Alþingi 1976

Sameinað þing, 1. fundur.

Mánudaginn 11. okt.

Þingsetning.

Árið 1976, mánudaginn 11. okt., var nítugasta og áttunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og níunda aðalþing í röðinni, en hundraðasta og þrettánda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Gunnar Gíslason steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 10. landsk. þm.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm.
5. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
7. Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv.
8. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv.
9. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
10. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
11. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl.
12. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm.
13. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
14. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
15. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl.
16. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm.
17. Gunnar Thoroddsen, 2. þm. Reykv.
18. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv.
20. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl.
21. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
22. Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm.
23. Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.
24. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Suðurl.
25. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
26. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
27. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
28. Jón Helgason, 4. þm. Suðurl.
29. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
30. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
31. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
32. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
33. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
34. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
35. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl.
36. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
37. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.
38. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
39. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
40. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn.
41. Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn.
42. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
43. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v.
44. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
46. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v.
47. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
48. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm.
49. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm.
50. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
52. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
53. Steinþór Gestsson, 6. þm. Suðurl.
54. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm.
55. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
56. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
57. Vilhjálmur Hjálmarsson, 1. þm. Austurl.
58. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
59. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Ókominn til þings var:
Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.

Forseti Íslands setur þingið.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 10. þ. m. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. okt. 1976.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. sept. 1976.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. okt. 1976."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Mér er ljúft að bjóða alla alþm. velkomna til starfa á nýju þingi. Sagt er að fyrr á tíð hafi þingsetningardagur jafnan vakið talsverða athygli í bæjarlífinu hér í Reykjavík. Nú hafa menn stundum á orði að honum sé lítill gaumur gefinn, enda sé það að vonum þar sem landsmenn láti sig yfirleitt lítið varða um Alþingi og störf þess. Þetta á að vera til marks um að vegur Alþingis fari þverrandi með þjóðinni. Um þetta er þó erfitt að dæma með öruggri vissu, en

margt virðist mér benda til að slík ummæli eigi ekki við rök að styðjast. Menn eru ósparir á að gagnrýna allt og alla, og Alþingi fer ekki varhluta í því efni. Til gagnrýni hafa menn rétt, eða allt að því skyldu, er stundum sagt í lýðfrjálsu landi. En gagnrýni er ekki sama og óvirðing eða fordæming. Og það er ekki heldur sérstakt nútímafyrirbrigði að menn segi Alþingi til syndanna. Í þingsetningarprédikun árið 1925 var afstöðu almennings lýst á þessa lund orðrétt: „Alþingi verður fyrir þungum áfellisdómum. Varla heyrist nokkur maður leggja því liðsyrði sem þar fer fram.“

Þannig stóðu málin þá, ef taka mætti þessi stóru orð bókstaflega. Ætla mætti að sú stofnun væri komin að fótum fram, sem ætti sér ekki formælendur fleiri en hér er lýst. En síðan þessi orð voru mælt í sjálfri dómkirkjunni hafa landsmenn nú í hálfa öld haldið áfram að kjósa fulltrúa sína til Alþingis, oftast með miklum áhuga og atfylgi, og sýna þeim traust til að fara með málefni sín. Jafnframt er þá í verki sýndur skilningur á grundvallarþýðingu Alþingis í þjóðlífi voru. Þetta ætla ég að gefi sanna mynd af stöðu þingsins í vitund þjóðarinnar ef þörf væri á að minna á jafnsjálfsagðan hlut í grónu lýðræðis- og þingræðisþjóðfélagi eins og því sem vér búum í.

Hvað sem öllum dagdómum líður bæði fyrr og nú er það staðreynd að íslenska þjóðin hefur ætíð sett traust sitt á forustu og forsjá Alþingis um mál sín, og hún gerir það enn. Þess vegna fer sá dagur, þegar þingið kemur saman að nýju eftir nokkurt hlé, þingsetningardagurinn, ekki fram hjá þeim sem um þjóðmál hugsa, og þeir eru margir. Þvert á móti er nú hingað hugsað í dag og þess beðið með eftirvæntingu hversu skipast um lausn þeirra vandamála sem nú knýja á, því að ekki þarf að fara í grafgötur um að fyrir hverju nýju þingi liggja mörg og vandasöm úrlausnarefni. Þess er að minnast að síðasta þing hófst á þeim örlagatíma þegar óséð var hvernig oss reiddi af í átökunum um fiskimiðin kringum landið. Sá háski er nú liðinn hjá, vonandi fyrir fullt og allt. Þökk sé öllum þeim sem hlut hafa átt að þeirri lausn. Nú gefst Alþingi og ríkisstjórn meira svigrúm til að snúast með óskiptari kröftum við öðrum málum sem ráða þarf fram úr. Þar munu allir þættir efnahagsmála verða efstir á blaði. Gera má ráð fyrir að athygli þjóðarinnar muni mjög beinast að því hversu tekst að finna þar færar leiðir. Sú er vissulega ósk og von allra landsmanna við upphaf þessa þings, að í þeim efnum megi giftusamlega til takast. Undir það vil ég taka af einlægum huga.

Ég býð yður heila til þings komna. Megi störf yðar verða landi og lýð til farsældar í hvívetna.

Að svo mæltu bið ég þingheim að rísa úr sætum og minnast fósturjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsrh. Geir Hallgrímsson**, mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ — Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Guðlaug Gíslason, 3. þm. Suðurl., að ganga til forsetastóls.

Forseti Íslands tók sér sæti í þingsalnum, en aldursforseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna fyrrv. alþingismanna.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Þá verður fundi fram haldið í Sþ., en áður en gengið verður til dagskrár verður minnst látinna fyrrv. alþm.

Frá lokum síðasta þings hafa andast tveir fyrrv. alþm., Alfreð Gíslason fyrrv. bæjarfógeti, sem andaðist aðfaranótt sunnudags 30. maí á sjötugasta og fyrsta aldursári, og Birgir Kjaran hagfræðingur, sem varð bráðkvaddur að kvöldi fimmtudagsins 12. ágúst, sextugur að aldri.

Alfreð Gíslason var fæddur í Reykjavík 7. júlí 1905. Foreldrar hans voru Gísli búfræðingur og fasteignasali í Reykjavík Þorbjarnarson bónda að Einifelli og síðar Bjargarsteini í Stafholtstungum Gíslasonar og kona hans, Jóhanna Sigríður Þorsteinsdóttir bónda að Brú í Biskupstungum Narfasonar. Alfreð Gíslason brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1927 og lauk lögfræðiprófi í Háskóla Íslands vorið 1932. Að námi loknu starfaði hann um skeið í lögmannsskrifstofum í Reykjavík, var um tíma á árinu 1934 fulltrúi við lögtök í Vestmannaeyjum og rak síðan málaflutningsskrifstofu í Reykjavík þar til hann var skipaður lögreglustjóri í Keflavík 1. jan. 1938. Gegndi hann því embætti þar til Keflavík fékk kaupstaðarréttindi árið 1949. Þá var hann skipaður bæjarfógeti þar. Lausn frá því embætti fékk hann 1. júlí 1961, en var aftur skipaður í það í sept. 1962. Jafnframt þeim bæjarfógetastörfum var hann sýslumaður í Gullbringusýslu frá 1. jan. 1974 og bæjarfógeti í Grindavík frá 10. apríl 1974. En af bæjarfógeta- og sýslumannsstörfum lét hann rúmlega sjötugur í septemberlok 1975.

Alfreð Gíslason var oddviti hreppsnefndar í Keflavík 1938—1946. Síðar átti hann sæti í bæjarstjórn Keflavíkur 1954—1970 og var forseti bæjarstjórnar þann tíma að undanskildu rúmu ári 1961—1962, er hann var bæjarstjóri í Keflavík. Hann átti sæti í stjórn landshafnar í Keflavík frá 1947 og í flugráði 1964—1975. Á Alþingi átti hann sæti sem landsk. þm. á árunum 1959—1963, sat á fjórum þingum alls.

Alfreð Gíslason vann meginhluta ævistarfs síns í Keflavík og í þágu keflvíkinga. Hann lifði þar mikla breytinga-, framkvæmda- og framfaratíma. Var hann í fararbroddi á mörgum sviðum, sem lögreglustjóri og bæjarstjóri, forustumaður í sveitarstjórn og síðar bæjarstjórn og frumkvöðull og formaður menningar- og líknarfélaga. Hann öðlaðist fljótt vinsældir og traust samborgara sinna, var ráðhollur og tryggur samstarfsmaður og drengilegur andstæðingur. Hann var skilningsgóður og réttsýnn í embættisstörfum og mildur í dómum. Hann átti ekki langa setu á Alþingi, lét ekki mikið á sér bera, en vann störf sín hógvær og samviskusamur.

Birgir Kjaran var fæddur í Reykjavík 13. júní 1916. Foreldrar hans voru Magnús Kjaran stórkaupmaður, sonur Tómasar bónda í Vælugerði í Villingaholtshreppi, síðar sjómanns og verkamanns í Reykjavík Eyvindssonar og kona hans Soffía Kjaran, dóttir Franz Siemsens sýslumanns

í Hafnarfirði. Hann brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1935 og stundaði síðan hagfræðinám í Þýskalandi, við háskólana í Kiel og München, 1935—1938 og lauk prófi í Kielar-háskóla 1938. Veturinn 1939—1940 var hann við framhaldsnám í London, og hluta úr vetri 1952 hlýddi hann á fyrirlestra um hagfræði og þjóðarétt við Sorbonne-háskóla í Paris. Hann var skrifstofustjóri hlutafélagsins Shell í Reykjavík árin 1940—1946, framkvæmdastjóri Bókfellsútgáfunnar 1944—1971 og framkvæmdastjóri Heildverslunar Magnúsar Kjarans 1946—1971. Hann kenndi hagfræði í Verslunarskóla Íslands árin 1941—1958. Í menntamálaráði átti hann sæti 1956—1963 og í Ólympíunefnd Íslands 1958—1973 og var formaður hennar frá 1962. Formaður Náttúruverndarráðs var hann 1960—1972, sat í bankaráði Seðlabanka Íslands frá stofnun bankans 1961 til dánardægurs og var formaður bankaráðs árin 1961—1972. Hann átti sæti í Norðurlandaráði 1970—1971. Í borgarstjórn Reykjavíkur var hann 1950—1954. Á Alþingi átti hann sæti sem landsk. þm. 1959—1963 og þm. Reykv. 1967—1971. Auk þess átti hann nokkrum sinnum sæti á Alþ. sem varamaður á árunum 1972 og 1973. Alls átti hann sæti á 11 þingum.

Birgir Kjaran var hagfræðingur að háskólamenntun, en áhugamál hans voru fjölþætt og starfssvið hans fjölbreytilegt. Á Alþingi beindist áhugi hans mest að efnahags- og utanríkismálum. Hann var ötull stuðningsmaður íþróttahreyfingarinnar og gegndi þar ábyrgðarmiklum trúnaðarstörfum. Hann var ráðhollur stjórnarmaður stórvirkra félaga, svo sem Eimskipafélags Íslands, Flugfélags Íslands og Verslunarráðs Íslands. Hann var vandfýsinn bókamaður og bókaútgefandi. Honum voru falin vandasöm og viðurhlutamikil störf í þeim stjórnmálaflokki sem hann skipaði sér í. Í þessum og öðrum trúnaðarstörfum sýndi hann elju og ósérhlífni, forustuhæfileika og skipulagsgáfu og baráttuhug. Hann unni náttúru Íslands og starf og forusta í Náttúruverndarráði var honum mjög að skapi. Hann naut þess að ferðast um landið og dást að náttúru þess, fegurð hennar og fjölbreytni í smáu og stóru. Auk ritstarfa um stjórnmál og efnahagsmál samdi hann og birti nokkrar bækur, þar sem hann segir frá auðnustundum sínum á ferðalögum um Ísland af næmri tilfinningu og með hlýjum huga.

Ég vil biðja þingheim að minnast hinna látnu fyrrv. þingmanna, Alfreðs Gíslasonar og Birgis Kjarans, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands út úr þingsalnum.]

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 12. okt., kl. 3 síðdegis var fundinum fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti lét fram fara kosningu forseta Sþ. Kosningu hlaut

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., með 51 atkv. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl., fékk 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., með 50 atkv. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., fékk 2 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., með 50 atkv. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv., fékk 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SigurlB, en á B-lista JHelg. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að rétt væru kjörin án atkvgr.:

Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm., og
Jón Helgason, 4. þm. Suðurl.

Efri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Jón Árnason, 2. þm. Vesturl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 10. landsk. þm.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
5. Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv.
6. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm.
7. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
8. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl.
9. Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm.
10. Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.
11. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
12. Jón Helgason, 4. þm. Suðurl.
13. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
14. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
15. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn.
16. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v.
17. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
18. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
19. Steinþór Gestsson, 6. þm. Suðurl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf., með 17 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm., með 16 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., með 16 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var AJ, á B-lista IT. — Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Axel Jónsson, 10. landsk. þm., og
Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Stefán Jónsson,
7. — — Jón Árm. Héðinsson,
8. — — Oddur Ólafsson,
9. — — Steinþór Gestsson,
10. — — Albert Guðmundsson,
11. — — Steingrímur Hermannsson,
12. — — Ásgeir Bjarnason,
13. — — Geir Gunnarsson,
14. — — Jón Árnason,
15. — — Helgi F. Seljan,
16. — — Jón G. Sólnes,
17. — — Halldór Ásgrímsson,
18. — — Ragnar Arnalds,
19. — — Jón Helgason,
20. — — Eggert G. Þorsteinsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl. setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm.
2. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
3. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv.
4. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
5. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
6. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl.
7. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
8. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl.
9. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm.
10. Gunnar Thoroddsen, 2. þm. Reykv.
11. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf.
12. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv.
13. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
14. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Suðurl.
15. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
16. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
17. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
18. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
19. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
20. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
21. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl.
22. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
23. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.
24. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
25. Matthías Á Mathiesen, 1. þm. Reykn.
26. Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn.
27. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
28. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v.
29. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
31. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
32. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm.
33. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm.
34. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
35. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm.
36. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
37. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
38. Vilhjálmur Hjálmarsson, 1. þm. Austurl.
39. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Ragnhildur Helgadóttir,** 5. þm. Reykv., með 27 atkv. — Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm., fékk 1 atkv., Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl., 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., með 34 atkv. — Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., fékk 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., með 33 atkv. — Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl., fékk 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var EKJ, á B-lista PP. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., og **Páll Pétursson,** 3. þm. Norðurl. v.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum.

Afbrigði um að Jóhann Hafstein hlyti 23. sæti og Magnús Kjartansson 35. sæti án sætahlutunar samþ. með 39 shlj. atkv.

Sætahlutunin fór á þessa leið:

10. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
11. — — Jón Skaftason,
12. — — Magnús T. Ólafsson,
13. — — Sverrir Hermannsson,
14. — — Benedikt Gröndal
15. — — Gylfi Þ. Gíslason,
16. — — Sigurlaug Bjarnadóttir,
17. — — Lúðvík Jósepsson,
18. — — Karvel Pálmason,
19. — — Jónas Árnason,
20. — — Þórarinn Sigurjónsson,
21. — — Ellert B. Schram,
22. — — Pétur Sigurðsson,
24. — — Lárus Jónsson,
25. — — Sighvatur Björgvinsson,
26. — — Gunnlaugur Finnsson,
27. — — Ingvar Gíslason,
28. — — Svava Jakobsdóttir,
29. — — Þórarinn Þórarinsson,
30. — — Gils Guðmundsson,
31. — — Ólafur G. Einarsson,
32. — — Eðvarð Sigurðsson,
33. — — Guðmundur H. Garðarsson,
34. — — Stefán Valgeirsson,
36. — — Ingólfur Jónsson,
37. — — Garðar Sigurðsson,
38. — — Guðlaugur Gíslason,
39. — — Friðjón Þórðarson,
40. — — Tómas Árnason.

Sameinað þing, 2. fundur.

Miðvikudaginn 13. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningarnar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Kosningu frestað.

2. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Jóhann Hafstein (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Gils Guðmundsson (B),
Tómas Árnason (A),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Gylfi Þ. Gislason (C).

Varamenn:
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson(A),
Magnús Kjartansson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

3. Atvinnumálanefnd.
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Gils Guðmundsson (B),
Páll Pétursson (A),
Sverrir Hermannsson (A),
Karvel Pálmason (C).

4. Allsherjarnefnd.
Lárus Jónsson (A),
Jón Skaftason (A),
Ólafur G. Einarsson (A),
Jónas Árnason (B),
Jón Helgason (A),
Ellert B. Schram (A),
Magnús T. Ólafsson (C).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Hermannsson (A),
Ingvar Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Efri deild, 2. fundur.

Miðvikudaginn 13. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Albert Guðmundsson (A),
Halldór Ásgrímsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Ragnar Arnalds (B),
Jón Helgason (A),
Axel Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

2. Samgöngunefnd.
Jón Árnason (A),
Jón Helgason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Stefán Jónsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Steinþór Gestsson (A),
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Árnason (A),
Ragnar Arnalds (B),
Ingi Tryggvason (A),
Axel Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Oddur Ólafsson (A),
Stefán Jónsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Jón Árm. Héðinsson (C),

5. Iðnaðarnefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Stefán Jónsson (B),
Ingi Tryggvason (A),
Albert Guðmundsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

6. Félagsmálanefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Axel Jónsson (A),
Helgi F. Seljan (B),

Jón Helgason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Ásgeir Bjarnason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Albert Guðmundsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

8. Menntamálanefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Axel Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Ingi Tryggvason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

9. Allsherjarnefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Ingi Tryggvason (A),
Jón G. Sólnes (A),
Geir Gunnarsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Neðri deild, 2. fundur.

Miðvikudaginn 13. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd
Ólafur G. Einarsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Lúðvík Jósepsson (B),
Tómas Árnason (A),
Lárus Jónsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Sverrir Hermannsson (A),
Páll Pétursson (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Karvel Pálmason (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Ingólfur Jónsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Benedikt Gröndal (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Pétur Sigurðsson (A),
Jón Skaftason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Tómas Árnason (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Sverrir Hermannsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Ingólfur Jónsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Lárus Jónsson (A),
Magnús Kjartansson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

6. Félagsmálanefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Ellert B. Schram (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (B),
Jóhann Hafstein (A),
Magnús T. Ólafsson (C).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Jón Skaftason (A),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Magnús Kjartansson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Karvel Pálmason (C).

8. Menntamálanefnd.
Ellert B. Schram (A),
Ingvar Gíslason (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Svava Jakobsdóttir (B),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Magnús T. Ólafsson (C).

9. Allsherjarnefnd.
Ellert B. Schram (A),
Páll Pétursson (A),
Ingólfur Jónsson (A),
Svava Jakobsdóttir (B),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Sighvatur Björgvinsson (C).

Sameinað þing, 3. fundur.

Fimmtudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók dagskrármálið (kosningu fjárveitinganefndar) af dagskrá.

Efri deild, 3. fundur.

Fimmtudaginn 14. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 20). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég mæli hér fyrir, er orðið nokkuð gamall kunningi hér á hv. Alþingi og ég get þess vegna látið vera að rekja sögu málsins eða aðdraganda og undirbúning að fyrsta frv. sem hér var flutt, en ég vil þó í örstuttu máli leitast við að gera grein fyrir þeim atriðum frv. sem eru frábrugðin ákvæðum gildandi laga.

Í frv. er kveðið skýrar á um það en áður að þótt flutningur leikrita sé aðalhlutverk Þjóðleikhússins, þá beri því einnig að flytja óperur, sýna listdansa að staðaldri og á hverju leikári skuli eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum. Gert er ráð fyrir að ráða þjóðleikhússtjóra til 4 ára í senn og má aðeins endurráða sama mann einu sinni, þannig að enginn geti gegnt þessu starfi samfellt lengur en 8 ár. Þá er gert ráð fyrir að ráða að leikhúsinu bókmennta- og leiklistarráðunaut, listdansstjóra og tónlistarráðunaut. Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins og yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda. Þetta síðast nefnda atriði er talið mjög brýnt og gæti leitt til aukinnar hagræðingar í störfum Þjóðleikhússins. Þá er og sérstök heimild til þess að ráða leikritahöfund 3—6 mánuði á ári til vinnu fyrir leikhúsið. Eins og er í núgildandi lögum skal miða við að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið að það geti jafnan leyst af hendi þau verkefni sem því ber að sinna.

Það er rétt að taka það fram, að í 19. gr. frv. segir ákveðið að eigi skuli ráða í nýjar stöður samkvæmt lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum. Þetta er eðlilegur og sjálfsagður varnagli.

Þá er gert ráð fyrir að lögfesta það að kór starfi við leikhúsið og að leikárið verði framvegis frá 1. sept. til 31. ágúst, en ekki frá júlíbyrjun til júníloka eins og nú er. Reynslan þykir hafa sýnt að hitt sé eðlilegra.

Þá er hér það nýmæli, að gert er ráð fyrir að Þjóðleikhús og sjónvarp til samans komi á fót leikmunasafni er Leikfélag Reykjavíkur og önnur leikfélög geti gerst aðilar að, en safnið leigi síðan búninga, leiktjöld og annan sviðsbúnað til hinna ýmsu leikfélaga. Vísir að þessu safni er í raun og veru þegar til.

Þá er lögð sérstök áhersla á það í frv., að samstarf verði aukið með Þjóðleikhúsinu og leikfélögum áhugamanna, t. d. með því að láta þeim í té leikstjóra og gistileikara til leiðbeiningar og hvatningar ekki síður heldur en með leikförum út um land, sem þó er einnig gert ráð fyrir, því það eru bein ákvæði um það að árlega skuli farnar leikferðir um landið á starfstíma Þjóðleikhússins.

Ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ýmsar af þeim breytingum, sem hér er lagt til að gera á lögunum um Þjóðleikhús, eru þegar komnar til framkvæmda í reyndinni, en aðrar eru það hins vegar ekki. Hér er því ekki um að ræða eins mikil nýmæli og þar af leiðandi eins mikinn kostnaðarauka og í fljótu bragði virðist vegna þess, eins og ég sagði, að sumar af þessum breytingum eru þegar til framkvæmda komnar.

Hinar nýju breytingar kosta auðvitað nokkra fjármuni og það verður þá að fara eftir fjárveitingum hverju sinni hversu ört þær breytingar koma til framkvæmda og yfirleitt hvernig starfsemi leikhússins er hagað, því eins og augljóst er hefur Alþingi þetta á valdi sínu með afgreiðslu fjárlaga. Hitt fer svo ekki á milli mála, að Þjóðleikhúsið verður aldrei rekið nema með allmiklum og ég vil segja miklum kostnaði þó að gætt sé hinnar ýtrustu hagsýni í rekstri þess. Þetta gildir nú víst alls staðar í veröldinni, en verður auðvitað tilfinnanlegra hér hjá okkur vegna fámennis heldur en meðal fjölmennari samfélaga.

Þegar frv. til nýrra þjóðleikhúslaga hefur verið til meðferðar á Alþingi á undanförnum árum hafa jafnan orðið töluverðar umræður og raunar ágreiningur um þær hugmyndir sem fram hafa verið settar um breytta skipan Þjóðleikhúsráðs, eins og stjórn leikhússins heitir nú. Ég held að tillögur þær, sem hafa verið gerðar um breytingar á Þjóðleikhúsráðinu, hafi einkum byggst á tvennu: annars vegar á þeirri viðleitni að búa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti um leiklistarmál á nokkuð breiðum grunni og hins vegar að veita starfsfólki Þjóðleikhússins aukin áhrif á daglega stjórnun þess. Varðandi fyrra atriðið er nú lagt til að leysa það með ákvæðum í sérstakri löggjöf um leiklistarmál sem væntanlega verður talað fyrir hér á eftir. Og hér er lagt til að halda nálega óbreyttum ákvæðum gildandi löggjafar um skipun Þjóðleikhúsráðsins, nema hvað gert er ráð fyrir að kosning þessi verði tímabundin, en hún er það ekki samkvæmt gömlu lögunum. Ég vil nú leyfa mér að vona að geti orðið nokkuð gott samkomulag um þessa lausn eða aðra þannig að þetta atriði þurfi ekki að verða frv. að fótakefli. Ég geri ráð fyrir að þróunin verði sú, að það verði sett með reglugerð t. d. ákvæði um aðild starfsfólks Þjóðleikhússins að daglegri stjórnun þess. Ég held að það væri mjög eðlilegt og gæti verið hagkvæmt.

Herra forseti. Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, en legg til að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um efni frv. að þessu sinni, ég gerði það í fyrra þegar það var lagt fram. Þá spurðist ég fyrir um þann kostnað sem ætla mætti að hlytist af samþykkt þessa frv. þegar væri farið að framkvæma lögin að öllu leyti, því það er gert ráð fyrir æðimörgum nýjum stöðum við

Þjóðleikhúsið. Hæstv. ráðh. hét því þá að leggja upplýsingar um þennan kostnað fyrir menntmn. sem fékk frv. til meðferðar, en mér er kunnugt um að það varð aldrei af því að n. fengi þessar upplýsingar. Ég vil því spyrjast fyrir um það nú, hvort þm. gætu átt von á því að fá nánari upplýsingar um það hver kostnaður fylgir samþykkt þessa frv. ef það yrði framkvæmt að öllu leyti, hvort hæstv. ráðh. hafi það á takteinum eða hvort hann gæti nú látið verða af því að veita n. þessar umbeðnu upplýsingar sem beðið var um í fyrra. Jafnframt vildi ég fá upplýsingar um það, hvort gert er ráð fyrir því í hinu nýja fjárlagafrv. að að einhverju eða öllu leyti séu framkvæmd þau atriði sem hér er gert ráð fyrir varðandi ný störf.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Varðandi fyrra atriðið, um kostnaðaráætlun sem er eðlilegt að hv. þm. spyrji um, þá verður henni skilað til hv. menntmn. Við teljum að slíkar kostnaðaráætlanir verði ekki gerðar þannig að fyllilega sé tekið mark á þeim nema við njótum þar aðstoðar hagsýslunnar við. Þar hafa verið miklar annir síðsumars og ekki hefur verið frá þessu gengið, en auðvitað þarf að koma til kostnaðaráætlun í samræmi við það verðlag sem nú gildir og þá með hliðsjón af horfum.

En varðandi hitt atriðið, hvort gert hafi verið ráð fyrir þeim kostnaði, sem kynni að leiða af samþykkt þessa frv., í fjárlagafrv., þá er það ekki. Það er víst ekki venja að taka inn í fjárlagfrv. slíkan kostnað sem kynni að hljótast af samþykkt þeirra frv. sem flutt eru. Það hefur a. m. k. ekki verið gert varðandi þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 21). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þá er að mæla fyrir frv. til leiklistarlaga. Aðdragandi þessa máls er í fáum orðum þessi:

Í febr. 1972 var samþ. á Alþingi svofelld þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka til endurskoðunar lög nr. 15 frá 15. mars 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna."

Haustið eftir skipaði þáv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, 5 manna n. til þess að undirbúa málið og Knútur Hallsson skrifstofustjóri var formaður n. þessi n. samdi frv. til leiklistarlaga og fylgdi því grg. sem prentuð er sem fskj. með þessu frv. svo og þau frv.-drög sem þessi n. samdi.

Mér þótti eftir töluverða yfirvegun rétt að víkja verulega frá till. n., einkum að því er varðar starfssvið leiklistarráðsins.

Þessu frv. er ætlað að marka í megindráttum hversu haga beri stuðningi ríkisvalds og sveitarfélaga við leiklistarstarfsemina í landinu. Í því eru hins vegar engin fyrirmæli um fjárhæðir framlaga, en gert er ráð fyrir að þær verði ákveðnar í fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna hverju sinni.

Annað meginatriði þessa frv. er að stofna leiklistarráð með aðild þeirra sem ætla má að einkum láti leiklist til sín taka. Ég ætla, eins og segir í frv., að þetta ráð geti orðið vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmálin og að það geti stuðlað að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma. Þá er í frv. gert ráð fyrir því að leiklistarráðið kjósi 3 manna framkvæmdastjórn. Leiklistarráðið skal vera ólaunað, en gert er ráð fyrir að greiða framkvæmdastjórninni þóknun og ferða- og dvalarkostnað utanbæjarmanna. Enginn annar kostnaður mundi fylgja þessari lagasetningu, nema framkvæmdastjórnin fengi þóknun og greiddur yrði ferða- og dvalarkostnaður fulltrúa utan af landi.

Það er, held ég, ekki ofsögum sagt að um þessar mundir er töluvert mikil gróska í leiklistarstarfsemi Íslendinga. Starfsemi Þjóðleikhússins hefur verið öflug. Leikfélag Reykjavíkur rekur orðið atvinnuleikhús og Leikfélag Akureyrar er að færast yfir á það svið einnig. Það er alkunnugt hvernig íslenskt leiklistarfólk hefur getið sér frægð á erlendri grund og það á mörgum stöðum. Starfsemi Bandalags ísl. leikfélaga og aðila þess hefur færst mjög í aukana á síðustu missirum. Félögum hefur fjölgað og starfsemi þeirra hefur almennt aukist mikið. Bandalagið hefur verið athafnasamt sem fyrirgreiðsluaðili. Það má enn geta þess í þessu sambandi, að stofnaður hefur verið Leiklistarskóli ríkisins, en áður hafði verið nokkur lægð í leiklistarkennslu um hríð og lítið skipulagt. Sá skóli tók við af tveimur einkaskólum sem höfðu þá starfsemi um hríð. Það má e. t. v. segja að óeðlilega margir hafi verið við leiklistarnám eins og komið var meðan þetta var svona skipulagslítið. En þá er jafnframt á það að líta, að það hafði orðið hlé á slíku skólastarfi og að sú gróska, sem er í leiklistarstarfseminni yfir höfuð, kallar auðvitað á aukinn starfskraft, leiðbeinendur t. d. og svo leikara við atvinnuleikhúsin. Þegar þannig er ástatt, þá held ég að megi teljast tímabært að setja rammalöggjöf um stuðning hins opinbera við leiklistina og þá jafnframt að efna til starfsemi á borð við þá sem áformað er að leiklistarráðið og framkvæmdastjórn þess hafi með höndum. Og ég held satt að segja að þó þetta frv. til leiklistarlaga sé ekki í sjálfu sér viðamikið og láti ekki mikið yfir sér, þá muni leiklistarfólk í landinu telja verulegan ávinning að lagasetningu í þá stefnu sem frv. gerir ráð fyrir.

Það mun rétt, þó hér sé ekki um háar upphæðir að ræða, að láta einnig gera áætlun um hvaða kostnað muni leiða af þessu frv. og koma þeirri áætlun til menntmn. þessarar hv. d. svo fljótt sem auðið er.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er hér fram komið svo árla þings og vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa lagt það fram nú. Það er óskandi að þetta frv. komist nú það vel áleiðis að það verði að lögum. Það er rétt sem hæstv. ráðh. tók fram, að það er mikið áhugamál sérstaklega leikfélaganna úti á landsbyggðinni að þetta frv. nái fram að ganga.

Ég vil taka það fram, að það hlýtur að vera nauðsynlegt að líta eitthvað um leið á frv. til l. um Þjóðleikhús, að því leyti sem það tengist þessu frv., en á hitt legg ég áherslu, að afgreiðsla þessa frv. á vitanlega alls ekki að tengjast þjóðleikhúsfrv. Það frv. hefur verið lengi hér í sölum Alþ. Ég veit ekki hvort þar hillir undir einhverja lausn og það muni fá afgreiðslu. En þó svo að það dagi nú uppi hér enn einu sinni, þá held ég að það sé engin nauðsyn á því að þetta frv. geri það einnig. Ég held að það sé einmitt mikilvægt að þessi rammalöggjöf fáist fram þó að hún sé, eins og hæstv. ráðh. tók fram, nokkuð rúm og víð.

Hitt er svo auðvitað alveg rétt, að við leggjum einnig áherslu á það, sem höfum starfað í áhugaleikfélögunum, að 16. gr. þjóðleikhúsfrv. komi sem allra fyrst til framkvæmda eins og hún er nú í þessu frv., sérstaklega varðandi gistileikarana og leikstjóra til leiðbeiningar, þó þar hafi orðið nokkur breyting á til hins betra á síðustu árum. Við gerum okkur hins vegar ljóst, að það er aðalatriðið að fjárframlögin til þessarar starfsemi hækki nokkuð. Ekki er ég að fara fram á neinar stökkbreytingar í því efni, en ég sé á frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 að þar er allt óbreytt bæði til Bandalags ísl. leikfélaga og eins til leiklistarstarfsemi í landinu á vegum áhugaleikfélaga. Þar er ekki einu sinni um verðlagshækkun að ræða Ég treysti því, að í meðförum fjvn. breytist þetta a. m. k. á þann veg að það fylgi eðlilegri þróun, þó ekki sé nú meira, en auðvitað skiptir það öllu máli fyrir hin ýmsu leikfélög að fjárframlögin a. m. k. haldi sínu raungildi. Það er það minnsta sem hægt er að búast við.

Ég gerði ýmsar minni háttar athugasemdir við þetta frv. í fyrra. Ég lýsti því þá að ég væri meginmálinu í þessu frv. samþykkur. Ég benti hins vegar þá á ákvæðið um sveitarstjórnirnar í 2. gr., þar sem þær eiga að veita jafnháa upphæð til hvers leikfélags og ríkissjóður greiðir samkv. 3. gr., og benti á að e. t. v. yrði þarna um of stíft ákvæði að ræða þó að sjálfsagt sé að sveitarfélögin leggi þessum málum nokkurn stuðning. Ég þykist vita að í ýmsum byggðarlögum kynni að verða nokkuð erfitt fyrir sveitarstjórnirnar að leggja fram jafnháa upphæð ef í því sama byggðarlagi væri fært upp gott og allviðamikið leikrit sem væri góðrar styrkveitingar vert af hálfu hins opinbera.

Á það var bent í sambandi við 4. gr. frv. í fyrra — ég fékk um það nokkrar ábendingar — að hlutverk leiklistarráðsins svokallaða kynni að vera ansi stíft, en það var ekki mín skoðun í því efni: „stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma“, þ. e. a. s. í leiklistarmálum. Menn óttuðust að betta leiklistarráð ætlaði að fara að gerast allfjölþreifið um leiklistarstefnuna í landinu. Ég ber engan kvíðboga fyrir því og held að það séu ástæðulausar áhyggjur sem menn bera fyrir því.

En ég benti einnig á viðbótarhlutverk þessa leiklistarráðs, sem ég held að væri mjög nauðsynlegt, þ. e. a. s. að skipulögð kynning færi fram á íslenskum leikverkum á erlendum vettvangi. Og ég vildi gjarnan skjóta því til hv. menntmn. að hún kannaði það, hvort þetta ákvæði gæti ekki að skaðlausu komið þarna inn í, því að það, sem þarna hefur verið að gert, hefur verið gert af næstum að segja höfundunum sjálfum, en borið verulegan árangur og vakið mikla athygli á íslenskum leikritum. Þetta væri því verðugt hlutverk þessa leiklistarráðs, að sinna þessu einnig. En um þetta mun ég flytja sérstaka brtt. ef ég sé að hv. menntmn. gerir ekki á þessu nauðsynlega breytingu eða nauðsynlegan viðauka.

Aðrar athugasemdir mínar voru minni háttar. Hæstv. ráðh. kom inn á það áðan að menn þyrftu ekki að bera kvíðboga fyrir því að þetta leiklistarráð, þótt fjölmennt væri, yrði til mikils kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Það kemur saman til fundar einu sinni á ári og er ólaunað. Það er aðeins framkvæmdastjórnin, þriggja manna, sem fer með þessi málefni milli funda.

Aðaláherslu vil ég svo leggja á það, að ríkisvaldið þarf að styðja þessa starfsemi sem ég ber sérstaklega fyrir brjósti, þ. e. a. s. áhugastarfsemina í leiklistarstarfseminni, — styðja hana mjög öfluglega. Þessi lög, sem hér er gert ráð fyrir að verði sett um þetta, segja í raun og veru ekkert um það á hvað myndarlegan hátt ríkisvaldið styrkir þessa starfsemi, en þau eru æskilegur vinnurammi og þau eru um leið allgóður baráttturammi fyrir þessi lög.

Bandalag ísl. leikfélaga, sem ég hef átt mikinn þátt í að móta núna síðustu árin, þ. e. a. s. áhugamannahópurinn í þessum efnum, hann á sterk ítök í þessu leiklistarráði og mun þar vel að vinna og fá þarna í raun og veru í fyrsta skipti eðlilegan baráttuvettvang til að sinna hugðarefnum sínum og reyna að koma skoðunum sínum á framfæri.

Ég get ekki stillt mig um, þrátt fyrir allt, að benda á það hvað enn er mikið ósamræmi í stuðningi ríkisvaldsins við hinn opinbera aðila, Þjóðleikhúsið, sem ég vil þó ekki vanmeta á nokkurn hátt því Þjóðleikhúsið hefur sitt veigamikla hlutverk, nær yfir allt landið og á að sinna margvíslegum hlutverkum, en engu að síður get ég aldrei annað en undrast þann mikla mun sem er á framlagi hins opinbera til Þjóðleikhússins annars vegar og til starfsemi allra áhugaleikfélaganna hins vegar með sín 50—60 verkefni á ári og sum þeirra allmerkileg. Ég sé það á frv. til fjárlaga nú að Þjóðleikhúsið er með sínar 260 millj. rúmlega og veitir sjálfsagt ekkert af. Það verður sjálfsagt ekki ofhaldið af því, með eitthvað milli 10 og 20 verkefni og auðvitað með allt sitt veigamikla hlutverk. En áhugaleikfélögin með sín 50—60 verkefni fá á fjárlagafrv núna 4,7 millj. Þetta þarf að breytast mjög til hækkunar til þess að örva enn betur þann mikla áhuga sem er hjá leikfélögunum. Kostnaður allur hefur vaxið svo gífurlega, að þó að leikendurnir sjálfir leggi fram alla sína vinnu endurgjaldslaust, þá eru upphæðirnar, sem fara í kostnað, ordnar gífurlegar, og það er rétt sem hæstv. ráðh. sagði: Gróskan er mikil. — En erfiðleikarnir eru einnig miklir að brúa það bil sem er oft á milli kostnaðar og þeirra tekna sem fást í hinum dreifðu byggðum.

Ég legg sem sagt aðaláherslu á það, að frv. nái fram að ganga. Ég held að það verði okkur mjög til bóta sem að þessum málum höfum starfað og félögunum í heild hvati til nýrra átaka.

Og ég treysti þeim ágæta áhugamanni í þessum efnum, formanni menntmn. Ed., til þess að afgreiða þetta frv. hér út úr d., fá það afgreitt hér út úr d. án þess að tengja það nauðsynlega aftan í þjóðleikhúsfrv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljan, að ég vona að þetta frv. komist áleiðis sem fyrst og nái fram að ganga. Og ég tek líka undir það, að ríkisvaldinu ber að einhverju leyti að styðja þessa áhugastarfsemi eins og svo marga aðra, t. d. íþróttahreyfinguna og fleira. Það er ekki ómerkilegra starf sem er unnið innan þessara samtaka.

Ég efast ekkert um að það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að leiklistarfólk telji ávinning með tilkomu þessara laga. En ég vil benda á þá hættu og þá staðreynd í sambandi við lög um áhugafélög og starfsemi þeirra, hvort sem það er leikhússtarf eða hljómlistarstarf, nefni þessar tvær greinar sérstaklega vegna þess að það er mest áberandi, að þau eru að verða meiri og meiri baggi á sveitarfélögunum.

Það stendur hér í lok 2. gr., að „sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verður í fjárhagsáætlun þeirra, þó eigi lægri fjárhæð til hvers leikfélags *en ríkissjóður greiðir*". *Þetta er fjarstýring á* sveitarfélögunum. Það er ekkert víst að sveitarfélög hafi nokkur efni á því að veita sömu upphæð til leiklistarstarfsemi, hver á sínum stað, í þeim mæli sem ríkisvaldið gæti hugsanlega viljað gera. Ég veit að Reykjavík á í afskaplega miklum erfiðleikum með t. d. starfsemi hljómlistarskóla og fleira, þar sem við erum knúnir til að veita fé að því marki sem ríkissti. ákveður hverju sinni, enda kemur hér fram í aths. með frv., með leyfi hæstv. forseta, þá ætla ég að lesa það upp:

„Frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlað að marka í megindráttum hversu haga beri stuðningi *ríkisvaldsins og sveitarfélaga* við leiklistarstarfsemina. Í því eru hins vegar engin fyrirmæli um fjárhæðir framlaga, en gert er ráð fyrir að þær verði ákveðnar í fjárlögum hverju sinni."

Það verður sem sagt ekki ákveðið í fjárhagsáætlun sveitarfélaga, heldur skal í fjárlögum hér á Alþ. ákveða hverju sinni hvað framlag sveitarfélaga skal vera mikið. Þessu vil ég mótmæla.

Það segir í þessari grein, sem ég var að lesa upp úr aths. með frv., það sem ég ætla að endurtaka: „Frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlað að marka í megindráttum hversu haga beri stuðningi *ríkisvalds og sveitarfélaga*" o. s. frv. Það er þessi fjarstýring sem ég vil vara við. Ég vil því beina til menntmn. þessarar hv. d. að hún taki þetta til athugunar, og ef hún sér ekki ástæðu til að breyta þessu mun ég áskilja mér rétt til þess að flytja brtt. við þessa grein.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við niðurlag 2. gr. og vegna aths. síðasta hv. ræðumanns, hv. 12. þm. Reykv., sem ég vildi koma fram með skýringu. Ég hef ekki gildandi lög fyrir framan mig sem stendur, en efnislega er þetta eins. Nú eru leikfélögin, ef ég man rétt, flokkuð eftir þeirra starfsemi í eina þrjá flokka, og er kveðið svo á í gildandi lögum að til þess að sveitarsjóðir veiti tiltekna hámarksupphæð öðlist leikfélögin kröfu til sams konar upphæðar frá ríkinu, þannig að efnislega er þetta nánast það sama í dag. Það má vera að það sé öðruvísi orðalag. En í dag er það þannig, að ef sveitarstjórn veitir ekki tilteknu leikfélagi þá hámarksupphæð sem það gæti fengið eftir því sem starfsemi þess er metin, þá lækkar og framlag ríkisins, ef ég man rétt, þannig að ríkisframlagið er bundið því að jafnhá upphæð komi frá sveitarfélaginu. Það má kalla að þetta sé fjarstýring. En ég lít nú þannig á að þarna sé um samvinnu ríkis og sveitarfélaga að ræða um að leggja fram jafnháa upphæð í hverju tilviki til þessarar starfsemi, og það er ekki síður á valdi sveitarstjórnarinnar að ákveða hvort þarna verði um fullháa upphæð að ræða af hálfu sveitarfélagsins og það sama af hálfu ríkisins. (Gripið fram í.) Ja, það er ekki síður á valdi sveitarstjórnarinnar að ákveða það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Fimmtudaginn 14. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 11). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Það má segja að þetta frv., sem hér er lagt fram, sé gamall kunningi. Það var lagt fram á síðasta Alþ., en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hv. allshn. þessarar d. hafði sent frv. til umsagnar nokkurra aðila og þeir höfðu — 6 eða 7 að ég ætla — látið í té umsagnir. Í dómsmrn. var sá háttur hafður á, að frv. var ásamt þessum umsögnum, sem borist höfðu, sent til réttarfarsnefndar sem hafði samið frv., og hún fór síðan yfir umsagnirnar. Í fskj. með frv. er birt álitsgerð réttarfarsnefndarinnar þar sem hún leggur mat sitt á þær umsagnir sem borist höfðu, og niðurstaða hennar var sú, að leggja til að frv. yrði lagt fram óbreytt að undantekinni mjög lítilfjörlegri breytingu á 4. gr. frv. sem gerð er samkv. till. Félags rannsóknarlögreglumanna Reykjavík. Geta menn séð með samanburði á frv. frá í fyrra og því, sem hér er lagt fram, í hverju þessi breyting er fólgin. En hún er sem sagt mjög lítil, skotið þarna inn einni setningu í lok 1. málsl. 4. gr., þ. e. a. s. „og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt."

Vegna þess að frv. er þannig í raun og veru óbreytt frá því sem það var í fyrra og þá var flutt nokkuð ítarleg framsaga fyrir því, get ég verið stuttorðari um það nú þó að málefnið sé mikilvægt.

Aðalbreytingarnar, sem felast í þessu frv. frá þeirri skipan, sem nú gildir, eru í fyrsta lagi, að það er lagt til að sett sé á fót sérstök stofnun undir stjórn sérstaks embættismanns, þ. e. a. s. rannsóknarlögregla ríkisins undir stjórn rannsóknarlögreglustjóra, sem á að fullnægja tilteknum skilyrðum sem greind eru í frv., og það sem er höfuðatriðið, að við þessa stofnun á að vera starfsfólk sem á að vera sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota, eins og segir strax í 1. gr. frv. Þetta er eitt meginatriðið. Auðvitað hefur hér verið starfandi rannsóknarlögregla í langa hríð sem lotið hefur embætti yfirsakadómara. Og að sjálfsögðu hefur verið reynt að vanda til þess starfsliðs, sem valið hefur verið í þá deild, eftir föngum og þeir, sem þar hafa lengi starfað, hafa auðvitað fengið mikla reynsluþekkingu. Hins vegar hefur það nú verið svo, að í upphafi hefur orðið að velja til þessa starfs í rannsóknarlögreglunni að jafnaði menn sem áður hafa gegnt störfum í hinni almennu lögreglu, en hafa ekki áður eða sjaldnast hlotið sérstaka undirbúningsmenntun í því sem rannsóknarlögreglumanni er nauðsynlegt að kunna skil á, en það eru að sjálfsögðu mörg og margvísleg atriði. Það er einmitt stefnt að því með þessu, að það verði menn í þessari stofnun sem hafa yfir að ráða fjölbreyttri þekkingu eða þjálfun í hinum ýmsu málsrannsóknum, sem fyrir geta komið, og hinum ýmsu afbrotategundum, sem fyrir geta komið, t. d. rithandarsérfræðingar, fingrafarasérfræðingar, bókhaldssérfræðingar o. s. frv., o. s. frv., eftir því sem revnslan sýnir að þörf er á. Á þetta atriði einmitt vil ég leggja sérstaka áherslu, að það er ekki með þessu á neinn hátt verið að gera lítið úr því starfsliði sem hefur starfað að þessum málum, heldur verið að leggja meiri áherslu á að búa þessa stofnun betur í stakk með starfsliði sem hafi sérþekkingu á því, sem það á að fjalla um, og hafi þá jafnframt yfir að ráða þeim tækjum sem nú þykja eðlileg og sjálfsögð þegar um rannsóknarlögreglu er að tefla. Að sjálfsögðu er það svo, að það hefur smám saman verið reynt að útbúa rannsóknarlögregluna í Reykjavík betur með tækjum. En samt skortir mikið á — og það skal fyllilega játað — að hún hafi yfir að ráða þeim hjálpartækjum sem æskilegt væri og hefur ekki heldur þá aðstöðu sem æskilegt væri.

Annað höfuðatriðið, sem ég vil nefna í sambandi við þetta frv., er að þessari rannsóknarlögreglu ríkisins undir stjórn rannsóknarlögreglustjóra er ætlað að ná til landsins alls. Hún er ekki bundin við ákveðin umdæmi. Vald hennar er ekki takmarkað við ákveðin umdæmi. En umdæmaskipting er að ýmsu leyti ekki heppileg þegar um rannsóknir mála er að tefla, vegna þess að ýmsum málum er þannig háttað að þau fléttast inn í fleiri en eitt umdæmi. Og þá er það auðvitað svo, að með góðri samvinnu við viðkomandi lögreglustjóra er hægt að koma við skynsamlegum vinnubrögðum í því efni, en hitt er þó miklu eðlilegra, að það sé sama stofnunin sem taki þannig til landsins alls. Að vísu er eftir sem áður gert ráð fyrir því, að það verði starfandi, eftir því sem þörf krefur, einhverjir rannsóknarmenn eða rannsóknardeildir á vegum einstakra lögreglustjóraembætta. En rannsóknarlögregla ríkisins getur hvenær sem er gripið inn í, og gert er ráð fyrir því, að hún grípi inn í á frumstigi málsins samkv. því sem sagt er í 4. gr. Það getur einmitt alveg skipt sköpum í sambandi við upplýsingu mála að það sé á frumstigi málsins tekið þannig á því af sérhæfðu starfsliði sem kann fyllstu skil á því, hvernig við á að bregðast, hvort mál upplýsist eða ekki. Þetta tel ég mjög mikinn kost, að það sé þannig ein stofnun sem tekur til landsins alls, en ekki verið að skipta þessu niður í hólf eins og nú er gert. Hitt er svo annað mál, sem ég fer ekki út í hér, að einnig með tilliti til skipanar almennra lögreglumála er umdæmaskiptingin, t. d. á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem kallað er, oft dálítið óeðlileg. En ég býst við að það verði svo, að menn verði nokkuð fastheldnir á þá umdæmaskiptingu.

Þriðja höfuðbreytingin, sem felst í þessu frv., er sú, að rannsóknarlögreglan er tekin undan embætti yfirsakadómara eða sakadóms hér í Reykjavík og fengin í hendur þessum sérstaka embættismanni sem ég hef minnst á, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Með þessu er stigið mjög stórt skref í þá átt að greina til fulls á milli lögreglu og dómsvalds. Sú skipan þykir hvarvetna nú orðið sjálfsögð og við höfum verið á eftir tímanum í þessu efni. Það má segja að það spor sé ekki stigið alveg til fulls með þessu frv., en það er stigið mjög stórt skref í þá átt, og ef reynslan sýnir að þetta fyrirkomulag gefist vel, sem ég vona, þá er ekki langt í land að skilja þarna alveg á milli. En í því sambandi verður þó sjálfsagt að taka eitthvert tillit til þeirra sérstöku staðhátta sem hér á landi eru. Í raun og veru er með þessu stigið mjög stórt skref frá því forna rannsóknarréttarfarskerfi, sem hér hefur ríkt í opinberum málum, og til ákæruréttarfars sem nú þykir sjálfsagt, eins og ég áðan nefndi.

Þrátt fyrir það að gert sé ráð fyrir því að setja upp þessa sérstöku stofnun með rannsóknarlögreglu ríkisins undir stjórn rannsóknarlögreglustjóra, þá er gert ráð fyrir því að það starfi sérstök rannsóknardeild við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, og það eru samkv. 6. gr. tiltekin mál sem þeirri rannsóknardeild er ætlað að fara með. Þar er í fyrsta lagi um að ræða umferðarslys og brot á umferðarlögum, í öðru lagi brot á lögreglusamþykktum, í þriðja lagi brot á áfengislögum, önnur en áfengissmygl, og í fjórða lagi brot á tilkynningum um aðsetursskipti, og síðan svo gert ráð fyrir því að það kunni að mega fjölga þessum málum. Þetta er gert með tilliti til þess að þarna er um mjög mörg mál að ræða, en oftast nær tiltölulega einföld, og þetta horfir til verksparnaðar og flýtisauka við afgreiðslu þessara mála, að láta rannsókn þeirra vera í höndum rannsóknardeildar hjá lögreglustjóra, í stað þess sem verið hefur, að fyrst fer fram þar rannsókn þessara brota, en síðan er svo skýrsla þar um send til rannsóknarlögreglunnar. Hitt er eðlilegra, að þetta sé þannig á einni hendi, þessi tegund brota, en rannsóknarlögreglan komi fyrst og fremst til þegar um hin meiri háttar og alvarlegri brot er að tefla. Það má segja að án beinnar lagasetningar og með samkomulagi hafi verið mynd-

aður vísir að slíkri rannsóknardeild þegar við lögreglustjóraembættið hér í Reykjavík, þ. e. a. s. rannsóknardeild í þessum málum.

Eins og ég tók fram áðan, er svo gert ráð fyrir því að eftir atvikum og eftir því sem þörf leiðir í ljós, starfi áfram einstakir rannsóknarlögreglumenn eða rannsóknarlögreglumannadeildir við einstök lögreglustjóraembætti, fyrst og fremst þá að sjálfsögðu til þess að fjalla um þau mál sem greinir í 6. gr., en auk þess auðvitað eftir því sem þörf krefur um önnur mál sem upp kunna að koma og þar sem þeir eru nærri vettvangi. En hvenær sem er getur rannsóknarlögreglan komið til, hvort heldur er eftir beiðni viðkomandi dómara eða að eigin frumkvæði eða ef saksóknari telur það nauðsynlegt eða rannsóknarlögreglustjóri telur rétt að taka þar til.

Það er ekki tekið fram í þessu frv., en það er gert ráð fyrir því, a. m. k. að óbreyttum lögum, að sú rannsóknardeild, sem starfar við fíkniefnadómstólinn hér í Reykjavík, haldi áfram störfum. Það getur vel verið að reynslan sýni að þá deild megi sameina rannsóknarlögreglu ríkisins, og þá mundi þegar þar að kæmi verða gerð breyting á þeim lögum. Ef ég man rétt, þá vikur réttarfarsnefndin að því og gerir ráð fyrir að svo geti farið. En eins og er hefur þessi rannsóknardeild, fíkniefnarannsóknarmenn sem hafa starfað að þessum málum hjá fíkniefnadóminum, ærið að gera Enn fremur er rétt að geta þess, að þó að það sé ekki heldur tekið fram í þessu frv. og eigi þar ekki heima, þá er gert ráð fyrir því að sú rannsóknardeild í tollmálum, sem hefur verið komið á fót við tollstjóraembættið hér í Reykjavík, haldi áfram störfum. Það er að vísu ekki margmenn deild, en þó hægt að segja að það sé vísir að rannsóknardeild, en sú rannsóknardeild lýtur að sjálfsögðu tollstjóra og svo fjmrh., en ekki dómsmrh. Sama er auðvitað að segja um skattrannsóknardeild. Það er ekki með þessu frv. neitt hróflað við henni og hún lýtur auðvitað eftir sem áður fjmrh. og fjmrn., en heyrir ekki undir dómsmrh. og dómsmrn. Það er áreiðanlega ekki á þessu stigi ástæða til þess að hreyfa við því fyrirkomulagi, hvað sem reynslan kann svo að leiða í ljós eftir að þessari stofnun hefur verið komið á fót og hún fengið festu og reynsla er fengin af starfsemi hennar.

Það er sagt og hefur verið sagt að afbrotum hafi farið mjög fjölgandi hér á landi, þau hafi færst mjög í vöxt, og það er sjálfsagt óhrekjanleg staðreynd. Þó að það hafi ekki farið fram í sjálfu sér nægileg athugun í heim efnum, þá má draga það af ýmsu að svo hljóti að vera. T. d. var það svo árið 1974, að þá voru milli 1300 og 1400 ákærur sem saksóknari gaf út, en árið 1975 voru það milli 1800 og 1900 og hafði þannig fjölgað á milli ára um nálægt 500. Það gefur nokkra bendingu um þann vöxt sem hefur verið í þessum málum. En það er samt rétt að athuga í því sambandi að það hafa komið til í raun og veru ný brot sem ekki bekktust hér, þ. á m. eru t. d. fíkniefnabrotin. Enn fremur er það svo, að samkv. eðli málsins hefur umferðarlagabrotafjöldi margfaldast. Það er ekki nema eðlilegt vegna aukins bílafjölda og aukinnar umferðar. Hins vegar liggur, eins og ég sagði, í sjálfu sér ekki fyrir athugun á því, hvort hinum hefðbundnu brotum, ef þau mætti nefna því nafni, hefur fjölgað eða hversu mikið þeim hefur fjölgað. Og ég býst við því, að það séu í sjálfu sér ýmis vandkvæði á því að láta slíka könnun fara fram. En hvað sem bollaleggingum um það líður, þá veit ég að við erum öll sammála um að hér sé of mikið af brotum framið og að allir hv. alþm. séu sammála um að gegn því beri að vinna.

Aukin afbrot og í ýmsum nýstárlegum myndum eru að vísu ekki sérstakt fyrirbæri fyrir Ísland, heldur þekkist það annars staðar. Og þegar það á sér stað að þau ótíðindi gerast, að afbrot eru framin og sérstaklega þá alvarleg afbrot, þá er auðvitað skylda þjóðfélagsvaldsins að reyna að upplýsa um þau brot og gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim, og að því miðar þetta frv. Þetta frv. miðar að því að styrkja rannsóknir brotamála þannig að þau upplýsist og það verði hægt að láta lög ganga yfir brotamenn.

Ég verð að segja það, að ég viðurkenni það og hef haldið því fram, að dómskerfið og rannsóknarkerfið væri of seinvirkt. Hins vegar held ég að það séu nokkuð órökstuddar staðhæfingar þegar því er slegið fram að fjöldi brota eða fjöldi mála liggi hér óupplýstur. Ég minni t. d. á það, að á þessu ári hafa fjögur morð verið framin hér á landi. Þau hafa öll verið upplýst og það innan mjög skamms tíma. Og ég hygg að þannig sé því nú farið með flest brotin. En það getur tekið sinn tíma og tekur sinn tíma að rannsaka þau. Og það er sjálfsagt hægt að segja að þar sé höfð í huga gullvæg regla, sem sagt að hugsa um réttaröryggið og ganga svo örugglega frá rannsókn hvers máls að það sé öruggt að saklaus maður sé ekki sakfelldur. Það veit ég að hv. alþm. eru líka allir sammála um, að þannig eigi að halda á þessum málum og það sé versta skyssan, sem geti komið fyrir hjá dómstólum, að dæma menn sem ekki eru sekir. Það hygg ég að megi segja að heyri a. m. k. til svo algjörra undantekninga hér, að mér er nú ekki tiltækt dæmi um slíkt. En við bekkjum dæmi um það að slíkt hefur skeð og skeður annars staðar. Þetta er aðalsmerki að mínum dómi á rannsóknum mála hér og á dómstólum. Þó að þeir þyki kannske stundum nokkuð seinvirkir og smámunasamir, að sumum finnst, þá felst þó í þeirri starfsaðferð þessi trygging, að menn eru ekki sakfelldir nema ástæða sé til.

Ég vona að þetta frv. verði nú afgreitt á þessu þingi og það fyrr en seinna. Það er gert ráð fyrir því í aths. fjárlagafrv. að það muni verða afgr. fyrir áramót og þá muni verða teknar upp í fjárlagafrv., áður en fjárl. eru endanlega afgreidd, þær fjárveitingar sem til þarf vegna þess.

Það er að sjálfsögðu svo, að það tekur nokkurn tíma þangað til það kerfi, sem gert er ráð fyrir með þessum lögum, verður komið að öllu leyti í það horf sem því er ætlað. En það verður farið að vinna að því strax og lögin hafa öðlast gildi, og ég þarf ekki að rökstyðja það frekar en ég hér hef gert, að ég tel það vera mjög þýðingarmikið spor sem er stigið í þessum efnum. Hins vegar dettur mér ekki í hug að halda

því fram, að í þessu frv. felist nein töfralausn á þeim vandamálum sem við er að glíma á þessu sviði. Því fer fjarri. Það þarf í fyrsta lagi að fylgja því eftir með fleiri endurbótum á dómstóla- og réttarkerfinu. Það verða síðar lögð fram á þessu þingi frv. sem í þá átt ganga og sýnd voru á síðasta Alþ., frv. um lögréttur, sem hefur í sér fólgna gerbreytingu á skipan dómstóla, og eins frv. um breyt. á lögum um meðferð einkamála. Enn fremur vonast ég til að það verði hægt að leggja fyrir þetta Alþ. síðar frv. til l. um gjaldþrotaskipti.

En þó að þessi frv. öll verði samþ., þá fer því fjarri að það megi setja punkt í þessum efnum. Aðalmarkmiðið, sem verður auðvitað að keppa að og hlýtur að verða markmið Alþ., markmið þeirra sem fara með þessi málefni, markmið þjóðfélagsins í heild, er að koma í veg fyrir það, svo sem kostur er, að afbrot séu framin. Og það er auðvitað það sem verður fyrst og fremst að huga að í framtíðinni, hvaða ástæður liggja til þess að afbrot hafa farið svo mjög í vöxt hér á landi sem menn vilja vera láta og ég vil ekki vefengja að sé mjög mikið. Það liggja ýmsar ástæður í augum uppi. Það liggur t. d. í augum uppi, að óhófleg áfengisnautn íslendinga á stórkostlegan þátt í þeim afbrotum sem framin eru hér á landi. Það má rekja það með mörgum dæmum, að bæði hin smærri og hin stærri brot eru oft framin undir áhrifum áfengis. Og þá er líka hitt ljóst, að þau fíkniefni, sem hér er farið að neyta af of mörgum þó að ég vilji ekki gera of mikið úr því hversu útbreytt það er, þau hafa haft í för með sér að afbrot eru framin. Þegar menn komast undir áhrif þeirra vímugjafa sem þar er um að ræða og þeir gera sér ekki grein fyrir raunveruleik hlutanna, þá fremja þeir brot sem þeir mundu allsgáðir ekki láta sér koma til hugar, og auðvitað verður hættulegast þegar þessir menn komast undir vanaáhrif þessara eiturefna. Það verður að hefja herferð gegn slíku. En þar verður að hafa í huga að refsingar gagnvart þeim öllum, sem þar koma við sögu, eru ekki alltaf heppilegasta úrræðið þegar um neytendurna er að tefla. Það er höfuðatriðið að ná í þá sem flytja þessi efni til landsins með þeim ótrúlega gróða, að ég býst við því að menn í fljótu bragði láti sér ekki detta í hug þær fjárhæðir sem þar er um að tefla. Og það er hugsanlegt að þeir, sem slíka iðju stunda, séu komnir í samband við alþjóðahringi sem standa að verslun með slík efni. Á slíkum brotum verður auðvitað að taka hart og láta þá menn sæta hörðum refsingum, en í öðrum tilfellum getur hugsanlega önnur aðferð en bein refsing verið réttara og heppilegra úrræði til þess að snúa mönnum af rangri braut, einkanlega ef um unglinga er að tefla. Þriðja ástæðan, sem ég held að liggi í augum uppi og veldur því að afbrot eru framin hér á landi í ríkara mæli en áður og ný tegund brota hefur komið til sögunnar, er að allt of margir íslendingar lifa óhófslifnaði, lifa langt um efni fram, og hjá þeim kemur að skuldadögunum og þá verður þeim mörgum fyrir að reyna að bjarga sér á þann hátt sem við höfum séð dæmin til, gefa kannske út falskar ávísanir, innistæðulausar ávísanir eða lenda í öðrum fjársvikamálum.

Ég verð að segja það, þó að ég geti ekki sannað það, að ég álít að áhrif sjónvarpsins í þessum efnum séu miður heppileg. Það er áreiðanlegt að það hefur sín áhrif að fá sjónvarpið með glæpamynd inn á heimilin, sýnandi e. t. v. hetju kvikmyndarinnar sötrandi áfengi sí og æ, berjandi þann niður sem fyrir verður, hampandi byssu og skjóta. Við skulum gæta að því að þetta er á engan hátt sambærilegt við kvikmyndir í venjulegum kvikmyndahúsum. Sjónvarpið verður heimilisvinur og kemur inn á heimilið og gerir þessa hluti hversdagslega í hugum kannske allt of margra unglinga sem á horfa. En um þessi áhrif er auðvitað ekki hægt að fullyrða. Engin rannsókn hefur farið fram á þeim hér. Það er verið að reyna að rannsaka þetta erlendis, en það er sjálfsagt erfitt að fá nokkrar óyggjandi niðurstöður í því efni. Hinu skal ekki gleymt heldur, að sjónvarpið hefur sínar jákvæðu hliðar í þessu efni. Það getur vissulega haldið unglingum heima og haldið þeim frá því að lenda í miður heppilegum félagsskap sem þeir annars mundu lenda í, þannig að það verður líka að líta á þær jákvæðu hliðar sem það hefur þegar dæmið er gert upp. En fróðlegt rannsóknarefni er þetta óneitanlega og mikil ábyrgð hvílir á sjónvarpinu í þessu efni, að halda þannig á málum að það spilli ekki hugsunarhætti með þeim myndum sem það sýnir. Við höfum geysilega mikið af skólum hér og allir ganga í skóla og um margra ára skeið. En ég held að það sé orðið tímabært að athuga það, hvaða áhrif skólarnir hafa á mótun hugarfars þeirra sem í þá ganga, hvort menn sækja þann aukna þroska, sem þeir eiga að gera, í skólana eða ekki, hvort þeir sækja einhvern leiða í skólana, einhvern hugsunarhátt sem er öndverður við það þjóðfélag sem hefur haldið þeim í skóla, e. t. v. að þeirra óvilja, í mörg ár.

Þetta verkefni, sem ég hef hér aðeins lauslega minnst á, það bíður félagsfræðinga og uppeldisfræðinga að fjalla um það, og það er í sjálfu sér rótin sem leita verður að og það eru ræturnar sem verður að reyna að komast fyrir þegar um þessi mál er fjallað af góðvild og skilningi.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. þar sem ítarleg grg. fylgir og fskj. með líka sem ég gat um og ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir því í fyrra, en ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki á þessum stað að fara að ræða almennt um afbrotamál og dómsmál, ekki hvað síst vegna þess að það hafa verið lagðar fram till. til þál. sem fjalla einmitt um þann málaþátt, og mun þá gefast tækifæri til þess að ræða það betur síðar. En hitt vil ég undirstrika, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, að menn gera sér e. t. v. ekki fyllilega grein fyrir því, hvað sterkt áróðurstæki sjónvarpið er, ekki aðeins varðandi þá einstaklinga og þær vörur og annað því um líkt sem þar kemur fram, heldur ekki síst um þá verknaði sem þar eru sýndir.

Ég get sagt mönnum það, bæði til gamans og

e. t. v. sem áhyggjuefni, að fyrir örfáum vikum var ég á foreldrafundi með forstöðukonu leikskóla hér í borginni þar sem yngsta barnið mitt dvelur hálfan daginn. Hún var að segja okkur foreldrunum frá því, að hún hefði nú á síðustu árum veitt því eftirtekt hversu sjónvarpið og afbrota- og glæpamyndir, sem það sýnir, væru farin að hafa ótrúlega mikil áhrif á allra yngstu börnin sem dveldust þar á leikskólanum, þ. e. a. s. börn á aldrinum tveggja og þriggja ára. Og hún sagði okkur tvær sögur af því. Hún sagði að í sumar hefði hún komið að öllum börnunum á einni deildinni þar sem þau hefðu legið hreyfingarlaus úti í horni hvert ofan á öðru, en eitt staðið yfir. Og hún sagðist hafa spurt börnin að hvað þau væru að leika. Sum þeirra voru ekki orðin fyllilega talandi, voru það ung, en eitt barnið skýrði frá því: Jú, það væri verið að leika ræningialeik. Hann væri hetjan og væri búinn að drepa hina alla sem lágu hreyfingarlausir úti í horni. Nokkru síðar varð þessi sama forstöðukona áheyrandi að samtali tveggja þriggja ára gamalla barna. Annað þriggja ára gamla barnið spurði hitt hvar mamma þess væri. Barnið svaraði og sagði: „Hún er dáin.“ Þá spurði barnið: „Og hver drap hana?“ Þessar tvær sögur sagði forstöðukona þessa leikskóla okkur foreldrunum á foreldrafundi í sumar sem dæmi um það, að hennar sögn hvaða áhrif ýmis efnisatriði sjónvarpsins væru farin að hafa á allra yngstu aldursflokkana, börn tveggja, þriggja og fjögurra ára gömul, sem fylgjast með sjónvarpinu íslenska daglega.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vildi gjarnan láta þetta koma fram sem mér var sagt í sumar og hótti harla merkilegt til stuðnings því sem hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni áðan um þýðingu sjónvarpsins í þessu sambandi. Ég ætla ekki heldur að ræða mikið það frv. sem var fylgt úr hlaði áðan, vegna þess að okkur gafst tækifæri til þess, bæði í þeirri n., sem ég sit í, allshn. þessarar hv. d., og eins hér í d., að ræða þetta mál að nokkru gagni á síðasta þingi. Ég vil aðeins láta það koma fram, að bæði mér og öðrum alþfl.-mönnum var það ljóst strax þegar hæstv. ráðh. lagði þetta frv. fram á síðasta þingi, að hér var um mál að ræða sem væri mjög þýðingarmikið í því skyni að efla og auðvelda þeim, sem fara með rannsókn sakamála, að sinna sínu verkefni. Ég vil einnig taka það fram, að við alþfl.-menn lögðum okkur fram um það að þetta mál yrði afgr. á síðasta þingi. Þegar svo virtist vera að hv. allshn. ætlaði að hafa að engu eindregin tilmæli hæstv. ráðh. um að afgr. málið, þá bað ég sérstaklega um orðið hér utan dagskrár til þess að beina þeim eindregnu tilmælum til forseta þessarar hv. d. að hann beiti áhrifum sínum við n. til þess að kalla fram afgreiðslu á þessu frv. Jafnframt lýsti ég því yfir, að ég væri fyrir mitt leyti reiðubúinn til að standa að þeirri afgreiðslu og að þingflokkur Alþfl., sem hefði rætt þetta mál, mundi vera reiðubúinn til hins sama einnig.

Að vísu komu nokkrar umsagnir um þetta frv. í fyrra. Þær voru hins vegar ekki ýkjaflóknar og flestar jákvæðar í öllum meginatriðum. Örfáar neikvæðar ábendingar komu fram, en flestar þeirra voru byggðar á misskilningi þess sem umsögnina samdi, eins og ljóslega kemur fram á því, að réttarfarsnefndin, sem fjallað hefur um þessar umsagnir í sumar, hefur ekki talið ástæðu til að gera neinar verulegar breyt. á frv. að þeim fengnum. Þess vegna var það að mínu áliti og er enn út í hött að halda því fram að hv. allshn. hefði ekki getað afgr. þetta mál í fyrra eins og eindregið var eftir leitað að hún gerði.

Ég vil einnig taka það sérstaklega fram, að það hefur ekkert það komið í ljós í sumar, eða frá því að þingi lauk s. l. vor, sem sýnt hefur getað fram á að það hafi verið rétt ákvörðun hjá stjórnarmeirihl. í allshn. að fresta afgreiðslu þessa frv. Þvert á móti hefur það komið í ljós í sumar, að betra hefði verið að frv. hefði verið afgr. á síðasta þingi.

Þingflokkur Alþfl. hefur rætt þetta frv. eftir að það kom fram nú aftur í haust, og ég get í nafni þingfl., þar sem ég á sæti í allshn. og er falið að fjalla þar um málið af hans hálfu, gefið þá yfirlýsingu, að Alþfl. er nú eins og í fyrra reiðubúinn til þess að standa að fljótri afgreiðslu þessa máls. Og ég vil hvetja aðra þm. til þess að gera slíkt hið sama. Af okkar hálfu, alþfl.-manna, skal ekki standa á því að þetta frv. hljóti afgreiðslu vel fyrir áramót. Hvort stjórnarliðið heykist í annað skipti á að afgr. stjórnarfrv. get ég ekki svarað.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. form. allshn. þessarar d. er ekki viðstaddur og þess vegna hef ég kvatt mér hljóðs.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að það væri komið í ljós, að það hafi skaðað að þetta frv. var ekki afgr. á síðasta þingi, og fór nokkrum orðum um að stuðningsmenn ríkissti. hafi tafið frv., enda hótt hæstv. dómsmrh. hafi lagt áherslu á að fá það samþ. Ég á bágt með að skilja í hverju þessi skaði er fólginn sem hv. þm. talaði um, vegna þess að ekki var gert ráð fyrir að lögin tækju gildi fyrr en um n. k. áramót, enda hótt frv. hefði verið samþ. á síðasta þingi. Ég tel þess vegna að það sé enginn skaði skeður. Það er enn tækifæri til þess að samþ. þetta frv. og láta það taka gildi á sama tíma og gert var ráð fyrir á síðasta þingi þegar hæstv. dómsmrh. lagði frv. fram. Hins vegar hefur þetta mál verið í athugun síðan á síðasta þingi og hæstv. ráðh. hefur lagt frv. aftur fram, að vísu með lítilli breyt., en þó nokkurri.

Ég er sannfærður um að það er enginn hv. þm., hvorki stjórnarstuðningsmaður né í andstöðu við ríkissti., sem vill tefja þetta frv. þegar menn hafa sannfærst um að það megi verða til góðs í þeim vandamálum sem íslenska þjóðin á við að stríða um þessar mundir í alls konar saka- og afbrotamálum. Ég held að við ættum að ræða um þetta með rökum og án ásakana hver á annan. Það vex enginn hv. þm. á því að bera þingbræðrum eða systrum það á brýn, að þau vilji standa í vegi fyrir lagasetningu sem getur orðið til bóta.

Á síðasta þingi komu fram umsagnir frá ýmsum aðilum um þetta frv., og þær voru ekki samhljóða. Allir hv. þm. gera sér grein fyrir því, að hér er um stórmál að ræða og það er ekki vandalaust að setja lög í þessum efnum sem

megi verða tvímælalaust til bóta. Að því er stefnt. Þegar umsagnirnar voru ekki samhljóða, sumar mjög neikvæðar frá virðulegum embættum, þá var eðlilegt að þm. vildu staldra við, gefa sér nokkurn tíma til frekari athugunar, og sérstaklega vegna þess að það var enginn skaði skeður þótt sá dráttur yrði á sem orðinn er, ef lagabreyt. gæti tekið gildi á sama tíma og ætlað var með fyrra frv. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson muni að frv., sem rætt var á síðasta þingi, var ætlað að taka gildi um n. k. áramót. Nú hefur hv. form. allshn. þessarar d. boðað fund í allshn. n. k. mánudag, og hann ræddi við mig áðan og sagðist hafa áhuga á að flýta afgreiðslu málsins, og ég latti ekki til þess. Við skulum þess vegna hætta brýningum í þessu máli, en sameinast um að afgr. það á sem bestan hátt, e. t. v. með einhverjum breyt., afgr. það nógu fljótt, að það geti tekið gildi um n. k. áramót, eins og hæstv. dómsmrh. lagði til þegar hann lagði hið fyrra frv. fram á síðasta þingi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vildi gjarnan við 1. umr. þessa merka máls lýsa svolitið almennt afstöðu minni til þess. Ég tók að vísu til máls stuttlega á þinginu í fyrravetur þegar þetta mál var til umr., en langar til að bæta þar við nokkrum orðum.

Ég vil þá fyrst láta í ljós það, að ég kann hæstv. dómsmrh. þakkir fyrir að standa að undirbúningi þessa máls, eins og gert hefur verið allar götur frá árinu 1972, þegar sérstök n. sérfræðinga var skipuð af hans hálfu til þess að endurskoða dómsmálakerfi landsins og gera till. um breytingar. Ég get ekki að því gert, að það urðu mér nokkur vonbrigði í fyrravetur, að málið skyldi ekki verða afgr., ekki hljóta afgreiðslu. Mér fannst það svo vel undirbúið að það ætti að fá greiða leið í gegnum þingið, og ég sannfærðist ekki þegar hv. þm. form. allshn. gerði grein fyrir því hér á Alþ. hvers vegna ekki var unnt að afgr. málið á því þingi. Þess er að gæta, að þó að það sé rétt, alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl., að það er gert ráð fyrir því að lögin öðlist gildi um n. k. áramót og það var einnig gert ráð fyrir því þegar frv. var lagt fram hér á Alþ. í fyrra, þá er þó þess að gæta, að það er slæmt að missa tíma í þessum efnum vegna þess að hann verður ekki unninn upp. Það tekur sinn tíma að undirbúa stofnun slíkrar stofnunar eins og þeirrar sem hér er gert ráð fyrir að verði, búa hana allri aðstöðu og gera hana sem best í stakk til þess að taka sem fyrst til starfa með sem áhrifaríkustum hætti. Þess vegna vil ég láta í ljós vonbrigði yfir því að ekki reyndist unnt að afgr. málið á seinasta Alþ. Þó er það ekki höfuðatriði þessa máls. Hitt er aðalatriðið, að málinu verði vel tekið á Alþ. núna og það hljóti greiða og fljóta afgreiðslu, þannig að hægt verði að taka til starfa við að byggja upp þá stofnun sem þetta lagafrv. gerir ráð fyrir að sett verði á fót.

Hæstv. dómsmrh. lýsti þeim aðalatriðum sem efnislega felast í lögfestingu þessa frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins. Það mætti kannske segja, að kjarnapunktarnir væru fyrst og fremst tveir: annars vegar það aðalatriði að aðgreina rannsóknir meiri háttar sakamála frá dómsmeðferðinni og svo hins vegar að afla sérhæfs starfsliðs til þess að annast rannsóknarmál. Mér er ekki kunnugt um að það sé í raun og veru til neinn lögfræðingur hér á Íslandi sem hefur sérmenntun í rannsókn sakamála. Það er ljóst að þessi mál eru það sérhæfð, að útilokað er að sinna þeim við þær aðstæður sem smátt og smátt hafa verið að skapast í okkar þjóðfélagi, sérstaklega með borgarmyndun hér á Suðvesturlandi og einnig með greiðari samgöngum um allt land, — það er auðvitað ljóst að það er ekki hægt að fást við þessi mál öðruvísi en að til séu sérfræðingar, sérlærðir menn, þ. á m. sérlærðir lögfræðingar á sviði rannsóknarmála. Það er ekki auðvelt að fást við þessi mál með árangri án þess að um slíkt sé að ræða. Að sjálfsögðu verður byggt á þeim grunni sem fyrir er og engin ástæða til þess, eins og hæstv. dómsmrh. tók greinilega fram í framsöguræðu sinni, að gera lítið úr því starfi sem unnið hefur verið.

Að sjálfsögðu eru ástæður fyrir því að við Íslendingar höfum ekki aðskilið þessa þætti sem ég var að minnast á, eins og aðrar þjóðir telja sjálfsagt og hafa gert flestar hverjar fyrir löngu. Ástæðurnar eru auðvitað smæð okkar þjóðfélags og við höfum ekki það bolmagn í svo fámennu þjóðfélagi sem aðrar þjóðir stærri hafa til þess að geta stofnað margar stofnanir sem hver í sínu lagi hafi með höndum alveg sérstök og ákveðin verkefni. Það er ekki fyrr en til kom borgarmyndun hér á Suðvesturlandi og borgarmenning, allt sem henni fylgir, bæði gott og vont, og síðan greiðari samgöngur um land allt, sem þörfin verður augljós til breytinga á þessum sviðum.

Þriðja atriðið, sem er mjög þýðingarmikið í þessu efni, er einmitt það að embætti rannsóknarlögreglu ríkisins skuli hafa lögsögu í málum sínum um land allt með þeim takmörkunum sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er augljóst öllum, að til hafa komið á allra seinustu tímum sérstakar tegundir afbrota sem gera það nauðsynlegt að mögulegt sé að rétta og hefjast handa við rannsóknir mála alls staðar á landinu án þess að það þurfi að koma til tafir sem stafa af því að landið er greint niður í fjölmörg lögsagnarumdæmi. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál sé stórt mál og stórt skref stigið til jákvæðrar meðferðar þessara málaflokka, að aðgreina hér á milli lögreglu og dómsvalds, og þær aðstæður, sem nú hafa skapast hér á landi, kalli fyllilega á að þetta skref sé stigið.

Nú er ekki því að neita, að það hefur verið talsvert hik á því hér á Alþ. að stíga þetta skref og menn hafa e. t. v. ekki verið alveg allir sannfærðir um það, fyrr en þá nú að ég vona, að það sé tímabært. En ég ætla að vona það, að þó að frv. hafi ekki fengið afgreiðslu hér í fyrravetur á þinginu, þá hafi það ekki stafað af því að það sé hik á mönnum í því efni, sem er eitt meginatriði þessa máls, að greina á milli lögreglu og dómsvalds, eins og gert er ráð fyrir að gert verði með lögfestingu þessa frv. Að sjálfsögðu er það svo, að frv. er í reyndinni grófar útlínur um það hvernig rannsóknum sakamála verði fyrir komið. Það liggur í augum uppi að á framkvæmdinni veltur auðvitað mest. Og eitt er alveg augljóst mál, að það þarf tals-

vert verulega aukið fjármagn að koma til, til þess að það sé hægt að búa rannsóknarlögreglu ríkisins í þann stakk sem hæfir og nauðsyn ber til, til að hún geti sinnt sínum verkefnum eins og til er ætlast.

Ég greindi frá því í fyrra hér í nokkrum orðum, að það hefði vakið athygli mína og raunar áður en þessi mál komu hér til umr., að á engum einasta fundi, sem ég hafði setið á um árabil, hvort sem það var á flokksfundum, framboðsfundum með sveitarstjórnum eða öðrum fundum um stjórnmál, höfðu menn sýnt dómsmálum og sakamálum sérstakan áhuga. Það voru allt önnur mál sem menn höfðu áhuga á og vildu að hefðu forgang. Það er ekki fyrr en tilefni gefast sem áhugi manna fer vaxandi í þessum efnum og menn gera sér ljóst, að til þess að viðhalda réttarríki, lýðræðisríki, er nauðsynlegt að styrkja starfsemi dómsmála og rannsóknarmála þar með. En til þess þarf talsvert verulegt fjármagn að mínum dómi. Og ég ætla að vonast til þess, að það verði ekki hik á hv. alþm. þegar þar að kemur, að leggja til fjármagn í hendur þeirra manna sem fá það hlutskipti að byggja þessa starfsemi upp á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir og efla hana í hvívetna, því að það er að mínum dómi mergurinn málsins. Það er lítið hægt að gera til framfara á þessu sviði sem og mörgum öðrum nema með því að kosta til þess talsverðum fjármunum.

Það hefur stundum verið talað um það, að núv. réttarkerfi ráði ekki við stóru málin, eins og stundum er tekið til orða. Ég held að þetta sé ekki rétt nema að sumu leyti. Það eru vissar tegundir mála sem hafa valdið sérstökum erfiðleikum. Hæstv. dómsmrh. minnti á ágætan árangur sem náðst hefur við meðferð stórra sakamála. En það eru vissar tegundir mála sem hafa tekið langan tíma, og á ég þar alveg sérstaklega við stór gjaldþrotamál. Í flestum tilvikum a. m. k. er það svo, að þegar um gjaldþrot er að ræða, þá er um refsivert athæfi, refsiverða háttsemi að ræða. Mjög oft er það svo. Þess vegna reikna ég með því, að rannsóknarlögregla ríkisins muni geta veitt aðstoð við rannsóknir gjaldþrotamála þegar þar að kemur. Gjaldþrotamál eru þess eðlis, að þau varða venjulega viðskipti, stundum viðskipti sem ná til margra ára. Það þarf að fara í gegnum flókið bókhald og oft og tíðum ófullkomið bókhald, og til þess þarf mannafla. Það er ekki nóg að fá til þess hverja sem er, það þarf úrvalsmenn til þess að fá botn í slík rannsóknarmál. Og það er erfitt að fá þá og alls ekki mögulegt nema fyrir verulega háar greiðslur. Þetta er öllum kunnugt. Það ber því allt að sama brunni í þessum efnum, að það veltur mikið á framkvæmdinni, kannske mest, þegar búið er að samþykkja þann ramma og þær útlínur sem menn vilja starfa eftir. En ég hef ekki trú á því, að framkvæmdin geti orðið jákvæð nema með því að Alþ. auki verulega og ég vildi segja til stórra muna framlög til þess að standa undir kostnaði af dómsmálum og rannsóknum sakamála.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur nú fylgt hér úr hlaði öðru sinni frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins og gert skilmerkilega grein fyrir því. Ég þarf ekki á þessu stigi að hafa mörg orð um þetta frv. Ég á sæti í allshn., sem fær frv. til meðferðar, mun því vera einn af þeim mönnum sem töfðu fyrir samþykkt málsins á síðasta þingi.

Nú er það svo, að það er ágætt að semja góða löggjöf og sjálfsagt að vanda sem best til hennar á allan hátt. En góð löggjöf leysir ekki allan vanda, þótt margir hyggi að svo sé. Því er það svo, að ef eitthvað brestur á um framkvæmd eða eitthvað kemur fyrir sem mönnum líkar ekki, þá er allri skuldinni skellt á gildandi löggjöf. Ég man eftir því að nú nýlega benti forseti lagadeildar, Sigurður Líndal, einmitt á þetta atriði í sjónvarpsþætti og tók þar mjög skýrt og skilmerkilega fram að margir rugluðu þessu saman. Og það er oft sem mönnum yfirsést þetta atriði. Um þetta mál er hins vegar rétt að taka fram að þar er að sjálfsögðu nauðsynlegt að góð og vandlega samin löggjöf sé í gildi. Þess vegna er það að þetta frv. á sér langan aðdraganda. Því hefur verið hreyft öðru hvoru á undanförnum árum og jafnvel merkilega oft miðað við þann litla áhuga sem almenningur og ég vil segja stjórnmálamenn hafa oft sýnt þessum málum, eins og kom m. a. fram af máli hv. síðasta ræðumanns.

Ég bendi á að m. a. var samþykkt hér á Alþ. hinn 17. apríl 1968 ályktun þar sem ríkisstj. er falið að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir lögreglustjóra. Ég held að þessi till. hafi ekki vakið tiltakanlega mikla athygli hér á hv. Alþ. þegar hún var flutt og fyrir henni talað. Þó var hún samþykkt að lokum. Í framhaldi af samþykkt þessarar till. var svo undirbúið frv. sem náði ekki fram að ganga.

Það er rétt að gera sér aðeins í örfáum orðum grein fyrir hlutverki lögreglunnar. Allir vita að það hlutverk er mikilvægt í öllum lýðræðisríkjum. En það er skilgreint svo í 34. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974, að það sé í fyrsta lagi að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun, vinna að upplýstran brota sem framin eru og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þarna er í fáum orðum greint frá hlutverki lögreglumannsins, og þarf ekki að skoða þessa setningu lengi til þess að sannfærast um að eitt meginatriðið í starfi hvers lögreglumanns er rannsóknarstarfið. Og það má aldrei gleymast, að ef maður ætlar að verða góður lögreglumaður, þá verður hann fyrst og fremst að vera rannsóknarlögreglumaður jafnframt. Því er það að ég og ýmsir fleiri höfum lagt áherslu á það, þegar við höfum rætt þessi mál, að götulögregla svokölluð og rannsóknarlögregla ættu í raun og veru að vera á sama báti, undir sama þaki, hafa náin samskipti til þess að sem best samvinna takist við upplýstranir og eftirgrennslanir mála. Þess vegna hefur okkur þótt lengi sú skipan óeðlileg, að rannsóknarlögreglan í Reykjavík lyti öðrum yfirmanni en hin almenna lögregla. Og þeir, sem þekkja sögu þessa máls, vita líka hvernig það atvikaðist að svona fór, að þróunin beindist í þessa átt. Nú er það svo

að rannsóknarlögreglan í Reykjavík, þótt fámenn sé, hefur gert margt gott og í raun og veru rækt hlutverk sitt merkilega vel. Því hefur verið borið við að hún byggi við þröngan húsnæðiskost og væri fámenn, og á hana hafa störfin hlaðist, við vitum það öll. En þó hefur þróun mála ekki að öllu leyti orðið ljúf í þessum efnum. Mér er t. d. kunnugt um, ég held að ég fari þar með rétt mál, að í hinni nýju lögreglustöð í Reykjavík, sem tók til starfa fyrir nokkrum árum, hafi til skamms tíma beðið allrúmgott húsnæði til handa rannsóknarlögreglunni. Og við vitum það, að sú veglega bygging, sem reis við Hverfisgötu eftir að lögreglan hafði kúldrast lengi niðri í Pósthússtræti, átti fyrst og fremst að verða til þess að leysa úr húsnæðisvandræðum lögreglunnar almennu og einnig löggæslu okkar til sjávarins. Það var gert ráð fyrir húsnæði þar bæði fyrir rannsóknarlögregluna og landhelgisgæsluna á efstu hæðinni. En í staðinn fyrir að setja landhelgisgæsluna á þann stað, sem henni var þar ætlaður, var komið þar fyrir utanríkisráðuneyti. En það er annað mál.

Ef við gerum okkur aðeins grein fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, þá er það í fyrsta lagi, eins og tekið hefur verið fram, að þar er lagt til að komið verði á fót sérstakri stofnun, rannsóknarlögreglu ríkisins, og yfirmaður hennar heiti rannsóknarlögreglustjóri. Þá er í öðru lagi lagt til og það talið eitt aðalatriði frv., að yfirsakadómarinn í Reykjavík verði eigi lengur yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík svo sem nú er. Verður að viðurkenna að þar með er stigið stórt spor í þá átt að aðskilja dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn, sem nú þykir held ég sjálfsagt.

Það er rétt að í þessu frv. er gert ráð fyrir að starfandi verði sérstök rannsóknarlögregludeild við lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Fyrir þeirri deild er gerð nánari grein í 6. gr. frv. En þeir, sem lesa þessa gr., verða þó að viðurkenna að lestri loknum að hún nær ekki yfir mjög stórt svæði af þeim málum sem rannsóknarlögreglunni er ætlað að fjalla um. Ég hef einhvers staðar séð það, að því hafi verið borið við að með því að fela lögreglustjóranum í Reykjavík aukin störf í þessum efnum, þá verði lögreglustjóraembættið mjög stórt og viðamikið. En ég bendi á að þetta er nú hlutur sem við verðum að sætta okkur við. Við verðum að sætta okkur við það að hafa svona stóra höfuðborg þó að hún skapi okkur ýmis vandamál, og þess vegna er eðlilegt að slíkar stofnanir séu stærstar og fjölmennastar þar sem fjölmennið er mest og þéttbýlið, enda kemur lögregla í núverandi mynd í raun og veru ekki fram á sjónarsviðið fyrr en með myndun þéttbýlis. En aftur á móti sé ég hér í grg. að réttarfarsnefndin hefur látið sér detta í hug að sameina sakadómaraembættið og borgardómaraembættið í Reykjavík. Ekki yrði þetta embætti neitt smátt í sniðum. Um þetta má auðvitað deila og ræða endalaust. Ég hefði talið eðlilegra að haga þessum málum þannig að lögreglustjóra í Reykjavík hefði verið falið meira af rannsóknarlögreglustörfum, þ. e. a. s. það yrði meiri breidd í 6. gr. frv. heldur en raun hefur á orðið. Þó er svo, að í niðurlagi gr. segir að lögreglustjóri fari með „aðra málaflokka, sem ákveðið kann að verða í reglugerð að fela embætti lögreglustjóra". Það er rétt. En á hinn bóginn hefði ég talið að með tímanum mundi koma upp, kannske fljótlega, nokkurs konar alríkislögregla eða lögregla sem tæki til alls landsins, sem hefði fyrst og fremst með höndum rannsóknir þeirra mála sem spanna yfir mörg lögsagnarumdæmi, t. d. smyglmál, fíkniefnamál og önnur mál af því tagi. En ég viðurkenni fyllilega að um þetta geta verið og eru skiptar skoðanir. En menn eru óþolinmóðir yfir því hvað meðferð þessara mála tekur oft langan tíma, og oft er þeim, sem rannsaka mál, kennt um ef þau komast ekki upp í tæka tíð. Allt er þetta þó eðlilegt, því að öllu skiptir, eins og hæstv. dómsmrh. tók hér fram, eða a. m. k. skiptir það yfirgnæfandi miklu máli þrátt fyrir allt, að saklaus maður verði ekki sakfelldur. Það held ég að við hljótum öll að vera sammála um.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni, en bendi á að lokum, að þó að hér sé mikilvægt mál á ferðinni sem sjálfsagt sé að skoða fljótt og vel, þá megi þm. þó ekki rasa um ráð fram, heldur gefa sér tíma til að skoða það vandlega áður en það verður endanlega samþykkt.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar, eins og hv. þm. er kunnugt, um nýtt embætti, embætti rannsóknarlögreglu ríkisins. Það hefur komið fram í umr. að það var lagt fram í fyrra og hlaut ekki afgreiðslu í allshn. Nd. þá. Að gefnu tilefni langar mig að fara nokkrum orðum um þetta atriði.

Það hefur orðið tilefni deilna milli stjórnarflokkanna annars vegar og hins vegar stjórnarandstöðuflokkanna og þá sérstaklega hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að frv. hlaut ekki afgreiðslu í fyrra, og hafa gengið þar ásakanir á víxl. Ég fylgdi stjórnarmeirihl. að máli í vor þegar var lagt til að ekki skyldi hrapað að afgreiðslu málsins. Það var skammt til þingloka og frv. lítið eða ekki rætt í n. Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort ekki hefði verið hægt að taka það fyrr til umr., en eins og málum var komið þá taldi ég réttara að afgreiða þetta mál ekki í flýti, en bíða með það til haustsins, sérstaklega með tilliti til aths., sem komið höfðu fram, og með tilliti til þess, að það átti ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Hitt má gjarnan fylgja með, að till. um heimild dómsmrh. til fjölgunar starfsmönnum var líka lögð í salt og var ég því andvíg. Hún hefði veitt dómsmrh. heimild til þess að fjölga starfsmönnum þótt þetta frv. hefði ekki orðið að lögum. Þær hnútur, sem gengið hafa á milli stjórnarflokkanna í þessu máli í málgögnum þeirra í sumar, held ég að skipti ekki sköpum hvað meðferð dómsmála varðar. Ég held að þær séu merki um dýpri innri átök, og verða þeir að eiga það við sjálfa sig.

Ég vil leggja áherslu á það hér, að um þessi mál verði fjallað hér á Alþ. án þeirrar móðursýki sem mér hefur fundist gæta í skrifum dagblaða og umfjöllun fjölmiðla í sumar. Ég er

sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að löggjöf skiptir ekki öllu máli um hversu vel er frá hnútum gengið eða um afbrotatíðni yfirleitt. Ég hlýt að segja það, þótt ég efist að vísu ekki um góðan vilja þeirra Alþýðublaðsmanna og hv. þm. Alþfl., að mér hefur þótt þeir fara yfir markið. Það er hægt að gera þær kröfur um fjölgun lögreglu og eflingu réttarríkis að við göngum með því á rétt þegnanna í þessu þjóðfélagi. Það er hægt að hafa svo hátt að hrópin verði: Krossfestið hann, krossfestið hann, áður en dómur er genginn. Og þetta hygg ég að allir alþm. verði að hafa í huga.

Einnig hefur vantað í þessar umr. í fjölmiðlum það sem hæstv. dómsmrh. kom hér inn á í lok ræðu sinnar: Aðalatriðið hlýtur að vera að koma í veg fyrir afbrot, að velta því fyrir sér hvers vegna afbrot eru orðin svo tíð sem raun ber vitni. Það hlýtur að vera hlutverk okkar alþm. að reyna að brjóta það mál til mergjar og koma þar á lagfæringum, því að það getum við. Ef við getum varið miklu fjármagni í lögreglu- og dómstólakerfið á tímum þegar talað er um sparnað og niðurskurð, þá getum við líka varið fé til þeirra mála sem eiga að koma í veg fyrir afbrot og skapa betra þjóðfélag hér á Íslandi.

Í þessu sambandi vil ég geta sérstaklega um það sem hæstv. dómsmrh. nefndi einnig, og það eru fíkniefnin. Ég held að það fé, sem varið væri t. d. til sjónvarpsins til þess að gera innlenda fræðsluþætti um fíkniefnin, hvernig þau komast til landsins, hvaða áhrif þau hafa, hvaða afleiðingar þau hafa, það gerði jafnvel meira gagn en það fé sem rennur til lögreglunnar til þess að taka það óhamingjusama fólk sem hefur látið ánetjast þessum efnum. Ég held að þeim tíma, sem börn, unglingar og fullorðnir verja fyrir framan sjónvarpið, væri betur varið við að horfa á slíkt en að sitja og horfa á erlendar glæpamyndir sem fást fyrir lítið fé og sjónvarpsmenn verða í fjárhagsneyð sinni að sýna okkur.

Hæstv. dómsmrh. talaði um það, að einn þáttur í þessari afbrotatíðni eða ein orsök afbrotatíðni væri sú, að Íslendingar lifðu um efni fram. Þetta kann vel að vera rétt. En þó að ég sé ekki reiðubúin að flytja hér neina sérstaka hugvekju um þetta mál, þá finnst mér ógerningur að fleygja þessu fram eða fullyrða slíkt án þess í rauninni að reyna að gera sér grein fyrir hvers vegna Íslendingar lifa um efni fram. Það er kaldranalegt að reyna að hvetja fólk til þess að lifa hóflega í verðbólguþjóðfélagi, í þjóðfélagi þar sem ríkisstj., sem situr við völd, hefur ekki betri tök á efnahagsmálum en raun ber vitni. Það er átakanlegt að saka fólk um að lifa um efni fram þegar það er stefna núv. stjórnar að demba yfir fólk óheftum innflutningi á alls konar munaðarvörum og koma því í þá aðstöðu að það verði í raun og veru að velja á milli tíu tegunda af munaðarvörum í stað þess að velja á milli nauðsynja og munaðar. Ég held að margt af þessu eigi rætur einmitt í því lífsviðhorfi sem núv. ríkisstj. ýtir undir, og mér þykir illa farið og kannske þó rökrétt, að áherslan á fjármagnið skuli vera í lögreglu- og dómsmálum og átak ríkisstj. skuli vera á því sviði fremur en á hinu fyrirbyggjandi. Við eigum kannske eftir að sjá niðurskurð á málaflokkum svo sem til heilbrigðismála, tryggingamála og menntamála, og þá vona ég að hv. alþm., sem hlýddu á niðurlagsorð hæstv. dómsmrh., minnist þeirra.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Út af lokaorðum síðasta hv. ræðumanns vil ég taka það fram, að eitt atriðið og ekki það þýðingarminnsta í því að koma í veg fyrir að afbrot séu framin er það, að þeir, sem með þjóðfélagsvaldið fara, hafi hæfileika til þess að ljúka á eðlilegum tíma rannsókn þeirra brotamála, sem orðið hafa, og réttlátur dómur geti gengið eðlilega og fljótt fyrir sig. Það er ekki síður fyrirbyggjandi aðgerð að efla rannsóknarlögreglu ríkisins til starfa heldur en hvað annað sem gert er í því skyni. Og ég lít alls ekki á þetta frv., sem hér er til umr., einvörðungu sem nokkurs konar aðgerð sem gripið er til eftir að verknaðurinn hefur verið framinn, heldur ekki síður mjög vel fallið til þess að fyrirbyggja frekari afbrot, vegna þess að það, sem er raunverulega mest um talað í íslensku þjóðlífi í dag hvað varðar dómsmálin, er að lög og réttur, þ. á m. rannsóknir sakamála, nái ekki til ákveðinna tegunda afbrota eða réttara sagt nái mjög seint og illa til þeirra. Svarið við því er auðvitað að efla þessa þætti málanna, efla rannsóknirnar, flýta dómsuppkvaðningu og hraða störfum dómstóla, og það er að sjálfsögðu fyrirbyggjandi aðgerð ekki síður en hvað annað.

Hv. 1. þm. Suðurl. spurði hér áðan hvaða skaði hafi verið skeður þó að síðasta þing hafi ekki afgreitt þetta frv. sem hér hefur verið lagt fram í annað sinn. Honum er auðvitað fyllilega ljóst sjálfum, gömlum og reyndum þm., hvaða skaði er skeður. Róm er ekki byggð á einni nóttu. Embætti rannsóknarlögreglustjóra og rannsóknarlögregla ríkisins verða ekki reist á einni nóttu. Það virðist ljóst vera að þó að þetta frv. fái góðar viðtökur núna á þessu þingi, þá muni vera mjög lítill tími til þess að byggja upp það embætti sem frv. gerir ráð fyrir að stofnsett sé, þannig að það geti tekið til starfa af fullum krafti nú um n. k. áramót. Þetta hefði verið unnt að gera ef frv. hefði verið samþ. á síðasta þingi. Það hefði verið hægt að fara að þyrja að undirbúa þessa nýju sókn miklu fyrr og betur en nú. Og ekki hvað síst er erfitt að undirbúa framkvæmdina á þessu frv. nú þegar reynslan er sú og þeir menn, sem um þetta eiga að fjalla, vita af reynslunni að það virðist vera ágreiningur í stjórnarliðinu um það hvort bókstaflega á að samþykkja þetta frv. eins og það er eða ekki, hvort á að samþykkja það, hvort á að gera á því mjög veigamiklar breytingar eða ekki. Menn geta ekkert um það vitað fyrr en eftir talsvert langan tíma, og þá verður harla skammur tími til stefnu til þess að byggja upp það sem á að byggja upp samkv. þessu frv., þannig að embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins geti tekið til starfa 1. jan. n. k., eins og frv. gerir ráð fyrir. Hv. þm. þarf ekki að hafa mín orð fyrir þessu. Hann getur einfaldlega flett upp í þingtíðindum og lesið ummæli hæstv. dómsmrh., Ólafs Jóhannessonar, frá

því á s. l. vori, þegar þessi mál voru til umr. utan dagskrár hér í hv. Nd. Hæstv. ráðh. var ekkert að draga undan af áliti sínu á því, hvað mundi gerast ef þingið afgreiddi ekki frv. eins og til stóð á s. l. vori. Hv. þm. þarf ekki að hafa mín orð fyrir þessu. Hann getur einfaldlega snúið sér að því að fletta upp orðum hæstv. dómsmrh. í þingtíðindum. Hann verður svo að ráða því sjálfur, hv. þm., hvort hann trúir hvorki hæstv. dómsmrh. né öðrum þm. og jafnvel ekki eigin reynslu sem gamall og reyndur þm.

Þá kvartaði hv. þm. mjög undan því að ég væri að brýna stjórnarsinna. Með hverju? Ég gerði ekkert annað í minni ræðu en að lýsa staðreyndum. Ég sagði frá því, hvað gerst hefði á s. l. vetri. Ég sagði frá því, að stjórnarandstöðuþm. hefði þurft að ganga fram fyrir skjöldu, hefði þurft að leita til forseta þessarar hv. d. til þess að óska eftir því að stjfrv. yrði afgr. úr n. Ég lýsti því líka yfir að hæstv. dómsmrh. hefði einnig þurft að gera þetta sama. Ég get bætt því við, sem einnig er staðreynd, að hæstv. forseti þessarar d., sá hæstv. forseti, sem nú situr í forsetastól, óskaði í þessum umr. eftir því úr forsetastól að hv. allshn. kæmi saman til fundar og afgreiddi þetta mál. En þáv. formaður n. boðaði engan fund. Það getur vel verið að hv. þm. Ingólfur Jónsson telji það vera brýningar af minni hálfu að vera að skýra frá þessum staðreyndum. En þær verða ekki umflúnar. Hv. þm. Ingólfur Jónsson og aðrir í meiri hl. allshn. voru brýndir í fyrra, en það hafði bara ekki nokkra þýðingu.

Ég var talsvert ánægður eftir ræðu hv. þm. Ingólfs Jónssonar, því að hann bar þau skilaboð frá fyrrv. formanni allshn., Ellert B. Schram, hv. þm., að hann mundi ekki standa í vegi fyrir því að þetta frv. yrði afgr. fljótt og örugglega nú. Ég gladdist yfir þessum orðum En það var annað hljóð í öðrum hv. þm., flokksbróður hv. þm. Ingólfs Jónssonar, hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, sem talaði hér áðan, vegna þess að meginefnið í hans ræðu var það, að hann sagði að allir lögreglumenn ættu að vera rannsóknarlögreglumenn og öll lögregla, þ. á m. rannsóknarlögregla, ætti þá að lúta sömu stjórn. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það, að hv. flokksbróðir Ingólfs Jónssonar, hv. þm. Friðjón Þórðarson, er algerlega andvígur meginefni þess frv. sem hér er rætt, vegna þess að meginefni þess frv., sem hér er rætt, er það að stofna sérstakt embætti, sérstaka rannsóknarlögreglu ríkisins, sem lúti stjórn rannsóknarlögreglustjóra. Af yfirlýsingu þessa hv. þm. að dæma hefur sem sé ekkert breyst frá því í fyrra. Hann gefur þá yfirlýsingu hér úr ræðustól, hv. þm., að hann sé andvígur meginefni þessa frv., og þar er þá væntanlega komin skýringin á því, hvernig á því stóð að stjórnarmeirihl. í allshn. heyktist á því í fyrra að afgreiða þetta mál. Og ef má marka orð hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar hér áðan, þá hefur harla lítið breyst í afstöðu a. m. k. sumra nm. í hv. allshn. á því sumri sem liðið hefur síðan.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er hægt mín vegna að ljúka þessum umr. fyrir kl. 4. Ég ætla aðeins að mæla örfá orð vegna þessa frv. Þegar þetta mál var hér til umr. á s. l. vetri, þá gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þess. Ég taldi nauðsyn á því að þetta mál fengi þá afgreiðslu, og sú afstaða mín hefur ekkert breyst, þannig að ég vildi nota þetta tækifæri til þess að láta það koma fram, að ég tel nauðsynlegt að þetta mál fái skjóta afgreiðslu hér í þinginu. Það er búið að ræða þetta mál það mikið, var rætt mikið á s. l. þingi og í þn., þannig að menn ættu ekki að vera neitt til þess vanbúnir að taka afstöðu til þessa máls.

Það má vel vera að enn sé einhver fyrirstaða hjá öðrum stjórnarflokknum gegn þessu máli. Það virðist vera svo í umr., þó að ekki hafi margir af hv. þm. Sjálfstfl. tekið til máls nú, þá virðist vera enn a. m. k. allmikill meiningarmunur um það á milli þeirra flokksbræðra, hvort þetta mál eigi að ná fram að ganga eða ekki. Ég vænti þess, að menn sjái nú að sér sem hafa spyrnt við fótum, ekki síst vegna þess að þeir hljóta að hafa séð af reynslu undanfarandi mánaða að það er brýn nauðsyn á því að efla og styrkja þennan þátt dómsmálanna og dómsgæslunnar í landinu vegna þess sem hefur gerst á undanförnum mánuðum, vegna þeirrar ógnaraldar sem virðist vera ríðin yfir hér á Íslandi varðandi þessi mál. Það er því full þörf á því að það sé gert sem hægt er til þess að spyrna við fótum. Og ég vænti þess, að þeir hv. þm. Sjálfstfl., sem enn kunna að vera þungir í spori til þessa máls, breyti hugarfarinu og verði hlynntir því að þetta mál fái skjóta afgreiðslu hér á þinginu og verði afgreitt núna áður en fjárlög verða afgreidd, þannig að hægt sé að taka inn í mynd fjárl. fyrir árið 1977 þá fjármuni sem augsjáanlega koma til með að þurfa að verða fyrir hendi þegar og ef frv. þetta verður að lögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 4. fundur.

Mánudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 18. okt. 1976.

Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég af persónulegum ástæðum get ekki sinnt þingstörfum á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Guðrún Benediktsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt,

Ragnhildur Helgadóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Guðrún Benediktsdóttir hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og því hefur farið fram rannsókn á hennar kjörbréfi og býð ég hana velkomna til starfa.

Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 16. okt. 1976.

Ritari þingflokks sjálfstæðismanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Odds Ólafssonar, 2. þm. Reykn., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Ingvar Jóhannsson framkvæmdastjóri, taki sæti hans á meðan á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis"

Ingvar Jóhannsson hefur ekki setið á Alþ. á þessu kjörtímabili og ber því að rannsaka kjörbréf hans. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréfið og gef henni 5 mín. til starfa. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Ingvars Jóhannssonar framkvæmdastjóra, Ytri-Njarðvík, sem nú tekur sæti á Alþ. í forföllum eða fjarveru Odds Ólafssonar, 2. þm. Reykn. Kjörbréfið er að vísu ekki alveg í fullu formi að okkar dómi. Þar stendur einungis að kosningu hafi hlotið Ingvar Jóhannsson o. s. frv. sem 1. varaþm. í Reykn. En við höfum leyft okkur að lesa hér í málið og orðið sammála um að bæta inn í bréfið: 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykn. Með þessari aths. leggur kjörbréfanefnd til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Alþt. 1976. B. (98. löggjafarþing).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ingvar Jóhannsson hefur áður setið á þingi og þarf því ekki að undirrita eiðstaf. Býð ég hann velkominn til starfa.

Efri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 18. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fullorðinsfræðsla, frv. (þskj. 22). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um fullorðinsfræðslu. Þetta frv. var raunar lagt fram öðru sinni á síðasta Alþ., en varð þá ekki útrætt. Með því fylgja mjög ítarlegar athugasemdir og yfirgripsmikið nál. Og þegar ég mælti fyrir því í upphafi, þá gerði ég nokkuð ítarlega grein fyrir einstökum efnisatriðum. Til að spara tímann vil ég leyfa mér að vitna til athugasemda og svo ræðu minnar, sem prentuð er í 4. hefti Alþingistíðinda 1974, og láta nægja að rifja upp þá í öllu styttra máli en ella undirbúning frv. og minna á örfá efnisatriði og svo gera grein fyrir þeirri breyt. sem gerð hefur verið á frv. frá fyrstu gerð þess.

Hinn 26. okt. 1971 skipaði þáv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, nefnd til þess að gera till. um hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna. Var n. falið að skila till. sínum í frv.-formi svo fljótt sem við yrði komið. Séra Guðmundur Sveinsson skólastjóri var formaður þessarar n., en auk hans áttu sæti í n. Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Jónas B. Jónsson fræðslustjóri og síðar Ragnar Georgsson skólafulltrúi, dr. Matthías Jónasson, frú Sigríður Thorlacius, Gunnar Grímsson starfsmannastjóri og Stefán Ögmundsson prentari. N. skilaði svo áliti sumarið 1974 og þar með þessu lagafrv.

Eins og ég sagði áðan, þá varð málið ekki útrætt á þeim þingum sem það hefur legið fyrir, en fram hafa komið ýmsar athugasemdir og ábendingar frá ýmsum aðilum bæði til þingnefndar og til menntmrn. Eftir þinglokin 1975, þegar málið hafði í fyrsta sinn verið til meðferðar hér á Alþ., fór ég þess á leit við milliþn. að hún ásamt tveimur nm. úr menntmn. þessarar hv. d. liti á athugasemdir og ábendingar þær, sem fram höfðu komið, og þau legðu niður fyrir sér og gerðu till. um hversu með skyldi fara, hvort t. d. væri skynsamlegt að breyta frv., áður en það yrði lagt fyrir Alþ. á ný, með tilliti til hinna ýmsu umsagna og ábendinga eða með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu, t. d. á hinu fjárhagslega sviði, taka e. t. v. einstaka þætti út úr og láta aðra bíða o. s. frv. Niðurstaðan af þessum athugunum varð sú, að skynsamlegast væri að leggja frv. fyrir Alþ. óbreytt að öðru leyti en því, að aftan við 39. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi" komi sú viðbót sem þar greinir og felur í sér að um framkvæmd laganna fari eftir fjárveitingu hverju sinni, nema hvað 30 og 31. gr., en þær greinar fjalla um námsflokka og námshópa og svo bréfaskóla, komi til framkvæmda eigi síðar en á árinu 1977.

Með því að hafa þennan hátt á, þá ætti að vera unnt að byrja að fikra sig áfram með framkvæmd þeirrar stefnu sem í frv. felst, ef á hana verður fallist af Alþ., þó fjárhagsástæður ríkissjóðs leyfi ekki að framkvæma alla þættina samtímis.

Endurskoðun áætlunar um kostnað af þessu frv. liggur ekki fyrir á þessari stundu, en ég mun hlutast til um að slík endurskoðun verði framkvæmd hjá hagsýslustofnun ríkisins og menntmn. þessarar hv. d. þá gerð grein fyrir niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

Í sem stystu *máli er meginefni þessa lagafrv.* að bæta skilyrði til þess að menn geti aukið þáttum í menntun sína, helst alla ævi, að loknu eða þá utan hins venjulega skólanáms. Þetta er af ýmsum ástæðum mjög mikilvægt vegna sí*breytilegra* starfshátta. Í þjóðfélögum nútímans þurfa menn að eiga þess kost að endurhæfa sig í starfi, m. a. þeir sem um *sinn hafa horfið* frá vinnu utan heimilis, en hefja störf á ný þegar aðstæður breytast, svo sem nú er orðið alltítt um margar konur t. d. Einnig þótt menn af ýmsum ástæðum hverfi frá námi við lok skyldufræðslu, þá á að vera unnt að taka upp þráðinn á ný ef áhugi er fyrir því. Oft er líka nauðsynlegt að geta búið sig undir störf á alveg nýjum vettvangi, svo sem oft á sér stað, að menn óski eða *jafnvel þurfi að breyta um störf af* ýmsum persónulegum ástæðum. Einnig er auðvitað mjög æskilegt að menn geti átt þess kost að verja tómstundum sínum til náms sér til aukins þroska og ánægju almennt talað.

Það er vafalaust miklum vandkvæðum bundið að búa skilyrði til náms þannig, að bæði verði auðvelt fyrir þá sem njóta og þó ekki of kostnaðarsamt fyrir samfélagið, fyrir ríki, sveitarfélög, já, og *einstaklingana*, vinnuveitendur t. d. og aðra sem stundum taka þátt í kostnaði við slíka menntun. Hér sem annars staðar verður að leitast við að þræða meðalveginn.

Það hefur verið upplýst að árið 1972—1973 vörðu danir til fræðslu fullorðinna sem svarar 20 milljörðum ísl. kr. eða um 4 þús. ísl. kr. á hvern íbúa landsins. Í Finnlandi er framlagið nokkru minna eða sem svarar 3 þús. ísl. kr. á íbúa, í Noregi aðeins meira og í Svíþjóð enn hæst eða 5 500 ísl. kr. á íbúa, að talið er í þessari grg. Af þessu er ljóst að nálægar þjóðir verja nú þegar miklum fjárhæðum til þessa þáttar menntunar. En þrátt fyrir þetta ræða forráðamenn skólamála í *nálægum ríkjum mjög* nauðsyn þess að efla fræðslu fullorðinna. Sannleikurinn er sá, að flestar þjóðir leggja nú mikla áherslu á þetta. Menntmrh. aðildarríkja Evrópuráðsins héldu t. d. 9. fund sinn í júní 1975 í Stokkhólmi og fjölluðu þar um þetta mál, um fræðslu fullorðinna, m. a. þessi atriði: Nýjar aðferðir og tækni, að dreifa menntastofnunum og velja þeim stað þannig að þær nái til allra byggðarlaga viðkomandi landa, að staðfesta réttindi hvers og eins til að afla sér menntunar síðar á lífsleiðinni og fela stjórnvöldum að sjá um að þessi réttindi séu höfð í heiðri og verði virk og loks að koma upp fjáröflunarkerfi fyrir menntun ungs fólks og fullorðinna og koma á hæfilegu jafnvægi milli þessara þátta menntunarinnar. Þá leggur þessi ráðherrafundur áherslu á það, að nauðsynlegt sé við stefnumótun á sviði endurmenntunar að taka fullt tillit til sérstaðna innan hvers lands og gæta jafnframt *sameiginlegrar reynslu* aðildarríkjanna.

Þó að ég rifji þetta upp, þá er það ekki af því að ég geri ráð fyrir að það henti okkur að gleypa hráar þær hugmyndir sem frá nágrannaþjóðum okkar koma, heldur geri það fyrst og fremst til þess að benda á hversu mikill gaumur er gefinn þessum málaflokki nú um þessar mundir. Ég held að það eigi að vera okkur hvatning til þess að gefa þessum málum einnig gaum hér okkar á meðal og takast á við þau verkefni sem leysa þarf til þess að koma þeim í viðunandi horf. Og vissulega kemur það fram að vandamálin eru víða ákaflega lík þó að þjóðfélagsaðstæður séu breytilegar.

Þegar lög um grunnskóla og lög um skólakerfi hafa verið samþ. og unnið er að því fullum fetum *að framkvæma þá nýju löggjöf og jafnframt* hafin endurskoðun á framhaldsskólastiginu almennt, þá held ég að það fari ekki á milli mála að það er nauðsynlegt að huga einnig að því, sem við höfum kallað fræðslu fullorðinna, og leitast við að koma hagfelldu skipulagi á þá fræðslu.

Ég vil leggja áherslu á það og vil að við gerum okkur það jafnframt alveg ljóst, að þegar hefur töluvert verið aðhafst í þessa stefnu hér á landi. Það er skylt að vekja athygli á þessu, bæði vegna þess fólks sem þar hefur verið að verki, störf þess má ekki vanmeta, og eins til þess að minna á að það er ekki að öllu leyti nýr kostnaður sem hér er um að ræða, því að þegar hefur nokkuð mikið verið aðhafst. Hér á landi hefur fræðsla fullorðinna lengst af einkum farið *fram í námskeiðum og námsflokkum* með kennslu í bréfaskóla, en auðvitað hafa menn svo líka lært og stundað sitt heimanám með hjálp góðra bóka án félagslegrar aðstöðu. Þá hefur verið gegnum árin töluverð kennsla í útvarpinu og örlítið í sjónvarpi. En ég vil í þessu sambandi láta koma fram, að þó að lítið hafi til þessa orðið úr beinni kennslu í sjónvarpi, þá hafa menn eigi að síður fullan hug á að nýta sjónvarpið til kennslu. Það er ekki vansalaust hvað þetta hefur dregist allt fram á þennan dag, þó að raunar séu nú ekki nema 10 ár síðan sjónvarpið tók til starfa, eins og kunnugt er. En það er unnið að þessum málum, vinnuhópur hefur haft það með höndum undanfarin missiri og mun væntanlega skila áliti innan tíðar.

Þá má enn minna á öldungadeildina við Hamrahlíðarskólann í Reykjavík og aðra slíka við Menntaskólann á Akureyri, en einmitt aðsókn að þessum svokölluðu öldungadeildum sannar ótvírætt þörfina á fræðslu fullorðinna á þessu sérstaka sviði sem þær ná yfir.

Af þessu, sem ég nú hef greint, þá má ljóst vera að þegar er töluverðum fjármunum varið til fræðslu fullorðinna. En samt er ég ekki að draga fjöður yfir það, það er alveg ljóst, að lögfesting þessa frv. og síðar framkvæmd slíkra laga hefur mikinn aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Í frv. eru ýmis bein ákvæði um þátttöku ríkisins, svo sem að fræðsla í formi námsflokka og námshópa skuli fá 75% sannanlegs kostnaðar greidd úr ríkissjóði, viðurkennd fræðslusambönd slíkt hið sama og kennslufræði-

legar stöðvar í fræðsluumdæmunum skuli njóta 50% ríkisstyrks vegna launa sérmenntaðs starfsliðs og vegna skrifstofukostnaðar. Þá er einnig gert ráð fyrir því að ríki eða sveitarfélög láti í té kennsluhúsnæði, tæki, ljós, hita, ræstingu og húsvörslu.

Ég hef þegar minnst á þá einu breytingu sem gerð hefur verið á frv. frá upphaflegri gerð þess, þ. e. að taka það beinlínis fram að hinir ýmsu þættir fullorðinsfræðslunnar, sem um er fjallað í frv., komi þá fyrst til framkvæmda þegar fé er veitt á fjárlögum til þeirra, þó að undanskildum þessum tveimur þáttum, sem ég einnig drap á áðan, námsflokkum og námshópum annars vegar og svo bréfaskólakennslunni hins vegar. En í frv. er gert ráð fyrir að þeir þættir komi til framkvæmda á næsta ári. Þessir tveir þættir eru teknir fram fyrir sumpart vegna þess að þeir hafa hvað minnstan aukinn kostnað í för með sér, að við ætlum, og þeir hafa reynst ákaflega vel og komið mörgum til hjálpar, ekki síst þeim sem ýmissar aðstöðu vegna eiga erfitt með að stunda nám á annan hátt. Og menntmn. þessarar hv. d. verður, um leið og gerð verður grein fyrir áætluðum kostnaði við frv. almennt, alveg sérstaklega gerð grein fyrir því hvaða kostnað framkvæmd þessara tveggja þátta mundi hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.

Ég hef hér aðeins stiklað á stóru af ástæðum sem ég nefndi áðan og með vísan til athugasemda með frv. og þeirrar grg. sem ég hef áður flutt hér. Ég orðlengi þetta þá ekki frekar, en leyfi mér að leggja til að frv. verði að umræðu lokinni vísað til hv. menntmn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil á þessu stigi leyfa mér að draga athygli þessarar hv. d. og þá sérstaklega þeirra nm., sem eiga að fjalla um þetta frv. í menntmn. d., að bls. 89 þar sem er samþykkt sem gerð var í fræðsluráði Reykjavíkur hinn 28. okt. 1974. Og ég vil leyfa mér að lesa upp part af þeirri samþykkt, með leyfi hæstv. forseta. En áður vil ég þó segja að ég er menntmrh. sammála að mörgu leyti, og það er ekki til þess að gagnrýna eitt eða annað, sem fram kom í hans málflutningi, sem ég kveð mér hljóðs. Að sjálfsögðu er rétt að mennta fólk eins vel og kostur er á og eyða eins miklum peningum og við höfum efni á til þess að gera hvern einstakling eins vel úr garði og hægt er. Mætti það gjarnan vera í þeim hlutföllum fjárhagslega sem aðrar þjóðir nota í menntamál plús hermál, þannig að okkar framtíð byggist mest á baráttu með vitsmunum, en ekki vopnum. En ég vil lesa þessa samþykkt upp sem varnaðarorð þrátt fyrir það og grip hér inn í þar sem 3. mgr. hefst:

„Þarfir fyrir bætt menntakerfi og menntunarskilyrði eru mun meiri en geta opinberra aðila til að uppfylla þær og því nauðsynlegt að verkefnum sé raðað og ekki of mikið færst í fang í einu, en það gæti leitt til ófullnægjandi framkvæmdar á öllum sviðum.

Að mati Fræðsluráðs Reykjavíkur skortir enn þá mjög á að ríki og sveitarfélög geti látið í té nægilegt fjármagn til að hægt sé að uppfylla kröfur núv. fræðslulaga um menntun og menntunaraðstöðu. Meðan svo er telur fræðsluráð Reykjavíkur varhugavert að lögfesta svo víðtækar skyldur og heimildir um fullorðinsfræðslu sem í frv. felast, einkum þar sem það er gert án þess að nokkur grein sé gerð fyrir kostnaði við framkvæmd frv.

Frv. um fullorðinsfræðslu virðist einkum byggt á erlendum fyrirmyndum og ekki sem skyldi tekið mið af íslenskum aðstæðum og reynslu."

Ég vil leyfa mér að skjóta hér inn í, ef hv. þm. vilja fletta upp á bls. 74—76, þar sem vitnað er í yfir 30 erlenda aðila, en ekki einn einasta íslenskan, og held ég þá áfram lestrinum.

Þrátt fyrir langa og ítarlega grg. er þar enga vitneskju að finna um þá fræðslu fullorðinna sem á sér stað á Íslandi og hefur farið fram allengi með mismunandi hætti hjá ýmsum aðilum.

Augljóst er að með frv. þessu er stofnað til nýs fræðslukerfis við hliðina á því sem fyrir er. Áætlun um fullorðinsfræðslu á Íslandi hlýtur að byggjast framar öllu á nákvæmri vitneskju um ríkjandi ástand í þessum efnum.

Á grundvelli þeirrar reynslu, sem fyrir hendi er, ættu lög um fullorðinsfræðslu fyrst og fremst að byggja með þeirri víkkun viðfangsefna og aukningu opinberrar aðstoðar sem út frá raunsæjum forsendum yrði talið unnt að koma í framkvæmd. Má þar til nefna sérstaklega t. d. fullorðinsfræðslu sem er hliðstæða frummenntunar, sbr. 16. gr. frv., námsflokkastarf á vegum fræðsluumdæma, en innan þess getur rúmast margt það sem frv. gerir ráð fyrir, bréfaskóla og skipulagningu ævimenntunar vegna atvinnuveganna. Vandlega þarf að íhuga hvort ekki er unnt að komast hjá að setja upp sérstakt stjórnkerfi vegna fullorðinsfræðslu í þeim mæli sem frv. gerir ráð fyrir og hvort framkvæmd væntanlegra laga getur ekki að mestu fallið undir skólayfirvöld samkv. almennum fræðslulögum (grunnskóla og framhaldsskóla), þar sem tekið yrði tillit til sérstöðu t. d. atvinnuvega með skipun nefnda er störfuðu á vegum skólayfirvalda.

Fræðsluráð Reykjavíkur mælir með því að sem fyrst verði sett lög um fullorðinsfræðslu, en telur að endurskoða þurfi það frv., sem nú liggur fyrir, með það markmið fyrir augum að skýrt verði kveðið á um hvað í frv. á að koma til framkvæmda strax og hvað líta beri á sem framtíðarmarkmið sem ekki sé unnt að framkvæma að svo stöddu og yrði þá annaðhvort fellt burt úr frv. eða kveðið á um frestun þess."

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri, en ég vil bara mæla þessi orð sem veganesti til viðbótar við það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, til handa menntmn. þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á umferðarlögum fjallar um að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutninga milli lögsagnarumdæma og að Bifreiða-

eftirliti ríkisins verði falið að annast skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra. Þær till., sem í þessu frv. felast, komu fram sem þáttur í frv. sem lagt var fyrir hv. síðasta Alþ. Í Nd. var hins vegar þessum þætti kippt út úr frv., en frv. um breyt. á umferðarlögunum, sem þá lá fyrir, að öðru leyti afgr. Í þessari hv. d., en frv. var lagt fram í Nd., hlaut frv. sömu afgreiðslu. En í nál. frá hv. allshn. þessarar d. kom fram að það var óskað eftir því af hálfu a. m. k. sumra nm. að frv. um þetta efni sérstaklega, umskráninguna, yrði lagt fram á þessu þingi. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að vitna til og lesa upp nál. allshn. sem er svo hljóðandi:

„Allshn. hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum og kynnt sér umsagnir þær sem borist hafa allshn. Nd. Þá kallaði n. til fundar við sig þá Ólaf Walter Stefánsson skrifstofustjóra og Sigurð Jóhannsson vegamálastjóra, sem unnið höfðu að samningu frv., og Guðna Karlsson forstöðumann Bifreiðaeftirlitsins. Enn fremur barst n. skrifleg umsögn Ólafs Walters Stefánssonar um **veðsetningu bifreiða.**

N. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd., en sú skoðun kom fram hjá sumum nm. að nauðsynlegt væri að frv. um skráningu bifreiða yrði flutt á næsta þingi og þar yrði gert ráð fyrir sams konar fyrirkomulagi og í upphaflegri gerð frv."

Það er í samræmi við þessar óskir, sem komu fram í þessari hv. d., að þetta frv. er hér lagt fram nú og í þeim búningi sem það er í, þ. e. a. s. það fjallar eingöngu um þetta atriði, skráningu ökutækja. Efni þess ætti að vera hv. dm. það kunnugt frá síðasta þingi að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það né heldur um þær ástæður sem eru til þess að lagt hefur verið til að það væri horfið frá því skipulagi, sem ríkir nú í þessum efnum, og tekið upp það skipulag sem lagt er til í þessu frv. og er í samræmi við það sem víða tíðkast annars staðar. En meginætlunin er að með því skipulagi sé hægt að stefna að sparnaði og hagræðingu.

Það geta verið skiptar skoðanir um það, hversu mikill sá sparnaður sé eða hagræðing sem í því felst. Enn fremur er vitað mál að það eru skiptar skoðanir um hvort eigi að hverfa að því fyrirkomulagi, sem í frv. greinir, eða ekki. Ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt fyrir hv. Alþ. að leitast við, þar sem það er hægt, að koma við sparnaði og hagræðingu. En ég tel nauðsynlegt að Alþ. taki alveg af skarið í þessum efnum. Ef það sýnir sig nú að þetta frv. fær ekki hljómgrunn, þá verður sjálfsagt ekki á næstunni átt við það að reyna að hverfa frá því fyrirkomulagi sem nú ríkir.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, af því að frv. eða efni þess er gamalkunnugt hér, að vera að rekja það nánar, en leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh, að við umr. um þetta mál í fyrra kom það fram að einstakir nm. í allshn. töldu æskilegt að málið yrði flutt á ný í sinni upprunalegu mynd og þá aftur tekið upp það ákvæði, að bifreiðar héldu númeri sínu þó að eigendaskipti yrðu. Ég lýsti því þá yfir að ég væri andvígur því að gera þá breyt. sem upphaflega var þar ráð fyrir gert og er nú tekin inn í þetta frv. Ég sannfærðist ekki á nefndarfundum allshn. á síðasta þingi um að hér væri um sparnaðaratriði að ræða þegar allt kæmi til alls. Ég sannfærðist ekki um hvernig ætti að framkvæma það ef ætti að halda áfram því að nokkru leyti alíslenska fyrirbrigði um veðsetningu á bifreiðum, eins og er hér á landi, og erfitt og kostnaðarsamt gæti verið að koma á sérstakri stofnun sem hefði að geyma allar slíkar heimildir um veðbönd sem nú er hægt að sækja til hvers lögsagnarumdæmis fyrir sig. Það er svo mál út af fyrir sig hvort menn eru persónulega viðkvæmir fyrir sínum eigin númerum. Um það skal ég láta ósagt á þessu stigi. Ég er það sjálfur, en það er ekki kjarni málsins. Ég hef ekki, herra forseti, fengið enn sannfæringu fyrir því að þetta sé til þess sparnaðar sem ýmsir vilja vera láta, og það er kjarni málsins. Þess vegna er ég enn á ný sömu skoðunar og ég var við afgreiðslu málsins í þessari hv. d. á síðasta þingi, og ég er andvígur því að þetta ákvæði komi inn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég er sama sinnis og síðasti ræðumaður, að ég kom ekki auga á þann sparnað sem frv. átti að boða á sínum tíma. Það getur vel verið að með endurskipulagningu á húsakosti Bifreiðaeftirlits ríkisins og ýmsu fleiru í því sambandi hafi mátt sannfæra menn um að það takist, en það kom aldrei skýrt fram að það lægi fyrir. Nú er það vitað mál að Bifreiðaeftirlit ríkisins fær betri húsakost, a. m. k. á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þó einkum í Reykjavík, og kann það að leiða af sér sparnað í rekstri og einnig einhver þægindi fyrir bifreiðaeigendur við umskráningu og skipti á bifreiðum. En það, sem mig langaði til, herra forseti, var að beina fsp. til hæstv. dómsmrh. hvaða fyrirkomulag verður endanlega, — ég er ekki alveg öruggur um að skilja það rétt, — hvaða fyrirkomulag verður þá með bifreiðar er veðsetning hvílir á og ekki má ráðstafa nema hafa veðleyfi. Ég tel að það hljóti að verða hjá bæjarfógetum, ella hlýtur það að verða mjög umsvifamikið fyrir einstaklinga úti um land að selja bifreiðar sínar. Ég átta mig ekki alveg á því að breytingin geti verið önnur heldur en Bifreiðaeftirlit ríkisins taki meira til sín en verið hefur um skráningar og allt öryggissvið. En hinn þátturinn hlýtur að vera hjá bæjarfógetanum, eða ég skil það þannig. Ef þessi skilningur er rangur, þá þætti mér gott að fá að vita það strax.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Viðvíkjandi því, hvort sparnaður hljótist af því ef þetta nýja skipulag er tekið upp, þá vil ég vísa til upplýsinga sem komu fram um það atriði í fyrra, ef ekki í þessari hv. d., þá a. m. k. í Nd. Sjálfsagt hafa þær tölur, sem þar voru settar fram, eitthvað breyst. En ég vil leggja það til og mælast til þess að hv. allshn. kalli fyrir sig forstöðumann Bifreiðaeftirlitsins sem ætti að vera þessum málum kunnugastur og færastur um að gera grein fyrir því hver sparn-

aður er líklegur til þess að leiða af þessu breytta skipulagi.

Að því er varðar fsp. hv. síðasta ræðumanns, 1. landsk., þá er það að segja, að ég geri ráð fyrir því að ef frv. þetta yrði samþ. og yrði að lögum, þá yrði að setja reglur í löggjöf varðandi veðsetningar á bifreiðum. Hvernig því efni yrði fyrir komið er ég ekki alveg viðbúinn að segja um á þessu stigi, en þegar um málið var fjallað hér í fyrra, þá mun hafa verið útbýtt til nefndarmanna a. m. k. grg. Ólafs Walters Stefánssonar deildarstjóra í dómsmrn. um það efni. Ég held að það verði auðvelt að skipa þeim reglum þannig að það verði hægt að sneiða fram hjá vandkvæðum í því efni. Hitt er svo annað mál, eins og ég held að annar hvor ræðumanna hafi vikið að, að bifreiðar eru ekki sérlega vel til veðsetningar fallnar, og ég held að það væri til bóta á margan hátt ef það væri hægt að draga úr því eða jafnvel hætta slíku. Sannleikurinn er sá, að það getur verið full þörf á því að setja sérstakar reglur í löggjöf um sölu á bifreiðum, af því að það er nú talsvert um það að ýmiss konar ágreiningur rísi út af þeim viðskiptum og þau séu ekki í því lagi sem æskilegt er.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Við fljótan yfirlestur á þessu frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968 o. s. frv., sé ég að þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „15. gr. orðist svo: Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu, skoðun og eftirlit ökutækja.“ Þetta er ekki mikil breyting frá því sem er. En ég veit ekki hvernig færi t. d. í þeim löndum, sem ég hef búið í erlendis til langframa, ef allir bifreiðaeigendur ættu að koma með bíla sína á sama blett í höfuðborg, eins og gert er hér. Ég vildi frekar, úr því að verið er að endurskoða þessi lög núna, reyna að breyta þessu í það horf sem er annars staðar þar sem ég hef búið. Öll bílaverkstæði eru fær um að skoða bílana, og það væri þá heldur að skylda bíla að hafa eitthvert merki, eins og þeir hafa í dag, um að þeir hafi verið skoðaðir á einhverjum tíma og jafnvel þá kannske oftar en nú er. Þannig sé á ábyrgð eigandans sjálfs að bíllinn sé í lagi, en hann geti þá farið á hvaða bílaverkstæði sem er til þess að fá bifreiðina skoðaða og miða á bílinn um að hann sé í fullkomnu lagi. Við gætum þá kannske lagt alveg niður Bifreiðaeftirlit ríkisins í því formi sem það er núna, en skoðunin færi þá aðeins fram hjá fagmönnum. Þetta eru allt menn sem hafa lært til verka og kunna að skoða bíla og meta, og ekki er vandinn fólginn í því að setja límið á bílrúðurnar. Þetta er nú bara ábending. Það hlýtur að koma hjá okkur einhvern tíma að verkstæðin verði öll lögilt til þessara starfa.

Ég vil þá færa mig aftur í 8. gr. þar sem segir svo í síðustu málsgr.:

„Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðis frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart.“ Þetta finnst mér gott. Ég held það sé óþarfi að hafa þetta þarna. Ég held það sé yfirleitt gert. Verkstæðin benda eigendum á ef það er eitthvað meira sem þarf að gera við bifreiðina heldur en eigandinn hélt þegar hún kom inn. En síðan heldur áfram: „og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.“ Það finnst mér heldur langt gengið. Þar finnst mér eins og við séum að lögfesta það að hver og einn einasti maður, sem skoðar bíl á bílaverkstæði, sé orðinn nokkurs konar útsendari eða eftirlitsmaður og njósnari fyrir Bifreiðaeftirlitið og hann sé að brjóta lög ef hann tilkynnir ekki Bifreiðaeftirlitinu að viðkomandi ökutæki er ekki í eins góðu lagi og hann vill hafa það. Það getur líka verið sölumennska. Það eru mörg fyrirtæki sem telja heppilegra að hafa sem kallað er fyrirbyggjandi viðgerðir þannig að um vissa slitpunkta er skipt áður en þeir eru fullnotaðir. Og ég mundi ekki ætlast til þess af verkstæðismanni að hann léti skipta um ákveðna hluti í bifreið, sem eru kannske kostnaðarsamir, áður en þeir eru slitnir, bara vegna þess að vélin eða tækið er komið yfir einhvern ákveðinn km-fjölda. Sá km-fjöldi, sem er miðað við erlendis, er allt annar hjá okkur þar sem við erum með stuttar vegalengdir og yfirleitt meiri hlutinn af bílaforða landsins ekur hér á Suðurlandsundirlendinu, allt stuttar vegalengdir. Það eru engar langar vegalengdir eins og er erlendis þar sem bílarnir eru langtímum saman á mikilli ferð, þannig að ég er dálítið hræddur við þessa grein.

Ef ég má færa mig svolítið neðar á bls. 2, þá segir í 9. gr. að 20. gr. orðist svo, og þar segir í 2. mgr., með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns.“ Það er bara einn maður, trúnaðarmaður Bifreiðaeftirlitsins, sem getur sagt til um það hvort á að dæma tækið ónýtt eða ekki. Mér finnst, ef það er ágreiningur milli eiganda og eftirlitsmanns, að þá þurfi þriðji aðilinn að skera úr um það.

Þetta eru bara ábendingar til hæstv. dómsmrh. sem ég kem hér fram með, en ekki að ég sé að deila á frv. sem slíkt. Þetta eru eins og ég segi, ábendingar sem ég vona að komi til athugunar í meðferð þeirrar n. í þessari hv. d. sem það fær til meðferðar.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég gleymdi raunar að geta þess áðan, að forstöðumaður Bifreiðaeftirlitsins var kallaður á fund allshn. Ed. Ég þori ekki að fara með hvort það var varðandi afgreiðslu málsins í Nd., en hann var á fundi hjá okkur í Ed. og hann gat ekki sannfært mig þá um jafnmikinn sparnað af þessu eins og hann vildi vera láta við fjölmiðla, sem ég aftur horfði á, þ. e. í sjónvarpinu.

En varðandi það, að ég vék aðeins að veðsetningu á bifreiðum, er það a. m. k. að verulegu leyti, ef ekki að öllu leyti íslenskt fyrirbrigði. Nú vitum við að a. m. k. stærri bifreiðar eru alldýrar hér, þannig að það er kannske ekki óeðlilegt að í ýmsum tilvikum þurfi væntanlegir kaupendur slíkra bifreiða á lánum að halda og eigi kannske erfitt með að útvega veð á móti En ég vil aðeins láta þess getið að einn aðili hefur þó a. m. k. gengið mjög hart eftir þessu, en það er ríkið sjálft. Sé um það að ræða að einhverjir fái eftirgjöf á tollum af innflutningi á bílum

í sambandi við öryrkju o. s. frv., þá er það alger forsenda að það sé tekið veð í bílnum, og það fylgir þeirri bifreið í 5 ár, þannig að þessu yrði náttúrlega að breyta. Ég bendi á að það er einmitt hið opinbera sem hefur kannske gengið harðast eftir í þessu efni og að mínum dómi kannske óþarflega hart eftir varðandi þetta atriði gagnvart þeim aðilum sem ég áður nefndi.

En fyrst og fremst, herra forseti, var erindi mitt í ræðustólinn að ég gleymdi í minni fyrri ræðu að geta þess, að forstöðumaður Bifreiðaeftirlitsins kom á fund til okkar, en þrátt fyrir útskýringar hans þar gat hann ekki sannfært mig um þann mikla sparnað af þessari breytingu og hann vildi vera láta í viðtali við fjölmiðla.

Jón Árnason: Herra forseti. Sú stofnun, sem hefur með höndum framkvæmd þeirra laga sem hér um ræðir, umferðarlaganna, Bifreiðaeftirlitið, er ein af þeim stofnunum sem hafa aukið starfsemi sína allverulega á undanförnum árum og sérstaklega nú upp á síðkastið. Fyrir þessu er sjálfsagt ástæða með tilliti til þess aukna bifreiðafjölda sem nú er í landinu og hefur aukist verulega á s. l. árum. Eigi að síður er ekki óeðlilegt þegar verið er að gera slíkar breytingar sem hér er lagt til varðandi rekstur á þessari stofnun og Bifreiðaeftirlitinu í heild, að það séu athugaðir sérstaklega ýmsir liðir í starfseminni og þá um leið hvort ekki muni vera hægt að koma þeim fyrir á hagkvæmari hátt en nú á sér stað og eins og gert er ráð fyrir að verði gert með þeim breytingum sem felast í því frv. til l. sem hér liggur fyrir.

Undirnefnd fjvn. ræddi þetta mál sérstaklega á fundum sínum í sumar og kallaði þá á fund sinn forstöðumann Bifreiðaeftirrlitsins, fulltrúa úr dómsmrn., Ólaf Walter, auk þess ræddi n. við fulltrúa frá Bílgreinasambandinu um þessi mál, til þess að fá álit þeirra og tillögur um hvort ekki væru fyrir hendi einhver þau fyrirkomulagsatriði sem gætu haft sparnað í för með sér, en eftir sem áður tryggt að hér væri staðið þannig að þessum öryggismálum sem best verður á kosið. Það, sem við ræddum um sérstaklega í því sambandi, var það sem kom fram í ræðu áðan, hvort ekki væri rétt að láta bifreiðaverkstæðin taka virkari þátt í bifreiðaskoðuninni og þá að löggilda viss bifreiðaverkstæði til þess að gefa vottorð sem síðan yrði framvísað hjá Bifreiðaeftirlitinu, þannig að það mundi sparast verulega sá tími sem bifreiðaeftirlitsmenn þyrftu að eyða til þess að skoða bifreiðarnar og með því komast þá af með minna starfslið en ella. Öll bifreiðaverkstæði koma náttúrlega ekki til greina með að geta tekið þetta að sér vegna þess að það þarf á sérstökum tækjaútbúnaði að halda hjá þeim verkstæðum sem taka þetta að sér og kosta nokkuð mikið. Það er í sambandi við hemla og ýmislegt fleira sem Bílgreinasambandið eða forstöðumenn þess héldu fram að ekki væri hægt að breyta yfir í þetta fyrirvaralítið. Þeir töldu að þyrfti e. t. v. að taka 2—3—4 ár að það væri hægt að fara inn á þessa leið, sem við héldum að væri alveg upplagt, að yfirfæra þetta til bifreiðaverkstæðanna.

En hvernig þetta verður tel ég að þurfi að athuga gaumgæfilega áður en farið verður úti um allt land að leggja í dýran tækjabúnað og annað þess háttar og byggja upp aðstöðu með hús og annað þess háttar. Við vitum að þessi könnun á öryggisbúnaði tækjanna fer yfirleitt fram einu sinni á ári og það yrði mjög léleg nýting. Þó að það þurfi auðvitað öðru hverju í einstaka tilfellum að skoða og kanna bifreiðar úti í dreifbýlinu líka, þá er það tiltölulega miklu minna en hér í höfuðborginni. Hér verður ekki komist hjá því að leggja í nokkuð fjárfrekan kostnað til þess að byggja upp eina allsherjareftirlitsstöð, — það tel ég að verði óhjákvæmilegt að gera, — sem hefur aðstöðu til þess að fylgjast með þessum málum, enda þótt bifreiðaverkstæði yrðu löggilt til þess að taka vissa þætti að sér í sambandi við einstaka þætti öryggisútbúnaðar.

Ég sé á þessu stigi málsins ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta mál. En ég tel sjálfsagt að sú n., sem fær þetta frv., kanni rækilega hinar ýmsu hliðar á þessu sem ég tel að séu fyrir hendi. Sérstaklega verður að athuga, áður en ákvarðanir verða teknar um fjárfrekan kostnað úti í dreifbýlinu, hvort ekki væri að verulegu leyti hægt að styðjast við löggilt bifreiðaverkstæði til þess að taka að sér eftirlit með öryggisútbúnaði bifreiðanna og síðan verði það aðeins á hendi Bifreiðaeftirlitsins að kanna þetta í vissum tilfellum, en það ætti að vera óhætt að treysta fullkomnum og góðum bifreiðaverkstæðum til að taka þarna að sér vissa þætti og spara með því fé.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er því mjög sammála að mál þetta verði skoðað frá sem flestum eða öllum hliðum að unnt er, og í því sambandi kemur auðvitað til athugunar þetta atriði sem hv. síðasti ræðumaður benti á, fyrirkomulag sem þekkist víða annars staðar, að það sé bifreiðaverkstæði sem hafi með höndum skoðunina. En ég held að það verði óhjákvæmilegt, ef ætti að koma til slíkrar breytingar, að setja reglur um bifreiðaverkstæði, því að þær eru nú víst mjög takmarkaðar, að ég held, og löggilda þau bifreiðaverkstæði sem væru tekin gild í þessu sambandi. Það er alveg áreiðanlegt að þá krófu yrði að gera, ef þeim ætti að fela þetta verkefni, og þá yrði auðvitað jafnframt að leggja einhverja ábyrgð á þau. Nú vitum við það að bifreiðaverkstæði eru misjafnlega úr garði gerð og það eru margir sem fást við bifreiðaviðgerðir, kannske við aðstæður sem eru ófullnægjandi, þannig að þetta atriði yrði að taka til skoðunar. Ég tel að það sé lítt hugsanlegt að vottorð frá bifreiðaverkstæði komi til greina nema það sé löggilt bifreiðaverkstæði.

Í annan stað vil ég undirstrika það, að menn þurfa ekki að vera hissa á því þó að kostnaður við bifreiðaskoðun og bifreiðaeftirlit hafi farið vaxandi á undanförnum árum. Ég vil aðeins benda mönnum á að líta á bls. 3 í þessu frv., grg., þar sem gerð er grein fyrir því, hversu mjög bifreiðum hefur fjölgað með ári hverju, og enn fremur öllum umskráningum sem eiga sér stað. Og ég vil einmitt leggja áherslu á það, að þegar talað er um sparnað í þessu sambandi, þá er ekki að-

eins um að ræða að það verði sparnaður hjá Bifreiðaeftirlitinu sem slíku, heldur er um að tefla sparnað við vinnu og kostnað hjá þeim stofnunum sem hafa nú með höndum skráningu og umskráningu bifreiðanna, sem sé hjá lögreglustjóraembættum víðs vegar um landið. En ég tel að það ætti að vera nokkuð augljóst mál, að hjá þeim ætti að geta orðið nokkur sparnaður af þessu tagi, sparnaður í vinnu. Hvað hann kemur mikið fram í krónum, það skal ég ekki segja um. En hitt virðist liggja í augum uppi, að það hljóti að vera æðimikil vinna sem fer hjá þessum embættum í það að annast þessi störf, og þá hlýtur það að vera sparnaður sem þar kemur **til greina.**

Bifreiðaskoðun má að mínum dómi ekki miða við það, eins og hún hefur kannske of mikið verið miðuð við hér, að hún sé tæki, að nokkru leyti a. m. k., til innheimtu og það fari bara fram skoðun einu sinni á ári og menn verði að greiða sína skatta til þess að fá þessa skoðun. Ég held að það hljóti að vera markmiðið að skoðun og eftirlit með bifreiðum fari fram miklu oftar, og það er náttúrlega byrjað á því og reynt að gera það.

Hér í Reykjavík hefur Bifreiðaeftirlitð búið við alls ófullnægjandi aðstöðu, eins og allir geta kynnt sér sem hafa áhuga á því. Það er verið að reyna að bæta talsvert úr því nú. Víðast hvar úti um land er aðstaðan einnig mjög ófullnægjandi sem bifreiðaeftirlitsmenn eiga við að búa. En þó er á stöku stað komin upp aðstaða sem er mun betri en áður var og þar sem þægilegra verður að fást við þessi efni. Ég held að það verði óhjákvæmilegt að leggja í það að styrkja þá aðstöðu víða úti um landið. Ef menn hafa kynnt sér hvernig aðbúnað sumir bifreiðaeftirlitsmenn úti um landið hafa, þá held ég að menn hljóti að fallast á þá skoðun að það sé nauðsynlegt að bæta aðstöðu þeirra.

En sem sagt, ég vildi undirstrika það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að ég er auðvitað mjög ánægður með að þetta mál verði allt skoðað nákvæmlega frá öllum hliðum. Ég álít að það sé með því opnuð leið til þess að koma við sparnaði og hagræðingu. Ég ætla ekki að fara að leggja sérstakt kapp á það að þetta komist á. En ég vil gefa þm. tækifæri til þess að taka afstöðu til þess, þannig að það liggi á hreinu hvort menn vilja breyta til eða ekki. Það getur orðið þeim mun erfiðara að gera þessa breytingu, þeim mun lengur sem líður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 24). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig um breyt. á umferðarlögunum, en það þótti samt rétt að hafa efni þess í öðru frv. og blanda því ekki saman við efni þess frv. sem var rætt um áðan.

Það var 1970 sem voru lögfest ákvæði um Umferðarráð sem hafði raunar verið sett á stofn nokkru áður, eða í ársbyrjun 1969. En í því lagaákvæði, sem fjallaði um Umferðarráð voru ekki nein sérstök ákvæði um fjármögnun þess. Fjármögnun þess hefur svo farið fram með þeim hætti, eins og hv. þm. vita, að það hefur verið veitt fé á fjárlögum hverju sinni til starfsemi Umferðarráðs.

Eins og verkefni Umferðarráðs eru greind í þessu lagaákvæði sem um það fjallar, þá eru þau mjög mörg og margvísleg. Í framsöguræðu minni í fyrra um þetta mál gerði ég nokkuð ítarlega grein fyrir starfsemi Umferðarráðs og ég ætla að leyfa mér að vísa til hennar. Það er auðvitað stórt verkefni, sem það hefur fyrst og fremst með höndum, þ. e. a. s. að reyna að koma í veg fyrir það að slys eigi sér stað í umferðinni, og það hefur beitt ýmsum úrræðum til þess að bæta umferðarmenningu og afstýra slysum.

En allt frá því að Umferðarráð hóf göngu sína, þá má segja að starfsemi þess hefur verið þröngur stakkur skorinn vegna þess að það hefur haft takmörkuð fjárráð til umráða. Það er af þessum ástæðum sem þetta frv. er flutt. Því er ætlað að bæta úr fjárþörf Umferðarráðs með því að ætla því ákveðinn tekjustofn, þ. e. a. s. að það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að hluti, 1½%, af iðgjaldatekjum vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja, þ. e. bróttóiðgjöld að frádregnum bónus, skuli renna til Umferðarráðs í þessu skyni. Ef þessi breyt. væri gerð og Umferðarráð héldi eitthvað svipuðum fjárveitingum á fjárlögum og það hefur haft, þá mundi mjög verða bættur fjárhagur Umferðarráðs.

Eins og segir í grg. með þessu frv., þá *námu* heildariðgjöld ábyrgðartrygginga tilheyrandi árinu 1975, sem er síðasta árið sem tölur liggja fyrir um, 797 millj. kr. Ef þessi ákvæði hefðu þá verið í gildi, ef þau hefðu verið í gildi á yfirstandandi ári, hefðu því *nær* 12 *millj.* gengið til Umferðarráðs og þar með umferðarslysavarna á þessu ári auk þess framlags sem á fjárlögum er, en það eru rúmar 10 millj.

Það verður ekki talið óeðlilegt að vátryggingafélögin leggi með þessum hætti nokkuð til rekstrar Umferðarráðs, vegna þess að það má gera ráð fyrir því að starfsemi Umferðarráðs komi tryggingafélögunum einmitt til góða með þeim hætti að það verði minni tjón, sem þau þurfa að bæta, eftir því sem starfsemi að umferðarslysavörnum og starfsemi Umferðarráðs getur verið öflugri.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta einfalda mál sem hér liggur fyrir, því að hér er um það að ræða að menn verða annaðhvort að vera með því að leggja þetta gjald á eða ekki. Þetta er ekki flókið mál og menn geta að sjálfsögðu áttað sig á því án þess að ég hafi um þetta fleiri orð. En ég endurtek, að ég vísa til orða minna frá í fyrra um starfsemi Umferðarráðs, þar sem gerð var allrækileg grein fyrir henni.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á almennum hegningarlögum er samið af svokallaðri hegningarlaganefnd sem vinnur að ýmsum breytingum og endurskoðun á ýmsum þáttum hegningarlaga. Í þessari hegningarlaganefnd sitja menn sérfróðir í refsiréttarfræðum, og þess vegna er það að ég hef talið rétt að leggja þetta frv. fram eins og það kom frá n., en verð þó að segja að ég persónulega efast um að sumt í því sé til bóta eða mér finnst það a. m. k. orka tvímælis. En veigamestu breytingarnar, sem um er að tefla í þessu frv., eru varðandi sektarákvæði, um þau er fjallað í 4.—6. gr. frv., og í öðru lagi um rangan framburð, sem fjallað er um í 12.—15. gr frv., en auk þess fjallar frv. um nokkrar minni háttar lagfæringar og breytingar sem ég vík aðeins að hér á eftir.

Í 50. gr. hegningarlaganna er kveðið á um hver skuli vera lágmarks- og hámarksupphæð sektar. Segir þar að ekki megi gera manni á hendur lægri sekt en 4 kr. og ekki hærri en 30 þús. kr., nema sérstök lagaheimild sé fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri. Þetta ákvæði hefur staðið óbreytt frá setningu hegningarlaganna 1940, en með lögum nr. 14 frá 1948 var svo fyrir mælt, að þar sem fésektir væru ákveðnar í lögum án tillits til núgildandi verðlags skyldi lágmark þeirra og hámark breytast eftir vísitölu sem kaupgjald sé greitt eftir á hverjum tíma. Þar sem ekki hefur verið um að ræða samfelldan útreikning á slíkri vísitölu kaupgjalds hefur dómstólum reynst örðugt að reikna út sektarfjárhæðir í samræmi við framangreint ákvæði. Er þess vegna lagt til nú að hegningarlagagr. verði breytt þannig að felld verði niður lágmarkssekt, en hámarkssekt verði 4 millj. kr. Miðast sú fjárhæð við útreikning sem gerður hefur verið á þróun vísitölu vöru og þjónustu frá árinu 1939 til byrjunar nóv. 1975.

Sektarmörk þau, sem greind eru í þessari gr. hegningarlaganna, ákveða ekki einungis sektir sem fjallað er um í hinum almennu hegningarlögum, heldur einnig sektir sem greindar eru í sérrefsilögum og ekki er tilgreint hámark eða lágmark í viðkomandi lögum. Þau refsilög, sem kveða á um tiltekið sektarlágmark eða hámark, halda hins vegar gildi sínu. En ljóst er að þörf er á breytingum á slíkum ákvæðum, sérstaklega í eldri lögum.

Það, sem manni getur dottið í hug í þessu sambandi, er það, hvort sé nauðsynlegt að ákveða hámark sektar í lögum og hvort ekki mætti láta það vera á valdi dómstóla að ákveða viðeigandi sekt hverju sinni, og frá því sjónarmiði hefði getað komið til greina að fella niður hámark sektarinnar alveg eins og lágmark sektarinnar. En það mun vera skoðun refsiréttarfræðinga að það sé varla viðeigandi að hafa þann hátt á, heldur verði að setja í lögum tiltekið hámark fyrir refsingu sem má dæma í. Og ég vil ekki vefengja að það sé rétt, þó að mér sýnist að hitt gæti út af fyrir sig verið skynsamlegt, að fela dómstólunum meira svigrúm í þessu efni. En hvað sem því líður, þá vil ég segja það og beina því til n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að athuga hvort ekki sé rétt að hækka jafnvel þetta hámark frá því sem gert er ráð fyrir í frv., en hér er miðað við frv. eins og það kom frá refsilaganefndinni, eins og ég sagði.

Enn fremur er það svo, að í þessu frv. er lagt til að nokkrar aðrar breyt. verði gerðar á sektarákvæðum hegningarlaganna, svo sem á 49. gr., þar sem lagt er til að heimilað verði að dæma fésekt jafnframt refsivist þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefur vakað fyrir honum. Þetta nýmæli tel ég tvímælalaust til bóta.

Í 7. gr. þessa frv. er lagt til að staðfest verði sú dómvenja sem myndast hefur, að sé maður sektaður fyrir háttsemi sem honum sé ósaknæm, þá skuli vararefsing ekki ákveðin.

Í 12. gr. frv. er lagt til að 142. gr. verði breytt þannig að felld verði niður lágmarksrefsing, sem nú er 3 mánuðir, fyrir rangan framburð fyrir rétti eða stjórnvaldi sem heimild hefur til staðfestingar. Sömuleiðis er lagt til að felld verði niður 2. mgr., sem fjallar um aukna refsingu við heitfestri skýrslu. Er nú kveðið á um allt að 8 ára fangelsi fyrir slíkt athæfi.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 143., 145. og 148. gr., sem allar fjalla um rangan framburð, eru einungis gerðar til samræmis við þá höfuðbreytingu sem lagt er til að gerð verði á 142. gr. Þau rök eru færð fram fyrir þessari breyt., að hún sé gerð til samræmis við breyt. sem gerðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum á samsvarandi refsiákvæði í lögum þeirra landa. Það er að sjálfsögðu æskilegt að samræmi sé sem mest í refsilöggjöf þeirra landa sem eiga jafnmikið saman að sælda og Norðurlöndin. En rétt er að hv. n. taki þetta til athugunar.

Það má segja að aðrar breyt., sem felast í þessu frv., séu minni háttar, og eins og ég drap á áðan, þá geta e. t. v. sumar þeirra orkað tvímælis.

Í 1. gr. er lagt til að niður verði felld nokkur ákvæði, svo sem viðurlög við banni um neyslu áfengis, um mætingar hjá lögreglu fyrir þá sem dæmdir hafa verið fyrir auðgunarbrot, en þá má skylda þá til þess að mæta og láta fylgjast með sér, um að lýsa refsiverða háttsemi sem fólgin er í að valda hættu á sýkingu á kynsjúkdómi. Þetta er allt gert eftir fyrirmynd í erlendum lögum, Norðurlandalögunum, þar sem þessar breyt. hafa verið gerðar. En sjálfsagt geta verið skiptar skoðanir um það, hvort við eigum endilega að breyta þessum ákvæðum á þann veg sem þarna er lagt til.

Í 9. gr. er lagt til að auknir verði möguleikar á því að dæma í fleiri en eina tegund refsinga í sama dómi, svo sem að hafa dóm að hluta óskilorðsbundinn og að hluta skilorðsbundinn, dæma óskilorðsbundna fésekt í tengslum við skilorðsdóm, og þannig almennt að skapa dómstólunum aukna möguleika á vali refsinga. Þarna tel ég vera farið inn á alveg rétta braut.

Þá eru nokkur önnur minni háttar ákvæði sem gerð er grein fyrir í athugasemdunum og ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 18. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Þingnefnd til þess að kanna framkvæmd dómsmála, þáltill. (þskj. 6). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 11). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 12). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála er fylgifrv. með því frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins, sem atkv. voru greidd um áðan. Þetta frv. var einnig lagt fyrir síðasta Alþ. Þá voru í því aðeins þær breyt. á meðferð opinberra mála sem segja mátti að væru óhjákvæmileg afleiðing af frv. um rannsóknarlögreglu. En þetta frv. var ásamt síðast nefndu frv. sent til réttarfarsnefndar. Hefur hún farið yfir það og þær umsagnir sem borist höfðu, og hún hefur valið þann kost að semja þetta frv. upp á nýtt þannig að það hefur bæst nokkuð við efni þessa frv. frá því sem var í fyrra. Má segja að ekki séu teknar í frv. aðeins þær breyt., sem óhjákvæmilega leiðir af samþykkt frv. um rannsóknarlögreglu, heldur einnig aðrar breyt. á l. um meðferð opinberra mála sem réttarfarsnefnd hefur talið að athuguðu máli að horfðu til bóta. Ég bendi á að þeim greinum í þessu frv., sem þannig er ástatt um, er annaðhvort breytt frá því, sem áður var, eða hefur verið skotið inn, t. d. 5. gr., 12. gr., 14. gr., 15. gr., 20. gr., 24. gr. og 29. gr. En það er ekki hægt að fara út í það hér að gera grein fyrir þessum breyt. nema bera þær saman við lögin eins og þau eru nú. Geri ég ráð fyrir að það geri hv. n. sem fær málið til meðferðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa hér fleiri orð um þetta frv., en leyfi mér að óska eftir að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 13). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sama að segja um þetta frv. eins og það sem ég síðast mælti hér fyrir, að það er fylgifrv. með frv. um rannsóknarlögreglu og leiðir af því. Það er samhljóða frv. sem lagt var fram hér í fyrra, að fráskildu því að gerð er nokkur breyt. á 3. gr. þar sem ekki er tekið fram í henni nú eins og var í frv., sem lagt var fram í fyrra, hver annaðist framkvæmd refsidóma og umsjón fangelsa í Reykjavík. Í grg., sem fylgir frv., bendir n. á að breyt. þessi miði að því að veita dómsmrh. frjálsari hendur til að skipuleggja stjórn fangelsismála og framkvæmd refsidóma.

Þetta frv. er að sjálfsögðu eins og hin tvö: frv. um rannsóknarlögreglu og frv. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, lagt fram hér óbreytt eins og réttarfarsnefnd hefur gengið frá því.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr., þegar 1. umr. er lokið, og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 2). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir 2½ ári fluttu alþfl.-menn frv. hér í Nd. um þá breyt. á stjórnarskránni, að deildaskipting Alþ. skyldi afnumin, en þinginu skipað í eina málstofu. Nokkrar umr. urðu þá um frv. og var því vinsamlega tekið, en endanleg ákvörðun þingsins að vísa því til þeirrar stjórnarskrárnefndar sem nú er starfandi.

Ýmislegt veldur því að við flytjum nú frv. á nýjan leik, efnislega nákvæmlega eins og það var síðast. Get ég nefnt það til, að vaxandi áhugi, ef ekki áhyggjur, er um skipan kjördæmis- og kosningamála og störf Alþ. sjálfs. Mál þessi hafa verið rædd í vaxandi mæli, bæði innan stjórnmálaflokkanna og utan þeirra.

Það er skoðun okkar, byggð á langri reynslu, að hyggilegt mundi verða að taka út úr stjórnarskránni það sem við kemur kjördæmaskiptingu, kosningum og Alþ. sjálfu og afgr. í einu lagi, en láta síðan stjórnarskrárnefnd halda áfram endurskoðun á stjórnarskránni í heild. Ef leitað er að skýringum á því, af hverju íslenskum ráðamönnum hefur ekki tekist að setja lýðveldinu nútímalega stjórnarskrá, en við höldum áfram að drattast með 19. aldar, konunglegan forngrip, hygg ég að meginskýringin sé sú, að það hafi verið uppi tíðar deilur um kjördæmamálin, en þær snerta mjög valdabaráttu í landinu, að þær hafi staðið í vegi fyrir almennri endurskoðun á stjórnarskránni. Það væru því tvímælalaust hyggileg vinnubrögð að taka þetta út úr og reyna að gera fyrst þær breyt., sem samkomulag yrði um á þessu sviði, og keyra síðan áfram með hina almennu heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Af þessum sökum vil ég taka það fram, að það er síður en svo vantraust á stjórnar-

skrárnefnd þó að við tökum þetta frv. upp aftur og flytjum það nú með nokkrum öðrum sem varða málefni Alþingis.

Við höfum að vísu ekki flutt till. um sjálft kjördæmamálið, enda er það þess eðlis að skynsamlegast er að viðræður fari fram um það milli flokka til að leita að miðlunarleiðum sem samkomulag gæti orðið um, frekar en að hver flytji frv. um sínar hugmyndir. Við höfum þó ekki dregið dul á að við teljum nú vera aðkallandi að jafna kosningarrétt milli byggða svo og að finna leiðir til þess að gera alþingiskosningar persónulegri en þær eru með núverandi kerfi.

Næsta skrefið, sem lítið sem ekkert hefur verið sinnt í íslenskri löggjöf, er val frambjóðenda. Hins vegar hefur verið talað um það í vaxandi mæli, bæði hér og í öðrum lýðræðisríkjum, og þá sérstaklega í sambandi við áhrif sem fjármagn getur haft á val frambjóðenda og kosningu þeirra. Hvað þetta mál snertir fluttum við alþfl.-menn á síðasta þingi frv. um stjórnmálaflokka, sem við settum fram til þess að reyna að ýta á eftir umr. og aðgerðum á því sviði. Þingið kaus nefnd til þess að fjalla um það mál. Sú n. hefur starfað að vísu hægt og silalega og verður 5—10 ár að ljúka verkinu ef hún heldur áfram með þessum hraða, — en ég treysti því að svo verði ekki, því að formaður n. er dugnaðarmaður sem kann að gera upphlaup og skora **mark.**

Þegar kemur til Alþingis sjálfs er deildaskiptingin það meginatriði sem er í stjórnarskránni. Margt annað varðandi störf Alþingis er bundið í lögum og þarf því ekki að breyta stjórnarskránni til að lagfæra það. Um þau mál höfum við líka varpað fram ýmsum hugmyndum í frv. til breyt. á þingsköpum sem við lögðum fram í upphafi þessa þings og kemur síðar til umr. Loks höfum við flutt enn eitt frv. sem snertir störf Alþingis, en það fjallar um umboðsnefnd Alþingis er gegni svipuðu hlutverki og á Norðurlöndum er ætlað umboðsmönnum.

Ég tel að við alþfl.-menn höfum því að okkar leyti markað heildarstefnu með því að flytja þessi frv., sem ég vil leyfa mér að segja að séu öll vandlega undirbúin. Það er ósk okkar að vekja athygli á þessum málum og beina eindregið til alþm. og þingfl. þeirri áskorun að taka þessi mál alvarlega til meðferðar, byrja að ræða þau sín á milli, fjalla um þau af alvöru í nefndum Alþingis og starfa með það fyrir augum að gengið verði til aðgerða á þessu sviði áður en langur tími líður.

Ég hygg að við mættum hafa í hyggju að það er skynsamlegt, ef menn vilja gera breyt. á stjórnarskránni, að gera þær fyrir venjulegar eða fyrirsjáanlegar alþingiskosningar og reyna að forðast, ef hægt er, að halda tvennar aukakosningar af þeim sökum.

Ég vil taka fram að Alþfl. er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ræða við hvern sem er einstök atriði þessara frv. og hlusta á ef menn hafa aðrar hugmyndir, sem að sjálfsögðu er líklegt. Við gerum okkur það að sjálfsögðu ljóst, að um þessi mál þarf að leita samkomulags ef deilt er um einstök atriði.

Það hefur verið eitt af einkennum stjórnarfars á Íslandi að það er eins og stjórnkerfi okkar þoli ekki nema eitt stórt vandamál í einu. Ef við höfum við landhelgismál að glíma, þá er sjálfur efnahagsvandinn allt að því lagður á hilluna á meðan, og mörg fleiri dæmi mætti nefna af þessu tagi. Virðist þá engu skipta hvaða flokkar eiga í hlut. Ég held við verðum að reyna að gera okkur grein fyrir þessu. Þó við séum lítið þing í litlu landi verður að vera alvarlegri verkaskipting, þannig að öðrum málum sé haldið áfram enda þótt stórmál reki á fjörur okkar. Ég tel að þetta eigi alveg sérstaklega við um málefni sem snerta stjórnskipun og stjórnskipunarmál. Þau eru oft látin víkja fyrir þunga dægurmálanna. En það er ekki hægt að ætlast til þess og raunar óeðlilegt að sömu menn eigi að hafa með höndum lausn á hverju einasta vandamáli. Menn verða að koma við miklu víðtækari verkaskiptingu heldur en oft hefur reynst þegar á hólminn er komið.

Varðandi stjórnarskrána eru merkilegar hugmyndir til úti í löndum, þar sem dæmi eru þess að kosin hafa verið stjórnarskrárþing með því skilyrði að menn, sem hafa verið kosnir á löggjafarþing eða kosnir í einhver önnur opinber störf, mættu ekki sitja á stjórnarskrárþinginu. M. ö. o.: það er sett algjörlega út fyrir ríkjandi valdahóp að vinna að stjórnarskrármáli, og þetta hefur gefist vel, en engan mann hef ég heyrt taka undir slíkar hugmyndir hér á Alþingi.

Ég þarf í raun og veru ekki að tala langt mál um efni þess frv. sem hér liggur fyrir. Það heitir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944, og breytingarnar eru í 17. gr., — þær eru raunar fleiri, — en þær snerta aðeins þetta eina atriði að skipa Alþ. í eina deild. Ýmislegt, sem leiðir af deildaskiptingunni, kemur fyrir á þetta mörgum stöðum í stjórnarskránni, svo að efni frv., allra þessara greina, er í raun og veru þetta eitt. Það geta menn rætt og látið í ljós skoðanir, hvort þeir telja æskilegt að afnema deildaskiptinguna eða halda henni áfram.

Alþingi var eftir endurreisn þess í einni málstofu þangað til 1874, þegar stjórnarskráin frá 5. jan. það ár kom til framkvæmda. Enginn vafi er á því að ein meginástæða fyrir deildaskiptingunni var að konungsvaldið vildi tryggja sér möguleika til að stöðva framgang mála. Með því að hafa Ed. einn þriðja af þinginu og konungkjörna menn helming af deildinni skapaðist þessi aðstaða, og tók Íslendinga meira en aldarfjórðung að brjóta það á bak aftur. Ég tel að í raun og veru séu litlar forsendur fyrir deildaskiptingu, vegna þess að engin sú stéttaskipting er til í landinu sem gefur ástæðu til þess, sögulegar eða aðrar, alþm. eru allir kjörnir á sama hátt og sama tíma. Það er því ekki um neina lávarðadeild að ræða eða neina öldungadeild, heldur er þinginu eingöngu skipt í tvær starfsnefndir.

Menn verða vanafastir og margir hafa verið tregir til þess að fallast á að breyta þessu. Málið hefur öðru hverju komið til umræðu á opinberum vettvangi, og hefur verið sýnilegt að það stefndi í þá átt að deildaskiptingin yrði afnumin. Bjarni heitinn Benediktsson kunni allra manna best skil á þessu eins og mörgu öðru og hafði raunar skrifað mikið verk um deildir Alþingis, eitt hið merkasta fræðiverk sem til er

um þingið og störf þess. Ég hygg að hann hafi í fyrstu ekki verið hrifinn af því að afnema deildaskiptinguna, en þó viðurkennir hann í þessu riti sínu, sem kom út 1939, að það virtist allt stefna að því að deildaskiptingin yrði lögð niður. Síðar komst Bjarni eindregið á þá skoðun að það bæri að afnema deildaskiptinguna, og eftir kosningarnar 1967 var það eitt af atriðum stjórnarstefnunnar að teknar skyldu upp viðræður milli stjórnmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþ. verði ein málstofa. En ýmis atvik ollu því að það mál náði ekki fram að ganga í það skiptið.

Því lengra sem líður, því ríkari ástæðu tel ég vera til þess að þetta mál verði tekið fyrir og deildaskiptingunni verði hætt. Ég vil taka skýrt fram að hvorki þetta frv. né önnur varðandi Alþ. eru flutt vegna þess að það er óvenjulega hávær og almenn gagnrýni á þingið. Við hlustum að sjálfsögðu á það, okkur ber skylda til þess, og íhugum það sem sagt er í fjölmiðlum og fólk segir. Meginástæðan fyrir því að við hreyfum þessum málum nú og höfum raunar gert undanfarin 3 ár er að löggjafarþing verða að breyta starfsháttum sínum með breyttum tímum. Þetta hefur verið að gerast í kringum okkur. Svíar og danir hafa afnumið deildaskiptingu hjá sér, og það er stöðugt verið að gera breytingar á starfsháttum, nefndarstörfum og alveg sérstaklega á reglum, sem varða t. d. ræðulengd og umr., svo að ég nefni nokkuð. Ástæðurnar eru þær, að nútímaþjóðfélag verður sífellt flóknara, þau mál, sem lögð eru fyrir þingin, verða fleiri og fleiri, fóknari og flóknari, og þessar aðstæður krefjast þess að breytingar séu gerðar smám saman og af fyllstu gætni á starfsháttum þjóðþinganna svo að þau geti betur gegnt hlutverkum sínum.

Færa má margar röksemdir fyrir því, að starfshættir Alþ. mundu verða betri ef deildaskiptingin væri afnumin. Í fyrsta lagi er rétt að gera sér grein fyrir að deildir þingsins eru að vísu að nafninu til tvær, en í raun og veru þrjár, því að sameinað þing er þriðja deildin. Sameinað þing hafði í upphafi lítið hlutverk, en það hefur farið stöðugt vaxandi. Fjárlög og fjáraukalög hafa verið flutt til sameinaðs þings. Þingsályktunartillögur eru nú miklu fleiri og veigameiri en áður var. Fsp. eru orðnar viðamikill þáttur í þingstörfum, en voru fáar áður fyrr. Allt þetta hefur leitt til þess að sameinað þing er ekki aðeins þriðja málstofan, heldur sú langmikilvægasta.

Nefndakerfi Alþingis er ákaflega stórt og fjarri því að njóta þeirrar virðingar eða þess valds sem nefndakerfi þingsins ætti að gera. Er raunar fjallað nánar um það í frv. okkar um breytingar á þingsköpum, svo að ég læt það mál bíða til þeirrar umr.

Þá er veigamikið mál í sambandi við deildaskiptinguna að vegna hennar er ekki nóg að hafa hreinan meiri hl. á Alþ. til þess að stjórna landinu, heldur verður ríkisstj. að hafa að baki sér meiri hl. í báðum d., sem þýðir 53.3% af þinginu. Sumir halda að þetta sé til góðs, það muni stuðla að því, að ríkisstjórnir séu heldur sterkari en hitt. En reynslan hefur sýnt hið gagnstæða. Reynslan hefur sýnt að margar ríkisstj. hér á landi, sem hafa haft nauman meiri hl., hafa orðið fyrir miklum erfiðleikum vegna deildaskiptingarinnar. Ríkisstj., sem hafa haft meira en helming Alþ. á bak við sig, hafa ekki getað stjórnað landinu vegna þess að þær höfðu ekki meiri hl. í báðum deildum. Það er örstutt síðan síðasta atvik af þessu tagi kom fyrir, og hygg ég að það hafi mjög stuðlað að upplausnarástandi, ekki aðeins í íslenskum stjórnmálum, heldur líka í efnahagsmálum, og átt verulegan þátt í því að við misstum vald á efnahagskerfinu og hin gífurlega verðbólga rauk af stað, sem enn hefur ekki tekist að stöðva. Eldri dæmi má nefna þessu til stuðnings, allt aftur undir 1930, og er varla þörf að rifja það upp, ég geri ráð fyrir að þm. þekki þá sögu.

Ábyrgir menn verða að hugsa þetta mál og gera sér grein fyrir því, hver hætta er á að deildaskiptingin haldi áfram að veikja íslenskt stjórnarfar, kalla á ábyrgðarlausar aðgerðir og draga úr trausti þjóðarinnar á stjórnkerfi sínu. Þegar mál eru skoðuð í þessu ljósi hljóta menn að fallast á að tími sé kominn til þess að afnema deildaskiptinguna, og hyggilegt væri, eins og ég sagði í upphafi, að gera það fyrir næstu kosningar, svo að málið gæti komið til framkvæmda á næsta kjörtímabili.

Ég ítreka eindregna áskorun til þm. og þingflokka að fjalla um þetta mál og önnur skyld, sem ég nefndi, af fullkominni alvöru og setja í gang athugun með samræðum um það, hversu fljótlega við getum breytt bæði kjördæmaskipun, vali frambjóðenda eða þeim áhrifum sem ríkisvaldið vill hafa á val frambjóðenda með lagasetningu um stjórnmálaflokka, ákvæðum um deildaskiptingu Alþingis og lögum um starfshætti Alþingis.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég vil aðeins segja það, að mér finnst vera margar mjög athyglisverðar hugmyndir í þessu frv. Aðalefni þess er að sameina þingið í eina málstofu og breyta nefndaskipan í þinginu í samræmi við þá meginbreytingu. Þessar hugmyndir hafa áður verið ræddar, bæði í tengslum við till. sem fram hafa komið hér á hinu háa Alþ. frá þeim alþfl.-mönnum og eins hafa fulltrúar annarra stjórnmálaflokka og ýmsir einstaklingar utan þings látið í sér heyra um þetta efni. Í sjálfu sér eru þessar hugmyndir ekki nýjar af nálinni, en eru væntanlega núna fluttar hér inn í þingið vegna þess að mönnum finnst allmikill seinagangur vera á störfum stjórnarskrárnefndar sem hefur starfað a. m. k. 4—5 ár.

Mér er kunnugt um það, að að svo miklu leyti sem stjórnarskrárnefndin hefur fjallað um þetta mál og haft einhverjar skoðanir um það, mun hún gera þær till. sem þetta frv. hnígur að. Hins vegar eru menn orðnir mjög óþolinmóðir að bíða eftir að sjá till. frá stjskrn. um þetta efni og ýmis önnur, og sjálfsagt er það ástæðan fyrir því að málið er nú sérstaklega flutt inn í þingið, enda þótt flm. sé væntanlega kunnugt um þessar hugmyndir í stjskrn. sjálfri.

Ég er þeirrar skoðunar að þingsköp Alþingis eigi að breytast að einhverju leyti í þessa átt

og að þingsköp Alþ. eigi að endurskoða um leið að ýmsu öðru leyti. Ég fer ekki út í þá sálma að sinni, en vil aðeins segja að þessar breytingar og þær hugmyndir, sem ég hef og fram hafa komið, stafa að sjálfsögðu af því að þm. og þjóðinni finnst að þingið eigi að geta starfað í samræmi við nútímalegar kröfur um vinnubrögð og vera í takt við þær lýðræðishugmyndir sem uppi eru og við störfum eftir. En það er jafnljóst að það er þýðingarlaust fyrir okkur að breyta lögum um þingsköp, stjórnarskránni þar að lútandi, ef kjördæmaskipan og kosningar til Alþ. eru ekki í samræmi við þessar sömu lýðræðishugmyndir.

Frsm. þessa frv., hv. þm. Benedikt Gröndal, vék örlítið að einum þætti þessa máls og jafnframt þeim veigamesta, þ. e. a. s. kjördæmaskipuninni. Það kom fram í hans máli, að hann taldi og hans samflokksmenn að núv. kjördæmaskipan væri ekki í anda lýðræðisins vegna þess hversu kosningarréttur inn er orðinn ójafn. Undir þessar skoðanir vil ég taka, og reyndar komu þær fram í frv. eða þáltill. sem ég ásamt tveim öðrum þm. flutti hér á síðasta þingi, en það var till. sem fól í sér að stjskrn. gerði till. um breytingar á kjördæmaskipuninni til þess að jafna kosningarréttinn. Ég þarf ekki að lýsa þeim rökum sem lúta að þessu frv., þessum skoðunum. Ég held að það sé öllum þm. nokkuð ljóst að mikið ójafnræði hefur skapast á milli einstakra kjördæma frá því að núv. kjördæmaskipun var samþ. árið 1959. Tilgangur hennar var þá að jafna kosningarrétt einstaklinga, kjósenda í þessu landi, og þáv. breytingar og núv. skipan nálgaðist mjög þetta meginmarkmið, að jafna kosningarréttinn, en það hefur farið mjög úr böndum á seinni árum og er orðið svo að nú er algerlega óviðunandi ástand.

Till., sem flutt var hér í fyrra af mér og öðrum tveim hv. þm., náði ekki fram að ganga og var það mjög miður, vegna þess að meirihluta álit hv. allshn. í Sþ. mælti með samþykkt þeirrar till. Ég heyrði þá þeim skoðunum hreyft að hér væri um mál að ræða sem stjórnmálaflokkarnir eða þingflokkarnir sjálfir yrðu að koma sér saman um og það gæti ekki orðið verkefni stjskrn. að gera slíkar tillögur, hér væri um samkomulagsatriði að ræða milli einstakra stjórnmálaflokka. Nú er út af fyrir sig hægt að taka því með fyrirvara, og ég fyrir mitt leyti tek ekki undir það að kjördæmaskipun eigi að vera eitthvað sem stjórnmálaflokkarnir hafi hrossakaup um. Engu að síður er það staðreynd að málið náði ekki fram að ganga, m. a. vegna þessara sjónarmiða. Ég tel að það sé að einhverju leyti álit stjskrn. líka að það sé erfitt fyrir hana að taka á þessu máli án þess að vita hver hugur stjórnmálaflokkanna er, og því er spurningin núna: Hvernig á að bregðast við? Það er útilokað fyrir Alþ., sem nú situr, að samþykkja breytingar á stjórnskipun öðruvísi en takast einhvern veginn á við þetta mikla vandamál sem kjördæmaskipunin er. Mér er í sjálfu sér sama hvort það er stjórnarskrárnefnd eða sérstök n. á vegum stjórnmálaflokkanna sem fjallar um það, svo framarlega sem sú breyting næst fram að kjördæmaskipuninni sé breytt þannig að meira jafnræði ríki meðal kjósenda.

Þessu vildi ég koma hér á framfæri þegar rætt er um þingsköp Alþingis, störf þess, og minnst er á kjördæmaskipun í því sambandi. Ég hyggst taka þetta mál aftur upp á þessu þingi í einu eða öðru formi og vil eindregið hvetja hv. þm. til þess að skilja, að það er útilokað fyrir okkur, sem nú sitjum á Alþ., að láta þetta kyrrt liggja og gera ekki a. m. k. alvarlega tilraun til þess að breyta í það horf sem ég er að tala um.

Jón Skaftason: Herra forseti. Umr. um að breyta til um starfsháttu Alþingis í þá áttina, að Alþ. verði í framtíðinni í einni málstofu í stað tveggja, eru ekki nýjar af nálinni hér. Ég vil við þessa umr. lýsa fylgi mínu við þá meginhugsun sem kemur fram í frv. um að unnið verði að því að í framtíðinni, og það sem fyrst, skipi Alþ. aðeins eina málstofu í stað tveggja. Ég hef haft m. a. tækifæri til þess á undanförnum árum að kynna mér nokkuð reynslu svía sem breyttu frá því að hafa þjóðþing sitt í tveim deildum yfir í eina deild, þeir gerðu það fyrir nokkrum árum, mig minnir að það hafi verið 1971 eða um það leyti, og ég get fullyrt það af viðtölum við þó nokkuð marga sænska þm. og aðra þá embættismenn, er vinna á vegum sænska þingsins, að ekki hefur komið fram ein einasta rödd í mín eyru sem hefur talið breytinguna frá tveim deildum yfir í eina til hins verra. Þeir hafa allir þvert á móti lagt á það áherslu, að starfshættir þingsins hafi á margan hátt orðið skilvirkari en áður var, og hafa sem sagt mælt mjög með þessari breytingu.

En þetta var ekki aðalástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs til þess að segja nokkur orð við þessa umr., heldur hitt, að það kom fram í ræðu hv. 1. flm. frv., að ég tel, hér áðan, að það mætti ekki skoða það, sem hann sagði um frv., sem neina gagnrýni á störf stjskrn. Ég er þveröfugrar skoðunar. Ég tel að það sé tímabært að það komi fram á hv. Alþ. hugur manna, hugur þm. til þeirra starfshátta sem mér virðast vera ráðandi hjá þessari n. Hv. síðasti ræðumaður sagði að hún hefði verið skipuð fyrir 4—5 árum. Þó hygg ég það staðreynd, að um marga aðalþáttu þess vandamáls, sem henni er ætlað að athuga, hafi hún ekki komist að niðurstöðu. Þetta á við um aðalþáttinn og þann viðkvæmasta sem hún á að fjalla um, þ. e. um sjálfa kjördæmaskipunina. Því máli hefur hún slegið á frest og raunar vísað frá sér, að því er ég best veit. Þetta er að mínu viti algerlega óviðunandi fyrir Alþingi íslendinga, að þannig sé starfað áfram. Ég bendi á það, að kjördæmaskipunin er eitt viðkvæmasta pólitíska vandamálið sem uppi er á Íslandi og hefur verið um mörg ár. Ég ætla ekki að lýsa því hér úr þessum stól, af því að hv. þm. þekkja það allir vel, hversu okkur hefur gengið erfiðlega að skipa þeim málum með lagasetningu. Þar hefur í flestum tilfellum verið um að ræða breytingar, skyndibreytingar, sem flokkar af flokkspólitískum, tímabundnum hagkvæmnisástæðum hafa getað komið sér saman um, en ekki skapað þann eðlilega og þann réttláta grundvöll til áhrifa kjósenda á skipun Alþ. og skapað kjósendum nokkurn veginn jafnrétti hvar svo sem þeir búa á landinu.

Ég held að kjördæmaskipunin sé svo stórt mál og sé svo mikill grundvöllur að lýðræðis- og þingræðisfyrirkomulagi í landinu, að um það megi ekki fjalla af neinni léttúð. Þar verða menn að ganga til verks með því hugarfari að þeir séu að finna reglur sem geti gilt um langa framtíð og svarað til þess sem langmestur hluti kjósenda í þessu landi telur réttlátt og eðlilegt. Ég tel að meðan stjskrn. starfar af þeim hraða sem hún hefur gert til þessa, þá komi hún í veg fyrir að um þessi mál sé fjallað á eðlilegan hátt og af alvöru á Alþ. Því er þessi seinagangur hjá n. ekki vítalaus og ekki skaðlaus, því að hann kemur í veg fyrir að þetta mikla mál fái þá umr. og þá athugun á hv. Alþ. sem það þarf að fá. Þessi var aðalástæðan sem leiddi til þess að ég vildi fá að segja nokkur orð við þessa umr. Ég tel að sá hægagangur, sem verið hefur á störfum í stjskrn., sé ákaflega óviðunandi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. síðasti ræðumaður sagði að það væri ekki hægt að afsaka þann seinagang sem er ráðandi hjá stjskrn. Ég get alveg fallist á að það væri eðlilegt að fundir í stjskrn. væru oftar en verið hefur. En þeir eru þó orðnir nokkuð margir, fundirnir sem n. hefur haldið.

Ekki er það rétt, sem einn ræðumaður fullyrti hér áðan, að stjskrn. ætlaði að leggja kjördæmamálið til hliðar. Það var fundur á föstudaginn í stjskrn., og þá var rætt um kjördæmaskipunina. Og einnig verður rætt um kjördæmaskipunina á næsta fundi, það var ákveðið s. l. föstudag. En stjskrn. gerir sér ljóst að það er ekki vandalaust að vinna að þessum málum. Og þess ættu hv. alþm. að minnast, að þetta er ekki eina stjskrn. sem skipuð hefur verið og starfað hefur síðan lýðveldið var stofnað. Það hafa fleiri stjskrn. starfað, og þeim hefur reynst erfitt að skila heildaráliti. Ég ætla ekki að fara nánar út í það. Ég veit að hv. alþm. minnast þess og vita að það hafa áður starfað stjskrn. sem ekki hafa skilað áliti. Ég held að það sé ekki rétt að dæma þessar n. hart fyrir það, vegna þess að það er vandasamt verk að endurskoða stjórnarskrána og ná samkomulagi um málið. Eftir því sem menn lesa stjórnarskrána betur, því ljósara verður mönnum að stjórnarskrá sú, sem við búum við, er býsna góð. Stjórnarskráin er í aðalatriðum frá 1874. Eigi að síður er sjálfsagt að endurskoða stjórnarskrána og færa hana til samræmis við þá tíma sem við lifum á. En hvort það er gert árinu fyrr eða seinna er ekkert aðalatriði. Það er aðalatriðið að endurskoðunin takist vel þegar hún fer fram.

Kjördæmamálið hefur alltaf verið tilfinningamál, og hvernig menn ætla að leysa það án þess að það verði samningamál á milli stjórnmálaflokka fæ ég ekki skilið. Ég held að það hljóti alltaf að verða samkomulagsmál. Síðast var kjördæmaskipuninni breytt 1959, eins og allir vita. Það var átakamál þá eins og alltaf áður þegar kjördæmaskipun hefur verið breytt. Auðvitað geta menn fundið að þeirri kjördæmaskipun sem við nú búum við. En það verður þó að viðurkenna að sú kjördæmaskipun hefur tryggt að mestu að Alþ. sýni rétta mynd af þjóðarviljanum. Fjöldi þm. í stjórnmálaflokkunum hefur verið nokkurn veginn í samræmi við fylgi flokkanna í landinu. Hitt er svo rétt, að það er ekki alveg samræmi á milli hinna einstöku kjördæma. Það er eðlilegt að það verði og breytt eftir því sem samkomulag næst um á Alþ. Ég held að rétt sé að gera sér grein fyrir því, að eftirleiðis eins og áður verður að hafa um það samkomulag og fá meiri hl. fyrir því á Alþ. sem gera skal í kjördæmamálinu. Hér er til umr. frv. um deildaskiptingu Alþingis og að gera Alþ. að einni málstofu. En umr. hafa snúist að verulegu leyti um kjördæmaskipunina, sem ætti fremur við í sambandi við næsta mál sem er á dagskrá.

Hv. frsm. tók það fram, að frv. væri ekki flutt vegna þess að hann vildi vantreysta stjskrn. í störfum. Enn er ekki ástæða til að vera viðkvæmur fyrir því, þótt einhverjar aðfinnslur væru gerðar við störf stjskrn. sem eru mjög umfangsmikil.

Það hefur verið rætt um það í stjskrn., hvort til bóta væri að hafa þingið í einni málstofu. Það er rétt, sem hv. þm. Reykn., Jón Skaftason, sagði hér áðan, að svíar hafa breytt sínu þingi í eina málstofu, og stjskrn. hefur fengið umsögn sænskra stjórnmálamanna um þá reynslu sem svíar hafa fengið. Og reynsla þeirra virðist vera góð og fleiri þjóðþinga, svo sem dana, sem hafa þingið í einni málstofu. En það hefur samt sem áður, að ég hef talið, sína kosti að hafa málstofurnar tvær. En það mun þó ráða afstöðu manna þegar til atkvgr. kemur, hver reynslan er hjá þeim þjóðum sem hafa eina málstofu í stað tveggja.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég kom ekki upp hér til þess að afsaka gerðir stjskrn. Ég held að ekki sé þörf á því, m. a. vegna þess að það er mjög vafasamt að það sé rétt að ásaka hana fyrir seinlæti enn sem komið er. Rétt er að taka það fram, að n. hefur ráðið sér starfsmann til þess að afla gagna og upplýsinga um þessi mál öll. N. hefur þegar fengið upplýsingar frá mörgum lýðræðislöndum um stjórnskipan þeirra og kjördæmaskipun. N. er að kynna sér öll þessi mál og tekur starfið alvarlega og er ákveðin í því að skila áliti. En hvenær það verður, það er ekki hægt að fullyrða um. Nm. eru sammála um að vanda verkið, og það skiptir miklu meira máli að afgreiða málið í góðu formi heldur en að flýta því um of.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á einu atriði hér við 1. umr., enda þótt ég eigi sæti í þeirri n. sem þessu frv. væntanlega verður vísað til. Það er í sambandi við spurninguna um eina málstofu eða tvær. Það hefur verið minnst hér á reynslu svía sem eflaust er svipuð og reynsla dana. En ég vildi vekja athygli á því, jafnhliða því að slíkar breytingar yrðu gerðar er nauðsynlegt að gera gagngerar breytingar á þingsköpum Alþingis. Ég vil vekja athygli á því, að jafnframt því sem þessar breytingar voru gerðar þar, þá hefur verið breytt nánast málfrelsi þm. á viðkomandi þingum. Ég vil vekja athygli á því, og vitna þar sérstaklega til síðasta þings, hve óhemjumikill tími fór þar í þær umr. utan dagskrár og í umr.

sem snertu fsp. Og ég sé ekki annað en að jafnhliða slíkri breytingu verði að gera breytingar á þingsköpum Alþ. Ég veit ekki betur t. d. en að þegar mál koma úr n., þá sé málfrelsi þm. takmarkað við forsvarsmenn eða talsmenn viðkomandi þn.

Um afstöðu mína gagnvart þessari breytingu eða þessu frv. vil ég sem minnst segja sem stendur. Ég sé ýmsa kosti við það að hafa tvær þd., en ég sé líka kosti við það að breyta Alþ. yfir í eina málstofu.

Það var rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði varðandi umr. um kjördæmaskipunina. Þetta frv. fjallar ekki um það atriði. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, að það hefur komið fram hér í ræðum manna að þeir telja að það verði að jafna sem mest rétt kjósendanna, þ. e. a. s. það yrði sem líkust tala kjósenda á bak við hvern þm. Ég vil segja það, að lýðréttindi almennt eru fólgin í fleiru en því hvert áhrifavald atkv. er á bak við hvern þm. Ég held að við verðum að líta á lýðréttindin almennt, og ég tel að við náum ekki jöfnum rétti fyrir fólkið í landinu nema allir þættir séu skoðaðir í samhengi. Þess vegna tel ég að þar eigi að vera um ákveðið vægi að ræða, þ. e. a. s. fjölda kjósenda á bak við hvern þm., en vandinn er að finna hvert þetta vægi er. Það má ekki vera of mikil mismunun, en mismunun verður samt sem áður að eiga sér stað til þess að tryggja hin almennu lýðréttindi þeirra sem í mestu dreifbýli búa.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka það að umr. um þetta mál hafa orðið nokkrar og að minni hyggju jákvæðar, enda þótt sumir ræðumanna séu ekki reiðubúnir til að lýsa yfir algerum stuðningi við grundvallarhugmyndina um það að skipa Alþ. í eina deild.

Ég ræddi þetta mál í upphafi á víðum grundvelli og setti það í samhengi við kjördæmamál, kosningu þm., skipan Alþ. og vinnubrögð Alþ., og ég ítreka það, að ég tel að þetta sé sérstakur þáttur í stjórnkerfinu sem gæti verið hyggilegt að fenginni reynslu að leysa sem heild áður en lokið er við aðra hluta stjórnarskrárinnar.

Mér þótti gott að heyra það frá hv. 4. þm. Reykn., hver reynslan í Svíþjóð hefur verið, en svíar hafa einmitt fyrir fáum árum gengið í gegnum þá stórkostlegu breytingu að afnema deildaskiptingu sænska þingsins og allt sem af því leiðir.

Hv. 4. þm. Vestf. benti réttilega á að breytingin á deildaskiptingu Alþ. hlyti að leiða til þess að gerðar yrðu gagngerar breytingar á þingsköpunum. Þetta er sjálfsagt. Ef Alþ. yrði skipað í eina deild verður að semja þingsköpin nálega upp á nýtt. Það var líka rétt athugað hjá honum, að þróunin er í öllum löndum í þá átt að takmarka heildarræðutíma þm. Það er ekki aðeins í Svíþjóð og Danmörku og stafar ekki eingöngu af deildaskiptingunni eða breytingunni í eina málstofu. Slíkar breytingar eru nú t. d. til umr. í þýska þinginu. Þetta er sama sagan. Málafjöldinn fer vaxandi, málin verða flóknari og flóknari og umr. lengjast og lengjast. Það er þetta sem hefur skapað erfiðleika á mörgum þingum og alls staðar leitt til þess að þm. hafa orðið að sýna þann aga að samþykkja þingsköp sem takmarka verulega ræðufrelsi þeirra.

Annars ætla ég ekki að ræða þetta nánar nú, vegna þess að við alþfl.-menn höfum einnig flutt frv. um breytingar á þingsköpum, þar sem komið er dálítið inn á þetta, að vísu gengið mjög skammt í að stytta umr., en öllu lengra í breytingu á nefndakerfi. En það frv. er miðað við deildaskiptingu eins og hún er í dag, því að ég geri mér vonir um að þingið fáist til þess að breyta starfsháttum sem gera má með því að breyta lögum á styttri tíma heldur en það óhjákvæmilega tekur að breyta stjórnarskránni ef menn vilja afnema deildaskiptinguna. Hins vegar eru breytingarnar, sem í þessu frv. okkar felast, þannig, að þær munu falla mjög vel inn í þær breytingar sem gera þyrfti ef þingið yrði ein deild. Þetta mun koma betur í ljós þegar við ræðum það frv. Ef starfsháttum yrði breytt eitthvað í átt við það sem þar er lagt til, mundi það í sjálfu sér vera skref sem gerði breytingar auðveldari ef deildaskiptingin yrði lögð niður.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég er einn þeirra manna sem eiga sæti í stjskrn., hef átt sæti þar að vísu mjög stuttan tíma. En þann tíma, sem ég hef setið í n., hefur hún haldið nokkra fundi, þ. á m. tvo fundi í síðustu viku. Eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl., þá hefur borist til n. mikið af gögnum, m. a. um stjórnskipun ýmissa ríkja, og einnig mjög margbreytilegar till. innanlands frá ýmsum aðilum um það, hvernig þeir vilja haga setningu nýrrar stjórnarskrár. Þar er bæði um að ræða till. frá stjórnmálasamtökum og ýmsum öðrum samtökum og jafnvel einstaklingum. Þessar till. allar og þessi gögn er ritari stjskrn., dr. Gunnar Schram, að flokka og setja fram í aðgengilegu formi fyrir nm.

Það var rætt verulega um það á fundi í seinustu viku, hvort það væri rétt afstaða af hálfu stjskrn. að víkja til hliðar eða vísa frá sér til stjórnmálaflokkanna kjördæmamálinu. Niðurstaðan í n. varð sú, að það væri eðlilegt að n. reyndi að ná samkomulagi að meira eða minna leyti um þetta mál og skila frá sér till. Það er ekki farið að reyna á það í n. hvort samkomulag geti tekist um málið eða að hve miklu leyti samkomulag gæti tekist og þess vegna ekki tímabært að ræða það atriði nánar. Þó er alveg ljóst að það kemur sjálfsagt enginn skriður í alvöru á kjördæmamálið fyrr en stjórnmálaflokkarnir í landinu eru reiðubúnir til þess að taka málið upp og flytja það hér á hv. Alþ., því að til þess þarf auðvitað þeirra atbeina ef skriður á að komast á málið.

En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, var að ég vildi gjarnan segja skoðun mína um það atriði sem hér er einkum verið að ræða nú, þ. e. a. s. hvort eðlilegt sé að skipta Alþ. í tvær málstofur eða eina.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að Alþ. starfi í einni málstofu, og ástæðan fyrir því er hreinlega sú, að mér finnst skorta raunverulega röksemdir fyrir því að skipta Alþ. í tvær málstofur, vegna þess að það er ekki kosið sérstaklega til tveggja deilda hér á Íslandi eins og víða annars staðar. Eins og öllum er

kunnugt, þá háttar víða svo til að það er kosið með sérstökum hætti til hinna tveggja deilda viðkomandi þjóðþinga. Í því stóra og volduga landi, Bandaríkjunum, eru t. d. kosnir til öldungadeildarinnar, eins og kunnugt er, hreinlega tveir öldungadeildarþm. frá hverjum af hinum 50 fylkjum, algerlega án tillits til þess hversu mikill fólksfjöldi er í einstökum ríkjum. En hann er ákaflega mismunandi mikill. Hins vegar er kosið til fulltrúadeildarinnar með hlutfallskosningafyrirkomulagi og þá miðað við fólksfjölda. Svipaða sögu má segja um þjóðþing margra ríkja, og þar eru alveg sérstakar ástæður, að því er mér finnst, sem liggja til þess að þjóðþingunum er skipt í tvær deildir. Hér er slíku ekki til að dreifa, heldur eru kosnir til Alþ., eins og kunnugt er, 60 þm. sem síðar skipta sér sjálfir milli hinna tveggja þd. Þannig *finnst mér skorta nægilegar röksemdir fyrir nauðsyn þess að skipta Alþ. í tvær þd.* Hitt er annað mál, eins og komið hefur raunar fram hér í máli manna, að það eru vissar röksemdir sem mæla með því að skipta þinginu í tvær þingdeildir. Sú röksemd, sem venjulega hefur verið tíunduð í þessu efni, er sú, að á þann hátt fáist vandlegri athugun og meðferð á málum, slík meðferð tryggi það að mál fái rækilegri skoðun og það séu meiri líkur á því að hægt sé að koma í veg fyrir mistök í lagasetningu. En það eru fyrst og fremst þær röksemdir sem færðar hafa verið fram sem kostir í þessu efni. En mér finnst hann ekki nægur, og þess vegna er ég hiklaust þeirrar skoðunar og get lýst minni skoðun á því, að rétt sé, þegar stjórnarskráin verður endurskoðuð, að Alþ. sitji í einni þd.

Það mætti að sjálfsögðu margt segja um kjördæmaskipunina ef farið væri út í að ræða það mál nánar. En ég er þeirrar skoðunar, að þegar stjórnarskrá er sett eða er endurskoðuð, þá þurfi að líta á málið í heild. Kjördæmaskipunin er einn þátturinn í stjórnarskránni. Eins og nú er háttað eru ákvæðin um Alþ. einn af sjö meginþáttum stjórnarskrárinnar, eins og hún er í dag, að því er mig minnir. Kjördæmaskipunin er einn þátturinn í stjórnskipulaginu og ekki að minni hyggju hægt að aðgreina það mál algerlega frá öðrum málum, vegna þess að það hefur lengi verið litið svo á að kjördæmaskipunin eigi að setjast á þann veg í meginatriðum að kjördæmin eigi að hafa sem jafnasta tölu fulltrúa á bak við þm., þó að allir hafi viðurkennt á öllum tímum að eðlilegt sé að taka nokkurt tillit til sérstöðu dreifbýlisins í þessum efnum. Þá er þó þess að geta, að það eru ýmis fleiri réttindi til handa þegnunum í stjórnarskránni heldur en þau sem snerta kjördæmaskipunina. Það er t. d. ákveðið í núv. stjórnarskrá að í einu kjördæmi, Reykjavík, skuli vera aðsetur þings, þar skuli vera aðsetur ríkisstj. og alls þess sem þessum stofnunum fylgir. Hér er um að ræða augljós stjórnskipuleg réttindi þeirra, sem byggja þetta svæði, af ástæðum sem eru augljósar. Menn hafa aðgang að ýmsum stofnunum, þeir sem hér búa, umfram það sem aðrir geta notið, sem búa í fjarlægð frá þessu kjördæmi. Þess vegna álít ég að þegar borin eru saman réttindi manna í þessum efnum öllum, þá verði að líta á málið í heild sinni og taka ekki einstaka þætti út úr málinu og líta á þá alveg án tillits til annarra ákvæða stjórnarskrárinnar. En ég skal ekki tefja almennar umr. um þetta nú, til þess verður áreiðanlega tilefni síðar meir, en aðeins lýsa þeirri skoðun minni, að ég álít rétt að gera þá breytingu á stjórnarskránni, þegar þar að kemur, ásamt ýmsum fleirum, að Alþ. sitji í einni málstofu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 5. fundur.

Þriðjudaginn 19. okt., kl. 2 miðdegis.

Vestfjarðaskip, þáltill. (þskj. 5). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ferðafrelsi, þáltill. (þskj. 7). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans, þáltill. (þskj. 8). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lagaákvæði er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, þáltill. (þskj. 9). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 10). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innlend jarðefni til iðnaðarframleiðslu, þáltill. (þskj. 14). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkomulag um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 28). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðasamningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þáltill. (þskj. 29). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting á lifur og hrognum, þáltill. (þskj. 32). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa: Fjárveitinganefnd.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt, þá er nú rösklega ein vika liðin frá því að Alþ. kom saman og enn hefur ekki verið kosið til fjvn. hér í Sþ. Ég segi enn, vegna þess að mér skilst samkv. dagskránni að nú muni eiga að kjósa hér á eftir í fjvn. En ég taldi ástæðu til þess að ekki bara þingheimur hér, heldur og almenningur í landinu, fengi um það vitneskju hvað hefur gerst, ekki bara núna, heldur og á undanförnum tveimur árum, þegar átt hefur sér stað skipan fjvn. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir það að gefa mér tækifæri til þess að gera hér, að ég vona í ekki allt of löngu máli, grein fyrir þessum mínum viðhorfum.

Það er öllum hv. þm. ljóst hver staðan var hér á hv. Alþ. að afloknum kosningum sumarið 1974. Þá stóðu mál þannig að nefndarskipan í fjvn. voru 9 menn og hlutföll hér á Alþ. þannig eftir stjórnarmyndun, að núv. stjórnarflokkar fengu með samstillingu á lista 7 menn í fjvn. en stjórnarandstaðan átti þá að fá 2. Þetta var öllum ljóst og þetta lá fyrir. Þá gerði þingflokkur SF samkomulag við þingflokk Alþb. að stilla sameiginlegum lista til kjörs í fjvn. sem hafði atkvæðamagn til þess að fá tvo menn kjörna. Þá var Alþfl. fyrir utan með mann í fjvn. ef mál hefðu skipast með þessum hætti.

Við þessu brugðust þeir alþfl.-menn, að vonum má kannske segja, hart, en höfðu þá ekki framsýni til að sjá hver eftirleikurinn eða framvinda mála yrði eins og raun ber vitni, vegna þess að þetta samkomulag milli þingflokks Samtakanna og Alþb. hafði það í för með sér að fjölgað var í fjvn. úr 9 í 10 og stjórnarandstöðunni þannig tryggt að fá þriðja manninn inn í fjvn. í staðinn fyrir tvo áður, hefði samkomulagið við Alþb. af okkar hálfu ekki verið gert. Ég held að það sé nauðsynlegt, að menn hafi þetta í huga, þegar litið er til þessa máls, hvernig þetta gerðist.

Þarna var að verki staðið á þann veg að tryggja frekar en útlit sýndist fyrir stöðu stjórnarandstöðunnar á Alþ. og innan fjvn. Ég þóttist sjá það strax, a. m. k. fannst mér einkennilegt, ef eitthvað annað yrði uppi á teningnum en það sem raun varð á, að hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþ. í hennar umboði gerðu ráðstafanir til þess að tryggja að Alþfl. fengi mann inn í fjvn. Og sú tilgáta mín reyndist vera rétt. Það sýndu þau viðbrögð sem uppi voru á þessum tíma.

Það kom sem sagt í ljós að hæstv. forsrh. mælti í Ed. Alþ. 4. nóv. fyrir frv. sem hefði inni að fela fjölgun í fjvn. úr 9 í 9—11 menn, en síðan átti fjöldinn að verða samkv. ákvörðun Alþ. hverju sinni. Það varð um það samkomulag að binda þessa tölu við 10. Það var gert fyrst og fremst vegna andstöðu þeirra alþb.-manna við það að hafa ekki fastbundna tölu um hversu margir ættu að sitja í fjvn. Það var fyrst og fremst Alþb. sem hafði andstöðu við það að hafa þetta opið, og það var að þeirra — ég skal ekki segja kröfu, a. m. k. af þeirra þrýstingi sem það var gert, að talan var bundin við 10. Rökin sem fyrst og fremst voru færð fram af hálfu hæstv. forsrh. fyrir þessu stjfrv. um fjölgun í fjvn. frá því sem áður var, voru þau, að þar með væri tryggt að allir þingflokkar, sem ættu sæti á Alþ., fengju fulltrúa í fjvn. Það voru rökin, það voru þær forsendur sem fram voru bornar fyrir því að ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþ. beittu sér fyrir því að í fjvn. var fjölgað. Um þetta tókst samkomulag, og ég veit ekki um neinn þann einstakling eða forustumann í stjórnmálum hér innan þings á undanförnum tveimur árum sem hefur um það efast að hér varð samkomulag um það að skipa þessum málum með þeim hætti að allir þingflokkar ættu fulltrúa í fjvn. að óbreyttum aðstæðum. Og ég er viss um það, að engum, sem kalla má foringja í íslenskum stjórnmálum, hefur dottið það í hug þá að hér yrði breyting á, hér yrði samkomulag rofið á miðju kjörtímabili til þess með þeim hætti, sem nú virðist blasa við, að knýja út kosningu til handa einum þingflokki hér á Alþ. til þess að fá tvo menn inn í fjvn. sem ella hefði ekki fengið nema einn, hefði lögum ekki verið breytt.

Nú hefur það gerst að því er mér er sagt, að átt hafi sér stað sinnaskipti og það hafi verið samþykkt í þingflokki Alþb., líklega fyrir atbeina utan að komandi aðila, utan þingflokksins, — ég segi: líklega fyrir atbeina utan að komandi aðila, — að breyting hefur verið gerð á afstöðu Alþb. og nú hefur það, að mér skilst, tilkynnt að það ætli sér að stilla upp tveimur mönnum og ná þeim kjörnum, sem það hefur þingstyrk til eins og málin nú standa. Þennan þingstyrk hafa þeir haft undanfarin tvö ár. Frá og með fjölguninni í 11 hafa þeir haft þingstyrk til þess að fá tvo menn kjörna í fjvn. En einhverra hluta vegna þykir þeim fremur henta nú á miðju kjörtímabili að rjúfa þetta samkomulag. Það hefur ekki, að því er ég best veit, verið neinn áberandi vilji fyrir því í þingflokki Alþb. á undanförnum tveimur þingum. Þessu hefur skotið upp nú.

Það skal alveg játað hér af mér, og ég hygg að svo sé um fleiri, að það þarf mismunandi langan tíma til þess að kynnast innviðum einstaklingsins í sinni réttu mynd. Og ég skal játa það jafnframt, að haustið 1974 hafði ég ekki til að bera þá framsýni eða þá þekkingu á þeim einstaklingum, sem hér um ræðir, sem nægði til þess að vara við að byggja á samkomulagi af því tagi sem gert var. Það var ekki heldur í huga að það bæri að skoða málin frekar, skoða innrætið, skoða innréttinguna, til þess að ganga úr skugga um hvernig hún væri, til þess samkomulags sem gert hafði verið. Ég játa þetta alveg hér og nú, að til þessa skorti mig framsýni. En hér á við eins og oft áður hið gullvæga máltæki, að lengi skal manninn reyna.

Ég taldi nauðsynlegt að fá tækifæri til þess að rifja þetta upp hér fyrir þingheimi, hvernig þessi mál gerðust að afloknum kosningunum 1974 og hver þróun mála hefur orðið síðan, — og ekki bara til þess að þingheimur geri sér þetta ljóst, hvert hugarfar og hvert innræti býr

meðal sumra hverra forustumanna í íslenskum stjórnmálum, heldur og ekki síður til þess að almenningur í landinu geti fengið rétta og sanna mynd af því hvernig viðkomandi forustumenn í íslenskum stjórnmálum eru innréttaðir sumir hverjir. Ég vil því fyrst og fremst vegna þess rökstuðnings, sem hæstv. forsrh. hafði fyrir frv. á sínum tíma, þegar það var borið fram um fjölgun í fjvn. úr 9 í 10 sem samkomulag varð um, gera þá fsp. til hæstv. forsrh., hvort enn sé ekki í fullu gildi sú meginröksemd sem lá að baki frv. um fjölgunina í fjvn., hvort enn sé ekki í fullu gildi sú meginforsenda og meginröksemd, að það sé ástæða til þess og talið eðlilegt, ekki síst vegna meðferðar málsins í þinginu, að allir þingflokkar eigi fulltrúa í fjvn., — hvort þessi forsenda hefur breyst eða hvort hæstv. forsrh. vill þá lýsa því hér yfir að meginforsendan og rökin fyrir breytingunni hafi verið þau að tryggja Alþb. tvo menn í fjvn.

Ég þykist vita fyrir fram að svar hæstv. forsrh. verði jákvætt við fyrri fsp., þ. e. a. s. að enn sé í fullu gildi sú röksemdafærsla sem var uppi höfð haustið 1974, — meginforsendan sé fyrir hendi eins og hún var þá og sé óbreytt nú. En þá er ástæða til þess að spyrja, ef þessi forsenda er óbreytt og ef það gerist, sem ég hef að vísu ekki fullkomna staðfestingu á, að hér eigi að standa að kosningu til fjvn. með þeim hætti að halda óbreyttri tölu og að stjórnarflokkarnir fái á sameiginlegum lista 7 menn og svo Alþb. 2 og hinir stjórnarandstöðuflokkarnir tveir fái einn mann, — ef það á að gerast hér, þá vil ég enn fremur spyrja hæstv. forsrh. hvernig á því standi, ef forsendur hafa ekkert breyst, að stjórnarliðið ætlar sér nú að viðurkenna og samþykkja, leggja blessun sína yfir að sá aðilinn, sem rýfur samkomulag sem gert hefur verið, eigi að græða á því. Hver er ástæðan fyrir því? Ég er að gera mér í hugarlund að hún sé sú, að hlutföll hér á Alþ. eru þannig, það er fræðilegur möguleiki, — og nú vil ég biðja menn að taka eftir, — það er fræðilegur möguleiki að 7. maður á sameiginlegum lista stjórnarflokkanna, sem er framsóknarmaður, eigi undir högg að sækja í hlutkestavali á móti tveimur öðrum á öðrum listum og það sé því ekkert um að ræða að framsóknarmenn hafi á neinn hátt ætlað að taka þá áhættu að leita undir slíkt högg, þeir vilja hafa allt sitt á hreinu fyrir fram, vilji heldur að sá, sem rýfur samkomulag, hagnist, heldur en þeir geti átt á hættu að missa einhver ítök annars staðar. Kannske eru þetta illar getgátur, en það verður þá að hafa það. Ég hygg að í þessu liggi svona. Mér er a. m. k. um það kunnugt, að þó nokkuð margir, — þó nokkuð margir, segi ég, af þm. Sjálfstfl. hafa verið og eru jafnvel enn þeirrar skoðunar, að vegna þess sem gerst hefur, vegna þess að Alþb. hefur rofið samkomulag, þá eigi að færa tölu fjvn.-manna aftur niður í 9, eins og hún var áður en samkomulagið var gert 1974. Og það er auðvitað eðlileg röksemd. Ég fyrir mitt leyti vil lýsa því yfir hér, að vegna þessarar breyttu afstöðu Alþb. tel ég eðlilegt og sjálfsagt að breyta lögunum um tölu fjvn.-manna aftur í fyrra horf. Ég tel það sjálfsagt. Það væri rökrétt afleiðing af þeim gerðum, sem nú hafa verið, — hafa verið, segi ég, ég segi kannske of mikið, en að öllum líkindum verða gerðar.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara um þetta fleiri orðum. Ég vænti þess að fá svar hjá hæstv. forsrh. við þessum fsp. Ég veit ekki hvort ég á að gerast svo djarfur að spyrja um það hér úr ræðustól, hvort það sé nú í raun og veru svo, eða hvort ég fæ svar við því, að áður en kosning fer fram í fjvn., þá eigi að standa svona að málum, hvort hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþ. ætli ekki að beita sér fyrir því, a. m. k. að leiðrétting verði gerð til fyrra horfs. Ég vildi mjög gjarnan fá að vita það áður en til kosninga er gengið, því að ég tel að við í þingflokki Samtakanna þurfum að taka mið af því hvað hér er um að vera. En eins og ég sagði áðan, ég hef ekki fengið neinar formlegar upplýsingar frá réttum aðilum um hvað er hér að ræða og hvað á að gerast.

Ég skal, herra forseti, að sinni a. m. k. ljúka hér máli mínu. Ég heyri það að sumir aðrir hv. þm. hafa beðið hér um orðið, og ég vænti þess þá að fá, ef ástæða þykir til, að gera frekari grein fyrir okkar viðhorfum til þessa. Ég vil þó að lokum segja það, að á undanförnum mánuðum, kannske fyrst og fremst, hafa verið uppi um það háværar raddir meðal almennings að Alþ. hafi sett niður, að hugarfar fyrst og fremst forustumanna í íslenskum stjórnmálum sé meira og minna rotið. Ég hefði miklu frekar kosið að geta sagt það áfram með hreinni samvisku, að ég hefði ekki neinum þeim forustumanni í íslenskum stjórnmálum í minni setu hér á Alþ. sem ég teldi ekki að væri þannig — svo að ég noti orðið aftur — innréttaður að hægt væri að eiga við hann eðlileg og mannleg samskipti, þ. e. a. s. að ekki mætti treysta því sem um væri talað. Ef málum fer svo fram sem mér virðist hér horfa, þá virðist mér að enn komi eitt dæmið í safn þeirra sem haldið hafa fram þeim málflutningi, að Alþ. væri að setja niður og hugarfar sumra hverja íslenskra stjórnmálamanna væri rotið. Þá bætist hér enn eitt dæmið í safn þeirra til þess að fylla þann málflutning sem af þeirra hálfu hefur verið haldið uppi. Ég hefði síður viljað að slíkt ætti sér stað fyrir opnum tjöldum á Alþ. Það er að vísu erfitt að gera grein fyrir því sem gerist bak við tjöldin, en það má þó segja að kosturinn við það að menn komi hreint til dyra og geri málin upp fyrir opnum tjöldum, hann er þó þess eðlis að menn vita hvar þeir hafa viðkomandi aðila. Það er alltaf — a. m. k. hefur mér reynst það, — miklu betra að heyja baráttu, heiðarlega baráttu, við andstæðing sem maður veit hvar er og hvernig er.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hefur varpað hér fram nokkrum fsp. sem hann hefur óskað eftir að ég svaraði, og skal ég verða við því með ánægju.

Fyrsta fsp. var á þá leið, ef ég hef tekið rétt eftir, hvort sömu rök eigi ekki við enn í dag og lágu fyrir við breytingu á þingsköpum fyrir tveimur árum þegar fjölgað var í fjvn. Þeirri spurningu vil ég svara játandi. Þegar ég bar fram það lagafrv., sem fól í sér fjölgun fjvn.-manna úr 9 í 10, þá voru aðallega tvenns konar

rök sem ég flutti fyrir máli mínu. Önnur voru þau, að tala fjvn.-manna hefði verið óbreytt frá 1934 meðan störf n. hefðu vaxið og starfshættir breyst þannig að hún ynni að ýmsu leyti störf sín í undirnefndum, og þetta gerði kröfu um eða a. m. k. styddi þá fyrirætlun og nauðsyn að fjölga í n. Á hinn bóginn voru þau rök flutt fram fyrir þessari fjölgun í fjvn., að að höfðu samráði milli þingflokka þætti eðlilegt að greiða fyrir því að allir þingflokkar ættu fulltrúa í *nefndinni*.

Ég er óbreyttrar skoðunar og ég var þá, að hvor tveggja rökin hafa við gildi að styðjast enn í dag. Varðandi hin fyrri skal ég ekki fjölyrða, þau eru óbreytt hvernig sem samkomulag gerist á hverjum tíma milli flokka. Þau hin síðari byggjast á samkomulagi milli flokka. Það var ljóst fyrir tveim árum, eins og kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf, að það var samkomulag milli flokka að allir þingflokkar skyldu hafa fulltrúa í fjvn. Ef ég man rétt, þá voru það fulltrúar stjórnarandstöðunnar, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, sem mæltust til þess við ríkisstjórnarflokkana að fjölgað yrði í n., þannig að allir þrír stjórnarandstöðuflokkarnir ættu þar fulltrúa. Ríkisstj. vildi ganga til móts við stjórnarandstöðuna og fara að óskum hennar. En ég taldi það þá og ég tel það nú innra mál stjórnarandstöðunnar hvernig hún skipar þessum sætum. Ég segi það hreinskilnislega sem mína persónulegu skoðun, að ég tel eðlilegra, að hver flokkur stjórnarandstöðunnar eigi þar sinn fulltrúa, heldur en einn af þrem sé ýtt út í ystu myrkur. En ef stjórnarandstöðuflokkarnir vilja fara þannig hver með annan, þá sé ég ekki hvernig ríkisstjórnarflokkarnir eiga að koma í veg fyrir það. Þetta er fyrst og fremst uppgjörsatriði milli stjórnarandstöðunnar innbyrðis og sýnir raunar hvernig samkomulagi á þeim bæ er háttað.

Ég vil aðeins taka það fram, að í upprunalegu frv. til breytinga á þingsköpum varðandi tölu nm. í fjvn. var gert ráð fyrir 9—11, en um það tókst ekki samkomulag og þar af leiðandi var ákveðin talan 10. Slík breyting á þingsköpum í tilefni af sérstakri nefndarkosningu er þess eðlis að samkomulag verður að takast um hana, og það er ekki hægt að breyta tölu nm. eftir því hvort samkomulag heldur eða af þeim ástæðum að það rofnar. Við getum ekki að þessu leyti breytt lögum frá einu ári til annars, úr því að menn töldu sér ekki fært að hafa fjölgun nm. breytilega í upphafi.

Ég er í engum vafa um að hv. 5. þm. Vestf. er reynslunni ríkari af samstarfi við aðra stjórnarandstæðinga, og ég býst við því að þingheimur sé það í heild. Og e. t. v. er þetta vísbending um það, að varasamt sé að breyta lögum eða þingsköpum með tilliti til sérstakra aðstæðna hverju sinni, heldur verði þingflokkar, þm. og þingheimur að byggja á þeim grundvelli sem fyrir fram er ákveðinn í *lögum og þingsköpum*.

Það var svo spurningin um það í öðru lagi, sem hv. þm. varpaði fram, hvort það væri skoðun mín að sá aðili, sem rýfur samkomulag, eigi að græða á því. Svar mitt við þeirri spurningu er nei. Ég held ekki heldur, hvernig sem kosningu verði háttað, að Alþb. í þessu tilfelli græði á að rjúfa þetta samkomulag við aðra stjórnarandstöðuflokka sem gert var fyrir tveimur árum.

Í þriðja lagi var svo spurning um það, hvort unnt væri að upplýsa með hvaða hætti kosning til fjvn. færi fram að þessu sinni. Ég skal með ánægju verða við þeirri beiðni að svara þeirri spurningu. Svarið er einfaldlega að við þessar kosningar verður byggt á gildandi lögum og af hálfu stjórnarflokka verður borinn fram listi með 7 mönnum, þannig að það er á valdi stjórnarandstöðunnar hvort allir þingflokkar fá fulltrúa í fjvn. eða ekki. Stjórnarflokkarnir ætla sér ekki meiri hluta en þeir fengu samkv. samkomulaginu fyrir tveim árum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér fara nú fram býsna einkennilegar umr. undir þeim dagskrárlið sem fjallar um kosningu í n., því hér er beinlínis efnt til mjög almennra umr. um býsna viðamikið mál. Ef það er talið hagstætt og leyfilegt af hæstv. forseta, þá skal ekki standa á mér eða öðrum að taka hér þátt í umr. um þetta mál. En ég vek athygli á því, að hér er sem sagt um mjög óvenjulegt atriði að ræða, að efna til almennra umr. undir dagskrárlið þar sem eru boðaðar kosningar.

Ég vil þá fyrst segja það, að það er algjörlega rangt, sem hér hefur verið sagt, að við alþb.-menn höfum rofið eitthvert samkomulag sem við höfum gert. Hv. 5. þm. Vestf. skýrði í upphafi síns máls réttilega frá því hvað hefði gerst hér í sambandi við kosningu til n. á Alþ. að loknum síðustu alþingiskosningum. Þá stóðu mál þannig, eins og lengi hafði verið áður, að í fjvn. átti að kjósa 9 fulltrúa. Það lá alveg augljóslega fyrir, að eftir réttum leikreglum færi það svo, að stjórnarflokkarnir fengju þar 7 menn kjörna, Alþb. einn mann kjörinn og þá hinir flokkarnir tveir, ef þeir gætu verið saman, einnig einn mann. Þá gerist það, einmitt hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, leitar eftir samkomulagi við okkur í Alþb. um að hann verði fremur kosinn í fjvn. en fulltrúi frá Alþfl. Hann leitaði eftir því að komast á sameiginlegan lista hjá okkur til þess að tryggja sér setu í fjvn. Þingflokkur Alþb. skoðaði málið og féllst á að tryggja hv. 5. þm. Vestf. þetta sæti með því að þeir kysu sameiginlega með Alþb. í n. Af þessu auðvitað hlaut að verða það, sem hv. 5. þm. Vestf. og allir vissu, að Alþfl. gat ekki fengið mann kjörinn í n., enda stóð ekki á því að Alþfl. sprytti upp með tilheyrandi hávaða og látum og segði við okkur í Alþb. að við værum sérstaklega ósvífnir að taka samtakamanninn fram yfir þá. En vitanlega var það okkar vald, sem höfðum hér umframatkv., að velja um það hvort við vildum styðja hér til kjörs í n. fulltrúa frá Samtökunum eða fulltrúa frá Alþfl., og við völdum. Og hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, stóð að þessu. Hann var þá ekki kominn hálfur inn í Alþfl. eins og nú.

En þegar þetta hafði gerst og þetta lá fyrir, þá gerðist það sem oft hefur gerst og hefur verið að gerast nú síðustu daga, Alþfl. rumskaði heldur betur og knúði dyra hjá stjórnarflokkunum og spurði þá hvort það væri virkilega svo að það væri meiningin, að Alþfl. yrði látinn liggja utan fjvn. Og þá kom það auðvitað upp eins og oft

áður, að það voru ýmsir leyniþræðir enn þá á milli þessara aðila, og stórnarflokkarnir fundu til með Alþfl. og sögðust gjarnan vilja flytja hér frv. um breyt. á gildandi lögum og fjölga í fjvn. um einn mann eða fleiri ef á þyrfti að halda. Sú lagabreyt., sem gerð var á þessum tíma, var því ekki heldur gerð vegna Samtakanna sem voru búin að tryggja sér sæti í n. Hún var gerð til þess að reyna að tryggja Alþfl. setu í fjvn. Þegar till. síðan kom fram á Alþ. um að sá háttur skyldi hafður á um fjvn., sem ekki þekkist um neina aðra n. í þinginu, að hún skyldi skipuð 9—11 fulltrúum eftir ákvörðun Alþ. hverju sinni, m. ö. o. að gera það að geðþóttaatriði hér á Alþ. hvort menn teldu rétt að loka þennan úti eða hleypa hinum inn, bara eftir því sem á stæði hverju sinni, þá kom það fram sem afstaða okkar alþb-manna, að við teldum að að sjálfsögðu ætti að ákveða fasta tölu fulltrúa í fjvn. eins og öðrum n., hvort sem sú tala yrði 9 menn, 10 menn eða 11 menn. Okkar afstaða var sú, að hér ætti að ákveða fasta tölu. Ýmsir aðilar féllust á þetta, og það varð ofan á að ákveðið var að í n. skyldu framvegis vera 10 fulltrúar.

Okkur var ljóst á þessum tíma að með því samkomulagi, sem við höfum þá gert við Samtökin um að hafa fulltrúa frá því í öðru sæti á okkar lista, vorum við að tryggja Samtökunum mann í fjvn. á okkar kostnað, því þegar ákveðið hafði verið að hafa 10 menn í fjvn., þá áttum við samkv. réttum lýðræðisreglum að fá tvo menn kjörna. Hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, hefur setið í fjvn. á atkvæðastyrk okkar í Alþb., á kostnað okkar. Við áttum að hafa tvo menn, sættum okkur við að hafa aðeins einn, en að hv. þm. yrði kosinn í n. Það er svo auðvitað tilsvarandi þakklæti af hans hálfu, þegar við erum búnir að tryggja honum sæti í n. í tvö ár, að skora nú á stjórnarflokkana: Ætlið þið virkilega að láta Alþb. fá tvo menn? Viljið þið ekki gera þá ráðstöfun að færa allt til baka aftur svo að Alþb. fái ekki nema einn mann, svo að stjórnarandstaðan sé þá ekki með nema tvo menn, í staðinn fyrir að stjórnarandstaðan á þrjá menn? Það er hans krafa að það verði tekinn einn fulltrúi frá stjórnarandstöðunni.

Ég ítreka það, að við í Alþb. höfum ekki rofið neitt samkomulag. Það hafði aldrei komið til tals að við gerðum samkomulag um að kjósa Karvel Pálmason í fjvn. það sem eftir væri kjörtímabilsins eða til eilífðar. Það var aðeins talað um að kjósa hann eins og lög standa til í fjvn., og við vorum auðvitað frjálsir að því að breyta um þá afstöðu hvenær sem væri. Ég spyr: Ætli mönnum hefði ekki þótt það einkennilegt, hefði Karvel nú tekist að vera kominn formlega inn í Alþfl., að við hefðum farið að fórna einum manni, sem við áttum rétt til í Alþb., til þess að tryggja að Alþfl. hefði tvo menn í fjvn?

Ég vil líka benda á það, að hlutur okkar í fjvn. er aðeins eðlilegur. Ég bendi á það, að þingflokk Framsfl. skipa 17 menn. Framsóknarmenn hafa 17 fulltrúa á þingi. Hvað hafa þeir marga menn í fjvn., þessir 17? Þrjá. Sjálfstfl. hefur 25 menn á þingi. Hann hefur 4 menn í fjvn. En við höfum 11 menn á þingi, meira en helming á við Framsókn, en við höfum aðeins einn mann í fjvn. Við höfum auðvitað tæpan helming á við Sjálfstfl., en hann hefur 4 menn í fjvn., en við bara einn. Auðvitað eigum við að réttum lýðræðisreglum að hafa tvo menn í fjvn. En það er vitanlega á okkar valdi hvort við ákveðum að taka þá úr okkar þingfl. eða kjósa einhvern úr öðrum.

Ég mótmæli því harðlega að við höfum nokkurt það samkomulag gert við Samtökin eða aðra sem hægt sé að kalla að við höfum rofið samkomulag, eins og hv. 5. þm. Vestf. margendurtók hér, en er staðlausir stafir. Við höfum ekki rofið neitt samkomulag. Við bundum okkur ekki til frambúðar um að kjósa hann í neina n. Hitt gefur svo auga leið, að það, sem auðvitað hefur haft áhrif á þessa breyttu afstöðu okkar, er að þegar svo er komið, að það er orðið erfitt að segja til um hvort Samtökin eru í rauninni lengur til sem sérstakur flokkur, og þegar hv. þm. Karvel Pálmason er þegar búinn að leggja inn beiðni til Alþfl. um að ganga í þann flokk með einum eða öðrum hætti, þá er ofureðlilegt að við tökum til endurskoðunar afstöðu okkar til þess að tryggja honum sérstaklega sæti í nefnd.

Ég verð að segja það, að ég skil það mætavel að Karvel Pálmasyni, hv. 5. þm. Vestf., þyki það súrt í brotið að eiga ekki rétt á sæti í fjvn. Það er mál út af fyrir sig. Við höfum mátt standa frammi fyrir því í mínum flokki að þurfa að sæta miklu erfiðari kjörum en það að fá ekki mann kosinn í þýðingarmiklar nefndir. Ég minnist þess m. a. að afloknum kosningum ekki fyrir alllöngu að sjá þá í einu af dagblöðum landsins með risafyrirsögn, þegar við fengum aðeins 9 þm. kjörna alls í landinu, að það merkilegasta af öllu merkilegu í sambandi við kosningaúrslitin væri það, að nú gæti Alþb. ekki komið mönnum í vissar n. á Alþ. Já, það átti sannarlega að fylgja því eftir og var gert yfirleitt það sem hægt var, því að það hefur ekki verið gengið undir okkur með að reyna að koma okkur í n. sem við höfum ekki átt styrk til að hafa menn í.

Ég skal ekki lengja þessar umr. um skör fram, sem ég tek fram að mér þykja mjög afbrigðilegar undir kosningalið á dagskrá. Það var vitanlega hægt að taka þær hér upp í öðru formi. En afstaða okkar er samkv. réttum leikreglum. Við vitum það og höfum vitað það allan tímann, að við áttum rétt á tveim mönnum í fjvn., eftir að hafði verið fjölgað í n. Við erum frjálsir að því að velja þessa menn, og aðstæður hafa breyst þannig að það var full ástæða til þess að við endurskoðuðum afstöðu okkar til vals á mönnum í n. Ég sem sagt vísa því algjörlega á bug, sem hér hefur komið fram um að það hafi verið fjölgað í fjvn. með einhverju sérstöku samkomulagi við okkur. Það var ákveðið af öðrum — til þess bjarga öðrum flokki en okkar — að fjölga í n. Það var ekki gert fyrir okkur. Það var eflaust gert að einhverju leyti vegna þess, að við höfðum valið á milli fulltrúa Samtakanna og Alþfl. og valið að kjósa þann fulltrúa í n., með svo því þakklæti sem við fáum fyrir lánið þennan tíma.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til þess að láta það koma skýrt fram, að ég tel hv. 5. þm. Vestf., Karvel

Pálmason, hafa sagt sögu þess máls, sem hér er um að ræða, í einu og öllu rétta og sanna. Raunar kom það einnig fram í ræðu hæstv. forsrh. áðan, að hann staðfesti að allt, sem máli skipti í frásögn hv. þm. Karvels Pálmasonar af þessu máli, er satt og rétt, og ég fagna því að hæstv. forsrh. skuli hafa svarað spurningum þeim, sem beint var til hans, jafnskýlaust og ótvírætt og hann gerði.

Það hefur þegar komið fram að í byrjun þessa kjörtímabils, á fyrstu dögum fyrsta þings þessa kjörtímabils, blasti við sú staðreynd að svo gæti farið við kjör í fjvn., eina mikilvægustu n. þingsins, að þar ættu sæti 7 fulltrúar frá stjórnarflokkunum, sem þeir höfðu sannarlega fullan rétt til, einn fulltrúi frá Alþb., sem hafði 11 þm., og einn fulltrúi frá Samtökum frjálslyndra og vinstri manna, sem hafði 2 þm., en hins vegar enginn fulltrúi frá Alþfl., sem hafði 5 þm. Ég trúi því ekki, að ef menn ræða þetta mál, eins og menn raunar gerðu þá, af sanngirni og skynsemi, geti menn litið þannig á að þetta hefði verið réttmæt og skynsamleg niðurstaða á skipun n. Ég efaði ekki rétt stjórnarflokkanna til 7 manna af 9, að sjálfsögðu ekki heldur rétt Alþb. til 1 manns af 9, en hitt hlaut öllum sanngjörnum mönnum og finnast óeðlilegt, að Alþfl. yrði utan 9 manna n. með 5 þm., en Samtökin innan 9 manna n. með 2 þm. að baki sér.

Þetta varð til þess að við í Alþfl. beittum okkur fyrir viðræðum á milli formanna þingfl. fyrst og fremst og raunar báðum við einnig hæstv. forsrh. að taka þátt í þessum viðræðum. Þær áttu sér stað. Við héldum í upphafi þings, eins og raunar nú, formenn þingfl. og hæstv. forsrh., nokkra fundi þar sem þetta mál var rætt og eins og oft — sem betur fer — gerist þegar sanngjarnir menn setjast niður og ræða vandamál, þá náðum við samkomulagi. Við náðum samkomulagi, formenn þingfl. og þar með þingfl. allir, í samráði við hæstv. ríkisstj. um að eðlilegasta leiðin til þess að ráða bót á þessu væri sú að fjölga einfaldlega í fjvn. Í hvaða skyni? Í því skyni, — um það voru allir formenn og þingfl. og hæstv. forsrh. sammála, — að það skyldi gert í því skyni að allir flokkar ættu fulltrúa í fjvn., það væri ekki aðeins sanngirnisatriði að allir flokkar ættu þar sæti, heldur lægju einnig til þess mjög veigamikil efnisleg og málefnaleg rök. Hvort sem þingfl. er stór eða lítill, fjölmennur eða fámennur, þá er það óeðlilegt, þá eru það óheppileg vinnubrögð, óheppileg skipan mála, að hann eigi ekki fulltrúa í jafnmikilvægri n. og fjvn. er. Á það raunar við um allar n. þingsins, að það er heppilegast að þar geti heyrst rödd allra þingfl., sérhvers þingfl., hvort sem hann er fjölmennur eða fámennur.

Það er því ekki rétt, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Austurl. að í upphafi fyrsta þings þessa kjörtímabils hafi farið fram einhverjar sérstakar samningaviðræður milli þingflokks Alþfl. og hæstv. ríkisstj. Ég veit að hæstv. forsrh. mundi fúslega bera það, að það átti sér ekki stað, málin bar ekki þannig að. Það áttu sér stað viðræður milli formanna þingflokkanna og hæstv. forsrh. sem fulltrúa ríkisstj. um það hvernig leysa mætti úr vanda sem við blasti, hvernig koma mætti í veg fyrir að niðurstaða vandasams máls yrði ekki aðeins ranglát, því að ranglæti verða menn oft að una að menn séu því beittir, heldur yrði þetta óskynsamlegt fyrir þingið í heild, þ. e. a. s. bæði fyrir stjórnarflokka og stjórnarandstöðu, og það tel ég skipta meginmáli í þessu sambandi. Ég legg því áherslu á að það er rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði í frumræðu sinni, að hér var gert í upphafi kjörtímabils samkomulag milli allra þingfl. og hæstv. ríkisstj. um að lögum skyldi breytt, lögum um fjvn. skyldi breytt í því skyni að meðlimum hennar yrði fjölgað í 10 til þess, eins og hæstv. forsrh. hefur ótvírætt staðfest, að allir þingfl. ættu þar sæti.

Ég hef aldrei vanist öðru eða kynnst öðru, þegar samkomulag er gert milli þingfl. og ríkisstj. í upphafi kjörtímabils, en að þá sé til þess ætlast að það gildi út kjörtímabilið, nema því aðeins að einhverjar grundvallarbreytingar verði á flokkaskipun á Alþ. Slíkar breytingar hafa ekki orðið. Þingflokkar eru 5 núna, eins og þeir voru þegar samkomulagið var gert. Þingflokkur SF er jafnfjölmennur og starfar með sama hætti og hann starfaði í upphafi þingsins og á því að mínu viti nákvæmlega sama sanngirnisrétt og ég taldi hann eiga þá, og það eru nákvæmlega sömu efnislegu rökin fyrir því, að þingflokkur SF eigi fulltrúa í fjvn. nú tveim árum síðar, eins og þau voru í upphafi kjörtímabilsins. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu.

Á annað langar mig til þess að minna í þessu sambandi, sem er mjög athyglisvert og ég tel að hafa verði í huga þegar menn dæma um bæði sanngirnina og skynsemina í þeirri lausn sem nú virðist því miður ætla að verða ofan á. Þegar samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. var við völd hér á sjöunda áratugnum, þá urðu niðurstöður kosninga einu sinni þannig að Alþb. hafði ekki þingstyrk til þess að fá kjörna menn í 5 manna þn. Þessi vandi var augljós þegar á fyrsta þinginu eftir þessar kosningar. Þingið kýs raunar ekki aðeins og kaus reyndar ekki aðeins þá 5 manna þn., starfsnefndir, heldur einnig 5 manna stjórnir í ýmsum mikilvægum opinberum stofnunum og ríkisfyrirtækjum. Þetta mál var rætt í ríkisstj. strax eftir kosningarnar, þegar þessi niðurstaða lá fyrir. Mér er þetta sérstaklega minnisstætt persónulega vegna þess hversu ítarlega við Bjarni heitinn Benediktsson ræddum um þetta mál og hvort það væri réttlátt og skynsamlegt að annar stjórnarandstöðuflokkurinn, að vísu sá minni, ætti engan fulltrúa í þn. og ýmsum öðrum mikilvægum stjórnum opinberra stofnana og fyrirtækja. Það varð niðurstaða ríkisstj. allrar, frá því var engin undantekning, sem síðan var staðfest einróma í báðum þáv. stjórnarflokkum, Sjálfst.fl. og Alþfl., að skynsamlegast væri að ríkisstj. beitti sér fyrir því að fjölgað yrði í þn. úr 5 mönnum upp í 7, einmitt til þess að minni stjórnarandstöðuflokkurinn þá, Alþb., ætti þar fulltrúa. Við töldum það ekki aðeins sanngirnisrök, heldur einnig hafa mikla þýðingu fyrir skynsamleg vinnubrögð þingsins. Og í kjölfar þessa var síðar meðlimum ýmissa annarra stjórna, sem Alþ. kýs, fjölgað úr 5 upp í 7.

Til þessarar ákvörðunar þáv. stjórnarfl., Sjálfst.fl. og Alþfl., lágu nákvæmlega sams konar sanngirnis- og skynsemisrök eins og lágu til

þess allra flokka samkomulags sem ég tel að hafi verið gert á fyrstu dögum fyrsta þings þessa kjörtímabils. Það er því ekki í fyrsta skipti sem slíkt samkomulag er gert til þess að tryggja öllum flokkum rödd og starfsaðstöðu í n. Þetta dæmi, sem ég nefndi, var mun mikilvægara en það sem var um að ræða fyrir tveim árum og það sem er um að ræða nú. En það var skoðun okkar, sem þá bárum ábyrgð á stjórnarfarinu, að þáv. lausn væri sanngjörn, alveg eins og það var óbreytt skoðun okkar að það, sem samkomulag varð um 1974, væri sanngjarnt og réttlátt, og ég fyrir mitt leyti stóð í þeirri meiningu, alveg eins og hv. 5. þm. Vestf., að það samkomulag hefði verið gert þannig að það ætti að gilda út kjörtímabilið, auðvitað að því tilskildu, að ekki yrðu grundvallarbreytingar á sjálfri flokkaskipuninni á Alþ., sem ekki hafa orðið.

Niðurstaða mín af þessum bollaleggingum er sú, að lagabreytingin var beinlínis gerð til þess að tryggja öllum flokkum sæti í fjvn., en ekki til þess að tryggja Alþb. þar tvo fulltrúa, en útiloka Samtökin frá starfi í fjvn. Þess vegna tel ég það ekki ofmælt hjá hv. 5. þm. Vestf. þegar hann segir, að Alþb. hafi hér rofið samkomulag, en undir þau orð tók hæstv. forsrh. raunar einnig.

En fyrst saga þessa máls er rædd jafnítarlega og hér átti sér stað, þá hygg ég að sé rétt að ég bæti við í hana þætti sem ekki hefur komið fram af alveg skiljanlegum ástæðum hjá þeim sem fjallað hafa um málið hér í ræðustól. Það heyrðist á fyrstu dögum þessa þings, þegar þetta vandamál bar á góma, að Alþb. ætti erfitt með að una því eða það þætti ósanngjarnt, að Alþfl. mundi hafa í hyggju að breyta kjöri síns fulltrúa í fjvn. Ég segi sannleikann umbúðalaust um þetta efni, þannig að ekkert fari hér á milli mála. Það er rétt, að sá fulltrúi Alþfl., sem undanfarin ár hefur átt sæti í fjvn. og verið þar ágætur fulltrúi okkar, óskaði eindregið eftir því á fyrsta þingfundi flokksins eftir að þing kom saman og áður en að þetta mál bar á góma, að vera leystur undan því að vera kosinn áfram í fjvn., vegna þess að reynslan sýnir undanfarin tvö þing að hann hafi þurft að verja óeðlilega miklum hluta af starfstíma sínum á þingi í nefndarstörf, einfaldlega vegna þess að í fyrsta skipti nú á þessu þingi á Alþfl. tvo fulltrúa í Ed., en Samtökin eiga þar engan fulltrúa, en almennt samkomulag hefði verið um það að skipta fulltrúum í n. sem sanngjarnast milli flokkanna í hlutfalli við stærð þeirra. Vegna þess að Samtökin eiga engan fulltrúa í Ed., þá hafa öll nefndarstörf stjórnarandstöðunnar, við hlið Alþb., fallið á hina tvo fulltrúa Alþfl. í Ed. Hins vegar hafa Alþfl. og Samtökin skipt með sér aðild að nefndum í Nd. og Sþ. Þar sem sá maður, sem hefur verið fulltrúi okkar í fjvn. undanfarin ár, Jón Árm. Héðinsson, á einnig sæti í þeirri n. í Ed. þar sem störfin eru einna mest, þ. e. a. s. fjárhags- og viðskiptanefnd, tjáði hann okkur að sá tími, sem hann hefði á undanförnum tveimur þingum, sérstaklega á síðasta þingi, orðið að verja í nefndarstörf, hefði reynst svo mikill að það væri sér í raun og veru ofviða að gegna öllum þessum störfum svo að vel væri. Þess vegna bæri hann fram þá eindregnu ósk að þurfa ekki að eiga sæti áfram í fjvn., en flokkurinn veldi annan fulltrúa til þess að taka þar sæti. Við hinir vorum allir sammála um að verða við óskum þessa hv. þm., Jóns Árm. Héðinssonar, og ákváðum að kjósa þá hv. 8. landsk. þm., Sighvat Björgvinsson, til þess að vera fulltrúi flokksins í fjvn.

Nokkru seinna barst okkur til eyrna að það þætti óeðlilegt að í fjvn. ættu sæti þrír fulltrúar frá Vestfirðingafjórðungi. Þá var gert ráð fyrir því að Karvel Pálmason ætti áfram sæti í n. Annars hefði ekkert verið við þetta að athuga. Okkur hafði ekki borist vitneskja um að þetta væri óeðlilegt, þegar við ákváðum að skipta um fulltrúa í n., né heldur að það því væri stefnt að ýta Karvel Pálmasyni, hv. 5. þm. Vestf., út úr n.

Við brugðumst þegar í stað þannig við þessu, að við ákváðum að ef þetta væru ein af rökunum fyrir því að Alþb. krefðist tveggja manna í fjvn., þá værum við fúsir til þess að breyta þessari ákvörðun og kjósa Jón Árm. Héðinsson, sem við hefðum auðvitað fullt traust á að mundi geta gegnt störfum með sama hætti á þessu þingi og tveimur öðrum, áfram í n. Og þetta tilkynntum við þingflokki Alþb., þetta tilkynntum við þingflokki Samtakanna og þetta tilkynntum við þingflokkum stjórnarflokkanna, og ég veit að vitneskja um þetta barst hæstv. forsrh. M. ö. o.: uppástunga okkar var þá sú, að sama tala manna skipaði fjvn. áfram og sömu menn skipuðu fjvn. áfram. En þessu var hafnað af hálfu Alþb. Þessu var eindregið hafnað af hálfu Alþb. Það var m. ö. o. ekki bundið við nein kjördæmissjónarmið, hvað þá persónur, sem afstaða Alþb. markaðist af, það var einföld krafa um að nota rétt sinn samkv. þingsköpum, sem ég vefengi ekki, til að fá kjörna 2 menn af 10, þrátt fyrir það að ég telji þá hafa gert samkomulag um það að þeir skyldu ekki nota þennan rétt sinn á þessu kjörtímabili.

Þetta tel ég rétt að þm. og þjóðin fái vitneskju um, að á því hefur ekkert staðið að Alþfl. væri reiðubúinn til að standa við það samkomulag, sem gert var, og gera allt, sem í hans valdi stæði, til þess að sanngjörn og skynsamleg lausn mætti haldast á þeim vanda sem upp kom í byrjun þessa kjörtímabils.

Okkur var líka kunnugt um hugmyndina um að fækka aftur niður í 9, sem hefði haft það í för með sér, að Alþb. missti sinn fulltrúa og ætti þar einn eins og það átti á síðasta kjörtímabili. Ég get hins vegar vel skilið þá afstöðu hæstv. ríkisstj. að hverfa ekki að því ráði. Það er, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., hæpið að breyta lögum nema brýnustu nauðsyn beri til, og það er vægast sagt leiðinlegt og til lítils sóma fyrir Alþ. að þurfa að breyta lögum vegna þess að ákveðinn stjórnmálaflokkur stendur ekki við tveggja ára gömul orð sín.

Ég lýk þessu máli mínu með því að segja, að auðvitað rengjum við í Alþfl. ekki formlegan rétt Alþbl. til þess að hljóta 2 sæti af 10 í fjvn. En það er líka til siðferðilegur réttur samkv. samkomulagi, og þann rétt tel ég að Alþb. hafi ekki virt með þeirri ákvörðun sinni að gera till. um tvo menn þegar kosið verður til fjvn.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég vil biðja hv. alþm. að reyna að vera eins stuttorða og mögulegt er, því að það var ekki meiningin að hér færu fram almennar umr., heldur að hv. þm. frá flokkunum, einn frá hverjum flokki, fengju að gefa skýringar í sambandi við þetta mál. Því vænti ég þess, að þeir, sem á eftir koma, verði mjög stuttorðir.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég tek eindregið undir tilmæli þau sem hæstv. forseti bar hér fram, enda eru þessar umr. mjög óvenjulegar og óeðlilegar, og satt best að segja hefði mér ekki dottið í hug að taka hér til máls ef ekki hefðu komið fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns nokkrar rangfærslur sem ég taldi mér óhjákvæmilegt að svara hér.

Hann sagði í fyrsta lagi að þegar ákvörðun hefði verið tekin um að flytja frv. hér á Alþ., stjfrv., um að í fjvn. skyldu sitja 9—10 þm., þá hefði það verið gert að undangengnum fundi formanna þingflokkanna. Það vill svo til að ég var formaður þingflokks Alþb. á þessum tíma, og ég leyfi mér að fullyrða að þetta er misminni hv. þm. Þetta frv. var samið án vitundar okkar alþb.-manna, enda kemur það heim og saman við þá staðreynd að það efnisatriði frv., að gert var ráð fyrir því að í fjvn. ættu sæti 9—11 menn, var að okkar dómi mjög fráleitt, enda hafði frv. aldrei verið undir okkur borið. Ég get aðeins bætt því við hvað þetta atriði snertir, að þegar síðan ríkisstj., sem var flytjandi þessa máls, ákvað að hyggilegra væri að 10 menn ættu sæti í fjvn. og ekki væri verið að breyta því eftir aðstæðum hverju sinni, þá var sú ákvörðun tekin án samráðs við a.m.k. mig sem formann þingflokks Alþb.

En það er reyndar fleira sem hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni misminnir. Hann lét þess getið áðan, að breyting hefði verið gerð á sínum tíma og fjölgað í nefndum úr 5 í 7. Ég kom í fyrsta skipti á þing 1963, og mér er það einmitt minnistætt að skömmu eftir þær kosningar, sem fram fóru að sumarlagi, ritaði hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason grein í blað sitt þar sem hann m.a. lét þess getið, að ein merkilegasta niðurstaða þessara kosninga væri sú, að nú stæðu leikar svo að minn flokkur, Alþb., gæti ekki komið að neinum manni í 5 manna n. Þegar svo þing kom saman um haustið, þá fór þetta eftir, að kosið var í 16 nefnir Alþ. án þess að Alþb. fengi þar nokkurn mann kjörinn. Það er sem sagt misminni þm. að breyting hafi verið gerð á þessu þingi til þess að Alþb. fengi menn í þessar n. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason stóð þá að því og sennilega stóð þá fyrir því að Alþb. var útilokað frá öllum 5 manna n. Þetta vildi ég að kæmi hér fram, vegna þess að upplýsingar hv. þm. voru mjög á annan veg.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál. Þetta mál er ósköp einfalt. Það hefur komið fram núna á undanförnum dögum og vikum að einn flokkurinn, SF, er í upplausn, og það liggur fyrir að hv. þm. Karvel Pálmason hyggst leita samvinnu við Alþfl. Með þessar staðreyndir í huga eru aðstæður gjörbreyttar. Ef menn telja nauðsynlegt að þm. úr öllum þingflokkum eigi fulltrúa í fjvn., þá spyr ég að því, hvort einföld sanngirni mæli þá ekki frekar með því að sá maður, sem viki fyrir fulltrúa Samtakanna í fjvn., kæmi frá Sjálfstfl., sem á 4 fulltrúa í fjvn., kæmi frá Framsfl., sem á 3 fulltrúa í fjvn., frekar en við alþb.-menn verðum að láta annan af þeim fulltrúum sem við eigum lagalegan og siðferðilegan rétt á.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu verða við óskum hæstv. forseta um að hafa aths. mína örstutta.

Varðandi það, sem gerðist á fyrstu dögum fyrsta þings þessa kjörtímabils varðandi kosningu í fjvn., má það vel vera rétt hjá hv. þm. Ragnari Arnalds að um formlega fundi, sem sett er og slitið, hafi ekki verið að ræða milli þingflokkanna. En hann minnist þess áreiðanlega jafngreinilega og ég og aðrir í forustu þingflokkanna, að milli allra þingflokkanna og hæstv. ríkisstj. fóru fram umr. um þetta mál, það má gjarnan kalla þær óformlegar ef menn vilja heldur una því enda varð niðurstaðan allsherjar samkomulag allra þingflokkanna annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar. Hvernig hefði getað orðið um allsherjar samkomulag allra þm. að ræða nema því aðeins að forustumenn þingflokkanna hefðu ræðst við? En þetta er aukaatriði. Hitt skiptir meira máli, sem hann rifjaði upp varðandi niðurstöðu kosninganna 1963.

Hann man greinilega eftir grein sem ég skrifaði, þó að 13 ár séu liðin síðan, í málgagn mitt, Alþýðublaðið, þar sem ég taldi mig vekja alveg réttilega athygli á því að það væri ein athyglisverðasta niðurstaða kosninganna að flokkur, sem verið hefði í stjórnarandstöðu gegn þáv. ríkisstj. í 4 ár, hefði hlotið þá niðurstöðu, þann dóm í kosningunum, að nú væri skipan þingsins þannig að hann ætti ekki rétt á því að fá kjörinn fulltrúa í 5 manna n. Það er rétt munað hjá honum að endanleg lausn á þessu máli fékkst ekki í upphafi fyrsta þings þessa kjörtímabils, þó að málið hafi, eins og ég sagði áðan, þegar eftir kosningarnar verið rætt í ríkisstj. En reynslan sýndi einmitt á þessu fyrsta þingi eftir kosningarnar 1963, að það er bæði ósanngjarnt og óeðlilegt að allir þingflokkar eigi ekki sæti í þn. Þess vegna var það þegar á næsta þingi, að úr þessari ósanngirni og úr þessu ranglæti var bætt og meðlimum þn. fjölgað upp í 7, einmitt til þess að Alþb. gæti látið rödd sína heyrast í þn., hvort sem mönnum líkaði röddin vel eða illa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, þó að ég haldi nú að flestir ef ekki allir hv. þm., sem hér hafa talað, hafi eytt eitthvað lengri tíma en ég í sínar ræður.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf við þeim fsp. sem ég beindi til hans. Þau undirstrika það, að hann telur sömu forsendur fyrir hendi nú til skipanar fjvn. eins og samkomulagið, sem gert var haustið 1974, gerði ráð fyrir. Þetta hafa allir ræðumenn, sem tekið hafa til máls, undirstrikað sérstaklega, að undanteknum foringjum Alþb. Og hann segir, sem kannske má til sanns vegar færa, að hér sé um að ræða innanríkismál stjórnarandstöðunnar. Ríkisstj. beitti sér þó fyrir lausn þessa máls 1974, og það hefði því ekkert verið óeðlilegt að

ríkisstj. hefði gert slíkt hið sama nú. En ég skal ekki ræða frekar um það, en gera örfáar aths. við það sem fram kom hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni.

Það er nýtt að gamla kempan af Austurlandi kveinki sér undan umr. hér á Alþ. um málefni. En það kom greinilega fram í ræðu hans hér áðan, að hann taldi þetta óeðlilegar og óviðeigandi umr. hér á hv. Alþ. Vegna hvers? Auðvitað vegna þess að hér er verið að upplýsa óeðlileg vinnubrögð af hálfu þess aðilans sem þarna er Alþb. Þess vegna þykir þessum hv. þm. það óæskilegt — og lá við að hann setti ofan í við hæstv. forseta að leyfa slíkt — að það skyldi nú gert hér á Alþ. að rifja upp, ekki bara fyrir þingheimi, heldur og fyrir almenningi í landinu hver vinnubrögð það eru sem sumir hverjir hv. forustumenn í stjórnmálum á Íslandi leyfa sér að beita þegar þeim þykir það henta. Undan þessu kveinkaði hann sér. Og undir þetta tók hv. þm., núv. formaður Alþb. Honum þótti afskaplega óviðurkvæmilegt að það skyldi minnst á slíkt hér á Alþ. Ég skil þetta vel, því að allflestir af hv. þm. Alþb. sem ég hef rætt þetta mál við, — ég segi allflestir, ekki allir, sem betur fer, — hafa kveinkað sér undan því að ræða málið. Þeir hafa kveinkað sér undan því. (**Gripið fram í: Hverjir eru það?**) Ef menn vilja að ég fari að nafngreina hér, þá er það sjálfsagt. En ég held að það yrði ekki hagnaður fyrir hv. þm. sem kallaði fram í.

Það liggur sem sagt fyrir að hér á að skipa málum með þeim hætti við kosningu fulltrúa í fjvn. að það á að halda sér við töluna 10. Og það hefur upplýst að stjórnarflokkarnir munu stilla hér sjö mönnum á sinn lista og Alþb. þá að sjálfsögðu tveim, og ég geri ráð fyrir að Alþfl. stilli manni til kjörs. En ég vil taka það fram fyrir hönd þingflokks Samtakanna, að hann mun ekki stilla upp til þessara kosninga. Hann ætlar sér ekki að taka þátt í því að stilla upp til kosninga í fjvn. vegna þess sem á undan er gengið, því að við ætlum okkur ekki í þingflokknum að vera aðilar að neinum þeim vélbrögðum sem uppi hafa verið höfð eða kunna að verða uppi höfð af hálfu sumra hverra forustumanna í íslenskum stjórnmálum. Við ætlum því að standa fyrir utan kosningu í fjvn. að þessu sinni og tökum ekki þátt í henni. Þetta tel ég rétt að komi fram og að það liggi ljóst fyrir hver ástæðan er. Hún er sú, að ákveðinn stjórnmálaflokkur hér á Alþ. hefur rofið tveggja ára samkomulag, ætlar sér að rifta gerðum samningum, munnlegum að vísu, sem ég held þó og hef alltaf viljað taka jafngilda og skriflega. En reynslan kennir mönnum ýmislegt, og ég hygg að það sé æskilegt að allur almenningur í landinu fái vitneskju um vinnubrögð af þessu tagi, hvaða einstaklingur eða stjórnmálaflokkur það er sem slíkum vinnubrögðum beitir.

NEFNDARKOSNING.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Árnason (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Steinþór Gestsson (A),
Geir Gunnarsson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Ingi Tryggvason (A),
Lárus Jónsson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Sighvatur Björgvinsson (C).

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 19. okt., að loknum 5. fundi.

Rafmagn á sveitabýli, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram fsp. á þskj. 17. Fsp. er til iðnrh. og er svo hljóðandi:

„a. Hver er ástæða til þess að Rafmagnsveitur ríkisins geta ekki sinnt beiðnum um tengingu íbúðarhúsa í sveitum við rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins?

b. Hve margar beiðnir liggja nú fyrir um tengingu sem Rafmagnsveiturnar hafa ekki getað sinnt?

c. Hve mörg eru þau sveitabýli sem enn hafa ekki fengið rafmagn frá samveitum, en þó er ráðgert að fái það síðar?"

Ástæðurnar til þess, að ég legg fram þessar fsp., eru þær, að ég varð þess var á s. l. sumri að í mínu kjördæmi voru allmargir aðilar sem kvörtuðu sáran undan því að þeir fengju ekki hús sín tengd við rafmagnsveitukerfi ríkisins þó að húsin væru tilbúin til slíkrar tengingar. Ég vil taka það fram, að hér er um tengingu á tilbúnum húsum að ræða við rafveitukerfi þar sem þegar er búið að leggja aðaldreifilínurnar um sveitirnar, svo að hér er ekki um það að ræða að það standi á slíkum dreifilínum. Ég hef einnig orðið var við það, að svipað hefur gerst í öðrum kjördæmum landsins. Það virðist snúa heldur einkennilega við, þegar lagt er í fjárfrekar framkvæmdir til þess að koma upp raforkuverum og búið er að leggja aðaldreifikerfi um sveitir, þá skuli standa á því að tengja notendurna við kerfið. En það hefur ábyggilega borið allverulega á þessu. Því vildi ég mjög gjarnan að hæstv. iðnrh. svaraði þessari fsp. minni.

Ég vildi fá einnig upplýst hvað hér er um mikið vandamál að ræða, hve margir aðilar eiga hér hlut að máli, og einnig þá um það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar eða muni verða gerðar til þess að reyna að kippa þessu máli í lag. Jafnframt vildi ég svo að hæstv. ráðh. gæfi hér upplýsingar um annað atriði þessara rafmagnsmála, sem er í rauninni hinu óskylt, en það er hvað þeir sveitabæir séu margir sem enn hafa ekki verið tengdir við samveitukerfið, en eru þó á áætlun eða er þó ráðgert að tengja við kerfið.

Ég vænti þess að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þessum spurningum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta fsp. hv. þm. er á þessa leið: „Hver er ástæða til þess að Rafmagnsveitur ríkisins geta

ekki sinnt beiðnum um tengingu íbúðarhúsa í sveitum við rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins?"

Árlega berast Rafmagnsveitum ríkisins margar umsóknir um tengingu íbúðarhúsa í sveitum við rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Árið 1974 voru umsóknir 70 að tölu, árið 1975 voru þær 60, en í ár eru þegar komnar 110 umsóknir. Umsóknir í ár eru því miklu fleiri en áður. Til þess að sinna þeim öllum þurfti viðbótarfjármagn. Þegar iðnrn. barst vitneskja í byrjun septembermánaðar um þessa fjárvöntun brá það strax við og tókst að útvega þetta fjármagn, sem nam 50 millj. kr., upp úr miðjum sept. og var Rafmagnsveitum ríkisins falið að sinna öllum beiðnum um tengingu.

Önnur spurning hv. þm. er svo hljóðandi: „Hve margar beiðnir liggja nú fyrir um tengingu sem Rafmagnsveiturnar hafa ekki getað sinnt?"

Rafmagnsveiturnar hófu strax undirbúning að lagningu þessara heimtauga þegar fé var fyrir hendi. Öflun efnis og niðurröðun verkefna hefur verið flýtt. Þegar hefur verið hafist handa um framkvæmdir við um þriðja hluta af þessum heimtaugum, og samkv. upplýsingum Rafmagnsveitna ríkisins í dag mun öllum umsóknum, sem borist hafa, verða fullnægt á árinu ef veður og færð hamla ekki framkvæmdum.

Þriðja fsp. hv. þm. er svo hljóðandi: „Hve mörg eru þau sveitabýli sem enn hafa ekki fengið rafmagn frá samveitum, en þó er ráðgert að fái það síðar?"

Við stjórnarskiptin 1971 lá fyrir áætlun um lúkningu sveitarafvæðingar á fjórum árum, þ. e. á árunum 1972—1975. Fyrrv. ríkisstj. ákvað að stytta framkvæmdatímann um eitt ár, þ. e. að ljúka rafvæðingunni árið 1974. Þetta tókst ekki, enda seinkaði þessari áætlun mikið þegar í upphafi vegna fjárskorts. Af þessari rafvæðingaráætlun fjögurra ára eða þriggja ára, hvort sem menn vilja nota, voru á s. l. vori um 60 býli eftir ótengd og verða þau tengd á þessu og næsta ári.

ATKVGR.

Afbrigði um að 3. þm. Reykv tali úr sæti sínu samþ. með 33 shlj. atkv.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Hæstv. ráðh. gat þess áðan að honum hefði tekist að útvega fé til raforkuframkvæmda. Það var gert með því að hæstv. ráðh. tilkynnti orkuráði, sem ég á sæti í, að hann hefði ákveðið að taka úr Orkusjóði fjármuni til þess að geta lagt línur heim á sveitabýli, aðallega til rafhitunar. Ég veit ekki til þess að þetta hafi gerst áður, að Orkusjóði væri ráðstafað á þennan hátt, en ég ætla ekki að gera aths. við það. Hitt þykir mér dálítið einkennilegt, að þessi aðgerð kemur ekki fyrr en nú í haust, þegar svo mjög er liðið á árið og vitað er að framkvæmdir geta orðið erfiðar af veðurfarsástæðum þá mánuði sem eftir eru af árinu. Þarna sýnist mér að skort hafi yfirlit og fyrirhyggju. Þessi upphæð hefði átt að vera á fjárlögum ársins.

En það er sitthvað fleira, sem ég hef séð af plöggum og fengið í þessari stofnun sem ég á sæti í. Mér hefur sýnst að það skorti 190—200 millj. upp á það að Rafmagnsveitur ríkisins fái á þessu ári fjármagn sem er algerlega óhjákvæmilegt í endurbætur og viðbætur á eldri veitum. Þar koma mörg atriði til, og vanræksla á þessu sviði, sem orðið hefur í sumar, getur haft mjög alvarlegar afleiðingar þegar á næsta vetri. Það hefur ekkert verið lagt fram til stofnlínu frá Kröflu til Austurlands, sem er ákaflega veigamikið atriði og átti að vera þáttur í Kröfluvirkjuninni. Þessi stofnlína átti að vera tiltæk um leið og virkjunin tæki til starfa, vegna þess að austfirðingar þurfa á mikilli raforku að halda. Við vitum ekki annað enn þá en að þeir þurfi fyrst og fremst raforku til að hita híbýli sín. En ég tek eftir því að í fjárl. fyrir næsta ár er ekki einn eyri að finna til þessarar línulagnar. Þarna hefur sem sé skort yfirlit og fyrirhyggju frá hæstv. ráðh., og ég vil vekja athygli á þessu til þess að hv. fjvn. geti skoðað þessi raforkumál gaumgæfilega í sambandi við gerð fjárl. fyrir næsta ár, svo að þau vandræði, sem orðið hafa á þessu sumri vegna fyrirhyggjuleysis, endurtaki sig ekki.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann hefur hér gefið, en vil vekja athygli hans og fleiri á því, að það er auðvitað mjög einkennilega að málum staðið ef hv. iðnrh. hefur ekki verið kunnugt um þetta vandamál, sem fyrir lá víðs vegar um landið, fyrr en í byrjun septembermánaðar. En samkv. upplýsingunum bregst rn. skjótt við og útvegar fjármagn, nauðsynlegasta fjármagn, og reynir að ráða bót á vandanum.

Það er vitanlega alveg óviðunandi stjórn á Rafmagnsveitum ríkisins ef þær standa þannig að verki að þær koma í veg fyrir tengingu húsa sem standa tilbúin, koma í veg fyrir, að menn geti tekið hús sín til afnota, fram í septembermánuð og gera ekki einu sinni vart við sig út af því að það skorti fjármagn til þess að leysa vandann. Mér er vel kunnugt um það, að t. d. á Austurlandi sögðu forsvarsmenn Rafmagnsveitna ríkisins alveg hiklaust að þeir gætu ekki orðið við óskum manna um tengingu á húsum vegna þess að þeir hefðu ekki peninga til þess að vinna verkið. Þetta dundi á strax snemma í sumar og yfir sumarið. En það er að sjá á þeim upplýsingum sem hæstv. ráðh. gaf hér, að hann hafi ekki fengið að vita um þetta vandamál fyrr en komið var fram í septembermánuð.

Ég vænti þess sem sagt að við það verði staðið sem hér kom fram hjá hæstv. ráðh., að málið verði leyst og hann taki þá einnig til athugunar að tala á því kurteisismáli, sem ég veit að honum er lagið, við stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, sem þeir megi þó skilja, að það sé ekki ætlast til þess að standa svona að verkum.

Hafnamál Suðurlands, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. á

þskj. 17. Svo hljóðandi till. til þál. var samþ. á Alþ. 29. apríl 1974:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka hafnamál Suðurlands og gera tillögur um nýja höfn á suðurströnd landsins. Til að hefja rannsóknina og gera tillögur um framkvæmdir skal samgrn. skipa n. 5 manna. Skal einn tilnefndur af sýslunefnd Árnessýslu, einn af sýslunefnd Rangárvallasýslu, einn af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, einn af bæjarstjórn Vestmannaeyja og einn af samgrn. án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar."

Ráðh. skipaði n. samkv. þál. N. hefur væntanlega starfað eftir skipunarbréfi og í samráði við samgrn. Þykir mér því rétt að spyrjast fyrir um hvað störfum n. líði. Ekki skal efast um að n. hefur starfað samkv. því sem ætlast er til með þál. Væntanlega hefur n. gert sér nokkra grein fyrir hafnaraðstöðu á suðurströndinni og kallað sérfróða menn til ráðuneytis. Nokkrar rannsóknir höfðu áður farið fram á ýmsum stöðum á ströndinni frá Ölfusá til Víkur. Frumrannsóknir hafa farið fram við Dyrhólaey, Þykkvabæ, Þjórsárós, Eyrarbakka og Stokkseyri. Með nútímatækni er mögulegt að gera höfn þótt skilyrði séu erfið ef fjármagn er fyrir hendi. Hlutverk hafnanefndarinnar er að rannsaka til hlítar hvar skilyrðin eru hagkvæmust með tilliti til stofnkostnaðar og notagildis. Fsp. er fram borin til þess að fá upplýsingar um hversu langt n. er komin með það starf sem henni er ætlað að vinna samkv. fyrrnefndri þál.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. á þskj. 17, sem hv. 1. þm. Suðurl. var að gera hér grein fyrir, vil ég skýra hér frá gögnum þeim sem mér hafa borist frá n. þeirri sem um þetta mál hefur fjallað, en í henni eru Björn Fr. Björnsson sýslumaður, Vernharður Steingrímsson oddviti, Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur, Ingimar Ingimarsson prestur, Jón Sigurðsson hafnsögumaður í Vestmannaeyjum, og starfsmaður n. hefur verið skrifstofustjórinn í samgrn., Ólafur Steinar Valdimarsson. Skýrsla n. er svo hljóðandi:

N. hefur komist að þeirri niðurstöðu að leggja þurfi í umtalsverðan kostnað til þess að unnt sé að skila raunhæfu áliti um verkefni það sem henni er falið á hendur. Ýmiss konar forathuganir og hagkvæmnisrannsóknir eru m. a. nauðsynlegur undanfari frekari aðgerða af hálfu n. N. er sammála um að athuganir eigi að beinast að tveimur stöðum: Víkur- og Dyrhólasvæðinu svo og Þykkvabæjarsvæðinu.

Gera þarf grein fyrir því hvernig hagkvæmast megi leysa hafnamálin á vesturhluta suðurstrandarinnar. N. er sammála um eftirfarandi áætlun um verktilhögun:

Gerður verði samanburður á þeim tveim stöðum sem áður er getið, þ. e. Víkur- og Dyrhólasvæðinu og Þykkvabænum. Sams konar rannsóknir er nauðsynlegt að liggi fyrir á þessum stöðum til þess að hægt sé að gera sér fyllilega grein fyrir því hvor valkosturinn er betri.

Þess má geta, að nokkrar athugasemdir og álitsgerðir eru fyrir hendi að því er varðar Dyrhólasvæðið, en engar eða nánast það hvað viðvíkur Víkur- og Þykkvabæjarsvæðinu. Í grg. fyrir till. til þál. um rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni, þ. e. þál. 1973, 179. mál, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Þykkvabæ og við Þjórsárós hafa verið gerðar athuganir á hafnarstæði. Sérstaklega var vandað til athugana á hafnarstæði við Þykkvabæ. Var það á vegum varnarliðsins árið 1952 þegar stjórn Bandaríkjanna virtist hafa áhuga á því að gera flugvöll á Rangárvöllum og höfn í Þykkvabæ. Rannsóknir bandaríkjamanna á hafnarstæði við Þykkvabæ voru ítarlegar. Uppdráttur var gerður af höfninni og nauðsynlegum hafnarmannvirkjum ásamt kostnaðaráætlun. Verkfræðingarnir, sem unnu verkið, höfðu orð á því að hafnarstæðið við Þykkvabæ væri gott og aðstaða til hafnargerðar í betra lagi."

Eigi hefur tekist að afla neinna upplýsinga um þessar rannsóknir. Enn verður að reyna á það til fulls hvort þeirra er unnt að afla. Ef það tækist og fyrir lægju niðurstöður þeirra athugana ætti það að verða til verulegs flýtisauka og enn fremur draga mjög úr kostnaði.

Þegar lokið er athugun þarf að hefjast handa um hagkvæmnisathuganir fyrir þann valkostinn sem álitlegri er talinn.

Samhliða er rétt að fram fari athugun á lausn hafnarmála á vesturhluta suðurstrandarinnar, svo og í Vestmannaeyjum.

Þegar framangreindum athugunum lýkur er því næst hægt að taka fyrir síðasta lið athugananna, þ. e. könnun á áhrifum nýrrar hafnar og bættrar hafnaraðstöðu á suðurströndinni að því er snertir byggðarkjarna sem fyrir eru, þróun byggðarmála á Suðurlandi og landinu í heild.

Lausleg kostnaðaráætlun vegna ofannefndra athugana:

Samanburðarathugun á Víkur- og Dyrhólasvæðinu, áætlaður verktími 6—8 mánuðir og mannaflaþörf 20—24 mannmánuðir. Kostnaður er 6—7.5 millj. kr.

Hagkvæmnisathugun í endanlegum valkosti, áætlaður verktími 18—24 mánuðir, mannaflaþörf 110—130 mannmánuðir. Kostnaður 33—40 millj. kr.

Athugun á lausn hafnamála á vesturhluta suðurstrandarinnar og Vestmannaeyjum, áætlaður verktími er 4 mánuðir, mannaflaþörf 10—12 mannmánuðir og kostnaður 3—3.5 millj.

Áhrif nýrrar hafnar o. s. frv. á þróun mála, áætlaður verktími 6—8 mánuðir, mannaflaþörf 15—18 mánuðir og kostnaður 4.5—5.5 millj.

Samtals er því gert ráð fyrir samkv. lauslegri áætlun að kostnaður við athugun verði 45.5—56.5 millj. Ekki er innifalinn í ofannefndum tölum kostnaður við boranir né öldumælingar, þar sem ekki liggur fyrir hve miklar athuganir hafa farið fram á því sviði. Miðað við að ekkert hafi verið gert af þessum athugunum má ætla að kostnaður verði sem næst 30—35 millj. við þær athuganir.

Áætlun þessi gerir ráð fyrir að verkinu ljúki á 30—40 mánuðum, en stytta mætti þennan tíma verulega ef fjármagn væri til staðar.

Niðurlagsorð n. eru þessi:

N. telur verkefni sitt verulega áhugavert í eðli sínu. Hins vegar er henni það þegar fullljóst, að kostnaður við nýja hafnargerð á suðurströndinni hlýtur að verða slíkur, að óraunhæft

sé að gera ráð fyrir því að nýting hafnarinnar sem útvegs- og vöruflutningahafnar geti eins og horfir staðið undir fjármögnun þeirri sem nauðsynleg er vegna framkvæmdarinnar, og sérstaklega á þetta við ef byggingaráfangar yrðu mjög stórir.

Það er því líklegt að til þurfi að koma iðnaður sem þarfnast góðrar hafnaraðstöðu, og er þá fyrst og fremst hugsað til orkufreks iðnaðar sem mjög er um rætt og hafður á oddi, til þess að höfnin geti staðið undir fjármagnskostnaði. Ef slíkur iðnaður á að koma til álita við suðurströndina þarf að gera þá hagkvæmnisathugun sem getið hefur verið, þannig að stjórnvöld og væntanlega áhugasamir stóriðjuaðilar geti gert sér sem fyllsta grein fyrir þeim möguleikum sem aðstaðan hér býður upp á. Til þessa getur hæglega komið og þess vegna mætti þykja rétt að flýta athugunum þessum svo að valkostur um nýja hafnargerð og aðstöðu í sambandi við hana verði þá til staðar. Þetta eru meginatriðin að áliti n.

Rétt þykir að benda á að eigi væri það úr hendi, þegar staðarval hefði farið fram, að kannað væri um hug manna á svæðinu til hugsanlegrar stóriðju.

N. telur æskilegt að ákvörðunartaka um erindi þetta geti sem fyrst átt sér stað, svo að n. hafi tök á að hefja gagnasöfnun og síðan snúið sér að fyrsta þætti áætlunarinnar.

Um þetta vil ég svo segja það, að erindi þetta barst ekki fyrr en fjárlög fyrir þetta ár höfðu verið afgreidd. Hins vegar mun ég leita eftir fjármagni til áframhaldandi athugana á þessu máli, þó að það geti ekki orðið í eins stórum stíl og hér er gert ráð fyrir, enda mundi tíminn skammta það hve hratt ætti að fara í slíka athugun. En ég mun leita eftir því við fjvn. núna á þessu þingi að varið verði fé til áframhaldandi athugana á þessu máli og leita eftir því við nefndina að hún starfi áfram fáist fjárveiting, sem ég geri mér bestu vonir um.

Ég tel mig hér með hafa svarað þessari fsp. svo sem hún gaf tilefni til.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. En ég held að ég verði að mælast til þess fyrir mína hönd og allra þm. Suðurl. að þeim verði send þessi skýrsla, sem ráðh. talaði um, þessi grg. frá n., því að þótt ráðh. hafi lesið e. t. v. meginhlutann úr skýrslunni, þá er það tæplega nægilegt fyrir þm. Það er betra að við fáum skýrsluna í hendur.

Það er gott til þess að vita að n. hefur unnið og gert sér grein fyrir vandanum. Það var alltaf vitað að það væri kostnaðarsamt, bæði rannsókn og sérstaklega ef ráðist verður í hafnargerð á suðurströndinni, þá hlýtur það að verða kostnaðarsamt. Þetta var vitað þegar þm. Suðurl. fluttu till. til þál. um rannsókn á nýju hafnarstæði á suðurströndinni. Og þetta var vitað þegar hv. Alþ. samþykkti þessa till., að mig minnir alveg einróma. Hæstv. ríkissti. hefur fengið þál. til meðferðar og fyrirgreiðslu. Og við þm. Suðurl. hljótum að treysta því að ríkissti. virði vilja Alþ. og geri það sem í hennar valdi stendur til þess að ítarleg rannsókn megi fram fara.

Það er gott til þess að vita að hæstv. ráðh. ætlar að beita sér fyrir því að nokkurt fé verði veitt til rannsóknanna. Það er vitanlega ekki hægt að gera viðamiklar rannsóknir nema fá til þess nokkurt fé.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að svo stöddu, en þakka hæstv. ráðh. enn fyrir upplýsingarnar og treysti því að við þm. Suðurl. fáum afrit af skýrslu þeirri sem hv. rn. hefur fengið frá nefndinni.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir þakklæti til samgrh. fyrir þessa skýrslu og það fyrirheit hans að reynt verði að fá fjárveitingu nú til þess að halda áfram starfi þeirrar n. sem rannsaka á hafnarstæði á suðurströndinni. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að þessu starfi verði haldið áfram, enda þótt okkur vaxi e. t. v. eitthvað í augum þær upphæðir sem bygging nýrrar og vandaðrar hafnar á suðurströndinni hlýtur að kosta. Það er nauðsynlegt að vita hvaða möguleikar þarna eru fyrir hendi, og við vitum aldrei hvenær tækifæri getur komið til þess að hefjast handa. Aðstæðurnar geta breyst þannig að slíkt tækifæri fáist.

Hér er ekki tími til að ræða þetta frekar. En ég vil aðeins skýra frá því að nokkrir áhugamenn í Mýrdal hafa beitt sér fyrir því að hafnar væru lendingarbætur við Dyrhólaey til þess að eitthvað gerðist þar meðan verið væri að rannsaka þetta mál. Það var unnið þar nokkuð í haust, smávegis vitanlega, fyrir fjárveitingu sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu veitti í því skyni, til þess að skapa þar betri möguleika fyrir smábáta að komast á sjó. Ég tel að þetta sé svo athyglisvert framtak hjá þessum mönnum að það sé nauðsynlegt að styðja það frekar, og ég vænti þess að Alþ. muni líta með velvilja á beiðni um slíkt þegar hún kemur fram.

Efri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 31). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um byggingu og rekstur dagvistarheimila, eins og það er nú kallað, — dagvistarheimila fyrir börn er í sjálfu sér minna mál heldur en það kannske lítur út fyrir að vera við fyrstu sýn. Það hefur inni að halda nokkrar og ekki stórvægilegar breytingar á lögum um dagvistarheimili, — breytingar sem gera þarf fyrst og fremst til samræmingar við þær breytingar á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem ákveðnar voru um síðustu áramót. Það hefði í sjálfu sér verið hægt að flytja frv. til l. um breyt. á eldri lögum, en hentugra þótti og jafnframt aðgengilegra fyrir þm. væntanlega að flytja frv. í heild.

Með hinni breyttu greiðslutilhögun var stefnt að því að flytja ákveðin verkefni til sveitarfélaga, en hins vegar var ekki stefnt að því að draga úr framlagi til verkefnanna út af fyrir sig. Þess

vegna er nauðsynlegt að hafa áfram ákvæði í lögum um rekstrarfyrirkomulag til dagvistarheimila. Er hér gert ráð fyrir að heildarframlagið haldist innan sömu marka og áður, en þá greiddi sveitarsjóður helming rekstrarframlags á móti ríkissjóði, en nú er gert ráð fyrir að sveitarfélögin ein greiði rekstrarframlag jafnframt því sem þeim var séð fyrir tekjuauka, eins og kunnugt er. Hér er einnig verið að tryggja áframhaldandi stuðning opinberra aðila, nú sveitarfélaga, við rekstur dagvistarheimila sem rekin eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum.

Um skilgreiningu á einstökum atriðum, sem eru í sjálfu sér ákaflega einföld, vil ég leyfa mér að vísa til þeirra aths. sem fylgja þessu frv., en legg að öðru leyti til að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 26). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, höfum leyft okkur að endurflytja frv. um breyt. á útvarpslögum, þ. e. a. s. að í stað fyrri málsl. síðustu mgr. 15. gr. 1 komi: „Í reglugerð má ákveða að þeir, sem njóta tekjutryggingar samkv. l. nr. 67/1971, verði undanþegnir afnotagjöldum. Rn. skal auglýsa eftir umsóknum samkv. þessari heimild, þannig að allir eigi jafnan kost á undanþágum þessum, hvar sem þeir búa á landinu."

Ég flutti allítarlega framsöguræðu fyrir þessu frv. okkar í fyrra og sé ekki ástæðu til þess að fara eins náið út í það nú. Ástæðurnar eru ærnar. Kjör aldraðra og öryrkja eru yfirleitt lakari og brengri en annarra þjóðfélagshópa þó að margt hafi þar horft í rétta átt og vel tekist, og nú hygg ég að það sé samdóma álit allra að það sé þörf alhliða stórsóknar til að gera þessu fólki lífið léttbærara. Tekjutryggingin, sem komið var í lög árið 1971, var e. t. v. einhver merkasta úrbót sem þetta fólk hefur fengið, vegna þess að þar voru þeir lakast settir færðir verulega upp á við. Það þarf ekki að rekja það hvernig verðbólgan hefur leikið þetta fólk. Enga hefur hún leikið eins illa. Sparifé þess hefur á einni nóttu rýrnað um tugi prósenta með þeirri algildu lækningaaðferð sem beitt er jafnan í okkar efnahagsmálum sem gengislækkun nefnist, og við vitum einnig að vegna þess að grunnurinn, sem reiknað er út frá hjá þessu fólki, er enn svo lágur sem raun ber vitni, þá fer ekki hjá því að prósentuhækkanirnar vega minna, þó að þær séu jafnháar og almenn hækkun launa í landinu. Það er því áreiðanlegt að fólk, sem hefur aðeins tekjutrygginguna í dag, er ekki ofhaldið í kjörum. Þetta má bæta á margan veg, en það kemur mjög til greina að leita leiða til þess að létta útgjöldum af þessu fólki, og frv. er einmitt af hálfu flm. smáspor í þá átt.

Skylduútgjöld aldraðra og öryrkja eru óhjákvæmileg, útgjöld sem þeir hljóta að verða að taka á sig. Ég hef áður minnt á það við nokkur tækifæri hve þungbær útgjöld þessa fólks eru á þeim svæðum sem ég kalla „köldu svæðin" og á þar við olíukyndikostnaðinn. Þetta fólk býr oft í stóru og óhentugu húsnæði. Ég hef dæmi um það nú nýlega frá öldruðum hjónum austur á landi að útgjöld þeirra munu að öllum líkindum fara upp í 160 þús. kr. af þessum völdum á árinu, þrátt fyrir það að olíustyrkurinn sé dreginn frá. Þau búa að vísu í mjög stóru húsnæði sem þau eiga erfitt með að losa sig við, og auk þess er húsinu vitanlega ekki nógu vel við haldið. En þetta er engu að síður satt dæmi. Og slík dæmi um ýmis útgjöld þessa fólks væri hægt að nefna miklu fleiri.

En aðalástæðan fyrir því að við erum með frv.-flutning af þessu tagi, til viðbótar því sem ég hef áður sagt, er sú, að hér er um að ræða rýmkun á núgildandi heimild til þess fólks sem fær uppbót ofan á tekjutrygginguna vegna sérstaklega erfiðra aðstæðna. Við teljum sem sagt að ef við færum þetta í það form sem gert er ráð fyrir í frv., þá séum við í raun og veru að færa þetta á þann veg sem ætlast var til þegar undanþágan var sett. Þá var uppbót á venjulegan lífeyri í raun og veru mjög hliðstæð því sem nú er gagnvart því fólki sem er á tekjutryggingunni. En reglugerðartúlkunin í dag er ótvíræð um það að tekjutryggingarfólkið skuli ekki fá þetta, heldur aðeins það fólk sem fær uppbót ofan á tekjutrygginguna. Ég hef tekið eftir því víða úti á landi að þar er þessi uppbót ákaflega óalgeng, og ég held að ég fari rétt með að hún sé um það bil þrisvar sinnum óalgengari, miðað við íbúafjölda, úti á landsbyggðinni, a. m. k. í mínu kjördæmi, heldur en hér í Reykjavík. Þetta stafar m. a. af því, að þegar fólk hefur náð því marki að komast í tekjutrygginguna, þá hefur það ekki fengið nógu góðar upplýsingar og ekki sótt sinn rétt til uppbótar, því að ég hygg að það sé ekkert betur statt eða betur á vegi komið, það fólk sem er úti á landsbyggðinni, heldur en aldraða fólkið hér í Reykjavík. Fólkið hér hefur aðeins betri upplýsingar um þetta. Það eru fleiri aðilar sem hér leiðbeina því, m. a. frá borgaryfirvöldum hér, sem gera töluvert í því að upplýsa þetta fólk, til viðbótar við það að Tryggingastofnunin heldur uppi miklu betra upplýsingakerfi enn þá hér í Reykjavík heldur en úti á landi, þó að ég viðurkenni einnig að upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins um rétt fólksins hafa farið mjög batnandi og hafa verið stórauknar.

Það þarf, held ég, ekkert að deila um það hve fjölmiðlarnir eru mikilvægir fyrir þetta fólk sem oft lifir í tiltölulega mikilli einangrun, stundum sem gleymt af sínu samfélagi og reyndar af sínum nánustu einnig. Þess vegna er það álit okkar flm. að þetta fólk eigi að njóta þessara fjölmiðla án þess að greiða fyrir það töluvert tilfinnanlegan hluta af sínum árslaunum.

Við flm. höfum ekki um það tiltækar upplýsingar, hve mikill fjöldi það er sem mundi njóta þessarar undanþágu til viðbótar ef heimild fengist. Við teljum sjálfsagt að það sé athugað áður en þetta frv. yrði samþykkt, ef við yrðum svo heppnir að fá það samþykkt. Og þá kemur vitanlega alltaf upp spurningin um þá misnotkunarhættu sem á þessu er. Við gerum okkur það alveg ljóst, flm., að þarna er um misnotkunarhættu að

ræða. Það er talað um fólk sem getur notið þessara fjölmiðla hjá sínum. Við bendum auðvitað á að þessi misnotkunarhætta er alveg eins til staðar í dag fyrir fólk sem fær uppbót ofan á tekjutrygginguna, þó að hún hafi að vísu nokkuð aukist með auknum fjölda. En misnotkunarhættan er víða, og ef við ættum að setja þar undir lekann alls staðar, þá er ég hræddur um að fá réttlætismál kæmust í gegn eða hefðu komist í gegn, ef við værum alltaf með stöðugan ótta við það. Við reiknum með því að í reglugerðinni verði sett nánari ákvæði um þetta, og við höfum ekkert að athuga við það, þó að ákvæðin verði þrengd þar og reynt að sjá til þess að um misnotkun verði ekki að ræða, síður en svo. En við viljum hins vegar fá mikla breytingu á þessu frá núgildandi skipan, þannig að sem allra flest af þessu fólki njóti þessarar undanþágu.

Þá er komið að einu veigamiklu atriði sem við höfum tekið fram í okkar grg. Það er um tekjutap viðkomandi stofnunar, en í þeirri stofnun er mjög oft borið við lélegum fjárhag, og ég skal ekki rengja þá ágætu stofnun um það að hún sé illa á vegi stödd fjárhagslega. En við tökum það einnig fram, að verði talið að um mikið tekjutap verði að ræða hjá viðkomandi stofnun, þá sé sjálfsagt af hálfu okkar að reyna að finna þar á einhverja lausn, og við mundum fúslega styðja það og þætti ekkert óeðlilegt við það, þó að þar væri e. t. v. einhverju bætt ofan á okkur sem betur þolum þessi gjöld.

Það þykir e. t. v. einhverjum einkennilegt að rn. skuli auglýsa eftir umsóknum samkv. þessari heimild, eins og í frv. segir, þannig að allir eigi jafnan kost á undanþágum þessum, hvar sem þeir búa á landinu. En þetta höfum við flm. sett inn vegna þess að við þekkjum þess mörg dæmi hvað fólk er undarlega ófrótt enn þá um rétt sinn. Besta sönnunin fyrir því er einmitt það sem ég sagði áðan um það, að víða úti á landi sækir fólk alls ekki eins vel þennan rétt sinn og t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég sé ekki ástæðu til að gera þessu máli frekari skil. Þetta er einfalt mál í sniðum og þarf eflaust að athuga vel í meðferð n., kanna hvaða áhrif þetta hefur, ekki síst fyrir þá stofnun sem er verið að ræða um, Ríkisútvarpið Ég er þó alveg viss um það, að þegar þessi undanþága var sett, þá var átt við að miklu leyti það fólk sem í dag er svokallað tekjutryggingarfólk. Þar af leiðandi erum við í raun og veru aðeins að færa þetta á þann veg sem ætlunin var með þessari undanþágu í upphafi. Ég þekki svo aftur mörg dæmi um það hve illa gengur fyrir fólk að fá dæminu snúið við ef einhver þess nánasti hefur verið svo góður að kaupa handa því sjónvarpstæki og það síðan verður að borga af þessu sjónvarpstæki, að fá þar nafnaskipti á. Ég hef eitt dæmi um það austan frá Seyðisfirði þar sem eru öldruð hjón sem bæði hafa uppbót ofan á venjulega tekjutryggingu. Dóttir þeirra er öryrki með uppbót ofan á venjulega tekjutryggingu. Og af því að sonur þeirra slysaðist til þess að gefa þeim sjónvarp á sínum tíma, maður sem er reyndar alltaf fjarverandi úti á sjó og nýtur þessa sjónvarps ekki, heldur þetta fólk, þá er útilokað af hálfu þessarar ágætu stofnunar að fá nafnbreytingu hér á. Það er verið að svindla, segja þeir uppi í Ríkisútvarpi, þegar komið er með þetta mál. Þarna geta því komið upp einnig ýmis dæmi sem væri full þörf á að athuga frekar.

Ég vísa svo aðeins til grg. okkar, niðurlags hennar, þar sem segir að samfélagið eigi að koma til móts við þetta fólk þar sem þess er kostur á þeim sviðum þar sem þörfin er brýn. Allt, sem þokar burtu á einhvern hátt einmanaleik allt of margra úr þessum hópi, telst til brýnustu samfélagsþarfa þessa fólks. Því er lagt til að heimild þessi verði rýmkuð svo að fleiri njóti góðs af. Ég veit að þetta frv. mun út af fyrir sig eða meginhugsun þess eiga sér góðan hljómgrunn hér í hv. d., og að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að óska þess að frv. verði vísað til hv. menntmn.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil láta koma fram við 1. umr. þessa máls, að ég tel að undanþágur á borð við þá, sem aldraðir njóta hjá Ríkisútvarpinu, séu í sjálfu sér mjög óæskilegar og það er skoðun innheimtumanna Ríkisútvarpsins að þessar undanþágur hafi verið mjög verulega misnotaðar. En þar fyrir utan er útvarpið í stöðugri fjárþörf, eins og 1. flm. gat um, og það er ekki hægt að segja að það sé sérstök ástæða til þess að sú stofnun sem slík leggi af mörkum peninga í þessu skyni, til þess að greiða fyrir öldruðum, því að hún hefur vissulega ekkert aflögu. Þá má eins hugsa sér að bæta það eftir öðrum leiðum. Annað er e. t. v. enn þá verra í þessu kerfi, eins og það hefur verið hjá okkur, að útvarpið sjálft, innheimta þess, hefur enga möguleika til þess að fylgjast nokkurn skapaðan hlut með því sem barna er að gerast, fær bara tilkynningar frá Tryggingastofnuninni og verður að haga sér eftir þeim.

Ég er sammála innheimtumönnum Ríkisútvarpsins að svona undanþágur bjóði misnotkun heim. Án þess að fara nokkuð út í að rekja einstök dæmi um það, þá vil ég aðeins geta þess að persónulega er mér kunnugt um atvik þar sem ungur maður seldi ömmu sinni sjónvarpið sitt. Ég ætla ekki að fara að rekja svona dæmi, en bæði liggur þetta í hlutarins eðli og það er reynsla þeirra sem næst þessu hafa komið, að það sé nokkuð um þetta.

Hitt er svo annað mál, að ég er hv. 1. flm. sammála um að þörf sé lagfæringar á kjörum aldraðra. Það er svo annað mál. En ég tel eðlilegt að í sambandi við aðgerðir til úrbóta þar, almennar aðgerðir, yrðu þessar undanþágur afnumdar, þær sem verið hafa, en ekki útvíkkaðar, þær yrðu niður felldar, og þá yrði að bæta þann skaða, sem aðilar yrðu fyrir af þeim sökum, eftir einhverjum öðrum leiðum. Ég tel sem sagt óeðlilegt að viss hluti af framfærslu aldraðra sé færður yfir á tilteknar ríkisstofnanir sem geta ekki fylgst að neinu leyti með því hvernig slíkt er framkvæmt.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér og ég árétta það, það er búið að koma þessu á. Ég er ekki að mæla með að því verði svipt burt án þess að eitthvað komi í staðinn. En ég legg eindregið til, þar sem mér skilst að nú sé fram undan að taka til skoðunar kjör aldraðra, að

þegar það verður gert, þá verði íhugað að fella niður þessar undanþágur, sem í gildi hafa verið, og bæta það upp á annan hátt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. menntmrh., að æskilegt væri að séð væri fyrir framfærslu aldraðra á þann hátt að undanþága frá gjöldum sem þessum væri óþörf. En þetta er bara ekki gert. Sannleikurinn er sá, að það er ekki séð fyrir framfærslu aldraðra á þann hátt að undanþága frá gjöldum á þennan hátt sé óþörf. Þvert á móti er séð fyrir framfærslu aldraðra í sjauknum mæli á þann hátt að þörf er fyrir æ fleiri undanþágur frá gjöldum sem þessum, til þess að þetta fólk geti lifað og búi ekki við skort. Raunar miðar þetta frv., sem við flytjum hv. þm. Helgi Seljan, að því að reyna að tryggja það að stofnunin sem hér um ræðir, Ríkisútvarpið, sniðgangi ekki lög sem fyrir eru um þessar undanþágur.

Okkur er ljóst að þessi ákvæði sem og mjög mörg önnur svipaðs eðlis er hægt að misnota. Vitaskuld er hægt að misnota þessi ákvæði, þó að ég neiti að trúa því að dæmið, sem hæstv. menntmrh. nefndi áðan um göfugmennið sem seldi ömmu sinni sjónvarpið til þess að sleppa við afnotagjöld af því, slík dæmi séu marktæk, að það sé hægt að nefna slík dæmi í andmælum gegn efni þessa frv., raunverulega í þeim anda að slík dæmi eigi að hafa áhrif á afstöðu manna með eða móti þessu frv. Jú, mér er kunnugt um það að innheimtumenn Ríkisútvarpsins hljóta að hafa sínar grunsemdir um að undanþáguákvæðin séu misnotuð og jafnvel viss um það í sumum tilfellum. Ég neita aftur á móti að trúa því að innheimtumönnum Ríkisútvarpsins og eftirlitsmönnum þess sé gersamlega ókleift að fylgjast með því hvort þessi ákvæði séu misnotuð. Vitaskuld er hægt að fylgjast með þessu. Það væri jafnvel hugsanlegt að kveða á um það með reglugerð með hvaða hætti skyldi gera ráðstafanir til þess að draga úr hættunni á misnotkun. En þessi hætta er hverfandi lítil hjá þeirri þörf sem gamla fólkið hefur fyrir það að þessum gjöldum verði af því létt. Ýmsar ráðstafanir eru hugsanlegar til þess að koma í veg fyrir misnotkun. Ég vænti þess nú ekki að hæstv. menntmrh. vildi ganga svo langt að láta gera tilraunir til þess t. d. að tengja fram hjá sjónskermi og reyna að komast beint inn á sjóntaug þessa gamla fólks. Það má fara bil beggja. En ég staðhæfi að það sé hægt að hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða, og ég veit að þörfin fyrir þetta er mjög mikil.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntm. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

ATKVGR.

Afbrigði um að 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, og 6. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, megi tala úr sætum sínum í deildinni á þessu þingi samþ. með 27 shlj. atkv.

Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 15). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þegar frv. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands var til umr. hér á hv. Alþ. voru gerðar á því nokkrar breyt. á síðustu stundu og frv. fór á milli d. Þessi lög áttu að koma og komu til framkvæmda frá og með 1. júlí á þessu ári. En í ljós kom að í þremur tilteknum atriðum var um villur að ræða sem þurfti að leiðrétta, og þess vegna var talið eðlilegt að gefa út brbl., þannig að þessar leiðréttingar tækju gildi jafnframt því sem lögin sjálf tóku gildi, eða frá og með 1. júlí á þessu ári. Hér er ekki um neinar breyt. að ræða frá gildandi lögum, annað en það að leiðrétta nánast þessar villur sem fram komu fyrir það að þær brtt., sem samþ. voru, voru ekki nægilega vel athugaðar vegna þess hve aðkallandi var að afgr. frv. á síðustu stundu á síðasta þingi.

Forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. sjútvn.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Það er ekki ástæða til þess að ræða mikið um það frv. sem hér liggur fyrir, því það er, eins og hæstv. sjútvrh. sagði, flutt til staðfestingar á brbl. þar sem verið var að taka af tvímæli um ákvæði í lögum og leiðrétta nokkur mistök. Ég hygg að enginn ágreiningur sé um efni þessa máls út af fyrir sig.

En ég vil nota þetta tækifæri til þess að ræða hér nokkuð um skylt mál þessu, en það er um stöðuna í okkar landhelgismálum eins og nú er komið. Við vitum öll að samkv. gerðu samkomulagi við breta eiga veiðiheimildir þeirra innan okkar fiskveiðilandhelgi að falla niður 1. des. n.k. eða eftir einn mánuð og tíu daga þar um bil. Við höfum líka heyrt það að bretar virðast vera mjög ákafir í að skapa sér aðstöðu til þess að taka upp samninga við okkur á nýjan leik um fiskveiðiheimildir í fiskveiðilandhelgi okkar og ef þeir geri það ekki beint sjálfir, þá geri Efnahagsbandalag Evrópu það fyrir þeirra hönd og þá einnig fyrir hönd annarra ríkja.

Af okkar hálfu hefur það nokkuð komið fram í umr. um þetta mál, að rætt hefur verið um að til greina gætu komið af okkar hálfu samningar við aðrar þjóðir um veiðiheimildir á svonefndum gagnkvæmum grundvelli, þ. e. a. s. að við heimiluðum veiðimönnum frá öðrum löndum að veiða hér í okkar fiskveiðilandhelgi gegn því að okkar fiskimenn fengju sams konar eða hliðstæðan rétt í fiskveiðilandhelgi þeirra.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel að umr. af þessu tagi af okkar hálfu séu mjög óheppilegar og varhugaverðar, eins og staðan er nú. Ég tel að eins og málin liggja nú fyrir, þá sé ekki um neina slíka samninga að gera. Við vitum að bretar eða Efnahagsbandalagsþjóðir hafa ekkert fram að færa varðandi veiðiheimildir fyrir okkur sem kemst í neinn samjöfnuð við það sem þeir eru að leita eftir hjá okkur. Þar gæti aðeins verið um það að ræða að bjóða okkur viss réttindi til síldveiða í Norðursjó, en við vitum mætavel að þau réttindi eru sáralítils virði eins og sakir standa, og fyrir slík réttindi getum við

ekki veitt neinar veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

Það hefur komið fram skýrt og greinilega, að verði fiskveiðilandhelgin við Grænland færð út í 200 mílur, þá er sú landhelgi fyrir utan áhrifasvæði Efnahagsbandalagsins. Það getur því ekki boðið ein eða nein réttindi innan þeirrar fiskveiðilandhelgi, enda er sama um það að segja, að veiðiréttindi fyrir okkur í grænlenskri fiskveiðilandhelgi, þó að hún næði út í 200 mílur, þau réttindi væru okkur mjög lítils virði, miðað við okkar útgerðarháttu eins og nú standa sakir, enda ástand fiskstofnanna við Grænland jafnvel enn þá verra en ástandið er hér við land.

Það er skoðun mín að eins og þessi mál snúa við nú, þá sé mjög nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld tali skýrt í þessu máli og geri öllum hlutaðeigendum ljóst að samningar af okkar hálfu um veiðiheimildir til handa Bretum eða öðrum Efnahagsbandalagsþjóðum koma ekki til greina eftir að samningar eiga að falla úr gildi nú 1. des. n.k. Ég álít að þetta beri að gera sem allra fyrst, að íslensk stjórnvöld gefi yfirlýsingu um þetta, að viðræður af hálfu breta eða Efnahagsbandalagsins við okkur um þessi mál séu með öllu gagnslausar, við séum ekki til viðtals um að veita neinar veiðiheimildir eftir 1. des. n.k.

Inn í umr. um þetta mál á að sjálfsögðu ekki að blanda á neinn hátt því sem kann að geta komið upp varðandi þessi mál eftir mörg ár, 5 ár, 10 ár eða eitthvað slíkt. Vissulega getur það komið til greina að við metum okkar stöðu þannig að við léðum máls á einhverjum gagnkvæmum samningum þegar aðstæður væru til þess. En ekkert slíkt liggur fyrir í dag, og því á að taka af allan vafa og ekki að fara að taka þátt í gagnleysisumræðum um þessi mál eða láta flækja okkur í málið á einn eða annan hátt. Ég varpa því þess vegna fram hér, að ég óska eindregið eftir því að hæstv. ríkisstj. gefi yfirlýsingu um það nú sem allra fyrst, einmitt í tilefni af því sem fram er að koma frá hálfu breta og Efnahagsbandalagsins, að það komi ekki til greina af okkar hálfu að framlengja samkomulagið sem á að renna úr gildi 1. des. n.k., ekki í einu eða neinu formi, og það komi ekki til mála af okkar hálfu að gera samninga um svonefnd gagnkvæm réttindi, eins og mál standa nú, eða yfirleitt að veita aðilum Efnahagsbandalagsins eða Bretlands nein veiðiréttindi eftir 1. des. innan okkar fiskveiðilandhelgi.

Í öðru lagi tel ég að það eigi að liggja skýrt fyrir að allar aðrar veiðiheimildir, sem leyfðar hafa verið útlendingum, eigi einnig að falla niður svo fljótt sem hægt er, og ég hafði gert ráð fyrir því að þær gætu allar fallið niður 1. des. n.k. Sé þörf á því að segja einhverjum af þeim samningum upp sem gerðir hafa verið um þetta efni, þá þarf að gera það hið fyrsta, en annars sjá um að veiðiheimildir útlendinga falli allar niður.

Það hefur verið minnst á það af ýmsum aðilum, að við getum e. t. v. litið nokkuð sérstökum augum á aðstöðu færeyinga varðandi þessi mál. Þá ber að taka það sérstaklega til athugunar, að hvaða marki við treystum okkur til þess að veita þeim hér sérstöðu, og ekki blanda því á neinn hátt saman við annað. Það er sjálfsagt að það verði athugað í samstarfi á milli flokka hvort við treystum okkur til þess, miðað við okkar erfiðu aðstöðu, eða ekki.

Ég legg einnig á það áherslu, að ríkisstj. lýsi því yfir að hún geri ráðstafanir til þess eða hafi þegar gert ráðstafanir til þess að þessar veiðiheimildir annarra falli einnig niður svo fljótt sem hægt er. Ég veit að það þarf ekki að rökstyðja það fyrir hv. alþm. vegna hvers það er nauðsynlegt fyrir okkur að halda á málunum á þennan hátt. Við búum enn þá við það ástand fiskstofnanna hér við landið er tvímælalaust mjög veikt, hvort sem það er nú jafnsvart og sagt hefur verið af okkar fiskifræðingum eða ekki, það er annað mál. En ég held að það sé enginn vafi á því og ég held að enginn maður efist um það, að staða t. d. þorskstofnsins við landið er mjög veik, ástandið þar sé mjög veikt. Það er greinilegt að á þessu ári verður tekið úr íslenska þorskstofninum mun meira aflamagn en fiskifræðingar höfðu ráðlagt. Ég tek það skýrt fram, að ég ásaka ekki hæstv. sjútvrh. né ríkisstj. fyrir að hafa ekki gengið lengra en hún hefur gert eða hann hefur gert til þess að draga úr veiði íslendinga. Ég tel að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af okkar hálfu til þess að draga úr okkar eigin veiði, umtalsverðar ráðstafanir þegar á allt er litið, hafi verið þannig að það hafi ekki verið ástæða til þess að ganga þar lengra og ekki auðvelt að gera það. En hitt er jafnljóst, að því miður hafa útlendingar fengið að taka hér, mestmegnis samkv. samkomulagi, allmiklu meira aflamagn á þessu ári en æskilegt hefði verið. En um það standa auðvitað deilur, eins og við vitum, hvort við hefðum getað losnað við sókn þeirra meira en raun hefur á orðið eða hvort þetta var skásta útkoman eða ekki sem orðið hefur. En það er enginn vafi á því, að það verður veitt úr íslenska þorskstofninum það mikið á þessu ári, það miklum mun meira en fiskifræðingarnir höfðu ráðlagt, að menn eru talsvert hræddir um stöðuna, og við verðum eflaust að halda uppi okkar hömlureglum einnig á næsta ári þó við þurfum virkilega á því að halda að draga meiri afla á land en við höfum gert. Af þessum ástæðum er það, að við getum ekki undir þessum kringumstæðum — ekki með nokkrum hætti — léð máls á því að fara að semja við útlendinga um hluta af þessum takmarkaða afla okkar. Þar verðum við að nota okkur allan þann rétt sem við höfum, alla þá aðstöðu sem við höfum og megum ekki ljá máls á því að fara að þinga við aðra um að bleypa þeim inn í okkar fiskveiðilandhelgi eftir þann tíma sem hér hefur verið rætt um.

Mér fannst ástæða til að koma þessu hér á framfæri undir þessum dagskrárlið, þó að það falli ekki beint undir það frv. sem hér liggur fyrir. En hér er um skylt mál að ræða og ég taldi heppilegra að segja þessi orð mín hér heldur en taka málið upp sérstaklega utan dagskrár. En ég vil vænta þess að hæstv. ríkisstj. geti fallist á þessi sjónarmið mín og hún láti frá sér heyra alveg á næstunni skýlausar yfirlýsingar í þessa átt, svo að enginn vafi þurfi að vera á því við hverju má búast í þessum efnum, þannig að við séum ekki heldur að þvælast út í samningaviðræður um mál sem við ætlum ekki að

semja um og getum ekki samið um. Af því tel ég að yfirlýsingarnar þurfi að vera skýlausar og hreinar, þannig að það leiki enginn vafi á því hvað er meint.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Það fer ekki á milli mála að ríkisstj. hefur lýst þeirri skoðun sinni að landhelgin var færð út í 200 mílur með það fyrir augum að íslendingar nýttu landhelgi sína einir og fyrir sína fiskimenn og fyrir sitt þjóðarbú. Það hefur ekki farið á milli mála. Sú skoðun og sú stefna er vafalaust óbreytt hjá ríkisstj. Ég hygg að það sé lítill eða enginn skoðanamunur á milli mín og hv. síðasta ræðumanns í þessum efnum. En það er vafalaust ágreiningur um það hvaða hátt við eigum að hafa á. Ég tel að ríkisstj. eigi að eiga viðræður við breta eða Efnahagsbandalagið um gagnkvæman rétt. Við höfum lýst því yfir, að við blöndum ekki saman tollamálum og fiskveiðiheimildum. Það er skýr og afdráttarlaus stefna. Og það var einmitt það sem ýmsir þm. héldu fram, að það ætti að blanda þessu saman og þess vegna hefði framkvæmd bókunar nr. 6 ekki nema takmarkað gildi fyrir okkur íslendinga, því að þjóðir Efnahagsbandalagsins yrðu fljótar að blanda þessum tveimur málum saman.

Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort það verður ofan á í Efnahagsbandalaginu að þessum óskyldu málum verði aldrei blandað saman eða ekki. En stefna okkar er sú, að við erum ekki til viðræðna um fiskveiðilandhelgi og tollamál í sömu andránni. Það er hrein, skýlaus stefna íslensku ríkisstj.

Það er hárrétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að við höfum gert samning við útlendinga um takmarkaðar veiðar til takmarkaðs tíma. Samningurinn við breta rennur út 1. des. Hann kveður á um viðurkenningu breta á því að Ísland eigi einhliða rétt að hagnýta sér 200 mílna fiskveiðilandhelgi, og það er langstærsti sigurinn sem þessi litla þjóð hefur unnið á breska heimsveldinu. Hins vegar lýstum við því yfir, að við værum reiðubúnir til viðræðna og hlusta á það sem Efnahagsbandalagið eða bretar hefðu fram að færa, ef ekki næst samkomulag á milli ríkja Efnahagsbandalagsins um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Þar er ég ósammála hv. síðasta ræðumanni, að við eigum fyrir fram að lýsa því yfir að við viljum alls ekki við þessar þjóðir ræða. Ég vil hlusta á þær fyrir mitt leyti, og ég vona að ríkisstj. öll geti tekið undir það. Ég hef aldrei heyrt annað en að við séum reiðubúnir að ræða við þessa aðila um gagnkvæm fiskveiðiréttindi, og ég held að ég megi einnig segja það fyrir hönd allrar ríkisstj., að ríkisstj. er staðráðin í því að gera aðeins samninga ef hún telur að það sé heppilegt og hagstætt frá hendi okkar íslendinga sjálfra, en ekki frá hendi annarra þjóða sem við er rætt.

Ég held líka að það væri mjög óskynsamlegt, eins og málin standa, að lýsa því yfir að við ætlum að segja upp öðrum samningum núna með 6 mánaða fyrirvara. Við höfum ekki gefið nokkurri þjóð ádrátt um framhald samninga, og ég trúi því ekki að það verði gert. Vestur-Þjóðverjar hafa samning til nóvemberloka. Þar er um óverulegan þorskafla að ræða, kominn fyrir rúmum mánuði lítið eitt á þriðja þús. tonn. Þorskafli belga og norðmanna er nú svo takmarkaður að ég efast um að hann nái yfir árið meira en 400 tonnum. Þorskafli færeyinga er sá stærsti og mesti fyrir utan bretana.

Í sambandi við samskipti við aðrar þjóðir er mikið atriði, hvernig þau samskipti ber að, hvort það er sagt að við viljum ekkert við þær tala eða hvort það er sagt að við viljum tala við þær á ákveðnum grundvelli, en við séum harðir og ákveðnir í okkar fyrirætlunum.

Ég tel að við stöndum frammi fyrir mjög miklu vandamáli, sem er: Hver verður staða Grænlands? Kemur Efnahagsbandalagið á einhvern takmarkaðan hátt til þess að hafa þar íhlutun eða verða danir þar einir ráðandi, tæplega verða það á næstu mánuðum grænlendingar einir. Þangað höfum við íslendingar sótt oft og tíðum æðimikinn afla. Ég vil sérstaklega vekja athygli þingheims á því, að með loðnuveiðunum úti fyrir Vestfjörðum og út af Norðurlandi, sem gerðar voru tilraunir með í fyrra, sem báru mjög lítinn árangur, og aftur voru gerðar tilraunir í sumar, sem báru mjög mikinn og góðan árangur, þar kom í ljós að nokkra daga voru þessar veiðar stundaðar Grænlandsmegin miðlínu á milli Grænlands og Íslands, og ef Grænland hefði verið búið að færa út sína landhelgi, þá hefðum við ekki getað stundað þessar veiðar. Við skulum einnig gera því á fæturna að þetta geti endurtekið sig, við skulum segja næsta sumar, verði loðnan það langt undan landi. Ef búið verður að færa út í 200 mílur, höfum við þá ekki komið okkur í mjög óþægilega stöðu ef við ætlum að segja að við ætlum við enga að tala og enga að semja? Þetta eru hlutir sem við verðum að fara gætilega í. Við verðum því að haga okkur á þann veg, að við sleppum ekki frá okkur neinu tækifæri, en erum þrátt fyrir það staðráðin í því að halda fast á þeirri stefnu sem við mörkuðum þegar ákvörðun var tekin um að færa fiskveiðilandhelgina út í 200 mílur. Fyrst á s.l. ári og þó alveg sérstaklega á þessu ári minnkar verulega hlutdeild útlendinga í fiskaflanum sem tekinn er innan 200 mílna fiskveiðilandhelgi.

Þegar á allt er litið, þá er í raun og veru ekki ágreiningur á milli mín og hv. 2. þm. Austurl. um að þetta sé rétt stefna og að þessu eigum við að vinna, heldur virðist ágreiningurinn fólginn í því, hvernig eigi að koma fram, hvort það eigi að svara þjóðum og fulltrúum annarra þjóða á þann veg, að við viljum hlusta á það sem þær hafa að bjóða okkur, eða hvort við eigum að segja við alla: Við ætlum ekki að tala við nokkra þjóð eða nokkurn mann um neitt sem lýtur að fiskveiðimálum. — Samstarf á sviði hafréttarmála er það víðtækt og nauðsynlegt að hafa góð samskipti, einkum við nágrannaþjóðir okkar, að við eigum þar engu tækifæri að sleppa. Við skulum einnig hafa það ríkt í huga, að Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna er ekki enn þá lokið, þó að við teljum að okkar málstaður standi þar nokkuð traustum fótum. Flestir okkar bjuggust við því að niðurstaða Hafréttarráðstefnunnar mundi liggja fyrir nú á þessu hausti, en svo er ekki, því miður, eins og allir vita.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í mál þeirra núv. hæstv. ráðh. og fyrrv. sjútvrh. í sambandi við samninga við önnur ríki um nýtingu okkar landhelgi og reyndar annarra þá um leið, enda máske frekar talið að það ætti heima í væntanlegum umr. um mál nr. 28, um samninginn sem gerður var við Breta. Það má hins vegar segja sem svo, að það geti líka átt heima undir því máli sem við erum að ræða nú. En það var ekki það sem ég vildi koma á framfæri í þessum fáu orðum mínum að þessu sinni, þótt ég hins vegar geti ekki annað en bent á þá staðreynd, að þrátt fyrir góðan vilja og stórhug manna af öllum flokkum hefur okkur samt sem áður tekist hvað best þegar við höfum tekið fyrir kannske smærri hlutinn og unnið fast að honum og staðið hart að honum.

Persónulega hefði ég álitið að nú á þessu hausti hefðum við getað komist hvað lengst ef við hefðum getað örugglega tryggt okkur meðal allra þjóða, — og þá er það að sjálfsögðu með hliðsjón af því að ekki er enn þá lokið Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og niðurstaða liggur ekki fyrir frá henni enn þá, — ef við hefðum getað fengið skilyrðislausa tryggingu fyrir 50 mílna einkalögsögu. Þá á ég að sjálfsögðu við að þá verði ekki um aðra að ræða en íslendinga innan 50 mílnanna og utan þeirra gætum við komist það langt, að við gætum þá um leið, svo sem við að sjálfsögðu höfum skilyrðislausan rétt til, verið með alfriðuð svæði fyrir annarra þjóða skipum og reyndar okkar líka, sem ég tel mikla nauðsyn á víðs vegar kringum landið.

Eitt vil ég taka undir með hv. 2. þm. Austurl., og það er um ástand okkar fiskstofna. Ég tel það ekki jafnsvart og svarta skýrslan hefur talið, og það er ýmislegt sem bendir til þess og þó sérstaklega upplýsingar okkar fiskimanna og sú veiði sem hefur borist að landi víðs vegar í kringum landið. Auk þess hefur verið mikið gert að því að létta á okkar þorskstofni. Það er enginn vafi á því að bæði sumarloðnan, sem hefur gefið okkur hundruð millj. í þjóðarbúið í tekjum, kolmunnaveiðin þótt það vanti töluvert á að sú veiði geti orðið okkur að fullu gagni, og spærlingsveiðin, allt eru þetta hlutir sem við eigum eftir að njóta góðs af, og þær tilraunir, sem gerðar hafa verið á yfirstandandi ári, eru þess eðlis að við megum vænta góðs af. Þá má einnig benda og ekki síst á rækjuveiðarnar á djúpmiðum sem æ fleiri eru nú að ganga til að stunda. Sjálfur hef ég líka trú á því, að þegar alfriðaður hefur verið um nokkur ár hinn svokallaði grálúðustofn, sem mikið hefur verið sótt í af einmitt erlendum togurum, þá eigum við þar mikil verðmæti sem við getum nýtt jafnt öðrum okkar fiskstofnum.

En aðalerindi mitt hingað í ræðustól nú er að benda á og ræða um einn fiskstofn sem ég tel algjörlega vannýttan og þá vannýttan sérstaklega vegna hjátrúar og öfgafullra hleypidómamanna sem telja að það sé vá fyrir dyrum ef flatfiskur sé veiddur á grunnmiðum. Á ég þar að sjálfsögðu við skarkolann og undarlega afgreiðslu á till. einmitt okkar færustu manna, sem sumir vilja trúa á þegar það hentar þeirra skoðunum, en fyrirlíta og henda til hliðar ef það passar ekki þeirra trú, og svo er t. d. um skarkolaveiðina í Faxaflóa. Það liggur nú fyrir að á vegum Hafrannsóknastofnunar ríkisins hafa verið gerðar tilraunaveiðar í sumar skv. till. fiskifræðinganna með möskvastærðina 170 mm. Ég hef ekki hjá mér núna þær skýrslur sem borist hafa um þessar veiðar, en þá viku, sem ég hafði síðast fregnir af, og ég tek fram að þessar veiðar eru stundaðar á bönnuðu svæði fyrir slíkar veiðar, þá kom í ljós að sá eini bátur, sem var á vegum stofnunarinnar, hafði veitt 24 tonn af hinum ágætasta flatfiski, fengið 15 þorska og 6 eða 7 ýsur á sama tíma. Nú vill svo skemmtilega til að þessi tala, 15, mun vera sú sama og fjöldi þeirra þm. í Ed. sem ekki vildu hafa ákvæði og till. fiskifræðinganna í þessu frv. þegar það var samþ. hér á s. l. vori. Ég gerði það þá ekki að miklu átakaefni að fylgja þessu eftir, vegna þess að ég taldi meira um vert að frv. næði fram að ganga, en benti samt sem áður á að þarna væri um stórt og þýðingarmikið atriði að ræða þegar okkar fiskifræðingar telja að úr þessum stofni megi nýta a. m. k. 10 þús. tonn á ári hverju, en við nýtum aðeins 2—3 þús. tonn. Þetta er dýrmæt vara þegar hún er komin á erlendan markað, ég tala ekki um þegar búið er að vinna hana hér heima í okkar fiskvinnsluverum.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu á þessu stigi, við 1. umr. Að sjálfsögðu hef ég möguleika á því að fylgja því eftir í sjútvn., sem ég mun gera. Ég tel að rétt verði fyrir okkur að ganga lengra í nýtingu þessa dýrmæta stofns heldur en við höfum gert og það sé fáránlegt þegar við höfum okkar færustu vísindamenn, sem við trúum á annan hátt á og á öðrum sviðum, ef við getum ekki leyft okkur að trúa þeim þegar þeir benda okkur svart á hvítu á það sem ég hef nú getið um. Við 2. umr. málsins, þegar þessar brtt. koma aftur til umr., sem í sjálfu sér er ekki um annað en allir geta staðið að, þá munu sjálfsagt koma fleiri brtt. og þar á meðal um þetta mál sem ég tel eðlilegt að gert verði, og þá munu liggja fyrir frekari upplýsingar frá Hafrannsóknastofnuninni um þetta.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Til umr. er fyrsta dagskrármálið, um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi, og vil ég taka fram að ég er því að sjálfsögðu í einu og öllu samþykkur. Þau brbl. voru sett vegna nokkurrar ónákvæmni sem gætti í lokaafgreiðslu á frv. til l. um nýtingu landhelginnar á s. l. vori, af þeim auðskildu ástæðum þegar ekki gafst nægjanlegur tími við lokaafgreiðslu til þess að bera saman af siglingafróðum mönnum ýmis smærri atriði. En umr. hafa snúist um fleira, án þess að ég ætli að fara mörgum orðum um það, og ekki heldur það atriði sem hv. þm., Pétur Sigurðsson ræddi, sem vill fá að fara á skarkolaveiðar í Faxaflóa. Á það mál reyndi til þrautar á hinu háa Alþ. fyrir nokkrum dögum að kalla má í þingstörfum, þar sem þetta var allra síðustu dagana, og þar varð sú niðurstaða að leyfa ekki að í lögum yrði heimild til handa sjútvrh. að heimila dragnótaveiðar í Faxaflóa. Að sjálfsögðu er á nýju þingi hægt

að bera fram nýja till. um þetta. En ekki á ég von á því að viðhorf manna hafi tekið miklum breytingum frá því sem þá var.

En ég vildi fara aðeins örfáum orðum um það atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og eins í svari hæstv. sjútvrh. um frekari samninga um heimildir til handa öðrum þjóðum að veiða í fiskveiðilandhelgi íslendinga.

Nú ætla ég að taka það fram, að ég er í einu og öllu sammála framkvæmd nýtingar okkar fiskveiðilandhelgi eins og hún hefur farið hæstv. sjútvrh. úr hendi. En vegna ástands fiskstofna verður maður þó að játa, að við höfum að kalla nokkuð freistað gæfunnar. Svo gæfusamir virðumst við ætla að vera eftir ýmsum líkum að það komi ekki að sök. Nýjustu rannsóknir benda til þess að fiskstofnarnir séu sterkari, þorskstofninn sterkari en ætla hefði mátt og eins stofnar ungviðis miklu öflugri. Allt að einu er það þó svo, ef maður horfir til þess sem hinir hæfustu menn hafa látið frá sér fara í skýrslum sínum, að við höfum freistað gæfunnar. Ég endurtek: allt að einu fylgi ég alfarið framkvæmd stefnunnar, eins og hún hefur verið. En með tilliti til ástands fiskstofna og þess, að við höfum freistað gæfunnar að þessu leyti, þá fæ ég með engu móti séð að aðrar þjóðir geti boðið okkur þá kosti í sambandi við gagnkvæmar veiðar að við eigum þess nokkurn einasta kost við þær að semja.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég veitti því athygli að hæstv. sjútvrh. sagði í sínu máli að hann teldi sig í rauninni vera sammála mér um meginatriðið í því sem ég ræddi hér um, þ. e. a. s. um þá stefnu að við ættum einir að nýta fiskimiðin í okkar fiskveiðilandhelgi, að því bæri að stefna. En hann taldi hins vegar að það væri nokkur skoðanaágreiningur okkar á milli um það, hvernig við stæðum að því að ná þessu marki, m. a. í sambandi við viðræður við útlendinga. Og hann sagði, að hann teldi að það væri óhyggilegt að neita því að ræða við fulltrúa annarra þjóða, og setti málið upp, eins og stundum hefur verið gert áður, að krafa mín væri þá sú að ég vildi sýna útlendingunum ókurteisi og segja þeim að við hefðum ekkert við þá að tala, þeir gætu bara farið. Þetta er útúrsnúningur úr mínu máli. Þetta var ekki það sem ég sagði né meinti. Ég lagði á það áherslu að við segðum hreinlega útlendingunum og öllum sem hlut eiga að máli hvað við meintum í málinu. Hitt er svo annað mál, hvort útlendingarnir, þegar þeir hafa heyrt að við séum ekki til viðtals um það að semja um frekari veiðiréttindi þeim til handa, — hvort þeir vilja þá samt sem áður eiga við okkur viðtöl. Slík viðtöl er vitanlega hægt að eiga við þessa menn til að gera þeim þetta enn þá ljósara. En við eigum að marka þessa afstöðu okkar ótvírætt. Spurningin er hvort við eigum að gera það eða ekki.

Ég tók eftir að hæstv. sjútvrh. sagði að ríkisstj. hefði lýst því yfir, — því hafði ég ekki veitt athygli áður, — að hún hefði lýst því yfir, mér skildist við samningagerðina í Osló, að við vildum eiga viðræður við breta um samninga á gagnkvæmum grundvelli, miðað við það að samið væri um gagnkvæman rétt. Þetta, eins og ég sagði, tel ég mjög óheppilegt að ræða um og ég tala nú ekki um hafi þetta verið sagt eða þessu verið lofað við samningagerðina í Osló. Þá hljóta menn að vera við því búnir að ræða það hver sé sá gagnkvæmi réttur sem menn hugsa sér að fara til þess að ræða um. Hver er þessi gagnkvæmi réttur? Hæstv. sjútvrh. sagðist vilja benda mönnum sérstaklega á það, að það hefði komið fram á loðnuveiðunum nú síðsumars og í haust, að íslensk skip hefðu þurft að leita inn fyrir 200 mílna mörkin við Grænland, hefðu þar sem sagt verið komin einhver slík mörk. Jú, það má vel vera að þetta hafi átt sér stað. En dettur nokkrum lifandi manni í hug og dettur hæstv. sjútvrh. í hug að við förum að veita bretum veiðirétt í okkar fiskveiðilandhelgi eftir 1. des., jafnvel þó að einhverjir aðrir vildu lofa okkur því að við mættum skríða yfir línuna í einhverju úrtakstilfelli í sambandi við loðnuveiðar þarna á mörkunum á milli Íslands og Grænlands, sem er alveg eins líklegt að aldrei komi til mála? Dettur nokkrum manni þetta í hug? Auðvitað er fjarstæða að tala um þetta sem einhvern gagnkvæman rétt. Hér er auðvitað um óverulegt atriði að ræða, sem er mjög ósennilegt satt að segja að komi til, og hæstv. ráðh. hefði að mínum dómi getað tekið önnur atriði sem voru þó veigameri heldur en þetta. En þau eru líka í mínum augum svo óveruleg að það nær engri átt að ætla að fara að ræða við breta um einhver gagnkvæm réttindi varðandi slíkt. Það er rétt, að það eru til fiskimið hér á milli Íslands og Grænlands sem liggja þannig að okkar skip hafa veitt þar í rauninni sitt hvorum megin við miðlínu sem þar yrði ákveðin. M. a. eru þar karfamið, nokkuð þekkt, sem mundu skiptast á milli landanna, Grænlands og Íslands. En þarna er líka um aðstöðu til veiða að ræða sem er svo óveruleg í sambandi við það, sem hér er verið að ræða um, þ. e. a. s. að veita bretum veiðiheimildir innan okkar fiskveiðilandhelgi, að það er vitanlega enginn grundvöllur til þess að vera að tala um það á þessu stigi málsins, að þetta veiti rétt til þess að hleypa bretunum aftur inn fyrir hjá okkur.

Ég álít því, eins og ég sagði, að þessi hugsanlegi gagnkvæmisréttur geti snert síldveiðarnar í Norðursjó og svo þá gagnvart Danmörku minni háttar útanga í sambandi við okkar veiðisvæði varðandi Grænland, eins og við höfum gert nú um langan tíma. Það er rétt, fyrir allmörgum árum sendum við verulegan veiðiflota á hin eiginlegu Grænlandsmið og komum þaðan með mikinn afla. Það mundi engum manni detta í hug að senda íslensk veiðiskip þangað núna, miðað við þær aðstæður sem þar eru, engum manni detta í hug, þó að við hefðum rétt til þess, eins og við höfum í rauninni haft.

Ég held því að þetta þurfi að verða alveg skýrt, hvort ríkisstj. telur að það geti verið um að ræða í þeirri stöðu, sem við stöndum frammi fyrir nú, einhvern gagnkvæmisrétt sem vert sé að setjast niður til að þinga um. Ég tel að þessi gagnkvæmisréttur sé ekki fyrir hendi og af því eigi að segja bretum og Efnahagsbandalagsmönnum þetta fyrir fram, alveg skýrt

og ótvírætt. En það þýðir ekki að við ætlum að sýna þeim neina ókurteisi og neita að tala við þá, heldur fyrst og fremst að gera okkar stefnu alveg skýra og ótvíræða.

Ég óttast það, að ef ríkisstj. fer að skipa samninganefnd til viðræðna við fulltrúa Efnahagsbandalagsins eða fulltrúa breta um einhverja gagnkvæmissamninga í þessum efnum, þá verðum við flæktir inn í það sem getur verið erfitt að komast út úr, og við eigum ekki að gera það. Og nú vil ég einnig í þessu efni nota tækifærið og spyrja: Hver er afstaða hins stjórnarflokksins í þessum efnum, Framsfl.? Ég tel, að hæstv. sjútvrh. hafi talað fyrir Sjálfstfl., að hann vill taka upp samninga um hugsanlegan gagnkvæmisrétt í þessari stöðu, og bendir m. a. á hugsanlegar loðnuveiðar, en hver er afstaða Framsfl.? Vill hann ganga til samningaviðræðna við fulltrúa Efnahagsbandalagsins eða fulltrúa breta um það að samið verði um gagnkvæman veiðirétt okkar á milli eins og sakir standa nú, eða telur hann að þessir aðilar hafi okkur ekkert það að bjóða varðandi fiskveiðar sem geti komið til mála að geta réttlætt veiðiheimildir þeim til handa? Ég er ekki að spyrja um það, hvort Framsfl. vilji fallast á að tala við fulltrúa þessara þjóða. Það er allt annað mál. Ég get vel samþ. það að tala við þá, ef við höfum bara mótað okkar afstöðu og sagt alveg skýrt til um hver hún sé, hvernig við metum þessa hluti.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þetta liggi skýrt fyrir, hver er afstaða manna í þessum efnum. Ég álít líka að það sé alveg rangt, sem mér fannst satt að segja að lægi hér nokkuð í orðum hæstv. sjútvrh., að samningar þeir, sem við hefðum við ýmsar þjóðir um veiðiréttindi, væru svo óverulegir, að það tæki því varla að tala um þá og væri jafnvel betra að hafa þá ekki. Samningurinn við vestur-þjóðverja er hreint ekki óverulegur. Hann hefur mjög mikil áhrif á veiðisóknina, sérstaklega í vissar tegundir, eins og bæði karfa og ufsa. Það munar mjög verulega um þeirra sókn og væri því nauðsynlegt að það lægi fyrir að við losuðum okkur við þann samning eins fljótt og unnt er. Ég álít líka að af hreinum „prinsip"-ástæðum eigum við að losa okkur við samningana við aðrar þjóðir um veiðiheimildir hér, af því að við þurfum að undirstrika það að við höfum ekki af neinu að láta í þessum efnum, við þurfum á þessu að halda sjálfir, og það styrkir okkar málstað, eins og nú er komið, ekki á neinn hátt að vera að gera einhverja smásamninga við aðrar þjóðir. Við erum komnir út af því stigi að nokkuð slíkt geti aðstoðað okkur. Nú eigum við að reyna að hafa þetta sem hreinast, að við getum ekki hleypt þeim inn fyrir, við viljum ekki hafa þá hér á okkar veiðislóðum, við þurfum á þessu að halda sjálfir.

Ég tók eftir því að hæstv. sjútvrh. undirstrikaði það, að það væri þó skýlaus stefna ríkisstj. í þessum málum að hún vildi ekki blanda saman á neinn hátt viðræðum um tollamál og um fiskveiðiréttindi. Jú, þetta er út af fyrir sig ágætt. Þetta er skýrt. Ég hafði ekki vikið að þessum þætti því ég tel að hann liggi nokkuð skýrt fyrir. Það er ekki hægt að ræða um þessi mál, og allra síst eins og þau liggja núna fyrir, á þessum grundvelli. Því er eingöngu hinn hlutinn eftir, sem snýr að því að við leyfum bretum eða öðrum úr Efnahagsbandalaginu einhvern veiðirétt í okkar fiskveiðilandhelgi gegn því að þeir veiti okkur einhvern veiðirétt hjá sér. En ég tel að staðan nú sé sú, að þeir geti ekkert okkur boðið í þessum efnum sem við viljum kaupa fyrir okkar fiskimið.

Ég fyrir mitt leyti fagna þeirri afstöðu sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni. Hann er greinilega á sömu skoðun og ég, að við eigum að taka af allan vafa í þessum efnum, það sé ekki um neitt að semja og þeir þurfi því að gera sér grein fyrir því, að þeir verða að víkja burt héðan um leið og samningarnir renna út.

Ég ætla ekki við þessa umr. að víkja að því sem hv. 8. þm. Reykv. sagði. Mér er það ljóst að ýmislegt af því, sem hann sagði, var rétt og athyglisvert. Það er enginn vafi á því, að við eigum hér fiskstofn við landið sem er vannýttur og mikið til ónýttur af ýmsum ástæðum. En það er líka rétt, sem hér hefur verið sagt, að það er ekkert hlaupið að því að koma saman þeim reglum sem menn geta fallist á svo hægt væri að nýta þann fiskstofn.

Ég endurtek svo aðeins það sem ég hef sagt áður, að ég tel mjög æskilegt að ríkisstj. gerði skýrari grein en hingað til fyrir afstöðu okkar í þessum efnum, svo að það lægi skýrt fyrir, bæði gagnvart íslensku þjóðinni og einnig gagnvart þeim sem leita á okkur með samninga, því mér finnst þetta tal allt um gagnkvæmissamninga vera hættulegt.

Gils Guðmundsson: Hæstv. forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af þeim umr. sem hér hafa orðið um samningamál við aðrar þjóðir. Að því er varðar frv. sjálft, sem hér er til umr., þá vil ég ekkert fara út í þá sálma, en aðeins lýsa því yfir að ég tel vera eðlilegt og sjálfsagt að fylgja því. En það, sem kom mér til þess að standa hér upp, var ræða hæstv. sjútvrh. og það, að ég vil lýsa hinum mestu vonbrigðum mínum með þá ræðu eða þá afstöðu sem mér virtist koma fram í ræðu hans. Hann leggur mjög mikla áherslu á að það, sem um kynni að vera að semja það, væri gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Það er mikið rétt að ýmsir hafa lagt áherslu á þetta. Og því er ekki að neita, að við eðlilegar aðstæður, þegar svo stæði að við værum komnir úr þeirri úlfakreppu sem við höfum verið og erum í í sambandi við okkar fiskveiðar, þá getur vissulega komið til mála að semja við aðrar þjóðir einhverjar um slík fiskveiðiréttindi þar sem hagur okkar er tryggður með þeim hætti að við höfum a. m. k. ekki tap af slíkum samningum. En engu slíku er til að dreifa í dag, eins og þegar hefur verið gerð hér grein fyrir og hv. 2. þm. Austurl. hefur leitt rök að. En mér finnst að hæstv. ráðh. sé að leita eins og dauðaleit að einhverju sem væri hægt að fóðra það með að fara út í samninga um svokölluð gagnkvæm fiskveiðiréttindi við aðrar þjóðir. Hann er að tala um það, að ef til vill gæti staðið þannig á dag og dag að það væri hægt að veiða loðnu Grænlandsmegin við væntanleg

mörk, og hann er að tala um að e. t. v. sé eitthvað verulegt að sækja í Norðursjóinn. Nú vitum við hvernig ástatt er í Norðursjó, að þar er að verða síldarlaust, nema hvað þriggja ára síld er þar nokkur, og um það er rætt einmitt þessa dagana að nauðsyn beri til að banna allar síldveiðar í Norðursjó næstu 3—4 árin, þangað til stofninn þar hefur rétt sig við.

En fyrst ég er staðinn upp, þá vil ég vekja athygli á einu atriði sem ekki hefur komið fram í þessum umr. Nú er um það talað að eins líklegt sé og jafnvel líklegast að það verði Efnahagsbandalag Evrópu sem kemur fram fyrir t. a. m. hönd breta við samningagerð, ef það bandalag verður þá búið að móta sína fiskveiðistefnu til fulls, komast að niðurstöðu innbyrðis. Þegar þar að kemur að Efnahagsbandalagið ber hér að dyrum og fer fram á að ræða við okkur um gagnkvæm fiskveiðiréttindi, þá held ég að það væri ástæða til að benda í því sambandi á það, að það eina, sem kæmi þá til greina að ræða um af okkar hálfu, væri það, hvað það vildi bjóða fram á móti þeim gífurlegu réttindum sem Efnahagsbandalagsþjóðir hafa þegar með samningum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Það er ekki svo að í dag sé þarna um eitthvað jafnræði að ræða. Við vitum að það eru samningar við vestur-þjóðverja sem á ársgrundvelli þýða 60 þús. tonn og það eru samningar við belga sem á ársgrundvelli þýða sennilega 7—8 þús. tonn, og engir samningar aftur á móti um fiskveiðirétt íslendinga innan landhelgi Efnahagsbandalagsþjóða. Ég tel þess vegna að það væri það fyrsta sem ætti að segja við þá háu herra þegar þeir koma og vilja fara að ræða um gagnkvæm réttindi: Það eina, sem kæmi til greina að ræða við ykkur, er það: Hvað viljið þið bjóða á móti þeim gífurlegu réttindum sem þið hafið þegar í íslenskri landhelgi og hafið tryggt a. m. k. fram undir árslok eða til 1. des. 1977? Og hvað belga snertir er aðeins ákvæði um það að hægt er að segja þessum samningum upp.

Ég vona að þegar hæstv. sjútvrh. er búinn að hugsa þetta mál svolítið betur, þá komist hann að raun um að eins og sakir standa er ekki um neitt að semja, ekki heldur á gagnkvæmnisgrundvelli. Það kann að koma að því síðar, eins og ég sagði, að það geti verið eðlilegt og rétt að taka upp slíka samninga, en við höfum ekkert um að semja að svo stöddu, ekki heldur á gagnkvæmnisgrundvelli.

Ég vil því ljúka þessum fáu orðum með því að taka undir með hv. 3. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni, sem einmitt sagði þessi orð sem ég var nú að vitna til: Við höfum ekki um neitt að semja.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. sagði að ég hefði snúið út úr orðum sínum áðan. Það er mér víðs fjarri að vera að snúa út úr orðum hans og ég hef enga ástæðu til þess og kæri mig ekkert um það. Hins vegar sagði ég að það væri skoðanaágreiningur á milli okkar um það, hvernig bæri að koma fram í samskiptum við aðrar þjóðir, hvort það ætti að segja fyrir fram: Við viljum ekkert við ykkur tala um þessi mál — eða hvort við eigum að setjast niður og ræða og hlýða á það sem þær hafa fram að færa og svara því svo. Um þetta er að vissu leyti ágreiningur. Ég tel að það sé rétt að hlýða á mál annarra manna og þjóða, en ekki segja fyrir fram: Við höfum ekkert við ykkur að tala. Það er líka mjög takmörkuð kurteisi að segja, áður en maður hlustar á mál eða jafnvel tilboð annarra, að það sé ekkert til þess að tala um.

Það hefur ekki hvarflað að mér, aldrei, því síður eftir að samkomulagið við breta var gert í Osló, að við eigum að fara að óska eftir viðræðum við breta eða Efnahagsbandalagið. Ég held að það hafi ekki hvarflað að einum einasta ráðh. að við ættum að hafa eitthvert frumkvæði að slíkum viðræðum eða samningum. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir, að ef Efnahagsbandalagið eða bretar, ef Efnahagsbandalagið kemur ekki fram sameiginlega fyrir hönd sinna þjóða, óska eftir því að ræða við okkur íslendinga um gagnkvæm fiskveiðiréttindi, þá tel ég tvímælalaust að við eigum að hlusta á þá. En ég tel líka jafntvímælalaust að við eigum ekki að ganga til nokkurra samninga við þá ef það samrýmist ekki hagsmunum Íslands. En að koma með einhverjar skýlausar yfirlýsingar um þetta eða hitt fyrir fram tel ég fráleitt. Hv. 3. þm. Reykn. þarf því ekki að gera mér upp nein orð í þessum efnum. Skoðanir mínar hafa legið alveg hreint fyrir. Ég hef þar ekkert að fela og ekkert að dylja. Ég vil að við hlustum á óskir þessara þjóða og svörum þeim afdráttarlaust, skýrt og afdráttarlaust, þegar þau tilboð liggja fyrir. En að semja um framhald fiskveiða bara eins og út í bláinn, án þess að fá nokkurn skapaðan hlut í staðinn, það kemur auðvitað ekki til greina.

Ég sagði ekki, hv. 2. þm. Austurl., að ég teldi samninginn við vestur-þjóðverja óverulegan. Ég sagði að ég teldi að það væri um óverulegt aflamagn að ræða í samningum við belga og norðmenn, og það stend ég við. Það hvorki bjargar fjárhag þessara þjóða né drepur okkur, það sem þessar þjóðir veiða hér við land. Ég vil alls ekki segja að það sé óverulegur samningur við vestur-þjóðverja, þvert á móti. Hins vegar er þorskaflinn í þeim samningi frekar lítill, því að hann má fara í 5 þús. tonn á heilu ári. En hann er aftur mjög verulegur hvað snertir bæði veiðar á karfa og ufsa, enda eru sennilega, ef ég man rétt, nálægt 80—85% af heildarveiðinni sem er karfi og ufsi.

Ég held að það sé mjög athyglisvert að mánuðina júní—sept. veiddu bretar í fyrra 52 425 tonn, á þessum 4 mánuðum, en núna, eftir að samningurinn var gerður í Osló, eru veiðar breta þessa sömu mánuði 28 672 tonn. Þetta sýnir og sannar hvað var mikilvægt og skynsamlegt að gera þetta samkomulag við breta heldur en halda áfram í stríði hér á miðunum eins og margir vildu, a. m. k. þeir blóðheitustu, og láta þá stela miklu meira magni og ganga nærri fiskstofninum frekar en að semja við þá um skynsamlega hluti til mjög skamms tíma. Ég held að veiðarnar þessa fjóra mánuði eigi að geta sannfært þá, sem ekki hafa sannfærst um gildi þessa samnings, um að það hafi verið skynsamlegt að stíga þetta skref.

Mér finnst að umr. hafi orðið alllangar út af þessu litla leiðréttingafrv., sem hér liggur fyrir,

og hafi farið yfir á aðrar brautir. En ég fullvissa hv. 2. þm. Austurl. og aðra um það, og ég þori að fullyrða það fyrir hönd ríkisstj. allrar, að ríkisstj. hefur ekki í huga að gera samninga við breta sem ganga nærri þorskstofninum við Ísland og án þess að fá nokkur önnur réttindi í staðinn sem hún metur meira virði fyrir Ísland. Ég tel alls ekki lítils virði að hafa í huga í framtíðinni hvernig við högum okkar veiðum. Þó að við veiðum ekki mikið við Grænland nú þessi síðustu ár, þá geta þær veiðar stóraukist allt í einu, sem við sjáum ekki fyrir nú. Það hafa orðið verulegar breytingar á göngu fisks, það hefur orðið að sækja á önnur mið um tíma og þess vegna er gott og skynsamlegt að hafa augun opin og loka ekki dyrum til samkomulags. Þótt nú sé gert lítið úr loðnuveiðunum, þá skulum við vona að loðnan verði í framtíðinni öll Íslands megin við miðlínu milli Grænlands og Íslands, hún fari aldrei Grænlandsmegin við miðlínuna. En það er skynsamlegt að gera því samt á fæturna að annað geti skeð. Við getum ekkert um þetta sagt, hvorki 3. þm. Reykn. eða 2. þm. Austurl. né ég, við vitum það ekki fyrir fram. Ekki einu sinni fiskifræðingarnir geta sagt okkur þetta með neinni vissu. En í samskiptum þjóða er hyggilegt að loka ekki dyrum, a. m. k. að tvílæsa ekki og taka lykilinn úr og fela hann. Það er betra að geta talað saman, rætt saman. Ég tel varðandi þá samninga, sem við höfum gert við færeyinga, bæði fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj., að það hafi verið skynsamlegt að gera þá samninga. Það er um betri taflstöðu fyrir okkur að ræða, ef til kemur, eftir að við höfum sýnt þeim þá sanngirni sem bæði fyrrv. ríkisstj. sýndi í þessum efnum og núv. ríkisstj.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Hæstv. forseti. Ég á eins og kunnugt er ekki sæti í þessari hv. d. og missti þar af leiðandi af fyrri hluta þeirra umr. sem hér hafa farið fram um fiskveiðar í fiskveiðilögsögunni, enda átti ég raunar ekki von á því að aðalefni þessara umr. yrði samningar við erlend ríki, ekki síst vegna þess að fyrir Alþ. liggur þáltill. um staðfestingu á samningi við Stóra-Bretland, sem gerður var í Osló á sínum tíma, nánar til tekið 1. júní s. l. Þess vegna bjóst ég fremur við umr. um slíka samninga undir þeim dagskrárlið heldur en þeim sem hér er til umr. En menn eru auðvitað frjálsir að því að ræða það sem þeim hentar, og ekki ætla ég að fara að kenna hv. Nd. þingsköp eða aðferðir við umr. En vegna þess sem ég hef þó heyrt af þessum umr., þá hef ég löngun til að segja hér aðeins örfá orð, en skal lofa hæstv. forseta því að utangarðsmaður skal ekki taka hér allt of langan tíma frá dm.

Ég vil taka það fram í upphafi, að Framsfl. sem slíkur, þingflokkur Framsfl., hefur ekki tekið neina afgerandi afstöðu til þess máls sem hér hefur orðið aðalumræðuefni manna, þ. e. a. s. hvort gagnkvæmir samningar við aðrar þjóðir komi til greina eða ekki.

Efnahagsbandalag Evrópu hefur enga stefnu í fiskveiðilögsögumálum, eins og kunnugt er, í dag. Þar af leiðir að það hefur ekki getað, jafnvel þótt það hefði haft hug á, komið til okkar með neinar beiðnir um viðræður eða tilboð um veiðar á gagnkvæmnisgrundvelli. Það er ljóst að í allra fyrsta lagi getur orðið um að ræða slíka samræmda fiskveiðistefnu Efnahagsbandalagsins eftir þann ráðherrafund sem haldinn verður 28. og 29. þ. m. í Haag. Þess vegna hlýt ég að verða að mótmæla því mjög harðlega, sem haft er eftir utanrrh. Bretlands í erlendum fréttaskeytum í dag, og gærkvöld raunar líka, að einhverjar viðræður séu ákveðnar 3. nóv. Þetta er algerlega úr lausu lofti gripið og mér með öllu óskiljanlegt hvernig slík frétt getur fengið byr undir vængina, og allra síst skil ég það ef utanrrh. sjálfs Stóra-Bretlands hefur látið hafa þetta eftir sér, því að hér er um alranga frásögn að ræða. Einu viðræðurnar, sem farið hafa fram milli Efnahagsbandalagsins og Íslands, eru þær sem fram fóru í júlí í Brüssel og frá var skýrt á fundi utanrmn. á sínum tíma og voru einungis til upplýsinga frá hvorum aðila fyrir sig. Í þeim tók þátt af Íslands hálfu Tómas Á. Tómasson sendiherra og tveir menn frá sjútvrn., og það, sem þeir sögðu á þeim fundi, var hvernig ástand fiskstofnanna við Ísland væri og hversu örðugt, svo að ekki væri meira sagt, mundi verða fyrir íslendinga að gera samninga, jafnvel þótt á gagnkvæmnisgrundvelli væri.

Ég vil hins vegar játa því, sem hæstv. sjútvrh. hefur raunar sagt, að við í ríkisstj. og við í Framsfl., eftir því sem ég best veit, erum sammála því að viðræður við bandalagið fari fram þegar það hefur einhverja stefnu og þegar það getur sagt til um hvað það er sem það hafi fram að bjóða. Mér heyrðist líka á hv. 2. þm. Austurl. að hann teldi þessa málsmeðferð út af fyrir sig ekki óeðlilega. Ég vona þess vegna að það geti orðið samstaða um það meðal sem flestra, já, og helst allra hv. alþm., að sá háttur verði á hafður að viðræður megi fara fram og fari fram, en það sé ekki fyrir fram sagt að engar viðræður komi til greina undir nokkrum kringumstæðum.

Í tilefni af því sem hv. 3. þm. Reykn. gat hér um, að við legðum á borð með okkur allverulega þegar samningaviðræður, ef til þeirra kæmi við Efnahagsbandalagið, hæfust, þar sem væru samningar við þjóðverja í eitt ár um 60 þús. tonna afla, aðallega af karfa og ufsa, og um takmarkaðar veiðar belga með tilteknum togarafjölda, þá vil ég bara minna á það, að í Tímanum 15. þ. m. var haft við mig viðtal um útfærsluna og það sem gerst hefði á árinu, og þar lét ég einmitt þessa sömu skoðun uppi, þannig að hér er ekki um neitt nýmæli í mínum eyrum að ræða. En það má vera að aðrir hafi ekki tekið eftir þessu og því vek ég athygli á því.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti, því að aðrir þurfa að komast hér að. En ég vildi leyfa mér að gera grein fyrir þessum fáu atriðum fyrst þessi mál bar hér á góma og það vildi svo til að ég var hér viðstaddur í húsinu.

Jóhann Hafstein: Virðulegi forseti. Ég skal aðeins segja örfá orð um þetta frv. Það hefur reyndar komið fram í viðræðum þm. hér, að það er ekki líklegt að neinn ágreiningur sé um sjálft frv. Mér finnst þess vegna að nú séu bæði óheppilegar þær umr., sem fram hafa farið, og eins ótímabærar.

Ég held að það sé alveg laukrétt hjá hæstv. sjútvrh., að það hefur aldrei fyrir okkur íslendingum vakað að leita eftir einhverjum gagnkvæm-

um sjónarmiðum sem við gætum svo fært til Efnahagsbandalagsins eða breta og sagt: Viljið þið nú koma og ræða við okkur um samninga um þessi gagnkvæmissjónarmið í sambandi við fiskveiðarnar? Viðræður, ef einhverjar yrðu síðar, yrðu að byggjast á því að þeir óskuðu eftir viðræðum og legðu fram hvaða gagnkvæmissjónarmið þeir teldu að væru fyrir hendi.

Ég álít miklu heppilegra að hafa þann hátt á um þetta mál eins og áður hefur verið, að það sé rætt innan ríkisstj., landhelgisnefndar og utanrmn. áður en til umr. þurfi að koma um það hér í þinginu, þannig að leitast sé við að reyna að hafa sem fyllst samkomulag. Sterkastir höfum við verið, íslendingar, þegar við allir vorum sammála í landhelgismálinu. Ég hygg einnig að alls ekki sé ósennilegt að þannig mundi þetta verða og viðræður innan þessara n. og annaðhvort milli þeirra og ríkisstj. eða milli þessara aðila með einhverju móti gætu stuðlað að því, að þegar við ættum að taka afstöðu til eða svara fram komnum beiðnum um gagnkvæmistillögur frá viðkomandi aðilum, Efnahagsbandalagi Evrópu eða bretum, þá værum við búnir að átta okkur á því hvar við ætluðum að standa og hverju við ætluðum að svara og gætum þar svarað einum rómi því sem um væri að ræða. Jafnvel þó að rétt sé að þetta ætti frekar við undir öðrum dagskrárlið, þá held ég nú ekki að við eigum að hefja umr. eða deilur um þessi mál undir þeim dagskrárlið sem er síðar á dagskránni, heldur láta þessi mál bíða, og hugsanlegir samningar um gagnkvæm réttindi til fiskveiða komi ekki til álita fyrr en fram eru komnar af hálfu einhverra annarra aðila óskir um slíkar viðræður. Við íslendingar eigum ekki og ætlum okkur ekki að hafa frumkvæði að þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Vöxtur þjóðarinnar, stöðug félagsleg umbrot og tæknibylting hafa á síðustu áratugum aukið til muna verkefni Alþ. og kröfur þjóðarinnar til þess. Enda þótt kjördæmaskipun hafi verið breytt fyrir ekki löngu, þm. fjölgað, aðstaða þeirra og launakjör hafi verið bætt til mikilla muna, hafa litlar breytingar verið gerðar á starfsháttum þingsins sjálfs. Slíkar breytingar verður þingið þó að gera eins og önnur þjóðþing til þess að fylgjast með tímanum og forðast að tapa áhrifum og trausti með þjóðinni. Þetta frv. fjallar um nokkur slík atriði, en þó engan veginn öll þau atriði sem til greina kæmi að breyta í þingsköpum eða starfsháttum þingsins.

Ég mun fyrst ræða þær till. sem eru um breytingar á nefndaskipan þingsins.

Nefndir Alþingis eru veigamesti þáttur í málefnastarfi þess. Þar á þingið að beita áhrifum sínum við athugun mála, hafa samband við menn og stofnanir utan þings, leita ráðgjafar sérfræðinga og móta löggjöf og ályktanir. Nefndakerfi þingsins hefur um langt skeið, því miður, verið sundurlaust og mistækt og nefndir hafa með sárafáum undantekningum ekki unnið sér þá virðingu og þau völd sem þær ættu að hafa.

Fastanefndir Alþ. eru 24 talsins. Ed. og Nd. hafa hvor sitt nefndakerfi og Sþ. hið þriðja, en þar hefur nefndum farið fjölgandi. Þannig eru þrjár allshn. í þinginu, tvær n. um hvern höfuðflokk löggjafar og loks nokkrar n. í Sþ. N. hafa yfirleitt 7 þm. hver, fjvn. 10, en aðeins utanrmn. hefur varamenn. Nefndasæti eru því alls 178. Þar sem ráðh. sitja ekki í n. að jafnaði skiptast nefndasætin milli 52 þm. og koma 3-4 sæti á hvern þm. Í reynd er þó nefndafjölda mjög misskipt á milli þm., og telst mér til að á síðasta þingi hafi skiptingin verið í stórum dráttum á þessa leið:

Í engri n. voru ráðh. 8. Í einni n. voru 3 þm., í tveim n. voru 13, í 3 n. voru 17, í 4 n. voru 8 þm., í 5 n. voru 7 þm. og 4 voru í 6 n. hver

Augljós tilhneiging er hjá hinum áhrifameiri mönnum þingflokka og þeim, sem gegna trúnaðarstöðum í þingflokkunum, að vera í fáum en nýliðar á þinginu eru margir í fjölmörgum n. Rúmlega þriðjungur þm. er samkv. þessum tölum í helmingi allra nefndasæta.

Í frv. er gerð till. um að fastanefndir verði engar í d., en allar í Sþ. Þrátt fyrir það gætu deildir vísað málum til n. og þær geta gefið út skrifleg nál. og till. Munnleg framsaga fyrir nál. yrði ekki formleg, en hún er mjög oft að mínu áliti óþörf og tímafrek. Engin hætta er á að sjónarmið komist ekki til skila og mál verði ekki sótt og varin þrátt fyrir það.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er þd. heimilað að skipa n. innandeildarþm. til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða, og stendur það að sjálfsögðu óbreytt. Um fastanefndir eru hins vegar engin ákvæði í stjórnarskrá og hefur verið talið hingað til að heimilt væri að ákveða skipan þeirra og störf með einföldum lögum um þingsköp. Til álita kemur í sambandi við þessa hugmynd að hafa einungis fastanefndir í Sþ. og láta deildirnar vísa til þeirra málum, hvort hún brjóti í bága við ákvæðin í 32. gr. stjórnarskrárinnar um deildaskiptingu Alþ. Að vísu hefur einu sinni komið fyrir, að það var ákveðið í þingsköpum að hafa skyldi þetta form á, en það var viðkomandi utanrmn. þegar hún var sett á laggirnar 1928. Það ákvæði var mörgum árum síðar fellt niður.

Þýðing deildaskiptingarinnar hefur, eins og rætt var um fyrir tveimur dögum, farið ört minnkandi, en verkefni Sþ. hafa aukist að sama skapi. Gallar hins tvískipta nefndakerfis komu snemma í ljós, og var þá gripið til þess ráðs að láta n. beggja d. vinna saman að tilteknum verkefnum. Eru slíkar samvinnunefndir heimilaðar í þingsköpum og hafa verið fastur liður í þingstörfum mestalla þessa öld.

Ég tel að þær breytingar, sem nú er gerð tillaga um, séu nauðsynlegar vegna stóraukins álags verkefna þingsins og í beinu framhaldi af þróun þingstarfanna. Sameiginlegt nefndakerfi fyrir allar þrjár deildir þingsins, eins og ég mun kalla þær, raskar ekki þeirri meginreglu varðandi deildaskiptinguna að lagafrv., önnur en fjárlög og fjáraukalög, verða ekki afgreidd fyrr en þau hafa verið rædd þrisvar í hvorri d. Það stendur

óbreytt, sem er meginatriði varðandi deildaskiptinguna, að hvor d. sem er getur fellt frv.

Ef gerð yrði sú breyting sem frv. gerir ráð fyrir, mundi fastanefndum Alþ. fækka úr 24 í 14 og sætum í þeim mundi fækka úr 178 í 101, og yrði þá 1.9 nefndarsæti á hvern og einn af 52 þm. Ef reynt væri að skipta þessu starfi tiltölulega jafnt, mundu þm. geta einbeitt sér mun betur að verkefnum í n. en þeir hafa getað hingað til, a. m. k. þeir sem eru í 3—6 nefndum hver.

Þá er gert ráð fyrir að breyta verkaskiptingu fastanefndanna og taka upp þann hátt að nefndirnar samsvari rn. eins og þeim er skipað í lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Ef þar væri samræmi á milli, hygg ég að það mundi reynast hagræði fyrir báða aðila.

Þá er það alger nýjung, sem felst í þessu frv., að gerð er till. um umboðsnefnd Alþingis, sem svo er kölluð. Henni er ætlað nálega sama verkefni og fela átti umboðsmanni Alþ. samkv. stjfrv. sem flutt hefur verið, en ekki afgreitt. Sú leið að fela þn. þetta verkefni hefur verið farin í Vestur-Þýskalandi, en umboðsmannskerfið er fyrst og fremst kennt við Norðurlönd og mun vera upprunnið þar. Ég hygg, eftir að hafa íhugað þetta og kynnt mér vandlega reynslu þjóðverja, að umboðsnefndarkerfið mundi geta hentað íslenskum aðstæðum mun betur. Um slíka umboðsnefnd þyrfti að setja sérstök lög, og hef ég einnig flutt frv. þar sem nauðsynleg ákvæði eru um það mál. Skal ég því ekki ræða það frekar að sinni, en mun gera það þegar frv. kemur á dagskrá.

Þn. hafa yfirleitt látið sér nægja að afgreiða eða afgreiða ekki þau mál sem flutt eru á Alþ. og vísað er til þeirra. Hitt heyrir til undantekninga, að þær flytji sjálfar mál, og þá gera þær það yfirleitt að bón utanaðkomandi aðila, t. d. rn. Nú er gerð till. um að setja það ákvæði í þingsköp, að þn. skuli fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um nýja lagasetningu eða breytingar á lögum ef þurfa þykir. Þetta er mjög veigamikil breyting sem mundi gerbreyta þingstörfum og þingið mundi, ef af þessu yrði, taka upp miklu víðtækara eftirlit með framkvæmd laga og framkvæmdavaldinu, þannig að hlutur þess í þjóðfélaginu, í stjórnskipun þjóðarinnar, mundi verða meiri en hann hefur verið. Ég hygg að slík breyting mundi stuðla að því að auka hlut Alþ. og virðingu þess og að hún sé fullkomlega tímabær, ekki síst af því að stjórnkerfið gerist sífellt flóknara og erfiðara að fylgjast með því.

Þá er gert ráð fyrir því að n. starfi á milli þinga og mundu þá sérstaklega gegna þessu síðast nefnda hlutverki, sem er almennt kynnis- og eftirlitshlutverk nefndanna, hverrar á sínu sviði. N. er heimilað, og þar með á vissan hátt ýtt undir að þær geti aukið tengsl þings og þjóðar, að halda fundi utan Reykjavíkur þegar þing situr ekki. Hygg ég að það mundi hjálpa til þess að sannfæra almenning um að þm. kynna sér málefni ítarlega og leggja sig fram um að fylgjast með hver á sínu sviði.

Þá kem ég að þeim ákvæðum frv. sem fjalla um till. til þál.

Till. til þál. hafa getað verið með ýmsu móti. Sumar fela í sér ákvarðanir Alþ. varðandi stjórnskipun, þ. á m. traust eða vantraust á ráðh. eða rn., stefnumörkun í mikilvægustu utanríkis- og varnarmálum. Aðrar till. fjalla um margvísleg efni, stór og smá, sem þm. vilja koma á framfæri.

Fyrr á árum var algengast að slíkar till. væru fluttar í deildum, en ekki var ljóst, hvort þær þyrfti að afgreiða í báðum deildum, fyrr en það var lögfest í þingsköpum fyrir tiltölulega fáum árum. Með tímanum hefur þeim tillögum fjölgað til muna sem fluttar eru í sameinuðu þingi, og jafnframt hefur meðferð þeirra orðið umfangsmeiri þáttur þingstarfa. Sem dæmi má nefna að 1930 voru fluttar 22 þáltill. og 15 þeirra afgreiddar, en á þinginu 1975—1976, í fyrravetur, voru slíkar till. 74, en aðeins 28 þeirra hlutu afgreiðslu. Settar hafa verið tvær nefndir í Sþ. til þess að fjalla um þetta tillöguflóð, allshn. og atvmn., auk þess sem fjvn. og jafnvel utanrmn. fá slíkar till. til meðferðar.

Samkv. 28. gr. þingskapa má ræða till. til þál. einu sinni eða tvisvar. Geri till. ráð fyrir útgjöldum úr ríkissjóði skulu þær jafnan bornar fram í Sþ. og hafðar um þær tvær umr. Í framkvæmd er vart hægt að segja að farið sé eftir þessum ákvæðum. Ef ein umr. er ákveðin um till., er umr. að jafnaði frestað og málinu vísað til n. og heitir þá „framhald einnar umr.“ það sem í raun og veru er síðari umr.

Þm. nota ályktunartill. til að koma á framfæri ýmsum hugmyndum um áhugamál sín eða hagsmunamál kjördæma, fara fram á rannsókn eða undirbúning frv. Heyrst hefur sú ásökun að þeir noti þetta form þingmála til að auglýsa sig án þess að leggja vinnu í að semja frv. um áhugamál sín og er sannleikskorn í því. Orð eru þó til alls fyrst, og þetta tillöguform á tvímælalaust rétt á sér þótt það hafi sjaldan sömu þýðingu og lagasetning.

Hér er gerð till. um að flokka þáltill. og ákveða í þingsköpum tvær umr. um þær sem snerta stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál. Hins vegar verði öllum öðrum till. vísað til n. umræðulaust, og mundi sparast við það mikill tími sem farið hefur í þessi mál.

Það eru sérstök hlunnindi fyrir alþm. að geta flutt till. til þál. og fengið þær prentaðar sem þskj. með grg., þó ekki fylgi sjálfkrafa réttur til langrar framsöguræðu. Málin komast í fjölmiðla og þskj. er dreift um landið, svo að oft er tilgangi þm. náð með flutningi og prentun málsins.

Allar þessar till. eiga að fara til n. Ef till. fá þar hljómgrunn og afgreiðslu, koma þær aftur á dagskrá og verða ræddar eftir því sem efni standa til.

Ræðuflaumur þm. og fjölgun þingmála eru vandamál á flestum löggjafarþingum lýðræðislanda. Í grannríkjum okkar hafa á síðustu árum verið gerðar margar breyt. á þingsköpum til þess að leysa þetta vandamál, og draga þær undantekningarlaust úr ræðulengd, og til þess að gera þingin starfhæf. Í flestum löndum eru mjög strangar takmarkanir á ræðulengd, en hér er ekki farið inn á þá braut almennt, heldur aðeins lögð til hagræðing á einum þætti þingstarfa. Mun það raunar vera algengast um nálega öll þingmál í öðrum löndum að þau fari beint til n. og einstakir þm. hafi takmarkaðan rétt til þess að

flytja framsöguræður fyrir málum sínum, enda eru grg. yfirleitt prentaðar.

Að lokum nokkur orð um ákvæði sem fjalla um forsætisnefnd.

Í núverandi þingsköpum greinir frá stjórn þingforseta á fundum þingsins svo og að þeir skipi skrifstofustjóra, og sagt er hver störf hans skuli vera. Hér er gerð till. um að auka veg og völd forsetanna með því að láta þá sameiginlega skipa forsætisnefnd. Er verksvið hennar skilgreint og aukið allmikið frá því sem verksvið forsetanna nú er.

Allt fram til síðustu ára var venja að stjórnarflokkar beittu meiri hl. sínum til að kjósa flokksmenn sína í allar stöður forseta og varaforseta. Nú hefur orðið sú ánægjulega breyt. að stjórnarandstæðingar hafa á nokkrum þingum verið kjörnir fyrri varaforsetar og þeir aldrei brugðist því trausti eða valdið ríkisstjórn erfiðleikum, að því er ég best veit. Vonandi heldur þessi þróun áfram. En þó þykir rétt að gera ráð fyrir því, að þingflokkar, sem engan eigi forseta, fái einn mann hver í forsætisnefndina sökum þess hve mikið vald n. fær yfir störfum þingsins.

Að lokum segir svo í frv. þessu, í síðustu mgr. 3. gr., að forsn. gegni störfum sínum milli þinga jafnvel þótt þing hafi verið rofið og þar með þingmannsumboð forseta. Með þessu mundi vera lögfest skipan sem hefur verið í reynd. Þingforsetar verða að annast stjórnun þingsins, þeir verða að koma fram fyrir hönd Alþ. þó að þingið sitji ekki, og mikilvægast er þó að forseti Sþ. er einn af handhöfum forsetavalds. Þess vegna verður hann að gegna starfi sínu áfram þar til nýtt þing kemur saman, jafnvel þó að þing hafi verið rofið og þingmennskunni í raun og veru lokið. Hér er sem sagt aðeins verið að staðfesta það sem gert hefur verið í reynd, en þó verið lagalega umdeilanlegt, og ég sé ekki að þetta geti á annan hátt verið.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 7. fundur.

Fimmtudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Framkvæmd skattalaga, þáltill. (þskj. 33). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa, þáltill. (þskj. 34). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útbreiðsla atvinnusjúkdóma, þáltill. (þskj. 35). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun tekjuskattslaga, þáltill. (þskj. 36). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innlend jarðefni til iðnaðarframleiðslu, þáltill. (þskj. 14). — Ein umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að endurflytja till. til þál. um rannsókn á notagildi innlendra jarðefna til iðnaðarframleiðslu. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara ítarlega rannsókn á því, hvaða jarðefni innlend eru helst nýtanleg til iðnaðarframleiðslu miðað við arðsemi, staðsetningu og notagildi.“

Till. sú, sem nú er endurflutt, varð ekki rædd á síðasta þingi. Var það vegna tímaskorts þar sem áliðið var þings þegar till. kom fram. En önnur till., sem ég flutti nokkru fyrr á síðasta þingi, um endurvinnsluiðnað, var samþykkt shlj. hér í hv. sameinuðu Alþingi. Má segja að sú till., sem nú er flutt og er til umr., sé skyld þeirri fyrri, þar sem gert er ráð fyrir í báðum till. að vinna úr efni sem til er í landinu.

Í kennslubókum er frá því sagt, að á Íslandi séu ekki verðmæt efni í jörðu sem geti borgað sig að vinna. Það er rétt, að hér hafa ekki fundist kol eða málmar að verulegu marki. En jarðefni eru eigi að síður mörg hér á landi sem líklegt er að séu verðmæt ef þau verða notuð á réttan hátt. Má m. a. nefna basalt, vikur, leir, perlustein, títanríkan sand, gjall, steinullarefni.

Sérstakar grastegundir vaxa hér er henta vel til plötugerðar og fleira sem nota má í stað timburs. Þau efni, sem hér eru talin, munu öll finnast á Suðvesturlandi í mjög ríkum mæli og mörg þeirra einnig í öðrum landshlutum. Líklegt má telja að markaður fengist erlendis fyrir hráefnið óunnið, en athuga ber, hvort vinnsla gæti orðið arðbær, áður en að því ráði yrði horfið að flytja út óunnið efni.

Víða erlendis, svo sem í Frakklandi, Þýskalandi og Tékkóslóvakíu, hefur basalt verið notað til sérstakrar og umfangsmikillar iðnaðarframleiðslu í nokkra áratugi. Nauðsynlegt er að rannsaka hvort hagstætt getur talist að vinna úr basalti hér á landi fyrir innlendan markað og til útflutnings. Reynslan hefur sýnt að margt er hægt að vinna úr basalti, og hefur sú vinnsla orðið að stóriðnaði í fyrrgreindum löndum. Tilraunir eru hafnar á vinnslu perlusteins. Gefa þær tilraunir góðar vonir og jákvæðan árangur, að menn vona.

Skal nú gerð nokkur grein fyrir ýmsum innlendum jarðefnum sem líklegt er talið að nothæf séu til iðnaðar. Má m. a. nefna vikur og gjall. Þessi efni eru öll til margs nýtileg, svo sem fylliefni í léttsteypu, fylliefni í málningu, slípiefni, t. d. til þess að slípa gler, síuefni margs konar og til plötuframleiðslu með mismunandi trefjum, svo að nokkuð sé nefnt. Þessi efni finnast í miklu magni víða á landinu.

Margt mætti segja um notkun vikurs og gjalls í landi þar sem ekki er skógur og allt timbur er innflutt, en sá innflutningur nemur um 2000 millj. kr. á árinu. Sennilegt má telja að með

vinnslu þessara efna séu möguleikar fyrir fleiri en eitt meðalstórt íslenskt iðnfyrirtæki er hefði markað bæði hér innanlands og erlendis. Rétt er að taka fram, að eitt íslenskt fyrirtæki hefur fengist við útflutning á vikri frá Heklusvæðinu nokkur undanfarin ár. Ekki virðist vera framtíð í því að flytja efnið út úr landi óunnið á því verði sem fyrir það fæst. Ber vitanlega að stefna að því að vinna úr efninu hér á landi og flytja unna vöru á erlendan markað. Nokkur innlend fyrirtæki nota vikur og gjall í húshleðslusteina og milliveggjasteina. Endurbætur væru æskilegar á framleiðslu a. m. k. sumra þessara fyrirtækja. Þarna er þörf aukinna rannsókna og prófana.

Þá má nefna basalt, en eins og flestir vita er stærsti hluti lands okkar gerður úr basalti. Basalt gæti verið hráefni til fjölbreytilegarar framleiðslu. Unnt er að bræða basalt og steypa úr því rör og gólfflísar. Gerðar voru nokkrar frumathuganir á þessari notkun basalts af iðnrn. fyrir nokkrum árum. Basalt er aðaluppistaða í steinull, en þar er efnið blandað skeljasandi eða kalki. Notkun á steinull fer stöðugt vaxandi víðast hvar erlendis og jafnvel hér einnig, þótt steinull sé innflutt og því tiltölulega dýr. Flutt eru til landsins nú um 1000 tonn af plasthráefnum sem notuð eru til einangrunarframleiðslu. Efni þessi eru tiltölulega dýr og kosta sennilega yfir 400 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á ári hverju. Til viðbótar er innflutningur á steinull og glerull vaxandi.

Gert er ráð fyrir að byggingaryfirvöld muni á næstu árum gera auknar kröfur um eldþol þeirra efna sem til bygginga fara, og má því telja líklegt að steinull eða glerull, sem einnig er unnt að framleiða hér, komi í sviðsljósið aftur. Benda má á að steinull var framleidd hér á landi áður fyrr, en það fyrirtæki hætti framleiðslu, e. t. v. vegna þess að vélar og tæki hafa ekki verið eins og best varð á kosið og einnig vegna þess að þá var skortur á raforku og orkan tiltölulega dýr á þeim tíma. Gera má ráð fyrir að innlent fyrirtæki, sem framleiddi ca. 6—7 þúsund tonn af steinull á ári, mundi hafa góðan rekstrargrundvöll.

Víða á Suðurlandi er títanríkur sandur, og bendir margt til að sandarnir gætu verið gott hráefni til steinullarframleiðslu ásamt basaltgrjóti sem líka er mikið af. Er nauðsynlegt að leggja áherslu á að hraða hagkvæmri könnun á framleiðslu steinullar hér á landi. En basalt er unnt að nota til fjölbreyttari framleiðslu, eins og áður var minnst á. Margt bendir til þess að hagkvæmt gæti verið fyrir okkur að bræða basalt ásamt öðrum efnum til framleiðslu á sementi. Eins og flestir vita, er sement framleitt þannig að kalk og líparít er malað og blandað í vatni og dælt inn í langan snúningsofn þar sem efnið er þurrkað fremst í ofninum, en í enda ofnsins glæðast efnin saman og myndast þar sementsgjall. Í gjallið er síðan blandað gifsi og gifsið og gjallið malað og er þá komið sement. Sé hráefnunum í sement blandað í bræðsluofn, t. d. rafbræðsluofn, má bræða efnin saman og myndast þá, að því er talið er, meira af þeim efnasamböndum en nauðsynleg eru fyrir herslu sementsins við glæðingu.

Til landsins eru flutt 25—40 þús. tonn af sementsgjalli árlega vegna þess að Sementsverksmiðja ríkisins annar ekki eftirspurninni. Meðalstærð af bræðsluofni annar um 25—30 þús. tonnum og því líklegt að slík framleiðsla gæti verið hagkvæm hér á landi. Þegar er hafin framleiðsla á sementi með rafbræðslu erlendis, t. d. í Sovétríkjunum, og tilraunir með slíka framleiðslu eru gerðar víða erlendis, m. a. í Skotlandi. Veruleg raforkuþörf er við bræðslu á basalti til sementsframleiðslu og ætti því samkeppnisaðstaða hér á landi að vera tiltölulega góð.

Erlendis er unnið að tilraunum með framleiðslu á trefjum úr basalti, þ. e. a. s. án kalkiblöndunar, sem ætlaðar eru til styrktar á sementsefnum og til ýmiss konar sérnota. Flestum mun vera kunnugt að asbestþræðir hafa verið notaðir til framleiðslu á svonefndum asbestplötum og rörum, en einmitt um þessar mundir er verið að banna notkun asbests vegna heilsuspillandi áhrifa í mörgum nágrannalöndum. Meðal þeirra trefja, sem talið er að geti komið í stað asbests, eru basalttrefjar og steinullartrefjar. Voru niðurstöður þessara erlendu athugana þær, að basalttrefjar koma til álita sem styrktarefni í stað asbests. Mjög stór markaður er fyrir þessar trefjar og því vert að gefa athugunum á þessu sviði verulegan gaum. Hér gæti verið verkefni fyrir íslenskt iðnfyrirtæki að framleiða vöru til útflutnings. Hér er tiltölulega ódýr raforka til bræðslu á basalti til trefjagerðarinnar og efnið er tiltölulega dýrt. Flutningskostnaður frá landinu þyrfti því ekki að vera þröskuldur í vegi fyrir því að útflutningur gæti orðið að veruleika.

Víða erlendis eru þegar framleiddar plötur úr basalti sem eru þannig gerðar, að basalti og leir og/eða vikri og fleiri efnum er blandað saman og þau glædd við 1000—1400 gráðu hita. Bendir margt til að slík framleiðsla gæti orðið hagkvæm hér á landi.

Á suðurströnd Íslands er mikið af títanríkum sandi. Nokkrar athuganir hafa farið fram á nýtingu hans. Er nauðsynlegt að halda þeim athugunum áfram. Komið hefur í ljós að í sandinum eru 4—6% af járni, en í Bandaríkjunum hefur járn verið unnið í námu sem ekki hafði yfir 4% járninnihald. Jón Jónsson jarðfræðingur skrifaði athyglisverða grein í Suðurlandi 12. júní s. l. Greinin fjallaði um notkun innlendra jarðefna, m. a. um íslensku sandana. Í niðurlagsorðum þessarar greinar segir Jón Jónsson:

„Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst að enda þótt sandarnir íslensku hafi inni að halda athyglisvert magn af bæði járni og títan, þá mun þurfa talsverðar rannsóknir og væntanlega miklar tilraunir áður en hægt verður að snúa sér að málmvinnslu úr þeim."

Þetta eru orð að sönnu. Það þarf rannsóknir áður en hugsanlegt er að vinna málm úr íslensku söndunum. En þetta eru athyglisverð orð hjá þessum fróða manni. E. t. v. eigum við þarna mikilsverðar námur sem hægt er að nýta í framtíðinni.

Leir finnst hér í tiltölulega miklu magni víða á landinu. Nokkrar athuganir hafa þegar farið fram, en aðallega með tilliti til notkunar

í múrsteina og hugsanlega til framleiðslu á hreinlætistækjum. Íslenskur leir hefur lítillega verið notaður hér til leirmunagerðar, en nýtingarmöguleikar eru fleiri og þyrfti að athuga þá. Forathuganir hafa farið fram á að nýta leir, svonefndan Búðardalsleir, til þess að búa til úr honum háhitaeinangrun með rafbræðslu. Þarna er e. t. v. möguleiki sem vert væri að athuga.

Kísilútfellingar úr hveravatni verða við nýtingu jarðvarma. T. d. í Svartsengi mun falla til verulegt magn af kísiloxýði. Þetta kísiloxýð má hugsanlega nýta á ýmsa vegu, m.a. við gerð á plötum bundnum með sementi til þess að auka styrkleika sementsins. Fleiri nýtingarmöguleikar munu einnig koma til álita.

Ég hef haft samband við Iðnþróunarstofnun Íslands og fengið miklar upplýsingar þar um það mál sem hér er rætt um. Í Iðnþróunarstofnuninni eru starfandi áhugamenn, fróðir um þessa hluti, menn sem vilja fá tækifæri til þess að hefja rannsóknir á innlendum jarðefnum í ríkari mæli en enn hefur mátt verða. Það er örugglega mikið verk og vandasamt að rannsaka til hlítar það sem hér hefur verið nefnt. En það þolir ekki bið að úr því fáist skorið hvort arðvænlegt er að efna til iðnaðarframleiðslu úr íslenskum jarðefnum. Líkurnar eru miklar fyrir því að jarðefnin séu mikill auður sem þjóðin geti notfært sér á næstu árum og um langa framtíð. Athuga ber að hve miklu leyti er unnt að hafa not af langri reynslu og þekkingu annarra þjóða við vinnslu margs konar jarðefna í fjölbreytilegum iðnaði. Flestum mun vera ljóst að iðnaðurinn verður á næstu árum að taka við fjölda ungmenna sem koma á vinnumarkað. Er því þörf á að nýta þá möguleika sem kunna að vera fyrir hendi til þess að koma upp nýjum iðngreinum. Það er mikilsvert ef hráefnið er innlent og orkan er heimafengin.

Hliðstæð jarðefni og hér hafa verið nefnd eru mjög verðmæt iðnaðarhráefni víða erlendis. Mikilsverður iðnaður hefur byggst á því að vinna úr þeim á undanförnum áratugum. En nú eru þessi jarðefni víða til þurrðar gengin. Þess vegna er líklegt, að erlendir markaðir geti opnast fyrir íslenskar iðnaðarvörur úr innlendum jarðefnum í þeim löndum sem ekki hafa lengur hráefni fyrir framleiðsluna. Í landinu eru stofnanir og sérfræðingar sem í meginatriðum geta rannsakað það sem till. gerir ráð fyrir. Er ætlast til að hæstv. ríkisstj. notfæri sér þá þekkingu sem íslenskir vísindamenn hafa nú þegar og gætu aflað sér erlendis í þessum greinum.

Hæstv. forseti. Ég lýk máli mínu með því að leggja til að umr. verði frestað og till. verði vísað til atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vestfjarðaskip, þáltill. (þskj. 5). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Á þskj. 5 hef ég leyft mér að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fara þess á leit við ríkisstj. að hún feli Skipaútgerð ríkisins að hefja undirbúning að útgerð á sérstöku Vestfjarðaskipi, er annist flutninga milli Reykjavíkur og vestfirskra hafna. Við þann undirbúning verði haft samráð við sveitarstjórnir á Vestfjörðum og aðra aðila þar, svo sem eins og þá aðila sem hafa með höndum flutninga á landi og sjó innan fjórðungsins, og leitast við að skipuleggja vöruflutninga í samráði við þá þannig að vöruflutningar frá Reykjavík til uppskipunarhafna á Vestfjörðum og frá uppskipunarhöfnum og um fjórðunginn geti gengið greitt og örugglega og sem ódýrast. Jafnframt verði sérstaklega athugað hvort ekki sé unnt að hefja rekstur Vestfjarðaskips mjög bráðlega, t. d. með því að taka til bráðabirgða á leigu skip til flutninganna eða með því að notast við gamla Herjólf með einhverjum breytingum á meðan verið er að undirbúa kaup eða smíði á skipi sem hentar að öllu leyti til að sinna þessu sérstaka verkefni."

Það þarf væntanlega ekki fram að taka, að Vestfirðir hafa ásamt Austfjörðum verið sá landshluti sem búið hefur við hvað erfiðastar samgöngur á Íslandi. Mjög lengi var alls ekkert vegasamband við fjórðunginn, eftir að aðrir landsfjórðungar voru komnir í sæmilega gott vegasamband við aðalvegakerfi landsins, en með framkvæmd fyrsta samgönguþáttar Vestfjarðaáætlunar á sínum tíma var ráðin nokkur bót á þessu, þó að enn sé langt í frá að vestfirðingar séu í jafngóðu akvegasambandi við þjónustumiðstöð landsins alls — við Reykjavík — og flestir aðrir landsmenn eru. Þar við bætist að akvegir milli Vestfjarða og annarra landshluta, milli samgöngusvæða á Vestfjörðum og jafnvel milli nágrannabyggðarlaga innan sama samgöngusvæðis eru lokaðir sökum snjóa hartnær hálft árið. Þó að aðeins sé um mjög skamman veg að fara milli nágrannasveitarfélaga er sá vegur að mestu ófær hálft árið eða jafnvel meira. Allan þennan tíma verða vestfirðingar að treysta einvörðungu á samgöngur á sjó og í lofti og eru þá nánast settir líkt og þeir byggju á eyju aðskilinni frá meginlandi Íslands. Að sjálfsögðu er þetta ástand mjög bagalegt, bæði fyrir vestfirsk heimili og allan atvinnurekstur á Vestfjörðum og þá ekki hvað síst fyrir fólk í byggðarlögum sem eru algerlega einangruð frá nærsveitum á vetrum og engin aðstaða er til þess að flytja vörur eða fólk, hvorki á láði né í lofti. En þannig er því miður farið um mörg sveitarfélögin á Vestfjörðum, að það er erfitt að verða sér úti um brýnustu lífsnauðsynjar, erfitt að leita læknishjálpar, erfitt að leita sér þjónustu, sem aðrir telja sjálfsagða hluti. Á undanförnum árum hefur einangrun margra slíkra staða þó verið rofin með gerð flugvalla í nágrenninu, en flestir þessara flugvalla eru þó í raun réttri bráðabirgðaflugvellir þar sem flest flugleiðsögutæki og öryggistæki skortir og aðstöðu fyrir farþega er mjög ábótavant. Er talið að kostnaður við að koma þeim flugvöllum, sem nú eru notaðir á Vestfjörðum, í viðunandi horf nemi ekki lægri upphæð en um það bil 1 milljarði kr., og af því má sjá að mikið verk er enn óunnið til þess að tryggja vestfirðingum viðunandi og öruggar flugsamgöngur. Þá má einnig bæta því við, að jafnvel þótt fast áætlunarflug sé tekið upp til byggðarlags á þess-

um slóðum, þá bregður svo undarlega við að samgöngurnar batna ekki að sama skapi, þ. e. a. s. samgöngurnar batna milli viðkomandi byggðarlags og Reykjavíkur, en leggjast jafnvel alveg niður milli þessa byggðarlags og þeirrar þjónustumiðstöðvar á Vestfjörðum sem því byggðarlagi á að þjóna, þannig að tilkoma flugvallar og fast áætlunarflugs til vestfirsks byggðarlags þarf ekki endilega að þýða alhliða samgöngubót. Það getur jafnvel þýtt afturför hvað varðar samgöngur innan Vestfjarðakjördæmis sjálfs.

Engu að síður er þó ljóst orðið af reynslunni að flugvélar verða þau samgöngutæki sem öðrum fremur munu annast flutninga á fólki til og frá Vestfjörðum og jafnvel innan samgöngusvæða í Vestfjarðakjördæmi. Flugið er sá ferðamáti sem fólkið hefur kosið sér til sjálft í þessum landshluta eins og öllum öðrum. Marka má það af því, að árið 1944 voru 75.6% allra farþegaflutninga til og frá Vestfjörðum með flugvélum, en á árunum 1961—1974 minnkuðu farþegaflutningar á sjó um helming meðan farþegafjöldi með flugvélum fimmfaldaðist. Það virðist því útséð um það, að þó að hugmyndir hafi verið uppi t. d. hjá fyrrv. forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um að það kynni að vera ráð að byggja stór farþegaskip til hringferða kringum landið, til þess að flytja farþega bæði milli hafna og eins frá einstökum landshlutum til Reykjavíkur, þá hafi reynslan leitt í ljós að þessar hugmyndir séu alls ekki raunhæfar því að það sé harla ólíklegt, a. m. k. um staði sem nokkuð reglulegar flugsamgöngur eru til, að fólk mundi velja sér þann kostinn að fara með skipum t. d hingað til Reykjavíkur, heldur en með flugvélum, jafnvel þótt flugsamgöngur kunni að vera stopular. Hugmyndin um byggingu farþegaskipa til þess að vera í hringsiglingum um landið held ég að heyri ekki lengur þeim tímum til sem við lifum á. Það er frekar tilraun til þess að vekja upp lausn sem átti við á sínum tíma, en reynslan hefur sýnt okkur að á ekki lengur við. Því er fastlega reiknað með því að á næstu árum muni hlutur farþegaflugsins til og frá Vestfjörðum örugglega vaxa enn, enda er beinlínis ráð fyrir því gert bæði af vestfirðingum sjálfum, í útreikningum og spádómum áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og enn fremur í áætlun Vegagerðar ríkisins um samgöngubætur á landi.

Öðru máli gegnir hins vegar um vöruflutningana. Eins og nú standa sakir eru flutt um 70 þús. tonn af vörum til Vestfjarða á ári og er talsverður hluti þess almennar neysluvörur ásamt vörum svo sem eins og varahlutum o. fl. til þarfa atvinnufyrirtækjanna á Vestfjörðum. Þær vörur, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. flutningarnir til Vestfjarða, eru flestar þannig að mikið liggur við að vestfirsk heimili og atvinnufyrirtæki geti fengið vörurnar fljótt og örugglega og án allt of mikils tilkostnaðar. Vörurnar, sem fluttar eru frá Vestfjörðum, eru hins vegar að langmestu levti framleiðsluvörur sem ekki er a. m. k. eins mikilvægt að séu fluttar með jafnskömmu millibili og þessar almennu neysluvörur, þó að vandræði hafi skapast nú nýlega vegna þess hve langt er á milli vöruflutninga frá Vestfjörðum til annarra landshluta eða beint til útlanda. Segja má að þessir vöruflutningar til Vestfjarða séu ekki óviðunandi á sumrum þegar vöruflutningabifreiðar ganga reglulega milli flestra byggðarlaga fyrir vestan og Reykjavíkur. En á vetrum er ástandið í þessum efnum hins vegar gersamlega óþolandi. Siglingar skipa Skipaútgerðar ríkisins til Vestfjarðahafna eru þá sem endranær mjög strjálar, og það hefur iðulega komið fyrir að vörur, sem pantaðar hafa verið til fjölmennustu byggðarlaganna á Vestfjörðum og áttu að koma fyrir jól, hafi ekki borist fyrr en eftir nýár. Þetta gerðist t. d. á Ísafirði um s. l. áramót, að jólavarningurinn, sem verslanir þar höfðu pantað og neytendur höfðu gert pöntun hjá þeim á, bárust ekki fyrr en talsvert löngu eftir nýár, og var þá bæði um að ræða vöruþurrð í verslunum og mikið fjárhagslegt tjón fyrir verslunareigendur. Einasta ráðið til þess að fá bót á þessu hefur verið að flytja vörurnar flugleiðis, en það er einhver dýrasti flutningamáti sem um getur, og þann mikla aukaskatt verða vestfirskir neytendur eða vestfirsk atvinnufyrirtæki að borga. Til þess að gefa einhverja hugmynd um hvaða fjárhæðir hér er um að tefla má nefna að samkv. álitsgerð Vegagerðar ríkisins um tengingu Inn-Djúps, sem gerð var s. l. sumar, nam flutningskostnaður á 10 kg vörusendingu með Skipaútgerð ríkisins frá Reykjavík til Vestfjarða á verðlagi í okt. 1975 frá kr. 66 61 upp í kr. 100.60 eftir vöruflokkum, flutningskostnaðurinn með flugvélum á sömu sendingu miðað við verðlag í árslok 1972 286 kr. og flutningskostnaður sömu sendingar með vöruflutningabifreið — og var þá afgreiðslugjald innifalið — um 250 kr. Ofan á þessi flutningsgjöld leggjast svo að sjálfsögðu smásöluálagning og söluskattur, sem breikka enn bilið, svo af því má sjá að það er ekki svo lítið atriði fyrir vestfirska neytendur og atvinnufyrirtæki á Vestfjörðum hvaða flutningaleið er valin eða öllu heldur hvaða flutningaleið menn neyðast til þess að velja miðað við aðstæður, enda er algengt að lítill varahlutur, t. d. varahlutur í bifreið sem mikið liggur við að fá, sem kostar aðeins nokkur hundruð kr. í varahlutaverslun í Reykjavík, kosti vestfirska neytandann talsvert á annað þús. þegar hann fær hlutinn í hendur, og eru þá talin útgiöld t. d. eins og símakostnaður við það að leita uppi þessa vöru og fá hana pantaða.

Það hefur sjálfsagt háð því nokkuð að fá varanlega lausn á þessum málum að til skamms tíma hefur engin ákveðin stefna verið mótuð um hvernig skuli staðið að framkvæmdum í samgöngumálum á Vestfjörðum og milli Vestfjarða og annarra landshluta hvað flutninga varðar. Menn hafa til þessa ekki snúið sér að því á grundvelli hagkvæmniskannana, rannsókna á flutningaþörf, flutningagetu og flutningamöguleikum að velja vísvitandi úr þeim flutningaleiðum sem bjóðast og ákveða t. d. á hvaða leiðir skuli leggja sérstaka áherslu fyrir hverja gerð flutninga. En nú virðist vera að sú stefna hafi verið mótuð. Það hefur verið gert í fyrsta lagi með forsendum sem áætlanadeild — nú byggðadeild — Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur sett sér varðandi störf að gerð byggðaáætlunar fyrir Vestfirði, í öðru lagi í forsendum og niðurstöðum álitsgerðar Vegagerðar ríkis-

ins um tengingu Inn-Djúps og í þriðja lagi í samþykkt fjórðungsþings vestfirðinga, sem gerð var í sept. í haust. Stefnan, sem mótuð hefur verið í þessum málum, er í öllum meginatriðum hin sama hjá þessum þremur aðilum. Að því er ég veit a. m. k. er það í fyrsta skipti sem einhver ákveðin stefna í slíkum málum hefur verið mótuð, eitthvert ákveðið val milli ákveðinna kosta hefur farið fram.

Í fyrsta lagi er þarna staðfest sú niðurstaða, sem reynslan hefur raunar sannreynt að sé vilji íbúa Vestfirðinga sjálfra og ég ræddi hér um áðan, að flutningar á fólki til og frá Vestfjörðum, jafnvel innan samgöngusvæða þar, fari fram í lofti. M. ö. o. má vænta þess að í framtíðinni verði samgöngubætur hvað farþegaflutninga varðar fyrst og fremst unnar á sviði loftferða — með framkvæmdum við flugvallagerð, öryggis- og flugleiðsögubúnað á flugvöllum og í bættri aðstöðu fyrir farþega. Er vissulega mikið verk óunnið þar, eins og ég drap aðeins á áðr.

Í annan stað sýna kannanir á hinum ýmsu flutningamátum vöru að flutningar á sjó til og frá Vestfjörðum eru ódýrasti og öruggasti flutningamátinn, eins og ég drap á áðan í þeim samanburðarkostnaðartölum sem ég hafði úr skýrslu Vegagerðar ríkisins. Í beinu framhaldi af þessu er niðurstaðan hjá þeim þremur aðilum sem ég hef drepið á, hvað röðun framkvæmda í vegamálum á Vestfjörðum varðar, að fyrst skuli leggja áherslu á tengingu byggðarlaganna innbyrðis innan hvers hinna fjögurra samgöngusvæða á Vestfjörðum, þ. e. Ísafjarðarsvæðis, Patreksfjarðarsvæðis, Strandasvæðis og Reykhólasvæðis, fyrsta verkið verði að vinna að varanlegri vegagerð innan þessara svæða, þannig að hægt verði að tengja byggðarlögin innan samgöngusvæðanna við sameiginlega þjónustumiðstöð allt árið um kring. Sem viðfangsefni nr. 2 verði svo að tengja þessi samgöngusvæði við aðalvegakerfi landsmanna með varanlegum hætti. Þriðja í röðinni af viðfangsefnum þessum verði svo að tengja þessi samgöngusvæði innbyrðis, að svo miklu leyti sem það hefur ekki verið gert þegar samgöngusvæðin hafa verið tengd aðalvegakerfinu, eins og gert er ráð fyrir að verði viðfangsefni 2.

M. ö. o. geta vestfirðingar ekki vænst þess í náinni framtíð að eiga völ á vöruflutningum á landi allt árið um kring frá Reykjavík, af þeirri ástæðu einfaldlega að sá kostur er svo dýr, bæði fyrir vestfirska neytendur og þjóðfélagið í heild, að hagkvæmara og öruggara er að flytja vöruna sjóleiðis vestur og svo það an landleiðis eða sjóleiðis um samgöngusvæðin, og í samræmi við það á að vinna að varanlegri vegagerð og þá væntanlega gerð vöruflutningahafnar og ferjubryggna í fjórðungnum.

Þarna er sem sé verið að marka þá stefnu til framtíðar í raun og veru, þó að það sé ekki berum orðum sagt, þá er verið að marka þá stefnu til framtíðar að vöruflutningar til Vestfjarða fari fram sjóleiðis til ákveðinna uppskipunarhafna eftir aðstæðum, bær hafnir yrðu að sjálfsögðu við núverandi aðstæður að vera fleiri á vetrum en sumrum, og svo frá þessum uppskipunarhöfnum landleiðis eða með flóabát um samgöngusvæðin. Þetta er í fullu samræmi við þá forsendu bæði áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Vegagerðarinnar að vöruflutningar á sjó um langan veg séu bæði ódýrastir og hagkvæmastir, en hins vegar ódýrara og hagkvæmara að flytja vörur landleiðis ef um skamman veg er að fara. Þessi meginstefnumörkun þýðir þó að sjálfsögðu ekki að verið sé að gefa einhver fyrirmæli um að flutningar á vörum með bifreiðum eða flugvélum eigi að leggjast niður. Ýmsar vörur sérstaks eðlis verða sjálfsagt áfram fluttar flugleiðis, um það bil 1.5—2% af heildarvöruflutningunum nú, og flutningar á landi yfir sumarmánuðina milli Reykjavíkur og Vestfjarða gætu allt eins orðið hér eftir sem hingað til ef sá flutningamáti gæti reynst samkeppnisfær í verði og þjónustu, en meginstefnan er þó sú, að vörur til og frá Vestfjörðum hljóti að vera fluttar á sjó. Þannig nýtist fjármagnið best og þannig verður varan ódýrust fyrir vestfirska neytendur.

Ég álít sjálfur að þessi stefnumótun sé mjög skynsamleg. Ég held að það megi varla búast við því, og þeir geti sagt sér það sjálfir sem hafa farið um vestfirska vegi, — að það megi vart vænta þess að þjóðfélagið hafi fjárhagslegt bolmagn ekki aðeins til þess að byggja vegi sem yrðu færir allan ársins hring vestur á Vestfirði, heldur einnig að þjóðfélagið hefði fjárhagslegt bolmagn til þess að ryðja snjó af þessum vegum jafnoft og gera þyrfti ef ætti að halda vegunum opnum allt árið um kring. Margir vestfirðingar hafa sjálfsagt vonast eftir því að þetta kynni að vera hægt, en mig uggir að það sé ekki fjárhagslega hagkvæmt og það sé raunar að fara illa með fé og nýta illa þá möguleika, sem vestfirðingum gætu staðið til boða í samgöngumálum, að verja miklu fjármagni til slíkra hluta á sama tíma og það ófremdarástand, sem a. m. k. allir þm. Vestf. þekkja, ríkir í hafnarmálum og í vegamálum innan samgöngusvæðanna.

Það hefur einnig komið fram í athugunum Vegagerðar ríkisins að jafnvel þó að búið væri að leggja varanlega vetrarvegi frá Reykjavík til Vestfjarða, þá yrði ákaflega dýrt þjóðfélagslega að halda þessum vegum opnum, t. d. fyrir vöruflutninga: Vegagerð ríkisins áætlar þannig að kostnaðurinn á kg af vöru sem flutt yrði til Ísafjarðar að vetri, kostnaðurinn við að moka snjó af þeim parti þess vegar sem ekki yrði mokaður til annarra þarfa, mundi nema um 10 kr. á hvert einasta kg af vöru sem flutt yrði til Vestfjarða. Auðvitað væri ekki hægt að leysa þetta mál nema á tvo vegu: annaðhvort með því að láta vestfirska neytendur greiða þetta í formi hækkaðs vöruverðs eða með einhvers konar niðurgreiðslum úr ríkissjóði, sem raunar þýðir eitt og það sama, eða þá í þriðja lagi að fé, sem ella gæti runnið til viðhalds vega á Vestfjörðum, þeirra vega sem fólkið skiptir mestu máli að séu opnir á vetrum, það mundi að mestu fara til þessara hluta.

Þá hefur það einnig verið nokkuð rætt og menn vonast til þess að með gerð varanlegra vega frá Reykjavík til — við skulum segja Ísafjarðar eða einhverra af þessum fjórum samgöngusvæðum sem ég rakti hér áðan, þá mundi skapast sá möguleiki að fólk af Vestfjörðum gæti átt greiða leið til Reykjavíkur á eigin bílum allt árið um kring. En ég verð nú að segja a. m. k. fyrir mig — það verður hver að dæma það fyrir sjálfan sig — að ég mundi hugsa mig tvisvar og jafn-

vel þrisvar um, ef ég væri staddur t. d. norður á Ísafirði í desembermánuði með fjölskyldu mína og bifreið og vissi af því að vegurinn suður til Reykjavíkur hefði verið mokaður þá um morguninn, — ég mundi hugsa mig tvisvar og þrisvar um áður en ég legði í það stórvirki að mínu mati að fara á eigin bíl alla þessa leið með fjölskyldu mína, einhverja erfiðustu vegaleið sem hægt er að fara, og ekki aðeins það, heldur um mjög langan veg þar sem engin aðstaða er til þess að leita hjálpar til aðstoðar af neinu tagi ef eitthvað brygði út af. A. m. k. hvað næstu framtíð varðar, þá held ég að það sé því algjörlega útilokað að hægt sé að ráðast í það stórvirki að halda vegum til Vestfjarðakjördæmis opnum árið um kring, og fyrst svo er, þá er ekki um annað að ræða heldur en að leysa vöruflutningaþörfina til Vestfjarða vetur og sumar með öðru móti.

Til þess að þetta geti orðið þarf hins vegar að endurskipuleggja frá grunni alla sjóflutninga til og frá Vestfjörðum. Komur skipa Skipaútgerðar ríkisins hálfsmánaðarlega og jafnvel sjaldnar til vestfirskra hafna eru allsendis ófullnægjandi og þá ekki síst á vetrum þegar þetta er eina vöruflutningaleiðin sem vestfirðingar hafa á að kjósa. Þjónusta Skipaútgerðarinnar við þá, sem vörur flytja með skipum félagsins, þarf einnig að batna mjög verulega frá því sem nú er. Þjónusta vöruflutningabifreiða umfram þá sem Skipaútgerð ríkisins veitir er einna helst sú, að með vöruflutningabifreiðum fær flytjandinn vöruna heim í hlað, en verður hins vegar að sækja hana sjálfur á afgreiðslu Skipatúgerðarinnar. Og í annan stað er almennt álitið að meðferðin á vörunni sé mun betri hjá landflutningafyrirtækjum en útgerðinni. Hvort þetta er auðvitað hægt að bæta hjá Skipaútgerð ríkisins og þarf að bæta ef sú stefna í vöruflutningamálum, sem að framan var rakin, á að bera árangur.

Í fyrsta lagi þarf til að koma sérstakt skip, Vestfjarðaskip, sem annast vöruflutninga á sjó milli Reykjavíkur og Vestfjarða og a. m. k. á vetrum flutninga milli samgöngusvæða vestra. Þetta skip þarf að koma á a. m. k. helstu lykilhafnir á Vestfjörðum ekki sjaldnar en tvisvar í viku og vera sérstaklega byggt til gámaflutninga til hraðrar lestunar og losunar og til þess að vel geti farið um flutninginn.

Í annan stað er svo að sjálfsögðu nauðsynlegt í samræmi við þá stefnu í samgöngumálum Vestfjarða, sem ég var að enda við að lýsa, að útgerðin hafi fasta samninga við flutningafyrirtæki þau, eigendur vöruflutningabifreiða og flóabáta, sem eiga að flytja vöruna áfram til neytenda eða fyrirtækja innan hvers samgöngusvæðis, svo að flutningar að og frá uppskipunarhöfnum gangi fljótt og örugglega. Einmitt þess vegna er beinlínis ráð fyrir því gert í báltill. að við undirbúning útgerðar sérstaks Vestfjarðaskips verði haft samráð við aðila, er annast flutninga á sjó og landi á Vestfjörðum, og jafnvel enn aðra, svo sem eins og stærstu verslunar- og þjónustufyrirtæki vestfirðinga, auk sveitarstjórna.

Till. sú, sem hér er flutt, er ekki nýtt mál á Alþ. Slíkar till. eða henni líkar hafa áður verið fluttar, en ekki náð til framkvæmda. Nú hefur það hins vegar gerst, eins og ég rakti áðan, að mörkuð hefur verið ákveðin stefna í samgöngumálum vestfirðinga, þ. e. a. s. um forgangsröð vegaframkvæmda sem ætlunin er að vinna eftir á næstu árum, og algjör forsenda fyrir því, að sú stefna geti skilað árangri, er að sjósamgöngur við Vestfirði verði leystar með sérstöku Vestfjarðaskipi. Verði það ekki gert verður framkvæmd þeirrar samgöngustefnu, sem mörkuð hefur verið fyrir Vestfirði, hvorki heil né hálf, því það er lítil bót í því að efla vegagerð og tryggja varanlegt heils árs samband innan ákveðinna samgöngusvæða með vöruflutninga fyrir augum ef ekki berast vörur, sem flytja á, reglulega til þeirra hafna sem eiga að vera uppskipunarhafnir fyrir þessi samgöngusvæði.

Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því, að það getur tekið talsverðan tíma að fá til landsins skip sem sérstaklega hentar til þeirra verkefna sem að framan hefur verið lýst. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að reynt verði hið fyrsta að ráða bót á vöruflutningavandkvæðum vestfirðinga þó til bráðabirgða sé. Því er þeirri hugmynd varpað fram í till. að athugað verði hvort ekki sé hægt að fá skip, þó ekki sé það sérstaklega byggt til þessara flutninga, sem gæti komið mjög fljótlega í gagnið. Er í því sambandi bent á möguleika á að fá leiguskip eða nota skip, Herjólf gamla, sem nú er ónotað og á söluskrá, en í eigu Skipaútgerðar ríkisins. Þótt það skip sé lítið og á ýmsan hátt ekki hentugt til þeirra verkefna sem hér um ræðir, er það þó tiltölulega nýlegt skip sem reynst hefur vel á erfiðri siglingaleið, og e. t. v. mætti án mjög verulegs kostnaðar breyta því þannig að það gæti hentað til bráðabirgða sem Vestfjarðaskip. A. m. k. yrði það stór framför frá því sem verið hefur ef gamli Herjólfur yrði tekinn til bráðabirgða í fastar áætlunarferðir milli Reykjavíkur og Vestfjarða í stað þess að liggja bundinn við bryggju í Reykjavík engum til gagns.

Ég ræddi þetta mál á s. l. vetri við þáv. forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Sú viðræða bar ekki árangur, enda hafði hann þá meiri hug á því, eins og ég sagði áðan, að láta byggja á vegum útgerðarinnar eitt eða helst tvö farþegaflutningaskip til þess að flytja farþega hringinn í kringum landið, fremur en leggja áherslu á úrbætur í vöruflutningamálum, eins og hér er gert. Það skiptir kannske ekki meginmáli hvaða skip valið er. Meginatriðið er það, að stofnanir ríkisvaldsins og ríkisvaldið sjálft samhæfi aðgerðir sínar eftir að ákveðin stefna hefur verið mörkuð, að hægri höndin viti hvað sú vinstri er að gera. Það er til lítilla bóta að áætlanir séu gerðar um röðun framkvæmda í samgöngumálum vestfirðinga. Vegagerð ríkisins vinni með fullum stuðningi heimamanna og væntanlega Alþ að því að bæta samgöngur innan samgöngusvæða á Vestfjörðum beinlínis í því skyni að auðvelda dreifingu vöru innsvæðis til og frá útskipunarhöfn, ef svo gleymist eða er vanrækt að gera ráð fyrir örum og traustum sjóflutningum að og frá þessum höfnum. Útgerð sérstaks Vestfjarðaskips er algjör forsenda þess að það markmið náist sem opinberar stofnanir og vestfirðingar sjálfir hafa sammælst um, og nauðsynlegt er að undirbún-

ingur slíkrar útgerðar verði nú þegar hafinn, eins og þáltill. þessi gerir ráð fyrir.

Við þetta má svo að lokum bæta því, að það, sem gerir það raunar enn mikilvægara að þetta ráð sé tekið nú, er það, að eins og ég sagði hér áðan er þetta í fyrsta skipti, a. m. k. sem ég veit til, sem ákveðin stefna hefur verið mörkuð í sambandi við flutninga á vörum innan Vestfirðingafjórðungs, og sú stefna er þess eðlis að ef ekki verða gerðar þær úrbætur í vöruflutningum á sjó til Vestfjarða sem hér um ræðir, þá nær hún ekki tilgangi sínum.

Herra forseti. Ég geri það svo að till. minni að umr. sé frestað og þáltill. vísað til hv. allshn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Einn af kostum lífsins er sá, að hver kynslóð skilur alltaf eftir verkefni handa þeirri næstu. Og svo er einnig þegar ráðherraskipti verða, þá verða verkefni eftir handa þeim sem á eftir koma. Eitt sinn mun Alþfl. hafa átt ráðherra samgöngumála, og þá lá þetta eftir svo að nú er hægt að þessu að vinna. Út í þetta ætla ég nú ekki að fara, því mitt mat er það, að þrátt fyrir það, þó að mikið sé ógert í samgöngumálum hér á landi, hafi mikið verið gert og merkilega mikið verið gert af svo fámennri þjóð í svo strjálbýlu landi eins og okkar er.

Á s. l. hausti sýndu vestfirðingar mér þann sóma að þeir buðu mér á sitt fjórðungsþing, þar sem þeir ræddu samgöngumál sín sem aðalmálið. Þar gerði ég grein fyrir því sem ég best vissi á þeim stöðum þar sem ég þekkti til og heyrði álit þeirra og hafði mikið gagn af því að vera á þessu þingi því umr. voru þar fróðlegar og gagnlegar og fóru fram með skikkanlegum hætti.

Eitt af því, sem ég skýrði þá frá, var að í vændum væru nú skipti á forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Verða þau skipti nú um næstu mánaðamót. Nú er það ekki þannig að ég sé að halda því fram að sá forstjóri, sem þá hættir störfum, hafi sinnt illa sínu verki, nema síður sé, því hann hefur margt gott unnið eins og kunnugt er. En eins og fyrr verða verkefni handa þeim sem við tekur, og sá, sem það gerir, Guðmundur Einarsson, hefur unnið að því um langt áraskeið að kynna sér og vinna að áætlunum um samgöngumálin, bæði hjá Efnahagsstofnuninni og eins hjá Framkvæmdastofnuninni, og er því mjög kunnugur og er búinn að setja sig vel inn í þessi mál. Hann hefur svo notað síðustu vikur, sem hann hefur haft nokkuð frjálsar, til þess að vinna betur að þessu, til þess að vera undir þetta betur búinn þegar hann kemur til starfa í stofnuninni.

Það hefur komið fram í okkar samtali, að það, sem beri að leggja höfuðáhersluna á í sambandi við Skipaútgerð ríkisins, séu samgöngurnar við Vestfirði og Austfirði, það þurfi að endurskoða hvort hringferðirnar eigi rétt á sér, og meðan ekki séu fleiri skip í eigu Skipaútgerðar ríkisins heldur en nú sé, þá þurfi að leggja áherslu á hitt. Það er okkar skoðun sameiginlega að vikulegar ferðir til þessara staða á veturna a. m. k. þurfi nauðsynlega að koma til.

Ég er hv. flm. þáltill. á þskj. 5 sammála um það, að vöruflutningar til Vestfjarða muni fyrst um sinn fara fram á sjó, það sé langhyggilegast og á veturna sé þetta alveg bráðnauðsynlegt, því að það sé svo seinvirkt að bíða landflutninga og dýrt að taka flugflutningana, þess vegna þurfi að vinna algjörlega að þessu. Til þess að gera þetta framkvæmanlegt með góðu móti þarf að athuga með fleiri skip og ákvörðun um sölu Herjólfs er nú mjög til athugunar, hvort af því verður og hvernig hægt væri að hagnýta hann í þessu sambandi. Hann er að vísu ekki undir það búinn því hann er of mikið ætlaður fyrir farþegaflutninga, en ég hef ekki trú á farþegaflutningum á sjóleiðinni yfirleitt nú orðið, enda er okkar vegakerfi og flugfloti byggt upp til þess að taka þann þátt að sér. Hins vegar eigum við meira að fara inn á vöruflutningana á sjóleiðum heldur en við höfum gert. Nú er verið að vinna að því hér í Reykjavíkurhöfn að bæta aðstöðu fyrir Skipaútgerð ríkisins, en hún hefur verið afskaplega erfið, eins og kunnugt er, og raunverulega ekki hægt að taka þar á móti vörum nema beint í skip. Til þess að þetta geti verið í lagi þarf að breyta því þannig að það sé hægt að flytja vörur á öðrum tíma en þegar skipin eru reiðubúin til að taka við þeim, og þetta er eitt af því sem er í áætlun í sambandi við þær hugsanlegu breytingar sem á rekstri Skipaútgerðarinnar yrðu gerðar.

Ég ætla ekki að þreyta menn með langri orðræðu hér að þessu sinni. Ég sé ekki ástæðu til þess. Ég gerði grein fyrir stefnu ríkisstj. á fjórðungsþinginu í haust fyrir vestan og vil endurtaka það, að ég tel að brýna nauðsyn beri til að koma þessum málum þannig fyrir að vikulegar ferðir geti verið til Vestfjarða frá Reykjavík á sjó á veturna a. m. k., og það þurfi að bæta aðstöðu hér og úti á landi til þess að gera samgöngurnar sjóleiðina betri og hentugri heldur en þær eru nú. Jafnframt yrði leitað eftir því með breyttu skipulagi að gera þær einnig hagkvæmari en þær eru og hafa verið nú síðustu árin. Þetta tel ég að verði höfuðverkefni Skipaútgerðar ríkisins nú á næstu mánuðum eða þeim tíma sem þarf til þess að breyta þessu í gott horf, en fyrst og fremst verði stefnumörkunin í þessa átt. Það tel ég að sé nokkurn veginn ráðið og að því verði unnið. Þetta vildi ég segja í tilefni af þáltill.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er ekki einungis á Vestfjörðum sem menn eru sammála um að það sé brýnt verkefni að bæta úr ástandi samgöngumála þar á sjó. Menn eru líka sammála hér í þessu efni, og hæstv. samgrh. lagði einmitt áherslu á að það væri þörf á að bæta hér úr.

Hv. flm. þessarar þáltill. ræddi mikið um ástand þessara mála á Vestfjörðum, og ég er sammála því, sem hann sagði um ástandið, og yfirleitt skilgreiningu hans á því vandamáli sem hér er við að glíma. En það er eins í þessu vandamáli og öðrum, að þó að við séum sammála um að það þurfi að leysa það, þá er alltaf nokkur spurning hvernig á að leysa það, a. m. k. hvernig það verður best gert.

Mér sýnist kjarni þeirrar till., sem hér liggur fyrir, vera sá, að það sé verkefni sérstaks Vestfjarðaskips, eins og það er orðað, að annast

flutninga á sjó til Vestfjarða. Ég vil aðeins víkja að þessu orðalagi. Menn geta e. t. v. meint mismunandi með þessu, hvað er sérstakt Vestfjarðaskip. Samkv. till. þessari er átt við, skilst mér, að eitt af skipum Skipaútgerðar ríkisins verði eingöngu til þjónustu fyrir Vestfirði, en skipið sé í eigu og rekið af Skipaútgerð ríkisins.

Ég hygg að þetta væri í sjálfu sér gott, ef þetta gæti verið svona, og þar með væri séð fyrir þörfum vestfirðinga og fundin lausn á þessu máli. En ég er ekki alveg viss um nema það geti verið vissir meinbugir á þessu. Ég læt mér detta í hug að það gæti alltaf verið hætta á því að eignaraðilinn, í þessu sambandi Skipaútgerð ríkisins, léti sér detta í hug að grípa til þessa skips e. t. v. fyrst í smáum stíl, en svo síðar e. t. v. meira, til annarra þarfa heldur en á Vestfjörðum vegna þess að þær væru svo aðkallandi í svipinn. M. ö. o. er spurningin hvort þetta er nægilega trygg og hentug aðferð fyrir vestfirðinga. Nú vil ég ekki fullyrða að svo sé ekki. Ég er ekki að útiloka þessa aðferð, en ég aðeins bendi á þetta. En þetta dregur athyglina að því, hvort það geti ekki verið leið að vestfirðingar taki þessi mál í eigin hendur, þ. e. a. s. að þeir eigi sjálfir og stjórni sjálfir því skipi sem þarf að koma til þess að leysa þarfir þeirra.

Það má segja að sjálfs er höndin hollust, og ef þetta er framkvæmanlegt, þá hygg ég að það sé fengin viðunandi lausn á þessu. Ég segi: ef þetta er framkvæmanlegt. Það þarf ýmislegt að ske áður en skip sem þetta kæmist í framkvæmd. Það kann líka að vera að það sé auðveldara og hagkvæmara fyrir vestfirðinga — ég vil ekki útiloka það — að fara hina leiðina, að láta Ríkisskip annast þetta. En ég tel að það sé hins vegar ekkert útilokað í þessu efni að vestfirðingar taki þessi mál í eigin hendur, og þeir eru ekki að fara nýjar brautir í þeim efnum ef að því ráði verður horfið. Þeir eru einmitt að fara þá leið sem farin hefur verið annars staðar, þar sem hefur þótt ástæða og þörf fyrir sérstakt skip. Í þessu efni nægir að benda á Vestmannaeyjaskipið. Vestmanneyingar eiga það skip og reka það sjálfir. Í þessu sambandi má benda á flóabátana, þó að það sé ekki algjörlega hliðstætt. Og það fer ekkert illa á því í þessu sambandi að minna á það, að um nokkurt árabil var haldið uppi þjónustu á þessu sviði fyrir vestfirðinga með útgerð á einu skipi frá Vestfjörðum í eigu Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík, og það þótti mikil afturför þegar sú útgerð hætti. En aðalatriðið í þessu efni og ég undirstrika það — er að það fáist lausn á þessu máli. Það er höfuðatriðið, en ekki hvaða leið verður farin.

Ég tel gott að þessi till. er hér fram komin, ef hún getur orðið til þess að flýta athugun á þessum málum. Ég tel nauðsynlegt að hún fái sem skjótasta þinglega afgreiðslu. Og ég vænti þess að málin geti skýrst í meðferð þingsins nokkru betur en þau liggja nú fyrir.

Ég held að það, sem ég hef hér sagt og viljað vekja athygli á, þau sjónarmið sem ég hef hér komið með, séu mjög í samræmi við sjónarmið vestfirðinga almennt í þessum málum. Í því sambandi vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp samþykkt sem gerð var á fjórðungsþingi vestfirðinga 11. og 12. sept. s. l. einmitt um þetta mál. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið telur, að nauðsynlegt sé að komið verði á vikulegum vöruflutningum milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna þar sem lagt sé kapp á ítrustu hagkvæmni í vinnubrögðum og rekstri. Verði tregða á, að Skipaútgerð ríkisins láti í té þessa þjónustu, telur þingið rétt að stjórn Fjórðungssambandsins leiti samstarfs við þá aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, um að kanna alla möguleika á því að vestfirðingar taki þessa þjónustu í eigin hendur."

Ég sé ekki ástæðu til þess að gerast á þessu stigi málsins langorður um þessa till. Ég fagna því að hún er fram komin, og ég vænti þess að hún hreyfi þannig við þessum málum að það finnist skjótar lausn sem vestfirðingar geta við unað.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég kem hér aðallega í ræðustól til þess að rifja upp það sem gerst hefur í sambandi við þetta mál.

Efnisatriði þessarar þáltill., sem hér eru nú til umr., er ekki nýtt hér á hv. Alþ. því a. m. k. fimm sinnum áður hefur þetta mál borið hér á góma, að vísu í öll þau fimm skiptin hefur verið flutt um það frv. til l., en nú er málið flutt í þáltill.-formi.

Það var, eftir því sem ég best veit, fyrst árið 1962 sem flutt var frv. um sérstakt Vestfjarðaskip. Flm. þess voru þá þm. Hannibal Valdimarsson og Jón Skaftason. Þetta frv., sem þá var flutt, fór til n., en var ekki afgr. þá úr n. Aftur er málið flutt árið 1963 og þá í frv.-formi. Þá eru flm. þm. Sigurvin Einarsson og Hannibal Valdimarsson, og enn fer málið til n., en kemur ekki úr n. Árið 1964 er málið enn flutt í frv.-formi og þá eru flm. hinir sömu, Sigurvin Einarsson og Hannibal Valdimarsson. Þá er málið afgr. í n. og samþ. af þáv. meiri hl. á Alþ. að málinu skuli vísað til ríkisstj. á grundvelli þess að rekstur Skipaútgerðar ríkisins sé þá í sérstakri athugun og eðlilegt sé að málið sé skoðað frekar í tengslum við þá athugun. Ekkert frekara gerist. Árið 1966 er enn flutt frv. um sérstakt Vestfjarðaskip, og þá er það þm. Steingrímur Pálsson sem flytur það frv. Enn fer málið í n., en sofnar þar. Síðan er það árið 1970 að sami þm., Steingrímur Pálsson, flytur frv. um sérstakt Vestfjarðaskip. Þá fær frv. meðferð í n. og enn á sama hátt og áður, að því skuli vísa til ríkisstj., og ekkert gerist frekar. Hér er fimm sinnum búið að flytja frv. á hv. Alþ. um nákvæmlega sama hlutinn og hér er verið að tala um, um sérstakt Vestfjarðaskip til þess að þjóna Vestfirðingafjórðungi vegna þess að hann er þannig settur í sambandi við samgöngur, var og er, að illmögulegt er að halda uppi eðlilegum samgöngum við fjórðunginn nema því aðeins að það sé gert að því er vöruflutninga varðar a. m. k. með skipum. Ég taldi rétt að við umr. um þessa þáltill. væri þess getið að málið hefur oft borið á góma hér á Alþ. þó að það hafi verið í öðru formi en málið er nú flutt.

Ég skal segja það strax fyrir mitt leyti, að ég fagna því að málið er nú tekið upp hér og ég vænti þess að það fái jákvæðari meðferð heldur

en hin fimm undanfarandi skiptin, þannig að það fái gaumgæfilega skoðun og afgreiðslu. Ég skal þó taka það fram, að fyrir mér er ekkert aðalatriði að þetta verði nefnt Vestfjarðaskip. Það er ekkert aðalatriði. Aðalatriðið er að koma samgöngum á vegum Ríkisskips í það horf sem vestfirðingar geta við unað. Það er mjög oft, að því er mér er tjáð, sem það hefur komið fyrir á undanförnum árum að skip Skipaútgerðarinnar koma ekki á hafnir á Vestfjörðum allt upp í hálfan mánuð. Gefur auga leið að slík þjónusta er fyrir neðan allar hellur, ekki síst þegar haft er í huga að Vestfirðir eru þannig settir samgöngulega séð 7—8 mánuði úr árinu að ekki er um að ræða neina flutninga öðruvísi en þá með flugvélum eða skipum. Fjórðungurinn er lokaður samgöngulega séð frá öðrum landshlutum 7—8 mánuði á ári, nema því aðeins að hægt sé að hafa þetta með þeim hætti að flytja með flugvélum eða skipum.

Ég skal taka það fram, að ég er þeirrar skoðunar að fyrir þjóðfélagið sem heild og þá jafnframt fyrir vestfirðinga — og ekki síður þá — hlýtur hagstæðasta flutningaleiðin í sambandi við vöruflutninga að verða sjóleiðin. Það er öllum ljóst hversu gífurlegur kostnaður liggur í því að byggja upp og viðhalda vegakerfi sem á að þjóna þessu verkefni, að halda uppi vöruflutningum, fyrir utan hitt, að Vestfirðir eru þannig í sveit settir að það er a. m. k. vafamál hversu langan tíma er hægt að halda uppi flutningum á landi til Vestfjarða héðan frá aðalinnflutningssvæðinu. Ég held því að það ætti að vera augljóst öllum að þjóðhagslega séð er langæskilegast og hagkvæmast að búa þannig að þessum málum að þessi þjónusta geti orðið með sjóflutningum.

Nú skilst mér að enn sé í athugun rekstur Skipaútgerðar ríkisins, og ekki kæmi mér á óvart, þó að ég vilji ekki vera með neinar hrakspár um þetta mál, að annaðhvort yrði málið látið sofna í n. eða vísað yrði til hins sama og áður hefur gerst, að verið væri að endurskoða rekstur Skipaútgerðar ríkisins og væri því nauðsynlegt að þetta mál væri skoðað í tengslum við það. Það kæmi mér ekkert á óvart. Ég vænti þess hins vegar að það gerist ekki. Ég vona að þetta mál, sem svo oft og mörgum sinnum hefur verið hér til meðferðar á Alþ., fái nú, í sjötta skiptið sem það er hér flutt og tekið upp, sæmilega rausnarlegar viðtökur og því verði tekið á þann eina hátt sem það á skilið, að það verði einhver framgangur á því sem hér er verið að tala um.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en ég taldi nauðsynlegt að það væri rakin hér saga þessa máls hér á hv. Alþ., ekki síst kannske fyrir þá hv. þm. sem komið hafa á Alþ. eftir að þessir hlutir gerðust. Vel má vera að það sé hægt að finna æðimörg mál sem svipað er ástatt um og þetta, hafa verið flutt þing eftir þing og aldrei fengið neina endanlega afgreiðslu. En ég hygg að þetta mál sé þess eðlis og það mikilvægt að vart verði lengur hjá því komist að taka á því þannig að viðunandi sé. Og ég vænti þess, og skal ljúka máli mínu með því, ég vænti þess að þessi þáltill. fái jákvæðar undirtektir hér og að hún verði afgr. á þann veg að málið komist a. m. k. á þá hreyfingu sem það þarf til þess að úrbætur fáist. Það ætti að vera öllum ljóst sem vilja kynna sér aðstæður vestfirðinga að því er varðar þjónustu héðan frá höfuðborgarsvæðinu, ekki bara að fá þjónustuna, heldur hversu dýru verði þeir þurfa að kaupa hana, að það er nauðsynlegt að hér verði bót á ráðin.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er rétt að halda í heiðri þann sið að Vestfjarðaþm. tali helst allir ef einn talar. En það er ekki oft að þeir tali sem einn maður, en það hefur e. t. v. nálgast það í þessum umr. A. m. k. vil ég eins og aðrir taka undir og fagna þeirri till. sem hér hefur verið flutt. Það er þarft að hreyfa þessu máli, og ég get tekið undir það sem aðrir hafa hér sagt um samgönguerfiðleika á Vestfjörðum. Vestfirðir eru sem eyja meira en helming ársins og verður raunar að hugsa um samgöngur þangað í því ljósi.

Ég stend upp til að vekja athygli á þeirri skýrslu sem legið hefur á borðum þm., skýrslu milliþn. um verðjöfnun vöruflutninga. Þar koma fram margar athyglisverðar upplýsingar og till. sem koma þessu máli mjög við. Þar segir svo m. a. á bls. 29, með leyfi forseta, um flutninga frá Reykjavík 1972: „Skipting þeirra á hina ýmsu landshluta frá Skipaútgerð ríkisins varð eins og hér segir: Til Vesturlandsins 2%, Vestfjarða 23%, Norðurlands 6%, Norðausturlands 5%, Austurlands 39%, Vestmannaeyja 25%.“

Einnig kemur fram í þessari skýrslu að breyting hefur orðið, eins og við öll vitum, með Vestmannaeyjar. Þar er komið sérstakt skip og því þessi flutningaþörf eða flutningahlutfall hjá Skipaútgerðinni mjög fallið. Það er jafnframt orðin breyting með austfirðinga með tengingu Austfjarða við Suðurlandið með vegi yfir sandana, þannig að það má ætla að sá hlutur sé eitthvað minni orðinn. Það eru leidd rök að því í þessari skýrslu að flutningaþörf Vestfjarða og Austurlands með skipum sé langsamlega mest af öllum landshlutum.

Það er einnig að finna í þessari skýrslu athyglisverðar till. um úrbætur á þessu, þar sem m. a. er lögð á það áhersla að flutningar Skipaútgerðar ríkisins verði endurskoðaðir og tryggðir flutningar til þessara landshluta, Vestfjarða og Austurlands, ekki sjaldnar en einu sinni í viku. Þetta finnst mér raunar vera kjarni málsins. Þessir landshlutar og kannske alveg sérstaklega Vestfirðir eru það einangraðir, eins og hér hefur verið rakið, og langsamlega stærstu viðskiptaaðilar Skipaútgerðar ríkisins, að það virðist eðlilegt að þeim sé tryggð sérstök þjónusta af þessum ástæðum.

Ég segi fyrir mitt leyti, að ég legg alls ekki höfuðáherslu á það, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni einnig, að þetta heiti Vestfjarðaskip. Ég legg höfuðáherslu á að þarna fáist tíðari flutningar, og ég vil að það verði reynt á vegum Skipaútgerðar ríkisins áður en við förum að gæla við nokkrar aðrar hugmyndir. Ég held satt að segja að þessi till. ætti líklegri framgang ef henni yrði breytt í það horf að hér væri um að ræða áskorun sem Alþ. samþ. til ríkisvaldsins, þess efnis að tryggðir verði

flutningar til Vestfjarða og gjarnan til Austfjarða eigi sjaldnar en einu sinni í viku.

Ég sagði áðan, að ég vildi ekki á þessu stigi vera að gæla við þá hugmynd að vestfirðingar sjálfir færu að sinna þessum flutningum. Ég get tekið undir það, í samræmi við þá samþykkt sem gerð var á fjórðungsþinginu og lesin var áðan af hv. 3. þm. Vestf., að ef þetta bregst með Skipaútgerðina verður að skoða þann möguleika, en ég vil alls ekki gera því skóna nú. Ég satt að segja held að í okkar litla landi sé ákaflega þarft að við rekum slíka þjónustu sameiginlega. Ég held það hljóti að vera hagkvæmara. Og ég er ekki eins og sumir aðrir áfjáður í að skipta slíkum þjónustuhlutverkum í nánast því smæstu einingar á einstaka landshluta. Ég vil því varpa fram þeirri hugmynd til flm. hvort ekki kæmi til greina að hans mati að leggja höfuðáherslu á að það fáist tíðari flutningar, t. d. ekki sjaldnar en einu sinni í viku, í samræmi við samþykkt fjórðungsþingsins, en láta þá heldur liggja á milli hluta hvort það heitir Vestfjarðaskip eða er eitt af skipum Skipaútgerðar ríkisins.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég heyri að það er spurt út í sal: Hvað eru margir eftir. Það eru tveir fyrir utan mig. Það er nú búið að segja svo margt af viti um þessa till., sem hér er fram komin, að ég hef þar ekki ýkjamörgu við að bæta.

Ég vil í upphafi taka undir það sjónarmið sem kom fram síðast í máli hv. 2. þm. Vestf., að ég held að okkur skipti það engu meginmáli hvort við fáum sérstakt skip sem heitir Vestfjarðaskip, heldur hitt, hvort við fáum vikulegar ferðir, eins og talið hefur verið nauðsynlegt og margoft hefur verið bent á og skorað á yfirvöld að sjá fyrir. Þar fyrir vil ég segja það um seinni hluti till. hv. 8. landsk., um bráðabirgðaráðstöfun, um að athuga að taka gamla Vestmannaeyja-Herjólf í því millibilsástandi sem þarna kynni að verða, — og ég verð að taka undir það sem hér hefur komið fram, að enda þótt endurskoðun á rekstri Skipaútgerðarinnar standi fyrir dyrum og sé jafnvel hafin, þá er ég vonlítil um að aðgerðir verði alveg á næsta leyti, þannig að fyllilega gæti átt rétt á sér að reyna að fá þetta skip, sem nú liggur hér bundið við bryggju, til þess að sinna þessu hlutverki fyrir vestfirðinga þangað til Skipaútgerðin er reiðubúin.

Það var vitnað hér í grg. á borðum þm., þar sem eru niðurstöður milliþn. sem skipuð var 1973 út af þáltill. um stofnun sérstaks vöruflutningasjóðs. Það er oft búið að tala um störf þessarar n. og niðurstaðna hennar hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu. Þm. hafa það fyrir augunum nú hvaða leiðir þessi 5 manna n. telur réttastar í þessu efni. En ég held að það væri þess vert að benda á að sú fyrsta af till. þessarar n. er að fallið skuli frá hugmynd um verðjöfnun allra vöruflutninga með stofnun sérstaks vörujöfnunarsjóðs, hins vegar verði þörfum landsbyggðarinnar mætt hér með öðrum ráðstöfunum, m.a. breytingu á skattakerfinu, aðgerðum og áætlanagerð Framkvæmdastofnunar ríkisins og síðast en ekki síst að þjónusta Skipaútgerðar ríkisins verði stórbætt. Það er einmitt við þennan lið, þennan síðasta lið í till. þessarar milliþn., sem ég vil aðeins staldra hér. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp þessar till. um bætta þjónustu Skipaútgerðar ríkisins, en þær eru í 6 liðum og hljóða þannig, með leyfi forseta:

„a. Komið verði upp aðstöðu í Reykjavík fyrir vöruafgreiðslu og vörugeymslu þannig að unnt verði að taka á móti vörum til flutnings hvenær sem er (viðskiptavinum verði ekki stefnt að skipshlið).

b. Séð verði fyrir samsvarandi aðstöðu á helstu viðkomuhöfnum utan Reykjavíkur.

c. Ferðaáætlun verði við það miðuð að tryggja sem mesta tíðni ferða. Stefnt verði að því að hámarkstími milli ferða verði u. þ. b. ein vika. Komið verði á sem næst fastri áætlun eftir því sem aðstæður leyfa.

d. Gerð verði áætlun um endurnýjun skipakosts Skipaútgerðarinnar sem kæmi til framkvæmda jafnskjótt og reynsla fæst af þeim aðgerðum, sem nefndar eru í liðum a—b hér að ofan.

e. (og hér hef ég strikað sérstaklega við) Komið verði upp dreifingarkerfi út frá aðalviðkomuhöfnum þannig að flutningaþjónusta Skipaútgerðarinnar nái til fleiri staða en nú og fækka megi viðkomu.

f. Flutningar frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi verði styrktir þannig að farmgjöld Skipaútgerðar ríkisins verði t. d. helmingi lægri þá leiðina en frá Reykjavík."

Þessar till., ef þær næðu fram að ganga, mundu bæta mikið úr stórum vanda. En eins og ég gat um áðan er það stafliður e, næstsíðasti liðurinn, sem mig langar til að staldra aðeins við. Þar er sérstaklega stefnt að bættri þjónustu fólksins sem tekur við vörunni í ákveðinni höfn, hvort sem það eru Vestfirðir, Austfirðir, Norðurland eða hvar sem er. Það hefur verið einn af meginagnúum á flutningum Skipaútgerðarinnar, að það hefur þótt óhagræði að fólkið hefur þurft að sækja og sitja um vöruna þegar hún kemur til hafnar, vörugeymslur mjög ófullkomnar, þannig að stundum hefur beinlínis þurft að sitja um skipið sjálft og taka vörurnar beint frá skipshlið, þar sem hins vegar vöruflutningabílar hafa ekið vörunni heim í hlað hjá viðtakanda, og þetta er mjög þungt á metunum.

En ef við förum nánar út í þetta dreifingarkerfi, þá er það vitað mál að það reynir aftur á landsamgöngur. Það reynir á landsamgöngur að við þurfum vafalaust að flytja vörur frá aðalmóttökuhöfn út um byggðirnar. Og þá komum við að þeim stóra vanda í okkar samgöngumálum sem ég tel að þurfi að gefa meiri gaum en gert hefur verið nú til skamms tíma, og það er þetta í stuttu máli: að stefna að því að lyfta byggðavegunum upp úr snjó. Þegar ég tala um byggðavegi, þá á ég við vegina innan byggða og á milli byggðarlaga. Nú veit ég að þetta er stórt verkefni. Þetta er stórt verkefni. Það sem ég á við er fyrst og fremst að það verði gerð úttekt á því hvar stærstu tálmarnir eru. Þar á ég ekki við fjallvegina því þar eru milljarðafyrirtæki annars vegar. Ég á við byggðavegina þar sem ófullkomin ræsi eða það að vegurinn liggur flatur niður við jörð verður þess valdandi

að hann teppist hvað eftir annað á vetri hverjum og einangrar heilar byggðir eða byggðarlög. Hvað hefur verið gert til að aftra þessu hingað til? Jú, við höfum gripið til snjómokstursaðgerða, á síðasta ári munu það vera upp undir 400 millj. sem við eyðum í snjómokstur um allt landið. Það voru settar fyrir tveimur árum nýjar snjómokstursreglur sem áttu að gera þessa þjónustu fullkomnari. Þær hafa alls ekki komið til framkvæmda af því að það þykir sýnt að þær muni bæta við 100—200 millj. til viðbótar við þær 400 sem fyrir voru. Ég get ekki ímyndað mér óarðbærari fjárfestingu heldur en þessar snjómokstursframkvæmdir sem enn í dag eru þó bráðnauðsynlegar. Þess vegna hefði ég talið að það væri hagkvæmt, skynsamlegt og jákvætt að reyna að gera vegina þannig úr garði að draga mætti úr öllum þessum snjómokstri. Það eru í hverju byggðarlagi vissir kaflar sem alltaf verða til þess að valda umferðarstíflum og vandræðum. Það er ekki þar með sagt að það væri ýkjamikill kostnaður við að lagfæra þetta þannig að ekki leiddi til einangrunar. Þess vegna held ég, — af því að við megum hafa aðgát á í fjármálum, við verðum að mínu mati að hætta að stofna okkur í meiri erlendar skuldir, þær eru komnar meira en nógar fyrir löngu, — að við ættum að hverfa frá í bili þessum stórkostlegu áformum um varanlegt slitlag á allan hringveginn, hringveginn í kringum landið og aðalvegi út frá honum. Það er ekki þar fyrir, að ekkert vildi ég frekar okkur öllum til handa heldur en að hafa góða, varanlega vegi í kringum landið. En þegar talað er um slíka framkvæmd með stórfelldum lántökum innanlands og utan, þá vil ég staldra við og athuga minn gang og spyrja að því, hvort það væri ekki hyggilegra að snúa okkur að verkefnum sem kosta okkur minni fjármuni, en eru þó engu að síður bráðnauðsynleg til samgöngubóta.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar hér. En ég vil leggja áherslu á þetta sem mitt sjónarmið og mína stefnu í vegamálum núna í dag: Hættum að fleygja milljörðum í hraðbrautarspotta hér og þar, hversu góðir sem þeir eru, en reynum að einbeita okkur að því að taka burt vandræðaspottana í vegakerfinu úti um allt land sem baka fólki, sem við þær samgöngur býr, stór vandræði og vafalaust miklu meiri vandræði en þeir, sem ekki þekkja til, gera sér nokkra grein fyrir.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. En ég vil fagna því, eins og þeir sem hér hafa talað, að þessi till. er hér fram komin. Ég vænti þess að hún komi skrið á þetta mál og að vestfirðingum megi verða hagur og bót að þeim aðgerðum sem hún vonandi leiðir til. Og ég læt í ljós þá von að við hröðum afgreiðslu þessa máls. Ég endurtek aftur: Vestfjarðaskip er ekkert töfraorð, heldur fullkomnar eða a. m. k. viðunandi samgöngur til Vestfjarðahafna og til þess fólks sem á Vestfjörðum býr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það er siður að allir Vestfjþm. tali ef einn byrjar, þar sem tvo skortir, þá er ekki um annað að ræða en að bæta úr með að tala tvisvar.

Ég fagna því sérstaklega sem fram kom hjá hæstv. samgrh. hér áðan. Ræða hans lýsti fullum vilja og ríkulegum skilningi á vöruflutningavandkvæðum vestfirðinga. Og ég fagna því sérstaklega að hann skuli hafa beitt sér fyrir því að taka upp viðræður við Skipaútgerð ríkisins um úrlausnir í þessum málum, og þá ekki hvað síst að það skuli fyrir hans tilverknað vera hafnar umr. um það að breyta ákvörðuninni um sölu Herjólfs gamla, væntanlega í því skyni að leysa til bráðabirgða það vandamál sem rætt er um í þessari þáltill. sem hér um ræðir og á sama veg eins og þar er um rætt .

Það er í sjálfu sér mikil framför ef tekst að tryggja vikulegar samgöngur á sjó við Vestfirði. En ég vil sérstaklega benda á það einnig í sambandi við það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að till. þessi lýtur ekki aðeins að því að tryggja reglulegar samgöngur á sjó við Vestfirði, heldur einnig að því að skipuleggja flutningana innan svæðisins, þannig að jafnhliða undirbúningi Vestfjarðarskips eða öflugri flutninga til Vestfjarða er nú eiga sér stað verði leitað samninga við þá aðila, sem annast flutninga innan svæðisins, ýmist á landi eða á sjó, um samstarf í þessum flutningamálum, þannig að neytendur á Vestfjörðum, almenningur og atvinnufyrirtæki, geti fengið vörur sínar fljótt, örugglega og án mikils tilkostnaðar.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta atriði, að till. er raunar tvíþætt og því nægir ekki að Alþ. samþykki einungis viljayfirlýsingu um tíðari sjóferðir til Vestfjarða, heldur þarf að mínu mati einnig að ráðast að því verki, sem rætt er um í seinni lið till., þ. e. a. s. að skipuleggja flutningana innanhéraðs í samvinnu við þá sem eiga að annast flutningana frá aðalþjónustumiðstöð landsins til Vestfjarða.

Ég vil vekja athygli á því í sambandi við t. d. þá landflutninga, sem þar um ræðir, frá uppskipunarhöfn og út til neytenda, að þá sýna kannanir að slíkir flutningar um skamman veg sýna besta rekstrarafkomu fyrir viðkomandi flutningatæki. Þau skila miklu betri rekstrarafkomu, vörubifreiðar t. d., í stuttum flutningum heldur en löngum flutningum, og segir það sig raunar sjálft hvers vegna. Ef slíkt samstarf tækist milli t. d. Skipaútgerðarinnar, sem ræki þetta Vestfjarðarskip, og þeirra aðila, sem annast flutninga innan svæðisins, þá er búið að tryggja þessum aðilum verkefni yfir vetrartímann sem þeir hafa ekki nú, — verkefni sem ástæða er til þess að ætla að mundu geta auðveldað eigendum þessara landflutningabifreiða og flóabáta að annast sín verkefni og láta fyrirtæki sín standa undir sér og renta sig.

Ég veit ekki hvort menn almennt gera sér grein fyrir því hvað það kostar aukalega fyrir fólk, sem býr utan Reykjavíkur, að fá til sín vörur. Bara sem eitt lítið dæmi, að heildsölufyrirtæki í Reykjavík, sem sendir smásala sína vöru, við skulum segja sem svo að heildsölufyrirtæki þurfi að senda smásala uppi í Breiðholti einhverja vörusendingu, þá sendir heildsölufyrirtækið smásalanum þá vörusendingu honum að kostnaðarlausu. En ef þetta sama heildsölufyrirtæki þarf að senda smásala úti á landi

vörusendingu og þarf að flytja vöruna t. d. á milli húsa frá sínum lager og yfir í afgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins, þá tekur viðkomandi heildverslun sendingarkostnað af þessari vörusendingu sem neytandinn úti á landi þarf að borga. Þó að viðkomandi heildsölufyrirtæki þurfi að flytja vöruna miklu lengri leið innanbæjar, þá gerir heildsölufyrirtækið þetta neytendum og smásala að kostnaðarlausu. En jafnvel þó að fyrirtækið þurfi aðeins að flytja sömu vörusendingu á milli húsa, ef hún á að fara til einhvers neytanda eða smásala utan Reykjavíkursvæðisins, þá tekur viðkomandi heildsölufyrirtæki fulla þóknun fyrir.

Hv. 3. þm. Vestf., hv. þm. Þorv. Garðar, ræddi talsvert um það, hvers vegna væri nauðsyn á sérstöku Vestfjarðaskipi, og komu raunar fleiri að því. Því er fljótt til að svara að í þessari þáltill. er reiknað með því að flutningar a. m. k. til stærstu uppskipunarhafna þurfi, svo að vel sé, að vera helst tvisvar í viku. Það væri mikil framför ef hægt yrði að tryggja vikulega flutninga, en ég tel að það muni ekki líða langur tími áður en það kemur í ljós að það þurfi í raun og veru að annast þessa flutninga tvisvar í viku, þannig að skipið hafi viðkomu a. m. k. í stærstu útflutningshöfnum tvisvar í viku. Það gefur auga leið að svo tíðir flutningar útheimta sérstakt skip, hvort sem það heitir Vestfjarðaskip eða er notað fyrst og fremst til flutninga á Vestfjörðum.

Í annan stað vil ég minna á það, að nú um nokkuð langt skeið hefur verið talið nauðsynlegt og er talið nauðsynlegt enn að hafa sérstakt skip í flutningum á milli lands og Eyja. Engu að síður eru nú í Vestmannaeyjum búsettir um það bil helmingi færri íbúar heldur en á Vestfjarðasvæðinu öllu. Vestmannaeyjar annars vegar og Vestfirðir hins vegar eru sambærilegir landshlutar, a. m. k. hvað varðar 7—8 mánuði ársins, því að þá eru Vestfirðir nánast eins og eyja sem aðskilin er frá meginlandinu, því að um engar samgöngur á landi er að ræða milli helstu þjónustumiðstöðvarinnar hér í Reykjavík og Vestfjarðasvæðisins. Ef talið er eðlilegt, eins og hv. Alþ. hefur raunar fallist á, að þjónusta vestmanneyinga með sérstöku skipi, þá hlýtur enn ríkari ástæða að vera til þess að vöruflutningamál vestfirðinga, sem eru helmingi fleiri, séu leyst með svipuðum hætti. Hvort skipið heitir Vestfjarðaskip eða er Vestfjarðaskip skiptir ekki máli í þessu sambandi.

Þá ræddi hv. þm. Þorvaldur Garðar einnig um það, að það væri e. t. v. ekki eðlilegt að Skipaútgerð ríkisins ætti þetta skip. Ég er sammála hv. þm. Steingrími Hermannssyni og raunar fleirum, sem hér hafa talað, að það er eðlilegast að Skipaútgerð ríkisins eigi þetta skip og reki, m. a. til þess að sú aðstaða, sem Skipaútgerðin hefur komið sér upp og mun koma sér upp í Reykjavík, verði tiltæk. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari, að í samþykkt fjórðungsþings vestfirðinga nú í haust var um það rætt, að ef sú leið bæri ekki árangur, þá væri ekki um annað að ræða fyrir vestfirðinga en athuga sjálfir útgerð á skipi. En ég lít á þá lausn sem þrautaráð sem eigi ekki að grípa til nema þessi leið, sem hér er um rætt, beri ekki árangur. Einnig vil ég sérstaklega taka fram, að í till. er rætt um útgerð sérstaks Vestfjarðaskips á vegum Skipaútgerðar ríkisins, og í tillgr. sjálfri er einnig rætt um það, að við undirbúninginn að útgerð þessa skips verði haft samráð við heimamenn, ekki aðeins þá sem flytja á landi og sjó vörur innan fjórðungsins, heldur einnig sveitarstjórnir og stærstu verslunar- og þjónustufyrirtæki. Það getur vel verið að niðurstaðan af þeirri athugun yrði sú, að mönnum þætti rétt að heimamenn ættu einhvern hlut að rekstri þessa skips eða gerðu einhverja samninga við Skipaútgerð ríkisins um hvernig þeim rekstri skyldi hagað, þannig að í þessari till. er einmitt ekki verið að loka þeirri leið sem hv. þm. Þorvaldur Garðar minntist á, og að því leyti er þessi till. ólík þeim frv. sem hv. þm. Karvel Pálmason ræddi um að flutt hefðu verið sama efnis á þingum hér áður. Þá var alveg ákveðið hvernig rekstri þessa skips ætti að vera háttað, og þar var ekkert um það fjallað að reyna að skipuleggja vöruflutningana til Vestfjarðakjördæmis og innan kjördæmisins í nokkru samhengi. Þetta er nýtt við þessa þáltill., sem ekki var áður að finna í þeim frv. sem flutt hafa verið, og ég tel að þetta nýja atriði skipti verulega miklu máli fyrir vestfirðinga, bæði atvinnufyrirtæki á Vestfjörðum og neytendur á Vestfjörðum, hvað varðar öruggan og tíðan flutning á vörum og hvað varðar verð sem neytendur og atvinnufyrirtæki þurfa að greiða fyrir þá flutninga.

Af því, sem ég hef hér sagt, ætti það að vera ljóst, að ég tel ekki nægilegt, ef Alþ. vill verða við þessum eindregnu beiðnum vestfirðinga sjálfra, sem lýsa sér í þessari þáltill., og verða við óskum okkar Vestfjarðaþm., sem við höfum allir, sem til máls höfum tekið, tekið undir, að þetta verði leyst með sem næst þessum hætti sem gerð er till. um, — ég tel því ekki nægilegt að till. yrði afgreidd á þá lund að henni yrði t. d. breytt þannig að skora á ríkisstj. að tryggja vikulegar ferðir til Vestfjarða á sjó með vörur, þar sem þá mundi missast úr till. annað mikilvægasta atriði hennar, sem er samræmingin á flutningum til Vestfjarða og vöruflutningum innan Vestfirðingafjórðungs. Ef hægt er að halda báðum þessum atriðum áfram í þáltill., þá er mér það meinalaust þó að henni sé eitthvað breytt eða orðalagi hliðrað til. Og í sjálfu sér skiptir það ekki máli að mínu viti hvort skipið, sem um er að ræða, heitir Vestfjarðaskip eða er Vestfjarðaskip. Takmarkinu er hægt að ná hvort heldur sem er.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég held að ég sjái mér ekki annað fært í upphafi máls míns en að mótmæla þeim ummælum sem hafa komið hér fram hjá ýmsum þm., að allir Vestfjarðaþm. standi upp þegar einn stendur upp. Ég held að þeir hafi oft staðið upp þrír og fjórir án þess að ég hafi staðið upp, þó að ég taki það ekkert nærri mér þó að ég komi hér upp nú og fylli hóp þm. af Vestfjörðum, þannig að það sé nú orðið um sextett að ræða á þessum fundi. Ég mun þó ekki tala

langt mál. Það voru aðeins örfá atriði sem ég vildi koma inn á.

Ég vildi rifja það upp, að í eina tíð var haldið uppi harðri baráttu, vil ég segja, gegn því að ríkið verði fjármunum sínum til að styrkja einstök ríkisfyrirtæki. Í hópi þeirra ríkisfyrirtækja var Skipaútgerð ríkisins. Og ég man ekki betur en þá væri jafnvel settur nýr forstjóri sem átti að betrumbæta svo rekstur Skipaútgerðarinnar að hún yrði rekin hallalaust. Ég held að í umr. um rekstur Skipaútgerðar ríkisins hafi of lítið verið um það talað að styrkur til útgerðarinnar til bættra samgangna, hinn beini styrkur, er sáralítill miðað við það fjármagn sem fer til þess að halda við vegum, að gera við vegaskemmdir, einkum snemma vors þegar ótímabært er að þungaflutningar fari fram um vegina. En ég hygg að það sé þessi andi, gagnrýni á fjárframlög til Skipaútgerðarinnar, sem veldur því að enn hefur Skipaútgerðin ekki viðunandi aðstöðu í Reykjavíkurhöfn. Og ég vildi sérstaklega benda á það, að aðstaðan hér við Reykjavíkurhöfn, bætt aðstaða, ný aðstaða, er ein af meginforsendunum fyrir því að það sé hægt að reka Vestfjarðaskip í þeim anda sem hér hefur verið talað um.

Breytingin á flutningum til Vestfjarða, hlutfallið á milli landflutninganna og þeirrar vöru, sem fer með Skipaútgerð ríkisins, breytingin á liðnum árum hefur verið á þann veg að landflutningarnir eru nú komnir langleiðina að jafnast á við það vörumagn sem fer með Skipaútgerðinni. Ef við fáum aukna tíðni ferða, þá verður það eitt af þeim atriðum sem stuðla að því að vörumagnið leiti aftur á þær slóðir sem það fór um áður. En mér er tjáð að heildsölufyrirtæki í Reykjavík veigri sér við því að fara með vörur til Skipaútgerðarinnar við þá aðstöðu sem þar er nú, bæði vegna húsakostsins og vegna þess hve tekur langan tíma að fá vöruna tekna úr viðkomandi bifreið og flutta inn í skemmur Skipaútgerðarinnar.

Ég vildi aðeins minnast á það í leiðinni, að breytingar á þeirri mynd, sem við höfum af flutningum á sjó í kringum landið, hafa orðið býsna miklar á liðnum áratugum. Einu sinni sinnti Eimskipafélag Íslands þessum flutningum töluvert. Það er horfið úr sögunni, sérstaklega eftir að Eimskipafélag Íslands fækkaði þeim innflutningshöfnum sem áður voru og skip þess áður fluttu til beint frá útlöndum. Skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga hefur ekki heldur sinnt þessum þætti. Það hefur verið minnst á það, að síðan hafi komið Vestmannaeyjaferjan. Það er ferja, og einnig hefur um langan tíma verið ferja hér á milli Reykjavíkur og Akraness. Samgöngur við Austurland á vetrum hafa mjög breyst við opnun hringvegarins, þannig að allar líkur benda til þess að meginflutningar Skipaútgerðarinnar verði til Vestfjarða á næstu árum, miðað við þá töflu sem vitnað var í áðan af hv. 2. þm. Vestf.

Fjórðungssambönd vestfirðinga, norðlendinga og austfirðinga fjölluðu um hugmyndir um nýskipan fyrir nokkrum árum. Ég efast um að þær hugmyndir hafi nokkurn tíma verið alvarlega ræddar eða brotnar til mergjar af hálfu Skipaútgerðar ríkisins. Ég vil aðeins skýra frá því, að þær hugmyndir, sem þá voru uppi, voru þær, að það yrði sérstakt skip fyrir Austfirði, sérstakt skip fyrir Vestfirði, en staðsett á Akureyri skip sem yrði eins konar tengiskip þessara tveggja og það yrðu ákveðnar umskipunarhafnir sem tækju þá við þeirri vöru sem ætti að fara t. d. frá Akureyri á Austfirðina. Ísafjörður yrði þá tengihöfn, miðað við gámaflutning, sem gæti tekið þær vörur sem færu frá Akureyri og ættu að fara á suðurfirðina á Vestfjörðum. Ég minnist á þetta vegna þess að við verðum aðeins að huga að meiru en bara flutningnum frá Reykjavík til Ísafjarðar. Akureyri er stækkandi bær á Norðurlandi. Þar er mikill iðnaður. Þaðan fara fram þó nokkrir vöruflutningar til Vestfjarða og Austfjarða, enda þótt ég hafi ekki handbærar tölur um það hve mikill hluti af flutningum Skipaútgerðarinnar kemur þá leið. Og ég vildi aðeins minnast á það, að enda þótt meginhluti flutninga til Húnaflóasvæðisins fari fram landleiðina, þá er þó eitt byggðarlag í Strandasýslu sem fær sína flutninga að meginhluta til sjóleiðina, þ. e. a. s. Árneshreppur uppskipunarhöfn þar Norðurfjörður. Þess vegna tel ég að það sé rétt að litið sé á þetta mál í heild, athuguð líka leiðin norður, og það sé rétt að þessi athugun, á fyrsta stigi a. m. k., fari fram innan Skipaútgerðar ríkisins.

Ég verð að segja það, að ég fagna því að þessi till. er komin fram. Hún hlaut að koma fram, svo ákveðin var stefnumörkun Fjórðungssambands vestfirðinga á þessu sumri og raunar hvar sem samkoma var haldin og ályktað í þessa veru, að þar virtust menn sammála um þau stefnumið sem setja skyldi fram. Og ég finn það nú einhvern veginn á mér, bæði nú eftir þessar umr. sem og strax í haust, eftir að samgrh. var á fjórðungsþingi hjá okkur, að þetta mál muni ná fram að ganga áður en mjög langur tími líður.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að afsaka það að ég er kominn hér í ræðustólinn aftur. Það var aðeins út af orðum hv. flm. till., hv. 8. landsk. þm. Hann talaði svo sem ég hefði sagt í máli mínu áðan að ég útilokaði þá lausn sem væri fundin í þessu efni á vegum Skipaútgerðar ríkisins. Þetta er ekki rétt, ég útilokaði hana ekki. Þvert á móti, ég fagnaði því, að till. var komin, og mæltist til þess að málið yrði gaumgæfilega rannsakað á þessum grundvelli. Það, sem ég gerði, var að benda á að ef þessi leið bregst eða er ekki fær, þá eiga vestfirðingar ekki annars úrkosti en taka málið í eigin hendur, en þá eiga þeir líka rétt á því, eins og vestmanneyingar og önnur byggðarlög sem hafa gert slíkt hið sama, að Alþ. styðji þá við þá lausn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans, þáltill. (þskj. 8). — Ein umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég flyt hér ásamt þremur þm. öðrum till. um að Alþingi álykti að beita sér fyrir því í samráði við ríkisstj. að á fjárlög næsta árs verði tekið framlag til sundlaugargerðar við endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg. Við, þessir 4 flm., eigum það allir sammerkt að við höfum dvalist á þessari stofnun Borgarspítalans og erum býsna kunnugir aðstæðum þar, og við teljum að gerð slíkrar sundlaugar sé ákaflega brýn til þess að endurhæfingardeildin geti unnið að verkefnum sínum eins og til er ætlast og grein er gerð fyrir í grg. frv. af yfirlækni deildarinnar, Ásgeiri Ellertssyni doktor.

Það er nú svo, að æðimargir íslendingar þurfa á endurhæfingu að halda. Ég veit ekki hvort tiltækar eru tölulegar rannsóknir um það hér á landi. En ég veitti því einu sinni athygli, að í Danmörku var talið að þeir, sem þyrftu á endurhæfingu að halda, væru hvorki meira né minna en tíundi hluti þjóðarinnar. Þarna er um að ræða atriði sem geta verið meðfædd, afleiðingar af slysum eða sjúkdómum, og þarna er að sjálfsögðu um margar tegundir að ræða. En þessar afleiðingar, ef þær eru teknar sem ein heild, þá er þarna áreiðanlega um að ræða þann sjúkdóm sem algengastur er í öllum þjóðfélögum.

Það hefur býsna lengi verið unnið að þessum málum í heiminum. Mig minnir að ég hafi rekist á það einhvers staðar, að fyrsta félagið, sem stofnað var til aðstoðar blindra, hafi verið stofnað í París á 14. öld. Hér á Íslandi eru starfandi ákaflega mörg félög sem vinna að slíkum verkefnum. En það urðu gjörbreytingar á afstöðunni til endurhæfingar í seinustu heimsstyrjöld. Heimsstyrjaldir hafa venjulega haft býsna víðtæk áhrif á mörgum sviðum, og það, sem kemur upp í sambandi við styrjaldir, er auðvitað nauðsyn þess að geta liðsinnt þeim sem verða þar fyrir líkamlegum hörmungum. Þetta mál komst mjög á dagskrá í styrjöldinni og eftir hana, og hefur verið unnið mjög skipulega að því að byggja upp endurhæfingarstarfsemi víða um lönd, t. a. m. í Svíþjóð. Þar er búið að fella alla endurhæfingarstarfsemi að heilbrigðiskerfinu, öll deildaskipt sjúkrahús hafa endurhæfingu meðal verkefna sinna, og ég held að sú starfsemi sé þar komin á mjög hátt stig. Einnig í Bandaríkjunum hefur verið unnið mjög mikið að þessum málum og náðst ákaflega mikill árangur.

Það kemur í ljós, þegar unnið er markvisst að þessum málum, að það eru ákaflega margir sem þurfa á endurhæfingu að halda sem ná verulegum bata með skipulegum vinnubrögðum og þeirri þolinmæði sem nauðsynleg er í sambandi við það.

Ég er þeirrar skoðunar, og tala þá bara um sjálfan mig, en ekki fyrir hönd annarra flm., að hér á Íslandi sé tímabært að gera þá breytingu að flytja endurhæfingarstarfsemina frá félmrn., þar sem hún er nú, og til heilbrrn. og tengja hana við sjúkrahúskerfið í landinu, þannig að öll deildaskipt sjúkrahús á Íslandi líti á endurhæfingu sem mikilvægan þátt í verkefni sínu og að þar verði komið upp einnig opnum göngudeildum fyrir þá sem dveljast heima hjá sér, en þurfa skipulega aðstoð í sambandi við sjúkrahús. Þarna er um að ræða, eins og ég sagði áðan, ákaflega stóran hóp af fólki. Ef þessi danska tala, sem ég var að minnast á, á einnig við á Íslandi, þá er um að ræða yfir 20 þús. manna. Og ef hægt er að koma verulegum hluta þessa hóps til hjálpar á þennan hátt að hann geti tekið þátt í eðlilegum störfum í þjóðfélaginu, þá er það ákaflega mikið verkefni og skiptir miklu máli að sá árangur náist, því að þeir, sem verða varanlega fatlaðir, eru verst settir allra þegna í þjóðfélaginu, þeir verða einangraðir, og ef þeir eru háðir almannatryggingum með tekjur sínar, þá eru þær fjarskalega lágar og vafalaust þungbærara fyrir þá sem ungir eru heldur en fyrir þá sem fá ellilaun. En hér tala ég dálítið almennt um málið og framtíðarþróun þess.

Ég held að endurhæfingardeildin á Borgarspítalanum sé stærsta endurhæfingardeild sem starfandi er við sjúkrahús á Íslandi. Og við, sem þarna höfum dvalist, erum allir sammála um að þarna sé mjög myndarlega unnið og gott andrúmsloft. En ég held að það skipti ákaflega miklu máli að reynsla þessarar deildar, sem er sú stærsta, verði hagnýtt til þess að móta framtíðarstefnu okkar á þessu sviði og hvernig við eigum að takast á við þennan sjúkdóm sem getur átt margan uppruna, en birtist í ýmiss konar fötlun.

Ég tók þátt í því ásamt nokkrum öðrum, sem dvöldust á Grensásdeildinni, að fara í sundlaug á öðrum stað. En það er dálítið erfitt. Það eru ekki allir sem komast það með langferðabíl. Og auk þess er sú sundlaug ekki hönnuð fyrir þarfir nándar nærri allra sem þurfa á meðferð í vatni að halda. Þess vegna höfum við, sem höfum persónulega kynnst þessari endurhæfingardeild Borgarspítalans, lagt fram þessa till., svo að reynt verði á það hvað sundlaug getur stuðlað að miklum framförum hjá þeim sem þurfa á vist að halda á endurhæfingardeildinni. Við viljum gjarnan hafa um þetta sem besta samvinnu við hæstv. ríkisstj., og það er ósk okkar að sú n., sem fær málið til meðferðar, flýti svo störfum sínum að það geti komið í ljós, hver er vilji Alþingis til þessa máls, svo snemma að hægt sé að breyta fjárlagafrv. í samræmi við það. Hæstv. heilbrrh. þyrfti þá að sjálfsögðu að fá þau gögn sem tiltæk eru um það hver kostnaður yrði þessu samfara, og mér skilst að það sé unnið að þeim málum af hálfu Reykjavíkurborgar núna, þannig að þau gögn ættu að geta legið fyrir.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að þegar umr. verður frestað verði málinu vísað til allshn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég stend nú hér upp fyrst og fremst til þess að lýsa eindregnu fylgi við þessa till., enda er það

nú kannske ekki nema eðlilegt að ég fylgi þeirri till. sem ég er meðflm. að. Þess vegna mætti segja að það væri óþarfi fyrir mig eftir þá ágætu framsöguræðu, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur nú þegar flutt fyrir þessu máli. En ég ætla að leyfa mér að segja það, að ég fagna alveg sérstaklega þessari till. og því frumkvæði sem hv. 3. þm. Reykv. sýnir með því að gangast fyrir flutningi hennar, og mín uppáskrift á fyrst og fremst að vera vitnisburður um það, að þessi deild, sem hér um teflir, er mjög vel rekin og hagkvæm og nauðsynleg stofnun í okkar þjóðfélagi.

Við, sem flytjum þessa till. höfum allir dvalist þarna, mislengi og af misjöfnum ástæðum, misjafnlega mikið veikir og allt eftir því. En allir þekkjum við þær aðstæður sem þarna eru, allir þekkjum við þann anda sem þarna ríkir og allir vitum við hversu mikla andlega upplyftingu getur verið að finna á þessum stað, þótt ótrúlegt megi kannske virðast við fyrstu sýn og fyrir þá sem ekki þekkja til. En þjónustan þarna er góð og hjálpin mikil, og þess vegna er hér um gott mál að ræða að mínu mati sem ég vona að hv. alþm. taki til greina og ljái atkvæði sitt. Það er vissulega alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi í sínu máli, að það hefur verið reynt að bæta úr þessum skorti á sundlaug með því að flytja sjúklinga niður á Háaleitisbraut 17. Það er betra en ekkert, má segja, að sú laug skuli vera til. En þessir flutningar eru erfiðir í mörgum tilvikum bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk, þeir eru dýrir og óhagkvæmir, og auk þess það sem verst er, að það eru ekki nándar nærri allir sem geta farið, þó ekki sé nema þessa leið, í áætlunarbíl eða hvaða bifreið sem vera skal vegna þess einfaldlega að þeir þola ekki flutninginn.

Það er líka alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að sundlaugin að Háaleitisbraut 17, sem ég þekki líka af eigin raun, hentar ekki alls kostar til þess að leysa það verkefni sem hér er um fjallað. Og ég trúi því ekki að okkar þjóðfélag sé svo fátækt, þó að illa megi kannske bera því vitnisburðinn að ýmsu leyti, að við höfum ekki efni á því að búa betur að þessari deild sem svo mjög margt gott lætur af sér leiða.

Ég vildi aðeins, herra forseti, með þessum fáu orðum leyfa mér að lýsa stuðningi mínum við þá till., sem hér er til umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og mönnum er kunnugt, þá reisti Reykjavíkurborg á sínum tíma Grensásdeildina, sem er endurhæfingardeild Borgarspítalans og samanstendur af tveimur legudeildum, Grensásdeild og Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Ég tek alveg undir þau rök, sem fram koma í grg. með þessari þáltill. og eru frá yfirlækni Grensásdeildar, að það er brýn nauðsyn á því að sundlaug verði byggð við Grensásdeildina. Og út af fyrir sig má segja að það er merkilegt, að þetta mál skuli ekki hafa verið fyrr flutt. En þó gerðist það, að í byrjun þessa mánaðar var flutt í borgarráði till. um að fela borgarverkfræðingi í samráði við borgarlækni að kanna hvort hægt væri að koma fyrir sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans og leggja fyrir borgarráð umsögn ásamt kostnaðaráætlun að þessari könnun lokinni. Það skiptir auðvitað öllu máli í þessu sambandi að tæknilega sé hagkvæmt og rétt að byggja sundlaug við Grensásdeildina og það sé hægt að koma henni fyrir með góðu móti, og því er auðvitað brýn nauðsyn á því að umsögn borgarlæknis liggi fyrir.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að ríkið leggi fram framlög til byggingar slíkrar sundlaugar ef það verður ofan á og talið rétt af eiganda deildarinnar, sem er Reykjavíkurborg, að byggja sundlaug við hana, og ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að ég er samþykkur þessari þáltill. og ég vil vinna að því fyrir mitt leyti, þegar þessar upplýsingar liggja fyrir, að fyrsta framlag verði tekið inn á fjárlög næsta árs.

Eins og allir vita, þá er auðvitað fyrir alllöngu búið að ganga frá fjrlagatill. fyrir fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir Alþ., og því er auðvitað ekki hægt að taka þetta frá rn. nema til viðbótar með sérstöku bréfi. Ef Alþ. afgreiðir þessa sjálfsögðu till. á sem allra skemmstum tíma og upplýsingar borgarverkfræðings liggja fyrir borgarráði og vilji borgarráðs og borgarstjórnar, þá tel ég mér bæði vera sjálfsagt og skylt að mæla sterklega með því að framlag til þessara framkvæmda verði tekið á fjárlög næsta árs.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil á sama hátt og hæstv. utanrrh. taka undir þann áhuga og velvilja sem kemur fram hjá flm. þessarar þáltill. um sundlaug við endurhæfingarstöð Borgarsjúkrahússins. Ég vil fagna þeim ummælum, sem flm. láta koma hér fram í grg., og taka undir þau. Ég sem borgarfulltrúi Reykjavíkur hef orðið var við það að starfsfólk þessarar endurhæfingardeildar Borgarspítalans vinnur sitt starf mjög vel og nýtur virðingar. Ég veit líka að trú þess fólks á getu sína við að aðstoða þá, sem þar þurfa aðstoðar við, ber árangur og það vinnur af hugsjón að sínum störfum. Og ég veit að það flytur kjark í sjúklinga sem þangað þurfa að leita og þar af leiðandi eykur möguleika á árangri í starfi. Allt þetta er mér ljóst sem borgarfulltrúa, bæði af viðtölum við þá, sem hafa verið á endurhæfingardeildinni, og eins vegna þess hóps sem til mín hefur leitað og annarra borgarfulltrúa um aðstoð við að komast þar inn, sem sýnir að þessi endurhæfingardeild er þegar löngu orðin allt of lítil, og ég vil taka undir það með flm. að það þarf að fjölga slíkum deildum. Ég veit ekki hvort þær eiga að vera miklu stærri en þessi deild er, en aftur á móti tek ég heils hugar undir að það þarf að fjölga þeim og vona að það verði ekki flækja milli félmrn og heilbrrn. um hvort það verði gert eða ekki, þeim verði þá komið fyrir eða fundinn staður við sjúkrahússtofnanir almennt í landinu.

Ég vil aðeins koma að því, að það er margt sem rætt hefur verið í borgarstjórn og borgarráði um áframhaldandi framkvæmdir í sambandi við Grensásdeildina sem var hugsuð í upphafi fyrir aldraða, en tilganginum var breytt og hún gerð að þeirri endurhæfingarstofnun sem hún er í dag. Ég verð því miður að segja að við höfum orðið fyrir nokkrum vonbrigðum í borgarstjórn, því að þrátt fyrir gerða samninga hefur okkur

ekki tekist að fá uppgjör við ríkissjóð um það, sem það an á að koma til stofnunarinnar, þannig að það hefur kannske seinkað ýmsu því sem við höfum annars viljað gera. En það er óháð þessu máli, og ég get fullvissað alla hv. þdm. að borgarstjórn er einhuga um að gera það sem í hennar valdi er til að koma fyrir sundlaug við Grensásdeildina. En það hefur verið erfiðleikum bundið vegna þess einmitt að þetta hús, þetta mannvirki er ekki upphaflega hannað sem endurhæfingarstöð. Þar af leiðandi er takmarkað svæði í kringum húsið, og það er eflaust mjög kostnaðarsamt að koma fyrir sundlaug inni í sjálfu húsinu. En ég hef þá trú að þetta mál verði leyst.

Ég hef heimsótt ýmsar innisundlaugar, og þær sem mér eru efst í huga núna, þ. e. a. s. erlendis, eru bæði fyrir fullfríska og þá sem eru að einhverju leyti ekki fullfriskir, og ég er með í huga nú sundlaug sem ég reikna með að einhverjir hv. þm. hafi himsótt, því að hún er við það hótel sem Loftleiðir hafa hvað mest notað í Lúxemborg og er mjög athyglisverð, og ég vil a. m. k. benda mönnum á að skoða hana. Þar eru gufuböð og þar eru háfjallasólir af fullkomnustu gerð og mismunandi ljós eftir því hvaða markmiði á að ná í lækningum, mismunandi heit ker, og þar fyrir utan, sem þyrfti að vera á enduhæfingarstöðum, það sem var reyndar hér í Sundhöllinni fyrir stríð, að sú sundlaug og sundhöll var skreytt með mismunandi litum og ljósum. Síðan má bæta við því, sem þarf að koma líka fyrir endurhæfingarsjúklinga ef þeir vilja á kvöldin fara niður í þessa sundlaug og slappa af, að þeir geti þá fengið þangað sendar þær smáveitingar sem þeir kynnu að óska eftir. Menn gætu eytt kannske meiri tíma í þessa afslöppun á endurhæfingarstöð. Hún er þá ekki bara sem lækningatæki, heldur líka til afslöppunar fyrir þá sem þurfa að dvelja einhvern tíma á þessum stöðvum.

Ég get glatt hv. þm. með því, að ég veit að það er sérstakur áhugi hjá borgarstjóra að flýta þeirri áætlun sem borgarverkfræðingi og borgarlækni hefur verið falið að gera, þ. e. a. s. kostnaðaráætlun og könnun um það, hvort hægt er eða það er óhætt að segja hvernig hægt er að staðsetja þetta mikilvæga mannvirki við endurhæfingarstöð Borgarsjúkrahússins.

Ég vil líka nota tækifærið til þess að benda á að kona, sem ég geri ráð fyrir að við þekkjum öll, Jóhanna Tryggvadóttir, hefur verið með endurhæfingarmál á sínu prógrammi í nokkuð mörg ár og átt við mikla erfiðleika að stríða — ég verð að segja það — um skilningsleysi hjá þm. sem hún hefur leitað til og borgarfulltrúum líka og þar á meðal mér, þangað til mér varð ljóst hve þýðingarmikið starf hún vann og er að vinna. Hún hefur að vísu nú nýverið fyrir mjög mikinn velvilja hæstv. heilbrrh. fengið nokkra aðstoð, þannig að hún hefur komið málum sínum þó nokkuð áleiðis. En það er endurhæfingarstöð sem er að vísu rekin af félagsskap sem hún hefur stofnað til. Þetta er sjálfseignarfélag og vinnur mjög gott starf og hefur lagt sérstaka áherslu á endurhæfingu og viðhald aldraðra undanfarið. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að hennar heilsurækt, sem er endurhæfingarstöð um leið, á eftir að verða öldruðum í borginni til góðs. Og ég vil mæla með því að áframhaldandi stuðningur við hana verði veittur.

Ég vil náttúrlega sem borgarfulltrúi fagna þeim orðum sem hér hafa fallið til endurhæfingardeildar Borgarspítalans, að framtíðarstefna við mótun í þessum endurhæfingarmálum verði byggð á þeirri góðu reynslu sem endurhæfingardeild Borgarspítalans hefur sýnt, og ég tek undir það. En á sama tíma og um leið og ég lýk máli mínu, þá vil ég leggja til að þessu máli verði hraðað það mikið að það geti ekki verið neinn vafi á því að Alþ. geti komið málinu á fjárlög núna, ef við ætlum að gera það. Þess vegna segi ég, að það er bara spurningin um það, hvort menn vilji hugsa með kerfinu, á sama hátt og kerfið, eða hvort menn vilja hugsa með hjartanu. Fólkið biður. Það er nóg af fólki sem þarf á þessu að halda, og ég vona að við séum ekki það fastir í einhverju sérstöku kerfi, einhverjum farvegi við gerð fjárlaga, að það sé ekki pláss fyrir það sem ég kalla að hugsa með hjartanu. Með þessum orðum vil ég láta máli mínu lokið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar eð hæstv. heilbrrh. hefur lýst yfir fylgi sínu við þessa till., sem ég tel sérstaka ástæðu til þess að þakka, og þar eð þm. úr þrem flokkum þingsins hafa látið í ljós stuðning við till., þá vil ég ekki láta hjá líða að taka fram að við þm. Alþfl. munum að sjálfsögðu styðja þessa till. sem fjallar um mikið nauðsynjamál sem nauðsynlegt er að nái sem fyrst fram að ganga. Í því sambandi vil ég sérstaklega taka undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, að nauðsynlegt er og sómi þingsins liggur við að málið fái sem hraðasta og skjótasta afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Almenn hegningarlög 55.
Alþjóðasamningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar 70.
Dagvistarheimili fyrir börn 92.
Endurskoðun tekjuskattslaga 118.
Ferðafrelsi 70.
Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi 98.
Framkvæmd skattalaga 117.
Fullorðinsfræðsla 42.
Hafnamál Suðurlands 88.
Innlend jarðefni til iðnaðarframleiðslu 70, 118.
Kosning í fastanefndir (fjárveitinganefnd) 71, 85.
Lagaákvæði er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum 70.
Meðferð opinberra mála 57.
Nýting á lifur og hrognum 71.
Rafmagn á sveitabýli 86.
Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti 41.
Rannsóknarlögregla ríkisins 57.
Samkomulag um veiðar breskra togara 70.
Skipan dómsvalds í héraði 58.
Stjórnarskipunarlög 58.
Sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans 70, 143.
Umferðarlög (skráning) 46.
Umferðarlög (Umferðarráð) 53.
Útbreiðsla atvinnusjúkdóma 117.
Útvarpslög 93.
Vestfjarðaskip 70, 121.
Votheysverkun 70.
Þingnefnd til þess að kanna framkvæmd dómsmála 57.
Þingsköp Alþingis 113.
Öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa 117.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Ásgeir Bjarnason 41, 42, 83.
Forsrh. Geir Hallgrímsson 74.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 46, 48, 52, 53, 55, 57, 58.
Iðnrh. Gunnar Thoroddsen 86.
Landbrh. Halldór E. Sigurðsson 89, 129.
Menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson 42, 92, 96.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 98, 101, 109, 145.
Utanrrh. Einar Ágústsson 111, 144.
Albert Guðmundsson 45, 49, 146.
Axel Jónsson 47, 50.
Benedikt Gröndal 58, 67, 113.
Ellert B. Schram 62.
Friðjón Þórðarson 41.
Gils Guðmundsson 108.
Gunnlaugur Finsson 66, 140.
Gylfi Þ. Gíslason 78, 84, 148.
Helgi F. Seljan 93.
Ingólfur Jónsson 65, 88, 91.
Jóhann Hafstein 112.
Jón Árnason 51.
Jón Helgason 92.
Jón Árm. Héðinsson 48.
Jón Skaftason 64.
Karvel Pálmason 71, 84, 132.
Lúðvík Jósepsson 76, 86, 88, 98, 105.
Magnús Kjartansson 87, 143.
Pétur Sigurðsson 103.
Ragnar Arnalds 83.
Sighvatur Björgvinsson 121, 137.
Sigurlaug Bjarnadóttir 135.
Stefán Jónsson 97.
Steingrímur Hermannsson 134.
Sverrir Hermannsson 104.
Tómas Árnason 68.
Þorv. Garðar Kristjánsson 130, 142.

Sameinað þing, 8. fundur.

Mánudaginn 25. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan skiptist í tvær umferðir, þannig, að í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsrh. 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Í fyrri umferð: Sjálfstfl., Alþb., Framsfl., Alþfl. og SF. Í síðari umferð: Framsfl., Alþb., SF., Sjálfstfl. og Alþfl. Ræðumenn auk forsrh. verða þessir: Af hálfu Sjálfstfl. talar Matthías Bjarnason sjútvrh. í síðari umferð. Af hálfu Alþb. talar Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., í fyrri umferð og Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. talar Tómas Árnason, 4. þm. Austf., í fyrri umferð og Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. talar Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., í fyrri umferð og Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir SF talar Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., í fyrri umferð og Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., í síðari umferð.

Hefst þá umræðan og tekur hæstv. forsrh., Geir Hallgrímsson, til máls.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar ríkisstjórnin var mynduð síðsumars 1974 tók hún við óvenju erfiðum efnahagsvanda. Við þessum vanda var snúist hiklaust. En meðan beðið var árangurs fyrstu aðgerða versnuðu ytri skilyrði þjóðarbúsins enn vegna efnahagssamdráttarins í heiminum. Hér hefur því verið við ramman reip að draga fyrstu tvö starfsár ríkisstj. Það er fyrst á þessu ári að rofar til.

Reynsla undanfarinna tveggja ára sannar, að sú efnahagsstefna, sem ríkisstj. markaði í upphafi og hafði að leiðarljósi, að draga úr viðskiptahallanum við útlönd og úr hraða verðbólgunnar, án þess að gripið væri til svo harkalegra aðgerða að atvinnuöryggi landsmanna væri teflt í hættu, var tvímælalaust rétt. Þessari stefnu aðlögunar í áföngum að breyttum ytri skilyrðum þjóðarbúsins hefur verið staðfastlega fylgt, en hún hefur óneitanlega kostað skuldasöfnun við útlönd.

Það er því ástæða til að staldra við og huga að, hvernig tekist hefur á þessu ári að ná þeim þremur meginmarkmiðum stefnunnar í efnahagsmálum sem ríkisstj. setti:

Að draga verulega úr viðskiptahallanum við útlönd.

Að hægja á hraða verðbólgunnar.

Að tryggja fulla atvinnu í landinu.

Útlit er fyrir að viðskiptahallinn við útlönd nú í ár verði um 4—5% af þjóðarframleiðslunni, eða rétt um 10 milljarðar króna. Þetta er reyndar heldur betri árangur en við var búist í fyrra, en þá var að því stefnt að koma viðskiptahallanum úr tæplega 12% af þjóðarframleiðslu 1974 og 1975 í 6% á þessu ári. Hér njótum við vitaskuld hagstæðari þróunar viðskiptakjara en menn þorðu að vona fyrir ári.

Frá byrjun til loka ársins 1974 var hækkun framfærslu- og byggingarkostnaðar 53—60%, en á þessu ári 24—30%. Nokkuð hefur þannig dregið úr hraða verðbólgunnar. Hér miðar í rétta átt, en allt of hægt.

Atvinnuástand hefur haldist gott allt þetta ár. Hrakspár um atvinnuleysi hafa hvergi ræst. Hitt kann að vera sönnu nær, að sums staðar gæti enn umframeftirspurnar eftir starfskröftum.

Horfur virðast á að þjóðarframleiðslan verði litlu minni í ár en í fyrra og að þjóðartekjur aukist nokkuð vegna áhrifa batnandi viðskiptakjara.

Þegar á heildina er litið, verður því ekki annað sagt, en að stefnan í efnahagsmálum hafi borið verulegan árangur á þessu ári.

Á næstunni verðum við að leggja allt kapp á að ná fullnægjandi árangri í að draga verulega úr verðbólgu og jafna viðskiptahalla, því að án þess verður atvinnuöryggi ekki tryggt til frambúðar.

Þegar horft er fram til næsta árs virðist nú heldur bjartara fram undan en verið hefur. Verslunarárferði hefur snúist okkur í hag á þessu ári og útflutningsverðlag hækkað meira en innflutningsverðlag, en áframhald þeirrar þróunar er þó í óvissu. Og þrátt fyrir þann bata, sem orðinn er, er enn langt frá því að við njótum sömu viðskiptakjara og á árunum 1973 og 1974. Einkum erum við langt undir viðskiptakjaratindinum sem náð var um áramótin 1973—74 og án efa réð miklu um það uppþot í innlendu verðlagi sem á eftir fylgdi og við súpum enn seyðið af. Minnugir þeirrar reynslu munum við nú fara okkur hægt því fljótt skipast veður í lofti, enda blasir við tvíþættur vandi vaxandi skuldabyrðar við útlönd og takmargaðs fiskafla vegna ástands fiskstofna.

Skýrslur og álitsgerðir fiskifræðinga okkar hafa verið þjóðinni holl aðvörun. Þær hafa minnt okkur á að bjartsýnisorð aldamótaskáldsins: „auðlindir sjávar ótæmandi bruna“ — eiga því aðeins við að ekki sé of nærri þeim gengið.

Á síðustu mánuðum hafa komið fram nýjar upplýsingar um styrk þorskstofnsins, einkum árgangsins 1972, og góðan árangur klaksins nú í ár. Þetta dregur nokkuð úr svartsýni manna um viðgang stofnsins, en breytir þó ekki meginatriði málsins, þ. e. að gæta verður fyllstu varúðar í veiðisókn á næstu árum til þess að viðkomu þorskstofnsins sé ekki stefnt í hættu. Þessar aðstæður setja því útflutningsframleiðslu okkar skorður á næsta ári.

Þegar á heildina er litið, virðist þó ástæða til að ætla að þjóðarframleiðsla og tekjur muni aukast lítið eitt á næsta ári, e. t. v. um 2 af hundraði. Þessi afturbati, sem hófst á þessu ári, gefur þó ekki svigrúm til neinna stórbreytinga í þjóðarútgjöldum. Það er stefna ríkisstj., að hlutur samneyslu eigi ekki að aukast á næsta ári og að dregið verði úr opinberum framkvæmdum í heild þar sem stórum áfanga orkuframkvæmda lýkur. Innan þeirra takmarka, sem viðskiptajöfnuðurinn setur, ætti að gefast svigrúm til nokkurrar, en þó afar takmarkaðrar aukningar almennra útgjalda einkaaðila á næsta ári. Mikil nauðsyn er að menn geri sér ljóst hve

hér er úr litlu aukreitis að spila og hve brýn þörf þjóðarinnar er á því að mið sé tekið af raunverulegum aðstæðum við kjaraákvarðanir næsta árs, en ekki verðbólgudraumórum.

Afkoma fiskveiða hefur verið afar erfið undanfarin tvö ár, en fer þó heldur batnandi á þessu ári. Við ríkjandi ástand fiskstofna er ekki heldur við því að búast að um arðsaman rekstur geti verið að ræða fyrir allan okkar stóra fiskiflota. Við verðum að horfast í augu við það að sóknin er of kostnaðarsöm miðað við skynsamlega nýtingu fiskstofna.

Hagur fiskvinnslunnar er skárri en veiðanna og heldur rýmri í ár en í fyrra, en gerir þó ekki betur en standa í járnum.

Að undanförnu hefur mönnum orðið tíðrætt um verðhækkanir á útflutningsafurðum okkar og batnandi viðskiptakjör. Þetta eru vissulega góð tíðindi, en því má ekki gleyma, að þessum ávinningi hefur jafnóðum verið veitt út til þeirra, sem við sjávarútveg starfa, og til annarra launþega, með hækkun fiskverðs og með almennum launahækkunum.

Vegna þess að fiskverð hér innanlands hefur jafnan hækkað til jafns við kaup í landi og fiskverð hækkaði í febrúar s. l. verulega vegna sjóðakerfisbreytinga hafa fiskverðshækkanir í nokkrum greinum verið ákveðnar í von um óorðna hækkun afurðaverðs á útflutningsmarkaði. Þetta hefur orðið að gerast með bakábyrgð verðjöfnunarsjóðs, síðast 1. okt. s. l. Þessar ráðstafanir hafa verið nauðsynlegar til að tryggja tekjur sjómanna. Litlar sem engar verðhækkanir hafa orðið á frystum afurðum síðan í júlí en þó allra síðustu dagana nokkrar, og verðlagsþróun á næstunni er mjög óviss. Því er nú nauðsynlegt að rasa ekki um ráð fram, en reyna að varðveita það sem þegar hefur áunnist, minnugir þess, að fiskverðshækkanir innanlands, sem ekki eru byggðar á traustum markaðsforsendum erlendis, fela í sér hættu á framhaldandi verðbólgu.

Kjarasamningar þeir, sem gerðir hafa verðir á árunum 1975 og 1976, hafa falið í sér viðurkenningu launþegasamtakanna á því, að ráðstöfunarfé þjóðarinnar minnkaði verulega á árinu 1974 og 1975.

En reynar er alls ekki nægilegt að líta eingöngu til minnkandi þjóðartekna og versnandi viðskiptakjara til þess að fá skýringu á „kjaraskerðingunni“ svonefndu, því að mergurinn málsins er sá, að með kjarasamningunum 1974 var stefnt langt út yfir mörk framleiðslugetu þjóðarbúsins þótt ekkert hefði á bjátað. Þótt verslunarárferði þjóðarinnar hafi skánað aftur megum við ekki láta það henda okkur að fara að eltast á ný við villuljós.

Sannleikurinn er sá, að viðskiptakjör þjóðarinnar eru nú svipuð og raungildi þjóðartekna á mann, líkt og var 1971—72. Sama máli gegnir um kaupmátt kauptaxta og raunverulegra tekna almennings. Þannig hefur náðst sæmilegt samræmi á árinu 1976.

Auðvitað hefur sitthvað raskast í launahlutföllum í umróti síðustu ára, og á næsta ári þarf enn að leita leiða til að ná sanngjörnum launahlutföllum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Beita þarf skatta- og tryggingakerfinu í þessu skyni, en allt innan þess ákveðna ramma sem framleiðslugeta og jafnvægi í utanríkisverslun setur. Reyndar fela gildandi kjarasamningar þegar í sér nokkra kaupmáttaraukningu fyrir nokkrar stéttir þegar kemur fram á næsta ár, þannig að fyrir fram hefur verið ráðstafað nokkru af því svigrúmi sem fyrir hendi kann að vera. Aðalatriðið er að reyna að ná settu marki í kjaramálum með sem minnstum verðhækkunum.

Við höfum oft brennt okkur á því soðinu að ætla allir í senn og þegar í stað að njóta bættra kjara vegna bættra ytri skilyrða þjóðarbúsins. Nú er brýn þörf á að þjóðin skilji að við erum sem þjóðarheild búin að taka út forskot á sæluna og eigum því lítið inni. Því reynir nú á raunsæi okkar allra.

Við ríkjandi aðstæður í íslenskum efnahagsmálum er sérstök þörf að meta þjóðhagshorfur nokkur ár fram í tímann svo unnt sé að skoða í lengra tímasamhengi ákvarðanir sem teknar eru frá ári til árs. Nú virðast þau straumhvörf í ytri skilyrðum þjóðarbúsins að tækifæri gæti gefist til að vinna að skipulags- og framfaraverkefnum sem að hluta hafa ýst til hliðar í viðureigninni við þrálátan efnahagsvanda síðustu árin og í baráttunni fyrir yfirráðum okkar yfir fiskimiðunum við Ísland.

Ríkisstj. hefur falið Þjóðhagsstofnun að vinna að könnun á þjóðhagshorfum næstu 4 ár í samvinnu við aðrar opinberar stofnanir á sviði efnahagsmála og aðra aðila. Að því er stefnt að skýrsla um niðurstöður liggi fyrir á næsta ári. Þessa fyrirhuguðu könnun á þjóðhagshorfum næstu ára ber ekki að skoða sem valdbundna, miðstýrða framkvæmdaáætlun stjórnvalda, heldur sem viðmiðun og undirstöðu stefnuákvarðana í efnahagsmálum hverju sinni — jafnt stjórnvalda sem aðila vinnumarkaðarins og annarra. Meginþættir þessarar könnunar verða tveir: annars vegar mat á útflutnings- og framleiðslugetu og hins vegar á útgjaldaþróun.

Útflutningsáætlun sjávarútvegs og stjórn fiskveiða verður að reisa á fiskifræðilegu áliti á veiðiþoli fiskstofnanna, en einnig á efnahagslegum og félagslegum aðstæðum í landinu. Lausn landhelgismálsins gefur okkur miklu meira vald á þessu máli og skýrari forsendur til þess að meta efnahagsleg áhrif mismunandi fiskverndunarleiða.

Skipting þjóðarútgjalda milli hins opinbera og einkaaðila á næstu árum ræður miklu um stefnuna í skattamálum. Einnig er mikilvægt að tryggt verði nægilegt þjóðhagslegt svigrúm til þess að byggja upp nýjar atvinnugreinar og efla þær sem fyrir eru til undirstöðu framtíðarhagsældar í landinu.

Þótt nokkuð hafi dregið úr hraða verðbólgunnar á þessu ári, verður hann engu að síður tvöfalt til þrefalt meiri en í flestum nálægum löndum. Verðbólgan er tvímælalaust eitt alvarlegasta efnahagsvandamál, sem þjóðin á við að stríða. Verðbólga eins og við höfum reynt gerir margvíslegt tjón. Peningar missa ekki aðeins gildi sitt sem gjaldmiðill, heldur sem mælikvarði á afköst og árangur af starfi manna.

Verðbólgan felur í sér hættu á misskiptingu eigna og tekna og verðlaunar spákaupmennsku fremur en raunverulega verðmætasköpun í þjóð-

félaginu. Með þessum hætti slævir verðbólgan siðgæðisvitund þjóðarinnar og getur brenglað réttlætiskennd einstaklinga og hópa. Það kann að vera að sá skortur á siðferðilegu viðhorfi í fjármálalegum viðskiptum, sem að undanförnu hefur komið fram í ýmsum myndum sem nú eru í umfangsmikilli rannsókn, eigi sér einhverjar rætur í því tjái og tundri sem fylgir mikilli verðbólgu. Það er því ekki eingöngu efnahagsleg nauðsyn fyrir okkur að komast út úr vítahring verðbólgunnar, heldur einnig siðferðileg nauðsyn.

En vissulega er lausn verðbólguvandans ekki fólgin í einu pennastriki. Þetta er vandamál þess eðlis, að þjóðin öll, hvert heimili, hver þegn, verður að leggja sitt af mörkum. Hér þarf sérstaklega sameiginlegt átak margra hagsmunahópa.

Ríkisstj. hefur því skipað nefnd til þess: Að kanna vandlega horfur í verðlagsmálum á næstu missirum og greina ástæður þeirra verðhækkana, sem orðið hafa að undanförnu, og orsakir verðbólguþróunar hér á landi undanfarin ár. Að gera tillögur um ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu. Ríkisstj. telur mikilvægt að sem flest sjónarmið komi fram í starfi nefndarinnar og gerir ráð fyrir að álit nefndarinnar og tillögur verði undirstaða umræðna á Alþingi og viðræðna ríkisstj. við aðila vinnumarkaðarins um heildarstefnu í verðlags- og launamálum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. var ákveðið að fram skyldi fara sérstök könnun á stöðu lífeyrissjóða og lífeyrisþega.

Flestum er ljóst það misræmi sem er milli lífeyrisþega eftir því hvort þeir eiga aðild að verðtryggðum lífeyrissjóði eða ekki. Þetta misrétti ágerist þegar verðbólga eykst. Auk þess að hamla gegn verðbólgu verður að vinna að því að samræma og tryggja kjör aldraðra öryrkja. Í samræmi við samkomulag Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda um lífeyrismál, sem var hluti kjarasamninga á s. l. vetri, beitti ríkisstj. sér fyrir löggjöf sem veitir úrlausn til tveggja ára hjá þeim hópum eftirlaunafólks sem hafa ófullnægjandi lífeyrisrétt. Jafnframt hefur ríkisstj. skipað tvær nefndir í samræmi við þetta samkomulag til að gera tillögur um samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem tryggi öllum lífeyrisþegum lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma. Að því verður stefnt að nýskipan lífeyrismála taki gildi á árinu 1978.

Vonir standa nú til að fjárhagur ríkisins réttist við í ár og að grynnt verði á skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann, m. a. vegna sérstakra aðhaldsaðgerða. Til þess að tryggja þennan árangur er nauðsynlegt að beita aðhaldi í fjármálum ríkisins á næsta ári og setur sú viðleitni mark sitt á fjárlagafrv. ársins 1977. Hæstv. fjmrh. mun gera grein fyrir því á næstu dögum.

En hægara er sagt en gert að halda hallalausum fjárlögum þegar þjóðartekjur dragast saman. Tekjur ríkissjóðs minnka þegar kaupgeta þjóðarinnar rýrnar, en ríkisútgjöldin minnka ekki sjálfkrafa. Ef dregið er um of úr ríkisútgjöldum minnka tekjur almennings enn og samdrátturinn magnast. Ég tel að í umræðum um ríkisfjármálin undanfarin tvö ár hafi ekki verið tekið sanngjarnt tillit til þessara atriða. En það dregur ekki úr því, að sérstaka áherslu ber að leggja á að aðhald í fjármálum hins opinbera er nauðsynlegur liður í viðnámi gegn verðbólgu og viðskiptahalla, eins og nú stendur á.

Á þessu hausti verða lögð fram frumvörp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og stefnt að afgreiðslu þeirra fyrir áramót. Í heild er ekki reiknað með verulegum breytingum á skattfjárhæðum, en hins vegar er þessum breytingum ætlað að hafa áhrif í þá átt að skipta skattbyrðinni milli manna á sanngjarnari hátt en gildandi reglur fela í sér.

Við skattlagningu tekna hjóna er nauðsynlegt að haga skattlagningu fyrst og fremst með tilliti til fjölskylduaðstæðna, en í minna mæli eftir því hvernig tekjuöflun heimilanna er háttað, þ. e. hvort bæði hjónin vinna utan heimilis eða einungis annað þeirra. Skattalög og framkvæmd verða að tryggja jafnrétti karla og kvenna.

Við skattlagningu þeirra, sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur verður að stefna að því að skilja á milli atvinnurekandans og fyrirtækisins við skattútreikning, en einkafyrirtækin njóti síðan sömu skattkjara og önnur fyrirtæki. Þetta má gera á ýmsan veg, t. d. með því að reikna atvinnurekendum launatekjur frá eigin fyrirtæki eða með því að líta á þá úttekt eigandans eða þann lífeyri sem hann hefur notað sér og sínum til framfærslu. Hér er um hugmyndir að ræða sem ekki er auðvelt að koma í framkvæmd af tæknilegum ástæðum, en leggja verður áherslu á að finna örugga lausn.

Við breytingar á fyrningarreglum skattalaga er nauðsynlegt að endurskoða ákvæði um skattskyldu söluhagnaðar. Það er óeðlilegt að skattleggja ekki í ríkari mæli söluhagnað eigna sem fyrndar hafa verið í atvinnurekstri, og það verður að fyrirbyggja að hægt sé að selja eignir milli fyrirtækja og fyrna á ný án þess að söluhagnaðurinn sé skattlagður hjá seljanda. Þetta á við þegar eignir eða andvirði þeirra er tekið út úr atvinnurekstri án þess að aðrar eignir komi í staðinn.

Leitast verður við að samræma álagningargrunn tekjuskatts og útsvars með það fyrir augum að nálgast skatt á brúttótekjur.

Nauðsynlegt er jafnhliða að samræming sé í framkvæmd skattalaga alls staðar á landinu.

Á næstunni þarf að taka ákvarðanir um lækkuð aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum til iðnaðar til þess að efla samkeppnisstöðu hans, en þessar breytingar gætu falið í sér einhvern tekjumissi fyrir ríkissjóð.

Því er haldið fram, að fiskiskipafloti landsmanna sé of stór miðað við hagkvæma nýtingu fiskstofna innan 200 mílna markanna. Því er jafnframt haldið fram, að nærri beitarþoli landsins sé gengið í stórum landshlutum. Án þess að dómur sé lagður á þessar staðhæfingar í nánari atriðum, er með öllu ljóst að til þess að tryggja hagsæld og framfarir fyrir vaxandi þjóð þurfum við að beina því takmarkaða fjármagni, sem til ráðstöfunar er, í auknum mæli til nýrra greina sem hafa skilyrði til arðbærrar framleiðslu og útflutnings. Vissulega má finna margan vaxtarsprota innan okkar hefðbundnu greina og að þeim þarf að hlúa, en þegar á heildina er litið nálgumst við — a. m. k. um sinn — tak-

mörk vaxtar á grundvelli þeirra auðlinda sem til þessa hafa dugað okkur best. Nú ríður á að finna nýjar leiðir til framfara með hagkvæmni og atorku.

Mikilvægur liður í slíkri stefnumótun sem verða þarf í samhengi við könnun á þjóðhagshorfum næstu ára er án efa endurskoðun á starfsemi lánakerfisins og fjármagnsmarkaðarins.

Undirbúin hafa verið frumvörp um bætta starfsemi bankakerfisins, bæði varðandi viðskiptabanka ríkisins og hlutafélaga.

Ríkisstj. hefur beitt sér fyrir ýmsum endurbótum, varðandi starfsemi fjárfestingarlánasjóða, t. d. endurskoðun lánskjara með það fyrir augum að styrkja fjárhagslegan grundvöll sjóðanna og draga um leið úr ásókn í lánsfé sem eingöngu byggist á von um verðbólguhagnað. Ríkisstj. telur mikilvægt að haldið verði áfram endurbótum í þessum efnum og verði að því stefnt að samræma sem mest lánskjör fjárfestingarlánasjóðanna og draga þannig úr misrétti því sem mismunun í þessu efni fylgir. Lánakerfið verður auk þess að miða við það hvað fjármagn kostar á verðbólgutímum, því að engin heilbrigð lánastarfsemi getur byggst á því að endurlána fé langt undir kostnaðarverði. Eins og nú standa sakir er því varla um annan kost að velja en þann, að halda áfram á þeirri braut að útlán fjárfestingarlánasjóðanna verði að nokkrum hluta verðtryggð. Jafnframt er eðlilegt, að ríkið leggi fram fé til þess að hægt sé að veita lán með hagkvæmari kjörum til félagslega mikilvægra þarfa, t. d. íbúðabygginga láglaunafólks og byggðamála, en það skiptir miklu að slíkt gerist með opinskáum hætti og með beinum opinberum framlögum, svo að það verði ekki til þess að skekkja meginstarfsemi lánakerfisins.

Eitt meginverkefnið á þessum vettvangi er að taka skipulag fjárfestingarlánasjóðakerfisins til gagngerrar endurskoðunar, þar sem stefnt yrði bæði að því að draga sjóðakerfið saman í færri og stærri heildir og samræmingu útlánakjara. Mun ríkisstj. láta vinna að tillögum um skipulagsbreytingar í þessa átt og leggja þær síðan fyrir Alþingi til úrlausnar.

Ríkisstjórnin lét í fyrra semja lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 sem tók til allrar lánastarfsemi í landinu. Í þessari áætlun voru settar fram hugmyndir um þróun í lánamálum í heild sem væri í samræmi við yfirlýst efnahagsmarkmið ríkisstj. Þessu starfi hefur verið haldið áfram og á næstu vikum verður lögð fram á Alþingi lánsfjáráætlun fyrir árið 1977. Ég hef þá trú að lánsfjáráætlunin muni reynast varanleg framför í stjórn íslenskra efnahagsmála.

Lánamarkaðurinn þarf einnig að gegna því hlutverki að hvetja til aukinnar innlendrar fjármagnsmyndunar, er geti verið undirstaða arðbærrar fjárfestingar. Þetta hlutverk er sérstaklega mikilvægt um þessar mundir ef unnt á að reynast að halda uppi nægilegum framkvæmdum í landinu, jafnframt því sem dregið verði úr notkun erlends lánsfjár. Frumskilyrði fyrir auknum peningalegum sparnaði í landinu er að tryggja eigendum sparifjár, lífeyrissjóðum og öðrum fjármagnseigendum eðlilegan afrakstur af fé sínu með tilliti til verðbólguþróunar og annarra fjárfestingartækifæra. Með upptöku hinna nýju vaxtaaukareikninga innlánsstofnana á s. l. vori er reynt að stefna að þessu marki, en einnig með útgáfu verðtryggðra skuldabréfa á almennum markaði og sölu þeirra til lífeyrissjóða. Þótt þetta sé vafalaust skref í rétta átt, svo langt sem það nær, felst óneitanlega í því varhugaverð mismunun á lánamarkaði sem leita þarf leiða til að jafna. Hér eins og víðar er vandinn tengdur verðbólgunni. Takist að ráða niðurlögum hennar mun lánamarkaðurinn eiga hægara með að gegna sínu nauðsynlega hlutverki, að hvetja til sparnaðar og miðla lánsfé til þeirra greina sem draga mesta björg í bú.

Í stefnuræðu minni á síðasta hausti, sem flutt var nokkrum dögum eftir að fiskveiðilögsagan var færð út í 200 mílur, sagði ég:

„Eins og jafnan áður, þegar við íslendingar færum út fiskveiðilögsögu okkar, gerum við það einhliða og með vitneskju um það, að ákvörðun okkar veldur deilum við aðrar þjóðir.

Í þessu deilumáli höfum við bæði réttinn og rökin með okkur, þegar við ræðum við aðrar þjóðir. Ef við viljum annaðhvort ekki eða treystum okkur ekki að halda fast fram málstað okkar í viðræðum og frjálsum samskiptum þjóða erum við vart verðug þess að heita sjálfstæð þjóð."

Nú ári eftir útfærsluna í 200 mílur höfum við ástæðu til að fagna því að stefna sú, sem við mörkuðum, hefur náð fram að ganga.

Allar þjóðir, sem veitt hafa á Íslandsmiðum eða lýst áhuga sínum á því, hafa virt og viðurkennt 200 mílna útfærslu okkar í reynd eða beinlínis með samningum. Fyrir einu ári hefðu fáir haldið því fram að málstaður okkar hefði unnið slíkan sigur á svo skömmum tíma.

Á tæpum 4 árum höfum við fært yfirráð okkar yfir fiskveiðilögsögunni úr 12 mílum í 50 og síðan 200. Enginn vafi leikur á því, að þessi útfærsla hefur þegar borið mikilvægan árangur í fiskverndun, klaki og fiskigöngum.

Þegar útfærslan í 200 mílur gekk í gildi fyrir ári voru vonir okkar ekki síst bundnar við árangur af starfi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, en henni er enn ólokið. Þrátt fyrir fimm fundarlotur hefur heildarsamkomulag um þau fjölþættu úrlausnarefni, sem ráðstefnan glímir við, ekki tekist. Útfærsla okkar í 200 mílur, þótt einhliða væri, var í fullu samræmi við frumvarp það að hafréttarsáttmála sem kynnt var á þriðja fundi Hafréttarráðstefnunnar í Genf vorið 1975. Stefna okkar á ráðstefnunni síðan hefur við það miðast að vernda þau ákvæði frumvarpsins sem mæla fyrir um óskoruð yfirráð strandríkis yfir 200 mílum, að strandríkið hafi einhliða rétt til að kveða á um hve mikið fiskmagn skuli þar taka upp úr sjó og hvort öðrum þjóðum skuli heimilaðar veiðar. Á tveimur fundum ráðstefnunnar síðan frumvarpið var kynnt hafa þessi ákvæði þess haldist óbreytt. Við getum því vel við unað. Raunar verður ekki lengur dreginn í efa réttur strandríkja til 200 mílna yfirráða miðað við samstöðuna um það mál á Hafréttarráðstefnunni. Deilurnar þar snúast um annað.

Enginn þarf því lengur að ganga í grafgötur um að 200 mílna fiskveiðilögsaga verður ekki vefengd sem alþjóðalög, þótt formlegur hafrétt-

arsáttmáli hafi ekki hlotið afgreiðslu á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Eins og kunnugt er höfum við með samningum heimilað færeyingum, norðmönnum, belgum, bretum og vestur-þjóðverjum að stunda veiðar á takmörkuðum svæðum innan 200 mílnanna og bundið veiðarnar við ákveðnar tegundir eða fjölda veiðiskipa auk aflatakmarkana.

Samningurinn milli breta og íslendinga verður ræddur hér á Alþingi á næstunni. Í lokagrein hans segir: „Eftir að samningurinn fellur úr gildi munu bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, í samræmi við það, sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu.“ Skýrari viðurkenningu á yfirráðum okkar er ekki unnt að fá.

Efnahagsbandalag Evrópu hefur í samþykktum sínum um 200 mílna lögsögu ákveðið að bandalagið muni koma fram fyrir hönd aðildarlandanna í viðræðum við önnur ríki. Þannig liggur ljóst fyrir að vilji bretar sækjast eftir framhaldi á veiðum hér við land eftir 1. desember n.k., sem enginn vafi leikur á, munu tilmæli um það koma frá Efnahagsbandalaginu.

Í lok júlí voru könnunarviðræður með fulltrúum bandalagsins í Brüssel, þar sem m.a. var skipst á upplýsingum um ástand fiskstofna. Var áhersla lögð á það af fulltrúum okkar að svigrúm til veiðiheimilda til handa erlendum veiðiskipum væri afar takmarkað.

Vitað er að Efnahagsbandalagið óskar áfram eftir viðræðum við Íslendinga, en grundvöllur slíkra viðræðna er þá fyrst fyrir hendi þegar Efnahagsbandalagið sjálft hefur markað fiskveiðistefnu sína. Fyrr er ekki upplýst, hvað bandalagið hefur okkur Íslendingum að bjóða.

Íslensk stjórnvöld hafa einnig frá öndverðu lýst því yfir að þau fallist ekki á að ruglað sé reytum á þann veg, að viðskiptatengsl og gagnkvæmir tollasamningar okkar við bandalagið séu háðir því að við veitum aðildarríkjum þess fiskveiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu. Jafnframt höfum við staðið við allar okkar skuldbindingar samkvæmt samningum og ætlumst til þess sama af Efnahagsbandalaginu.

Allar viðræður fulltrúa okkar og Efnahagsbandalagsins hljóta að byggjast á gagnkvæmum fiskveiðiréttindum, og í slíkum viðræðum verðum við að meta, hvers virði við teljum okkar fiskveiðiréttindi utan 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar sem í boði kunna að vera. Í þeim efnum mega ekki einungis skammtíma sjónarmið ráða gerðum okkar, heldur og hagsmunir okkar til langframa.

Margan lærdóm má draga af landhelgisdeilum okkar, sem við hljótum að hafa til hliðsjónar þegar metin er utanríkisstefna okkar í heild. Með rökum getur enginn haldið því fram að einangrun hefði orðið okkur heilladrjúg í þeirri baráttu. Við fluttum mál okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Við minnumst þess t.d., hvernig fulltrúar allra Norðurlanda, forsætisnefnd Norðurlandaráðs og utanríkisráðherrafundur Norðurlanda, tóku ákveðna afstöðu okkur hliðholla á s.l. vetri.

Atlantshafsbandalagið var og ómetanlegur vettvangur til að afla málstað okkar fylgis, þótt við ættum fyrst og fremst í höggi við eina bandalagsþjóðina. Ein nánasta bandalagsþjóð okkar, norðmenn, gekk fram fyrir skjöldu við lausn málsins, ekki síst vegna ótta við að framhald hættuástandsins kynni að hrekja okkur í nauðvörn, er beindist gegn þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Þróun í þá átt hefði ekki einungis spillt okkar eigin öryggi, heldur einnig haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir það öryggiskerfi sem við höfum tekið þátt í að byggja upp á Norður-Atlantshafi, svæði sem verður æ viðkvæmara vegna nýrrar hernaðartækni, eins og dæmin sanna.

Reynslan í baráttunni fyrir 200 mílunum staðfestir réttmæti þeirrar utanríkisstefnu, sem við höfum fylgt, og treystir framtíðargildi hennar.

Þingmenn hafa fengið í hendur sérstaka skrá yfir helstu lagafrumvörp, sem í undirbúningi eru. Ekki gefst tími til að fjalla sérstaklega um þessi mál, en þau snerta lausnir vanda á ýmsum sviðum:

Í fyrsta lagi má nefna á sviði tekjuskiptingar og verðmyndunar í þjóðfélaginu, að sjóðakerfi sjávarútvegs var endurskoðað á s.l. vetri.

Endurskoðun framleiðsluráðslaga fjallar m.a. um verðlagskerfi búvara og útflutningsbætur til að hafa áhrif á framleiðslu einstakra búvörugreina og tryggja í senn hag bænda og neytenda og draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Frumvarp til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta verslunarhætti miðar að því að efla samkeppni til að tryggja sem lægst vöruverð.

Endurskoðun almannatrygginga, lífeyris- og sjúkratrygginga, sem og húsnæðislöggjafar, stefnir að því að treysta efnahagslegt og félagslegt öryggi landsmanna, ekki síst þeirra sem miður mega sín. Endurskoðun á skattalögum á að leiða almennt til réttlátrar tekjuskiptingar.

Í annan stað miða lagafrumvörp og fyrirætlanir stjórnvalda að því að auka framleiðslu og þjóðartekjur, eins og heildaráætlun og framkvæmdir í orkumálum sem þegar hafa t.d. fjölgað stórlega þeim, sem njóta þjónustu hitaveitna. Hér má og nefna ýmsar fyrirætlanir í atvinnu- og samgöngumálum.

Í þriðja lagi er vakin athygli á margvíslegri löggjöf á sviði uppeldis-, mennta- og menningarmála.

Í fjórða lagi er lögð áhersla á endurbætur í stjórnsýslu og réttargæslu. Meginmáli skiptir að tryggja réttaröryggi, greiða fyrir fljótvirkri rannsókn mála og upplýstrun afbrota.

Á stjórnsýslusviðinu er endurskoðun á verkefnum og tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga líkleg til að dreifa valdinu í þjóðfélaginu og auka áhrif einstaklinga og staðarvalda.

Endurskoðun vinnuaðferða við gerð kjarasamninga og efling hlutverks sáttasemjara á að miða að því að tryggja réttarstöðu hagsmunasamtaka, ítarlega meðferð og friðsamlega lausn kjaramála.

Ríkisstj. hefur og ákveðið að leita eftir tillögum um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Við allar breytingar verður að hafa að leiðarljósi að einfalda kerfið og gera afgreiðslu mála greiðfærari.

Herra forseti. Sá íslendingur telst til undan-

tekninga sem lýsir sig ekki fylgjandi lýðræðisskipulaginu. Í lýðræði felst verkaskipting milli stjórnvalda, hagsmunasamtaka og einstaklinga. Þessir aðilar verða að virða starfssvið hvers annars og fara að lögum í samskiptum sín á milli. Framkvæmd lýðræðislegra stjórnarhátta getur verið seinvirk. Þótt slíkt seinlæti komi oft á tíðum illa við menn, mega þeir ekki grípa til ólöglegra starfshátta og hverfa frá lýðræðislegum vinnubrögðum. Úrræðin hljóta að felast í því að hafa uppi rökstudda gagnrýni á ríkjandi skipan mála, upplýsa efnisatriði og leita ráða til að flýta framkvæmd endurbóta og einfalda stjórnkerfið, í þeim tilgangi að gera lýðræðið virkara. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekki er ólíklegt að einhverjir hafi áðan hrokkið við að heyra hæstv. forsrh. lýsa því hátíðlega yfir að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum hafi borið verulegan árangur. Líklega er þetta ein kokhraustasta yfirlýsing sem lengi hefur heyrst í íslenskum stjórnmálum. Á því ári þegar reiknað er með að vísitala vöru og þjónustu hækki um 33%, — á því ári þegar óskyggileg skuldasöfnun við útlönd á sér stað, þegar skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann eru komnar yfir 12 þús. millj. kr., sem þýðir í reynd að bankinn hefur prentað nýja seðla svo nemur um 4000 millj. kr. annað árið í röð til að bjarga ríkissjóði frá fjárþrotum, — á því ári þegar lífskjör alls þorra launafólks hafa verið með afbrigðum léleg vegna látlausra kjaraskerðingaraðgerða, þá er forsrh. landsins ánægður með árangurinn og telur sig hafa unnið umtalsverðan sigur.

Ekki skal ég halda því fram að vinstri stjórnin hafi ávallt haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar eins og best verður á kosið. En skyldu ekki flestir þeir, sem óánægðir voru með störf vinstri stjórnarinnar, gera sér grein fyrir því, hvílíkur reginmunur er á þeirri stjórn og hinni, sem nú situr.

Á tveimur fyrstu stjórnarárum vinstri stjórnar, frá ágústmánuði 1971 til ágústmánaðar 1973, hækkaði vísitala vöru og þjónustu um 44%. En á tveimur fyrstu valdaárum núv. hægri stjórnar, þ. e. frá stjórnarskiptum til ágústmánaðar 1976, hækkaði vísitala vöru og þjónustu um hvorki meira né minna en 111%.

Á tveggja ára afmæli vinstri stjórnar var gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar nokkurn veginn það sama og verið hafði í upphafi kjörtímabils. Það hafði að vísu bæði hækkað og lækkað, en var um þær mundir í sama fari og verið hafði tveimur árum áður. En svo gífurlegt hefur gengisfall íslensku krónunnar verið á tveimur árum hægri stjórnar að Bandaríkjadollar hefur hækkað í verði um rúmlega 90%.

Á tveimur fyrstu stjórnarárum vinstri manna batnaði gjaldeyrisstaða landsins um 2500 millj. kr. og gjaldeyrisvarasjóðurinn fór nokkuð yfir 6000 millj. kr. Þá var hrópað hátt um það af talsmönnum Sjálfstfl. að gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar væri ekki nógu stór. Nú er þessi sjóður löngu þurrausinn og í staðinn komnar gjaldeyrisskuldir sem nema á annað þús. millj. kr.

Á tveimur fyrstu valdaárum vinstri stjórnar jókst skuld ríkisins og ríkisstofnana við Seðlabankann um 250 millj. kr. hvort árið. En á tveggja ára valdatíma hægri stjórnar hefur skuldaaukningin numið um 4000 millj. kr. hvort árið.

Í tíð vinstri stjórnar bötnuðu lífskjör fólksins mjög verulega, sem sannaðist á því að hækkun verðlags í landinu var um það bil helmingi hægari en hækkun almennra launa á fyrri hluta kjörtímabilsins. En nú hefur þessi þróun snúist svo gersamlega við, að hækkun verðlags hefur verið um það bil tvöfalt meiri en hækkun launanna, eins og margoft hefur verið sýnt fram á í umr. um kjaramál að undanförnu.

Staðreyndin er sú, að Sjálfstfl. vann dágóðan sigur í seinustu kosningum, fyrst og fremst á grundvelli þess að talsmenn flokksins lofuðu því að koma traustri stjórn á efnahagslífið og fjármál ríkisins ef þeir kæmust til valda, og sérstaklega hétu þeir því að ráða niðurlögum verðbólgunnar.

Vinstri stjórnin lenti óneitanlega í nokkrum erfiðleikum á seinasta stjórnarári sínu vegna þess að gífurlegar erlendar verðhækkanir, meiri en áður voru dæmi til, skullu yfir efnahagslíf landsmanna eins og óvænt flóðbylgja. Olía þrefaldaðist í verði á örskömmum tíma og flest innflutt hráefni tvöfölduðust í verði.

Þetta ástand hagnýtti Sjálfstfl. sér á hinn óprúttnasta hátt og gerði allt sem hann gat til að koma í veg fyrir nauðsynlegar efnahagsráðstafanir, um leið og hann hamraði á þeirri gömlu kenningu, að undir forustu vinstri manna hlyti stjórn efnahagsmála að fara úrskeiðis, sjóðir yrðu tæmdir og skuldir hlæðust upp.

Geir Hallgrímsson lét það líka verða sitt fyrsta verk, eftir að hann settist í sæti forsrh., að lofa því hátíðlega í útvarpsumr. á Alþ. 5. nóv. 1974 að verðbólgan í landinu skyldi fara niður fyrir 15% á fyrsta stjórnarári sínu. Forsrh. gerði sér að sjálfsögðu grein fyrir því, að til þess hafði hann fengið umboð kjósenda að hann stæði við stóru orðin. En einu ári síðar kom á daginn að stjórn hans hafði staðið fyrir meiri verðbólguhraða á fyrsta stjórnarári sínu en nokkur önnur stjórn á Íslandi í meira en hálfa öld. Geir Hallgrímsson lét þó ekki þennan óvenjulega árangur aftra sér frá því að gefa þjóðinni enn eitt fyrirheit í útvarpsumr. 23. okt., fyrir einu ári. Þá fullyrti forsrh. að ríkisstj. mundi koma „verðbreytingum hér á landi frá upphafi til loka næsta árs niður í það bil sem hér hefur verið að jafnaði síðustu áratugi, 10—15%". Þetta er orðrétt tekið eftir þingtíðindum fyrir einu ári.

Enginn getur leyft sér að halda því fram að launabreytingar hafi valdið því sem síðan hefur gerst, því að launahækkunum hefur verið svo í hóf stillt á þessu eina ári, eins og öllum er kunnugt, að lífskjör launafólks hafa jafnvel haldið áfram að versna. Enn síður er unnt að halda því fram að erlendar verðhækkanir komi hér til, því að verðlag á innfluttum vörum hefur aðeins hækkað um 5% á s. l. ári. En eins og áður var nefnt hefur verðlag vöru og þjónustu hækkað um 33%, og er það sú talan sem við er miðað í nýbirtu fjárlagafrv. ríkisstj.

En Geir Hallgrímsson er sæmilega ánægður

þrátt fyrir allt og telur að góður árangur hafi náðst. Staðreyndin er þó sú, að ef verðbólgan heldur áfram með sama hraða og nú er út þetta kjörtímabil, að jafnaði 33% á ári, verður niðurstaðan sú, að verðlag í landinu fjórfaldast á fjórum árum, fjórfaldast á þessu eina kjörtímabili. Þjóðin er ýmsu vön þar sem verðbólgan er annars vegar, en vonandi skilja flestir að verðbólguhraði núv. stjórnar er alger eðlisbreyting frá því, sem áður var. Til samanburðar má nefna að á seinasta áratug fjórfaldaðist verðlag í landinu á 12 árum, á þremur kjörtímabilum, frá 1959—1971, og þótti þó flestum nóg um.

Afleiðingar verðbólgunnar hafa oft valdið áhyggjum, en hinn einstæði verðbólguhraði núv. stjórnar hefur í för með sér vanda af þeirri stærðargráðu sem áður var óþekkt. Hvers konar sjóðir, sem landsmenn hafa byggt upp á löngum tíma, eyðast nú í eldi verðbólgunnar miklu hraðar en svo að nokkur leið sé að halda þeim við með árlegum framlögum: lífeyrissjóðir, bankar, sparisjóðir, fjárfestingarsjóðir atvinnuveganna, sjóðir atvinnuleysistrygginga, byggingarsjóðir. Verðbólgustefna ríkisstj. rífur niður það sem áður var upp byggt. Á fáum árum ónýtist það sem áunnist hefur.

Ef glæpur er framinn er það gamalt ráð hjá sérfræðingum sakamála að spyrja sjálfa sig: Hverjum er hagur að því sem gerst hefur? Hverjir hagnast? — Væri ekki ráð að velta því fyrir sér hverjir hagnast helst á því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu?

Það eru fleiri en forsrh. sem una hag sínum vel um þessar mundir, og þeir, sem una sér best, eru þeir sem skulda mest og eiga eignir á móti. Við megum ekki láta það villa okkur sýn, að flestir landsmenn skulda eitthvað. Þeir mörgu, sem byggt hafa sér hús eða íbúð á undanförnum árum, skulda hluta af andvirði þess, græða ekki raunverulega á verðbólgunni. Tap þjóðfélagsins á verðbólgunni er gífurlegt og hluti þess taps lendir á hverjum samfélagsþegn. Þetta tap, sem hver og einn verður að bera, er margfalt meira en nemur verðbólguhagnaði af venjulegum íbúðalánum eða smáskuldum í bönkunum. En það eru þeir stóru sem hagnast. Það eru þeir sem átt hafa sérstaklega greiðan aðgang að lánakerfi landsmanna og fengið hafa þar háar fjárhæðir. Það eru þeir sem borga milljónir í vexti af lánum á hverju ári, en fá í staðinn enn fleiri milljónir í verðbólgugróða og komast þar að auki upp með að draga alla þessa vexti frá við álagningu tekjuskatts. Það eru þeir sem komist hafa yfir atvinnutæki, sem kosta hundruð, ef ekki þúsundir milljóna kr., og hafa fengið til þess lán úr opinberum sjóðum, en sleppa þó við að greiða skatt af tekjum sínum vegna fáránlegra ákvæða í skattalögum. Þessir menn eru auðvitað ánægðir með ástandið eins og það er. Þeir eru ánægðir með ríkisstj. og hjartanlega sammála Geir Hallgrímssyni, að hann hafi náð góðum árangri. Þeir eru m. a. ánægðir með það að ríkisstj. fékkst ekki til að samþykkja á seinasta þingi þá till. okkar alþb.-manna að ákveðið hámark skyldi sett á vaxtafrádrátt við álagningu tekjuskatts. Og enn frekar gleðjast þeir yfir því, að till. okkar um breytingar á fyrningarreglum skattalaga skyldi ekki ná fram að ganga, enda er árangurinn sá, að í Reykjavík einni eru á þessu ári tæplega 500 fyrirtæki sem samanlagt velta um 39 þús. millj. kr., en borga þó ekki eina einustu krónu í tekjuskatt.

Á þetta höfum við alþb.-menn bent hér á Alþ. ár eftir ár. Í hittiðfyrra voru skattlaus fyrirtæki í Reykjavík, miðað við ákveðna lágmarksveltu, um 240. Í fyrra voru þau nær tvöfalt fleiri eða 432 og á þessu ári 483. Þá eru ótalin öll þau skattlausu fyrirtæki sem rekin eru í nafni einstaklinga, því að þetta eru aðeins fyrirtæki í félagsformi og aðeins þau sem aðsetur hafa í Reykjavík.

Af þessu má sjá að ýmsir hafa ástæðu til að þakka Geir Hallgrímssyni fyrir árangursrík störf. En hinir eru þó hundraðfalt fleiri, sem telja sig lítið hafa að þakka. Allur fjöldinn er að missa þolinmæðina gagnvart ríkisstj. sem knúið hefur það fram með látlausu gengisfalli og verðbólguráðstöfunum að launakjör hér á landi eru nú orðin helmingi lægri en í flestum nálægum löndum sem þó hafa svipaðar heildartekjur á mann, svipaðar þjóðartekjur ef deilt er með íbúatölu. Menn gera sér grein fyrir því, að skipting þjóðartekna hefur verulega raskast launamönnum, sjómönnum og bændum í óhag. Fólk gerir sér ljóst í vaxandi mæli að bankakerfið, verðbólgan og skattakerfið eru þrír helstu þættirnir í þeirri svikamyllu sem núv. hægri stjórn heldur verndarhendi sinni yfir. Það skilur að gagnvart því kerfi, sem við er að etja, dugir ekkert minna en róttækur uppskurður á mörgum sviðum samtímis. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt. Þannig hefur það lengi verið, og ekki var kerfið skárra þegar Alþfl. var í vist hjá Sjálfstfl. allan seinasta áratug.

Vinstri stjórnar meiri hl. kom vissulega ýmsu góðu til leiðar. En það verður að segjast eins og er, að í þeirri stjórn voru róttækari öflin ekki nægilega sterk til að knýja fram þær breytingar sem brýnastar eru, t. d. í skattamálum. Umskipti í íslenskum stjórnmálum verða þá fyrst og því aðeins að styrkleikahlutföllin breytist, að hin róttækari öfl styrkist verulega og megni að koma afdráttarlausri vinstri stefnu til valda.

Lítum aftur á skattamálin. Þessi 483 skattlausu félög í Reykjavík, sem ég nefndi hér áðan, veltu samanlagt á s. l. ári tæpum 40 þús. millj. kr. Þó er þetta aðeins hluti þeirra fyrirtækja í öllu landinu sem borgar lítinn eða engan tekjuskatt. Með breyttum tekjuskattslögum mætti vafalaust innheimta til viðbótar um 6—8 þús. millj. kr. sem nota mætti til að lækka söluskatt um 4—5% og hækka þannig kaupmátt launa. Þetta væri góð byrjun í viðureigninni við verðbólguna.

Hin gamalkunna töfraformúla, að vandamálin leysist með því að breyta tekjuskiptingunni með sífelldu gengisfalli eða gengissigi og skerða þannig lífskjör fólksins eins og framast er unnt, hefur aldrei sannað fánýti sitt betur en einmitt seinustu tvö árin.

Lífskjör fólks verða aftur að færast í eðlilegt horf. Viðskiptakjör landsins eru nú hagstæðari en oftast áður, og t. d. hefur verð á fiskblokk á Bandaríkjamarkaði aldrei verið hærra samkv.

nýlegum upplýsingum Morgunblaðsins. Afkoma þjóðarbúsins er góð, og afkoma fólksins getur verið það einnig ef réttlátar er skipt. En til þess þarf gerbreytta stefnu. Það dregur ekki verulega úr hraða verðbólgunnar nema vinnubrögðin breytist, neysluskattar og vextir séu verulega lækkaðir, milliliðakostnaði haldið í lágmarki og hætt sé að beita gengislækkunarvopninu til að knýja fram tekjuskiptingu sem ekki verður við unað.

Að öðru leyti er mest um vert að framleiðsla landsmanna sé aukin. Uppbygging íslenskra atvinnuvega er gersamlega stjórnlaus um þessar mundir og án nokkurs teljandi frumkvæðis af hálfu ríkisstj., nema í stóriðjumálum útlendinga sem litil gæfa fylgir.

Efling íslenskra atvinnuvega í samræmi við þarfir og getu íslendinga sjálfra er einmitt eitt mikilvægasta viðfangsefni vinstri manna: áætlunargerð og markviss skipulagning á sem flestum sviðum.

Lítum á orkumálin. Í þeim málum ríkir hin mesta óstjórn og glundroði, og svo verður áfram þar til sú leið verður valin sem við alþb.-menn höfum bent á, að allt landið verði samtengt í eitt raforkukerfi, raforkuöflun verði öll á einni hendi og orkan seld á sama verði um land allt.

Það er mesti misskilningur að of mikið hafi verið virkjað á seinustu árum. Hins vegar hafa áætlanir um nýtingu orkunnar til innlendra þarfa ekki verið gerðar og þar liggur meinið.

Til að taka af allan vafa verður að festa það í lög að orkulindir Íslands séu sameign allrar þjóðarinnar, bæði vatnsorka og jarðvarmi á ákveðnu dýpi. Eða getur það talist sanngjarnt að sá, sem á land í grennd við eldfjall, fái allt sitt tjón greitt úr sameiginlegum sjóði ef gos brýst út, sjóði sem myndaður er með skattaálögum á alla landsmenn, en þegar samfélagið ætlar að nýta sér eldinn í iðrum jarðar til að framleiða orku til almenningsþarfa, þá geti landeigandinn komið og sagt: hitinn í jörðinni er mín eign, gerið svo vel og borgið? — Slík viðhorf verður þjóðin að kveða niður í eitt skipti fyrir öll, áður en skjólstæðingar Sjálfstfl. ná því marki sínu að leggja undir sig auðlindir, sem fram að þessu hefur enginn átt — annar en þjóðin í landinu sameiginlega.

Enn er ekki séð fyrir endann á landhelgismálinu. Síðan samið var við breta á s. l. vori hefur stöðugt orðið ljósara að þessi samningsgerð var í hæsta máta óskynsamleg og óþörf. Bretar hefðu bersýnilega verið nauðbeygðir að gefast upp í baráttunni við íslendinga þegar á þessu sumri ef forustumenn íslendinga hefðu haft þor til að þrauka lengur. Á þessu ári hafa viðhorf ráðamanna í flestum nálægum löndum til landhelgismála gerbreyst. Nú er hafið þorskastríð milli breta og Efnahagsbandalagsins, þar sem bretar eru í okkar sporum. Bretum var orðin lífsnauðsyn að leggja niður deilur sínar við íslendinga ef þeir áttu að gera sér nokkra von um sigur í stríðinu við Efnahagsbandalagið. Auk þess reyndust aðgerðir landhelgisgæslunnar á s. l. vetri mjög árangursríkar þátt fyrir rándýrt herskipaúthald breta. Þess vegna var það aðeins tímaspursmál hvenær þeir neyddust til þess að gefast upp og snúa algerlega við blaðinu. Og einmitt þess vegna áttum við á s. l. vori að fylgja sókninni eftir og flæma breta endanlega á brott úr íslenskri landhelgi og um leið að nota það tækifæri sem gafst til að segja upp samningnum við vestur-þjóðverja og hlífa þannig fiskimiðum okkar við 90 þús. tonna afla þýskra togara fram í des. á næsta ári.

En forustumenn núv. stjórnar mátu það meira að styggja ekki vini sína í Atlantshafsbandalaginu. Flest bendir til þess að bretar hefðu aldrei þorað að sýna íslendingum þann yfirgang sem raun varð á, ef íslenska þjóðin hefði staðið óháð og utan við öll hernaðarbandalög. Aðildin að NATO varð fjötur um fót eins og við mátti búast.

Upplýst hefur verið að framkvæmdanefnd Efnahagsbandalagsins vilji nú gera 5 ára samning við íslendinga um veiðar bandalagsþjóðanna, þ. á m. breta, í íslenskri landhelgi. Allir, sem eitthvað þekkja til fiskveiða íslendinga, vita að ríki Efnahagsbandalagsins hafa ekkert að bjóða okkur á móti sem jafnast á við fiskveiðiréttindi þeirra í íslenskri landhelgi, og ástand fiskstofnanna er einnig þess eðlis að við erum ekki aflögufærir nema við skerum niður veiðar okkar sjálfra að sama skapi. Þetta er forsrh. Geir Hallgrímssyni ljóst eins og öllum öðrum, og þó er hann í stefnuræðu sinni hér áðan að hoppa í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut hvort ekki kynni að vera rétt að semja einu sinni enn. Það leyndi sér ekki hvað hann langar til.

Einbeitt andstaða þjóðarinnar kom í veg fyrir að samið væri við breta um 70—80 þús. tonna ársafla á s. l. hausti, og enn var það andstaða almennings sem kom í veg fyrir samninga um litlu minna aflamagn er forsrh. kom heim frá Lundúnum og vissi ekki í heila viku í hvorn fótinn hann ætti að stíga, hvort hann ætti að hafna samningspunktum Wilsons eða samþykkja þá, þar til aðrir tóku af skarið.

Þannig var það þrýstingur frá fjöldanum, sem úrslitum réð hvað eftir annað á s. l. vetri. Eins er nú þörf á því að fólkið í landinu rísi upp til varnar hagsmunum sínum og láti ekkert tækifæri ónotað á næstu vikum til að hamla gegn nýjum samningum um íslenska landhelgi. Hér þarf fólk í öllum stjórnmálaflokkum að taka höndum saman. Enn er unnt, ef viðtæk samstaða skapast, að gera samningaáform forustumanna Sjálfstfl. að engu.

Góðir hlustendur. Það fór eins og margan grunaði, að samvinna Framsóknar við Sjálfstfl. mundi laða fram verstu eiginleika beggja þessara flokka. Núv. ríkissti. hefur gengið svo fram af mönnum með harkalegri kjaraskerðingu, linkind í landhelgismálum, aðgerðarleysi í skattamálum og almennu stjórnleysi í fjármálum, að hennar bíður harður dómur fólksins þegar þar að kemur. En hvað tekur við, það skiptir mestu. Verður áfram hjakkað í svipuðu fari, eða getum við vænst þess að verulég umskipti séu í nánd? Það veltur fyrst og fremst á íslenskum vinstri mönnum. Þeir gera sér ljóst í vaxandi mæli að vinstri stefnan verður ekki leidd til öndvegis undir forustu milliflokka sem sveiflast til

og frá eftir því hvaðan hann blæs hverju sinni. Til þess þarf sterkan og einarðan vinstri flokk með sósíalíska stefnu. SF eru nú í upplausn, fyrst og fremst vegna þess að menn finna að í þeim átökum, sem fram undan eru í íslenskum stjórnmálum, duga aðeins stórar og sterkar fylkingar. Alþb. hefur verið í stöðugri sókn seinustu árin. Á næstu mánuðum og árum verða íslenskir vinstri menn að ná þeim áfanga að Alþb. verði stærsti og sterkasti andstöðuflokkur íhaldsins. Það er sá mótleikur gegn ofurvaldi hægri aflanna sem vinstri menn verða að sameinast um. Þá fyrst er von til þess að gagnger umskipti verði í íslenskum stjórnmálum.

Tómas Árnason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. hefur flutt stefnuræðu sína sem jafnframt ber að skoða sem stefnuræðu ríkisstj.

Í efnahagsmálum mun ríkisstj. leggja áfram áherslu á eftirfarandi stefnu í aðalatriðum: að jafna viðskiptahallann við útlönd og draga verulega úr verðbólgunni, en tryggja jafnframt fulla atvinnu í landinu.

Ég er sammála þessari stefnumörkun hæstv. ríkisstj., en vil þó sérstaklega undirstrika nauðsyn þess að berjast gegn verðbólgunni og freista allra tiltækra ráða til að færa hana niður til samræmis við það sem gengur og gerist meðal nágranna og viðskiptaþjóða okkar.

Verðbólgan veldur stórfelldu misrétti í þjóðfélaginu, mengar siðferðismat borgaranna og magnar lánsfjárkreppu sem sýgur merg og blóð úr atvinnulífinu og hlýtur fyrr eða síðar að valda atvinnuleysi ef ekki tekst að beisla hana. Hér þurfa til að koma samstilltar aðgerðir á sviði kjaramála, verðlagsmála, ríkisfjármála og peningamála. Ráðamenn almannasamtaka og ríkisvalds verða að snúa bökum saman í þessu efni. Ég er mjög sammála því, að harðnandi sókn gegn verðbólgunni eigi að verða forgangsverkefni ríkisstj. á næstu mánuðum. Mestur vandinn er fólginn í því að ná verðbólgunni niður án þess að til komi atvinnuleysi.

Þess ber vel að gæta, að í efnahagsmálum er um mikla valddreifingu að ræða í okkar landi þar sem félagasamtök og félagafrelsi ráða ríkjum. Því er mjög þýðingarmikið að sem flestir kynni sér þessi mál til þess að geta tekið ábyrga og hyggilega afstöðu til þeirra. Þess vegna er það skynsamleg stefna af hálfu hæstv. ríkisstj. að skipa n. þar sem stærstu almannasamtök eiga fulltrúa ásamt ríkisstj. og þingflokkum til þess að greina orsakir verðbólgu seinustu ára og gera tillögur um ráðstafanir til þess að draga úr henni. En þegar allar leiðir lokast hlýtur það að vera hlutverk Alþ. að leysa málin. Það er grundvallaratriði í okkar stjórnskipan að starfa á þingræðis- og lýðræðisgrundvelli og leysa vandamálin að réttum landslögum.

Stærsta og merkasta mál hæstv. ríkisstj. var útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Hún var gerð 15. okt. 1975. Mánuði síðar hófst þriðja þorskastríðið við breta. Þau átök öll reyndu mjög á staðfestu íslendinga. Bretar sendu flota hennar hátignar til verndar veiðiþjófum og fór flotinn fram af hinu mesta offorsi. Við beittum aftur á móti landhelgisgæslu okkar til hins ítrasta. Þessi viðureign var oft á tíðum hreinn háskaleikur og vandstýrt af okkar hálfu. Stjórnmálasambandi var slitið við breta og deilan kærð fyrir Sameinuðu þjóðunum og Atlantshafsbandalaginu. Við beittum m.a. þeim rökum, að fiskstofnarnir væru í yfirvofandi bráðri hættu og þar með væri ógnað lífi og tilveru íslensku þjóðarinnar. Þessar röksemdir bitu best. Öðrum þjóðum var ljóst að lítil, fámenn og vopnlaus þjóð barðist fyrir lífi sínu. Þróun hafréttarmála var okkur hliðholl í landhelgismálinu og hraðari en við mátti búast. Ríki eins og Bandaríkin, Noregur og Kanada lýstu yfir útfærsluáformum í 200 mílur, og bretar voru í vaxandi mæli beittir þrýstingi þjóða sem voru vinveittar okkar málstað.

Á utanríkisráðherrafundi NATO-ríkjanna í Osló 20. maí s.l. hittust utanrrh. Einar Ágústsson og Anthony Crosland. Nokkrum dögum síðar var Oslóar samkomulagið undirritað, en þar var fullur sigur íslendinga innsiglaður. Hið heimsþekkta blað Times í London líkti lyktum þorskastríðsins við knattspyrnuleik og sagði á forsíðu: Ísland vann 3:0.

Með þessu samkomulagi viðurkenna bretar hina nýju 200 mílna fiskveiðilögsögu íslendinga og skera auk þess mjög verulega niður fiskveiðar hér við land. Þá leiddi samningurinn og til tollaívilnana fyrir íslenskar sjávarafurðir í löndum Efnahagsbandalags Evrópu.

Oslóarsamningurinn er sennilega stærsti stjórnmálasigur íslendinga að frátöldu fengnu frelsi og fullveldi þjóðarinnar á sínum tíma. Allar þjóðir viðurkenna nú í verki 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland og munu því aðeins veiða innan þeirra marka að það sé í samræmi við það, sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu.

Með Oslóarsamningnum lýkur nær 30 ára sóknarlotu íslendinga í landhelgismálinu. Þar hafa margir menn og flokkar lagt hönd á plóginn. Við framsóknarmenn getum unað vel við okkar hlut í þessu máli. Það voru Hermann Jónasson, þáv. formaður Framsfl., og Skúli Guðmundsson sem árið 1946 lögðu fram þáltill. um uppsögn landhelgissamningsins við breta sem var í gildi frá 1901—1951 og ákvarðaði 3 mílna fiskveiðilögsögu frá fjöruborði að kalla.

Árið 1952 færði ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar, sem þá var varaformaður Framsfl., út fiskveiðilögsöguna í 4 mílur frá grunnlínu, sem dregin var fyrir firði og flóa landsins. Síðan færði ríkisstj. Hermanns Jónassonar út í 12 mílur árið 1957 og ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar út í 50 mílur árið 1972. Og nú síðast færði núv. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, hæstv. forsrh., út í 200 mílur.

Framsfl. lagði þunga áherslu á að samningar við breta til skamms tíma kæmu því aðeins til greina að þeir viðurkenndu útfærsluna í 200 sjómílur.

Það er full ástæða til þess að þakka hæstv. ríkisstj. framgönguna í landhelgismálinu. Auðvitað hvíldi málið mjög á ríkisstj. í heild og þingmeirihl. sem að henni stendur. Hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson fór að mestu með málið erlendis af hálfu ríkisstj. og var það vandasamt og erfitt verkefni sem hann leysti af hendi með

hinni mestu prýði. Það var hins vegar hlutskipti hæstv. dómsmrh. Ólafs Jóhannessonar að hafa enn með höndum yfirstjórn landhelgisgæslunnar í þorskastríðinu og eiga auk þess einn stærsta þáttinn í að móta stefnu íslendinga í málinu sjálfu.

Að sjálfsögðu réð einurð og hyggileg málsmeðferð íslendinga úrslitum í landhelgismálinu. En þess ber að geta að sú utanríkisstefna, sem við höfum fylgt og er fólgin í því að hafa góða samvinnu við vestrænar lýðræðisþjóðir, en sýna þó einbeitni í þeim samskiptum, greiddi mjög götuna í þessum efnum. Án aðildar að Norður-Atlantshafsbandalaginu hefði sókn okkar í landhelgismálinu með þeim árangri sem raun ber vitni um orðið mjög torsótt. Þá er skylt að geta drengilegs stuðnings norðmanna og annarra Norðurlandaþjóða í landhelgisdeilunni.

Enginn vafi er á því, að viðurkenning annarra þjóða á 200 mílna fiskveiðilögsögu hér við land boðar nýja og batnandi tíma í sjávarútvegi landsmanna. Auðlindir íslenskra fiskimiða munu skapa ný og stórkostleg tækifæri við sjávarsíðuna ef rétt er á málum haldið.

Landhelgismálið er án efa einn jákvæðasti þátturinn í starfi hæstv. ríkisstj. Fram til þessa hefur ríkisstj. einbeitt öllum kröftum sínum að lausn þess. Vera má að þetta hafi eitthvað komið niður á öðrum málaflokkum, svo sem efnahagsmálum. Þegar nú landhelgismálið er í höfn verður ríkisstj. að snúa sér að efnahagsmálum af fullum krafti.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh., hefur verulegur árangur náðst á vissum sviðum efnahagsmála. Dregið hefur úr viðskiptahalla við útlönd og vonir standa til að ríkisbúskapurinn verði eðlilegur á þessu ári. Þegar til lengdar lætur eru hallalaus ríkisbúskapur og hallalaus viðskipti við útlönd forsendur heilbrigðs efnahagslífs. Jafnframt verður að leggja aukna áherslu á baráttuna við verðbólguna og tryggja auk þess fulla atvinnu. Kröfugerð í launamálum verður að takmarka við það sem er til skipta hverju sinni.

Margir draga í efa að framleiðslustarfsemin í landinu sé nægilega öflug til að standa undir þeim lífskjörum sem við íslendingar höfum búið við á undanförnum árum. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að efla atvinnulífið og stuðla að meiri verðmætasköpun. Það verður að halda áfram að beina fjármagni til uppbyggingar atvinnulífsins til þess að tryggja þjóðinni atvinnuöryggi og góð lífskjör.

Annar jákvæðasti þátturinn í starfi ríkisstj. er að hún hefur haldið áfram hinni þróttmiklu byggða- og framleiðslustefnu sem hafin var af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Í reynd hefur orðið hrein atvinnubylting víða á landsbyggðinni. Það þekkja þeir best sem kunnugir eru um landið. Í kjölfar sóknarinnar í landhelgismálinu hefur verið byggður upp myndarlegur skuttogarafloti og bátaflotanum enn fremur haldið við. Hraðfrystihúsaáætluninni hefur verið haldið áfram með þeim árangri að risið hafa vel vélvædd fiskiðjuver víðs vegar um landið. Þessu starfi þarf að ljúka sem allra fyrst.

Ég er sannfærður um að við íslendingar getum gert okkur enn meiri mat úr sjávarfanginu ef aðstaða er bætt í landi til að vinna verðmæta vöru úr aflanum. Það er t.d. athyglisvert að þegar fiskurinn lækkaði í verði á Bandaríkjamarkaði hélst jafnan hátt verð á neytendapakkningum. Þetta sýnir svo að ekki verður um villst hvert ber að stefna. Auðvitað að því marki að hver einasti uggi verði unninn í verðmæta vöru. En til þess þarf mannvirki, vélvæðingu og þjálfað starfslið.

Sjávarpláss með þúsund íbúa, sem hefur byggt upp aðstöðu til sjós og lands, framleiðir nú útflutningsverðmæti fyrir a.m.k. 600—1000 millj. kr. á hverju ári. Besti vitnisburður um þýðingu stóreflingar útgerðar og vinnsluaðstöðu seinni ára er sú staðreynd að heildarútflutningsverðmæti sjávaraflans á þessu ári er áætlað 50.7 milljarðar kr. Auk þess sem tryggja verður eðlilega endurnýjun fiskiflotans þarf að leggja aukna áherslu á sókn þeirra fiskstofna sem ekki eru fullnýttir. Ríkisstj. hefur varið verulegu fjármagni m. a. til loðnurannsókna og veiðitilrauna á þessu ári. Ekki voru þó allir sammála um fjáröflun í þessu skyni. Ágætur árangur varð á loðnuveiðunum í sumar og haust og hefur verið talað um að útflutningsverðmæti sumarloðnuaflans geti numið allt að 1200—1300 millj. kr. Jafnhliða þessari uppbyggingu við sjávarsíðuna þarf að efla íslenskan iðnað. Þáttur iðnaðarins í gjaldeyrisöflun og gjaldeyrissparnaði er orðinn mjög stór, og auk þess verður það hlutskipti iðnaðar að taka við þúsundum manna sem bætast á vinnumarkaðinn í framtíðinni. En iðnaðurinn verður ekki efldur nema því aðeins að hann búi við sömu kjör og erlendur iðnaður sem hann þarf að keppa við. Ég er þeirrar skoðunar að iðnaðurinn þurfi lengri aðlögunartíma að EFTA og að því beri að vinna. Síðan verður að fara ofan í saumana og bera saman aðstöðu íslensks iðnaðar við erlendan og tryggja iðnaðinum sambærilega aðstöðu. Því aðeins er þess að vænta að iðnaðurinn vaxi og dafni í samræmi við þarfir þjóðfélagsins og framtíðarinnar.

Landbúnaður hefur frá aldaöðli verið einn helsti atvinnuvegur íslensku þjóðarinnar og er það enn. Þýðing landbúnaðar fyrir íslenskan þjóðarbúskap er ótvíræð. Við landbúnaðarstörf vinna nú beint 7—8% þjóðarinnar, en við þjónustu- og úrvinnslustörf þúsundir manna. Þótt bændum hafi fækkað, en þjóðinni stórfjölgað, fæðir bændastéttin þjóðina af mjólk, kjötvörum og öðrum þýðingarmestu fæðutegundum. Auk þessa er verulegur útflutningur landbúnaðarvara. Fluttar eru út kjötvörur fyrir um það bil 2 milljarða kr. á ári og skinn og ullarvörur fyrir 3 milljarða og vex óðfluga. Landbúnaðarvörur eru því fluttar út fyrir um það bil 5 milljarða kr. á ári.

Á næsta ári er áætlað að verja 2.2% af útgjöldum fjárl. til útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir. Á árunum 1964—1966 nam þessi prósentutala milli 5 og 6%. Spurning er hvort þessum fjármunum væri að einhverju leyti betur varið til þess að greiða niður kostnað við landbúnaðarframleiðslu eða til aukinnar lánastarfsemi á sviði landbúnaðar. Landbúnaðinn vantar tilfinnanlega ódýrt fjármagn til endurnýjunar húsa, ræktunar, vélvæðingar og tryggrar fóðuröflunar. Telja verður það eitt brýnasta

mál íslensks landbúnaðar að geta byggt á öruggum markaði sem tryggi bændastéttinni sviputð kjör og öðrum landsmönnum.

Á undanförnum mánuðum hefur farið fram mikil umræða um dómsmál og réttarfar. Þessar umr. hafa einkum beinst að því að gagnrýna seinagang í meðferð dóms- og sakamála, og hafa ýmis stóryrði og óviðurkvæmilegar fullyrðingar fallið í þessum sviptingum öllum. Sérstaklega hafa verið tilnefnd meiri háttar sakamál og gjaldþrotamál. Þó hefur alls ekki verið sýnt fram á að dómsmál gangi nú hægar en áður hefur verið. Þessi umræða hefur farið fram um það bil þrem árum eftir að hæstv. dómsmrh. skipaði n. sérfræðinga til að endurskoða dómstólakerfi landsins á héraðsdómsstigi og gera um það till., hvernig breyta mætti reglum um málsmeðferð í héraði til að afgreiðsla mála yrði hraðari. N. samdi frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins ásamt tveim öðrum frv. sem fjalla um meðferð opinberra mála og skipan dómsvalds í héraði og lögreglustjórn. Hæstv. dómsmrh. lagði þessi frv. fram á Alþ. í fyrra, en þau hlutu því miður ekki afgreiðslu þá. Nú hefur hæstv. ráðh. lagt þau fram á nýjan leik og óskar enn eftir, að þeim verði hraðað gegnum þingið. Þá hefur dómsmrh. boðað framlagningu frv. til l. um gjaldþrotamál. Rétt er að geta þess í leiðinni, að hæstv. dómsmrh. flutti fyrir rúmum áratug þáltill. sem fjallaði um nauðsyn þess að hraða dómsmálum. Svo vel vill til að hæstv. dómsmrh. er einn besti og virtasti lögfræðingur landsins. Hann hefur um árabil kennt réttarfar við lagadeild Háskóla Íslands og var því manna best ljóst hvar skórinn helst kreppti að í þessum málum. Þegar af þessari ástæðu hefur hann beitt sér fyrir margháttuðum nýmælum á sviði dóms- og sakamála.

Að mínu mati er merkasta nýmælið í fyrrnefndum lagafrv. um stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins. Stefnt er að því að koma á fót öflugri stofnun sem hafi á að skipa starfsfólki sem verði sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir afbrota og hafi lögsögu um land allt, eftir því sem nánar er greint í lagafrv. Til þess að slík stofnun fái notið sín verður að tryggja henni sómasamleg fjárráð. Kemur þá til kasta Alþ. að sýna hug sinn til þessa máls.

Þótt brýn nauðsyn sé á að styrkja réttarkerfið, þó á þann veg að saklaus maður verði aldrei sakfelldur, verður kjarni málsins sá, að þjóðfélagið í heild og þeir aðilar, sem um þessi mál fjalla, stuðli að því öllum árum að koma í veg fyrir að afbrot séu framin.

Í skattamálum vil ég taka undir þær breytingar sem hæstv. ríkisstj. boðar, á þá leið að skipta skattbyrðinni réttlátar á milli manna. Það er óþolandi að fólk, sem hefur rúm fjárráð að því er séð verður, skuli ekki greiða sambærilega skatta við samborgara sína. Rétt er að hafa í skattalögum heimildarákvæði til að áætla tekjur ef ekki er allt með felldu, en gefa viðkomandi að sjálfsögðu tækifæri til að skýra mál sitt. Þá er ástæða til að endurskoða ákvæði um vaxtafrádrátt svo að ekki verði um skör fram farið í þeim efnum.

Ég vil að lokum, góðir áheyrendur, skírskota til þess, að helstu verkefnin á sviði þjóðmálanna eru nú eins og raunar jafnan áður í fyrsta lagi að hagnýta sem best auðlindir landsins í þágu þjóðarinnar, í annan stað að skipta þjóðartekjunum réttilega og viturlega á milli þjóðfélagsþegnanna og í þriðja lagi að efla íslenska þjóð, mennta og þroska æsku landsins andlega, líkamlega og siðferðilega.

Samkv. fjárlagafrv. næsta árs er ætlað að verja tæpum 12 milljörðum kr. til fræðslumála. Hér er um mikla fjármuni að ræða og mikið í húfi að vel takist til um hagnýtingu þeirra. Sérstaklega ríður á miklu að tryggja tengsl námsins við atvinnulífið í landinu. Hæstv. menntmrh. setti sér það mark að vinna að því að tengja námið atvinnuvegum þjóðarinnar. Nú er þess vegna unnið að endurskoðun framhaldsskólastigsins á þann hátt að leitast við að tryggja jafnan hlut verkmennta og bóknáms. Samtímis er unnið að því að styrkja verknám á ýmsum skólastigum, m. a. með endurskoðun námsskrár og samkennslu þar sem það á við. Þá er verið að styrkja verknámsbrautir fjölbrautaskóla og verknámsdeildir Iðnskólans í Reykjavík, auka tækjabúnað Stýrimannaskóla og Vélskóla og efla Tækniskólann. Þá er einnig fjallað um samræmingu og samstarf Tækniskólans og verkfræðideildar Háskóla Íslands þar sem verið er að koma upp nýjum verknámsbrautum.

Skólanám, hvort sem er verklegt eða bóklegt, er hvergi nærri nægilegt. Skólarnir verða einnig að leggja ríka áherslu á að ala upp þroskaða þjóðfélagsþegna, örva líkamsrækt og reglusemi í hvívetna til þess að skapa alhliða þroskuð ungmenni sem geta tekist á við lífið með sem bestum árangri.

Herra forseti. Að lokum þetta: Þótt ýmsar blikur séu á lofti í efnahagsmálum hefur íslenska þjóðin þó aldrei haft eins miklu að tapa og einmitt nú og heldur aldrei til eins mikils að vinna. Þess vegna á hún að þjappa sér saman, a. m. k. að vissu marki, til þess að sigrast á verðbólgunni. Það er öllum fyrir bestu, hvar í stétt eða starfi sem þeir standa. Okkur hættir mörgum hverjum til að spyrja um það, hvað þjóðfélagið geti gert fyrir okkur. En nú skulum við spyrja: Hvað getum við gert fyrir þjóðfélagið? — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir íslendingar. Ríkisstj. hefur tvo stærstu flokka þjóðarinnar og ⅔ hluta Alþ. á bak við sig og ætti því að geta veitt þjóðinni einarðlega forustu. En bar stefnuræða forsrh. vott um slíka forustu? Nei, það gerði hún því miður ekki. Ríkisstj. ætti að geta komið fram breytingum til bóta á þjóðfélaginu til að leysa sívaxandi vanda spillingar og misréttis. En forsrh. boðaði ekkert slíkt, enda eru stjórnarflokkarnir íhaldsflokkar sem vilja sem minnstu breyta í hinu stjórnlausa frumskógaþjóðfélagi okkar.

Ríkisstj. ætti að geta borið fram úrræði og till. En í stað þess leiðir stefnuræða hæstv. forsrh. í ljós að stjórnarstefnan virðist aðallega vera á þá lund, að nú skuli „leitað ráða“ eða „kannað vandlega“ hvað skuli gera í hinum ýmsu aðsteðjandi vandamálum sem við höfum átt við að glíma árum saman, eftir að ríkisstj. hefur setið í meira en tvö ár við völd.

Það er dapurlegt að stefnuræða hæstv. forsrh. skuli vera einna líkust ársskýrslu hjá íhaldssömum bankastjóra sem þylur meira eða minna það sem hagfræðingar bankans rétta honum, föðurlegar áminningar til þjóðarinnar um að hún eyði of miklu, tekjurnar hrökkvi ekki til, við höfum tekið „forskot á sæluna“ og nú reyni á raunsæi okkar allra á næstunni.

Ekki gat ráðh. staðist mátið að lesa yfir launþegum þá íhaldskenningu að hér mundi vera atvinnuleysi ef verðbólgan væri minni og ef skuldasöfnunin erlendis væri ekki eins mikil og verið hefur. Þetta er gömul hagfræðilumma sem er fyrir löngu orðin úrelt, ef hún hefur þá nokkurn *tíma verið með nokkru viti. Nútíma* þjóðfélög eru miklu flóknari en svo að slíkar kenningar eigi við. Þetta sannast raunar í nágrannalöndum okkar. Þau, sem hafa mest atvinnuleysi, eins og Bretland, hafa einnig mikla verðbólgu og safna stórskuldum erlendis. Önnur lönd, sem hafa lítið atvinnuleysi, eins og Svíþjóð eða Noregur, hafa hins vegar getað haldið allvel í verðbólguna. Og ekki safna vestur-þjóðverjar skuldum erlendis þó að þeir hafi innan við 4% atvinnuleysi. Ég geri þessi orð hæstv. forsrh. sérstaklega að umræðuefni af því að í þeim felst eins konar hótun í garð launastéttanna á Íslandi, — hótun sem er byggð á röngum forsendum. Það er óverðugt að reyna að koma því inn hjá vinnandi alþýðu þessa lands að ef hún þoli ekki þegjandi verðbólguna og skuldasöfnunina erlendis, þá geti hún fengið atvinnuleysi.

Ráðh. ræddi um efnahagsmálin og hafði þann boðskap að færa að nú væri að rofa til með verðhækkunum á erlendum mörkuðum, en það mundi litlu breyta hér heima fyrir því að við værum búnir að éta upp þessar hækkanir fyrir fram. Við höfum heyrt slíkar tölur fyrr. Það má ekki bæta kjör launþeganna fyrr en skýrslurnar sýna svo og svo mikla framleiðsluaukningu eða útflutningsaukningu eða betri viðskiptakjör. Gallinn við þennan boðskap hæstv. forsrh. er frá sjónarmiði jafnaðarmanna a. m. k. sá, að hann gengur út frá því að allt sé í besta lagi *með kerfið*, þar þurfi engu að breyta. Hann nefnir það ekki einu orði að launamisræmið hefur farið hraðvaxandi með hverjum degi. Þeir, sem hafa föst laun eða vinna eftir umsömdum töxtum, sitja eftir. Allir hinir, sem geta að einhverju leyti ráðið launum sínum sjálfir, hækka þau stöðugt til að mæta óðaverðbólgunni.

Alþjóðlegar skýrslur sýna að þjóðartekjur á mann eru hér á Íslandi meðal hinna hæstu í heimi, ekki mjög langt á eftir Svíþjóð og Bandaríkjunum. Samt sem áður vitum við að laun fyrir hinn langa vinnutíma, sem hér tíðkast, gera okkur íslendinga rétt hálfdrættinga við þau laun sem fólk ber úr býtum fyrir sambærileg störf t. d. á Norðurlöndum. Hvernig fær forsrh. þetta dæmi til að ganga upp? Hefur hann aldrei hugsað um þetta? Hefur hann engar áhyggjur af því? Við erum ein tekjuhæsta þjóð á mann samkv. skýrslum sem virt alþjóðasamtök eins *og OECD taka gildar og birta opinberlega. Samt* er Ísland láglaunasvæði sem sekkur dýpra í það fen. Það hlýtur að vera meira en lítið að þessu kerfi okkar.

Bretar eru að kikna undan úreltu efnahagskerfi, það viðurkenna allir, lélegu skipulagi, lélegri stjórn fyrirtækja, úreltum hugsunarhætti. Það skyldi þó ekki vera að við íslendingar þjáumst að einhverju leyti af þessari sömu meinsemd.

Nú telja allflestir sjálfstæðismenn að tilgangur atvinnurekstrar sé að græða fé fyrir þá sem eiga peningana og hlutabréfin. En við jafnaðarmenn teljum að tilgangur atvinnurekstrar sé fyrst og fremst að skapa þjóðinni lífsviðurværi, tryggja fólkinu góða atvinnu og sem best lífskjör. Það má benda á eitt og annað sem kemur til greina í þessu sambandi, svo sem flutningskostnað á milli Íslands og annarra landa á bæði innflutningi og útflutningi. En það tapast svo mikið af hinum háu tekjum, sem okkur er sagt af alþjóðlegum stofnunum að við höfum í kerfinu, áður en launþegarnir fá útborgað, að við það megum við ekki una. Við megum ekki telja þetta kerfi sjálfsagt og óumbreytanlegt, eins og helst er að heyra af ræðu hæstv. forsrh. Það væri þakkarvert ef ríkisstj. vildi taka það upp í stefnu sína að kanna þetta vandamál og skipaði svo sem eina nefnd til að leita ráða til að bæta úr þessum alvarlegu ágöllum á hagkerfi okkar. En því er ekki að heilsa. Það eru skipaðar nefndir hver á fætur annarri til að rannsaka þetta og hitt, en ekki kerfið sjálft eða hin lágu laun sem það skilar okkur, enda þótt einhvers staðar í því eigi að vera til einhverjar hæstu meðaltekjur á mann í veröldinni.

Einn sólargeisla sá ég í myrkviði þessarar íhaldsstefnuræðu. Það voru loforð hæstv. forsrh. um nokkrar breytingar á skattalögum, þ. e. a. s. í þeirri von að efndirnar á orðum hans takist vel. Í fyrsta lagi var sagt að nú skyldi skilja á milli atvinnurekandans og fyrirtækis hans við skattútreikning, og í öðru lagi voru nefndar breytingar á fyrningarreglum skattalaganna. Ef ríkisstj. gengur inn á verulegar breytingar á þessum tveim atriðum gætu þær reynst merkir áfangar í skattamálum. Jafnframt hefðu þá stjórnarflokkarnir báðir látið undan hinum þunga þrýstingi almenningsálits og gagnrýni stjórnarandstöðu sem magnaðist mjög á s.l. sumri er skattskrár voru birtar og í ljós kom að misrétti í skattaálögum var hrikalegra en nokkru sinni fyrr.

Sjálfstfl. og Framsfl. hafa farið með stjórn fjármála íslenska ríkisins og þar með skattamála í svo að segja öllum ríkisstj. í marga áratugi, kannske að einu ári undanskildu. Þeir hafa auðvitað vitað það alla tíð að fjöldinn allur af hátekjumönnum, sem hafa rekið einkafyrirtæki, hafa getað gert fyrirtækin upp með bókhaldstapi og af þeim sökum losnað sjálfir við tekjuskatta, þó þeir lifi ríkmannlegu lífi. Ég læt hlustendum eftir að finna skýringar á því, af hverju stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa aldrei viljað taka fyrir þessi löglegu skattsvik, eins og ég tel réttast að kalla þau. Á sama hátt hafa sjálfstæðismenn og framsóknarmenn auðvitað vitað árum saman að fyrirtæki og eigendur þeirra hafa rakað saman fé í skjóli fyrningarreglnanna sem gilt hafa. Þegar búið er að afskrifa bát eða einhvers konar fyrirtæki til fulls, þá myndar eigandinn bara nýtt hluta-

félag, kannske með kerlingu sinni, börnunum eða einhverjum nákomnum vinum og félögum, og svo selur hann gamla bátinn eða gamla fyrirtækið þessu nýja, græðir stórkostlega á sölunni og byrjar svo að skrifa allt saman á nýjan leik. Þetta er furðuleg svikamylla, og að tveir stærstu flokkar þjóðarinnar skuli hafa stjórnað fjármálum og skattamálum hennar í áratugi og látið þetta viðgangast, það er þeim til skammar. En guði sé lof, að þeir virðast loksins viðurkenna þessar staðreyndir og lofa því nú að gera bót og betrun þótt seint komi.

Á sama tíma og þessir brestir hafa verið í skattakerfinu hefur tekjuskatturinn orðið hreinn launþegaskattur. Þar kemur raunar enn eitt skattasvindlkerfið til, en það eru frádrættirnir. Þeir, sem komast yfir lánsfé sem á tímum óðaverðbólgu nálgast hreina fjárgjöf, fá svo viðbótarhýru hjá skattinum með frádrætti vaxtanna. Og hvers vegna skyldu stjórnarflokkarnir ekki hafa séð ástæðu til að takmarka þennan frádrátt t. d. við eina góða íbúð? Hverjum hafa þeir verið að hygla í áratugi með því að láta þetta kerfi halda áfram?

Eitt mesta ranglæti þjóðfélagsins hefur viðgengist innan skattakerfisins án þess að Sjálfstfl. eða Framsfl. notuðu aðstöðu sína allan þennan tíma til að leiðrétta það. Það væri móðgandi við forustumenn Sjálfstfl. og Framsfl. nú og undanfarin ár að halda því fram að þeir hafi ekki séð þessa hluti eða skilið þá. Skýringin er einhver önnur.

Stjórnarandstaðan hefur flutt hverja till. eftir aðra um þessi mál á undanförnum þingum og bent á margar hugmyndir um rökstuddar umbætur. Það er því nokkur sigur að ríkisstj. skuli nú loksins rumska, enda er þjóðinni nóg boðið. En mey skal að morgni lofa, og reynslan sýnir okkur að það er rétt að geyma sér frekari þakkargjörð þangað til ný og betri skattalög hafa verið afgreidd og staðfest.

Það er gömul list hér á Alþ. að gera ýmsar kúnstir í klásúlum hinna flóknu skattalaga. Það er raunar alvarlegt sjúkdómseinkenni á vel menntaðri smáþjóð að hún skuli þurfa að hafa skattalög sem eru svo flókin að allur almenningur á bágt með að skilja þau og treystir sér varla til þess að telja fram á eigin spýtur. Óttinn við að missa af einhverju eða verða fyrir einhverri skekkju í vélum kerfisins hefur hrakið fleiri og fleiri almenna borgara þessa lands til þess að leita ráða hjá sérfræðingum við skattframtöl sín, enda er slík aðstoð orðin að allblómlegri atvinnugrein. Skattakerfi í frjálsu lýðræðisríki á að vera svo skýrt og einfalt að hver miðlungsmaður geti skilið það og talið fram sjálfur og gert sér nokkra grein fyrir því hver útkoma dæmisins eigi að verða, hvað hann muni þurfa að greiða mikil gjöld. Þetta markmið eigum við að setja okkur og ekki hætta fyrr en því er náð.

Oft er það svo að fjölskyldur eiga í fjárhagserfiðleikum og gengur illa að ná endum saman, safna jafnvel skuldum. En það geta verið önnur vandamál innan fjölskyldnanna sem í raun réttri eru miklu örlagaríkari og valda okkur því miklu meiri áhyggjum. Ég tel að þannig sé nú ástatt í þjóðarfjölskyldunni okkar. Við höfum t. d. allmiklar áhyggjur af geigvænlegri spillingu sem í ljós hefur komið í hinum mörgu sakamálum, er fram hafa komið í dagsljósið hin síðustu missiri, svo og af veikleika dómskerfisins, sem lýsir sér best í því hve fá þessara mála hafa verið upplýst. Við höfum áhyggjur af þeim siðferðilega veikleika sem fram hefur komið í margs konar misnotkun á séraðstöðu einstaklinga sem margir eru í röð fremstu forustumanna þjóðarinnar. Öllum er ljóst að endurbætur dómskerfisins verða að gerast hið bráðasta. En jafnframt því verðum við að skyggnast eftir hinum dýpri orsökum þessarar þjóðarógæfu og leitast við að gera ráðstafanir sem stuðla að aukinni siðferðiskennd, sérstaklega hvað varðar meðferð fjármuna og beitingu valds og áhrifa.

Ef dæma má eftir stefnuræðu hæstv. forsrh. hefur hann ekki sérlega miklar áhyggjur af þessum málum. Hann minntist á þau í örfáum orðum í sambandi við verðbólguna, svona sem einn af hliðarkvillum hennar, en um beinar aðgerðir í dómsmálum hafði hann aðeins 13 orð að segja í allri ræðunni. Annaðhvort er ráðh. gersamlega áhugalaus um þessi vandamál — og því neita ég að trúa á hann — eða þá að dómsmálin eru feimnismál innan ríkisstj. sem hann telur hyggilegast að leiða sem mest hjá sér. Það er miklu líklegra. En heldur er það slæmur vitnisburður um hið innra ástand þessarar stjórnar sem gæti verið sterk.

Alþfl. hefur ekki látið sitja við orðin tóm í gagnrýni í þessum efnum, heldur hafa þm. hans flutt till. varðandi þau. Á þessu þingi höfum við fyrstu dagana komið með tvær tillögur. Fjallar önnur um þingrannsókn, eins og stjórnarskráin beinlínis gerir ráð fyrir að deildir Alþ. geti ákveðið, til þess að kanna alla meðferð þessara mála og ganga þannig úr skugga um hvað unnt er að gera hér á þingi til að efla dómskerfið. Í annan stað hefur Alþfl. flutt till. um að sett verði í lög bann við því að ráðamenn þjóðarinnar, háir sem lágir, þiggi óeðlilegar gjafir af þeim aðilum sem þeir hafa skipti við í embætti. Það tíðkast allmikið hér á landi að slíkar gjafir séu gefnar eða t. d. að boðið sé í glæsileg ferðalög. Hér á landi hafa þetta ekki verið kallaðar mútur, eins og gert er með öðrum þjóðum, og þar ytra tíðkast lög og reglur sem takmarka þá hámarksupphæð sem verðgildi slíkra gjafa má nema. Það væri mikils virði ef slík löggjöf yrði sett hér á landi sem till. Sighvats Björgvinssonar gerir ráð fyrir. Hitt er þó enn meira virði, ef íslendingar gerðu sér almenna grein fyrir þessu vandamáli og það almenningsálit skapaðist að slík mútustarfsemi gæti í framtíðinni ekki þrifist meðal okkar.

Hæstv. forsrh. minntist í lok ræðu sinnar lauslega á nauðsyn þess að endurskoða ríkjandi stjórnkerfi í landinu svo að það geti betur mætt hinum breyttu og auknu vandamálum samtíðarinnar og fullnægt kröfum þjóðarinnar hvað lýðræði og forustu snertir. Forsrh. fylgir í þessu máli sömu stefnu og í öðrum. Hann leggur til að leitað verði ráða til að flýta framkvæmd endurbóta og einfalda stjórnkerfið.

Á meðan ríkisstj. er að leita að ráðum í þessum efnum hefur Alþfl. flutt um það allmörg frv. Það væri reynandi fyrir hæstv. forsrh. að

líta í nokkur þskj. og kynna sér þau úrræði sem við höfum bent á. Ekki segi ég að hugmyndir okkar hljóti alltaf að vera þær bestu. En við höfum þó ákveðnar hugmyndir og við höfum lagt þær fram í vandlega unnum frv. Hér er stjórnarandstaðan með ákveðna stefnu, mótaða sem ítarleg þingmál, en ríkisstj. er stefnulaus að leita ráða.

Alþfl. hefur í fyrsta lagi lagt fram frv. um þá stjórnarskrárbreytingu að Alþ. verði skipað í eina deild og hin konunglega deildaskipting frá 1874 afnumin, enda eru engar forsendur fyrir henni nú á dögum. Þetta er að sjálfsögðu ekki ný hugmynd, hún hefur verið rædd í 100 ár, en við höfum þó lagt hana fram formlega hér á Alþ. nú og leggjum til að það verði gengið að því að breyta skipun Alþ. til batnaðar.

Þá höfum við boðist til þess hér á þingi að hefja viðræður við aðra flokka um kjördæmamálið, jafnari kosningarétt milli héraða og persónulegri kosningar til Alþ. en verið hafa.

Enn höfum við flutt ítarlegt frv. til l. um stjórnmálaflokka og er það alger nýjung hér á landi þótt mikið hafi verið rætt um nauðsyn slíkrar löggjafar. Lög um stjórnmálaflokka eru grundvöllur að þýðingarmiklum mannréttindum og heilbrigðara vali á frambjóðendum til Alþ. en áður hefur tíðkast. En val frambjóðenda er miklu þýðingarmeiri hluti í lýðræðiskerfi okkar en flestir hafa gert sér grein fyrir hér á landi. Einnig höfum við flutt frv. um margvíslegar breytingar á starfsháttum Alþ. Og að lokum höfum við flutt hugmyndir um svokallaða umboðsnefnd Alþingis sem ætti að taka við kvörtunum landsmanna ef þeir ná ekki rétti sínum eða eru misrétti beittir af stjórnsýslu í hinu vaxandi skrifstofubákni sem virðist fylgja nútíma stjórnun.

Góðir íslendingar. Ég vík í lokin enn að stefnuræðu hæstv. forsrh. sem hér er til umr. Helstu fréttirnar, sem hann hafði að færa okkur, voru, eins og ég hef þegar bent á, að eftir meira en tveggja ára stjórn séu Sjálfstfl. og Framsfl. nú að leita ráða um lausn á efnahagsvandræðum þjóðarinnar, og þeir skipa nýjar og nýjar nefndir til þess að leita að úrræðum við lausn á vandamálum sem þeir hafa átt að vera að glíma við á þriðja ár. Við vitum nú að hæstv. frosrh. er að kanna eða leita ráða um flest önnur vandamál sem hann minntist á. Hann bíður t. d. eftir því að fá fregnir frá Efnahagsbandalaginu í Brüssel svo að hann geti kannað hvað Efnahagsbandalagið hefur að bjóða okkur í landhelgismálinu. Það virðist því ekki hvarfla að hæstv. forsrh. að kanna hvort íslendingar hafi nokkurn fiskafla til að bjóða öðrum þjóðum. Hvernig væri fyrir hann að leita ráða hjá íslenskum sjómönnum í stað þess að bíða eftir fregnum og upplýsingum frá Brüssel?

Hæstv. dómsmrh. hefur lítið að segja um *dómsmálin og allt það mikla svið* og hann hefur lítið sem ekkert að segja um orkumál eða iðnaðarmál, og hafa þó fá mál verið meira rædd og af meiri áhuga hér á landi heldur en þau. Skyldi hann vera að kanna hvernig hann geti leitað ráða um hvað eigi að gerast í dómsmrn. — eða í iðnrn. og raforkurn. Gunnars Thoroddsens?

Að lokum ætla ég að stinga því að hæstv. forsrh. hvort ekki sé kominn tími til að leita ráða hjá þjóðinni sjálfri með nýjum kosningum? Hvernig væri að kanna það, hvort íslendingum *finnst ekki kominn tími til að stokka spilin í* von um nýja og betri ríkisstj. en við höfum haft og höfum?

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þið hafið í kvöld hlýtt á þriðju stefnuræðu hæstv. forsrh. *Maður skyldi ætla að þegar* slíkur maður sem forsrh. sjálfur flytur boðskap sinn til þjóðarinnar sitji landsmenn með hendur í skauti og hlýði með andakt á hvert orð, sem út gengur af munni hæstv. ráðh., bíði þeirra gullkorna sem hrjóta kunna af vörum ráðh., og teyga þau sem þann boðskap sem byggjandi er á. *Væri allt með felldu ætti boðskapur* forsrh. og ríkisstj. fullvalda og sjálfstæðs lýðræðisríkis að hafa áhrif og vera beðið eitthvað í líkingu við það sem hér hefur verið sagt. En er reyndin sú? Hversu margir ætli þeir séu einstaklingarnir sem í kvöld hafa beðið ræðu forsrh. með álíka hætti og hér var lýst? Ég læt ykkur, hlustendur *góðir, um að svara því í huganum hver og einn* fyrir sig.

Mér er þann veg farið, að ekkert af því var það í ræðu ráðh. hér í kvöld sem gefur tilefni til sérstakrar umfjöllunar. Hins vegar sýnir reynsla undanfarandi tveggja ára að af nógu er að taka til umfjöllunar af því sem hefur gerst *þetta tveggja ára tímabil undir handarjaðri* ríkisstj.

Það hefur mikið verið til umr. að undanförnu, hvort við íslendingar byggjum í raun og veru við þingræði hér á landi. Mjög hefur farið vaxandi sú skoðun meðal almennings, og það ekki að ástæðulausu, að Alþ. sé í æ ríkari mæli að verða *afgreiðslustofnun ríkisstj. og embættismanna*, og þarf engan að undra þótt slík skoðun fái vaxandi byr þegar litið er til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað að undanförnu. Í tíð núv. stjórnarflokka og meiri hl. þeirra hér á Alþ. hefur hvað lengst verið gengið í því að sanna þessa skoðun almennings, og kom það hvað skýrast *fram við afgreiðslu fjárlaga* fyrir árið 1976. Þá kom berlega í ljós hvað þm. virðast ósjálfstæðir og að því er virðist auðsveipir og bljúgir undir ægivaldi flokksagans og þess geigvænlega flokkræðis sem tröllriðið hefur öllu stjórnmálastarfi hér á landi undanfarna áratugi.

Það fer ekki hjá því að sé athuguð áður tilvitnuð *afgreiðsla fjárlaga*, þá er það eitt gleggsta merkið um að mjög svo vafasamt þingræði er um að ræða í reynd hér á landi. Eða teljið þið, hlustendur góðir, það eðlilegt að fjárlagafrv. ríkisstj. sem einungis ráðh., í þessu tilviki átta talsins, fjalla um og er yfir 50 milljarðar kr., það renni svo til þegjandi og hljóðalaust og nær óbreytt gegnum þinglið stjórnarliðsins hér á Alþ.? Öllum er kunnugt að ríkisstj. hefur 42 þm. að baki sér, og er það þá líklegt að hugir ráðh. 8 hafi runnið svo til gersamlega saman við hina 34 þm. að orðið hefði ein halelújablessun yfir allt ef sannfæring þm. hefði fengið að ráða? Auðvitað ekki. Hér hafa flokksfjötrarnir verið látnir halda og sannfæringunni og rétt-

lætistilfinningunni varpað fyrir róða. Hér hefur aðeins verið nefnt eitt dæmi — að vísu átakanlegt — um það hversu þingræði hér á landi stendur höllum fæti og að flokksvaldið hikar ekki við að knýja þm. til að fórna sannfæringunni á altari flokksfjötranna þó að þm. hafi undirritað eiðstaf um að láta sannfæringuna eina ráða gerðum sínum hér.

Það væri hægt að nefna miklu fleiri dæmi sem sýna, svo ekki verður um villst, að þingræði er á fallandi fæti hér. Ótal dæmi mætti nefna sem sýna að innan ríkiskerfisins eru ákvarðanir fjárveitingavalds og löggjafarvalds virtar að vettugi og hinar ýmsu stofnanir ríkisins fara sínu fram. Með fjárveitingar, sem fjárveitingavaldið hefur ráðstafað til ákveðinna verkefna, er ráðsmennskast að eigin geðþótta innan kerfisins. Allt þetta sýnir að valdsvið Alþ. fer dvínandi. Ríkisstj. og embættismönnum þykir henta að hafa sem mest frjálsræði um ákvarðanir, og allt of margir þm. virðast því miður láta sér þetta líka og alltaf virðist þeim fjölga hér á Alþ. sem sætta sig við þessi vinnubrögð.

Það er því miður allt of margt sem bendir til þess að sú skoðun almennings, að Alþ. sé í ríkara mæli að verða afgreiðslustofnun ríkisstj. og embættismanna, sé rétt, og þó margir eigi að sjálfsögðu hér sök á, þá hafa núv. stjórnarflokkar lagt fram hvað drýgstan skerfinn. Verði ekki nú þegar spyrnt við fótum, þá má búast við að það verði um seinan. Þetta er nauðsynlegt að þm. í lýðræðis- og þingræðislandi geri sér ljóst.

Fyrir Alþ. liggur nú frv. til fjárlaga fyrir árið 1977, og þó hér gefist ekki tími til að fjalla ítarlega um það, þá er þó rétt að fara um það nokkrum orðum. Frv. hljóðar upp á 84 milljarða kr., fjárlögin fyrir árið 1976 eru upp á 60 milljarða. Hækkun frv. frá fjárlögum yfirstandandi árs er því 24 milljarðar eða yfir 41% hækkun. Samkv. frv. hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 58.2%, en frv. gerir ráð fyrir að almennar verðhækkanir hafi orðið um 33%. Framkvæmdaframlög hækka um 32% og framkvæmdaframlög til hreinna ríkisframkvæmda hækka aðeins um 18.9% og er þar um gífurlegan samdrátt að ræða. Framkvæmdaframlög til framkvæmda, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og öðrum aðilum, hækka um 36.7% ef frá eru taldar hafnarframkvæmdir við Grundartangaævintýrið. Hækkun framlaga til hafnarmannvirkja og lendingarbóta er 175 millj. kr., úr 675 millj. kr. fjárlaga ársins 1976 í 850 millj. í frv. eða hækka um rösklega 25%. Það vekur athygli að á sama tíma og veita á 850 millj. til allra fiskihafna í landinu utan landshafna, þá á að verja 450 millj. til hafnargerðar við Grundartanga í Hvalfirði. Það er sem svarar rúmum helmingi þeirrar fjárhæðar sem verja á til allra fiskihafna í landinu. Eðlilega verður manni á að bera saman mikilvægi þessara framkvæmda og spyrja sjálfan sig um leið hvort sé nauðsynlegra frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar. Hæstv. ríkisstj. hefur svarað. Hún tekur Grundartangaævintýrið fram yfir nauðsyn framkvæmda við fiskihafnir í landinu, og líklega er það í anda þess mikla byggðastefnutals sem stjórnarliðar með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar hafa haft á orði, en skort hefur á borði.

Það þarf raunar ekki að fara mörgum orðum um framkvæmd hinnar margumtöluðu byggðastefnu í tíð núv. ríkisstj. Allt það fólk, sem byggir hinar dreifðu byggðir, hefur svo áþreifanlega orðið vart við það hugarfar sem ríkir hjá hæstv. ríkisstj. til þeirra mála. Stefna ríkisstj. að því er varðar uppbyggingu landsbyggðarinnar hefur til þessa verið orðin tóm, og stefnuræða forsrh. í kvöld svo og fjárlagafrv. ríkisstj. sýna ótvírætt að á því skal engin breyting verða. Í fyrstu stefnuræðu forsrh., sem hann flutti haustið 1974, er að finna kafla sem ber yfirskriftina: Byggðastefna. Þar segir forsrh. m. a., með leyfi forseta:

„Þótt við Íslendingar séum fáir og búum í víðáttumiklu landi viljum við byggja og nýta landið allt. Efling Byggðasjóðs er nauðsynleg forsenda þess, að stórátak verði unnið í málefnum strjálbýlisins. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1975 er gert ráð fyrir að 2% af útgjöldum samkv. því eða samtals 877 millj. kr. renni í Byggðasjóð. Auk þess hefur sjóðurinn svo yfir eigin fé að ráða.“

Og forsrh. heldur áfram: „Miklu varðar að með stóreflingu Byggðasjóðs verði unnt að fjármagna framkvæmdir er sérstaklega bæta samgöngur og stuðla að umbótum í félags-, heilbrigðis-, mennta- og atvinnumálum strjálbýlisins.“

Svo mörg voru þau orð hæstv. forsrh. í fyrstu stefnuræðu haustið 1974. Hvorki í þeirri stefnuræðu, sem flutt var haustið 1975, né þeirri, sem flutt var hér í kvöld, er að finna ítrekun og því síður auðvitað rökstuðning fyrir því að þetta hafi verið gert, því sá rökstuðningur er vandfundinn.

Nú ætla ég ekki frá eigin brjósti að lýsa því sem gerst hefur í þessum málum í tíð núv. ríkisstj., ég hef gert það áður. En ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að vitna í orð ekki ómerkari þm. og flokksbróður forsrh. en hv. 3. þm. Austurl., Sverris Hermannssonar, annars tveggja kommissara Framkvæmdastofnunar ríkisins sem fer með málefni Byggðasjóðs, en hann segir í viðtali við Morgunblaðið sunnudaginn 19. okt. 1975 „að fé Byggðasjóðs væri eins og krækiber í helvíti ef miðað er við einokun Suðvesturlandsins á stórvirkjun og stóriðju“. Og Sverrir bætir því við, „að þessi framkvæmdastefna ríkisstj. sé mesta byggðaröskun af manna völdum sem þekkst hefur hér á landi bæði fyrr og síðar“. Ja, bragð er að þá barnið finnur. Þetta sagði hv. þm. Sverrir Hermannsson fyrir ári eða rétt einu ári eftir að forsrh. flutti boðskapinn um hina stórefldu byggðastefnu. Með þessum afdráttarlausa dómi helsta sérfræðings Sjálfstfl. í byggðamálum er ljóst að allt tal þeirra stjórnarliða um eflingu byggðastefnu er sýndarmennska ein, enda hefur lítið borið á stóryrtum yfirlýsingum þeirra stjórnarliða í þessum efnum eftir hina hressilegu ofanígjöf Sverris. Meira að segja hæstv. forsrh. hefur látið sér þetta að kenningu verða. Og hv. þm. Framsfl., Tómas Árnason, hinn kommissarinn, sem hér talaði áðan, minntist ekki orði á byggðamálin og hefur hann þó oft

að undanförnu ekki sparað stóryrðin í þessu sambandi.

Um kjara- og launamál alþýðufólks í tíð núv. ríkisstj. þarf varla að fara mörgum orðum. Svo harkalega brenna afleiðingar stjórnarstefnu ríkisstj. á bökum alþýðufólks að það þarf a. m. k. langan tíma til að yfir það fyrnist. Efnahagsstefna ríkisstj. hefur komið fjölda heimila í landinu á vonarvöl, og yfirvofandi er landflótti vegna þeirrar geigvænlegu kjaraskerðingar sem átt hefur sér stað. Sú leiðrétting, sem fékkst til launafólks með samningunum frá í vetur, er fyrir löngu uppurin og meira en það vegna þeirra hefndaraðgerða sem ríkisstj. hefur beitt í verðlagsmálum. Varla líður sá dagur að ekki séu birtar stórkostlegar verðhækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum almennings. Á sama tíma og láglaunafólk í landinu er krafið fórna svo milljörðum skiptir hefur ríkisstj. vissulega séð um sína. Verslunarforkólfar, heildsalar og kaupmennska almennt blómstrar. Bankarnir sýna hagnað svo hundruðum millj. skiptir á sama tíma og alþýðumanninum er neitað um eðlilega fyrirgreiðslu. Og svo mætti lengi telja. Ástandið í kjaramálum hjá stærstu hópum opinberra starfsmanna er með þeim hætti að fjöldauppsagnir dynja yfir. Heilar ríkisstofnanir hafa gjörsamlega lamast vegna úlfúðar og óánægju sem þar ríkir með launamálin. Allt þjóðfélagið er meira og minna sýkt vegna þeirrar efnahags- og launastefnu sem ríkisstj. hefur fylgt. Pólitískir spákaupmenn fara allra sinna ferða. Fámennir hópar manna taka sér laun eins og þeim sýnist, og engu er líkara en að menn séu ekki lengur jafnir fyrir lögum. Sjónauki hæstv. ríkisstj. virðist fyrst og fremst hafa beinst að því að þrengja kjör launafólks í landinu.

En nú hefur borist hjálparbeiðni frá ríkisstj. þess efnis, að komið verði á fót nefnd fulltrúa vinnumarkaðarins og þingflokkanna er kanni vandlega horfur í verðlagsmálum, greini ástæður verðhækkana og orsakir verðbólgunnar undanfarin ár. Slík nefndarskipun hlýtur að skoðast sem viðurkenning um að stjórnarflokkarnir hafi sem stendur enga viðhlítandi stefnu fram að færa í efnahagsmálum á eigin spýtur. Nefndarskipun þessi getur þó á engan hátt leyst ríkisstj. undan þeirri ábyrgð að bregðast í tæka tíð við aðsteðjandi efnahagsvanda.

Ofan á allt það öngþveiti, sem ríkt hefur og ríkir í efnahags- og launamálum, bætist svo það, að skattalöggjöfin í landinu býður upp á slíkt ranglæti að stórir hópar innan þjóðfélagsins komast hjá að greiða réttlátlega skatta af tekjum sínum. Auk þess sem stórir hópar manna skammta sér tekjur að eigin vild virðiast þeir einnig að eigin vild geta skammtað sér skatta sjálfir. Stór hluti atvinnurekstrar og atvinnurekenda í landinu er skattlítill eða skattlaus, á sama tíma og launafólk er þrautpínt með sköttum. Allt virðist benda til að réttarstaða almennings gagnvart sköttum sé ekki hin sama, það fari eftir því hvar viðkomandi er búsettur á landinu.

Það hróplega misrétti, sem á sér stað í skattamálum, misbýður svo réttlætistilfinningu þorra skattþegna að ekki verður unað óbreyttu ástandi skattamála lengur. Það er krafa almennings í landinu að hér verði bót á ráðin.

En það er ekki bara í skattamálum sem almenningur stendur agndofa frammi fyrir því sem er að gerast. Dóms- og réttarfarsmálin hafa ekki síður orðið umræðuefni að undanförnu. Sú ógnaröld afbrota og fjársvika sem virðist hafa gengið í garð hér á landi slær vissulega óhug á alla heilbrigt hugsandi menn. Vart líður svo dagur að ekki berist fréttir af slíkum málum, sumum hverjum svo ógnvekjandi að menn standa agndofa frammi fyrir þessum ófögnuði.

Ástand sem þetta vekur upp þær spurningar hvort við íslendingar búum í raun og veru í því réttarfarsríki sem talið hefur verið. Þess verður a. m. k. að krefjast af ríkisstj. og Alþ. að gerðar verði þær ráðstafanir sem duga til þess að uppræta þessa og aðra þá spillingu sem virðist þrífast innan þjóðfélagsins. Því miður hefur enn sem komið er lítið gerst í þeim efnum sem gefur vonir til að þess megi vænta, en að því verður vissulega að vinna.

Nú líður senn að þeim tíma að samningurinn við breta um heimildir til veiða innan landhelginnar rennur út, en það er 1. des. n. k. Ýmislegt bendir til að enn séu öfl innan ríkisstj. og stjórnarflokkanna sem eru þess hvetjandi að gera áframhaldandi samning um veiðiheimildir fyrir breta, annaðhvort við breta sjálfa eða Efnahagsbandalagið. Vitað hefur verið um þessar raddir og þær eru nú þegar farnar að heyrast — nú síðast hér á Alþ. fyrir nokkrum dögum. Það er því meiri nauðsyn nú en nokkru sinni áður að veita ríkisstj. það aðhald sem dugir til þess að koma í veg fyrir að frekari samningar um veiðiheimildir til handa bretum verði gerðir. Það ætti að vera öllum ljóst, að ástand fiskstofna við landið er með þeim hætti að ekkert er til sem réttlætir heimildir öðrum til handa til að nýta þessa auðlind. Við höfum bókstaflega ekkert um að semja.

Ég heiti á alla íslendinga að taka upp baráttu gegn því að samningar verði gerðir. Efnahagslegt sjálfstæði okkar íslendinga er í voða ef áfram á að halda á þeirri braut að heimila útlendingum sókn á fiskimiðin við landið. Það eina, sem getur komið í veg fyrir að ríkisstj. haldi áfram samningsgerð, er nógu sterkt almenningsálit, og það þarf að koma frá ykkur, góðir tilheyrendur.

Herra forseti. Ég lýk nú senn máli mínu. Ég sagði áðan að sjónauki ríkisstj. beindist fyrst og fremst að því að þrengja kjör launafólks, og ekki hafa íslenskir sjómenn farið varhluta af þessari stefnu ríkisstj. Það sýna brbl. hæstv. sjútvrh. um kaup og kjör sjómanna. Þessi brbl. eru einhver ósvífnasta árás sem gerð hefur verið á sjómannastéttina í landinu og er hún þó ýmsu vön af hálfu stjórnvalda. Með þessum brbl. á að þvinga sjómenn til að sæta þeim kjörum sem þeir hafa áður hafnað með atkvgr. í stéttarfélögunum. Hér er gerð tilraun til að skerða stórkostlega kjör sjómanna frá því sem þau voru. Þetta er þeim mun furðulegra þegar haft er í huga að hvergi á landinu hafði verið boðuð vinnustöðvun á fiskiskipaflotanum, allur flotinn var í gangi, og líklega finnast engin fordæmi hliðstæð um setningu brbl. Það er meira að segja vafasamt að setning brbl. við þær kringumstæður, sem þar var um að ræða, standist gagn-

vart stjórnarskránni. Það bar enga brýna nauðsyn til að setja lögin, nema þá til þess að klekkja á sjómönnum eða til þess að stöðva flotann, eins og raun varð á sums staðar. Auk þess er það sérstakt við þessi brbl., að þeim er ætlað að verka marga mánuði aftur fyrir sig, allt aftur til febrúarmánaðar s. l. Standist það ákvæði laganna fyrir dómstólum, þá er að renna upp hér á Íslandi tímabil sem gefur stjórnvöldum tækifæri til að stjórna með tilskipunum — og hvar er þá lýðræðið statt?

En þó að setning brbl. sé ósvífin árás á sjómannastéttina sem heild, þá er fleira athyglisvert við þessi lög. Í fararbroddi fyrir lagasetningunni er hæstv. sjútvrh., 1. þm. Vestf. Nú hefur það verið svo um langt árabil að vestfirskir sjómenn hafa haft hagstæðari samninga en annars staðar hafa gilt og þar voru samningar í fullu gildi milli aðila og hafði ekki verið sagt upp. Með brbl. er gerð tilraun til þess að hafa þennan ávinning af sjómönnum á Vestfjörðum.

Það verður fróðlegt að fylgjast með hverjir aðrir þm. Vestf. úr stjórnarflokkunum koma til með að samþ. þessa aðför ríkisstj. að vestfirskum sjómönnum.

Vestfirskir sjómenn hafa tekið til sinna ráða og brotið á bak aftur þetta tilræði ríkisstj. gegn þeim. Þeir hafa því kunnað svar við þessu gerræði ríkisstj., og sjálfsagt enginn vafi á því, að það svar verður ítrekað frekar á réttum tíma.

Herra forseti. Að lokum þetta: Þeirri skoðun vex fylgi að stjórnmálabaráttan hér á landi sé svo rotin og spillt að í raun og veru sé það mannskemmandi að taka þátt í þjóðmálastarfi. Ekki skal því neitað, að allt of mörg dæmi má finna þessari skoðun til rökstuðnings. En til að hnekkja þessu og uppræta spillinguna þarf hugarfarsbreytingu. Það þarf hugarfarsbreytingu hjá stjórnmálamönnum, sumum hverjum a. m. k., og það þarf sterkt aðhald almenningsálitsins í landinu. Það er sagt að það þurfi sterk bein til að þola góða daga. Það þarf líka sterk bein til að fara með mikil völd og áhrif án þess að slík aðstaða leiði til spillingar. Stjórnmálabarátta á, ef rétt er á haldið, að vera mannbætandi, en ekki mannskemmandi. En til að svo megi verða þurfa stjórnmálamenn að vera sér þess meðvitandi að réttlætistilfinning almenningsálitsins sé svo sterk að þeim líðist ekki óheilindi né misbeiting þess valds sem þeim er falið.

Mín síðustu orð til ykkar, góðu hlustendur, eru þau, að þið skerið upp herör gegn hvers konar óheilindum og spillingu, hvar sem slíks verður vart í þjóðlífinu. Gerum þjóðmálabaráttuna að vettvangi heiðarlegrar og drengilegrar málefnabaráttu. Höfnum rotnandi hugarfari og spillingu, hvaðan sem það kemur, hvort heldur er frá stjórnmálamönnum eða öðrum.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Vegna orða Ragnars Arnalds um landhelgismálið vil ég minna á að Framsfl. hefur frá upphafi, löngu áður en Alþb. varð til og á þeim árum sem Ragnar Arnalds gekk á stuttbuxum, þá hefur Framsfl. staðið í fararbroddi um sókn íslendinga að því marki að ná fullum yfirráðum yfir auðlindum hafsins við strendur landsins. Ég minni á að stefna íslendinga í landhelgismálinu hefur nú meirihlutafylgi á alþjóðavettvangi. Þingflokkur Framsfl. undir forustu Ólafs Jóhannessonar og Einars Ágústssonar mun nú sem endranær einbeita sér að fullnaðarsigri íslendinga í þessu mesta hagsmunamáli þjóðarinnar. Við framsóknarmenn sjáum, ef aðrir sjá það ekki, að sigurinn er í sjónmáli.

Benedikt Gröndal virtist hafa áhyggjur af dómsmálakerfinu. Í því sambandi dettur mér í hug: „Oðruvísi mér áður brá.“ Benedikt Gröndal og flokksmenn hans voru ráðamenn í ríkisstj. í um það bil 12 ár fyrir nokkrum árum, en ekki er vitað að þeir hafi þá lagt áherslu á dómsmálin. Það er ekki fyrr en í ráðherratíð Ólafs Jóhannessonar dómsmrh. sem þessum málum er sinnt sem vera ber. Það er fyrir frumkvæði hans að dómsmál og lögreglumál eru nú tekin alvarlegum tökum. Þessum orðum vil ég einnig beina til Karvels Pálmasonar.

Eins og fram hefur komið í þessum umr. hefur verð íslenskra útflutningsafurða hækkað verulega á síðustu mánuðum. Er þar um athyglisverð umskipti að ræða sem ættu að geta orðið til varanlegs ávinnings fyrir efnahagsástandið og heildarafkomu þjóðarbúsins ef rétt er á haldið. Undanfarin 2—3 ár hafa alvarlegir efnahagserfiðleikar steðjað að íslensku þjóðinni. Fleiri ástæður en ein voru þar að verki, en meginástæða erfiðleikanna var slæmt viðskiptaárferði, þ. e. lágt verð á útflutningi og óhagstætt innflutningsverð ásamt mikilli verðbólgu. Afkoma þjóðarbúsins hlaut því að verða léleg miðað við viðskiptagóðærið sem ríkti á árunum 1971—1973. Ein afleiðing efnahagserfiðleikanna var sú, að ekki voru fyrir hendi skilyrði til kjarabóta í formi almennra launahækkana. Því er ekki að leyna að dýrtíðin hefur víða komið hart niður á launafólki. Launafólk hefur vissulega orðið að axla þungar byrðar vegna undangenginna efnahagserfiðleika þjóðfélagsins í heild. En ætli launafólk átti sig ekki á því, hvaða ástæður liggja hér til grundvallar?

Ég held fyrir mitt leyti að flestir hugsandi menn í landinu geri sér grein fyrir því að afkoma hvers einstaklings og hverrar fjölskyldu er háð heildarafkomu þjóðarbúsins og atvinnuveganna. Það hlýtur því að vekja furðu hvernig umr. um kaupgjalds- og kjaramál og afkomu almennings fara fram hér á landi. Það er engu líkara en að ýmsir atkvæðamiklir umræðusnillingar, sem mikið láta á sér bera, geri ráð fyrir því að almenningur á Íslandi hlusti á það eitt, sem kitlar eyrun. Svo mjög ber á einhæfri röksemdafærslu og hæpnum viðmiðunum þegar rætt er um kaupgjalds- og kjaramál og afkomu almennings, að menn gætu helst látið sér detta í hug að þetta mikla málefni svífi í einangruðu rúmi utan og ofan við sjálft efnahagslífið, óháð þjóðarbúskapnum og afkomu hans. Það er furðulegt að skynsamir forustumenn eins og Ragnar Arnalds og Benedikt Gröndal og Karvel Pálmason skuli ávarpa íslenskan almenning með svo heimskulegu skrumi og vanaþrasi eins og hér var gert í kvöld. Raunar á þessi lýsing einnig við um umr. um efnahags- og atvinnumál í víðari merkingu.

Á árinu 1973 mátti greina ýmis merki þess

að vá stæði fyrir dyrum í efnahagsmálum. Bentu þessi merki bæði til verðbólguaukningar og versnandi viðskiptaárferðis. Þetta var á miðju tímabili stjórnarsamvinnu Framsfl. við Alþb. og SF. Vegna óeiningar og klofnings í þáverandi samstarfsflokkum Framsfl. og vegna óbilgirni valda- og áhrifaafla utan Alþ. og loks vegna óábyrgrar stjórnarandstöðu var komið í veg fyrir að viðnámstill. þáv. forsrh., Ólafs Jóhannessonar, næðu fram að ganga. Mátti segja að á þessu tímabili stæði Framsfl. einn gegn öllum í því að vilja stöðvun þeirrar holskeflu verðbólgu og dýrtíðar sem blasti við á næsta leiti. Því miður stóðst vinstra samstarfið ekki þessa erfiðu prófraun. Ef farið hefði verið eftir ráðum og vilja Ólafs Jóhannessonar og Framsfl. fyrri hluta árs 1974, þá hefði verðbólgu- og dýrtíðarástandið ekki komist á það stig sem var hér á landi þegar núv. ríkisstj. tók við völdum síðsumars 1974. Verðbólguaukningin 1974 var 53%, sem er bæði Íslandsmet og Evrópumet í verðbólgu á síðustu mannsöldrum. Þessi viðskilnaður í verðbólgu og dýrtíðarmálum setti ævarandi blett á vinstra samstarfið 1971—1974, og þess mætti Ragnar Arnalds minnast manna helst.

Verðbólgu- og dýrtíðarvandinn jókst svo á þessum tímamótum að hann hefur æ síðan verið langfyrirferðarmesta vandamál íslenskra stjórnmála og er enn þegar þetta er talað. Reynslan sýnir, að ef takast á að leysa þetta vandamál, þá verða öll valda- og áhrifaöfl þjóðfélagsins að snúa bökum saman.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að leiða athygli áheyrenda minna að mikilvægri staðreynd sem mörgum sést yfir. Samkvæmt lögum og viðteknum venjum, sem mótast hafa smátt og smátt síðustu áratugi, er komin á valddreifing í íslensku þjóðfélagi sem er þeirrar gerðar að hún hefur rýrt völd Alþingis og ríkisstjórnar. Þessi valdskerðing Alþingis er áberandi á sviði efnahagsmála, t.d. að því er tekur til þróunar í kaupgjalds- og verðlagsmálum, en hennar gætir einnig á öðrum sviðum. Það er of viðamikið mál að taka hér til ítarlegrar meðferðar hina nýju valddreifingu í landinu og nútíma valdskerðingu Alþingis og ríkisstj. Þó er hér um stórmál að ræða sem snertir grundvallaratriði lýðræðislegs stjórnarfars. Tel ég á því mikla nauðsyn að áhugamenn um þjóðfélagsmál og allur almenningur fari að leiða hugann að þessu málefni til þess að geta gert sér skynsamlega grein fyrir því hvert stefnir. Ég er í hópi þeirra, sem hafa áhyggjur af hinni lausbeisluðu valddreifingu í þjóðfélaginu og valdskerðingu Alþingis. Ég get ekki lýst neinni hrifningu yfir þeirri þróun að hagsmunasamtök og alls konar þrýstihópar hrifsi til sín úr höndum Alþingis vald til þess að hafa úrslitaáhrif á gang þjóðmála. Ég mun gera mitt til þess að vara við þeirri hættu sem steðjar að Alþ. vegna umsvifa einstakra embætta og stofnana sem sýnt hafa tilhneigingu til þess að ráðast inn í valdhelgi Alþingis.

Í framhaldi af þessum sérstöku hugleiðingum vil ég leyfa mér að minna á að ríkisstj. hefur haft forgöngu um stofnun samstarfsnefndar allra áhrifa- og valdaaðila í þjóðfélaginu sem hafi það hlutverk fyrst og fremst að kanna orsakir verðbólgunnar undanfarin ár og gera till. um ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu og dýrtíð. Það má kannske segja um þessa nefndarskipan, eins og ég hef heyrtýjað að á förnum vegi, að hún beri keim af uppgjöf ríkisstj. og Alþ. gagnvart valdahópum og áhrifaöflum sem magnast hafi í þjóðfélaginu á síðari áratugum á kostnað stjórnvalda. En því er til að svara að áhrifaöflin utan Alþ. mega sín mikils í reynd, og því er eðlilegt að finna samstarfsvettvang fyrir stjórnvöld og hagsmunasamtök um jafnbrýnt verkefni og það er að leysa erfið efnahagsleg vandamál, þ.á m. kjaramál almennings. Framsfl. telur að stefna beri að sem mestu launajafnrétti í landinu, en álítur jafnframt að launakjör hljóti í reynd að ráðast af afkomu þjóðarbúsins á hverjum tíma. Þá ófrávíkjanlegu kröfu gerir Framsfl., að haldið sé uppi fullri atvinnu í landinu, og telur að þannig sé afkomu almennings best borgið.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að sú framkvæmda- og uppbyggingarstefna, sem núv. ríkisstj. hefur fylgt þrátt fyrir erfitt viðskiptaárferði, hefur ráðið því að almenn lífsafkoma hefur verið góð undanfarin ár og menn hafa ekki þurft að kvarta undan atvinnuleysi né fátæktarkjörum af þeim sökum. Uppbygging og framkvæmdir í landinu hafa sjaldan verið meiri en nú, og skulum við vona að svo verði áfram. Framsfl. mun ávallt beita sér fyrir því í ríkisstj. að atvinnuöryggi sé tryggt í landinu og telur það stærsta hagsmunamál almennings.

Eins og fram hefur komið í þessum umr., þá eru efnahagshorfur nú að ýmsu leyti bjartar, en þó því aðeins að stjórnvöld fái aðstöðu til þess að fylgja samræmdri efnahags- og fjármálastefnu. Augljóst er að það er hægt að gera svartnætti úr góðum horfum í þessu efni ef samræmd efnahagsmálastjórn fær ekki að njóta sín. Þótt horfur séu nú batnandi, þá fer því fjarri að opnast hafi gáttir að allsnægtaborði. Þrátt fyrir betri horfur eru vandamálin enn óleyst. En hitt er víst, að gott útlit leggur ráðamönnum, jafnt utan þings sem innan, upp í hendurnar gullið tækifæri til lausnar á vandamálunum. Mín skoðun er sú, að þorri fólks, allur almenningur í landinu, mundi fagna samstöðu áhrifaafla utan þings og innan, enda bera margir kviðboga fyrir afleiðingum sundrungar og illvígra átaka í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hv. 1. þm. Norðurl. v., Ingvar Gíslason, lauk máli sínu. — Næstur á mælendaskrá er hv. 7. landsk. þm., Helgi Seljan, en þar sem hann er veðurtepptur á Reyðarfirði og kemst ekki til fundar, kemur hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson í hans stað og talar af hálfu Alþb.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekki dylst það neinum hver eru aðalsmerki þess stjórnarsamstarfs sem til var stofnað af hinum tveimur sterku flokkum fyrir rúmlega fjórum missirum. Stjórnleysi almennt og ringulreið á flestum sviðum ber þar auðvitað hæst, en nokkur eru þó kennileiti þar sem rétt er að minna á sérstaklega.

Í fyrsta lagi hafa stjórnarflokkarnir afgreitt öll vandamál efnahagslífsins á þann einfalda íhaldsveg að velta byrðunum yfir á vinnustéttirnar í landinu á meðan milliliðir hvers konar hafa blómstrað í besta lagi. Bændur, sjómenn og verkamenn hafa fengið sinn ómælda skerf af stjórnardýrðinni, opinberir starfsmenn ekki síður, og þó hafa engir verið eins hart leiknir og hinir öldruðu og öryrkjarnir í þjóðfélaginu.

Vinstri stjórnin hafði tilfærslu fjármagns til vinnustéttanna, til aldraðra og öryrkja. Þeirri tilfærslu lýsti íhaldið ýmist sem ofrausn og veisluhöldum eða óráðsaðgerðum fyrir hið margumtalaða efnahagslíf. Og vissulega eru afrek íhaldsins umtalsverð. Þessi tilfærsla var ekki aðeins stöðvuð, heldur snúið svo gjörsamlega við að íhaldinu hefur að fullu tekist að koma ástandinu í kjaramálum fólksins í landinu niður á gamla viðreisnarstigið og vel það.

Þetta eru ekki mín orð, heldur almenn skoðun launafólksins sem bergmálar nú í samþykktum þess hvar sem það kemur saman.

Í öðru lagi hefur ríkt samdráttarstefna ómengaðrar íhaldsstjórnar í öllum verklegum framkvæmdum, svo að nú í nýju frv. til fjárl. er þriðja árið í röð stigið stórt skref aftur á bak ef litið er á framkvæmdagildi.

Þá hefur ekki síður verið staðið fyrir stórfelldum niðurskurði á fjármagni til atvinnuveganna. Það er engin tilviljun að enn standa hálfköruð frystihús víða um land sem vinstri stjórnin hóf að byggja. Iðnaðurinn hefur að dómi forsvarsmanna hans aldrei verið í eins rækilegu svelti og nú. Og í landbúnaði hefur orðið nær alger stöðnun mikilvægra þátta í uppbyggingunni.

Það er þó ein gleðileg undantekning fyrir stjórnina. Verslunin hefur haft meira til ráðstöfunar og segir það einnig sína sögu.

Þessi stöðvunarstefna lýsir sér best í einföldum tölum. Á árinu 1975 lækkaði fjárfesting í atvinnuvegum okkar um 21% skv. skýrslu Þjóðhagsstofnunar, og spá sömu stofnunar á þessu ári er upp á 11% lækkun til viðbótar. Tölurnar tala sínu glögga máli. Þetta hefur þó hvergi nægt, því ekki hefur það síður verið afdrifaríkt fyrir atvinnuvegina hve hávaxta- eða réttara sagt okurvaxtapólitíkin hefur æ meira þjakað alla eðlilega framþróun. Svo langt gengur þessi ríkisstj. í vaxtaokrinu að dæmi eru um það, að vaxtagreiðslur atvinnufyrirtækja séu hærri en öll greidd vinnulaun, og mætti gjarnan til þess líta þegar á því er stagast í sífellu að atvinnuvegirnir beri ekki hærri vinnulaun.

Fyrir landsbyggðina hefur hvort tveggja reynst afdrifaríkt. En sá atvinnulegi grunnur, sem vinstristjórnin lagði, hefur þar miklu bjargað, og það er þeirri uppbyggingu að þakka að atvinnuleysi hefur ekki orðið þrátt fyrir stefnu núv. stjórnvalda.

Í þriðja lagi má benda á þá algeru stefnubreytingu nátengda þessu sem orðið hefur í atvinnumálum, þ. e. að leynt og ljóst hefur ríkisstj. verið að draga saman seglin í uppbyggingu okkar eigin atvinnuvega, en þess í stað bent á stóriðju í samvinnu við eða í beinni eign útlendra auðfyrirtækja. Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga er rekin áfram með offorsi, og þá er enginn skortur á fjármagni til framkvæmda. Þangað á nú að renna nær einn og hálfur milljarður kr. á næsta ári, þar af 450 millj. í hafnargerð eða rúmlega helmingur á móti öllu því fjármagni sem renna á til allra hafnarmannvirkja annars staðar á landinu. Álverksmiðja við Eyjafjörð er svo næst á dagskrá, því hvað varðar Framsókn eða sjálfstæðismenn um fáeina búandmenn þar norður frá. Og næst mun svo röðin koma að okkur austfirðingum að meðtaka mengunarblessun þess alþjóðlega auðmagns sem engu eirir.

Þessi þrjú aðalsmerki sem ég minnist hér á, þurfa engum að koma á óvart, þó varla hefðum við, samstarfsmenn Framsóknar í vinstri stjórn, trúað því að flokkurinn færi svo bókstaflega eftir því í athöfnum öllum sem íhaldið sagði, þó við þekktum hins vegar vel hve oft þurfti á eftir Framsókn að reka til góðra verka. Glögg eru þess merkin þar, hve hægra liðið hefur náð algerri yfirhönd, þó enn sé mikill meiri hl. óbreyttra liðsmanna á öðru máli.

Töfraprinsar íhaldsins, þeir sem hæst létu árið 1974 og þóttust kunna við öll ráð, hafa reynst kunnáttulausir kuklarar, og meðreiðarsveinar þeirra hafa síst betri seiðkarlar reynst. Þó skulu þeir sannmælis njóta í því, hve rækilega þeir hafa afstýrt öllum veisluhöldum aldraðra og öryrkja og annarra láglaunahópa.

Hvað segir vinnandi fólk í dag um lífskjör sín og þróun þeirra síðustu tvö árin? Verkamannasamband Íslands hefur nýlega bent á hina hrikalegu lífskjaraskerðingu sinna meðlima þrátt fyrir vökult varnarstríð allan tímann. Brýnast verkefna telja verkamenn það vera, að stökkbreyting eigi sér hreinlega stað í launamálum, ekki síst þegar árferði fer ört batnandi að dómi landsfeðra.

Kaldar eru hins vegar kveðjurnar sem úr atvinnurekendabúðunum hafa borist. Engin efni í veisluhöld handa verkafólki, segja þeir sem lægst borga launin í fiskiðnaði okkar. Þeir vita sem er, að við stjórnvölinn eiga þeir stuðningsmenn vísa að hindra réttlátar launabætur.

Opinberir starfsmenn greina frá því, að á sama tíma og 150% verðlagshækkun hefur yfir dunið hafa þeir hlotið 40—70% kauphækkun.

En hvað um bændurna sem þessir flokkar bera svo mjög fyrir brjósti að eigin sögn? Formælendur bænda, flokksbræður stjórnarherranna, eru ómyrkir í máli. Versnandi kjör síðustu tveggja ára fara að þeirra mati ekki á milli mála. Bændur hafa að þeirra dómi fjarlægst viðmiðunarstéttirnar, þær sömu og ég var að rekja launaþróunina hjá áðan. Það er líka táknrænt fyrir bændur og mætti vel verða þeim og neytendum umhugsunarefni, að af síðustu búvöruhækkun rann aðeins þriðjungur til sjálfra þeirra, ⅔ fóru í milliliði ýmiss konar og fjármálaráðherrann hirti drjúgan hlut. Þessu til viðbótar hafa svo lánakjör bænda verið þrengd á alla vegu, lánstími styttur, vextir hækkaðir, verðtrygging upp tekin. Það eru sannir bændavinir sem hér eru á ferð.

Og ekki skyldi sjómönnunum gleymt og viðbrögðum þeirra við hinni furðulegu lagasetningu sjútvrh. sem Alþ. er nú ætlað að staðfesta.

Þegar þetta ástand blasir við, þegar óyggjandi sannanir liggja fyrir um það hve kaupmáttur launafólks hefur með markvissum aðgerðum ríkisvaldsins rýrnað stórkostlega, þá er það eitt aðalmarkmið þess sama ríkisvalds að þrengja með nýjum lögum möguleika vinnustéttanna til að snúast til varnar. Með fyrirhuguðu frv. um stéttarfélög og vinnudeilur hyggst ríkisstj. í mörgum greinum gera að engu árangur af áratuga baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir frelsi verkafólks til að ná fram rétti sínum til sanngjarnara kjara. Aldrei er sá réttur mikilvægari en þegar íhaldsöflin ráða ríkjum og lífskjörunum er þrýst niður til hagsbóta fyrir auðstéttirnar í landinu. Nú þegar sýnt er að launafólk lætur sér ekki lengur lynda kjaraskerðingarstefnuna, þá er það helst ráða hjá félmrh. Sjálfstfl. að vega að verkfallsréttinum, þeim rétti sem alþýðan hlýtur ætíð að beita í nauðvörn sinni. Launafólk hlýtur að rísa hér upp til réttlátrar varnarbaráttu og snúa henni upp í sókn til bættra lífskjara.

En vel á minnst, allar þessar árásir á kjör launafólks hafa þó haft eina allsherjar afsökun. Árferðið var svo erfitt, launastéttirnar urðu að fórna, allir urðu að fórna. Og það er e. t. v. von að fólk trúi því að lakari staða þjóðarbús um tíma hafi haft þau áhrif að þrengja kost allra í landinu. En hvað segja aðalfundir ýmissa stærstu fyrirtækjanna og umsvifamestu aðilanna í þjóðfélaginu? Hvað um Samband ísl. samvinnufélaga? Hvað um Flugleiðir? Hvað um Landsbankann? Hvað um Eimskip? Sjaldan hefur útkoma þessara og fleiri stórfyrirtækja verið eins afbragðsgóð og síðustu eitt til tvö árin. Fórnunum var sem sé misskipt. Það er ekki amalegt fyrir Framsfl. að hafa staðið að tilfærslu til þessara aðila frá launastéttunum í landinu. Það er glæsilegt hlutskipti sem flokkurinn hefur kosið sér, að snúa blaðinu algerlega við frá vinstristjórnarárunum til þess eins að þjóna gróðaöflunum í landinu til þess í raun að framkvæma stefnu íhaldsins.

Í örvæntingu sinni hefur Framsókn haldið því fram undanfarið að enginn munur sé á hægri eða vinstri stjórn, það sé sama hvoru meginn flokkurinn starfi. Stefnumunurinn sé hverfandi. Eitt sláandi dæmi af mörgum skal hér tekið til afsönnunar þeirri villukenningu. Árið 1971, á síðasta ári viðreisnar, var varið 100 millj. kr. til hafnarframkvæmda á vegum sveitarfélaga, en sú tala svarar til raunverulegs verðgildis upp á 204 millj. kr. árið 1974, en varð þá, síðasta ár vinstri stjórnarinnar, 613 millj. eða þrefalt hærri en 1971 að raungildi. Nú undir íhaldsstjórn er upphæðin aðeins 850 millj., en ætti að vera rúmar 1500 millj. ef raungildið hefði haldist.

Góðir hlustendur. Núv. ríkisstj. stærði sig í upphafi af styrkleika sínum og byggði þá á tölu þm. einni saman. Andspænis vandamálunum hefur hún reynst veik og ráðþrota. Þó hefur sundurþykki innan hennar ekki orðið til trafala, heldur hefur ríkt eining þess íhaldsanda sem yfir vötnunum sveif í upphafi. Uppgjöfin er hins vegar algjör og nú er um það helst hugsað hvernig hlaupa megi frá öllu saman og slíta þessu samstarfi á einhverjum málamyndaágreiningi, ef vera kynni að flokkarnir mættu halda ögn af andlitinu í næstu kosningum.

Við þessar aðstæður er það frumskylda allra vinstrimanna að efla stjórnmálaafl á vinstri kanti þjóðmálanna svo duglega að þar verði um annað sterkasta aflið að ræða í íslenskum þjóðmálum. Alþb. eitt getur orðið þetta afl. Það gæti sem nógu öflugur flokkur leitt stefnuna á ný til vinstri, til félagshyggju og til róttækra breytinga á efnahagskerfinu í þágu launafólksins. Nú er nauðsynin mest að efla samvinnu og samhug þess fólks sem á samleið í baráttunni fyrir betra lífi undir merkjum þjóðfrelsis og sósíalisma.

Ég hef flutt hér ræðu Helga F. Seljans. — Góða nótt.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það stóðst nokkurn veginn á endum í haust, að Alþ. kom saman til að skipa málum lands og þjóðar og Seðlabanki Íslands setti í umferð nýja sláttu grundvallareiningar íslenskrar myntar, nýja krónu. Þessi nýlega króna er æði-frábrugðin eldri sláttu sem hún á að ryðja til hliðar, og þótti það einkum fréttnæmt þegar nýslegna krónan var kynnt, að peningur þessi er svo fisléttur að hann flýtur á vatni sé hann látinn falla nógu varlega á vatnsflötinn.

Króna, sem flýtur á vatni, getur sannarlega talist viðeigandi tákn um ríkjandi ástanda í efnahags- og fjármálum okkar íslendinga. Aðaleinkenni efnahagsframvindunnar síðustu ár hafa verið versnandi staða þjóðarbúsins út á við og skert kjör þorra landsmanna, stórfelldar gengisfellingar í upphafi valdaferils núv. ríkisstj. og sífellt gengissig síðan. Ég lái stjórnendum Seðlabankans það hreint ekki þótt þeir leitist við að leiða fólki fyrir sjónir, hvernig komið er, með því að fá því í hendur pening sem er jafnlítilmótlegur í útliti og léttur í vasa og flotkrónan nýja.

Lakara er að ríkisstj. virðist einráðin í að draga dám af gárungsskap seðlabankastjóranna í langtum afdrifaríkari efnum en myntsláttu. Ekki fer milli mála að grunntónninn í stefnuræðunni, sem hæstv. forsrh. flutti í upphafi þessarar umr., var þýðing þess að finna ráð til að hemja verðbólguna áður en hún magnar kjaramisrétti, aflagar atvinnuvegina og grefur undan fjármálasiðgæði meira en orðið er. En einmitt í stefnuræðunni er leitt í ljós, að þrátt fyrir yfirlýstan góðan ásetning hefur ríkisstj. beitt í þessu meginmáli slíkum lausatökum að furðu gegnir.

Forsrh. vakti rækilega athygli á því í ræðu sinni, að sett hefur verið á laggirnar nefnd, skipuð fulltrúum ríkisstj., þingfl. og helstu aðilum vinnumarkaðarins, til þess að kanna orsakir verðbólgunnar í landinu og gera till. um ráðstafanir til að draga úr henni. En það er síður en svo að hugmyndin um slíka athugun þessara aðila á verðbólguvandanum sé ný bóla hjá ríkisstj. eða a. m. k. hjá forsrh. Hugmynd sú kom fram af hans hálfu fyrir ári og einmitt í stefnuræðunni sem hann flutti þá fyrir ríkisstj. hönd. Á fundi Sþ. 23. okt. 1975 sagði forsrh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er því brýnna en nokkru sinni ... að ná víðtækri samstöðu um sameiginlegt viðnám gegn verðbólgunni. Ríkisstj. mun beita sér fyrir viðræðum allra aðila um samræmda launastefnu

og leiðir til að komast fyrir rætur verðbólgunnar... Öll þjóðfélagsöfl, innan Alþingis og utan, verða að leggjast á eitt til að finna sanngjarna lausn kjaramála í þeirri vandasömu aðstöðu sem við okkur blasir."

Þótt þarna sé sérstaklega vikið að ríkjandi aðstæðum s. l. haust, er deginum ljósara að ár er liðið síðan forsrh. setti fram hugmyndina um viðræður allra aðila, innan Alþ. og utan, um leiðir til að komast fyrir rætur verðbólgunnar. Síðan er liðið rétt ár og þó tveim dögum betur. Það hefur tekið allan þennan tíma að koma hugmyndinni í framkvæmd.

Á slíkum drætti eru aðeins hugsanlegar tvær skýringar. Önnur er sú, að forsrh. sé ekki alvara með brýningum sínum, uppástungum og nefndarskipun, þetta sé haft í frammi til að sýnast og firra ríkisstj. gagnrýni fyrir að hafast ekki að. Þessari skýringu hafna ég algerlega. Verðbólguvandinn og kjaramálin eru miklu viðurhlutameiri en svo, að jafnreyndur stjórnmálamaður og forsrh. láti sér koma til hugar að leika skollaleik með þau frammi fyrir alþjóð. En hvernig stendur þá á seinaganginum, árs drætti í framkvæmd uppástungunnar úr stefnuræðunni frá í fyrra?

Hin skýringin, sem til greina kemur og hér á við, er að stjórnarflokkarnir séu alls ekki samstiga og samhentir í þessu máli frekar en svo mörgum öðrum. Árstöf á að framkvæma hugmynd forsrh. um meðferð á vandasamasta viðfangsefni ríkisstj. mun, ef að líkum lætur, stafa af því öðru fremur að meðráðh. hans hafa ekki allir verið jafnhrifnir af áformi hans. Það er líka mála sannast að nefndarskipun eins og hér er um að ræða, til þess að fjalla um mál sem hlýtur eðli sínu samkvæmt að vera helsta viðfangsefni ríkisstj, kemur að ýmsu leyti kynlega fyrir sjónir. Tilboð til þingfl. stjórnarandstöðunnar um að skipa menn í n. ásamt stjórnarfl. til að fjalla um verðbólguvandann, sem stjórnarfl. tóku að sér að fást við þegar þeir mynduðu stjórn, jaðrar við það að í frammi séu hafðar af ríkisstj. hálfu áþreifingar um myndun þjóðstjórnar, af því að hún vantreysti sjálfri sér til að ráða fram úr málum á eigin spýtur brátt fyrir yfirgnæfandi þingmeirihl. Á hinn bóginn samrýmist slíkur tilgangur trauðla vali ríkisstj. á fulltrúum í n., því þar skipar hún ráðunauta sína og sérfræðinga til forustu, en ráðh. sjálfir koma hvergi nærri. Allt ber þetta verðbólgunefndarmál því vott að um sé að ræða málamiðlun milli ósammála ráðh. í sundurþykkri ríkisstj.

Aldrei hefur það farið milli mála að myndun núv. ríkisstj. vakti síður en svo fögnuð í þingliði stjórnarfl. þegar til stjórnarsamstarfsins var efnt. Fjarri fer því að ánægjan hafi aukist meðal stjórnarþm. árin sem síðan eru liðin. Vitneskjan um þessar ástæður á stjórnarheimilinu hefur orðið formanni þingfl. Alþfl hvöt til að slá fram þeim möguleika að hrifa Sjálfstfl. úr faðmi Framsóknar með því að bjóða honum í nýja nýsköpunarstjórn ásamt Alþfl. og Alþb. Ekki er vafi á, að sumum sjálfstæðismönnum finnist hugmyndin freistandi og Framsóknarforustan veit það mætavel. Í ljósi þeirrar vitneskju verður skiljanlegra en ella hvers vegna framkvæmd á hugmynd forsrh. um verðbólgunefnd dróst svo mjög og hvers vegna fulltrúar ríkisstj. eru valdir eins og raun ber vitni.

Víst er það hverju orði sannara, að verðbólgan er meinvættur sem margs konar vanda mundi leysa ef sigraður yrði. Verðbólgan er undirrótin að því að kjaraskipting landsmanna eftir stétt og stöðu hefur skekkst svo gífurlega úr sanngjörnu horfi að gersamlega er orðið óviðunandi fyrir þá starfshópa sem dregist hafa aftur úr í kjarakapphlaupinu. Það er verðbólgan öllu öðru fremur sem veldur því að Ísland er orðið láglaunasvæði miðað við sambærileg lönd. Þótt þjóðartekjur á mann séu hér vel sambærilegar við það sem gerist í nálægum löndum, eru launataxtar í fjölmennum starfsgreinum hér einatt hálfu lægri. Menn velta að vonum fyrir sér hvernig á slíku standi. Ráðning þeirrar gátu er eðlilega margþætt, en gildasti þátturinn er sá, að verðbólgan ýtir undir ofsafengna fjárfestingu, óarðbæra fyrir þjóðarheildina, í því skyni að handsama verðbólgugróða með eignaaukningu. Fjárfesting, sem frá þjóðhagslegu sjónarmiði er gagnslaus eða jafnvel neikvæð, getur orðið þeim auðsuppspretta sem með aðgangi að tiltölulega ódýru fjármagni, af sparifé eða úr opinberum sjóðum, láta verðbólguna um að færa eignir í sína vasa úr vösum sparifjáreigenda og skattgreiðenda. Hvílíkar óhemjuupphæðir hér getur verið um að ræða má marka af því, að á árinu 1975 nam fjármunamyndun, sem er aðallega fjárfesting, hérlendis ríflega þriðjungi af allri þjóðarframleiðslunni, eða nánar tiltekið 36.7%, og hafði hækkað úr 27% árið 1972.

Þegar svo við beinan verðbólgugróða af eignamyndun af þessu tagi bætist að skattreglur um fyrningu og sölugróða ásamt ákvæðum laga um hlutafélög gera fært að margfyrna sömu eignina og að draga frá skattskyldum tekjum af rekstri fyrningu sem nemur kostnaðarverði, að viðbættri verðhækkun, á litlum hluta þess tíma sem eign endist, er óhjákvæmilegt að hlutföll milli arðsemi fjármagns annars vegar og endurgjalds fyrir vinnu hins vegar fari herfilega úr skorðum. Lagfæring tekjuskiptingar í réttlátara horf en ríkt hefur undanfarið, veruleg leiðrétting á kjörum þeirra, sem bera skarðan hlut frá borði, fæst því ekki nema með margþættum aðgerðum sem taka verða til skattamála, tryggingamála og lánamála. Á mestu ríður þó að takist að hemja verðbólguna að því marki sem ríkisstj. réttilega setti sér í upphafi valdaferils síns, að koma henni niður á svipað stig og ríkir í helstu viðskiptalöndum okkar.

Herra forseti Ef ríkisstj. ætlar að taka á þessu örlagamáli þjóðarinnar í alvöru, gefst henni úrslitatækifærið á því þingi sem nú er nýhafið. Frammistaða hennar hingað til vekur ekki miklar vonir. En nú verður hún að hrökkva eða stökkva. Málatilbúnaður stjórnarfl. á þessu þingi verður tekinn til marks um það, hvort þeir taka þegar á reynir meira tillit til hagsmuna verðbólgubraskara eða auðsærra almenningsþarfa.

Reyndar verður ekki sagt að orðaskipti málgagna stjórnarfl. upp á síðkastið bendi til að stjórnarherrarnir viti hvað til þeirra friðar heyrir. Mogunblaðinu og Tímanum hefur orðið einna tíðræddast um það síðustu vikurnar hverj-

um leyfist að skera hrúta á Sauðárkróki og hverjir megi ekki slíkt þar um pláss, og koma þar ráðh. nokkuð við sögu. — Þökk þeim sem hlýddu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Góðir íslendingar. Það er oft sagt að stjórnmálamenn þori ekki að segja þjóðinni sannleikann umbúðalaust, en fari í ræðum sínum í kringum hlutina eins og köttur í kringum heitan graut af ótta við að vekja reiði hjá einstökum kjósendum og þess vegna fari á þann veg, að stjórnmálamenn taki hlutina ekki föstum tökum. Því miður er allt of mikið rétt í þessum ásökunum. Þetta hefur að vissu leyti valdið nokkurri upplausn í þjóðfélaginu, því að mönnum hefur orðið á að hlusta betur á neikvæðar ræður, niðurrifsræðurnar, en meta ekki og fagna því, sem hefur áunnist, og skilja að það er ekki hægt að framkvæma eða gera allt í einu.

Niðurrifsöflin hafa komið ár sinni vel fyrir borð, og þið heyrðuð í kvöld þennan niðurrifssöng stjórnarandstöðunnar. Allt var ómögulegt í þessu þjóðfélagi, allt var á niðurleið, allt var komið á heljarþröm í þeirra lýsingum. Það er skiljanlegt að öfl, sem vilja þingræði í landinu feigt, tali svona, en hitt er óskiljanlegt, þegar flokkur, sem kennir sig við lýðræði og er lýðræðisflokkur, hagar sér þannig í sínum málflutningi.

Út af ummælum Benedikts Gröndal væri fróðlegt að fá að heyra hvaða umbætur Alþfl. flutti í skattamálum þegar hann sat í ríkisstj. samfleytt frá árinu 1956 til 1971 eða í 15 ár. Hverjar voru till. þess flokks umfram þær breyt. sem gerðar voru á skattamálum á þessum árum?

Stjórnarandstaðan telur fjárl. vera allt of há, en í sömu andránni telja málsvarar hennar allt of lítil fjárframlög til allra framkvæmda í þjóðfélaginu, og til margvíslegra umbótamála telja þeir að þurfi að stórbæta við fjárveitingar. En þegar kemur að því að afla tekna fyrir ríkissjóð til að standa undir þessu öllu, þá hafa þeir enga skoðun á því, nema vera á móti allri tekjuöflun. Þetta er það sem við köllum neikvæða afstöðu til mála, niðurrifsstefnu. Ef menn vilja auka útgjöld samfélagsins, þá verða þeir einnig að standa að því að afla tekna til þess að standa undir þessum útgjöldum.

Karvel Pálmason taldi framlag til Byggðasjóðs vera allt of lítið. Byggðasjóður fær framlög skv. fjárlagafrv. næsta árs, hvorki meira né minna en 1630 millj. kr., auk þess hefur hann vaxtatekjur um 350 millj. kr. eða samtals 1980 millj., en það er miklu hærra framlag en var í tíð þeirrar stjórnar sem þessi þm. studdi, þó að það væri fært til núverandi verðgildis.

Ég vil benda á að það er margt sem betur má fara, bæði hjá þessari ríkisstj. og öðrum ríkisstj. sem setið hafa á undan. Það er svo margt sem við þurfum að bæta úr. En þegar einhverju á að breyta í þessu þjóðfélagi, þá er mótmælt öllum breytingum þegar þær snerta einhverja ákveðna starfshópa eða ákveðna einstaklinga. Þá telja þeir að hér megi engu breyta af því að það snertir mig. Það á að breyta einhverju, sem snertir einhvern annan.

Við skulum hafa það ríkt í huga að mannsævin er að lengjast, hlutfallslega fleiri verða aldraðir í okkar þjóðfélagi en voru fyrir nokkrum áratugum, fólk sem við eigum að sjá fyrir lífeyri í ellinni, eins og gert hefur verið. En samtímis þessu eru námsárin að verða fleiri hjá unga fólkinu. Fólkið kemur seinna en áður á vinnumarkaðinn. Þetta gerir það að verkum að hlutfallstala þeirra, sem standa undir útgjöldum þjóðfélagsins, verður sífellt lægri en áður var, og það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að leggja á þennan hóp að greiða til samfélagsins. Þetta verðum við að hafa ríkt í huga við allar kröfugerðir.

Þegar við lítum yfir tveggja ára valdatímabil núv. ríkisstj., þá ber hæst einhliða ákvörðun hennar um stækkun fiskveiðilandhelginnar í 200 mílur. Það hefur verið haldið á því máli af festu og einurð. Þar hefur ekki verið rasað um ráð fram, og við höfðum unnið hvern stórsigurinn á fætur öðrum. Samningurinn við breta er þó stærsti sigurinn, þar sem þeir viðurkenna einhliða rétt okkar til nýtingar á 200 mílna fiskveiðilögsögu. Á fyrstu 5 mánuðum þessa árs veiddu bretar undir herskipavernd 6 þús. tonnum minna magn en á sama tíma árið 1975 þrátt fyrir frækilega frammistöðu landhelgisgæslunnar. En með Oslóarsamningnum er sjáanlegt að afli þeirra verður 30 600 tonnum minni en 1975 mánuðina júní til nóv. Og samt fyrirfinnast menn eins og Ragnar Arnalds, sem berja hausnum við steininn og hrópa að enga samninga eigi að gera, og einu úrræði þeirra hafa verið að binda íslenska fiskiskipaflotann í höfn, eins og Þjóðvilja-drengirnir hafa krafist í allt sumar að gert verði. Aldrei hefur náðst betri árangur nú að minnka veiðar útlendinga innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Á árinu 1972 var veiði þeirra á þorski og öðrum botnlægum fisktegundum 45%, en 1975 er hún komin niður í 31.3% og fyrstu 9 mánuði þessa árs var afli þeirra kominn niður í 23.2%.

Samdráttur í veiðum útlendinga og aukning á veiðum okkar íslendinga hefur aldrei verið meiri en síðan þessi ríkisstj. tók við völdum. Í sjávarútvegsmálum hafa ekki orðið jafnmiklar breytingar í marga áratugi og á þessu ári. Þar ber hæst löggjöfina um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þar er að finna margvísleg friðunarákvæði og fyllri ákvæði um stjórnun veiða og eftirlit með veiðum meira en áður var. Þá má nefna endurskoðun sjóðakerfisins, en þar eru fluttar til í sjávarútvegi um 4 þús. millj. kr. Í framhaldi af því voru sett lög um nýtt útflutningsgjald af sjávarafurðum og lög um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Sjóðakerfisbreytingin gerði það að verkum, að skiptaverðmæti alls afla hækkaði að meðaltali um 32%, um 61% frá því sem það var fyrir hana og um 133% frá ársbyrjun 1974. Þá vil ég minna á lögin um upptöku ólöglegs afla og um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Á þessu ári hafa verið gerðar margvíslegar ráðstafanir til þess að minnka sóknina í þorskinn og aðrar þær fisktegundir sem eru ofnýttar eða fullnýttar. Við höfum náð mjög góðum árangri hvað snertir loðnuveiðar, og margt bendir til þess að loðnuveiðar geti orðið arðbær at-

vinnuvegur fyrir allmikinn fjölda skipa næstum því árið um kring. Við höfum hafið skipulega leit að úthafsrækju með nokkrum árangri. Við höfum einnig gert tilraunir með veiðar, vinnslu og sölu á kolmunna. Allt bendir til þess að veiða megi mikið magn af þessum fiski og spærlingi, en hins vegar er ekki eins tryggt um sölu á þessum afurðum nema til bræðslu.

Það er óhjákvæmilegt að stöðva nú um sinn kaup á fiskiskipum til landsins, því að sá fiskiskipastóll, sem fyrir er, er fullstór fyrir þá veiði sem við megum og getum tekið innan okkar fiskveiðilandhelgi. Við verðum að stefna að því að dreifa fiskiskipastól okkar á fleiri tegundir veiða en verið hefur, en eins og allir vita, þá verðum við að draga úr sókn í þorskstofninn. Hann þolir ekki þann sóknarþunga sem verið hefur, aflinn hefur minnkað verulega á sóknareiningu.

Það er áætlað að útflutningsframleiðsla sjávarafurða verði á þessu ári 50.7 milljarðar kr., en var á s. l. ári 37 milljarðar kr. Verðmæti fiskaflans upp úr sjó á þessu ári er nú áætlað 26.4 milljarðar samanborið við 16.7 milljarða á s. l. ári.

Það er sjáanlegt að batahorfur hafa orðið miklar í sambandi við sjávarútveg frá liðnu ári. Hins vegar hefur stór hluti þessa bata farið í fiskverðshækkanir til þess að bæta kjör sjómanna og útgerðar sem hafa orðið að taka á sig stórfellda nýja byrði vegna almennra verðhækkana. Þjóðhagsstofnunin telur að afkoma frystingar verði nokkru betri en á sama tíma í fyrra, en þó nemur sá bati ekki meira en 1.5—2% af fob.-verðmæti framleiðslunnar. En þess ber einnig að gæta, að útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði vegna frystingarinnar hafa verið auknar verulega og verða nálægt 650 millj. kr. og nema þá alls um 2700 millj. kr. á heilu ári. Í reynd er hér um verðábyrgð ríkissjóðs að ræða þar eð innistaða freðfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs er svo að segja engin. Afkoma söltunar og herslu er áætluð allmiklu lakari en á sama tíma í fyrra, en það mun nema um 7—7.5% af fob.-verðmæti framleiðslunnar.

Ég get ekki látið útrætt um sjávarútvegsmál að ég nefni ekki brbl. um kaup og kjör sjómanna, en um þau lög hefur verið þvrlað miklu moldviðri án þess að málið hafi verið rætt með nokkrum rökum.

Það kemur úr hörðustu átt þegar hinn endurborni krati, Karvel Pálmason, sem talaði hér fyrir hönd Samtakanna, ræðst að mér með persónulegum gífuryrðum, maður sem hvað eftir annað kom að máli við mig fyrir þinglok í vor og hvatti til aðgerða ríkisvaldsins um lausn kjaradeilu sjómanna, þar sem forusta sjómannasamtakanna hafði gefist upp, og m. a. var hann einn þeirra sem þorðu ekki að stíga nema í aðra löppina. Þetta er drengskapur eða hitt þó heldur.

Forsenda fiskverðshækkunarinnar, sem kom í kjölfar sjóðakerfisbreytingarinnar, var að samkomulag yrði á milli aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör. Allir vita hvernig þetta hefur farið, þrátt fyrir skýlausar yfirlýsingar sem þá voru gefnar um að þetta ætti að ná fram að ganga. Ég hef ekki tíma til þess að ræða þessi brbl. nánar hér, en ég fæ tækifæri til þess síðar að koma fram mínum skoðunum, bæði í útvarpi á morgun og hér á hv. Alþ.

Ef við lítum á það sem hefur verið gert á tímabili núv. ríkisstj. í raforkumálum, þá held ég að allir séu sammála um það, að aldrei hafi verið meiri framkvæmdir í þeim málaflokki en á þessu tímabili. Sérstaklega ber að fagna miklum framkvæmdum í hitaveitumálum. Það mun láta nærri að um 25 þús. landsmenn hafi fengið hitaveitu — eða séu að fá hitaveitu innan nokkurra mánaða — frá því að núv. ríkisstj. tók við. Framkvæmdirnar í orkumálum eru allar vel á vegi staddar og hefur ríkt stórhugur og eindrægni að koma þeim málum fram.

Í tryggingamálum hafa orðið miklar og örar framfarir. Útgjöld elli- og örorkulífeyris almannatrygginganna hafa hækkað úr 2335 millj. kr. frá árinu 1973 í 4982 millj. kr. á s.l. ári, og á þessu ári er talið að heildarútgjöld til elli- og örorkulífeyris verði hvorki meira né minna en 7 milljarðar 580 millj. kr. Almennur ellilífeyrir og tekjutrygging var á árinu 1972 54.5% af mánaðarlaunum samkv. 4. taxta Dagsbrúnar, en lækkaði á valdatímabili fyrrv. heilbrrh. um 0.6% eða í 53.9%, en er nú í ágúst á þessu ári kominn upp í 61.4%, þannig að aldrei hefur meira tillit verið tekið til ellilífeyris- og tekjutryggingarþega — og þá alveg sérstaklega tekjutryggingarþeganna — en á valdatíma þessarar ríkisstj. Það kemur því úr hörðustu átt að heyra gagnrýni frá hendi fyrrv. heilbrrh. sem stóð sig ekki betur en það, að þetta hlutfall lækkaði á hans fyrsta valdaári um 0.6%. Ég ráðlegg Gils Guðmundssyni og Helga Seljan að kynna sér betur staðreyndir, en fara ekki með fleipur eins og fram kom í ræðu Helga í upplestri Gils hér áðan.

Skynsamleg stefna í þjóðmálum hefur komið í veg fyrir atvinnuleysi. Við höfum þessi ár aukið skuldir okkar við útlönd. Batahorfur eru góðar, en það er vandi að fara varlega með benzan bata. Við getum ekki skipt því sem við höfum þegar tekið út. Skuldasöfnin getur ekki gengið til langframa. Þótt efnahagsmál séu snar þáttur í lífi hverrar fjölskyldu og einstaklings, þá megum við ekki gleyma því í þessu lífsgæðakapphlaupi, að lífshamingjan verður ekki metin til fjár. Lífshamingjan verður ekki keypt fyrir peninga. Gleymið því ekki, að börnin eru framtíð þjóðarinnar og þeim ber að sinna betur en við er gert. Kynslóðabilið verður ekki brúað með því að öll börn séu á dagvistarheimilum ár eftir ár og síðan í skóla, en pabbi og mamma vinni bæði úti, afi og amma komi sér sem fyrst á elliheimili þegar starfsbrekið dvín. Samheldni heimilanna skapar lífshamingju þegar vakað er yfir uppeldi barnanna og þeim sýnt að heima sé best. Þá leita þau síður afbrevingar í misjöfnum félagsskap sem leiðir oft til afbrota og spillingar sem nú er slæmur fylgisiúkdómur í lífsgæðakapphlaupi okkar litla þjóðfélags. Horfum meira á betta vandamál og önnur heim lík og hættum að skara eld að glóðum óánægju og haturs á milli manna og stétta.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Mig langar til þess að hefja þessi orð mín með því að spyrja ykkur, sem heima sitjið og hlustið, nokkurra einfaldra spurninga og

biðja ykkur um að svara þeim, ekki mér, heldur sjálfum ykkur í huga ykkar.

Finnst ykkur það bera vott um góða stjórn á efnahagsmálum að verðbólga sé hér meira en tvöfalt meiri en í nokkru öðru nálægu landi? Finnst ykkur það vera heilbrigt að þjóðin hafi safnað svo miklum erlendum skuldum að fimmta hver króna af útflutningstekjum skuli þurfa að ganga til greiðslu afborgana og vaxta af erlendum skuldum? Finnst ykkur það heilbrigt að næstum helmingur allra fyrirtækja í landinu skuli alls engan tekjuskatt greiða til ríkisins? Eða finnst ykkur réttlátt að launþegar greiði um það bil fjórum sinnum hærri tekjuskatt til ríkisins en allir þeir sem stunda atvinnurekstur? Og teljið þið það vera með felldu að kaupgjald sé hér augljóslega orðið lægra en í helstu viðskiptalöndum okkar, þótt þjóðartekjur okkar séu svipaðar á mann? Eða finnst ykkur það réttlátt að kosningarréttur manna sé svo ójafn að atkvæði kjósenda í sumum kjördæmum hafi næstum tvöfalt gildi á við atkvæðisrétt kjósenda annars staðar á landinu? Finnst ykkur þið hafa eðlileg áhrif á það hvaða menn eða konur fari með umboð ykkar hér á Alþ.? Og hver er skoðun ykkar á því að menn, sem fyrir fjölmörgum árum, kannske áratug, voru ákærðir fyrir fjársvik, skuli í allan þennan tíma hafa haldið áfram viðskiptum eins og ekkert hafi í skorist af því að dómstólum hefur ekki unnist tími til þess að rannsaka mál þeirra? Er það í samræmi við réttlætiskennd ykkar að margra ára gömul milljónatugaskuld við ríkissjóð vegna söluskattssvika sé enn óinnheimt og ríkissjóður fái að lokum aðeins hluta af kröfu sinni greiddan vegna óðaverðbólgunnar? Særir það ekki siðferðisvitund ykkar að fyrirtæki, sem þannig hafa hagað sér og auk þess hafa verið orðuð við áfengissmygl, skuli áfram vera meðal helstu skemmtistaða ungs fólks hér í höfuðborginni og halda áfram að selja því og öðrum áfengi?

Ég er í litlum vafa um hvernig heilbrigt hugsandi íslendingur svarar þessum spurningum með sjálfum sér. Hann finnur hversu fjarri því fer að ástand mála hér á landi sé eins og það á að vera. Hann finnur hversu brýna nauðsyn ber til umbóta, og í raun og veru ekki aðeins til umbóta, heldur umbyltingar. Mig langar til þess að nefna ykkur dæmi af þrem sviðum, sumpart um það að nauðsyn sé róttækrar stefnubreytingar og sumpart um víti til varnaðar.

Ég bað ykkur áðan að hugleiða hvort ykkur fyndist ríkja réttlæti í skattamálum. Þeim málum er nú þannig skipað að tekjuskattur til ríkisins er fyrst og fremst skattur á launafólk. Það greiðir fjórum sinnum meira í tekjuskatt til ríkisins en öll atvinnufyrirtæki í landinu, bæði félög og einstaklingar. Fjölmargir atvinnurekendur, sem allir vita þó að lifa góðu lífi og meira en það, greiða lítinn eða jafnvel engan tekjuskatt. Þessu vilium við alþfl.-menn breyta. Og við viljum ekki eina kákbreytinguna enn á tekjuskattslögunum. Við viljum hreinlega afnema tekjuskatt til ríkisins af öllum launum nema þeim hæstu, en halda áfram að skattleggja eyðsluna með söluskatti eða virðisaukaskatti, jafnframt því sem atvinnufyrirtæki yrðu látin greiða mun meira en þau gera nú og tekjuskattur af söluhagnaði yrði aukinn.

Annað dæmi skal ég nefna. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að ríkissjóður, þ. e. a. s. skattgreiðendur í landinu, greiði 1800 millj. kr. í útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarvörur. Íslendingum er m. ö. o. ætlað að greiða útlendingum 1800 millj. kr. fyrir að kaupa og borða íslenskt kjöt, íslenska osta og aðrar landbúnaðarvörur. Þetta svarar til 360 þús. kr. á hvert bændabýli á landinu. Bændur eru eflaust ekki ofsælir af tekjum sínum að meðtöldum þessum bótum, enda ekki við þá sjálfa að sakast í þessum efnum. En það er augljós halli á þessum rekstri og hann mikill. Ástæðan er sú, að stefnan í málefnum landbúnaðarins hefur verið röng í áratugi. Það eru orðin mjög mörg ár síðan ég hóf að benda á það, að breyta yrði landbúnaðarstefnunni og miða hana markvisst við þarfir innanlandsmarkaðar. Ég hef auðvitað alltaf gert mér ljóst að slíkt verður ekki gert í einu vetfangi, það tekur tíma. En í stað þess að hefja stefnubreytingu í rétta átt hefur verið haldið áfram lengra í ranga átt. Það sést m. a. á því, að offramleiðslan og þar með útflutningsbæturnar hafa aldrei verið hærri en þær verða á næsta ári. Hafa menn hugleitt að þessar útflutningsbætur svara til 1.3 söluskattsstiga? Ef við getum losnað við útflutningsbæturnar væri hægt að lækka söluskattinn um 1.3 stig. Þær nema svipaðri upphæð og allir atvinnurekendur á Íslandi greiða í tekjuskatt til ríkisins. Er hægt að nefna öllu gleggra dæmi um ranga stefnu í efnahagsmálum þjóðar?

Og þá ætla ég að nefna víti til varnaðar. Það eru framkvæmdir Kröflunefndar. Ég á auðvitað ekki við neitt sem tengt yrði hugsanlegum náttúruhamförum. Tjón af slíku yrði að sjálfsögðu byrði þjóðarinnar allrar sem enginn mannlegur máttur gæti komið í veg fyrir. En framkvæmdir Kröflunefndar eru eitthvert viðsjárverðasta fjármálaævintýri síðari áratuga. Aldrei fyrr í sögu íslenskra virkjana hefur verið lagt í framkvæmdir sem í upphafi var gert ráð fyrir að kosta mundu 6—7 milljarða kr., án þess að nokkur rekstraráætlun væri gerð um það orkuver sem ákveðið væri að byggja. Þrautreyndur maður í íslensku viðskiptalífi, nákunnugur þessum málum, hefur sagt mér og leyft að hafa eftir sér að allar viðteknar viðskiptavenjur í sambandi við útboð á framkvæmdum hafi verið þverbrotnar í þessu sambandi.

Samkvæmt hugmyndum Laxárvirkjunar um lausn raforkumála Norðurlands hefðu þær dísilvélar, sem til eru á Norðurlandi, getað annað orkuþörfinni til loka þessa árs, þannig að tími hefði gefist til betri undirbúnings en átti sér stað, því að auðvitað er notkun dísilvéla engin framtíðarlausn á orkumálum norðlendinga. En allur olíukostnaður við hagnýtingu dísilvélanna nú á þessu ári nemur ekki nema ⅛ hluta vaxta, — ég endurtek: aðeins ⅛ hluta vaxtanna einna af því fé sem nú er búið að verja til Kröfluframkvæmdanna. En það mun nema 8 milljörðum kr. Slíkt má ekki eiga sér stað öðru sinni á Íslandi.

En hvers vegna gerist annað eins og þetta

sem ég hef nú nefnt dæmi um? Ekki hvarflar að mér að rekja ástæðuna til þess að það séu vondir menn eða hæfileikalitlir sem nú halda um stjórnvölinn á Íslandi. En nú virðist það vera svo að það eru fyrst og fremst flokkar, flokksvald, sem stjórnar landinu. Og einmitt nú stjórna þeir flokkar landinu sem margföld reynsla hefur sýnt að aldrei hafa getað starfað saman af heilindum til langframa. Heilindi í samstarfi eru ein meginforsenda þess að vel takist varðandi stjórnunarstörf. Þeim mun stærri sem vandamálin eru, þeim mun meiri nauðsyn er á heils hugar samstarfi, en á því virðist alvarlegur brestur í núv. ríkisstj. Þetta eru ekki aðeins mín orð. S.l. föstudag birti dagblaðið Vísir grein eftir einn af borgarfulltrúum Sjálfstfl. í Reykjavík sem jafnframt er einn helstur áhrifamaður meðal ungra manna í flokknum. Greinin heitir „Sannfæring sjálfstæðismanna fyrir samstarfi við Framsókn fer þverrandi." Í greininni segir m.a.:

„Það hefur verið haft á orði að stjórnarsamstarfið við Framsfl. gæti ekki einkennst af gagnkvæmu trausti og heilindum sem stjórnmálamenn sækjast gjarnan eftir þegar ólíkar fylkingar þurfa í sameiningu að axla þær byrðar sem á ábyrgri og styrkri landsmálaforustu óhjákvæmilega hvíla. Reynsla sjálfstæðismanna af samvinnu við Framsfl. rennir stoðum undir þennan grun."

Og sama daginn mátti lesa þetta í Tímanum: „Önnur stjórn án þátttöku Framsfl. hefði að líkindum ekki orðið farsælli."

Ekki er sá, sem þetta ritar, ánægður með ríkisstj. En til hvaða ráða þarf að grípa í íslensku þjóðlífi til þess að bæta úr því sem úrskeiðis fer? Það verður að endurskipuleggja íslenskt framleiðslu- og viðskiptalíf. Framleiðnin verður að vaxa. Sóunin og sukkið verður að hætta á öllum sviðum. Opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, verða að gera rekstur sinn hagkvæmari og sýna aukið aðhald í meðferð fjármála. Þetta allt er skilyrði þess að þjóðartekjur geti vaxið og raungildi launa hækkað. Um leið verður að auka réttlæti í tekjuskiptingu með endurbótum í tryggingamálum og húsnæðismálum og gerbreytingu á skattakerfinu. Þjóðin verður loksins að fá nýja stjórnarskrá með réttlátari kjördæmaskipun, auknum áhrifum sjálfs kjósandans á kostnað flokksvaldsins og bættum starfsháttum sjálfs Alþingis.

Síðast en ekki síst verðum við að hafa það hugfast, að það er ekki aðeins efnahagslíf þjóðarinnar sem er sjúkt. Hitt er ekki síður alvarlegt, að hér hefur á síðari árum risið alda fjársvika, smygls, eiturlyfjanautnar, alls kyns afbrota og jafnvel beinna glæpa sem áður voru næstum óþekkt fyrirbæri á Íslandi. Sú ömurlega staðreynd hefur komið í ljós, að réttarkerfi landsins hefur ekki reynst ráða við slík mál. Braskarar og lögbrjótar leika lausum hala og halda áfram hvers konar viðskiptum án þess að gripið sé í taumana. Hér má ekki lengur þola nein vettlingatök.

Núv. ríkisstj. hefur setið að völdum í meira en tvö ár. Reynslan hefur þegar sýnt að hún ræður ekki við þann vanda sem við er að etja í íslensku þjóðlífi. Til þess er hún of ósamstæð og veik þrátt fyrir þingstyrk sinn. Ein af skýringum þess, að hún ræður ekki við efnahagsvandann, er sú, að hún nýtur ekki trausts aðila vinnumarkaðarins. Öllum er kunn andstaða allra launþegasamtaka gegn ríkisstj. En fjöldamargir forustumenn vinnuveitenda virðast ekki heldur hafa trú á henni. Nægir í því sambandi að minna á fjölmörg ummæli forustumanna í iðnaði þar sem þeir telja ríkisstj. ekki hafa staðið við orð sín gagnvart iðnaðinum. Og varla geta þeir málsvarar sjávarútvegs verið ánægðir sem telja að ýmsar helstu greinar hans séu nú reknar með beinu tapi.

Sannleikurinn er sá, að engin ríkisstj. getur haft heilbrigða stjórn á efnahagsmálum þjóðarinnar nema hún hafi náið samstarf og gott samband við samtök bæði launþega og vinnuveitenda og njóti trausts þeirra. Það á ekki við um núverandi ríkisstj. Þess vegna þarf þjóðin sem fyrst að fá nýja ríkisstj. sem starfar með heilsteyptum og heiðarlegum hætti á nýjum grundvelli. Ef kjósendur fengju nú að segja skoðun sína er það trú mín að þetta yrði niðurstaða þeirra.

Lokaorð mín skulu vera þau að leggja áherslu á að þótt efnahagsmálin séu eflaust stærsti og umfangsmesti vandinn sem við er að glíma, þá eru raunveruleg vandamál þjóðar okkar fleiri og að ýmsu leyti djúpstæðari. Við leysum ekki heildarvanda þann, sem við erum stödd í, með einhverri nýrri lagasetningu um ráðstafanir í efnahagsmálum. Það þarf nýtt hugarfar hjá þjóðinni sjálfri og ráðamönnum hennar. Við verðum að ráða niðurlögum verðbólguhugsunarháttarins. Það eru náin tengsl milli verðbólgunnar og skorts á siðgæði í viðskiptalífinu. Við verðum að öðlast nýjan skilning á gildi hagkvæmni í hvers konar rekstri og nauðsyn á aukinni ráðdeild. Við verðum að styrkja mat okkar á nauðsyn vinnusemi og trúmennsku. Við verðum að efla löghlýðni. Auðvitað eigum við að standa vörð um andlegt frelsi og virðingu fyrir mannhelgi og mannréttindum. En það er ekki nóg að gera þetta með vörunum. Við verðum að sýna það í verki að við viljum búa í þjóðfélagi sem á skilið að verða nefnt lýðræðis- og réttarríki. Þá fyrst, þegar nýtt hugarfar hefur náð að móta þjóðina sjálfa og forustumenn hennar, getum við vænst þess að þjóðfélag okkar verði gott, réttlátt og heilbrigt heimkynni íslenskrar þjóðar.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Sameinað þing, 9. fundur.

Þriðjudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 25. okt. 1976.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Jóns Skaftasonar, 4. þm. Reykn., sem nú er erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl.

í Reykjaneskjördæmi, Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir bæjarfulltrúi, sæti á Alþ. í fjarveru hans.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Þá hefur borist eftirfarandi símskeyti frá Keflavík:

„Skrifstofa Alþingis, Reykjavík.

Vegna sérstakra ástæðna get ég ekki tekið sæti Jóns Skaftasonar alþm. í fjarveru hans.

Gunnar Sveinsson."

Undirskrift staðfestir Erla Sveinsdóttir símavörður.

Það þarf ekki að rannsaka kjörbréf frú Ragnheiðar, hún hefur áður setið á Alþ., og býð ég hana velkomna til starfa.

Beiðni um skýrslu heilbrigðisráðherra um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu (þskj. 45). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin leyfð með 35 shlj. atkv.

Heyverkunaraðferðir, fsp. (þskj. 27). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Sumarið 1975 var bændum óvenju óhagstætt til heyskapar um meginhluta landsins eða allt frá sunnanverðum Austfjörðum vestur og norður um land austur til Skagafjarðar. Með hliðsjón af því erfiða ástandi, sem var afleiðing óþurrkanna og kom fram í litlum og lélegum heyforða á þessu svæði, flutti ég hér á Alþ. till. til þál. um rannsóknir og áætlanagerð um heyverkunaraðferðir. Till. var samþ. 18. maí s. l. og er þál. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„*Alþingi ályktar að skora á ríkisstj.* að hún hlutist til um að Rannsóknastofnun landbúnaðarins efni til frekari rannsókna á heyverkunaraðferðum með það fyrir augum að finna með hverjum hætti hagkvæmast verði staðið að heyskap, enda verði fjármagn veitt til verkefnisins á fjárlögum."

Eftir að þessi till. var samþ. hafa fjölmargir einstaklingar, leikir og lærðir, haft samband við mig og hafa sumir spurst fyrir um framkvæmd till., en aðrir komið fram með hvers konar till. um lausn á vandamálum sem þessum. Öllum þessum aðilum hef ég stefnt til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til þess að fá upplýsingar þar um framkvæmdina. M. a. hefur mér borist till., sem samþ. var á Fjórðungsþingi Norðlendinga og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið á Siglufirði 30. ágúst til 1. sept. 1976, beinir því til Búnaðarfélags Íslands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að auknar verði rannsóknir og leiðbeiningar á mismunandi heyverkunaraðferðum."

Þá þykir mér rétt að vitna hér einnig til þess, að sama dag og till. mín var samþ. á Alþ., hinn 18. maí s. l., *kom hópur manna saman til fundar* í húsi Vatnsveitu Reykjavíkur og ræddi um varmadælutækni og hugsanleg áhrif hennar á þjóðarhag og væri þá líkegast að hagnýta þá tækni við t. d. húsahitun, almennan iðnað, súgþurrkun heys, fiskiðnað o. fl. Og 9. júní 1976 skrifar svo Jónas Eliasson prófessor við verkfræði- og raunvísindadeild Háskólans bréf til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með sendist yður erindi umræðuhóps um varmadælutækni varðandi súgþurrkun. Þessi viðræðuhópur hefur starfað um hríð. Innan hans eru ekki sérfræðingar í heyverkun, en hópurinn telur að með samstarfi við þá séu góðir möguleikar á að bæta súgþurrkunartæknina án verulegs kostnaðarauka. Sé áhugi á þessu samstarfi fyrir hendi er hópurinn til viðræðu um nánari framkvæmdaatriði málsins, tæknileg og kostnaðarleg.

Virðingarfyllst,
Jónas Eliasson
prófessor."

Nú hefur það gerst, sem mönnum er í fersku minni, en sjaldan hendir, að óþurrkar hafa herjað að nýju sömu byggðarlög sumarið 1976 og harðast urðu úti sumarið áður. Það er því *tvíaukin þörf fyrirbyggjandi aðgerða af hálfu* hins opinbera samfara því að leysa bráðan vanda þeirra sem ekki þola slík endurtekin áföll, en það er önnur saga.

Ég vil einnig nú láta það koma hér fram, að rannsóknir, sem farið hafa fram á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á fóðurgildi heys frá sumrinu í sumar, benda allar til þess að heyin séu að þessu sinni snöggt um verri heldur en þau voru í fyrra og það svo að um Suðurland muni ekki vera nema fjórðungur heyjanna sem má telja að sé sæmilegt að notagildi. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. landbrh. sem er svo hljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þál., sem samþ. var á síðasta Alþ., um rannsóknir og áætlanagerð um heyverkunaraðferðir?"

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. þeirri á þskj. 27, sem hv. 6. þm. Suðurl. var að tala hér fyrir, vil ég gefa eftirfarandi svar, en það er samið af Ólafi Guðmundssyni deildarstjóra hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem vinnur að þessum málum í samstarfi við Hvanneyrarskólann:

Reynt var að efla þessar rannsóknir sem mest með tilliti til þáltill. um auknar rannsóknir á heyverkun sem samþ. var á Alþ. s. l. vor. Lagðar voru fram till. um starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 1977, þar sem m. a. var beðið um leyfi til að ráða sérfræðing í heyverkun, en enginn slíkur er nú í fullu starfi við bútæknideildina. Þessi beiðni var strikuð út og er ekki í fjárhagstill. þeim sem nú liggja fyrir Alþ.

Fyrir liggur margra mánaða vinna við uppgjör úr þeim tilraunum sem gerðar hafa verið að undanförnu, en enginn starfskraftur til þess að vinna það verk.

Það er útilokað að auka rannsóknir í heyverkun, bæði vegna votheys- og þurrheysverkunar, nema til þess fáist starfskraftur, þ. e. a. s. sérfræðingur og rannsóknamaður.

Reynslan s. l. sumar sýnir að óþurrkakaflar valda þjóðarbúinu tapi sem nemur hundruðum millj. kr. á ári. Margir möguleikar virðast vera fyrir hendi til þess að bæta heyverkun og þurfa þeir rannsóknar við. Kaupa þarf tæki og koma upp heygeymsluaðstöðu og innréttingum, t. d. ýmsum tegundum af votheysgeymslum, tækni við losun heyja og flutning á fóðurgang, tæknibúnað við súgþurrkun, varmadælutæki o. fl. Auk þess þarf að prófa miklu betur tæki fyrir votheys- og þurrheysöflun.

Vegna þess, hve brýnt þetta vandamál er og hversu illa bændur eru búnir til að mæta vandamálunum, verður að taka á þessu af alvöru og kaupa nauðsynlegan tæknibúnað og ráða lágmarksstarfslið til heyverkunarrannsókna. Því var lagt til við Alþ. að veitt fé til þessara rannsókna á árinu 1977 yrði sem hér segir: Sérfræðingur í heyverkun 2 millj. Rannsóknarmaður honum til aðstoðar 1.5 millj. Fjármagn til kaupa á tækjabúnaði og mælitækjum sem komið yrði fyrir á Hvanneyri, Hesti og e. t. v. öðrum tilraunastöðum 8 millj. kr. Ýmis rekstrargjöld, ferðakostnaður o. fl. 1.5 millj. Alls 13 millj. kr.

Til viðbótar þessu vil ég svo geta þess sem gert hefur verið

Á sumrinu 1976 var unnið að heyverkunartilraunum í samvinnu við Bændaskólann á Hvanneyri svo sem hér segir:

Áhrif sláttutíma og verkunar á gildi þurrheys til fóðrunar: Samanburðarliðir: Snemmslegið vel þurrt og verkað hey, hrakið, komið í hlöðu. Síðslegið, vel þurrt, verkað. Ákvarðanir gerðar á verkunartapi og efnisinnihaldi, fóðrunartilraunir gerðar á sauðfé næsta vetur.

Breytingar á fóðurgildi heys frá slætti til gjafar: Mælingar á rúmlega 20 bæjum. Tilgangur þessara rannsókna er að mæla þær breytingar sem verða á fóðurgildi og fóðurmagni frá því að grös eru slegin þar til þau eru fullverkuð og búin til fóðrunar. Rannsóknir þessar voru framkvæmdar hjá bændum á 30 stöðum s. l. sumar, en úrvinnslu er ekki að vænta fyrr en efnarannsóknir hafa verið gerðar á heyjunum við gjafir nú í vetur.

Sláttutími með tilliti til veðurfars: Tilgangur rannsókna er sá að kanna, hvort affarasælt sé að slá niður gras á æskilegu þroskastigi í vætutíð og láta það bíða þurrks í sláttuskárum eða láta sláttinn bíða þurrvirðis og taka þá áhættu að grasið spretti úr sér.

Þýðing heymúga í þurrkatíð: Tilgangur að kanna tap á fóðurefnum í heyi sem annars vegar liggur flatt, en hins vegar sett í múga.

Hitun í heyböggum: Mæling á hitamyndun og þyngdarbreytingu í heyböggum sem voru gevmdir úti á velli, ýmist flatir eða í stökkum. Tilgangurinn er að mæla fóðurrýrnun heysins.

Hitamyndun í lausu og bundnu heyi í hlöðu: Tilgangur tilraunarinnar er að mæla rýrnun á fóðurgildi heys af völdum hitamyndunar í hlöðu.

Fóðurrýrnun við hrakning: Tilgangur tilraunarinnar er að kanna hvernig loftstraumar frá súgþurrkunarkerfi haga sér í baggastæðu.

Notagildi súgþurrkunar með köldu lofti í vætutíð.

Votheystilraunir: Gerður var samanburður á votheysverkun mismunandi grastegunda, annars vegar snemmsleginna og hins vegar síðsleginna. Gerðar mælingar á verkunartapi og fóðurgæðum. Nú standa yfir tilraunir um fóðrun sauðfjár á þessu heyi.

Íblöndunarefni í hey: Gerðar voru athuganir á áhrifum íblöndunarefnis í bundið hey, en efni þetta á að draga úr myglumyndun í því.

Súgþurrkunarblásarar: Nú í haust hafa staðið yfir mælingar á afköstum og notagildi súgþurrkunarblásara, en niðurstöður þeirra mælinga verða til leiðbeiningar fyrir þá sem gera áætlanir um stærð og gerð súgþurrkunarkerfa í hlöðum.

Vinnurannsóknir varðandi verktækni við heyverkun: Gerðar hafa verið rannsóknir á þessu ári og undanfarin ár. Nýlega hafa birst ritgerðir um efni við flutning heyfóðurs úr geymslu á fóðurgang og/eða í jötu, og kemur þar m. a. fram samanburður á vinnu við þurrhey og votthey. Í þessu sambandi hafa verið gerðar prófanir á mismunandi tæknibúnaði til þess að leysa þessi verk. Áður hafa farið fram vinnurannsóknir varðandi mismunandi tækni við öflun heyja, bæði þurrheys og votheys.

Hraðþurrkun heys við jarðhita: Gerðar voru frumathuganir varðandi hraðþurrkun heys við jarðhita og fékkst til þess aðstaða í þangverksmiðjunni á Reykhólum 13. og 14. sept. s. l.

Þá eru hér framtíðarverkefni á þessu sviði:

Á sviði heyverkunar bíða ýmis vandamál úrlausnar. Afkoma við heyskap með hliðsjón af veðurskýrslum og sprettu er verkefni sem þyrfti að sinna meira. Tilraunum með tæknibúnað við súgþurrkun á heyi þarf að efla, bæði að því er varðar súgþurrkunarkerfið sjálft og þurrkunargetu loftsins, t. d. við upphitun þess. Á sviði votheysverkunar eru ýmis vandamál óleyst, ekki síst í sambandi við vinnuaðstöðu, verktækni í gripahúsum. Tilraunir með hagnýtingu innlendra orkugjafa við hraðþurrkun heys eru verkefni sem aðkallandi er að sinna í auknum mæli.

Eitt meginverkefni bútæknideildarinnar er prófun búvéla. Á þessu ári hafa deildinni borist 18 landbúnaðartæki til prófunar og er æðimikið starf bæði við framkvæmd þeirra prófana og úrvinnslu og skýrslugerð. Þá vinnur bútæknideildin í vaxandi mæli að tilraunum varðandi vinnuaðstöðu og verktækni í útihúsum og starfsaðferð sérfræðinga hjá bútæknideild á því sviði.

Á s. l. sumri og undanfarin ár hefur sérfræðingur ásamt aðstoðarmanni starfað í 2—3 mánuði á ári að heyverkunartilraunum og er það alls ófullnægjandi. Allmikið hefur verið framkvæmt af tilraunum, en ekki hefur tekist að vinna jafnharðan úr niðurstöðum vegna mannfæðar, en við deildina starfa nú þrír fastráðnir menn. Liggur þannig fyrir margra mánaða vinna við uppgjör þessara tilrauna, þó að reynt hafi verið eftir megni að gera grein fyrir

helstu niðurstöðum á fundum með ráðunautum og bændum.

Allir, sem hafa kynni af landbúnaði, gera sér grein fyrir því að öflun heyja er undirstaða undir búrekstri eins og hann er rekinn víðast hvar hér á landi og því auðsætt að rannsóknir á fóðurverkun verða að haldast í hendur við nýja verktækni sem kemur fram á sjónarsviðið. Í því sambandi má hafa í huga að heyframleiðslan á ári mun vera 350—400 þús. tonn miðað við þurrhey, og með núverandi verðgildi má meta heyfenginn á öllu landinu um 8 milljarða kr. Má af þessu ráða að það varðar miklu fyrir þjóðarbúið hvort vel eða illa tekst til um öflun heyjanna.

Þessu til viðbótar vil ég segja það, að landbrn. hefur óskað eftir því við þá n., sem vinnur að heykögglaverksmiðjuathugunum og uppbyggingu þeirra, að hafa þetta mál einnig til meðferðar, auk þess sem rn. hefur óskað eftir áframhaldandi starfi hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, í bútæknideildinni. Landbrn. óskaði eftir fjárveitingum til þessa verks við gerð fjárl. fyrir árið 1977 og mun beita sér fyrir því við fjvn. Alþ. að fjárveiting verði tekin upp til þess að vinna að þessum verkefnum, því að þetta svar sannar að brýna nauðsyn ber til þess að leggja meiri vinnu og meiri rannsóknir í heyverkunarmálin heldur en gert hefur verið til þessa.

Ég vona að þetta svar nægi hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og upplýsingar sem komu fram í bréfi Ólafs Guðmundssonar fulltrúa. Það kemur mér ekkert á óvart sem þar kemur fram, að það þurfi fjármuni til þess að koma fram þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru. Það kemur mér heldur ekki á óvart eftir sumarið í sumar og eftir reynsluna af sumrinu í fyrra einnig að tap vegna óþurrkanna og þess, hvernig bændur hafa möguleika á að standa að heyskap, skuli nema hundruðum millj. kr. Það má því segja að það komi manni kannske meira á óvart, að það skuli vera sérstakir erfiðleikar á því að fá eitthvert fjármagn inn á fjárlög til þess að sinna þessu brýna verkefni sem mundi vissulega geta leitt af sér björgun á þeim verðmætum svo að nemur hundruðum milljóna króna.

Eins og fram kom í svari ráðh., þá beinist margra hugur að því að fara meira inn á votheysverkun heldur en gert hefur verið, og ég er ekkert í vafa um að það er verulegt atriði til bjargar að gera það. En það er einnig á því sviði margt ógert til þess að sýna fram á, á hvern hátt verði best staðið að votheysgerð. Mér þykir eftirtektarvert að leiðangrar, sem gerðir voru af Rannsóknastofnun landbúnaðarins norður í Strandasýslu, bæði seinni partinn á s. l. vetri og eins í sumar, sanna manni að það er ekki sama hvernig að votheysverkuninni er staðið, og það þarf einnig að huga að því, hvers konar gras er verið með í votheysverkuninni. Það litur út fyrir það, eftir því sem þessir rannsóknarmenn frá Rannsóknastofnuninni segja, að grasið á Ströndum sé blaðríkara heldur en það er um Suðurland og það sé ein af skýringunum á því, að votheysverkun er vinsælli þar í sveit heldur en um Suðurland. Það er annað líka sem er mjög nauðsynlegt að kanna og meta þegar um votheysgjöf er að ræða, að hversu miklu leyti er hægt að nota vothey til fóðrunar. Það virðist vera nokkurn veginn fullsannað, að það er mögulegt að fóðra sauðfé algerlega á votheyi, gefa því það eingöngu. Hins vegar hafa verið gerðar tilraunir með það, hversu mikið sé hægt að hagnýta það til að fóðra kýr, og það hefur verið gerð um það tilraun, en enn þá vantar mannafla til að gera upp þá tilraun. Útlit er fyrir að kýr þurfi að éta um 60 kg af votheyi á sólarhring, en það virðist vera erfiðleikum bundið að fá þær til að éta meira en 25—30 kg. Þess vegna hygg ég að þar sem um verulega mjólkurframleiðslu er að ræða, þá muni votheysverkunin ekki geta fullnægt þeim heyöflunarmöguleikum sem þeir menn þurfa að hafa sem búa með kýr.

Þetta og margt fleira þarf að rannsaka í þessu efni, og ég vænti þess fastlega, sem raunar kom fram í svari hæstv. landbrh., að hann hlutist til um það að fé fáist til rannsókna á heyverkun og notagildi hinna ýmsu aðferða. Ég vona að ekki þurfi fleiri óþurrkasumur til þess að við hér á Alþ. getum sameinast um að hrinda fram umbótum í þessum málum.

Framkvæmd skattalaga, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á undanförnum árum og þó sérstaklega tveim síðustu hafa miklar og almennar umr. átt sér stað um skattamál og þá skattalöggiöf sem gildandi er í landinu. Ég skal ekki fara út í umr. um það hér. En jafnframt þessum umr. hafa einnig átt sér stað miklar umr. um framkvæmd skattalaga milli hinna einstöku skattumdæma í landinu. Sérstaklega hefur borið á að eitt skattumdæmi landsins, þ. e. a. s. skattumdæmi Vestfjarða, hefur verið mikið í sviðsljósi í þessu sambandi og opinbert a. m. k. hefur það verið gert í umr. um skattheimtu og skattálagningu.

Í sept. s. l. var haldinn aðalfundur Búnaðarsambands strandamanna sem m. a. álvktaði um þessi mál, og þar er að vonum kveðið fast að orði eins og vestfirðinga er siður og ekkert undan dregið í ályktunum þeirra og orðum um það, hvað þeim virðist vera að gerast og hafa gerst í skattheimtu að því er bændastéttina varðar og Búnaðarsambandið á undanförnu ári á Vestfjörðum. Þó að ég hafi hér haft á orði þessa álvktun, þá hef ég sjálfur orðið fyrir því persónulega að aðferðum er beitt í skattheimtu á Vestfjörðum að því er varðar álagningu og frádrátt ýmsan sem ekki virðast gerast í öðrum skattumdæmum hér á landi, að því er ég best veit, annars staðar en á Vestfjörðum. Ég skal þó ekki gera það dæmi að umtalsefni nú, en vísa til beirrar álvktunar sem gerð var á aðalfundi Búnaðarsambands strandamanna 12. og 13. sept. s. l. og skýrir allvel, að ég held, hugarfar skattbegna á Vestfjörðum almennt til þeirra vinnubragða, vil ég segja, sem virðist beitt í skattheimtu þar.

Ég hef því leyft mér að leggja fram á þskj. 17 fsp. til hæstv. fjmrh., sem hljóðar svo:

„1. Eru í gildi samræmdar reglur milli skattumdæma um framkvæmd skattalaga?

2. Ef svo er, liggja þá fyrir upplýsingar um hvort framkvæmd slíkra reglna er með sama hætti í öllum skattumdæmum landsins, þannig að ljóst sé hvort allir skattþegnar sitji við sama borð varðandi framkvæmdina, t. d. að því er varðar frádrátt vegna viðhalds íbúðarhúsnæðis svo dæmi sé nefnt.

3. Ef slíkar reglur eru til, eru þær þá heimilar almenningi til upplýsinga?“

Ég held að það sé nauðsynlegt að við skattborgararnir fáum um það að vita með hvaða hætti skattarnir eru framkvæmdir. Við vitum um hina mjög svo ójöfnu aðstöðu sem gefin er í gildandi skattalögum, óréttlæti og ójöfnuð. En þegar þar við bætist að framkvæmd skattalaga milli hinna ýmsu skattumdæma virðist vera með þeim hætti að það er ekki sama hvar viðkomandi skattþegn er búsettur á landinu, þá fyrst kastar tólfunum. Það er því nauðsynlegt að fá um það upplýsingar, hvort í gildi eru reglur um samræmdar starfsaðferðir hinna ýmsu skattumdæma í landinu. Ég vænti þess að við fáum í svari hæstv. fjmrh. vitneskju um þetta. Ég vænti þess, að slíkar reglur séu til og svarið verði í þeim dúr, hins vegar hafi það einungis gerst, að það hafi skort samræmingu á framkvæmd laganna hjá hinum ýmsu skattstofum. En við bíðum og sjáum hvað setur, hvað felst í svari hæstv. ráðh. hér um.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þegar sú fsp., sem hér er til umr., hafði komið fram á hv. Alþ. ritaði ég ríkisskattstjóranum, sem er æðsti embættismaður skattamála í landinu, bréf og óskaði grg. hans varðandi þá fsp. sem lögð hafði verið fram. Ég taldi eðlilegt og rétt að hann sem ríkisskattstjóri gerði grein fyrir þessum atriðum, enda kunnugastur sem, eins og ég sagði áðan, æðsti embættismaður skattamálanna. Ég hef síðan fengið þá grg. og leyfi mér að lesa hana hér upp, með leyfi hæstv. forseta.

Svar ríkisskattstjóra við 1. spurningunni er já, og hann bætir við:

„Undirstaða þessa er vitanlega skattalöggjöfin og reglugerðir í sambandi við hana, svo og almennar reglur sem fram koma í leiðbeiningum við útfyllingu skattframtals og í starfsreglum og leiðbeiningum viðkomandi endurskoðun skattaframtala sem útgefnar eru ár hvert af ríkisskattstjóra. Enn fremur sendir ríkisskattstjóri skattstjórum ótalinn fjölda ýmissa upplýsinga og fyrirmæla um ýmis tiltekin atriði eftir því sem ástæður eru til. Hér getur verið um að ræða ýmis túlkunaratriði eða fyrirmæli vegna lagabreytinga, reglugerðarbreytinga, dóma, úrskurða ríkisskattanefndar og ýmissa tilfallandi úrlausnarefna sem sum hver eru tengd ákvæðunum fsp. skattstjóra eða annarra aðila. Enn fremur má geta þess, að ríkisskattstjóri heldur fundi með öllum skattstjórum einu sinni til tvisvar á ári.“

Sem svar við 2. fsp. segir ríkisskattstjóri:

„Samkv. 1. mgr. 42. gr. skattalaga skal ríkisskattstjóri hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og skattaákvörðunum. Hann skal setja þeim starfsreglur og verklagsreglur og kynna þeim dóma og úrskurði sem þýðingu hafa. Þessari skyldu sinni fullnægir ríkisskattstjóri með því sem að framan var getið í svari við 1. spurningu.

Öll framkvæmd við álagningu tekjuskatts og eignarskatts er í höndum skattstjóra, sbr. ákvæði 37. gr. skattalaga, og á þeirra ábyrgð. Ríkisskattstjóri hefur enga heimild til afskipta af því, hvernig hver skattstjóri um sig skipuleggur og vinnur verkefnið. Það getur því verið misjafnt milli skattstjóra hversu ítarlega farið er í einstök atriði og hve mörg og þá hvaða atriði eru afgreidd fyrir útkomu skattskrár og hver á síðara stigi úrvinnslu.

Til enn frekari áherslu á samræmingu starfa skattstjóra skulu kæruúrskurðir upp kveðnir af skattstjórum sjálfum eða af þeim starfsmönnum þeirra sem fengið hafa sérstakar heimildir rkisskattstjóra til þessa starfs. Ljóst má vera að hundruð og jafnvel þúsundir atvika og atriða rísa upp í meðferð skattframtala sem eigi er hægt að setja um fastar og fyrir fram ákveðnar reglur. Hér er fyrst og fremst um að ræða einstaklingsbundin mats- og úrskurðaratriði. Sem dæmi má nefna ákvörðun um hvenær heimila skuli sérsköttun barns, hvort og þá hvenær tekjur giftra kvenna falli undir meðferð 2. eða 3. mgr. 3. gr. skattalaga, hvort, hvenær og að hve miklu leyti fæðishlunnindi og ýmis önnur hlunnindi eru skattskyld, mat á ýmsum atriðum í sambandi við atvinnurekstur sem rekinn er af einstaklingum og skiptum sameignarfélögum og jafnvel óskiptum, hvaða tekna- og útgjaldaliðir snerta einstaklinginn sem einkaaðila annars vegar og atvinnurekstur hans hins vegar.

Í þessum tölulið fsp. er sérstaklega vikið að samræmingu varðandi frádrátt vegna viðhalds íbúðarhúsnæðis. Eins og kunnugt er var ákvæðum 25. gr. reglugerðar nr. 245/1963 breytt með reglugerð nr. 228/1971 og 355/1972 á þann veg, að viðhaldskostnaður íbúðarhúsnæðis var bundinn við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðis í stað raunverulegs viðhaldskostnaðar. Þessi heimild var fyrir hendi samkv. 2. mgr. e-liðar 15. gr. l. nr 68/1971 og hafði verið fyrir hendi a. m. k. síðan 1935, sbr. a-lið 10. gr. l. nr. 6/1935, þótt hún hafi ekki verið notuð af fjmrh. fyrr en við skattlagningu skattárið 1971. Þetta bindingarákvæði var svo afnumið með reglugerð nr. 257/1974, og breytingin kom til framkvæmda við skattlagningu skattárið 1975, þ. e. álagningarárið 1976, eða við skattlagningu á síðasta ári. Þá tóku gildi að nýju ákvæði 25. gr. reglugerðarinnar nr. 245/1963 að því er varðar frádráttarbært viðhald íbúðarhúsnæðis.

Þetta reglugerðarákvæði var ávallt erfitt í framkvæmd á árunum fyrir skattárið 1971 og varð svo að nýju við skattlagningu á s. l. ári. Hér er fyrst og fremst um að ræða ákvörðun á því hvað skuli teljast frádráttarbært sem viðhald og hvað af framlögðum kostnaði skuli teljast til endurbóta og því ekki frádráttarbært

frá tekjum. Framkvæmd þessa atriðis var ítarlega rædd á skattstjórafundi í júlí 1975. Auk þess var skattstjórum sendur fjöldi úrskurða ríkisskattanefndar varðandi þetta atriði og þá fyrst og fremst þeirrar ríkisskattanefndar sem að störfum var fram til septemberloka 1972, þar eð ríkisskattanefnd sú, sem við tók 1. okt. 1972, hafði lítið fjallað um kærur vegna þessa, sbr. hvenær reglugerðarbreytingarnar voru útgefnar.

Sé litið til ákvæða 25. gr. reglugerðar nr. 245/1963 er auðsætt, að þetta atriði hefur ávallt verið og verður umdeilanlegt milli framteljenda og skattyfirvalda, þar sem hér er oft og iðulega um að ræða matsatriði á því, hvort um viðhald eða endurbætur sé að ræða.

Sem svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda ritar ríkisskattstjóri eftirfarandi:

„Skattalög og reglugerðir eru birt í Stjórnartíðindum. Auk þess hefur ávallt verið fyrir hendi sérprentun þeirra fyrir þá aðila sem þess hafa óskað. Leiðbeiningar ríkisskattstjóra um útfyllingu skattframtala ásamt skattmati hafa flest árin síðan 1963 verið birtar í öllum dagblöðum landsins, ýmist að fullu eða í styttra máli að ákvörðun dagblaðanna sjálfra. Sérprentun leiðbeininganna ásamt skattmati hefur verið gerð í 1500 eintökum s. l. ár og verið send öllum skattstjórum til afnota fyrir starfsmenn þeirra og umboðsmenn, löggiltum endurskoðendum og fleiri aðilum sem aðstoða við gerð skattaframtala eða álitið er að nauðsynlegt sé að hafa þær undir höndum vegna starfa síns. Í reynd hefur hver sá aðili, sem þess hefur óskað, fengið eintak af leiðbeiningunum. Sérprentun starfsreglna og leiðbeininga viðkomandi endurskoðun skattframtala hefur verið gerð í 500 eintökum s.l. ár og hefur verið dreift til flestra sömu aðila, þ.e. til skattstjóra til afnota fyrir starfsmenn þeirra, einnig til löggiltra endurskoðenda og fleiri aðila sem aðstoða við gerð skattaframtala eða álitið er að nauðsynlegt sé að hafa þær undir höndum vegna starfa síns. Enn fremur hafa þeir aðilar, sem um það hafa beðið vegna starfa síns, fengið eintök af þessum starfsreglum. Það fer eftir eðli málsins hvaða aðrar upplýsingar og fyrirmæli, sem til skattstjóra fara, hafa farið víðar, t. d. til þeirra aðila, sem við framtalsaðstoð starfa, eða t. d. til allra sveitarstjórna, sé um að ræða upplýsingar og fyrirmæli varðandi aðstöðugjöld, útsvör og nú síðast svonefnt sjúkratryggingagjald.“

Ég vonast til þess, að með þessari grg. hafi hv. þm. fengið svör við sínum fsp.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin, þó að ég verði nú að hryggja hann með því að ég er ósköp lítið nær um það hvað í raun og veru er til og til ekki og hvernig vinnubrögðum er háttað milli hinna ýmsu skattstofa í landinu.

Fyrsta orðið í svari hæstv. ráðh. er já við þeirri spurningu, hvort í gildi séu samræmdar reglur milli skattumdæma um framkvæmd skattalaga. Ég a. m. k., þrátt fyrir þessa umsögn ríkisskattstjóra, dreg það mjög í efa, vægast sagt, að slíkar reglur séu í gildi, a. m. k. um það til tekna dæmi sem ég geri hér að umræðuefni í fsp., þ. e. a. s. varðandi viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis. Ég dreg það mjög í efa og vil raunar fremur halda að engar slíkar reglur séu til samræmdar af hálfu ríkisskattstjóra hjá hinum ýmsu skattumdæmum í landinu. Ég held að miklu frekar sé hægt að segja, að sumar skattstofanna í landinu hafi sjálfar sett sér þessar reglur, einhverjar a. m. k., þannig að ekki sé um að ræða neinar samræmdar reglur frá ríkisskattstjóra um framkvæmd þessa frádráttarliðar, sem er þó mjög mikilvægur hjá mörgum einstaklingum í landinu. Og svo hygg ég að muni vera með fleiri frádráttarliði sem engar samræmdar reglur eru gildandi um.

Varðandi 2. liðinn, þar sem spurt er um, ef þessar reglur eru til, hvort fyrir liggi þá upplýsingar um framkvæmd slíkra reglna, er ekkert svar við því beint í svari ríkisskattstjóra til hæstv. fjmrh. Það virðast engar upplýsingar liggja fyrir um það eða vitað um það af hálfu ríkisskattayfirvalda, hvort eða með hvaða hætti framkvæmd þessara mála er hjá hinum einstöku skattstjórum eða skattstofum. Þeim virðist hins vegar látið það í hendur að framkvæma að eigin geðþótta þessar frádráttarreglur, eins og þeim sjálfum sýnist að það eigi að vera. Þetta er að mínu viti mjög forkastanlegt, að slíkt skuli gerast í sambandi við framkvæmd skattalaga, að skattþegnar skuli ekki vera jafnvel settir eða illa settir, eftir því hvernig á það er litið, burt séð frá því í hvaða skattumdæmi þeir búa. En það held ég að sé ótvírætt hægt að sýna fram á, að það er breytilegt varðandi framkvæmd skattalaga á undanförnum a. m. k. tveim árum, þannig að hér er ekki um að ræða, að því er verður séð á svari ríkisskattstjóra og fjmrh., að neitt sé fylgst með því hvernig framkvæmd þessara mála er háttað í hinum ýmsu umdæmum. Ég tel að það sé ljóst af þessu svari.

Í þriðja lagi varðandi það, hvort slíkar reglur væru þá heimilar almenningi til eftirbreytni og upplýsinga, þá er að því vikið í svari ríkisskattstjóra að slíkt hafi verið sent í nokkur hundruð eintökum, leiðbeiningar ríkisskattstjóra til framteljenda. Þar er, ef ég man rétt, ekki mikið um það að finna hvað hinn ákveðni verkþáttur í framkvæmd á viðhaldi íbúðarhúsnæðis fæst að miklum hluta frádreginn, þannig að hér er ekki um að ræða þær reglur sem ég er um að tala, að framteljandi viti það alveg ákveðið hversu mikinn hluta af upphæð þeirra framkvæmda, sem hann er að láta endurbæta sína eign, hann fær til frádráttar í skatti. Og það er þetta, sem ég held að þurfi að koma í lag, að það sé fyrir tilstuðlan ríkisskattstjóra samræmd framkvæmd á þessum málum, þannig að menn búi almennt við sama, burt séð frá því hvar þeir eru búsettir. Og ég vil að lokum beina þeirri eindregnu ósk til hæstv. fjmrh., að hann geri gangskör að því sem ædsti yfirmaður þessara mála í landinu að slíkar reglur verði settar og að þeim verði framfylgt á sama hátt, burt séð frá því hvar menn búa hér á landi.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. fyrirspyrjandi kom að hér áðan.

Ég held að það hafi komið glögglega fram í svari ríkisskattstjóra að hann sem yfirmaður þessara mála gerir skattstjórum grein fyrir því hverjar séu þær samræmdu reglur sem settar hafa verið. Hins vegar er öllum ljóst, að í þessum atriðum eins og víða annars staðar er mjög oft um matsatriði að ræða og það fer þá að sjálfsögðu eftir því hvernig viðkomandi skattstjóri í hverju skattumdæmi fyrir sig lítur á málið. En séu skattborgararnir óánægðir með niðurstöðuna hjá viðkomandi skattstjóra, þá hafa þeir tækifæri til þess að áfrýja því til ríkisskattstjóra sem þannig hefur til meðferðar sams konar tilvik úr öllum skattumdæmum og fær þá að sjálfsögðu í sínum úrskurðum niðurstöður sem eru samræmdar á milli allra skattumdæmanna. Ef viðkomandi aðili fellir sig ekki við niðurstöðu ríkisskattstjóra, þá hefur hann enn möguleika á því að koma fram aths. með því að vikja máli sínu til ríkisskattanefndar sem endanlega fellir þá úrskurð í sambandi við þann ágreining sem upp hefur komið.

Það má svo vel vera að hér sé hægt að bæta um, og ekki skal standa á mér að reyna að gera það. Síðustu orð fyrirspyrjanda voru þau, að ég athugaði hvort ekki væri hægt að bæta hér um. Það er sjálfsagt að gera það. En ég held að það verði aldrei settar þær reglur í þessum málum að ekki komi upp þau atvik þar sem skattborgarinn og skattyfirvöldin geti deilt. Ég held að það verði aldrei gert. En það er sjálfsagt að reyna að lagfæra það sem aflaga hefur farið.

Ég undirstrika það sem kemur fram í svari ríkisskattstjóra til fjmrn., að eins og hægt er, þá er komið á framfæri samræmdum reglum í þessum efnum. En það eru skattstjórarnir sem taka endanlegar ákvarðanir í málunum og fer þá að sjálfsögðu eftir mati þeirra sem slíkra. Séu menn óánægðir með það, þá hafa þeir fullan rétt samkvæmt lögum að leita álits ríkisskattstjóra. Felli þeir sig ekki við úrskurð hans, þá er að leita til ríkisskattanefndar.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að það getur hver sem er leitað réttar síns eða á að geta leitað réttar síns a. m. k., skulum við hafa það. En ef það ætti að ganga eins og gerst hefur á Vestfjörðum, þá hefðu dómsvöld, vil ég segja, ærinn starfa fyrir höndum, ofan á allt það sem fyrir liggur í þeirra höndum, í sambandi við þessi mál. En ég skal ekki tala frekar um það.

Ég ítreka það, að ég dreg mjög í efa að nokkrar samræmdar reglur séu til í þessu máli. Ég tel mig raunar vita það, að eitt skattumdæmi á landinu hefur sjálft sett sér þessar reglur og fer eftir þeim, hefur engar reglur til að fara eftir frá ríkisskattstjóra.

Ég ætla að lokum aðeins að taka það fram, að ég vil eindregið hvetja alla hv. þm. til þess að lesa ályktun Búnaðarsambands strandamanna sem fjallar um þessi mál. Og það skal vera mitt síðasta verk hér í ræðustól að afhenda hæstv. fjmrh. þessa ályktun til aflestrar, þannig að hann komist að raun um að hér er ekki allt með felldu þegar svona ályktun er send frá aðilum eins og þarna eiga hlut að máli.

Álver við Eyjafjörð, fsp. (þskj. 27). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef beint til hæstv. iðnrh. fsp. í 5 liðum varðandi hugsanlegt álver við Eyjafjörð og ýmis atriði sem snerta orkufrekan iðnað almennt, en fsp. hljóða þannig:

„1. Eru uppi ráðagerðir hjá ríkisstj. um að auka stóriðjurekstur erlendra aðila á Íslandi?

2. Hefur verið gerð áætlun um að reisa álver við Eyjafjörð?

3. Eru hafnar náttúrufræðilegar rannsóknir í sambandi við slíka áætlun? Ef svo er, hver kostar áætlanirnar?

4. Hverjir eiga sæti í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað?

5. Í hvers umboði starfar nefndin, hvert er verksvið hennar, umboðstími og fjárráð?“

1. spurningin er óneitanlega um allviðamikið mál, þar sem er hugsanleg ráðagerð um aukinn stóriðjurekstur útlendinga hér á landi. Sem stuðningsmaður ríkisstj. tel ég mikilvægt að fá svar við þessari fsp. Mér er ókunnugt um að við upphaf núverandi stjórnarsamstarfs hafi verið rætt um þess háttar aukningu erlends atvinnurekstrar, og ég veit ekki til að slíkt mál hafi verið borið undir Framsfl. síðar.

2. fsp. er um það, hvort gerð hafi verið áætlun um álver við Eyjafjörð. Ástæðan til þess, að svona er spurt, er sú að þriðjudaginn 21. sept. s. l. urðu umr. í bæjarstjórn Akureyrar þar sem fram kom að forseti bæjarstjórnarinnar hefði átt viðræður við fulltrúa fyrirtækisins Norsk Hydro um byggingu 100 þús. tonna álvers við Eyjafjörð, raunar ekki á bæjarlandi Akureyrar, heldur utan bæjarmarkanna.

Í fréttum frá bæjarstjórnarfundinum er skýrt frá því, að ýmsar náttúrufræðilegar rannsóknir séu hafnar eða í þann veginn að hefjast í þessu sambandi. Hefur þess verið getið, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Veðurstofa Íslands muni annast rannsóknirnar. Því spyr ég í þriðja lagi, hvort rannsóknir séu hafnar og hver beri kostnað af þeim.

4. og 5. spurningin varða viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Er að því spurt, hverjir eigi sæti í henni, í hvers umboði hún starfi og hvert sé verksvið hennar, starfstími og fjárráð.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti leyst úr þessum spurningum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 1. spurning hv. 1. þm. Norðurl. e. er á þessa lund: „Eru uppi ráðagerðir hjá ríkisstj. um að auka stóriðjurekstur erlendra aðila á Íslandi?“

Ríkisstj. hefur áhuga á því að auka og efla iðnað á Íslandi og nýta í því skyni orkulindir landsins.

Varðandi stóriðju er rétt að telja, að fyrsta stóriðjufyrirtæki á Íslandi sé Áburðarverksmiðjan í Gufunesi sem byggðist á virkjun Írafoss í Sogi. Næsta stóriðjufyrirtæki var Sementsverksmiðjan á Akranesi. Hið þriðja og stærsta er álverið í Straumsvík, sem reist var í sambandi við hið mikla orkuver í Þjórsá við Búrfell.

Næsta verkefni í stóriðju er járnblendiverksmiðja í Hvalfirði. Samningar um hana eru nú komnir á lokastig og munu íslendingar eiga

meiri hluta þess fyrirtækis eða 55%. Þá má nefna ylræktarver sem enn er á undirbúningsstigi, en í slíku fyrirtæki mundu íslendingar eiga mikinn meiri hluta.

2. spurning hv. þm. er þessi: „Hefur verið gerð áætlun um það að reisa álver við Eyjafjörð?"

Þrem árum eftir að samið var við svissneska álfélagið um byggingu álvers við Straumsvík mun bandarískt fyrirtæki hafa látið í ljós áhuga á því að reisa álverksmiðju á Íslandi.

30. maí 1969 var haldinn á Akureyri sameiginlegur fundur sveitarfélaga við Eyjafjörð og var þar samþykkt „að skora á stjórnvöld að kanna til hlítar möguleika á því að staðsetja álverksmiðju þá, sem ríkisstj. semur nú um við Bandaríkjastjórn, við Eyjafjörð." Þeir, sem áttu aðild að þessum fundi, voru bæjarstjórn Akureyrar, bæjarstjórn Ólafsfjarðar og hreppsnefndir flestra hreppa Eyjafjarðarsýslu. Þessi ályktun var tilkynnt með bréfi sýslumanns Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeta Akureyrar til Jóhanns Hafsteins iðnrh. með bréfi 2. júní 1969.

Í samningi um álverið í Straumsvík segir í 37. gr., að fari svo, að ríkisstj. hyggi á það í framtíðinni að byggja álbræðslu á Norðurlandi, sé svissneska álfélagið reiðubúið að taka til vinsamlegrar athugunar þátttöku í slíku fyrirtæki í félagi við íslenska aðila, svo fremi að það sé fjárhagslega hagkvæmt.

Sumarið 1970 ákvað ríkisstj. að nota þessa heimild og var skipuð n. af hálfu iðnrn. Voru tilnefndir Árni Snævarr ráðuneytisstjóri, Lárus Jónsson framkvstj. Norðurlandsáætlunar, en af hálfu Íslenska álfélagsins Ragnar Halldórsson forstjóri og svissneskur verkfræðingur úr starfsliði Alusuisse. Könnuðu nm. ýmsa staði norðanlands. Meginniðurstöður n. voru þær, að markaðshorfur á sölu áls voru ekki það góðar að tiltækt þætti að byggja að svo stöddu annað álver hérlendis.

Meðal fyrstu verkefna viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, sem fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson, skipaði haustið 1971, voru viðræður við bandaríska fyrirtækið Union Carbide og norska fyrirtækið Norsk Hydro. Norsk Hydro lét í ljós áhuga á þátttöku í orkufrekum iðnaði á Íslandi, og veturinn 1973—1974 kannaði Norsk Hydro með samþykki n. og iðnrn. aðstæður til byggingar álvers norðanlands og austan. Fyrirtækinu var þá sérstaklega bent á Eyjafjörð, Norðausturland og Austfirði.

Í framhaldi af þessum athugunum sendi Norsk Hydro viðræðunefndinni snemma árs 1975 nokkurn samanburð á staðsetningu álvers við Eyjafjörð, Húsavík og Reyðarfjörð og fól sú grg. í sér það álit að aðstæður væru hagstæðastar við Eyjafjörð.

Haustið 1975 fól viðræðunefndin með samþykki iðnrn. tveim fulltrúum að gera ásamt fulltrúum frá Norsk Hydro ýmsar athuganir og afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru áður en afstaða verði tekin til þess, hvort hefja skuli samningaviðræður við Norsk Hydro um byggingu álbræðslu á Norðurlandi.

Rétt er að taka fram að þessir fulltrúar viðræðunefndar hafa ekkert umboð til samninga og í vinnu þeirra felast engar skuldbindingar fyrir íslendinga.

3. spurning: „Eru hafnar náttúrufræðilegar rannsóknir í sambandi við slíka áætlun? Ef svo er, hver kostar áætlanirnar?"

Engar náttúrufræðilegar rannsóknir eru hafnar. Hins vegar vinna þeir fulltrúar, sem áður er getið, að gerð till. um hvernig rétt væri að haga umhverfisrannsóknum, bæði félagslegum og náttúrufræðilegum, sem framkvæma þyrfti áður en hægt væri að taka afstöðu til staðarvals fyrir hugsanlega stóriðju.

4. spurning: „Hverjir eiga sæti í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað?"

Með bréfi, dags. 28. sept. 1971, skipaði Magnús Kjartansson iðnrh. eftirtalda menn í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað: dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, formann, Inga R. Helgason hrl., Ragnar Ólafsson hrl. og Steingrím Hermannsson alþm. Allir þessir menn hafa átt sæti í n. síðan og eiga enn. 14. okt. 1974 skipaði núv. iðnrh. Ingólf Jónsson alþm. og 16. des. 1974 Sigurþór Jóhannesson ráðgjafaverkfræðing í n. Starfsmaður n. frá upphafi hefur verið Garðar Ingvarsson hagfræðingur.

5. spurning: „Í hvers umboði starfar n., hvert er verksvið hennar, umboðstími og fjárráð?"

Samkv. bréfi iðnrh. frá 28. sept. 1971 skal n. vera til ráðuneytis um viðræður við erlenda aðila sem áhuga hafa á þátttöku í orkufrekum iðnaði ásamt íslendingum. N. annast viðræður við slíka aðila í samráði við iðnrn. Umboðstími er ekki tilgreindur í skipunarbréfinu. N. hefur frá upphafi notið sérstakrar fjárveitingar í fjárl. Á árinu 1976 voru veittar 8 millj. 550 þús kr. í þessu skyni, en í fjárlagatill. fyrir árið 1977 10 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Ég held að þau hafi skýrt margt af því sem áður var óljóst. Það gefst auðvitað enginn tími til þess núna að fara að hefja hér almennar umr. um stóriðjumál og um samvinnu íslendinga við erlenda aðila um rekstur stóriðjuvera, enda kannske ekki svo að hæstv. ráðh. hafi gefið sérstaklega tilefni til þess. En þó verð ég að segja það, að ég hlýt að láta í ljós andstöðu mína gegn hugmyndum um frekari samvinnu á þessu sviði. Ég held að það sé nauðsynlegt að ef slíkar hugmyndir eru uppi, þá þurfi að ræða það miklu nánar innan stjórnarflokkanna og innan þingsins heldur en verið hefur. Ég tel fyrir mitt leyti að reynsla okkar af stóriðjuverum og aukin þekking okkar á starfsemi flestra slíkra fyrirtækja erlendis nú gefi til kynna að það sé óæskilegt fyrir íslendinga að sækjast eftir stóriðju í landinu.

Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að efla iðnað á Íslandi. En það er jafnnauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvaða iðnaður er okkur hentugur og hvaða iðnaður er okkur eftirsóknarverður. Ég tel að stóriðja sé ekki í flokki þess iðnaðar sem er okkur eftirsóknarverður, og mér finnst að frekari atvinnurekstur útlendinga eigi ekki að koma til greina.

Hvað snertir álver við Eyjafjörð sérstaklega, sem mjög hefur nú verið rætt um, þá er vitanlega jafn-óeftirsóknarvert að fá þangað slíkt

iðnver eins og það væri að setja það niður einhvers staðar. Og ég þori að fullyrða það, og ég vil að það komi hér fram, að það er mjög lítill áhugi hjá fólki við Eyjafjörð að fá slíka sendingu, en hins vegar hygg ég að það sé talsvert mikil bein andstaða gegn því.

Mig langar að ræða svolítið um þær upplýsingar sem hæstv. ráðh. gaf um viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Þó að ekki sé tími til þess að hafa um það löng ræðuhöld, langar mig þó til að koma við almennum aths. Ég vil leyfa mér að koma því á framfæri, að n. af þessu tagi má aldrei verða of umsvifamikil eða allt of innilokuð í störfum sínum. Ég óttast þó að hvort tveggja hafi gerst. Hæstv. ráðh. taldi að þessi n. hefði verið skipuð árið 1971, og það er rétt að n. mun hafa hlotið það nafn þá. En ég hygg að sögulega hefði mátt rekja þessa n. allmiklu lengra aftur í tímann, sennilega 20 ár, ef ekki meira. Og af því að hæstv. ráðh. var hér með gagnlega sögulega upprifjun, þá hefði auðvitað verið full ástæða til þess að setja þessa n., sem nú starfar, í víðara sögulegt samhengi.

Ég sem sagt vil koma því alveg sérstaklega að hér, að ég tel að þessi n. eigi ekki að vera of umsvifamikil og hún eigi ekki að starfa of lengi og ekki of frjálst, og hún má síst af öllu vera svo innilokuð í störfum sínum sem mér virðist að hún hafi verið. A. m. k. er það alveg augljóst, að við, sem á þingi sitjum, höfum ekki haft mikið af störfum þessarar n. að segja. Við höfum ekki haft neinar reglubundnar fréttir af henni. Þess vegna held ég að það væri til mikilla bóta að koma á meiri trúnaði á milli þessarar n. og þingflokkanna eða einstakra þm., ef þessarar n. er talin þörf. Og ég held að það væri í rauninni lágmarkið að það bærist til þingsins og helst til einstakra þm. árleg skýrsla um störf þessarar n., úr því að hún hefur slíkt umboð að hún hefur eiginlega engan sérstakan umboðstíma, heldur er nánast skipuð ævilangt, að því er virðist. Ég held jafnvel að það væri æskilegt að svona skýrsla yrði rædd í Sþ. eins og ýmsar aðrar skýrslur sem berast þinginu. Ég held að það væri mjög æskilegt.

Ég vil þess vegna beina því alveg sérstaklega til hæstv. iðnrh., að hann taki þessa aths. til greina um það, að svo lengi sem þessi n. starfar, þá gefi hún reglubundnar skýrslur til þingflokka eða til einstakra þm., og ég gæti, eins og ég hef sagt, vel hugsað mér að slík skýrsla yrði rædd í þinginu. Ég held að það væri mjög gagnlegt ef við gætum opnað umr. um þessi mál.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska eyfirðingum til hamingju og láta í ljós aðdáun mína á því, hvernig þeir hafa brugðist við áformum um stóriðju við Eyjafjörð. Það færi betur ef slík viðbrögð hefðu orðið jafnhörð og ákveðin annars staðar.

Hæstv. iðnrh. sagði áðan að samningar um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði væru að komast á lokastig. Þetta mál á sér tvö lokastig. Það er ekki mjög langt síðan samningar um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði komust á lokastig og Alþ. samþykkti frv. um hana. Allir vita hvernig það fór. Og nú er verið að semja við annan aðila að ganga í félag við okkur Íslendinga um að reisa þessa verksmiðju.

Í gildandi lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 2. gr.:

„Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags samkv. 1. gr. (þ. e. a. s. hlutafélags um það að reisa og reka járnblendiverksmiðju í Hvalfirði) skal ríkisstj. heimilt að kveðja hlutafélagið Union Carbide Corporation í New York, N. Y. í Bandaríkjunum, og dótturfélög þess fyrirtækis, svo og eftir atvikum aðra aðila sem áhuga hafa á málinu.“

Í lögum segir sem sé að þessi verksmiðja skuli reist fyrst og fremst í félagi við auðhringinn Union Carbide. Það eru lög fyrir því. En það eru engin lög fyrir því að reisa þessa verksmiðju í Hvalfirði fyrst og fremst í félagi við norska auðhringinn Elkem Spigerverket. Annar þessara auðhringa er bandarískur, hinn norskur. Að sjálfsögðu eru þeir þó í eðli sínu báðir alþjóðlegir.

Aðstæður allar eru gjörbreyttar. Samningar hafa enn ekki verið lagðir fyrir. Alþm. vita ekkert um þá. Þess vegna vil ég spyrja: Hvenær má vænta þess að þessir samningar verði lagðir fyrir Alþ. og nýtt frv. að lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka fyrst og fremst fyrirspyrjanda fyrir að vekja þetta mál hér á hv. Alþ. og síðan hæstv. iðnrh. fyrir svör hans, sem ég hefði þó gjarnan viljað að hefðu verið nokkru ítarlegri.

Enda þótt rekja megi hina upprunalegu hugmynd um álverksmiðju við Eyjafjörð fram fyrir árið 1969, lengra aftur í tímann, þá fer því náttúrlega víðs fjarri að þetta mál hafi hlotið lýðræðislega umfjöllun. Það er ljóst mál, að enda þótt vitna megi til einhvers konar samþykkta hreppsnefnda og bæjarstjórna norður í landi, norður við Eyjafjörð, á því ári, þá hefur ekki verið um þetta mál fjallað við fólkið sem byggir þetta svæði, og því fer víðs fjarri að því hafi verið gerð grein fyrir eðli þessa máls. Ég hef rökstuddan grun um að þetta mál sé raunverulega komið mun lengra áleiðis heldur en ráðamenn vilja nú uppi hafa, og fyrir liggja yfirlýsingar varðandi það, að ýmsir þættir þess hafa þegar verið rannsakaðir og eru komnir á umræðustig.

Ætla mætti nú að fenginni reynslu, að yfirvöld teldu æskilegt að kannaður yrði vilji íbúa hinna ýmsu svæða þar sem rætt hefur verið um að koma upp orkufrekum iðnaði, ekki síst álverksmiðjum, eins og áhrif þeirra eru á umhverfið. Ég hef það eftir áreiðanlegum heimildum að í frumskýrslu þeirri, sem Norsk Hydro hefur þegar lagt fram um hugsanlegt staðarval, þá sé kveðið að orði á þá lund að verksmiðja af þessu tagi yrði til stórspjalla í litlum samfélögum eins og við Reyðarfjörð t. d. og á Húsavík, en skaðleg áhrif hennar, félagsleg, yrðu minni við Eyjafjörð. Einnig er mér kunnugt um að gert hefur verið lítið úr umhverfislegum hættum sem stafa af álveri á borð við þetta í viðræðum manna hér uppi á Íslandi, þótt kunnugt sé að athuganir úti

í Noregi hafa leitt í ljós að verksmiðjur, jafnvel búnar hinum fullkomnustu tækjum, hafa reynst stórskaðlegar þar.

Við megum vera minnugir þess þegar fjallað var um samninginn við Union Carbide á sínum tíma hér á hv. Alþ., og ég vil minna á það einnig í leiðinni að frv. um samninginn við Union Carbide var m. a. réttlætt með því að þetta ameríska fyrirtæki tæki norskum fyrirtækjum svo langt fram á ýmsa lund að ekki kæmi til greina að ræða við þau fyrirtæki, Union Carbide væri svo miklu sterkara og öflugra og hreinlátara fyrirtæki. Og í sambandi við Union Carbide-samninginn vil ég minna á það, með hvaða hætti því máli var komið í gegn áður en hv. Alþ. fékk að fjalla um það. Ég man ekki betur en ráðinn hefði verið framkvæmdastjóri málmblendifélagsins, forstjóri Union Carbide í Noregi, áður en búið var að afgr. málið frá iðnn. Ed. Framkvæmdir voru hafnar efra áður en Ed. hafði afgr. frv. til Nd. Og ég man ekki betur en að hross hafi drepist í fyrstu holunni sem þeir grófu þar, áður en málið var sent frá Ed.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfáar aths. — Ég vil í fyrsta lagi taka undir það, að æskilegt væri að hafa hér góða umr. um stóriðju eða öllu frekar orkufrekan iðnað. Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem mér fannst koma fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað starfi óeðlilega frjálst, hafi óeðlilega mikil umsvif. Eins og greinilega kom fram hjá hæstv. iðnrh. starfar viðræðunefndin aðeins í umboði iðnrh., og í öllum tilfellum nefndi hæstv. iðnrh. að í samráði við iðnrn. var þetta og þetta gert. Viðræðunefndin hefur sent fjölmargar skýrslur til hæstv. iðnrh. sem að sjálfsögðu leggur þær fyrir ríkisstj. eða gerir það annað við þær sem honum þóknast. Ég tek hins vegar undir það með hæstv. fyrirspyrjanda, að mjög æskilegt væri að leggja slíka skýrslu fyrir þingflokkana og sé ég ekkert því til fyrirstöðu. En það er að sjálfsögðu á valdi hæstv. iðnrh.

Í öðru lagi þá vil ég gera aths. við notkun þessa orðs; stóriðju. Hvað eiga menn við með stóriðju? Eru síldarverksmiðjurnar okkar gömlu ekki stóriðja og fjölmargt fleira. Er ekki átt þarna við orkufrekan iðnað og iðnað sem þarf mikla orku, notar litinn mannafla, en þarf mikið fjármagn í stofnkostnað? Ég tek undir það, að við orkufrekan iðnað eru margir annmarkar. Þó vil ég ekki taka undir það, að hann eigi engan rétt á sér hér á landi. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að það er ákaflega mikilvægt að taka afstöðu til þess eða marka stefnu í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. En menn geta ekki gert það einangrað. Menn verða þá jafnframt að taka afstöðu til þess hvað menn vilja virkja stórt. Ekki er hægt að hafna orkufrekum iðnaði og ætla svo að virkja Dettifoss upp á 160 mw. Við verðum að fá kaupanda að einhverjum hluta þessarar orku til þess að hún verði viðráðanleg í verði. Þetta þarf að skoða. Og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að það verði gert.

Ég vil svo segja um þetta álver við Eyjafjörð, að þar held ég að fjölmiðlar hafi gert úlfalda úr mýflugu eins og oft vill verða. Ég var að vísu ekki á þeim fundi viðræðunefndar um orkufrekan iðnað þar sem málið var síðast rætt, en ég hef aflað mér þar allra gagna nú. Það, sem hefur gerst, eins og kom fram hjá hæstv. iðnrh., er að Norsk Hydro hefur haft áhuga á þessum málum hér. Þeim hefur nánast verið vísað frá með þeirri skýringu að það væri ekki tímabært að ræða þetta, hvorki orka fyrirliggjandi né ákvörðun stjórnvalda þar að lútandi. Þeir fóru fram á að mega sjálfir skoða vissa staði hér á landi. Þeim var bent á að líklegt væri, ef svona yrði reist, að það yrði utan Reykjavíkursvæðisins. Þeir gerðu athugun á þremur stöðum á Norðurlandi, gerðu þar þjóðfélagslega athugun sem er satt að segja svo athyglisverð að það er okkur íslendingum til skammar að hafa ekki gert slíkt sjálfir í sambandi við iðnvæðingu. Ég held að þm. ættu að kynna sér þessa athugun, sem Norsk Hydro gerði þar. Þeir komu síðan til viðræðunefndar um orkufrekan iðnað og leituðu eftir frekari umr. Þeim var enn sagt að engar ákvarðanir hefðu verið teknar við virkjanir. Þeir bentu þá á að sjálfsagt væri, ef staðsetja ætti einhverja stóriðju við Eyjafjörð, að gera þar umhverfisrannsóknir. Það, sem var ákveðið hjá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, var að biðja forstöðumenn tveggja stofnana að athuga hvort þetta væri rétt hjá norðmönnunum og hvað slík umhverfisrannsókn kostaði. Ég hélt satt að segja að margir, m.a. hv. síðasti ræðumaður, hafi einmitt verið að krefjast slíkra rannsókna, grundvallarrannsókna. Engin ákvörðun er því tekin, heldur verði að athuga í hverju þessi rannsókn ætti að vera fólgin, og það tel ég mjög nauðsynlegt.

Ég leyfi mér enn að fullyrða að gerður sé úlfaldi úr mýflugu og ekki nokkur minnsta ákvörðun hafi verið tekin um þessa rannsókn, sem ég vona þó að verði gerð vegna okkar sjálfra, en þó af okkur sjálfum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að staðhæfa að það hefur ekki staðið á hv. alþm. að veita móttöku skýrslu þeirri frá Norsk Hydro sem hv. síðasti ræðumaður talaði um, hefði hún staðið til boða, en hún hefur ekki staðið til boða og það hefur verið farið með hana eins og mannsmorð.

Ég hélt nú að hv. þm. hefði ekki þurft að beina því til mín sérstaklega eða vekja sérstaka athygli á kröfu minni um að gerðar yrðu umhverfisrannsóknir. Hitt er annað mál, að ég tel æskilegt, þegar fjallað er um mál af þessu tagi, að það verði annar aðili heldur en erlendur auðhringur og ekki síst annar aðili heldur en Norsk Hydro, af þeim upplýsingum sem ég hef um starfsemi þess hrings í Noregi, sem knýi slíkar rannsóknir fram. Og með fullri virðingu fyrir viðræðunefnd um orkufrekan iðnað vildi ég gjarnan að hv. Alþ. fengi að fjalla um mál þessarar tegundar áður en hún er búin að vera mjög lengi með puttana í því, eins og kallað er. Reynslan hefur verið þess háttar.

Fsp. fyrirspyrjanda um kostnaðinn af umhverfisrannsóknum, sem þegar væru byrjaðar, var svarað á þá lund að þær væru engar byrjaðar, heldur væri allt hér á athugunarstigi. Ég tek undir það sem hv. þm. Steingrímur Her-

mannsson sagði um viðhorf okkar og umfjöllun um orkumálin okkar, nauðsyn þess að Alþ. taki afstöðu til þess með hvaða hætti við eigum að nota orku okkar, koma henni í peninga. Hitt staðhæfi ég jafnframt, að þá er nauðsynlegt að Alþ. taki fyrst og fremst afstöðu til þess hvort við eigum að nýta þessa orku fyrst og fremst til þess að framleiða verðmæti úr landsins gæðum í þágu fólksins í landinu eða hvort við eigum að láta þessa orku og síðan starfsorku fólksins í landinu fala fyrir erlenda auðhringi í annars konar tilgangi.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvað tók hv. þm. svo sárt af því sem ég sagði. Ég ætlaði að gefa honum „kompliment" fyrir áhuga hans á náttúrurannsóknum, og ef hann hefur misskilið mig, þá vil ég leiðrétta það. Hér er einmitt verið að fara að hans ráðum. Ég vil einnig leggja áherslu á það sem ég tók fram, að engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort þessi rannsókn verði gerð eða hverjir gera hana, en ég teldi rétt að hún verði gerð af íslendingum sjálfum og tel það sjálfsagt. Aðeins er verið að kanna hve umfangsmikil slík rannsókn er þar sem hún er gerð, eins og t.d. í Noregi, af opinberum aðilum þar.

Um þessa skýrslu vil ég segja að allir, sem hafa beðið mig um þessa skýrslu, hafa fengið eintak af henni. Mér er ekki kunnugt um að hv. þm. hafi beðið um skýrsluna, hvorki mig né viðræðunefndina. Ef hann hins vegar biður um hana skal ég sjá um að hann geti fengið ljósrit af henni.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. spurðist fyrir um samninga um járnblendifélagið og gerði að umtalsefni þau orð mín í svörum við fsp. að samningar við hið norska fyrirtæki væru á lokastigi. Ég vil taka það fram, að þetta mál verður að sjálfsögðu lagt fyrir Alþ., ég vænti mjög skjótlega, og ætlunin er að flutt verði nýtt frv. um byggingu járnblendiverksmiðju í samstarfi við norska fyrirtækið.

Hv. þm. talaði hér nokkuð um auðhringa, og það má vera að sá auðhringur, svo ég noti hans orð, sem iðnrh. Alþb. valdi sér til föruneytis og samlags, Union Carbide, hafi reynst á annan veg en við gerðum ráð fyrir, þar sem það fyrirtæki dró sig út úr þessu samstarfi eftir að samningar höfðu verið gerðir og lög samþ. Ég vænti þess að það norska fyrirtæki, sem núv. ríkisstj. hefur valið til samstarfs í staðinn fyrir þann aðila sem iðnrh. Alþb. valdi, muni reynast vel. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað. En í sambandi við auðhringa er rétt að geta þess, að Elkem Spigerverket er norskt fyrirtæki og fyrirtækið Norsk Hydro, sem hér hefur borið á góma, er einnig norskt fyrirtæki þar sem norska ríkið á meiri hluta.

Varðandi þau ummæli hv. fyrirspyrjanda, að ástæða hefði verið til þess að rekja mál lengra aftur í tímann heldur en ég gerði, setja viðræðunefnd í víðara sögulegt samhengi, eins og hann orðaði það, þá er bara sá ljóður hér á að hv. þm. spurði ekki um þetta. Ég svaraði öllu því sem hann spurði um. Það var sérstök n., stóriðjunefnd sem svo er kölluð, sem undirbjó samningana við svissneska álfélagið til undirbúnings álverinu í Straumsvík. Sú n. var lögð niður þegar gengið hafði verið frá þeim samningum. Það var svo iðnrh. vinstri stjórnarinnar, sem taldi ástæðu til þess að setja á laggirnar nýja n. til þess að ræða við erlenda aðila um þátttöku í orkufrekum iðnaði. Fsp. gaf því ekki tilefni til þess að fara að rekja þessi mál lengra aftur í tímann.

Hv. fyrirspyrjandi taldi einnig að n. hafi verið of umsvifamikil, hún hafi verið of innilokuð. Hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, hefur nú þegar svarað fyrir n. Hv. fyrirspyrjandi taldi líka að n. ætti að gefa reglulega skýrslu til þingflokkanna. En annar þm., hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, tók dýpra í árinni og taldi að með a.m.k. sumar skýrslur viðræðunefndar eða Norsk Hydro væri farið eins og mannsmorð. Það er e.t.v. rétt að rifja upp hvernig þessi n. er saman sett. Þegar n. var sett á laggirnar af Magnúsi Kjartanssyni 28. sept. 1971, þá hafði hann þann lýðræðislega eða þingræðislega hátt á, að auk formannsins, seðlabankastjórans, sem hefur verið litið á sem hlutlausan aðila í þessu efni, skipaði hann einn fulltrúa úr hverjum stjórnarflokki þáverandi, þá Inga R. Helgason, Ragnar Ólafsson og Steingrím Hermannsson. Hann taldi enga ástæðu til þess að nokkur maður frá stjórnarandstöðunni, Sjálfstfl. eða Alþfl., kæmi hér neitt við sögu. Úr þessu var bætt eftir stjórnarskiptin með því að skipa Ingólf Jónsson í n. frá Sjálfstfl. og Sigþór Jóhannesson verkfræðing eftir ábendingu Alþfl. Ég held að það sé ekki ástæða til þess fyrir þingflokkana eða einstaka þm. að kvarta yfir einhverju laumuspili, allra síst þm. úr þingflokkum vinstri stjórnarinnar, þar sem þeir áttu frá upphafi fulltrúa í n. og þar með greiðan aðgang að henni. Og ekki trúi ég öðru en að hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, hafi jafnaðarlega gefið þingflokki sínum og hv. fyrirspyrjanda upplýsingar og skýrslur um hvað n. væri að aðhafast.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, komst svo að orði, að hann hefði grun um að þetta mál um álver á Norðurlandi, við Eyjafjörðinn, væri komið lengra áleiðis en látið væri í veðri vaka. Hv. þm. veit þá meira en ég veit. Ég veit ekki annað en að málið sé á algjöru könnunarstigi, eins og kom fram í svörum mínum, engar ákvarðanir verið teknar aðrar en þær, að sérstakir fulltrúar eiga að gera till. um hvernig haga skuli umhverfisrannsóknum ef til komi. Hins vegar er e.t.v. rétt að benda á það, að þegar viðræðunefnd um orkufrekan iðnað með samþykki iðnrh. Alþb. benti Norsk Hydro sérstaklega á að kanna Norðurland og Austurland og m. a. Eyjafjörð í sambandi við staðsetningu álvers, þá höfðu þessir aðilar náttúrlega nokkuð á bak við sig, m.a. það, að sveitarfélög á Norðurlandi eða í Eyjafirði höfðu á sínum tíma gert þá ályktun sem ég skýrði hér frá, þar sem þess var óskað alveg sérstaklega að kannaðir yrðu möguleikar á staðsetningu álvers í Eyjafirði. Hitt er svo annað mál og það vil ég taka alveg skýrt fram, að vitanlega verður að hafa full-

komið samráð við heimamenn, þar sem hugmyndir eru um að stóriðja rísi, áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar. Og ég vil taka það fram, að ég mun ekki mæla með byggingu verksmiðju til stóriðju nema með fullu samþykki heimamanna.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það gleður mig að heyra að ríkisstj. hyggst ekki keyra strax áfram framkvæmdirnar við Grundartangaverksmiðju frekar en nú þegar er orðið. Þar er að ljúka fyrsta áfanga, þeim áfanga sem snertir vinnubúðir handa því fólki sem síðan á að vinna að byggingu verksmiðjunnar sjálfrar. Framkvæmdir við bygginguna sjálfa munu sem sé ekki hefjast fyrr en Alþ. hefur fjallað um málið. Og það er von mín að nú, þegar hv. þm. eru reynslunni ríkari, þá gefi þeir nákvæman gaum að þessu máli þegar það kemur hér fyrir aftur. Ég vil minna á það, að þegar mál þetta var hér til umr. á síðasta þingi, þá reis upp a. m. k. einn hv. þm., sem hafði samþ. frv. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði þegar átti að reisa hana í félagi við Union Carbide, og lýsti því yfir að honum hefði snúist hugur. Svo kynni að reynast um fleiri. Ég tel að það sé alls ekki orðið of seint að snúa aftur af þessari óheillabraut. Og ég vil leyfa mér að vona það, að Alþ. beri gæfu til þess þegar frv. kemur fyrir um járnblendiverksmiðjuna að þessu sinni í félagi við Elkem Spigerverket, þá beri Alþingi gæfu til þess að fella frv.

Það væri satt að segja fróðlegt ef maður gæti nú rifjað upp allt sem sagt var til hróss Union Carbide hér í eina tíð. Þeir hjá Union Carbide áttu allt að vita. Það var satt að segja miklu hástemmdara lof heldur en það, sem verið er að segja um alvisku norðmanna núna. Og grunur minn er sá, að þeir, sem spá nú um hversu farsæll muni reynast okkur þessi félagsskapur við norðmennina, þeir muni reynast álika sannspáir og þegar þeir voru að spá fyrir um félagsskapinn við Union Carbide.

Eitt er það sem maður heyrir kveða við aftur og aftur í hástemmdum ræðum um stóriðju, að okkur vanti styrkari stoðir til að renna undir atvinnulíf okkar, efnahagskerfi okkar. Ein þessara styrku stoða átti að vera þessi félagsskapur við Union Carbide. Og nú er að koma sams konar stoð í félagi við Elkem Spigerverket. Í þessu sambandi væri fróðlegt að fá svar við einni spurningu. Til stendur að það vinni a. m. k. 400—500 manns að því að reisa Grundartangaverksmiðjuna. Þorrinn af þessu fólki á að koma frá Akranesi. En það er ekkert atvinnuleysi á Akranesi núna. Það fólk, sem á að fara frá Akranesi til þess að vinna við Grundartangaverksmiðju, fer sem sé frá þeim störfum sem það er í núna. Og ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja: Hvaða atvinnugreinar á Akranesi eru það sem til stendur að leggja niður til þess að koma upp Grundartangaverksmiðjunni?

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég held að það, sem okkur í raun og veru vantar mest í sambandi við okkar stefnu í þessum málum, sé að gera okkur grein fyrir því hvernig við viljum byggja upp okkar atvinnulíf. Það er ekki nægilegt að gera bara umhverfisrannsóknir. Það þarf líka að gera rannsóknir á því hvers konar félagsleg og atvinnuleg röskun verður t. d. í ekki stærra byggðarlagi en Eyjafjörður er ef svona verksmiðja eins og þessi álbræðsla er fyrirhuguð væri reist þar. Það er ekki nóg að taka einn þátt inn, það verður að taka aðra þætti líka til skoðunar áður en að ákvörðunartöku kemur. Ég hef fyrir mitt leyti alls ekki neitt við það að athuga þó að þetta sé rannsakað og kannað. En ég hef enga trú á því að svona verksmiðja verði nokkurn tíma byggð við Eyjafjörð, — hef ekki nokkra trú á því.

Ég var í hópi þeirra sem gengu um iðnaðarfyrirtæki á Akureyri s. l. föstudag, og ég spurði alls staðar sömu spurninga: Er nóg fólk hér — er nóg vinnuafl? Það var aðeins í einum stað sem ég fékk það svar að það mætti heita að það væri nóg vinnuafl. Sem sagt, eins og stendur á Akureyri, þá vantar alls staðar fólk í iðnaðinn. Ég held því að umr. um þessi mál þurfi fyrst og fremst að fara þannig fram, hvað henti okkur á hverjum og einum stað miðað við það fámenni sem er í okkar landi og miðað við þá stefnu að við viljum byggja allt landið. Eigum við ekki frekar að færa iðnaðinn til fólksins heldur en að færa fólkið að iðnaðinum? Og þá eru þessar einingar, sem þarna er verið að hugsa um, hvað sem um mengunarhættu er að ræða sem ég vil ekkert fullyrða um, — þá er þetta nokkuð stórt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að skjóta inn nokkrum orðum í þessar umr.

Það hefur komið fram hjá þm. að umr. um þessi mál væri of lokuð. Ég vil minna á það, að það mun hafa verið árið 1960 eða 1961 sem Bjarni heitinn Benediktsson, þáv. iðnrh., skipaði n. til þess að kanna með viðræðum við erlenda aðila hvort hagkvæmt væri að koma hér upp álbræðslu, og menn þekkja þá sögu allir eða flestir sem hér eru á þingi nú. Eftir að málið hafði komist á það stig að það voru líkur til þess að af framkvæmdum mundi geta orðið, þá gaf nefndin mjög ítarlega skýrslu sem lögð var fyrir Alþ. og haldnar alveg sérstakar umr. um málið á Alþ. Síðan voru til viðbótar þeirri n., sem upphaflega var skipuð, kosnir þm. frá stjórnarandstöðunni til frekari viðræðna og til þess að átta sig betur á þessum málum. Það mun hafa verið árið 1964 sem sú n. var kosin. Miðað við þessa reynslu, þá var það, að ég hygg, annaðhvort á þinginu 1971—1972 eða 1972—1973 að ég flutti þáltill. hér á Alþ., eftir að n. hafði verið skipuð um rannsókn á orkufrekum iðnaði af þáv. iðnrh., að kosin yrði í þinginu stóriðjunefnd sem yrði fast starfandi nefnd á þinginu, og byggði það á þeim grundvelli að það mundi aldrei verða ráðist í verulega stóriðju hér á landi öðruvísi en með löggjöf og að tilstuðlan Alþ. og þess vegna væri kannske eðlilegast að það væri þegar í upphafi nefnd í þinginu sem þessi mál hefði til meðferðar og til athugunar. Að öðru leyti ætla ég ekki frekar að blanda mér í þessar umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Mín aths. verður ákaflega stutt. Ég hef að vísu tilhneigingu til þess að ræða þessi mál miklu meira eftir síðari ræður bæði hæstv. iðnrh. og hv. 2. þm. Vestf., en ég verð því miður að sitja á strák mínum og get ekki rætt þessi mál eins og ég hefði gjarnan viljað, en þeir gáfu vissulega tilefni til þess að rætt yrði dálítið víðara og meira um þessi mál. En mig langar til að taka undir mál hv. síðasta ræðumanns. Það var mjög gagnlegt innlegg sem þar kom fram. Hann minnti þar á till. sem hann mun hafa flutt hér fyrir nokkrum árum og ég skal játa að ég minnist ekki nægilega vel, en þegar hann minnir á hana, þá finnst mér að þarna hafi einmitt verið farið rétt að. Hann flytur till. Hv. þm. hefur flutt þáltill. um það að Alþ. kjósi stóriðjunefnd, og ég vil meina eftir að hafa skoðað þessi mál betur en áður að þetta sé sú rétta aðferð. Ég sakna þess sérstaklega að hæstv. iðnrh. skyldi ekki taka betur undir orð mín um að stóriðjunefnd gæfi reglulega skýrslu til þingsins. Ég sakna þess að það skyldi ekki vera tekið betur undir þau orð.

Sameinað þing, 10. fundur.

Þriðjudaginn 26. okt., að loknum 9. fundi.

Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts, þáltill. þskj. 39). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi, þáltill. (þskj. 40). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vestfjarðaskip, þáltill. (þskj. 5). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31:1 atkv. og umr. frestað.

Sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans, þáltill. — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 28). — Ein umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér í örstuttu máli fyrir till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstj. Bretlands um takmarkaðar veiðar breskra togara. Till. er örstutt, hún er svona:

„Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag við ríkisstj. Bretlands í samræmi við orðsendingar þær sem prentaðar eru með till. þessari.“

Þessar orðsendingar eru dagsettar í Osló 1. júní 1976, eins og meðfylgjandi fskj. sýna.

Þessari þáltill. fylgja örstuttar athugasemdir sem ég mun nú rekja að nokkru.

Í samhljóða ályktun Alþ. frá 15. febr. 1972 segir að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál sem skapast vegna útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Samkomulag varð um veiðar þýskra togara í viðræðum sem fram fóru í okt.-nóv. 1975, og lýsti Alþ. yfir samþykki sínu við þá samningsgerð í ályktun hinn 28. nóv. 1975.

Sú ályktun, sem gerð var 15. febr. 1972, var með þeim sögulega hætti að hún fékk 60 shlj. atkv., sem er mjög sjaldgæft í þessari hv. stofnun. Síðan var gert, eins og kunnugt er, samkomulag við ríkisstj. Bretlands 13. nóv. 1973. Það gilti til tveggja ára og féll því úr gildi hinn 13. nóv. 1975. Nokkru áður, eða 11. sept., fóru fram viðræður í Reykjavík við breta um veiðar þeirra við Ísland og aftur dagana 23. og 24. okt. 1975 í London og enn 17. nóv. 1975 í Reykjavík, án þess að samkomulag næðist. Bretar héldu áfram ólöglegum veiðum og deilan milli landanna tók óheillavænlega stefnu svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Forsrh. landanna ræddust við 24.—27. jan. 1976 í London. En enginn árangur varð af þeim viðræðum, eins og kunnugt er. Í maílok s. l. var þess á ný freistað að revna að finna lausn á ágreiningi íslendinga og breta. Fóru viðræður íslenskra og breskra ráðamanna fram dagana 31. maí og 1. júní s. l. í Osló, og reyndist afstaða breta þá mjög breytt frá því sem verið hafði. Lauk viðræðunum með samkomulagi því sem fólgið er í fskj. þáltill. þessarar og ég áðan nefndi.

Samkomulagið miðar við hina nýju 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands sem breska ríkisstj. féllst nú á að viðurkenna. Það felur í sér mjög verulegan niðurskurð á fiskveiðum breta hér við land, þ. e. úr u. þ. b. 140 þús. smálestum á árinu 1974 og 115 þús. smálestum á árinu 1975 í u. þ. b. 50 þús. smálestir á ársgrundvelli að áætlað er. Þessar tölur tek ég fram að ég hef frá sjútvrn. En ég minnist þess að þegar við hæstv. báv. sjútvrh. þvinguðum að ræða við breta um takmörkun fiskveiða þegar landhelgin var færð út í 50 sjómílur, þá var sú tala, sem lögð var til grundvallar afla breta 1970, 207 þús. tonn.

Fiskveiðar breta eru samkv. samningnum takmarkaðar við 24 togara að meðaltali á dag miðað við veiðidaga. Mega aðeins þeir togarar stunda veiðar sem sérstaklega eru til þess skráðir, og byggist sú togaraskrá á skrá beirri yfir 139 togara sem gerð var vegna bráðabirgðasamkomulagsins frá 13. nóv. 1973. Áfram eru því algjörlega útilokaðir frysti- og verksmiðjutogarar og veruleg fækkun á sér stað á öðrum skipum. Samningurinn við vestur-þjóðverja er gerður á sama grundvelli að þessu leyti, að frysti- og verksmiðjutogarar eru alveg útilokaðir, þannig að meira en helmingur þýska flotans var strikaður út með einu pennastriki, eins og einu

sinni var að orði komist. Ríkisstj. Bretlands ábyrgist að breskir togarar virði friðunarsvæði þau sem greind voru í bráðabirgðasamkomulaginu, eins og þau hafa verið stækkuð af íslenskum stjórnvöldum eftir að það samkomulag féll úr gildi. Breskir togarar stunda ekki veiðar nær en 20 sjómílur frá grunnlínum Íslands og ekki nær en 30 sjómílur frá grunnlínum á tilteknum svæðum úti fyrir Vestfjörðum og Austurlandi. Þá ábyrgist ríkisstj. Bretlands m. a. að breskir togarar stundi ekki veiðar sem íslenskum skipum eru bannaðar til verndunar ungfiski og hrygningarfiski. Staðsetning breskra skipa, er veiðar stunda samkv. ákvæðum samkomulagsins, er tilkynnt íslenskum stjórnvöldum daglega og aflamagn þeirra vikulega. Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið geta hlutaðeigandi íslensk yfirvöld stöðvað það og rannsakað málsatvik. Ef grunur leikur á um brot má kveðja til breskt aðstoðarskip, og verður togari, sem rofið hefur samkomulagið, strikaður út af listanum. Samkomulagið gildir í 6 mánuði frá gildistöku, þ. e. til 1. des. n. k.

Við þetta vil ég aðeins bæta því, að ég hef í dag talað við forstjóra Landhelgisgæslunnar og spurt hann um það, hvernig samskiptin hafi verið við breta og hvernig þeir hafi fylgt þeim ákvæðum sem ég var hér að lýsa að í samningnum standa. Sagði hann að ég mætti hiklaust hafa eftir sér að það væri ákjósanleg samvinna við breta um að þeir hlýddu þeim takmörkunum sem ég var hér að nefna og að breskir eftirlitsmenn væru boðnir og búnir að hjálpa til við að framkvæma samninginn rétt og löglega, þannig að um enga árekstra hefði orðið að tefla, og þeir hefðu þráfaldlega farið um borð og kynnt sér aðbúnað og veiðarfæri, hvort það væri í samræmi við samninginn og svo hefði ávallt verið. Þetta vildi ég að kæmi fram um leið og ég hef þessa örstuttu framsögu.

Ríkisstj. Bretlands skuldbatt sig einnig til þess í samkomulaginu að leggja tafarlaust til við efnahagsbandalag Evrópu, að svo fljótt sem nauðsynlegar ráðstafanir hefðu verið gerðar kæmu til framkvæmda ákvæði bókunar nr. 6 við samninginn milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu frá 22. júlí 1972, þ. e. um tollaívilnanir fyrir íslenskar sjávarafurðir. Þá beitti hún sér fyrir því að tollalækkanir samkv. bókuninni yrðu framkvæmdar eins og bókunin hefði verið í gildi síðan 1973, m. ö. o. yrði þegar í stað ýmist ⅘ af umsömdum lækkunum tímabilsins 1973—1977 eða kæmu til fullrar framkvæmdar strax. Á þetta legg ég áherslu m. a. vegna þess, að afurðir, svo sem freðfiskflök og frvst rækja, sem voru samkv. EFTA-samningnum tollfrjálsar í Bretlandi og Danmörku áður en þau gengu í bandalagið, urðu tollfrjálsar á ný. Hefur nú verið gengið frá málinu á þessum grundvelli og komu ákvæði bókunar nr. 6 til framkvæmda hinn 1. júlí s. l.

Við þetta má svo bæta því, að þær fréttir, sem borist hafa frá Brüssel nú nýverið, sýna það, að ég hygg svo tæpast verður um deilt, að það er ekki hugmynd Efnahagsbandalagsins að blanda saman hugsanlegum fiskveiðiréttindum og tollaívilnunum samkv. þessari bókun. Ég vona að sá skilningur sé réttur. Ég leyfði mér að láta hann í ljós strax við undirskrift samnings, og ég sem sagt fagna því ef þar reynist hafa verið rétt frá skýrt.

Með hliðsjón af því, að Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefur enn eigi lokið störfum, taldi ríkisstj. rétt að gera samkomulag við ríkisstj. Bretlands á ofangreindum grundvelli og fer hér með fram á staðfestingu Alþingis.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa miklu lengra mál um þessa þáltill. Samningarnir voru geysimikið ræddir, bæði meðan á gerð þeirra stóð og eins eftir að þeim var lokið. Þá var m. a. gagnrýnt að ekki hefði verið kallað saman Alþ. til þess að staðfesta samningana. Ég hygg að einnig hafi verið nefnt orðið „stjórnarskrárbrot“ í því sambandi. Ég mótmæli því fyrir mitt leyti að þar hafi verið um nokkurt stjórnarskrárbrot að ræða, og sé svo, að það kunni þrátt fyrir álit mitt að mega teljast til stjórnarskrárbrots að framkvæma samning sem Alþ. hefur ekki samþ. fyrir fram, þá er það a. m. k. ekki í fyrsta skipti sem stjórnarskráin er brotin á þann hátt. Það vitum við öll sem hér höfum átt sæti nokkra hríð.

Ég ætlaði enn fremur í sambandi við þessa framsögu að víkja örlítið að því sem fram undan kynni að vera eftir 1. des., en með því að í hv. Nd. fóru fram nokkrar umr. um það í sambandi við annað mál og ég leyfði mér að taka lítillega þátt í þeim, þá ætla ég að láta duga í þessari framsögu a. m. k. að vísa til þess sem ég þá sagði, enda hefur ekkert gerst síðan sem máli skiptir.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að umr. verði frestað þegar menn hafa talað vild sína og till. vísað til hv. utanrmn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er nú til umr., ber að með nokkuð sérstökum hætti að mínum dómi. Hér er um það að ræða að farið er fram á staðfestingu Alþ. á samkomulagi sem gert var á s. l. sumri — eða 1. júní — í Osló varðandi fiskveiðiheimildir til handa bretum í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Þetta samkomulag á að réttu lagi að falla úr gildi nú eftir rúmlega einn mánuð. Það má því segja að þetta samkomulag sé að renna út og að samningurinn hafi verið framkvæmdur nokkurn veginn að fullu áður en Alþ. gefst kostur á að taka afstöðu til samkomulagsins. Miðað við venjulegan vinnuhraða þykir mér sennilegt að Alþ. geri ekki betur en svo að hafa skilað þessu máli frá sér í ályktunarformi eftir um það bil einn mánuð. Hér er því í rauninni aðeins um formsatriði að ræða sem hefur enga sérstaka þýðingu málsins vegna.

Eins og fram kom hjá hæstv. utanrrh., sem talaði fyrir þessari þáltill., þá var á sínum tíma fundið að því að þetta samkomulag væri látið koma til framkvæmda áður en Alþ. fjallaði um málið. Og það er rétt sem hann sagði, það munu hafa fallið ýmis orð í því sambandi a. m. k. á þá lund, að það væri mjög hæpið að það stæðist lög og stjórnarskrárákvæði að láta samkomulagið koma til framkvæmda án þess að það hefði fyrst verið borið undir Alþ. og Alþ. tekið afstöðu um málið. Ég er á þeirri skoðun enn

að það hefði átt að kalla saman Alþ. á þessum tíma og bera málið þá undir Alþ. Það hefði verið það eina sem var eðlilegt. Og hvað sem því líður, hvort menn geta fundið einhver fordæmi um að á þennan hátt, sem nú er gert, hafi verið staðið að nokkuð hliðstæðum málum áður, þá breytir það engu um eðli þessa máls. Ég vil benda á það, að þegar fyrri samningur var gerður við breta til tveggja ára um veiðiheimildir, þá var það samkomulag, sem þar var gert, lagt fyrir Alþ. og það gekk ekki í gildi fyrr en Alþ. hafði fjallað um málið og samþ. samkomulagið. Það var eins farið að með það samkomulag sem gert var við breta á sínum tíma, eða árið 1961, í fyrri deilu. Þá var einnig gert ákveðið samkomulag um lausn á þeirri deilu. Það var lagt fyrir Alþ., málið rætt hér ítarlega á Alþ. og það gekk ekki í gildi fyrr en Alþ. hafði veitt heimild til þess, og síðan fóru fram nótuskipti þar á eftir. Þetta gerðist einnig í sambandi við samkomulagið sem var gert við vesturþjóðverja. Það var einnig borið hér upp á Alþ. og samþ.

Hitt er rétt, að dæmi eru til um að samkomulag hafi verið gert um miklu minni háttar heimildir í sambandi bæði við belgíumenn, norðmenn og færeyinga, — það er rétt, — þar sem um hefur verið að ræða að siglt var í rauninni alveg í kjölfar annars sem ákveðið hafði verið. Það var á sínum tíma mjög fundið að þessu af þeim sem þá stóðu ekki beinlínis í því að gera þessa samninga. Það var fundið að þessum starfsvenjum, og ég held að þær aðfinnslur hafi verið réttmætar, það hefði átt að leggja þetta fyrir og afgr. það með eðlilegum hætti. En hitt tel ég alveg fráleitt, þegar slík frávik eru síðan notuð til þess að réttlæta meiri háttar samninga sem gerðir eru, jafnáhrifarika og þýðingarmikla eins og t. d. þessa samninga við breta sem ég var að nefna og gerðir voru á sínum tíma. Ég er hræddur um að ef ætti yfirleitt að fara inn á þessa braut, þá þætti mönnum einkennilega á málum haldið, ef stjórnvöld tækju sér þann rétt til þess að semja jafnvel um miklu meira og til miklu lengri tíma og koma svo eftir dúk og disk með málið til þingsins til staðfestingar. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð, og það er eðlilegt að menn viðurkenni það hreinlega, en reyni ekki að lemja þar höfðinu við steininn, því ég álít að það sé hættulegt upp á framtíðarvinnubrögð í þessum efnum.

Það hefur verið áður gripið til þess óyndisúrræðis, sem ég kalla, að stjórnvöld geri samkomulag og beri það fyrir sig að kalla ekki saman þing eða leita ekki eftir formlegu samþykki á Alþ. í trausti þess að fyrir liggi öruggur meiri hl. meðal þm. fyrir málinu En ég álít að það eigi ekki heldur að skáka í neinu slíku skjóli. Það eru óeðlileg vinnubrögð og ber að varast.

Aðfinnslur mínar í þessum efnum eru því þær sömu nú og áður. Ég tel að þetta hafi verið óeðlileg vinnubrögð sem beri að forðast. Og það kemur auðvitað best fram nú, þegar það liggur fyrir að þetta þýðingarmikla samkomulag, sem þarna var gert, er raunverulega búið og liðið þegar það er lagt fyrir Alþ. til staðfestingar.

Af þessum ástæðum er það svo að það er í rauninni til lítils í sjálfu sér að vera að ræða hér í löngu máli þetta samkomulag sem hér liggur fyrir. Það er búið og gert, og þar getur maður aðeins deilt um það hvort þarna hafi verið rétt að málum staðið og hér hafi verið heppilegur málatilbúnaður yfirleitt.

Ég álít að það sé fremur þunnt af hálfu hæstv. ríkisstj. að setja málið upp á þann hátt sem hún gerir í grg. þessarar till., þar sem settar eru fram ýmsar fullyrðingar og samanburður sem vægast sagt verður að telja að sé hæpinn eða lítið segjandi í þessu tilfelli. Því er í fyrsta lagi slegið föstu í þessari grg. með till. að breska ríkisstj. hafi fallist á að viðurkenna 200 mílna fiskveiðilandhelgina við Ísland. Við vitum það, að af hálfu breta hefur engin slík viðurkenning komið formlega fram. Þeir hafa beinlínis skotið sér undan að segja þetta eða vilja viðurkenna það. Þetta hefur hins vegar verið túlkun frá hálfu íslenskra stjórnvalda sem stóðu að þessari samningagerð. Þau hafa viljað túlka samkomulagið að það fæli í sér viðurkenningu, en hitt vitum við mætavel, að bretar fengust ekki til þess og hafa ekki fengist til þess að gera það formlega. Af þeim ástæðum m. a. vitum við að bretar halda enn áfram og vilja enn ræða málið, vilja enn fá möguleika þrátt fyrir þessa samningagerð sem fór fram í Osló á s. l. sumri. Sama er að segja um að réttlæta þetta samkomulag með því að það hafi fólgið í sér allverulega minnkun á afla breta, og þá er sú minnkun miðuð við það hvað bretar veiddu samkv. samkomulagi fyrir alllöngum tíma. Það er bent á að bretar muni hafa veitt á fyrsta ári samkomulagsins, sem gert var haustið 1973, á árinu 1974 aðallega, þá hafi þeir veitt 140 þús. tonn og svo á síðara árinu 115 þús. tonn, en nú sé samið um það sem megi áætla að jafngildi 50 þús tonna ársafla. Þessi samanburður er auðvitað alveg út í hött. Það eina, sem þarna kom til greina að gera einhvern samanburð á, það var hvað nú var samið um handa bretum og hvað það var sem bretar höfðu að öllum líkindum aðstöðu til þess að veiða miðað við þær aðstæður sem voru á þessum tíma. Hinn samanburðurinn kemur þessu máli ekkert við.

Áætlað er að það felist í þessu 6 mánaða samkomulagi heimildir handa bretum sem jafngildi um 50 þús. tonna ársafla. Það má vel vera að það reynist svo. En ég er samt hræddur um að ef samkomulag af þessari gerð hefði staðið í 12 mánuði, þá hefðu bretar veitt meira en sem nemur 50 þús. tonnum. En það skiptir ekki heldur neinu höfuðmáli í þessum efnum. Hitt er mín skoðun, að eins og komið var málum 1. júní, þegar samkomulagið við breta var gert í Osló, þá hafi allt bent til þess að afli þeirra mundi verða minni á næstu 6 mánuðum en þarna var samið um. Bretar voru, eins og þeir viðurkenndu sjálfir að lokinni þessari samkomulagsgerð, komnir að því að verða að breyta um stefnu, verða að gefast upp í deilunni við okkur. Það var viðurkennt af þeim einmitt í umr., sem fram fóru eftir að samkomulagið var gert, að staðan í landhelgismálum væri orðin þannig að það væri alls ekki stætt á því fyrir breta, eins

og komið væri, að halda þessu áfram. Og það er einmitt út frá þessu sjónarmiði sem það er mín skoðun að bretar hefðu gefist upp eða orðið að hverfa af miðunum hér með minni afla raunverulega á næstu 6 mánuðum en þeir fengu samkvæmt samkomulaginu. En það er þó að mínu áliti ekki heldur aðalatriðið. Það er vissulega þýðingarmikið að geta náð því fram að draga úr veiðimagni breta hér um 5 eða 10 þús. tonn. En það skiptir þó ekki sköpum. Hitt var það þýðingarmikla í málinu, að líta á hvaða almenn áhrif þetta samkomulag hlyti að hafa í för með sér.

Það lá alveg augljóst fyrir, að hefðum við ekki gert þetta samkomulag við breta, þá var samningurinn við vestur-þjóðverja fallinn niður. Með því að gera samkomulagið við breta 1. júní var verið að framlengja samkomulag, sem áður hafði verið gert við vestur-þjóðverja, í eitt og hálft ár. Þá var verið að framlengja það að þeir hefðu hér veiðirétt skv. fyrra samkomulagi þar til í lok nóvembermánaðar á næsta ári. Sá samningur — það lá samningslega fyrir — átti að falla úr gildi. Við gátum losað okkur við þann vandræðasamning. Í þeim samningi fólst það, eins og komið var, að þarna var um að tefla að losa sig við u. þ. b. 90 þús. tonna afla sem þjóðverjar fengu rétt til þess að taka á okkar miðum með þessu Oslóarsamkomulagi. Auk þess er svo skoðun mín að bretar hafi fengið með samkomulaginu meiri afla en þeir hefðu fengið ef ekkert samkomulag hefði verið gert.

Þetta allt gerir það að verkum að ég taldi fyrir mitt leyti og tel enn að það hafi verið rangt að gera þetta samkomulag, og sérstaklega rangt vegna þess að það lá ekki ótvírætt fyrir að bretar viðurkenndu okkar 200 mílna fiskveiðilandhelgi og ætluðu að haga sér samkv. því og hverfa héðan að fullu og öllu án einhverra bótana eða annarra vafninga 1. des. n. k. Mér dettur ekki í hug að neita því, að hefði það legið algjörlega fyrir, þá var lítandi á þetta mál, þó að hins vegar samningurinn við vestur-þjóðverja hafi þar alltaf verið í veginum.

Af þessu, sem ég hef sagt, þá er þó aðalatriði málsins þetta: Hvað gerist í þessum málum 1. des. n. k., eftir rétt rúmlega einn mánuð? Það er kjarni málsins. Um það atriði urðu nokkrar umræður í Nd. Alþ. fyrir fáum dögum, og þá var af minni hálfu spurt um það hvað ríkissti. hyggðist barna fyrir. Ég benti á að það lægi fyrir að bretar töluðu opinskátt um að þeir yrðu að reyna að ná samkomulagi við íslendinga um áframhaldandi rétt sér til handa og þeir væru raunverulega í kapphlaupi varðandi afgreiðslu vissra mála í sambandi við samkomulag innan Efnahagsbandalagsins, — í kapphlaupi um að undirbúa mál þannig að þeir gætu tekið upp samningaviðræður við íslendinga um áframhaldandi veiðirétt hér, — þetta lægi fyrir. Við vissum það líka, að af hálfu Efnahagsbandalagsins var um það rætt, að ef þar næðist samkomulag um stefnu í fiskveiðimálum, þá ætlaði bandalagið að leita eftir þessum samningaviðræðum við íslendinga. Því spurði ég um það: Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að standa að þessum beiðnum frá hálfu Efnahagsbandalagsins eða frá hálfu breta?

Ég tel að það hafi komið fram nokkuð skýr svör um það að ríkisstj. ætlaði að taka upp viðræður við breta eða Efnahagsbandalagið varðandi málið á þeim grundvelli að leitað yrði eftir möguleikum til þess að gera svonefnda gagnkvæmisréttarsamninga, þ. e. a. s. að aðilar Efnahagsbandalagsins eða bretar fengju ákveðinn rétt hér í okkar fiskveiðilandhelgi, en við þá samsvarandi rétt eða einhvern rétt til veiða í þeirra landhelgi. Þetta kom fram í þessum umr., var tekið fram af hæstv. sjútvrh. og staðfest af hæstv. utanrrh., að það væri ætlunin að ganga til þessara viðræðna. Það var reynt að sveigja til, svo að mjúklega sé nú orðað, merkingunni í því sem ég sagði, á þann hátt að ég vildi ekki tala við menn, ég vildi bara sýna þeim ókurteisi. Það var auðvitað rangt og er rangt. Ég hef ekkert á móti því að við tölum við fulltrúa breta eða tölum við fulltrúa Efnahagsbandalagsins. Ég sé enga ástæðu til þess að við séum að sýna þeim á nokkurn hátt ókurteisi. En það breytir ekki því, að við eigum að gera það upp skýrt og greinilega hver er okkar afstaða í málinu eins og það liggur fyrir. Við eigum að marka þá stefnu alveg ótvírætt, hvort við teljum að það séu möguleikar á því, eins og sakir standa, að fara að gera slíka gagnkvæmissamninga við þessa aðila eða ekki.

Ég hef tekið eftir því að bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. — og það kom m. a. fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. sem flutt var í gærkvöld, — þeir tala ævinlega um að það beri að skoða það mjög vandlega hvort við eigum ekki að gera slíka gagnkvæmisréttarsamninga við breta eða Efnahagsbandalagsaðila. Og forsrh. lagði áherslu á það, að í þeim efnum mætti ekki hafa aðeins í huga skammtímasjónarmið, heldur bæri að hafa í huga framtíðarmöguleika okkar í þeim efnum.

Ég álít fyrir mitt leyti að þetta sé afleit afstaða og stórhættuleg. Ég get ekki skilið hana á annan veg. Samkomulag, sem nú yrði gert við breta eða aðila Efnahagsbandalagsins, hlyti að vera, eins og málin standa nú, um þann rétt, sem við treystum okkur til að veita þeim eins og sakir standa, og þann rétt, sem þeir gætu veitt okkur eins og sakir standa nú til veiða í sinni landhelgi. Við eigum hreint ekki að semja um það nú að hleypa bretum áframhaldandi inn í okkar fiskveiðilandhelgi eða öðrum þjóðum Efnahagsbandalagsins til þess að veiða við þær aðstæður sem nú eru hér hjá okkur, vegna þess að e. t. v. getum við fengið að veiða síld í Norðursjó innan landhelgi breta eftir 4—5—6 ár. Slíkt nær vitanlega engri átt. Ég benti á það og bendi á það enn, að það leikur enginn vafi á því, að þó að bretar færi nú fiskveiðilandhelgi sína út í 200 mílur og öll Efnahagsbandalagsríkin geri það, þá geta þau ekki boðið okkur rétt til veiða á sínu svæði sem neinu máli skiptir fyrir okkur eins og sakir standa. Síldveiðimöguleikar í Norðursjó eru svo litlir eins og sakir standa nú, að nýlega hefur nefnd fiskifræðinga á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins lagt beinlínis til að stöðva allar síldveiðar í Norðursjó nú um nokk-

urt skeið. Fiskifræðingarnir mæla með því að veiðarnar verði stöðvaðar með öllu. Við vitum það af reynslu okkar að þessi veiði er afar lítils virði eins og nú er komið, og að ætla að jafna rétt okkar til slíkra veiða, eins og nú standa sakir, saman við veiðiheimildir handa bretum til þorskveiða hér við Ísland er auðvitað fráleitt. Við ættum aldrei að senda frá okkur neina fulltrúa til viðræðna við breta eða fulltrúa Efnahagsbandalagsins sem villast eitthvað í þessum efnum, sem þetta er eitthvað óljóst fyrir.

Það hefur stundum verið á það minnst að það gæti komið til mála gagnkvæmisréttur fyrir okkur íslendinga varðandi 200 mílna fiskveiðilandhelgi við Grænland. Það, sem ég hef sagt varðandi það, er að ástand fiskstofnanna við Grænland nú er svo lélegt að þó að við íslendingar höfum haft rétt og höfum þann rétt í dag að mega stunda þar veiðar upp að 12 mílum, þá dettur okkur ekki í hug að notfæra okkur þá heimild, af því að þarna er ekki um neina veiði að ræða, ekki sem getur borgað sig að gera út á. Ef fiskveiðilandhelgin við Grænland yrði færð út í 200 mílur og hér yrði um ákveðna miðlínu að ræða á milli Íslands og Grænlands, þá hefur á a.m.k. tveimur stöðum á þessu svæði stundum komið til þess að við höfum leitað yfir þessa miðlínu. Þar er þekkt karfaslóð sem þó liggur að miklum meiri hluta á íslenska yfirráðasvæðinu heldur en því grænlenska, og þar höfum við stundum veitt nokkurn karfa. Þetta væri hugsanlegt. En eins og sakir standa nær engri átt að gera einhvern kaupsamning um þetta svæði og fórna þorski eða ufsa eða karfa hér á Íslandsmiðum fyrir slíkt.

Sama er að segja um norðursvæðið. Að nefna að slíkt hafi komið fyrir nú á s.l. sumri eða hausti, þegar menn stunduðu loðnuveiði fyrir norðan land, að sumir loðnubáta okkar hafi komið mjög nærri því eða jafnvel farið inn fyrir miðlínumörkin, þar sem var talið að gæti verið líklegt að hægt væri að fá loðnu, það er auðvitað líka alveg fráleitt að fara að færa slíkt fram. Þetta hefur engu máli skipt hjá okkur og eru engar líkur til þess að við getum farið að kaupa slíkt neinu verði. Auk þess liggur það svo fyrir, að danir hafa tekið skýrt fram að fiskveiðilandhelgin við Grænland fellur ekki á neinn hátt undir áhrifasvæði Efnahagsbandalagsins. Þar er eingöngu um réttindi að ræða sem varða dani sem slíka og þó sérstaklega grænlendinga. Hér er því alls ekki um það að ræða að við förum að taka upp samninga við fulltrúa Efnahagsbandalagsins eða fulltrúa breta varðandi þennan rétt, eins og nú standa sakir. Slíkt er ekki heldur til í dæminu.

Við vitum svo að ástandið hér hjá okkur á fiskimiðunum er þannig, að það eru uppi till. um að við eigum að herða enn að okkur sjálfum, draga enn meira úr veiðimöguleikum okkar af því að okkar fiskstofnar séu svo veikir. Það eru enn till. á ferðinni um að við þurfum að stöðva okkar megin fiskveiðiflota um lengri eða skemmri tíma.

Ég hef sagt það, að ég deili ekki á hæstv. sjútvrh. eða ríkisstj. fyrir að hafa ekki gengið lengra en gert hefur verið varðandi það að setja hömlur á veiði íslendinga, þrátt fyrir þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við fiskstofnana. Ég held að það sem gert hefur verið, sé það mikið til þess að draga úr okkar veiðum og sýna varasemi af okkar hálfu að það hafi varla verið ástæða til þess að gera, eins og sakir stóðu. Ég tel hins vegar að við hefðum getað náð meiri árangri en við höfum náð til þess að vernda okkar fiskstofna með því að vera enn harðari í sókn okkar gegn útlendingunum. Við hefðum getað dregið meira úr þeirra veiði. En um það standa deilur, hvort svo sé eða ekki. Ég álít að miðað við allar aðstæður höfum við þó lagt svo mikið á okkur að það hafi varla verið forsvaranlegt að ganga öllu lengra.

Hitt geri ég mér alveg ljóst, að eigi að síður er hætta vofandi yfir varðandi okkar fiskstofna og að það er hugsanlegt að við leggjum of mikið á þá, að sóknarþungi okkar sé of mikill. Mér dettur ekki í hug að neita því. En einmitt út frá því sjónarmiði álít ég að við verðum, þegar við stöndum frammi fyrir slíkum vanda, að gæta vel að okkur og veita ekki útlendum aðilum leyfi til fiskveiða við Ísland, ekki til veiða á einum fiski umfram það sem er í rauninni alveg nauðsynlegt. Af því er ég á þeirri skoðun að við eigum í fyrsta lagi að standa alveg fast á því að 1. des., þegar samningarnir við breta eiga að renna út, þá ljúki þeirra veiði hér við land innan okkar fiskveiðilandhelgi algjörlega. Og við eigum að segja þeim það hreint út í upphafi, þó við tölum við þá: Við getum ekki við ykkur samið. Við höfum ekkert að láta. Það kemur ekki til mála, eins og sakir standa, að framlengja þetta samkomulag — ekki deginum lengur.

Ég verð að segja varðandi þá, sem túlka samkomulagið frá Osló þannig að í því liggi fyrir skýlaus yfirlýsing breta fyrir okkar 200 mílna fiskveiðilandhelgi, hvernig stendur á því að þeir eru eitthvað að hika við að taka þessa afstöðu undir þessum kringumstæðum? Hvernig getur það verið, ef það liggur algjörlega á borðinu að við eigum þennan rétt, bretar eru búnir að viðurkenna hann? Þá er ekkert annað en segja þeim það: Haldið ykkur við það sem þið hafið viðurkennt. Málið er búið. — Hitt er í rauninni, eins og ég hef sýnt fram á, ekkert annað en útúrsnúningur og í rauninni rangfærslur, að halda því fram að við eigum núna að ganga til samkomulags við breta um einhvern gagnkvæmisrétt vegna þess að það sé í þágu okkar. Slíkt er ekki í þágu okkar eins og málin standa.

Eins og ég hef sagt áður, þá vitanlega segir þessi afstaða ekki á nokkurn hátt að við getum ekki eins og alltaf metið okkar aðstæður upp á nýtt eftir þrjú ár, fjögur ár, fimm ár. Ef við teljum að þá sé komin upp sú staða að við höfum efni á því að veita útlendingum einhvern rétt á okkar miðum og að við höfum eftir einhverju að sækjast á annarra miðum, þá er vitanlega málið opið eins og alltaf að taka það þá upp. En að snúast í kringum þetta nú er fráleitt og getur ekki verið af neinum eðlilegum ástæðum.

Ég hef einnig sagt það, að við eigum auk þess að segja hreint út við breta nú strax og við Efnahagsbandalagið að svona sé ástatt, þetta sé okkar afstaða, og þá eigum við einnig nú

þegar að losa okkur við alla veiðiheimildarsamninga sem í gildi eru. Ef þarf að segja einhverjum af þeim samningum, sem í gildi eru núna, upp með 6 mánaða fyrirvara, þá á að nota þann 6 mánaða fyrirvara tafarlaust, ekki draga það um einn dag. Ég hef líka lýst því yfir að einu aðilarnir, sem ég tel að kæmi vissulega til athugunar, við þyrftum öll að skoða það vandlega, hvort við treystum okkur til þess miðað við núverandi aðstæður að veita einhverja sérstöðu hér, eru færeyingar, þrátt fyrir það hve illa stendur á hjá okkur. Það er mál út af fyrir sig. En við eigum ekki að blanda því saman við veiðirétt handa neinum öðrum. Það er alveg óeðlilegt.

Hinu verður auðvitað ekki hnikað, það liggur fyrir og verður sennilega ekki breytt, að vestur-þjóðverjar hafi þann rétt, sem þeir hafa tryggt sér með samningi sem illu heilli var gerður og mjög bitnar á okkur nú, að þeir haldi þessum rétti út samningstímabilið. En ég segi, að komi upp nokkrir möguleikar hjá okkur til þess að losa okkur við þann samning, þá á einnig að notfæra sér það.

Eins og við munum, þá var á sínum tíma allmikið um það rætt að við ættum að gera samning við breta, m. a. til þess að koma í gagnið svonefndri bókun nr. 6 við Efnahagsbandalagið. Það er rétt. Þessi bókun nr. 6 hefur komist í gagnið. En hver skyldi hafa orðið var við mikinn og merkilegan árangur þar af? Auðvitað er það rétt, að það gat vitanlega ekki farið svo að það yrði ekki um eitthvað minni háttar að ræða, en auðvitað hefur framkvæmdin á þessari bókun ekki skipt okkur neinu teljandi máli. Það var ekkert sem rak á okkur til þess að fórna hér fiskveiðihagsmunum vegna þessarar bókunar. Við höldum áfram að eiga okkar viðskipti í aðalatriðum við þjóðir utan þessa svæðis með meginútflutningsvörur okkar. Þó að bókun 6 kæmi til framkvæmda, þá opnaðist þarna enginn nýr markaður miðað við aðstæður. Sú bókun gat í rauninni aldrei haft áhrif nema á tiltölulega lítinn útflutning okkar, og hann var það lítill að það var vitanlega ekki verjandi að fara að gera þennan samning af þeim ástæðum.

Ég hef sagt það hér áður, að það er í rauninni heldur gagnslítið að ræða hér í löngu máli staðfestinguna á þessu samkomulagi sem gert var í Osló. Samkomulagið hefur verið í gildi. Það er að renna út, verður án efa runnið út um það leyti sem Alþ. er tilbúið að afgr. þessa till. ef að líkum lætur. Það er því í rauninni alveg tómt mál. Þetta er borið undir Alþ. aðeins að forminu til og á mjög óaðgengilegan og óeðlilegan hátt, sem sagt þegar öllu er lokið.

Ég sé því ekki átæðu til þess að ræða þetta öllu frekar en ég hef gert. Ég segi aðeins það, að afstaða mín og okkar alþb.-manna er sú, að það hafi verið rangt að gera þennan samning, m. a. af þessum ástæðum sem ég hef hér greint. Samningurinn fól það raunverulega í sér að það var verið að framlengja samninginn við vestur-þjóðverja í eitt og hálft ár. Það var hægt að losa sig við hann. Þar með var verið að gefa ávísun á veiði upp á 90 þús. tonn sem við gátum losað okkur við. Og samningurinn við breta frá 1. júní í Osló hefur ábyggilega að mínum dómi tryggt bretum meira en þeir hefðu annars fengið, en breytti stöðu málsins að öðru leyti ekki á neinn hátt vegna þess að þeir voru komnir að því að gefast upp, eins og þeir hafa sagt sjálfir. Þeir urðu að taka upp nýja stefnu. Af þessum ástæðum erum við andvígir þessu samkomulagi. Það liggur alveg fyrir. Við teljum að það hefði betur ekki verið gert.

En á hitt leggjum við auðvitað höfuðáherslu eins og málið liggur fyrir nú, að það er ekki þessi samkomulagsgerð, það er ekki þessi veiðiheimild breta í 6 mánuði, hún er ekki aðalatriði málsins. Aðalatriðið er þetta: Hvað á að taka við 1. des? Það er illt til þess að vita, að það skuli ekki vera hægt að fá hér skýra afstöðu og alveg ótvíræða um það hvað þá á að gerast. Ef litið yrði á málið á svipaðan hátt og ég hef túlkað hér, þá á að vera hægt að lýsa því yfir og segja bretum og Efnahagsbandalagsmönnum það fyrir fram, að við höfum ekki um neitt að semja. Frá 1. des. falla réttindi breta hér niður að fullu og öllu og við sjáum sem sagt engan gagnkvæmismöguleika eins og málin liggja nú fyrir og því verði þetta að ske.

En hæstv. ríkisstj. virðist ætla sér að halda öðruvísi á málinu. Hún byrjar eins og stundum áður á því að segja: Við ætlum að ræða við þá. Við ætlum að hlusta á mennina. Við ætlum að athuga hvað þeir hafa að bjóða. — Og heldur áfram og teflir sig inn á hættusvæðið. Ég fyrir mitt leyti treysti henni ekki til þess að fenginni reynslu að fara með þessi mál og geri því kröfu um það fyrir mitt leyti að hún segi til um það fyrir fram hvað hún ætlar að gera. Og það er til lítils gagns að hæla sér af samningunum frá Osló og telja að þar hafi verið fólgin í fullkomin viðurkenning, ef ekki á þá að notfæra sér þá viðurkenningu, eins og nú er einmitt ástatt fyrir okkur varðandi fiskveiðar í okkar fiskveiðilandhelgi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er heldur tilgangslítið að þreyta langar umr. um þessa till. til þál. um staðfestingu á samkomulaginu sem gert var við ríkisstj. Bretlands um veiðar breskra togara hér við land. Samkomulagið var gert til 6 mánaða og eru aðeins um 5 vikur eftir, þannig að búast má við því, eins og hér hefur þegar komið fram hjá síðasta ræðumanni, að þessi till. verði varla afgr. hér í þinginu þegar tímabilið er útrunnið.

Það var að sjálfsögðu deilt mikið um þetta samkomulag þegar það var gert í júní og margir kröfðust þess að Alþ. væri þá kallað saman. Hitt þótti mér heldur verra, hvernig að þessu var staðið, því það var augljóst hverjum manni að ríkisstj. beitti sér af harðneskju fyrir því að ljúka störfum Alþ. með hraði fyrir ákveðinn dag til þess að hæstv. forsrh. og utanrrh. gætu farið utan með ákveðinni flugvél til þess að ganga til þessara samninga. Það hefði ekki meira þurft en að láta Alþ. sitja áfram og ljúka ýmsum málum, sem þingið hljóp frá, í svo sem eina eða tvær vikur. Þá hefði þingið með eðlilegu móti getað fjallað um samningasamkomulagið strax.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh., að fordæmi eru mörg fyrir því að viðamiklir samningar við

önnur ríki hafa verið gerðir á þennan hátt og Alþ. beðið um að staðfesta þá löngu síðar. Ég tel að þetta sé eitt af þeim stjórnarskráratriðum sem við verðum á næstunni að gera okkur grein fyrir. Er það vilji okkar að meiri háttar samningar við önnur ríki skuli þurfa staðfestingar Alþ. eða ekki? Ef svo er, verður að setja um það ákvæði hvaða samningar þurfi staðfestingu Alþ. og þeir samningar taki síðan ekki gildi fyrr en sú staðfesting liggi fyrir. Þannig mun þessum málum vera háttað hjá ýmsum öðrum þjóðum. Hitt get ég ekki tekið undir, ef einhverjir hafa sagt að um stjórnarskrárbrot væri að ræða. Þessi mál eru óljós og þau hafa verið túlkuð á þann hátt sem er Alþ. óhagstæðast, ekki aðeins í þetta skipti, heldur oft áður. En það er alveg jafnt gagnrýni vert nú eins og það hefur verið áður, þegar þannig var að farið.

200 mílna landhelgin er liðlega eins árs gömul og er athyglisvert að rifja upp fyrir sér allar þær tilraunir sem gerðar voru til þess að ná samningum við breta um veiðar þeirra í þessari nýju landhelgi. Ég býst við að hv. alþm. reki minni til þess, að í fyrstu viðræðunum, sem hófust í sept. 1975, héldu áfram í okt. sama ár og síðan í nóv., höfðu bretar undir forustu Hattersley aðstoðarutanríkisráðherra alveg furðulega óraunhæfar hugmyndir. Þeir voru þá að tala um afla sem átti ekki að verða minni en 100 þús. tonn. Það var mál manna hér heima að ýmsir væru svo hlynntir því að gera samkomulag við breta, eitthvert samkomulag, að þeir vildu reyna að tefla við þá í því skapi sem þeir voru þá í, og hefði andstaða gegn samningum ekki verið eins sterk í landinu og hún þá reyndist vera, hefði vel getað komið til þess að samið væri upp á 80—90 þús. smálestir. Ég tel því að andstaðan gegn samningum við breta hafi þá komið að góðu gagni, og ég býst við að andstaðan á því stigi málsins hafi ekki aðeins verið í stjórnarandstöðuherbúðum, heldur náð langt inn í raðir ríkisstj., enda varð niðurstaðan sú í ríkisstj., sem betur fer, að ekki var gengið til samninga á þeim kjörum.

Þegar samningar voru gerðir í Osló var það um allt annað magn, sem að vísu er nú umdeilt og þó ærið mikið eins og aðstæður allar eru. Um þessa samninga var mjög mikið deilt, sem vænta mátti, og Alþfl. tók formlega afstöðu á móti þeim.

Ég skal að vísu viðurkenna, eins og ég hef oft gert áður opinberlega, að í sambandi við þessa samninga er eitt atriði sem hefur sérstöðu. Það stóðu yfir átök milli breska flotans og Landhelgisgæslunnar hér við land, og það var öllum mönnum ljóst að ekki þurfti annað en slæmt slys, sem gat komði fyrir hvenær sem var, til þess að þau átök leiddu til skaða, skipsskaða og jafnvel mannskaða. Ýmsir geta litið þannig á, að það hafi verið kaupandi hvaða verði sem var að bægja þessari hættu frá. Þetta sjónarmið get ég að vissu leyti viðurkennt. En að öðru leyti taldi ég að þessir samningar hafi verið fjarri því að vera viðunandi fyrir okkur íslendinga.

Sú röksemd með samningsgerðinni, sem hæst hefur verið haldið á lofti, er að bretar hafi með samningunum veitt okkur viðurkenningu fyrir 200 mílunum. Sú viðurkenning er ekki formleg, en alltaf má halda því fram að samningsgerðin sé óbein viðurkenning. En ég vil vekja athygli á því, að s.l. vor og sumar og fram til þessa dags hefur viðurkenning sáralitla eða jafnvel enga þýðingu fyrir okkur íslendinga lengur. Fyrir einu ári, þegar við stóðum einir í þessum hluta heims með 200 mílur, hafði hvaða viðurkenning sem við gátum fengið siðferðilega og pólitíska þýðingu. En þegar svo var komið málum, að ríki eins og Mexíkó, Bandaríkin og Kanada höfðu tekið ákvörðun um útfærslu í 200 mílur, hafði þessi staða breyst gersamlega. Þá var það staðreynd, sem hæstv. forsrh. fullyrti í ræðu sinni í gærkvöld og verður ekki mótmælt, að 200 mílur eru þjóðaréttur í dag. Það verður engin þjóð sökuð um að brjóta alþjóðalög með því að færa út í 200 mílur. Við vissum það þegar í júnímánuði, um svipað leyti og samningarnir stóðu yfir í Osló, að sérfræðingar norsku ríkisstj. höfðu komist að þeirri niðurstöðu að það væri lagalega og pólitískt fullkomlega verjandi að færa út í 200 mílur. Enda þótt Hafréttarráðstefnan hefði ekki borið tilætlaðan árangur, hafði þjóðaréttur þróast með framkvæmd veigamikilla ríkja og með þeim vilja fjöldamargra ríkja sem þegar hafði komið fram á ráðstefnunni. Það var óhætt að líta svo á að 200 mílur væru orðnar staðreynd og við byrftum ekki að borga bretum með neinum afla, ekki einum einasta þorsk, fyrir að þeir veittu okkur einuhvers konar viðurkenningu, sem raunar var ekki bein og formleg viðurkenning. Það er því haldlitið að minni hyggju að telja að viðurkenningaratriðið hafi vegið þungt á þessum tíma. En ég ítreka það, að einu ári áður, þegar við stóðum einir með 200 mílur í þessum hluta heims og höfðum allar nágrannaþjóðir okkar beinlínis á móti okkur, en Hafréttarráðstefnan var rétt að byrja, þá skipti viðurkenningin miklu máli.

Ef við lítum á þennan samning, má segja að við höfum í rauninni unnið tvennt, við fengum tvö atriði á móti þeim hlunnindum sem við veittum bretum. Við fengum breska flotann til þess að snúa heim, **við keyptum af okkur ofbeldið** með 50 þús. tonnum eða meira af þorski.

Hitt atriðið var „bókun sex“. Ég er þeirrar skoðunar að bókun sex sé mjög mikilvæg og það sé furðuleg þröngsýni að halda fram að markaðurinn í Efnahagsbandalaginu skipti okkur ekki máli svo og að tala um minni greinar sjávarútvegsins sem njóta mestra hlunninda þarna, eins og rækju, hrogn o. fl. eins og þær séu einskis virði. Það tel ég líka vera ómaklegt. Engu að síður skulum við minnast þess, að við höfum gert samninga við Efnahagsbandalagið og við höfðum samið við það um þau hlunnindi sem bókun sex nær til. Efnahagsbandalagið beitti okkur efnahagslegum þvingunum út af landhelgismálinu með því að láta hana ekki koma til framkvæmda. Atriði nr. tvö, sem ég tel að við höfum fengið: **Við keyptum af okkur efnahagslegar þvinganir.** Þetta finnst mér það sem raunverulega gerðist. Og þetta er ekki skemmtileg saga. Herskipaofbeldið og efnahagslegar þvinganir báru þennan árangur.

Nú er sagt að ekki komi til greina neinir frekari samningar nema þeir verði gagnkvæmir. En

af hverju datt engum í hug að tala um gagnkvæmar veiðiheimildir, úr því að það átti að semja, þegar það var gert? Hefði ekki verið gott að fá bretana til þess að heita því þá að þegar til kæmi mundu þeir stuðla að því að veita okkur síldveiðileyfi. Þeir vissu að það var aðeins mánaðaspursmál þangað til þeir færðu út, og loforð og fyrirrætlanir í þessum efnum gætu verið mikils virði ef menn vildu sækjast eftir þeim.

Að sjálfsögðu skiptir í dag framtíðin mestu máli. Eins og margir spáðu í júnímánuði er nú allt útlit fyrir að það verði hart að okkur sótt um áframhaldandi undanþágur, hvort sem það verður Efnahagsbandalagið sjálft, sem sækist eftir samningum eða hvort bretar verða að gripa til þess sjálfir af því að samkomulag næst ekki í Efnahagsbandalaginu fyrir þann tíma. Það eru allviðamikil átök sem hafa átt sér stað innan bandalagsins í Brüssel, og er t. d. athyglisvert hvað er að gerast í sambandi við breta og íra. Þeir heimta að fá einkalögsögu innan 200 mílnanna, sem hinar bandalagsþjóðirnar fá ekki leyfi til að veiða á. Írar gerðu þetta að skilyrði og hindruðu samkomulag nú fyrir skömmu, en heimtuðu að fá 50 mílur. Mér er sagt að það sé skoðun íranna að hin gífurlega andstaða gegn því að þeir fengju einkalögsögu, 50 mílur eða eitthvað nálægt því, hafi stafað m. a. af því að bandalagið var að hugsa til væntanlegra samninga við íslendinga. Ef þeir ganga inn á að bretar og írar fái að hafa alger einkaafnot af fyrstu 50 mílunum, þá gætu þeir illa heimtað það í samningum við okkur að fá að fara inn fyrir sams konar línu hér, svo að allt hangir þetta saman og er okkur sjálfsagt til nokkurra upplýsinga.

Ástandið hér við land er þannig, að ég á ákaflega bágt með að sjá hvað það er sem við gætum boðið, þegar við fáum að vita það, sem ríkisstj. virðist bíða eftir, hvers Efnahagsbandalagið óskar. Við vitum að við erum þegar komnir langt fram fyrir þau mörk í þorskveiðum sem vísindamenn töldu að væru það sem mest mætti veiða á þessu ári, og eru þó allmargar vikur af árinu eftir. Þetta gefur okkur að sjálfsögðu ástæðu til að vera áhyggjufullir, þrátt fyrir það að nokkur merki þess hafi komið í ljós að árgangar séu á ferðinni sem tekist hafi með besta móti.

Ég tel tvímælalaust að við hljótum að sýna ítrustu tregðu í þessum efnum. Það er ekkert gaman að því fyrir þm., sem hafa í dag verið hlaupandi niður í herbergi á neðri hæðinni til að ræða við stóra sendinefnd vestan af Snæfellsnesi sem hefur þá sögu að segja að afli hafi þar hrunið svo niður að þeir sjái ekki annað en neyðarástand fram undan, ef ekki verður á einhvern hátt bætt úr því, og koma svo hingað upp og skeggræða við ríkissti. sem bíður eftir að fá fréttir frá Brüssel um það hvað viðræður við aðrar þjóðir eigi að snúast um. Það kann að vera að hæstv. ráðh. þyki ekki kurteisi að gefa yfirlýsingar um það fyrir fram, áður en sest er að samningaborðinu, hvað búi inni fyrir. En ég vona þá að orð stjórnarandstæðinga, sem ekki eru bundnir af diplómatiskri kurteisi, berist og þeir, sem ríkisstj. ætlar að taka upp samninga við, frétti af því að íslenska þjóðin hefur áhyggjur af þessu og telur sig engan afla hafa til að veita öðrum. Ef þetta getur borist út, þá hafa hæstv. ráðh. gagnlegt nesti með sér, úr því að þeir fást ekki til að segja eitt eða neitt um það, hvað þeim sjálfum finnst um þessar samningshorfur.

Þar sem þeir fást ekki til að ræða um annað en það, að þeir ætli að tala við aðrar þjóðir sem þess kunna að óska, þá er í sjálfu sér tilgangslaust að skeggræða eða bollaleggja frekar um málið á þessu stigi. Verðum við að vænta þess, að í þetta skipti fái Alþ. að fylgjast með, og ef ríkisstj. stígur það ógæfuspor að gera nýja samninga, þá verði þeir staðfestir hér áður en þeir taka gildi, ef Alþ. telur slíka staðfestingu mögulega.

Ég tek svo fram, að í framhaldi af þeirri afstöðu Alþfl. mun hann ekki geta veitt þessari þáltill. stuðning sinn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er nú til umr. það samkomulag sem hæstv. ríkisstj. taldi þess eðlis að hefði inni að fela alger endalok deilna okkar við breta í sambandi við útfærslu fiskveiðilandhelginnar.

Það hefur komið hér fram og þarf ekki að ítreka það frekar, að miklar deilur voru um þetta samkomulag þegar það var gert, og einnig hefur það komið hér fram, að stjórnarandstæðingar töldu eðlilegt og sjálfsagt að samkomulag af þessu tagi yrði borið undir Alþ. Það er raunar furðulegt að vera að ræða nú hér samkomulag, sem er búið að gilda í um 5 mánuði, og nú fyrst verið að leita staðfestingar Alþ. á samkomulaginu. Það sýnir hversu ráðandi menn sýna hv. Alþ. mikinn sóma, að ætla því í lok tímabils á samkomulagi, sem hér um ræðir, að rétta upp höndina, þ. e. a. s. ef það verður þá búið að ganga frá því þegar samningstíminn er útrunninn. Þetta var gagnrýnt og er full ástæða til þess að gera það.

En það er fleira í þessu máli sem gerðist um þetta leyti eða svipað sem er ámælisvert af hálfu hæstv. ríkisstj. hvernig hún hélt á. Það var nokkuð vitað um hugsanagang og vilja a. m. k. sumra hverra hæstv. ráðh. til þess að gera samning við breta um veiðiheimildir, áður en endanlega var gengið frá þeim samningi í Osló í byrjun júnímánaðar s. l. En með þetta mál var farið af hendi hæstv. ríkisstj. á þann hátt, að það var krafist þagnareiðs af stjórnarandstæðingum í umr. um þetta mál á sínum tíma, en jafnframt gerðist það, að málgögn ríkissti. sjálfrar voru með samkomulagið svo til orðrétt í fyrirsögnum og umr. í viðkomandi málgögnum. Þetta finnst mér a. m. k. að sé ámælisvert. Það er varla hægt að fara fram á það, finnst mér, eða krefjast þess, að stjórnarandstaðan haldi málum í þagnargildi á sama tíma og þannig er haldið á málum af hæstv. ríkisstj., að málgögn og fjölmiðlar stuðningsliðs hennar birta svo til orðrétt það sem um er að ræða, í þessu tilviki í samkomulaginu við breta. Þetta er ekki síður ámælisvert í sambandi við þetta mál og meðferð þess heldur en hitt, að nú fyrst í lok samningstímabilsins skuli það vera borið undir hv. Alþ. hvort það vill staðfesta samkomulagið eins og það var gert.

Það hefur verið sagt hér áður og er auðvitað satt, að það þjónar tiltölulega litlum tilgangi að vera að rifja upp það sem gerst hefur í þessu máli, tala um orðinn hlut. En það verður þó varla hjá því komist að fara um það nokkrum orðum, kannske fyrst og fremst vegna þess að mér finnst að hér hafi verið haldið þannig á máli að furðulegt megi teljast, slíkur skollaleikur af hálfu æðstu ráðamanna þjóðarinnar, og hafa fengið til liðs við sig í þeim efnum furðulega marga hv. þm. úr stjórnarflokkunum til þess að taka þátt í þeim leik. Hv. þm. muna það, þegar þýski samningurinn var til umr. hér fyrir um einu ári, hverjar röksemdafærslur voru þá uppi af hálfu hæstv. ráðh. og sumra hverra stjórnarliða fyrir að gera þann samning við þjóðverja. En röksemdafærslurnar voru einfaldlega á þá leið, að það væri nauðsynlegt að gera þann samning við þjóðverja til þess að geta beitt sér af fullri einurð gegn bretum. Þetta voru röksemdirnar. Þessu má fletta upp í umr. hér frá Alþ. á þeim tíma sem rætt var um þýska samninginn fyrir um ári. Ég var einn í þeirra hópi sem héldu því fram að þýski samningurinn, ef gerður yrði, yrði grundvöllur að því að samningur yrði gerður við breta. Og það sýndi sig að vera rétt. Það held ég að enginn geti neitað nú að reynslan hafi leitt í ljós.

Það mátti lesa fjálglegar yfirlýsingar í sumum stuðningsblöðum hæstv. ríkisstj., hafðar eftir hæstv. sjútvrh. á sínum tíma, um það að enginn samningur yrði gerður við neina þjóð nema því aðeins að tollfríðindi fylgdu með, þ. e. a. s. bókun sex. Ekki gerðist þetta þegar samið var við þjóðverja. Og auðvitað vissi hver og einn sem vildi vita og vildi viðurkenna, að því aðeins komu tollfríðindi í gegnum bókun sex til framkvæmda að einnig yrði samið við breta. Það var svo augljóst sem verða mátti hverjum þeim sem vildi sjá. En menn muna hver framvinda þessara mála var. Það var samið við þjóðverja, og nokkur tími leið, tími sem notaður var af hæstv. ríkisstj. til þess að undirbúa jarðveginn til samninga við breta. En þegar að því kom og málin voru rædd hér á Alþ. aftur og aftur í umr. utan dagskrár, því öðruvísi fékkst málið ekki rætt hér á Alþ. þá kom það í ljós að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sumir hverjir a. m. k,. voru þá komnir á þá skoðun eða réttara sagt viðurkenndu þá skoðun, að því aðeins væri hægt að fá fram tollfríðindi í gegnum bókun sex að líka yrði samið við breta, þ. e. a. s. þá var farið að nota röksemdafærsluna til samninga við breta með því að segja: Tollfríðindin fást ekki án þess. — Þetta tel ég skollaleik í málinu. Þarna var tvívegis búið að þvæla svo hv. stjórnarþingmenn marga hverja hér á Alþ. að þeir voru farnir hver um annan þveran að gefa yfirlýsingar sem komu þvert á þær sem þeir höfðu stuttu áður gefið í sambandi við samninga við vesturþjóðverja. Og auðvitað er þetta óeðlilegt. Ég er alveg viss um það, að innst í hjarta þessara hv. stjþm. sjá þeir eftir slíku, að hafa látið hafa sig til þess að taka þátt í leik af þessu tagi. Og vonandi verður þessi reynsla til þess að sömu hv. þm. taka ekki áfram þátt í leik af þessu tagi, þó að nú sé reynt að undirbúa aðgerðir á svipaðan hátt og hér hefur komið fram á hv. Alþ., þ. e. undirbúa jarðveginn til áframhaldandi samninga við breta eða Efnahagsbandalagið um veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

En það hefur gerst meira í sambandi við þetta mál. Síðla sumars, ég man ekki gjörla dagsetningu, var haft viðtal við breskan þingmann sem hér var í heimsókn, og talið barst að landhelgismálinu. Þessi breski þm. notaði þetta tækifæri til þess að rökstyðja þá skoðun sína og væntanlega margra annarra breskra þm. og breskra ráðamanna á þá lund, að það væri forkastanlegt ef bretar fengju ekki samning um veiðiheimildir til jafnlangs tíma og þýski samningurinn gilti og gildir, þ. e. a. s. til loka árs 1977. Þá voru bretar strax — þá þegar — farnir að beita þeim áróðri og þeim röksemdafærslum, að það næði ekki nokkurri átt að setja þá til hliðar á þeim tíma sem þýskir stjórnmálamenn, spekingar, hefðu komið því til leiðar að þjóðverjar fengju veiðiheimildir hér til loka árs 1977. Slíkur samningur við þjóðverja hlyti að verða til þess að bretar fengju sama rétt til veiða hér, og líklega á það eftir að koma á daginn að því er öll sólarmerki benda til.

Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um þetta sem liðið er. Það er, eins og hér hefur komið fram, meiri spurning hvað tekur við að loknu þessu samningstímabili við breta. Enginn vafi er á því að enn eru öfl innan hæstv. ríkisstj. sem eru hvetjandi til áframhaldandi samninga við breta og samningsgerðar, annaðhvort breta eða Efnahagsbandalagið sem heild. Og aukinn þrýstingur virðist nú vera á það frá Bretlandi og breskum stjórnvöldum að gengið verði úr skugga um það hið allra fyrsta hvort Efnahagsbandalagið geti komið sér saman í þessu máli á þann veg að það sem heild geti tekið upp viðræður við íslensk stjórnvöld um landhelgismálið. Verði það ekki gert innan tíðar, þá taki bretar sjálfir og einir upp þessar viðræður. Og meira að segja gengur þetta svo langt, að utanrrh. breta, Crosland, að því er virðist hefur látið eftir sér hafa að búið sé að dagsetja viðræðufund með íslenskum ráðamönnum í sambandi við þetta mál. Hæstv. utanrrh. hefur að vísu lýst því yfir hér á Alþ. að hann sé undrandi á slíkum ummælum þess breska og kannist ekki við að neitt slíkt hafi gerst. Og ekki skal ég að óreyndu vefengja það, að hæstv. utanrrh. fari með rétt mál. En við höfum áður heyrt slíkt. Við höfum áður fengið um það fréttir erlendis frá, að búið væri að ákveða stað og stund og að viðræður hafi farið fram án þess að íslensk stjórnvöld vilji við það kannast.

Það er sem sagt ljóst, að gífurlegur þrýstingur verður á um það að veita áframhaldandi veiðiheimildir til handa bretum innan landhelginnar eftir 1. des. Spurningin er því sú, hvort það verður staðið þannig að málum af hálfu þeirra sem ráða, þ. e. a. s. íslensku ríkisstj, að slíkt verði ekki gert. Það fer ekkert milli mála að minni hyggju, að langsamlega mikill, yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar vill að það verði ekki gerðir samningar við breta, vill losna undan því að það verði gert.

Og ég vil vænta þess af hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir þann samningsvilja sem mér virðist vera í brjóstum sumra hverra hæstv. ráðh., að þá verði það ofan á að ekki verði teknir upp frekari samningar um veiðiheimildir bretum til handa eftir 1. des.

M. a. hefur það upplýst hér á hv. Alþ., að hæstv. sjútvrh. er þess hvetjandi að viðræður verði teknar upp, og hæstv. utanrrh., ef ég man rétt, var á svipaðri skoðun hér í umr. ekki alls fyrir löngu í hv. Nd. Það segir auðvitað ekki allt þó að þessir hæstv. ráðh. séu þeirrar skoðunar að taka beri upp viðræður. En hættan er bara sú, kannske fyrst og fremst vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur enga ákveðna stefnu í málinu, að þegar búið er að gangast inn á að taka upp viðræður og komið út í viðræður, þá leiðist menn enn þá lengra, vonandi þrátt fyrir aðra skoðun, og það endi með því að samningar verði gerðir. Og ég sé að í öðru síðdegisblaðanna í dag er á forsíðu haft eftir hæstv. sjútvrh. að ríkisstj. muni vafalaust tala hvort sem er við breta eða Efnahagsbandalagið sem heild um landhelgismálið, og það boðar ekki gott í mínum huga með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur af því sem gerst hefur af hálfu ríkisstj. í málinu á undanförnum mánuðum.

Það fór ekkert á milli mála að við lýstum okkur andvíga samningnum við breta sem gerður var í júní s. l., þannig að það er ljóst að sú þáltill., sem hér er, um það samkomulag, fær ekki okkar stuðning. En ég held að það ætti að vera orðið öllum ljóst, hversu mikill vilji sem fyrir því annars kynni að vera að leysa mál með einhvers konar samkomulagi nú í sambandi við breta, hversu mikill vilji sem fyrir því væri, þá er ekkert um að semja af okkar hálfu. Það er gersamlega um tómt mál að tala. Ástand fiskstofnanna og sóknin á miðin er með þeim hætti að það er bókstaflega um tómt mál að tala að veita útlendingum frekari aðgang að þessari auðlind heldur en þegar hefur verið gert. Það ber því fremur að nota hvert tækifæri, sem gefst til þess að losna undan oki þýska samningsins, heldur en að taka nú upp áframhaldandi samningsviðræður og samningsgerð við breta. Ég skal ekkert um það segja á þessu stigi, hvort endirinn verður sá. Ég óttast það með hliðsjón af því sem reynslan sýnir og einnig með það í huga sem hæstv. ráðh. sumir hverjir hafa látið eftir sér hafa, óbeinlínis sagt í sambandi við þær horfur sem fram undan eru þegar samningurinn við breta fellur út núna 1. des.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða lengri tíma í umr. um þetta mál á þessu stigi, því að eins og ég sagði áðan, þá þjónar það kannske litlum tilgangi að vera í löngu máli að ræða það sem búið er og gert. Framtíðin sker svo úr um það hvert framhaldið verður, hvort ég og aðrir þeir, sem eru þannig þenkjandi að þeir óttast að hæstv. ríkisstj. geri áframhaldandi samning, höfum rétt fyrir okkur eða ekki. Þar verður framtíðin ein að skera úr. En ég vona þjóðarinnar vegna að við stjórnarandstæðingar höfum rangt fyrir okkur í þessum efnum, þannig að það takist að afstýra því að hæstv. ríkisstj. gangi til frekari samningsgerðar og samkomulags um veiðiheimildir bretum til handa.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þær ræður sem hér hafa verið fluttar af hálfu stjórnarandstæðinga.

Í fyrsta lagi hefur það verið gagnrýnt, að samningarnir og sú till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstj. Bretlands um takmarkaðar veiðar breskra togara skuli ekki hafa verið lögð fyrir Alþ. áður en hún kom til framkvæmda og Alþ. sérstaklega saman kvatt af því tilefni. Það er þó þessum hv. þm. ljóst, að allir þm. stjórnarflokkanna munu vera fylgjandi þessum samningum, og jafnvel liggja fyrir yfirlýsingar frá a. m. k. einum þm. stjórnarandstöðunnar sem fellur á sama veg. Það er því enginn vafi á því, að þessir samningar voru byggðir á þingmeirihl. og það verulegum þingmeirihl.

Í annan stað hygg ég að það verði ekki dregið í efa með nokkrum rökum, að ekkert í þessum samningum er þess eðlis að íslendingar hafi ekki betri stöðu eftir gerð þeirra en áður. Hér hefur engu verið fórnað, en í raun og veru allt orðið okkur til ávinnings, enda hefur verið sagt að þessir samnnigar, sem gerðir voru í Osló, séu einhver mesti stjórnmálasigur sem íslendingar hafi unnið.

Það er dregið í efa að vísu af þessum hv. þm. að í samningnum felist viðurkenning breta á útfærslunni í 200 mílur, en í 10. lið samningsins segir: „Eftir að samningurinn fellur úr gildi munu bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði, sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, í samræmi við það sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu."

Þeir hv. þm., sem hér töluðu áðan, sögðu í vor að í samningunum fælist loforð um áframhaldandi veiðar breta hér við land. En nú segja þeir, að það sé ýmist óþarfi að tala við breta eða það sé það eitt við þá að segja að þeir geti engin veiðiréttindi fengið hér við land. Í síðast nefndu ummælunum felst einmitt játning þeirra sjálfra á því, að í samningunum er um fullkomna viðurkenningu breta að ræða á 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Þjóð lofar ekki að hlíta fyrirmælum annarrar þjóðar nema hún sé þar með að viðurkenna yfirráð hennar á viðkomandi sviði. Og það er einmitt það sem bretar gera með þessu samningsákvæði. Auk þess hafa bretar síðan lýst því yfir, að þeir muni beita sér fyrir yfirlýsingu allra Efnahagsbandalagsríkjanna um að þau muni færa fiskveiðilögsögu sína út í 200 mílur á næstu áramótum og ef þeim takist ekki að fá slíka yfirlýsingu fram lýsa yfir sjálfir einhliða 200 mílna fiskveiðilögsögu. Þar með eru þeir búnir að viðurkenna hana sem gildandi alþjóðarétt, því að engin þjóð getur staðið að aðgerð sem slíkri nema hún telji hana vera lögmæta. Við erum sem sagt ekki eingöngu búnir að fá fram viðurkenningu breta á okkar eigin 200 mílna fiskveiðilögsögu, heldur höfum við fengið breta í lið með okkur gagnvart öllum öðrum, sem rétt okkar kunna að draga í efa og efast um að 200 mílna fiskveiðilögsaga sé lögmæt.

Það er sagt að við hefðum átt að fá loforð breta fyrir því að þeir skyldu aldrei fara fram á að fá nein fiskveiðiréttindi innan okkar fiskveiðilögsögu. Þetta er svo vita-meiningarlaust

sem frekast má vera, enda sagði hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, að ef til þess kæmi einhvern tíma seinna að við hefðum áhuga á fiskveiðiréttindum utan okkar 200 mílna fiskveiðilögsögu, þá gætum við metið málið upp á nýtt eftir nokkur ár. Hann vildi sem sagt ekki afsala okkur rétti til þess að fara fram á það við breta að fá einhvern tíma síðar meir fiskveiðiréttindi hjá þeim. Er þá nokkru sanngjarnara að við heimtum af bretum að þeir fari aldrei fram á fiskveiðiréttindi hjá okkur? Hvers konar minnimáttarkennd er þarna á ferðinni? Við þolum það vel að aðrar þjóðir fylgi fram hagsmunum sínum gagnvart okkur. Ef sá málflutningur er ekki í samræmi við okkar hagsmuni, þá erum við menn til þess að segja frá því og ræða við viðkomandi þjóð um rök þeirrar þjóðar og flytja okkar eigin gagnrök. Og það er ekkert annað en það sem um er að ræða núna á næstunni í sambandi við lok samningstímabils.

Við fengum ekki eingöngu með þessum samningi viðurkenningu breta á 200 mílunum, heldur drógum við stórkostlega úr aflamagni þeirra hér við land, hvort heldur litið er á aflamagn þeirra samkv. fyrri samningum eða aflamagn þeirra með herskipavernd. Við höfðum allmargra mánaða reynslu af veiðimagni þeirra undir herskipavernd, og þótt við lítum þeirra eigin aflatölur gagnrýnisauga, þá er það mála sannast að samningurinn felur í sér verulegan samdrátt á afla breta, hvort heldur sem var áður samkv. samningum eða þeir tóku upp úr sjó undir herskipavernd. Við fengum með samningunum friðunarsvæði okkar viðurkennd og friðunaraðgerðir okkar staðfestar og tryggt að eftir hvoru tveggja yrði farið. Það skiptir ekki litlu máli, vegna þess að það er ekki sama hvar aflamagnið er tekið upp úr sjó eða um hvaða fisk er að ræða eða hverrar stærðar. Ég held að það sé líka viðurkennd staðreynd að við styrktum stöðu okkar á Hafréttarráðstefnunni og slógum vopn úr hendi andstæðinga okkar sem vilja skerða rétt strandríkja og vilja fela þriðja aðila úrskurðarvald um það, hvaða yfirráð strandríki skuli hafa yfir 200 mílna lögsögu sinni ef til deilu kemur við annað ríki. Okkur hefur enn sem komið er tekist að tryggja óbreytt í frv. að hafréttarsáttmála það ákvæði að strandríki skuli hafa óskoraðan rétt að ákveða hvaða aflamagn skuli tekið úr sjó innan 200 mílnanna og hverjir það skuli gera. En við vitum líka að sótt er að þessu ákvæði og reynt er að breyta því á þann veg að gerðardómur skuli kveða upp úrskurð ef til deilu við önnur lönd komi.

Enginn vafi er á að staða okkar á Hafréttarráðstefnunni hefur styrkst vegna þessa samnings og okkur hefur tekist með þessum samningi að bægja hættum frá á íslenskum fiskimiðum. Það er verulegur ávinningur. Og ég held að sá háski, sem vofði yfir starfsmönnum landhelgisgæslu okkar og öðrum sjómönnum á fiskimiðum, hafi verið slíkur að það sé umtalsverður ávinningur að koma á friði og leysa þetta deilumál með þeim hætti sem gert var.

Hv. 2. landsk. þm. hafði um þetta að segja að við hefðum keypt af okkur ofbeldi og efnahagslegar þvinganir. En hann virti einskis minnkandi aflamagn breta, viðurkenningu þeirra á friðunarsvæðum og friðunaraðgerðum, og sjá menn þá hvers konar málflutningur er hér á ferðinni.

Ég vil þá hverfa að því sem hv. þm. ræddu um, hvað mundi gerast 1. des. n. k. Í stefnuræðu minni gat ég um það að Efnahagsbandalagið hefði enn ekki markað fiskveiðistefnu sína, það væri enn ekki ljóst á hvaða grundvelli Efnahagsbandalagið eða fulltrúar þess tækju málið upp við okkur, og fyrr en það væri fram komið, væri ekki unnt að taka afstöðu til málsins, hvað gerðist eftir 1. des. n. k. Það er mál út af fyrir sig að haga sé þannig í samskiptum við önnur ríki að segjast annaðhvort ekki vilja ræða við þau eða hins vegar að segja fyrir fram að viðræður við þessi ríki geti í engu breytt afstöðu okkar eða við séum fyrir fram með fastmótaða skoðun sem ekki verði haggað. Þótt síðara tilvikinu væri til að dreifa og okkar afstaða væri slík, þá væri það engan veginn kurteisleg framkoma í alþjóðasamskiptum að koma þannig fram. Við eigum auðvitað að hlýða á hvað önnur ríki hafa að segja, hver málaleitan þeirra er og röksemdir fyrir þeirra málaleitun. Við eigum að hafa það sjálfstraust að geta flutt okkar mál og svarað málaleitun þeirra með hagsmuni okkar eigin þjóðar fyrir augum og gera endanlega hug okkar upp eftir því sem í ljós kemur í viðræðunum. Við eigum áreiðanlega eftir, íslendingar, að leita til annarra þjóða þegar hagsmunir okkar sjálfra eru í veði, og við viljum gjarnan fá tækifæri til þess að flytja mál okkar, jafnvel þótt í byrjun séu litlar líkur á því að viðræðuþjóðin vilji ljá eyra málflutningi okkar. Við viljum samt ná eyra hennar og kanna hvort við getum ekki sannfært hana. Á sama hátt er ekkert óeðlilegt að við hlýðum á aðrar þjóðir. Það er afskaplega mikil minnimáttarkennd, ef við treystum okkur ekki til þess að gæta hagsmuna okkar í samskiptum við önnur ríki, við eigum í raun og veru ekki skilið að vera sjálfstæð þjóð ef við treystum okkur ekki til að haga okkur þannig í samskiptum við önnur ríki, auk þess sem við getum ekki með réttu ætlast til þess að ná eyrum annarra þjóða ef við viljum ekki hlusta á þær þegar þær telja hagsmunum sínum á þann veg háttað að þær þurfi á því að halda.

Hv. 5. þm. Vestf. talaði um gífurlegan þrýsting og að bretar hefðu mikinn áhuga á að ná fiskveiðiréttindum hér við land. Ég efast ekkert um að bretar hafi gífurlegan áhuga á að fá einhver fiskveiðiréttindi hér við land. En ef við teljum það ekki í samræmi við okkar hagsmuni, þ. e. a. s. að við náum fram með því gagnkvæmum fiskveiðiréttindum, þá takast auðvitað ekki samningar. Samningar takast ekki nema báðir aðilar telji sig hafa nokkurn hag af þeim, og það er á þeim grundvelli sem til slíkra viðræðna verður gengið. Áður en við vitum, hvað gagnaðilinn hefur að bjóða okkur, er algerlega útilokað að segja hvort úr samningum verður eða ekki. Við höfum veitt síld í Norðursjó og lítillega botnlægan fisk við Grænland. Við vitum það enn fremur að karfi og þorskur við Grænland kemur á stundum hingað til lands. Við verðum að heyra í hverju fiskveiðiréttindi þau, sem okkur verða boðin, eru fólgin áður en við höfnum þeim eða gerum upp við okkur hvort við getum látið eitthvað í staðinn, þannig að á þessu

stigi málsins er of snemmt að kveða eitt eða neitt upp úr um endalok þessara viðræðna. Samningar takast ekki af okkar hálfu nema við munum sjá okkur hag af þeim.

Hv. 2. þm. Austf. hneykslaðist nokkuð á því, að ég hefði ekki látið mér nægja að lýsa yfir að skammtímasamningahagsmunir ættu að ráða hvort úr samningum ætti að verða eða ekki. Ég held að það hvíli sú skylda á öllum þeim, sem fara með samningsumboð einnar þjóðar, að líta ekki eingöngu til dagsins í dag, heldur einnig hvað morgundagurinn ber í skauti sínu og líta yfir lengri veg, þegar skoðaðir eru hagsmunir þjóðarinnar. Þetta á einkum og sér í lagi við um samninga þjóða á milli.

Þegar þáltill. þessi um samkomulag við breta er til umr., þá er auðvitað ekki ástæða til þess að fara nánar út í hvað tekur við þegar samningstímanum lýkur. En umræðurnar um það, hvað tekur við þegar samningstímanum lýkur, sýnir þó, svo að ekki verður um villst, hvílíkur árangur hefur orðið af þessari samningsgerð, hvílíkan sigur við höfum unnið með þessum samningum, nefnilega það, að framvinda málsins er algerlega á okkar valdi, og við verðum að meta framvinduna og marka stefnuna í ljósi þess hvað er best í samræmi við hagsmuni Íslands í bráð og lengd.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þeir hv. þrír stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, hafa allir barið sér á brjóst og sagst vera á móti þeim samningi, sem gerður var í Osló, og ekki komi til greina að leyfa nokkrar veiðar útlendinga innan fiskveiðilandhelginnar, eins og *ástand fiskstofnanna er. Vitaskuld eru allir* íslendingar sammála um það, að við viljum nýta okkar fiskveiðilandhelgi einir. En það hafa áður komið aðvaranir um hættulegt ástand fiskstofna í hafinu umhverfis Ísland, og þá var samt gerður samningur um ekkert smámagn, eins og við breta 1973. Sá samningur fól ekki í sér neina viðurkenningu breta á þeirri fiskveiðilandhelgi sem þá hafði verið ákveðin og færð út í 50 mílur. Það var mat þáv. ríkisstj. og meginhluta þáv. stjórnarandstöðu að það væri skynsamlegt og nauðsynlegt að gera slíkan samning til þess að fá frið, til þess að fá vopnahlé á miðunum umhverfis Ísland. Við vorum örfáir sem greiddum atkv. á móti þeim samningi þá, ekki af því að við vildum ekki semja, heldur að við töldum þann samning óaðgengilegan, og skal ég ekki fjölyrða um það frekar.

En af hverju gerðu þessir góðu íslendingar, sem töluðu hér áðan, af hverju studdu þeir þennan samning? Af hverju gengu þeir inn á þennan samning? Hann er þeirra samningur, þessara þriggja, þessarar heilögu þrenningar sem talaði hér áðan, þrátt fyrir aðvaranir fiskifræðinga. Þeir eru með ásökun í garð þeirra, sem síðan hafa verið þeirrar skoðunar að það beri að semja í deilumálum og hafa gert aðra samninga. En það eru skrýtin sinnaskipti þetta, allt í einu. Og hvers vegna fást menn ekki til þess að viðurkenna það, sem ég veit að þeir skilja vel, að samningurinn í Osló léttir á Íslandsmiðum? Hvernig stendur á því að greindur og reyndur maður eins og hv. 2. þm. Austurl. skuli fullyrða hér í ræðustól að breska heimsveldið hafi verið að gefast upp fyrir okkur íslendingum 1. júní? Ég er ekki herfræðingur, og ég hélt að þessi hv. þm. væri það ekki heldur, svo að það er erfitt fyrir okkur að meta hernaðarlega stöðu breta. Ég treysti mér ekki til þess. En eitt hafa bretar verið þekktir fyrir, það er fyrir seiglu, þrautseigju, og ég held að á henni einni saman hefðu þeir haldið út þangað til endalok Hafréttarráðstefnunnar lægju fyrir.

En við skulum líka, fyrst þessi tími er liðinn, líta á okkar stöðu. Hvernig var komið fyrir okkar varðskipum? Við sjáum núna á næstu mánuðum og kannske þegar kemur fram á næsta ár endanlega reikninga yfir allar þær ofboðslegu viðgerðir sem þurfti að gera. En þetta eru smámunir einir á við hitt, hve mikils virði það var og er að fá frið á miðunum. Það var áhyggjuefni allra manna að ef stórslys hefði orðið á miðunum, þá hefði það aldrei verið bætt. Það er hægt að gera við skip eða kaupa ný skip í staðinn fyrir þau sem verða ónýt eða farast, en það er ekki hægt að bæta fyrir mannslífin sem kunna að tapast í slíkum átökum. Þetta verðum við alveg örugglega að hafa í huga.

Við skulum líka hafa það í huga að á fyrstu 5 mánuðum s.l. árs veiddu bretar 36 þús. tonn, en þessa sömu mánuði á þessu ári veiddu þeir um 30 þús. tonn þrátt fyrir frækilega frammistöðu landhelgisgæslunnar tókst þeim undir herskipavernd að veiða 30 þús. tonn eða aðeins 6 þús. tonnum minna en þeir máttu veiða samkv. samningi þeirra Lúðvíks og Karvels sem var í gildi á árinu 1975.

Nú skulum við líta aftur á það, sem áunnist hefur, og líta á aflann þessa mánuði sem samningur hefur verið í gildi. Þeir veiða í júnímánuði í ár 6814 tonn, en 1975 veiða þeir í júní 15496 tonn. Í júlímánuði nú í ár veiða þeir 7802 tonn á móti 14398 tonnum árið á undan, í ágúst 8573 tonn á móti 13087 tonnum árið á undan og í sept. 5483 tonn á móti 9444 tonnum. Er þetta ekki ánægjulegur árangur af þessum samningi, að ná friði á miðunum og minnka veiðar breta svona gífurlega eins og ég hef hér rakið?

Ef við lítum á heildarbotnfiskaflann 30. sept., þá er hann 477.9 þús. tonn, þar af er þorskur 291.2 þús. tonn. Íslendingar veiða af þessu magni 366.5 þús. tonn og þar af þorskur 239.6 þús. tonn. Afli breta af þorski er á öllu árinu 45.7 þús. tonn, þjóðverja 2.3 þús. tonn, færeyinga 3.5 þús. tonn, norðmenn og Belgar eru með eitthvað um 200—300 tonn, sem varla tekur að nefna. Þetta er þorskaflinn. En ef við lítum aftur á þá þróun sem hefur orðið á þessum árum, t. d. á árinu 1972, þá er heildarveiðin við Ísland af þorski og botnlægum fiski 691.8 þús. tonn og þar af er veiði íslendinga aðeins 380.4 þús. tonn eða 55%. Heildarveiði íslendinga á þorski er 57% þetta ár, á árinu 1973 fer þorskveiðin upp í 62%, 1974 í 64% og 1975 nálægt 70%, en nú á þessu ári hefur þorskafli íslendinga aukist hlutfallslega miðað við útlendinga og hann er kominn í 82.3% þessa fyrstu 9 mánuði ársins. En heildarhlutur okkar í öllum botnfiskaflanum þessa fyrstu 9 mánuði ársins er 76.7%. Ég fyrir mitt leyti er mjög ánægður með þessa þróun. En hún verð-

ur auðvitað að halda áfram í þessa átt og auðvitað eins fljótt og unnt er.

Það er vafasamt að þjóðverjar veiði að fullu og öllu það heildarmagn sem þeir mega veiða á einu ári, og það er það sem þeir héldu fram undir samningsgerðinni, miðað við skipafjölda, að þeir mundu ekki ná þessu aflamagni og voru mjög óánægðir með það. En í ágústlok hafði heildarveiði þjóðverja hér við land numið 46.4 þús. tonna, þar af var karfi 25.500 tonn tæplega og ufsi 13400 tonn, en þorskur aðeins 2.4 þús. tonn.

Við vitum það mætavel, að sókn okkar íslendinga sjálfra í einstakar tegundir af fiski hefur verið mjög takmörkuð. Við höfum lagt höfuðáhersluna á þorskinn og ýsuna og við höfum aukið verulega sóknina í ufsann, en samt erum við ekki nema með 70% af ufsa. Hins vegar er veiði okkar íslendinga á s.l. ári ekki nema 46% af heildarveiði karfa. Þar hefur verið um að kenna að íslensku togveiðiskipin hafa ekki sóst eftir karfanum nema þá einkum stóru togararnir, fyrr en þá nú að þetta hefur nokkuð breyst til hins betra, og þá hefur það verið gert með sérstökum ráðstöfunum um að hækka verulega verð á þessum fiski til þess að minnka um leið sóknina í þorskinn og auka veiðar í þessa fisktegund.

Hv. 2. landsk. þm. sagði í sinni ræðu að á fyrsta samningafundinum milli breta og íslendinga, sem var haldinn hér í Reykjavík, hefði aðstoðarutanrrh. breta farið fram á 100 þús. tonna veiði fyrir breta á ári. Þetta er ekki rétt, því að krafa Hattersleys á þessum fyrsta fundi var um 130 þús. tonna veiði, eins og samningurinn frá 1973 gerði ráð fyrir. Á þeim fundi sögðum við samningamenn íslendinga að slík krafa væri svo fjarri öllu að það tæki því varla að svara henni og það þýddi ekki að nefna neitt nálægt því þessa veiði við okkur. Og ég fullyrði það að enginn ráðh. í ríkisstj. leit einu sinni við helmingi af þessu magni eftir þennan fyrsta fund upp á það að semja um.

Hv. 5. þm. Vestf. gerði nokkuð að umræðuefni að utanrrh. Bretlands hefði sagt að fundur færi fram á ákveðnum degi, sem utanrrh. hefur þegar gefið yfirlýsingu um, og enn fremur hafði hann mörg orð um hvað breskur þingmaður, Prescott að nafni, hafi sagt hér um Efnahagsbandalagið og kröfu breta um að þeir fái samninga til jafnlangs tíma og þjóðverjar. Þó að menn séu nú um það bil að ganga í Alþfl., þá þurfa þeir ekki að gera að biblíu sinni tvo krata úti í Bretlandi, ég tel enga ástæðu til þess. Þessi Prescott, þm. Verkamannaflokksins, talaði hér í sjónvarp seinni partinn í sumar og þar lét hann þessi orð falla. Hann var mjög miður sín eftir viðræður sem hann hafði átt fyrr um daginn við íslensk stjórnvöld um þennan skilning sinn, vegna þess að hann fékk þau viðhorf að slíkt kæmi ekki til greina og íslendingar væru ekki til viðræðna um það, svo að það er alveg ástæðulaust að láta sér hitna eitthvað í hamsi út af því hvað þessi þm. sagði í sjónvarpinu þetta kvöld. Hitt er staðreynd, að í 10. gr. samningsins á milli Bretlands og Íslands segir: „Samningur þessi skal gilda í 6 mánuði frá gildistöku. Eftir að samningurinn fellur úr gildi munu bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði, sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, í samræmi við það sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu.“ Ég skil eiginlega ekki í mönnum að vera að deila um túlkunaratriði þessarar gr. samningsins, því að það er svo greinileg viðurkenning breta á því að bresk skip muni ekki veiða innan þess svæðis sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, nema það sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu. Það segir sig sjálft að Ísland hefur vald til þess að hafna öllu, nema það verði boðið eitthvað sem íslendingar telja að sé þjóð sinni fyrir bestu.

Það er algert ranghermi hjá hv. 5. þm. Vestf. að ég sé hvetjandi þess að viðræður verði teknar upp við breta. Ég hef aftur sagt það, eins og utanrrh. hefur sagt og forsrh., að ríkisstj. er reiðubúin til þess að ræða við breta eða Efnahagsbandalagið ef þeir óska eftir viðræðum, sem við vitum að þeir muni gera, og utanrrh. hefur skýrt frá því hér að það hafa farið fram viðræður á einum fundi úti í Brüssel. Þær viðræður voru ekki um annað en það, að þar lýstu fulltrúar Íslands hvernig ástandið væri í fiskstofnum og hvað snertir ofveiði og fullnýtta ákveðna fiskstofna við landið. Og það var spurt: Hver er þá skoðun Efnahagsbandalagsins? Efnahagsbandalagið hafði enga stefnu fram að færa. Meira hefur ekki verið gert í þessum efnum. En það, sem auðvitað kann að gerast, er að Efnahagsbandalagið óskar eftir þessum viðræðum og ríkisstj. er ákveðin í að eiga viðræður við þessa aðila, en hún hefur ekki tekið neina ákvörðun um hvað skuli gert, fyrr en hún heyrir hvað þar er um að ræða. Ég hef látið hafa það eftir mér, að við höfum ákveðið að ræða við breta eða Efnahagsbandalagið um gagnkvæm veiðiréttindi innan 200 mílna, og ég endurtek og legg á það áherslu að hér er aðeins um gagnkvæmar viðræður að ræða um fiskveiðiréttindi, en ekki um tollamál eða einhliða fiskveiðiréttindi breta á Íslandsmiðum. Og ég segi það fyrir mitt leyti, að ég tel að það komi ekki til greina annað en halda áfram þeirri ákveðnu viðleitni og baráttu að við nýtum fiskveiðilandhelgina einir, nema við fáum gagnkvæm fiskveiðiréttindi annars staðar sem við teljum að henti okkur betur.

Það er líka til eitt í því, að ef slíkar viðræður fara fram, þá geta þær beinst inn á þær brautir að það verði um einhverjar viðræður að ræða síðar, eins og hv. 2. þm. Austurl. benti á í sinni ræðu. Við vitum alveg hvernig ástandið er í okkar málum. En við verðum eðlilega að hafa þann hátt á, eins og kurteisum mönnum sæmir, að eiga viðræður við þessar þjóðir. Og við verðum líka að vera þess minnugir að Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna er ekki endanlega lokið.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að stytta mál mitt, bæði af því að nokkuð er orðið áliðið og aðrir hafa beðið um orðið og eins vegna þess að ýmsu af því, sem til mín var beint, hefur nú þegar verið svarað, þannig að ég þarf ekki að dvelja lengi við það. En nokkur orð má ég þó til að fá að segja hér áður en þessari umr. lýkur.

Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Austurl. talaði um að hér væri um formsatriði að ræða sem enga þýðingu hefði, að fjalla um þennan samning þar sem hann væri næstum útrunninn. Ég skal fúslega fallast á að það eru skemmtilegri vinnubrögð að bera slíka samninga undir Alþ. áður en þeir taka gildi, og ég er því hlynntur þegar því verður við komið. En að hér sé einungis um formsatriði að ræða sem ekkert gildi hafi get ég ekki fallist á, því að ef Alþ. neitar staðfestingu á þessum samningi, þá er það ljóst að *mínu mati* að ríkisstj. hefur farið út fyrir umboð sitt og verður þá að víkja, alveg eins og vera mundi ef brbl., sem búin eru að þjóna gildi sínu og við þekkjum mörg dæmi um að eru borin undir Alþ., fengju ekki samþykki. Þess vegna álít ég að hér sé að vísu kannske um formsatriði að ræða, en formsatriði sem hafi þýðingu. *Ég hygg að við getum verið sammála* um að svo sé.

Ég veit ekki hvort hér ber að tala um meiri háttar samning eða minni háttar. Það sýnir sig að þessi samningur mun veita bretum möguleika á eitthvað nálægt 25—30 þús. tonna afla á því tímabili sem hann tekur til. Ég veit ekki hvort það er stórkostlegur samningur *í augum* hv. alþm. Mér finnst það ekki vera hvað snertir magn. Hann er helmingi hærri að vísu en samningurinn við færeyinga, sem eins var farið með, en hann er að öllu leyti ósambærilegur að mínu mati við t. d. samningana 1961, þar sem íslendingar ákváðu að leggja það á vald Haagdómstólsins hvort þeir færðu út lögsögu sína nokkurn tíma framar eður ei. Á þessu geri ég verulegan mun og finnst ekki fyllilega sambærilegt að bera þetta tvennt saman.

Um viðurkenninguna á 200 mílum þarf ég ekki að hafa mörg orð. Það hefur svo oft verið lesin upp 10. gr. Oslóarsamningsins úr þessum ræðustóli nú í kvöld, að ég held að menn hljóti að vera farnir að veita henni athygli hafi þeir ekki gert það áður. Þessi grein er ótvíræð viðurkenning á því, að við ráðum fiskveiðilögsögunni eftir 1. des. Ég veit að það þarf ekki að taka dæmi um það. En ekki mundi ég biðja hv. 2. þm. Austurl. til að mynda um að fá að sitja í bílnum hans heim, eins og ég hef stundum gert, nema af því að ég viðurkenni að hann á hann. Og þannig mætti mjög mörg dæmi taka sem ég skal ekki þreyta þm. á að nefna.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að bretar hefðu verið að gefast upp, og hann vildi sanna það með því að eftir að samkomulagið var gert, þá hefðu þeir viðurkennt það. En ætli það sé nú ekki svo með stjórnmálamenn í Bretlandi eins og kannske víðar, að þeir verði að réttlæta gerðir sínar? Mér dettur í hug að Crosland, þm. í Grimsby, hafi kannske dottið ofan á það að segja að það hafi ekki verið nein önnur leið út úr þessum ógöngum, sem Bretland var komið í, en að semja og bjarga þar með andlitinu, því að þeir hefðu orðið að gefast upp hvort sem var. Gæti þetta ekki verið hugsanleg skýring á því, hvers vegna bretar eða þessi tiltekni þm. viðurkenndi það eða hélt því fram að bretum hefði ekki verið stætt lengur á styrjöldinni.

Hér hefur verið talað um að það væri ástæða til þess að lýsa því yfir fyrir fram nú þegar að ekki væri ástæða til þess að eiga nein samtöl við Efnahagsbandalag Evrópu eða þá breta, þar eð ástand fiskstofnanna væri þannig hjá okkur að óhugsandi væri að við gætum neitt látið í staðinn fyrir það sem þeir kynnu að vilja bjóða. Ég vil segja það í tilefni af þessu, að ég er því fylgjandi og fýsandi — eða a. m. k. fylgjandi, skulum við segja, að viðræður við Efnahagsbandalag Evrópu fari fram, ef þeir óska, til þess að í ljós komi hvað þeir hafa að bjóða sem okkur mætti að gagni koma. Ég er síður á því að tala við breta eina, m. a. vegna þess að ég kem ekki auga á að þeir hafi yfirleitt nokkuð það að bjóða sem geti verið ávinningur fyrir okkur að láta eitthvað í staðinn fyrir. Að vísu skal ég viðurkenna það, að ég er enginn sérfræðingur í fiskveiðum og fiskveiði*málum, og það kann vel að vera* að þetta sé rangt ályktað hjá mér. En svona hef ég hugsað þetta mál fyrir mitt leyti. Ég sagði það í Nd. og ég skal endurtaka það hér í tilefni af því sem sagt hefur verið, að ég vil ekki hafna viðræðum við Efnahagsbandalag Evrópu ef fram á það verður farið, en ég tel að það verði að *fara mjög varlega í þeim viðræðum og við eigum* að gæta vel að okkur í þeim viðræðum, — ég skal undirstrika það.

Um Grænland og fiskveiðiréttindin þar þykir mér rétt að segja frá því hér, að ummæli Ívars Nörgaards, viðskrh. dana, voru ekki alls kostar rétt eftir höfð í því blaði sem birti þau hér. Það var, *ef ég man rétt, sagt í því blaði*, að Grænland mundi ekki falla undir efnahagslögsögu Efnahagsbandalagsins. Þetta hefur síðan verið borið til baka, en jafnframt lögð á það áhersla, að grænlendingar fengju sérstök réttindi, hefðu sérstöðu. En það var áréttað af talsmanni dana hjá Efnahagsbandalagi Evrópu við sendiherra okkar þar, að *Grænland mundi falla* undir yfirráð Efnahagsbandalagsins, en sem sagt leita eftir nokkurri sérstöðu, sem ég get því miður ekki upplýst á þessu stigi í hverju á að vera fólgin. Þetta skiptir kannske ekki neinu meginmáli, en ég vildi leyfa mér að geta um þetta af því að ég er nýbúinn að fá þessar upplýsingar.

Hv. 2. landsk. þm. *tjáði mér* að hann þyrfti að fara af fundi, og þess vegna mun ég nú kannske ekki fara eins nákvæmlega út í hans mál og annars mundi verið hafa. En ég kemst ekki hjá því að gagnrýna þann málflutning sem hann viðhafði hér um okkur í ríkisstj., þar sem hann gaf í skyn að ýmsir okkar hefðu viljað *fallast á upphaflegar till.* Hattersleys aðstoðarráðherra breta. Ég veit ekki undir hvaða tegund blaðamennsku á að flokka þetta, en rannsóknarblaðamennska er það áreiðanlega ekki. Hér er verið að gefa í skyn að menn hafi viljað semja um 130 þús. tonna ársafla til handa bretum, sem sagt um óbreyttan samning frá 1973. Ég staðhæfi að það var enginn ráðh. sem vildi ganga til þeirra samninga, ekki einn einasti, og það þó um miklu minna magn væri að tefla.

Það er sagt núna að viðurkenning breta hafi enga þýðingu, hér liggi ljóst og hreint fyrir að 200 mílur séu alþjóðalög, um það þurfi ekki að ræða, norðmenn hafi þegar í júní verið sann-

færðir um að 200 mílur væru orðnar staðreynd. En þá liggur manni við að spyrja: Eftir hverju eru norðmenn þá að bíða til 1. jan. 1977, ef það eru í þeirra augum alþjóðalög í júní 1976 að 200 sjómílna fiskveiðilögsaga sé réttur hvers einasta ríkis? Slíkan málflutning fæ ég ekki með neinu móti skilið, enda held ég að það sé mála sannast, að þrátt fyrir það að líklega muni engum detta í hug lengur að beita ofbeldi gegn 200 mílum, þá eru þó enn þá ríki sem viðurkenna þær ekki í reynd. Þess vegna hefur m. a. gengið svo erfiðlega á Hafréttarráðstefnunni sem raun ber vitni og margir hv. alþm. þekkja af eigin raun að koma saman alþjóðalögum um þetta efni. En ég trúi því engu að síður fastlega eftir síðasta fund Hafréttarráðstefnu í New York, sem endaði í maí ef ég man rétt, að þá muni kaflinn um einkarétt strandríkis haldast. Ef það er þetta sem hv. 2. landsk. hefur meint og annað ekki, þá get ég út af fyrir sig verið sammála því.

Ég mótmæli því að við höfum keypt af okkur ofbeldi og við höfum keypt af okkur efnahagsþvinganir. Við gerðum samning sem minnkaði þær veiðar sem bretar héldu uppi undir herskipavernd. Það, sem við náðum með samningnum, var í fyrsta lagi að losna við ofbeldi, í öðru lagi að losna við efnahagsþvinganir og í þriðja lagi að minnka afla breta.

Ég tek alveg undir það með hv. 5. þm. Vestf., að það er mjög leiðinleg staðreynd, sem ekki verður þó á móti mælt, að margsinnis hefur sá trúnaður, sem settur hefur verið á ýmis mál, verið brotinn. Og það er illt til þess að vita, hver sem í hlut á. En það gildir ekki bara um þýsku samningana, hv. 5. þm. Vestf., það gildir um fleiri samninga, og um það er hægt að finna dæmi í dagblöðunum, fleirum en því sem þarna átti hlut að máli. En ég endurtek, að það er leitt til þess að vita að þetta skuli hafa átt sér stað, og ég get vel skilið að mönnum, sem ekki hafa brotið trúnað, þyki hart undir því að búa að aðrir geri það. Ég vona að okkur takist í framtíðinni að komast hjá slíkum vinnubrögðum því að þau þjóna ekki nema slæmum tilgangi að mínu mati.

Síðan vil ég ítreka það, að ummæli Croslands utanrrrh. breta um ákveðinn fund 3. nóv. eru ranghermi. Það hlýtur að stafa af því að hann hafi óskalista um hvaða dag hann geti fengið viðræður við Ísland. Viðræður við okkur hafa ekki verið nefndar á nafn, ekki farið fram á þær og viðurkennt að slíkt sé ekki hægt fyrr en bandalagið hefur sjálft fastmótaða stefnu í fiskveiðimálum. Ég vona að menn taki þetta gilt, því að hér er algerlega rétt frá skýrt. Við gátum aldrei vænst þess, held ég, og getum aldrei vænst þess að það verði aldrei farið fram á nein fríðindi af okkar hálfu, t. d. innan fiskveiðilögsögunnar, af því að það er helsta auðlind sem við eigum. Við gengum heldur ekkert að því gruflandi í júní, þegar við vorum að gera þennan samning, að það mundi verða leitað á okkur eftir 1. des., það þarf engum á óvart að koma. Það segir berum orðum í bréfi Croslands til okkar að ríkisstj. Bretlands muni fara þess á leit við Efnahagsbandalag Evrópu að það hefji samningaviðræður við Ísland svo fljótt sem verða má um samkomulag til langs tíma um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Það þarf því engum á óvart að koma þótt fast verði á okkur leitað, og við skulum alveg búa okkur í stakk til þess að mæta því, enda hygg ég, að sjálfstæðisbaráttu þjóðanna ljúki seint, og þetta er kannske sú sjálfstæðisbarátta sem við heyjum hvað erfiðasta. Það er að halda auðlindum okkar fyrir okkur sjálfa.

Ég skal svo, herra forseti, láta máli mínu lokið. Ég sé ástæðu til þess að gera þessar örstuttu aths. við þær ræður sem hér hafa verið haldnar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að óska eftir því að hæstv. forseti fresti þessari umr. Það er þegar rétt komið að þeim tímamörkum að eðlilegt er að slíta fundi. Það hefur komið fram í þessum umr. að þeir, sem þátt hafa tekið í þeim, hafa ekki allir getað mætt hér, m. a. formaður Alþfl., og ég tel að m. a. hafi nú komið fram í ræðu hæstv. utanrrh. allmikill misskilningur á því sem hv. 2. landsk. þm., form. Alþfl. sagði hér. Það er a. m. k. mín skoðun, að ég tel alveg víst að hann hefði talið þörf á því að kveðja sér hljóðs hér á nýjan leik og taka frekar þátt í þessum umr.

Ég hafði hugsað mér og tel í rauninni óhjákvæmilegt að tala hér miklu lengri tíma en þær fáu mínútur sem nú eru eftir til kl. 7. Að sjálfsögðu get ég flutt mitt mál ef hæstv. forseti óskar eftir því. En sem sagt, ég fer fram á það að forseti fallist á að fresta þessum umr. eins og nú standa sakir og taka þær upp á nýjum fundi, og mundi ég þá hefja ræðu mína þá.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út frá því sem hv. 2. þm. Austurl. hefur farið fram á, að fresta fundi nú og hefja umr. aftur síðar um þetta mál, get ég vel fallist á það. En á hitt vil ég minna, að s. l. fimmtudag var þetta mál ekki tekið fyrir vegna óska hv. 2. þm. Austurl., og ég vil taka það fram strax, að þar sem umr. heldur ekki áfram nú, þá mun hún fara fram næsta föstudag, það verður fjárlagaumr. á fimmtudag, og það sjá allir hv. þm. að það er ekki hægt að draga á langinn að ræða þetta mál. Því fer umr. fram næsta föstudag og með þeim forsendum fellst ég á það að umr. verði frestað að þessu sinni.

Umr. frestað.

Efri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá, frv. (þskj. 37). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem við hv. þm. Helgi Seljan fluttum á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga. Með öðru frv. um breyt. á l. nr. 30 frá 1941, um fjarskipti, leggjum við til að gefin verði eftir starfrækslugjöld af bifreiðum fólks

sem er svo illa fatlað til gangs að öryggi þess sé í hættu ef bíll bilar á vegum úti eða bifreið festist vegna ófærðar.

„Landssími Íslands," segir í grg. með frv. okkar frá því í fyrra, „lætur nú smíða miðbylgustöðvar, sem þykja allgóðar til notkunar í bílum. Kosta stöðvar þessar 380 þús. kr. og eru heldur ódýrari en innfluttar stöðvar samsvarandi."

Það skal tekið fram að stöðvar, sem kostuðu um 380 þús. kr. í fyrra, munu kosta í kringum 460 þús. kr. núna, m. a. vegna hækkana á innfluttu smíðaefni til þeirra. Tollur af smíðaefni í stöðvar þessar nemur 35%. Talstöðvar af þessari tegund eru í tollflokki 85.15.32, og er tollur af þeim einnig 35%.

Þess má geta að algengt er að útgerðarmenn, sem láta smíða fiskiskip erlendis og búa þau tækjum þar, fái eftirgjöf innflutningstolla af talstöðvunum.

Síðan við Helgi Seljan fluttum þetta frv. í fyrra hefur það gerst, að Öryrkjabandalagið hefur gert þetta mál að sínu, fjallað um það á síðasta þingi sínu og leggur mjög mikla áherslu á það að því verði til leiðar komið að fólki, sem svo er illa fatlað að það verður að fara í hjólastól á milli húss og bifreiðar ellegar að öðrum kosti gengur við styrktarjárn á lömuðum fótum eða í þriðja lagi er aflimað á báðum fótum fyrir ofan hné, því verði gert kleift að hafa stöðvar af þessari tegund í bílum sínum.

Til sanns vegar má færa að það gæti e. t. v. orðið erfitt að draga línuna á milli þeirrar fötlunar, sem gerði notkun talstöðva af þessu tagi lífsnauðsynlega, og annarrar fötlunar sem þá ætti ekki að kalla á fyrirgreiðslu af þessu tagi. En ég hygg að sá vandi sé raunar auðleystur þar sem læknar geti um þetta dæmt á eðlilegan hátt.

Ég hef fengið upplýsingar um það frá samtökum fatlaðra og raunar víðar að verðið, sem tilgreint er í grg. með þessu frv. okkar Helga Seljans 380 þús. kr. — er nú 460 þús. kr., er óeðlilega hátt. Til sölu eru í landinu talsstöðvar sem virðast vera fyllilega jafngóðar og þær sem hér um getur frá Landssímanum og eru miklu ódýrari. Í notkun eru á Íslandi núna 7—8 þús. svokallaðar almenningstalsstöðvar í bílum og bátum. Þessar stöðvar hafa reynst ákaflega vel. Sú tegundin, sem mest er af í notkun hér á landi og hefur fengið mesta reynslu, eru svokallaðar Lavayette-stöðvar sem nota 27 megariða sendibylgju. Þær munu nú vera í 2800—3000 bílum hérlendis. Almannavarnir hafa keypt þessar stöðvar, Slysavarnafélagið, lögreglan notar þær og Landhelgisgæslan, og þær hafa reynst afburðavel. Þessar stöðvar kosta nú með öllum búnaði, tilbúnar til þess að setjast í bifreið, að meðtöldum tolli, vörugjaldi og söluskatti, í kringum 45 þús. kr. Án þessarar álagningar, þ. e. a. s. að frádregnum tolli, vörugjaldi og söluskatti og með þeirri lækkun á álagningu, sem af slíku mundi leiða, mundu þær ekki kosta nema í kringum 20 þús. kr. Hér er að vísu galli á gjöf Njarðar, ef við ímyndum okkur að hið illa fatlaða fólk notaði stöðvar af þessari tegund, en hann er sá að Landssíminn hefur afneitað með öllu þjónustu við slíkar stöðvar þó að hér sé um að ræða 7—8 þúsund stöðvar í farartækjum á landi hér. Landssíminn neitar að afgreiða þessar stöðvar í gegnum Gufunes, og hafa reynst torfengin svör við því, hvers vegna Landssíminn fæst ekki til þess að hlusta á sendingar frá þessum stöðvum og svara þeim og annast þjónustu fyrir eigendur þessara stöðva. Ég vil ekki fullyrða neitt um orsakirnar fyrir þessu, enda þótt notendur stöðvanna ýmsir hverjir, þ. á m. opinberir og einstaklingar frómir, tjái mér það að þeir geti ekki fundið neina aðra orsök en þá að Landssíminn, eins og þeir segja, sé þversum í málinu. En þetta mál má að sjálfsögðu kanna betur.

Það er ljóst mál að þessar stöðvar, sá fjöldi sem nú er kominn af þeim, eru þegar orðnar ákaflega þýðingarmikið öryggistæki á landi hér. Bílarnir, sem þessi tæki eru í, eru vægast sagt víðs vegar í þéttbýli og strjálbýli, og notkun neyðarbylgju frá þessum senditækjum gæti verið ákaflega þýðingarmikill fyrir hið almenna öryggi. En hér er fjallað fyrst og fremst um naðusyn öryrkja sem svo mjög eru fatlaðir að líf þeirra getur við legið ef bílarnir festast í ófærð, fara út af vegi eða bila á jafnvel alfaraleið, — að líf þeirra er í veði að þeim takist að láta til sín heyra og kalla á hjálp. Liggur þá náttúrlega í augum uppi, þótt ekki væri nema vegna þeirra tiltölulega fáu tuga manna sem þessi lög eru að sniðin, að þá er forkastanlegt ef það er ekki hægt að tryggja vakt á þeim bylgjulengdum sem eigendur þessara tækja nota.

Næst á prentaðri dagskrá þessarar hv. d. er annað lagafrv. sem varðar þetta sama mál. Mun ég mæla með því með örfáum orðum nú á eftir og læt því þessa framsöguræðu með frv. til l. um tollskrá o.fl. nægja.

Albert Guðmundsson: Forseti. Ég vil að sumu leyti taka undir með hv. flm., 5. þm. Norðurl. e., og undir hans málflutning, en þó ekki að öllu leyti. Ég er mjög hræddur um að í þessu frv. felist vissar hættur. Í lok 1. gr. segir: „Eftirgjöf þessi nái einnig til smíðaefnis í slíkar talstöðvar fyrir fatlaða." Það er afskaplega erfitt að gera mun á því hvaða smíðaefni og hvaða varahlutir eiga að fara sérstaklega í tæki þau sem fatlaðir og bæklaðir til gangs kæmu til með að nota, þannig að till. býður þarna upp á vissa möguleika á því að komast hjá því að greiða eðlileg aðflutningsgjöld fyrir þá sem ekki eiga að njóta þeirrar undanþágu sem frv. getur um. Þess vegna hefði ég talið eðlilegast, þar sem flm. hefur upplýst að hér sé um að ræða tiltölulega fámennan hóp, sem skiptir nokkrum tugum, að þessi 1. gr. yrði umorðuð eitthvað á þá leið, að Landssíminn láni endurgjaldslaust talstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks sem er lamað eða bæklað til gangs. Slíka till. mundi ég álíta heppilegri fyrir þetta fólk. Landssíminn sæi þá endurgjaldslaust um viðgerðir, ef á þarf að halda, fyrir þetta fólk sem skiptir ekki nema nokkrum tugum eftir þeim upplýsingum sem ég hef hér fengið. Að öðru leyti styð ég þetta frv.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Flm. frv. er ljós þessi hætta sem hv. þm. Albert Guðmundsson benti á í sambandi við eftirgjöf á tollum á smíðaefni í tæki þessi. Við höfðum raunar hugsað okkur að ráðin yrði bót á þess-

um galla með reglugerð. En vegna munnlegrar till. hv. þm. um breytingar á þá lund, að Landssímanum yrði raunar falið að lána því talstöðvar í bíla sína án endurgjalds og halda þessum stöðvum við, þá vil ég geta þess að umsóknir munu nú liggja fyrir hjá Tryggingastofnun ríkisins um það, að hún sjái raunverulega fyrir öryggistækjum af þessari tegund í bíla fatlaðs fólks.

En ég lít svo til að samþykkt þessara frumvarpa tveggja mundi ekki aðeins létta undir með einstaklingunum sjálfum, sem þurfa á þessum tækjum að halda, og þeim stofnunum, sem tækju að sér að leysa úr nauð þeirra sem verst eru á vegi staddir, heldur yrði hún einnig visbending um vilja Alþ. í þessu efni. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að samanborið við það sem tíðkast á Norðurlöndum, þá búum við skammarlega að okkar fatlaða fólki og öryrkj**um og höfum verið á eftir frændum okkar á** Norðurlöndum um margra ára bil í þessu efni. Mér skilst að það fatlaða fólk, sem um er fjallað í þessu frv., þ. e. a. s. það fólk sem hlýtur að nota hjólastóla og hefur verið aflimað af báðum fótum fyrir ofan hné, sem sagt í svo mikilli nauð, það getur nú endurnýjað bílakost sinn í Danmörku, Noregi og Svíþjóð án þess að það þurfi að leggja af mörkum grænan eyri til þeirra hluta.

Það hlýtur að viðurkennast að samtökum öryrkja á Íslandi varð á í messunni fyrir einum 12 árum í baráttu sinni fyrri bættum aðbúnaði að þessu leyti og var þó ekki þeim, samtökunum, einum um að kenna. Það gerðist á þeim árum þegar byrjaði innflutningur á svokölluðum Austur-Evrópubílum til landsins, að sala á þeim gekk ekki jafngreiðlega og æskilegt var að dómi yfirvalda, og þá tóku menn upp það ráð að rýmka mjög ákvæðin um það hverjir gætu notið tollaeftirgjafar á bílum og hverjir ekki. Varð það til þess að tiltölulega lítið fatlað fólk, jafnvel allt ofan í konur sem roðnuðu á fótum í frosti, fékk eftirgjöf á aðflutningsgjöldum, og var raunar miklu fremur gert fyrir viðskipti okkar, að því er mér skilst, við Sovétríkin heldur en fyrir hinar rauðkrituðu meyjar að taka þetta fyrirkomulag upp. En af þessu leiddi aftur á móti það, að viðleitnin til þess að létta sem allra mest undir með þeim sem mjög illa voru fatlaðir, lömunarsjúklingunum í hjólastólunum, — viðleitnin til þess að hjálpa þeim til þess að komast yfir traustar og hæfilegar bifreiðar sem þeim var lífsnauðsyn að hafa, þessi viðleitni lamaðist, og við höfum í samtökum öryrkja ekki komist yfir þetta áfall enn í dag.

Ég er alveg efalaus um það, að fyrir er vilji meðal þm. úr öllum stjórnmálaflokkum að bæta hag þessa fólks, og hlýt að taka fram einmitt við þessa umr. að ég sakna þess að dr. Oddur Ólafsson, hv. þm., skuli vera fjarverandi við umr. núna, því að hann mun nú vera sá þm., að öðrum ólöstuðum, sem kunnugastur er baráttu öryrkjasamtakanna á þessum sviðum og enn að öðrum þm. ólöstuðum sá sem mesta vinnu hefur lagt af mörkum í þágu þeirra. En ég ítreka það, að ég lít svo til að með þessu lagafrv. mundi Alþ. að auki láta í ljós vilja sinn til úrbóta á vandamálum fatlaðra að öðru leyti.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja örfá orð í sambandi við frv. það sem hér er til umr., flutt af þeim hv. 5. þm. Norðurl. e. og 7. landsk. þm.

Ég tel að í frv. þessu og frv. því, sem er á dagskrá hér næst á eftir, sé hreyft mikilsverðu réttlætismáli fyrir þá öryrkja sem eru svo illa staddir að þeir geta ekki með góðu móti gert vart við sig ef eitthvað kemur sérstakt fyrir þá á þjóðvegum landsins. Mér er kunnugt um það, að á vegum Tryggingastofnunar ríkisins fer nú fram athugun á því, hvaða leiðir samtök fatlaðra, samtök öryrkja telja að séu helst hæfar til þess að tryggja þessu fólki að það geti gert vart við sig ef bifreið þess bilar t. d. eða eitthvað annað kemur fyrir sem veldur því að það verður hjálparlaust í bifreiðum sínum. Þarna er náttúrlega aðstaða manna e. t. v. nokkuð misjöfn eftir því hvar þeir eru búsettir. Þeir, sem búa í dreifbýli, geta orðið í vandræðum vegna þess að ekki fari bílar um þá vegi þar sem þeir eru staddir ef eitthvað kemur upp á. En það mun raunar vera líka svo í fjölbýlinu, að þar stansa menn ekki þó að bíll sjáist sem numið hefur staðar, jafnvel þó að reynt sé að gefa merki um að eitthvað sé að. Þess vegna er það áreiðanlega brýnt að þessu fólki, sem reynir eftir bestu getu að bjarga sér þrátt fyrir mikla örðugleika, sé gert kleift að gera það á þann hátt að það stofni ekki öryggi sínu í frekari hættu með því að bera sig um í eigin bifreiðum. Ég vil þess vegna lýsa stuðningi mínum við þær hugmyndir sem koma fram í þessum frv. báðum.

Ég tel að það sé raunar fremur verkefni Tryggingastofnunar ríkisins og almannatrygginganna að leysa þessi mál heldur en Landssímans sem slíks. Ég veit að Tryggingastofnunin hefur komið til móts við þarfir þeirra, sem keypt hafa talstöðvar, með því að styrkja þá til þeirra kaupa þegar þær ástæður hafa verið fyrir hendi sem Tryggingastofnunin hefur talið að gerðu slík kaup nauðsynleg. Hins vegar vantar lagaheimild til þess að koma til móts við þá sem erfitt eiga með að greiða afgjöld af þessum tækjum, en um það efni er einmitt frv. það sem er á dagskrá hér næst á eftir.

Ég ætla ekki að orðlengja neitt frekar um þetta, en vil aðeins láta það aftur í ljós, að ég tel hér hreyft mikilsverðum réttlætismálum sem nauðsynlegt sé að fá viðhlítandi lausn fyrir þá sem þar eiga hlut að máli.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja hér fram svo hljóðandi brtt. við 1. gr. þessa frv. til laga:

„Landssíma Íslands verði falið að lána endurgjaldslaust talstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks, sem er lamað eða bæklað til gangs, að fenginni umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins. Þá verði Landssímanum einnig falið endurgjaldslaust viðhald umræddra tækja.“

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er vert að þakka fyrir þær góðu undirtektir sem þetta frv. eða þessi frv. okkar hafa fengið, og við vitum auðvitað um þann hug sem er áreiðanlega á Alþ. og áður hefur verið tekið fram af fyrri flm.

Ástæður til þessa frumvarpsflutnings voru auðvitað mjög sterkar óskir frá aðilum sem höfðu árangurslaust reynt að fá nokkra leiðréttingu sinna mála. Það ber því að fagna því ef Tryggingastofnunin hefur nú tekið þessi mál upp að nýju og ætlar að afgreiða þau, að því er mér skilst, á jákvæðari hátt og finna sem sagt fleiri leiðir og frekari til hjálpar fötluðum en verið hefur. Þar hefur að vísu mikið verið gert. En þetta atriði t. d. hefur legið þarna eftir. Það hafði áður verið reynt mjög rækilega af einstökum aðilum, að vísu held ég með hjálp heildarsamtakanna, að ná þessu fram í gegnum Tryggingastofnun ríkisins og það hafði ekki tekist. Það hafði einnig verið reynt að koma því í gegnum fjvn. með því að fá heimildagr. í fjárl., en um afdrif þess veit ég ekki, nema sú grein hefur ekki heldur séð dagsins ljós. Og þá sáum við flm. þessa leið eina til úrlausnar þessum málum.

Út af þeirri brtt. sem hér er komin fram frá hv. 12. þm. Reykv., þá er auðvitað góðra gjalda vert fyrir n. að skoða hana. En sé þessi lausn á næsta leiti, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var hér að minnast á áðan, og að Tryggingastofnunin tæki þetta þá alfarið að sér, þá auðvitað reikna ég með því að við flm. mundum frekar fallast á þá leið. Hún er þá auðvitað um leið sjálfsagðari og eðlilegri ef á því er kostur. Ég vildi aðeins taka það fram, að þessar leiðir höfðu verið reyndar til þrautar af einstökum aðilum sem áttu í miklum erfiðleikum varðandi þetta. Til okkar hafði verið leitað alveg sérstaklega um þetta, og okkur hafði ekki tekist í gegnum þessar ágætu stofnanir að fá þarna nokkra leiðréttingu á, og því voru þessi frv. flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. (þskj. 38). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Svo er háttað um þetta frv. eins og hið fyrra, sem við fjölluðum um nú fyrir stundu, að það var lagt fram á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga. Hér er svo ráð fyrir gert að heimilt verði ráðh. að fenginni umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins að veita fötluðu fólki, lömuðu eða bækluðu til gangs undan þágu frá greiðslu starfrækslugjalds vegna talstöðva í bifreiðum þess. Hér er kveðið á um það í grg. með líkum hætti og í hinu fyrra frv., að til þess sé ætlast að undanþága þessi nái einungis til fólks sem svo er illa bæklað til gangs að það kemst tæpast eða ekki hjálparlaust milli húss og bifreiðar í sæmilegu veðri, en slíkt fólk gæti átt líf sitt undir því, ef bíll bilar úti á vegum eða festist í ófærð, að geta þá kallað á hjálp.

Samkv. upplýsingum Landssímans var starfrækslugjald talstöðva frá 1. apríl 1976 10200 kr. auk söluskatts. Hér er þess að geta, að þarna er um að ræða starfrækslugjald af talstöðvum sem Landssíminn viðurkennir, sams konar stöðvum og þeim sem fyrr var um getið, er fjallað var um hið fyrra frv. þessa máls, að kostuðu nú í kringum 460 þús. kr. og Landssíminn veitir þjónustu við í gegnum stöðvar sínar. Hér hlýt ég aftur að minnast á almenningstalstöðvarnar, sem nú eru í notkun í 7—8 þús. bílum hér á landi, og geta þess að Landssíminn tekur einungis 1400 kr. starfrækslugjald af þeim stöðvum, sem er eins konar eftirlitsgjald og skrásetningargjald, en tekur ekki, svo sem að líkum lætur, gjöld fyrir þá þjónustu sem Landssíminn neitar að veita fólki sem þessar stöðvar á, þannig að ef um það yrði að ræða, sem sennilegt er, að Tryggingastofnun ríkisins kynni að velja þessar tiltölulega mjög ódýru, en virku og sterku stöðvar, eins og Lafayette-stöðvarnar, eða svokallaðar Effekt-stöðvar, sem senda út á 27 megariðum, þá yrði að sjá fyrir þjónustu við þessar stöðvar, að knýja það fram að Landssíminn tæki upp þjónustu við þær. Mætti þá ætla að starfrækslugjaldið hækkaði upp í nokkurn veginn það sama og um getur í grg. með þessu frv. hérna eða í kringum 10200 kr. miðað við verðlið í apríl í vor sem leið.

Ég ætla aðeins, þó að ég muni nú stytta mál mitt um þetta frv., að víkja að þeim ákvæðum í frv., sem lúta að því að tryggingaráð og Tryggingastofnun ríkisins skuli veita umsögn um það hvaða fötluðu fólki sé nauðsyn að fá eftirgjöf af þessu tagi, sem verður þá hið sama fólk og aðstoðað er við að eignast talstöðvarnar eða komast yfir þær. Það er efalaust að kveða yrði á um það í reglugerð hvaða fólk telst þurfa þessar stöðvar. Og ég efast ekki um að læknar, sem um slíkt fjölluðu, mundu komast að þeirri niðurstöðu að einnig fólk, sem ekki bæri ytri merki fötlunar eða bæklunar, svo sem brjóstholssjúklingar, hlytu að njóta sams konar fyrirgreiðslu. En ég er alveg ugglaus um það, að ákvæði sem þessi yrðu misnotuð. Þar kemur tvennt til, að þeir læknar, sem um slík mál fjalla, gera sér fullljósa grein, að ég ætla, fyrir hættunni sem í því fælist að víkja frá settum reglum í þessum efnum, og ég hygg að samtök öryrkja séu nú betur á verði en þau áður voru um að undanþágur af þessu tagi séu ekki misnotaðar.

Ég legg svo til að þessu frv. verði að umr. loknum vísað til samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í framhaldi af meðferð þeirrar skriflegu till. sem ég lagði fram í því máli sem var til umr. til hliðrunar fyrir fatlaða og lamaða, þá lýsti forseti því, að það væri röng málsmeðferð að leggja fram skrifl. brtt. við 1. umr. En ég sé það ekki í þingsköpum að svo sé, og upplýsingar þær, sem skrifstofustjóri Alþingis gaf mér nú rétt í þessu, voru að það væri heimilt að leggja fram skrifl. brtt. og hún yrði að sjálfsögðu tekin til greina, en ekki rædd fyrr en við 2. umr. Hann tilkynnti mér líka að forseti mundi lýsa till. sem rétt fram borinni áður en þessum fundi yrði slitið, en mér skilst á forseta nú að hann ætli að slíta fundi án þess að lýsa minni till. Því óska ég eftir að hann geri það.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það gilda mismunandi reglur um brtt. við 1. umr. eftir því hvort um er að ræða þáltill. eða frv. Þegar um þáltill. er að ræða, þá má bera fram brtt. við báðar umr. og ræða við báðar umr. Þegar um frv. er að ræða, þá er ekki gert ráð fyrir því samkv. 20. gr. þingskapa að brtt. séu ræddar við 1. umr., en hins vegar gert ráð fyrir að þær séu ræddar við 2. umr. Með því að það er ekki gert ráð fyrir að ræða brtt. við 1. umr., leitaði ég ekki afbrigða um brtt. hv. 12. þm. Reykv. sem hann gat um, vegna þess að hún gat ekki komið til umr. sérstaklega. Því var ekki leitað afbrigða. Sjálfur hafði hann lýst till. og lesið hana upp, og þess vegna liggur það fyrir að till. er fram komin. Ég benti hins vegar á að það væri rétt að leggja till. fram á skrifstofu þingsins svo að hún yrði prentuð, og það hefði alla vega verið gert. Það má hins vegar segja að það hefði ekki skaðað og verið jafnrétt af hálfu forseta að lesa upp till. þó að hún væri ekki tekin á dagskrá, og lýsa henni þannig úr forsetastóli, og ég mun gera það nú ef mönnum þykir það bæta eitthvað úr þeirri afgreiðslu sem hefur þegar fram farið. Till. hljóðar svo:

„Landssíma Íslands verði falið að lána endurgjaldslaust talsstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks, sem er lamað eða bæklað til gangs, að fenginni umsögn tryggingaráðs og Tryggingastofnunar ríkisins. Þá verði Landssímanum einnig falið endurgjaldslaust viðhald umræddra tækja.“

Vænti ég þá, að öllu réttlæti sé fylgt í þessu máli.

Neðri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 3). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 18). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um skylduskil til safna var lagt fyrir 96. löggjafarþing og einnig fyrir síðasta Alþingi.

Í I. kafla frv. er greint frá megintilgangi laganna, en hann er sá að tryggja að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni sem skilaskylda nær til, að unnt sé að gera og gefa út alveg tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess, svo efnið geti ennfremur verið tiltækt til nota vegna rannsókna opinberra stjórnsýsluaðila eða til annarra eðlilegra þarfa. Í fyrri löggjöf hefur þótt bresta nokkuð á að þessi tilgangur væri skýrður nægilega vel.

Það er rétt að taka fram, að þegar í II. kafla um skilaskylt efni segir að íslenskar prentsmiðjur skuli halda eftir fjórum eintökum til skylduskila. Þá felur þetta í sér það, að útgefandinn eða sá, er prenta eða margfalda lét, eins og segir í frv., beri í rauninni allan kostnað af skylduskilum. Það er svo nýmæli í íslenskum lögum, að afhenda skuli hljómplötur eða annars konar tón- og talupptökur sem gefnar eru út, en nauðsynlegt er að tryggja einnig að þessu efni sé haldið örugglega til haga ekki síður en því efni, sem prentað er eða fjölfaldað er á annan máta. Um það efni, sem ætlað er til takmarkaðra nota innan þröngs hóps eða e. t. v. er trúnaðarmál þegar það er gefið út, er rétt að taka það fram, að því ber að skila engu síður en öðru efni. En það er svo skylda Landsbókasafnsins, sem er viðtakandi, en ekki prentsmiðjunnar, að tryggja það síðan, eins og fram kemur í frv., að með það efni verði farið af þeirri leynd sem ætlast er til.

III. kafli frv. fjallar um framkvæmd skylduskilanna. Þar segir m. a. að Landsbókasafn Íslands veiti skyldueintökum viðtöku og hafi eftirlit með skilunum.

Í IV. kafla frv. er svo rætt um varðveislu og meðferð skyldueintakanna. Varðveisla alls hins skilaskylda efnis er ekki talin trygg til frambúðar nema Landsbókasafni séu tvö eintök af hverju einu og sé annað þeirra þá varðveitt sem hreint geymslueintak, en hitt aftur á móti til nota, en aðeins á lestrarsal að sjálfsögðu.

Til enn frekara öryggis á viðsjárverðum tímum þykir einnig nauðsynlegt að eitt eintak sé varðveitt annars staðar, í öðrum landshluta, og og þá eðlilegast að Akureyri verði fyrir valinu sem fjölmennasti bær og augljós framtíðarstaður fjarri höfuðborgarsvæðinu. Til þess að varðveisla skyldueintaka verði þar sem allra tryggust verður að binda not þeirra við lestrarsal eingöngu, eins og fram kemur líka í frv.

Þá er enn rétt að minna á það, að með ráðstöfun eins eintaks til Háskólabókasafns er í fyrsta lagi litið á brýna þörf Háskóla Íslands til að hafa jafnan sem greiðastan aðgang að hverju einu, bæði stóru og smáu, vegna rannsókna hvers konar, og jafnframt er nauðsynlegt að eitt safn, ef ríka nauðsyn ber til, geti léð öðrum söfnum og stjórnsýslustofnunum innanlands íslenskt efni og jafnvel einnig lið það erlendum aðilum sem hingað kunna að snúa sér með bókalán þegar svo stendur á.

Við 1. umr. málsins á fyrsta þinginu, sem það var flutt á, var á það bent að söfn, sem áður hafa notið hlunninda af skyldueintökunum, misstu nokkurs í við samþykkt þessa frv. Þetta er auðvitað alveg rétt. Þetta fer ekki á milli mála. Þess vegna gat ég þess þá, að það væri eðlilegt að þetta frv. yrði samferða frv. um almenningsbókasöfn þar sem gert var ráð fyrir mjög verulega auknum stuðningi við þau. Nú hefur svo skipast síðan að frv. um almenningsbókasöfn hefur verið afgr. Þar er gert ráð fyrir svipuðu fjárframlagi til þeirra eins og lagt var til á sínum tíma. Enda þótt þannig hafi skipast að sveitarfélögunum einum er nú falið að annast fjármögnun almenningsbókasafna, eru samt sem áður í nýsamþykktum lögum eða svo til

ákvæði um lágmarksframlög. Þetta út af fyrir sig ætti því ekki að standa í vegi fyrir því að hv. þd. taki þetta mál til meðferðar, brjóti það til mergjar og afgr. En hitt er svo annað mál, að ég hef litið svo á að það væri í raun og veru varla stætt á því, já, ekki stætt á því að ætla bókaútgefendum, almennum íslenskum útgefendum prentaðs máls, að láta af höndum 12 eintök endurgjaldslaust af sérhverju riti sem þeir gefa út, svo sem nú er mælt fyrir um í lögum. Ég álít að það sé ekki stætt á því að ætla útgefendum að leggja til bækur ókeypis til almennra nota í þó nokkrum bókasöfnum, enda þótt ég sé fyllilega samþykkur því að halda áfram ákvæðum um skylduskil til varðveislu og til alveg sérstakra nota, eins og nánar er skilgreint í þessu frv.

Við 1. umr. á síðasta þingi komu fram ýmsar ábendingar varðandi þetta mál og sumar áreiðanlega allrar athygli verðar, og ég veit að hv. menntmn. þessarar d. mun taka þær til skoðunar ásamt öðrum atriðum er þetta mál varða. Og ég vil nú leyfa mér að vænta þess, að þar sem þetta frv. er flutt hér í þriðja sinn, þá sjái hv. d. möguleika á því að afgr. það að þessu sinni.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um málið að svo stöddu, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um þetta frv. Ég vitna til þeirra orða sem ég hef áður sagt um frv. af þessu tagi.

Þetta mun nú vera í þriðja sinn sem slíkt frv. er lagt fram, af orðum hæstv. menntmrh. að dæma. Hann gat þess í framsöguræðu sinni að frv. þetta, ef samþ. yrði, mundi draga nokkuð úr framlögum til ákveðinna bókasafna á landinu, og það verður að telja að svo sé. Eins og við vitum öll var frv. til l. um almenningsbókasöfn samþ. á síðasta Alþ., í nokkrum fljótheitum samt, þó að það mál hafi verið lengi á döfinni. Ef þau nýju lög eru skoðuð kemur í ljós, að ég ætla, að þau rýri hlut ýmissa bókasafna, sérstaklega héraðsbókasafna úti um land. Að þessu þarf vandlega að hyggja. Það er dáltill galli að þessi frv.: frv. til l. um almenningsbókasöfn og frv. til l. um skylduskil til safna, skyldu ekki verða samferða hér á hv. Alþ. Ég á hér sérstaklega við bókasöfnin í Stykkishólmi, Ísafirði og Seyðisfirði sem hingað til hafa notið góðs af skylduskilum. Þegar þess er gætt að hlutur þeirra er a. m. k. ekki bættur með nýjum lögum um almenningsbókasöfn, eins og ég gat um, og ríkisvaldið vanrækti þau í raun og veru stórlega árum saman, þá verður að virða mér það til vorkunnar þó að ég lýsi ekki yfir fylgi mínu við þetta frv. í öllum atriðum þegar á þessu stigi málsins. Ég mun láta þessi orð nægja, en fylgjast með því hvernig þessu frv. reiðir af hér í þingsölum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég get nú í raun og veru tekið undir svo til allt það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Þetta frv. til l. um skylduskil til safna hefur sætt mikilli andstöðu frá ýmsum aðilum. Ég kem hér upp fyrst og fremst til þess að koma á framfæri sjónarmiðum bæjarstjórnar og bæjarráðs Ísafjarðar að því er varðar þetta frv. og afleiðingar af því ef það verður samþ. Bæjarráð Ísafjarðar bendir sérstaklega á það, að með þessu frv. er verið að leggja mjög auknar fjárhagslegar byrðar á örfá söfn í landinu, og það er það sem í raun og veru mun gerast, eins og hv. síðasti ræðumaður kom hér inn á. Einnig færa menn rök fyrir því, að eðlilegt sé að skilaskyld eintök séu varðveitt í hverjum landsfjórðungi. Sérstaklega benda þeir ísfirðingar á að ástæða sé til að hafa það í huga, að minni líkur séu á að slíkt safn fari forgörðum vegna þess að Vestfirðir eru ekki á jarðskjálftasvæði og því meiri líkur fyrir að þar varðveitist slík gögn sem þar kæmu til með að vera. Ef frv. þetta yrði að lögum, þá fæli það í sér m. a. að skylduskil til bókasafnsins á Ísafirði mundu falla niður. Það mun vera ljóst.

Á bókasafninu á Ísafirði var um að ræða 405 bækur á árinu 1972 sem voru yfir 48 síður, 212 bæklinga og 286 tímarit og árbækur. Og það er ljóst að um þriðjungur þessara bóka, sem bárust, var bundinn eða heftur og þannig nothæfur á lestrarsal bókasafnsins. Þetta mundi, ef að þessu yrði horfið, hverfa út. Og það er augljóst að verði þetta frv. samþ., þá verður þetta safn og önnur, sem eins er ástatt um, að kaupa megnið af þeim bókum sem þau annars fengju í skylduskilum. Bæklinga og tímarit má segja sama um. Og það er talið að aukinn kostnaður að þessu leyti mundi a. m. k. nema um hálfri millj. kr. bara fyrir bókasafnið á Ísafirði.

Ég held að það sé varhugavert að fara inn á þessa braut, sem hefur í för með sér þverrandi möguleika bókasafna úti á landi til þess að reka þær stofnanir sem þar er um það að ræða. Það er ekki síður, miklu frekar ástæða til þess að hafa tiltækar bækur og tímarit í safni úti á landi heldur en hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem má a. m. k. í flestum tilfellum treysta á hin stóru ríkissöfn og sérfræðisöfn. Ég vil því eindregið mælast til þess við þá hv. n., sem þetta frv. fær til umfjöllunar, að hún taki tillit til þessara sjónarmiða, einimtt þessara safna sem verst eru sett, verst hafa verið sett og verður gengið á hluta þeirra ef af samþ. þessa frv. verður eins og það nú ligur fyrir. Og ég vil segja það strax, að fáist engin breyting á þessu í meðförum n. á þessu frv., þá mun ég greiða atkv. gegn því.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim umr. sem hér hafa orðið.

Eins og hæstv. ráðh. nefndi, þá er þetta í þriðja sinn sem þetta frv. er lagt fyrir Nd. Því hefur tvívegis verið vísað til menntmn., sem ég er form. fyrir, og við höfum núna á tveimur þingum haft þetta mál til meðferðar og rætt það allítarlega og kynnt okkur ástæður fyrir þessu frv. og ýmsa annmarka sem eru á því, eins og það liggur fyrir. Ég get því fullvissað þá hv. þm., sem hér hafa talað og varað við ýmsum annmörkum frv. og brevtingum sem það hefur í för með sér fyrir ýmis söfn, að við í menntmn. höfum farið með mikilli gát í þetta og kynnt okkur sem sagt allar ástæður fyrir frv., rökin fyrir því

að lög eru yfirleitt um skylduskil til safna og hvernig því sé best fyrir komið. Það er eins og oftar, að þegar frv. eru lögð fyrir þingið, þá er líklegt að þau taki breytingum, og mér þykir einmitt líklegt um þetta frv., að það taki nokkrum breytingum að lokum, áður en það verður afgr., ef ég má ráða af þeim undirtektum sem það hefur fengið hér í hv. d., og eins vil ég ráða það af þeim umr. sem orðið hafa hjá okkur í menntmn.

Ég skal nú ekki eyða löngum tíma til þess að rekja þetta frv. og ástæður þess eða fara langt út í þetta mál. En sannleikurinn er sá, að þetta mál er talsvert miklu viðameira heldur en margir skyldu halda og vilja vera láta, þannig að hver einasta grein þessa frv. þarf sinnar athugunar við. Og það er auðvitað alveg nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir höfuðástæðum þess að við höfum lög um það að varðveita prentað mál. Og þá kemur þar ýmislegt til greina. Það er augljós þjóðfélagsleg nauðsyn á því að rit séu geymd, þjóðfélagsleg og menningarleg nauðsyn. En við verðum líka að taka tillit til þess að það er dýrt að prenta bækur og það er lögð veruleg skylda á útgefendur í þessu sambandi, þannig að ég hygg að þeir, eins og þeir hafa raunar gert, geti sýnt fram á, að þeir gefi þannig hinu opinbera eða láti í té til hins opinbera allverulega fjármuni. Við þurfum líka að taka tillit til þessa.

Við þurfum sem sagt að samræma þetta tvennt, að það er þjóðfélagsleg og menningarleg nauðsyn að varðveita prentað mál jafnvel fjölritað mál, eins og er nú í þessu frv., en hins vegar má þessi skylda ekki ganga svo langt að þetta verði verulegur fjárhagslegur baggi á útgefendum.

En sem sagt, vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið, og vegna þeirrar umfjöllunar, sem þetta mál hefur nú fengið þrátt fyrir allt, þá vil ég taka það fram að við í menntmn. munum ekki hraða mjög afgreiðslu þessa máls og við munum taka það til gaumgæfilegrar skoðunar, hverja grein þess, og mér þykir líklegt að það eigi eftir að taka nokkrum breytingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Þingnefnd til þess að kanna framkvæmd dómsmála, þáltill. (þskj. 6). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal og Gylfa Þ. Gíslasyni lagt fram á þskj. 6 svo hljóðandi till. til þál.:

„Með tilvísan til 39. gr. stjórnarskrárinnar samþ. neðri deild Alþingis að kjósa úr hópi þdm. nefnd skipaða einum fulltrúa frá hverjum þingflokki til þess að rannsaka sérstaklega gang og framkvæmd eftirfarandi atriða í dómsmálum:

1. Hvernig staðið er að rannsóknum sakamála hjá þeim embættum, sem slík verkefni hafa með höndum, þ. á m. hjá ríkissaksóknara, sakadómi og skattrannsóknarstjóra. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna hver rannsóknaraðstaða þessara embætta er, hvað valdi því að rannsókn ýmissa meiri háttar sakamála dregst á langinn fram úr öllu hófi, hvort brögð séu að því að rannsóknum sé látið lokið án þess að öll þau atriði, sem upp hafa komið, séu krufin til mergjar, hversu mörg þau mál séu og hver þau séu, sem dregist hefur óhóflega lengi að leiða til lykta á rannsóknarstigi, og hvort ástæða sé til þess að ætla að utanaðkomandi öfl eða annarlegir hagsmunir geti haft áhrif á gang rannsóknarinnar.
2. Hvernig háttað er gangi dómsmála hjá hinum ýmsu dómsstigum og dómaraembættum í landinu, þ. á m. hvort óeðlilegur dráttur sé á gangi þeirra mála hjá einstökum embættum og þá hvers vegna og hvort brögð séu að því, t. d. í sambandi við skattalagabrot, að skattayfirvöld láti nægja að senda þau skattsektanefnd til úrskurðar þótt málin séu þannig vaxin, að um tvímælalaus refsilagabrot sé að ræða.
3. Hvernig háttað er framkvæmd refsidóma, þ. á m. eftir hvaða reglum sé farið varðandi ákvarðanir um afplánun, hvort mikil brögð séu að því að dómar séu ekki afplánaðir innan eðlilegs tíma, hvort slíkt eigi fremur við um einn flokk eða eina tegund afbrota, t. d. fjársvik og auðgunarbrot, en aðra, hvernig háttað sé eftirliti með þeim, sem fengið hafa skilorðsbundinn dóm eða biðdóm, hvort brögð séu að því, að einn og sami maður sé dæmdur æ ofan í æ fyrir sams konar afbrot án þess að vera látinn afplána fyrri dóma, og hversu algengt sé, að menn fái af ýmsum orsökum að afplána dóma, t. d. fyrir fjársvik eða auðgunarbrot, annars staðar en í viðurkenndum fangelsum eða vinnuhælum, svo sem eins og á sjúkrahúsum eða heilsuhælum, eða sleppi alveg við það.

Neðri deild Alþ. samþ. að veita n. þessari rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins og ráða sér til aðstoðar sérfróðan mann eða menn. N. skal ljúka störfum á vetrinum 1976—1977 og skila Alþ. skýrslu um störf sín fyrir lok yfirstandandi þings.

Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði.“

Áður en ég vík að rökstuðningi fyrir nauðsyn þess að við þm. Alþfl. í þessari hv. d. höfum lagt fram þessa till., vil ég fara nokkrum orðum um þá framkvæmd sem hún gerir ráð fyrir.

Í 39. gr. stjórnarskrár lýðveldisins segir svo, með leyfi forseta:

„Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þingdeildin getur veitt n. þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.“

Í þáltill. þeirri, sem hér er til umr., er lagt til að Nd. Alþ. kjósi úr hópi dm. nefnd eins og þá, sem hér um ræðir, til þess að kanna gang og framkvæmd dómsmála og veiti henni þann rétt sem 39. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um að hægt sé að veita slíkri nefnd, þ. e. a. s. að heimta

skýrslur af embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins. Þá gerir þáltill. einnig ráð fyrir því, sem ekki er sérstaklega tekið fram í 39. gr. stjórnarskrárinnar, en þd. hefur að sjálfsögðu fullan rétt til að veita, að n. verði heimilað að ráða sér til aðstoðar sérfróðan mann eða menn. Skoðun okkar flm. er sú, að þau mál, sem gerð er till. um að n. rannsaki, séu þess eðlis að illmögulegt, jafnvel ógerlegt sé fyrir n. þm. eina að framkvæma slíka athugun, nema hún njóti aðstoðar sérfróðra manna. Svo mun ávallt hafa verið gert í þeim örfáu tilvikum sem ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar um kjör rannsóknarnefndar hefur verið beitt, a. m. k. svo mér sé kunnugt um. Og erlendis, t. d. í Bandaríkjunum, þar sem starfsemi slíkra þn. er mjög algeng, er það föst venja að slíkar n. hafi í þjónustu sinni sérfræðinga, oft mjög fjölmennt sérhæft rannsóknarlið, enda hefðu störf þessara n. ella ekki orðið jafn árangursrík og oft hefur reynst vera.

Öllum er að sjálfsögðu ljóst, að einhver kostnaður hlýst af starfi n. eins og þeirrar sem till. er gerð hér um. Í till. er lagt til að sá kostnaður af starfi n. verði greiddur úr ríkissjóði. Sú mótbára kann að verða færð fram, að ekki sé unnt fyrir Nd. Alþ. að binda ríkissjóði slíkar fjárhagslegar skuldbindingar, sem ekki sé ráð fyrir gert í fjárlögum, heldur yrði slíkt að gerast af Sþ. Ég hef kynnt mér það mál sérstaklega og m. a. rætt það við skrifstofustjóra Alþ. Niðurstaðan er sú, að ekkert sé því til fyrirstöðu að Nd. Alþ. eða Ed. þingsins, ef því væri að skipta, hafi fulla heimild til slíkrar afgreiðslu sem hér um ræðir, enda er hér um að ræða n. sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir að hvor þd. um sig geti skipað án afskipta hinnar. Málið á samkv. stjórnarskránni að berast upp í d., en ekki í Sþ. Sú d., sem um slíka till. fjallar, getur því afgr. alla þætti slíkrar nefndarskipunar, hvernig kosta skuli störf hennar, án þess að eitt eða neitt í því sambandi þurfi að fara fyrir Sþ eða vera afgr. af þd. báðum. M. ö. o.: ég hef gengið rækilega úr skugga um það, að ekkert er því til fyrirstöðu að skipan þeirrar n., sem um ræðir í till. verði afgr. af þessari hv. d. með þeim hætti sem till. gerir ráð fyrir, nema þá ef sú fyrirstaða kynni að koma frá hv. dm. sjálfum, nema því aðeins að þeir eða meiri hl. þeirra væri andvígur slíkum afskiptum d. sem till. gerir ráð fyrir.

Margir gamalreyndir alþm. hafa mjög varað við þeirri þróun sem orðið hefur á undanförnum árum, að stöðugt meira vald væri verið að draga frá löggiafarsamkomu þjóðarinnar og yfir til framkvæmdavaldsins, og einnig bent á að mikið skorti á að Alþ. sinnti eftirlits- og aðhaldshlutverki sínu með framkvæmdavaldinu. Mér er það enn minnisstætt, að fyrir meira en einum áratug varð Samband ungra jafnaðarmanna fyrst til þess af pólitískum félögum að taka þetta mál sérstaklega fyrir á þingi og gera um það ályktun, þar sem varað var við þessari þróun og skorað á Alþ. að gæta réttar síns og skyldu í þessu efni. Og mér er það sérstaklega minnisstætt að tveir þm., þáv. þm. Eysteinn Jónsson, síðar forseti Sþ., og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, núv. form. þingfl. Framsfl., gerðu þessa samþykkt sérstaklega að umræðuefni, bæði hér í þingsölum og í dagblaði Framsfl., og töldu að hún væri þá ein merkasta og tímabærasta samþykkt sem pólitískt félag ungra manna hefði lengi látið frá sér fara.

Síðan þetta gerðist hefur mikið vatn til sjávar runnið og allt eftir sama farvegi. Ég held að öllum sé ljóst, að hafi það, sem ég ræði hér um, verið vandamál fyrir meira en áratug, er það orðið enn meira vandamál nú. Að sama skapi sem stofnanir framkvæmdavaldsins hafa stöðugt verið að styrkjast hefur þessi stofnun, sem við erum hér saman komin í, veikst, uns nú er svo komið að brýna nauðsyn ber til þess að auka veg þingsins og þar með virðingu þess, enda höfum við þm. Alþfl. lagt fram nú á þessu þingi heilan flokk lagafrv. sem einmitt er ætlað að breyta stefnunni í þá átt. Það væri hægt að nefna ýmis dæmi um, hvernig framkvæmdavaldið hefur á undanförnum árum seilst til æ meiri ítaka út fyrir sitt valdsvið og jafnvel inn á valdsvið þessarar stofnunar, og hægt að styðja slíkt með fjölmörgum dæmum, t. d. varðandi ráðstafanir opinberra fjármuna, þar sem ýmsar stofnanir ríkisvaldsins beinlínis sniðganga fjárveitingavaldið og afgr. fjárveitingamál eftir eigin höfði, jafnvel án vitneskju fjvn. En það er önnur saga sem ekki á beint erindi í þessar umr.

Einn þátt þess aðhalds- og eftirlitshlutverks Alþ., sem hér er rætt um, er að finna í 39. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem d. þingsins er heimilað að skipa rannsóknarnefndir innan deildarþingmanna til þess, eins og þar segir, að rannsaka mikilvæg mál sem almenning varða. Að þessu ákvæði hafi mjög sjaldan verið beitt á sér ýmsar skýringar umfram það almenna andvaraleysi sem rætt var um hér áðan. Ein af þessum skýringum er sjálfsagt sú, að ekki hafa verið settar neinar sérstakar reglur eða lög um starfshætti slíkra rannsóknarnefnda deilda þingsins.

Svo dæmi sé nefnt, þá geta slíkar rannsóknarnefndir á vegum íslenska þjóðþingsins t. d. ekki skyldað menn til þess að mæta. Þær geta ekki heldur krafist þess að menn eiðfesti framburð sinn. Og engin viðurlög eru til við því, svo mér sé kunnugt, ef menn, sem við slíka rannsókn mæta hjá slíkri rannsóknarnefnd, eru staðnir að röngum framburði. Ég hef spurst sérstaklega eftir þessu hjá lögvísum mönnum, og þetta hefur mér verið tjáð að sé einna helsti agnúinn á starfsemi rannsóknarnefnda íslenska þjóðþingsins. M. ö. o.: menn geta neitað að mæta hjá slíkri n., nema þá embættismenn ríkisins, menn geta skýrt slíkri n. ósatt frá og komist upp með það án viðurlaga, þótt ljóst verði að um rangan framburð hafi verið að ræða. Að þessu leyti til eru aðstæður rannsóknarnefndar á vegum íslenskra þd. allar aðrar en t. d. áþekkrar n. á vegum Bandaríkjaþings, sem er nánast eins og rannsóknardómur, þó ekki kveði hún upp dóm.

Auðvitað leggur þetta miklar hömlur á starfsemi íslenskra rannsóknarnefnda þd. T. d. myndi slík n. sennilega ekki hafa náð árangri við rannsókn mála af því tagi sem mesta athygli hafa vakið í meðförum rannsóknarnefnda bandarísku þingsins. Skipulögð glæpastarfsemi, hugsanleg tengsl við ýmsa valdamenn, Watergatemál, mútustarfsemi, þetta eru þau mál sem

bandarískar þn. hafa látið sig hvað mest varða, hafa vakið mesta athygli á starfsemi slíkra þn. og þær oftast getað leitt til nokkurra lykta. Það mundi ekki takast af íslenskri rannsóknarnefnd, a. m. k. væri það miklu erfiðara fyrir rannsóknarnefnd íslenska þingsins að taka slík mál til meðferðar og afgreiðslu einvörðungu út af því sem ég var að lýsa hér áðan.

Ég hef hugleitt það talsvert hvort ekki væri ástæða til þess hér á landi að setja sérstök lög um starfsemi rannsóknarnefnda á vegum Alþ. eða d. þess umfram hin almennu ákvæði í 39. gr. stjórnarskrárinnar, t. d. ákvæði er gerðu slíkum n. kleift að kalla vitni með svipuðum hætti og dómstóll getur gert, krefjast eiðfests framburðar, og að í þessum lögum væru ákvæði um viðurlög fyrir að bera rangt fyrir slíkri n. Sannast sagna hef ég ekki komist að neinni endanlegri niðurstöðu af þessum hugleiðingum mínum. Það er vissulega spurning hvort n. þm. ætti með slíkum hætti að fara inn á verksvið dómskerfisins. En það er á hinn bóginn líka jafnmikil spurning hvort svo eigi ekki að vera eða þurfi að vera möguleiki til að svo geti orðið. A. m. k. geta komið upp slík tilvik að slík rannsókn sýnist vera haldbesta leiðin til þess að útkljá málin, jafnvel hin eina sem til greina gæti komið.

Það er nú orðið nokkuð ljóst, að þrátt fyrir ákvæði laga hefur ríkissaksóknari yfirleitt ekki eigið frumkvæði að rannsókn ákveðinna mála. Hann hefur sjálfur lýst því yfir að almennur orðrómur sé ekki nægileg ástæða fyrir sig til þess að taka upp rannsókn máls að eigin frumkvæði og slíkt hafi hann ekki gert nema kæra hafi borist eða ósk um rannsókn frá þeim aðila sem hlut á að máli. En þó getur vel verið að almennur orðrómur sé slíkur að það sé nauðsynlegt, ekki hvað síst fyrir þá eða þann sem orðrómurinn skaðar, að rannsóknin fari fram og þá væntanlega helst á vegum rannsóknarnefndar þd., ef málið er þá þannig vaxið.

En enda þótt verksvið rannsóknanefndar á vegum þd. Alþ. sé að þessu leyti takmarkað, þá er þó ekki þar með sagt að slík n. hafi ekkert erindi. Mál geta verið þess eðlis að mjög nauðsynlegt sé að n. þm. rannsaki þau með aðstoð sérfróðra manna. Sú rannsókn þjónar þá tvennum tilgangi: Annars vegar að upplýsa um stöðu mikilvægra mála sem almenning varða, hvort ástæða sé til þess að ætla að eitthvað sé mjög athugavert eða einhverju gróflega ábótavant og hvort alvarlegar aðfinnslur, sem komið hafa fram varðandi opinbera stjórnsýslu, séu á rökum reistar. Hins vegar að sú úttekt verði síðar undirstaða umbóta sem hljóta í slíkum málum ávallt að koma til kasta Alþ., m. ö. o. að Alþ. sjálft hafi frumkvæði jafnt að athugun mikilsverðra mála, sem almenning varða, og úrbótunum sjálfum.

Og þá er komið að efni þess máls sem hér um ræðir, þ. e. a. s. ástæðu þess að við flm. þessarar þáltill., þm. Alþfl. í Nd. Alþ., teljum að nauðsynlegt sé að skipa rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að kanna gang og framkvæmd dómsmála í landinu. Raunar ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum um það mál. Nauðsynin á því skýrir sig raunar sjálf. Ástæðurnar hljóta að liggja í augum uppi. Dómsmálin, þ. e. a. s. rannsóknir sakamála, gangur dómsmála og framkvæmd refsimála, eru tvímælalaust mikilvæg mál sem almenning varða. Og hvernig lætur almenningur í landinu sig þau mál varða? Um engan einstakan málaflokk hefur meira verið rætt undanfarin missiri en dómsmálin, og er það nýtt, svo langt aftur sem ég man, því sá málaflokkur hefur yfirleitt legið í láginni í almennri umr. Og hvert hefur verið og er viðhorf almennings eftir þá umr.? Er niðurstaðan sú, að menn séu almennt ánægðir með hvernig að rannsóknum sakamála sé staðið hér á landi, eða er því almennt trúað að rannsóknir ýmissa meiri háttar sakamála, einkum fjársvikamála, dragist óhóflega lengi, jafnvel undarlega lengi, og eru á almanna vitorði alvarleg dæmi um að svo sé? Eru menn almennt sáttir við hvernig rannsóknum mála er háttað, eða hafa verið tilfærð dæmi um að rannsóknum alvarlegra sakamála sé látið lokið án þess að öll þau atriði, sem orki tvímælis, hafi verið brotin til mergjar? Hefur í því sambandi eitthvað það fram komið sem menn ætla að sé þannig vaxið að ástæða sé til þess að hafa af því áhyggjur að utanaðkomandi öfl eða annarlegir hagsmunir kunni einhver áhrif að hafa haft á gang rannsóknarinnar? Þannig er hægt að spyrja endalaust áfram um einstök atriði í framkvæmd dómsmála. Þannig hefur verið spurt, og þannig er spurt, og svörin, sem gefin hafa verið, hafa að mínu viti ekki reynst fullnægjandi, ekki eytt tortryggni sem vonandi er ástæðulaus, en þarf ekki að vera það.

Allar þessar spurningar mætti í raun réttri sameina í tvær: 1) Er það almenn skoðun að það gæti fullkomins réttaröryggis á Íslandi? 2) Er það almenn skoðun að allir landsmenn, án tillits til efnahags, stöðu, áhrifa eða stéttar, séu jafnir fyrir lögunum? Hver og einn verður að dæma um þetta sjálfur, hver sé almenn skoðun í þessu efni, og ég hygg að það væri rétt að þm. gerðu sjálfir upp hug sinn um það. Ég held að þeir geti gert það án hjálpar frá mér eða öðrum.

En þessi atriði, þessar tvær meginspurningar, svörin við þeim verða auðvitað að liggja ljós fyrir. Sé ástæða til þess að ætla að fólk efist um að fullkomið réttaröryggi ríki í landinu eða að allir landsmenn séu jafnir fyrir lögunum og lögin jafn fyrir öllum, sé ástæða til þess að ætla að fólk efist um þetta, þá er hér tvímælalaust á ferðinni mikilvægt mál sem almenning varðar og ástæða er til að Alþ. skipi rannsóknarnefnd til þess að fjalla um. Og mér er spurn: Ef ekki er ástæða til þess að önnur hvor d. þingsins skipi n. til þess að kanna gang og framkvæmd dómsmála í kjölfar þeirra miklu umr. sem orðið hafa af þeim vettvangi undanfarin missiri, hvenær væri þá ástæða til þess að beita ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar? Væri þá ekki alveg eins rétt að ganga út frá því sem gefnu að þingið mundi ekki beita ákvæðum þeirrar gr., hún væri dauður bókstafur?

Mér er fyllilega ljóst að sú viðbára hefur verið uppi höfð og kann að vera uppi höfð áfram að þeir, sem rætt hafa og ritað um þessi mál að undanförnu, hvaða nafni svo sem það hefur ver-

ið nefnt, eru sakaðir um að þeir séu vísvitandi að grafa undan stofnunum þjóðfélagsins, iðja þeirra sé sundrungariðja, hugarfar rotið, innræti blendið og tilgangur illur. En hvað hafa þessir menn gert? Þau verk, sem þeir hafa unnið, hafa verið unnin fyrir opnum tjöldum. Þeir hafa opnað umr. um mál sem legið hafa í láginni og ekki hafa verið á almannavitorði. Þeir hafa nefnt ákveðin dæmi, gagnrýnt og lýst skoðunum sínum, leitað til viðkomandi aðila um andsvör, gefið þeim fyllsta tækifæri til þess að skýra sín sjónarmið og lagt svo málflutninginn undir dóm almennings. Er þetta rangt? Er slíkt framferði þjóðhættulegt? Ef almennur borgari rekur sig á stjórnvaldsathöfn sem honum þykir gagnrýni verð og getur stutt gagnrýni sína dæmum, á hann þá að þegja fremur en segja vegna þess eins að gagnrýni hans kynni að geta gert það að verkum að fleiri yrðu sama sinnis og það mundi grafa undan áliti viðkomandi stofnunar og þar með undan stoðum sjálfs þjóðfélagsins? Eru það þessi viðhorf sem mönnum eiga að þykja uppbyggilegust og vænlegust til árangurs, nokkurs konar löggiltur prestkonumórall, þar sem tilveru alls ills er neitað í eitt skipti fyrir öll og þar með málið afgr. um tíma og eilífð?

Við skulum aðeins líta nánar á það, hvað fjallað er um í einstökum töluliðum þessarar þáltill.

Í 1. tölul. segir m.a. svo, með leyfi forseta, að athuga beri „hvernig staðið er að rannsóknum *sakamála hjá þeim embættum sem slík* verkefni hafa með höndum, þ.á m. hjá ríkissaksóknara, sakadómi og skattrannsóknarstjóra. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna, hver rannsóknaraðstaða þessara embætta er, hvað valdi því að rannsókn ýmissa meiri háttar sakamála dregst á langinn fram úr öllu hófi.“

Er ástæða til þess að fara fram á slíka rannsókn? Hafa menn uppi einhverja vitneskju um ákveðin mál sem gera það eðlilegt að óskað sé þess að slík rannsókn verði látin fara fram? Ég skal nefna örfá dæmi í mjög stuttu máli. Rannsókn á fjársvika- og auðgunarbrotamáli, svonefndu Friðriks Jörgensensmáli, sem hófst árið 1966. Henni er ólokið enn. Það eru komin 11 ár síðan rannsóknin hófst. Rannsókn á svonefndu gjaldþrotamáli Vátryggingafélagsins, sem er annað stórt fjársvikamál, hófst 1971. Málinu er ólokið enn.

Þá segir einnig í þessum 1. tölul. að athuga beri „hvort brögð séu að því að rannsóknum sé látið lokið án þess að öll þau atriði, sem upp hafa komið, séu krufin til mergjar.“ Hafa menn einhver dæmi um það, að það sé ástæða til þess að fara fram á slíka rannsókn? Hvað um hið margfræga Klúbbmál? Það kom m.a. fram í ræðu minni á Alþ. í fyrra að núv. vararíkissaksóknari, þáv. fulltrúi hjá saksóknara ríkisins, Hallvarður Einvarðsson, óskaði þess að rannsókn yrði hafin á meintu broti þessa fyrirtækis á bókhaldslögum. Ég spurði hér á Alþ. í fyrra hvort sú rannsókn væri hafin, hvort henni væri lokið, hvort ákæra hefði verið gefin út. Þá fékk ég ekkert svar. Ég hef athugað það sjálfur síðan og niðurstaðan er þessi: Mér er ekki kunnugt um að nein rannsókn hafi farið fram, neinni rannsókn á þessum þætti sé lokið né heldur að nein ákæra hafi verið gefin út. Og hvaða afleiðingar kunna að hafa hlotist af þessum drætti, af því að öll atriði, sem fram hafa komið í ósk um rannsókn, hafa ekki verið krufin til mergjar? Ég minni aðeins á það, að nú í sumar kom upp eitt af þessum undarlegu fjársvikamálum sem virðast ætla að verða daglegt brauð hér á Íslandi, þ.e.a.s. ávísanahringurinn svonefndi. Þar koma við sögu einstaklingar sem virðast liggja undir svo til hverjum steini sem við er velt í sambandi við afbrota- og fjárglæframál hér á Íslandi. Og skyldi það nú ekki vera, að ef umrædd bókhaldsrannsókn hefði farið fram, þá mundi hafa upplýst fyrr og betur það ávísanasvikamál sem upp kom nú í sumar? Þá kom það einnig fram í umræddu bréfi núv. vararíkissaksóknara, nokkurra ára gömlu bréfi, að það var óskað eftir rannsókn á meintum brotum í hlutafélagalöggjöf hjá þessu sama fyrirtæki. Ég spurði í ræðu minni hér í fyrra: Hefur slík rannsókn farið fram, er þeirri rannsókn lokið, hefur hún leitt til ákæru? Ég fékk ekki svar við því heldur þá. Ég hef athugað málið sjálfur síðan. Mér er ekki kunnugt um að nein rannsókn hafi verið látin fara fram á þessu atriði. Mér er ekki kunnugt um að neinni slíkri rannsókn sé lokið. Og mér er ekki kunnugt um að nein ákæra hafi verið gefin út hvað þetta varðar. Og lengur og meir má telja ef ástæða þykir til, en mér finnst ekki rétt að fara öllu lengra út í þessa sálma hér, þó að undan því verði ekki skorast ef ástæða gefst.

Ég vek athygli á því, að öll þessi dæmi, sem ég hef nefnt hér, lúta að sams konar málum, þ.e.a.s. fjársvika-, auðgunarbrota- og bókhaldsóreiðumálum. En það er samt ekki einhlítt. Nú í sumar skrifaði ungur blaðamaður, Halldór Halldórsson, röð greina í dagblaðið Vísi um mál sem lengi, mjög lengi hefur verið á vitorði starfandi blaðamanna og þeir hafa skrifað um og hófu að skrifa um fyrir mörgum árum. Það er hið svonefnda Leirvogsármál. Það var í Vísi í sumar. Ég ætla ekki að rifja það mál upp í einstökum atriðum, því voru gerð ítarleg skil í þessum Vísisgreinum sem birtust að því er mig minnir í maí. Þessar greinar blaðamannsins byggjast á miklu rannsóknarstarfi. Um það er mér fyllilega kunnugt, vegna þess að eitt fyrsta verk þessa sama manns, fyrsta árið sem ég var ritstjóri Alþýðublaðsins og hann blaðamaður þar, var að leita sér upplýsinga í þessu máli. Og ég komst að því við lestur greina hans nú í sumar, að hann hafði á þessum langa tíma aflað sér svara við ýmsum spurningum sem hann fékk ekki svar við á meðan hann var starfsmaður hjá mér. Það hafa engin mótmæli komið fram um það, það hefur enginn ágreiningur orðið um það og það hefur ekki verið hreyft athugasemdum við þessar greinar blaðamannsins. Því hefur ekki verið haldið fram af neinum aðilum að rök hans, sem hann setur fram í blaðagreinunum, séu röng. Sé svo, þá er öll saga rannsóknar þessa máls harla undarleg. Vitni verða tvísaga, mikilsverðir vitnaframburðir stangast algjörlega á, allt upp í 7 vitni vefengja framburð lykilvitnis sem dómsúrskurður er byggður á, án þess að það virðist hafa haft nokkur áhrif. Vitnisburðir hverfa og finnast ekki fyrr en faðir þessa ógæfusama unga

manns, sem lét þarna lífið, mætir með vitnið augliti til auglitis við þann sem yfirheyrði það og hafði fram til þess neitað að nokkur slík yfirheyrsla hefði farið fram. Atvik í sambandi við þetta mál eru öll í hæsta máta undarleg. Sérstakur kafli þessa máls er reynsla föðurins. Ég man eftir því enn þegar hann fyrir 5 eða 6 árum, ég man ekki hvort heldur var, gekk á milli ritstjóra dagblaðanna á Íslandi til þess að biðja blöðin um aðstoð þar sem hann kæmi ekki málum sínum fram við þá sem ættu að rannsaka dauða sonar hans. Þessi saga er öll rakin í greinum Halldórs Halldórssonar, og ég hvet þm. til þess að kynna sér þessa sorgarsögu þessa ógæfusama föður. Þar er enn eitt skýrt dæmi um það, hvílík nauðsyn er að koma upp umboðsnefnd eins og þm. Alþfl. gera till. um, að stofnsett verði, með frv. sem flutt er hér á Alþ., — n. til þess að taka að sér mál manna eins og þessa ógæfusama föður, sem virðast koma að lokuðum dyrum hvar sem þeir knýja á hjá hinu opinbera valdi.

Þessar greinar Halldórs Halldórssonar blaðamanns eftir margra mánaða og jafnvel ára athuganir hans, sem hann byggir þessar greinar sínar á, urðu til þess að ákveðið var að athuga hvort ekki bæri að taka þetta mál upp til nýrrar rannsóknar, og eftir því sem mér er best kunnugt um stendur sú athugun nú. En hversu mörg eru slík mál? Eru þau kannske fleiri en ég hef nefnt og þá hver? Ég hef aðeins nefnt þau mál sem eru á almannavitorði og rætt hefur verið um, tekin sem dæmi, verið ómótmælt og rökstudd. En skyldu slík mál vera fleiri? Um það vil ég ekkert fullyrða. Um það veit ég ekki. En er ekki full ástæða til þess í ljósi þessara dæma að n. á vegum Alþ. kanni hvort þessi þrjú atriði, sem ég hef rakið hér, séu einsdæmi eða hvort ástæða sé til þess að óttast að um fleiri mál sé svo farið.

Í 2. tölul. þessarar þáltill. segir m.a. að athuga beri „hvernig háttað er gangi dómsmála hjá hinum ýmsu dómsstigum og dómaraembættum í landinu, þ. á m. hvort óeðlilegur dráttur sé á gangi þeirra mála hjá einstökum embættum og þá hvers vegna". Þetta mál hef ég ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér að neinu ráði. Af viðræðum við dómara og dómarafulltrúa hef ég þó komist að þeirri niðurstöðu, að það virðist vera almenn vitneskja innan dómskerfisins að svo virðist vera sem ákveðnum embættum gangi mjög illa að afgreiða frá sér mál, — mjög illa samanborið við sams konar embætti önnur. Og ég vil í þessu sambandi einkum og sérstaklega minna á mjög harðar deilur, sem orðið hafa um veitingu dómaraembætta, og jafnvel harðorðar ályktanir og mótmæli samtaka dómara þar um, þar eð þeir telja að ákveðin veiting hafi ekki verið eðlileg, og mótmælin raunverulega byggst á efasemdum starfandi dómara um hæfileika þess sem starfið hlaut.

Þá er einnig í till. vikið að því, hvort ástæða sé til þess að ætla að skattayfirvöld láti sér nægja að senda skattalagabrotamál til skattsektanefndar til úrskurðar, þótt málin séu þannig vaxin að um tvímælalaus refsilagabrot sé að ræða.

Skattalagabrot geta verið tvíþætt í höfuðdráttum: Annars vegar almenn brot, ef við getum sagt svo. Menn halda undan skatti einhverri — kannske lágri upphæð. Slík mál, ef upp komast, eru þó að öllum jafnaði send til skattsektanefndar sem úrskurðar fjársektir. Viðkomandi aðili, sem fyrir sektargreiðslunni verður, ræður því svo hvort hann unir úrskurðinum eða leitar til dómstóla. En rannsókn á skattframtölum getur einnig leitt ýmislegt annað alvarlegt í ljós, t.d. mjög alvarleg brot á almennum hegningarlögum, mjög alvarleg brot á refsilögum og öðru slíku. Og ég hef spurst sérstaklega fyrir um það hjá skattrannsóknarstjóra hvort brögð séu að því að slík mál séu frekar send til skattsektanefndar en áfram til saksóknara og inn í dómskerfið. Og hann hefur svarað mér því til, og það hef ég fengið staðfest hjá saksóknara ríkisins, hjá ríkissaksóknara, að það sé komið frá skattrannsóknarstjóra innan við eitt mál af þessu tagi að meðaltali á ári, öllum öðrum málum sé vísað beint til skattsektanefndar. Ég spurði jafnframt: Hvernig stendur á því að þessi mál eru ekki fleiri? Getur það virkilega verið að í öllu ykkar starfi leiðið þið ekki í ljós neitt alvarlegt misferli sem menn geta sagt með almennum orðum að sé brot á almennum refsilögum, nema að meðaltali sjaldnar en einu sinni á ári? Og hvað sagði skattrannsóknarstjóri er ég spurði hann að þessu? Hann svaraði því til að það væri eiginlega orðin hefð að senda flestöll mál, nema þau allra alvarlegustu af þessu tagi, til skattsektanefndar fremur en til dómstóla — og vegna hvers? Vegna þess að dómskerfið væri svo þungt í vöfum að þó að skattrannsóknarstjóri sendi mál frá sér til kerfisins, þá liðu mörg ár án þess að hann hefði hugmynd um hvað af þessu máli yrði. Og hann nefndi sérstaklega sem dæmi, að árið 1971 hefði hann sent frá sér eitt slíkt mál og hann hefði ekki síðan orðið við það var, ekki einu sinni orðið var við að það hefði verið gefin út ákæra. Auðvitað er þetta engum einstökum embættismönnum, forustumönnum, starfsmönnum eða öðrum slíkum að kenna. Þarna er ekki við neinn einstakan aðila að sakast. En staðreyndin er sú, að þetta kerfi er orðið svo þungt í vöfum og svo erfitt, að það er óhætt að segja, eins og af þessu dæmi má sjá, að það sé ekki lengur hægt að treysta fyllilega á að það skili því hlutverki sem því er ætlað að skila.

Í 3. tölul. er rætt um ýmis atriði sem ég held að ég fari ekki að þreyta menn á að tína til einstök dæmi um. En ég held að hver og einn þm. geti sjálfur af sínum blaðalestri og sínum kynnum af þessum málum talið til ýmis dæmi um það, að nauðsyn ætti að vera að athuga þau mál sem þarna er rætt um. En til viðbótar við þau dæmi, sem ég hef hér rakið, vil ég nefna einstök atriði fleiri.

Eins og menn muna, þá gerðist það á s.l. vori að ungur lögfræðingur, réttargæslumaður eins þeirra sem þá sátu í gæsluvarðhaldi í Síðumúla, skýrði frá því að hann teldi að fangar þar hefðu möguleika til samskipta og samráðs sín á milli og bæru sig saman um framburð. Viðbrögðin fyrst voru þau að menn lögðu

lítinn sem engan trúnað á þetta, enda gefur auga leið hvað það þýðir fyrir rannsókn máls ef möguleiki er á því hjá sakborningum eða fólki, sem er í gæsluvarðhaldi út af rannsókn slíkra mála, að þetta fólk, á meðan það situr í gæsluvarðhaldinu, geti komið sér saman um framburð, t. d. til þess að kasta sök á saklaust fólk. En hvað kom í ljós skömmu síðar? Það kom skömmu síðar í ljós að þessi ungi lögfræðingur hafði sagt rétt og satt frá. Það hafði verið um að ræða samráð fanga í gæsluvarðhaldi og meira að segja, að því er sagt er í blöðunum nú, maður hefur ekki öruggar heimildir fyrir því — meira að segja samráð, á meðan þessir fangar voru í gæsluvarðhaldi og undir yfirheyrslu, um að bera sig saman um framburð til þess að sakfella ákveðna einstaklinga. Þetta er að sjálfsögðu reginhneyksli og eitt áfallið enn sem íslenska dómskerfið verður fyrir.

Það hefur ýmislegt fleira gerst. Hvað um þetta stóra fjársvikamál, ávísanahringsmálið sem ég nefndi hér áðan? Hópur manna hefur leikið þann leik í a. m. k. tvö ár að verða sér úti um háar fjárhæðir með ólögmætum hætti. Rannsóknardómari í þessu máli hefur skýrt svo frá, að sumir þessara einstaklinga hafi staðið í slíkum málum áður og ættu samkv. reglum bankanna ekki að hafa getað haldið því áfram. En samt sem áður var aðgátin hjá þessum aðilum, — og ég legg áherslu á að hér er m. a. um ríkisbanka að ræða sem eiga að vera undir eftirliti þessarar stofnunar hér, — samt sem áður var aðgátin ekki meiri en svo, að jafnvel löngu eftir að rannsókn málsins var hafin, þá var ekki búið að loka reikningum þeirra aðila sem upp hafði komist um. Hvernig er þetta hægt? Hvernig getur Alþingi Íslendinga sem stjórnar öflugustu peningastofnunum í landinu og á að bera ábyrgð á þeim sem ríkisbönkum, — hvernig getur Alþingi Íslendinga liðið það að þetta gerist?

Það, sem er athyglisverðast við þetta mál og fjölmörg önnur, er að sömu nöfnin ganga þarna aftur og aftur. Það eru sömu aðilarnir sem liggja undir öllum þessum steinum eða flestum þeirra, og þennan leik virðast þessir aðilar hafa leikið ekki bara í tvö ár, heldur jafnvel um áraraðir. Ég minni í því sambandi á allfræga grein sem Pétur heitinn Benediktsson bankastjóri birti í Morgunblaðinu fyrir fjölmörgum árum. Stofnanir ríkisins og dómsvaldið virðast standa uppi ráðþrota meðan þessir aðilar vægast sagt gera grín að öllu réttarkerfi þessarar þjóðar.

Og hvernig er staðan í fíkniefnamálunum? Það eru aðeins örfá ár frá því að sagt var frá því í blöðum, að hætta væri á mjög auknum innflutningi fíkniefna og eiturlyfja hingað til landsins og ástæða væri til þess að óttast um að þessi innflutningur yrði í svo miklum mæli að um hann yrðu stofnuð hringasamtök, þ. e. a. s. samtök innflytjenda og smásala. Á þeim tíma var ráðist harkalega á þessi blaðaskrif af svokölluðum ábyrgum aðilum. Þá var sagt að þessi skrif gerðu ekki annað en ýta undir spillinguna, grafa undan stofnunum þjóðfélagsins, þarna væri verið að gera úlfalda úr mýflugu. En hvað hefur gerst? Hvers vegna skyldi líka reynslan hér vera önnur í þessum efnum heldur en meðal annarra þjóða? Það hefur orðið uppvíst um hringa manna sem stunda þann ógeðfellda verknað að kaupa, flytja inn og selja hér á landi mjög mikið magn af varasömum eiturefnum. Um eða yfir 200 dómar hafa verið felldir yfir slíkum aðilum á tiltölulega fáum mánuðum. Nýlega sagði rannsóknarmaður fíkniefnadeildar í sjónvarpsviðtali að hér væri um miklu almennara og stærra vandamál að ræða en nokkrum hefði dottið í hug. Í einu einstöku máli, aðeins einu einstöku slíku máli sem nú er verið að rannsaka, er um að ræða dreifingu og innflutning og sölu á fíkniefnum að andvirði 15 millj. kr., og telja rannsóknarmenn þó að það sé mjög vægt reiknað.

Nú nýverið, fyrir nokkrum dögum, fór allshn. þessarar hv. d. í stutta skoðunarferð til ýmissa embætta. Þ. á m. var litið við hjá þeim einstaklingi sem annast þessa rannsókn á fíkniefnamálum. Og þó að ekki gæfist tími til þess að ræða neitt lengi við hann, þá vannst honum þó tími til þess að tjá allshn. eða a. m. k. einstaklingum þar, að hér væri aðeins að hans viti um að ræða lítið brot, mjög lítið brot af magni þeirra fíkniefna og eiturlyfja sem inn væru flutt til landsins nú með ólöglegum hætti. Menn skyldu gera sér grein fyrir því að hagnaðarvonin í sambandi við innflutning og dreifingu á slíkum efnum er miklu meiri en á nokkru öðru sambærilegu sviði. Hér er ekki verið að hugsa um 10, 15 eða 20% ágóða, heldur um mörg hundruð prósent ágóða. Og reynslan í öðrum löndum sýnir okkur, að þegar um slíka fjármuni er að tefla, þá virðast alltaf vera tiltækir peningamenn sem einskis svífast í því skyni að krækja sér þar í auðfenginn gróða. Og reynslan í öðrum löndum hefur einnig sýnt okkur, að fyrr eða síðar tengjast slíkir aðilar beint við erlenda söluhringa og komast jafnvel undir þeirra stjórn. Og ég leyfi mér að spyrja. Er ekki ástæða til þess að óttast að sama geti gerst hér? Eigum við stöðugt að halda áfram að loka augunum og segja við sjálfa okkur: Þetta er útilokað, þetta er ekki til? Prestkonumórallinn skal gilda. Reynslan hér hlýtur alltaf að verða öll önnur en reynsla allra nálægra þjóða. En ef hún skyldi ekki verða svo, ef fyrir höndum er svipað árferði í þessum málum hjá okkur eins og hjá öðrum þjóðum, hvernig erum við þá í stakk búnir til þess að mæta því sem þegar kann að vera orðið?

Ég hef ekki farið jafnrækilega út í að ræða hvert einstakt mál, hvert dæmi, og ég hefði getað og e. t. v. væri ástæða til. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að nú er svo komið að við gætum eytt öllum tíma Alþ. í vetur aðeins í umr. um þessi mál, aðeins í spurningar og svör um þessi mál. Og það yrði ekki að ástæðulausu. Það væri full ástæða fyrir því að það yrði gert, og kannske verður það gert ef að þessum málum verður ekki staðið með öðrum hætti. Og ég tel að það sé hyggilegra og eðlilegra að gera það þannig, eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir. En ef ekki verður hægt að leysa málin með einhverjum slíkum hætti, þá er ég sannfærður um það, að það eigi meiri tími eftir að fara í umr. um þessi mál á Alþ. í vetur en um nokkurn annan einstakan málaflokk.

Ég ætla að taka það sérstaklega fram til þess að forða frá öllum misskilningi, að í þáltill.

þessari er þess farið á leit að gangur og framkvæmd dómsmála verði sérstaklega tekin til rannsóknar, en ekki að störf einstakra manna verði athuguð. Till. þessari er ekki stefnt gegn einum eða neinum, hvorki gegn einstaklingi né gegn stofnun. Till. er stefnt að málaflokknum sjálfum. Tilgangurinn er sá, að Alþ. sjálft kanni ástandið í dómsmálunum í landinu, m. a. með tilliti til þeirra ábendinga sem fram hafa komið í ræðu og riti, geri úttekt á því ástandi og skýri opinberlega frá niðurstöðum sínum. Þannig verði grunsemdum eytt, þar sem þær eiga ekki við rök að styðjast, og finnist eitthvað sem ekki er sem skyldi, þá verði sá vandi afmarkaður og honum lýst. Slík rannsókn þjónar margþættum tilgangi. Hún tjáir þjóðinni að Alþ. sé fyrir sitt leyti reiðubúið að athuga þau mál sem sætt hafa mjög almennri gagnrýni og flestir íslendingar hafa þungar áhyggjur af. Hún er gerð í því skyni að gera heildarúttekt á þessum málaflokki, ásigkomulagi hans og þeirri aðstöðu sem hinum einstöku embættum er búin til að gegna hlutverki sínu, og draga upp sanna og rétta heildarmynd. Í þriðja lagi yrði slík úttekt nauðsynlegur grundvöllur þeirra úrbóta sem tvímælalaust þarf að gera í dómsmálum og hljóta með einum eða öðrum hætti að koma til kasta Alþ. Það verk þarf raunar að vinna fyrir frumkvæði þingsins sjálfs. Og því betur sem þinginu er ljóst hvar skórinn kreppir þegar það verk hefst, þeim mun betur og fljótar verður það af höndum leyst.

Herra forseti. Ég legg svo til að umr. þessari verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að ég hef síður en svo á móti því að hv. d. skipi n., rannsóknarnefnd, til þess að kanna einstakar rannsóknir mála eða meðferð einstakra dómsmála. Og auðvitað set ég mig ekki heldur upp á móti því ef hv. d. vill skipa n. til rannsóknar með svo víðtæku valdsviði sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill. En það verð ég þó að segja, svo sem ég aðeins kem að síðar, að ég býst við að þeir, sem taka sæti í þeirri n., þurfi að leggja talsvert hart að sér ef þeir ætla að rannsaka öll þau mál, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill., og skila um það skýrslu fyrir þinglok, jafnvel þó þeir fái sér til aðstoðar sérfróðan mann eða menn.

Það er að vísu rétt, að rannsóknarnefndir samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar og tilsvarandi grein í fyrri stjórnarskrám hafa ekki tíðkast hér á landi. Það eru algerar undantekningar að slíkar n. hafi verið skipaðar. Ég man nú í svipinn aðeins efitr tveimur, landsbankanefndinni svokölluðu og okurnefnd, sem svo var nefnd. Ég held að það hafi ekki orðið tiltakanlega mikill árangur af starfi þeirra nefnda í hvorugt skiptið. Það hafa oftar að vísu komið fram till. um skipun rannsóknarnefnda. En viðkomandi deildir hafa ekki viljað fallast á það úrræði.

Hitt er aftur á móti rétt, að rannsóknarnefndir tíðkast mikið í Bandaríkjunum og þar starfa þessar rannsóknarnefndir með talsverðum fyrirgangi og auglýsingaskrumi, svo að ekki sé meira sagt. Og það er ekki aðeins að þær nefndir þar hafi tekið til meðferðar þau mál sem hv. 1. flm. þessarar till. nefndi, heldur hafa þær tekið til meðferðar ýmis fleiri mál, eins og alkunnugt er í veröldinni. Það hefur í Bandaríkjunum reynst ungum og framgjörnum stjórnmálamönnum sérstaklega hentug leið til þess að vekja athygli á sér að verða formenn í slíkum rannsóknarnefndum. Svo mun t. d. hafa verið um McCarthy á sínum tíma. Hann fékkst að vísu ekki og hans rannsóknarnefnd við að rannsaka mál af því tagi sem hv. flm. nefndi, en þekktur varð hann og vafalaust hefði hann getað komist langt ef dauðinn hefði ekki sótt hann áður en til þess kom. Nixon varð líka fyrst frægur eða vakti á sér verulega athygli fyrir formennsku í slíkri nefnd.

Það er því vissulega vorkunnarmál þó að ungum og framagjörnum stjórnmálamönnum þyki freistandi að taka upp slík vinnubrögð og geta kannske haft tækifæri til þess að veita slíkum n. forstöðu og geta sér slíkan orðstír sem hlutaðeigandi menn hafa gert í Bandaríkjunum sem að þessu hafa starfað. En margt getur gott komið frá Bandaríkjunum, og það er auðvitað út af fyrir sig ekki neitt hafandi á móti því að nota þetta úrræði þó að það sé mikið notað þar, en ekki hér og ekki heldur í nálægum löndum sem við tökum mest tillit til og sníðum okkar stjórnarfar mest eftir.

En hver ætli sé þá ástæðan til þess að þetta úrræði er og hefur verið mikið notað í Bandaríkjunum, en aftur á móti ekki hér í landi, ekki í Danmörku, ekki í Noregi, ekki í Englandi, yfirleitt ekki í lýðræðislöndum Evrópu, svo að ég viti til, í neinum mæli? Hver ætli sé ástæðan? Hún er sú, að bandaríkjamenn búa ekki við þingræði í okkar skilningi, en þessi lönd í Evrópu búa við þingræði. Þess vegna og í stað þingræðisskipulagsins og þeirra úrræða, sem það veitir með margvíslegum hætti, einnig hér á Alþingi íslendinga ekki síður en annars staðar, hefur verið gripið til þessa úrræðis í Bandaríkjunum, að beita rannsóknarnefndum sem margar hverjar hafa látið allmikið að sér kveða þar. Á þetta vildi ég benda, þó að ég telji það geta komið til greina, að Alþ. íslendinga breyti um starfsháttu í þessu efni ef hv. þm. þykir efni til þess að yfirveguðu ráði. En þar sem þingræði ríkir hafa hv. alþm. auðvitað margvísleg úrræði til þess að hafa áhrif á stjórnarframkvæmd, fá um hana upplýsingar, bæði með fsp., þál. og svo auðvitað með vantrauststill. og reyndar með fleiri aðferðum. En vilji menn nota og fara að beita þessu úrræði meir en raun hefur verið á, þá hef ég síður en svo á móti því.

Í sjálfu sér þyrfti ég kannske ekki að hafa fleiri orð um þetta. En ég vil þó koma að nokkrum ábendingum í sambandi við þá þáltill. sem hér liggur fyrir.

Ég vil fyrst benda á það, sem er þó náttúrlega aukaatriði, að þessi till. nefnist ekki „tillaga um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar samkv. 39. gr.“, eins og hún ætti að heita eftir málflutningi hv. 1. flm., og ég geri ráð fyrir því að það sé enginn vafi á því í sjálfu sér að það vakir fyrir flm., m. a. eftir síðustu mgr. í tillgr. En það er samt ekki út í bláinn að varpa þessu fram, vegna þess að tilvísun til 39. gr. í upphafi greinarinnar

er út af fyrir sig ekki nægileg, vegna þess að skoðanir þeirra manna, sem skrifað hafa um þetta mál hér á landi og reynt að skýra hvað fælist í 39. gr., hafa verið skiptar. Dr. Bjarni heitinn Benediktsson hélt því fram og vildi skýra 39. gr. svo, að hún ætti bæði við almennar þingnefndir og rannsóknarnefndir. Ég er að vísu ekki þeirrar skoðunar, en samt sem áður hefði verið réttara og væri þá réttara að lagfæra þetta í meðferðinni, þannig að það kæmi alveg skýrt fram við hvað væri átt.

Í öðru lagi vil ég benda á til ábendingar fyrir hv. allshn., sem fær till. til meðferðar, ef hún skyldi nú fallast á þessa till. og þar með kannske verða brautryðjandi í því að innleiða þá starfsháttu á Alþ., að mér þykir nokkuð mikið í fang færst með þessari ályktun. Ég held að jafnvel í Bandaríkjunum sé vafasamt að rannsóknarnefndum þar sé ætlað jafnvíðtækt og óákveðið og almennt verkefni eins og gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Ég held að ef rannsóknarnefndir samkv. 39. gr. eiga að þjóna einhverju hlutverki, þá þurfi að vera frumskilyrði að það sé skýrt afmarkað hvað n. á að rannsaka, það eigi ekki að fela henni svo almennt verkefni að það sé fyrirfram vitað að hún geti alls ekki ráðið við það, það eigi ekki að fela henni verkefni þannig að það fari bara eftir geðþótta hennar hvað hún taki til meðferðar. Ég held að mönnum yrði þetta ljósara kannske ef maður tekur samanburð. Hér er þáltill. um að kanna gang og framkvæmd dómsmála. Þætti mönnum það ekki nokkuð víðtækt ef hv. d. skipaði n. til þess að rannsaka gang og framkvæmd skólamála. Sjálfsagt er ýmislegt sem vert væri að skoða á því sviði, og sjálfsagt gæti það verið athugunarefni fyrir Alþ. að taka einstök atriði þar til athugunar. En ég held að skipun rannsóknarnefndar, sem ekki væri ætlaður lengri starfstími heldur en þessari n. er ætlaður, til þess að rannsaka gang og framkvæmd skólamála yrði heldur marklítil, svo að ekki sé meira sagt. Eða þá t. d. að það væri samþykkt þál. um það að skipa n. til þess að kanna gang og framkvæmd heilbrigðismála, ekkert smáverkefni. En að kanna gang og framkvæmd dómsmála er heldur ekkert smáverkefni. Nei, ef menn ætla að taka þetta í alvöru og ætlast til þess að það verði gagn að svona athugunum, þá verða menn að leggja vinnu í það að afmarka verksvið slíkrar rannsóknarnefndar á annan veg og þrengri en hér er gert.

Það segir í 1. lið þessarar þáltill., að verkefnið sé að rannsaka gang og framkvæmd o. s. frv., „hvernig staðið er að rannsóknum sakamála hjá þeim embættum sem slík verkefni hafa með höndum, þ. á m. hjá ríkissaksóknara, sakadómi og skattrannsóknarstjóra.“ Ég vil nú fyrst og fremst segja það, að mér þykir þetta einkennilega orðað. Auðvitað fer rannsókn sakamála fram hjá öðrum en Sakadómi Reykjavíkur. Það má segja, ef þetta á að skiljast svo, að orðið sakadómur sé notað þarna yfirleitt um þann rétt hjá dómurum þegar farið er með opinber mál, þá geti þetta staðist. Ég geri ráð fyrir að það sé meiningin. Það er náttúrlega dálítið einkennilegt að segja, þ. á m. sakadómi, ef það væri átt við sakadóm í Reykjavík. Þarna er eftir orðanna hljóðan auðvitað átt við að rannsaka þessa málsmeðferð hjá öllum þeim embættum sem fara með rannsóknir sakamála, öllum sýslumönnum og lögreglustjórum um land allt. Það er þó nokkurt verk.

Í öðru lagi er við þetta þá aths. að gera, að það er náttúrlega ekki rétt að tala um að ríkissaksóknari hafi með höndum rannsókn sakamála. Hann hefur vissa stjórn í þeim efnum og getur, eins og hv. flm. minntist réttilega á, átt frumkvæði að rannsókn, en hann framkvæmir ekki rannsókn, lætur ekki sjálfur sína menn framkvæma rannsókn. Hann getur fylgst með málum á rannsóknarstigi. En hann fer með ákæruvald.

Og þá finnst mér það nokkuð skothent að blanda skattrannsóknarstjóra inn í þetta. Ég mundi, ef ég vildi leggja mig fram um að betrumbæta þessa till., leggja það til að skattamálin og skattrannsóknirnar yrðu alveg teknar út úr og það yrði sérstök rannsóknarnefnd skv. 39. gr. til að fjalla um þau. Þetta finnst mér nokkuð marglitt safn.

Svo er það sem vantar bæði í þennan fyrsta lið og aðra liði ályktunarinnar, yfir hvaða tímabil þessari rannsókn er ætlað að taka. Það er þó lágmark að það sé tekið fram yfir hvaða tímabil rannsóknin á að taka. Á bara að rannsaka mál t. d. frá 1971 eða 1970 eða á að fara lengra aftur í tímann? Hvað sem er í því efni, þá verður auðvitað að tiltaka eitthvert tímamark, og auðvitað er eðlilegt að svona rannsókn taki yfir eitthvað lengri tíma til þess að fá samanburð í þessum efnum og til þess þá að fá raunhæfan samanburð, þannig að menn þurfi ekki alltaf að vera með þessar tilgátur og ágiskanir sem þeir eru með og kasta fram í tíma og ótíma. Ég vil spyrja hv. 1. flm. að því, hvað hann og þeir flm. hafi haft í huga í þessu sambandi. Til hvaða tímabils er þessari rannsókn ætlað að taka?

Svo er þarna verið með dálitlar getsakir og hefði verið prýði á þátill., tillgr. sjálfri, að þeim hefði verið sleppt úr henni, þar sem vitaskuld er þar verið með getsakir í garð þeirra sem þessi mál framkvæma, rannsóknaraðilanna, um að þeir hafi látið einhver utanaðkomandi öfl hafa þau áhrif á sig að þeir hafi hætt við rannsóknir eða ekki látið þeim lokið þannig að öll kurl kæmu til grafar. Mér finnst þetta mjög óviðfelldin ásökun í garð þessara manna. Þeir eiga hana áreiðanlega ekki skilið því þarna eru menn sem því miður hafa oft verið ofhlaðnir störfum og unnið sín störf af bestu samviskusemi yfirleitt. Það þori ég að fullyrða.

Óviðkomandi öfl, utanaðkomandi öfl og annarlegir hagsmunir, — dómsmrn. verður ekki talið utanaðkomandi afl í sambandi við rannsóknir dómsmála. Við hvaða aðila og við hvaða öfl er þarna átt? Ég óska eftir því að hv. flm. geri nú grein fyrir því til leiðbeiningar fyrir þá hv. n. sem fær þáltill. til meðferðar.

Svo kemur nú annað vers, liður tvö: „Hvernig er háttað gangi dómsmála hjá hinum ýmsu dómsstigum og dómaraembættum í landinu, þ. á m. hvort óeðlilegur dráttur sé á gangi þeirra mála hjá einstökum embættum og þá hvers vegna“ o. s. frv. Þá koma skattalagabrot eins og skratt-

inn úr sauðarleggnum inn í þetta, sem ég vil leggja til að verði sett í sérstaka till., ekki verið að blanda þessu saman sem ekki á saman.

Það á rannsaka gang og framkvæmd dómsmála hjá öllum dómaraembættum á landinu, hjá öllum dómsstigum. Hæstiréttur er ekki undanskilinn. Það á að skoða líka hjá honum. Ég hef þó ekki orðið var við að því væri haldið fram að það ætti sér óeðlilegur dráttur stað hjá Hæstarétti að undanförnu í þeim málum sem hann fær til meðferðar. Og enn er það — við hvaða tímabil á þarna að miða? Það var að nokkru leyti a. m. k. að gefnu frumkvæði frá mér vegna þáltill., sem ég bar fram hér á Alþ., gerð mjög ítarleg rannsókn, sem Sigurður Líndal framkvæmdi, á því hve mál drægjust hjá dómstólum. Till. var lögð fram, ef ég man rétt, 1966 eða 1967, og það má segja að sé þá staðgóðar upplýsingar um fyrri tíma. En er þá þessari rannsókn ætlað að taka til alls tímabilsins eftir það?

Í annan stað held ég að rannsóknarnefndir sem eiga skv. orðanna hljóðan í 39. gr. að rannsaka mikilvæg mál, séu nú fyrst og fremst a. m. k. og hafi alltaf fyrst og fremst verið hugsaðar sem komandi til greina við rannsókn á verkefnum og meðferð framkvæmdavalds. Dómsvaldið er sérstakur þáttur ríkisvaldsins og dómstólarnir hafa visst sjálfstæði, og því mun enginn halda fram að jafnvel hv. Alþ. geti skipað dómstólum fyrir, hvernig dómstólar skuli dæma í einstökum málum, heldur verður það að láta sér nægja að setja almennar reglur, en dómstólarnir beita þeim almennu reglum, og þeir hafa alltaf síðasta orðið ef í það fer. Þess vegna held ég að Alþ. þurfi að gæta að sér að ganga ekki of nærri sviði dómstólanna að þessu leyti til, ef það er meiningin að svona rannsóknarnefnd eigi að fara að rannsaka störf dómstólanna, segja dómstólunum t. d. til um það, — ja, lengur en mánuð mátt þú ekki vera með mál eins og þetta. Ég efast um að dómstóll láti segja sér fyrir um slíkt efni. Ég efast um að hann sé skyldur til þess eftir stjórnarskránni. Ég efast um að hann þurfi að taka við slíkri fyrirskipun frá einum eða neinum. Hann tekur sér einfaldlega þann tíma sem hann þarf til þess að rannsaka og athuga mál og dæma. Að vísu er honum settar leiðbeiningarreglur í því efni.

Það mætti ætla að þessi tvö atriði, sem talin eru í liðum 1—2, væru ærið verkefni fyrir eina nefnd, n. störfum hlaðinna þm., sem uppálagt væri eftir þessari báltill. að skila áliti fyrir lok þessa þings. En við er nú bætt þriðja liðnum, og hann er um það, „hvernig háttað er framkvæmd refsidóma, þ. á m. eftir hvaða reglum sé farið varðandi ákvarðanir um afplánun“ o. s. frv. — og reyndar með þeim blæ að það a. m. k. jaðrar við getsakir — „hvort mikil brögð séu að því að dómar séu ekki afplánaðir innan eðlilegs tíma, hvort slíkt eigi fremur við um einn flokk eða eina tegund afbrota, t. d. fjársvik og auðgunarbrot.“ Það er nú kannske illa farið með tíma hv. þdm. að fara að rifja upp með örfáum orðum hvernig þessum málum er skipað. En e. t. v. er ekki víst að allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því hvernig háttað er framkvæmd refsidóma. Það er í stuttu máli þannig, að þegar refsidómur hefur verið kveðinn upp í héraði, þá er hann afgreiddur til ríkissaksóknara og það er svo ríkissaksóknari sem sendir hann til dómsmrn. Þegar um dóma Hæstaréttar er að tefla, þá sendir Hæstiréttur þá beint í dómsmrn. Síðan ritar dómsmrn. á þessar dómsgerðir, að fullnægja skuli dómnum, og sendir þær alltaf viðkomandi héraðsdómara sem hefur kveðið upp dóminn, líka þegar um hæstaréttardóma er að tefla, þá er það héraðsdómarinn, sem hefur undirritað dóminn, sem á að sjá um fullnustu hans. Ég held að ég þori að fullyrða að það muni ekki dragast hjá dómsmrn., eftir að það fær dómana í hendur, lengur en hálfan mánuð, þrjár vikur að skrifa á dómana og senda þá út. Síðan er það svo viðkomandi héraðsdómari sem á að sjá um að fullnægja dómnum, og það skal alveg fúslega játað, að það eru vafalaust mismunandi vinnubrögð í því efni hjá hinum einstöku embættum, en alls ekki eftir því — því mótmæli ég alveg — um hvers konar tegund brota er að tefla. Það getur verið að sumum finnist að of mikil linkind sé sýnd. Það mun t. d. nokkuð tíðkast, m. a. hér í Reykjavík, að þegar maður er dæmdur í fyrsta skipti — við skulum segja fyrir þjófnað, dæmdur í þrjá mánuði, til að taka eitthvert dæmi, og hann rekur svo ekki aftur á fjöru lögreglunnar, menn verða ekkert varir við hann, þá skal játa að það getur verið að sá maður afpláni ekki sinn dóm, hann sé látinn eiga sig. Það er talið að hann hafi bætt ráð sitt. Telja menn það eitthvert þjóðráð að vera endilega að gera það að kappsmáli að elta uppi og setja inn þá menn sem dæmdir hafa verið? — Þetta kemur auðvitað ekki til greina um hættulega glæpamenn og því um líkt. Þeim er aldrei sleppt og ganga ekki lausir. En þegar um annars konar brot er að tefla, þá verð ég að leyfa mér að líta svo á að aðaltilgangur og gagn að refsingunni sé þau almennu áhrif sem hún hefur. Ég hef því miður ekki trú á því — og verð að játa það, ég hef ekki mikla trú á því að refsingin út af fyrir sig, afplánunin, bæti hlutaðeigandi einstakling. Og mun nokkur hér á hv. Alþ. vilja halda því fram að refsinguna eigi að skoða út frá einhverri endurgjaldsteóríu, hefndarsjónarmiði: fyrst maðurinn hafi brotið af sér, þá eigi hann að fá þetta? Ég held að það sé löngu úrelt sjónarmið. Og eins og ég sagði, þá skal það viðurkennt að það er sjálfsagt hjá ýmsum embættum að þetta er dálítið mismunandi, og kannske er það mannlegt sjónarmið sem kemur þar til greina. Ég skal ekki neita því, að það geti átt sér stað í einhverjum tilfellum að þeir dómarar, sem eiga að sjá um fullnustuna, líti á aðstæður sem eru fyrir hendi hjá einstaklingi sem að vísu hefur brotið af sér og hlotið dóm, ef maðurinn hegðar sér ágætlega, þá sé eitthvað horft í gegnum fingur. (Gripið fram í.) Ja, ég vona að menn séu ekki að hlægja að því, því að að þeim ógæfumönnum, sem lenda í slíku, er ekki hlægjandi. Það er fullkomið alvörumál, og það vita þeir best sem umgangast þessi mál og þurfa að standa í því t. d. að eiga viðtöl við aðstandendur þessara manna. Það er oft enginn leikur að standa frammi fyrir þeim aðstæðum sem þar eru fyrir hendi.

Það er spurt þarna hvað sé um skilorðsbundinn dóm. Það er strax hægt að upplýsa hvernig

háttað sé eftirliti, að það fer eftir því sem ákveðið er í dóminum sjálfum af þeim sem dóminn kveður upp. En það er, ég get sagt: því miður, undantekning að það sé kveðið á um sérstakt eftirlit í skilorðsdómi. Aftur á móti þegar um frestun ákæru er að tefla, þá er það saksóknari sem hefur eftirlitið með höndum, og ef um náðun er að tefla eða lausn úr fangelsi, þá er það skilorðseftirlitið sem hér er starfandi í Reykjavík, sem vinnur gott verk er fáir virðast taka eftir, sem hefur þetta eftirlit með höndum. Það hefur ekki verið skrifað um það, svo ég hafi séð, en það var fyrst unnið af fórnfýsi af einstaklingi, en svo sett upp með lögum frá Alþingi.

Hversu algengt sé að menn fái af ýmsum orsökum að afplána dóma, t. d. fyrir fjársvik eða auðgunarbrot, annars staðar en í viðurkenndum fangelsum eða vinnuhælum, svo sem eins og sjúkrahúsum og heilsuhælum, — ja þetta er nú dálítið í getsakastílnum líka. Ég fullyrði að slíkt eigi sér ekki stað nema skv. læknisúrskurði. Það var t. d. fyrir stuttu að það varð að taka fanga af Litla-Hrauni með nýrnakast og flytja á Landakotsspítala og taka úr honum nýra. Auðvitað kemur sá tími, sem maðurinn er á spítalanum, upp í afplánun og verður talið til afplánunar. Vilja menn að það séu teknir upp aðrir starfshættir í þessu efni, að lögreglumenn eða fangaverðir fari að taka það á sig að fara ekki eftir læknisráði í þessu efni? Ég vil ekki taka það á mig, ég segi það alveg satt. Ég held það sé alveg ástæðulaust að vera með nokkrar getsakir í þessu efni. En þetta kemur væntanlega í ljós í vor þegar n. verður búin að fara yfir þetta allt og kanna það niður í kjölinn.

Það er nú liðinn fundartíminn og ég skal þá ekki vera að orðlengja þetta frekar. Það er náttúrlega rétt, sem hv. flm. sagði, að það er viss annmarki á því fyrir rannsóknanefndina að starfa, hún gæti ekki kvatt menn fyrir sig eða eiðfest. En auðvitað mætti setja lög um þetta, ef mönnum sýndist að það ætti að taka upp þetta úrræði. En spurningin er hvort menn teldu heppilegt að fara að taka upp slíkan hálfgerðan leikmannadómstól eða rannsóknardómstól a. m. k. leikmannarannsóknardómstól. Það yrði kannske áhrifamikið í sjónvarpi, eins og það er í Bandaríkjunum, að sjá menn leidda fyrir slíka dómstóla og sverja, leggja hönd á helga bók.

Ég ætla nú ekki að fara neitt að tefja tímann með því að tala um það sem hv. þm. var að tala um og hver étur eftir öðrum, að vegur Alþ. sé að hrapa og fara niður á við. Í öllum guðanna bænum, hvað sem öðru líður, þá ættum við alþm. ekki að vera að ala á því. Við ættum að láta aðra um það, það er víst nóg. Og ég held að hv. flm. geti ekkert frekar fullyrt um viðhorf almennings heldur en bara ég eða hver annar. Það er ákaflega óákveðið og erfitt að fullyrða um það fyrir fram.

Um grg. skal ég ekki ræða. Það er ein skynsamleg setning í henni og hún er á bls. 3: „og eðlilegast er, að kostnaður við störf n. sé greiddur úr ríkissjóði, eins og till. er gerð um.“ Ja, hvort ég er sammála. En má ég spyrja hv. flm.: Hvaða aðili annar en ríkissjóður gat komið til álita að fara að greiða kostnað af starfi þessarar n. (Gripið fram í.) Alþingi sjálft? Ég held að kostnaður af Alþ. sé greiddur úr ríkissjóði þannig að Alþ. hefði nú ekki sérstök fjárráð — og þá veit maður það.

Það er fullt í þessari grg. af getsökum og fullyrðingum, staðhæfingum sem ekki er nú hægt að vera að elta ólar við. Þó er t. d. þetta sem segir hér á bls. 2, að eftir hina áhrifamiklu ræðu eða upphlaup hjá hv. þm. í fyrravetur og liðsmönnum hans utan þings og innan þess hafi dómsyfirvöld fyrst farið að rumska, sbr. nokkur lagafrv. um úrbætur sem sýnd voru á síðasta þingi, en ekki afgr. En það ber nú bara að taka það til athugunar, að þessi lagafrv., sem lögð voru fram á síðasta þingi, voru árangur af starfi n. sem hafði starfað frá 1972 og ég hafði skipað áður en hv. flm. kom fótum sínum inn fyrir dyr Alþ., þannig að þetta eru náttúrlega fullkomnar rangfærslur.

Það segir hér að „dómsmálayfirvöld, þ. á m. ráðh., fundu þessari till. flest til foráttu,“ till. sem þeir voru með, alþfl.-menn í fyrra. Ég skal játa að ég er með því marki brenndur eins og fleiri, að ég gleymi — kannske má segja blessunarlega — því sem ég hef sagt. En ég verð að segja alveg eins og er, að ég minnist þess ekki að ég hafi fundið þessari till. neitt sérstaklega til foráttu. Ég hefði gaman af að hv. flm. rifjaði upp fyrir mér þau ummæli sem hann á hér við.

Þarna segir að erlendir sérfræðingar hafi verið ráðnir. Það hefur ekki verið ráðinn nema einn sérfræðingur, en hins vegar fengin aðstoð tæknirannsóknastofu.

Ég skal ekki vera að elta ólar við þetta né heldur þau mál sem hv. flm. nefndi. Það er sem sagt svo, að hann gat ekki nefnt nein mál sem lægju þannig óupplýst. Jörgensensmálið er gamalt. Það er langelsta málið, það er rétt, frá 1966. Það er upplýst, rannsókn er þar lokið og dómur væntanlegur innan skamms að ég best veit. Ég ætla ekki að fara að sakfella áður en sá dómur er genginn, en þetta mál átti sér sína forsögu. Þarna var á ferðinni mikill athafnamaður, og e. t. v. væri eðlilegt að þeir könnuðu það, hv. þingfulltrúar Alþfl., hverjir það voru sem studdu drengilegast við bakið á þessum athafnamanni.

Um Klúbbmálið er það að segja að auðvitað hefur saksóknari ákveðið rannsókn og ákæru á þeim brotum sem hann hefur talið ástæðu til.

Og ég verð að segja að það er afar óviðfelldið að hlusta á hv. flm. vera að fara hér með og hafa eftir bæði fíkniefnadómara, skattrannsóknarstjóra og vararíkissaksóknara bara munnleg orð. Ég er hræddur um að þessir menn vildu heldur láta þá frá sér eitthvað skriflegt og ákveðið heldur en að láta túlkun þess, sem þeir láta sagt, vera komna undir hv. flm. þessarar till.

Já, fíkniefnin, menn sáu það nú einmitt fyrir að hætta mundi vera þar á ferðum. Þess vegna var það að mínu frumkvæði að sett voru l. um fíkniefnadómstól og rannsóknardeild í fíkniefnamálum 1972 eða 1973. Hún hefur starfað síðan, staðið sig með ágætum, það fullyrði ég. Auðvitað þarf að gefa þeim málum fullan gaum, og Alþ. eða fjárveitingavaldið má ekki sníða því starfi svo þröngan stakk að það sé ekki unnt að sinna því svo sem þarf.

Svo veit ég ekki hvernig hann gat farið að koma bönkunum inn í þetta, ef á að fara að

eftirlíta dómskerfið. Ekki eru það dómarar, ekki rannsóknarmenn sem loka einstökum reikningum í bönkum. Það eru bankarnir sjálfir. Ef hann telur um vítavert athæfi að ræða hjá bönkunum — og það skildist mér á honum — þá á hann auðvitað að flytja till. um rannsóknarnefnd á bankana. Ég efa ekki að hann gæti haldið ágæta ræðu um það efni, eins og þessi ræða var hér áðan, sem var vel samin og prýðilega flutt, enda hefur hann vafalaust lagt mikla vinnu í það, kannske einhverjar andvökur. En að lokum bara það, að hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki, þá hefur það út af fyrir sig ekki hin minnstu áhrif á setu mína í sæti dómsmrh.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Fimmtudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár. En þess vil ég geta, að umr. þessar utan dagskrár geta ekki tekið nema örskamman tíma vegna þess að það á að ræða fjárl. á eftir og það mun ekki verða leyft að aðrir hv. þm. taki til máls í umr. þessum en fyrirspyrjandi og hlutaðeigandi ráðh. sem svarar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér nú hljóðs utan dagskrár, er viðtal sem útvarpað var í fréttatíma útvarpsins í gærkvöld við Gunnar Kristjánsson bónda á Dagverðareyri við Eyjafjörð og oddvita í Glæsibæjarhreppi og þar sem ummæli Gunnars bónda stangast berlega á við yfirlýsingu hæstv. iðnrh., Gunnars Thoroddsens, hér á Alþ. í fyrradag, er hann staðhæfði í svari við fsp. hv. alþm. Ingvars Gíslasonar og svari við ræðu minni varðandi fyrirhugað álver við Eyjafjörð að þetta mál væri á algeru könnunarstigi. Þetta ítrekaði ráðh. nokkrum sinnum í máli sínu og síðast með svofelldum orðum nákvæmlega, með leyfi forseta:

„Hv 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, komst svo að orði að hann hefði grun um að þetta mál um álver á Norðurlandi, við Eyjafjörð, væri komið lengra áleiðis en látið væri í veðri vaka. Hv. þm.," sagði hæstv. ráðh., „veit þá meir en ég veit. Ég veit ekki annað en málið sé á algeru könnunarstigi, eins og kom fram í svörum mínum, engar ákvarðanir verið teknar aðrar en þær, að sérstakir fulltrúar eigi að gera till. um hvernig haga skuli umhverfisrannsóknum ef til komi." — Og svo síðast í máli sínu enn, með leyfi forseta: „Ég vil taka það fram að ég mun ekki mæla með byggingu verksmiðju til stóriðju nema með fullu samþykki heimamanna."

Í fréttatíma útvarpsins í gærkvöld að kalla beint ofan í frétt útvarpsins með þessum fyrrgreindu ummælum hæstv. iðnrh., kemur síðan fyrrnefnt viðtal við Gunnar Kristjánsson bónda á Dagverðareyri við Eyjafjörð og oddvita í Glæsibæjarhreppi, þar sem ráðgert er að fyrrnefnd verksmiðja rísi. Þetta viðtal leyfi ég mér nú — það er örstutt — að lesa með leyfi forseta.

Fréttamaður, Kári Jónasson, spyr Gunnar oddvita sem segir:

„Það hefur ekkert samband verið haft við okkur, en við höfum heyrt frá bæjarstjórn Akureyrar að það sé verið að athuga þetta, og hjá forseta bæjarstjórnar sá ég teikningar af fyrirhugaðri staðsetningu verksmiðjunnar."

Og fréttamaður spyr: „Og hvar er gert ráð fyrir að verksmiðjan rísi samkv. þessum tillögum eða hugmyndum?"

Gunnar oddviti svarar: „Það munu vera tvær till. Á annarri tillögunni snúa húsin frá norðri til suðurs og eru á milli bæjanna Dagverðareyrar og Gása. Á hinni er gert ráð fyrir að hún snúi austur og vestur og þá frá sjó, og hún kemur eins og á milli bæjanna Dagverðareyrar og Gása, en fer þá yfir bæinn Helluland sem er hérna norðvestan við. Höfnin er fyrirhuguð í báðum till. á sama stað, innan á svonefndri Dagverðareyri."

Og fréttamaður spyr: „Hefur þú sem oddviti Glæsibæjarhrepps gert einhverjar ráðstafanir til þess að afla frekari upplýsinga um þetta mál?"

Og oddviti svarar: „Ég skrifaði suður í iðnrn. núna, bréfið er dagsett 5. okt., en ég hef ekki fengið neitt svar þaðan enn þá."

„Og er þá beðið um upplýsingar?" spyr fréttamaður.

„Já," segir oddvitinn. „Það er beðið um upplýsingar og óskað eftir því að þessar teikningar, sem munu liggja fyrir, verði sendar til okkar, þessar teikningar sem munu liggja fyrir, og einnig er óskað eftir því, að við fáum að fylgjast með framvindu þessa máls."

Og fréttamaður spyr: „Hvernig líst ykkur á þessar hugmyndir, bændum hér í kring?"

Og oddviti svarar: „Ja, okkur líst nú illa á það, því að við teljum að það sé þá búið með allan landbúnað hér á allstóru svæði a. m. k. Annars er ekki gott að átta sig á hvað er rétt og hvað er ekki rétt í því, sem sagt er um mengun og mengunarvarnir frá þessum verksmiðjum. En alla vega virðist það vera sýnt, að hér á allmiklu svæði muni ekki verða búið verði þessi verksmiðja reist."

Og fréttamaður spyr: „Eru þá hafnar einhverjar rannsóknir hérna, svo að ykkur sé kunnugt um, mengunarrannsóknir?"

Bóndi svarar: „Já, það mun nú vera eitthvað í gangi. Annars virðist þetta fara svo leynt að maður veit ekki nema svona það sem maður fréttir hingað og þangað og óljóst."

Fréttamaður spyr: „Finnst ykkur þá skrýtilega að þessu staðið, að ekki sé haft samband við ykkur landeigendur?"

Og bóndi svarar, og oddviti: „Já, okkur finnst það mjög einkennilegt, þessi leynd sem er yfir þessu, því að séu þetta bara athuganir og undirbúningsrannsóknir, þá veit ég ekki hverju er að leyna," segir oddviti Glæsibæjarhrepps.

Þetta er sem sagt sá hluti viðtalsins, orðrétt, sem lýtur beint að álverinu við Eyjafjörð. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Vissi hann af þessum teikningum af verksmiðjunni þegar hann talaði við okkur í þessum æruverðuga sal í fyrradag? Vissi hann af þessum teikningum? Telur hæstv.

iðnrh. að viðræðurnar um álver við Eyjafjörð séu á algeru könnunarstigi eftir að gerðar hafa verið teikningar af álverinu þar sem m. a. heilt sveitabýli hefur verið lagt í hugskoti þeirra, sem teikningarnar gerðu og áætlanirnar sömdu, undir harðan grunn þess álvers. Hvernig er varið hinum einlæga ásetningi um samráð við fólkið við Eyjafjörð yfirleitt þegar þetta mál hefur ekki verið rætt við eigendur landsins eða býlisins sem þarna er ráðgert að fari undir grunn verksmiðjunnar?

Enn er spurning sem er mjög brýnt að fá svar við. Gunnar oddviti segist hafa séð teikningar af álverksmiðjunni hjá Val Arnþórssyni, forseta bæjarstjórnar á Akureyri. Hvers konar hlutverki gegnir Valur Arnþórsson, forseti bæjarstjórnar á Akureyri, í undirbúningi álverksmiðjumálsins? Hvernig stendur á því að hann er með þessar teikningar? Hvaða hlutverki hefur hann gegnt þarna? Vegna þess að fram kom hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni, sem á sæti í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað og er sennilega varaformaður þeirrar n., að öll n. ynni í umboði iðnrn., þá vil ég spyrja: Hefur n. notið aðstoðar Vals Arnþórssonar í viðræðum sínum við Norsk Hydro, eða ber að líta á þetta sem eins konar þegnskyldustarf af hálfu Vals Arnþórssonar í þessu þýðingarmikla máli?

Ég vil ekki undir neinum kringumstæðum ætla hæstv. iðnrh. óheilindi í þessu máli. Ég óska þess innilega að það muni nú koma í ljós í svari hans, að hann reynist bara þegar til kastanna kemur, eins og hann komst sjálfur að orði í fyrradag, vita minna um málið heldur en ég, að það komi í ljós í svari hans að hann hefði ekki vitað af þessum teikningum. Ég vænti þess að hann geri svo annaðhvort: með ljúfu geði og sínu alkunna góða skapi að viðurkenna þetta beinlínis og ganga svo í það af dugnaði og drengskap að afla sér upplýsinga, sem gera honum fært að segja hv. þm. satt og rétt frá þessu máli, er það næst ber hér á góma, eða að biðjast afsökunar að öðrum kosti.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það útvarpsviðtal, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. notar sem tilefni til þess að hefja hér umr. um þetta mál, mun hafa verið tekið upp og átt sér stað fyrir norðan fyrir síðustu helgi. Þetta samtal mun hafa verið tekið upp sem sagt nokkrum dögum áður en skýrsla var gefin um málið á þriðjudaginn var hér á hv. Alþ. Samtalið ber þess nokkur merki að það er tekið áður en þessar upplýsingar voru lagðar fram, og í rauninni vekur það nokkra furðu að Ríkisútvarpið skuli sjá ástæðu til þess að birta samtal sem þannig byggir á forsendum, sem að sumu leyti hafa verið skýrðar og leiðréttar síðar. Þetta er nauðsynlegt að komi hér fram í fyrsta lagi. Ef samtalið hefði átt sér stað eftir þær umr. sem fóru fram á Alþ. og skýrt var frá í fjölmiðlum s. l. þriðjudag, þá ætla ég að samtalið hefði orðið að sumu leyti nokkuð á aðra lund.

Ég held að það sé alger misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda að ummæli Gunnars Kristjánssonar oddvita stangist á við þær upplýsingar sem ég gaf hér. Ég hef ekki komið auga á neitt í því sem beinlínis stangast á.

Varðandi það bréf, sem oddvitinn sagðist hafa sent iðnrn. 5. okt. s. l., þá var mér ókunnugt um það bréf þangað til ég heyrði þetta í útvarpinu í gær. Ástæðan mun hafa verið sú, að oddvitinn hefur stílað og sent bréfið — ekki til iðnrn. eða iðnrh., heldur til Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, og svo stóð á að hann var í veikindafríi. Mun það vera skýring þess, að ég sá þetta bréf ekki fyrr en í morgun þegar ég spurðist fyrir um það að gefnu þessu tilefni. Í þessu bréfi óskar Gunnar Kristjánsson oddviti þess fyrir hönd hreppsnefndar og eigenda jarðanna að fá að fylgjast með framvindu þessara mála og honum verði send ljósrit af uppdráttum og öðrum upplýsingum um málið. Honum var sent skeyti nú í dag að sjálfsögðu sem svar við þessu bréfi, sem ég hafði ekki vitað um fyrr, og gerðar ráðstafanir til þess að honum væru sendar upplýsingar sem fyrir hendi eru um þetta mál.

Varðandi svo teikningar, sem hv. fyrirspyrjanda varð hér tíðrætt um og oddvitinn minntist á, þá er mál þannig vaxið að í skýrslu Norsk Hydro, sem ég gat um í frásögn minni, frá s. l. ári fylgdu lauslegir uppdrættir í sambandi við hugsanlega staðsetningu álvers. En í svari mínu við fsp. s. l. þriðjudag hér á Alþ. komst ég svo að orði, að veturinn 1973—1974 hafi Norsk Hydro með samþykki viðræðunefndar og iðnrn. kannað aðstæður til byggingar álvers norðanlands og austan, fyrirtækinu hafi sérstaklega verið bent á Eyjafjörð, Norðausturland og Austfirði. Síðan segir í þessari frásögn minni: „Í framhaldi af þessum athugunum sendi Norsk Hydro viðræðunefndinni snemma árs 1975 samanburð á staðsetningu álvers við Eyjafjörð, Húsavík og Reyðarfjörð, og fól sú grg. í sér það álit að aðstæður væru hagstæðastar við Eyjafjörð.“ Þessi grg. var send viðræðunefndinni og afhent öllum meðlimum hennar, m. a. fulltrúa Alþb. í n. sem er Ingi R. Helgason. Þessari grg. um staðsetningu á þessum stöðum fylgdu — hvort sem við eigum að kalla það teikningar eða lauslegt riss af þessari staðsetningu við Eyjafjörð og Reyðarfjörð. Þær virðast vera nokkuð lauslegar, en þó eru þar, að mér skilst, tvær útgáfur, þ. e. a. s. í stórum dráttum hvort hugsanlegt álver ætti að snúa frá suðri til norðurs eða austri til vesturs á þessum stað. Þetta hefur ekkert leyndarmál verið, það fylgdi skýrslunni sem allir nefndarmenn viðræðunefndarinnar fengu, og skýrslan mun vera dags. 5. febr. 1975.

Ég gerði ráðstafanir til þess í morgun að oddvitanum yrði strax send þessi skýrsla og aðrar þær upplýsingar sem tiltækar eru.

Ég held að það hafi verið ástæðulítið af hv. fyrirspyrjanda að fara nú að hefja umr. um þetta mál hér á Alþ. tveim dögum eftir að það var rætt ítarlega, og ég held að það sé alger misskilningur að nokkuð í ummælum mínum í fyrradag stangist á við það sem oddvitinn hefur haldið fram. En ég vil undirstrika það, að strax og ég vissi um þetta bréf eða þessa beiðni oddvitans, voru ráðstafanir gerðar til að honum yrðu sendar allar upplýsingar, og ég vil ítreka það enn, að málið er á algeru könnunarstigi og eins og ég sagði í umr. í fyrradag, þá mun ég ekki mæla með byggingu álvers þar né annars staðar nema með fullu samþykki heimamanna.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Það var fram tekið í upphafi að aðrir fengju ekki að ræða þessa fsp. en fyrirspyrjandi og hæstv. ráðh. En þar sem margir hv. þm. hafa óskað eftir því að fá orðið, þá verður umr. um málið frestað, því að það er ekki hægt að ræða þetta mál nú vegna fjárlagaumr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun vegna tilmæla forseta hafa þetta mál mitt ákaflega stutt, en tek það fram, beint ofan í beiðni hv. þm. Ingvars Gíslasonar um að fá orðið, að ég tel þessum umr. ekki lokið og ber að líta á þessi fáu orð mín núna sem upphaf að lengri ræðu í því trausti að umr. verði aðeins frestað.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við þessum fsp. Að vísu láðist honum, eflaust vegna tímaskorts, að gefa mér svar við því hver hlutur Vals Arnþórssonar, forseta bæjarstjórnar Akureyrar, væri í þessu máli, þar sem hann sýnir Gunnari Kristjánssyni bónda á Dagverðareyri og oddvita þeirra í Glæsibæjarhreppi hið lauslega riss Norsk Hydro af verksmiðju á landi hans og þeirra Glæsibæjarhreppsmanna, þar sem málið er þó komið á það stig að um það virðist vera að velja hvort verksmiðjan snúi austur og vestur eða suður og norður og að eitt af bestu býlum sveitarinnar fari undir verksmiðjugrunninn. Ég bað um skýringar á hlutdeild Vals Arnþórssonar í þessu máli, hvaða hlutverki hann gengdi í því. Ég efast ekki um að hæstv. ráðh. muni segja okkur nánar frá þessu þegar tími gefst til að ræða þetta mál til hlítar.

Ég hét forseta því að hafa aths. mína mjög stutta, verð þó að eyða tíma í ítrekun á þeirri staðhæfingu minni, sem hæstv. ráðh. afgreiddi með sínum fágaða „elegans“ á þriðjudaginn var, þegar hann sagði að ég virtist vita meira um þetta mál heldur en hann. Ég ítreka það, að þetta álverksmiðjumál er lengra á veg komið en menn vilja hér vera láta.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og kom fram í grg. minni á þriðjudaginn, þá var ákveðið á s. l. ári að fulltrúar frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað ásamt fulltrúum frá Norsk Hydro skyldu kanna og gera till. um hvernig haga skyldi umhverfisathugunum ef til kæmi. Þessir fulltrúar voru á Akureyri nú seinni hluta sumars og höfðu þá samband við forseta bæjarstjórnar Akureyrar, Val Arnþórsson, og mun fulltrúi viðræðunefndar hafa afhent honum þá skýrslu og grg. með þeim lauslegu teikningum sem ég gat um og Norsk Hydro hafði sent 5. febr. 1975. Það er rétt að taka það fram, að vitanlega hefði verið rétt að fulltrúi viðræðunefndar léti oddvitann einnig fá þessa skýrslu. Af einhverjum ástæðum hefur það farist fyrir, en úr því hefur nú verið bætt.

En varðandi þátt Vals Arnþórssonar, þá vil ég algerlega mótmæla ummælum hv. fyrirspyrjanda, því að ég sé ekki annað en hann hafi aðeins gengt skyldu sinni sem forsvarsmaður bæjarstjórnar Akureyrar og tekið við þeim upplýsingum sem þessir fulltrúar höfðu að gefa. Ég sé ekki að nokkur minnsta ástæða sé til þess að áfellast Val Arnþórsson fyrir eitt eða annað í þessu máli.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Fyrst og fremst er það til þess að það komi mjög skýrt fram, að ég ætlaði mér ekki að sveigja að Val Arnþórssyni úr þessum ræðustól, þar sem hann er hvergi nærri og hefur ekki aðstöðu til þess að bera hönd fyrir höfuð sér. Við hann mun ég ræða þetta mál þar sem hann á slíks kost. Að honum var ekki sveigt. Ég spurði um hlutdeild Vals Arnþórssonar í þeim könnunarviðræðum sem hafa átt sér stað við Norsk Hydro. Mér var ljóst að hann fékk þarna plögg í hendurnar sem forseti bæjarstjórnar Akureyrar. Mér er það einnig ljóst, að ákveðnir aðilar þar norður frá hafa átt beina aðild að þeim viðræðum sem farið hafa fram við Norsk Hydro, og vænti þess nú, var að fiska eftir því að fá þessar upplýsingar hérna, eiginlega uppásnúningalaust. En tími mun gefast til þess að ræða þessi mál nánar, eins og forseti hefur heitið okkur, við framhald þessarar umr. og ég þakka honum umburðarlyndið.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að veita mér þess kost að mæla hér örfá orð utan dagskrár þó fjárlagafrv. sé á dagskránni. En þess hef ég beiðst af ærnu tilefni.

Þegar fréttir Ríkisútvarpsins voru lesnar í gærkvöld og kom að fréttunum af umr. á Alþ. hér í gær, þá var fjöldi hlustenda furðu lostinn. Útvarpshlustendum eru almennt kunnar þær grundvallarreglur sem gilda um fréttaflutning Ríkisútvarpsins, enda eru um þær mjög skýr ákvæði í lögum og reglum útvarpsins sem þaulræddar hafa verið á opinberum vettvangi. Það er grundvallaratriði varðandi fréttaflutning Ríkisútvarpsins, að greina skuli skýrt milli hlutlausrar frásagnar annars vegar og dóms eða mats á því, sem sagt er, hins vegar. Öllum þorra hlustenda, ekki aðeins alþm. sem auðvitað er um þetta fullkunnugt, heldur mun þorra hlustenda einnig vera um þetta fullkunnugt.

Til umr. var í gær till. þm. Alþfl. í Nd. um skipun þn. til að rannsaka gang og meðferð dómsmála. Og hvað var í fréttum Ríkisútvarpsins m. a. um þessar umr. sagt? Þar var þetta sagt orðrétt:

„Ólafur Jóhannesson dómsmrh. tók næstur til máls. Hann sagðist ekki vera andvígur slíkri nefndarskipun, ef Nd. sýndist rétt að skipa slíka n., en hann gerði ýmsar aths. við till., og má segja að lítið hafi staðið eftir af ágæti hennar að ræðu dómsmrh. lokinni.“

Svo mörg voru þau orð í fréttatíma íslenska Ríkisútvarpsins. Hér er um að ræða eitt grófasta hlutleysisbrot sem ég minnist síðan tekið var að flytja þingfréttir í venjulegum fréttatíma Ríkisútvarpsins. Hér er um að ræða mál sem

snertir ekki aðeins flutningsmann till., sem hér er um að ræða, sem snertir ekki aðeins þingflokk hans. Hér er um að ræða mál sem snertir alla þm., hvern og einn þm., og alla flokka sem skipa Alþ. Það eru ekki nema 10—12 ár síðan tekið var að flytja fréttir af umr. á Alþ. í almennum fréttatíma Ríkisútvarpsins, og það var mikil framför á sínum tíma þegar sá háttur var tekinn upp. En þeim mun sjálfsagðara er að fyllstu ákvæða, sem gilda í lögum og reglum útvarpsins um óhlutdrægni í fréttaflutningi, sé gætt. En sér ekki hver heilvita maður, sér ekki hvert barn, að ummæli um það, að lítið hafi staðið eftir af ágæti tiltekinnar ræðu þegar henni hefur verið andmælt, þetta er ekki fréttaflutningur, þetta er mat á efni þeirrar ræðu sem um er að ræða, þetta er dómur um hana. Ég trúi því ekki að sá maður sé til, sem athugar málið rólega og af skynsemi, sem sér ekki að hér er um gróft og óþolandi brot á gildandi reglum um fréttir Ríkisútvarpsins að ræða.

Vegna þess að ég tel þetta ekki vera neitt einkamál hv. 1. flm. till. frá því í gær og ekkert einkamál míns flokks, heldur mál sem snertir sóma Alþingis, mál sem snertir réttindi, kröfur hvers einasta þm. um það að fyllstu óhlutdrægni sé gætt, þá hef ég leyft mér að vekja athygli á þessu hér og skýra þingheimi frá bréfi sem þingflokkur Alþfl. hefur samþ. að senda útvarpsstjóra að gefnu þessu tilefni. Máli mínu lýk ég með því að lesa þetta bréf og kynna það þar með hv. þingheimi og þjóðinni um leið, sem ég veit að lætur sér það ekki litlu máli skipta að haldin sé í heiðri reglan um óhlutdrægni sjálfs Ríkisútvarpsins. En bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fréttatíma Ríkisútvarpsins í gærkvöld voru m. a. fréttir af umr. á Alþ. um till. þm. Alþfl. í Nd um skipun þingnefndar til að rannsaka gang og meðferð dómsmála. Í fréttunum var sagt frá ræðu 1. flm., Sighvats Björgvinssonar, og ræðu Ólafs Jóhannessonar dómsmrh. Í fréttinni sagði orðrétt:

„Ólafur Jóhannesson dómsmrh. tók næstur til máls. Hann sagðist ekki vera andvígur slíkri nefndarskipun, ef Nd. sýndist rétt að skipa slíka n., en hann gerði ýmsar aths. við till., og má segja að lítið hafi staðið eftir af ágæti hennar að ræðu dómsmrh. lokinni.“

Þingflokkur Alþfl. telur hér vera um að ræða tvímælalaust brot á 3. gr. útvarpslaga, sem segir fyrir um óhlutdrægni Ríkisútvarpsins, svo og á IV. kafla reglugerðar um útvarpið, er fjallar um fréttaflutning þess, og loks á reglum um fréttaflutning Ríkisútvarpsins, sem gefnar voru út 1. mars s. l. Í 2. gr. þessara reglna segir:

„Fréttaskýringar ber að afmarka greinilega frá fréttum og skal ávallt kynnt nafn höfundar slíkra skýringa.“

Að gefnu tilefni fer þingflokkur Alþfl. þess hér með á leit við yður, hr. útvarpsstjóri, að tafarlausar ráðstafanir verði gerðar til þess að fréttaflutningur Ríkisútvarpsins frá umr. á Alþ. verði endurskoðaður og það vandlega tryggt, að hann verði í samræmi við gildandi reglur um óhlutdrægni.“

Fjárlög 1977, frv. — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í upphafi athugasemda við fjárlagafrv. er nú útlit fyrir að þau meginmarkmið, sem ríkisstj. hafði sett sér í efnahagsmálum, muni að verulegu leyti nást á þessu ári. Þessi markmið voru: Að draga úr viðskiptahallanum við útlönd, að hægja á hraða verðbólgunnar og tryggja fulla atvinnu. Stjórn fjármála ríkisins er ásamt stjórn peningamála og hóflegri stefnu í launamálum mikilvægasta tækið til að ná þessum markmiðum. Sá árangur, sem náðst hefur, byggist að miklu leyti á því, að á árinu 1976 er allt útlit fyrir að takist að eyða þeim mikla halla sem verið hefur á ríkisbúskapnum á árunum 1974 og 1975 og koma í veg fyrir að útgöld ríkisins í hlutfalli við þjóðartekjur haldi áfram að hækka.

Sá árangur, sem nú hefur náðst í efnahagsmálum, er þó aðeins áfangi á langri og erfiðri leið. Þótt horfur séu á að á árinu takist að koma viðskiptahallanum við útlönd niður í 4% af þjóðarframleiðslunni samanborið við tæplega 12% 1975, sem er betri árangur en við var búist fyrr á árinu, er hallinn enn mikill og verður að hverfa á næstu árum. Verðbólgan er enn mun örari en í nágrannalöndum okkar. Á meðan ekki hefur verið sigrast á viðskiptahalla og verðbólgu er atvinnuástandið heldur ekki tryggt. Það skiptir því meginmáli að áfram sé stefnt að þeim markmiðum, sem sett hafa verið, og stjórn fjármála og peningamála sé hagað á þann hátt að markmiðunum verði náð. Í því ljósi verður að skoða fjárlagafrv. fyrir árið 1977.

Við Íslendingar eigum ekki einir þjóða í erfiðri glímu við viðskiptahalla og verðbólgu. Þessi vandamál hafa verið meginviðfangsefni víðast hvar í heiminum á undanförnum árum, jafnvel í þeim löndum sem áður höfðu náð mestum stöðugleika og bestum árangri í stjórn efnahagsmála. Um skeið, á árinu 1974 og byrjun árs 1975, leit jafnvel út fyrir að framleiðslusamdrátturinn yrði annaðhvort að langri og alvarlegri kreppu eða lyktaði með nýju verðbólguskeiði sem gæti leitt til nýrrar efnahagskreppu. Sem betur fer hefur ekki tekist svo illa til. Flestum þjóðum heims hefur með erfiðum aðgerðum tekist að rétta við efnahag sinn, auka framleiðslu og atvinnu, en draga jafnframt úr verðbólgu og viðskiptahalla. Nú eru horfur á því, að þjóðarframleiðsla muni yfirleitt fara vaxandi á næstu árum og atvinnuástand batna, betra jafnvægi muni nást í viðskiptum landa á milli og verðbólga muni ekki aukast á nýjan leik. Í þessum efnum er þó vandrataður hinn gullni meðalvegur og víðast hvar ríkir veruleg verðbólga, auk þess sem erfið greiðslustaða margra landa er enn mikið áhyggjuefni, og enn eiga mörg lönd við alvarlegt atvinnuleysi að stríða.

Þróun efnahagsmála á undanförnum árum hefur leitt í ljós mikilvægar staðreyndir sem þeir, er með stjórn efnahagsmála fara, verða að taka tillit til. Þessar staðreyndir skipta okkur Íslendinga einnig miklu máli og við hljótum að taka mið af þeim í stjórn okkar eigin mála.

Í fyrsta lagi virðist ekki unnt að ná helstu markmiðum í efnahagsmálum, svo eitthvað vari, nema takast megi að ná þeim öllum í senn að

verulegu leyti. Það er ekki unnt að tryggja atvinnu til langframa ef ekki tekst að vinna bug á viðskiptahallanum og verðbólgunni. Á hinn bóginn stoðar lítið að halda verðbólgu í skefjum og eyða viðskiptahalla ef þessum markmiðum verður ekki náð nema með atvinnuleysi. Þess vegna verður að ná þeirri samræmingu í stjórn efnahagsmála og þeirri samstöðu á milli stétta og hagsmunahópa að komist verði sem næst öllum *þeim efnahagslegu markmiðum sem stefnt* er að. Í öðru lagi er áframhaldandi vöxtur framleiðslu mikilsvert markmið í efnahagsmálum og svo mun enn verða um langt skeið.

Þótt mönnum séu nú ljósari en áður ýmsir fylgikvillar hagvaxtar og reynt sé að varast þá, verður margvíslegum þörfum manna og þjóða ekki sinnt nema með tilstyrk aukinnar framleiðslu. Þessar þarfir, sem enn er ekki sinnt sem skyldi, eru til staðar í ríkum mæli, jafnvel í þeim löndum sem lengst eru komin á framfarabraut. Enn meira máli skiptir þó, að úr fátæktinni í heiminum verður ekki dregið nema með meiri framleiðslu, ekki aðeins þar sem fátæktin er við lýði, heldur einnig í velmegunarlöndunum sem þá gætu í vaxandi mæli miðlað öðrum af auðlegð sinni. Eigi vaxandi framleiðsla hins vegar að vera meginmarkmið í efnahagsmálum eins og verið hefur, verður að halda við réttum skilyrðum til þeirrar aukningar. Þessi skilyrði eru ekki síst *heilbrigt atvinnulíf þar sem vinnusemi og* framtak fá að njóta sín og eðlileg arðsemi nýtur viðurkenningar. Í þriðja lagi verður að gæta hófs í útgjöldum ríkisins og í skattlagningu þegnanna. Ekki er unnt að líta svo á að leiðin til að leysa hvers konar vanda sé að einbeita ríkiskerfinu að þeim og auka útgjöld ríkisins í því skyni. Tilraunir í þessa átt víða um heim hafa sennilega átt drjúgan þátt í aukinni verðbólgu undanfarinna ára, án þess að sá árangur hafi náðst sem menn höfðu vænst. Það verður því að leita hagkvæmari og ódýrari leiða en sífelldrar eflingar ríkisvaldsins. Það er ekki heldur unnt að líta svo á að stöðugt megi jafna vaxandi ríkisútgjöld með hækkandi sköttum. Í sumum tilfellum má telja að í raun geti háir skattar verið uppspretta verðbólgu, auk þess sem þeir kunna að draga úr vilja manna til starfa og framtaks. Þegar svo er komið, eru skattamálin á villigötum.

Það er skoðun mín að ekki verði hjá því komist að taka tillit til þeirra staðreynda, sem ég hef nú lýst, við mótun efnahagsstefnu hér á landi og þá ekki síst við mótun stefnunnar í fjármálum ríkisins. Það er á þeim grundvelli sem unnið hefur verið að undirbúningi þessa frv. Hér er þó enn aðeins um áfanga að ræða, eins og ég gat um áðan, og eigi varanlegur árangur að nást, er á næstu árum nauðsynlegt að stefna að víðtækari endurskoðun og umbótum jafnt í útgjöldum sem í sköttum. Það er mikilvægt að unnið sé að þessu af fullri festu, að leitað sé nýrra og hagkvæmari leiða í þeim málaflokkum, sem ráða mestu um útgjöld ríkisins, og stefnt sé að réttlátari og hóflegri skattheimtu.

Á fyrstu níu mánuðum ársins hefur þegar komið fram verulegur halli á jöfnuði rekstrargjalda og rekstrartekna ríkissjóðs, og eins og ég vík nánar að hér á eftir standa nú vonir til að fjárhagur ríkisins réttist verulega við, þannig að grynnt verði á skuldum við Seðlabankann. Þetta eru mikil umskipti frá síðustu tveimur árum sem hafa verið ríkissjóði erfið. Það leikur ekki vafi á því að ríkisfjármálin í ár hafa átt sinn þátt í því að miðað hefur verulega í jafnvægisátt í þjóðarbúskapnum. En betur má ef duga skal. Segja má að eins og nú árar sé traustur fjárhagur ríkisins enn brýnni en verið hefur, þar sem viðskiptaárferðið hefur nú snúist okkur í hag á ný. Er þjóðinni nú mikil nauðsyn að nota þessa hagsbót til þess að styrkja stöðu þjóðarbúsins út á við, en ekki til þess að auka útgjöld að sinni. Til þess að ná því marki að rétta stöðu þjóðarbúsins út á við enn á næsta ári, þannig að viðskiptahalli næsta árs verði hálfu minni en verður á þessu ári eða 2—2½% í stað 4% af þjóðarframleiðslu, verður áfram að treysta stöðu ríkissjóðs. Af þessum þjóðhagslegu ástæðum, en jafnframt af því að á ýmsum sviðum knýja brýnar útgjaldaþarfir fast á, og nægir hér að nefna dómsmál, löggæslu og landhelgisgæslu, er í þessu frumvarpi lagt til að 18% vörugjaldinu verði haldið allt næsta ár. Hér kemur einnig til að mæta þarf tekjumissi vegna lækkunar tolla skv. viðskiptasamningum okkar við önnur ríki, eins og ég vík að hér á eftir. Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum tel ég ekki skilyrði til að lækka hið sérstaka vörugjald, og nú ríður á að halda því jafnvægi í ríkisbú*skapnum sem ætla má að náist nú eftir tvö* erfið ár. Í þessu sambandi tel ég rétt að geta þess, að í mörgum nágrannaríkjum okkar hefur halli á ríkisbúskapnum verið alvarlegt vandamál að undanförnu, og greiðsluhalli á fjárlögum miðað við þjóðarframleiðslu varð jafnvel meiri en hér var á árunum 1974 og 1975. Með þessu er ekki dregið úr því að aðhald í ríkisfjármálunum er nauðsynlegur liður í baráttunni við verðbólgu og viðskiptahalla, en það sýnir glöggt að hægar er sagt en gert að halda hallalausum fjárlögum þegar þjóðartekjur minnka. Tekjur ríkissjóðs dragast að stofni saman, þegar kaupgeta þjóðarinnar rýrnar, en ríkisútgjöldin minnka ekki sjálfkrafa að sama skapi og eiga e. t. v. ekki að gera það að fullu.

Með þennan bakgrunn í huga er hins vegar þeim mun brýnna, þegar betur horfir um þjóðarhag, að treysta stöðu ríkissjóðs, og á þeirri meginskoðun er fjárlagafrv. reist.

Traust stjórn á fjármálum ríkisins byggist m. a. á haldgóðum og tímabærum upplýsingum um ýmsa þætti ríkisfjármála, bæði hjá ríkissjóði sjálfum og einstökum stofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Sú nýskipan, sem upp var tekin í byrjun þessa árs, með gerð áætlana um greiðslubarfir ríkisstofnana innan fjárlagaársins, samtímabókun og endurskoðun bókhaldsgagna, ásamt vikulegum samanburði við greiðslur úr ríkissjóði, hefur leitt til virkari heildarstjórnar ríkisfjármálanna. Sú mikla vinna, sem þessu varð samfara hjá ríkisbókhaldinu í upphafi þessa árs, varð þess valdandi að ekki tókst að ljúka gerð A-hluta ríkisreiknings fyrir þinglausnir. Liggur ríkisreikningurinn 1975 í heild frammi við 1. umr. fjárlagafrv. eins og áður hefur verið.

Telja verður mjög brýnt að flýta uppgjöri ríkisreiknings, þannig að við gerð fjárlaga séu til-

tækar upplýsingar um þróun útgjalda hjá öllum stofnunum og ríkisfyrirtækjum. Nú í októbermánuði sendi fjmrn. ráðuneytum og stofnunum ríkisins fyrirmæli um að viðkomandi aðilar gerðu skil á uppgjöri ársins 1976 eins fljótt og unnt er á árinu 1977, þar sem ákveðið hefur verið að A- og B-hlutar ríkisreiknings ársins 1976 skuli birtir eigi síðar en í lok aprílmánaðar n. k. Þá hef ég lagt til að í fjárlagafrv. fyrir árið 1978 skuli einnig birtar reikningstölur ársins 1976 og fjárlög 1977, þannig að alþm. geti séð á einum og sama stað þróun útgjalda hjá hinum einstöku stofnunum og ríkisfyrirtækjum yfir þriggja ára tímabil.

Við mat á útgjöldum einstakra stofnana og ríkisfyrirtækja við undirbúning fjárlagagerðar var höfð hliðsjón af niðurstöðutölum ríkisreiknings 1975 og þegar heimiluðum útgjöldum 1976. Vegna þessara upplýsinga má ætla að útgjaldatölur, sem fram koma í frv., séu raunhæfari, enda er það algjör forsenda þess að hægt sé að nýta fjárlög sem stjórnunartæki, að heimiluð útgjöld hinna einstöku stofnana og ríkisfyrirtækja séu raunhæf og í samræmi við þá starfsemi sem ákveðin er á hverjum tíma. Fjvn. Alþingis mun að sjálfsögðu fá allar þessar upplýsingar til nota fyrir störf sín.

Ég hef óskað eftir því að ríkisreikningsnefnd taki til athugunar hugmyndir um að breyta framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings, sérstaklega með tilliti til gildis þeirra upplýsinga sem stjórnunar- og eftirlitstækis, og jafnframt hvort núverandi skipting útgjalda eftir tegundum komi að tilætluðum notum. Mun fjvn. Alþingis svo og kjörnum endurskoðendum ríkissjóðs gerð grein fyrir störfum nefndarinnar, þannig að við undirbúning verks þessa, sé unnt að taka tillit til óska þessara aðila.

Ljóst er að veigamikill þáttur aukins aðhalds og eftirlits með útgjöldum ríkisins er það eftirlit sem ríkisendurskoðun annast. Sú nýskipun, sem tekin hefur verið upp varðandi samtímaendurskoðun allra þeirra greiðslugagna, sem greiðast hjá ríkisféhirði, er mjög mikilvægt skref í átt til meira aðhalds í meðferð fjármuna ríkisins. Hins vegar er ljóst, að efla þarf til muna þetta eftirlit hjá þeim stofnunum ríkisins sem sjálfar annast fjárvörslu. Í þessu sambandi telur ríkisendurskoðandi að efla eigi innri endurskoðun hinna stærri stofnana ríkisins, en ríkisendurskoðun annist einkum skipulagningu og umsjón þeirrar endurskoðunar sem fram fer hjá hverri stofnun. Hér er um viðamikið verkefni að ræða sem þarfnast rækilegs undirbúnings. Ég tel afar nauðsynlegt að verkefni þessu sé hraðað eins og kostur er og stefnt sé að þessu marki á næstu tveimur til þremur árum.

Ég hef áður lagt á það áherslu, að ekki má missa sjónar á því að allur kostnaður af starfsemi opinberra aðila er borinn sameiginlega af þegnunum, og því er það skylda þeirra, sem með stjórn fara á hverjum tíma, að gæta þess að þeim fjármunum sé varið á sem hagkvæmastan hátt. Sérstaklega er þetta atriði þýðingarmikið þar sem opinber rekstur nýtur ekki sama aðhalds og rekstur einstaklinga og félaga sem er háður samkeppni innanlands og utan.

Eins og ég gat um í fjárlagaræðu minni fyrir árið 1976, taldi ég nauðsynlegt að athugun færi fram á hvort grundvöllur sé fyrir ýmissi atvinnu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefur verið unnt að sinna þessu starfi sem skyldi almannahagsmunum að sú starfsemi skuli vera í höndum einstaklinga eða félaga þeirra. Ekki hefur verið unnt að sinna þessu starfi sem skyldi vegna annarra verkefna sem meiri áhersla hefur verið lögð á í starfsemi ráðuneytisins, en ábendingar hafa verið gerðar um að meta þyrfti að nýju hvort nauðsynlegt sé að reka á vegum ríkisins sérstaka skipaútgerð og ferðaskrifstofu sem ekki sinna öðrum verkefnum en einkaaðilar á sama sviði. Samhliða þessum athugunum tel ég raunar nauðsynlegt að gerð verði könnun á starfsemi og rekstri allra ríkisstofnananna. Kannað verði hver sé tilgangur með starfi hverrar stofnunar, og jafnframt verði skoðað á hvern hátt þeim tilgangi sé náð og hvernig fjármunum, sem löggjafinn ætlar til viðkomandi starfa, sé varið. Ekki er ástæða til að taka almenna ákvörðun um það í eitt skipti fyrir öll hver skuli vera hlutdeild ríkisins í atvinnurekstri landsmanna. Ég hef áður gert grein fyrir því og lýst þeirri skoðun minni og leyfi mér að ítreka hana hér, að ríkið eigi ekki aðild í neins konar atvinnustarfsemi í landinu í samkeppni við einstaklinga eða félög sem sinnt geta þeim störfum á fullnægjandi hátt, heldur láti þeim þau verkefni eftir.

Ákvarðanir um þessi atriði ætti að taka á grundvelli könnunar þeirrar, sem ég gat um áðan, og aðstæðna á hverjum tíma. En meginstefnan á að vera skýr. Hér er um yfirgripsmikil verkefni að ræða sem krefjast samstarfs margra aðila innan ríkiskerfisins. Ljóst er að vinna verður að verkefni þessu í áföngum og nálgast markið með því að taka fyrir á hverju ári ákveðinn fjölda ríkisstofnana. Á næsta ári mun hafist handa við þetta verkefni, og mun ég fela fjárlaga- og hagsýslustofnun ásamt ríkisendurskoðun að hafa umsjón með verkefni þessu.

Áformað var að starfsmannaskrá ríkisins kæmi út um leið og fjárlagafrv., eins og verið hefur, en af ýmsum ástæðum hefur það dregist nokkuð. Stafar sá dráttur fyrst og fremst af því, að skráin er nú unnin á allt annan og nákvæmari hátt en á síðasta ári og reyndist undirbúningsvinnan mun lengri en búist var við í upphafi. Skráin mun verða afhent þingmönnum eftir u. þ. b. vikutíma.

Skráin er nú tölvuunnin, og þess má geta, að meðal nýmæla í skránni er að öllum stöðum innan ríkiskerfisins hefur verið gefið ákveðið númer. Ætti það að auðvelda að mun allt eftirlit með breytingum á starfsmannahaldi ríkisins og auk þess gæti skráin komið að notum á ýmsan hátt, eins og t. d. við ákvarðanatöku í samningamálum.

Við þau ótryggu skilyrði, sem íslenskt efnahagslíf býr við, bæði heima fyrir og erlendis, og ekki verður ætið við ráðið, reynist jafnan erfitt að láta fjárhagsáætlanir standast í fjárhæðum. Á líðandi ári hafa komið til sérstök viðfangsefni á sviði landhelgisgæslu og fiskverndar sem krafist hafa aukinna útgjalda úr ríkissjóði og jafnframt aukinnar tekjuöflunar. Þá voru greiðsluáætlanir ríkissjóðs endurskoðaðar reki-

lega í byrjun árs. M.a. af þessum orsökum var lagt fram sérstakt efnahagsmálafrv. í maímánuði s. l. þar sem gerð var grein fyrir nýjum áætlunum um ríkisfjármál á árinu. Í þessum áætlunum var gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins yrjust úr 58 857 millj. kr. skv. fjárlögum í 65 537 millj. kr., eða um 6 680 millj. kr., og tekjur úr 60 342 millj. kr. í 66 562 millj. kr., eða um 6 220 millj. kr. Þá var gert ráð fyrir tæplega 200 millj. kr. bata á lánahreyfingum, þannig að heildargreiðsluafkoman mundi rýrna um 260 millj. kr. frá áætlun fjárlaga, en verða þó hagstæð um röskar 100 millj. kr.

Frá því að þessi áætlun var gerð í maímánuði hafa ríkisfjármálin verið endurmetin. Virðist nú mega ætla að útgjöldin aukist enn til áramóta um 2 400—2 500 millj. kr. og verði í heild nálægt 68 000 millj. kr. Á sama hátt hafa tekjur verið áætlaðar að nýju, og hefur áætlunin frá maí hækkað um 2 300—2 400 millj. kr., en heildartekjur ársins eru nú áætlaðar um 68 900 millj. kr. Á lánahreyfingum má gera ráð fyrir óhagstæðum jöfnuði að fjárhæð um 900 millj. kr., sem er óbreytt áætlun frá maí s. l., og er því reiknað með að greiðsluafkoma ríkissjóðs verði í jöfnuði á árinu 1976.

Mun ég nú gera nánari grein fyrir þróun gjalda og tekna frá því að fjárlög ársins voru afgreidd í desember s. l.

Gjaldahlið. Af einstökum gjaldaflokkum hefur langmest hækkun orðið á framlögum til almannatrygginga, eða samtals 3 120 millj. kr., og eru þá bæði lífeyris- og sjúkratryggingaframlög meðtalin. Hér er fyrst og fremst um að ræða afleiðingu lagaákvæða um hækkun bóta lífeyristrygginga til samræmis við launahækkanir, auk sérstakrar rýmkunar ákvæða um tekjutryggingu og ákvarðana um hækkun daggjalda á sjúkrahúsum sem einnig ræðst að verulegu leyti af launaþróuninni. Á árinu hafa eftirtaldar hækkanir orðið á bótum lífeyristrygginga: 1. janúar 5%, 1. apríl 10%, 1. ágúst 9% almennt, en 18% að því er varðar tekjutryggingu, og auk þess verður 9% hækkun 1. nóv. vegna launahækkunar. Daggjöld á sjúkrahúsum hafa hækkað sem hér segir: 1. apríl 8.7% að meðaltali, 1. júlí 9.1% og frá 1. okt. um 12.8%.

Gert er ráð fyrir að laun hækki um 1 800 millj. kr. frá fjárlögum ársins vegna beinna kauptaxtahækkana, og eru þá ekki meðtaldar sérstakar ráðstafanir sem vikið verður að hér á eftir, þar sem skipting á tegundir gjalda er ekki fullljós fyrir fram. Eftirfarandi hækkanir hafa orðið á launatöxtum frá síðustu fjárlagaáætlun: Í des. 1975 var greidd 0.6% verðlagsuppbót á laun, en ekki áætlað fyrir henni í fjárlögum. Í mars varð 6% almenn launahækkun og auk þess komu þá til láglaunabætur sem metnar hafa verið rösklega 1% á launalið. Í júlí varð 8.83% launahækkun að meðtalinni verðlagsuppbót, og einnig urðu nokkrar flokkahækkanir skv. úrskurði Kjaranefndar, en þær koma þó fyrst að fullu til framkvæmda í byrjun næsta árs. Loks varð 6% launahækkun 1. okt. og 3.11% verðlagsuppbót kemur til 1. nóv. n. k.

Eins og fram kom í greinargerð með efnahagsmálafrv., sem afgreitt var á Alþingi í maí s. l., var gert ráð fyrir 1 000 millj. kr. í útgjaldaauka til eflingar landhelgisgæslu, fiskileitar og hafrannsókna, og er miðað við þessa tölu í áðurnefndri áætlun um heildargjöld ársins.

Þá er ljóst að vaxtagreiðslur munu fara verulega fram úr áætlun, í fyrsta lagi vegna þess, að þótt jöfnuður verði í ríkisfjármálunum þegar litið er á árið í heild, eru árstíðasveiflur slíkar í ríkisfjármálum hér á landi, að á hluta ársins er að jafnaði um að ræða allverulegan halla. Yfirdráttarvextir höfðu ekki verið áætlaðir í fjárlögum 1976. Í öðru lagi hefur verðlagshækkun og gengissig leitt til aukinna greiðslna af verð- og gengistryggðum lánum ríkissjóðs. Og loks hafa komið til vaxtagreiðslur af ríkissjóðsvíxlum sem ákvörðun hafði ekki verið tekin um að selja við afgreiðslu fjárlaga. Má telja líklegt að af þessum sökum muni vaxtagreiðslur fara um 600 millj. kr. fram úr fjárlagaáætlun.

Í efnahagsmálalögunum í maí s. l., sem ég gat um hér áðan, var og gert ráð fyrir 450 millj. kr. fjárþörf vegna vegagerðar, þegar tekið hafði verið tillit til nýrra áætlana um markaða tekjustofna, og var fjár til þessa annars vegar aflað með hækkun leyfisgjalds af bifreiðum, 150 millj. kr., og hins vegar með fjáröflun í formi skyldusparnaðar, 300 millj. kr. Í sömu lögum voru auk þess ákvæði um aukin útgjöld til hafnamála, landbúnaðarmála o. fl., samtals 420 millj. kr. Einnig var talið að breyttar forsendur um þróun verðlagsmála o. fl. hefðu þau áhrif á liðinn önnur rekstrargjöld, að vænta mætti um 530 millj. kr. útgjaldaauka vegna hækkunar á aðkeyptum rekstrarvörum og þjónustu sem óhjákvæmilega fylgir almennri verðlagshækkun, en auk þess yrði nokkur hækkun vegna ýmissa lögboðinna rekstrargjalda.

Auk þeirra þátta, sem nú hafa verið raktir, má vænta nálægt 650 millj. kr. umframgreiðslna til ýmissa þarfa sem þegar hafa verið samþykktar eða hugsanlega gætu komið til greiðslu fyrir lok ársins. Má hér nefna Aflatryggingasjóð og enn fremur uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Loks nemur hækkun markaðra tekjustofna í útgjaldahlið 570 millj. kr. í samræmi við nýja tekjuáætlun fyrir árið í heild, sem ég mun nú víkja að.

Tekjuhlið. Eins og áður er getið, er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs á þessu ári muni nema 68.9 milljörðum króna, en það er 8.5 milljörðum króna meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Helstu ástæður þessa tekjuauka má annars vegar rekja til sérstakra ráðstafana í ríkisfjármálum, en hins vegar til tekju- og veltubreytinga í þjóðfélaginu umfram fjárlagaforsendur. Langveigamestu ráðstafanirnar, sem snert hafa tekjuhlið fjárlaganna, voru gerðar með löggjöfinni um efnahagsmál í maí, en þá voru tekjur hækkaðar um 1 900 millj. kr., aðallega með hækkun vörugjalds, en um leið var leyfisgjald af jeppum hækkað til samræmis við fólksbíla. Bensíngjald, sem heimilt er að breyta skv. breytingu byggingarvísitölu, hefur verið hækkað tvívegis á árinu, en af öðrum gjaldahækkunum má nefna verðhækkun áfengis og tóbaks í mars. Af helstu breytingum einstakra tekjuliða frá fjárlögum má nefna að vegna meiri tekjuaukningar á árinu 1975 en áður var talið er tekjuskattur einstaklinga talinn verða 500 millj. kr. umfram fjárlög.

Tekjuskattur félaga er talinn verða um 600 millj. kr. *umfram fjárlagaáætlun*, þar sem hagur fyrirtækja 1975 varð mun betri en reiknað hafði verið með við samþykkt fjárlaga. Gjöld af innflutningi eru áætluð verða um 2 000 millj. kr. meiri en reiknað var með í fjárlögum. Helmingur þessa stafar af almennum innflutningi umfram spá í desember s. l., en auk þess veldur bensínhækkunin um 200 millj. kr. tekjuauka og talsverð aukning bílainnflutnings hefur í för með sér um 400 millj. kr. tekjuauka af innflutningsgjaldi af bílum. Ég hef þegar minnst á hækkun vörugjaldsins í maí, en samtals er reiknað með að tekjur af því fari 1 700 millj. kr. fram úr fjárlagatölum. Vegna meiri veltubreytinga en gert var ráð fyrir í fjárlagaforsendum, einkum vegna launahækkana á árinu, er söluskattur talinn verða um 2 400 millj. kr. meiri en í fjárlagaáætlun. Þá valda launahækkanir um 300 millj. kr. aukningu launaskatts, en auk þess má ætla að rekstrarhagnaður ÁTVR verði 300 millj. kr. meiri en í fjárlagaáætlun. Eins og áður sagði valda þessar breytingar ásamt öðrum smávægilegri um 8 500 millj. kr. tekjuaukningu, en þar af nemur hækkun beinna skatta rúmlega 1 milljarði kr. Hlutfall beinna skatta af heildarskatttekjum ríkisins mun því enn fara lækkandi og verður ekki hærra en 16% heildartekna skv. þessum áætlunum.

Afkoma ríkissjóðs á árinu 1975. Ríkisreikningur fyrir árið 1975 hefur verið afhentur hv. alþm. ásamt tölulegri greinargerð ríkisbókhaldsins um afkomu ríkissjóðs á því ári. Ríkisreikningurinn hefur jafnframt verið afhentur yfirskoðunarmönnum Alþingis til meðferðar. Er þess að vænta að reikningurinn með athugasemdum þeirra, ef einhverjar verða, svörum mínum og tillögum þeirra, verði lagður fyrir Alþingi síðar á þessu þingi.

Ríkisreikningurinn skiptist eins og áður í A- og B-hluta, þar sem A-hlutinn nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana og B-hlutinn yfir fjárreiður fyrirtækja og sjóða ríkisins.

Greinargerð ríkisbókhaldsins um afkomu ríkissjóðs er eins og áður fyrst og fremst framsetning á helstu niðurstöðum ríkisfjármálanna skv. ríkisreikningi. Greinargerð sem þessa, sem afhent hefur verið hv. alþm. við 1. umr. fjárlagafrv. hefur ríkisbókhaldið tekið saman allt frá því að gerð var grein fyrir afkomu ársins 1970 við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1972.

Ég vil leyfa mér að vísa til ríkisreiknings og þessarar greinargerðar varðandi afkomu ársins 1975. Ég mun þó gera örstutta grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins. Áður en ég geri það þykir mér rétt að rifja upp það, sem fram kom um horfur í ríkisfjármálum 1975 í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1976 s. l. haust og í umr. um frv.

Eins og þm. rekur minni til, var í grg. frv. reiknað með því að útgjöld ríkissjóðs árið 1975 yrðu 51 milljarður króna, en tekjurnar 49.7 milljarður króna, þ.e. reiknað var með 1 300 millj. kr. hærri gjöldum en tekjum, og var þá miðað við innheimtar tekjur og niðurskurð ríkisútgjalda um 2 milljarða kr., er reyndist 1 milljarður. Reyndin varð hins vegar sú, að útgreidd gjöld urðu 57.4 milljarðar króna, en innheimtar tekjur 49.3 milljarðar. Þannig er ljóst að sú útgjaldaáætlun stóðst illa. Hér ber ýmislegt til. Bæði er hér um að ræða áhrif verðbólgunnar á ýmsa liði og galla í upplýsingakerfinu — galla sem ég tel að nú hafi verið lagfærðir að verulegu leyti. Eins kom á daginn að undirstaða útgjaldaáætlunar fjárlagaársins með áorðnum breytingum gaf ekki í öllum greinum rétta mynd af raunverulegum aðstæðum. Strax um s. l. áramót var gefin út fréttatilkynning um greiðsluafkomu ríkissjóðs 1975 skv. bráðabirgðatölum. Jafnframt var hafist handa við að treysta undirstöðu nýrrar greiðsluáætlunar ríkissjóðs sem síðan var gerð grein fyrir þegar efnahagsmálafrv. var til meðferðar s. l. vor. Áætlun um greiðsluafkomu ríkissjóðs á þessu ári tel ég vera reista á miklu traustari grunni en var fyrir ári, og vísa ég í því sambandi til þess sem fram kom hér að framan um bætta upplýsingaöflun á þessu sviði, sem ekki verður nógsamlega undirstrikað, að er forsenda allrar fjármálastjórnar ef vel á að vera.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á árinu 1975 skv. breytingu sjóðseignar, innstæðna og skulda á ávísana- og hlaupareikningum við Seðlabanka Íslands og innlánsstofnanir ásamt breytingu lánareikninga við Seðlabankann var óhagstæð á árinu 1975 um 4 928 millj. kr., og að viðbættu láni við Seðlabankann vegna ábyrgðar ríkissjóðs á verðtryggingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að fjárhæð 846 millj. kr. varð greiðslan óhagstæð um 5 774 millj. kr.

Að frátöldum lánareikningum við Seðlabankann og að viðbættum breytingum á ýmsum innstæðum (einkum óinnheimtum tekjum) og ýmsum lausaskuldum (einkum ógreiddum gjöldum og geymdu innheimtufé), varð greiðslujöfnuðurinn óhagstæður um 2 311 millj. kr. Sú fjárhæð ásamt neikvæðum lánajöfnuði að fjárhæð 6 507 millj. kr., að meðtöldum lánum við Seðlabankann, sýnir skuldaaukningu ríkissjóðs nettó, að fjárhæð 8 818 millj. kr. Þessi skuldaaukning ríkissjóðs stafar annars vegar af óhagstæðum endurmatsjöfnuði að fjárhæð 1285 millj. kr., sem er nær eingöngu vegna bókfærðrar hækkunar skulda í erlendri mynt í árslok vegna gengismunar á árinu. Hins vegar kemur fjárhæðin fram í gjöldum umfram tekjum á rekstrarreikningi að fjárhæð 7 533 millj. kr. Mun ég nú gera nánari grein fyrir þeirri fjárhæð, en hún er munur heildargjalda A-hluta ríkisreiknings að fjárhæð 58 577 millj. króna og heildartekna að fjárhæð 51 044 millj. kr.

Þessar síðastnefndu fjárhæðir gjalda og tekna eru gerðar upp á rekstrargrunni, en ekki greiðslugrunni, þ.e. uppgjörið miðast við álagðar tekjur annars vegar og áfallnar greiðsluskuldbindingar hins vegar, en ekki innheimtar tekjur og útgreidd gjöld.

Tekjur. Fjárlög gerðu ráð fyrir tekjum að fjárhæð 47 626 millj. kr. Innheimtar tekjur reyndust 49 343 millj. kr., en tekjufærsla varð 51 044 millj. kr. Innheimtar tekjur urðu því aðeins 1 717 millj. kr. umfram fjárlög eða 3.6%, þrátt fyrir þá miklu þenslu sem var í efnahagslífinu.

Söluskattur var eins og áður aðaltekjustofn ríkissjóðs. Nam hann 17 885 millj. kr. eða 35% heildartekna. Á árinu 1974 var hliðstæður hundraðshluti 31.5% og á árunum 1973 og 1972 23%.

Innheimtur söluskattur nam 289 millj. kr. umfram fjárlög eða aðeins 1.7%.

Almenn aðflutningsgjöld voru annar stærsti liður í tekjum ríkissjóðs og námu 10 118 millj. kr. eða 331 millj. kr. umfram fjárlög. Önnur gjöld af innflutningi námu 2 355 millj. kr. og þar af innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjaldi 1 701 millj. kr. og innflutningsgjald af bifreiðum 622 millj. kr. Þessir tveir síðastnefndu liðir skiluðu 144 millj. kr. lægri tekjum en fjárlög gerðu ráð fyrir og er þar um 6% lækkun.

Innflutningstekjur námu 12 473 millj. kr. eða 24.4% heildartekna árið 1973, en námu 29.4% árið 1974. Vörugjald af innflutningi er ekki talið hér með.

Þriðji stærsti tekjuliður ríkissjóðs var sem fyrr tekju- og eignarskattar. Námu þeir 6 104 millj. kr. eða 12.0% heildartekna. Tekjufærsla tekjuskatts nam 5 572 millj. kr., en innheimtan 5 199 millj. kr. og hefur þá verið dregið frá tekjuskattinum það sem greitt var á árinu í barnabætur og persónufrádrátt og eftirstöðvar af skattafslætti frá árinu 1974. Þessi útgreiðsla nam 2 686 millj. kr. Fjárlög ætluðu 625 millj. kr. í skattafslátt, en með lögum nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahags- og fjármálum, var gerð veruleg breyting á meðferð fjölskyldubóta og skattafsláttur og barnabætur og persónuafsláttur tekinn upp í þeirra stað. Þessar ráðstafanir voru til hagsbóta fyrir þá sem verst voru settir. Innheimtur tekjuskattur varð 1 695 millj. kr. lægri af þessum sökum en áætlað var í fjárlögum.

Fjórði stærsti teknaliður ríkissjóðs var hagnaður af rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, er nam 4 736 millj. kr. eða 9.3% heildartekna. Innheimtan varð 589 millj. kr. umfram áætlun eða 14.2%, enda verðið hækkað tvisvar á árinu.

Fimmti stærsti teknaliðurinn var launaskattur, er nam 2 935 millj. kr. eða 5.7% heildartekna. Innheimta hans nam 2 701 millj. kr. eða 301 millj. kr. umfram fjárlög, og er það um 12.5%.

Framangreindir fimm teknaliðir námu alls 44 133 millj. kr. eða 86.5% heildartekna. Á árinu 1974 var hlutur þeirra 90.4%. Lækkunin er fyrst og fremst vegna lægri tekjuskatta, en einnig kemur til að á árinu voru lagðir á tveir nýir skattar. Annar var flugvallaskattur skv. fyrrnefndum lögum um ráðstafanir í efnahags- og fjármálum, er nam 204 millj. kr. og hinn var vörugjald skv. lögum nr. 65/1975. Nam það 1 208 millj. kr.

Fjárlög ársins 1975 gerðu ráð fyrir gjöldum að fjárhæð 47 226 millj. kr. Niðurstaða reiknings varð, eins og áður sagði, 58 577 millj. kr. eða 11.351 millj. kr. umfram fjárlög eða 24%.

Hluta þessarar hækkunar má rekja til áhrifa markaðra tekna og sérstakra lántöku- og gjaldaheimilda sem ekki voru með fjárhæðum fjárlaga. Sú hækkun er talin nema 2 654 millj. kr. samkv. sérstöku yfirliti á bls. 187 í ríkisreikningi. Á móti kemur lækkun ríkisútgjalda um 1 005 millj. kr. skv. heimild í lögum um ráðstafanir í efnahags- og fjármálum. Ef tekið er tillit til þessara liða urðu umframgjöldin 9 702 millj. kr. Þá fjárhæð má síðan leiða að verulegu leyti af ýmsum almennum lagaákvæðum um fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs sem urðu hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Í stórum dráttum skiptast framangreindar fjárhæðir sem hér segir:

Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins urðu 16 502 millj. kr. eða 2 512 millj. kr. umfram fjárlög og þar af 329 millj. kr. vegna markaðra tekna.

Niðurgreiðslur urðu 5 586 millj. kr. eða 1 828 millj. kr. umfram fjárlög.

Vextir og verðbætur af skuldum ríkissjóðs urðu 1 776 millj. kr. eða 1 064 millj. kr. umfram áætlun.

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir urðu 1 102 millj. kr. eða 386 millj. kr. umfram fjárlög, og jarðræktarframlög urðu 353 millj. kr. eða 117 millj. kr. umfram fjárlög.

Gjöld Vegagerðar urðu 4 005 millj. kr. eða 462 millj. kr. umfram fjárlög, en 603 millj. kr. umfram ef tekið er tillit til lægri markaðra tekna að fjárhæð 141 millj. kr. hærri en fjárlög áætluðu.

Framangreindir fimm gjaldaliðir námu samtals 29 324 millj. kr. eða um helmingi heildargjalda. Er sú fjárhæð 6 369 millj. kr. umfram fjárlög af fyrrgreindum 11.4 milljörðum. Ef tekið er tillit til áhrifa markaðra tekna Tryggingastofnunar og Vegagerðar er fjárhæðin 6 181 millj. kr. og í samanburði við heildarfjárhæðina 9 702 millj. kr., er það 64% eða tæplega ⅔ hlutar umframgjalda.

Að öðru leyti vísa ég í ríkisreikning og greinargerð ríkisbókhalds, en minni þó á að með gjöldum eru taldar 846 millj. kr. vegna ábyrgðar ríkissjóðs á verðtryggingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins samkvæmt lögum nr. 45/1975.

Skuldir ríkissjóðs á lánareikningum við Seðlabankann hækkuðu um 3 548 millj. kr. auk hækkunar gengisbundinna lána að fjárhæð 270 millj. kr. Skuldaaukningin skiptist þannig, að 1 667 millj. kr. voru vegna breytinga á yfirdráttarskuld ríkissjóðs á aðalviðskiptareiknnigi, 931 millj. kr. vegna skulda Rafmagnsveitna ríkisins við ríkissjóð, 846 millj. kr. vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, 329 millj. kr. vegna skulda Vegagerðar við ríkissjóð í ársbyrjun og 200 millj. kr. vegna skulda hennar við ríkissjóð í árslok og 168 millj. kr. vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs til Íslenska járnblendifélagsins. Samtals eru þessar fjárhæðir 4 141 millj. kr. Afborganir til Seðlabankans af lánum ásamt ýmsum öðrum minni háttar lánahreyfingum námu 593 millj. kr. á árinu.

Aðrar lánahreyfingar á teknum lánum fólu í sér skuldaaukningu að fjárhæð 2 177 millj. kr. auk gengishækkunar að fjárhæð 1 102 millj. kr. Þessi lántaka, nettó, var vegna landshafna 570 millj. kr., Vegagerðar 675 millj. kr., vegna hlutafjárframlags til Íslenska járnblendifélagsins 150 millj. kr. og vegna kaupa á togaranum Baldri fyrir Hafrannsóknastofnunina 322 millj. kr.

Ríkissjóður tók á sig 130 millj. kr. lán til Rafmagnsveitna ríkisins og 70 millj. kr. til landshafna af spariskírteinafé.

Ríkissjóður tók á sig 130 millj. kr. lán til Rafmagnsveitna ríkisins og 70 millj. kr. til landshafna af spiriskírteinafé.

Skyldusparnaður á árinu 1975 skv. lögum um

ráðstafanir í efnahags- og fjármálum nam 239 millj. kr. og er sú fjárhæð tekin sem lán. Þessar fjárhæðir námu samtals 2 156 millj. kr.

Aðrar lántökur og útgreiðslur afborgana svarar til innstreymis að fjárhæð 21 millj. kr.

Hlutafjáreign ríkissjóðs hækkaði um 456 millj. kr. á árinu og þar af voru 311 millj. kr. vegna hlutafjár í Íslenska járnblendifélaginu.

Ég tel mig nú hafa gert nokkra grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1975 og vænti þess að þau atriði, sem ég hef drepið á hér, skýri í aðalatriðum fjármál ríkissjóðs á árinu 1975.

Þjóðhagsforsendur fjárlagafrv. eru reistar á frumdrögum þjóðhagsspár fyrir árið 1977, en samkvæmt þeim má búast við 1—2% aukningu þjóðarframleiðslu á næsta ári. Almenn þjóðarútgjöld, sem ráða miklu um innheimtu óbeinna skatta, gætu aukist um nálægt 2%.

Á útgjaldahlið hefur megináherslan verið lögð á að umsvif í almennri opinberri starfsemi aukist alls ekki meira en sem nemur líklegri aukningu þjóðarframleiðslu á næsta ári og að nokkuð verði dregið úr opinberum framkvæmdum í heild á næsta ári þar sem nú er verið að ljúka stórum áföngum í orkuframkvæmdum. Felur þetta í sér að aðrar opinberar framkvæmdir verða svipaðar og í ár, þótt í heild dragi úr fjárfestingu. Sama stefna ræður ákvörðun um lánsútvegun til opinberra framkvæmda.

Í tekju- og gjaldaáætlun frv. er reiknað með öllum samningsbundnum breytingum grunnkaups sem þekktar eru, þar með talin 4% hækkun á launum ríkisstarfsmanna 1. júlí 1977 samkvæmt kjarasamningi frá s. l. vori og kaupgreiðsluvísitölu eins og hún er við gerð fjárlagafrv., 102.67 stig. Á sama hátt er gert ráð fyrir hækkun bóta lífeyristrygginga til samræmis við launahækkanir, og á það einnig við launahluta sjúkratrygginga. Við gerð fjárlagafrv. undanfarin ár hafa útgjaldahækkanir sjaldnast verið áætlaðar svo langt fram á fjárlagaárið sem um er fjallað. Almenn verðlagshækkun er áætluð um 33% frá því að síðasta fjárlagaáætlun var gerð, og hefur verið höfð hliðsjón af því við gerð þessa frv. til fjárlaga. Auk þess hafa nú legið fyrir tölur um raunverulég útgjöld hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja ríkisins á árinu 1975, og hefur verið tekið tillit til beirra. Að minum dómi styrkir þetta fjárlagagerðina til muna, auk þess sem verðlagsviðmiðun frv. ætti að verða nokkru nær raunverulegum tölum en verið hefur undanfarin ár.

Ég mun nú víkja að helstu breytingum sem verða á einstökum tegundum útgjalda frá fjárlögum 1976 skv. frv. þessu. Hvað breytingar á fjárveitingum til einstakra ráðuneyta og málefnaflokka á þeirra vegum varðar vísast til athugasemda með fjárlagafrv.

Heildarlaunakostnaður er áætlaður 17 449 millj. kr. árið 1977 vegna launa og er það 49.8% hækkun frá fjárlagatölu 1976. Þessari hækkun veldur fyrst og fremst sú launahækkun sem orðið hefur frá síðustu fjárlagaáætlun, bæði grunnlaun og verðlagsuppbætur, en þessar hækkanir hafa verið sem hér segir: Verðlagsuppbót í des. 1976 0.6%, grunnlaunahækkun í mars 6% og auk þess láglaunabætur á sama tíma sem metnar eru rösklega 1% á launalið. Í júlí varð 6% samningsbundin launahækkun auk 2 67% verðlagsuppbótar. Einnig koma til almennar flokkahækkanir samkv. úrskurði Kjaranefndar, en þær koma raunar aðallega til framkvæmda, eins og áður sagði, 1. jan. 1977. Loks eru þrír áfangar kjarasamninganna teknir með í fjárlagaáætlunina, þ. e. 1. okt. 6%, 1. febr. 5% og 1. júlí 4%. Hins vegar er eftir að taka tillit til 3.11% verðlagsuppbótar sem verður frá 1. nóv. n. k., en um þessa hækkun var ekki vitað þegar fjárlagafrv. var samið. Samtals nema þær taxtahækkanir, sem fjárlagaáætlunin miðast við, þannig 37.7% á móti 49.8% hækkun launaliðar í heild. Mismunurinn, 12.1 prósentustig, felst í sérstökum þáttum sem orðið hefur að taka tillit til við gerð þessa fjárlagafrv. Þessu veldur í fyrsta lagi breyting á þátttöku ríkisins í rekstri verslunarskóla o. fl., tilkoma nýrra skóla eða árganga í skólum.

Í öðru lagi var við fjárlagagerðina lögð áhersla á að hafa áætlanir raunhæfari en fyrr hefur verið kostur þar sem nú lágu fyrir niðurstöður úr ríkisreikningi ársins 1975. Leiddi þetta til nokkurrar hækkunar á áætluðum launum við löggæslu og skylda starfsemi þar sem í ljós kom verulegt misræmi milli niðurstöðutalna ríkisreiknings 1975 og fjárlaga þess árs. Í þriðja lagi verða aukin umsvif í vissri starfsemi ríkisins frá því sem áætlað var í fjárlögum þessa árs, svo sem á sviði landhelgisgæslu og fiskverndarmála. Þá er ótalin veruleg hækkun á lífeyrisuppbótum vegna verðtryggingar þeirra greiðslna. Þegar tillit hefur verið tekið til þessara sérstöku tilvika, sem rakin eru nokkru nánar í athugasemdum með fjárlagafrv., kemur í ljós að hækkun launakostnaðar nemur sem næst almennum taxtahækkunum.

Önnur rekstrargjöld eru áætluð samtals 5 846 millj. kr. og hækkun frá fjárlögum 1976 um 58.2%. Þessi hækkun er talsvert umfram meðalhækkun verðlags sem metin er um 33% milli áranna. Hér veldur mestu að um áætlanir vegna óvissra útgjalda og vegna nýrra laga eru hækkaðar um rösklega 600 millj. kr., en að þessu frátöldu nemur hækkunin um 42.2%. Helstu skýringar þessarar hækkunar umfram almenna verðlagshækkun eru að í fjárlögum 1976 eru rekstrargjöld við löggæslu vanmetin, eins og áður er að vikið, en einnig er talið að landhelgisgæslustörf og fiskverndaraðgerðir muni aukast verulega. Þá verður nokkur tilfærsla milli gjaldaliða og rekstrargjöld hækka sem leiðir til aukinna tekna og krefst því ekki í sama mæli aukinna fjárveitinga, og loks veldur gengissig óhjákvæmilega aukningu ákveðinna rekstrargjalda við utanríkisþjónustu. Vísast nánar til grg. frv. varðandi þessi atriði, en að öllu þessu frátöldu hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 32.4%, sem er lítillega undir almennri verðlagshækkun.

Viðhaldskostnaður er áætlaður í heild um 2 184 millj. kr. og er það 56.6% hækkun frá fjárlögum 1976. Langveigamest er þar viðhald á vegum eða samtals 1 530 millj. kr., og hækkar það um 57.9%. Ýmsir þættir valda hækkun umfram verðlagshækkun, eru það m. a. embætti sýslumanna og bæjarfógeta, Landhelgisgæslan, Hafrannsóknastofnunin og sendiráðin. Að þessum liðum og nokkrum öðrum frátöldum nemur hækkun viðhalds 31.1%, eða nokkru undir verðlagshækkun.

Vaxtagjöld eru áætluð 2 145 millj. kr. eða 29.5%

hærri en í fjárlögum 1976. Orsök þessarar hækkunar er einkum fólgin í því, að nú eru áætlaðar 300 millj. kr. vaxtagreiðslur vegna tímabundins yfirdráttar í Seðlabankanum. Reynslan sýnir hins vegar að jafnvel þótt árið í heild komi út án halla verður að gera ráð fyrir slíkri árstíðabundinni sveiflu. Aðrar orsakir hækkunar eru fólgnar í aukningu nettóskuldar ríkissjóðs á árinu 1976 og verðtryggingu lána.

Framlög ríkissjóðs til almannatrygginga eru áætlað 24 578 millj. kr. eða 42.7% hærri en í fjárlögum 1976. Eru þá rekstrarútgjöld ríkisspítalanna talin með til að tölur verði sambærilegar, enda þótt ríkisspítalar séu í þessu frv. teknir út úr almannatryggingunum og taldir sérstakir fjárlagaliðir í A-hluta. Í athugasemd frv. kemur fram að ríkisstj. hyggst koma á breyttri skipan í fjármálum og skiptingu kostnaðar af sjúkratryggingum sem hefur það meginmarkmið að samhæfa betur stjórnaraðild og fjárhagslega ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni í landinu. Í þessu frv. hefur verið stigið það skref að áætlaður kostnaður af ríkisspítölunum verði færður í A-hluta fjárlaga, og er þá reiknað með því að ríkið kosti stofnanir þessar að öllu leyti. Hins vegar hefur í B-hluta verið reiknað með því að sveitarfélögin greiði hluta sinn af heildarkostnaði sjúkratryginga samkvæmt gildandi reglum og jafnframt verði 1 200 millj. kr. af kostnaðinum bornar af fjáröflun sem samsvari núverandi 1% sjúkratryggingaiðgjaldi af útsvarsstofni. Í frv. er ekki tekin afstaða til þess, hvort þessi fjáröflun verði á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, enda hlýtur sú ákvörðun að bíða niðurstöðu viðræðna sem áformaðar eru um fjárhagslegt skipulag sjúkratryggingganna og skiptingu kostnaðar af þeim milli ríkis og sveitarfélaga. Þá virðist einnig brýnt í þessu sambandi að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í kostnaði af hinum ýmsu þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Áður en endanleg afgreiðsla fjárlagafrv. fer fram mun heilbr.- og trmrh. leggja fram tillögu um nauðsynlegar breytingar á tryggingalöggjöf sem tryggi fyrirhugaða nýskipan.

Á sviði heilbrigðismála er verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga ekki jafnskýr og vera ætti. Þetta á reyndar við á fleiri sviðum. Mikilvægt er að hér finnist fjárhagslega heilbrigðar lausnir sem ætla sveitarstjórnum bæði áhrif og ábyrgð, enda er það í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj. í sveitarstjórnarmálum. Ég tel rétt að nefna í þessu sambandi, að þótt e. t. v. hafi ekki tekist sem skyldi á liðnu ári að koma á þeirri verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem að er stefnt, þá er enginn vafi á því, að sú breyting, sem komist hefur á fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga að undanförnu, mun á endanum leiða til einfaldari og betri stjórnarhátta.

Í framangreindri áætlun um útgjöld til almannatrygginga er í fyrsta lagi tekið tillit til þeirra bótahækkana og daggjaldahækkana sem orðið hafa frá samþykkt síðustu fjárlaga, og í öðru lagi er tekið mið af þeim launahækkunum sem fyrirsjáanlegar eru samkvæmt kjarasamningum fram á mitt ár 1977, svo sem rakið er nánar í athugasemdum frv. Þó hefur hér ekki verið tekið tillit til þeirrar 3.11% verðlagsuppbótar á laun og lífeyris- og sjúkratryggingaútgjöld sem áður gat.

Kostnaður við niðurgreiðslur er áætlaður 5102 millj. kr. að meðtöldu framlagi í Lífeyrissjóð bænda, eða 2.7% hærri en í fjárlögum 1976. Helsta skýring þessarar litlu hækkunar er fólgin í þeirri lækkun niðurgreiðslna, sem ákveðin var í aprílmánuði s. l. og boðuð var í fjárlagafrv., og auk þess fellur nú niður sérstök niðurgreiðsla á áburði.

Útflutningsuppbætur eru áætlaðar 1800 millj. kr., sem er rösklega tvöföldun frá fjárlögum þessa árs. Við afgreiðslu fjárlaga í des. s. l. var ljóst, að sú fjárhæð mundi ekki nægja að óbreyttum lögum og reglum, og var að því stefnt að endurskoða útflutningsuppbótakerfið á árinu. Þessi endurskoðun hefur enn ekki farið fram, og því er óleystur vandi af þessum sökum á árinu 1976. Ef verðábyrgð ríkissjóðs væri fullnýtt á árinu 1977 má ætla að á grundvelli óbreyttra reglna væri útgjaldaþörfin um 2 200 millj. kr., þannig að fjárlagaáætlun 1977 miðast við rösklega 80% nýtingu verðábyrgðarinnar að öllu óbreyttu.

Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur. Þessi flokkur gjalda er áætlaður samtals 5 616 millj. kr. og er það 43.8% hækkun frá fjárlögum 1976. Við þennan samanburð ber þess þó að gæta, að hér er tekinn með sá hluti olíugjalds sem rennur til niðurgreiðslu á olíu til húshitunar og er áætlaður 600 millj. kr. á næsta ári, en olíustyrkurinn var ekki í fjárlögum ársins 1976. Raunhæfur samanburður leiðir því í ljós 28.5% hækkun þessa gjaldaflokks, og er það allverulega undir meðaltalshækkun verðlags.

Framlög til framkvæmda, sem fram koma í A-hluta frv., eru áætluð samtals 19 754 millj. kr., sem er 39% hækkun frá fjárlögum 1976. Hér verður að taka tillit til þess, að nú er í fjárlagafrv. hluti Orkusjóðs af olíugjaldi sem nemur 1 000 millj. kr., gangstætt því sem var í fjárlögum þessa árs. Án þessa gjalds nemur hækkun þessara framlaga um 32%. Kostnaður við verklegar framkvæmdir, að olíugjaldi undanskildu, er talinn hækka um 30.9%, fjárfestingarstyrkir um 19.1%, framlög til fjárfestingarlánasjóða um 38.7% og framlög til lánagreiðslna um 20.1%. Sérstaklega skal tekið fram, að hér er einungis átt við framkvæmdaframlög í A-hluta frv., en á 141. bls. frv. er að finna yfirlit er tekur til allra framkvæmdaframlaga ríkisins, bæði í A- og B-hluta. Heildarframlög til verklegra framkvæmda hækka þannig um 2.5% (án olíugjalds), sem felur í sér allverulega magnminnkun og skýrist af því, að á næsta ári verður að miklu leyti lokið við hinar miklu framkvæmdir á sviði orkumála. Á hinn bóginn aukast endurgreiðslukvaðir vegna lántaka til þessara framkvæmda að miklum mun, en í yfirlitinu kemur fram að framlög vegna endurgreiðslna á lánum endurlána aukast um 42.1%. Framlög til fjárfestingarlánasjóða hækka samkvæmt því um 38.7% eins og í fyrra tilvikinu.

Í þessu sambandi skal þess getið, að í næsta mánuði verður lagt fram frv. um breyting á vegalögum. Í kjölfar þess er nauðsynlegt, að fjvn. fái til athugunar vegáætlun næstu ára. Það er augljóst að ákvarðanir um framkvæmdir

á vegamálum er eðlilegt að taka á sama tíma og aðrar ákvarðanir um fjárráðstafanir ríkisins á tilteknu tímabili. Að öðrum kosti er hætt við að menn missi sjónar af heildarsamhengi þessara mála og nauðsynlegu samræmi. Það er því brýnt að þinginu verði gert kleift að afgreiða vegáætlun samtímis fjárlögum.

Þessar útgjaldatölur, sem ég hef nú gert grein fyrir, og vöxtur þeirra gefa tilefni til að víkja að þeirri sjálfvirkni sem ríkisútgjöldin eru háð. Í fjárlagaræðu minni í fyrra vék ég að því hversu mikið hin sívaxandi sjálfvirkni í útgjöldum ríkisins torveldaði alla fjármálastjórn. Þessi sjálfvirkni kemur annars vegar fram í því, að veigamiklir útgjaldaflokkar eru tengdir kaup- eða verðlagsvísitölu, og hins vegar í lagaákvæðum er mæla beint fyrir um, hversu há framlög skuli vera á fjárlögum til tiltekinna verkefna, eða óbeint með reglugerðarsetningu á grundvelli laga er haft getur í för með sér verulegar kostnaðarafleiðingar. Enda þótt slíka sjálfvirkni sé að finna á flestum sviðum ríkisútgjalda, tel ég þó ástæðu til að minnast hér sérstaklega á tiltekin svið þeirra.

Menntamál eru einn af viðameiri útgjaldaflokkum hins opinbera og hefur vaxið mjög mikið á undanförnum árum. Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum verður að horfast í augu við jafnvel enn örari vöxt þessa útgjaldaflokks ef ekki er að gert, ekki síst vegna rúmra ákvæða grunnskólalaganna og þess svigrúms til útgjaldaákvarðana sem lög þessi bjóða upp á með reglugerðarsetningu. Ég tel bráðnauðsynlegt, áður en lengra er komið framkvæmd þessara laga, að mál þetta verði tekið til endurskoðunar þar sem raunhæft mat verði lagt á möguleikana til að framkvæma þá stefnu sem í lögunum felst, í ljósi fjárhagslegrar getu þjóðarinnar.

Farið hefur í vöxt á síðari árum að setja í sérlög ákvæði þess efnis, að auk sérstakra tekjustofna ýmissa atvinnuvegasjóða skuli koma mótframlög úr ríkissjóði. Þar sem tekjustofnar sjóðanna miðast gjarnan við framleiðsluverðmæti viðkomandi atvinnugreinar eða hliðstæð atriði er í raun og veru um að ræða verðtryggingu á þessum mótframlögum úr ríkissjóði. Í fjárlagafrv. nema mótframlög ríkissjóðs til sjóðanna samtals 7 milljörðum króna.

Loks vildi ég víkja nokkrum orðum að sjálfkrafa útgjaldakerfi er felst í uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir. Sem kunnugt er skal bæta með framlögum úr ríkissjóði þann halla sem bændur verða fyrir af útflutningi landbúnaðarafurða, allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð sem framleiðendur fá fyrir afurðir sínar. Við framkvæmd þessarar reglu hafa orðin „heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu“ verið látin ná til mjólkur og mjólkurafurða, annarra nautgripaafurða, allra sauðfjárafurða og auk þess til annarra afurða, svo sem afurða af hrossum, garðávöxtum, gróðurhúsaafurðum, afurðum af alifuglum og svínum og til hlunnindatekna. Þessi skilningur er á engan hátt sjálfsagður. Framleiðslu- og sölumál landbúnaðarins hafa á síðustu árum þróast þannig að útflutningsuppbætur á sauðfjárafurðir hafa orðið hlutfallslega miklu meiri en á mjólkurafurðir og gætu nú numið meira en 20% af heildarverðmæti sauðfjárafurðaframleiðslunnar. Með tilliti til þess, að endanlegur tilgangur útflutningsuppbótanna hlýtur að vera sá að tryggja í senn tekjur bænda um allt land og nægilegt framleiðslumagn í báðum helstu afurðagreinunum, þannig að landið sé sjálfu sér nógt um sauðfjár- og nautgripaafurðir og þoli árferðissveiflur, virðist sá skilningur eðlilegur að 10% reglan nái eingöngu til þessara tveggja afurðagreina, enda er útflutningurinn allur frá þeim kominn. Einnig er eðlilegt að sú spurning vakni, hvort ekki beri að stefna að því að 10% reglan gildi sérstaklega fyrir hvora afurðagreinina um sig. Hins vegar er ljóst að breytinga af þessu tagi geta naumast orðið í einu vetfangi. En ég tel nauðsynlegt að þessi mál séu könnuð ofan í kjölinn og leitast sé við að koma á reglum er séu í samræmi við þær hugleiðingar sem ég hef nú rakið og jafnframt að slíkar reglur tryggi að í þeim felist hvatning til þess að selja afurðir til útflutnings jafnan á hæsta verði.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1977 er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári, 1976, og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir árið 1977, einkum þeirri, að almenn þjóðarútgjöld aukist um 2% á næsta ári eða um líkt hlutfall og þjóðarframleiðslan. Verðlagsforsendur tekjuáætlunar eru hinar sömu og gjaldaáætlunar.

Innheimtar tekjur 1977 eru áætlaðar samtals 84 milljarðar króna samanborið við 68.9 milljarða í endurskoðaðri tekjuáætlun 1976 og 60.3 milljarðar í fjárlögum ársins 1976. Hækkun tekna frá 1976 til 1977 nemur þannig 15.1 milljarði króna eða 21.9%, en hækkun tekna frá fjárlögum ársins 1976 nemur 23.6 milljörðum eða 39.2%. Við þennan samanburð verður að taka tillit til þess, að 1% gjald á söluskattsstofn til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar olíu á hitunarkostnað er nú fært í fjárlagafrv. en þetta gjald hefur ekki verið fært með ríkissjóðstekjum fram til þessa. Þessar tekjur eru áætlaðar 1 600 millj. kr. á næsta ári, og sé sú fjárhæð dregin frá heildartekjum fjárlagafrv. verður hækkunin milli áranna 1976 og 1977 13.5 milljarðar króna eða 19.6% og hækkunin frá fjárlögum 1976 verður 22 milljarðar eða 36.5%.

Gert er ráð fyrir óbeinum sköttum óbreyttum eins og nú gilda, þar með talið 18% sérstakt vörugjald, að öðru leyti en því að reiknað er með 600 millj. kr. lækkun tolltekna vegna samninga við EFTA og Efnahagsbandalagið. Beinu skattarnir eru áætlaðir á grundvelli gildandi laga. Hins vegar verða fyrir afgreiðslu fjárlaga flutt frv. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, þar sem m. a. verða ný ákvæði um skattmeðferð tekna hjóna, einföldun á tekjuskatti einstaklinga almennt og breytta skattalega meðferð þeirra sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda. Einnig verða gerðar tillögur um nýja skattmeðferð söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum í tengslum við breyttar fyrningarreglur til skatts. Eignarskattsstiginn verður samræmdur nýju fasteignamati. Í heild er ekki reiknað með verulegum breytingum á skattfjárhæðum, en hins vegar munu þessar breytingar væntanlega hafa áhrif til þess að deila skattbyrðinni á sanngjarnari hátt en gildandi reglur fela í sér. Mun

ég víkja að því síðar. Þá er einnig ráðgert að taka ákvarðanir um lækkuð aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum, tækjum og hráefni til samkeppnisiðnaðar sem munu væntanlega fela í sér einhvern tekjumissi fyrir ríkissjóð. Þetta mál verður þó ekki metið til fulls fyrr en við endanlega afgreiðslu fjárlaga og í tengslum við endurskoðun tollskrárlaga sem nú er unnið að, en frv. að nýjum tollskrárlögum, sem samið verður með sérstöku tilliti til samninganna við EFTA og EBE, mun verða lagt fram innan skamms.

Um einstaka þætti í tekjuhlið frumvarpsins leyfi ég mér að vísa til grg. með frv., bls. 170—175.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var um 13.5% árið 1975, en minnkar sennilega í rúmlega 12% í ár og verður nær óbreytt á næsta ári, ef litið er fram hjá olíugjaldinu, en um 14% að því meðtöldu. Hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkisins verður 16% 1976 í stað 16.5% í fjárlögum ársins, og hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 82.3% í 82.9%, en aðrar tekjur um 1%. Á árinu 1977 verður hlutdeild beinna skatta skv. frv. 16.7%, hlutdeild óbeinna skatta 82.2%, en aðrar tekjur eru áfram um 1%.

Svo sem greint er frá í fjárlagafrv. er nú unnið að samningu lánsfjáráætlunar fyrir 1977, og er stefnt að því að unnt verði að gera Alþingi grein fyrir áætluninni um eða eftir miðjan nóvember. Að svo stöddu verður því ekki fjallað um efni þessarar áætlunar, heldur aðeins vikið að forsendum og vandamálum þeirrar áætlanagerðar. Á sama tíma og fjallað verður um lánsfjárhæðir og skiptingu þeirra tel ég eðlilegt að ákveðin verði lánskjör helstu lánveitenda í landinu, a. m. k. í megindráttum.

Lánsfjáráætlunin 1976 var frumsmíð heildaráætlunar af þessu tagi, enda þótt fyrirmyndir hafi verið að einstökum þáttum hennar. Reynt var að vanda til þessarar frumgerðar svo sem föng voru á, og á líðandi ári hefur verið kappkostað að halda svo fast við áætlunina í framkvæmd sem auðið má verða, enda þótt ekki verði hjá því komist á heilu ári að taka afstöðu til breyttra forsendna. Ég mun gera nánari grein fyrir þessum atriðum, þegar lánsfjáráætlun 1977 verður kynnt á Alþingi.

Við samningu lánsfjáráætlunar nú fyrir árið 1977 er höfð náin hliðsjón af þeim meginmarkmiðum stefnunnar í efnahagsmálum að halda verðbólgunni í skefjum, komast sem næst jafnvægi í utanríkisviðskiptum og hamla svo sem verða má gegn frekari skuldasöfnun við útlönd. Í þessu skyni verður að beita hvers kyns fjármagnshreyfingar svo ströngu aðhaldi að fjárfestingu verði haldið innan marka þjóðhagsáætlunar og þannig tryggt að ekki verði vakin ný þensla sem stofna mundi í hættu þeim takmarkaða árangri í stjórn efnahagsmála sem þegar hefur náðst. Þá verður einnig að gæta þess, að ekki verði svigrúm til frekari verðbólgu en þegar er til stofnað.

Lánsfjáráætlunin mun að minni hyggju reynast veruleg framför í stjórn íslenskra efnahagsmála og mun vafalaust sanna gildi sitt eftir því sem reynsla af þessari vinnuaðferð verður meiri.

Veigamikill þáttur lánsfjáráætlunar 1977 er raunar þegar kominn fram í lánahreyfingum fjárlagafrv., en svo sem þar kemur fram lækka þær úr 9 770 millj. kr. í 8 908 millj. kr., þ. e. um 862 millj. kr. eða 9%. Áætlað er að erlendur hluti fjáröflunar lækki um meira eða um 1 252 millj. kr., sem nemur um 18% lækkun.

Ríkið hefur afskipti af lánamálum á fleiri vegu en með lántökum og lánveitingum. Ríkisábyrgðir koma hér við sögu.

Í 6. gr. fjárlagafrv. eru ekki gerðar tillögur um nýjar ríkisábyrgðir. Nokkrar beiðnir um ríkisábyrgð hafa þó borist fjmrn. og mun ég, eftir því sem mér þykir fært, koma þeim á framfæri við fjvn.

Ástæða til þessara vinnubragða er sú, að ég hef talið rétt að staldrað yrði aðeins við og enn á ný reynt að gera sér grein fyrir eftir hvaða meginreglum veita skuli ríkisábyrgðir. Á fjárlögum fyrir árið 1976 voru veittar rúmar 777 millj. kr. til Ríkisábyrgðasjóðs, og í frv. því, sem hér er um fjallað, er gerð tillaga um 867 millj. kr. til Ríkisábyrgðasjóðs til þess að hann geti staðið við greiðslur. Hér er um mikið fé að ræða, jafnvel þótt í raun sé verið að verja helmingi þessarar upphæðar til langra lána vegna skuldbindinga ríkisins í sambandi við kaup togara.

Á vegum fjmrn. og stjórnar Ríkisábyrgðasjóðs fer nú fram sérstök athugun á þeim margvíslegu lagaákvæðum er gilda um Ríkisábyrgðasjóð, þeim skuldbindingum sem á sjóðinn hafa verið lagðar og á þeim vanskilum sem orðið hefur að mæta. Jafnframt er á næstunni gert ráð fyrir tillögum um endurskipan þessara mála.

Ég tel að alþingismenn ekki síður en ráðherra. sem heimildina fær, verði að meta hvort nægilegar forsendur séu í raun til þess að ríkissjóður gangist undir kvaðir sem felast í ríkisábyrgðum. Skoðun mín er sú, að jafnan ætti að gera svipaðar kröfur til þeirra, er ríkisábyrgða eiga að njóta, eins og gerðar yrðu til sömu aðila væri um lánveitingu að ræða. Því aðeins væri réttlætanlegt að gera frávik frá þessari reglu, ef sýnt væri að ríkisstj. gæti með afskiptum af verðlagningu þeirrar vöru og þjónustu, sem fyrirtækin láta í té, ráðið flestu um afkomu fyrirtækjanna. Hins vegar er það með engu móti sjálfsagt mál að á ríkissjóð sé lagt að gefa eftir aðflutningsgjöld og söluskatt til svokallaðra stóriðjufyrirtækja, veita ríkisábyrgðir í stórum stíl, leggja í umfangsmiklar opinberar framkvæmdir vegna slíkra fyrirtækja og þurfa síðan hvað eftir annað að leggja þeim til fé eða aðra fyrirgreiðslu til þess að þau falli ekki fram af gjaldþrotabarminum, eins og dæmin sanna. Hér er nauðsynlegt að setja strangar reglur, því oft og einatt er ekki aðeins litið á ríkisábyrgð sem tryggingu fyrir lánsfé, heldur hefur stappað nærri að ýmsir aðilar hafi litið á ábyrgð ríkissjóðs sem fjárveitingarígildi. Þetta er háskaleg braut sem ég tel að girða verði fyrir með öllu, því ekki verður fram hjá því litið að ríkisábyrgðarveiting hefur efnahagsleg áhrif ekki síður en fjárveitingar og lántökur.

Eins og kunnugt er hefur að undanförnu verið á vegum fjmrn. unnið að endurskoðun laganna

um tekjuskatt og eignarskatt. Að því er stefnt að nýtt frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt verði lagt fyrir Alþingi nú á næstunni. Helstu nýmæli frv. eru eftirfarandi:

Skattlagningu hjóna verður breytt á þann veg, að tekin verði upp tekjuhelmingaskipti milli hjóna og skattur lagður á hjónin hvort í sínu lagi. Sérstakur skattafsláttur verður veittur fyrir kostnað af útivinnu eiginkvenna, sem miðaður verður við unnar vinnuvikur utan heimilis. Afsláttur þessi, sem nefna mætti útivinnuafslátt, kemur annars vegar fram í barnabótaauka og hins vegar í auknum persónuafslætti óháð barnafjölda.

Gjöld og tekjur vegna eigin íbúðar verða tekin út úr framtali bæði tekna- og gjaldamegin. Ýmsir frádráttarliðir verða felldir niður, en aðrir sameinaðir í fastan afslátt til einföldunar.

Skattlagningu einstaklinga, sem stunda atvinnurekstur fyrir eigin reikning, verður breytt á þann veg að þeim skulu áætluð laun fyrir starf sitt að eigin atvinnurekstri er séu ekki lægri en launþegar í sömu starfsgrein bera úr býtum og þeim gert að greiða skatt af þessari áætlun. Hin áætluðu laun færast síðar sem kostnaður hjá atvinnurekstrinum, en jafnframt verði tryggt að atvinnurekstrartöp hafi ekki áhrif á skattlagningu annarra tekna sjálfstæðra atvinnurekenda.

Reglum um söluhagnað og fyrningar verður breytt á þann veg, að engar verðbreytingar eru reiknaðar í fyrningar. Lausafé skal fyrnt af bókfærðu verði og söluverð eigna fært til lækkunar fyrningargrunni. Heimild verði til endurfjárfestingar, en að öðru leyti verði söluhagnaður skattskyldur. Um mannvirki og aðrar eignir gilda svipaðar reglur, þó er ekki gert ráð fyrir að skattlagning söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði verði aukin né heldur að íbúðarhúsnæði verði fyrnanlegt. Söluhagnaður af landi og náttúruauðæfum, sem er umfram verðbólguvöxt, verði skattlagður að fullu, enda sé andvirðið ekki endurfjárfest í atvinnufyrirtækjum.

Um staðgreiðslu opinberra gjalda eru ekki ákvæði í frv. Hins vegar er við það miðað að staðgreiðsla geti orðið tekin upp í náinni framtíð, og því ekki gerð tillaga í frv. um neinar meiri háttar breytingar á ákvæðum núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er varðar skattaframkvæmd.

Hið nýja skattalagafrv. verður væntanlega eitt af helstu málum þessa Alþingis. Í því er að finna ýmsar tillögur til úrbóta í þeim efnum sem helst hafa sætt gagnrýni að undanförnu. Það er Alþingis að vega og meta þessar tillögur og taka síðan lokaákvörðun um einstök atriði þeirra.

Meginmarkmiðið hlýtur að vera að skapa réttlátari skattalöggjöf.

Starfshópur á vegum fjmrn. hefur kannað hvaða leiðir væru einkum heppilegar til að breyta núverandi formi almennra óbeinna skatta, einkum söluskatts, þannig að í senn sé stuðlað að öryggi í innheimtu, einfaldri framkvæmd og sneitt verði hjá óæskilegri mismunun milli atvinnugreina, auk þess sem skattaleg staða innlendra atvinnuvega verði tryggð. Starfshópurinn skilaði ítarlegri greinargerð um þetta efni, þar sem rakin voru megineinkenni virðisaukaskatts og lýst helstu kostum hans og göllum í samanburði við önnur söluskattskerfi.

Virðisaukaskattur hefur verið tekinn upp víða í nágrannalöndum okkar og hefur reynslan verið misjöfn. Þannig virðist vel hafa tekist til í Danmörku og mun framkvæmd hans þar í góðu lagi að flestra dómi. Í Noregi hefur hins vegar borið á gagnrýni á skattinum. Um síðustu áramót var birt álit stjórnskipaðrar nefndar, svokallaðrar „Gjærvold"-nefndar, um framkvæmd virðisaukaskattsins í Noregi. Meiri hluti nefndarinnar (10 af 13) taldi að upptaka virðisaukaskatts í Noregi hefði ekki orðið til bóta, og lagði til að hann yrði felldur niður og aftur tekinn upp einstigs söluskattur með svipuðu sniði og þar var áður. Ástæðan fyrir þessu áliti meiri hluta nefndarinnar var einkum sú, að hún taldi meiri brögð að skattsvikum í virðisaukaskattskerfinu en söluskattskerfinu.

Í ljósi þessarar gagnrýni hefur verið talið rétt að rannsaka þessi mál nánar hér og reyna að finna leiðir til að ná fram helstu kostum virðisaukaskatts án þess að gallarnir fylgi.

Frv. til l. um tollskrá verður lagt fyrir Alþingi nú í haust og er þess að vænta að ný lög um tollskrá geti öðlast gildi 1. jan. n.k. Frv. er framhald þeirrar stefnu, er mörkuð er með tollskrárlögum frá 1970 og 1974. Frv. endurspeglar því samningsbundnar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og ákvæða fríverslunarsamnings Íslands við EBE.

Í ársbyrjun 1974 voru tollar á vélum til samkeppnisiðnaðar felldir niður, en tollar á hráefnum lækkaðir um helming frá því sem þeir höfðu verið í árslok 1973, en síðari helmingur tollalækkana á hráefnum tók gildi 1. jan. 1976. Má því segja að frá byrjun þessa árs hafi íslenskur samkeppnisiðnaður yfirleitt búið við tollfrelsi á aðföngum til framleiðslu. Þessi regla hefur þó ekki verið án undantekninga, og er að því stefnt í tollskrárfrv. að leysa þau vandamál sem eftir voru skilin á þeim aðlögunartíma sem liðinn er frá 1970. Ber þar einkum að nefna lækkun tolla á timbri og ýmiss konar plötum til smíða og bygginga úr trjáviði, lækkun tolla á ýmsum rekstrarvörum og öðrum aðföngum til iðnaðar.

Samkvæmt heimild í fjárlögum fyrir árið 1975 hefur fjmrn. nú um tveggja ára skeið fellt niður að hálfu eða endurgreitt að hálfu, eftir því sem við hefur átt, sölugjald af ýmsum vélum til iðnaðar. Í XV. lið 6. gr. frv. þess til fjárlaga, sem nú er fjallað um, er lagt til að samþykkt verði heimild til að fella niður að fullu eða endurgreiða sölugjald af vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar (verndarvöruiðnaðar) og verður það gert frá og með 1. jan. 1977.

Með þessari heimild svo og nýjum tollskrárlögum yrði stigið stórt skref að því marki að íslenskum samkeppnisiðnaði verði eigi íþyngt með aðflutningsgjöldum, svo og að sambærileg tollaákvæði gildi um samkeppnisiðnað og gilt hafa um hina svokölluðu stóriðju.

Virðisaukaskatturinn er enn í mótun, og

virðist fyllsta ástæða til þess að huga nánar að þeirri reynslu sem aðrar þjóðir hafa öðlast, eins og ég áður sagði, áður en endanleg ákvörðun verður tekin í þeim efnum. Hins vegar er ljóst, að ríkissjóði verður á einhvern hátt að bæta þá skerðingu tekna er af lækkun tolla og hugsanlegri niðurfellingu vörugjalds leiðir. Til þess að tryggja samræmi í skattlagningu hér og erlendis verður enn á ný að líta til skattinnheimtu nágrannaþjóða okkar, og hef ég í því sambandi óskað þess sérstaklega að kannað yrði hvort taka ætti upp hér á landi svokallaða „punktskatta“ sem beitt er í vaxandi mæli á Norðurlöndum. Hér er um að ræða gjöld í átt við vörugjald það sem við nú búum við, en af eðlilegum orsökum er mun meira vandað til allrar uppbyggingar þessara gjalda en vörugjaldsins, enda var vörugjaldið aldrei til annars ætlað en að vera skammtímalausn á ákveðnum efnahagsvanda.

Á næstunni verður einnig unnið að tillögum um samræmingu innri og ytri tolla þar sem munur þeirra er óeðlilegur svo og jöfnun tolla milli skyldra vara sem eru í misháum tollflokki. Einnig er athugunarefni hvort unnt sé að lækka á næstu árum allra hæstu tollana sem í sumum tilfellum þyrfti ekki að þýða mikinn tekjumissi.

Skattar af umferðinni. Að undanförnu hefur verið unnið að athugun á skattlagningu bifreiða og bifreiðanotkun og fjáröflun til vegagerðar. Hér er um mikilvægt svið skattamála að ræða, svið þar sem sjónarmið um gjald fyrir afnot í einhverri mynd á að minni hyggju fyllsta rétt á sér. Á núverandi skattkerfi eru í þessu efni nokkrir hnökrar, t. d. þannig, að sams konar eða svipaðar bifreiðar, sem um vegina fara, sæta ekki sömu skattlagningu. Þessu verður að breyta þannig að sanngjarnt afnotagjald komi fyrir allar bifreiðar sem í landinu eru að staðaldri og nota vegakerfið.

Stefnan í skattamálum ræðst endanlega af ákvörðun um skiptingu þjóðarútgjaldanna milli hins opinbera og einkaaðila. Öll umræða um skattamál verður m. a. að byggjast á mati á fjárþörf ríkisins, ekki aðeins frá ári til árs, heldur til langframa.

Í fjárlagaræðu minni í fyrra gat ég þess, að ríkisstj. hefði gert samþykkt um það, að á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar yrði hafinn undirbúningur að gerð áætlana um þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs á næstu árum. Þetta verkefni er nú hafið og hefur verið ráðinn maður til að annast það á grundvelli heimildar í fjárlögum.

Sú undirbúningsvinna, sem framkvæmd hefur verið að undanförnu, hefur aðallega beinst að því að kanna hvernig staðið hefur verið að langtímafjárlagagerð grannríkja okkar. Jafnframt þessu er unnið að athugun á hvaða form langtímafjárlaga hentar við íslenskar aðstæður og hvaða forsendur eru hér fyrir hendi til þess að slík verk megi vinna.

Líklegt er, eðli málsins vegna, að nokkurn tíma taki að koma á fót áætlanagerð sem tekur til allra þátta ríkisfjármála. Fyrsti áfangi við gerð langtímafjárlaga er að langtímafjárlögum verði mörkuð umgjörð og jafnframt hugað að útgjaldaþróun einstakra málaflokka á næstu árum, þar sem byggt yrði á útgjaldaþróun liðinna ára, framkvæmda- og rekstraráætlunum, eftir því sem þær gefa tilefni til, og lagaákvæðum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Langtímaáætlanir fyrir ríkissjóð þjóna í fyrsta lagi því markmiði að lýsa væntanlegri þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs á næstu árum miðað við gildandi lagaskuldbindingar og tekjuheimildir. Í öðru lagi er áætlunum þessum ætlað að auðvelda og vera umgjörð hinnar raunverulegu árlegu fjárlagagerðar.

Á það ber að leggja ríka áherslu, að langtímafjárlögin, eins og þau eru gjarnan kölluð, eru að því leyti frábrugðin eins árs fjárlögum ríkisins, að þau eru ekki bindandi fyrirætlun ríkisins, heldur viðmiðun sem gerir ríkisstj., Alþingi og öðrum, sem við þessi efni fást, auðveldara að meta stöðu ríkisins, tekjuþörf þess og útgjöld fram í tímann.

Annað verkefni, sem unnið er að í fjárlaga- og hagsýslustofnun í þessu sambandi, er að skoða þau frv., sem ríkisstj. hyggst leggja fyrir Alþingi, með tilliti til þess kostnaðar sem slík frumvörp kunna að hafa í för með sér. Sama máli gegnir raunar einnig um önnur lagafrumvörp og þingsályktunartillögur. Verkefni þetta má raunar telja hluta áætlunargerðar til langs tíma á sviði ríkisfjármála.

Í stefnuræðu sinni 25. okt. s. l. vék forsrh. að nauðsyn þess að metnar verði þjóðhagshorfur okkar ár fram í tímann svo unnt sé að skoða í lengra tímasamhengi efnahagsþróunina og stöðu efnahagsmála hverju sinni. Ríkisstj. hefur falið Þjóðhagsstofnun, eins og þar kom fram, að vinna að könnun á þjóðhagshorfum næstu 4 ár í samvinnu við aðrar opinberar stofnanir á sviði efnahagsmála. Hér er auðvitað um að ræða nauðsynlega forsendu þess að unnt sé að semja langtímafjárlög er eigi sér rökrétta samsvörun í hugmyndum manna um þróun efnahagsmálanna í heild á því tímabili er langtímafjárlögin ná yfir.

Með gerð langtímafjárlaga er um að ræða ótroðna braut í opinberri fjármálastjórn hér á landi. Það er engum vafa undirorpið, að hér er um að ræða tíma- og mannaflafrekt starf ef verkið á að leiða til raunverulegs árangurs í stjórn efnahagsmála. Það er því nauðsynlegt að ekki verði rasað um ráð fram, heldur verði gaumgæfilega athugað, áður en endanlegar ákvarðanir um þetta verkefni eru teknar, hvaða kostnaður felist í því að koma á þeirri gerð langtímafjárlaga er henti aðstæðum hér á landi.

Launamál opinberra starfsmanna hafa verið mjög á döfinni á þessu ári.

Nýir aðalkjarasamningar BSRB og BHM tóku gildi 1. júlí s. l. og náðist samkomulag við bæði bandalögin um efni þeirra, þ. e. um föst laun, fjölda launaflokka og önnur mikilvæg sameiginleg kjaramál oipnberra starfsmanna. Samningar þessir fylgdu í öllum aðalatriðum samningum ASÍ og vinnuveitenda frá 28. febr. s. l.

Í tengslum við aðalkjarasamning BSRB og samninganefndar ríkisins varð samkomulag um grundvöll að nýrri löggjöf um kjarasamninga sem varð að lögum s. l. vor, þar sem BSRB er

veittur takmarkaður verkfallsréttur. Ekki náðist samkomulag við BHM að því sinni, en viðræðum fjmrn. og þess bandalags um nýja samningslöggjöf var þá frestað og verða væntanlega teknar upp að nýju nú á næstunni.

Þrátt fyrir að samningar næðust við BSRB og BHM um aðalkjarasamninga, fór svo að verulegur ágreiningur varð í viðræðum samninganefndar ríkisins við einstök aðildarfélög bandalaganna um sérsamninga þeirra, þ. e. um röðun starfsmanna í launaflokka. Samningar náðust þó við 6 félög ríkisstarfsmanna, en öðrum málum var vísað til úrskurðar Kjaranefndar og Kjaradóms lögum samkvæmt.

Í framhaldi af þeim úrskurðum varð vart við töluverða óánægju meðal einstakra hópa starfsmanna. Óánægjan beinist að því að ýmsir hópar opinberra starfsmanna telja sig hafa lægri launakjör en samsvarandi starfshópar á hinum almenna vinnumarkaði.

Það er ekki nýtt af nálinni að slíkar óánægjuraddir heyrast úr röðum opinberra starfsmanna. Á síðari hluta síðasta áratugs kom fram sams konar gagnrýni. Þá varð að samkomulagi milli BSRB og fjmrh. að fram færi skipulegt mat á störfum opinberra starfsmanna með hliðsjón af kjörum launþega á almennum vinnumarkaði. Í lok ársins 1970 var síðan gerður kjarasamningur við bandalagið sem að verulegu leyti var byggður á starfsmati þessu.

Nú er því enn á ný haldið fram, að opinberir starfsmenn beri skarðan hlut frá borði miðað við hinn almenna vinnumarkað. Nú sem jafnan fyrr orkar slíkur samanburður tvímælis, því að í þessum efnum er erfitt að fullyrða hvenær það sé saman borið sem saman á og hvenær ekki.

Könnun á réttmæti þessarar gagnrýni er vandasamt verk, og veldur þar m. a. að launakerfi opinberra starfsmanna er mjög frábrugðið launakerfi annarra launþega. Þá eru starfskjör opinberra starfsmanna að öðru leyti en tekur til beinna launa einnig frábrugðin starfskjörum annarra launþega og samanburður því erfiður af þeim ástæðum. Þrátt fyrir þessa augljósu annmarka tel ég rétt að slík könnun verði gerð og að niðurstöður hennar liggi fyrir við gerð næstu samninga við opinbera starfsmenn. Ég mun fara þess á leit við Hagstofu Íslands eða aðra hlutlausa aðila að gerður verði samanburður á kjörum opinberra starfsmanna og kjörum annarra stétta þjóðfélagsins. Það er von mín að slík könnun muni auðvelda samningsgerð um kjör opinberra starfsmanna.

Með hinni nýju löggjöf um kjarasamninga BSRB, sem samþykkt var á Alþingi í vor, og reyndar einnig með kjarasamningalögunum frá 1973, hefur viðsemjendum ríkisins fjölgað verulega frá því sem áður var og allt starf fjmrn. að gerð kjarasamninga vaxið gífurlega. Fram til ársins 1974 var Kjararáð BSRB eini viðsemjandi fjmrn. um kjör ríkisstarfsmanna, en nú eru viðsemjendurnir á milli 30 og 40 auk hinna tveggja bandalaga. Þrátt fyrir þetta hefur ekki verið fjölgað starfsliði í fjmrn. til að fást við samningagerð. Slík fjölgun er þó óhjákvæmileg þar sem hinum auknu verkefnum á þessu sviði verður að mæta með auknu starfsliði.

Á undanförnum árum hefur staða formanns samninganefndar ríkisins í launamálum verið aukastarf ráðuneytisstjóra fjmrn. Frá og með næstu áramótum verður hér breyting á. Er hinn skipaði ráðuneytisstjóri kemur aftur til starfa um n. k. mánaðamót mun núverandi settum ráðuneytisstjóra verða falið að gegna áfram formennsku í samninganefnd ríkisins, og mun það verða aðalverkefni hans næstu mánuði.

Ég tel að mikla áherslu beri að leggja á að hafa sem best samskipti við launþegasamtökin. Á næstu mánuðum mun reyna á hvort okkur tekst að móta raunsæja og hóflega stefnu í kjaramálum, sem er ein helsta forsenda árangurs í viðureign okkar við verðbólguna. Í þessu sambandi vildi ég leyfa mér, hæstv. forseti, að vitna til orða hæstv. forsrh. í stefnuræðu hans sem flutt var í upphafi þessarar viku, en þar sagði hann m. a. um kjaramálin:

„Auðvitað hefur sitthvað raskast í launahlutföllum í umróti síðustu ára, og á næsta ári þarf enn að leita leiða til að ná sanngjörnum launahlutföllum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Beita þarf skatta- og tryggingakerfinu í sama skyni, en allt innan þess ákveðna ramma sem framleiðslugeta og jafnvægi í utanríkisverslun setur. Reyndar fela gildandi kjarasamningar þegar í sér nokkra kaupmáttaraukningu fyrir nokkrar stéttir þegar kemur fram á næsta ár, þannig að fyrir fram hefur verið ráðstafað nokkru af því svigrúmi sem fyrir hendi kann að vera. Aðalatriðið er að reyna að ná settu marki í kjaramálum með sem minnstum verðhækkunum."

Þetta verður vitaskuld keppikefli í launamálum opinberra starfsmanna á næsta ári, og ég veit að viðsemjendur ríkisins vilja einnig vinna að þessu marki.

Eins og kunnugt er, eru í samningi opinberra starfsmanna ákvæði um launabreytingar á næsta ári eftir að gildistíma núverandi samninga flestra verkalýðsfélaga sleppir. Um þessi ákvæði var samið í trausti þess að úr rættist um efnahag þjóðarinnar. Nú virðist von til þess að svo verði. En menn verða að gera sér ljóst að með þessum ákvæðum var í raun og veru tekið forskot á efnahagsbatann sem kemur ekki öðru sinni til skipta.

Herra forseti. Við afgreiðslu fjárlaga líðandi árs var lögð á það rík áhersla að ríkisfjármálunum yrði markvisst beitt til þess að tryggja framgang efnahagsstefnu ríkisstj. Sú stefna hefur fyrst og fremst miðað að því að draga úr viðskiptahallanum við útlönd og minnka hraða verðbólgunnar, án þess að gripið væri til svo harkalegra aðgerða að atvinnuöryggi landsmanna væri teflt í hættu. Þessari stefnu aðlögunar í áföngum að breyttum ytri skilyrðum þjóðarbúsins hefur verið staðfastlega fylgt, en hún hefur óneitanlega kostað skuldasöfnun við útlönd.

Verulega hefur miðað í jafnvægisátt í efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu ári. Í því sambandi verður þó jafnframt að hafa í huga að hér er aðeins um að ræða einn áfanga á lengri leið þar sem stefnt er að því að minnka viðskiptahallann enn meira svo og að koma hraða verðbólgunnar niður á það stig sem algengast er í nálægum löndum.

Traustur fjárhagur ríkisins er nú enn brýnni en fyrr þar sem verslunarárferði hefur nú snúist okkur í hag, og okkur er mikil nauðsyn að nota þetta tækifæri til þess að styrkja stöðu þjóðarbúsins út á við, en ekki eingöngu til þess að auka þjóðarútgjöldin.

Þótt horfur fyrir næsta ár séu nú nokkru bjartari en verið hefur, ætti reynsla síðustu ára að hafa fært okkur heim sanninn um að skjótt skipast veður í lofti og að óvarlegt er að treysta á langvarandi framhald þeirrar hagstæðu þróunar sem við njótum nú um sinn. Nú skiptir afar miklu að menn meti stöðuna í efnahagsmálum af raunsæi.

Þessu verður ekki breytt í einu vetfangi, heldur með hægðinni og ítrustu aðhaldssemi. Þessar aðstæður setja efnahagsstefnunni á næstunni ákveðnar skorður, og í ljósi þessara staðreynda er þetta frv. samið og flutt. Ég vænti þess að alþm. fjalli um það með sama hugarfari, það býður þjóðarhagur.

Herra forseti: Ég leyfi mér svo að lokinni þessari umr. að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það er að heyra á málgögnum stjórnarflokkanna þessa dagana, að þeir séu allánægðir með það sem þeir kalla árangur stjórnarstefnunnar í baráttu við verðbólguna og viðskiptahallann, og það var áðan að heyra á hæstv. fjmrh. að hann teldi þróunina mjög jákvæða og það væri ríkisstj. að þakka. Hver er nú raunverulegur árangur hæstv. ríkisstj. í því að kveða niður verðbólguna?

Mat á því, hvort verðbólga á Íslandi er mikil eða lítil, hlýtur ávallt að markast af ytri aðstæðum, verðlagsbreytingum á innfluttum vörum og verðbólguþróun í viðskiptalöndum okkar. Árið 1974, sem mest hefur verið vitnað til í samanburði við stöðuna nú, var meðaltalshækkun framfærslukostnaðar um 48%. Á því ári hækkaði verð á innfluttum vörum um 35% í erlendri mynt, og verðbólguvöxturinn var að meðaltali í OECD-löndunum um 68%. Þetta breyttist árið 1975. Eftir að erlendar verðhækkanir höfðu verið áður 35% 1974, þá námu þær aðeins 5% 1975 og 6—7% á þessu ári, þ. e. a. s.: eftir gjörbreytt ástand í þessu efni nú í tvö ár er talið að hækkun framfærsluvísitölu nemi samt sem áður 25—30%. Sé þetta haft í huga, ytri aðstæður metnar, þá mundu án efa margir telja að verðbólgan sé jafnvel hlutfallslega meiri nú en 1974. Hækkunin frá því í ágúst 1975 til ágúst 1976 er skv. alþjóðlegum skýrslum 31.8%. Þetta er nú allur árangurinn. Hann er í raun og sannleika heldur bágur og jafnvel ótrúlega lítill.

Í skýrslu um hækkun neysluvöruverðlags í OECD-löndum kemur fram, að á 12 mánaða tímabilinu frá því í ágúst 1975 til ágúst 1976 hafi verðbólguvöxturinn að meðaltali í öllum þessum löndum minnkað um 40% frá því sem hann var 1974. Hér á Íslandi er hliðstæð tala aðeins 26%, úr 42.9% í 31.8%. Sé tekið mið af því hve stórlega hefur dregið úr verðhækkunum á innfluttum vörum og úr verðbólgu í viðskiptalöndum okkar, þá er ljóst að það er síður en svo að hæstv. ríkisstj. hafi staðið sig vel í þessum málum. Stefna hennar eða réttara sagt stjórnleysi hefur beinlínis komið í veg fyrir að dregið hafi úr verðbólguvextinum í þeim mæli sem ytri aðstæður, miklu minni hækkun á innflutningsverði og bætt viðskiptakjör, hafa beinlínis gefið tilefni til.

Sama er að segja um batann á viðskiptajöfnuði. Hallinn var í fyrra um 20 milljarðar, en menn gera sér vonir um að hann geti orðið 8—10 milljörðum minni á þessu ári. Er það þá stefna ríkisstj. sem veldur þessu? Vissulega ekki. Hvernig ætti hún að geta það? Hún er stefna hömlulausrar notkunar gjaldeyris í hvers kyns neysluvörur sem auðvelt er að framleiða hér á landi, og til þessarar neyslu eru tekin stórlán erlendis. Hverjar eru þá orsakirnar?

Í fyrsta lagi hafa viðskiptakjör batnað á þessu ári. Í öðru lagi má nefna þrjá þætti sem að mestu og út af fyrir sig skýra þennan mismun. Í júlílok hafði innflutningur skipa til landsins minnkað frá fyrra ári um 2400 millj. og innflutningur hráefnis til álverksmiðjunnar, sjálfsagt vegna þess að minna var framleitt þar í fyrra og nú er gengið á efnisbirgðir, — innflutningur hráefnis til álverksmiðjunnar hefur minnkað um 2874 millj. kr. Þetta eru samtals 5274 millj. Í fyrra var sölutregða á áli. Nú er flutt út af birgðum og útflutningur af áli og álmelmi hafði í júlílok aukist um 4149 millj. kr.

Þessir þrír liðir, sem hafa allir áhrif í sömu átt, þ. e. a. s. að bæta viðskiptajöfnuðinn, gera 9423 millj. kr. eða nálega það sem búist er við að batinn á viðskiptajöfnuði verði í heild á árinu. Stefna ríkisstj. á hér engan þátt í, nema þá helst að takmarka innflutning á framleiðslutækjum. Almennar neysluvörur flæða óhindrað inn í landið í samkeppni við innlenda framleiðslu.

Nei, það er sama hvort rætt er um verðbólguþróunina eða viðskiptajöfnuðinn. Hæstv. ríkisstj. hefur þar af engu að státa. Hagstæð þróun ytri aðstæðna hefði komið öllum almenningi að meira haldi ef ekki kæmi til ráðleysi hæstv. ríkisstj., gjaldeyrissóun og stjórnleysi á öllum sviðum.

Þegar frv. til fjárlega fyrir 1976 var lagt fram í fyrrahaust, var í aths. með frv. gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árinu 1975 yrðu 770 millj. kr. umfram tekjur. Þessa upphæð mundi vanta upp á að sá árangur næðist sem að var stefnt með setningu brbl. í júlí 1975 um 12% vörugjald. Sú lagasetning gilti til ársloka 1975 og átti að tryggja hallalausan ríkisbúskap á því ári. Það fór nú svo að þann halla á ríkissjóði, sem hæstv. fjmrh. sló föstum í aths. með fjárlagafrv. að yrði 770 millj. kr. 1975, taldi síðan í fjárlagaræðu 28. okt. að yrði 1270 millj. kr., í des. að yrði 3500 millj. kr., í jan. að yrði 5000 millj. kr., taldi hann loks í byrjun maí s. l. að yrði 6450 millj. Og nú kemur fram í grg., sem lögð var fram í dag, að rekstrarhalli ríkisins 1975 hafi orðið 7533 millj. Í aths. með fjárlagafrv. í fyrrahaust var boðað að fyrir afgreiðslu fjárlaga yrðu gerðar breytingar á lögum og reglum, sem tryggðu verulega útgjaldalækkun á árinu 1976 frá því sem ella hefði orðið og með því gert kleift, eins og sagði orðrétt í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta: „að framkvæma umtalsverða skattalækkun með niðurfellingu sérstaks vörugjalds".

Þannig leit dæmið út þegar fjárlagafrv. var

lagt fram í fyrrahaust. Einungis 770 millj. kr. halli á ríkissjóði og fært átti að vera að tryggja mikla skattalækkun, m.a. með niðurfellingu vörugjalds. Að vísu var í því sambandi reiknað með að almenningur yrði að kaupa sig undan vörugjaldinu með því að viðlagasjóðsgjald, 2% á söluskattsstofn, sem ætlað hafði verið til að bæta skakkaföll af náttúruhamförum, yrði hér eftir notað til að bæta skakkaföll ríkissjóðs af stjórnleysi í ríkisfjármálum og viðlagasjóðsgjaldið rynni því beint í ríkissjóð.

Það gerðist reyndar hvort tveggja, að ríkisstj. hirti söluskattsstigin tvö, sem voru færð til ríkissjóðs þegar í áætlunum fjárlagafrv., og að vörugjaldinu var við endanlega afgreiðslu fjárlagafrv. einnig haldið sem tekjustofni ríkissjóðs með þeim hætti, að það skyldi lækka úr 12% í 10% 1. jan. 1976 og gilda þar til 1. sept. í ár, en lækka þá enn í 6% og gilda til n.k. áramóta. Þessi ráðstöfun að framlengja vörugjaldið var m.a. réttlætt með því, að í fjárlagafrv. hafi tekjuhlið frv. verið miðuð við óbreytt magn innflutnings frá 1975, en nýrri upplýsingar taldar benda til þess að um veltuminnkun yrði að ræða. Á þessum forsendum var það m.a. byggt, að ekki fékkst gert ráð fyrir auknum söluskattstekjum í kjölfar 2 200 millj. kr. álagningar vörugjalds sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrv.

Þannig var fjárl. þessa árs komið saman, og niðurstöðutölur voru þær að gert var ráð fyrir nær 1500 millj. kr. tekjuafgangi hjá ríkissjóði, jafnframt því sem nokkuð hefði þá verið á árinu 1976 greitt af yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Skattheimta ríkisins var við afgreiðslu fjárl. á þann veg ákvörðuð, að þetta tækist á þeim grundvelli að þjóðartekjur ykjust ekki frá árinu 1975 og neyslumagn stæði í stað eða minnkaði heldur.

Þessi grundvöllur brast ekki, þvert á móti. Ytri aðstæður hafa verið að batna. Þrátt fyrir það var þó ekki langt liðið á árið þegar sýnt var að hæstv. fjmrh. ætlaði enn ekki að geta rekið ríkissjóð hallalaust þrátt fyrir betri rekstrargrundvöll en fjárl., sem áttu að skila greiðsluafgangi, höfðu verið miðuð við. 12% vörugjaldið, sem skv. fjárlagafrv. átti að falla niður í árslok 1975, en var við afgreiðslu fjárlaga ákveðið 10% til 1. sept. og 6% frá þeim tíma til áramóta, var í maí hækkað í 18% og skyldi sú hækkun vera í gildi til næstu áramóta. Í höndum hæstv. fjmrh. hafði vörugjaldið, sem hann sleppti lausu í júlí 1975, nú fengið eðli ófreskjunnar í þjóðsögunum. Sá haus, sem höggvinn var af í des., varð að tveimur í maí. 1000 millj. kr. af tekjuauka vegna hækkunar vörugjaldsins voru áætlaðar til aukinna umsvifa Landhelgisgæslu og Hafrannsóknastofnunar, en 600 millj. kr. tekjuauki af vörugjaldi og um 400 millj. kr. tekjur af söluskatti á vörugjaldshækkunina og verslunarálagningu á vörugjaldshækkunina skyldu fara til greiðslu á almennum rekstrarkostnaði umfram áætlanir fjárlaga.

Þrátt fyrir allt þetta hefur ekki verið sýnt fram á á þessari stundu, að yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann verði lækkuð um 1450 millj. kr., eins og gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárl. og skattheimtan miðaðist við. Frá síðustu áramótum og til loka ágústmánaðar hefur skuldin hækkað um 1945 millj., eða nokkru meira en á sama tímabili í fyrra, og nam í lok sept. 12 774 millj. kr.

Vegna sífelldrar útþenslu rekstrarkostnaðar ríkisins hefur hæstv. ríkisstj. því enn orðið að herða skattheimtuna á þessu ári eftir setningu fjárl., þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi verulega batnað, því að nú er gert ráð fyrir að þjóðartekjur aukist á árinu vegna batnandi viðskiptakjara. Áður afsakaði hæstv. ríkisstj. skattpíninguna, hallareksturinn og kjaraskerðinguna með versnandi ytri aðstæðum. En nú herðir hún á þessu ári enn skattheimtuna og kjararýrnunina þegar ytri aðstæður hafa verulega batnað.

Það er fróðlegt fyrir launafólk, sem hefur búið við stórlega skert lífskjör á stjórnartíma hæstv. ríkisstj., að sjá hvernig hin stóraukna skattheimta ríkissjóðs birtist í samanburði nokkurra skattstofna annars vegar á fjárlögum ársins 1974 og hins vegar á fjárlögum ársins 1976. Innflutningsgjöld hafa á þessum tveim árum hækkað úr 8 500 í 15 500 millj. kr. eða um 7000 millj. kr. Söluskattur hefur hækkað úr 7 300 millj. í 23 300 millj. eða um 16 000 millj. kr. Tekjuskattur einstaklinga hefur hækkað úr 5 800 millj. í 7 200 millj. eða um 1400 millj. kr., en tekjuskattur félaga hefur hækkað úr 922 millj. í 1070 millj. eða um 148 millj. kr. Sé tekin saman hækkun innflutningsgjalds, söluskatts og tekjuskatts einstaklinga á fjárlögum þessara tveggja ára nemur hún samtals 24 400 millj., en hækkun á tekjuskatti félaga 148 millj. Þessar tölur segja nokkra sögu um skattastefnu hæstv. ríkisstj.

Mjög verulegur þáttur í stórhækkuðu vöruverði síðustu ára og í því, hve launafólki veitist æ erfiðara að láta tekjurnar duga fyrir nauðsynjum, eru hinir stórauknu neysluskattar. Ofan á hverja vöruverðshækkun og þjónustugjaldahækkun bætist 20% í söluskatt til ríkissjóðs. Frá fjárlögum 1974 til fjárlagafrv. fyrir árið 1977 nemur hækkun söluskatts og hið nýja vörugjald 30 600 millj. kr. Hækkunin nemur um 700 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Og enn hefur hæstv. fjmrh. lagt fram fjárlagafrv. Nú hafa ytri aðstæður batnað á þessu ári, og það er gert ráð fyrir að þær batni enn frekar á næsta ári, gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld aukist um 2%. Þessi aukning gæti þýtt 1200—1300 millj. kr. í auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Þessar bættu aðstæður eiga þó greinilega ekki að verða til þess að slakað verði á skattheimtunni. Hún er þvert á móti aukin. Í stað þess, að 10% vörugjald var í gildi ríflega þriðjung þessa árs, á nú að innheimta 18% vörugjald allt næsta ár. Sé miðað við fjárlög ársins 1976 var áætlað að 10% vörugjald í 8 mánuði og 6% gjald í 4 mánuði færði ríkissjóði 2 330 millj. kr. Það svarar til ríflega 2 500 millj. árið 1977 vegna verðlagshækkana. Nú er áætlað að 18% vörugjaldið allt árið færi ríkissjóði 5 250 millj. Þar munar nær 2 800 millj. kr., og auk þess má áætla að muni um 700 millj. kr. í auknum útgjöldum neytenda vegna söluskatts á gjaldið. Tolltekjur lækka hins vegar um 600 millj.

Sé miðað við raunverulega innheimtu vörugjalds í ár, 10% gjald í 4 mánuði og 18% gjald í 8 mánuði, er hér um að ræða aukin útgjöld

neytenda sem gætu numið **1200 millj. kr. með** söluskatti sem leggst á vörugjaldið og einnig á verslunarálagningu á vörugjaldið.

Til þess að koma fjárlagafrv. saman gerir hæstv. ríkisstjórn enn fremur ráð fyrir að hækka um 370 millj. kr. það gjald sem sjúklingar greiða einir, þ. e. gjald vegna læknishjálpar og lyfjakaupa.

Enn ein ráðstöfun til að berja saman fjárlagafrv. er að halda enn áfram á þeirri braut, sem hefur verið ein aðalstefna hæstv. ríkisstj. við fjárlagagerð, að skera niður að raungildi þær samfélagsframkvæmdir sem mestu varða almenning í landinu þegar rekstrarliðirnir hækka enn umfram almennar verðlagshækkanir. Framkvæmdir í raforkumálum eru nú á því stigi að framlag til þeirra minnkar verulega. Það verður þó ekki til þess að auka raungildi fjárframlaga til annarra framkvæmda sem mestu skipta um viðgang byggðarlaga, heldur minnka þau framlög enn að raungildi, framlög til flugvallagerðar t. d. um 10%, héraðsskóla um 23%, hafnarmannvirkja sveitarfélaga tæp 6% og framkvæmda við ríkisspítala um 20%. Og séu tekin saman framlög ríkisins til hafnarframkvæmda sveitarfélaga og til landshafna lækkar framlag til þeirra framkvæmda að raungildi um fjórðung. Framlag til landshafna lækkar úr 450 millj. í 100 millj. og er þó allt tekið að láni.

Forsvarsmenn hafnarsjóða um allt land hafa án efa átt von á því að þegar lyki hinum sérstöku hafnarframkvæmdum í Þorlákshöfn og Grindavík, þá yrði tilsvarandi upphæð eða a. m. k. nokkrum hluta jafngildrar upphæðar varið til að auka fjárveitingu til almennra hafnarframkvæmda í landinu. Ég er ekki frá því að yfirvöld hafnamála hafi jafnvel látið sveitarstjórnarmenn, sem kvörtuðu yfir að of lítið væri veitt til almennra hafnarframkvæmda meðan á þessum sérstöku framkvæmdum stóð, standa í þeirri trú að til hinna almennu hafnarframkvæmda sveitarfélaga yrði beint auknu fjármagni þegar létti greiðslu til Þorlákshafnar og Grindavíkur. Nú er þess í stað enn rýrt framlag til sveitarfélagahafnanna, en 450 millj. kr. á að verja til hafnarframkvæmda við Grundartanga til viðbótar 50 millj. kr. á þessu ári. Upphæðin á fjárlagafrv. til Grundartanga er 53% af þeirri heildarupphæð sem varið er til allra annarra hafnarframkvæmda sveitarfélaga í landinu. Það er enn ein staðfestingin á því að hæstv. ríkisstj. tekur stóriðju í eigu eða með þátttöku útlendinga fram yfir þá framleiðslustarfsemi sem er að öllu leyti í höndum landsmanna sjálfra.

Framlög til stofnkostnaðar menntaskóla, annarra en menntaskóla á Austurlandi, nema einungis um 50 millj. kr., og ekki ein einasta króna er veitt til stofnkostnaðar, þ. á m. tækjakaupa, til eins einasta fjölbrautaskóla í landinu. Er það í samræmi við það sinnuleysi sem hæstv. ríkisstj. hefur jafnan sýnt verknámi í landinu. Fleira mætti nefna af mikilvægum þáttum sem rýrna verulega að raungildi frá núgildandi fjárlögum. T. d. framlag til jöfnunar námskostnaðar og framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna, en ég mun ekki hafa frekari orð um þau mál fyrr en séð verður hvaða afgreiðslu þessi hagsmunamál nemenda fá í fjvn.

Það er heldur ömurleg niðurstaða, að nú þegar ytri aðstæður hafa verulega batnað á þessu ári og í grg. fjárlagafrv. er spáð frekari bata á næsta ári, þá rýrna enn að raungildi fjárveitingar til mikilvægustu málaflokka. Þetta gerist í kjölfar mjög verulegs niðurskurðar á undanförnum stjórnarárum hæstv. ríkisstj. Ef miðað er við að framkvæmdakostnaður hafi hækkað um 150% frá haustinu 1973, þegar fjárlagafrv. vegna ársins 1974 var lagt fram, og til þessa dags og borið saman raungildi fjárfestinga við samþykkt fjárlaga fyrir árið 1974 og í fjárlagafrv. fyrir árið 1977, þá hefur framlag til hafnarmannvirkja sveitarfélaga rýrnað um 24%, samanlagt framlag til hafnarmannvirkja sveitarfélaga og til landshafna um 45%, framlag til grunnskóla um 22%, framlag til iðnskóla um 44%, framlag til byggingar menntaskóla um 52%, framlag til byggingar héraðsskóla um 31%. Framlag til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva hækkar um 26%, en framlag til flugvallagerðar rýrnar um 30%. Þrátt fyrir þennan niðurskurð hafa fjárlög hækkað umfram almennar verðlagshækkanir vegna stórkostlegrar þenslu rekstrarliða, og hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslunni hefur að meðaltali verði 2.2 prósentustigum hærra í fjárlögum hæstv. núv. ríkisstj. og í fjárlagafrv. hennar nú en það var að meðaltali á stjórnarárum vinstri stjórnarinnar.

Það er eftirtektarvert, að á sama tíma og sagt er í grg. fjárlagafrv. að meðaltekjur til skatts hækki á þessu ári um 26.5% þá hækka útgjöld ríkissjóðs samkv. fjárlagafrv. um 41.5%, en um 38.5% ef tekið er tillit til þess að ráðstöfun Olíusjóðs er nú meðtalin í útgjaldahlið fjárlagafrv.

Þróunin, sem verið hefur í fjárlagagerð hæstv. ríkisstj., heldur enn markvisst áfram. Raungildi mikilvægustu framkvæmdaliða rýrnar, en þáttur almennra rekstrargjalda verður sífellt stærri. Vaxtagjöld í A- og B-hluta fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru áætluð 8373 millj. kr. og hafa hækkað um 6711 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1974. Vaxtagjöldin munu á næsta ári verða 3809 millj. kr. hærri en á þessu ári. Hækkun vaxtaútgjalda — hækkunin ein á næsta ári — nemur ríflega öllu áætluðu framlagi úr ríkissjóði næsta ár til hafnarframkvæmda sveitarfélaga, grunnskólabygginga, sjúkrahúsabygginga sveitarfélaga, framkvæmda við ríkisspítala, heilsugæslustöðva og læknisbústaða og flugvallaframkvæmda. Einungis hækkun vaxtaútgjalda á einu ári nemur hærri upphæð en áætluð framlög ríkisins til allra þessara framkvæmda.

Því hefur nokkuð verið haldið fram í málgögnum stjórnarflokkanna, að aðhalds hafi verið gætt varðandi rekstrarútgjöld ríkisins. Staðreyndirnar um útþenslu rekstrarliða í tíð núv. hæstv. ríkisstj. sýna að sjálfsögðu allt annað. Í grg. með fjárlagafrv. fyrir næsta ár er greint frá því að taxtahækkanir launa séu áætlaðar 37.7%, eðlilega nokkru hærri en áætluð hækkun meðaltekna á árinu, vegna þess að meðtaldar í taxtahækkununum eru umsamdar grunnkaupshækkanir á næsta ári. Launaliður í fjárlagafrv. hækkar hins vegar ekki í heild um 37.7%, heldur um 49.8% eða þriðjungi meira en taxtahækkanirnar einar gefa tilefni til. Að sjálfsögðu hlýtur

jafnan að vera um einhverja eðlilega magnaukningu að ræða, t. d. í kennslumálum, en þessi mismunur er svo mikill að hann gæti í heild numið 1.5 milljarði kr. í fjárlagafrv.

Það er látið koma fram í grg. fjárlagafrv., að talsverður þáttur í útgjaldaauka stafi af endurbótum í dómsmálakerfinu. Menn skyldu því ætla, miðað við umr. undanfarið, að þessar hækkanir kæmu fyrst og fremst fram í embættum í Reykjavík þar sem vandinn hefur legið. Þegar nánar er skoðað kemur hins vegar í ljós að útgjaldaaukningin, sem fellur á dómsmrn., er fyrst og fremst annars staðar en hjá þeim embættum — t. d. er hækkun launakostnaðar hjá lögreglunni í Reykjavík 47%, þ. e. a. s. lægri en heildarhækkun launaliðar sem er 49.8%. Hækkun annarra rekstrargjalda hjá sama embætti er 37%, en meðalhækkun þess liðar í fjárlagafrv. er 58.2%. Hækkun launakostnaðar hjá borgarfógetaembættinu er 44% og hækkun annarra rekstrargjalda 22%. Hjá borgardómaraembættinu hækka laun um 54%, en önnur rekstrargjöld um 37%. Þetta eru embættin í Reykjavík. Hins vegar er hækkun launakostnaðar hjá bæjarfógetanum á Akranesi 76.7% og annarra rekstrargjalda 83%, hækkun launa hjá sýslumanninum í Borgarnesi 45%, hækkun annarra rekstrargjalda 70.2%, hækkun launa hjá sýslumanninum í Stykkishólmi 88.8% og annarra rekstrargjalda 50%, — heildarkostnaður við löggæslu í Stykkishólmi hækkar um 168%, Grundarfirði 66%, Ólafsvík 70%, Hellissandi 84%, — hækkun launakostnaðar hjá sýslumanninum á Patreksfirði 84%, önnur rekstrargjöld hækka um 72.5%, hækkun launakostnaðar hjá bæjarfógetanum í Bolungarvík 63.3%, önnur rekstrargjöld hækka um 87.2%, heildarkostnaður við löggæslu í Bolungarvík hækkar um 97.3%, önnur rekstrargjöld hjá sýslumanninum í Hólmavík hækka um 91.2%, launakostnaður hjá sýslumanninum á Blönduósi um 67.1% og önnur rekstrargjöld hækka um 134.5%. Svona má lengi telja. Löggæslukostnaður á Ólafsfirði hækkar um 101%. Launakostnaður hjá sýslumanninum og bæjarfógetanum á Húsavík hækkar um 133.7%, önnur rekstrargjöld um 166.7% og yfirstjórn þess embættis hækkar um 117.7%, löggæslukostnaður á Húsavík um 157.5%, Raufarhöfn um 152.5%, löggæslukostnaður á Þórshöfn um 215.3%, Seyðisfirði 115 5%, Vopnafirði 79.1%. Önnur rekstrargjöld hjá sýslumanninum í Höfn á Hornafirði hækka um 123.8%, launakostnaður hjá sýslumanninum í Höfn um 75.1%, löggæslukostnaður í Vík í Mýrdal um 241.2%, á Hvolsvelli um 150.4%, launakostnaður hjá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum um 104.7% og löggæslukostnaður í Eyjum um 104.4%. Allir kostnaðarliðir hjá embætti sýslumannsins á Selfossi eru hins vegar algjörlega óbreyttir að krónutölu frá fjárlögum í ár. Þar eiga útgjöld ekki að breytast um eina krónu Það er margt skrýtið í kýrhausnum. Önnur rekstrargjöld hjá bæjarfógetanum í Keflavík hækka um 145%, löggæslukostnaður í Keflavík og Njarðvík um 90.2%, Grindavík um 100.9%, Hafnarfirði um 98.4%. Aðhaldsemin, sem Morgunblaðið telur að stundum sé fyrir hendi í ríkisrekstrinum, er þá fólgin í því að þeir aðilar, sem annast innheimtu fyrir ríkissjóð og hafa fé hans undir höndum, hafa eytt langt umfram fjárlög og nú er þessi umframeyðsla tekin góð og gild og útgjaldaliðir hækkaðir í fjárlagafrv. í beinu samræmi við eyðslu án heimildar, þeir aðilar hækkaðir mest sem mestu hafa eytt umfram heimildir fjárlaga.

Það má geta þess um aðhald í sambandi við þessi mál, að óskir um fjölgun starfsliðs á skrifstofu bæjarfógetans í Hafnarfirði voru bornar undir fjvn. s. l. vor og samþ. að fjölga stöðum um sem svarar 1½ stöðu skrifara, einnig um stöðu skrifstofustjóra, og enn fremur var samþ. að breyta 1½ skrifarastöðu í eina stöðu fulltrúa. Þetta taldi n. vel að verið og þetta ætti að vera hámarksskammtur. Nú er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því að til viðbótar þeirri fjölgun, sem fjvn. samþ. fyrir fáum mánuðum og leit á sem hámarksfjölgun, verði bætt 4 nýjum stöðum skrifstofumanna.

Þær miklu hækkanir, sem varða dómsmrn. í fjárlagafrv., virðast ekki fyrst og fremst til þess gerðar að bæta úr seinlæti í dómsmálakerfinu, heldur er fyrst og fremst um að ræða till. um hærri fjárveitingar á fjárlögum til almenns rekstrarkostnaðar við embætti bæjarfógeta og sýslumanna þar sem hvað minnst hefur staðið á varðandi dómsmál. Það er auðvitað fráleitt þegar reynt er að láta líta svo út að með stórfelldum hækkunum á almennum rekstrarútgjöldum við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, þ. e. a. s. með lögfestingu eyðslu umfram fyrri fjárlagaheimildir, sé verið að koma til móts við óskir almennings um fljótvirkari meðferð dómsmála. Þar þarf sjálfsagt eitthvað annað til.

Á hliðstæðan hátt var svo látið líta út, að ein aðalástæðan fyrir hækkun vörugjaldsins s. l. vor væri stóraukin starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Nú er með fjárlagafrv. ákveðið að láta innheimta 18% vörugjaldið allt næsta ár, og ætla mætti að í frv. kæmi fram að hluti af stórhækkun þess frá fjárlögum, sem samþ. voru í des. í fyrra, væri veruleg hækkun fjárveitinga til þessarar stofnunar vegna hafrannsókna, fiskleitar og tilrauna með nýtingu fiskstofna sem ekki hafa verið nýttir áður, eins og það var látið heita í efnahagsmálafrv. í vor þegar vörugjaldið var hækkað. Staðreyndin er sú, að fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunarinnar hækka um 35.1% þegar fjárlög hækka um 42.1%. Launakostnaður hjá stofnuninni hækkar frá fjárlögum, sem samþ. voru í fyrra, um 34.3% þegar laun hækka almennt í fjárlögum um 49.8%. Önnur rekstrargjöld hjá stofnuninni hækka um 55.1% þegar sá liður hækkar að jafnaði um 58.2% í fjárlagafrv. Þetta sýnir ásamt öðru að stórauknum tekjum ríkissjóðs af vörugjaldi er ekki varið til greiðslu á sérstökum nýjum verkefnum Hafrannsóknastofnunar. Fjárveiting til hennar er lægri að raungildi en á fjárlögum sem samþ. voru í fyrrahaust áður en vörugjaldið var hækkað.

Nú kynni einhver að segja, að að því er varðar það sem ég rakti áðan um hækkun á launakostnaði og liðnum öðrum rekstrargjöldum sé aðeins um að ræða embætti fógeta og sýslumanna sem nú séu raunhæfari áætlanir um, þar sem umframeyðsla sé nú lögfest sem grundvöllur og verðlagshækkunum bætt ofan á. En sé litið til launakostnaðar hjá stofnunum ríkisins í B-hluta fjárlagafrv. kemur svipað í ljós varðandi hækk-

anir launa og á tíðum hækkanir liðarins önnur rekstrargjöld. Hækkun launakostnaðar takmarkast ekki við þau 37.7% sem taxtahækkunin nemur, og hliðstæða sögu er að segja um hækkun annarra rekstrargjalda. Ég skal rekja dæmi, en tek þó ekki framleiðslufyrirtæki.

Byggðasjóður, launakostnaður hækkar um 155%, úr 29 millj. í 88 millj., og önnur rekstrargjöld um 272%, úr 9.4 í 35 millj. Happdrætti Háskóla Íslands, launakostnaður hækkar um 53%, önnur rekstrargjöld um 63%. Háskólabíó, launakostnaður hækkar um 52%, önnur rekstrargjöld um 64%. Ríkisútgáfa námsbóka, Skólavörubúð, launakostnaður hækkar um 100%. Lánasjóður ísl. námsmanna, launakostnaður hækkar um 50%. Ríkisútvarp, hljóðvarp, launakostnaður hækkar um 50%, önnur rekstrargjöld um 91%. Ríkisútvarp, sjónvarp, önnur rekstrargjöld hækka um 129%. Þjóðleikhús, launakostnaður hækkar um 39%, en önnur rekstrargjöld um 129%, úr 40 millj. í 91.7 millj. Sinfóníuhljómsveit, laun hækka um 46.5% eða talsvert umfram taxtahækkun, enda þótt fjvn. hafi s.l. vor samþ. að felldar yrðu niður óheimilaðar stöður, en þess sjást ekki merki á frv. að eftir þeirri samþykkt hafi verið farið. Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli, launakostnaður hækkar um 73%. Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli, launakostnaður hækkar um 60%. Tilraunastöðin á Hesti, launakostnaður hækkar um 53%, á Reykhólum 56%, Skriðuklaustri 53%, Sámsstöðum 49%. Fiskimálasjóður, launakostnaður hækkar um 89%. Byggingasjóður ríkisins, launakostnaður hækkar um 47%, úr 48 millj. í 71 millj. Lánasjóður sveitarfélaga, launakostnaður hækkar um 50%, Bjargráðasjóður um 50%, Tryggingastofnun ríkisins um 50% og heildarlaun úr 118 millj. í 181 millj. Brunabótafélag Íslands, launakostnaður hækkar um 100%, úr 50 í 100 millj. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, launakostnaður hækkar um 54%, úr 123 millj. í 190 millj. Lyfjaverslun ríkisins, launakostnaður hækkar um 61%, Innkaupastofnun ríkisins um 56%, Borgartún 7 um 360%, úr 2.7 milli. í 12.5 milli. Póstur og sími, launakostnaður hækkar um 52% eða ríflega um 1 milljarð kr. Áhaldahús vegagerðar, launakostnaður hækkar um 55%, áhaldahús vitamálastjórnar 55% og flugmálastjóri, launakostnaður hækkar um 53%.

Þetta sýnir að hjá svo til hverri einustu ríkisstofnun í B-hluta fjárlagafrv. vex launakostnaður verulega meira en svarar til almennrar taxtahækkunar í fjárlagafrv. Það er ljóst að gert er ráð fyrir kostnaðarauka í þessum stofnunum langt umfram raunverulega taxtahækkun, t.d. hjá Pósti og síma um 270 milli. kr., hjá Tryggingastofnun ríkisins um 20 millj. og hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins um 20 millj. Þetta er aðhaldið.

Fyrst ég nefni Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, þá má geta þess í leiðinni að gert er ráð fyrir að tekjur af rekstri hennar aukist um 1230 millj. frá núgildandi fjárlögum. En þrátt fyrir alla þessa hækkun er ekki einni einustu krónu varið til þess að auka tekjur Gæsluvistarsjóðs, en með framlagi sjóðsins er staðið fyrir framkvæmdum í sambandi við meðferð drykkjusjúkra. Það er óbreytt að krónutölu og lækkar um fjórðung að raungildi.

Því er haldið fram, að launaliðir svo og útgjaldaliðir almannatrygginga séu nú raunhæfar áætlaðir í fjárlagafrv. en að jafnaði áður, þar sem í útgjaldatölunum er reiknað með umsömdum taxtahækkunum á næsta ári og hækkun tryggingabóta í samræmi við það. Þetta er að vissu leyti rétt. Slík fastbundin kjaraákvæði hafa að jafnaði ekki legið fyrir, og þá hefur verið óeðlilegt að gera ráð fyrir óumsömdum hækkunum, eins og á hinn bóginn er sjálfsagt og óhjákvæmilegt að taka slíkar hækkanir með í reikninginn þegar þær liggja fyrir við undirbúning fjárlaga. Samt sem áður held ég að flestum sé ljóst, að þrátt fyrir að fræðilega séð eru launaliðir raunhæfari en stundum áður vegna þess, sem ég hef hér rakið, muni þær taxtahækkanir, sem koma til á næsta ári samkv. samningum sem gerðir voru s.l. vor, engan vanda leysa í kjaramálum. 5% hækkun 1. febr. og 4% hækkun 1. júlí duga skammt í því efni. Það er óraunsæi að ímynda sér að annað og meira gerist ekki í kjaramálum en að þessar umsömdu hækkanir komi fram. Þar fyrir held ég því ekki fram að áætla eigi í fjárlögum fyrir slíkum viðbótarhækkunum launa, en þessar horfur í kjaramálum sýna að launaliðirnir og útgjaldaliðir almannatrygginga eru í raun óraunhæfari en ætla mætti við fyrstu sýn. Auk þess má á það benda, að ekki er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir áhrifum af auknum launaútgjöldum vegna áhrifa af verðlagshækkunum umfram umsamin rauð strik svokölluð. Nú þegar hinn 1. nóv. kemur til framkvæmda 3.11% launahækkun af þessum sökum sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrv. Sú hækkun mun valda útgjaldaaukningu á næsta ári um 1300 millj. kr., þannig að nú þegar eru fjárlög í raun komin upp í 85.3 milljarða og hækka þar með um 41.4%. Hvað gerist varðandi rauða strikið 1. febr. á næsta ári veit að sjálfsögðu enginn, en allt þetta sýnir að enda þótt umsamdar taxtahækkanir á næsta ári séu meðtaldar í útgjöldum fjárlagafrv., þá eru launaliðir og útgjöld almannatrygginga óraunhæfari í reynd en margur kynni að ætla.

Ég hef hér minnst nokkuð á launaliði, taxtahækkun og hækkun meðallauna og vil í framhaldi af því vekja athygli á því, að í grg. um álagningu tekjuskatta í aths. með fjárlagafrv. kemur fram, að tekjuaukning einstaklinga var á árinu 1975 32%, en ekki 28%, eins og reiknað var með við ákvörðun skattvísitölu við afgreiðslu núgildandi fjárlaga. Ég hef aflað mér upplýsinga um að nettótekjur einstaklinga til skatts hækkuðu að meðaltali um 30.1%, en ekki um 25% eins og áætlað var við ákvörðun skattvísitölu í fyrra. Það þýðir, að sé við þá reglu miðað, að skattvísitala eigi hverju sinni að hækka jafnt og meðaltekjur til skatts, ætti skattvísitala á núgildandi fjárlögum að vera 130 stig í stað 125 stiga. Sé framreiknað frá þeirri tölu, 130 stigum, sem hefði átt að gilda við skattlagningu í ár, og miðað við 26.5% hækkun meðaltekna á þessu ári, eins og gert er í frv., leiðir það til þess að skattvísitala í fjárlögum ársins 1977 ætti að vera 164 stig, en ekki 158 stig eins og í þessu frv. er lagt til. Ég tel að hér eigi skattgreiðendur rétt á leiðréttingu vegna of lágrar skattvísitölu við álagningu s.l. vor og Alþ. eigi af

þeim sökum að ákvarða skattvísitölu á fjárlögum fyrir árið 1977 í samræmi við það og ákveða hana 164 stig í stað 158, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir á þessari stundu.

Eins og ég rakti fyrr í ræðu minni hafa framlög á fjárlögum til nauðsynlegustu samfélagslegra framkvæmda lækkað mjög verulega að raungildi í tíð þeirrar hægri stjórnar sem nú fer með völd. Samtímis hafa fjárlög í heild hækkað umfram almennar verðlagshækkanir vegna þess að þáttur rekstrarútgjalda vex stöðugt á kostnað framkvæmdaliða. Þessi þróun hefur verið höfuðeinkenni í fjárlagaafgreiðslu hæstv. núv. ríkisstj., og hún setur enn mark sitt á það fjárlagafrv. sem hér er til umr. T. d. hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld í fjárlagafrv. nú í heild um 58.2% á sama tíma og vísitala framfærslukostnaðar er talin hækka um 25—30%. Hæstv. ríkisstj. telur verðbólguna vera að minnka, en hækkun liðarins önnur rekstrargjöld er meira en tvöfalt meiri í fjárlagafrv. nú en hækkun þessa liðar var við afgreiðslu núgildandi fjárlaga, og við afgreiðslu fjárlaga ársins 1975 hækkaði liðurinn um 86.2%. Frá fjárlagafrv. ársins 1974 til fjárlagafrv. fyrir árið 1977, þ. e. a. s. í tíð núv. ríkisstj., hefur liðurinn önnur rekstrargjöld í A- og B-hluta fjárlaga hækkað úr riflega 3600 millj. kr. í nær 14 200 millj., þ. e. a. s. verður á næsta ári um 10 600 millj. kr. hærri en 1974 og hefur hækkað um nær 200% á þremur árum. Ef þessi liður, heildarupphæð annarra rekstrargjalda, hefði hækkað sem svarar almennum verðlagshækkunum á þessum árum, þá væri hann á árinu 1977 riflega 4000 millj. kr. lægri en nú er áætlað í fjárlagafrv., en það er upphæð sem er riflega helmingur af öllum áætluðum tekjuskatti einstaklinga á næsta ári. Þetta er býsna merkur minnisvarði um fjármálastjórn hæstv. fjmrh. sem taldi það auðvelt verk árið 1974 að skera ríkisútgjöld niður um upphæð sem svarar til 11000—12000 millj. kr. í dag. Einstökum stofnunum, eins og t. d. Hagstofu Íslands, hefur tekist að halda hækkun annarra rekstrargjalda innan ramma almennra verðlagshækkana á þessum tíma og þó gert heldur betur. Það mætti koma fram ýmsum þörfum verkefnum fyrir helming þessarar upphæðar á hverju ári, en þessi útþensla rekstrarliðanna hefur gengið út yfir framkvæmdaliðina og hækkað fjárlögin og skattheimtuna umfram almennar verðlagshækkanir.

Fjárveiting til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir hækkar um 910 millj. frá núgildandi fjárlögum eða um 102%. Sú aukna fjárhæð, sem varið er til að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum fyrir útlendinga, hækkunin á einu ári, nemur 21 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, og heildarupphæðin, sem verja á í þessu skyni, nemur 1800 millj. kr. á næsta ári. Það þýðir að verja á upphæð, sem nemur 41 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, til að koma 4—5 þús. tonnum dilkakjöts og verulegu magni annarra landbúnaðarafurða ofan í útlendinga. Þessi tala hækkar í 56 þús. kr. á fjölskyldu ef í dæmið er tekin sú upphæð, 660 millj. kr., sem talið er að verði varið til útflutningsuppbóta á þessu ári umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Við þetta væri ekki svo mikið að athuga ef þessi upphæð væri innheimt af almenningi til þess að greiða niður verð á íslenskum matvælum handa vannærðum þjóðum. En því er því miður ekki að heilsa. Við greiðum þessar fjárhæðir til þess að ríkustu þjóðir heims, bandaríkjamenn, svíar og aðrar norðurlandaþjóðir, fáist til þess að kaupa þessar vörur. Á sama tíma og niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum til útlendinga hækka um 102%, um 910 millj. kr., og greiða verður 660 millj. kr. sem varið verður umfram áætlun fjárlaga í ár, og á sama tíma og skattheimta hækkar um 24 000 millj. kr. á næsta ári, þá hækkar framlag til niðurgreiðslna innanlands um einar litlar 134 millj. kr. eða um 2.7%. Þar loksins kom að hækkun sem vegur létt í fjárlögunum. Enda er hér um að ræða fjárveitingu sem er þess eðlis að hún dregur úr verðhækkunum brýnustu lífsnauðsynja almennings og verðbólgu og kemur sérstaklega að gagni því fólki sem eyðir stærstum hluta tekna sinna í matvælakaup, þ. e. a. s. barnafjölskyldum og lífeyrisþegum. Þegar kemur að útgjaldalið sem stuðlar að öllu þessu, þá hækkar hann um 2.7%. Betur að því aðhaldi væri beitt víðar.

Fjárlög hafa hækkað umfram verðlags- og launahækkanir, rekstrarliðir hafa hækkað langt umfram almennar verðlagshækkanir, raungildi framlaga til samfélagslegra framkvæmda hefur minnkað, niðurgreiðslur á matvælum handa ríkustu þjóðum heims eiga nú að tvöfaldast, en niðurgreiðslur fyrir íslenska neytendur svo til að standa í stað að krónutölu. Allt á þetta sinn þátt í versnandi lífskjörum launafólks í stjórnartíð hægri stjórnarinnar sem ráðgerir nú við afgreiðslu fjárlaga að skattar af innflutningi og seldum vörum og þjónustu og vörugjaldi verði á næsta ári um 45 000 millj. kr. hærri en á fjárlögum 1974.

Þegar fjárlög voru samþ. í fyrra, fyrir tæpu ári, taldi hæstv. ríkisstj. að til þess að standa undir ríkisútgjöldum dygði að vörugjald næmi 10% í 8 mánuði og 6% í 4 mánuði. Nú, þegar ytri aðstæður eru verlega hagstæðari en áður og í aths. með fjárlagafrv. er byggt á að viðskiptakjör batni um 2% á næsta ári, er til grundvallar skattheimtu ríkissjóðs lögð innheimta 18% vörugjalds allt árið. Þetta er ekki gert til þess að auka framlög til framkvæmda ríkisins þrátt fyrir hækkun fjárlaga um 24 000 millj. kr. Beinlínis minnka framlög til verklegra framkvæmda í heild að krónutölu og nær allir þættir verklegra framkvæmda rýrna enn að raungildi. Það ætti að vera launþegum eftirminnilegt um frammistöðu ríkisstj., að í fyrra voru þeir, þegar fjárlagafrv. var lagt fram, látnir kaupa sig undan 12% vörugjaldi með því að viðlagasjóðsgjald, sem jafngilti 2% söluskatti, félli í ríkissjóð. Nú eru launþegar við framlagningu þessa fjárlagafrv. látnir sitja uppi með söluskattsstigin tvö og þar á ofan ekki 12% vörugjald, sem átti að hverfa í fyrra, heldur 18% vörugjald. Þessi aukna skattheimta á sama tíma og ytri aðstæður batna og framlög minnka til verklegra framkvæmda hlýst af gegndarlausri

útþenslu rekstrarliða, þ. á m. gífurlegri hækkun vaxtakostnaðar, um 3 800 millj. kr. á einu ári, vegna stórfelldrar skuldasöfnunar.

Það blasir nú við launafólki að sú hægri ríkisstj., sem fer með völd í landinu, leggur nú ofurkapp á að efnahagsbatinn af hagstæðari viðskiptakjörum verði notaður til að standa undir áframhaldandi stjórnleysis- og sóunarstefnu ríkisstj., en falli ekki að neinu leyti í hlut þess fólks sem arðinn skapar og hefur búið við stórskert lífskjör í tíð hægri stjórnarinnar. Það er því ljóst, m. a. af því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir, að ríkisstj. stefnir að áframhaldandi stríði við launafólk í landinu.

Í kjaramálum kraumar nú og sýður á hverjum vinnustað og stéttarfélagi. Það er víst, að menn geta deilt um það hvort sjóða muni upp úr við Kröflu, en um hitt verður ekki deilt, að þess er ekki langt að bíða að hvarvetna sjóði upp úr í kjarabaráttunni, og þegar það gerist þá munu ríkisstjórnarflokkarnir reka sig á það, að launafólk lætur ekki skammta sér þau kjör sem þessir flokkar stefna nú að, m. a. með því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Gamalt máltæki segir, að allt er þá þrennt er. Ég er viss um að allur almenningur í landinu vill að þetta sé rétt hvað varðar fjármálastjórn landsmanna í tíð hæstv. fjmrh. og ríkisstj. Ég vænti þess að hv. þm. muni fyrsta loforðið í stefnuræðu hæstv. forsrh. um verðbólguna, en markmiðið var að koma henni innan skamms í um 15% svo að verðbólga á Íslandi yrði hliðstæð því er væri í nágrannalöndunum, þó nokkru meiri hér en gerðist almennt í Evrópu. Frá hendi vinstri stj. sálugu var tekið við um eða yfir 50% verðbólguskriðu. Það má því segja að markmiðið hafi verið sett nokkuð djarft, að geta á fáum mánuðum komið verðbólgunni niður í 15%, en þessu var hátíðlega lofað bæði fyrir kosningar, ef almenningur veitti Sjálfstfl. brautargengi, sem og raun varð á, og einnig varð þetta loforð ítrekað í fyrstu stefnuræðu, eins og ég sagði áðan. En hvernig hefur þetta tekist? Það er vert að hugleiða það aðeins.

Það er staðreynd að s. l. þremur árum hefur verðbólga hér á landi verið um 40%. Þetta er margfalt, margfalt Evrópumet og mun engan langa að reyna að slá slíkt met. Aðeins — og ég undirstrika: aðeins í hinum illstjórnuðu Suður-Ameríkuríkjum er verðbólgan meiri. Svo ömurlega hefur til tekist í baráttunni við verðbólguna hér á landi að það eina jákvæða, sem sést nú, er að s. l. 4—5 mánuði hefur verðbólgan verið sennilega um 25%. Samt sem áður er hún miklu, miklu meiri en gerist alls staðar í Evrópu.

Mig langar til að minna á að á síðasta landsfundi sjálfstæðismanna var greinilega undirstrikað af sumum ræðumönnum að verðbólgan afskræmdi þjóðfélagið og skekkti. Morgunblaðið slær þessu mjög upp og birti stóra fyrirsögn um þetta í frásögn af fundinum. Þessi staðhæfing er rétt. En hvað hefur gerst? Því er afskræmingunni haldið áfram? Því er hinum ríku gert að verða ríkari og ríkari og hinum efnaminni gert að verða fátækari og fátækari?

Gífurleg eignatilfærsla gegnum verðbólguna á sér stað í þjóðfélaginu. Ég vil minna á að sparifé landsmanna hefur á þessu tímabili verið um eða yfir 40 milljarðar kr., og þótt vextir af sparifé séu 18% eða jafnvel yfir 20% í vissum tilfellum tapast nærri hliðstæð upphæð og þessari vaxtatölu nemur, þ. e. a. s. ég vil meta verðrýrnun sparifjár á yfirstandandi ári u. þ. b. 9—10 milljarða kr. Hvað þýðir þessi upphæð? Hún er nokkurn veginn sú sama og allur tekjuskattur á komandi ári ef gengið er út frá því sem gert er ráð fyrir í frv., en tekjuskattur er þar reiknaður 9.9 milljarðar kr.

Landsmenn mega sjá og hv. þm. að við svo búið getur ekki staðið lengur. Höfuðverkefni Alþ. hlýtur að vera að koma í veg fyrir verðbólguna og móta fjárl. skv. því og aðra fjármálastefnu í þjóðfélaginu í samræmi við gerð fjárl. Hver hefur gefið hæstv. ríkisstj. eða fjármálastjórn landsins leyfi til að svipta sparifjáreigendur 9—10 milljörðum kr. á ári? Enginn hefur slíkt vald og á ekki að fá slíkt vald? Það verður að stöðva þessa þróun. Vissulega verður þetta ekki stöðvað nema það komi við einhvern. Hvernig á að snúa við? Um það deila menn. En ég vil segja, að meðan vextir eru hér yfir 20% í atvinnulífinu og jafnvel mun hærri undir vissum kringumstæðum er engin von til þess að verðbólgan fari hraðminnkandi. Menn verða að horfast í augu við þá staðreynd að rétt er að færa vexti niður um u. þ. b. helming og síðan setja bindingu á öll útlán við ákveðið hlutfall í samræmi við byggingarkostnað og framfærslukostnað svo að verðbólguspekúlasjón hætti. Önnur leið er vart til. Þetta er grundvallaratriði og þarf ekki að leita marga mánuði í því efni fram í tímann að vandamálinu.

Spurningin er, hve margir þora að standa við slíkt og þora að takast á við þann vanda sem þessu fylgir. Vitanlega munu stóreignamenn og margir lánsfjárhafar öskra og láta öllum illum látum. En þeir hafa fengið meira en sitt undanfarið og mál er að linni. Nú er rétt að gera ráðstafanir er allur almenningur nýtur góðs af.

Þetta fjárlagafrv. ber það ekki með sér að ráðist verði að þeim vanda er ég fjallaði hér um. Mér virðist að mörgu leyti að hopað sé enn undan og ekki stefnt um of í rétta átt. Það skal þó viðurkennt að viss viðleitni er til að hamla á móti, og það er jákvætt að ströng greiðsluáætlun er tekin upp hjá fjölda ríkisfyrirtækja og aukið aðhald um fjármuni ríkisins er fyrir hendi. Slíkt var nauðsyn, og lög í því efni, að banna að frjáls yfirdráttur væri tekinn í bönkunum fyrir ríkisfyrirtækin, voru samþ. samhljóða hér á hv. Alþ. og veittu forsvarsmönnum ríkisfyrirtækja aukið aðhald. Um þennan áfanga voru allir sammála. En hitt er staðreynd, að hæstv. fjmrh. eða aðrir fyrir hans hönd varðandi stjórnun á sjálfum ríkissjóði hafa yfirdregið hjá Seðlabankanum í sívaxandi mæli og skuld Seðlabankans nú er með mesta móti og skiptir milljörðum kr. Þetta er ekki rétt. Jafnframt þessu hefur erlend skuldasöfnun vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum, og er nú svo komið að um fimmta hver króna af gjaldeyristekjum okkar rennur til að standa í skilum með vexti og afborganir af erlendum skuldum. Hér er of langt gengið, því að slík skuldasöfnun og slíkt fjármagnsstreymi sem þetta

hefur ýtt undir verðbólgu og rýrt sparifé landsmanna, eins og ég sagði áðan, um annan tug milljarða kr. á s. l. tveimur árum. Þetta eru svo geigvænlegar tölur og svo geigvænlegar staðreyndir að þetta er óþolandi. Einnig verð ég að minna á það, að í frv. er gengið út frá því að 18% vörugjaldið haldi áfram og hefur nú mjög brugðið til hins verra. Tekjur ríkissjóðs af þessu vörugjaldi eru á sjötta milljarð kr., og þegar 20% söluskattur leggst ofan á gjaldið í tolli er augljóst að alls fær ríkissjóður nær 7 milljarða kr. vegna þessarar ráðstöfunar. Því var marglofað á sínum tíma, er vörugjaldið var sett á, að það væri bráðabirgðaskattur til lausnar skyndilegum aðsteðjandi vanda, og því var lofað að það skyldi falla burt innan skamms. Auðvitað hækkaði vörugjaldið margvíslegar vörur og jók þannig á verðbólguspennuna. En rök voru fyrir því að ríkissjóð vantaði meira fjármagn vegna sérstakra verkefna, og reynslan sýnir marga áratugi að nýr tekjustofn fellur ekki svo mjög af þeirri breiðu eik er ríkissjóður þarf til að fá í sinn sarp ef hann einu sinni kemst á. Viðurkenning á þörf 18% vörugjaldsins fyrir næsta ár, er á að gefa um 7 milljarða kr. eða líðlega það, er enn ein staðfesting á þessari gömlu skoðun.

Hæstv. fjmrh. kann að segja að mjög væri þröngt fyrir víða ef við hefðum ekki þetta vörugjald. Svo kann að vera. En er rétt að láta undan öllum? Er rétt að kynda undir verðbólgunni, eins og ástandið hefur verið varðandi verðbólguþróun og atvinnustig í landinu? Það er ekki ný staðreynd, og svo mun jafnan verða, að þarfir í okkar þjóðfélagi eru óþrjótandi. Spurningin er hvernig við förum með það fjármagn sem er til ráðstöfunar í uppbyggingu hverju sinni. Að mínu mati þarf enga hagsnillinga til þess að sjá það, að óhóflegt útstreymi úr ríkissjóði hlýtur að auka á eftirspurn eftir vöru og þjónustu og skapa þannig betri skilyrði fyrir verðbólgu. Því miður er það staðreynd, að óhóflegt fjármagn hefur komið í gegnum ríkissjóð með gífurlegri skuldasöfnun hjá Seðlabanka Íslands og gegndarlausri erlendri lántöku og því verið sem olía á verðbólgubálið. Þessu verður að linna.

Ég undirstrika að höfuðmarkmið hverrar ríkisstj. og ekki síst hæstv. núv. ríkisstj. hlýtur að vera að draga úr verðbólgu og hafa sómasamlegan hemil á henni. En er þetta hægt við núverandi aðstæður? Ég fullyrði, að svo sé, vegna þeirrar staðreyndar að hækkun á erlendu verðlagi varð að meðaltali árið 1975 um 5—6%, og eftir því sem útlit er nú á erlendu verðlagi að meðaltali fyrir yfirstandandi ár má reikna með að það sé líðlega 1% hærra. Það þýðir að það geta orðið 6—7%. Það eru því alls ekki hin erlendu áhrif nú, sem eru orsök svona gífurlegrar verðbólgu á Íslandi. Ég vil að menn veiti þessu athygli. Það eru fyrst og fremst innlend áhrif. Það er innlent stjórnleysi sem gefur verðbólgunni þetta líf. Þess vegna er hægt að ráða við vandann. Vegna áhrifa erlendis frá ættum við að geta haft hér verðbólgu sem væri örugglega undir 15%, eins og hið fagra markmið gaf fyrirheit um á sínum tíma, og þá er okkur sómasamlega borgið miðað við verðlag á afurðum okkar erlendis s. l. mánuði, og útlitið er nú mjög jákvætt fram á við.

Ég tel því, eins og ég sagði áðan, að forsendur fyrir breyttri stefnu verði að vera vaxtalækkun og afnám 18% vörugjalds og meira aðhalds í ríkisbúskapnum. Almenningur hefur verið róleguur, og hinn almenni launþegi í landinu hefur tekið á sig ótrúlegar byrðar til þess að svigrúm gæfist í því efni að lækka verðbólguna og draga úr rýrnandi kaupmætti. En þess sjást nú merki að launþegasamtökin eru orðin óróleg. Það má segja að ekki sé framkvæmanlegt í fjárlagafrv. að gera ráð fyrir öllum launahækkunum á komandi ári. En engu að síður hlýtur það að vera ljóst fyrir áramót að um verulega launahækkun verður að ræða á næsta ári ef fram heldur sem horfir, og því brýnni nauðsyn er á að koma í veg fyrir óhóflega verðþenslu hér innanlands á neysluvörum. Þessi skoðun er staðfest í einni setningu á bls. 157 í aths. við frv., en þar segir orðrétt: „Traustur fjárhagur ríkisins er nú enn brýnni en fyrr þar sem verslunarárferði hefur að nýju snúist okkur í hag.“ Þetta er auðvitað laukrétt.

Í aths. við fjárlagafrv. fyrir árið 1976 sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Brýnustu viðfangsefnin á sviði efnahagsmála um þessar mundir eru að hamla gegn verðbólgu og draga úr hallanum í greiðsluviðskiptum við erlendar þjóðir. Forsenda árangurs í þessu efni er að ríkisbúskapurinn stuðli að almennu jafnvægi í þjóðarbúskapnum.“ Ég vil spyrja: Var farið eftir þessari kenningu sem stendur í frv. hæstv. ríkisstj.? Gleymdust ekki ein brýnustu verkefnin. Það sannaði raunar ræða hæstv. fjmrh. áðan er hann las upp hinar margvíslegu hækkanir til þenslu á alla kanta. Og síðasti ræðumaður hér benti á hvernig frv. byggist á áframhaldandi gegndarlausri þenslu.

Það kemur fram í ræðu hæstv. forsrh. og einnig nú í tali hæstv. fjmrh., að verulega hafi dregið úr hallanum út á við, viðskiptahallanum, og það er rétt. En það var ekki vegna skipulegrar starfsemi í fjármálum ríkisins. Það var vegna þess að verðlag á útflutningsafurðum okkar tók að hækka verulega fyrir nokkrum mánuðum og hefur haldist enn mjög hátt. M. a. er þorskblokkin á svo háu verði í dag að aldrei hefur annað eins átt sér stað. Það sama má segja um skreið. Og einnig er saltfiskur í góðu verði og vel viðunandi verð er á mjöli og lýsi. Það eru því hin ytri erlendu áhrif sem björguðu ríkisstj. varðandi stöðuna í lánamálum á erlendum markaði og hagstæðari greiðslujöfnuð. Hins vegar hefur því verið marglýst yfir, að ekki megi hamla um of gegn innflutningi. Það er trúaratriði, a. m. k. hjá öðrum stjórnarfl. Hann skal a. m. k. að nafninu til vera allur frjáls og hver maður má sækja um það sem honum dettur í hug varðandi innflutninginn. Þetta kann að vera góð og gild regla, ef af nægu er að taka til að borga með. En þegar það blasir við að erlendar skuldir skipta mörgum millj. kr. og svo hárri upphæð, eins og ég sagði áðan, að vextir og afborganir erlendra lána taka nú nærri fimmtu hverja gjaldeyriskrónu, þá hlýtur að mega velta vöngum yfir því hvort óhindraður innflutningur sé það sem eigi að bjarga þjóðinni. Þegar hallar undan fæti í vöruskiptum okkar við erlendar þjóðir, þá verður ekki komist hjá því að setja nokkrar hömlur á vissa

vöruflokka, þó að það sé leiðinlegt — og það vil ég undirstrika — og erfitt verk. En ég endurtek: Ég sé ekki að komist verði hjá slíku svo að ráð verði höfð á þróun fjármála og stöðu heildarríkisbúskaparins. Margar þjóðir, sem eru eins og við hlynntar frjálsum viðskiptum og frjálsri verslun, hafa orðið að grípa til þess að hamla á móti taumlausum innflutningi og frjálsu fjármagni út úr landinu í gegnum innflutning. Þetta eru í flestum tilfellum tímabundnar reglur og tímabundnar aðgerðir og gerðar til þess að koma á jafnvægi. Það, sem við höfum gert til þess að halda við frjálsum innflutningi, er að taka óhemjumikil erlend neyslulán og fleyta okkur þannig yfir lægðina í trausti þess að vel ári innan tíðar og útflutningsafurðir okkar geti greitt úr vandræðum fyrr eða síðar.

Reynslan sýnir að erfitt er að hamla á móti áhrifum skyndilegra verðhækkana á erlendum markaði á afurðum okkar, og mér virðist að slíkt eigi sér stað enn einu sinni. Ég fullyrði að enginn var harðari hér á hv. Alþ. um áramótin 1973 og 1974, þegar allir sáu hinn mikla gróða í óveiddri loðnu, óseldum loðnuafurðum, en ég að vara við þessu háttalagi. Þá hjálpaði núv. hæstv. forsrh. þáverandi ríkisstj. og viðskrh. í því efni að færa til í þjóðfélaginu gífurlegar álögur á milli aðila, og að mínu mati náði það ekki nokkurri átt. Miklu skynsamlegra, eins og reynslan hefur sýnt, var að fara gætilega og eiga nokkuð í handraðanum ef illa tækist til síðar á árinu eða næstu árum. Þá hefði krónan okkar ekki verið skráð það sem hún er skráð í dag. Það hefði verið stöðugra gengi. Því miður reyndist þetta svo.

Reynslan ætti að kenna okkur nokkuð frá liðnum árum. Við verðum að muna að verðlag á erlendum markaði á afurðum okkar sveiflast mjög mikið, kann skyndilega að rísa mjög hátt vegna óvæntrar eftirspurnar, kann einnig að falla mjög ört vegna dvínandi eftirspurnar. Þar sem ríkisbúskapur okkar er svo háður erlendum viðskiptum verður að vera fyrir hendi það þrek að hamla á móti þessum áhrifum með aðgerðum í fjármálum þjóðarinnar, en það hefur ekki verið fyrir hendi í 3—4 ár undanfarið.

Þetta frv. til fjárl. fyrir árið 1977 ber þess að mínu mati alls ekki vott að menn hafi lært af reynslunni. Þvert á móti er hækkunin á milli ára í fullu samræmi við verðþensluna innanlands. Mun því verða mjög erfitt, nema gagnger breyting eigi sér stað, að draga úr verðbólgunni sem allir viðurkenna að er höfuðvandi og höfuðóvinur hins almenna borgara í þessu þjóðfélagi. Má ég nefna dæmi um hvernig verðbólgan fer með sparifé manna? Mér er kunnugt um að tvær roskna konur lögðu hvor sína milljónina til hliðar, önnur inn á sparibók í viðskiptabanka, hin keypti ríkisskuldabréf. Að nokkrum árum liðnum kemur í ljós að sú, er lagði fjármagn inn í sparibók sína og veitti þar með atvinnulífinu rekstrarfé, hefur tapað meira en helmingi á móti þeirri er keypti ríkisskuldabréfin. Þetta er óþolandi, þar sem sú, er fer halloka, hefur veitt atvinnulífinu nauðsynlegt rekstrarfé og margir á því sviði hafa órugglega haft hag af í gegnum verðbólguþróunina. Hins vegar hefur konan, sem keypti ríkisskuldabréfin, veitt ríkisvaldinu fjármagn til ráðstöfunar, til uppbyggingar, segjum skóla, segjum í samgöngukerfið eða raforkuframkvæmdir sem auðvitað er allt nauðsynlegt. En á að refsa þeirri, er veitti atvinnulífinu eðlilegt rekstrarfé, þannig, að hún standi nú yfir 100% verr að vígi eftir ákveðið árabil fyrir það að veita atvinnulífinu eðlilegt rekstarfjármagn og veita viðskiptabanka ráðstöfunarrétt á sparifé sínu? Slíku mótmæli ég. Slíkt er óhugsandi. Þessu verður að breyta, og sá sparnaður, sem á sér stað í þjóðfélaginu, verður að njóta viðurkenningar hvar sem hann á sér stað. Annars næst ekki jafnvægi.

Ég vil einnig minna á að nýverið kom ný króna í umferð, ný mynt. Hún er svo ömurleg útlits og svo létt í hendi að mér er kunnugt um að menn bókstaflega vilja ekki taka við henni sem skiptimynt, og þetta undirstrikar enn einu sinni þá staðreynd, hversu krónan er orðin ömurlega smá og lítils virt. Ég tel eitt af þeim atriðum, sem grípa verður til svo að skapa megi aukna trú á gildi krónunnar, að strika út núll aftan af og koma með nýja þunga krónu. Frumskilyrði fyrir jafnvægi í efnahagsbúskap okkar er að menn virði þann gjaldmiðil, sem notaður er í landinu, svo mikils að rétt sé að ráðstafa honum til eðlilegrar neyslu og afgangi til sparnaðar í banka. Fjármálastjórn landsins ber með Alþ. í farabroddi að stuðla að þessari þróun og þessari viðurkenningu á sómasamlegu líferni og eðlilegum sparnaði. Það er óverjandi að láta það viðgangast ár eftir ár að menn hugsi sem svo, að það eina rétta sé að eyða, eyða og eyða aflafé sínu umsvifalaust, ella brenni það upp og verði að engu. Þótt sparifé landsmanna sé um 40 milljarðar, má segja að sumum finnist það ekki ýkjastór upphæð. Það er það í raun, mikil upphæð og sýnir vilja margra manna til þess að fara vel með fé sitt og gefa bönkunum og atvinnulífinu færi á því að nota það rétt. En á móti hlýtur sá hópur, sem á þetta sparifé, að gera þá kröfu að aðhald ríki í fjármálastjórn, jafnt ríkisbúskap sem öðru.

Ég hef nú talað almennt um fjármálastjórn hér á undan og staðhæft að um lítið aðhald hafi þar verið að ræða.

Um einstaka þætti frv. mætti fjalla í löngu máli, en ég sleppi því í þetta sinn, sérstaklega þar eð síðasti ræðumaður kom mjög ítarlega inn á hreyfingu á ýmsum liðum á milli ára. Ég mun bíða og sjá hverju fram vindur um frv. í meðförum Alþingis. Þó vil ég minna hér á þrjú atriði.

1. Útflutningsuppbætur eru áætlaðar um 1800 millj. kr. Hér verður um nær tvöföldun til hækkunar að ræða. Ég spyr: Er þetta hægt? Getur þetta verið réttlætanlegt? Er kerfið hafið yfir alla gagnrýni? Öllu þessu svara ég neitandi. Hér er á ferðinni svo mikill vandi að ekki er lengur unnt að skjóta sér undan honum og finna aðra sanngjarna lausn á. Ég vænti þess að hv. þm. sjái sóma sinn í því að koma með úrbætur í þessu efni. Tíð viðmiðunar má benda á að öll síldveiði í ár hér við land, sem menn hafa svo mjög fagnað yfir að gefi okkur mikið, gerir aðeins meira en að brúa þetta bil. Þó gæti svo farið, eins og segir í frv., að það stæði mjög á endum og uppbæturnar yrðu jafnvel yfir 2 milljarða. Verðmæti síldarinnar til erlendra kaup-

enda er talið um 2000 millj. kr. Margir minna nú á í ræðu og riti — og það hér á Alþ. — að bókun 6 og síldveiðar okkar í Norðursjó og einnig að sala á rækju og humri til EBE-landanna sé okkur gífurlega mikilvægt. En þetta allt samanlagt gerir samt mun minna en útflutningsuppbæturnar sem koma einkum á sauðfjárafurðir. Ég trúi varla öðru en þm. sjái að sífellt hærri krónutala úr ríkissjóði er ekki sú lausn sem vera á. Ég vænti þess að menn geti fjallað um þetta öfgalaust og fundið betri lausn en þetta kerfi.

2. Ég hef oft áður gagnrýnt meðferð áfengismála og sé að þar er haldið áfram á sömu braut: Meiri tekjur, meiri tekjur í gegnum vínið. Miklar tekjur koma upp, einnig stórmikil vandamál í sambandi við lögreglukostnað og fleira sem fylgir á eftir og ekki verður í krónum talið. Ég harma að þetta skuli halda hér áfram á rangri braut.

Í þriðja lagi vil ég minnast á að framlag til íþróttamála er enn þá langt undir sómasamlegu marki. Ég vil nú heita alveg sérstaklega á hæstv. fjmrh., sem hefur í mörg ár verið mikill unnandi íþrótta, að gera hér stórt átak, og þá minni ég einnig á að hæstv. menntmrh. flutti till. á sínum tíma um stóraukið átak í íþróttamálum skólanna. Hér verður ekki sæst á það lengur að svona fjárhæð fari til íþróttamála. Það er ekki hægt. Það verður að auka þessa tölu og spara þá á öðrum liðum. Það er ekki verjandi þegar við fáum fregnir af því að stór hópur unglinga hafi ekki aðstöðu og engin leikfimikennsla geti farið fram í mörgum skólum landsmanna, þá er ekki verjandi í fjárl., er nema yfir 84 milljarða, að ekki skuli vera komið til móts við þarfir þessara ungmenna í dag. Það er ekki verjandi. Ég nefni þennan eina þátt til hækkunar, og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. gefi tækifæri á því að meira framlag komi til íþróttamála í landinu.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa þessi orð miklu fleiri við þessa 1. umr. Ég leyfi mér þó að minna á þá staðreynd varðandi þau þrjú fjárlagafrv., er hæstv. fjmrh. hefur flutt, að niðurstöðutölur þeirra sýna um eða yfir 117% hækkun, en í raun mun verða á meiri breyting. Í fyrsta frv. var niðurstaðan 38.5 milljarðar, en nú sýnir þetta frv. 83.1 milljarð að niðurstöðu. Fái ráðh. að leggja fram hið fjórða frv., má vænta þess að hann fari yfir hið mikla mark 100 milljarða. Ég leyfi mér að minna hæstv. fjmrh. á fyrri hugmyndir um aðhald, er hann ásamt einum starfsbróður sínum í tíð vinstri stjórnarinnar setti fram þekkta kenningu, þakkenninguna svonefndu, og kom einnig með till. er þá námu um 4.6 milljörðum kr. til sparnaðar, er í dag mundi líklega nema 13—14—15 milljörðum kr. Þessar hugmyndir eru ekki gleymdar, og hann mætti dusta af þeim rykið.

Við umr. í des. á s. l. ári varðandi afgreiðslu fjárl. gerðum við það í Alþfl. að lesa upp svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Þingflokkur Alþfl. telur frv. það til fjárl., sem nú er til lokameðferðar hér á Alþ., bera glögga vott þess að ríkisstj. hefur ekki tekist að móta heilbrigða heildarstefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem dregið gæti verulega úr verðbólgunni, tryggt atvinnu, bætt lífskjör launafólks og lagt traustan grundvöll að öruggum rekstri atvinnuveganna. Þingflokkur Alþfl. telur auk þess, að þetta frv., sem stjórnarfl. virðast nú ætla að samþ., muni reynast pappírsgagn eitt, eins og fjárl. yfirstandandi árs reyndust."

Reynslan sýndi og ræða hæstv. fjmrh. áðan að við höfðum hér því miður rétt að mæla.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Nú liggja fyrir nákvæmari en áður niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs árið 1975, fyrsta árið sem núv. ríkisstj. bar ábyrgð á fjárl. Afkoman er afleit og verri en áður var vitað. Greiðsluafkoma reynist óhagstæð um 5 milljarða 774 millj. kr. Rekstrarhalli reyndist vera 7 milljarðar 533 millj. kr. Halli þessi nemur sem sagt sem næst sjöunda hluta heildartekna á árinu.

Í fjárlagaræðu sinni sagði hæstv. fjmrh. að þessi herfilega afkoma ætti fyrst og fremst rót sína að rekja til tveggja meginorsaka; annars vegar verðbólgunnar, sem geisað hefur, en hins vegar nefndi hann og ræddi upplýsingaskort um þróunina í fjármálum ríkisins eftir því sem fjárlagaárinu vatt fram. Það er alveg greinilegt á þessum tölum að eftirlit og aðhald hafa brugðist, og það verður að skrifast á reikning hæstv. ráðh., að hann skuli ekki hafa gert sér fyrr en varð grein fyrir þeim veilum í eftirlitskerfi með ríkisútgjöldum sem hann kveðst hafa varið kröftum sínum til að bæta úr.

Vonandi reynist afkoman á yfirstandandi ári, 1976, ekki jafnslæm hvað rekstrarafkomu snertir og 1975. En fjárl. ársins 1976 hafa í raun og veru þegar verið brotin upp eftir að frá þeim átti að vera gengið. Í maí s. l. vor voru þýðingarmiklir liðir þeirra teknir til endurskoðunar og breytinga að frumkvæði hæstv. ríkisstj. og fyrir atbeina hæstv. fjmrh. Við tekjuhlið var bætt 6 milljörðum 220 millj. kr. og við gjaldahlið 6 milljörðum 680 millj. Nú kemur í ljós í ræðu hæstv. ráðh. að enn hefur endurskoðun farið fram og gjaldhækkun bætist enn við sem nemur 2.5 milljörðum og tekjuhækkun áætluð enn 2 milljarðar og 400 millj.

Að sjálfsögðu eiga sér stað breytingar í árferði eins og hjá okkur ríkir og við fjármálaþróun eins og hér á sér stað — eðlilegar breytingar vegna breyttra launataxta og breytts verðlags á aðföngum. En ljóst er af aths., sem fylgja því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir, að einnig er um að ræða stórar veilur í sjálfu ríkiskerfinu sem leiða má rök að því að valdi óþarflega háum útgjöldum til mjög stórra fjárlagaliða, einmitt sumum þeim liðum sem mest hafa farið fram úr áætlun og þar sem brýn er þörf á breyttri skipan. Stærstur þessara liða er sjúkratryggingakostnaðurinn. Um hann er fjallað í aths. við fjárlagafrv. og segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Kostnaður af sjúkratryggingum hefur vaxið ört. Útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið jafnt og þétt, þótt afturkipps hafi gætt í framleiðslu og tekjum þjóðarinnar. Mikils er um vert, að þessi mikilvæga þjónustugrein lúti traustri og ábyrgri fjármálastjórn. Ríkisstj. hyggst koma breyttri skipan á fjármál og skiptingu kostnaðar af sjúkratryggingum sem hafi það meginmarkmið að samhæfa betur stjórnaraðild og fjárhagslega ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni í landinu. Í þessu frv. hefur verið stigið það skref, að áætl-

aður kostnaður af ríkisspítölunum verði færður í A-hluta fjárlaga, og er þá reiknað með því að ríkið kosti stofnanir þessar að öllu leyti. Hins vegar hefur í B-hluta verið reiknað með því að sveitarfélögin greiði hluta sinn af heildarkostnaði sjúkratrygginga skv. gildandi reglum og jafnframt verði 1 milljarður og 200 millj. kr. af kostnaðinum bornar af fjáröflun sem samsvari núverandi 1% sjúkratryggingagjaldi af útsvarsstofni. Í frv. er ekki tekin afstaða til þess, hvort þessi fjáröflun verði á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, enda hlýtur sú ákvörðun að bíða niðurstöðu viðræðna sem áformaðar eru um fjárhagslegt skipulag sjúkratrygginganna og skiptingu kostnaðar af þeim milli ríkis og sveitarfélaga. Þá virðist einnig brýnt í þessu sambandi að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í kostnaði af hinum ýmsu þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Áður en endanlega afgreiðsla fjárlagafrv. fer fram mun heilbr.- og trmrh. leggja fram till. um nauðsynlegar breytingar á tryggingalöggjöf sem tryggi fyrirhugaða nýskipan."

Svo mörg eru þau orð í aths. fjárlagafrv. Í þeim koma fram ýmsar mjög athyglisverðar upplýsingar. Ég get svo sannarlega tekið undir margt af því, t. d. að samhæfa þurfi betur stjórnaraðild og fjárhagslega ábyrgð í heilbrigðisþjónustunni. Á þetta var rækilega bent í tillöguflutningi tveggja lækna úr þingliði stjórnarfl. á síðasta þingi. Þörfin á úrbótum á þessu sviði hefur því verið ljós um alllangt skeið. Enn er málum svo háttað að bíða verður — til þess að gera hér fyrstu úrbætur annars vegar niðurstöðu af viðræðunum um skiptingu gjalda milli ríkis og sveitarfélaga og hins vegar flutnings heilbrrh. á frv. um breytta tryggingalöggjöf. Þetta er síður en svo einsdæmi um mjög þýðingarmikla liði í þessu fjárlagafrv. og sýnir að í rauninni er það á þýðingarmiklum sviðum ekki nema hálfkarað, þar er ekki gengið svo frá málum að einu sinni geti enst næsta fjárlagaár, hvað þá til lengri frambúðar.

Annað dæmi af þessu tagi eru útflutningsuppbæturnar. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga, fyrir þetta ár, var uppi ásetningur um að breyta fyrirkomulagi þeirra. En þetta hefur dregist og dregst enn, og enn eru tölur um framlög til útflutningsuppbótanna settar í fjárlagafrv. með fyrirvara í aths. að þær séu miðaðar við að þessar breyt., sem áttu að koma fyrir yfirstandandi fjárlagaár, en komu ekki, eigi nú að koma áður en næsta fjárlagaár hefst. Og enn langar mig — með leyfi hæstv. forseta — að vitna lítillega í aths. með fjárlagafrv. Þar segir um þessar uppbætur:

„Þessar uppbætur hækka mjög verulega eða um 910 millj. kr., sem er rösklega tvöföldun. Ástæðan er sú, að aðgerðir til að draga úr greiðslum skv. þessu uppbótakerfi sem stefnt var að á árinu og fjárlagaáætlun 1976 miðaðist við, hafa ekki enn þá náð fram að ganga. Þær 1800 millj. kr., sem hér eru áætlaðar, nema um 80% af hámarksverðábyrgð ríkissjóðs á árinu."

Og enn — með leyfi hæstv. forseta — segir um sama efni á öðrum stað í þessum aths.:

„Áætlun um þessar uppbætur er 1800 millj. kr., sem er 910 millj. kr. hækkun frá fjárl. 1976. Ljóst var við afgreiðslu fjárlaganna að sú fjárhæð mundi ekki nægja að óbreyttum lögum og reglum, og var ætlunin að endurskoðun færi fram á uppbótakerfinu á árinu. Sú endurskoðun hefur hins vegar ekki farið fram við gerð þessa fjárlagafrv. og er því óleystur vandi af þessum sökum á árinu 1976. Miðað við fullnýtingu verðábyrgðar á árinu 1977 má ætla að 2200 millj. kr. þyrfti að greiða úr ríkissjóði á því ári. Eru útflutningsuppbætur þannig áætlaðar 400 millj. kr. lægri en nemur fullri nýtingu 10% verðábyrgðarinnar á árinu 1977, en stefnt er að endurskoðun á uppbótakerfinu og á þeirri forsendu er áætlunin gerð."

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, er lagaákvæði um útflutningsuppbæturnar að finna í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Þau lög hafa lengi verið í endurskoðun sem hefur dregist von úr viti, og er vonandi a. m. k. að endurskoðun þessa ákvæðis geti átt sér stað það fljótt að traustari grunnur komist undir áætlanir fjárlaga í þessu efni heldur en verið hefur nú tvö ár í röð a. m. k. Þörfin á slíkri endurskoðun er enn brýnni þegar haft er í huga annað sem segir í aths. við fjárlagafrv., sem sé að breyting á þessum lagaákvæðum sé forsenda þess að við útflutning á landbúnaðarafurðum séu nýttir þeir markaðir sem hagstæðastir eru á hverjum tíma, og hlýtur slíkt að teljast afar þýðingarmikið atriði.

Í þriðja fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. er gert ráð fyrir hækkun frá gildandi fjárl. úr 59 milljörðum kr. í rúma 83 milljarða eða nánar tiltekið 41.2%. Fram kemur að meðaltalsverðlagshækkun milli þessara ára er sögð í forsendum frv. 33% og taxtahækkun launa 37.7%. Það er því ljóst að heildarhækkunin er 8.2% meiri en verðlagsbreytingarnar skammta. Það er því mjög ofsagt hjá hæstv. fjmrh. að þess sé gætt að halda gjaldaaukningu innan marka líklegrar aukningar þjóðarframleiðslu á næsta ári, en sú aukning er talin geta orðið milli 1 og 2%. Það er einnig ljóst og er viðurkennt í ræðu hæstv. ráðh. og aths. með fjárlagafrv. hans, að dregið er úr opinberum framkvæmdum og á sumum sviðum standa þær í stað. Útgjaldaaukningin, sem er greinilega mun meiri en fyrirsjáanleg kostnaðarhækkun, er því á rekstrarliðum ríkiskerfisins.

Til þess að koma nú saman fjárl. hefur ríkisstj. orðið að leggja til að framlengt verði 18% vörugjaldið. Það var viðurkennt, þegar þetta gjald var á lagt í upphafi, að það væri tekjustofn af því tagi að hann gæti aðeins átt rétt á sér til bráðabirgða. Skv. þessu var við afgreiðslu síðustu fjárl. stefnt að því að lækka vörugjaldið og láta það fjara út. En þegar fjárl. voru brotin upp í maí var það í staðinn hækkað í 18% og nú er ætlunin að framlengja svo hátt vörugjald út árið 1977. Slík ráðabreytni er varhugaverð, svo ekki sé meira sagt, að hafa svo óheppilegt gjald til langframa. Gjaldheimta þessi nemur 5.5 milljörðum kr. skv. áætlun um næsta ár. Þetta er verðbólguaukandi gjald, og sjálfur hæstv. fjmrh. viðurkenndi í ræðu sinni að það væri óheppilegur gjaldstofn. Þar tæpti hann á punktsköttum svokölluðum í staðinn, en ekkert kom fram í ræðu hans, svo ég yrði var við, um raunhæfan undirbúning að því að aflétta þessari óheppilegu gjaldheimtu.

Eins og ég vék að áður, er það áberandi hve þess gætir að þýðingarmikil atriði fjárlagafrv. fyrir árið 1977 eru í rauninni ákaflega óákveðin og fljótandi. Það eru boðuð frv. um þýðingarmikla málaflokka sem áhrif hafa á fjárlagagerð, og frá þessum málum verður því að ganga áður en endanleg fjárlagaafgreiðsla getur átt sér stað. Af slíkum málum vil ég nefna tollskrá, tryggingalög vegna sjúkratrygginga, breyttar reglur um ríkisábyrgðir, ákvæði framleiðsluráðslaga um útflutningsuppbætur og síðast en ekki síst skattalögin.

Ríkisstj. verður að reka trippin betur en hingað til ef hún ætlar að koma öllum þessum málum og fjárlagafrv. af fyrir þinghlé. Breytingin, sem hæstv. *ríkisstj. hefur boðað á skattalögum*, er tvímælalaust þýðingarmest af þessum málum sem eiga að fylgja fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. hefur nú boðað skattalagabreytingar og endurskoðun skattalaga tvívegis. Nú bólar loks á því barni, og vonandi verður kollhríðin ekki löng. Ég tel augljóst að breytingar þær, sem hæstv. ráðh. tæpti á, séu á þeim atriðum skattalaga sem mest standa til bóta, en best er að geyma frekari umsögn uns frv. liggur fyrir. En það tel ég að öllum *megi* vera ljóst, að ef ekki verður gerður rækilegur uppskurður á skattakerfinu á þessu þingi vofir yfir sprenging á því sviði.

Þess verður að krefjast af hæstv. fjmrh. og öðrum hæstv. ráðh., sem hlut eiga að máli, að ekki verði dráttur úr þessu á því að frv., sem eiga að ganga fyrir fjárl. í afgreiðslu, sjái dagsins ljós. *Hingað til hefur aðeins eitt slíkt frv.*, frv. hæstv. dómsmrh. um rannsóknarlögreglu ríkisins og fylgifrv. þess, komið fyrir þingið. Verði úr þessu dráttur á því að hin frv., sem fjmrh. hefur boðað fyrir ríkisstj. hönd, verði lögð fram, er stefnt beint í málaflækju og óviðunandi vinnubrögð á þessu þingi. Ég skora því á hæstv. ráðh. og ríkisstj. að sjá svo um að mál þessi komi sem fyrst til meðferðar Alþingis.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð að loknum kosningum árið 1974 var ekki hægt að segja að sérstök ánægja eða hrifning réði ríkjum, hvorki innan stjórnarfl. sjálfra né hjá almenningi. Aðdragandi þessarar stjórnarmyndunar var harla óvenjulegur og óhætt að segja að foreldrarnir, Sjálfstfl. *og Framsfl., hafi komið* með þá reynslu hvor af öðrum út úr tilhugalífinu að þeir hafi aldrei getað fyllilega fyrirgefið hvor öðrum að króginn skyldi hafa orðið til. Hjónabönd við slíkar aðstæður eru að vísu ekki með öllu dæmalaus, en reynslan mun hafa sýnt að þau endast ekki ýkja lengi og þá hvað síst þegar afkvæmið, sem á að halda hjónunum *saman*, er ekki *lánlegra* en afkvæmi sambúðar Sjálfstfl. og Framsfl., hæstv. ríkisstjórn, enda mun sú vera raunin á að misklíðin á stjórnarheimilinu hafi aukist fremur en hitt þau þrjú ár sem stjórnarfl. hafa byggt eina sæng.

Það eina, sem enn heldur þessari hæstv. ríkisstj. saman, er að í þessum tveimur flokkum er að finna íhaldsöflin sem til eru með þessari þjóð, og þegar þau ná höndum saman í einni ríkisstj. er eins og þau magni hvort annað upp og kefji þær frjálslyndisraddir sem ella gætir í flokkum þessum báðum og geta á stundum notið sín í samvinnu frjálslynda og víðsýna stjórnmálaflokka. Þessi íhaldsöfl í stjórnarfl. báðum hafa gripið höndum saman, og á því handtaki og því handtaki einu hangir hæstv. ríkisstj. enn við völd.

Flestum þeim, sem enn muna samstjórn þessara flokka á sjötta áratugnum, var ljós þessi hætta. Reynslan hefur sýnt, að samstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl. eru verstu ríkisstj. sem dæmi eru um á Íslandi, og vissulega var ástæða til að óttast að sú reynsla mundi endurtaka sig, enda hefur sú orðið raunin á. Núv. ríkisstj. er að þessu leyti til enginn eftirbátur fyrrv. samstjórna Sjálfstfl. og Framsfl., og þessa staðreynd hafa frjálslyndari menn í flokkunum báðum *löngu gert sér ljósa, eins og t. d. má marka af* skrifum fjölmargra manna í blöð, sem talin eru stuðningsblöð hæstv. ríkisstj. Þessara sjónarmiða er meira að segja farið að gæta í leiðaraskrifum þessara blaða.

En hæstv. ríkisstj. hefur ekki aðeins reynst vera vond stjórn í þessum skilningi, þ. e. a. s. íhaldssöm stjórn. Hún hefur einnig reynst vond stjórn í þeim skilningi að hún hefur stjórnað illa. Auðvitað eru margar skilgreiningar til á orðinu íhaldssamur. Þeir, sem leggja jákvæðan skilning í það orð, viðurkenna að vísu að ekki sé mikilla framkvæmda eða félagslegra umsvifa að vænta af íhaldsstjórn, slík stjórn sé ekki líkleg til að hafa mikil afskipti af atvinnumálum, félagsmálum og öðrum slíkum málaflokkum, en hins vegar megi vænta þess, að hún haldi styrkum höndum á fjármálastjórn, sé í þeim efnum varfærin, aðsjál og stjórnsöm. Eftir að fjármálastjórn ríkisstj. Framsfl. og Alþb. og SF hafði gersamlega gengið fram af þjóðinni í óráðsíu voru landsmenn sem í örvæntingu sinni sneru sér til Sjálfstfl. og hugsuðu sem svo, að þótt ekki mætti búast við, að hann hefði forustu um *mikil umsvif eða umbætur í félags- og atvinnumálum*, mætti þó e. t. v. vænta þess að umskipti gætu orðið í stjórnun fjármála þjóðarbúsins undir hans forustu og að þar yrði beitt nauðsynlegu aðhaldi og æskilegri forsjálni. En þeir landsmenn, sem þannig hafa hugsað, hafa orðið fyrir geipilegum vonbrigðum. Ef nokkuð er, þá hefur stjórn fjármála þjóðarinnar farið núv. hæstv. ríkisstj. enn verr úr hendi en þeirri fyrri. Aldrei hefur meira ábyrgðarleysi eða meira stjórnleysi ríkt í þeim málum en einmitt nú. Þetta birtist á mörgum sviðum sem endalaust er hægt upp að telja, en ekki hvað síst í fjárlagaafgreiðslu ríkisstj. frá upphafi — og svo er enn.

Sjálfstæðismenn og stuðningsmenn þess flokks hafa sjálfsagt margir átt von á því að fjárlagagerð vinstri stjórnarinnar rangnefndu, samstjórnar Framsfl., Alþb. og SF, yrði nokkurs konar eilíf viðmiðun um ranga fjármálastjórn, nokkurs konar mælikvarði sem hægt yrði að vega og meta gerðir annarrar ríkisstj. eftir. En hvernig dæmist núv. ríkisstj. ef hún yrði dæmd eftir þeim mælikvarða sem flestir voru sammála um í síðustu kosningum að væri sá mælikvarði sem sennilega yrði aldrei sleginn út? Við skulum líta á nokkur dæmi þar um.

Aldrei hefur orðið meiri hækkun á útgjöldum fjárlaga milli ára en nú er stefnt að. Það er

ráðgerð yfir 40% hækkun á útgjöldum fjárl. frá fyrra ári og eru þó ekki öll kurl til grafar komin því enn vantar að taka tillit til útgjaldahækkana sem fyrirsjáanlega verða í meðförum Alþ. Ríkisstj. Framsfl., Alþb. og SF., sem mikið var átalin, m. a. af forustumönnum Sjálfstfl., fyrir ráðleysi í fjármálum, lagði á þriggja ára ferli sínum fram þrjú fjárlagafrv., árin 1972, 1973 og 1974. Í þessu fyrsta frv., sem lagt var fram af þessari ríkisstj. fyrir árið 1972, var niðurstaða gjalda ríkissjóðs 14 milljarðar kr., í því síðasta 27 milljarðar. Hækkunin í fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar sálugu á þremur árum nam því 13 milljörðum eða innan við 100%. Núv. ríkisstj. hefur einnig lagt fram þrjú fjárlagafrv., 1975, 1976 og nú 1977. Á þessum þremur árum hafa útgjöld ríkissjóðs, ef miðað er við tölur í núverandi fjárlagafrv., hækkað um 60 000 millj. kr. Krónutöluhækkun þriggja fjárlagafrv. núv. ríkisstj. er yfir 350% meiri en á þremur árum þeirrar fyrrv. Hér er að vísu miðað við krónutölu eina, og kynni einhver að halda því fram að skýringin á þessu sé sú metverðbólga sem gengið hefur yfir á þessu tímabili. Sú verðbólga hefur reynst vera meiri en dæmi eru til um, mun meiri en verðbólga var hér í landi á árum tveggja heimsstyrjalda þegar allar aðflutningsleiðir til landsins voru lokaðar.

Þarna er verðbólgan jafnvel fremur afleiðing en orsök. Stjórnleysið í fjármálum og efnahagsmálum í tíð þessarar hæstv. ríkisstj, sem nú situr, hefur verið einn meginverðbólguvaldurinn. Skuldasafnanirnar innanlands hjá Seðlabanka og almenningi hafa náð nýjum metupphæðum, eins og sjást má af því, að nú 30. sept. nam skuld ríkissjóðs við Seðlabankann skv. tölum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar 12 774 millj. kr. eða um 480 þús. kr. á hvern framteljanda í landinu, og eru það engir smámunir. Þá hafa skuldasafnanirnar utanlands ekki verið minni, til þess m. a. að standa undir framkvæmdum eins og þeim sem nú eru unnar við Kröflu og almenningur þekkir dæmi um.

Reynslan hefur orðið sú, að í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. og raunar þeirrar fyrrv. hefur orðið um meiri verðbólguvöxt að ræða á Íslandi heldur en fyrir tilverknað tveggja heimsstyrjalda. En jafnvel þessar framkvæmdir, þessar lántökur sem ég hef vikið að hér, eru ekki nægileg skýring á því hvernig farið hefur. Eftir miklar yfirlýsingar Sjálfstfl. og flokksforustumanna hans, meðan sá flokkur sat í stjórnarandstöðu fyrir nokkrum árum, um óráðsíu í almennum rekstrarútgjöldum ríkisins, þ. e. a. s. um almenna eyðslu sem ekkert skildi eftir sig, mætti ætla að undir forustu hans yrði gerð gangskör að því að draga úr almennri eyðslu hins opinbera. Margir hafa sjálfsagt vænst þess, sem greiddu flokknum atkv. í síðustu kosningum, að það yrði gert. En nú ber svo við að skv. aths. þessa frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir því að önnur rekstrargjöld ríkissjóðs en laun hækki frá fyrra ári um hvorki meira né minna en 58.2%, á sama tíma og hækkun til hreinna ríkisframkvæmda er 18.9%, en hækkun framkvæmdaframlaga almennt um 32%. Hvaða vísbendingu gefur þetta um þá jákvæðu íhaldssemi sem margir kjósendur Sjálfstfl. í síðustu kosningum voru að vonast eftir þegar þeir greiddu flokknum atkv.? Ótal afsakanir koma að sjálfsögðu fram til þess að reyna að fela þessar staðreyndir. En hver stefnan hefur verið þegar litið er til stjórnaráranna þriggja dylst samt ekki.

Við skulum enn vega þessi þrjú ár á mælikvarða hinnar rangnefndu vinstri stjórnar. Sú ríkisstj. lagði sitt síðasta fjárlagafrv. fram á Alþ. haustið 1973, frv. til fjárlaga fyrir árið 1974. Skv. þessu síðasta fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar, þegar efnahagsstefna hennar var u. þ. b. að bíða gjaldþrot, nam almennur rekstrarkostnaður ríkisins, þ. e. a. s. kaup ríkisins á vörum og þjónustu, 8.2 milljörðum af 27 milljarða heildartekjum eða um 30% heildartekna. Í því fjárlagafrv., sem nú er til umr., nemur þessi almenni rekstrarkostnaður ríkisins 32.2 milljörðum af um 84 milljarða ríkistekjum eða um 38% heildartekna ríkissjóðs. Á starfstímabili núv. ríkisstj. hafa almenn rekstrarútgjöld ríkisins því vaxið úr 30% ríkistekna í 38% ríkistekna, en það var einmitt í þessum þætti ríkisfjármálanna, almennum kostnaði við ríkisrekstrinn, sem margir töldu að einmitt íhaldssöm ríkisstj. mundi koma sparnaði við. En það hefur sannarlega ekki orðið. Þvert á móti hefur hlutfall almennra rekstrarútgjalda ríkissjóðs af ríkissjóðstekjum aukist á þessum þremur árum, starfstímabili núv. hæstv. ríkisstj., um hvorki meira né minna en fjórðung af því sem þetta hlutfall var í síðasta fjárlagafrv. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar.

Þetta er ekki íhaldsstjórn. Þetta er óstjórn og óstjórnin blasir hvarvetna við. Tvívegis hefur núv. þingmeirihl. afgr. fjárl., bæði skiptin með þeim eindæmum að ríkisstj. sjálf neyddist til þess í fyrra skiptið að gefa út yfirlýsingu, fáum vikum eftir að afgreiðslu hinna nýsamþykktu fjárl. lauk, um að það þessi afgreiðsla væri dauð og ómerk. Það stóð ekki steinn yfir steini af nýsamþykktum fjárl., hvorki í fyrra né hitteðfyrra, aðeins örfáum vikum eftir að samþykkt þeirra var lokið hér á hinu háa Alþ. Í fyrra skiptið, veturinn 1975, voru hin nýsamþykktu fjárl. rifin upp og ýmsar framkvæmdir ráðnar í framhaldi af því, jafnvel án vitundar fjvn. og þar með væntanlega í heimildarleysi. Og í fyrra var enn sama uppi á teningnum, því nauðsynlegt þótti þá að hræra í nýsamþykktum fjárl., fyrst á þinginu sjálfu, eins og með samþykkt laga frá því í maí í vor um hækkun vörugjaldsins og jafnvel fram eftir sumri með brbl. til þess að leiðrétta misfellur á skattkerfi, einum megintekjustofni fjárl. Og enn á að fara eins að. Þetta fjárlagafrv. er í rauninni dæmt til þess að vera jafnómerkt í upphafi og hin fyrri voru.

Raunar er ekki hægt að tala um þetta frv. á einn eða annan veg. Það er ekki hægt að taka það alvarlega, eins og það blasir við nú, því svo mikið vantar enn af upplýsingum sem þar ættu að vera. T. d. hafa verið boðuð, m. a. í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, ný skattalög sem að sjálfsögðu eru undirstaða a. m. k. mikils tekjuöflunarþáttar fjárl. Þessi skattalög hefur enginn séð, og fyrr en þm. hafa séð þau skattalög er að sjálfsögðu vart unnt að afgr. fjárl. eða fjalla um þau endanlega. Þó er vitað að hæstv. ríkisstj.

stefnir að hækkun skattbyrðar, t. d. með því að framlengja 18% vörugjaldið út allt næsta ár, en sú prósentuupphæð í vörugjaldi var ekki tekin nema hluta yfirstandandi árs. Þessi stefna er í fullu samræmi við þá staðreynd, að á undanförnum árum hefur ríkisstj. smátt og smátt verið að auka skattbyrðina, eins og sést af því, sem raunar kemur fram í aths. fjárlagafrv., að hún hefur verið hækkuð úr 15.3% árið 1975 í 16.9% nú.

Þá er einnig gert ráð fyrir að endurskoðaðir séu ýmsir aðrir mikilvægir þættir frv., t. d. varðandi félagsmál þar sem eru sjúkratryggingar. Þar á að setja nýjar reglur um kostnað og kostnaðarskiptingu, en ekkert er vitað um það mikilvæga atriði enn.

Þá hefur hæstv. ríkisstj. enn fremur skipað n. til þess að fjalla um meginvanda efnahagsmálanna í landinu og þá um leið meginvanda sem við er að etja við gerð fjárl. hverju sinni, en það er verðbólguþróun, og að leita möguleika til að spyrna við fótum þar. Það er ekki ætlunin að þessi n. skili áliti, að mér skilst, fyrr en í febrúar. Hvernig á að vera hægt að afgr. einn meginþátt efnahagsmála hvers árs, fjárl. sjálf, ef jafnmikilvæg niðurstaða eins og n. er væntanlega ætlað að komast að liggur ekki fyrir fyrr en 2—3 mánuðum eftir að fjárl. hafa verið afgr.? Er þarna raunverulega ekki verið að boða að þau fjárl., sem á að afgr. í desembermánuði í ár væntanlega, séu raunar frá upphafi ómerk og það sé ekki gert ráð fyrir því af hæstv. ríkisstj. að slík fjárlagaafgreiðsla geti lagt grundvöllinn að fjárhagsbúskap ríkissjóðs á næsta ári? Er ekki raunar með þessu verið að boða það, að það hljóti að gerast á þessu ári eða öllu heldur á árinu 1977, eins og gerst hefur á þessu ári og árinu í fyrra, að nokkrum vikum, kannske örfáum mánuðum eftir að afgreiðslu fjárlaga er lokið, þá verði þau tekin upp til nýrrar endurskoðunar og allt ónýtt sem áður hefur verið gert?

Það er hægt að halda lengi áfram upptalningunni um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur raunar gefist upp við þau meginverkefni sem við henni blasa. En við skulum láta nægja að taka eitt dæmi til viðbótar, — dæmi sem minnst hefur verið á hér í umr. áður.

Við afgreiðslu síðustu fjárl. fyrir ári, var þess getið að til stæði að breyta ákvæðum laga um uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Sú endurskoðun laganna átti að fara fram að tilhlutan ríkisstj. á yfirstandandi ári. Í samræmi við það var ákveðið í fjárl. yfirstandandi árs að 890 millj. kr. gengju til greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Með þessu viðurkenndu stjórnarfl. báðir í raun, að þetta útflutningsuppbótakerfi væri komið út í algjörar ógöngur, og lýstu því beinlínis yfir að nauðsynlegt væri og að þeir mundu hafa frumkvæði að því að þetta kerfi yrði tekið til endurskoðunar og væntanlega gert ódýrara. Vissulega er hér um talsvert stórt vandamál að ræða, að breyta reglum, um þessa framkvæmd. En það er með þetta vandamál eins og flest önnur, að hæstv. ríkisstj. hreinlega gafst upp. Niðurstaðan er sú, að fjárveitingar, sem ráð var fyrir gert í fjárl. yfirstandandi árs, eru hvergi nærri nægjanlegar til þess að standa undir þeim skyldum sem ríkissjóður lögum samkv. verður að standa undir hvað varðar greiðslu útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir. Í aths. fjárlagafrv. kemur fram að horfur séu á því, að sú fjárhæð, sem verja þarf til útflutningsuppbóta á yfirstandandi ári, muni nema 1550 millj. kr. Vantar því hvorki meira né minna en 660 millj. kr. til viðbótar við þær 890, sem ætlaðar voru til þessara þarfa í fjárl. yfirstandandi árs. Gagnvart þeim óleysta vanda stöndum við nú, og sá vandi hefur skapast aðeins vegna þess að ríkisstj. stóð ekki við það fyrirheit um endurskoðun reglna um greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir sem hún í raun gaf í fyrra. Einnig gagnvart þessu vandamáli gafst hún upp. Að því er mér skilst er ráð fyrir því gert í fjárlagafrv. því, sem hér er til umr., að mál þetta verði leyst með þeim hætti að ríkisstj. verði gert að greiða til viðbótar við þær 890 millj. kr., sem fjárl. yfirstandandi árs heimiluðu í útflutningsuppbætur, 500 millj. af þeim 660 sem eftir standa. Bætist sá fjárhagsvandi ofan á það að reiknað er með í frv. að útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir þurfi að nema 2200 millj. kr. á næsta ári að óbreyttum reglum. Fjárlagafrv. gerir hins vegar ráð fyrir því að sá vandi verði ekki allur leystur, að aðeins 1800 millj. kr. af þessum 2200 verði varið til þessara þarfa, og er þá enn sem fyrr heitið endurskoðun — þeirri endurskoðun sem ríkisstj. lofaði í fyrra, en heyktist á.

Þegar saman eru lagðar þær ógreiddu eftirstöðvar útflutningsuppbóta frá yfirstandandi ári, sem ég rakti hér áðan, svo og þær fjárhæðir sem verja þarf til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir á næsta ári, þarf að verja úr ríkissjóði á árinu 1977 til þess að greiða bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir upphæð sem er á bilinu frá 2300 millj. kr. minnst til 2700 millj. kr. mest. Þetta samsvarar um 500 þús. kr. á hvern framleiðanda landbúnaðarvöru og nemur upphæð sem samsvarar því hvað hærri tölur varðar, 2700 millj. kr., að allar samanlagðar tekjur ríkisins af persónusköttum gengju til þessara þarfa einna, og hvað lægri töluna, 2300 millj. kr., varðar að allar tekjur ríkissjóðs af innflutningsgjaldi af bensíni að viðbættu gúmmígjaldi færu rakleiðis í að greiða niður útfluttar landbúnaðarafurðir. Þetta eru engir smávægis fjármunir sem hlyti að vera hægt að verja með öðrum betri og varanlegri hætti til eflingar landbúnaði, framleiðniaukningu í þeirri atvinnugrein, og þar með til að skapa þeim, sem landbúnað stunda, varanlegar kjarabætur.

Nauðsyn þessa er fyrir margt löngu orðin ljós, jafnvel hæstv. ríkisstj. En í þessu máli fer henni eins og flestum öðrum, hún ýtir vandanum frá sér.

Það má rétt til gamans, til þess að gefa nokkra mynd af því, hvernig komið er, vitna í nokkrar tölur frá Hagstofu Íslands um það hvað við fáum í raun og veru fyrir þann útflutning á þessu sviði sem við höfum ráðist í að undanförnu, hvað verð þeirra landbúnaðarafurða, sem við seljum úr landi og útlendingar greiða, er mikill hluti af því sem þarf að greiða, þ. e. a. s. mikill hluti af því sem innanlandsverðið er. Fyrir útflutt dilkakjöt fáum við 47.3% af því verði sem ríkir innanlands. Fyrir útflutt

ærkjöt fáum við 29% af því verði sem við þurfum að greiða innanlands. Fyrir útflutning á lifur, hjörtum og nýrum fáum við 25.7% af því verði sem þarf fyrir þessa afurð að fást hér innanlands. Fyrir útflutt svið, tólg, mör o. s. frv. fáum við 40.8% af því verði, sem þarf að fást hér innanlands. Fyrir útflutta ull fáum við 57.5% af því verði sem þarf að fást hér innanlands. Fyrir útflutt kálfa- og kýrkjöt fáum við 25% af því verði sem verður að greiða hér innanlands. Fyrir útfluttan ost fáum við 33.3% af því verði sem þarf að greiða innanlands. Fyrir útflutt ostaefni fáum við 32.2% af því verði sem þarf að greiða innanlands. Fyrir útflutt undanrennuduft fáum við 25.1% af því verði sem þarf að greiðast innanlands. M. ö. o.: íslenskir skattborgarar verða fyrir þessar afurðir að greiða frá 75% og niður í helming af því verði sem fyrir þær þarf að fást.

Ég vek athygli á því, að í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan komu fram ýmsar athyglisverðar hugmyndir um hvernig ætti að breyta þessu kerfi útflutningsuppbóta. Ég tel að þær hugmyndir séu mjög skynsamlegar að verulegu leyti. En ég er jafnsannfærður um að þessar hugmyndir lágu fyrir fyrir einu ári, og að þær skuli ekki hafa verið framkvæmdar sýnir að um þetta má segja eins og um svo fjölmargt annað: Það virðist ríkja um þetta samstaða í ríkisstj., og fremur en að reyna að leysa vandann er honum þá ýtt til hliðar.

Þessi dæmi, sem ég hef hér nefnt, og fjölmörg önnur, sem hægt er að nefna, sýna að núv. hæstv. ríkisstj. er ekki aðeins íhaldsstjórn, heldur ekki síður óstjórn. Ég hef varið miklum hluta ræðu minnar til þess að vekja athygli á þessum þætti stjórnarstarfanna, þ. e. a. s. óstjórninni, sýna fram á hve verulega skortir á stjórnsemi, aðgát, varfærni og forsjálni í fjármálastjórn núv. ríkisstj. Þetta hef ég gert til að sýna ljóslega fram á með einstökum dæmum að það er rétt, sem almenningur er raunar fyrir löngu farinn að hafa á tilfinningunni, að hjá þessari ríkisstj. sé ekki þeirra kosta að leita sem þeir eiga við er leggja jákvæðasta merkingu í orðið íhaldssemi.

Á hinu áttu menn hins vegar von, að stefna þeirrar stjórnar, er Sjálfstfl. og Framsfl. stæðu saman um, bæri á sér sömu afturhaldsummerkin og einkennt hafa fyrri stjórnir þessara afla. Í þeim efnum hefur núv. hæstv. ríkisstj. ekki komið á óvart. Það fjárlagafrv., sem nú er lagt fram, er einn af mörgum vottum þar um. Margar stofnanir hins opinbera, ýmsar framkvæmdir þess og þjónusta sem það veitir eru í raun réttri tæki til tekjuöflunar, aðferðir til þess að tryggja þeim efnaminnstu afkomuöryggi og lífsbjörg. Mikilvægustu þættir þessara mála eru t. d. hvað varðar ókeypis fræðslu og menntun, almannatryggingar, heilbrigðismál o. fl. Einkenni ríkisstj., þar sem áhrifa vinstri afla gætir, er að mikil áhersla er jafnan lögð á eflingu þessara þátta. Einkenni ríkisstj. íhaldsafla er hins vegar það, að öll uppbygging á sviði félagslegra málefna er stöðvuð. Þar er jafnvel um afturför að ræða. Og hvað sýnir reynsla undanfarinna ára okkur um stefnu núv. hæstv. ríkisstj. í þessum málum? Verkin sýna merkin.

Í frv. til fjárl. fyrir árið 1974, síðasta fjárlagafrv. sem lagt var fram áður en núv. ríkisstj. settist á valdastóla, námu útgjöld til tryggingamála alls 33.6% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Strax á fyrsta valdaári núv. hæstv. ríkisstj. fór þess að gæta, fulltrúar hvaða afla voru komnir í ráðherrastólana. Þá höfðu framlög til tryggingamála verið skorin niður miðað við fjárlagafrv. 1974 úr 33.6% niður í 30.7% eða lækkuð um 3% frá árinu áður. Þessi öfugþróun hefur svo jafnt og þétt haldið áfram uns nú í þriðja fjárlagafrv. þessarar hæstv. ríkisstj. er svo komið að framlög til tryggingamála nema aðeins 25.5%. Á aðeins þremur árum hefur árangurinn af starfi núv. hæstv. ríkisstj. sem sé orðið sá, að framlög til tryggingamála hafa lækkað úr 33.6% í 25.5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs eða hvorki meira né minna en um því sem næst ¼ hluta miðað við jafnverðmætar fjárlagakrónur. Það er ekki furða þótt lítilmögnum í þjóðfélaginu þyki að sér sótt. En þannig er ásýnd íhaldsstjórnar.

Nú verður því að sjálfsögðu borið við, að þessi samanburður sé ekki einhlítur þar sem á tímabilinu hafa verið gerðar talsverðar skipulagsbreytingar á tryggingamálum, m. a. með því að taka upp svonefndar barnabætur, þ. e. a. s. fella fjölskyldubætur inn í skattakerfið. En slíkar viðbárur duga ekki heldur. Lítum t. d. á hvað hefur gerst í einstökum þáttum tryggingamála. Á þriggja ára valdatíma núv. ríkisstj. hefur hlutur ellilífeyrisþega í heildarútgjöldum ríkissjóðs lækkað úr um 9% skv. fjárlagafrv. 1974 í ca. 7.2% í frv. nú. Svo langt er frá því að núv. hæstv. ríkisstj. hafi haldið í horfinu gagnvart ellilífeyrisþegum. Á sömu þremur árum hefur örorkustyrkur í hlutfalli af heildarútgjöldum ríkissjóðs lækkað úr 0.60% í 0.48%. Þannig hefur ríkisstj. staðið að málefnum öryrkja í þessu landi. Á sömu þremur árum hefur framlag ríkissjóðs til mæðralauna lækkað úr 0.54% í 0.40%. Þannig hefur ríkisstj. hæstv. staðið í ístaðinu í þessum málaflokki. Og á sömu þremur árum hafa framlögin til greiðslu barnalífeyris lækkað úr röskum 0.60% af heildarútgjöldum ríkissjóðs niður í um 0.50%. Allt ber þetta að sama brunni og sýnir hvernig núv. ríkisstj. hæstv. hefur ekki einu sinni haldið í horfinu í tryggingamálum í fjárlagagerðum sínum. Svo kemur hæstv. heilbrrh. og fær mikið lof í Morgunblaðinu í morgun, minnir mig, fyrir ákaflega góða frammistöðu í þessum málaflokki.

Sjúkratryggingarnar eru sérstök saga, raunar sorgarsaga. Útgjöldin þeim samfara hafa verið flutt að verulegu leyti yfir á sjúklingana sjálfa, bæði með sérstökum skatti á útsvarsgjaldstofn og eins með aukinni hlutdeild sjúklinga í kostnaði við sérfræðiþjónustu og lyf. Og enn stendur til að hækka þennan kostnað. Það er boðað í athugasemdum þessa fjárlagafrv.

Og hvað um fræðslumálin, annan þátt ríkisútgjalda sem meta má sem tæki til tekjuöflunar? Sá þýðingarmikli málaflokkur hefur verið á stöðugri niðurleið allt frá því Alþfl. lét af stjórn þeirra mála. En á því tímabili óx vegur menntaog menningarmála í þessu landi svo að útgjöldin til menntamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, en það er almennur mælikvarði á stöðu þessara mála í einstökum þjóðlöndum, jukust þannig að

Ísland færðist frá því að vera í neðstu sætum Evrópulanda í slíkum samanburði við upphaf *stjórnartímabils Alþfl. í menntamálum upp í* að vera í öðru til þriðja sæti í þessum samanburði við lok þess tímabils. En síðan hefur leiðin stöðugt legið niður á við, og sama öfugþróun hefur haldið áfram í tíð núv. ríkisstj. en á þriggja ára valdatímabili hennar hafa útgjöld ríkisins til fræðslumála sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins lækkað úr 16.1% í 14.2%. Og sömu sögu er, eins og vænta mátti, að segja af framlögum til atvinnumála almennt. Miðað við fjárlagafrv. 1974 er lagt til nú að framlög til iðnaðarmála lækki samtals úr 0 8% af heildarútgjöldum fjárlaga í 0.6%, framlög til vegamála úr 7.1% í 6.5% og framlög til útvegsmála úr 2.3% í 2%. En framlög til búnaðarmála hafa hækkað úr 4.2% í 5.4%, og munar þar að sjálfsögðu mest um hinar miklu hækkanir á útgjöldum ríkissjóðs vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir sem ég ræddi um hér áðan og eru með öllu „ópródúktífar“ og til engrar varanlegrar aðstoðar við landbúnaðinn.

Allt ber þetta þannig að sama brunni. Núv. hæstv. ríkisstj. er ekki aðeins afturhaldssöm, hún er einnig óstjórnunarsöm, ekki aðeins að ríkisstj. hafi reynst óhæf að leysa þau vandamál sem skapast hafa við ytri aðstæður, heldur hefur hún einnig verið svo ógæfusöm að búa sjálfri sér og þjóðinni til jafnvel fleiri vandamál og stærri sem augljóst er að aðrir þurfa að leysa. Þeim mun lengur sem þessi ríkisstj. situr að völdum, þeim mun harðari verður sá hnútur og torleystari. Mesti greiði, sem ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. gæti gert þjóðinni, og eini greiði á þriggja ára valdaferli hennar væri að segja af sér.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Skáldið Steinn Steinarr sagði eitt sinn í kvæði sínu þegar hann hafði fengið skáldalaun: „Eitthvað er breytt, annaðhvort ég eða þjóðin.“

Þetta sama mætti ég taka mér í munn nú þegar fjárlagafrv. er hér til 1. umr. á hv. Alþ. og útlit er fyrir að það muni taka 4—5 klukkutíma að ræða það, því ég minnist þess þegar ég lagði það hér fram á Alþ., þá tók það að minnsta kosti 4 daga. Hins vegar hefur það nú komið fram, sem ég mun koma að síðar, að ýmsir þeir spádómar, sem þá voru hafðir uppi, þykja nú ekki hafa verið eins raunhæfir og þeir voru þá taldir og ekki síst af þeim sem fordæmdu mest.

Það er ekki nema eðlilegt að um fjárlög sé rætt nokkuð mikið, og ég hef sjálfur talið að það væri óheppileg sú breyting, sem gerð var á þingsköpum Alþingis, að færa þessar umr. frá því að alþjóð gæti fylgst með. Mitt mat var það og studdist það við reynslu, að þjóðin hafði áhuga á því að *fylgjast með* 1. umr. fjárlaga, fá skýrslu hæstv. fjmrh. og hlusta á það. En það er nú liðin tíð. Því var breytt með síðustu breytingum á þingsköpum.

Það er svo með þetta fjárlagafrv. eins og önnur, ég hef víst áður notað þá samlíkingu hér á hv. Alþ. og geri það samt enn, að öll útgjöld eru góð einstök fyrir sig. Það er afskaplega gott og þægilegt að geta leyst úr einstökum málum, hvort það er á sviði framkvæmda, félagsmála, launamála eða í öðrum atriðum. En þegar tölurnar eru svo teknar og lagðar saman í heild og út kemur niðurstaða fjárlaga, þá er þetta orðið vont mál, og þannig fer einnig um þetta fjárlagafrv. Það er vont mál sem heildarmál. En hv. þm. og mér einnig finnst vanta á ýmis góð mál sem betur þyrfti að vinna að heldur en hér er gert með þessu fjárlagafrv., þrátt fyrir þessa vondu niðurstöðu sem talað er um.

Ef hv. þm. virða fyrir sér fjárlagafrv. eins og það er og taka yfirlitið á bls. 139 í frv., sem ég vil vekja athygli á, með leyfi hæstv. forseta, þá sjá þeir að heilbrigðis- og tryggingamálin eru fyrirferðarmest í útgjöldum fjárlaganna eða taka ⅛ af heildarútgjöldum þeirra. Þar næst koma menntamálin sem taka tæp 16% og samgöngumál 10%, þó of lítið sé þar að gert, og aðrir málaflokkar eru þar fyrirferðarminni: viðskiptamálin 7% og allt niður í tæpt 1%. Á þessu sjáum við að í hlut tveggja stærstu málaflokkanna fellur meira en helmingur af öllum útgjöldum fjárlaga. Það eru heilbrigðis- og tryggingamálin og menntamálin. Þetta er augljóst þeim sem vilja líta á þessi mál með raunsæi og meta þau út frá því.

Nú vil ég segja það um þetta fjárlagafrv., að það er von mín og þeirra annarra sem komið hafa nálægt því að vinna að því að undirbúa það, að tölur í fjárlagafrv. séu á ýmsan hátt raunhæfari en áður hefur verið. Það vita allir, sem hafa unnið að fjárlagagerð, og allir hv. þm., sem það hafa gert, að auðvitað eru flestar tölur fjárlaga áætlunartölur sem geta breyst við þær ytri aðstæður sem verða á fjárlagaárinu. Nú var reynt að gera eins vel og hægt var á frumstigi málsins, að áætla þessar tölur sem næst því sem menn halda, eins og reyndar hefur áður verið gert. En þó vil ég segja, þó ég eigi þar sjálfur hlut að máli, að ýmsir málaflokkar hafa nú verið teknir til sérstakrar athugunar í sambandi við áætlun sem ekki hefur verið gerð eins nákvæmlega áður. Þar vil ég t.d. nefna að ástæðan fyrir hækkun til landbúnaðarmála, hún liggur m.a. í því, að nú er gert ráð fyrir því að í útgjöld vegna ræktunarlaga og annarra slíkra laga sé tekin með sú verðhækkun sem alltaf hefur verið tekin með við greiðslu. Hún er áætluð inn í þetta fjárlagafrv. og reynt að byggja á því sem þekkt er um framkvæmdirnar á yfirstandandi ári. Þetta tek ég sem dæmi um það, að ég tel betur að unnið, og tek það fram, að ég tel sjálfan mig ekki neina undantekningu um það, að auðvitað fóru mín fjárlög eins og annarra fram úr áætlun. Þetta mun hins vegar ekki tryggja það að fjárlög geti ekki farið fram úr áætlun á næsta ári, og þau eiga eftir að taka breytingum í meðferð í hv. fjvn. eins og fyrr. Það eru margar ástæður sem eru þess valdandi að breytingar verða á fjárlögunum, og ekki hvað síst hefur verðbólgan í okkar landi haft þar mikið að segja, frá því að fjárlög hafa verið afgreidd og þar til ríkisreikningur hefur verið gerður. Það er því hvernig tekst til með

verðbólguna sem mun hafa veruleg áhrif á þessi mál á árinu 1977, fjárlagagerðina annars vegar og ríkisreikning hins vegar.

Ég vil hins vegar segja það í sambandi við þá málaflokka, sem ég vil vekja athygli á, að það er afskaplega langt frá því að ég sé ánægður með fjárveitingar til vegamála. Því fer mjög fjarri, þó að þetta yrði niðurstaða innan ríkisstj. Mál þetta verður betur athugað, en það þarf miklu betur þar að gera ef vel á til að takast. Ég vil hins vegar taka það fram, að ég tel að það hafi betur verið staðið að hafnamálunum. Ég tel að verulega hafi áunnist í hafnamálum tvö síðustu árin, og með þeirri hafnaáætlun, sem nú er verið að vinna að, þá held ég að að fjórum árum liðnum verði okkur búið að takast verulega í framkvæmdum hafnamála, ef miðað er við þær aðstæður sem þá verða fyrir hendi. Hitt dettur mér ekki í hug, að framtíðin beri ekki í skauti sér aukin verkefni og breytingu á útvegi, eins og hún hefur gert til þessa, og þá sé að taka því. En ýmislegt hefur verið gott gert. Og þó að reikna megi hlutfallstölu niður á þeim tíma sem unnið hefur verið að stærstu hafnargerð á Íslandi, sem hefur ein tekið meira en allar hafnirnar tóku áður, þegar hún fellur niður, eins og Þorlákshöfn fellur niður á árinu 1977, þá þarf engan að undra þó að hlutfallið lækki þegar það er haft í huga. En það er að því leyti ekki réttur samanburður, vegna þess að við verðum með ekkert eins stórt verkefni á næsta ári og við erum með á þessu ári og s. l. ári. Á þessu vil ég vekja athygli.

Annars skal ég ekki fara að fara út í það að ræða þessa þætti öllu meira, en vil þó vekja athygli á því, að það eru málefni auk vegamálanna sem ég hef brennandi áhuga á og tel að við þurfum einhvern veginn að leita að leiðum og verðum að leita að leiðum á þessu þingi til þess að leysa, og það eru heyöflunarmálin, bæði heyverkunin og heykögglaverksmiðjurnar. Allt þetta eru mál sem mikið ríður á að Alþingi það, sem nú situr, geti leyst, svo að hægt verði að halda áfram við framkvæmdir þar um.

Ég ætla mér nú ekki að fara mikið út í deiluatriði, og að því sem snýr að hæstv. fjmrh., þá er hann alveg maður til þess að standa fyrir sínu í viðureigninni við hinn orðhvata hv. 8. landsk. þm., og allra síst ætla ég nú að reyna að fara að keppa við hann í stóryrðum eða öðrum töktum sem orðhvötum tilheyra, enda væri það fyrir fram tapaður leikur.

Út af því, sem þessi hv. þm. sagði um tilstofnun hjónabandsins, eins og hann orðaði það, í sambandi við myndun þessarar hæstv. ríkisstj., þá er það nú venjulega svo, þegar hjónabönd verða til, að þá eru einhverjir aðilar, sem standa fyrir utan, sem hefðu kosið að ná til þess að taka þátt í hjónabandsstofnuninni með öðrum hvorum aðilanum, en ekki bara vera ánægður með að þeir heiðu náð saman. Og venjulega verða hjónabönd ekki giftudrjúg nema þeir aðilar, sem til þeirra stofna, séu af fleiri en þessum tveimur eftirsóttir, sem sagt þriðja aðilanum líka. Og það mátti heyra á upphafi og endi ræðu hv. 8. landsk. þm. að þar var það til staðar, sorgin yfir því að hafa ekki tekið þátt í hjónabandinu.

Út af því, sem hv. þm. sagði um fjárlagastjórnina á árunum 1972—1974, þá gleymdist þeim ágæta þm. það, að á þeim árum voru gerðar veigamiklar breytingar á fjárlagakerfinu og uppbyggingu þess. Árið 1972 var t. d. breytt veruleg verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þá var ríkið látið taka að sér tryggingarnar og lögregluna í landinu. Það tilheyrði þá ríkinu í útgjöldum þetta hvort tveggja, en hafði tengst sveitarfélögunum að nokkru áður. Þetta gerði það að verkum og fleira þess háttar, að fjárlagafrv. hækkaði þá verulega miðað við það sem þá var.

Ég vil líka minna á það, sem ég vil undirstrika í sambandi við þetta fjárlagafrv., og ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh. að stefnt er að því að vegáætlun verði lögð fram og helst afgreidd jafnhliða þessu fjárlagafrv. Það var einmitt á þessum árum, árið 1974, þá var byrjað á því að sameina lánsfjáráætlunina að nokkru leyti, að því er sneri að ríkinu beint, og fjárlögin. Þetta hefur svo farið í vöxt, og með hverju ári, sem að hefur verið unnið, hefur verið reynt að festa þetta meira í formi. Í fyrra voru teknir inn stofnlánasjóðirnir, og nú er stefnt að því að festa þetta algerlega í formi, að þetta fari saman. Þetta er að minni hyggju mjög skynsamleg og nauðsynleg stefna í efnahagsmálum. Ég tel að þau ár, sem fyrrv. ríkisstj. vann að þessum málum, hafi hún farið inn á rétta leið í þessum efnum. Það má svo auðvitað deila um einstaka þætti í framkvæmd þeirrar ríkisstj. eins og annarra ríkisstj., og það er ekki laust við að maður verði hálffeiminn þegar hv. 8. landsk. þm. ætlar að fara eins og að hálfgæla við þetta. Þá er maður hræddur um að maður hafi ekki verið á réttri leið. En verulega hafði áunnist og það hefur haldið áfram hjá núv. ríkisstj. Það er enginn að afsaka það eða fela það, að það hefur tekist svo til með fjármál ríkissjóðs eins og menn hefðu óskað, það er fjarri því. Þessi ríkisstj. hefur ekkert verið að veigra sér við að játa það, að hún hefði viljað láta þar betur til takast heldur en til hefur tekist. Og að því er stefnt með þessu fjárlagafrv.

Ég vil líka segja í tilefni af því, sem kom fram hjá hv. 8. landsk. þm., sem er nú því miður ekki hér nærstaddur, — en ég tala nú svo sjaldan orðið á hv. Alþ. að það verður að fyrirgefa mér þó að ég tali þegar hann er fjarstaddur, — að fyrrv. ríkisstj. tók alveg við þeim samningum eða framkvæmdi alveg þá samninga sem ríkisstj. á undan henni hafði gert, þó að í andstöðu við hana væri, í sambandi við EFTA. Allar tollalækkanirnar, sem voru í samningunum við EFTA, voru gerðar við fjárlagaafgreiðsluna haustið 1974. Það var að vísu ekkert álitlegt að gera það, og má segja að það hafi orkað tvímælis af mér sem fjmrh. að telja að það ætti að gerast fyrst mér tókst ekki jafnhliða að tryggja tekjur á móti, eins og gert var ráð fyrir þegar EFTA-samningarnir voru afgreiddir. Ég gerði mér vonir um að það mundi

takast að ná þessu, og ég hafði fullkomna ástæðu til þess að ætla að ég ætti örugga breytingu á söluskatti ef ég næði samkomulagi við stéttasamtökin þar um. Fyrir því taldi ég mig hafa haft fyrirheit frá forustumönnum annars stjórnarandstöðuflokksins þá, Alþfl. Mér urðu það því veruleg vonbrigði þegar það tókst ekki nema að takmörkuðu leyti. En þó var orðið við því, sem stéttarfélögin fóru þá fram á, að breyta tekjuskattinum. Þau töldu sér hag í því og þau voru höfð með í ráðum í sambandi við það.

Um skattamálin ætla ég ekki að fara að ræða hér að sinni því að þau verða rædd síðar og þá gefst tækifæri til þess. Ég fagna þeim yfirlýsingum sem hæstv. forsrh. gaf í stefnuræðunni og hæstv. fjmrh. nú í fjárlagaræðunni, þar sem hann kom inn á veigamikil atriði sem ég tel nauðsyn bera til að koma í framkvæmd. Á þeim árum, sem ég fór með þessi mál, var unnið sleitulaust að skattamálum, og þá kom það í ljós sem fyrr að hér er um mikið verk að ræða og mikið verk að vinna. Við hv. 2. þm. Austurl. komum sem ráðh. að því máli, þegar verið var að breyta lögunum, sem gert var 1972. En okkur var það öllum ljóst, sem að því unnum, að skattamál eru flóknari mál og erfiðari mál en svo, að það væri hægt að gera allt á þeim tíma sem þá var til umráða, enda var ætlunin að halda áfram og það hefur verið gert. Verulega var búið að vinna að þeim málum þegar stjórnarskiptin urðu, og því hefur verið haldið áfram.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. hefur virðisaukaskatturinn ekki í nágrannalöndum okkar reynst eins vel og skyldi. En það er mér alveg fullkomlega ljóst, að hjá því verður ekki komist að við verðum að búa þannig bæði að okkar einstaklingum og atvinnuvegum að þeir geti reiknað með að hafa ekki verri skattaaðstöðu heldur en menn í nágrannalöndunum. Og það er líka ljóst að beinir skattar hér eru miklu lægri en á Norðurlöndunum. Hins vegar eru sumir skattar á sviði atvinnumála ekki eins hagstæðir, sérstaklega í iðnaði, og virðisaukaskatturinn hefur að dómi iðnrekenda reynst betur, en veilur hafa í honum fundist.

Ég sé að hv. 8. landsk. þm. er ekki svo fjarri mér sem ég hugði. Þá vil ég bæta því við, vegna þess að við getum rætt það þegar skattamálin verða hér til umr., út af t. d. ræðum sem foringjar Alþfl. fluttu í útvarpsumr. síðustu, að þá held ég að þeir hv. þm. hafi alveg gleymt því að lesa skattalögin frá 1965 og 1971 sem þeir stóðu að. Og ef skattalögin, sem voru afgr. 1972, eru borin saman við skattalögin frá 1971, þá gengu skattalögin frá 1972 skemmra í átt frá því, sem þeir deildu þar mest á, heldur en skattalögin frá 1971. Hitt er allt annað mál, eins og ég sagði áðan, að því verki, sem þar var unnið að, er ekki lokið og hefur verið unnið að síðan, og það er von okkar að okkur takist á yfirstandandi þingi að leysa þetta mál. Ég hef sjálfur þá persónulegu skoðun að það eigi í sambandi við tekjuskattinn að hverfa meira inn á leið brúttóskatts, eins og gert var með útsvörunum, og láta skattafrádráttinn heldur eiga sér stað í sambandi við álagninguna.

Ég er sannfærður um að það eru undanþágurnar og aftur undanþágurnar sem skapa verulegan hluta af veilunum í okkar skattakerfi, og eftir því sem þeim fækkar, eftir því verða skattalögin nær því að vera rétt. Hitt dettur mér ekki í hug, að skattalög verði nokkurn tíma þannig að allir segi að þau séu réttlát. Þá held ég að þau væru nú heldur af verri gerðinni ef svo væri, enda kvíði ég því ekki. En hitt er rétt, að það ber brýna nauðsyn til þess, eins og hér hefur verið lýst yfir, að taka skattamálin til verulegra og raunhæfra og róttækra breytinga, sem ég líka geri ráð fyrir að verði gert á þessu þingi og vona að hv. þm. standi að því að koma þeirri breytingu í gegn, því að brýna nauðsyn ber til þess. Það er ekki nokkur vafi að skattar nú eru orðnir of miklir launaskattar, miðað við það sem raunverulegt er.

Þetta mun ég nú láta nægja um þetta ágæta fjárlagafrv., því að það hefur, eins og ég sagði um önnur fjárlagafrv., einkenni þess að sinna illa einstökum góðum málum, en vera allt of hátt að niðurstöðutölum til.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. landbrh. vék að því í upphafi máls síns, að í þann tíð sem hann gegndi embætti fjmrh. hefði það tekið nokkru lengri tíma að ræða fjárlagafrv. Ég vék að því við einn af þeim hv. ræðumönnum, sem hér höfðu talað í dag, að þetta færi auðvitað allt eftir því hversu lifleg og sterk stjórnarandstaða væri á Alþingi hverju sinni, hvernig umr. um fjárlagafrv. færu fram, en ekki kannske það eingöngu, heldur líka hitt, að þegar breytt er reglum um þingsköp, þá getur það að sjálfsögðu haft áhrif á umr. eins og hefur sýnt sig í sambandi við fjárlagafrv.

Þær umr., sem hér hafa farið fram eftir að ég flutti mína ræðu, bera líkan keim og umr. frá s. l. þingi. Það eru bornar saman tölur, það gera menn gjarnan og fara í talnaleik. Ýmsir hv. alþm. eru kunnir að slíku, þó að þeir hafi e. t. v. ekki í þessum umr. látið til sín heyra, og hafa menn stundum haft gaman af þegar tölur hafa verið notaðar hér í umr. og sýnt fram á með hvaða hætti og hvernig menn gætu sannað sitt mál með mismunandi flutningi talna.

Ég get þó ekki látið hjá líða að vekja athygli á samanburðartölum þeim sem hv. 11. landsk. þm. var með um embætti bæjarfógeta og sýslumanna í sambandi við fjárl. 1976 og svo fjárlagafrv. 1977. Ef þessi hv. þm. hefði skoðað ríkisreikninginn 1975 og áttað sig þar á því hvað hefði farið til rekstrar þessara ýmsu embætta, þá hefðu komið í ljós allt aðrar prósentutölur en þær sem hann hér hafði, því að vanáætlun var og hafði verið víða í sambandi við fjárlagafrv. og fjárl. Var sú ákvörðun tekin nú að þetta skyldi lagfært og leiðrétt. Þegar við unnum að fjárlagafrv., höfðum fyrir okkur ríkisreikninginn 1975 og fjárl. 1976 og menn gerðu sér raunverulega grein fyrir því að tölurnar í fjárl. 1976 voru lægri en í ríkisreikningnum 1975, þá gerðu menn sér grein fyrir því að vanáætlun hafði átt sér stað einhverra og ýmissa hluta vegna. En ég læt útrætt um það, vildi aðeins vekja athygli

á því, að það hefur verið eitt af þeim atriðum, sem ég hef talið að leggja bæri áherslu á, að það væru raunhæf fjárlög, og þá yrði að sjálfsögðu að hafa þau gögn við höndina sem gefa upplýsingar og þær bestar í þessum málum. Þess vegna gat ég þess í ræðu minni að í undirbúningi væri að fá ríkisreikning ársins 1976 fram lagðan í apríl næsta ár. Það hafði tekist með A-hlutann fyrir tveimur árum, en gert nú ráð fyrir því að bæði A- og B-hlutinn verði lagðir fram í vor. Þá hafa þm. ríkisreikninginn yfir sumarið og geta þá gert sér grein fyrir hvernig árið 1976 kom út, og þegar síðan fjárlagafrv. fyrir árið 1978 verður lagt fram, þá yrðu til samanburðar við þá fjárlagaliði, sem þar koma fram, tölur úr ríkisreikningi 1976 og fjárl. 1977, þannig að alþm. sæju hver þróun hefði átt sér stað á þremur árum.

En hér kom hinn nýi fulltrúi í fjvn., annar þeirra, hv. 8. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, og gerði mjög mikinn samanburð á fjárlagafrv. þessu og öðrum fjárlagafrv. Hann vék m. a. að fjárlagafrv. fyrir árið 1974 og gerði samanburð á fyrsta fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar frá 1971 fyrir árið 1972. Mig langar aðeins til að víkja að því þegar svona samanburður á sér stað. Fjárlagafrv., sem lagt er fram haustið 1973, fyrir 1974, er upp á 27 milljarða 437 millj. kr. Fjárlögin, sem samþ. voru, voru upp á 29 milljarða 402 millj. Ríkisreikningurinn 1974 var upp á tæpan 41½ milljarð. Þessu til skýringar þarf að koma fram að á árinu 1974 eru gerðar umtalsverðar breytingar sem valda þessari hækkun að verulegu leyti, þ. e. a. s. það eru gerðar breytingar á tryggingalöggjöfinni, það eru gerðar breytingar á skattalöggjöfinni, og allt varð þetta til þess að hækka ríkisreikninginn frá því sem fjárlög höfðu verið samþykkt. En þegar litið er á töluna 27 milljarðar á fjárlagafrv. sem lagt er fram haustið 1973 og sú tala er höfð til viðmiðunar við þá tölu, sem hér er um að ræða, og menn skoða töluna í ríkisreikningi, 41.5 millj. arða, þá sjá menn hversu óraunhæfur samanburður hér er. Mér finnst ekkert óeðlilegt þegar núv. ríkisstj. er gagnrýnd að ríkisreikningurinn 1974 upp á 41.5 milljarð tæpan sé hafður sem viðmiðunartala. Og þá höldum við áfram og gerum okkur grein fyrir því að fjárlögin 1975 voru upp á 47 milljarða. Ríkisreikningurinn, sem hér er lagður fram, er um 58 milljarða. Þarna er um að ræða 11 milljarða í mismun. Fjárl. 1976 voru upp á 58 milljarða. Ég hef í dag gert grein fyrir því að útgjöldin muni fara upp í 68 milljarða. Hér er um 10 milljarða mismun að ræða á fjárlögum og ríkisreikningi. Ef þessu héldi áfram, þá sjáum við hvar við endum. Við endum í tiltölulega lágri prósentu á mismun fjárlaga og ríkisreiknings og erum þá komnir með fjárl. miklu raunhæfari en þau oft hafa verið, og að því hefur verið stefnt og að því verður stefnt, eins og fram kom í ræðu minni í dag.

Það er sjálfsagt hægt að deila um það og verður alltaf, hvort of mikið er tekið af skattborgurunum til þess að sjá um ríkisútgjöldin. Við höfum líka reynt að hafa það að markmiði að minnka ríkisútgjöldin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. 1975 eru ríkisútgjöldin 31.5%. Gert er ráð fyrir því 1976 að þau verði 29.5 og í þessu frv. stefnt að sömu prósentu. Þetta er að reyna að hafa þak á ríkisútgjöldunum. Hversu hátt þakið er, hversu hátt er upp í mæninn, verður svo alltaf að vera matsatriði Alþ. Hér er lagt fram frv. sem gerir ekki ráð fyrir auknu hlutfalli af þjóðarframleiðslu á næsta ári til útgjalda ríkissjóðs. Við sjáum svo hvað Alþ. kemur til með að gera, hvað það leggur til. Að sjálfsögðu breytast tölur frá því að frv. er lagt fram og þar til það verður samþykkt, beggja vegna, tekna og gjalda. En við skulum vona að það takist áfram að halda í horfinu og það verði fremur niðurstaða fjvn. að draga úr útgjöldunum, enda þótt tekjuhliðin yrði eitthvað hærri, heldur en að hækka svo útgjöldin að spenna verði tekjuáætlun þannig upp að hún nánast geti orðið óraunhæf.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég veit að þessar umr. eru með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin tvö ár. Hér höfum við skipst á skoðunum, og ég hef þá skoðun að fjvn. muni vinna að þessu máli á þeim forsendum sem hún telur skynsamlegastar og bestar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð. Ég vil aðeins vekja athygli á því sem hæstv. fjmrh. las hér upp sem afsökun og staðfesti um leið gagnrýni okkar á ríkisbúskapnum undanfarin ár. Hann reyndi að finna út að svo kynni að fara að nú, vegna mjög raunhæfra talna í þessu frv., yrði mismunur til hækkunar sérstaklega lítill. En ræða hans var að verulegu leyti til að sanna það að frá fjárl. til raunhæfs ríkisreiknings, eins og hann lægi fyrir eftir á, hefði átt sér stað gífurleg hækkun. Og það hefur einmitt verið kjarni í okkar gagnrýni, a. m. k. minni gagnrýni, að fjárl. væru ekki raunhæf þegar þau færu í afgreiðslu. Ég gæti flett upp æ ofan í æ þessu til staðfestingar, en ég ætla ekki að gera það, því að hæstv. ráðh. undirstrikaði þetta mjög svo í þessari ræðu sinni.

Þess er að vænta að vegna bætts skipulags í ríkisbúskapnum getum við gengið út frá því að þetta frv. sé raunhæfara en verið hefur í mörg ár, og það vil ég sérstaklega þakka. Ég vona að orð ráðh., þeirra beggja sem hér hafa talað, séu rétt í þessu efni. Þá er til mikils að vinna að hafa gert þetta átak, það mun hjálpa öllum.

Ég hef talað um það áður, og beini ég orðum mínum til hæstv. samgrh. og raunar líka til fjmrh., að verð á bílum á Íslandi í dag, — ja, það má nú eiginlega nota það orð, það er geggjað, það er hreinlega geggjað, það er svo vitlaust. Og ég hef æ ofan í æ sagt það, að ég er tilbúinn að lækka það verulega og hef aldrei farið leynt með það. Ég veit ekki hvort nokkur annar hm. hefur borað að stynja því upp, en ég hef alltaf sagt að það megi lækka um þriðjung. En á móti skal ég taka það á mig að standa að verulegri bensínhækkun, því að þegar venjulegur bíll kostar mikið á 3. millj. kr. í dag, þá er þetta svo geggjuð tala að það er skömm að henni — hreinlega skömm að henni. En það er ekkert því til fyrirstöðu að hafa bensínverðið 10—15 kr. hærra og menn borgi fyrir eyðsluna. Það er öllum frjálst að eyða peningum í þá áttina.

Ég vil því beina því til hæstv. samgrh., sem viðurkenndi að vegamálin eru í vandræðum, að leita liðsinnis allra þm. í þessu efni og viðurkenna það, að það verði að lækka bílana og það verulega, en taka nægilegt fjármagn í gegnum eyðsluna. Ég trúi ekki öðru en hann fengi árangur í þessu efni, því að ég er honum sammála um að fjármagn í vegagerð er of lítið. En það næst ekki inn með því að eltast við innkaupin á bílunum með eins gífurlegri skattheimtu og nú hefur átt sér stað undanfarið. Það er miklu skynsamlegri leið að hafa innflutning á bílum sem jafnastan. Sennilega þarf innflutningur á bílum að vera kringum 7000 á ári svo að vit sé í. Við náum því engan veginn nema lækka verð á bílum eða tollana á bílum, en taka nægilegt fjármagn inn í gegnum eyðsluna. Ég skal styðja hæstv. samgrh. í því. Og ef fjmrh. óttast sinn þátt í því að verða hallloka, þá mættum við gjarnan ræða saman um úrbætur í því efni, vegna þess að ég tel að hér stefni í rétta átt í því efni.

Ég skal svo, herra forseti, ekki tefja þessar umr. lengur, því að menn gerast hér svangir og margir eru farnir að metta magann og þá líklega ríkissjóð um leið, og hef þessi orð ekki fleiri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 12. fundur.

Föstudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Vinnsla verðmætis úr sláturúrgangi, þáltill. (þskj. 48). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Litasjónvarp, þáltill. (þskj. 49). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1977, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að vegna þess hve seint ég kom inn í þinghúsið gat ég ekki haft samband við forseta áður en fundur var settur. En ég kveð mér hljóðs vegna þess að í Morgunblaðinu í gær, sem ég las ekki fyrr en ég kom heim í gærkvöldi, var frétt um að fjvn. hefði ákveðið að veita rétt til fundarsetu Karvel Pálmasyni með málfrelsi og tillögurétti. Ég var að leita að því í þingsköpum hvort þetta væri rétt að farið og rétt að staðið, og ég get ekki séð að svo sé. Mál þetta kom til umr. í þingflokki Sjálfstfl. og fékk ekki afgreiðslu þar. Ég geri ekki aths. við það að Karvel Pálmasyni verði veittur réttur til að sitja fundi fjvn. á þann hátt sem nú hefur verið samþ., en ég tilkynnti jafnframt að ég mundi þá gera sömu kröfu til þessarar hv. n. að þm. frá Reykjavík komi líka á sama hátt inn í nefndina.

Ég álít að hér sé ekki rétt að farið. Ég álít að þegar Sþ. hefur kosið í n., þá hafi n. ekki rétt til þess að fjölga í þeim á neinn hátt. Í þingsköpum segir á 11. bls.:

„Fjvn. fjallar um frv. til fjárlaga og fjáraukalaga og þáltill., sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði."

Það er eina verkefnið sem fjvn. hefur. Ég tel að þarna hafi þingsköp verið brotin, og ég óska eftir að þetta verði leiðrétt.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Mér þykir nauðsynlegt, af því að annar kvaddi sér ekki hljóðs, að leiðrétta það sem hv. 12. þm. Reykv. sagði. Viðkomandi þm. fékk ekki setu í fjvn. með málfrelsi og tillögurétti, heldur eingöngu sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi. Ég vildi koma þessari leiðréttingu á framfæri.

Samkomulag um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 28). — Frh. einnar umr.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá, þá hafði ég gert nokkrar almennar aths. við frv. og rætt nokkuð um stöðuna almennt í landhelgismálinu. Í tilefni af því, sem ég sagði, tóku til máls á eftir þrír hæstv. ráðh. og véku nokkuð að því sem ég hafði sagt, og það gaf mér tilefni til þess að biðja um orðið aftur, af því að mér fannst vera nokkur ástæða til að víkja að því sem þessir hæstv. ráðh. höfðu fram að færa í málinu.

Ég vil þá fyrst víkja að því sem kom fram hjá hæstv. forsrh. varðandi þær aths. sem ég hafði að gera og snertu formshlið málsins, þ. e. a. s. að gert hafði verið samkomulag við Breta um fiskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi og það látið koma til framkvæmda án þess að Alþ. gæti fjallað um málið, nú væri leitað eftir staðfestingu Alþingis þegar í rauninni væri aðeins formsatriði að ræða því að samkomulagið hefði nánast verið framkvæmt að fullu. Um þetta atriði sagði hæstv. forsrh. aðeins það, að ríkisstj. hefði vitað að allir þm. stjórnarflokkanna hefðu verið samkomulaginu samþykkir og a. m. k. einn til viðbótar úr liði stjórnarandstöðunnar. Ég hafði vikið einmitt að þessari sömu röksemd áður í minni ræðu og taldi að röksemdir af þessu tagi væru ekki mikils virði. Það er mjög óviðeigandi að standa þannig að afgreiðslu mála, sem Alþ. á eðli málsins samkvæmt að hafa með að gera, að ríkisstj. gangi í rauninni fram hjá Alþ. með þeirri afsökun einni að hún hafi kynnt sér afstöðu þm., að hún hafi tryggt sér afstöðu tiltekins fjölda þm. án þess að Alþ. hafi á eðlilegan hátt fjallað um málið. Fari menn inn á þessa braut, þá getur sitthvað gerst á þeirri braut að sniðganga raunverulega Alþ. Ég viðurkenndi í aths. mínum varðandi formsatriði málsins, að það er hægt að finna dæmi um hliðstæð mál, þó

yfirleitt þar sem hefur verið um miklu minna mál að gera, að það hafi verið hafður sami háttur á, að ganga til framkvæmda á samningum, sem gerðir hafa verið við erlenda aðila, og leita eftir staðfestingu Alþingis síðar. En ég bætti því við sem minni skoðun, að jafnvel þó að dæmi finnist um þetta, þá réttlæti það ekki á neinn hátt að taka þetta upp sem fasta reglu og ætla í öllum tilvikum að fara eftir því. Ég benti einnig á það, að þegar um landhelgissamninga hefur verið að ræða sem nokkru verulegu máli skipta, þá hefur hinn hátturinn verið hafður á, málið hefur verið lagt fyrir Alþ. fyrst, samþ. þar eða afgreitt og síðan komið til framkvæmda. En þarna var um verulega mikilvægan samning að ræða, stóran samning sem hafði býsna mikil áhrif, og af því tel ég að allt það, sem ég sagði og sagt hefur verið um þessa formshlið málsins, standi í rauninni þrátt fyrir þessar skýringar sem komið hafa frá hæstv. ríkisstj., að hér var staðið mjög óeðlilega að málinu og í rauninni réttar reglur voru brotnar.

Ég get ekki tekið undir það með hæstv. utanrrh. varðandi þetta atriði, að hér hafi verið um tiltölulega lítinn samning að ræða sem ekki hafi skipt miklu máli. Ég hafði bent á að þetta samkomulag, sem þarna var gert, hafði beinlínis í för með sér framlengingu á samkomulaginu við vestur-þjóðverja. Þetta samkomulag sló því föstu á nýjan leik að þjóðverjar skyldu hafa hér rétt til fiskveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi í eitt og hálft ár til viðbótar og mega veiða hér á okkar miðum aflamagn sem nam 90 þús. tonnum, það var ekkert smáræði, og svo auðvitað til viðbótar það sem bretar fengu samkv. þessu samkomulagi. Hér var því um býsna veigamikið atriði að ræða í samningagerð varðandi fiskveiðarnar, varðandi landhelgismálið sem slíkt.

En ég dvel þá ekki lengur við þessar aths. og það sem fram kom í sambandi við þær, þ. e. a. s. formshlið málsins, en sný mér að öðrum atriðum.

Hæstv. forsrh. vék að því í sínu máli að þetta samkomulag, sem gert var í Osló, hefði í rauninni verið stórkostlegur stórnmálasigur, og hann greip auðvitað á lofti það sem einhver hefur sagt, að hér væri jafnvel um mesta stjórnmálasigur íslendinga fyrr og síðar að ræða. Það munaði nú ekkert um það! Það að gera samninga við breta undir þessum kringumstæðum og að tryggja útlendingum þennan aukna veiðirétt í okkar landhelgi, það þýddi hvorki meira né minna en mesta stjórnmálasigur íslendinga! Ég segi það fyrir mitt leyti, að ég lít á þetta eins og hvert annað gamanyrði hjá þeim sem þetta segir, á bak við svona fullyrðingar geti ekki verið nein haldbær hugsun. Hún er í rauninni svo fráleit. Og ég er hræddur um að þeir verði fáir með árunum sem kalla þetta samkomulag sem slíkt stjórnmálasigur af hálfu íslendinga. Hitt er miklu nær að segja, að heildarbarátta okkar íslendinga í landhelgismálinu flokkast að sjálfsögðu að mínum dómi í hóp okkar stórmála og sigra okkar í átökum við útlendinga, sú barátta sem við höfum háð í mörgum lotum, við breta sérstaklega og aðra útlendinga, og náð þeim sigri sem við höfum náð í málinu. Það er vissulega mikill sigur. En það er allt annað mál heldur en þessi sérstaki samningur sem gerður var í Osló þegar komið var að lokum í þessu máli.

En varðandi svo það atriði sem hæstv. forsrh. vék að í þessu sambandi, að við höfum með þessu samkomulagi engu fórnað, fengið viðurkenningu, og eins og hann sagði, nú kæmi það best í ljós, þegar bretar leituðu nú eftir nýjum viðræðum við okkur, hversu mikils virði þetta samkomulag hefði verið. Ég hef bent á það á þann hátt, sem ekki hefur verið reynt að hnekkja, að það er auðvitað alger fjarstæða að segja að við höfum engu fórnað. Samkomulag, sem þýðir framlengingu á veiðirétti þjóðverja hér í eitt og hálft ár, það er auðvitað fjarstæða að segja um það að þarna hafi engu verið fórnað. Sá samningur var orðinn laus og átti að falla niður. Jafnvel þótt við gerum ráð fyrir því að við höfum ekki fórnað miklu til breta, sem sagt ekki heimilað þeim að veiða hér miklu meira en þeir hefðu gert annars, þá var hér auðvitað um greinilega fórn að ræða.

Viðurkenningin af hálfu breta er, eins og ég hef sagt, þannig, að í túlkun okkar ráðh. er hér um viðurkenningu að ræða. Sú viðurkenning hefur ekki fengist orðuð sem formleg viðurkenning af hálfu breta. Og vegna þess einmitt að slík viðurkenning hefur ekki fengist, þá knýja þeir á með þeim hætti sem þeir gera nú í dag, að þeir sögðu við undirskrift samkomulagsins að ætlun þeirra væri að taka upp áframhaldandi samningaviðræður, annaðhvort sjálfir eða á vegum Efnahagsbandalagsins. Þeir telja að þeir þurfi að fá og ætla sér að fá samkomulag við okkur í framhaldi af þessu samkomulagi. Það er því í rauninni alveg augljóst að mínum dómi að bretar líta á það, sem gert var í Osló, sem bráðabirgðasamkomulag til ákveðins tíma með óbeinni viðurkenningu. Það er vel hægt að segja, vegna þess að þeir viðurkenna að þeir vilji eiga samninga við okkur um áframhald. Það er því að mínum dómi ekki rétt sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að hér hafi engu verið fórnað og hér hafi fengist viðurkenning og það, hvernig málin standa nú, sýni það sérstaklega að við höfum fulla viðurkenningu í okkar höndum.

Þá lagði hæstv. forsrh. og reyndar fleiri ráðh., sem hér töluðu, allmikla áherslu á að ríkisstj. vildi í þessum efnum sýna kurteisi og hvað hún teldi vera viðeigandi og hvað óviðeigandi í samskiptum við aðrar þjóðir. Sem sagt, hún taldi það vera kurteisi að vilja taka upp viðræður við breta eða Efnahagsbandalagið um málið — og ekki aðeins vilja taka upp viðræður, því að það kom mjög skýrt fram í máli hæstv. forsrh., heldur er kurteisin einnig fólgin í því að hafa ekki látið uppi á neinn hátt hver sé okkar afstaða, það sé ekki viðeigandi að vera búinn að marka það fyrir fram, hvaða skoðun við höfum í málinu, eða láta það uppi á neinn hátt, það sé rétt að ganga til viðræðna á þennan sérstaka kurteislega hátt, fara og hlusta og gefa ekkert upp um afstöðu sína og taka ákvörðun síðar. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta vera alveg furðuleg kenning, og hún passar harla illa við það hvernig haldið hefur verið á málum æðioft áður, bæði af okkur og öðrum þjóðum, því að ég veit ekki betur en það sé það algenga að það

heyrist frá þeim, sem ganga til samninga, hver sé þeirra meginafstaða og hvert sé þeirra grundvallarsjónarmið, þó að menn gangi til viðræðna um deilumál. Ég álít því að hér sé um hreinn fyrirslátt að ræða, að hér sé ríkisstj. að sýna einhverja sérstaka kurteisi eða hún sé að standa á eðlilegan hátt að samskiptum við aðrar þjóðir.

Ég hef sagt það í mínu máli, að ég get vel fallist á að við ræðum við fulltrúa Efnahagsbandalagsins eða fulltrúa breta um þetta mál, vegna þess að það felst ekki í minni afstöðu á neinn hátt að ég vilji sýna þeim neina ókurteisi. Deilan á milli mín og hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, er því ekki um það hver vilji sýna ókurteisi og hver ekki. En ef við göngum til viðræðna, þá eigum við að hafa markað okkar stefnu áður en við förum til viðræðnanna, svo að það fari ekkert á milli mála hver er okkar stefna, inn í hvaða viðræður við erum að ganga, hvað okkar talsmenn eiga að segja. Auðvitað er alltaf hætta á því, ef menn ganga að samningaborði og hafa ekki gert upp hug sinn áður, ganga þangað stefnulausir, að þá flæki þeir sig í málunum á þann hátt sem gæti valdið skaða. Auðvitað eigum við í þessu eins og öllum mikilvægum málum að marka okkar afstöðu, segja alveg til um það hver er okkar meginskoðun. Og þeirri skoðun verður vitanlega ekki breytt nema með einhverjum alveg nýjum upplýsingum sem við höfum ekki séð fyrir eða ekki reiknað með. En maður telur sig auðvitað alltaf hafa leyfi til þess að breyta um afstöðu þegar eitthvað nýtt kemur upp í málinu.

En það, sem vekur athygli í þessum efnum, er að þeir hæstv. ráðh., sem hafa talað í þessum málum, fást ekki með nokkru móti til þess að taka afstöðu til þess hver sé stefnan í málinu. Það er verið að tala um að við getum hugsað okkur samninga um veiðirétt á gagnkvæmisgrundvelli. En ég spyr enn þá einu sinni: Hver er þessi grundvöllur? Um hvað eru menn að tala? Hvaða rétt geta menn í þessum efnum hugsað sér okkur til handa í staðinn fyrir það, sem við þurfum að láta af hendi? Hvað er það? Ja, við þessu hefur ekki fengist neitt svar. Ekkert efnislegt atriði hefur þarna komið fram hjá hæstv. ráðh., annað en það að sagt er: Ja, við þurfum að hafa í huga framtíðarhagsmuni okkar íslendinga, við þurfum að hafa hér langtímasjónarmið í huga. — Ég hef einnig spurt um það, hvað liggi á bak við þessi orð, hvað menn meini. Meina menn að við eigum að heimila t. d. bretum eða öðrum aðilum Efnahagsbandalagsins að veiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi nú, eins og þeir eru að sækjast eftir, gegn því að við fáum að veiða í landhelgi þeirra eftir nokkur ár, t. d. 5—6 ár? Eru menn að undirbúa viðræður við þessa aðila á þessum grundvelli? Er þetta stefnan?

Ég vil í þessum efnum einnig segja það við hv. alþm.: Getur það verið að hv. alþm. í stjórnarflokkunum, sem standa að ríkisstj., séu ásáttir með þau vinnubrögð að fulltrúar ríkisstj. eða einstakir ráðh. gangi til viðræðna um þessi mál við fulltrúa breta eða Efnahagsbandalagsins án þess að þeir fái að vita um hvað á að ræða? Það er auðvitað ekkert annað en útúrsnúningur, eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að segja: Við viljum taka upp viðræður, við ætlum að hlusta á hvað mennirnir hafa að bjóða — bara hlusta á hvað þeir hafa að bjóða. — Dettur nokkrum manni í hug að við göngum til viðræðna um þessi mál án þess að segja þar eitthvað? Við vitum alveg upp á hár hvað það er sem þessar þjóðir eru að sækjast eftir. Við vitum hvað bretar koma til með að biðja um. Það má kannske segja að við vitum ekki nákvæmlega hvað þeir vilja fá veiðirétt til langs tíma núna í þessari lotu. Það má líka segja að við vitum ekki nákvæmlega hvað þeir sætti sig við að mega hafa hér mörg skip eða ætla að fá rétt til þess að veiða mikið magn. En við vitum hvað þeir eru að fara fram á. Þeir vilja fá framlengingu á þeim veiðirétti, sem þeir hafa haft, að meira eða minna leyti um einhvern óákveðinn tíma. Þetta er það sem þeir koma til með að biðja um. Hvað ætla okkar menn að segja? Ætla þeir bara að leggja kollhúfur og segja: Við höfum nú hlustað á hvað þið hafið sagt — og fara svo heim? Nei, svona gerast viðræður ekki. Og það er alveg þýðingarlaust fyrir hæstv. ráðh. að setja upp skilningsleysissvip eins og þeir gera í þessum efnum.

Við vitum um það sem er hugsanlegt að okkur verði boðið, við vitum alveg hvað það getur verið. Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. sagði hér í sínu máli: Ég persónulega tel að bretar hafi okkur ekkert að bjóða og því sé í rauninni alveg þýðingarlaust að vera að tala við þá. — Já, það vakti athygli mína að hæstv. utanrrh. sagði þetta: það væri í rauninni alveg þýðingarlaust að tala við breta, — af því að ég tel, sagði hann, að þeir hafi ekkert að bjóða. En hvað hafa þá hinir að bjóða? Hvað hafa hinir úr Efnahagsbandalaginu að bjóða, ef bretar hafa ekkert að bjóða? Og þá er ég að tala um gagnkvæman veiðirétt, af því að ríkisstj. er búin að taka það fram, hæstv. sjútvrh. tók mjög skýrt fram að ríkisstj. væri alveg ákveðin í því að semja ekki um veiðiheimildir fyrir einhvers konar skipti á viðskiptasviði í sambandi við tollamál eða annað þess háttar, það væri útilokað, hér væri bara um gagnkvæman veiðirétt að ræða. En ef menn eru á þessari skoðun sem kom frma hjá hæstv. utanrrh., en hann virðist þarna vera á sama máli og ég, að það, sem bretar hafa hugsanlega fram að bjóða sem veiðirétt handa okkur, sé einskis virði, það sé ekki umtalsvert, þeir hafi ekkert að bjóða, hvað hafa þá hinir að bjóða? Það sjáum við alveg í hendi okkar, að þeir hafa ekkert að bjóða. Í þessu hugsanlega dæmi er þá aðeins um að ræða fiskveiðilandhelgina við Grænland, þar sem við vitum að gildir sérstaða innan Efnahagsbandalagsins, og danir tala um að sú sérstaða sé þar, að þar sé fyrst og fremst um réttindi grænlendinga að ræða, en ekki annarra innan Efnahagsbandalagsins. Og því verður ekki trúað, miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið um það mál, að Efnahagsbandalagið almennt geti farið að semja um landhelgina við Grænland í skiptum fyrir eitthvað annað fyrir breta hér hjá okkur. En auk þess er svo það, að hér hefur ekki komið fram í þessum umr. nokkur minnsta vísbending um að málin standi þannig að við gætum farið að meta einhverjar heimildir til veiða innan 200 mílna fiskveiðilandhelginnar við Grænland þannig að við heimiliðum bretum að

veiða í okkar fiskveiðilandhelgi, ekki eins og sakir standa.

Ég tel því að þessar umr. hafi í rauninni leitt það alveg skýrt í ljós, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um það að hún vilji taka upp þessar viðræður, enda kom það fram hér áður að hún hefði beinlínis lofað því í sambandi við samningagerðina í Osló. En hún tekur fram að þessar viðræður eigi að vera um gagnkvæmisrétt til fiskveiða. Það er sá grundvöllur sem á að ræða málið á. En hún fæst ekki til þess að ræða um þennan gagnkvæmisrétt, í hverju hann er fólginn, hvað þar getur yfirleitt komið til mála.

Einn af þm. úr stjórnarliðinu hefur tekið fram í þessum umr. að hann teldi að hér væri ekki um neinn gagnkvæmisrétt að ræða miðað við núverandi aðstæður, hann teldi að hér væri ekki um neitt að semja. En aðrir hafa ekki talað hér í málinu, nema þessir þrír hæstv. ráðh. sem allir virðast vera ákveðnir í því að taka upp þessar viðræður á þessum grundvelli, án þess að vilja ræða um það á nokkurn hátt frekar hver sé hin efnislega afstaða þeirra. Og þá er það aðeins þessi skýring, að menn gangi til viðræðnanna af kurteisisástæðum og vilji ekki hafa talað neitt opinberlega um hver sé okkar skoðun, einnig af kurteisisástæðum, og ætli bara að hlusta.

Í þessum umr. hefur auðvitað sitt af hverju annað komið hér fram sem er næsta lítils virði að vera að þrátta hér um. Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. taldi að það væru uppi hjá okkur í stjórnarandstöðunni og ýmsum öðrum aðilum þær óbilgjörnu og óeðlilegu kröfur, að við hefðum gert kröfu til þess í sambandi við samkomulagið sem gert var í Osló að bretar færu aldrei fram á nein frekari veiðiréttindi við Ísland. Þetta hef ég aldrei sagt og aldrei dottið í hug. Ég hef hvergi séð þetta frá hálfu stjórnarandstöðunnar, að við höfum sett fram þá kröfu að viðurkenningin, sem við vildum fá frá hálfu breta, ætti að vera þannig orðuð, að þeir féllust á að fara aldrei í framtíðinni fram á neinn veiðirétt. Þetta er alger tilbúningur af hálfu ríkisstj., að halda þessu fram. Þessu hefur enginn haldið fram. Hitt er annað mál, að það mátti orða viðurkenninguna þannig að það væri enginn vafi á því að bretar viðurkenndu 200 mílna fiskveiðilandhelgi við Ísland. Það fengust þeir ekki til að skrifa undir, en segja hins vegar að þeir muni veiða á þeim slóðum innan íslensku fiskveiðilandhelginnar í framtíðinni sem samkomulag kunni að takast um við íslendinga, óbeint gefið undir fótinn með að það eigi að verða um áframhald að ræða á fiskveiðum, að vísu eftir nánara samkomulagi.

Svipað var að segja um það sem hæstv. sjútvrh. hafði hér um málið að segja. Það var að mínum dómi líka í rauninni alveg út í hött og þar rætt um þá liði málsins sem koma ekkert við þessu máli sem hér er verið að ræða um. Töflur um það, hvað bretar hafi veitt mikið á mánuði hverjum nú í sumar samkv. eigin uppgjöf og hvað þeir hafi veitt í sömu mánuðum árið áður, á meðan þeir höfðu hér í gildi samning, og tölur, sem sýna að þeir hafi veitt minna núna en samkv. eldri samningi, þær segja vitanlega ekki nokkurn skapaðan hlut. Það vita allir að fyrri samningur var þannig, að bretar máttu halda til veiða hér við landið allt upp í 139 skipum og eftir þar til settum reglum. En samkv. þessu nýja samkomulagi er svo komið að þeir geta í rauninni ekki haldið hér úti fleiri skipum til veiða en sem nemur 50—60 skipum, þ. e. a. s. 24 sem eru stöðugt að meðaltali á miðunum. Það er auðvitað alveg gefið mál, að hér var um minna fiskmagn að ræða. Það að draga þetta sérstaklega inn í þessar umr. er bara að drepa málinu á dreif, á svipaðan hátt og kom fram hjá hæstv. sjútvrh. þegar hann sagði: Já, hvað gerðu þeir menn sem eru nú á móti því að Oslóarsamkomulagið var gert við breta, — hvað gerðu þeir í nóv. 1973, þegar þeir stóðu að því að samið var við breta?

Vitanlega eru allar umr. af þessu tagi út í hött og koma ekkert kjarna þessa máls við. Við vitum að við höfum átt í deilu við breta í langan tíma og okkar skýrslur og breta líka sýna það, að frá því að þessar deilur voru teknar upp nú í seinni lotunni, þ. e. a. s. á árinu 1972, og þar til nú, þá hefur fiskmagn þeirra héðan af Íslandsmiðum og annarra útlendinga verið að ganga niður allan tímann jafnt og þétt, — og sem betur fer auðvitað núna í síðustu lotunni einnig í sambandi við það samkomulag sem gert var í Osló, þá hefur þetta fiskmagn enn haldið áfram að minnka. Við höfum verið að ná árangri allan þennan tíma og einnig með samkomulagi sem hefur verið gert, hvort sem mönnum hefur fundist það samkomulag ná nægilega langt á hverjum tíma málsins eða ekki. Það er því ekki það sem hér er um að ræða, hvort rétt hafi verið áður að semja við breta eða ekki og hvort þeir hafi þá með samningum fengið of mikið eða ekki. Hér er um allt annað mál að ræða. Hér er fyrst og fremst um það að ræða hvað eigi að gerast í okkar landhelgismáli eftir 1. des. n.k. og á hvaða grundvelli eigi nú að taka upp viðræður, um hvað eigi að ræða efnislega og hvort menn fást til þess að gefa það upp í meginatriðum hver sé okkar stefna, hvert muni verða okkar svar. Um það snýst málið.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að halda hér uppi karpi um einstaka undirþætti þessa máls, eins og varðandi samningsgerð sem fram fór í Osló í júníbyrjun. Ég hafði bent á það í minni ræðu að það hafi komið fram frá gagnaðilanum sjálfum, þ. e. a. s. utanrrh. breta sem stóð fyrir þeirra hönd í þessum samningum, þar sem hann lýsti því yfir í breska þinginu að bretar hafi ekki átt neinn annan kost, eins og komið var, annan en að ljúka deilunni við íslendinga. Þetta var hans skýring á því hvernig okkar landhelgisdeila hafði þróast. Þeir urðu að taka upp breytta afstöðu, og það vorum ekki við sem knúðum þá til þess með þessari samningagerð. Þeir fengu hins vegar samninginn til þess kannske að bjarga aðeins sínu andliti fyrir einhverjum. Það var eitthvað aðeins betra fyrir þá að bakka út úr því sem komið var með svona samningagerð. En hitt er sem sagt þeirra eigin yfirlýsing, að svo hafi verið komið að það hafi ekki verið hægt að halda þessu áfram, m. a. vegna breyttrar stefnu þeirra sjálfra og átaka varðandi landhelgismálið sem upp voru komin hjá þeim.

En eins og ég hef sagt, þá er þetta ekkert höfuðatriði í málinu eins og nú standa sakir. Og samkomulagið, sem gert var í Osló 1. júní,

er heldur ekkert höfuðatriði í þessu máli. Það er gert og framkvæmt og senn búið að vera. Menn geta eflaust haldið áfram að deila um hvort hafi verið þörf á því samkomulagi og hverjar hafi orðið afleiðingar þess samkomulags í sambandi við veiðimöguleika útlendinga hér á miðunum. Menn geta haldið því áfram. En um það snýst í rauninni ekki málið í dag, heldur hitt, hvert framhaldið á að verða. Ég verð líka að segja það, að heldur er það nú skothent að lýsa yfir að samkomulagið í Osló feli í sér algera viðurkenningu breta á 200 mílunum hér hjá okkur, að okkar réttur sé orðinn algerlega óumdeilanlegur, og í þessu sérstaka samkomulagi felist hinn *mikli stjórnmálasigur, en svo skuli menn* samt sem áður vera í einhverjum vafa um það eftir allan þennan tíma hvert framhaldið eigi að verða nú alveg á næstunni, þ. e. a. s. 1. des. Ég hélt satt að segja að þá ætti ekki að leika neinn minnsti vafi á því að menn ættu að fylgja þessu eftir á þann hátt, miðað við allar okkar aðstæður, að segja: Nú er ekki um neitt meira að semja. Við höfum samið, það var kominn punktur aftan við deiluna, þessu var lokið, og við höfum ekki um neitt að semja. Þið hafið ekkert það að bjóða okkur varðandi gagnkvæman fiskveiðirétt sem við getum litið við, miðað við hið alvarlega ástand á okkar fiskimiðum, og því þarf ekki að ræða málið á þeim grundvelli. — Hitt gátu menn svo *gert, sem vildu vera afskaplega* kurteisir, að segja að þrátt fyrir þessa afstöðu værum við tilbúnir að hitta þá og drekka með þeim kaffi eða ræða við þá um þessi mál, en sem sagt, þetta væri okkar afstaða.

Ég geri ráð fyrir því að umr. um málið á þessu stigi breyti ekki miklu. Hér hafa komið fram þrír hæstv. ráðh. sem mjög hafa haft með málið að gera fyrir hönd ríkisstj., þ. e. a. s. hæstv. forsrh., hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh., og þeir hafa ekki fengist til þess enn þá að segja nokkurn skapaðan hlut um það, hvað sé á bak við þetta hjá þeim, hvað þeir meini, hvernig þeir ætli að halda á málinu, en verið að ræða um ýmis minni háttar atriði málsins, þar sem *málflutningur þeirra er þó ekki byggður á sér*staklega föstum grunni. Það gerir því kannske lítið gagn að halda áfram einhliða umr. um það að knýja á menn með að tala þegar þeir fást ekki til þess að tala. En reynslan verður þá að sýna hvernig framhaldið verður. En ég er hræddur um að miðað við þessa afstöðu alla, þá þurfi jafnt alþm. sem aðrir í landinu að gæta að ráðh., þeir þurfi að láta þá finna það eftir öðrum leiðum hver sé skoðun manna og hvað þeir megi og hvað þeir megi ekki gera. En ég fyrir mitt leyti er mjög uggandi um að láta þá fara til samningaviðræðna í þessum kurteisistón sem þeir hafa verið að lýsa hér, vitandi ekkert hvað þeir ætla að gera.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég hef setið og hlýtt á umr. um landhelgissamningana við breta, sem hér eru til umr., og reynt að gera mér heildarmynd af því hvaða stefnu þessar umr. hafa tekið.

Mér sýnist það einkennandi við umr. og málflutning þeirra stjórnarandstæðinga, sem tekið hafa til máls, að það eru einkum þrjú atriði sem þeir hafa lagt mesta áherslu á: Í fyrsta lagi að ræða um það sem menn hafa hér kallað formhlið málsins, að átelja það að málið var ekki lagt fyrir Alþ. strax í sumar að afloknum samningum. Í öðru lagi að blanda mjög saman þessu máli, þessum samningum og væntanlegum samningum í framtíðinni. Og í þriðja lagi er það, sem hefur vakið nokkra undrun hjá mér, hvaða álit stjórnarandstæðingar hafa á því meginatriði samninganna, hvort um sé að ræða viðurkenningu af hálfu breta eða ekki.

Varðandi fyrsta atriðið, þá hafa hæstv. ráðh. gert því mjög glögg skil. Það er kannske rétt að benda á það að samningarnir sem slíkir komu ýmsum á óvart, og ég skal ekki um það dæma hvað hefði verið ákveðið um áframhaldandi þingsetu ef menn hefðu séð það fyrir, þegar þingi var að ljúka, að samningar mundu takast á þann veg sem raun varð innan skamms tíma. En það, sem mér finnst skera úr um nauðsyn á því að kalla saman þing í slíkum tilvikum sem þessu, er fyrst og fremst hvort það leikur vafi á því að um meiri hluta þings sé að ræða varðandi stuðning við samningana. Það hefur verið bent á það í umr., að það hefur verið fjallað um málið í utanrmn. Alþ. Það hefur verið fjallað um málið í landhelgisnefnd allra flokka og það hefur verið fjallað um málið í þingflokkum stjórnarflokkanna þar sem sitja 42 alþm. Það var því alveg ljóst þegar eftir samningsgerðina að það var enginn vafi á því að það væri mikill meiri hl. fyrir því á Alþ. að staðfesta samningana. Þess vegna finnst mér, af þeirri ástæðu og með hliðsjón af því sem gerst hefur og er orðin þó nokkur þingvenja í svipuðum tilfellum, að það hafi ekki borið neina brýna nauðsyn til þess að kalla þingið saman þá, heldur að leggja samningana fyrir þing nú í haust. En mér sýnist að hv. stjórnarandstæðingar hafi tilhneigingu til þess að ræða mikið um þennan þátt málsins og miklu minna um efni samningsins sjálfs, þó að þeir hafi lýst afstöðu sinni, mér til mikillar undrunar, til viðurkenningarákvæða samningsins varðandi útfærsluna.

Menn deila um það, hvort í þessum samningi felist viðurkenning af hálfu breta. Menn þurfa ekki að deila um það að hún er ekki formleg. Það hefur enginn deilt um það, ekki er um formlega viðurkenningu að ræða eða staðfestingu af hálfu breta. Það, sem hér er um að ræða, er hvort í samningnum felist efnislega viðurkenning af þeirra hálfu, að þeir skuldbinda sig til þess að veiða ekki innan íslenskrar 200 mílna fiskveiðilögsögu nema til komi samþykki íslendinga. Það er kjarni málsins. Samningurinn hefur verið lesinn og sérstaklega þessi ákvæði og það marglesin. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„*Eftir að samningurinn fellur úr gildi, munu* bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, í samræmi við það, sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu.“

Þetta er samþykkt í bréfi sem utanrrh. breta sendir utanrrh. íslendinga. Þarf nokkur maður að vera í vafa um það, að í þessu felist loforð og samningur um viðurkenningu af hálfu breta í

því efni, að þeir ætli sér ekki að veiða hér nema með samþykki íslensku ríkisstj.? Ég lít svo á að það sé enginn greiði við íslendinga og íslenska hagsmuni að halda því fram hér á Alþ. eða annars staðar að það felist ekki viðurkenning í þessum orðum samningsins. Það getur verið að bretum þyki gott að geta vitnað til þess að stjórnmálamenn hér á Íslandi haldi því fram að hér sé ekki um að ræða viðurkenningu. En ég fæ ekki séð að slíkur málflutningur sé í þágu íslenskra hagsmuna. Það finnst mér af og frá. Mig minnir að hv. þm. Magnús T. Ólafsson hafi á fundi í utanrmn. sagt eitthvað á þá leið, að hann vildi ekki deila um staðreyndir sem hann talaði um, þ. e. a. s. það atriði að í þessum samningi fælist viðurkenning varðandi það að bretar skuldbyndu sig með samningnum til þess að veiða ekki innan 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland nema samþykki íslensku ríkisstj. kæmi til. Það hefur því vakið furðu mína að menn skuli halda því fram að ekki sé hér um efnislega viðurkenningu að ræða og ef bretar tækju til veiða innan 200 mílnanna, þá væri ekki um að ræða brot á samningi sem þeir hefðu gert við íslendinga.

Að sjálfsögðu er þessi efnislega viðurkenning, sem er svo óumdeilanleg að skýrara verður vart að orði kveðið í íslensku máli, finnst mér, — að sjálfsögðu er þessi viðurkenning kjarni þessa máls, kjarni samninganna.

Hvað sem líður hugsanlegum samningum í framtíðinni, þá er þetta mál, eins og það er lagt hér fyrir hv. Alþ., þannig vaxið að kjarni þess er að minni hyggju þessi, að hér er um að ræða stórkostlegan atburð í íslenskri stjórnmálasögu, þ. e. a. s. að seinasta þjóðin, sem hefur þverskallast við að virða okkar útfærslu í 200 mílur í verki, bretar, skuldbindur sig með samningum til þess héðan í frá, þ. e. a. s. eftir 1. des., að virða þessi fiskveiðimörk. (StJ: Það kemur í ljós 1. des.) Það kemur í ljós 1. des. að sjálfsögðu. Ég skal ekki setja fram neina spádóma í því efni. En aðalatriðið er þetta, að bretar hafa með samningsgerð skuldbundið sig til þess að veiða ekki hér nema með okkar samþykki. Það er kjarni málsins. Ef þeir gera það, þá brjóta þeir þetta samkomulag. Ég skal ekki spá neinu um það. Ég trúi því ekki að óreyndu máli að til þess komi.

Það er í sjálfu sér langhandhægast að vísa til skrifa breskra blaða, frétta í breskum fjölmiðlum af lyktum málsins, til þess að sýna fram á það að vitanlega litu bretar svo á og sögðu það í blöðum, í sjónvarpi, í útvarpi og alls staðar, að þeir hefðu tapað málinu, eins og þeir orðuðu það, þeir hefðu tapað landhelgisdeilunni við íslendinga. Og í hverju felst tapið? Tapið felst vitanlega í því, að þeir hafa viðurkennt okkar 200 mílna útfærslu. Í því felst tapið.

Það hefur verið bent á það áður í þessum umr. að bretar séu sjálfir að færa út í 200 mílur. Seinustu fréttir, sem ég heyrði í dag í útvarpi, voru þær að samkomulag væri að nást um það að Efnahagsbandalagsríkin öll ætluðu að færa út í 200 mílur, þannig að það er í raun og veru hreinlega stimplun á þennan samning að því leyti til og staðfesting. Það er því alls engin deila um það lengur að viðurkenna okkar 200 mílna útfærslu.

Það hefur verið rætt talsvert um ýmis önnur atriði málsins, og það hafa komið fram upplýsingar um það hvað hefur verið að gerast á íslenskum miðum undanfarandi ár. Ég ætla að nefna nokkrar tölur, þær eru ekki nýjar, en aðeins til glöggvunar.

Á árinu 1975 voru þorskveiðar við Ísland á þessa leið: Íslendingar veiddu sjálfir 267 þús. tonn, bretar um 95 þús. og aðrar þjóðir 23 þús. tonn eða samtals 385 þús. tonn. Til samanburðar má geta þess, að árið 1933 voru veiddar 538 þús. smálestir af þorski á Íslandsmiðum. Íslendingar veiddu 247 þús. smálestir, og útlendingar 291 þús. smálestir, hér um bil 300 þús. smál. af þorski. Árið 1953, sem var metveiðiár, veiddust 547 þús. smál. af þorski við Ísland og íslendingar veiddu 267 þús. smál., en útlendingar 284 þús. smál. Og árið 1971 veiddust 453 þús. smál. og þá veiddu íslendingar 250 þús. lestir, en útlendingar 203 þús. lestir. Það þarf ekki annað en bera þetta saman við þann afla sem sennilegt er að útlendingar veiði á þessu ári hér við Ísland. Ég skal ekki nefna neina ákveðna tölu í því efni, menn tala um 60 þús. tonn. En það er sýnilegt, að það er smáræði samanborið við 200—300 þús. tonn sem útlendingar veiddu hér af þorski, að því er vitað er um, mjög mörg ár, þannig að hér er auðvitað um að ræða stórkostlegan ávinning fyrir okkur íslendinga í þessu máli þótt ekki sé á annað litið.

Það hefur verið rætt mikið um það í þessum umr. hvað tæki við. Ég er þeirrar skoðunar, og það hefur raunar komið fram í mínu máli, að það sé þýðingarmikið að íslendingar séu sammála um að þessi samningur sem slíkur þýði og þýði ekkert annað heldur en það, að bretar skuldbindi sig til þess að veiða ekki innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar gegn vilja íslendinga. Ég tel það nokkurs virði og átel það að menn skuli halda öðru fram. Þegar kemur að því að menn ræði við aðrar þjóðir um fiskveiðiréttindi innan 200 mílnanna, þá er þetta höfuðatriði. Okkar staða er allt önnur en hún hefur áður verið í slíkum viðræðum, vegna þess að ef við segjum nei, þá eru bretar að brjóta á okkur samninga sem þeir hafa nýlega gert, ef þeir þrátt fyrir það taka til veiða innan 200 mílna fiskveiðilögsögu.

Þegar íslendingar færðu út sína fiskveiðilögsögu, þá hafa þeir gert það með dálitið mismunandi hætti allar götur frá því að lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins voru sett 1948 og til og með úfærslunnar í 50 mílur 1971, þá byggðu íslendingar fyrst og fremst á landgrunnskenningunni, því þó að 50 mílurnar næðu að vísu alllangt út fyrir landgrunnið á stöku stað, þá var þar þó í meginatriðum fylgt landgrunninu. En aftur á móti útfærslan, þegar hún er gerð í 200 mílur, þá er hún grundvölluð á dálitið annan hátt, þ. e. a. s. hún er byggð á ákvæðum frv. þess til l. um þjóðarétt varðandi fiskveiðilögsögu eða efnahagslögsögu, sem liggur fyrir Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Meginatriði þess frv. er í fyrsta lagi að efnahagslögsaga skuli vera 200 mílur, í öðru

lagi að strandríki skuli ákveða það sjálft hversu mikið skuli veiða af tilteknum fisktegundum innan efnahagslögsögunnar og í þriðja lagi að strandríki skuli einnig ákveða sjálft hversu mikið það telji sig geta veitt af því leyfilega magni sem það sjálft ákveður að þolanlegt sé að veiða. Þetta þýðir auðvitað það og það er öllum ljóst, eins og kom raunar fram hjá hv. 2. þm. Austurl., í ræðu hans hér áðan, — þetta þýðir auðvitað það, að ef við höfum fisktegundir innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar sem eru miklu meiri að magni til en við getum sjálfir veitt, þá hefur enginn dregið dul á það að við erum til viðræðu við aðrar þjóðir um veiðar. Það er ljóst. En þetta þýðir einnig það, að ef við höfum ekki veiðimagn sem við teljum að sé í það miklum mæli að óhætt sé að ganga á stofninn, þá getum við ekki leyft slíkar veiðar. Það er ljóst. Jafnframt þessu, eins og komið hefur fram hjá ýmsum hv. þm. og ráðh., kemur til álita hvort við höfum ávinning af því að versla við aðrar þjóðir, hvort við höfum ávinning af því að leyfa þeim veiðiheimildir innan okkar 200 mílna marka gegn því að við fáum að veiða innan þeirra 200 mílna marka aðrar fisktegundir eða sömu. Þetta álít ég að eigi að koma til álita þegar við förum að ræða við aðrar þjóðir um fiskveiðiheimildir þeim til handa innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar.

Það eru ýmis fleiri smærri atriði að sjálfsögðu sem varða útfærslu á þessu samkomulagi. En ég vil að lokum segja það, að mér finnst, og það finnst mörgum fleirum, að þessi samningur, sem efnislega skuldbindur breta til þess að veiða ekki innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands nema með okkar samþykki, hann sé stórkostlegur atburður í okkar atvinnusögu og í okkar stjórnmálasögu. Það hlýtur að vera stórkostlegur atburður í okkar stjórnmálasögu að við erum búnir að vinna einkarétt á fiskveiðum innan 200 mílna. Og þetta er að verða staðfest sem þjóðaréttur, a. m. k. hér í kringum okkur, eftir að aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu hafa ákveðið að færa út í 200 mílur. Þess vegna er þessi atburður stórkostlegur atburður. Og ég álít að það sé meginatriði í þessu máli þegar menn ganga til umr., hvort sem það verður yfir kaffibolla eða á einhvern annan hátt, við aðrar þjóðir um fiskveiðiréttindi, að muna það, að við getum sagt nei, við höfum rétt til þess að segja nei, vegna þess að aðrar þjóðir hafa skuldbundið sig til þess að virða það og sérstaklega þá sú þjóð sem við höfum átt í mestum erjum og erfiðleikum við í sambandi við fiskveiðar hér við land.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þetta skal verða aðeins stutt aths., en það voru nokkur atriði í ræðu hv. 4. þm. Austurl., Tómasar Árnasonar, sem gáfu mér tilefni til þess að bæta hér við nokkrum orðum.

Hann ræddi í sínu máli nokkuð um það hvað raunverulega fælist varðandi viðurkenningu í samkomulaginu frá Osló. Það var ljóst að hann telur að þar sé um raunverulega viðurkenningu breta að ræða á okkar 200 mílna fiskveiðilandhelgi, en tók þó fram nákvæmlega sama og ég hef verið að segja allan tímann, að hér er ekki um formlega viðurkenningu að ræða. Það var fyrst og fremst þetta atriði sem kom fram í ræðu hv. þm.: hann viðurkennir að hér er ekki um formlega viðurkenningu að ræða. Ég hafði sagt í mínum málflutningi að það, sem lægi fyrir, væri að þeir, sem samninginn gerðu af okkar hálfu, hafa túlkað samninginn þannig að hann jafngilti viðurkenningu. En bretar hafa ekki gert það. Frá þeirra hálfu hefur það ekki komið fram að þeir túlkuðu samninginn á þá lund, heldur að þeir þyrftu að gera annan samning við okkur í framhaldi af þessum samningi þegar honum lyki. Það hefur verið þeirra meginafstaða allan tímann.

Ég vil líka taka það skýrt fram, að ég hef aldrei haldið því fram að það samkomulag, sem gert var í Osló, sé einhver sönnun um það að bretar viðurkenni ekki eða þeir séu ekki skuldbundnir á neinn hátt í sambandi við ákvæði samningsins. Mér er það alveg ljóst að í samningnum kemur það fram, að þeir skuldbinda sig til þess að stunda hér ekki veiðar — eða það er nú sagt á hinn veginn, að þeir stundi hér veiðar á þeim svæðum innan okkar fiskveiðilandhelgi sem íslendingar kunna að veita samning um. Auðvitað er í þessu ákveðið gildi fyrir okkur. En það er rangt að halda því fram að hér liggi fyrir og samningurinn hafi verið gerður til þess að fá fullnaðarviðurkenningu breta, eins og hér hefur verið orðað, í sambandi við okkar 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Það kom fram í máli hv. 4. þm. Auturl., Tómasar Árnasonar, og hefur reyndar komið fram hjá fleirum, að hann sagði eitthvað á þá leið, að nú nýlega tilkynntu bretar að þeir ætluðu sér að færa út í 200 mílur og hann teldi að þar væri um tilkynningu að ræða sem raunverulega gæfi stimpil á okkar 200 mílna fiskveiðilandhelgi, þ. e. a. s. viðurkenningu frá hálfu breta á okkar 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Þetta er einmitt það sem ég og fleiri höfum verið að segja. Sannleikur málsins er sá, að sú breytta stefna, sem bretar urðu að taka upp og voru að taka upp um það leyti sem samkomulagið í Osló var gert, sú breytta opinbera stefna, sem þeir þá voru nauðbeygðir til að taka upp og tóku upp, fól í sér viðurkenningu á 200 mílna landhelgisstefnunni almennt og hún fól í sér þá viðurkenningu, sem við höfðum verið að berjast við að fá allan tímann, og gerbreytti okkar stöðu. En það var ekki samkomulagið í Osló út af fyrir sig, sem þar var undirskrifað, sem veitti okkur þessa viðurkenningu. Það er mesti misskilningur. Það var ekki samkomulagið í Osló sem orsakaði það að bretar breyttu um stefnu í málinu. Það var komið fram löngu áður, að þeir voru og urðu að taka upp þessa stefnu, og það hefði gerst hvort sem þetta samkomulag var gert eða ekki. En hitt var líka ljóst, að þegar bretar voru farnir að tilkynna um að þeir yrðu að færa út í 200 mílur, þá var ekkert þægilegt fyrir þá að halda áfram þeirri formlegu deilu sem þeir stóðu í við okkur, og þar varð að verða breyting á, eins og utanrrh. þeirra sagði. Það var ekki um annað að gera hjá þeim, eins og komið var, þeir urðu að gera breytingu á. Það er sem sagt ekkert um það að villast, eins og

hér var sagt, að sterkasta viðurkenning breta er fólgin í þeirri breyttu stefnu sem þeir hafa tekið upp varðandi 200 mílna deiluna.

Ég vil að það komi skýrt fram, að túlkun mín á samkomulaginu, sem gert var í Osló, er ekki sú sem mátti kannske skilja á því sem hv. þm. Tómas Árnason sagði, að ég vildi fría breta eitthvað undan þeim skyldum sem á þeim hvíla í kjölfar samkomulagsins í Osló, síður en svo. Ég bara benti á það, að í þessu samkomulagi felst ekki sú formlega viðurkenning sem ríkisstj. okkar hefur verið að hamra á og réttlætt samninginn með, að hún hafi náð þessari formlegu viðurkenningu, vegna þess að það viðurkenna bretar ekki. Og það verða allir að viðurkenna, eins og hv. þm. Tómas Árnason gerði, að um formlega viðurkenningu er hér ekki að ræða.

Það, sem menn leggja áherslu á í þessum efnum, er það orðalag sem er að finna í 10. gr. samkomulagsins, sem er óneitanlega heldur andkannalegt í sambandi við viðurkenningu, þar sem segir að bresk skip muni aðeins stunda veiðar á því svæði sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975 í samræmi við það sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu. M. ö. o.: ef þetta á að þýða viðurkenningu, þá felst í þessu líka ábending um það, að þeir muni veiða þarna áfram eftir samkomulagi sem íslendingar kunna að samþykkja. Og það er einmitt verið að ganga eftir þessu. Þetta er sú afstaða sem bretarnir hafa hangið á og hanga á enn.

En hitt vakti líka athygli mína í málflutningi hv. þm. Tómasar Árnasonar, að frá hans hálfu kom enn ekkert um það atriði þessa máls sem skiptir þó öllu máli, hver afstaða okkar á að vera varðandi efnisatriði málsins eftir 1. des. Ég álít að þarna hefði þurft að koma fram, ekki síst hjá þeim sem telja að hinn endanlegi snúningspunktur í málinu hafi orðið 1. júní í Osló, að þeir segðu, miðað við allar aðstæður nú, að um frekari samninga geti ekki verið að ræða eins og málin standa nú, af því að við vitum mætavel að það er ekki hægt að bjóða okkur þennan gagnkvæmisrétt, sem annars gæti komið til greina og ég hef fyrir mitt leyti viðurkennt. Mér dettur ekki í hug að neita því, að þeir tímar geta komið að við semjum við aðrar þjóðir um gagnkvæmisrétt. Þeir geta komið, en þeir eru bara ekki nú. Ég viðurkenni það líka, sem er fullkomlega rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Tómasi Árnasyni, að það er rétt, að það er grundvallaratriði í sambandi við þau væntanlegu alþjóðaréttarákvæði sem fjallað hefur verið um, að komi upp sú staða að við og aðrir, sem höfum helgað okkur 200 mílur, höfum á okkar svæði meira fiskmagn en við getum komist yfir að nýta, en viðurkennt er þó að ætti að vera leyfilegt að taka, þá er gert ráð fyrir því að við gefum öðrum þjóðum einnig kost á því að veiða slíkt með samningum. Það hefur aldrei verið nein deila um þetta. En spurningin er nú, af því að ég held að það sé ekki efast um að staðan hjá okkur er sú, að við getum ekkert látið af þeim afla sem er verið að sækjast eftir, við getum ekkert af honum látið nema þá við tökum það af okkur sjálfum, — af því eigi stefnan líka að vera skýr og við eigum að segja við breta að við getum ekki samið um neins konar framlengingu þeim til handa eftir 1. des.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í samræmi við það athyglisverða atriði, sem deilt hefur verið um nú, er athyglisvert að lesa saman íslenska og enska textann í 10. gr. samningsins. Það segir nefnilega í íslenska textanum, að eftir að samningurinn fellur úr gildi muni „bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði, sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, í samræmi við það sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu". Nú má alltaf deila um blæbrigði á þýðingum, en ég held að það sé ekki nákvæmt að nota orðið „kann að verða". Í enska textanum stendur: "only to the extent provided for in arrangements agreed with the Government of Iceland". Ég mundi þýða þetta: „aðeins að því marki sem ákveðið verður í samningum við ríkisstj. Íslands." Þarna er ekkert „kann að verða", — „i samningum" stendur í enska samningnum. Það skyldi þó ekki vera að það sé verið að nota hér alkunna diplómatíska kúnst, að þýða svona lauslega í trausti þess að allur þorri þeirra, sem um samningana fjalla, láti sér nægja að lesa samninginn á öðru málinu? Mér finnst að enski textinn sé miklu ákveðnari: „samningum við ríkisstj. Íslands", en þar stendur hvergi „kann" í samningnum: „sem samþykkt kann að verða." (**Gripið fram í:** Í því felst viðurkenningin.) Í þessum breska texta er slegið föstu að það verði samningar við íslenska ríkið, þar stendur ekki að það kunni að verða. Það er aðalatriðið. (**Gripið fram í:** Viðurkenning á samningsréttinum.) Það þarf enga sérstaka samninga um viðurkenningu á samningsrétti milli ríkja sem hafa diplómatískt samband. Þessi aths. hv. þm. er algerlega út í hött. (**Gripið fram í:** Til hvers er þá verið að semja?) Það var verið að semja til þess að bjarga andliti breska heimsveldisins, svo að það geti hörfað með breska flotann frá ströndum Íslands án þess að skömm þess yrði meiri en hún hafði orðið. Það var búið að viðurkenna alþjóðlega 200 mílur svo sterklega að allir í kringum okkur töldu sjálfsagt að á þessum tíma gæti hver sem er fært út. Eftir var aðeins að finna leið til þess að bretar gætu kallað flota sinn heim þannig að bresk stjórnvöld gætu staðist það stjórnmálalega með utanrrh. frá Grimsby og þannig að menn eins og Callaghan, sem voru búnir að vera grjótharðir í samningum við okkur, töpuðu ekki andlitinu allt of illilega. Þetta eru milliríkjaviðskipti.

Ég tel að við höfum að vissu leyti tapað þarna síðustu orustunni, af því að við þurftum að borga til þess að losna við ofbeldið. En hitt er alveg rétt, að hvenær sem við teljum eða framtíðin telur sögulega að barátta fyrir 200 mílna útfærslunni hafi verið lokið, þá er stór sigur unninn, þá er sögulegur atburður kominn fram. Við skulum greina á milli þess, hvaða einstakt atriði í baráttunni það er sem snýr málunum

þannig við að eftir það er okkar sigur vís. Látum sagnfræðingana um að dæma á hvaða augnabliki það verður. Það getur alveg eins verið að sagan segi: Þegar stiflan mikla á Hafréttarráðstefnunni brast og Mexíkó, Bandaríkin og Kanada tilkynntu að þau ætluðu að færa út í 200 mílur, þá var málinu raunar lokið. Eftir það var ekkert annað eftir fyrir þjóðir eins og okkur heldur en að hugsa um hvernig við gætum unnið friðinn sem fylgir í kjölfarið. Það er það sem er okkar vandamál. Ætli bretar kannist ekki við þau vandamál að vinna stríð, en eiga erfitt með að vinna friðinn á eftir.

Ég ætla ekki að lengja þetta mál. Eg vil ítreka það, sem ég hef áður sagt, að það er tilgangslaust að vera að reyna að draga hæstv. ráðh. inn í umr. um það sem fram undan er. En ekki heyrði ég betur í hádegisfréttum en að enn væri tilkynnt og borinn fyrir því, að ég hygg, danski fulltrúinn hjá Efnahagsbandalaginu í Brüssel, að viðræður við Íslendinga yrðu — mér heyrðist hann segja 3. næsta mánaðar, í miðri næstu viku. Það er e. t. v. athyglisvert, eins og útlitið er, að í þessum sömu hádegisfréttum í dag var sagt frá því, að Financial Times í London talaði um að nú gæti alveg eins stefnt út í nýtt þorskastríð. Ég sel þetta ekki dýrara en ég keypti, en ég vona að ég fari rétt með að þetta hafi verið í hádegisfréttunum.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Enn þá einu sinni verð ég að koma hingað í þennan ræðustól til þess að bera það til baka að viðræður við Efnahagsbandalagið hafi verið ákveðnar milli okkar og þeirra, hvort heldur sem er 3. nóv. eða eitthvað annað. Þeir kunna að hafa á sinni stefnuskrá að fara fram á slíkar viðræður, en þeir hafa hingað til ekki gert það og þar af leiðandi höfum við ekki samþykkt það.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka neitt af því, sem ég hef áður sagt um þessi mál, og læt því máli mínu lokið.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki heldur að lengja þessar umr. Vegna þeirra ummæla, sem hv. 2. landsk. þm. viðhafði um ónákvæmni þýðinga eða misræmi milli samnings texta á íslensku og ensku, þá fæ ég ekki betur séð en ef einhver blæmunur sé þar á, sem ég sé reyndar ekki, þá sé það heldur á þann veginn að sá breski sé afdráttarlausari. En ég sé ekki þennan blæmun og ítreka það og undirstrika, að í þessum lið samningsins felst viðurkenning breta á 200 mílna útfærslunni, og hef ekki fleiri orð um það en ég viðhafði í ræðu minni á þriðjudaginn var.

En í tengslum við það þykir mér rétt að koma hingað í ræðustól til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að ég skuli hafa misskilið gagnrýni hv. stjórnarandstæðinga og þ. á m. hv. 2. þm. Austurl. um að það, sem á skorti um viðurkenninguna samkv. þessum lið samningsins, væri ekki það, sem ég hef þó skilið hingað til, að samningsmönnum okkar og ríkisstj. hefði láðst að fá fram yfirlýsingu breta um að þeir mundu aldrei nokkurn tíma óska eftir fiskveiðiréttindum hér við land. Það kom skýrt fram í máli hv. 2. þm. Austurl. áðan að það ætti hann ekki við, hann teldi ósköp eðlilegt að bretar gætu farið fram á fiskveiðiréttindi hér við land, eins og við gætum farið fram á fiskveiðiréttindi við þeirra land. Þetta er mergurinn málsins. Í framhaldi af því fæ ég ekki séð hvar er unnt að fá sterkari viðurkenningu en felst í 10. lið samkomulagsins annars vegar, ef menn viðurkenna að ekkert sé óeðlilegt við það að bretar fari fram á fiskveiðiréttindi hér við land, ef þeir telja það nauðsynlegt hagsmuna sinna vegna, og menn viðurkenna að við getum neitað þeirra málaleitun, ef við teljum það ekki vera í samræmi við okkar hagsmuni. Á milli þessa tvenns, 10. liðs samkomulagsins og hins, er ekkert bil. Það er ekki unnt að fá neina sterkari yfirlýsingu sem þarna liggur á milli. Að ekki felist formleg viðurkenning í þessu orðalagi samningsins fæ ég ekki skilið, og þá er hv. 2. þm. Austurl. orðinn meiri formalisti en ég. Kann að vera að ég hafi þá gleymt einhverri af kröfum lögfræðinnar að því leyti, sem hann hefur tileinkað sér af langri reynslu.

Ég vildi láta þetta koma fram að lokum, en vil svo aðeins vekja athygli á því, að þessi samningur við breta, sem rætt var um áður en hann var gerður og eftir að hann var undirritaður sem voðaverk, sem framkvæmd af hálfu stjórnvalda er jaðraði við landráð, í sumum málgögnum og fjölmiðlum þjóðarinnar, hann er nú afgreiddur þannig við þessar umr. að út af fyrir sig skipti hann ekki öllu máli, heldur hvað verði eftir lok samningstímabilsins. Og það er einmitt sterkasti þátturinn í þessum samningi, að það er á valdi okkar hvað verður að samningstímanum loknum. Ríkisstj. hefur markað ákveðna afstöðu sem grundvöll að viðræðum ef og þegar þær fara fram. Þar verður rætt um gagnkvæm fiskveiðiréttindi, og það fer eftir hagsmunum okkar í bráð og lengd hvort um eitthvað verður samið eða ekki.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að enski textinn í 10. gr. er afdráttarlausari. Hann gerir miklu afdráttarlausar ráð fyrir frekari samningum við Íslendinga heldur en íslenski textinn gerir. (**Forsrh.:** Afdráttarlausari varðandi valdsvið Íslendinga.)

Tómas Árnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þeim orðum sem fallið hafa varðandi formlegheitin. Ég álít ekkert höfuðatriði fyrir okkur, nema síður sé, hvernig formið snertir þetta mál. Aðalatriðið er efni samninganna, um hvað var samið milli þjóðanna. Það, sem ég átti við í þessum efnum, var að það hefur ekki verið gerð enn þá formleg stefnumörkun af hálfu breta varðandi þetta mál, þannig að þeir eru ekki enn sem komið er, nema þá að það hafi skeð í dag eða gær, fylgjandi því sem almennri stefnumörkun að 200 mílna fiskveiðilögsaga skuli vera hafréttarlög.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla reyndar ekki að blanda mér inn í þessar deilur, en í raun og veru voru það orð hæstv. forsrh. í lokin, sem urðu til þess að ég stóð upp, og einnig þetta atriði um bretana.

Ég fæ ekki betur séð en bretar hafi sagt það sjálfir og gert raunar kröfu til þess að Efnahagsbandalagið sem heild kæmi fram sem samningsaðili ef samningar verða á döfinni gagnvart Íslandi. Ég sagði það strax, að kjarni málsins í þessum samningum, og því fylgdi ég þeim, en þó með þeirri forsendu, væri sá, að við réðum skilyrðislaust yfir okkar fiskveiðilandhelgi 1. des. Því fylgdi ég þessum samningum. Ef það reynist á annan veg, þá eru þeir gallaðir. En það hefur komið hér fram, og það þekkja allir þeir sem fylgst hafa með þróun á hafréttarsviðinu, að stíflan er að bresta og hver þjóðin eftir aðra tekur sér 200 mílur. Það er einnig staðreynd að Efnahagsbandalagslöndin eru nú þessa dagana að móta sína fiskveiðistefnu og ætla að koma fram sem einn aðili í heild gagnvart okkur. Við höfum þegar veitt Efnahagsbandalaginu sem slíku mikla fiskveiðiréttarsamninga, og ég sé ekki minnsta möguleika — tek það fram af því að hæstv. sjútvrh. er hér — til þess að veita þeim kg meira eftir 1. des., ekki kg um óákveðinn tíma.

Í útvarpi hældist hæstv. sjútvrh. yfir því að hafa veitt ákveðnum landshluta og ákveðnum útgerðaraðilum raunverulega flottrollið svo það væri hægt að moka sem mestum fiski upp, 4—6 ára gömlum. Þvílíkt og annað eins, ég segi það bara, að hæla sér af því eins og ástandið er. Ef einhverjir hér á hv. Alþ. eða utan dyra ímynda sér að á næstunni verði hægt að semja um aukin fiskveiðiréttindi, þá vaða þeir í villu og það alvarlega.

Gildi þessa samnings að mínu mati var eins og margra annarra, er við heyrðum fyrst um samninginn, að fiskveiðimöguleikar breta væru á enda 1. des. eða þá um nóttina. Ég trúi því ekki að menn ímyndi sér að það sé hægt að semja um einhvers konar fiskveiðiréttindi eftir 1. des., — ég trúi því ekki. Þeir hafa ekkert hingað meira að sækja því að við erum ekki aflögufærir um óákveðinn tíma. Það er alger blekking að ímynda sér það, — alger blekking.

Ég skal ekki taka þátt í deilu um formshlið málsins, hvernig það ber það. Það ber að á óeðlilegan hátt, um það verður ekki deilt. Það ber að á óeðlilegan hátt hér á Alþ. og hefði verið sæmandi að leggja það strax fyrir og ræða það strax. En það þýðir ekki að fást um orðinn hlut. Sú hlið á teningnum kemur ekki upp fyrr en í dag, þegar tímabil samningsins er næstum því á enda. Það mun koma í ljós hvernig viðurkenningin er skilin af hálfu beggja aðila, og um það þýðir því lítt að þrátta í dag. Við getum endalaust togast á um skilning á þessu orðalagi. Ég hef mína skoðun og aðrir sína. En það kemur innan skamms í ljós hvort við skiljum þetta rétt, að öllu sé lokið 1. des. algerlega. Það er meginatriði samningsins og það er megingildi samningsins.

Þó að einhver blöð séu með vangaveltur í því sambandi í Bretlandi, að það verði nýtt þorskastríð milli breta og Íslendinga, þá skil ég ekki svo furðulegan þankagang, vegna þess að eftir því sem ég hef heyrt og lesið mér til, þá tel ég að Efnahagsbandalagsþjóðirnar séu að móta eina fiskveiðistefnu, og það er alveg furðulegt ef ein þjóð fer að taka sig út úr og reka sérstaka fiskveiðipólitík, miðað við þær fregnir og þær umsagnir sem maður sér í því sambandi. Það er því undarleg vangavelta ef mönnum dettur slíkt í hug.

Einhver kann að segja að það sé mikilvægt að hafa síldveiðimöguleika í Norðursjó, einhverja löndun eða sölu á rækju og fleiru í þessum löndum. En það eru smámunir einir gagnvart því að ætla að hleypa þeim áfram inn í okkar fiskveiðilögsögu, eins og ástandið er. Og það er alveg út í hött að vera að bera saman eitthvert fiskimagn hér áður fyrr, þegar mikið var af fiski, að það sé eitthvað hliðstætt í tonnatölu núna. Við erum að taka síðasta fiskinn með þessari ofveiði. Við erum að taka síðasta fiskinn, svo að það verður að líta á þetta hlutfallslega, en ekki bara í kílóatölu. Og það vita allir, sem um það vilja fræðast, að aldursdreifing fisksins, sem á land hefur komið, hefur verið alltaf yngri og yngri, og í því er hættan fólgin. Það skiptir því meginmáli, hvort menn eru að taka ungfiskinn eða rígfullorðinn þorskinn, og ég hélt að menn þyrftu ekki að vera að vitna í einhverjar aflatölur tugi ára aftur í tímann til þess að segja að það væri verjanlegt. Það á sér enga stoð í veruleikanum vegna áhættunnar sem því fylgir. Og áhættan er þess eðlis, að það hefur enginn maður rétt til þess að fara gáleysislega í þessu efni — ekki nokkur maður. Við ættum að læra af öðrum fisktegundum, bæði hjá okkur og öðrum þjóðum. Þorskinn getur tekið tugi ára að koma upp, og þó að vel hafi tekist til um klak í vor, þá eru 6 ár fram undan þangað til skynsamlegt er að nýta þann stofn verulega.

Ástandið er þannig á stórum hluta flotans, að þessi svokölluðu hefðbundnu þorsk- og síldveiðiskip, yngstu skipin, eru 10 ára. Ætlar ríkisstj. að leyfa endurnýjun á þeim flota sem hefur haldið uppi atvinnulífinu s. l. 15 ár að verulegu leyti? Ef eðlileg endurnýjun á að fá að hefjast, þá hlýtur afkastageta þessa flota að aukast. Ef á að fara að semja við aðrar þjóðir, þá er ekki á sama tíma unnt að leyfa eðlilega endurnýjun þessa hluta flotans, þ. e. a. s. ekki togaranna. Það eru margir, sem hefðu áhuga á því að endurnýja sín skip sem eru orðin 10—15 ára gömul og eru sum að syngja sitt síðasta og hafa skilað miklu í þjóðarbúið undanfarin ár, sérstaklega á vissum stöðum, — ég vil segja frá Hornafirði og vestur að Snæfellsnesi, og er lífsspursmál að fá að endurnýja í áföngum, en ekki í heljarstökkum, eins og oft hefur átt sér stað.

Ef ekki á að koma í veg fyrir heilbrigða og eðlilega endurnýjun togaraflotans að vel yfirveguðu ráði, þá er ekki minnsti möguleiki til að hefja samninga um einhvers konar fiskveiðiréttindi handa bretum eða öðrum þjóðum, ekki minnsti vottur af möguleika. Ég trúi því, og ég er ánægður með yfirlýsingu hæstv. utanrrh., að ekkert hafi skeð í þessa átt enn þá. Auðvitað veit ég, að hann er svo fágaður og siðprúður maður, að hann mun svara þeim á kurteislegan og góðan hátt og gera grein fyrir því að við höfum ekkert að bjóða, því er lokið og á að

vera lokið. Og það er gildi þeirra samninga, sem hann stóð svo mjög í eldlínunni við að koma á og ég sagði á sínum tíma að ég styddi á þeirri einu forsendu að öllu væri lokið 1. des.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég minntist á það að hægt hefði verið að veita leyfi til veiða með flotvörpu fyrir ákveðinn landshluta. Í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru ákveðnar heimildir um veiðar með flotvörpu. Ég hef verið stuðningsmaður þeirrar heimildar um veiðar með flotvörpu innan skynsamlegra marka og á þeim tímum sem við drepum ekki hrygningarfiskinn. Það hefur verið tekið upp mjög strangt eftirlit með smáfiskadrápi. Hins vegar hafa sumir menn fengið smáfisk á heilann, og það þýðir ekkert að sýna þeim annað, því að þeir trúa því að það sé ekkert nema smáfiskur á ákveðnum stöðum, þrátt fyrir það hvað veitt er og hefur verið unnið á þessum sömu stöðum. En ég vil aðeins leiðrétta það hjá þessum hv. þm., að þó að það sé misjafnt eftir landshlutum hvað eru mörg botnvörpuskip með flotvörpu, þá fer það ekkert eftir því hvaðan viðkomandi skip er gert út. Og það eru auðvitað til botnvörpuskip með flotvörpu frá fleiri en einum landshluta, meira að segja frá öllum landshlutum.

Í sambandi við þá yfirlýsingu hans, að hann hefði lýst því yfir að hann styddi Oslóarsamninginn eða þann samning, sem hér liggur fyrir, og þá með því eina skilyrði að það yrði ekki gengið til nýrra samninga eftir 1. des., þá liggur það svo ljóst fyrir og skilmerkilega, hvað sem hver og einn segir af andófsmönnum þessa samnings, að í 10. gr. segir: „Samningur þessi skal gilda í 6 mánuði frá gildistöku“ — eða strangt tekið að morgni 2. des. „Eftir að samningurinn fellur úr gildi munu bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði, sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, í samræmi við það sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu.“ Nú hafa þeir ráðh., sem hafa tekið þátt í þessum umr., og ríkisstj. öll marglýst því yfir að ekki komi til greina nokkrir samningar nema um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Þar höfum við heitið að hlusta á aðra. Og við höfum lýst því yfir til viðbótar, að ef um gagnkvæm fiskveiðiréttindi væri að ræða, þá yrðum við að meta þau á þann hátt, að við teldum hagkvæmt fyrir okkur íslendinga að gera slíkan samning, annars ekki. Það hafa engin loforð verið gefin og þó að við séum að heyra daglega fregnir um að Efnahagsbandalagið óski eftir fundi eða samningum við Ísland, þá er þetta aðeins í fréttaskeytum frá fréttastofum, eins og hæstv. utanrrh. hefur marglýst yfir, og þarf eiginlega ekki að endurtaka. Ég skil ekki hvað hv. þm. geta oft talað um þennan sama hlut þegar jafnskýrar og ákveðnar yfirlýsingar liggja fyrir í þessum efnum. (Gripið fram í.) Já, um enn nýjan fund, og utanrrh. var að lýsa yfir að hann hefði ekkert heyrt. Ef við ættum að hlaupa eftir öllum fréttunum í íslensku blöðunum, hvað er þá mikið hald í þeim. Og við skulum ekki ætla að þau séu betri, þessi bresku eða í löndum Efnahagsbandalagsins.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., aðeins segja örfá orð. Ég vil láta það koma fram hér alveg ótvírætt, að ég tel að sá samnnigur, sem gerður var við breta í vor, hafi ekki einasta verið hagstæður fyrir íslendinga, miðað við okkar aðstæður, heldur sé það stærsti sigur íslendinga í landhelgismálinu frá því að farið var að færa út fiskveiðimörkin. Og ég vil taka undir það með hv. 4. þm. Austurl., að vissulega var um sögulegan atburð að ræða þegar lokið hafði verið undirskrift þess samnings.

Ég hygg að þjóðin öll sé nokkuð sammála um þetta. Menn urðu næsta undrandi, þegar það lá fyrir og samningar höfðu verið gerðir, að íslendingum skyldi hafa tekist að knýja breta til þess samnings sem þeir undirrituðu í Osló og allir vissu að var þeim mjög óhagstæður, miðað við þær kröfur sem þeir gerðu, og að samningurinn hlaut að verða túlkaður sem undanhald og uppgjöf í samskiptum þeirra við Íslendinga í sambandi við útfærslu landhelginnar.

Það, sem hlýtur að vekja athygli einnig, er afstaða þeirra hv. þm. sem eru að andmæla samningnum. Ég er sannfærður um að hefði fyrrv. sjútvrh., hv. 2. þm. Austurl., lagt efnislega slíkan samning fyrir Alþ. þegar samið var við breta 1973, þá hefði hver einasti alþm. samþykkt þann samning. Það væri mjög fróðlegt að gera samanburð á þessum tveimur samningum, frá 1973 og þeim samningi sem nú liggur fyrir, en ég ætla ekki að fara að eyða tíma þingsins í það. Það er mín skoðun að þeir, sem nú eru að andmæla samningnum, gera það af lítilli sannfæringu. Þetta er taktík sem stjórnarandstaðan hefur tekið upp og ég tel að sé meira til að sýnast heldur en að þeir geti meint það, því ef þeir meintu eitthvað sem þeir segja í sambandi við samningana nú, þá hafa þeir vissulega gert slæman samning sjálfir 1973, sem þeir þá lögðu fyrir Alþ. og fengu hér samþykktan. Og eins og ég sagði, ég er sannfærður um að hefði sá samningur efnislega verið samhljóða því sem við nú ræðum, þá hefði hver einasti þm. með ánægju samþykkt þann samning.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vona, að ég hafi misskilið hv. 2. landsk. þm. þegar mér virtist hann túlka 10. gr. samkomulagsins, sem gert var í Osló, á þá leið að í henni fælist eitthvert fyrirheit um það af hálfu íslendinga að semja áfram við breta um fiskveiðimálin. Það er alger misskilningur að túlka samninginn á þann veg eða 10. gr. hans. Það segir skýrt í henni, hvort sem menn nota íslenska eða enska textann, að eftir 1. des. muni bretar ekki veiða innan íslensku fiskveiðilögsögunnar nema það sé samþykkt af íslendingum, hvort heldur sem það er gert með samningi eða á annan hátt. Ef þetta samþykki íslendinga liggur ekki fyrir, þá veiða bretar ekki innan fiskveiðilögsögunnar samkvæmt ákvæðum þessarar gr. samkomulagsins. Það liggur alveg skýrt fyrir. Það er ekki hægt að túlka þetta öðruvísi, hvort heldur menn leggja enska textann eða þann íslenska til grundvallar.

Mér finnst líka rétt að það komi fram, að í þeim umr., sem fóru fram í London, kom aldrei nein

ósk eða till. um það af breta hálfu að þeir fengju framlengdan samning við Ísland. Þeir lögðu þvert á móti áherslu á að þetta yrði síðasti fiskveiðisamningurinn sem bretar mundu gera við Ísland, vegna þess að eftirleiðis mundi Efnahagsbandalagið annast slíka samningagerð fyrir breta hönd. Og því vildu þeir fá framgengt á þessum fundi að íslendingar féllust á það eða gæfu fyrirheit um að hefja viðræður við Efnahagsbandalagið um fiskveiðiréttindi fyrir breta til lengri tíma. Þeir vildu fá tekið inn í samninginn ákvæði um þetta, fyrirheit um að slíkar samningaviðræður yrðu hafnar. Þetta kom líka fram í þeim drögum sem okkur voru send af breta hálfu áður en farið var til Oslóar. Þessu var alveg eindregið neitað af íslensku samningamönnunum. Og þá var það sem breski ráðh. ritaði sérstaka orðsendingu sem fylgir með samningnum, þar sem segir m. a. um þessar veiðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. Bretlands mun fara þess á leit við Efnahagsbandalag Evrópu, að það hefji samningaviðræður við Ísland svo fljótt sem verða má um samkomulag til lengri tíma um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Ef ekki reynist mögulegt að gera slíkt samkomulag innan 6 mánaða gildistíma þessa samnings milli Bretlands og Íslands mun ríkisstj. Bretlands fara þess á leit við Efnahagsbandalag Evrópu, að það geri bráðabirgðasamkomulag um að bresk skip geti haldið áfram veiðum á því magni sem um semst við ríkisstj. Íslands."

Þetta var yfirlýsing af breta hálfu um það sem þeir vildu gera. Við svöruðum þessu með sérstöku bréfi þar sem alls ekki er minnst á þetta atriði, vegna þess að við vildum ekkert fyrirheit gefa um það, ekki einu sinni að það verði rætt við Efnahagsbandalagið, þó að ég telji eðlilegt að það verði hlustað á það sem það hefur að segja. En á þessum fundi vildi íslenska samninganefndin ekki einu sinni gefa yfirlýsingu um að það yrði rætt við Efnahagsbandalagið og því síður að það yrði farið að ræða við það um fiskveiðiréttindi til lengri tíma. Það kemur svo glöggt fram í því svari sem utanrrh. Íslands sendi breska utanrrh. í tilefni af þessu bréfi hans, að við höfnum þessu atriði algerlega, því að það fjallar eingöngu um bókun sex. Og það var vegna þess að við vildum ekkert fyrirheit gefa um að það yrðu hafnar samningaviðræður við Efnahagsbandalagið og því síður að það yrði gerður samningur. Hins vegar tel ég eðlilegt, eins og hefur komið fram hjá fleiri ræðumönnum, að við hlustum á það sem Efnahagsbandalagið kann að hafa að segja.

En sem sagt, af okkar hálfu hefur ekki á neinu sviði verið gefið fyrirheit um að hefja samninga við Efnahagsbandalagið eða breta þegar núverandi samkomulagi við breta lýkur. Og það er ekki aðeins rangt, heldur hættulegt að minum dómi að ætla að túlka 10. gr. á þá leið, að í henni felist eitthvert fyrirheit um að við ætlum að gera frekari samninga við breta. Bretar sjálfir halda þessu ekki fram, og ég held að við ættum ekki hér á Alþ. að vera að gefa þeim það vopn í hendur að túlka samkomulagið á þennan veg.

Ég get svo sagt það sem mína skoðun, að til þess að við getum rætt við Efnahagsbandalagið eða aðra aðila á jafnréttisgrundvelli, þá þurfi sá aðili að hafa jafnstóra fiskveiðilögsögu og við sjálfir, þannig að viðkomandi aðili hafi þá aðstöðu til þess að veita okkur réttindi innan 200 mílna, eins og við getum nú gert. Þess vegna finnst mér það vera frumskilyrði þess, að það geti nokkrar viðræður farið fram í alvöru við einn eða neinn, að sá hinn sami aðili sé búinn að tileinka sér 200 mílna lögsögu.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skotvopn, frv. (þskj. 52). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram á síðasta Alþ., en varð ekki útrætt. En allshn. Ed. hafði fjallað um það og lagt fram brtt. sem samþ. voru við 2. umr. í deildinni. Þær breyt. hafa nú verið felldar inn í frv. Þá var og við 3. umr. í deildinni samþ. brtt. við 7. gr. Hefur gr. nú verið endurskrifuð til að taka upp meginefni þeirrar breyt. sem beinist að því að banna innflutning sérstaklega hættulegra tegunda varnings þess sem frv. fjallar um, einkum þó sjálfvirkra skotvopna. Þá hefur einnig verið bætt inn í 35. gr. ákvæði um upptöku tækja og efna brotamanns annarra en þeirra sem brot er framið með. Að öðru leyti er þetta frv. óbreytt frá því í fyrra. Það frv. var þá afgr. í þessari hv. d. og þess vegna ætti í sjálfu sér ekki að þurfa langa framsögu um það nú. Ég mun þess vegna ekki ræða neitt þá þörf sem er á því að setja ný lög í stað þeirra gömlu og ófullkomnu laga sem eru um þetta efni, læt nægja að vísa þar um til þess sem ég sagði á þingi í fyrra svo og til athugasemdanna.

Eins og ég gerði raunar í fyrra, vil ég víkja að nokkrum helstu nýmælum sem er að finna í þessu frv. Frv. skiptist í sjö kafla.

I. kaflinn fjallar um gildissvið frv. Þar er merking hugtakanna skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skoteldar afmörkuð. Í 3. gr. er ráðh. heimilað að setja reglur um önnur efni en þau sem frv. tekur til samkv. eldri skilgreiningu ef þau hafa svipaða eiginleika og verkanir, svo sem ýmis önnur vopn en skotvopn og ýmis efni sem teljast ekki vera sprengiefni eða skoteldar, en hafa svipaða eiginleika. Aðstæður geta komið upp sem gera nauðsynlegt að setja reglur um þessa hluti, og því er talið rétt að ráðh. hafi heimild sem þessa.

Í II. kafla frv. er fjallað um innflutning, útflutning, framleiðslu og verslun með nefndar vörur. Í gildandi lögum eru mjög ófullkomnar reglur um framleiðslu á þessum vörutegundum, og það er út af fyrir sig eðlilegt af því að lengst af hefur ekki verið nein framleiðsla í landinu á þessum efnum. Nú er hins vegar svo, að hér hafa verið starfandi a.m.k. tvær flugeldaverksmiðjur og er því þörf á að settar séu reglur um þá framleiðslu.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri breyt. frá núgildandi framkvæmd varðandi innflutning til landsins að leita þurfi leyfis fyrir hverri og einni vörusendingu. Þetta er mikilvægt til þess að tryggja að ekki séu aðrar vörur fluttar inn en þær sem leyfðar eru til sölu innanlands, og einnig veitir það stjórnvöldum tækifæri til að fylgjast á hverjum tíma með innflutningi. Er gert ráð fyrir því að meira eftirlit verði haft með verslunum og lögð ríkari skylda á verslunareigendur en nú er, að þeir afhendi ekki öðrum vörur heldur en þeim sem sanni að þeir megi kaupa þær.

III. kafli frv. fjallar eingöngu um skotvopn og skotfæri. Þar er kveðið á um það, hverjir geti fengið leyfi til þess að kaupa skotvopn og skotfæri. Nokkru ítarlegri ákvæði eru um þetta í frv. en eru í gildandi lögum. Samkv. þeim lögum, er nú gilda, eru að vísu allströng ákvæði um það hverjir geta fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, en e.t.v. hefur ekki tekist að fylgja þeim ákvæðum eftir í framkvæmd eins og skyldi. Í núgildandi lögum er sagt að það skuli vera aðalreglan, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörslum sínum skotvopn sem sýni skilríki fyrir því að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Svipað ákvæði er í frv., en auk þess eru tilgreind ákveðin skilyrði sem leyfishafi þurfi að fullnægja, svo sem ákveðinn lágmarksaldur, 20 ár. Gerðar eru kröfur um að viðkomandi hafi þekkingu á skotvopninu og kunni skil á hættueiginleikum þess, og almennt er gert að skilyrði að menn hafi ekki gerst brotlegir við almenn hegningarlög, áfengislög eða lög er varða meðferð skotvopna, nema brot sé smávægilegt. Enn fremur eru gerðar vissar heilbrigðiskröfur í 15. gr. Þar segir að umsækjandi skuli vera andlega heilbrigður. E.t.v. hefði mátt gera þarna líka kröfu til þess að maður væri svo líkamlega heilbrigður, t.d. hvað sjón snertir, að honum væri treystandi til þess að fara með skotvopn. En ég býst við að það megi koma því ákvæði undir þar sem segir, að hann sé að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn, og koma því þá inn í reglugerð. En auðvitað væri ekkert athugavert við það þó að þetta væri gert ítarlegar til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. Það er og nýmæli í frv. að gert er ráð fyrir að skotvopnaleyfi sé ekki gefið út til lengri tíma í senn en 10 ára. Þetta ætti að auðvelda lögregluyfirvöldum að hafa eftirlit með skráningu skotvopna, og það auðveldar þeim að fylgjast með því að leyfishafar fullnægi nauðsynlegum skilyrðum á hverjum tíma.

Mörg önnur nýmæli eru í þessum kafla frv. sem miða að því að koma í veg fyrir misnotkun skotvopna. Öll þessi ákvæði setja ákveðnar hömlur við sölu skotvopna, án þess þó að koma í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega notkun þeirra. Benda má á í þessu sambandi að víða um lönd hafa verið hert ákvæði um sölu og meðferð skotvopna, og stafar það að sjálfsögðu af þeim sívaxandi ofbeldishvötum og hryðjuverkum sem vart verður við.

Skotvopn eru auðvitað alltaf hættuleg tæki og þau má misnota. En þau eru eigi að síður nauðsynleg og verður þess vegna að reyna að haga reglum um þau þannig að reynt sé eftir því sem hægt er að koma í veg fyrir misnotkun í sambandi við þau, sem seint verður þó hægt algjörlega með lagaákvæðum.

IV. kafli frv. fjallar um sprengiefni, hverjir megi kaupa það, hverjir megi nota það, geymslu sprengiefnis og meðferð. Til þessa hefur algjörlega skort reglur um þetta efni. Að vísu má segja að ófullkomnar reglur séu til um það, hvar og hvernig megi geyma sprengiefni, en mjög fábrotnar reglur eru í gildi um flutning á því og meðferð þess. Þar sem nú er orðið mikið um notkun slíkra efna er nauðsynlegt að sett séu

ákvæði um það. En það er jafnframt gert ráð fyrir því að sett séu ítarlegri ákvæði í reglugerð, og er það talið æskilegra þar sem hér er um mjög tæknileg atriði að tefla.

Það má segja að sem betur fer hafi notkun skotelda ekki valdið verulegum vandræðum hér. En þó er það svo, að á hverju ári slasast menn eitthvað meira eða minna af völdum skotelda, og því er talið nauðsynlegt að settar séu um þetta fyllri reglur en nú gilda. Er gert ráð fyrir því sem meginreglu að ekki megi selja yngri mönnum en 16 ára skotelda. Á sama hátt og um sprengiefni er þörf á setningu reglugerðar um þetta efni.

Í VI. og VII. kafla frv. er fjallað um heimild stjórnvalda til þess að afturkalla leyfi, um refsingar, eignarupptöku, stjórnvaldskæru o. fl. Refsimörk eru hækkuð talsvert frá því sem nú er. Samkv. gildandi lögum varðar brot sektum allt að 10 þús. kr. Samkv. frv. getur brot varðað allt að eins árs fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Í sumum nágrannalöndum eru refsimörkin hærri, svo sem í Danmörku og Svíþjóð, en þar er gert ráð fyrir að brot á samsvarandi lögum geti varðað allt að tveggja ára fangelsi. Í Noregi og Finnlandi eru hins vegar refsimörkin nokkru lægri. Er nú ætlast til þess að leyfissviptingum verði beitt í ríkari mæli en nú er gert. Eru allítarleg ákvæði um það í frv. hvernig fari um sölu á varningi sem leyfishafi skal skila þegar hann er sviptur leyfi, ef ekki eru jafnframt fyrir hendi skilyrði til eignarupptöku. Bæði hækkun refsinga og beiting ákvæða um sviptingu leyfa í ríkara mæli en nú er gert ættu að leiða til meiri aðgæslu hjá þeim sem fara með og nota þessa hluti.

Enda þótt frv. sé mun viðameira en gildandi lög, þá er, eins og þegar hefur verið tekið fram, þörf á setningu reglugerðar sem kveði nánar á um ýmis atriði, svo sem geymslu og flutning sprengiefna og um fleiri atriði.

Hér eru ákvæði um þau skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út áður en lögin taka gildi, og um önnur leyfi, sem varða þessa hluti, og er gefinn frestur svo sem í frv. segir til þess að tryggja að þeir, sem hlut eiga að máli, leyfishafarnir, geti fullnægt settum skilyrðum og það er gefinn allrúmur frestur til endurnýjunarbeiðni.

Ég skal svo, herra forseti, ekki fara um þetta frv. fleiri orðum. Með tilliti til afgreiðslu hv. d. á þessu máli á s.l. þingi og ítarlegrar athugunar, sem þá fór fram hjá henni á þessu máli, vænti ég þess að það eigi nú greiðan gang í gegnum þessa hv. d. og gegnum Alþ. Það er áreiðanlega mikil þörf á því að setja reglur um þetta efni, og þó það sé svo, að lagasetning girði aldrei og geti aldrei girt fyrir allar þær hættur sem eru samfara þessum tækjum, þá er hv. Alþ. skylt að reyna að gera sitt til þess að draga sem mest úr þeirri hættu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst lýsa ánægju minni með það, að frv. þetta skuli vera lagt fram nú þegar með þeim breyt. sem gerðar voru á því hér í Ed. á síðasta þingi. Ég lýsti þá yfir stuðningi mínum við þetta frv. og ánægju minni með það. Ég held að það sé til mjög mikilla bóta, og þó er nú gott að deildin skuli öðru sinni hafa fengið það til umfjöllunar, því ég minnist þess að einn dm., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, flutti á síðustu stundu, við 3. umr., rökstudda gagnrýni á breyt. sem gerð var á 7. gr. frv., þar sem fjallað er um framleiðslu, innflutning, útflutning og verslun með skotvopn. Vænti ég þess að hann muni nú rifja þá gagnrýni sína upp, ef vera mætti að það yrði álit d. að hún væri rökstudd og mætti vera til bóta á frv. ef það yrði upp í það tekið sem hv. þm. gerði grein fyrir þá, ef hann skyldi nú muna það enn þá.

Enda þótt ég telji þetta frv. til mjög mikilla bóta frá því sem áður var og miða til hins betra í meðferð skotvopna, þá vil ég vekja athygli á því, að það ber að ýmsu leyti þess vott að löggjafinn viðurkenni ekki þá meginnauðsyn, þá meginþörf sem á bak við þann tiltölulega mikla fjölda skotvopna sem fyrir er í landinu, þ. e. a. s. þetta gagn sem menn hafa af skotvopnum til veiðiskapar fyrst og fremst sér til ánægju, þ. e. a. s. sportveiðina. Þessari skoðun minni til stuðnings vil ég benda á 15. gr., þar sem segir: „Aðeins má veita þeim einstaklingi leyfi til þess að eignast skotvopn, er sýnir fram á, að honum sé það gagnlegt eða nauðsynlegt.“ Ég sé ekki betur en að þessi skilgreining kynni t. d. að útiloka það að nokkur hv. þm. í þessari d. gæti fengið byssuleyfi. Nú, um Nd., það kynni að vera einn ónefndur hv. þm. úr Norðurl. v. sem gæti rökstutt eða hefði getað rökstutt þörf sína með gagnsemi eða nauðsyn á þessu hausti fyrir skotvopn. Í alvöru talað, þá finnst mér að þetta ágæta frv., sem ég styð, beri svip af því að löggjafinn neiti að viðurkenna sportveiði á landi hér með þessum verkfærum. Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að setja löggjöf um skotveiði á Íslandi, þar sem brúað verði bilið milli hinna ýmsu lagabálka sem fjalla um meðferð skotvopna og þar sem gerðar yrðu ráðstafanir til þess að auðvelda framkvæmd ýmissa ákvæða í fuglafriðunarlögunum og löggjöf þessari um skotvopn. Það mál bíður betri tíma, en ég mun reyna að stuðla að því, að í þessari hv. d. verði ræddir möguleikar á því, að fá fram slíka lagasetningu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Jú, ég man, að hér urðu nokkrar umr. á síðasta þingi um þetta frv., og það, sem hv. þm. mun vísa til, er það, að ég færði hér sterk rök að því að hann hefði ekki hundsvit á skotvopnum. Ég vakti athygli á þessu í sambandi við sjálfvirk skotvopn. Ég taldi ástæðu til þess að banna notkun t. d. haglabyssu sem getur skotið sjálfvirkt allt að t. d. 5 skotum, og ég vakti athygli á því, að víða erlendis er bannað að hafa slíkar byssur með möguleikum til að skjóta fleiri en 3 skotum.

Hv. þm. greip þetta á lofti og fékk sett inn í frv. ákvæði í 7. gr. um bann við innflutningi vissra vopna, þar sem segir, reyndar í sviga: „þar með talin sjálfvirk skotvopn“. Ég óskaði síðan eftir nánari upplýsingum um það, hvað hann ætti við með sjálfvirku skotvopni, en það fékk ég aldrei, sem er kannske ekki von miðað

við það sem ég sagði áðan. En þarna vaknar t. d. sú spurning, hvort tvíhleypt haglabyssa, sem er mjög algeng og kannske einar algengustu haglabyssur sem notaðar eru, telst sjálfvirk þegar hún spennir upp gikkinn fyrir annað skot við það að fyrsta skoti er hleypt af. Ég veit ekki hvort ég ætti að spyrja hæstv. dómsmrh. að þessu. En mér finnst sem sagt að skilgreina þyrfti þetta betur. Ég sé hvergi í grg. með þessu frv. nú neina skilgreiningu á því hvað er átt við með sjálfvirku skotvopni, svo að mín efasemd stendur enn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Svo fór sem mig grunaði, að enn gildir hið forna, að þó menn segi eitthvað skynsamlegt að vori, þá er ekki þar með sagt að þeir muni það að hausti. Gagnrýni hv. þm. Steingríms Hermannssonar á brtt. við 7. gr. í vor stafaði ekki af því sem hann gerði nú grein fyrir, því að í brtt. var talað um sjálfhlæð skotvopn og skilgreiningin lá þá alveg ljós fyrir. Það voru þau skotvopn sem eru með þess háttar útbúnaði að þau kasta úr sér tómu skothylki, en setja annað skothylki í staðinn, þannig að hægt er að hleypa af öðru skoti með því að taka í gikkinn.

Ég er ánægður með 7. gr. eins og hún er hér prentuð, vegna þess að hér er það lagt á vald dómsmrh. að setja reglur eða reglugerð um innflutning þessara tækja, þar sem hann getur með aðstoð sérfróðra manna, eða við skulum segja manna sem hafa hundsvit á meðferð þessara tækja eða við skulum ætla í líkingu við hv. síðasta ræðumann, kveðið á um það hvað forðast beri í þessu skyni, og sé ég nú persónulega ekki nokkra þörf á því að ónáða hæstv. dómsmrh. upp í þennan ræðustól aftur til þess að ræða tæknilegan útbúnað tvíhleypunnar í þessu sambandi.

Ég þarf ekki að orðlengja það sem ég áður sagði um stuðning minn við þetta frv., ekki heldur að ítreka það sem ég sagði um nauðsyn þess að setja lög um skotveiði á landi hér. En ýmislegt er á reiki hvað leyfilegt er og hvað óleyfilegt, æskilegt og óæskilegt varðandi skotveiðina. Hitt er staðreynd, að hundruð manna, ef ekki þúsundir, sækja í þennan veiðiskap fyrst og fremst af ánægju, heilbrigði í fjallaferðir með byssu um öxl, og svo á hinn bóginn vitum við að veiðiferðir meðal borgarbúanna, landleysingjanna, stangast stundum á við vilja og hagsmuni bænda. Árekstrar hafa orðið sem engum hafa orðið til gleði, öllum til leiðinda, og æskilegt væri að loku verði skotið fyrir þess háttar árekstra framvegis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15. shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 50). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef á þskj. 50 leyft mér að endurflytja enn einu sinni frv. um opinberar fjársafnanir. Það mun nú vera í fjórða skiptið og það þarf vissulega töluverða þrjósku til þess að gera það einu sinni enn. Hefði frv. nú dagað algjörlega uppi í fyrra í þessari d., þá hefði ég talið að það væri borin von að flytja það enn á ný. En svo var ágætri afgreiðslu hv. allshn. þessarar d. að þakka að frv. var samþ. hér úr Ed. í fyrra með þeim breyt. sem n. lagði til og nú eru felldar inn í frv. Nd. tók málið hins vegar aldrei til meðferðar, enda skammt til þingloka þegar frv. kvaddi þessa hv. deild.

Framsögu fyrir málinu og skýringar á því get ég því að mestu sparað mér, en ég treysti á það að hv. allshn. afgr. málið svo rösklega að það nái nú í gegnum nálarauga Nd. fyrir þinglok. Ég held því eðlilega fram enn á ný að hér sé um að ræða töluvert brýnt og þarft mál, og það hefur mjög glatt mig að heyra ýmsa þá aðila er þetta mál snertir, fagna því og óska eftir framgangi þess. Löggjöf af þessu tagi þykir sjálfsögð erlendis, þó að við eigum þar ekki alfarið að apa allt eftir. En þetta mál er þó þess eðlis að um það hljóta að gilda reglur áþekkar þeim sem t. d. eru í gildi á hinum Norðurlöndunum.

Fjársafnanir eru ekki síður miklar hér hjá okkur en öðrum þjóðum, og við íslendingar erum ekki síður örlátir á framlög til góðra verka. En um þessar oft margmilljóna safnanir þurfa og eiga að vera ákveðnar reglur. Þar þarf að veita það eðlilega aðhald og eftirlit sem kveður niður allar gagnrýnis- og tortryggnisraddir sem oft heyrast í kringum þessar safnanir, ekki síst þegar upphæðirnar eru háar og skil óljós öðrum en þeim, sem að söfnun standa, og svo hinum, sem fjármunirnir beinlínis renna til, að því er við skulum ætla. Þó mun þetta ekki einu sinni vera svo í öllum tilfellum. Það er staðreynd, að um þessi atriði vantar okkur algjörlega löggjöf, og hún yrði beinlínis sett til þess að tryggja hag þeirra sem að söfnunum standa, veita þeim eðlilegt aðhald, en gefa ekki síður hinum fjölmörgu gefendum eða framleggjendum möguleika til þess að sjá full skil og sannfæra þá um leið að allt sé með felldu.

Ég hef nefnt það hér áður, að sjálfur hafði ég sem skólastjóri á mínum heimastað staðið með söfnunarfé í höndum upp á tugi þúsunda æ ofan í æ í sambandi við ýmsar meiri háttar safnanir sem fram fóru á landi hér, og það fór nú ævinlega svo, að ég skilaði þessum peningum án þess í raun og veru að ég gæti fyllilega sýnt fram á það að ég væri að gera fullnægjandi skil, hafði ekkert reikningshald þar yfir, var ekki til þess ætlast, og ef ég bauðst til að senda það, þá var það venjulega afþakkað af þeim, sem að söfnuninni stóðu, og sagt einfaldlega að mér væri bara treyst til þess að þetta væri rétt.

Það kom sem sagt fyrir, að oft lá í raun og veru ekkert fyrir nema bara upphæðin sjálf sem send var. Ég hefði þá feginn viljað geta haft fullkomið uppgjör á bak við mig, söfnunin hefði verið þannig skipulögð frá upphafi, og það er einmitt meginhugsunin að baki þessa frv.-flutnings. Vegna þess að ég veit að svo hugsa menn almennt sem fyrir fjársöfnun standa, þeir vilja hafa þessa hluti á hreinu, þá er þetta frv. enn þá flutt og á það treyst, að nú muni það ná

fram að ganga. Ég vitna því í framsögu fyrir þessu frv. aður í d. og leyfi mér að óska eftir því að frv. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Þingnefnd til þess að kanna framkvæmd dómsmála, þáttill. (þskj. 6). — Frh. einnar umr.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Virðulegi forseti. Ég var á mælendaskrá er umr. um þetta mal í s. l. viku var frestað eftir að 1. flm. hafði í mjög ítarlegri ræðu gert sínu máli skil og hæstv. dómsmrh. einnig í alllongu máli. Eg hafði hins vegar alls ekki ætlað mér að hafa um þetta langt mál og mun standa við það nú. Hér er þó annars vegar mjög stórt mál, till. til þál. um skipan sérstakrar þn. með skírskotun til 39. gr. stjórnarskrárinnar til að kanna gang og framkvæmd dómsmála, í fyrsta lagi hvernig staðið er að rannsóknum sakamála hja þeim embættum sem slík verkefni hafa með höndum, þ. á m. hjá ríkissaksóknara, sakadómi og skattrannsóknastjóra, í öðru lagi hvernig háttað er gangi dómsmála hjá hinum ýmsu dómstigum og dómaraembættum í landinu, og í þriðja lagi hvernig háttað er framkvæmd refsidóma. Nánari útlistun fylgir hverjum hinna þriggja þátta till.

Það þarf engan prófessor í lögum til að sjá að flm. þessarar till. færast ekkert smáræði í fang. Mér fannst að hæstv. dómsmrh. hefði rétt fyrir sér er hann benti á að till. væri allt of víðfeðm, verkefni væntanlegrar þingnefndar of óljóst afmarkað til að nokkur von væri til þess að rannsóknin leiddi til niðurstöðu sem nokkurt mark væri takandi á, ekki hvað síst með tilliti til hins takmarkaða starfstíma n. sem till. gerir ráð fyrir. Þarf ég ekki að fara út í endurtekningu á rökstuðningi ráðh. þar að lútandi sem ég var í meginatriðum sammála.

En það var ýmislegt annað í málflutningi hæstv. dómsmrh. sem ég var ekki jafnsammála. Mér fannst gagnrýni hans, sem í sjálfu sér var eðlileg og réttmæt, miklu minna sannfærandi en efni stóðu til fyrir þá sök, að ég fékk ekki betur séð en að í máli hæstv. ráðh. fælist greinileg viðleitni til að drepa málinu á dreif eða jafnvel drepa það í fæðingunni, með því fyrst og fremst að gera 1. flm. till., hv. 8. landsk. þm, Sighvat Björgvinsson, lítinn og hlægilegan og um leið marklausan. Fyrir vel greindan og þaulreyndan stjórnmálamann, prófessor í lögum og æðsta vald í íslenskum dómsmálum kann slík málsmeðferð að reynast auðveldur leikur gagnvart ungum, reynslulitlum þm., ólöglærðum þar að auki, enda lét áræðurinn ekki á sér standa við fyrsta umgang, þar eð samdægurs var það gert alþjóð kunnugt í íslenska ríkisútvarpinu, að fátt hefði staðið eftir af ágæti umræddrar þáltill. að lokinni ræðu dómsmrh. Þar kom raunar til, því miður ekki í fyrsta skipti, að lögskyldri óhlutdrægni í fréttaflutningi af þingmálum í ríkisútvarpinu skrikaði nokkuð fótur.

Nú er ég fyrir mitt leyti engínn sérstakur talsmaður rannsóknarnefnda þm. Eg tel þó að þær eigi fullan rétt á sér og geti verið beinlínis nauðsynlegar, ef það er álit Alþ. að eitthvað fari það miklð aflaga í þjóðfelaginu að sérstakrar rannsóknar sé þörf. Nú er það almenn vitneskja að framkvæmd dómsmála í landinu sé og hafi verið á undanförnum árum með þeim hætti að ekki verði lengur við unað. Mun ég ekki fara út í nánari skýringar á þeirri staðhæfingu her, svo rækilega sem búið er að reifa þau mal, bæði hér á Alþ. og í almennum umr. af lærðum og leikum. Það er og staðreynd að stjórnarskrá íslenska lýðveldisins gerir beinlínis ráð fyrir að slíkar n. séu skipaðar, sbr. sjálfa tillgr., og þær hafa verið skipaðar, t. d. svokölluð okurnefnd á sjötta áratugnum til að kanna sérstakt okurmál sem upp kom. Þá kom fram till. um skipun rannsóknarnefndar fra flokksbróður hæstv. dómsmrh., Þórarni Þórarinssyni, fyrir nokkrum árum til þess að rannsaka að vísu nokkurs konar innanhússmál Alþ., hugsanlegt trúnaðarbrot eins nm. í utanrmn., eftir því sem mér er tjáð. Sú rannsóknarnefnd, sem hér er gerð till. um, er því síður en svo neitt einsdæmi í þingsögunni.

Það hefur þráfaldlega komið fram hjá hæstv. dómsmrh., Olafi Jóhannessyni, í maraþonumr. að undanförnu um dómsmál og íslenskt réttarfar, að við þyrftum að gæta vissrar varúðar og umfram allt mannúðar í framkvæmd dómsmála. Að sjálfsögðu tökum við öll undir það sjónarmið. Um það er enginn ágreiningur. En almenningur gerir einfaldlega kröfu til að í landinu sé virt og trúverðugt réttarkerfi, sem hægt er að taka mark á og treysta. En það er einmitt þarna sem greinilega hefur orðið misbrestur á, og ég hygg að í beinu áframhaldi af atburðum og umr. um þessi mál sé þessi till. fram borin á Alþ. Hæstv. dómsmrh. gat um það m. a. í tali sínu um mannúð í dómsmálum, sem ég tek undir að þurfi að vera hverju sinni, að fangi austur á Litla-Hrauni hefði fengið nýrnakast og hvað hefði átt annað að gera við hann en að flytja hann á spítala. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. gerir sér í hugarlund að nokkur einasti þm. eða nokkur annar íslendingur hefði andmælt því og talið það annað en sjalfsagðan hlut að fangar í fangelsi nytu sömu mannréttinda að þessu leyti eins og allir aðrir borgarar, þannig að mér fannst þessi aths. ákaflega léttvæg. Ég kunni því líka illa að hæstv. dómsmrh. taldi að alþm. ættu ekki að vera að ala á tortryggni og getsökum með flutningi slíkra till. Nú skal ég viðurkenna að ég hef ekki enn, því miður, prentaða ræðu dómsmrh., hún mun ekki komin í þingtíðindum. En þessi aths., að það sé óþarfi að Alþ. láti sig varða mál eins og þau sem hér var um fjallað, finnst mér ekki sannfærandi af munni sjálfs dómsmrh. Það kom líka fram í lokaorðum dómsmrh. sem hljóðuðu eitthvað á þessa leið, ég held nokkuð orðrétt: að hvað sem verður um þessa till., þá kemur hún ekki til að hafa hin minnstu áhrif á setu mína sem dómsmrh. Kann að vera að

hæstv. dómsmrh. hafi mælt þessi orð í gamni, en mér fyrir mitt leyti fannst þetta gaman sem hæfði hvorki stað né stund, og mér fannst þessi lokaorð hans benda til þess og staðfesta þann tón sem undir var í máli hans, að með þessu máli, sem hér var lagt fram, umræddri þáltill., væri verið að veitast að honum persónulega. Þetta viðhorf hæstv. ráðh. tel ég ákaflega alvarlegt og beint til þess fallið að gera óvirka þá gr. stjórnarskrárinnar sem þarna er skírskotað til, þ. e. a. s. 39. gr., um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar.

Nú vil ég endurtaka það, að ég held að flm. þessarar till. hafi skotið yfir markið með því að gera hana að mínu leikmannsmati allt að því óframkvæmanlega, en hugmyndin að baki finnst mér rétt og eðlileg. Það hefði mátt segja sem svo, að slík rannsóknarnefnd hefði átt að vera komin fram fyrr. Það er nóg af einstökum umfangsminni málum heldur en það sem till. gerir ráð fyrir sem sannarlega hefði verið þörf á að kryfja betur til mergjar. Ég get nefnt hið fræga Klúbbmál sem alþjóð hefur staðið frammi fyrir í forundran undanfarin 5—6 ár, en er nú loksins, að því er fjölmiðlar herma, að komast á lokastig, þ. e. a. s. dómsuppkvaðning í málinu. En fólk hefur átt erfitt með að átta sig á og hefur hreint ekki getað skilið hvernig þessu eina fyrirtæki hefur haldist uppi að halda áfram rekstri með tugmilljóna söluskattsskuldir á bakinu, á meðan gengið hefur verið allharkalega að öðrum fyrirtækjum ekki ómerkari og ekki óþarfari úti um allt land.

Ég vil ekki orðlengja þetta frekar. Mér fannst miður að heyra afstöðu dómsmrh. gagnvart þessu máli, sem mér fannst hann þó gagnrýna á margan hátt réttilega og heiðarlega, og umtal hans um getsakir og ágiskanir var allt of áberandi í hans máli, og jafnvel var þar gefið í skyn að með flutningi þessa máls væri í uppsiglingu nýr Nixon og Watergate-mál, sem sennilega var ætlað til ófrægingar 1. flm. málsins. En ég vænti þess, að þetta mál fái eðlilega málsmeðferð í þeirri n. sem tekur það til umfjöllunar, og kannske gæti eitthvað komið út úr flutningi hennar þó henni sé á margan hátt ábótavant núna, — gæti eitthvað komið út úr henni sem bætti ástandið og andrúmsloftið í þessum málum.

Ég vil taka fram áður en ég lýk máli mínu, að hæstv. núv. dómsmrh. hefur vissulega sýnt í verki að hann vill leiðréttingu og umbætur í þessum málum og lagt fram fjölþættan lagabálk um endurbætur og fyrir það á hann þakkir skyldar. Neikvæðar undirtektir hans við þessa till. vekja hins vegar ekki það traust sem skyldi á afstöðu hans til þessara mála almennt.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Því miður er hæstv. dómsmrh. ekki viðstaddur þessar umr. og það er galli, vegna þess að hann hefði kennske ástæðu til þess að taka til máls í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns, 9. landsk. þm.

Varðandi þessa till. vil ég taka það fram, að ég er í sjálfu sér ekki andvígur því að rannsóknarnefndir séu settar á fót ef sérstök tilefni gefast. En ég held að því aðeins fái þær gert gagn að verksviðið, sem þeim er ætlað að rannsaka, sé nægilega afmarkað til þess að þær geti hugsanlega komist yfir það. Ég veit ekki um nema tvö dæmi slíkra rannsóknarnefnda.

Annað dæmi var þegar Tryggva Gunnarssyni bankastjóra Landsbankans var vikið úr bankastjórastarfi á sínum tíma og gæslustjórum bankans. Þá var sett rannsóknarnefnd á laggirnar til þess að rannsaka sérstaklega hvort sakargiftir væru á rökum reistar. Sú athugun var alveg sérstaklega afmörkuð við Landsbankann, og n. rannsakaði það mál. Ég er ekki nægilega kunnugur þeim málum til þess að ræða mikið um það starf, en ég hygg nú samt að menn séu sammála um að það hafi verið meira en hæpin ráðstöfun að vikja Tryggva Gunnarssyni frá sem bankastjóra vegna þeirra ástæðna sem síðar komu á daginn að hann var talinn eiga sök á og væri misfarið í hans starfi.

Hitt tilvikið er það sem hv. 9. landsk. minntist á hér áðan, að það var sett á fót sérstök n. til þess að rannsaka okurstarfsemi á Íslandi. Verksvið n. var afmarkað við þetta sérstaka svið. Ég held satt best að segja að það hafi ekkert komið út úr starfi þeirrar n., a. m. k. ekki svo mér sé kunnugt um. Ég kann ekki að segja frá fleiri dæmum um rannsóknarnefndir heldur en þessum. Vera kann að þau séu fleiri, ég hef ekki rannsakað það á neinn hátt tæmandi.

Sú n. sem hér er lagt til að verði skipuð, rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, á að hafa það verkefni að kanna gang og framkvæmd dómsmála. Það vekur athygli mína hvernig n. á að vera skipuð. Hún á að vera skipuð þannig, að það eiga að vera kosnir úr hópi þingdeildarmanna einn fulltrúi frá hverjum þingfl. til þess að rannsaka sérstaklega gang og framkvæmd þeirra atriða sem tilgreind eru í till. Ef n. yrði þannig skipuð, þá er augljóst mál að stjórnarandstaðan hefði meiri hl. í þessari n. og réði að sjálfsögðu störfum hennar í krafti þess meiri hl. M. ö. o.: 18 þm. ef miðað er við þangið í heild, hér er að vísu miðað við Nd., ættu að ráða störfum n., hafa meiri hl. í n., — 18 þm. gegn 42 þm. sem fylla stjórnarfl. Ég get ekki að því gert að mér finnst þetta nokkur galli á og ekki beint lýðræðislegt fyrirkomulag, allra síst þegar við búum nú við þingræði sem er fólgið í því, að þingið eigi að ráða stefnunni hverju sinni og því hverjir fari með framkvæmdavaldið í landinu. Mér finnst vera galli á till. í þessu efni, ekki síst vegna þess að það er auðvitað öllum þm. ljóst að hér er um að ræða pólitískt mál.

Ég efast ekki um að hv. flm. till. hafa áhuga á því að lagfæra dómsmál. Það hafa sennilega allir hv. þm. Ég er einn í þeim hópi. Þar má sjálfsagt ýmislegt lagfæra. En eigi að síður hygg ég, enda kemur það fram í till. sjálfri, að hún sé flutt ekkert síður sem pólitískt mál og kannske áróðursmál. Og eftir því, hvernig hún er að efni til, m. a. þetta atriði, að það er gert ráð fyrir því að stjórnarandstaðan hafi meiri hl. í n., þá sýnist manni að þessari n., ef sett verður upp, sé ætlað, eins og málið er tilbúið, að taka ráðin af stjórnarliðinu á Alþ. og haga störfum í samræmi við það sem stjórnarandstaðan í þinginu telur æskilegt. Þetta tel ég mikinn galla og frá-

leitt að hugsa sér slík vinnubrögð á Alþ. sem vinnur undir þingræðisstjórnarfyrirkomulagi.

Í n. eins og þessari, sem á að rannsaka sérstaklega svið sem er í raun og veru mjög sérhæft og þarf sérfræði til að fjalla um, er annað atriði sem mér finnst ekki koma nægilega greinilega fram í þessari till., og það er að mér finnst ekki vera greint nægilega glöggt á milli stjórnsýsluþáttarins í þessu máli og svo sérstaklega þess, hvernig staðið er að þessum málum, rannsóknum mála og málsmeðferð. Stjórnsýsluþátturinn, þ. e. a. s. hvernig dómstólar vinna, hvernig dómarar starfa, er það mál út af fyrir sig, og hefur oft verið gagnrýnt og það með réttu að meðferð dómsmála miðar ekki fram eins og æskilegt væri. Þó að stundum sé rætt um þau mál af misjafnlega mikilli þekkingu, þá er það samt svo, að þarna er á mikill munur hvort um er að ræða athugun á því hvernig unnið er að dómsmálum, hvort dómarar eru hysknir í starfi eða hvort þeir vinna sín störf vel, hvort þar er mikill misbrestur á, eða svo hinu, hvernig þeir fara með vissa þætti rannsóknarmála eða annarra mála, eins og t. d. hvort dómari tekur ákvörðun um að hneppa mann í gæsluvarðhald eða eitthvað því um líkt, sem er náttúrlega byggt á mati hans á því stigi sem málið kann að vera á hverju sinni. Mér finnst ekki í till. vera greint þarna nægilega á milli. Það væri miklu nær að mínu viti að flytja till. um stjórnsýsluþáttinn, athugun á honum, þó að ég sé sammála hæstv. dómsmrh. um það að eðlilegra væri að flytja svona mál inn á Alþ. í fsp.-formi eða að dómsmrn. væri falið að láta fara fram sérstaka sérfræðilega rannsókn og athugun á tilteknum þáttum þessara mála eða málunum í heild og skila síðan skýrslu um málið til Alþingis.

Ef litið er á till., þá dylst engum, sem til þekkir, að hér er um að ræða gífurlega mikið verksvið ef á að ljúka því. Það er gert ráð fyrir rannsókn og athugun n. bæði á meðferð mála og einnig á stjórnsýsluþættinum, hvernig unnið er að málum, hvernig menn starfa í þessum efnum, hvort menn starfa þannig að það sé mikill misbrestur á störfum manna, eins og er nú raunar e. t. v. víðar. Og ef farið er í gegnum till. og það verksvið sem gert er ráð fyrir að n. rannsaki, þá er ljóst að það er gífurlega mikið verksvið. Í fyrsta lagi á n. að rannsaka hvernig að sakamálum sé staðið hjá þeim embættum sem slík verkefni hafa með höndum. Til þess að gefa nokkra hugmynd um hvað þetta er mikið verkefni, þá eru um líklega milli 30 og 40 dómstólar starfandi í landinu sem fjalla um sakamál. Ég er ekki nægilega kunnugur til þess að vita hve mikinn málafjölda þar er um að ræða, t. d. á ári hverju. Það er sjálfsagt nokkuð misjafnt. Það á að rannsaka alveg sérstaklega hvernig sé staðið að málum hjá stórum embættum eins og ríkissaksóknara og sakadómara og skattrannsóknastjóra. Ég held að þetta sé gífurlega mikið verkefni. Ég er nokkuð kunnugur þessum málum vegna þess að ég hef verið málflutningsmaður í 15 ár við öll dómstig, bæði úti á landsbyggðinni, á Akureyri fyrst og síðan víðs vegar um landið og svo hér í Reykjavík, og geri mér fulla grein fyrir því að hér er um að ræða gífurlega mikið verkefni sem ekki er að mínum dómi á færi nefndar þm. að rannsaka á einum einasta vetri, nema hún láti aðra rannsaka málið fyrir sig. En þá finnst mér ekki vera náð þeim tilgangi sem að er stefnt með því að Alþ. geri þetta eða alþm. geri þetta sjálfir í nefndarstarfi.

Þetta er ekki eingöngu bundið við rannsókn á sakamálum, heldur er einnig ætlast til að verkefni n. verði m. a. um það, hvernig háttað sé gangi dómsmála hjá hinum ýmsu dómstigum og dómaraembættum í landinu. Þar koma til viðbótar við hin reglulegu embætti setudómarastörf sem eru talsvert viðamikil. Það eru setudómar í gangi á hverjum tíma í allstórum stíl eins og kunnugt er, þó að þau mál, sem setudómarar hafa með höndum, séu misjafnlega viðamikil. En allt er þetta kerfi þannig, að það er ekki auðvelt að ljúka svona rannsókn á tiltölulega stuttum tíma nema menn gefi sig alfarið að því, geri hreinlega ekkert annað, starfi alveg að því og geri ekkert annað. Það þyrfti að heimsækja embættin til þess að fá fulla vitneskju um hvernig er staðið að málum, auk þess sem um er að ræða náttúrlega í mörgum tilfellum sérfræðileg úrlausnarefni. Og menn verða að hafa sérfræðinga sér til aðstoðar til þess að ganga úr skugga um hvort eðlilega sé staðið að vissum þáttum, t. d. rannsókn mála. Mér sýnist að allt þetta sé á þann veg, að það séu engar líkur á því að slík n. hafi nokkra möguleika til þess að geta skilað eðlilegu starfi af því tagi sem henni er ætlað að gera, enda held ég að tilgangurinn með tillöguflutningnum sé alls ekki sá. Tilgangurinn með tillöguflutningnum er náttúrlega pólitískur og ekkert annað, í framhaldi af þeim miklu umr. sem orðið hafa um þessi mál í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu.

Eins og ég sagði áðan, þá er ég í sjálfu sér ekkert andvígur því að rannsóknarnefndir séu settar á stofn ef ástæða er til. En ég álít að það sé alveg nauðsynlegt að rannsóknarnefndir þm. fái til meðferðar afmörkuð svið, en ekki almenn svið.

Hæstv. dómsmrh. minntist á það í ræðu sinni hér á dögunum, að það gæti orðið tafsamt verk t. d. að athuga heilbrigðismál eða aðra stóra málaflokka sem ríkisstj. hefur framkvæmd á.

Það kemur hér fram í till., eins og það er orðað, með leyfi hæstv. forseta, „hvort ástæða sé til þess að ætla, að utanaðkomandi öfl eða annarlegir hagsmunir geti haft áhrif á gang rannsóknarinnar". Það er engu líkara en tillögumenn telji að við almenna rannsókn á dómsmálakerfi landsins sé alveg sérstök ástæða til þess að rannsaka þetta atriði. Og þá kemur auðvitað upp sú spurning: Er það svo í okkar dómskerfi, að annarleg öfl eða annarlegir hagsmunir hafi áhrif á gang rannsóknar mála? Ég hef nokkra reynslu, eins og ég sagði áðan, í þessum störfum, og ég hef aldrei orðið var við að annarleg öfl hefðu áhrif á gang dómsmála. Ég hef aldrei orðið var við það, og ég veit ekki hvaða tilefni það er, sem flm. hafa til þess — ég vil nú ekki segja að þeir drótti því að dómsmálakerfi landsins að það láti annarleg öfl hafa áhrif á rannsóknir mála, en það liggur við, eins og orðalagið er í þessari þáltill.

Þó að margt megi finna að málsmeðferð hjá íslenskum dómstólum og mjög misjafnlega sé á

haldið eftir því hve hæfir dómarar eru, — í sumum tilfellum hefur auðvitað orðið vanræksla, það er ljóst, í mörgum hæstaréttardómum er t. d. að finna áminningar til dómara af ýmsum ástæðum, m. a. vegna þess að Hæstarétti finnst að mál hafi tekið of langan tíma, málsmeðferð hafi seinkað o. s. frv., — þá hygg ég nú samt og það mun vera álit fleiri lögfræðinga, að málsmeðferð hér á landi sé svipuð eða ámóta og hún er t. d. hér á Norðurlöndunum, sem við þekkjum best til, þó aðstæður séu náttúrlega mjög ólíkar. Það kann að vera að sum þessi ríki hafi meiri efni til þess að standa betur að allri aðstöðu dómsmála en við höfum í okkar fámenni. En ég hygg nú samt að margir lögfræðingar séu á þeirri skoðun að þetta sé svipað. Löggjöfin er ákaflega svipuð. Hún er nánast alveg eins, okkar löggjöf, eins og Norðurlandaþjóðanna, hún er sniðin yfirleitt eftir þeim, hvort sem um er að ræða málsmeðferð í héraði, venjulegra einkamála eða sakamála, og við höfum staðið mjög svipað að þessum málum og okkar frændþjóðir gera á Norðurlöndum. Í sumum tilfellum a. m. k. var áður fyrr um beinar þýðingar að ræða þegar var verið að setja lög sérfræðilegs efnis, og ég hygg að það sé ekki mikill munur á þessu.

Það kemur fram í grg., að þar segir að margir landsmenn óttist jafnvel að fullkomið réttaröryggi ríki ekki í landinu. Ég er ekki einn af þeim. Ég geri mér grein fyrir því, að það sé sjálfsagt misbrestur í þessum efnum, en að sé ekki réttaröryggi á Íslandi, það er ég ekki kominn til með að skrifa undir og tel það fjarstæðu, — tel það hreina fjarstæðu. Ég get sagt frá því til gamans, að ég hitti í sumar á förnum vegi ameríska verkfræðing sem var í frii hér á Íslandi. Hann sagði mér frá því, að hann væri kominn á eftirlaun, hann ætti nóga peninga og góða aðstöðu til þess að lifa lífinu, en það væri eitt sem væri að hjá honum og í hans umhverfi og það væri að hann væri ekki öruggur, það væri þannig sums staðar þar, að hann væri ekki öruggur, t. d. vegna innbrota og um líf og limi. Þó að langflestir auðvitað sleppi við slíkt, að verða fyrir innbrotum og árásum, þá sagði þessi maður mér að hann væri ekki öruggur. Ég held það hvarfli nú ekki að einum einasta manni hér á Íslandi að hann sé ekki sæmilega öruggur og réttarkerfið sé þannig hjá okkur brátt fyrir allt að mönnum finnist þeir vera öruggir í landinu, þó að það séu framin afbrot af ýmsu tagi, því miður, og kannske vaxandi eftir því sem bétthvlið vex og hjóðfélagið breytist í þá átt, að auðveldara verði fyrir þá, sem slíka iðju stunda, að fremja afbrot í þeirri von að þau komist ekki upp. En ég get ekki tekið undir það sem kemur hér fram í háltill., að það sé ekki réttaröryggi á Íslandi. Ég get ekki tekið undir það. Það finnst mér fráleitt.

Ég hef gert að umræðuefni nokkur atriði sem snerta þessa till. og hef látið í ljós þá skoðun, að ég efast ekki um góðan tilgang flm. að bæta dómskerfið og sakamálarannsóknir. En ég hygg samt að tilgangurinn með till. sé meira pólitískur, enda kemur margt fram í henni sem rökstyður þá skoðun að svo sé. En að flm. detti í hug að það verði samþykkt á Alþ. að setja upp rannsóknarnefnd, þar sem stjórnarandstaðan hefur meiri hl., til að rannsaka málaþátt sem ríkisstj. eða einn af ráðherrum ríkisstj. hefur með höndum, það finnst mér vera fráleit tilhugsun að af því geti orðið. Það hefði verið miklu nær að minum dómi að takmarka verksvið svona n. við ákveðin mál, við ákveðin tilefni hreinlega, í staðinn fyrir að hugsa sér að athuga allt dómskerfið eins og það leggur sig og þ. á m. Hæstarétt. Það hefði verið miklu nær að athuga eitthvert tiltekið mál sem væri afmarkað, dómsmál t. d., og láta rannsaka það.

Hitt atriðið er svo sá þátturinn, sem ég minntist á hér áðan, þ. e. a. s. að greina á milli stjórnsýsluþáttarins og hreinlega rannsóknar mála eða málsmeðferðar. Það væri miklu nær að takmarka rannsóknina við þann þátt. Þetta hefur verið gert, eins og hæstv. dómsmrh. gat um í ræðu sinni fyrr í umr. Á sínum tíma var Sigurði Líndal prófessor falið að kanna hraða dómsmála, og eins og komið hefur fram, þá var það vegna till. til þál., sem hæstv. núv. dómsmrh. flutti hér á Alþ. og var samþ. Síðan mun ráðh., ég hygg að það hafi verið hv. þm. Jóhann Hafstein sem þá var dómsmrh., hafa falið Sigurði Líndal þetta verkefni. Þetta var náttúrlega gífurlega mikið verk, og ég hygg að hann hafi ekki komist að fullu yfir það. Eigi að síður liggur eftir hann skýrsla. Hún er til í Alþingistíðindum, að ég ætla, og hún er til í Tímariti lögfræðinga einnig, niðurstöður hennar.

Það er ástæða til þess í sambandi við þessar umr. að fara nokkrum orðum um Hæstarétt landsins, sem er algjör öryggisventill og á að gæta þess verkefnis að réttlátlega séu kveðnir upp dómar og málsmeðferð sé rétt. Ég hygg að Hæstiréttur sé í senn réttlátur dómstóll og a. m. k. það sem ég þekki til frjálslyndur dómstóll. Ég fyrir mína parta er tiltölulega rólegur yfir málum sem koma til úrlausnar Hæstaréttar. Ég held að hann sé vel skipaður og engin ástæða til þess að rannsaka á einn eða annan hátt hvernig Hæstiréttur vinnur að málum. Ekkert tilefni hefur að mínum dómi gefist til þess.

Ekki hef ég heyrt það rökstutt að íslenskir dómstólar séu ekki heiðarlegir og tiltölulega réttsýnir og dæmi mál eftir bestu vitund. Þess vegna álít ég að það sé ekki ástæða til þess að hefja slíka rannsókn sem þessa almennt á dómskerfið í landinu, en kæmi frekar til greina, eins og ég gat um áður, að afmarka einhverja vissa þætti eða ákveðin mál ef mönnum þætti ástæða til þess. Hæstiréttur á auðvitað að vera tryggíng fyrir því að rétt sé dæmt í málum, en aftur á dómsmrn. að gæta þess að dómstólar vinni sín störf vel, þó að menn verði að sjálfsögðu misjafnlega góðir dómarar af ýmsum ástæðum.

Svo er einn þáttur í sambandi við þetta mál sem ástæða er til að nefna og hæstv. dómsmrh. kom inn á, og það er hreinlega varðandi sjálfstæði dómstólanna í landinu. Í till. er gert ráð fyrir almennri rannsókn á dómstólum í landinu og m. a., hvernig sé staðið að rannsókn sakamála, hvernig menn vinni í þessum efnum. Þar koma náttúrlega hundruð og þúsundir þátta til úrlausnar, því að í meðferð sakamála kemur svo margt til. Það eru náttúrlega mörg dæmi t. d. um það, eins og menn þekkja, að sakadómarar eða dómstólar, sem hafa haft með höndum rannsóknir sakamála, hneppa menn í gæsluvarðhald,

og það hefur komið í ljós síðar meir að það hefur verið gert að ósekju. Það eru nokkuð mörg dæmi um það, og menn eiga, eins og kunnugt er, rétt á bótum fyrir slíkt, þó að slíkt verði náttúrlega aldrei bætt. Ef maður er hnepptur í gæsluvarðhald, þó það sé að ósekju, þá er afar erfitt í raun og veru að bæta um slíkan hlut þegar hann hefur verið gerður. En það er nauðsynlegt að gera það. Það byggist að sjálfsögðu algjörlega á mati dómarans sjálfs hvenær það er gert, hvernig hann telur að málin standi einmitt á þeim tíma sem slík ákvörðun er tekin. Ég tek þetta bara sem eitt dæmi af tugum dæma, sem hægt væri að taka, og hundruðum í sambandi við ýmislegt sem kemur til úrlausnar við rannsókn sakamála.

Við almenna rannsókn á dómsmálakerfinu, eins og till. gerir ráð fyrir, er höggvið nokkuð nærri sjálfstæði dómstólanna, ef stjórnmálamenn ætla að fara að rannsaka dómskerfið í landinu og hvernig staðið sé að málum. Það hefur verið fundið að því að stjórnmálamenn séu að vinna störf sem tilheyri framkvæmdavaldinu. Það er eins og mig minni að það hafi verið einhvern tíma minnst á það og fundið að því að ég sem þingmaður hér á Alþ. væri einnig framkvæmdastjóri eða nú forstjóri í Framkvæmdastofnun ríkisins, það væri ekki talið passa að mati ýmissa. En mundi það betur við hæfi að stjórnmálamenn hér á Alþingi færu að rannsaka dómskerfið í landinu og hvernig dómarar vinna að einstökum málum? Ætli einhverjir mundu ekki segja að stjórnmálamenn væru að skipta sér af hlutum sem væru hæpnir — og nú er ég að tala um almenna rannsókn á dómskerfinu? Ég er hræddur um það. Mér þykir líklegt að dómstólunum eða því fólki, sem vinnur við dómarastörf í landinu almennt, þyki það nokkuð hart ef Alþingi ætlar að fara að setja á rökstóla n. til þess að rannsaka sérstaklega vinnubrögð þeirra að því er snertir sérfræðileg efni, hvernig á að standa að málum og hvernig mál eru rannsökuð. Það getur enginn fundið að því, þó að það sé athugað hvort hann vinni sitt starf eins og ætlast er til, þ. e. a. s. stjórnsýsluháttinn. Það getur enginn fundið að því. En hitt er annað mál, ef á að fara í rannsókn á öllu dómskerfinu á þann hátt sem hér er ætlast til.

Það er sitthvað fleira í þessu máli sem væri ástæða til að ræða, mörg „prinsip"-mál. En ég mun ekki gera það, heldur hef ég drepið á nokkur atriði sem mér finnst ástæða til að gera að umræðuefni við flutning svona máls. Ég álít að þetta sé fyrst og fremst áríðurstill. sem hér er borin fram og hún sé nú borin fram í þeim tilgangi fyrst og fremst að reyna að fá sem flesta til að álíta að það sé mjög ábótavant um framkvæmd dómsmála undir stjórn hæstv. dómsmrh. Það hygg ég vera einfaldlega sannleikann í þessu máli. En ég er ekkert að draga í efa að flm. till. hafi áhuga á því að bæta um í dómsmálum í landinu. Það er ég ekki, ég er ekkert að rengja það. En með tilliti til þess, að till. er flutt á þennan hátt sem ég var að lýsa, þá er ástæða til að geta þess, að núv. hæstv. dómsmrh. hefur sennilega gert meira en nokkur annar dómsmrh. um langa hríð til þess að bæta ástandið í dómsmálum landsins. Hann var í stjórnarandstöðu þegar hann flutti þá till. til þál., sem ég minntist á hér áður, um að athugað yrði að hraða gangi dómsmála. Af hverju flutti hann þá till.? Vitanlega vegna þess að hann vissi að það var þörf á slíkri athugun sem snertir stjórnsýsluþáttinn í þessu máli. Og það var góðra gjalda vert að slík rannsókn fór fram. En hún fór fram, það var sérlærður maður sem stóð að þeirri rannsókn, maður sem engin ástæða er til að ætla að hafi neina tilhneigingu til þess að blanda stjórnmálum á einn eða annan hátt inn í rannsókn málsins. Síðan hæstv. núv. dómsmrh. tók við því starfi hefur hann beitt sér fyrir margháttuðum framförum á sviði dómstóla. Hann skipaði n., eins og kunnugt er, til þess að athuga um rannsóknarmál og lögreglustjórn og ýmislegt fleira. Þessi n. var býsna lengi að undirbúa sitt mál. Það er ekki gert í fljótheitum að undirbúa löggjöf, t. d. eins og löggjöf um rannsóknarlögreglu ríkisins sem hér liggur fyrir Alþ. núna og ég ætla að vona að verði sem fyrst að lögum. Þetta eru vandasöm mál. Þetta eru mjög vandasöm mál að sjálfsögðu og sérhæfð í ýmsum greinum, þannig að mér finnst það nokkuð skothent að bera fram till. eins og þessa, sem bersýnilega er áróðurstill., flutt í þeim tilgangi að reyna að breiða út þá skoðun varðandi hæstv. dómsmrh. að það sé sérstaklega ábótavant í þessum efnum undir hans stjórn. Ég veit að hæstv. ráðh. er fullkomlega maður til að svara fyrir sig sjálfur, eins og kunnugt er. En ég get ekki látið hjá líða að láta þessa skoðun í ljós og tel algjörlega fráleitt að þessi till. verði samþ. af Alþ. í þeim búningi sem hún er nú.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mig langar til að gera örstutta athugasemd í sambandi við þetta mál, sem hér er til umr., og varpa fram dálítilli hugmynd sem óhjákvæmilega hlýtur að vakna í tilefni af þessum umr. Ég ætla ekki að bollaleggja af hverju þessi till. sé flutt, hvort þar sé pólitískur tilgangur eða almennur áhugi á fræðslu um dómsmálin fyrir þingmenn, eða hvort um sé að ræða sérstök mál sem flm. hafa í huga. Þetta leiðir hins vegar hugann að því mikilvæga hlutverki Alþ. og raun og veru hvers þings yfirleitt í þingræðisríki að reyna að hafa eftirlit með því, hvaða áhrif þau lög hafa sem þingið setur.

Ég man ekki betur en oft á tíðum þegar dómsmálafrv. eru til meðferðar á Alþ., þá sé það svo að þau fái harla litla umr. Mönnum hættir til að segja sem svo: Þetta mál er þegar athugað af sérfræðingum og annaðhvort látum við það liggja til næsta þings eða við afgreiðum það eins og það er. — Þannig hefur mér oft virst afgreiðslan vera. Segja má að það sé með nokkrum hætti eðlilegt. Yfirleitt er þarna um vel undirbúin mál að ræða og á nokkuð sérhæfðu sviði.

En þá kem ég að þeirri hugmynd sem var að brjótast í mér. Ég veit ekki hvort ástæða er til þess að þetta svið þurfi að vera jafnsérhæft og raun er á. Ástæðan er kannske sú, að þm. vita í raun og veru of lítið um dómsmálin í landinu almennt. Ég er ekki að segja að það sé af neinni embættisvanrækslu neins staðar, held-

ur af öðru, sem kann að stafa af vinnubrögðum Alþ. sjálfs. Það, sem mér dettur í hug í þessu sambandi, er að það gæti verið ákaflega vel viðeigandi að því er varðar dómsmálin og raunar mörg fleiri sérsvið í ríkiskerfinu, að ráðh. gæfi Alþingi skýrslu á hverju þingi um gang þessara mála. Þá held ég að með nokkrum hætti væri náð þeim tilgangi sem felst í þessari till. Alþm. væri gerð grein fyrir hvernig þessi mál standa, þeim gefin nokkur heildaryfirsýn yfir dómsmálin í landinu og dómsmrh. gæfist einnig kostur á því að kynna í Alþ. hvernig verkefnin í hans rn. stæðu. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt til þess að greiða fyrir því að Alþ. geti uppfyllt hina svonefndu eftirlitsskyldu sína. Með þessum hætti yrði fleiri mönnum gert skiljanlegt, hvernig staðan er og gangurinn í dómsmálunum, heldur en ef n. væri sett á laggirnar eins og þessi till. fjallar um. Starf slíkrar n. gæti haft ýmsa vankanta og er ekki víst að hún næði nákvæmlega þeim tilgangi að upplýsa Alþ. um hvernig staða þessara mála er í raun og veru.

Ég ítreka sem sagt þá hugmynd mína, bæði hv. þn. til athugunar og hæstv. ríkisstj., hæstv. dómsmrh., sem hér situr, hvort ekki væri athugandi að hæstv. dómsmrh. gæfi Alþingi skýrslu um dómsmálin einu sinni á hverju þingi, sama gilti um aðra „fag“-ráðh., að sínu leyti eins og hæstv. utanrrh. gefur skýrslu um utanríkismál, og síðan færi fram umr. í þinginu um skýrslu hvers viðkomandi ráðh. Það var ekki fleira sem ég ætlaði að nefna í þessu sambandi, og má segja að þetta hafi ekki verið beinlínis um dagskrármálið, en atriði sem mér finnst mjög vert að athuga í sambandi við úrvinnslu þessarar tillögu.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég álít þá hugmynd, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildi Helgadóttur, mjög athyglisverða. Ég vil aðeins í því sambandi minna á það, að í því frv. til lögréttulaga, sem lagt var fyrir síðasta Alþ. og verður væntanlega lagt fram hér á næstunni, er gert ráð fyrir því að þessir dómar, lögréttudómarnir, semji árlega skýrslu um starfsemi sína og sendi hana Alþ. Auðvitað geta slíkar skýrslur frá dómstólunum sjálfum, þessum tveim dómstólum sem gert er ráð fyrir eftir því frv. að verði að vissu leyti aðaldómstólar, gefið tilefni til umr. hér á Alþ. Auk þess er í þessu frv. til lögréttulaga gert ráð fyrir því að dómsmrh. hafi heimild til þess að gefa alveg sérstaklega út árbók um starfsemi lögréttudómstólanna.

En eins og allir hv. þm. vita fara dómsmálin ekki fram á bak við neinar lokaðar dyr. Það gildir einmitt um dómsmál hér, að öll dómþing eru háð í heyrandahljóði, nema sé gerð sérstök undantekning þar frá af hálfu dómara. Almenningur og fjölmiðlar eiga þess vegna kost á því, ef þeir hafa áhuga á, — og mér virðist margt benda til að áhugi þessara aðila sé vaxandi, — þá geta þeir fylgst með þessum málum. Það hefur bara ekki til skamms tíma tíðkast hér á landi að sakamálafréttir t. d. að taka væru efni í dagblöðum hér á landi. Það er tiltölulega ungt og nýtt fyrirbæri. En ef það á að vera, þá er ákaflega mikilsvert að dagblöðin og þeir fjölmiðlar, sem um er að tefla, hafi á að skipa sérstaklega hæfum mönnum sem fylgist með þessum málum. Þetta er gamalt fyrirbæri í öðrum löndum, að sakamálafréttir séu birtar og fréttaritarar blaða fylgist með í þeim efnum. En ég hygg að það sé svo, það er a. m. k. þar sem ég þekki til, að það er vandað mjög til þeirra manna sem þessi störf stunda og þeir hafa a. m. k. af reynsluþekkingu mjög mikla kunnáttu í þessum efnum, segja frá þeim að vísu mismunandi eftir því hvaða blöð eiga í hlut, en hin vandaðri blöð munu ekki telja sæmandi að flytja annað en áreiðanlegar fréttir af þeim málum.

Það er ekki aðeins svo, að almenningur og fjölmiðlar eigi þannig kost á að fylgjast með dómsmálunum, af því að þau fara fram fyrir opnum tjöldum, alveg nákvæmlega eins og störf okkar alþm. hér á hv. Alþ. fara þannig fram, að hver og einn hefur rétt til þess að fylgjast með þeim, við skulum bæta við: eftir því sem húsrúm leyfir. Og það á sannarlega líka við um dómstólana, að þeir salir, sem þeir eru hafa yfir að ráða, eru ekki alltaf stórir. En auk þessa er svo auðvitað, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, að Hæstiréttur gefur út árlega bók um alla þá dóma sem þar eru upp kveðnir yfir árið. Í þeirri bók eru ekki aðeins birtir sjálfir hæstaréttardómarnir, heldur einnig þeir héraðsdómar sem hefur verið fjallað um af Hæstarétti. Ég veit ekki hvað margir hv. alþm. hafa kynnt sér þessar bækur, þær eru nú orðnar allmargar frá upphafi. En það er áreiðanlegt, að ef þeir gerðu það rækilega, þá mundu þeir margir geta talað af meiri kunnáttu um þessi mál heldur en þeir gera. Þá mundu þeir því miður komast að því t. d., að í hverjum einasta árgangi hæstaréttardóma, að ég hygg, er nú fjallað um hörmuleg atvik, hvort sem við viljum kalla það morð eða manndráp, þannig að menn þurfa náttúrlega ekki að láta þannig að þetta sé alveg nýtt og hafi ekki þekkst áður, ef þeir bara vildu lesa hæstaréttardómana yfir.

En tilefnið til þess, að ég stóð upp, var aðeins þetta: að benda á að sú hugsun, sem hv. síðasti ræðumaður setti hér fram, er í raun og veru vakandi og hefur verið vakin í frv. til lögréttulaga. Það er vissulega til athugunar og má taka til athugunar að færa hana út á víðara svið ef menn vildu, t. d. fá jafnframt skýrslu um störf héraðsdóma. Ég hygg að vísu að staðreyndin sé sú, að flestir þeir héraðsdómar, sem almenna þýðingu hafa, fari til æðra dómstóls og menn fái þannig möguleika til þess að fylgjast með þeim og kanna þar. En að sjálfsögðu á þetta við um fleiri svið stjórnsýslunnar, og ég tel það góða byrjun sem byrjað var hér á með skýrslu utanrrh. Og ég hygg að það tíðkist á öðrum þingum, jafnvel um fleiri svið, að það séu fluttar slíkar skýrslur og ráðh. geri skýrslur um þau málefnasvið sem undir hann heyra.

Ég get mjög vel fallist á að sú hugmynd, sem þar kom fram, sé tekin til athugunar, ef mönnum, þegar þeir sjá lögréttufrv., finnst að það sé ekki stigið nægilega stórt skref í þessa átt í því frv.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég ætti nú ekki að hætta mér langt út í umr. um það málefni sem hér er til umr. Mig skortir sjálfsagt mikið af þeim hæfileikum og þeirri þekkingu sem að sjálfsögðu og réttilega þarf til þess að fjalla um mál af þessu tagi. En mig langar þó til þess að fara örfáum orðum um þetta mál.

Það er örugglega rétt, sem hér hefur komið fram, að það hefur gætt mikillar tregðu í því hér á hv. Alþ. að nýta sér þann rétt sem 39. gr. stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir í sambandi við flutning till. af því tagi sem hér er um að ræða. Þetta hefur þó gerst nokkrum sinnum, og meira að segja hef ég orðið það frægur að vera flm. að einni slíkri till. sem hæstv. dómsmrh. man að sjálfsögðu eftir og var um það að skipa rannsóknarnefnd til þess að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslunnar á vissu tímabili. Það var vissulega afmörkuð till. og afmarkað verkefni sem þeirri n. var ætlað. En þá ætlaði allt um koll að keyra hér á hv. Alþ. Þá var talað um persónulegar árásir og aðfarir að vissum hæstv. ráðh. Það er þetta viðhorf sem mér finnst allt of áberandi, að ef hv. þm. gagnrýna meðferð ýmissa mála, þá er það tekið sem persónuleg aðför eða árás á viðkomandi ráðh. sem fer með viðkomandi málaflokk. Þetta er allt of mikið áberandi, að mér finnst. Og það á ekki bara við um hæstv. núv. dómsmrh., það á kannske miklu frekar við um suma aðra hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. sem taka allt sem persónulegar árásir á sig, þó að verið sé af mestu góðvild og sanngirni að gagnrýna ýmislegt af því sem ýmsum þykir aflaga fara. (Gripið fram í.) Já, hæstv. dómsmrh. segir það. Mér fannst þó í ræðu hans fyrr við þessa umr. að þess gætti æðimikið í hans málflutningi að hér væri í og með verið að gagnrýna meðferð hans á þessum málum.

Mér finnst eins og tillöguflutningur og umr. af þessu tagi séu hálfgert feimnismál hér á hv. Alþ. Og án þess að ég vilji neitt um það fullyrða eða hafi kynnt mér það, þá er það líklega svo, að í flestum tilvikum, sem tillögur hafa verið fluttar eins og hér er nú gert, þá hafa þær verið fluttar af stjórnarandstöðuþm. Ég vænti þess að dómsmrh. leiðrétti það hér á eftir ef það er ekki rétt. Ég hygg að það sé í flestum tilvikum flutt af stjórnarandstöðuþm. (Gripið fram í.) Það var lóðið, já. En það átti einmitt ekki við um þá till. sem ég stóð að flutningi á á sínum tíma. Þá var ég stuðningsmaður ráðv. ríkissti., og það er kannske sérstakt. (Gripið fram í.) Ekki tvístígandi. Ég hygg að hv. þm. Magnús Kjartansson, sem greip fram í, hefði gjarnan viljað standa að flutningi þeirrar till., en líklega hefur kjarkinn skort, og það segir sína sögu. En samt sem áður og þrátt fyrir það að það hafi verið stjþm. sem stóð að flutningi þeirrar till., meira að segja tveir þm. stjórnarliðsins, þá fékk hún ekki neitt blíðari móttökur heldur en þær till. sem fluttar hafa verið af stjórnarandstæðingum. Ég held síður en svo.

Það er einmitt þetta viðhorf þm. sem mér finnst að þurfi að breytast og viðhorf hæstv. ráðh. og þm. almennt til þess að það er ekki verið, — a. m. k. tek ég það ekki svo að hér sé verið að gagnrýna eða með persónulegar árásir á viðkomandi ráðh.

Ég get sagt það strax hér, að mér finnst það ástæðulaust af hæstv. dómsmrh. að tala í þeim dúr sem hann talaði fyrr við þessa umr., vegna þess að ég held persónulega að hann þurfi sjálfur ekkert að fela í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar þangað til eitthvað annað kemur í ljós, þannig að ég held að hann ætti frá mínum bæjardyrum séð að geta talað á allt annan hátt en hann gerði hér fyrr við þessa umr. Mér fannst málflutningur hans allt of mikið bera því keim að hann væri að rífa niður. Nú veit ég það, að þaulreyndum lögspekingi og stjórnmálamanni eins og núv. hæstv. dómsmrh. er, — honum er það í lófa lagið að rífa niður að miklu, kannske öllu leyti tillöguflutning og málflutning tiltölulega nýrra þm. hér á hv. Alþ. í þessum efnum. En það er alltaf spurning eftir sem áður, þó honum takist það, hvort orustan er unnin eigi að síður. Það er eftir að vinna bug á því sem heitir almenningsálit í landinu. Og ég er viss um að almenningsálitið vill fá hreinlega úr því skorið, eftir því sem tök eru á, hvernig þessum málum er í raun og veru háttað í framkvæmd. Og ég er nærri viss um það, að það er mikill fjöldi fólks í landinu sem er sömu skoðunar og ég í þeim efnum, að það hefur ekki ástæðu til þess að ætla að hér sé kannske um að sakast við hæstv. dómsmrh. eða hann hafi eitthvað að fela, en það er ýmis framkvæmd sem getur farið fram hjá honum í þessum efnum eins og mörgum öðrum, þeim sem taldir eru bera ábyrgð á framkvæmd mála í sambandi við stóra málaflokka hér í þessu landi. Mér finnst að það þurfi að verða breyting á þessu viðhorfi þingsins sjálfs til þess að nýta þær leiðir og þá möguleika sem fyrir hendi eru til þess að fá úr málum skorið á þennan hátt, ef eitthvað það hefur komið upp í viðkomandi málaflokki sem ástæða þykir til að rannsaka sérstaklega.

Ég skal taka undir það með hæstv. dómsmrh., að ég hugsa að till., eins og hún er nú fram sett, sé of viðfeðm, ekki sé nægilega afmarkað það verkefni sem rannsaka eigi, til þess að hægt sé að fá rétta mynd af því sem í raun og veru er að gerast, og einnig hitt, að það þyrfti að setja inn tímamörk um það, hvaða tímabil eigi að rannsaka. Hvort tveggja þetta var gert í þeirri háltill. sem ég stóð að á sínum tíma. En hún fékk eigi að síður harða gagnrýni og harða dóma, þó að þetta hvort tveggja væri að ég tel fullkomlega uppfyllt í henni. En ég tek sem sagt undir það með hæstv. ráðh., að hér er óvenjulega mikið í fang færst, ef á að rannsaka eins og till. gerir ráð fyrir og ekki gert ráð fyrir að afmarka þann tíma sem þessi rannsókn á að ná yfir.

Mér finnst það nú kannske lýsa hvað best hugarfari hæstv. dómsmrh. til till. af þessu tagi þegar hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri þó ein setning í tillgr. sem væri nýtileg, og hún var sú, að kostnaðinn ætti að borga úr ríkissjóði. Ég held að ég hafi tekið þetta nokkurn veginn rétt. Mér finnst svona talsmáti lýsa æðivel því hugarfari sem virðist búa inni fyrir til

þessa máls, eins og það liggur nú fyrir. Og ég vil fyrir alla muni biðja hæstv. dómsmrh. að snúa af villu þessa vegar í sambandi við rannsókn eins og hér er talað um, því að ég held að hann hafi ekkert að fela. Sé eitthvað slíkt til, þá er það mín persónulega skoðun að það sé þá annars staðar að finna. En það er nauðsynlegt jafnframt, ef það er, að það komi þá í ljós, því að líklega hefur ekki á mörgum undanförnum árum — kannske áratugum — verið meira rætt um nokkurn málaflokk heldur en einmitt dómsmálin og réttarfarið í landinu nú undanfarið líklega á annað, ef ekki tvö ár. Og það er ýmislegt sem komið hefur til, sem hefur orðið þess valdandi að svo miklar og almennar umr. hafa átt sér stað um þennan málaflokk sem raun ber vitni.

Vel má vera að áður fyrr og kannske oft hafi ýmsir slíkir atburðir gerst eins og rætt hefur verið um. En ég held þó að óhætt sé að fullyrða að það hafi ekki komið fram í dagsljósið til umræðu neitt í líkingu við það jafnalmennt og gerst hefur að undanförnu.

Sama virtist mér koma fram hjá hv. þm. Tómasi Árnasyni áðan. Hann taldi hér fyrst og fremst um pólitíska áróðurstill. að ræða, og hann talaði um rannsókn á ríkisstj. Ég held að þetta sé mesti misskilningur. Þó að hér sé um að ræða pólitíska andstæðinga mína sem standa að þessari till., þá vil ég ekki ætla þeim þetta. En það virðast greinilega ýmsir aðrir til hér innan veggja, hv. þm., sem vilja ætla þeim pólitíska áróðursherferð í sambandi við þessi mál, sem ég tel allt of alvarleg til þess að gera að neinu leikspili hér á hv. Alþ., að áróðursherferð í þeim efnum, nema þá því aðeins að sú áróðursherferð sé gerð til þess að hrista upp og fá betri árangur í meðferð þessara mála. Og ég er nærri því viss um það, að sá er tilgangurinn með þessum tillöguflutningi.

Ég skal ekki ræða öllu frekar um þetta mál. Ég vil sem sagt fyrst og fremst koma því á framfæri, að mér finnst allt of mikil tregða vera hér á hv. Alþ. til þess að þessi leið sé farin þegar upp koma jafnáberandi mál og gerst hefur að undanförnu. Og ég vil fyrir mitt leyti segja það, að ég tel að skipan rannsóknarnefndar eigi fullan rétt á sér. En til þess að það megi takast og árangur af slíku nefndarstarfi leiði það í ljós sem ég a. m. k. tel að þurfi að leiða í ljós, þá tel ég að það þurfi að afmarka verkefnið betur, því að það verði, þó að ég sé kannske allt of ókunnugur málsmeðferð af þessu tagi til þess að dæma þar um, — þá held ég að það verkefni, sem hér er gert ráð fyrir, sé allt of viðamikið til þess að rannsóknarnefnd af þessu tagi verði gert kleift að skila því a. m. k. á þeim tíma sem gert er ráð fyrir, þannig að það verði að afmarka það meira og taka til hvaða tíma það á að ná yfir. En ég tel að till. eigi fullkomlega rétt á sér.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég tek þátt í þessum umr. vegna þess að það hefur verið tvívegis minnst á mig í þeim, fyrst af hv. flm. og síðar af hv. 9 landsk. þm. En áður en ég kem að því, sem þeir minntust á og snertir mig sérstaklega, finnst mér rétt, fyrst ég er kominn hingað í ræðustólinn, að víkja nokkrum orðum að þeirri till. sem hér liggur fyrir. Ég tel hins vegar að það sé óþarft fyrir mig að ræða efni hennar. Það er búið að gera það svo rækilega, bæði af hæstv. dómsmrh. og hv. alþm. Tómasi Árnasyni, að ég tel mig ekki þurfa neinu þar við að bæta. En það, sem ég vildi láta í ljós í sambandi við þessa till., er að ég frekar óttast, heldur en hitt, að hún geti orðið til þess að tefja fyrir aðgerðum í þessu máli. Það er áreiðanlega nauðsynlegt að gera ýmsar umbætur til þess að styrkja löggæsluna, og að því er stefnt með því frv. sem hér ligur fyrir frá hæstv. dómsmrh. um rannsóknarlögregluna. Ég treysti því, að það frv. nái fram að ganga fyrir áramót og framkvæmdir samkv. því geti hafist þá þegar. En ég hygg að það sé þörf fyrir ýmislegt fleira sem þarf að gera til styrktar löggæslunni eins og komið er. Og ég hygg að það þurfi enga sérstaka rannsókn til þess að menn geri sér grein fyrir því hvað er ábótavant í þessum efnum, vegna þess að upplýsingar um það eru búnar að liggja fyrir árum saman og eru ekkert nýjar.

Það hefur lengi verið kunnugt um það, að starfskostur löggæslunnar er ekki eins mikill og skyldi. Það er búið að vera þannig árum saman. Og það er líka kunnugt um það, að aðbúnaður að löggæslunni er ekki slíkur sem vera skyldi. Það er búið að vera þannig áratugum saman. Og það er líka kunnugt, sem ég álít að sé stórt atriði í þessum efnum, að kjör lögreglumanna eða löggæslumanna eru ekki slík í launakerfinu sem þau ættu að vera. Ég hef haldið því fram um langt skeið, bæði á fundum í borgarstjórn Reykjavíkur og hér á Alþ., að til þess að fá hæfa löggæslumenn þyrftu kjörin að vera betri en þau eru nú.

Við þetta bætist það, að starfsemi löggæslunnar hefur aukist af ýmsum óviðráðanlegum ástæðum á síðustu árum. Þar koma t. d. til sögunnar fíkniefnamálin, sem þegar er búið að gera verulega skil til bóta, en það þarf þó að gera meira en þegar hefur verið gert. Við vitum það, að sökum hækkunar á áfengisverði hefur smygl á þeirri vöru stórkostlega aukist, eða a. m. k. tilraunir til þess hafa stórkostlega aukist. Aukin bílaeign landsmanna hefur átt þátt í því að umferðarbrotum hefur farið fjölgandi og það þarf meiri löggæslu í sambandi við þau mál. Þá eru ekki síst ávísanamálin, sem hafa komið til sögunnar á síðustu árum, sem hafa aukið mjög við störf löggæslunnar og hefur hún því ekki getað sinnt þeim sem skyldi.

Þess vegna álít ég að aðgerðir í þessum málum þurfi að koma sem fyrst. En með þessari till., sem hér liggur fyrir, sýnist mér stefnt að því að draga þær á langinn. Niðurstaða þeirra athugana, sem hér er talað um, á ekki að liggja fyrir fyrr en í þinglok. Það þýðir að í framhaldi af henni, ef hún leiddi til einhverra upplýsinga um hvað gera skyldi, yrði aldrei farið að fást við það fyrr en á næsta þingi. Ég tel að aðgerðirnar þurfi að koma strax á þessu þingi og helst nú strax fyrir áramótin. Fyrir áramótin verðum við að samþykkja frv. um rannsóknarlögreglu ríkis-

ins. Og við þurfum að athuga það mjög gaumgæfilega í sambandi við fjárlögin, hvort ekki þarf að auka verulega framlög til löggæslunnar á ýmsum sviðum. Ég veit að það hefur verið gengið langt af hendi fjmrh. og dómsmrh. og þeir hafa teygt sig eins langt og þeir hafa talið að fjárráð ríkisins þyldu. En það má vel vera að það þurfi að gera enn þá meira.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp, að við fjárlagaumr. flutti hv. 11. landsk. þm., Geir Gunnarsson, mjög athyglisverðan ræðustúf um þetta efni. Hann rifjaði upp hækkun til ýmissa löggæsluembætta úti á landi og hér í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu. Mér sýndist niðurstaða hans vera sú, að hækkunin úti á landi væri hlutfallslega miklu meiri en hér í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu, þar sem umfang þessara mála er þó tvímælalaust mest. Nú má vel vera að til þessa liggi eðlilegar ástæður. Ég hef ekki kynnt mér málið svo að ég geti dæmt um það og náttúrlega kemur út hærri hlutfallshækkun hjá embættum úti á landi, ef eitthvað er bætt við þar, heldur en hér í bænum, vegna þess að grunnurinn er lægri fyrir. En þrátt fyrir það finnst mér að þetta sé mál sem þurfi að athuga og það sé verkefni okkar þm. Reykv. að taka þetta mál til sérstakrar meðferðar.

Hv. 12. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, hefur réttilega bent á það, að Reykjavík á engan talsmann í fjvn. Mér þætti það mjög koma til greina að t. d. í sambandi við þessi mál tækju þm. Reykv. og jafnvel Reykn. til athugunar, hvort ekki væri eðlilegt að hækka eitthvað framlögin til löggæslumála í þessum umdæmum, væru ekki að bíða með það þangað til í þinglok eða þangað til á næsta þingi, heldur ynnu að því að koma þeim breytingum fram núna í sambandi við afgreiðslu fjárl. Þessar aðgerðir eru þannig lagaðar, að ef við teljum þörf á þeim, — það er áreiðanlega þörf á þeim á ýmsum sviðum, — þá á ekki að vera að draga það, þá á ekki að vera að setja n. til að tefja málið, heldur á að vinna að því að koma umbótunum fram sem fyrst og strax á þessu þingi og helst fyrir áramót. Þess vegna líst mér heldur illa eða skuggalega á þessa till., vegna þess að mér sýnist hún miklu frekar vera til þess að tefja málið heldur en til þess að greiða og flýta framkvæmdum.

Ég efast ekki um, að þessi till. sé flutt í ákaflega góðum tilgangi frá sjónarmiði flm. Frá þeirra sjónarmiði er það vafalaust góður tilgangur að reyna að efla Alþfl., og þeir telja að þeir séu að gera það með þessari till. En ég vil nú vona að það vaki einnig fyrir þeim annar áhugi eða að koma fram umbótum sem fyrst í þessum málum. Þá eiga þeir að standa að því að þær komi sem fyrst, en séu ekki dregnar til þingloka eða fram á næsta þing, heldur skulum við taka höndum saman um að gera þær umbætur, sem við teljum nauðsynlegar, nú í sambandi við fjárl. Við vitum vel að það, sem skiptir mestu máli í þessum efnum, er ekki að við samþykkjum einhver lög, ef ekki er svo veitt neitt fjármagn til þess að framfylgja þeim. Undirstaðan að öllum umbótum í þessum efnum er að tryggja fjárframlögin og að því verðum við að vinna í sambandi við fjárl.

Ég endurtek svo það, sem ég sagði áðan, að ég tel eðlilegt, þar sem þm. Reykv. eiga engan fulltrúa í fjvn, að þá komi þeir sér saman um að athuga þessi mál og komi athugunum sínum á framfæri við fjvn., helst að þeir ættu þar einhvern áheyrnarfulltrúa þegar þessi mál væru rædd þar og önnur hagsmunamál sem sérstaklega snerta Reykjavík.

Það var hv. 9. landsk. sem minntist á það, að ég hefði fyrir nokkrum árum flutt hér till. um rannsóknarnefnd í svipuðu formi og þá sem hér liggur nú fyrir. Mér finnst rétt af þessu tilefni að gera nokkra grein fyrir þeirri till. minni, vegna þess að hún gæti orðið til upplýsinga um það hver hefur verið afstaða Alþ. áður til skipunar slíkra rannsóknarnefnda. Till. mín var flutt á Alþ. 1966 og var á þá leið, að Nd. ályktaði „samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar að skipa 7 manna n. innandeildarmanna til að rannsaka þá ásökun Guðmundar Í. Guðmundssonar, fyrrv. utanrrh., að utanrmn.-menn hafi gert sig seka um trúnaðarbrot í utanrrh.-tíð hans. N. skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum. N. skal að rannsókn lokinni gefa ítarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.“

Til þess að gera örstutta grein fyrir því, vegna hvers þessi till var flutt, leyfi ég mér að lesa upp kafla úr grg. till., sem er á þessa leið:

„Í umr. í Sþ., sem fór fram 30. nóv. s. l., bar störf utanrmn. á góma og fórust Emil Jónssyni utanrrh. þá m. a. orð á þessa leið:

„Það er alveg rétt, að það eru miklu færri mál borin undir utanrmn. heldur en vert væri og sennilega rétt væri. En það er af því að fyrrv. utanrrh. taldi að hann hefði þannig orðið fyrir barðinu á utanrmn. að hann gæti ekki trúað henni fyrir málum. Ég held að mér sé óhætt að segja það eftir honum, að það hafi trúnaðarmál, sem n. hafi verið sagt frá, verið borin út og komið í blöðum og þess vegna vildi hann ekki fyrir sitt leyti að henni væru fengnar allar upplýsingar sem annars hefði verið rétt að n. fengi. Ég skal ekkert segja um þetta. Ég þekki það ekki nógu vel.“

Í sjónvarpsviðtali, sem utanrrh. átti við nokkra blaðamenn 10. febr. s. l., barst talið að þessu efni. Morgunblaðið sagði frá þessu viðtali daginn eftir (11. febr.) og hófst frásögn blaðsins á þessa leið:

„Á blaðamannafundi í sjónvarpinu í gærkvöldi sagði Emil Jónsson utanrrh., formaður Alþfl., að á árunum 1960—1961 hefðu trúnaðarmál, sem lögð voru fyrir utanrmn. Alþ., lekið út, birst aðallega í Þjóðviljanum og einnig í Tímanum. Utanrrh. sagði, að meðan svo væri mundi hann ekki leggja trúnaðarmál fyrir nefndina.“ “

Það var vegna þessa tilefnis sem mér sem utanrmn.-manni og einum þeirra, sem þessum aðdróttunum var beint að, fannst rétt að fara þess á leit við Alþ. að það léti rannsaka og upplýsa hvort slíkt trúnaðarbrot hefði átt sér stað. Hér var um afmarkað mál að ræða og mál sem snerti starfsemi einnar aðalnefndar þingsins, þar sem hún var raunverulega ekki starfhæf um árabil vegna þessarar aðdróttunar ráðh. Afgreiðslan,

sem þessi till. fékk í þinginu, varð sú, að þó að hún væri svona sérstaklega bundin við afmarkað mál sem snerti þingið sjálft, þá var hún felld. Ég vil þess vegna lýsa sérstaklega ánægju minni yfir því að Alþfl., sem þá beitti sér sérstaklega gegn skipun þn. til að rannsaka þetta mál, er nú snúinn hugur í þessum málum og hann virðist nú hafa áhuga á því, að slíkar n. séu skipaðar, og tel ég það ekkert óeðlilegt.

Ég vil geta þess, að svipuð afstaða kom einnig fram hjá þáv. þingmeirihl. þegar hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, flutti till. á þingi 1968 um rannsóknarnefnd vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu. Sú till. var líka felld og það m. a. af Alþfl. Nú virðist hins vegar vera komið annað hljóð í strokkinn hjá þeim Alþfl.-mönnum og þeir hafa mikinn áhuga á því að slíkar n. séu skipaðar í vissum málum og t. d. í þessu. Ég er síður en svo að kvarta undan því, heldur hef ég astæðu til þess að fagna því, að þeir skuli nú komnir inn á það sjónarmið að slíkar n. geti átt rétt á sér undir vissum kringumstæðum.

Í þessu sambandi finnst mér rétt að rifja upp afstöðu mína til slíkrar n. Ég er því yfirleitt fylgjandi að slíkar n. séu starfandi og ég tel að ymsar n., sem hafa starfað í Bandaríkjaþingi, hafi verið til bóta. En það hefur alltaf verið mitt sjónarmið, að til þess að slíkar n. kæmu að einhverju gagni, þá yrði áður að gera grundvallarbreytingu á sjálfu stjórnkerfinu. Afstaða mín í þessum málum hefur verið sú, — og ég er sennilega einn um hana hér á Alþ., nema kannske hv. 12. þm. Reykv. sé fylgjandi henni, — að ég tel bandaríska stjórnkerfið, þar sem er algjör aðskilnaður milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, á margan hátt heppilegra heldur en þingbundna stjórn. Bandarísk kerfið gerir það mögulegt að slíkar þingnefndir geti starfað með árangri, en það gerir þingbundin stjórn ekki. Þegar framkvæmdavald og löggjafarvald er aðskilið, þá er hvor aðilinn um sig miklu óháðari hinum heldur en þegar um þingbundna stjórn er að ræða. Bandarískir þm. eru miklu óháðari, þeir eru ekki neitt sérstaklega tengdir við stjórnina eins og t. d. þm. þar sem þingbundin stjórn er, þar sem þm. velja sjálfir stjórnina og bera síðan ábyrgð á henni. Það fyrirkomulag leiðir yfirleitt til þess, eins og kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, að þetta þingrannsóknarnefndarfyrirkomulag kemur ekki að notum. Eins og venjan hefur oftast verið, þá eru það stjórnarandstæðingar sem flytja slíkar till., oft og tíðum í áróðursskyni, stundum kannske af nauðsyn, eins og ég gerði í áðurnefndu tilfelli, en stjórnarsinnar eru á móti. Ef við flettum blöðum þingtíðindanna á undanförnum árum, þá komumst við að raun um það, að slíkar till. hafa langoftast verið felldar. Slíkt kemur hins vegar ekki til greina í Bandaríkjaþingi vegna þess að þá er það ákveðið fyrir fram, að þn. hafa það hlutverk að fjalla ekki aðeins um frv. og lög sem þeim berast, heldur líka að fjalla um framkvæmd laga. Og þar eru þm. vegna aðskilnaðarins miklu óháðari stjórninni heldur en þar sem þingbundin stjórn er. Því eru stjórnarandstæðingar þar fúsari til samstarfs við stjórnina og stjórnarsinnar líka minna bundnir af henni heldur en þar sem þingbundin stjórn er. Þess vegna hefur það tekist í Bandaríkjunum og gengið sæmilega vel, þó að annar flokkur hafi haft meiri hl. í þinginu heldur en sá sem hafði forsetan. Það hefur tekist sæmilegt samstarf þar á milli vegna þess að stjórnarandstaðan í þinginu hefur ekki verið eins hörð og í löndum þar sem þingbundin stjórn er. Það er af þessum astæðum og fleirum að ég tel að hið ameríska kerfi sé fullkomnara heldur en okkar að þessu leyti. Ég hef því verið fylgjandi að það yrðu breytingar gerðar hér í þá átt. Hins vegar hefur sú skoðun, að mér hefur virst, átt hér litlu fylgi að fagna, og ég er kannske eini þm. sem er þessarar skoðunar, að það væri heppilegra fyrir okkur að breyta til í þessa átt. En samt getur farið svo, að hin þingbundna stjórn, sem hefur verið í Evrópu að undanförnu, eða hið þingbundna stjórnarfyrirkomulag þyki ekki gefast nogu vel og það verði gerðar einhverjar breyt. í anda bandarísku stjórnkerfisins. Það hefur þegar verið gert í Frakklandi, þó að skrefið hafi ekki verið stigið til fulls. Í Finnlandi er stjórnkerfið þannig, að forsetinn hefur hið raunverulega vald í utanríkismálum. Það hefur tvímælalaust gefist finnum mjög vel.

Annars ætla ég ekki að fara að ræða um þessi atriði sérstaklega hér, heldur aðeins að lýsa þeirri skoðun minni, að eigi það fyrirkomulag að koma að einhverju gagni að þm. eða þingið setji rannsóknanefndir á stofn, þyrfti að verða grundvallarbreyting á sjálfu stjórnkerfinu til þess að þetta fyrirkomulag yrði raunhæft. Annars verður það yfirleitt oftast þannig, að gliman um það, hvort eigi að skipa slíkar n., verður átakamál milli stjórnar og stjórnarandstöðu, eins og eru mörg dæmi um hér á undanförnum þingum og hv. síðasti ræðumaður gat m. a. um í ræðu sinni.

Annar ræðumaður, sem minntist mín nokkuð í málflutningi sínum, var hv. flm. þegar hann talaði um að ég hefði tekið undir þá till. ungra jafnaðarmanna að Alþ. ætti að verða óháðara framkvæmdavaldinu. Ég er enn sömu skoðunar og ég var þá. Það sést m. a. á því, eins og ég hef rakið, að ég er fylgjandi fullum aðskilnaði framkvæmdavalds og löggjafarvalds. En að sjálfsögðu veit ég að slík breyt. verður ekki gerð hér í náinni framtíð og á fáa talsmenn, og þess vegna verðum við að leita úrræða á annan hátt. Ég tel t. d. að það komi mjög til greina og mundi verða spor í þessa átt ef við tækjum upp það fyrirkomulag sem bandaríkjamenn hafa, að þegar stjórnarskipti verða eða þegar forsetaskipti verða, þá verði ekki aðeins skipt um ráðh., heldur um embættismenn í öllum meiri háttar embættum. Ég tel t. d. að þá ætti að skipta um bankastjóra í Seðlabankanum, alveg eins og gert er í Bandaríkjunum hjá tilheyrandi stofnun, vegna þess að það er svo mikilsvert að sú peningastofnun, sem mestu ræður í landinu, fylgi fram þeirri stefnu sem ríkisstj. mótar, en sé ekki í andstöðu við hana. Ég álít að það mundi líka vera heppilegt ef ráðuneytisstjórar væru færðir til, kannske ekki endilega í sambandi við stjórnarskipti, heldur öðru hvoru. Það skapast að sjálfsögðu geysilegt vald hjá ráðuneytisstjóra sem gegnir því embætti í 30—40 ár, en ráðh. koma og fara með skömmu millibili. Þó

að þeir hafi með sér aðstoðarráðh., þá held ég að það bæti litið úr.

Það er að mínum dómi mikið alvörumál, að mér finnst þingið vera orðið háð embættisvaldinu og þurfi að losna úr þeim viðjum. Um það er alveg sammála Alþfl. Ég álít að þm. úr öllum flokkum ættu að athuga það í rólegheitum hvaða ráð komi helst til greina til að ráða bót á þessum vandkvæðum. Ég heyri nú, að hv. 3. þm. Reykv. segir, — ja ég heyrði nú ekki glöggt hvað hann sagði, — að Alþfl. sé ekki svo mjög á móti embættismönnum. Ég var ekki að fullyrða það, heldur aðeins að vitna í till., sem ungir jafnaðarmenn höfðu samþ. Já, það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að a. m. k. þegar Alþfl. var í stjórn, þá var hann ekki á móti embættismönnum og ekki heldur á móti því að flokksmenn hans fengju sæmileg embætti. En það er annað mál sem ekki er til umr. hér sérstaklega.

Það, sem ég vildi svo endurtaka að lokum, er að mér finnst mestu skipta í sambandi við réttarfarsmálin að við íhugum það fljótt hvaða umbætur þurfi að gera og að við vinnum að því að þær lagfæringar komist fram á þessu þingi og helst í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, því að lög, sem við kunnum að samþ., koma að litlum notum nema við tryggjum jafnframt fjármagn til framkvæmdanna. Það er höfuðatriðið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 13. fundur.

Þriðjudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Nú fyrir nokkrum mínútum gengu forráðamenn hreyfingar, er nefnir sig samtök um frjálsan samningsrétt, á fund hæstv. sjútvrh. og afhentu honum yfirlýsingar er hljóða svo, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir mótmælum harðlega setningu brbl. frá 6. sept., þar sem sjómenn eru dæmdir til að þiggja lægri laun en þeir sætta sig við, og skorum á Alþ. að ógilda brbl. nú þegar.“

Undir þessa yfirlýsingu skrifa tæplega 2000 starfandi sjómenn. Jafnframt var hæstv. ráðh. afhent svofelld yfirlýsing:

„Við undirrituð lýsum yfir stuðningi okkar við baráttu sjómanna og skorum á Alþ. að ógilda brbl. frá 6. sept. 1976 nú þegar. Lögin eru aðför að samningsrétti alls vinnandi fólks.“

Undir þessa yfirlýsingu skrifa um 10 000 launþegar úr flestum eða öllum atvinnustéttum þjóðfélagsins.

Þessar tvær yfirlýsingar eru því undirritaðar af rúmlega 12 500 einstaklingum víðs vegar að af landinu, og þegar þess er gætt að engin formleg félagasamtök standa á bak við þessa undirskriftasöfnun, heldur er í hana ráðist að frumkvæði nokkurra einstaklinga sem allir eru í fullu starfi á öðrum vettvangi og hafa orðið að vinna að málinu í takmörkuðum frítímum sínum og fyrir eigið fé, þá gefur hinn mikli fjöldi þeirra, sem undir yfirlýsingarnar rita, ljósan vott um hve ákveðin og eindregin andstaða ríkir meðal fólks, ekki aðeins úr röðum sjómanna, heldur einnig úr öðrum atvinnustéttum, við þá atlögu að frjálsum samningsrétti sem fólst í setningu brbl. um kaup og kjör sjómanna frá 6. sept. s.l.

Þorri launþega í þessu landi gerir sér það fyllilega ljóst, að með setningu þessara brbl. er ekki aðeins verið að ráðast harkalega gegn sjómönnum, heldur jafnframt gegn sjálfsögðum mannréttindum og félagslegum réttindum allra launþega í þessu landi, — þeim rétti að fá að semja um kaup og kjör eftir löglegum og viðurkenndum leiðum. Í dag eru það sjómenn sem brotinn hefur verið réttur á. Á morgun er það e. t. v. einhver önnur launþegastétt eða verkalýðshreyfingin öll sem ætlað er að sæta sömu örlögum, ef marka má þær fregnir sem farið hafa af frv. til nýrrar vinnulöggjafar sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að setja á þessu Alþingi.

Atlagan að sjómannastéttinni er því nokkurs konar prófmál af hendi hæstv. ríkisstj., tilraun til þess að sjá hve langt henni er óhætt að ganga gegn félagslegum réttindum verkalýðshreyfingarinnar. Þannig er þetta mál í pottinn búið, og að svo sé er öllum ljóst. Vegna þessarar hættu hafa 12 500 manns úr hinum ýmsu launastéttum landsins tekið höndum saman við sjómenn um mótmæli, og fjölmargir aðrir eru sama sinnis þó ekki hafi til þeirra náðst.

Frumkvöðlar hinna óformlegu samtaka um verndun frjáls samningsréttar, þeir sem höfðu frumkvæði að undirskriftasöfnuninni, höfðu samband við mig í gær og óskuðu þess að ég gerði nokkra grein fyrir málstað þeirra hér. Mér er bæði ljúft og skylt að verða við þeirri beiðni og þakka forseta tækifærið sem hann hefur veitt mér til þess, en mun að sjálfsögðu fara að tilmælum hans og takmarka mjög mál mitt.

Mér er ljúft að verða við þessari bón, vegna þess að ég er einn í hópi þeirra, sem hafa ritað nafn sitt undir mótmælin, og styð í einu og öllu þau sjónarmið sem þar koma fram. Mér er málið skylt, vegna þess að ég tel að með setningu þessara brbl. hafi verið brotið gegn ekki aðeins lögmætum réttindum launþega í þessu landi, heldur einnig gegn anda sjálfrar stjórnarskrárinnar, og sérhverjum þm., sem er þeirrar skoðunar um aðgerð stjórnvalda, ber skylda til þess að beita sér gegn henni og reyna að fá hana ónýtta með hverjum þeim hætti sem honum ber réttur til sem alþm.

Ég vil í því sambandi sérstaklega benda á, að hvað svo sem því veldur, þá hefur þingheimi enn ekki gefist tækifæri til þess að fjalla um þessa brbl.-setningu, því að þó hún hafi verið nokkrum sinnum á dagskrá hv. Ed. er mér ekki kunnugt um að umr. um málið þar séu hafnar, og er þó liðið alllangt á starfstíma Alþ. Hæstv. ríkisstj. virðist halda þannig á þessu máli að jafnvel henni sé ljóst, að þar hafi hún óhreint mél í pokahorninu. Hún er á báðum áttum um það í raun og veru hvort hún á að hætta sér út í umr. um þessi mál eða ekki.

Grundvallaratriðið í stjórnarháttum okkar er það sama og hjá öðrum siðuðum þjóðum, að engin lög eru lög nema þau lög sem löggjafarsamkoman setur. Þessu landi á að stjórna á

grundvelli lýðræðis og þingræðis, en ekki með tilskipunum. Þó hefur ávallt verið gengið lengra og lengra á þá braut. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar er opnaður sá möguleiki að forseti Íslands, en í framkvæmd ríkisstj., geti, þegar brýna nauðsyn ber til, eins og þar stendur, sett brbl. milli þinga. Auðvitað er ljóst að hér er um algert undantekningaratriði að ræða, sem raunar er ekki ætlast til að beitt sé nema til að afstýra hreinum þjóðarvoða, t. d. eins og þegar svo bráðan vanda ber að höndum að ekki er unnt að kalla þing saman. Þannig er einnig með slík ákvæði farið í öllum þeim lýðræðislöndum þar sem slík ákvæði er að finna í stjórnarskrá, og þar er mönnum jafnvel svo ljós hættan á misnotkun slíkra ákvæða að í sumum nágrannalöndum okkar, t. d. Noregi, er engin slík undanþága gefin. Þar er ekki hægt að setja brbl.

En íslensk stjórnvöld virðast því miður ekki hafa til að bera þá virðingu fyrir lýðræði og þingræði sem nauðsynleg er til þess að unnt sé að treysta þeim til að fara af þeirri varfærni og varúð með þetta vald sem til er ætlast. Þvert á móti virðast þau í sívaxandi mæli grípa heimild stjórnarskrárinnar til brbl.-setningar og nota þá heimild til þess að stjórna þegnum og þjóð fram hjá Alþ. með tilskipunum. Brbl.-heimildin er af hálfu stjórnvalda ýmist notuð sem varnagli við óvönduðum málatilbúnaði á þingi, til þess að fresta aðgerðum í viðkvæmum málum fram yfir þinglok ellegar, eins og í þessu tilviki sem hér um ræðir, til þess að setja hrein þrælalög sem stjórnvöld óttast að þau fái ekki í gegnum Alþ. nema Alþ. sé sett upp að vegg og látið standa frammi fyrir gerðum hlut.

En nú kastar þó fyrst tólfunum. Það er ekki aðeins að ríkisstj. misnoti brbl.-heimild stjórnarskrárinnar til þess að taka fram fyrir hendurnar á stéttarfélögum sjómanna við frjálsa samningagerð, heldur gerir hún sér jafnframt lítið fyrir og afnemur rétt sjómanna til vinnustöðvunar, sjálfan grundvallarrétt frjálsrar verkalýðshreyfingar, undirstöðu mannréttinda verkafólks í þessu landi. Þessa tilskipun gefur hæstv. ríkisstj. út þótt engin verkföll hafi verið boðuð, engin verkfallsboðun hafi verið til umr. og engin merki komið fram um að sjómenn hafi svo mikið sem verið að hugleiða þau mál.

Ýmsar afsakanir hafa verið færðar fram fyrir brbl. sumra annarra ríkisstj., en fyrir slíkri aðgerð er engin afsökun til. Það bar enga nauðsyn, hvað þá heldur brýna nauðsyn til að setja slík lög. Þau eru í andstöðu við allan anda stjórnarskrárinnar, í andstöðu við allt orðalag 28. gr. stjórnarskrárinnar um brbl. og í andstöðu við réttlætiskennd hvers hugsandi manns í þessu landi. Slík lög eru þrælal. og eiga sér hvergi hliðstæðu nema í þeim löndum nasista, fasista og kommúnista þar sem verkföll eru bönnuð í eitt skipti fyrir öll. Undir slíkum aðgerðum mega menn ekki sitja, enda hefur það ekki verið gert.

Staðreyndin er sú, að þrátt fyrir það að hæstv. ríkisstj. hafi með þessum hætti reynt að svipta samtök sjómanna grundvallarréttindum sínum, hafa sjómenn sjálfir lagt til atlögu við ákvæði laganna og orðið verulega ágengt. Í kjördæmi hæstv. sjútvrh. neituðu línusjómenn að láta skrá sig á haustvertíð skv. ákvæðum þessara brbl., og þótt allt hafi verið reynt að gera af hálfu stjórnvalda til að hefta baráttu þeirra og hneppa þá í fjötra er málum nú svo komið, að á fjölmörgum stöðum þar vestra hefur náðst samkomulag milli sjómannanna sjálfra og útgerðarmanna um mun hagstæðari skiptaprósentu en þau 28.2%, sem hæstv. sjútvrh. af rausn sinni úthlutaði þeim. Á Ísafirði hefur einn útgerðarmaður þannig nú þegar samið við áhöfn sína um 32% skiptaprósentu. Á Flateyri, Þingeyri og Súgandafirði eru róðrar hafnir upp á 30%. Á Patreksfirði hefur verið gerður sérstakur samningur við landmenn sem gefur þeim allt að tvöfaldri kauptryggingu, en þar er málum þannig varið að þar róa sjómenn frá einni og sömu verstöð út á mismunandi hlutaskipti. Þannig hafa lögin í raun og veru verið gerð ómerk áður en til þess kom að leggja brbl. fram til staðfestingar hér á Alþingi.

Jafnvel sú tylliástæða hæstv. sjútvrh. að með þessari brbl.-setningu væri stefnt að því að allir sjómenn væru settir við sama borð hvað samningamál snertir, með því að afnema með valdboði sérsamninga félaga, jafnvel þessi tylliástæða er fallin um sjálfa sig. Eftir stendur aðeins það að knýja Alþ. til þess að samþ. valdbeitinguna sjálfa, til þess að skrifa upp á þær aðfarir sem hæstv. ríkisstj. hefur talið sér sæma að beita í þessu máli, til þess að veita hæstv. sjútvrh. það siðferðisvottorð, sem hann telur sig svo sárlega skorta. Ef Alþ. gerir það, þá er ekki aðeins verið að útkljá þetta eina mál, heldur jafnframt verið að skapa fordæmi fyrir þær ríkisstj., bæði þá, sem nú situr, og þær, sem á eftir eiga að koma, — fordæmi sem þær gætu hvenær sem er notað til þess að grípa til slíkra og þvílíkra aðgerða sem hér hefur verið gripið til, ekki bara til þess að fyrirskipa launastéttum landsins hvernig þær skuli útkljá sína samninga, heldur jafnframt til þess að svipta launþega réttindum til þess að bera fyrir sig sitt sterkasta varnar- og sóknarvopn, verkfallsréttinn.

Brbl. eru prófmál, — ekki prófmál um anda þessarar ríkisstj. í garð verkalýðshreyfingarinnar, hann liggur ljós fyrir, ekki prófmál um skilning hæstv. ríkisstj. eða Alþ. á kjaramálum þeirrar stéttar sem lagt hefur grundvöll að velferð og efnalegu sjálfstæði þessa ríkis, heldur prófmál á það, hversu langt fram yfir öll skynsamleg takmörk Alþ. ætlar að heimila framkvæmdavaldinu að ganga, hversu verulega og gróflega Alþ. ætlar að heimila ríkisstj. að misnota vald sitt og sniðganga anda stjórnarskrár og ákvæði stjórnarskrár í baráttu gegn verkafólki. Um er að ræða réttindi sem í réttu lagi ættu að vera bundin í stjórnarskránni sjálfri og þar með ósnertanleg af handhöfum framkvæmdavaldsins. Í þessum brbl. birtist ekki aðeins ásýnd íhaldsstjórnar, heldur bregður jafnframt fyrir í þeim svip harðstjórnar sem ég ætla að fáa hafi órað fyrir að þurfa að horfast í augu við hér uppi á Íslandi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ekki skal ég segja um það hvað hefur valdið því að samtök sjómanna hafa valið hv. þm., sem var að ljúka máli sínu, sem sérstakan talsmann

sinn. En það getur varla verið nema um tvennt að ræða, að hann er fræg sjónvarpsstjarna, þó einkum á sviði. — Er einhverjum að verða illt þarna uppi? Viljið þið ekki hjálpa manninum út. Ég ætla, herra forseti, ekki að tala ef það eru hér menn uppi sem eru púandi og veinandi, þá geri ég hlé á máli mínu. Ég læt það hér með koma fram, enda á ég síðar eftir að tala við þá pilta. — Þessi þm., sem var að tala áðan, sjónvarpsstjarnan í dómsmálum, er fulltrúi Alþfl. hér á þingi. Það getur vel verið að hann hafi sérstaklega verið valinn af því að hann var fulltrúi Alþfl., því enginn stjórnmálaflokkur á Íslandi hefur jafnoft gripið inn í kjaramál sjómanna og Alþfl. Jafnvel þó að við legðum saman hve oft aðrir flokkar hafa gripið inn í — (Gripið fram í.) — kjarasamninga, þá hefur Alþfl. vinninginn. Form. Alþfl. er orðinn órór, veslings form. Alþfl. Það er von. Hvar voru mótmæli núv. form. Alþfl. eða form. þingfl. þegar flotinn sigldi í höfn 1965, þegar Alþfl. gaf út lög á sjómenn, þegar allur síldveiðiflotinn sigldi þá í höfn? Hvar var ungi þm. þá með mótmæli sín? Hann var þó kominn úr fermingarbuxunum. (**SighB:** Hann mótmælti.) Hann mótmælti ekkert. Það heyrðist ekkert í honum. Hann bara klappaði fyrir krötunum af því það voru kratarnir sem gerðu það. Þannig hefur Alþfl. hagað sér á öllum sviðum. (Gripið fram í.) Hver setti 18% ofan á fiskverðið sem ekki kom til skipta til sjómanna? Það var Alþfl. Hann hafði frumkvæði að því. Þannig má lengi halda áfram og sjá svo hræsnina sem lýsir sér í ásjónu þessa manns sem var að tala hér áðan og sjá svo viðkvæmnina sem er núna í form. Alþfl., því hann veit upp á sig skömmina.

Ég vil líka leiðrétta eitt sem þm. sagði. Hann var æfður undir þetta allt í gærkvöldi sem fram kom og þá hefur verið búið að ákveða það að afhenda sjútvrh. þessi mótmæli sem hann m.a. skrifaði undir. En ég hef bara ekki tekið við nokkrum mótmælum og enginn við mig talað. Það hefur því eitthvað breyst hlutverkið sem þm. tók að sér í gærkvöldi og þarna hefur eitthvað skolast til. Það er oft á tíðum þegar æfa á sjónleik, að þá er hann ekki nógu vel æfður, og þannig fór í þetta skipti, að sjónleikurinn var ekki nógu vel æfður og meira að segja sjónvarpsstjarna Alþfl. bilaði í hlutverkinu. Hann náði ekki tökum á hlutverkinu og reyndi hann þó sannarlega, og ekki er hægt að segja að hann sé ekki í æfingu því maðurinn er alltaf að æfa sig hér á Alþ. Mál, sem eru borin upp með þinglegum hætti, komast ekkert áfram fyrir þessum stjörnum.

Hæstv. dómsmrh. lýsti því hér í umr. um dómsmálatill. þessa þm., að þetta væri háttur framagjarnra manna sem vildu komast á skömmum tíma til mikilla áhrifa og þannig hefði McCarthy komist vel áfram í Bandaríkjunum og hefði sennilega komist lengra ef dauðinn hefði ekki sótt hann. Við skulum vona að það eigi ekki eftir að koma fyrir mann á besta aldri, hann geti haldið áfram að leika þetta hlutverk. Það er mikil virðing við Alþ. að hafa þessi vinnubrögð á!

Ég mun ekki frábiðja mér að ræða frv. þegar það kemur til umr. og staðfestingar. Þá mun ég ekki frábiðja mér umr., hvorki frá þessum hv. þm. né öðrum.

En af því að hin svokallaða samstarfsnefnd sjómanna hafði siglt flotanum í höfn í fyrra, þá hafa sumir af þeim forustumönnum trúað því að þeir hafi knúið fram endurskoðun á hinu svokallaða sjóðakerfi. En það er reginmisskilningur. Endurskoðun sjóðakerfisins var í fullum gangi. Það voru samningamenn sjómanna og útvegsmanna sem við lausn kjarasamninga 1975 óskuðu eftir því að þessi endurskoðun færi fram, og ríkisstj. samþ. að þessi endurskoðun færi fram. Mér var falið að skipa þessa n., sem ég gerði, og í þeirri n. áttu sæti fulltrúar sjómanna, bæði undirmanna og yfirmanna, og fulltrúar útgerðarmanna og aðeins einn fulltrúi frá ríkisvaldinu, forstjóri Þjóðhagsstofnunarinnar, sem var form. n. Á bak við starf þessarar n. er mikil vinna sem hvíldi á þessari n. Þetta var vandasamt mál sem væri full ástæða til þess að fara ítarlega út í.

Það fylgdi í kjölfar sjóðabreytingarinnar að samkomulag yrði að nást á milli þessara aðila og það tókst. Allir þessir aðilar eða fulltrúar allra þessara samtaka skrifuðu undir samkomulag til lausnar á sjóðavandamálinu. Forsenda þessa samkomulags var það, að samningar tækjust á milli sjómanna og útvegsmanna og bundnir samningar breyttust einnig í samræmi við það samkomulag sem gert var. Þau brbl., sem nú hafa verið gefin út, eru ekki gefin út til þess að blanda sér í kjara- og samningsrétt sjómanna og útgerðarmanna. Þau eru gefin út til þess að binda enda á þær skuldbindingar sem fulltrúar sjómanna og útvegsmanna gáfu og gerðu með sér við lausn á endurskoðun sjóðakerfisins, og það er það sem á að hafa í huga, en ekki belgja sig hér út eins og þessi hv. þm. gerði áðan. Hér er um að ræða um 4000 millj. kr., sem eru fluttar til í sjávarútvegi og sköpuðu grundvöll að því að það var hægt að hækka fiskverð mjög verulega, svo sem gert var.

Ég vil koma inn á það, hvaða breytingar hafa orðið á fiskverðinu, og fiskverðið hefur fyrst og fremst áhrif á kjör sjómannsins og útgerðarmannsins. Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunarinnar var vísitala skiptaverðmætis botnfiskafla 51% hærri í ársbyrjun 1976 en tveimur árum fyrr, humarafla 43% hærri, hörpudiskafla 113% hærri, en hins vegar lækkaði vísitala skiptaverðmætis rækjuafla um 4% og loðnuafla um 16% á þessu tímabili. Ef gert er ráð fyrir því, að veitt hafi verið hlutfallslega jafnmikið af einstökum fisktegundum á tímabilinu frá 1. jan. til 15. febr. 1976 og á sama tíma á árinu 1975, þá hefur vísitala skiptaverðmætis alls afla verið að meðaltali 45% hærri í ársbyrjun 1976 en tveimur árum fyrr. Almennt fiskverð var óbreytt frá janúarbyrjun til ágústloka 1974 þrátt fyrir kjarasamningana í febr., og þá fór enginn af stað með mótmæli og þá var enginn áhugi í Þjóðviljanum fyrir hækkun fiskverðs, þegar það var óbreytt hjá sjómönnum frá jan. til ágústloka, eftir hina almennu og miklu kjarasamninga sem urðu í febr. hjá öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Hvar voru þá mótmælin? Hvar var þá hin vak-

andi sjónvarpsstjarna Alþfl.? Hann sagði ekki orð þá heldur. En síðan hefur fiskverðið hækkað, frá 1. jan., 1. júní og 1. okt. ár hvert.

Við sjóðakerfisbreytinguna 16. febr. 1976 hækkaði fiskverðið verulega. Ef gert er ráð fyrir sömu samsetningu botnfiskafla 1976 og var 1975, þá hefur skiptaverðmæti þess afla hækkað um 33% við sjóðakerfisbreytinguna. Humarverðið hækkaði um 67%, rækjuverð um 38% og verð á hörpudiski um 35%. Eftir sjóðakerfisbreytinguna hefur almennt fiskverð hækkað tvívegis, 1. júlí og 1. okt. Auk þess hækkaði verð á karfa um 46% frá 8. júní á þessu ári og til áramóta. Hafa slíkar verðhækkanir nokkru sinni átt sér stað? Vill einhver benda á það að þær hafi komist nokkuð í námunda við þessar hækkanir? Samtals hefur almennt fiskverð hækkað um 63% frá því fyrir sjóðakerfisbreytingu, miðað við sömu aflasamsetningu 1975 og 1976, og um 146% frá því í ágúst 1974. Humarverðið hefur hækkað á sama tímabili samtals um 87% frá því fyrir sjóðakerfisbreytinguna og um 167% frá því í ágúst 1974. Rækjuverðið hefur hækkað um 90% frá sjóðakerfisbreytingunni, en ekki nema um 82% frá því í ágúst 1974, vegna þess að það lækkaði á einu verðtímabili. Og verð á hörpudiski hefur hækkað um 19% frá því fyrir sjóðakerfisbreytinguna, það hefur lækkað seinni hluta árs, en það hefur hækkað samtals um 154% frá ágúst 1974.

Þetta er þróun mála í fiskverði sjávarútvegsins. Finnst þm. hafa verið gengið á rétt sjómanna og útgerðar á þessu ári? Er þetta það sem sjómenn hafa orð á, sem hafa staðið að þessum undirskriftasöfnunum? Hvað skyldu margir af þeim, sem hafa skrifað undir, hafa gert sér grein fyrir þessari þróun mála? Vafalaust ekki ræðumaðurinn sem var að tala hér áðan, hann hefur ekki haft hugmynd um hana.

Eftirfarandi yfirlýsing var gerð og undirrituð af fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna:

„Aðilar lýsa því hér með yfir að þeir eru samþykkir fram lögðum drögum að kjarasamningum aðila. Samningarnir verða undirritaðir þegar ákvörðun um fiskverð frá 15. febr. 1976 liggur fyrir í samræmi við forsendur samningsdraganna."

Undir þetta rita fyrir hönd Sjómannasambandsins Jón Sigurðsson, Óskar Vigfússon, Guðjón Jónsson, — fyrir hönd Farmanna- og fiskimannasambands Íslands Jónas Þorsteinsson, Ingólfur Ingólfsson, Björn Jónsson, — fyrir hönd Alþýðusambands Austurlands með fyrirvara vegna sérsamninga við viðsemjendur á Austurlandi Sigtryggur Karlsson og fyrir hönd Alþýðusambands Vestfjarða með fyrirvara vegna sérsamninga við Útvegsmannafélag Vestfjarða Pétur Sigurðsson, — og svo fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna: Kristján Ragnarsson, Ingólfur Arnarson, Einar Kristinsson og fyrir hönd Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda Kristján Ragnarsson.

Þessi yfirlýsing um samningsdrög lá fyrir. Á grundvelli hennar legg ég fyrir ríkisstj. till. sjóðakerfisnefndar um breytt útflutningsgjald af sjávarafurðum og nýtt frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Ríkisstj. samþykkir till sjóðakerfisnefndarinnar efnislega óbreyttar og Alþ. afgreiðir þessi frv. á mettíma, og þau urðu að lögum. Mér var bent á það af allmörgum aðilum: Er ekki vissara að setja inn í þessi lög að þau öðlist ekki gildi nema samkomulag náist um fiskverð og samkomulag náist um nýja kjarasamninga. Sjóðakerfisbreytingin var mikið vandamál og hún var ekki mál sem var leyst með því að berja í borðið. Og ég vissi það, að ef ég setti slík ákvæði inn í frv., þá biðu ákveðnir menn eftir því að losa sig undan samþykktinni og sjóðakerfisbreytingin hefði ekki átt sér stað. Þess vegna gerði ég það ekki. En ég gerði það í trausti þess að aðilar bæði útvegsmanna og sjómanna stæðu við þær skuldbindingar og þá samninga sem þeir höfðu gert og berðust fyrir því í sínum félögum. Því bjóst ég við og trúði. En reynslan hefur orðið allt önnur, og skal ég síðar koma að því.

Ég vil líka nefna hér, til þess að binda þessa aðila eitthvað, að gert var samkomulag svo hljóðandi:

„Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fyrir hönd sjómanna, og Landssamband ísl. útvegsmanna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda fyrir hönd útvegsmanna gera með sér samkomulag um eftirgreind atriði:

1. Þar sem ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við tillögur og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðilar því yfir að þeir muni gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir, um kjör sjómanna á grundvelli tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslu n., dags. 19. jan. 1976.

2. Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því, að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.

3. Aðilar þessa samkomulags gera ráð fyrir, að ríkisstj. láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum (þ. e. 500 brúttólestir og yfir) við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. og bréf sjútvrn. til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, dags. 3. júlí 1975."

Undir þessa yfirlýsingu rita f. h. Sjómannasambands Íslands Jón Sigurðsson, f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands Ingólfur Stefánsson, f. h. Alþýðusambands Austurlands Sigfinnur Karlsson, f. h. Alþýðusambands Vestfjarða Pétur Sigurðsson, f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna Kristján Ragnarsson og f. h. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda Ingimar Einarsson.

Fiskverðið er ákveðið og það er ákveðið með fullu samkomulagi á milli allra aðila, alveg eins og var við sjóðakerfisbreytinguna og nýju lögin um útflutningsgjald of Stofnfjársjóð fiskiskipa. En þegar kemur að því að greiða atkv. um þessa samninga, þá eru þeir samþykktir á einum 6 stöðum eða í einum 6 félögum, en víðast hvar eru þeir felldir. Á öðrum stöðum koma þeir ekki til atkv., eins og hjá Alþýðusambandi Austur-

lands. Það gerði þann fyrirvara, að það vildi ná samkomulagi við sína viðsemjendur um sérkröfur, og í þá samninga var ráðist. En á Vestfjörðum nagaði fulltrúi Alþýðusambands Vestfjarða sér nokkuð á aðra lund en fulltrúi Alþýðusambands Austurlands. Hann fór þó í samningsgerð, en þar vestra var aldrei farið í neina samningsgerð, og þar var lengi þrætt fyrir það að vestfirðingar ættu nokkra aðild að þessu samkomulagi. En sjálfur skrifar formaður Alþýðusambands Vestfjarða undir. Svo hef ég heyrt hjá morgum sjómönnum þar, að hann hafi ekkert umboð haft. En þá hefðu þeir góðu menn og þau félög átt að láta vita að maðurin, sem er tilnefndur í þessa sjóðanefnd, væri umboðslaus. Þá var ekkert við hann að tala eða með hann að gera.

Hvernig fóru svo þessar atkvgr. fram? Þær fóru fram með þeim hætti, að það voru haldnir fundir í einstökum félögum við mjög litla þátttöku. Það var allt niður í 5 manns sem greiddu atkv. í sumum sjómannafélögum, bæði hjá þeim, sem sampykktu samninga, og eins þeim, sem felldu. Hvað eru svo prælalög? Eru það prælalög, er verið að hneppa menn í þrældóm, sem leiðtogar þeirra ganga inn á og telja viðunandi samninga? Síðan er gert annað samkomulag. Sáttanefndin vann mikið að þessu starfi, og hún þekkir vel til hvernig þetta tókst til. Það er gert annað samkomulag. Það er einnig fellt með líkum hætti. Og sattanefndin leggur fram till. í júlímánuði í sumar. Sú till. fer undir atkv. í sjómannafélögunum og atkvgr. stendur í heilan mánuð, svo að ekki var nú verið að ýta neitt við mönnum að flýta sér. Og hvernig haldið þið að þátttakan hafi verið í þeirri atkvgr.? Hún var á þann veg, að greidd atkv. reyndust 274 og miðlunartill. sáttanefndarinnar var felld með 140:122 atkv. Munurinn var nú ekki meiri en það. Auðir seðlar voru 7 og 5 ógildir. Ekki voru þeir sjómenn á einu máli sem tóku þátt í þessari atkvgr., að hér væri um þrælasamninga að ræða. En hvernig var svo þátttakan í þessu? Í Sjómannafélagi Reykjavíkur greiddu 18 atkv., í Aftureldingu, Hellissandi, 12, í Jökli, Ólafsvík, 9, Stjörnunni í Grundarfirði 25, Verkalýðsfélagi Stykkishólms 26, Fram á Sauðárkróki 17, Ársæl á Hofsósi 4, Vöku á Siglufirði 11, Sjómannafélagi Eyjafjarðar 46, Jökli í Hornafirði 13, Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps, Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerðahrepps 5, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur 19, Vélstjórafélagi Suðurnesja 36 og Sjómannafélagi Hafnarfjarðar 21. Þá var ekki verið að ýta við sjómönnum að nota samningsrétt sinn, nota rétt sinn til þess að greiða atkv. Þá fóru engar undirskriftasafnanir í gang sem allir unnu kauplaust að, eins og var sagt áðan, og sennilega líka á hinni opnu skrifstofu sem var sett í gang. Það var ekki meiri áhugi fyrir því hjá sjómönnum, þegar var verið að greiða atkv. um löglegar sáttatill., þá er þetta útkoman eftir mánaðaratkvgr. Það er af einhverju að státa. Það er betur mætt hér nú í dag heldur en var við atkvgr. um alvarlegt málefni. Þetta er veikleikamerki sjómannasamtakanna, og það er þetta veikleikamerki sem þau verða að styrkja, en ekki með þeim hætti sem er verið að gera núna. Með þessum brbl. er fyrst og fremst verið að binda endi á þá samninga sem gerðir voru og við átti að standa.

Þessi brbl. eru þau mildustu lög sem hafa verið gerð í sambandi við lausn kjarasamninga. Þau segja til um það, að samningsaðilum er heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum. En það má ekki knýja þær breytingar fram með vinnustöðvun, það er rétt.

Í 1. gr. þessara brbl. segir að fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum, skuli þau einnig ákveða kaup og kjör eftir því sem við getur átt og með þeim hætti sem tíðkast hefur. Þá þýðir það í túlkun, að þar sem samningar voru betri eða hærri skiptaprósenta en það, sem samið var um, þar hélst það bil áfram. Þetta ákvæði ræddi ég við lögfræðinga í sjútvrn., við lögfræðinga sem eru sérstaklega kunnugir vinnumálalöggjöfinni og þ. á m. við einn fyrrv. alþm., Jón Þorsteinsson, sem er mjög hæfur lögfræðingur á þessu sviði, og allir voru sammála um að þetta atriði væri túlkunaratriði og ef ekki væri farið eftir því í framkvæmd, þá væri hægt að koma í veg fyrir að útgerðarmenn notuðu sér það að minnka þetta bil.

Enn þá heldur þessi hv. þm. því fram, eins og þverhausarnir á Þjóðviljanum sem eru „massívir“ fyrir allri skynsemi, að brbl. hafi verið brotin niður með samningunum á Vestfjörðum. Þótt engin brbl. hefðu verið gefin út, þá var deilan um línuna á Vestfjörðum fyrir. Hún var búin að vera löngu, löngu fyrir þann tíma. Hún var allan fyrravetur, þessi deila og þessi mikla óánægja með skiptakjörin þar. Og þeir, sem riðu á vaðið í þeim efnum, voru útgerðarmenn í Súgandafirði sem buðu sjómönnum 29.2%. En til þess að leysa deiluna greiða fiskkaupendur, hraðfrystihúsið á staðnum, 0.8% þannig að línusjómenn fá 30% skiptaverðmæti. Ég fyrir mitt leyti fagnaði þessari lausn. Ég hefði vitaskuld heldur viljað að Útvegsmannafélag Vestfjarða og Alþýðusamband Vestfjarða hefðu mannað sig upp í að gera slíkt samkomulag, en það gerðu þeir ekki og þar ætla ég ekki að kenna öðrum aðilanum og hvítþvo hinn. Það dettur mér ekki í hug að gera. En þetta varð til þess að brjóta ísinn, og ég tel ekkert of mikið fyrir sjómenn á línubátunum að hafa 30%. Það hef ég sagt áður og get endurtekið það nú. Hins vegar ætla ég að bæta því við, að sjómenn almennt á hinum minni skuttogurum þurfa ekkert að kvarta, síður en svo, eftir þær miklu fiskverðshækkanir sem átt hafa sér stað. Það er ósanngirni ef þeir kvarta yfir þeim breytingum sem hafa orðið á þessu ári. En það eru til staðir og það er til viss tegund útgerðar sem má gjarnan hafa það betra en hún hefur, það er rétt.

Ég fullyrði það, að þetta ár hefur fært sjómönnum meiri og stærri tekjuhækkun en mörg árin á undan. Og þar er ólíku saman að jafna eða var eftir hinar almennu launahækkanir sem urðu í ársbyrjun 1974, þegar fiskverðið var svo óbreytt til ágústloka, og þá sagði enginn neitt. En nokkrir menn, sem störfuðu í hinni svokölluðu samstarfsnefnd sjómanna, hafa ekki lagt sig fram um að ná samningum, því að þeir reyndu sannarlega að koma í veg fyrir það samkomulag,

sumir hverjir, sem náðist á milli sjómanna og útgerðarmanna, og þeir eiga ekki neinar þakkir skildar fyrir þá breytingu sem orðin er á sjóðakerfinu. Það var þeirra áhugamál að minnka sjóðakerfið, en þeir fóru bara ekki rétt að við þá vinnu og þeir hafa ekki farið rétt að enn þá.

Nú spyr ég lýðræðisjafnaðarmanninn: Telur hann það réttlátt við þessa kerfisbreytingu að þeir, sem hafa skrifað undir samninga og taka á sig hluta af þessari kerfisbreytingu, eigi einir að taka hana á sig, en hinir, sem hafa neitað samningum, eigi að njóta 33% fiskverðshækkunar vegna þessarar sjóðakerfisbreytingar og láta ekkert í staðinn? Er þetta hin sanna jafnaðarmennska sem viðkomandi er að berjast fyrir? Er það ekki líka furðulegt með fólk, sem skrifar sennilega undir þessa lista á stöðum sem hafa gert samninga og eru bundnir fram til 15. maí í vor, að með brbl. er verið að bæta kjör sjómanna á þessum stöðum, því að sáttatill. frá því í júlí er lögfest og bundnir samningar þeirra eru opnaðir á þann hátt að sjómenn fá betri kjör og meiri friðindi. Það er hlægilegt að lesa svo mótmæli frá þessum stöðum við því að það sé verið að bæta kjörin á þessum stöðum. Ég tel það grátlegt af því fólki sem hefur látið hafa sig til þess að skrifa undir slík mótmæli.

Það var maður einn í New York sem veðjaði við vini sína um það, að hann skyldi klára að fá 2000 undirskriftir á tveimur dögum undir hvað sem væri. Hann setti á hausinn á blaðinu að sá, sem skrifaði undir viðurkenndi að hafa drepið ömmu sína. Og hann fékk undirskriftirnar á tilteknum tíma. Menn spyrja oft ekki um það hvað þeir eru að skrifa undir, hvað þá heldur að þeir hugsi ítarlega um það hvaða afstöðu þeir taka til mála. Það er helst að menn hika við ef þeir eru beðnir að skrifa á víxla. En undir mótmæli eru íslendingar alltaf reiðubúnir að skrifa og flestar aðrar þjóðir, því að það er orðið móðins að skrifa undir mótmæli. Ef stjórnvöld í landinu, hvort sem það er þessi ríkisstj. eða önnur, ætla ekki að gera nokkurn skapaðan hlut ef einhverju er mótmælt, þá verður að loka öllu, því að ég veit ekki til þess að séu ekki mótmæli út af öllu sem verið er að taka ákvarðanir um. Það er ekki í kjaramálum einum, það er alveg sama hvað er. (**MK:** Er ráðh. að hugsa um undirskriftir Varins lands?) Nei, nei, — nú er kominn tími fyrir mig að svara, því að nú eru aðdáendurnir, leiksýningin, „prufan“, sem fór fram í gærkvöldi, búin að svara gamla leikstjóranum. Mér var hugsað til allra undirskrifta sem vaðið er með og fólk skrifar undir, hvort sem það hefur meiningu eða ekki. Þó held ég að flestir eða allir þeir, sem skrifuðu undir þessa undirskriftasöfnun Varins lands, hafi vel vitað hvað þeir voru að gera, því að þeir fylgdust vel með þeim málum. En það þori ég að fullyrða, að það eru ekki 10% af því fólki sem skrifar undir þetta sem hefur gert sér grein fyrir því, að þetta er framhald af sjóðakerfisbreytingunni, þetta er framhald af fiskverðshækkuninni sem varð og síðan skuldbindingu að ganga frá kjarasamningum. Því hefur ekki verið sagt, þessu fólki, frá því þegar hefur verið farið með þessa lista.

En hvernig er verið að fara með verkfallsréttinn? Hvað er verið að gera í þeim efnum? Hvað er þessi réttur dýrmætur fólki sem vill ekki nota sér hann? Hvers virði er hann? Af hverju gufar verkfallið upp? Hvenær hefur það þekkst í verkalýðsbaráttunni að þegar samningum er hafnað og menn greiða atkv. á móti samningum í Reykjavík, þá fara þeir í aðra verstoð, þar sem samningarnir eru samþykktir, og ráða sig þar á bát, eins og loðnuskipin. Þetta gerðist í vetur. Sjómenn vita eins og aðrir að þetta var gert. Og af hverju fara þá þessi skip út? Verkfallinu er frestað vegna þess að verkalýðsfélögin og sjómannaleiðtogarnir réðu ekki við neitt. Svo á bara að halda áfram í illindum. Einstaka menn eiga að standa í baráttu við sína útgerðarmenn um það eftir hvaða kaupi á að greiða. Það á að ýta undir úlfúð og illindi innan þessararar atvinnugreinar. Ég tel enga ástæðu til þess. Þeir eiga fyrst og fremst að semja og þeir eiga að standa við orð sín, sem lofuðu og skrifuðu undir yfirlýsingar að bera þessa samninga upp, en það hafa þeir ekki gert, a. m. k. ekki allir, eins og ég hef komið hér áður inn á.

Ég endurtek það, að þessi brbl. eru gefin út af illri nauðsyn, eins og ávallt þegar þarf að grípa inn í kaup- og kjarasamninga. En þau eru með eins mildum hætti og hægt var að hafa þau, og jafnframt er nú ekki gripið til aðgerða stjórnvalda fyrr en 7 mánuðum eftir að samningar voru undirritaðir á öðrum stöðum. Það er nú harðneskjan og það er nú gangurinn sem hefur verið hjá mér. Ef það mætti gagnrýna mig fyrir eitthvað í þessu, þá er það hversu lengi ég beið með að gefa þessi brbl. út. Og ríkisstj. féllst á það og þetta eru auðvitað brbl. hæstv. ríkisstj., því að enginn einn ráðh. gefur þau út á eigin ábyrgð. Það var mat mitt, það var mat ríkisstj., að hjá þessu yrði ekki komist lengur. Og þess vegna voru þau gefin út, til þess að binda endi á það leiðindaástand sem hefur verið í þessum efnum.

Hvaða ríkisstj. er það sem hefur ekki orðið að grípa á einhvern hátt inn í kaup- og kjaramál? Gaf ekki fyrrv. ríkisstj. út lög í þeim efnum á sjómenn, á yfirmenn á fiskiskipaflotanum? Hvað heyrðist þá? Hvað komu þá margir kassar af mótmælum? Nei, þá var ekki vaknað. Það, sem er á bak við þetta, er að hér er verið að fullkomna skripaleik. Það er ekki reynt að standa við orð sín, við gefin fyrirheit, reynt að vinna að því innan félaganna að afgreiða samninga með eðlilegum hætti, heldur er blásið í lúðra og pólitísku moldviðri þyrlað upp af kommúnistum og fylgifiskum þeirra í krataflokknum sem vilja nota þetta til þess að kynda undir elda óánægju og sundrungar meðal þjóðarinnar.

Það er Alþingis að dæma um þessi lög, og ég skal lofa hv. þm. því að mæla fyrir þessu frv. í Ed. sem allra fyrst, og ég treysti að Ed. reyni þá að afgreiða það á skömmum tíma svo að þm. komist aftur að með álíka ræðu og áðan.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa því yfir, að við alþb.-menn tökum heils hugar undir með þeim fjölmörgu aðilum sem hafa sent umræddar mótmælaundirskriftir til þingsins. Við erum þeim algerlega sammála og við munum beita valdi

og afli okkar hér á Alþ. eins og við getum til þess að berjast gegn staðfestingu á þeim brbl. sem hér hafa verið rædd. Við höfum fordæmt þessa lagasetningu og gerum það enn.

Eg tel ekki ástæðu til þess að fara hér út í almennt karp við hæstv. sjútvrh. á þeim nótum sem hann hefur hér talað, því að ég tel það í mesta máta óviðeigandi og í rauninni sýna ekkert annað en það, að hann treystir sér ekki til þess að verja gerðir sínar á málefnalegum grundvelli. Það, sem er kjarni þess máls sem hér er um að ræða, er að hæstv. sjútvrh. gengst fyrir því að út eru gefin brbl. um launakjör sjómanna 6. sept. eða rétt einum mánuði áður en Alþ. á að koma saman. Ég veit að það sjá allir menn, sem líta á þetta mál, að útgáfa á þessum brbl. átti engan rétt á sér. Hér var ekki um það að ræða að verið væri að setja lög til þess að koma í veg fyrir verkfall eða til þess að leysa verkfall sem í gangi væri. Það eina, sem um gat verið að ræða, var það sem hæstv. ráðh. er að snúast í kringum, að hann hafi viljað skera hér á ákveðinn hnút til þess að tryggja sjómönnum um allt land nákvæmlega sömu kjör, hvað sem liði þeirra samningum. En auðvitað átti þá að bíða þennan eina mánuð sem eftir var þar til Alþ. kæmi saman og fjalla þar um málið, ef menn töldu ástæðu til þess að löggjafinn skærist í þessa deilu. En hæstv. sjútvrh. hagar sér á allt annan veg. Hann kemur því í gegnum ríkisstj. að grípið er til brbl. Það er knúið fram að gildandi og löglegum kjarasamningum sem í gangi eru, sem jafnvel hvorugur aðili, hvorki útgerðarmenn né sjómenn, hefur sagt upp, þeim skuli breytt og knúin fram breytt skiptakjör og ákveðið með lagasetningu að ákveðnar till. um hlutaskiptakjör, sem sjómenn eru búnir að hafna eftir löglegum leiðum, skuli lögfestar.

Það er enginn vafi á því, að þessi aðgerð frá hálfu hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. er algert einsdæmi. Það er ekki hægt að finna eitt einasta dæmi um beitingu brbl.-valdsins á þennan hátt. Þetta er auðvitað kjarni málsins. Allt þrugl hjá hæstv. sjútvrh. hér um að það skíni eitthvað ákveðið út úr andliti tiltekins þm., sem hann nefndi nú hræsni, eða þá að það hafi verið þyrlað upp moldviðri eða fiskverð hafi hækkað svona og svona mikið, það kemur þessu máli ekkert við. Menn grípa til málflutnings af þessu tagi, þegar þeir eru komnir í strand.

Það er auðvitað enginn vandi að nefna alls konar dæmi um það hvað fiskverð hefði átt að hækka mikið aðeins til þess að mæta þeim skakka sem kominn var á vegna sjóðakerfisins. Við vitum að fiskverðið mátti hækka til mótvægis við það yfir 50%. En það er ekki það sem hér er verið að deila um. Það eru vinnubrögðin í þessum efnum, það eru hinar ólöglegu leiðir sem farnar eru. Ég álít að vinnubrögð af þessu tagi eigi að fordæma, og ég held að það sé best fyrir hæstv. sjútvrh. að gera sér grein fyrir því og það sem fyrst, að svona vinnubrögð fá ekki staðist. Þeir, sem vinna á þennan hátt, fá yfir sig, áður en þeir vita af, eitt allsherjar rækjustríð, eins og hann hefur lent í út af hreinum hégóma. Það er í rauninni ekki þeim að þakka, að stórslys hljótist ekki af, eins og t. d. að allsherjarstöðvun flotans eða annað slíkt sigli þarna í kjölfarið.

Það er enginn vafi á því, að það er enn í dag mikil þörf á því að bæta kjör íslenskra fiskimanna. Þó að hægt sé að finna þar í einstaka tilfellum og við viss tækifæri að laun geti orðið sæmileg, þá er enginn vafi á því, að það er hollast fyrir alla þjóðina að bæta kjör fiskimanna frá því sem verið hefur. Það var því síst ástæða og það fyrir sjálfan sjútvrh. að skerast í leikinn á þann hátt sem hann gerði, sem miðaði að því að skapa enn meiri ólgu í þessum efnum og gera málið enn torleystara en það hafði þó verið. Og það skiptir hér líka litlu máli þó að komið hafi upp margvísleg vandamál í röðum sjómanna í sambandi við þær atkvgr. sem fram fóru þegar málið var orðið svo harðsnúið að það var í rauninni hvorki hægt að samþ. né fella. Þá mátti fyllilega búast við því að þátttaka manna yrði lítil í atkvgr., eins og málið allt bar að.

Ég sagði í upphafi míns máls að það er ekki meining mín að fara að nota hér ræðutíma utan dagskrár til þess að fjalla almennt um launakjör sjómanna eða þátt núv. hæstv. sjútvrh. eða núv. ríkisstj. í þeim efnum. Það gefst tími til þess þegar þetta frv. kemur hingað til d. til umr., verði því þá ekki slátrað strax í Ed. sem best væri auðvitað. En það gefast eigi að síður næg tilefni til þess að ræða málið á almennum og breiðum grundvelli. En ég ítreka það, að við alþb.-menn erum algjörlega sammála þessum undirskriftum sem hafa borist. Við teljum að þær séu réttmætar, og við munum berjast gegn staðfestingu á þessum óréttmætu lögum. Við fordæmum þessa lagasetningu og álítum að hún hafi orðið til ills eins í sambandi við málið, eins og það liggur fyrir. Hitt, að ætla að verja sig á þann hátt sem hæstv. sjútvrh. gerði, það getur aldrei orðið til neins annars en þess að sýna að hæstv. ráðh. veit upp á sig skömmina í þessum efnum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. um of. Það gefst tækifæri og tími til þess að ræða það mál, sem hér er nú til umr., frekar síðar, en ég vil þó segja um það nokkur orð nú.

Mér finnst það satt að segja allmikil kokhreysti hjá hæstv. sjútvrh. að stimpla þá 12 500 einstaklinga sem skrifað hafa undir mótmæli af því tagi sem hér er um að ræða, — stimpla þá sem einstaklinga sem séu að þyrla upp moldviðri, sem séu kommúnistar og fylgifiskar þeirra í krataflokknum. Ég held að það væri hollt fyrir hæstv. sjútvrh. að gera sér grein fyrir því, að það eru ekki bara kommúnistar eða kratar í röðum vestfirskra sjómanna sem hafa skrifað undir mótmæli þar gegn þessu gerræði hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild. Þar hygg ég að sé hægt að finna menn úr öllum stjórnmálaflokkum, ekkert síður úr röðum flokks hæstv. sjútvrh., enda er það rétt, sem hér hefur komið fram, að þegar hæstv. ráðh. fer að tala í þeim dúr sem hann gerði hér og þó sérstaklega í upphafi sinnar ræðu, þá er það merki þess að hann hefur vondan, ef ekki vonlausan málstað að verja.

Það er, að ég held, einsdæmi í setningu brbl. að að þeim sé staðið á þann hátt sem hér var gert. Reynslan hefur verið sú, að því vopni hefur ekki verið beitt nema til þess að firra vandræðum og koma í veg fyrir að vinnustöðvanir fyrst og fremst stæðu í tiltekinni grein það lengi að skapað gæti hættu hjá þjóðfélaginu. Um ekkert slíkt var að ræða í þessu tilviki. Það eina, sem gerðist, var það, að áhrif brbl.-setningarinnar urðu þau að flotinn stöðvaðist þar sem hann var í gangi áður en brbl. voru sett. Það var sú verkun, sem þessi brbl. höfðu, þveröfugt við það sem alltaf hefur gerst áður, að brbl. hafa verið sett til þess að koma viðkomandi atvinnugrein af stað aftur. Nú verkuðu þau í þá átt sums staðar a. m. k., og það ætti hæstv. ráðh. að vera kunnugt um hvar var, í þá veru að þau urðu til þess að stöðva flotann, stöðva atvinnugreinina sem var í gangi, og þetta sjá a. m. k. allir að er þveröfug verkun við það sem gerst hefur áður undir kringumstæðum sem hér um ræðir. Og það kastar auðvitað fyrst tólfunum þegar hæstv. sjútvrh. beitir sér fyrir því að afnema gildandi samninga sem hvorugur aðili, hvorki sjómenn á Vestfjörðum né útvegsmenn á Vestfjörðum, hafði sagt upp, — þegar hann beitir sér fyrir að afnema þá með brbl. og knýja sjómenn þar með til þess að sæta verri kjörum heldur en þeir samningar gáfu þeim sem voru í fullu gildi. Það er þetta sem snýr frekar að vestfirskum sjómönnum heldur en öðrum í íslenskri sjómannastétt. Þó að vinnubrögðin í garð íslenskrar sjómannastéttar með þessum brbl. séu forkastanleg í heild, þá er þó enn forkastanlegra hvernig hæstv. sjútvrh. hefur beitt valdi sínu gegn vestfirskum sjómönnum í þessu máli. Og það verður ekki af honum skafið af einum eða neinum, allra síst gerir hann það sjálfur, að hafa beitt sínu valdi á þann veg sem hann gerði í þessu máli.

Það á ekkert skylt við þetta, hvernig með þetta mál var farið, þær tölur sem hæstv. ráðh. las hér upp í sambandi við hækkun fiskverðs á hinum ýmsu fisktegundum. Hér er verið að fordæma það, að stjórnvöld beiti bráðabirgðalagavopninu með þeim hætti sem hér var gert, vægast sagt a. m. k. gegn anda stjórnarskrárinnar. Og það er vafasamt að brbl. fái staðist *fyrir dómstólum að þessu leyti*. Það er vafasamt að það sé hægt að setja brbl. sem verka marga mánuði aftur í tímann, eins og þessum brbl. er ætlað að gera. Ef það er hægt, þá er að koma upp það tímabil hér á Íslandi sem stjórnvöldum verður kleift að stjórna með tilskipunum. Hvað hefði t. d. gerst á Vestfjörðum hefði verið gert upp samkv. gildandi samningum þar fyrir vetrarvertíðina? Samkv. brbl. hefði átt að skikka þá til þess að skila því aftur eftir nokkra mánuði sem þeir höfðu betra út úr þeim samningum, sem þeir voru með í fullu gildi, heldur en brbl. ákváðu um. Ef þetta er hægt í því stjórnkerfi þingræðis- og lýðræðisríkis sem við búum við, þá er það meingallað. Og ég veit ekki til þess, það má vera að ég sé ekki nægilega kunnugur, en ég veit ekki *til þess að brbl. hafi verið* ætlað að gegna álíka hlutverki að þessu leyti í öðrum tilvikum og þessum brbl. var ætlað. Ég vil því taka undir það, — og þarf raunar ekki að lýsa því hér yfir, ég hef gert það áður, — ég tel að þessi brbl.-setning sé aðför að íslenskri sjómannastétt, kannske byrjunarskrefið hjá hæstv. ríkisstj. í aðför að verkalýðshreyfingunni í heild. Ég viðurkenni að við ýmsu mátti búast úr herbúðum hæstv. ríkisstj. og þeirra flokka sem að *henni standa, en ég hefði þó ekki trúað* því að óreyndu að til slíkra örþrifaráða af hendi hæstv. ríkisstj. yrði gripið í þessu máli, vegna þess að til þess bar enga nauðsyn. Atvinnugreinin var í fullum gangi, ekkert sem benti til þess að hún væri að stöðvast og því engin nauðsyn á að grípa til þessara úrræða.

Ég vona að það finnist það margir þm. í röðum núv. stjórnarflokka, sem þetta mál hefur ekki verið borið undir áður en brbl. voru gefin út, sem standa við þá sannfæringu sína að hér hafi verið illa að verki staðið, á þann hátt sem alls ekki á að gera í sambandi við þessi mál. Ég vona að þeir verði það margir að það nægi til þess að hæstv. ríkisstj. líðist ekki að koma þessum brbl. í gegnum þingið. Við skulum bíða og sjá hvað setur, hversu þeir verða margir, hv. stjórnarliðar, sem fylgja sannfæringu sinni í þessu máli. Um það ætla ég engan dóm upp að kveða, en ég bíð þess að sjá hverjir það verða, ef einhverjir, sem halda til streitu og hafa í heiðri það grundvallaratriði íslenskrar verkalýðshreyfingar að hafa frjálsan samningsrétt.

Ég ítreka andstöðu mína gegn þessum brbl., en ætla ekki að sinni að ræða það mál frekar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að láta í ljós mjög eindregna undrun mína yfir viðbrögðum hæstv. sjútvrh. við ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hér í upphafi þessa fundar. Vægast sagt var allt upphaf ræðu hans stráksleg og ekki sæmandi manni í hans stöðu, og ég vil segja til viðbótar: ræða hans var í raun og veru blettur á Alþ. Þannig á ekki að bregðast við málefnalegri ræðu eins og þeirri sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hóf þennan fund með samkv. beiðni n. sem er forustuaðili í 12 500 manna samtökum. Það var ekkert í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem gaf tilefni til hinna ósæmilegu, stráksleg viðbragða hæstv. sjútvrh.

Hann byrjaði ræðu sína með persónulegum *skætingi í garð hv. þm. Sighvats Björgvinsson*ar. Hvað eftir annað kallaði hann hann sjónvarpsstjörnu, og var auðsjáanlega meiningin að gera þetta í óvirðingarskyni við hv. þm. Það er ekki mjög langt síðan við sjónvarpsáhorfendur fengum að sjá framan í hæstv. sjútvrh. í sjónvarpinu Hvað skyldi hæstv. ráðh. og hvað skyldi okkar ágæti og hlutlausi forseti hafa sagt, ef daginn eftir hefði einhver þm. komið hér upp og sagt að í gærkvöldi hefði í gervi sjútvrh. birst sjónvarpstungl í sjónvarpinu? Og hvað skyldi hann hafa sagt ef hann hefði bætt við: þetta var hálft tungl, eða hann hefði sagt: þetta var minnkandi tungl? Ég er hræddur um að það hefði ekki þótt sæmandi orðbragð, enda hefði það ekki verið það. Ég mundi aldrei né hef endað nokkra ræðu *á slíku tali eins og* hæstv. ráðh. leyfði sér í ræðu sinni áðan.

Þá verð ég að segja það, að ég kann ekki heldur við það orðbragð af hálfu ráðh. í íslenskri

ríkisstj., að hann kalli blaðamenn við ákveðið stórt dagblað úti í bæ, sem auk þess á stórafmæli um þessar mundir, — kalli þá þverhausa einu nafni. Það vita bæði guð og menn, að ég er ekki skoðanabróðir þeirra sem skrifa í Þjóðviljann. En slíkt mundi ég aldrei láta mér detta í hug að segja úr ræðustól á Alþ. Ég mundi ekki einu sinni láta það fljóta úr penna mínum í stórdeilu við þá í mínu eigin blaði, hvað þá heldur að ég telji sæmandi að tala svona á sjálfu Alþingi.

Nei, því miður var ill hin fyrsta ganga ráðh. upp í þennan ræðustól áðan. Hún var ill. En framhaldið var svo sem ekki betra. Hvað var það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði í hóflegri, rökfastri og stillilegri ræðu sinni hér áðan? Hann gerði það eitt að flytja þingi og þjóð það sem 12 500 launþegar í landinu hafa lýst yfir sem skoðun sinni. Þeir höfðu beðið hann um að koma þessu á framfæri við þing og um leið við þjóð, — og hvað var sjálfsagðara en hann yrði við þessari beiðni, og hvaða ástæða er þá til svo hvatskeytlegra og strákslegra viðbragða sem hæstv. ráðh. sýndi af sér? Mér þykir satt að segja miður að allur sá mikli fjöldi áheyrenda, sem hér er staddur í húsi í dag vegna áhuga síns á þessu máli, skuli verða vitni að slíkum viðbrögðum af hálfu ráðh. í íslenskri ríkissti. Ég segi þetta ekki af neinni sérstakri samúð með honum, hann á hana ekki skilið, heldur segi ég þetta af umhyggju fyrir virðingu Alþ., og það er mergurinn málsins.

En svo ég geri efni málsins með örfáum orðum að umtalsefni. Vegna þess að hæstv. ráðh. ræddi ræki lega um efni málsins vil ég minna á hvað stjórnarskráin sjálf segir um útgáfu brbl. Fram hjá því hefur hann hingað til gengið bæði í útvarpi og sjónvarpi og í ræðu sinni hér áðan. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar brýna nauðsyn ber til getur forsetinn gefið út brbl. milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþ. á eftir.“

Svo mörg eru þau orð sjálfrar stjórnarskrárinnar. Brbl. eru í fjórum gr. Það, sem hæstv. ráðh. hefur jafnan gert að umtalsefni og var efni hinnar löngu ræðu hans áðan, var inntakið í 1. gr. Hann nefndi ekki 2. gr. og hefur, að því er ég best veit, ég hef ekki heyrt hvert einasta orð sem hann hefur um málið sagt og má það eflaust einu gilda, — en ég hef heyrt það sem hann hefur sagt um þetta og mestu máli skiptir, og þar hefur hann aldrei nefnt 2. gr. frv. En — með leyfi hæstv. forseta — hvernig hljóðar upphaf hennar?:

„Verkbönn og verkföll, þ. á m. samúðarverkföll, eða aðrar aðgerðir í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimil.“

M. ö. o.: hér er í 2. gr. lagt blátt bann við verkföllum og verkbönnum. Þetta er gert í formi brbl. Hver voru verkföllin sem verið er að banna með þessari 2. gr.? Hver voru þau? Þau voru engin. Það var ekkert verkfall í gangi og engu verkfalli hafði verið hótað. Það er af þessum sökum sem full ástæða er til þess að spyrja þeirrar spurningar, hvort þessi 2. gr. brbl. sé ekki beint brot á stjórnarskránni. Það er ekki heimilt samkv. skýlausu orðalagi stjórnarskrárinnar að gefa út brbl., í þessu tilfelli að banna verkföll, nema brýna nauðsyn beri til. Hvernig getur brýna nauðsyn borið til að banna verkföll þegar ekkert verkfall er í gangi? Það þarf ekki nema venjulega skynsemi til þess að sjá að þetta er rétt röksemdafærsla. Ég harma mjög að hæstv. sjútvrh. og hans ráðunautar skuli ekki hafa haft þessa einföldu, venjulegu skynsemi, en hana hefur auðsjáanlega skort.

En þetta er í raun og veru ekkert gamanmál. Þetta er stóralvarlegt mál. Ég man ekki eftir því áður, ég held að mér sé óhætt að fullyrða það, hef raunar borið það undir ýmsa reynda þm. og lögfræðinga hvort þeir muni eftir því að nokkurn tíma áður hafi verið gefin út brbl. eða sett lög um bann gegn verkfalli og verkbanni eða um gerðardóm nema um verkfall eða verkbann hafi verið að ræða og þess vegna verið talin brýn nauðsyn á því að leysa verkfallið eða verkbannið *með lögum eða jafnvel með brbl.* Enginn þeirra minnist fordæmis. Þetta er í fyrsta skipti sem gefin eru út brbl. um bann gegn verkfalli meðan um ekkert verkfall er að ræða. Þennan stein, þennan minnisvarða hefur hæstv. núv. sjútvrh. reist sér. Það skyldi nú ekki vera að hann ætti eftir að reynast myllusteinn um hálsinn á honum?

Hér er m. ö. o. um það að ræða, að það vaknar sú spurning, — ég dreg ekki í efa að hann hafði heimild til að gefa út 1. gr., 3. gr. og 4. gr., sérstaklega þá gr., að lög þessi skuli falla úr gildi á sínum tíma, — en ég dreg stórlega í efa lögformlega heimild hans til þess að gefa út 2. gr. Ef svo kynni að reynast að sú gr. fengi ekki staðist samkv. stjórnarskránni, þá ber hæstv. forseta Ed. að vísa málinu frá. Í því eina fræðiriti, sem til er um starfshætti Alþingis, riti dr. Bjarna Benediktssonar um deildir Alþingis, túlkar hann atriði stjórnarskrárinnar um þetta og hliðstæð efni þannig, að ef lagt sé fram frv. sem brjóti í bága við stjórnarskrána, þá beri forseta d. að vísa því frá. Og nú vildi ég að gefnu þessu tilefni beina því til hæstv. forseta Ed., sem er löglærður maður og ágætur lögfræðingur og ég veit mjög samviskusamur sem forseti, beina því til hans að athuga í samráði við aðra löglærða menn hvort þetta sé rétt athugað, skoða þetta mál, hvort 2. gr. geti samrýmst stjórnarskránni og hvort honum beri ekki að vísa því frá vegna þess að hún samrýmist ekki stjórnarskránni. Þetta vænti ég að verði athugað áður en málið verður tekið á dagskrá í hv. Ed.

Þá skal ég *víkja örfáum orðum að samanburði* þeim sem hæstv. ráðh. gerði á þessum lögum sínum og brbl. Emils Jónssonar á sínum tíma, sem sett voru vegna hinnar þjóðfrægu síldveiðideilu. Hæstv. ráðh. lét sér sæma sérstakan skæting í garð Alþfl., og það er auðvitað af þeim sökum sem ég e. t. v. er hvassyrtari en ég er vanur að vera þegar ég á orðaskipti við hæstv. ráðh. Það var hann sem hóf leikinn. Þegar þau lög voru sett af viðreisnarstjórninni svonefndu á sínum tíma, brbl., þá voru aðstæður þær að skipstjórar síldveiðiflotans höfðu tekið ákvörðun um að sigla honum í höfn. M. ö. o.: þeir höfðu tek-

ið ákvörðun um veiðibann. Síldveiðar voru stöðvaðar. Það var þetta sem varð tilefni þess að það kom til umr. í ríkisstj. að leysa þessa deilu sem auðvitað var að skapa fullkomið neyðarástand, ekki aðeins í sjávarútveginum, heldur í þjóðarbúskapnum öllum. Þarna var um neyðarástand að ræða. Þarna var um brýna nauðsyn að ræða til einhverra aðgerða, hverjar svo sem þær væru. Þarna var einmitt um það tilvik að ræða sem sú grein í stjórnarskránni, sem ég las áðan, á við. Sú gr. er í stjórnarskránni til þess að gera réttum stjórnvöldum kleift að grípa til ráðstafana þegar brýna nauðsyn ber til, þegar um neyðarástand er að ræða. Það leikur því ekki hinn minnsti vafi á því að Emil Jónsson, sem þá var siútvrh., hafði stjórnarfarslega heimild til þess að gefa út brbl. Engu að síður er mér það engin launung, og það er alveg ástæðulaust að draga nokkra fjöður yfir það, að um þessi brbl. varð mikill ágreiningur í þingflokki Alþfl., í miðstjórn Alþfl. og meðal alþfl-manna yfir höfuð að tala. Og ég skal giarnan staðfesta að það er rétt, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kallaði fram í ræðu hér áðan, að hann var brbl. andvígur. Það var okkur öllum í þingflokknum kunnugt. Ég var þeim hins vegar fylgjandi. Ég var einn af þremur Alþýðuflokksráðh. í stjórninni, og ég studdi minn flokksbróður í útgáfu brbl. Það gerði meiri hl. þingflokksins og það gerði meiri hl. flokksstjórnarinnar. Hann hafði ekki aðeins stjórnarfarslegan rétt, hann hafði flokkslegan rétt til þess að gera það. Allir ráðh. ríkisstj. voru sammála útgáfu brbl. Hann hafði alla ríkisstj. á bak við sig í því efni. En ákvörðun var tekin eftir langar og miklar umr. í þingflokknum og flokkstjórn Alþfl. Þó að meiri hl. félli svona, — hann var mjög naumur í flokksstjórninni, stuðningurinn sem brbl. fengu segi ég það enn, að ég studdi þau með góðri samvisku og tel útgáfu þeirra, þegar öllu er á botninn hvolft, hafa levst mikinn vanda.

Mergurinn málsins er sá, að það er bókstaflega ekkert sameiginlegt með því neyðarástandi, sem þá hafði skapast, og því ástandi sem ríkir þegar hæstv. núv. siútvrh. gefur út þessi margfrægu brbl. sín. Það var enginn vandi á ferðinni, a. m. k. ekki á því sviði sem 2. gr. fiallar um. Það hlýtur að teljast algiörlega óumdeilanlegt. Það var enginn verkfalls- eða verkbannsvandi á ferðinni. 2. gr. er þess vegna algiörlega óviðunandi. Það er hún auðvitað fyrst og fremst sem er bein árás eða beint hnefahögg á samningsrétt verkalýðsfélaganna í landinu. Og ég endurtek, að þetta er einsdæmi. Þetta hafði ég að segia um efni málsins.

Ég held að ég ljúki máli mínu með því að leiðrétta hæstv. ráðh. í því eina sem var skemmtilegt í hans ræðu, það var því miður ekki rétt með farið. Það var sagan sem hann sagði um að einhver maður í New York hefði sagst geta safnað 2000 undirskriftum undir skial þess efnis að undirskrifendur hefðu dreпið ömmu sína. Við, sem erum sæmilega að okkur í alþjóðlegum skopsögum á vettvangi stjórnmála, vitum að þessi saga er öðruvísi, hann kann hana ekki. En rétt er sagan hannig, að Roosevelt Bandaríkjaforseti gerði það einu sinni að gamni sínu í geysilega fjölmennri hanastélsveislu, þegar menn gengu fram hiá honum í löngum röðum og réttu honum höndina og sögðu eitthvað sem enginn heyrði vegna hávaðans í kringum hann, að þá spurði hann þessarar spurningar þá sem heilsuðu honum: Hefur þú drepið ömmu þína? Og menn sögðu já með mikilli ánægiu, svar frá miklum fjölda manna Seinna sagði hann þessa sögu margoft sem dæmi um það hvað hægt væri að láta menn játa mikilli vitleysu í kokkteilboðum, — en auðvitað í stærra kokkteilboði en því sem ráðh. hélt um daginn. Það hefði ekkert þýtt fyrir hann að ætla að fara að nota slíkt við þá örfáu menn sem þangað komu. En það má segia að þetta sé aukaatriði. Sannleiksást mín er svo mikil að ég kann ekki við að láta það standa í bski. að ráðh. kunni ekki að segia sögu sem ég held að þúsundir manna um allan heim kunni.

En fyrst hann hafði þetta orðalag, fyrst hann valdi heldur ósmekklega dæmisögu, að því er mér finnst, þar sem textinn er um að drepa ömmu sína, með undirskrift, sem er rangt í sögunni, þá verð ég bara að segia: það skyldi nú ekki vera að hann hafi sjálfur kveðið upp dauðadóminn yfir sér sem ráðh. með undirskrift sinni undir brbl.? Það skyldi nú vera

En síðustu orð mín skulu vera þessi: Ég harma þau viðbrögð sem ráðh. auðsýndi við hóflegri, réttmætri og sanngiarnri ræðu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti fyrir hönd húsunda manna í landinu. Það er ekki ráðh. til sóma að bregðast hannig við málefnalegum málflutningi. Ég vil helst fá levfi til að trúa því brátt fyrir allt, að viðbrögð ráðh. hafi verið svona vegna þess að hann hafi vonda samvisku. Ég vil a. m. k. heldur trúa því, að þau hafi verið svona vegna vondrar samvisku, heldur en hins, að hann sé samviskulaus.

Siútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég bakka hv. 9. þm. Revkv. fyrir skemmtunina. Það er ekki á hverium degi sem maður fær svona skemmtilkrafta hérna á Alþ. eins og hann. En varðandi söguna, þá heyrir maður ótal útgáfur af gamansögum. Það þarf ekki endilega að kenna hær við einhvern krata. Það eru til margar útgáfur. Ég hef heyrt svipaðar útgáfur og lesið, 4—5 útgáfur sem ég gæti sagt, en ég tel það ekki vera neitt höfuðatriði hérna á Alþ. Þetta var sagt í gamni og ekki á neinn annan hátt.

Ég held að það hafi skolast alvarlega til í höfðinu á hv. 9. þm. Revkv. þegar hann skýrði frá brbl. sem Emil Jónsson gaf út 24. júní 1965 um verðjöfnunarflutningasjóð síldveiða á því ári. Þessi lög voru gefin út, og þegar þau voru gefin út ákváðu síldveiðiskipstjórar og síldveiðisjómenn að sigla flotanum í höfn, vegna útgáfu laganna, vegna þess að þeir vildu ekki fá hennan verðjöfnunarflutningasjóð síldveiða. Þetta var út af hættu sem þá var talin á að síldarsöltunin fengi ekki nóg hráefni, því menn kepptust við að veiða, eins og gert var á heim árum og oft áður, svo að hærna hefur sagnfræðin skolast miög til, og það er miklu alvarlegra heldur en gamansagan.

Hv. þm., sami þm., sagði að ég hefði ekki minnst á 2. gr. Það getur vel verið að hann hafi verið í einhverju uppnámi eftir að ég skensaði flokksbróður hans með því að kalla hann sjónvarpsstjörnu. Það var mikið skens, ég biðst innilega afsökunar á því. Ég ætlaði alls ekki að skensa sjónvarpsstjörnuna. Ég hélt að það væri ekki nein óvirðing í því að vera sjónvarpsstjarna. En maður verður að passa sig. Ef það er orðið svona viðkvæmt mál í Alþfl. að nefna sjónvarpsstjörnu, þá verðum við að hætta því, því við viljum ekki vera að hrella þessa fáu krata, sem enn þá eru hér innan dyra, meira en þörf krefur. Ég skal því hér eftir reyna að sleppa alveg þessu orði og gleðja formann þingflokks Alþfl. með því og hans fósturson.

Ég nefndi 2. gr., ég nefndi hana og las meira að segja upp úr henni: „Þó er samningsaðilum sbr. 1. gr., heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum, en eigi má knýja þær breytingar fram með vinnustöðvun.“ Þetta las ég upp úr 2. gr.

Það er sá munurinn á stjórnlagafræði hv. 5. þm. Vestf. og síðasta ræðumanns, að sá fyrri taldi að lögin öll, allar greinarnar, væru brot á stjórnarskránni, en sá síðarnefndi, prófessorinn, taldi bara 2. gr. brot á stjórnarskránni, en hinar væri í lagi að setja. Ég læt mér í léttu rúmi liggja þessar lagatúlkanir þeirra, þessara tveggja lögfróðu manna. 5. þm. Vestf. var ekkert að klípa utan af sínum fullyrðingum í lögfræðinni, enda mega sennilega allir lögfræðingar hér inni skammast sín þegar hann talar um lögfræði.

En ég vil nú benda hinum gamansama formanni þingflokks Alþfl. á það, að verkföllum hafði ekki verið aflýst, verkföllin bara gufuðu upp í bili. Það var hægt að fara í verkfall hvenær sem var, því þeim hafði aldrei verið aflýst. Verkföll þessi voru löglega boðuð, það var hlé. Þetta vil ég nú benda honum á áður en hann fer lengra í stjórnlagafræðinni. Þó að ég sé ekki lögfræðingur, þá hygg ég að ég sé alveg óhræddur við lagalega túlkun, og það voru ekki þau fáir lögfræðingar sem málið var borið undir, eins og ég sagði áðan, bæði innan og utan rn.

Hv. 2. þm Austurl. átti nú ekki til orð — og kemur það ekki oft fyrir hann að eiga ekki til orð — til að lýsa því hvað þessi brbl. væru svívirðileg árás á samningsrétt sjómanna. Sjálfur stóð hann, þessi maður, að því að gefa út brbl. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, og þar eru lögfestir samningar sem voru í gildi frá 1971. Þau eru gefin út, þessi lög, á árinu 1973, og verkföll og verkbönn, þ. á m. samúðarverkföll, til að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi ákveða eru óheimil í lögum þessa ágæta forsvarsmanns verkalýðshreyfingarinnar. Það eru ekki í þessum lögum hans nein ákvæði um að aðilar megi gera samninga, eins og í þessum svívirðilegu brbl., enda fékk hann mikið klapp fyrir og hann var afskaplega ánægður. Þetta eru lög nr. 6 frá 1973. Hann stóð einnig, ekki að lögum sem voru sett hér á Alþ., heldur að brbl. þar sem segir að almennt fiskverð skuli haldast óbreytt til 31. ágúst 1974 eins og það var ákveðið um áramótin 1973—1974. Það er óbreytt verðlag á fiski frá 1. jan. til ágústloka í þeirri mestu verðbólgu sem riðið hefur yfir — og er þá mikið sagt — á þessum mánuðum og eftir þær gífurlegu kaup- og kjarabætur sem aðrar stéttir fengu í byrjun þess árs. Þar stóð þessi hv. þm. að, og meira að segja stóðu Samtökin, a. m. k. 3. landsk. þm., að þeim lögum. Hins vegar held ég að 5. þm. Vestf. hafi þá verið búinn að svíkja ríkisstj. sem þá sat, því hann skrifaði undir vantraust á hana einn daginn og hefur auðvitað þrátt fyrir það síðan. En hann hefur nú þrátt fyrir fleira sem hann hefur haft á orði við menn.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að fiskverð kæmi þessum málum ekkert við, hækkun á fiskverði skipti engu máli, það er alveg laust við sjómenn, hækkun á fiskverði. Ég er hræddur um að það heyrðist eitthvað í sjómönnum og útgerðarmönnum ef við hefðum sett lög eins og hann, að hafa fiskverðið óbreytt allt árið. Þá hefði það skipt máli hjá honum núna þegar hann talaði, þá hefði mátt klappa fyrir honum. En skiptir það ekki máli í samskiptum manna og stétta, þegar verið er að gera veigamiklar breytingar eins og varðandi sjóðakerfið, að þá taki menn á sig þær breytingar? Ef menn vildu ekki sjóðakerfisbreytinguna sem voru með bundna samninga, þá áttu þeir ekki að fá þessa fiskverðshækkun sem sjóðakerfisbreytingin leiddi af sér. Ef vestfirðingar hefðu viljað hafa sjóðakerfið áfram og ekki fengið þessa fiskverðshækkun, þá var enginn að tala um að breyta neinni skiptaprósentu. En nú var þannig málum háttað, að það var reiknað út af mikilli vandvirkni hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunarinnar hvernig sjóðakerfisbreytingin kæmi við einstakar tegundir skipa. Stóru togararnir töpuðu verulega á sjóðakerfisbreytingunni, en minni skuttogararnir komu nokkurn veginn jafnir út. Mestur hluti bátaflotans hagnaðist af sjóðakerfisbreytingunni. En minni skuttogararnir, innan þess hóps var mikill munur hverjir töpuðu og hverjir græddu. Þeir, sem best fóru út úr kerfisbreytingunni, voru togarar á þeim stöðum sem eiga styst að sækja, með því að leggja niður Olíusjóðinn. Það voru auðvitað þeir sem fyrst og fremst högnuðust. Og ég hygg að það hefði eitthvað verið sagt heima á Vestfjörðum ef þau ákvæði hefðu verið að sjóðakerfisbreytingin ætti aðeins að ná til þeirra sjómanna sem gerðu nýja samninga, en hinir ættu að greiða áfram í Olíusjóð og vátryggingasjóð og aðra þá sjóði sem hér var um að ræða. Ég er hræddur um að það hefði orðið allmikil óánægja. Hitt held ég að hefði haft minna að segja fyrir þessa aðila, að gera þessa breytingu og breyta samningunum til samræmis við þetta. Það forskot, sem þeir hafa haft, það hafa þeir eftir sem áður og geta alltaf haft. En það var ekki reynt, a. m. k. ekki af nokkurri alvöru, að ná þar samningum.

Þetta er mergur málsins, að það er ekki hægt að gera þessa breytingu á sjóðakerfinu, hækka fiskverðið í samræmi við þessa kerfisbreytingu, svo eiga ákveðnir meðlimir sjómannafélaganna eða meðlimir í ákveðnum félögum og á ákveðnum stöðum að standa einir við að taka á sig breytinguna, en hinir eiga aðeins að fá hækkun fiskverðsins og annað ekki. Þetta hélt ég að væri mergur málsins, og um þetta sanngirnisatriði snúast þessi brbl. í raun og veru. Það þýðir ekki að loka bæði augum og eyrum fyrir

þessari staðreynd og segja að hér sé um þrælalög að ræða. Þessi breyting var samningar sem gerðir voru, en allir aðilar hafa ekki staðið við, og það er þetta sem um er að ræða.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Athugasemd mín getur vissulega verið örstutt, því að ekkert hefur það fram komið í hinu langa máli hæstv. sjútvrh., sem hann hefur flutt hér í tvígang, sem á einn eða annan veg hefur haggað því sem ég sagði í minni upphafsræðu, og raunar hefur hæstv. ráðh. gert sér sérstakt far um að forðast að minnast á þau atriði sem þar var drepið á. Hann hefur t. d. með öllu forðast að minnast á það, að því meginefni þessa frv. að festa ákveðna samninga í gildi hefur nú verið hnekkt. Hann hefur einnig forðast, þó að ítrekað hafi verið á hann skorað, að ræða sérstaklega 1. málsgr. 2. gr. þessa frv. Meira að segja í ræðu sinni hér áðan, eftir áskorun frá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, hljóp hann vísvitandi yfir þessa málsgr., en las 2. málsgr. Málsgr., sem hæstv. ráðh. hefur með öllu forðast að vitna í, er að hann bannar í þessum brbl. verkbönn, verkföll og allar aðrar aðgerðir sem eru til þess fallnar að knýja fram aðra skipun kjaramála er lög þessi ákveða. Það hefur þegar verið gert. Skipan kjaramála er orðin önnur. Eftir stendur aðeins að það á að láta Alþ. skrifa upp á siðferðisvottorð fyrir hæstv. ráðh. fyrir þá valdbeitingu sem hann hefur gert sig sekan um.

Önnur efnisatriði í ræðu hæstv. ráðh. þarf ég ekki að ræða, því þau hafa bókstaflega engin verið. Hins vegar er þetta orðið einkennilegur frasi hjá hæstv. ríkisstj. eða ráðh. hennar, að það má varla anda á einhvern ráðh. í þessari hæstv. ríkisstj. svo að hann kalli ekki upp: Nixon, McCarthy eða eitthvað svoleiðis. Það er eins og hæstv. ríkisstj. sé að tala um einhverja fjölskylduvini sína sem standa henni sérstaklega nærri. Þegar hún þarf á hjálp að halda, þá kallar hún í sífellu: McCarthy, Nixon. Ég vildi gjarnan vona að góðkunningjar hæstv. ríkisstj. væru úr öðrum röðum en þessum.

Þá kemur það einnig fram hjá hæstv. ráðh., raunverulega það eina sem hann hefur rætt um efni 2. gr., að hann hefur gefið það í skyn að verkfallsrétturinn hafi raunverulega gufað upp hjá sjómannastéttinni og það, sem hann hafi gert með brbl., hafi ekki verið annað en að gera sjómönnum þann greiða að gefa verkfallsréttinum náðarhöggið. Hann talar um þetta í svipuðum dúr eins og þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ætlaði að gera skagfirðingum þann greiða að slátra hrútnum. Það eina, sem hann hefur að segja um þessa grein við sjómenn, er: Verkfallsrétturinn var að gufa upp í höndunum á ykkur og ég geri ykkur þann greiða að greiða honum náðarhöggið. — En ég er ansi hræddur um að hæstv. sjútvrh. eigi eftir að reka sig illilega á það, að félagsleg réttindi samtaka sjómanna í þessu landi eru aldeilis hreint ekki gufuð upp, langt í frá.

Hæstv. ráðh. fór hér með gamansögu sem hann var leiðréttur með. Ég ætla að segja honum aðra sögu. Hún er ekki gamansöm, hún er sorgarsaga, a. m. k. hvað hann varðar, hæstv. ráðh. Ég er nefnilega ansi hræddur um það, að ástandið hjá sjómönnum gagnvart hæstv. ráðh. nú sé það, að það sé auðveldara — miklu auðveldara að fá sjómenn til þess að viðurkenna það að hafa gert ömmu sinni grikk heldur en að fá þá til að játast undir að styðja hæstv. sjútvrh. áfram til valda.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni áðan að ég ætlaði ekki að fara að karpa við hæstv. sjútvrh. um þau atriði sem ég tel að hér skipti ekki máli, og ég ætla nú að reyna að halda mér við það, en aðeins að fá að gera eina örstutta athugasemd við það sem hæstv. ráðh. sagði.

Hann fullyrti að ég hefði gefið út brbl. um kjör sjómanna á árinu 1973. Þetta eru auðvitað staðlausir stafir, algjört slúður. Ég hef engin brbl. gefið út um kjör sjómanna í þessu tilfelli. Það, sem hæstv. ráðh. er hér að tala um, eru sennilega brbl., sem Hannibal Valdimarsson gaf út og voru til staðfestingar á ákveðnu, útfærðu samkomulagi á milli þeirra aðila sem hér áttu hlut að máli, enda bera lögin það alveg með sér, þar sem tiltekið er í mörgum liðum hvaða breytingar skuli gerðar á áður gildandi samkomulagi. Þessi lög voru sett eftir langvarandi stöðvun stóru togaranna. Það væri svo sem hægt að tilnefna fleira, eins og það hjá hæstv. ráðh. þegar hann segir að ég hafi bundið fiskverð í heilt ár. Allt þetta er slúður af sama tagi og hann var að fimbulfamba um áður.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins rifja upp í tilefni þessara umr., að þegar unnið var að endurskoðun sjóðakerfis á s.l. vetri, þá held ég að það hafi ekki farið á milli mála að menn gerðu sér grein fyrir því, að sú endurskoðun átti að miða að því að rekstur sjávarútvegsins væri hagkvæmari eftir en áður, og endurskoðunin átti að leiða til þess auðvitað að meira kæmi til skipta. Þegar ákveðnir útgjaldaliðir voru teknir út úr sjóðakerfinu, eins og olíukostnaðurinn, sem áður hafði að miklu leyti verið uppi borinn af sjóðakerfinu, þá hlaut í kjölfarið að koma hækkað fiskverð sem leiddi annars vegar til aukningar tekna sjómanna og hins vegar til aukinna tekna útgerðar. Vegna þess að fjármunir, sem áður voru notaðir til að greiða olíu, hlutu eftir endurskoðun sjóðakerfisins einnig að nýtast áfram í sama tilgangi, þá var það ljóst að hlutur sjómanna eða skiptiprósenta þeirra hlaut að endurskoðast, — grunnurinn, sem skiptaprósentan var reiknuð af, mundi hækka stórlega, og þótt skiptaprósentan lækkaði lítið eitt, þá yrði niðurstaðan sú að kjör sjómanna mundu stórbatna. Þetta var m. a. tilgangur endurskoðunar sjóðakerfisins af hálfu sjómanna sem fyrir þeirri endurskoðun börðust, og það var tilgangur þeirra útvegsmanna, sem stóðu að endurskoðuninni, að olíukostnaðurinn og olíueyðslan kæmi niður þar sem hún ætti sér stað, en menn borguðu ekki olíu fyrir aðra. Í heild átti þetta að leiða til hagkvæmari niðurstöðu fyrir allt þjóðarbúið. Ég dreg ekki í efa að skilningur sjómanna, m. a. áheyrenda okkar hér í dag, hafi verið fyrir hendi, að sanngjarnt væri af þeirra hálfu, að um leið og fiskverð, grunnurinn sem skiptaprósentan væri reiknuð

eftir, hækkaði stórlega væri tillit tekið til þess í ákvörðun skiptaprósentu, m. a. til þess að unnt væri að greiða olíukostnaðinn beint af þeim sem eyddu olíunni.

Ég held því fram, að þegar hv. alþm. fjölluðu um endurskoðun sjóðakerfisins hér á Alþ. um miðjan febr. s. l., þá hafi það verið forsenda alþm., sem samþykktu hina margvíslegu löggjöf sem að endurskoðuninni laut, að frá öllum hnútum væri gengið og allir, er þátt tóku í endurskoðun sjóðakerfisins, inntu skyldu sína og skuldbindingar af hendi, hvort sem það voru útvegsmenn, sjómenn eða stjórnvöld. Það var meira að segja oft og tíðum haft á orði að ganga þyrfti frá endanlegum samningum milli útvegsmanna og sjómanna áður en Alþingi gæti gengið frá löggjöfinni er hefði í sér fólgna endurskoðun sjóðakerfisins. Ég held því fram, að alþm. hafi borið svo mikið traust til sjómanna og útvegsmanna, að þeir hafi breytt sjóðakerfinu í trausti þess að þessir aðilar hvorir tveggja stæðu við sínar skuldbindingar.

Ég ætla ekki að rekja aftur þá sögu sem hæstv. sjútvrh. rakti hér áðan um hvernig gangur mála var eftir endurskoðun sjóðakerfis, þrátt fyrir það að bæði fyrrv. og núv. forseti Sjómannasambands Íslands rituðu undir yfirlýsingu þess efnis, er féll í sama farveg og ég hér hef lýst vera forsendu endurskoðunar sjóðakerfisins. Ég tel að það sé ástæða til að óska sjómönnum og sjómannasamtökum þess, að þau megi efla samtakamátt sinn og félagsþroska, félagsréttindi og félagsþátttöku, þannig að önnur mynd blasi við en sú sem óneitanlega gerir eftir þessa sögu sem við höfum fylgst með nú í sumar. Það var því miður um litla þátttöku að ræða í atkvæðagreiðslum og lítill félagsáhugi þá sýndur. Ég vonast til þess að sjómannasamtökin eigi í framtíðinni þeirri gæfu að fagna að menn taki heilshugar þátt innan þeirra vébanda að hagsmunamálum sjómannasamtakanna. En þegar slíkt áhugaleysi var til staðar og slík óvissa þar af leiðandi ríkjandi í kjaramálum sjómanna og útvegsins í landinu í kjölfar löggjafar sem Alþingi bar ábyrgð á, þ. e. a. s. löggjafar um endurskoðun sjóðakerfisins, hvíldi sú skylda á herðum stjórnvalda að létta af þessari óvissu og taka af skarið og setja löggjöf. Til þess bar brýna nauðsyn og á grundvelli þeirrar brýnu nauðsynjar voru brbl. sett.

Ég held að þegar litið er á hækkun fiskverðs, þá sé ekki með nokkru móti hægt að segja að um kjaraskerðingarlög sé að ræða. Hitt er allt annað mál, að vel getur verið að kjör sjómanna megi og ættu að vera betri. Ég er ekki að kveða upp neinn dóm að þessu leyti.

Sagt er, að það hafi verið óþarfi að setja þessi lög vegna þess að engin verkföll hafi þá staðið yfir. En þá er mér sú spurning í huga hvort þessum lögum hefði verið tekið betur hefðu þegar verið skollin á verkföll? Þessi lög voru sett til þess að eyða óvissu í kjaramálum er hefði ella getað leitt til verkfalla, og þess vegna eru þessi lög sett í þeim skilningi að betra sé að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann, en hugsa ekki til þess fyrr en eftir að slysið er orðið.

Ég vildi láta þessi orð falla hér í þessum umr. af því að ég hef þá trú á skynsemi sjómanna og alls almennings hér á landi, að menn skilji nauðsyn þess, að þegar endurskoðun sjóðakerfisins var gerð, þá hlaut annað og meira að koma í kjölfarið svo að upp væri staðið þannig sem allir bjuggust við að yrði þegar þeir kröfðust endurskoðunar þessa sjóðakerfis.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Eftir tveggja klukkutíma umr. er svo komið að hæstv. forsrh. telur nauðsyn á því að stíga hér í ræðustól og reyna að bæta eitthvað fyrir þær hrakfarir sem hæstv. sjútvrh. hefur orðið fyrir í þessum umr. Hann talaði að sjálfsögðu landsföðurlega og með tón góðmennis og drengs, eins og við vitum að hann er. En ef við íhugum orðin, þá verð ég að segja það, að ég átti á öllu von, en ekki því, að forsrh. Íslands stæði upp á Alþingi og segði að það hefði verið að byrgja brunninn þegar stjórn hans gaf út brbl. um að banna verkföll sjómanna, — verkföll sem voru ekki til, — verkföll sem enginn hafði talað um. Hvar endar slík stefna? Hvað eru margir brunnar sem hæstv. forsrh. ætlar sér að byrgja í þessu landi? Hefur hann ekki nokkra grundvallartilfinningu fyrir því hvað mannréttindi eru og til hvers þau eru? (**Gripið fram í:** Hvað hefur hv. þm. tekið þátt í að byrgja marga brunna hingað til?) Það skyldi þó ekki vera að þeir brunnar, sem jafnaðarmenn hafa grafið hér á Íslandi, hafi slökkt þann þorsta og það hungur sem íhaldið hefur leitt yfir þessa þjóð og mundi hafa leitt yfir hana ef ekki hefðu komið til önnur öfl?

Ég tel að það sé langsótt hjá hæstv. forsrh. að tala um að breyting sjóðakerfisins hafi verið einhver guðsgjöf sem öllum landsmönnum hafi borið að sýna þá virðingu að bugta sig og beygja undir. Hverjir höfðu komið sjávarútveginum í þær ógöngur sem hann var kominn í? Hverjir höfðu búið þetta sjóðakerfi til? Sagt er að þetta sjóðakerfi hafi verið gert fyrir sjómenn og það hafi verið einhver óskapleg meðaumkun með sjómönnum, að þeir þyrftu að fá betri kjör, sem hafi valdið því að hæstv. ríkisstj. loksins fór að reyna að leiðrétta þetta kerfi. Ég held að það hafi ekki verið meðaumkun með sjómönnum, heldur hitt, að þeirra eigin vinir og vildarmenn, útgerðarmennirnir, voru farnir að gera út á þetta kerfi. Stjórnleysi kapítalismans kom í ljós í allri sinni dýrð í þessu kerfi með sósíalisma andskotans sem fylgisvein, þegar þeir notuðu ríkisvaldið til þess að setja upp alla þessa sjóði og gramsa með ríkissjóð og skattakerfið þar að auki. Þegar menn voru farnir að gera út á þetta um allt land, þá sprakk kerfið. Það hlaut að springa fyrr eða síðar. Það þýðir ekkert að segja eftir á að það hafi verið ástæða til þess að taka verkfallsrétt af sjómönnum, sem töluðu ekki einu sinni um verkfall, eingöngu af því að það hafi verið nauðsynlegt að laga þetta kerfi. Auðvitað varð að laga til, þegar það var sprungið. En það var engin ástæða til þess að ganga þannig frá málunum að létta af óvissu, eins og hæstv. forsrh. sagði, með því að banna verkföll sem engin voru til, með því að banna verkföll sem enginn maður hafði nefnt, með því að banna verkföll sem ekki var vitað til þess að nokkrum manni hafði dottið í hug.

Það er einhver íhaldsónáttúra sem kemur fram í þessu. Það er það sem veldur því að viðbrögðin eru eins og þau eru. Menn, sem byrgja brunninn á þennan hátt, — hvað gera þeir næst? Það er þetta sem um er að ræða. Hæstv. forsrh. þarf ekkert að velta vöngum yfir því hvernig viðtökurnar hefðu verið ef þessi brbl. hefðu verið einhvern veginn öðruvísi en þau eru. Þau eru eins og þau eru. Þau voru gefin út af forseta Íslands með undirskrift og á ábyrgð sjútvrh. Hann hefur auðvitað haft samþykki ríkisstj. Það þýðir ekkert fyrir hann að skrifa bak við ríkisstj. því að pappírinn er á sínum stað og hann er undirskrifaður af forseta Íslands sem ber enga ábyrgð á því samkv. stjórnarskránni. Sjútvrh. ber alla ábyrgðina, enda hljóp hann upp í flugvél og var kominn suður til Grikklands um það *bil sem almenningur á Íslandi frétti af* þessum ágætu lögum sem hann hafði gefið út.

Sjútvrh. á sannarlega skilið sitt sumarleyfi eins og aðrir. En ég vona, ef hann hefur gengið um og skoðað stytturnar þarna, að hann hafi þá þreifað á einhverjum af hinum gömlu frumherjum lýðræðisins sem voru, að því er við best vitum, í Aþenuborg. Ég held að Sólon og þeir aðrir, sem þar voru, hafi á sínum tíma, aldrei heyrt neitt sem nefnist brbl. Hann hefði getað reynt að draga í sig eitthvað af grundvallartilfinningu lýðræðisins, og það er einmitt það sem þetta mál snýst um. Núv. ríkisstj. er hægri ríkisstjórn. En hún steig yfir mörkin í þessu tilliti, hún gerði sig seka um aðgerð sem lýðræðislegar ríkisstjórnir mega ekki gera, að svipta menn mannréttindum að ófyrirsynju og að ástæðulausu, að byrgja brunn þegar hvorki er brunnur né barn neins staðar nálægt.

Ég vil því algerlega vísa á bug tilraun hæstv. forsrh. til að þurrka yfir þessar umr. og gefa Morgunblaðinu einhver falleg orð til þess að prenta sem einhvern veginn hrutu nú ekki af munni hæstv. sjútvrh., enda var hann í öðru skapi, talaði um að safna undirskriftum úti í New York undir það að menn hefðu drepið ömmu sína eða ég veit ekki hvað það nú var. Það þurfti að betrumbæta. En ég mótmæli því algjörlega, sem þeir hafa haldið fram, að hér hafi nokkur nauðsyn komið til. Ef menn lesa íslenskt mál og ef þeir skilja einföld orð sem ekki er hægt að misskilja, þá verða þeir að lesa umrædda grein stjórnarskrárinnar, og hún er þannig, að þó oft hafi mátt deila um brbl. og e. t. v. oft verið teflt á tæpasta vað, þá er greinilega farið yfir mörkin í þessu tilfelli. Það er alveg sama hversu margir hafa komið nálægt mörkunum, þeir, sem fara yfir þau, verða að gjöra svo vel að taka afleiðingunum. Það er aðeins eitt sem hefði átt að gerast hér: forseti Ed. átti að vísa þessu frv. frá. Það er svo gróft stjórnarskrárbrot sem nokkuð getur verið, því að það er engin leið fyrir skynsama menn að *halda því fram að það sé brýn nauðsyn að banna* verkfall þegar ekkert verkfall er í landinu, þegar enginn sjómaður hefur boðað verkfall, þegar enginn sjómaður, svo að vitað sé, hefur heyrt talað um verkfall. Þegar farið er að stjórna á þennan hátt, þá geta menn búist við viðbrögðum og fá þau.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég hef fylgst með þessum umr. af athygli og sérstaklega hef ég veitt athygli ræðum þeim sem málsvarar Alþfl. hafa haldið hér. Þeir hafa lagt á það megináherslu að þessi illræmdu brbl. hafi verið sett þegar ekki stóðu til nein verkföll, þegar ekki voru í gangi nein verkföll, þegar sjómennirnir voru ekki að tala um verkföll, þeir hafi verið að byrgja brunn þegar hvorki brunnurinn né barnið voru viðstödd, eins og síðasti ræðumaður sagði. Ég skil ákaflega vel af hverju málsvarar Alþfl. tala svona. Þeir eru sekir um að hafa staðið að fleiri brbl. til að grípa inn í vinnudeilur en nokkrir aðrir menn, og þeir hafa gert það þegar verkföll hafa staðið fyrir dyrum eða verið hafin. Ég lít svo á að það sé mun alvarlegra að setja slík lög heldur en þau lög, sem ég for*dæmi algerlega líka, sem hæstv. sjútvrh. setti.* Að grípa inn í vinnudeilur af hálfu stjórnvalda, af hálfu Alþ., tel ég vera algerlega ranga aðferð, það eigi að vinna að þeim málum á lýðræðislegan hátt og láta launafólk og atvinnurekendur takast á og stuðla að því að málin leysist með samningum, en ekki neinu valdboði. Það er þessi sundurgreining hjá málsvörum Alþfl. sem mér finnst vera ákaflega athyglisverð og segir raunar æðimikið um sögu þess flokks.

Ég vil minna á það, að það var eitt fyrsta verk þessarar ríkisstj., sem nú situr við völd, að setja brbl. þegar yfir stóð vinnudeila hjá ríkisverksmiðjum. Þá brást starfsfólkið þar þannig við, að það neitaði að hlíta þessum brbl. Það hélt aðgerðum sínum áfram þrátt fyrir brbl., og það braut brbl. á bak aftur. Það er á þennan hátt sem sjómenn þurfa að hrinda þeim valdaaðgerðum, sem núv. ríkisstj. hefur beitt gagnvart þeim, með mætti samtaka sinna. Það er máttur samtaka þeirra sem getur brotið brbl. á bak aftur, en ekki málskraf hér á Alþingi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, enda komið löngu fram yfir venjulegan fundartíma. Ég vil þó ekki láta þessum umr. ljúka með þessum orðum hv. síðasta ræðumanns. Þar fékk hæstv. sjútvrh. liðsinni úr ólíklegustu átt. verð ég að segja.

Það, sem hér hefur gerst nú í rúmar tvær klukkustundir, er það, að stjórnarandstaðan hefur staðið einhuga um að gagnrýna ranglát brbl. gefin út af hálfu hæstv. núv. ríkissti., og umr. voru hafnar að tilstilli forustumanna 12 500 launþega í landinu. Þangað til síðasta rödd heyrðist var stjórnarandstaðan einhuga í andstöðu sinni við ríkissti. og í stuðningi sínum við þessi samtök 12 500 launþega. Hér hevrist svo allt í einu hjáróma rödd. Ég skal ekki fjölyrða meir um þetta. Ég bara vek athygli á því, að kærkomnari orð gat hæstv. sjútvrh. ekki kosið sér að hevra hér undir lok þessara umr. Ég vona að þetta verði ekki hið rétta upphaf á nýjum þingferli þessa þm.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þetta kom mér ekkert á óvart. Það kom mér ekkert á óvart þegar hv. þm. Magnús Kjartansson lýsti þeirri skoðun sinni, að það væri eðlilegra að ríkisvaldið beitti valdi sínu til þess að leysa

vanda vinnudeilna, þegar engin vinnustöðvun hefði verið boðuð, heldur en til þess neyðarúrræðis yrði gripið þegar hjól atvinnulífsins hefðu stöðvast og allt væri komið í hnút. Og af hverju kom þetta mér ekki á óvart? Vegna þess að ég talaði um það í upphafi ræðu minnar áðan, að það væri vaninn í kommúnistaríkjum að setja strax í upphafi valdaferils kommúnista lög um það að verkföll væru bönnuð, hvort sem menn hefðu þau í hyggju eða ekki. Af þeim ástæðum er ósköp eðlilegt að hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni finnist það vænlegra ráð að ríkisvald beiti lögum til þess að banna verkföll þegar ekki er áhugi á verkfalli og löngu áður en fólk er einu sinni farið að hugleiða slíkt, heldur en að beita því þegar neyð kreppir að. Þetta er að sjálfsögðu í fullu samræmi við það skipulag sem ríkir í þeim ríkjum þar sem hann á vinum að mæta.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Þetta eru afar einkennileg viðbrögð, því að ég lýsti andstöðu minni við hvort tveggja, bæði brbl., sem sett væru eins og þessi, sem hefur verið rætt um í dag, og eins brbl., sem sett hafa verið eftir að vinnudeilur eru hafnar eða þegar þær standa fyrir dyrum. Ég minnti aðeins á það, að það hefur enginn flokkur hér á þingi staðið eins oft að slíkum brbl. eins og Alþfl. Mér þykir ákaflega vænt um að heyra að Alþfl. er farinn að endurhæfa sig, eins og einn af leiðtogum hans komst að orði hér einu sinni, og ég vona að sú endurhæfing beri árangur.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er stundum gott að vita af segulbandinu sem er hér uppi á 2. hæð og tekur upp allt sem hér er sagt, og það skuli vera skráð fyrir framtíðina að rétt þegar vinstri hreyfing á Íslandi gat staðið saman í einu máli, þá þurfti einn maður að standa upp til að skemmta skrattanum. Verði honum að góðu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er að verða undarlegur flokkur, þessi Alþfl. Hann var nú alltaf dálítið skrýtinn á meðan Gylfi hugsaði einn fyrir hann. En hann er orðinn að algeru viðundri eftir að maður einn kom í flokkinn fyrir nokkrum árum sem núna hugsar í gegnum Gylfa og síðan sprikla aðrir angar eftir því. Það er alveg furðulegt með þennan flokk eða málsvara þessa flokks hérna á þingi, — flokk sem hefur tekið hér hvað eftir annað þátt í aðgerðum í kjaramálum til lausnar kjaradeilum og það á frumstigi, — hvað þeir berja sér hér á brjóst og eru hneykslaðir, hneykslaðir yfir því að það skuli sett brbl. sem banna verkföll, að það sé enginn í verkfalli, þrátt fyrir það að búið sé að margtyggja það hér í þá að verkföllum hefur ekki verið aflýst. Verkföllum var frestað af þessum sjómannafélögum og þau gátu sett verkfall á hvenær sem þeim sýndist, þessi félög sem löglega höfðu boðað verkfall.

Ég er þeirrar skoðunar að það versta, sem ríkisvald getur gert, sé að blanda sér í deilu einmitt þegar búið er að beita verkfallsvopninu og allt er á langviðkvæmasta stigi. Ég er alveg sammála öllum þessum mönnum um að æskilegast er að ríkisvald, hvar sem er í lýðfrjálsu landi, þurfi aldrei að beita sér fyrir lausn kjaradeilu með slíkum hætti. En þegar aðilar vinnumarkaðarins hafa haft 7 mánuði til stefnu að leysa deilu sem á að vera útrunnin ýmist á áramótum, eftir tvo mánuði eða í síðasta lagi 15. maí, þá er ekki verið að binda hendur fólks um alla framtíð með þessum brbl. Þetta hélt ég að menn skildu mætavel og jafnframt hitt, að það er ekki hægt og það er ekki sanngjarnt, eins og allt er í pottinn búið í sambandi við sjóðakerfisbreytinguna, að það eigi sumir aðilar innan sjómannasamtakanna að taka þátt í þessari breytingu, en aðrir eigi hagnaðinn sem leiði af breytingunni, en taki ekkert á sig á annan hátt. Þetta er það sem um er að ræða. Þetta er það sem skiptir máli. Það hefur ekki heldur verið á það minnst, að brbl. rétta enn hlut þeirra sem höfðu samið. Þeir fá lögfesta sáttatillögu sáttanefndar frá því í júlí. Á það er ekki minnst af hendi þeirra manna sem hér hafa verið að tala.

Hvað snertir lýðræði og þingræði, þá er það nú að verða eitt fyrirbrigði hjá Alþfl., túlkun á lýðræði og þingræði. Hann flutti hér till. um daginn, sem var fylgt úr hlaði í ítarlegri ræðu, um að Nd. Alþ. kjósi 5 manna n. sem í eigi sæti einn maður frá hverjum þingflokki. Það býðir að 12 þm. í d. eiga að skipa þrjá fulltrúa í n., en fulltrúar 28 þm. eiga að skipa tvo. Og svo þegar n. lýkur störfum, þá auðvitað verður sagt, ef hún skiptist í meiri hl. og minni hl., að meiri hl. n. hafði þessa skoðun og það var meiri hl. n. sem markaði þessa stefnu. Þetta er það þingræði og lýðræði sem Alþfl. nýi er nú búinn að gera að sínu æðsta hugsjónamáli eftir að sterki aðilinn fór að tala í gegnum Gylfa Þ. Gíslason.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 14. fundur.

Þriðjudaginn 2. nóv., að loknum 13. fundi.

Endurbygging raflínukerfisins í landinu, þáltill. (þskj. 53). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðasamningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þáltill. (þskj. 29). — Ein umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda langa framsögu fyrir þessari þáltill. Kemur þar hvort tveggja til, að hún er ákaflega einföld og áheyrendur ekki mjög margir heldur. En till. er svona:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að fullgilda samning um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum, sem

gerður var á 28. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 14. des. 1973 og prentaður er með till. þessari.“

Þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna var á sínum tíma falið að fjalla um þau vandamál sem risið hafa undanfarin ár vegna tíðra afbrota gegn erlendum sendiráðum og fulltrúum erlendra ríkja og hamlað hafa gegn eðlilegum viðgangi og eflingu vinsamlegra samskipta milli þjóða. Nefndin samdi samningstexta sem samþykktur var á 28. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 14. des. 1973. Markmið samningsins er að spyrna gegn þeirri þróun sem orðið hefur í þessum efnum og var hann undirritaður af Íslands hálfu 10. mars 1974. 45 ríki hafa undirritað samninginn, þar af 17 ríki þegar fullgilt hann, þeirra á meðal Danmörk og Svíþjóð. Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir að 22 ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

Óskað var álits hegningarlaganefndar á því, hvort breyta þyrfti íslenskum lögum til þess að unnt væri að fullgilda milliríkjasamning þennan. N. taldi ekki þörf annarra lagabreytinga en þeirrar, að bætt yrði ákvæði við 6. gr. almennra hegningarlaga til þess að rýmka um refsilögsögu Íslands, svo að hún tæki með vissu til brota og brotamanna sem samningurinn fjallar um. Þá breytingu samþykkti síðasta Alþ., sbr. lög nr. 24 frá 6. maí 1976, og mun okkur öllum eflaust í fersku minni.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fara að rekja efni samningsins. Hann er, eins og ég áður greindi, prentaður sem fskj. með þáltill. þessari. Ég legg því til að þessari umr. verði frestað og þáltill. vísað til hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts, þáltill. (þskj. 39). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 39 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að sem fyrst verði rannsakaðir möguleikar til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts.“

Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. En það er skoðun flm. að þau rök, sem mæltu með flutningi till. þá, séu enn í fullu gildi eða jafnvel enn þá sterkari.

Eins og fram kom í framsögu um þessa till. þá, hafa verið gerðar lauslegar athuganir á virkjunarmöguleikum á þessu vatnasvæði og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens gert drög að virkjunaráætlun. En til þess að ljúka frekari rannsóknum þarf að gera á þessu svæði miklu meiri kortlagningu en þegar hefur verið gerð og ýmsar aðrar athuganir, m. a. um áhrif á umhverfi sem hugsanleg virkjun þarna hefði. Á s. l. sumri var þó gerð nokkur skoðun á þessu svæði og hún styrkti þá, sem athuguðu málið, í þeirri trú að þarna væri um einhverja hagkvæmustu virkjunaraðstöðu að ræða sem völ er á á landinu. Í fyrri áætlun eða drögum að áætlun var gert ráð fyrir að þarna mætti reisa 350—400 mw. virkjun. Við þessa athugun á s. l. sumri töldu þeir sennilegt að þarna mætti jafnvel bæta einhverju við.

Hér er vitanlega um svo stóra framkvæmd að ræða, að það er vart hugsanlegt að þetta verði gert í einum áfanga. En sérfræðingar telja að það sé möguleiki að skipta þessu verki í einhverja áfanga sem yrðu okkur viðráðanlegir. En það er vitanlega mjög mikils virði fyrir okkur að vita hvaða möguleika við höfum í þessum efnum til þess að geta tekið þá bestu kosti sem völ er á hverju sinni þegar þörf krefur og ákvörðun þarf að taka um framhaldandi virkjanir. Ég vil því vænta þess að Alþ. sjái sér fært að afgreiða þessa till. nú. Ég legg til að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn. til meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík 3. nóv. 1976.

Skv. beiðni Eggerts G. Þorsteinssonar, 4. landsk. þm., sem nú er á förum til útlanda af heilsufarsástæðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson útibússtjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Benedikt Gröndal,
varaform. þingfl. Alþfl.“

Bragi Sigurjónsson hefur tekið sæti á Alþ. fyrr á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Kaup og kjör sjómanna, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er flutt, er til staðfestingar brbl. um kaup og kjör sjómanna sem gefin voru út 6. sept. á þessu hausti.

Eins og þdm. er í fersku minni, fór fram endurskoðun á hinu svokallaða sjóðakerfi sjávarútvegsins. Til þeirrar endurskoðunar kom vegna beiðni fulltrúa sjómanna og útvegsmanna um að ríkisstj. skipaði n. til þess að láta fara fram ítarlega athugun á sjóðakerfinu og gera tillögur um breytingar á því. Ríkisstj. varð við þessari beiðni, og mér var falið að skipa þessa n. Í henni áttu sæti fulltrúar Sjómannasambands Íslands, fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Alþýðusambands Austfjarða, Alþýðusambands Vestfjarða og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þessi n. tók fljótlega til starfa undir forustu for-

stjóra Þjóðhagsstofnunarinnar, Jóns Sigurðssonar, sem var eini fulltrúi ríkisvaldsins í n., og hún vann mjög mikið og vandasamt starf. En forsendur þess, að undir það samkomulag væri ritað, voru þær, að ríkisvaldið tæki á sig ákveðnar skuldbindingar til lausnar þessu vandamáli og deilumáli sem búið var að vera um alllangt skeið.

Ég átti mjög marga fundi með formanni n., og sömuleiðis átti ég fund með n. allri og það oftar en einu sinni til þess að ná samkomulagi um tiltekin deiluatriði sem þar bar á milli. Annars vegar voru kröfur um algjört afnám velflestra sjóða, hins vegar voru aftur kröfur um takmarkaðar breytingar. Þó var sérstaklega viðkvæmt mál Stofnfjársjóður fiskiskipa, og gerðu útgerðarmenn þær kröfur að hann yrði óbreyttur frá því sem hann var í lögum. En samkomulag varð þar um nokkrar breytingar. Allt þetta leiddi af sér að samkomulag náðist eða í raun og veru samningur í þessari n., sem undirritaður var með yfirlýsingu þar sem aðilar lýsa því yfir að þeir eru samþykkir framlögðum drögum að kjarasamningum aðila og samningarnir verði undirritaðir þegar ákvörðun um fiskverð frá 15. febr. 1976 liggur fyrir í samræmi við forsendur samningsdraganna.

Breytingin á sjóðakerfinu gerði kleift að hækka almennt fiskverð mjög verulega, og er talið að dómi Þjóðhagsstofnunarinnar að hækkun fiskverðsins hafi verið að meðaltali um 33% vegna þessara kerfisbreytinga á sjóðunum.

N. sendi mér till. sínar um frv. til l. um útflutningsgjald og frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa og lagði á það megináherslu, að hér væri um samningsatriði að ræða á milli aðila vinnumarkaðarins sem ekki mætti breyta af ríkisvaldinu, ekki á nokkurn hátt efnislega. Þessi frv. voru því lögð fram hér á hv. Alþ. efnislega óbreytt og í fullu samræmi við óskir og samþykktir þessarar n. Alþ. sýndi þessum málum mikinn áhuga og greiddi fyrir að málin næðu fram að ganga á mjög skömmum tíma. Og þessi frv. urðu að lögum. Þau voru forsenda fiskverðshækkunarinnar, og forsenda þeirra var að um kaup og kjarasamninga tæki gildi það samkomulag sem aðilar gerðu með sér.

Mér var á það bent af fleiri en einum að rétt væri að setja inn í lög um útflutningsgjald og lög um Stofnfjársjóð fiskiskipa að þessi lög tækju ekki gildi fyrrr en kjarasamningar væru undirritaðir og tækju gildi. Ég vissi alveg hvernig þessi mál stóðu. Ég vissi að sumir aðilar vildu ekki breytingar á sjóðakerfinu, og ég vissi enn fremur að innan sjómannasamtakanna var mikill klofningur um hversu langt skyldi ganga og jafnframt var stórágreiningur um hvaða aðferð ætti að beita í samningsgerðinni. Þar komu til greina tvær leiðir. Önnur leiðin var lækkun skiptaprósentunnar frá gildandi samningum að þessum hluta sem fulltrúar sjómanna í n. höfðu fallist á. Hins vegar var uppi till. um að taka upp svokallaða aðfangaprósentu sérstaklega vegna þeirrar miklu breytingar sem afnám sjóðakerfisins leiddi af sér, að útgerðin yrði að taka á sig alla olíuverðshækkunina við niðurlagningu Olíusjóðsins. Það voru einkum yfirmennirnir — eða Farmanna- og fiskimannasamband Íslands — sem héldu fram að þessi leið væri miklu eðlilegri að fara í þessum breytingum. En fulltrúar undirmanna í stéttarfélögum sjómanna, sem tóku þátt í samningsgerðinni, töldu að það væri betri aðferð að breyta skiptaprósentunni, það hefði fyrir allmörgum árum áunnist að olíufrádráttur var lagður niður með öllu og hann lagður á útgerðarmennina. Rök hinna voru þau, að þetta háa verð á olíunni hlyti að vera tímabundið og því væri rétt að líta til þess eins og á stæði, en halda sér að öðru leyti við óbreytta skiptaprósentu. Í þessu stappi var staðið þó nokkra stund, og það varð svo að lokum ofan á að skiptaprósentuleiðin varð fyrir valinu, því að ekki var hægt að hafa aðra aðferð fyrir yfirmenn og aðra fyrir undirmenn. Þetta skapaði strax allmikla óánægju hjá mönnum.

Ég sagði áðan að mér hefði verið í lófa lagið og sömuleiðis hverjum þm. að setja ákvæði um að lögin tækju ekki gildi fyrr en allt lægi fyrir. En þá væru ekki heldur í dag orðnar neinar breytingar á sjóðakerfinu. Ég treysti á undirskriftir og drengskap manna að standa við sínar undirskriftir. Það leyfði ég mér að gera. Það var alls ekki ætlun nokkurs manns að sjómenn fengju 33% fiskverðshækkun út á þessa grundvallarbreytingu og tækju ekkert tillit til þess í sínum kjarasamningum.

Síðan voru þessir samningar lagðir undir atkvæði í stéttarfélögunum, og þá gerist það, að þeir eru samþ. í nokkrum félögum, en felldir í öðrum, og það kemst á þvílík ringulreið í samtökum sjómanna að það fær enginn við neitt ráðið. Þessir félagsfundir voru mjög fámennir víðast hvar, ef ekki alls staðar, og í atkvgr. voru samningar ýmist felldir eða samþ. með örfárra atkvæða mun. Allt niður í 5 félagsmenn í einstöku félagi tóku á félagsfundi þátt í afgreiðslu þessara mála. (**Gripið fram í:** Af hvað mörgum félögum í allt?) Það var auðvitað misjafnt. En það hafa verið vafalaust 60, 70, 80, 100 félagar og nokkur hundruð félaga þar sem atkv. greiddu kannske 12, 15. Í sannleika sagt var þessi þátttaka alveg hörmuleg, og ég skal koma betur inn á það síðar.

En í stað þess að halda verkfalli áfram, eins og búið var að tilkynna og verkfall var hafið, þá leystist verkfallið upp án þess að því væri aflýst og hefur ekki verið aflýst enn. Menn, sem greiddu atkv. á móti samningnum í sínu stéttarfélagi, fóru í aðra verstöð og réðu sig þar á báta, þar sem höfðu verið samþ. samningar. Svona var ringulreiðin orðin á öllum sviðum, því miður.

Tvö sambönd, Alþýðusamband Austurlands og Alþýðusamband Vestfjarða, skrifuðu undir yfirlýsinguna um skuldbindingu að ganga til samninga með fyrirvara um sérsamninga, um sérkröfur í sínum byggðarlögum. Alþýðusamband Austurlands fylgdi þessum fyrirvara sínum eftir með viðræðum við sína viðsemjendur um sérsamninga og náðist samkomulag þar um sem var undirritað af trúnaðarmönnum beggja. Aftur fóru samningar þar undir atkv. og voru felldir. En Alþýðusamband Vestfjarða hafði nokkuð annan hátt á. Það undirritaði þetta skýlausa samkomulag, en fór aldrei, ekki af neinni alvöru, í neinar samningaviðræður við sína viðsemjendur og lét þetta lönd og leið. Mér finnst rétt að lesa hér upp það samkomulag sem þessir aðilar allir gerðu

og undirritað er 8. febr. á þessu ári, en þar segir:

„Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, fyrir hönd sjómanna, og Landssamband íslenskra útvegsmanna og Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, fyrir hönd útvegsmanna, gera með sér samkomulag um eftirgreind atriði:

1. Þar sem ríkisstj. hefur lýst því yfir að hún hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við tillögur og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðilar því yfir, að þeir muni gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir, um kjör sjómanna á grundvelli tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslu n., dagsettri 19. janúar 1976.
2. Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því, að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.
3. Aðilar þessa samkomulags gera ráð fyrir að ríkisstj. láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum (þ. e. 500 brúttólestir og yfir) við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. bréf sjútvrn. til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, dags. 3. júlí 1975."

Og undir þetta rita f. h. Sjómannasambands Íslands Jón Sigurðsson, f. h. Farmanna- og fiskimannasambandsins Ingólfur Stefánsson, f. h. Alþýðusambands Austurlands Sigfinnur Karlsson, f. h. Alþýðusambands Vestfjarða Pétur Sigurðsson og f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna Kristján Ragnarsson og f. h. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda Ingimar Einarsson.

Samkvæmt þessu og því öðru, sem ég hef sagt hér áður um þessi mál, hangir þetta allt saman: kerfisbreytingin á sjóðunum, fiskverðshækkunin og samningar um kaup og kjör sjómanna, miðað við þessar breytingar eins og saminganefndin lagði fyrir.

Hitt er aftur rétt, að vitaskuld eru allir samningar háðir því að félagsmenn samþ. þá. En þegar samningar eru felldir, þá er um leið verið að fella þessa kerfisbreytingu og þá má því segja að þeir, sem ekki vilji semja upp á þessi býti, hafi hafnað kerfisbreytingunni, hafi hafnað því að leggja niður sjóðakerfið í þessari mynd og hafnað því að fá þá fiskverðshækkun sem leiddi af sjóðakerfisbreytingunni. Hinir, sem sömdu, áttu fullan rétt á því að fá þetta, því þeir höfðu staðið við þessa samninga. Útvegsmenn og aðrir, sem skrifuðu undir samkomulagið, skrifa undir það á sömu forsendu og fulltrúar sjómanna, að þetta hangi allt saman, þetta sé allt í einum pakka til þess að það nái fram að ganga.

Sáttanefnd ríkisins hélt, þrátt fyrir þessa afgreiðslu á samningunum áfram sínum störfum, að vísu með mjög löngum hléum, — það má segja að þar hafi átt sér stað löng hlé, af þeirri einu ástæðu að menn töldu rétt að bíða um sinn, sjá hvort eitthvað rættist úr. Svo er í júlímánuði, — ég held að það hafi verið 28. júlí, — borin fram till. sáttanefndar sem felur í sér nokkra breytingu til hins betra fyrir sjómenn. Sú till. var til lítillar gleði útvegsmönnum. Ég átti margar viðræður við þessa aðila alla og m. a. reyndi ég eins og ég mögulega gat að hafa þau áhrif á útgerðarmenn, að þeir samþykktu þessa sáttatillögu, og sömuleiðis á forvígismenn sjómannasamtakanna, að þeir skýrðu þessa sáttatill. og samningsgerð alla miklu betur fyrir sínum félagsmönnum en gert var í febr. og síðar á þeim fámennu fundum sem voru haldnir. Ég þori að fullyrða að það hafi verið mikill misbrestur á því að leiðtogar sjómanna hafi fylgt þessum málum eftir. Það var ákveðið að hafa almenna atkvgr. í félögum þeirra, og hún fór á þann veg að það tóku 274 þátt í atkvgr. og miðlunartillaga sáttanefndar var felld með 140 atkv. gegn 122, 7 seðlar voru auðir og 5 ógildir. Til marks um þátttöku í atkvgr., sem stóð í heilan mánuð, þykir mér rétt að upplýsa hvernig þátttakan var í hinum einstöku félögum:

Sjómannafélag Reykjavíkur, þar greiddu 18 atkv., í Aftureldingu, Hellissandi, 12, Jökli á Ólafsvík 9, Stjörnunni á Grundarfirði 25, Verkalýðsfélagi Stykkishólms 26, Fram á Sauðárkróki 17, Arsæl á Hofsósi 4, Vöku á Siglufirði 11, Sjómannafélagi Eyjafjarðar 46, Jökli, Hornafirði, 13 og Verkalýðs- og sjómannafélögum Miðneshrepps 6, Gerðahrepps 5, Keflavíkur 19, í Vélstjórafélagi Suðurnesja 36 og í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar 21.

Þetta er dapurleg útkoma á atkvgr. við þriðju gerð til sátta í þessari deilu í jafnfjölmennum samtökum og sjómannasamtökin eru. Það má segja að í aðildarfélögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafi atkvgr. þó verið nokkru betur sótt, en þar fór fram landsatkvgr. um alla samninga í einu lagi og voru atkv. talin þar 16. mars. Þar voru samningarnir felldir með 198:135 atkv., svo að þrátt fyrir þessi úrslit voru auðvitað skoðanir þeirra, sem þátt tóku í atkvgr. mjög skiptar um samningana. Hins vegar var hinn aðilinn, vinnuveitendur. Þeir samþykktu þessa samninga, bæði þessa og sáttatillöguna frá 28. júlí.

Þessi brbl., sem út voru gefin 6. sept., kveða á um það, að samningar þeir, sem saminganefndir sjómanna og útgerðarmanna undirrituðu 29. febr. á þessu ári, 1. og 27. mars, 14. maí og 28. júlí, en það var sáttatillaga sáttanefndarinnar, og eru prentaðir sem fskj. með þessu frv., þeir skuli gilda um kaup og kjör sjómanna um land allt, eftir því sem við á fyrir hvert félag sem aðild átti að þeim og fyrir það tímabil sem samningarnir kveða á um. Fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum, skulu þeir einnig ákveða kaup og kjör, eftir því sem við getur átt og með þeim hætti sem tíðkast hefur. Með því orðalagi er því náð, að þar sem hlutfallið var annað á skiptaprósentu, þar sem það var hlutfallslega hærra en á þeim stöðum þar sem samningarnir voru samþykktir,

þá ætti það skiptahlutfall að haldast. Samningurinn frá 28. júlí á einnig að gilda, eftir því sem við á, fyrir þau félög sjómanna sem ekki áttu aðild að honum.

Í 2. gr. þessara brbl. segir, að „verkbönn og verkföll, þ. á m. samúðarverkföll eða aðrar aðgerðir í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, sbr. 17. gr. l. nr. 88 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þó er samningsaðilum, sbr. 1. gr., heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum, en eigi má knýja þær breytingar fram með vinnustöðvun.“ Varðandi það, sem hefur verið sagt allvíða og síðast í gær í „prologus“ fyrir þessari umr. um lagafrv. í viðkomandi deild, að það hafi ekkert verkfall verið og því ástæðulaust að banna verkföll og verkbönn, þá hefur verkföllum ekki, eins og ég sagði áðan, verið aflýst. Verkföllin gufuðu upp vegna þess að félögin réðu ekki við sína meðlimi. Þess vegna var hægt að fara í þetta verkfall hvenær sem var. En það, sem máli skiptir, og það, sem er kjarni þessa máls frá byrjun og til þessa dags, er að það sé staðið við það sem um var samið og allt hékk saman og allir treystu að mundi ganga fram. Það var ekki verið að knýja þessa samninga fram á nokkrum dögum eða vikum. Það er búið að vera í 7 mánuði að basla með þetta fram og til baka með þessum líka glæsilega árangri, eins og síðasta atkvgr. segir til um. Það er ekki verið að binda hér hendur samningsaðila eða launþega langt fram í tímann. Það er verið að binda stóru samninganna við stærri gerðir togara til áramóta, en þá renna þeir út samkv. ákvæðum þeirra samninga og þá geta auðvitað aðilar hafið sínar samningaumleitanir, en aðrir samningar renna út 15. maí og þá liggur auðvitað það sama fyrir og áður. Það er ekki hægt að lifa í sambúð á milli sjómanna og útgerðarmanna með þeim hætti sem hafði skapast, og það er raunasaga út af fyrir sig hvernig sumir menn hafa tekið þessu, tekið því með miklu upphlaupi og brambolti, en létu sér fátt um finnast, þegar verið var að leita sátta og láta fara fram atkvgr. með þeim hætti sem ég hef þegar lýst. Þá var enginn áhugi á því að hvetja sjómenn eða meðlimi sjómannafélaganna til þess að neyta síns atkvæðisréttar og sýna það svart á hvítu hver var vilji félagsmanna almennt. Þá var enginn hvattur til neins og menn héldu að sér höndum í þessum efnum. En þegar á að skera á og ganga eftir því að haldið sé við það samkomulag sem gert var og ég lýsti hér í upphafi, þá er genginn berserksgangur með lista, sem er hér afhentur í gær, búið að panta ræðumann sérstaklega til þess að tala utan dagskrár og undirbúa hann undir það. Eitthvað hafði þó skolast til í því hlutverki öllu, því að hann byrjaði á því að tilkynna að mér hefðu verið afhentir þessir listar, en það var þá þegar til kom að forseta Sþ. voru auðvitað afhentir listarnir, sendir niður í Alþingi. Eitthvað hafði það nú farið forgörðum.

Ég lít á þetta mál — og bið engan afsökunar á því — ég lít á þetta frumhlaup allt sem ósköp lítilfjörlegan skripaleik í einu orði sagt. Hér er ekkert verið að koma inn á kjaramál sjómanna að öðru leyti en því, að það er verið að lögfesta að þeir, sem njóta hækkaðs fiskverðs vegna kerfisbreytingarinnar, verði allir að taka þátt í því sama. Annað væri mismunun, að ætla að láta þá, sem höfðu samið, taka það á sig, hina, sem neita að semja, vilja ekki einu sinni ræða samninga af neinni alvöru, fá 33% fiskverðshækkun og ekki taka tillit til neins sem var að gerast í kringum þá. Þeir hefðu þá átt að segja strax: Við viljum þetta ekki. — Þá var það ákveðið að sjóðakerfisbreytingin ætti sér ekki stað.

Ég get ekki látið svo hjá líða að fylgja þessu máli úr hlaði að ég nefni ekki þær breytingar sem orðið hafa á fiskverði, á skiptaverði, á árunum 1974—1976. Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var vísitala skiptaverðmætis botnfiskafla 51% hærri í ársbyrjun 1976 en tveimur árum fyrr, humarafla 43% hærri, hörpudisksafla 113% hærri, en hins vegar lækkaði vísitala skiptaverðmætis rækjuafla um 4% og loðnuafla um 16% á þessu tímabili vegna verðlækkana á erlendum mörkuðum. Þegar gert er ráð fyrir því að veitt hafi verið hlutfallslega jafnmikið af einstökum fisktegundum á tímabilinu frá 1. jan. til 15. febr. 1976 og á sama tíma á árinu 1975, þá hefur vísitala skiptaverðmætis alls afla verið að meðaltali 45% hærri í ársbyrjun 1976 en tveimur árum fyrr. Almennt fiskverð var óbreytt frá janúarbyrjun til ágústloka á árinu 1974, en hefur síðan hækkað nokkuð, bæði 1. jan., 1. júní og 1. okt. ár hvert. Við sjóðakerfisbreytinguna 16. febr. hækkar fiskverð verulega, og ef gert er ráð fyrir sömu samsetningu á botnfiskafla 1976 og var 1975, þá hefur skiptaverðmæti þess afla hækkað um 33% við sjóðakerfisbreytinguna samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Humarverðið hækkaði um 67%, rækjuverð um 38% og verð á hörpudiski um 35%. Eftir sjóðakerfisbreytinguna hefur almennt fiskverð hækkað tvívegis: 1. júlí og 1. okt. Auk þess hækkaði verð á karfa um 46% frá 8. júní og til áramóta. Það var í og með gert til þess að auka sóknina í karfann og þar með að minnka sóknina í þorskinn að taka þetta stóra stökk. Það fékkst ekki allt með verðbreytingum erlendis á þeim tíma, en hluti af því, en ríkissjóður tók ábyrgð á viðmiðunarverði Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins.

Samtals hefur almennt fiskverð hækkað um 63% frá því fyrir sjóðakerfisbreytingu, miðað við sömu aflasamsetningu og 1975, og um 146% frá ársbyrjun 1974 eða réttara sagt frá ágústlokum 1974, því að verðið var óbreytt það ár til 1. sept. Humarverðið hefur hækkað um 87% frá sjóðakerfisbreytingu, en um 167% frá ágúst 1974. Rækjuverð hefur hækkað um 90% frá 15. febr., en ekki nema um 82% frá árinu 1974 vegna lækkunar á rækjuverði á tímabilinu. Verð á hörpudiski hefur hækkað um 19% frá því fyrir sjóðabreytingu, en það hefur nú lækkað seinni hluta þessa árs, en hækkað þrátt fyrir það um 154% frá 1. sept. 1974. Miðað við að hlutfallsleg skipting verðmætis milli fisktegunda hafi verið sú sama á árinu 1976 og var 1975, þá hefur skiptaverðmæti alls afla hækkað að meðaltali um 32% við sjóðakerfisbreytinguna, 33% hið almenna fiskverð, en minna aftur verð á öðrum tegundum, þannig að Þjóðhagsstofnun telur

að meðaltalsverðhækkunin sé 32%, og um 61% frá því sem var fyrir hana og um 133% frá 1. sept. 1974.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég hef skýrt aðdragandann og ég undirstrika það, að þessi brbl. eru ekki sett til þess að blanda sér almennt í kjaradeilu á milli sjómanna og útvegsmanna, heldur fyrst og fremst til þess að samræmis sé gætt í þeim samnnigum sem fóru fram á þessu tímabili og voru forsenda þess að þessi kerfisbreyting gæti átt sér stað, að fiskverð hækkaði og samkomulag næðist um kaup og kjör.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég er andvígur því frv. sem hér er til umr., vegna þess að ég er almennt andvígur því að Alþ. ákvarði kaup og kjör félagsmanna í stéttarfélögum. Stundum hafa slíkar ákvarðanir Alþ. verið afsakaðar með því að í húfi væru umtalsverð framleiðsluverðmæti, framleiðslustarfsemi hafi verið felld niður. Því var ekki til að dreifa þegar þessi brbl. voru sett. Ekki einn einasti bátur lá við bryggju vegna ágreinings um kjör sjómanna. Ágreiningurinn var fyrir hendi, en vinnustöðvun ekki og virtist ekki á næsta leiti. Framleiðslustöðvun, sem þeir, sem tíðum vilja afgreiða kjaramál með lagasetningu, nota sér til réttlætingar, var því ekki grundvöllur að setningu þessara brbl. Miklu fremur má halda því fram, að setning laganna gæti valdið rekstrarstöðvun framleiðslutækjanna. Þótt í brbl. felist bann við vinnustöðvunum í því skyni að knýja fram breytingar á þeim samningum sem þar eru lögfestir, þá getur engin lagasetning knúið sjómenn til að róa ef lagasetning og valdboð um kjör þeirra hvetur þá til að fara úr skiprúmi í mótmælaskyni. Engin lagasetning getur hindrað sjómenn í því að reyna með þeim hætti til þrautar að bæta kjör sín.

Sjómenn hafa líklega meira en nokkur önnur starfsstétt orðið fyrir lagasetningum og valdboði um kaup og kjör. E. t. v. er ástæðulaust að gera upp á milli slíkra aðgerða gagnvart þeim, og það breytir ekki afstöðu minni gagnvart þessum lögum þótt vissulega hafi sjómenn orðið fyrir harkalegri og afdrifaríkari árásum á kjör sín með lagasetningum af hálfu sjútvrh. Alþfl. á viðreisnarárunum, þegar verið var með lagaboði að ráðstafa verulegum hluta aflaverðmætis af óskiptum afla í hendur útgerðarinnar.

Óvenjulegt og flókið ástand hefur ríkt í kjaramálum sjómanna á þessu ári. Í framhaldi af mjög öflugum viðbrögðum sjómanna til þess að fá sjóðakerfi útgerðarinnar að sem mestu leyti fellt niður náði n. fulltrúa sjómanna, útgerðarmanna og ríkisvaldsins samkomulagi um hvað skyldi á því stigi málsins standa eftir af greiðslum af óskiptum afla í sjóðina, en hitt var óuppgert og hlaut að ákvarðast í kjarasamningum, hve mikið af fiskverðshækkun, sem leiddi af skerðingu sjóðakerfisins, kæmi í hlut sjómanna.

Til voru menn, og létu nokkuð til sín heyra, sem héldu því fram að þær lögbundnu greiðslur, sem áður fóru til sjóðanna af óskiptum afla, en voru nú lagðar niður, lægju á lausu á borði samningamanna í þeirri kjaradeilu sem sjómenn stóðu í við útgerðarmenn, til að tryggja sjómönnum alla hækkunina þyrfti ekki annað en röggsama og óhvikula samninganefndarmenn af hálfu sjómanna, samningamenn sem teldu ekki eftir sér að rétta út höndina eftir þessum fjármunum öllum með þeim einfalda hætti að halda óbreyttri skiptaprósentu. Ég held að þessar raddir hafi ekki auðveldað samninganefndarmönnum sjómanna störf þeirra í þágu sjómanna.

Niðurstaða kjarabaráttu og kjarasamninga byggist vissulega ekki á neinu sanngirnismati, ekki í þessu tilfelli frekar en endranær. Hér var ekki um það að tefla hvað teldist sanngjarnt og réttlátt að sjómenn fengju í sinn hlut fyrir erfið störf, langan vinnudag, slæman aðbúnað og fjarvistir frá heimilum. Niðurstaðan í samningaþófinu hlaut einfaldlega að byggjast á því afli sem samningamenn sjómanna styddust við frá félagsmönnum í sjómannasamtökunum. Kjarasamningar eru aflraun, og sannleikurinn er sá, að uppbygging sjómannasamtakanna, félagsstarfsemi þeirra og virkni félagsmanna var ekki með þeim hætti að það afl væri fyrir hendi sem dygði til þess að kjörum sjómanna yrði umbylt til hins betra í þessum einu samningum, þó svo að allir sjóðirnir sem greitt var í af aflaverðmæti, hefðu verið lagðir niður.

Það verður hver að meta fyrir sig hver árangur fyrir sjómenn fólst í þeim samningsdrögum sem samninganefndir undirrituðu með fyrirvara um samþykki félagsfunda, sem sumir samþykktu og aðrir felldu samningana. En mín skoðun er sú eftir að hafa setið alla samningafundina, að störf samninganefndarmanna sjómanna hafi verið með þeim hætti að þeir hafi náð árangri sem svarar fyllilega til þess afls sem þeir höfðu þá við að styðjast frá félögum sínum, og eftir því ber að dæma slík störf.

Það er allt annað mál hvað hver og einn telur að réttmætt væri að greiða sjómönnum fyrir störf þeirra, og hversu mjög sem ýmsa munar í að setjast að hæstv. sjútvrh., Matthíasi Bjarnasyni, þá held ég að það sé varhugavert óraunsæi að telja hann orsök þess að kjör sjómanna eru ekki í samræmi við það sem sanngjarnt væri og réttlátt. Hæstv. ráðh. er ekki höfuðvandamál sjómanna, það er sjómönnum enn nálægara.

Þegar hæstv. ráðh. lagði fram frv., sem samþ. voru á Alþ., um breytingar á sjóðakerfi sjávarútvegsins í samræmi við samkomulag sjómanna, útgerðarmanna og fulltrúa ríkisvaldsins, hafði hann að mínu mati réttmæta ástæðu til að gera ráð fyrir að nýir kjarasamningar yrðu gerðir í kjölfar samkomulagsins og í samhengi við breytingarnar á sjóðakerfinu og ekki aðeins hjá sumum sjómannafélögum, heldur öllum, hvort sem samningar þeirra voru lausir eða ekki.

Satt að segja held ég að enginn þeirra hv. alþm., sem ræddu frv. um sjóðabreytingarnar, hafi verið svo bjartsýnn fyrir hönd sjómanna að gera því skóna að öll hækkun fiskverðs vegna kerfisbreytinganna kæmi sjálfkrafa og óskert í þeirra hlut og þá jafnvel með þeim hætti að þeir kjarasamningar, sem þá voru bundir, giltu einfaldlega með óbreyttri skiptaprósentu til loka

samningstímans, samtímis því að sjómenn í öðrum sjóðafélögum tryggðu framgang sjóðakerfisbreytingarinnar m.a. með breyttum kjarasamningum.

Ég tel því að ekki hafi verið ástæðulaust með tilliti til eðlis málsins og þess samkomulags, sem fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna gerðu hinn 8. febr. s.l. og birt er sem viðbótarskjal með því frv. sem hér er til umr., að tengd væri saman gildistaka laga um afnám sjóðakerfisins í þeim mæli sem um hafði verið samið og gildistaka nýrra kjarasamninga allra sjómannafélaga og útgerðarmanna. Í þeim kjarasamningum hefðu sjómenn að sjálfsögðu beitt öllum samtakamætti sínum, verkföllum ef með þyrfti að þeirra mati, til að tryggja sér sem allra mestan hlut af þeirri hækkun fiskverðs sem hlytist af breytingum á sjóðakerfinu. Að gerðum slíkum samningum hefði síðan sjóðakerfisbreytingin tekið gildi og aldrei komið til þeirrar flækju sem kjaramálin lentu í. Í þeirri málsmeðferð þurfti ekki að felast neitt vantraust á undirritun þeirra aðila sem stóðu að samkomulaginu frá 8. febr. Sú undirritun gat aldrei staðið fyrir meiru en texti samkomulagsins sagði til um. Umboð til að opna bundna samninga hlutu formenn sjómannasamtakanna að þurfa að sækja til félagsmanna sinna.

Það er ástæðulaust að ég reki hvað síðan gerðist í þessum málum. Kjarasamningar voru samþykktir í nokkrum veigamiklum útgerðarstöðvum, felldir annars staðar og ekki bornir upp sums staðar, þar sem samningar voru bundnir fyrir. Alls staðar var þó róið og ný samkomulagsdrög, *þar sem samningar voru lausir, borin upp og felld* af sjómönnum við sameiginlega atkvgr., en samþ. af útgerðarmönnum. Enn var róið alls staðar og réttur sjómanna ótvíræður til að grípa til lögmætra og venjulegra aðgerða til að knýja á um nýja og hagstæðari samninga þegar þeir teldu *tímabærast og hentugast. Á sama hátt var ótvíræður* réttur þeirra sjómanna, sem voru með bundna samninga, að fá úr því skorið fyrir dómstólum hver réttur fælist í þeim samningum gagnvart nýju fiskverði.

Þessi réttur sjómanna hvarvetna um landið, raunverulegur samningsréttur styrktur með rétti til verkfallsboðunar og verkfalls og réttur til að láta meta gildandi samninga fyrir dómstólum, hefur verið brotinn niður með brbl. sem hér er leitað eftir staðfestingu á. Brbl. hæstv. sjútvrh. eru árás á samningsfrelsi sjómanna. Þótt sjómenn, sem fellt hafa till. að nýjum kjarasamningum, hafi ekki beitt afli samtaka sinna til hins ítrasta til að ljúka samningum, þá eiga þeir að hafa áfram réttinn til að beita slíkum aðgerðum þegar þeir kjósa. Það er skerðing mannréttinda að svipta þá þeim rétti. Þess vegna er ég andvígur þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því.

Þau sjómannafélög, sem telja sig eiga rétt á aflahlut samkv. skiptaprósentu í samningum sem voru gerðir áður en sjóðakerfinu var breytt, — samnnigum sem hvorugur samningsaðila hefur sagt upp, eiga rétt á úrskurði dómstóla um þann rétt sinn. Alþ. á ekki að svipta sjómenn þeim rétti með því að lögfesta önnur launakjör. Slíkar aðgerðir eru skerðing á mannréttindum. Þess vegna á að fella þetta frv.

Kjarabarátta sjómanna hefur oft verið erið erfið og þeir mátt þola harðari aðfarir Alþ. að kjörum sínum og hagsmunum en nokkur önnur stétt, bæði í tíð viðreisnarstjórnarinnar og þeirrar sem nú situr. Ástæðurnar til þess, að slíkar ríkisstjórnir hafa talið og telja sér fært að beita sjómenn slíkum aðgerðum, er fyrst og fremst að leita í félagsmálum þeirra sjálfra.

Ég sagði hér áðan eitthvað á þá leið, að hæstv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, væri ekki höfuðvandamál sjómannastéttarinnar, þótt ýmsir andstæðingar hans vilji láta líta svo út. Ráð sjómanna eru í raun ekki í hendi hæstv. sjútvrh., Matthíasar Bjarnasonar, eða nokkurs þess manns sem gegnir stöðu sjútvrh. á hverjum tíma. Þau eru í hendi sjómanna sjálfra. Enginn getur tryggt þeim varanlegan framgang hagsmunamála þeirra nema þeir sjálfir með eigin styrk stéttarsamtaka sinna. Til þess þarf sá styrkur að vera fyrir hendi. Og enginn getur ráðist gegn kjörum sjómanna með árangri nema þeir hafi vanrækt að efla sinn eigin styrk, og það hafa þeir gert of lengi. Árangur sjómanna í kjarabaráttu ræðst af því afli sem þeir sjálfir leggja til með skipulögðum félagssamtökum, samstöðu og stéttvísi.

Þinglið Sjálfstfl. og Framsfl. hér á hv. Alþ. mun eflaust samþykkja staðfestingu þeirra brbl., sem um sinn hafa svipt sjómenn verkfallsrétti og þar með samningsrétti í raun. Við því verður ekki spornað hér á hv. Alþ. En þess er að vænta að setning brbl. hafi það einnig í för með sér að sjómenn vakni til vitundar um nauðsyn þess að efla nú svo samtakamátt sinn að engin ríkisstj. *treystist til þess framar að svipta þá raunverulegum* samningsrétti með lögum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þau brbl., sem hér eru til umr., hafa, eins og hæstv. sjútvrh. gerði grein fyrir, átt langan aðdraganda. *En þrátt fyrir skýringar hans í dag og einnig* í gær sannfærðist ég ekki um nauðsyn á gildi þeirra, og við í Alþfl. erum á móti þeim eins og þau hefur borið að, og þó einkum 2. gr. l., því að forsenda fyrir nauðsyn brbl. samkv. stjórnarskrá er auðvitað að leysa mjög harðar vinnudeilur í landinu, en því var ekki til að dreifa í þessu tilfelli.

Um það hvernig sjómenn stóðu að sínum málum, hafði ráðh. eitt orð. Hann kallaði það skripaleik. Það er hans mál. Ég vil miklu fremur taka undir orð síðasta ræðumanns, að ýmis atvik í röðum sjómanna um margra ára bil, og má fara tugi ára aftur í því sambandi, hafa verið þess valdandi að samtakamáttur þeirra er ekki sem skyldi. En að kalla framkomu sjómanna í þessu máli skripaleik, það má ráðh. einn hafa að sínu orðtaki.

Hann heldur því mjög fram að sú samninganefnd, sem fjallaði um breytingu á sjóðakerfinu, hafi haft, að því er manni skilst, skuldbindandi möguleika á því að koma málum sjómanna þannig fyrir að það lægi beint við að þeir samþykktu allt sem kæmi frá n. Þetta er alger fjarstæða. Hún vann sitt verk og gerði það vel, eins og ráðh. hefur skýrt, og menn deila ekki um það. En auðvitað gat hún bara lagt fram ákveðið samkomulag og gefið ákveðna möguleika að nýj-

um samningum. Hún hafði ekkert annað vald og hefur ekki fengið það í öllum tilfellum. Sums staðar var það staðfest sem hún gerði, annars staðar ekki. Og ráðh. las upp hversu sjómenn væru daufir í því efni að taka afstöðu til þessara mála og þeirra breytinga sem þeir höfðu þó mjög óskað eftir og að sumu leyti með sterkum mótmælum, að staðfesta vilja sinn í því efni.

En það veit hæstv. ráðh. um mörg ár í þessu efni varðandi sjómannasamninga, að samningar um allt land eru mjög mismunandi. Og ég sé ekki að nokkur ríkisstj. geti fært þá í eitt allsherjarform. Ég sé það ekki. Viðleitni þessa frv. er að gera það skilyrðislaust. Aðstæður á landinu eru svo mismunandi, að það hefur alltaf komið eitthvað í viðbót við sjálfa skiptaprósentuna, einhver sérsjónarmið, rétt eins og á sér stað á vinnusvæði t. d. Stór-Reykjavíkur. Það er dreginn ákveðinn hringur hér á Reykjavíkursvæðinu þar sem menn fá sérstök hlunnindi ef þeir fara út fyrir. Heildartímakaup er það sama, síðan kemur viss hlunnindatala, jafnvel frían ferðir, frítt fæði og margt fleira. Sama gildir um sjómannasamningana. Margir hafa sagt að þetta væri hvimleitt og erfitt, en óhugsandi er að afnema það með löggjöf.

Aðeins þetta eina atriði er nægilegt til þess að lýsa yfir andstöðu við þessa lagasetningu. Það má deila um það hverjir hafa ráðist mest á sjómenn og fært mest á milli. Mitt mat er það, að enginn hafi gengið lengra í því efni en hæstv. sjútvrh. á sínum tíma, Lúðvík Jósepsson, bæði í fyrri vinstri stjórn og einnig í síðari vinstri stjórn, a. m. k. í tölum talið, í krónutölu talið. En það er ekki alltaf hægt að bera krónurnar beint saman, og það er ekki heldur hægt með einföldu dæmi eins og hæstv. ráðh. las upp. Við verðum að jafna á milli í gengi og reikna það út þannig, og þá vandast málið mjög. En millifærslan fór sífellt vaxandi og var orðin slík að öllum ofbauð. Hún byrjaði hægt í tíð viðreisnar, en jókst hröðum skrefum og varð að milljarða millifærslu, svona mörgum milljörðum í tíð vinstri stjórnar, og svo hélt hún áfram í tíð hæstv. núv. ríkisstj. En mönnum ofbauð allt kerfið og það varð að stokka upp og það varð að brjóta það niður. Um það voru aðilar sammála. En ekki kom til greina að ein ákveðin n. fengi vald til þess að skipuleggja það þannig, að ef menn höfnuðu, eins og hæstv. ráðh. segir, þessu samkomulagi, þá skyldu þeir hafa eitthvert verð sem gilti áður og sjómenn höfðu æ ofan í æ mótmælt, það væri ranglátt og óréttlátt í alla staði og millifært með löggjöf hér á Alþ. í gegnum Olíusjóð og margt, margt fleira.

Nei, það samkomulag og sá grundvöllur, sem þessi starfsnefnd lagði fram, hlaut auðvitað að koma til umr. í viðkomandi sjómannafélagi, annað var óhugsandi, gersamlega óhugsandi. Það þýddi ekkert þá og þýddi ekki nú að segja: Annaðhvort takið þið við þessu eða hafið hið gamla. — Það var aldrei til umr. slík hugsun, aldrei hjá nokkrum manni. Það er tilbúningur hjá hæstv. ráðh. að segja slíkt skilyrðislaust og gera það skilyrt. Menn höfðu mótmælt þessu sívaxandi millifærslukerfi mjög eindregið. Það var ósanngjarnt, það var alla vega milli starfsgreina, það var milli svæða jafnvel, og náði ekki nokkurri átt að halda því í sívaxandi mæli áfram, svo að það hlaut að koma að því að einhverjir aðilar tækju það verk að sér að gera á því uppskurð og leggja fram nýjar till., sem væru grundvöllur að nýjum samningum. En þó að samkomulag næðist í því efni, eins og raun ber vitni, þá átti það ekki að verða með þeim hætti að annaðhvort segðu menn já eða nei skilyrðislaust og allt vera með sama hætti í uppgjöri um allt land. Það hefur enginn aðili vald til að ákveða slíkt og engin samninganefnd. Það getur vel verið að það hafi komið fram ábending á sínum tíma um að lögin tækju ekki gildi nema allir væru búnir að segja já við því samkomulagi sem þessi starfsnefnd lagði á borðið til þess að fella niður þessa miklu millifærslu. Það getur vel verið að þessi ábending hafi komið fram, ég man ekki eftir henni í ræðu hér á Alþ., og hún gat auðvitað komið fram í röðum sjómanna og útvegsmanna, að setja slíkan fyrirvara, þó tæplega nema hjá útvegsmönnum eða sem ábending til ráðh., eins og hann gat um áðan. En það er auðvitað algert aukaatriði. Það var eins og hæstv. ráðh. fann og sagði réttilega: slík löggjöf var ekki boðleg, og hann tók ekki heldur að sér slíkt hlutverk, það mundi enginn hafa gert, að setja slíka löggjöf eða reyna að koma í gegn lögum með slíkri hótun á bak við.

Að verðið ætti endilega að hækka um 33%, ef þetta yrði tekið til uppskurðar og sett nýtt kerfi, sú tala var aðeins breytileg, vegna þess að einu sinni heyrðist nefnt um 24—25%. Ég man eftir ræðu eins formanns eða forsvarsmanns a. m. k. yfirmanna samtakanna í útvarpi, og ég var svo heppinn að ég tók hana á segulband og á hana, ef hún væri glötuð annars staðar. Hann hélt því hiklaust fram að fiskurinn mundi a. m. k. hækka um 50% ef allt þetta væri fellt niður og jafnvel meira. (Sjútvrh.: Það átti við alla sjóði.) Já, það átti við alla sjóði. Síðan kom blessunarleg verðhækkun á erlendum markaði, þannig að þessar tölur geta hreyfst upp og niður, eins og allir þekkja til sem um þessi mál hafa fjallað. En meginefni þess, að menn eru óánægðir með þessi brbl., er að þau leysa raunverulega ekki þann hnút, sem um er að ræða, enn í dag og eins og hv. 11. landsk. kom inn á mjög vel í sinni ræðu og ég þarf ekki að endurtaka hér, málið er enn óleyst þrátt fyrir þessi lög og þrátt fyrir að þau verði staðfest. Brbl. í því tilfelli og þeirri neyð, sem þau eru réttlætanleg, eiga að hafa það í för með sér að þau leysi það vandamál sem þau eru að fjalla um. En ég tek alveg undir orð 11. landsk. um það, að þau gera það ekki. Þess vegna eru þau gagnslaus og ber að mótmæla þeim og fella.

Hæstv. ráðh. sagði, að lögin ættu að tryggja að staðið væri við það sem undir var ritað. En nefndin, sem fjallaði um uppskipti á þessu sjóðakerfi, hafði ekki það vald að geta sagt öðrum fyrir. Hún lagði til ákveðinn grundvöll, og því miður tókst ekki betur til um staðfestingu á þeim grundvelli en hér hefur verið rakið úr ræðustól og öllum hv. þm. er vel kunnugt um. En það eru sjálfsagt margar ástæður til þess að svo hefur til tekist: áhugaleysi sjómanna

þegar frá leið og þeir störfuðu við kannske mismunandi kjör og mismunandi túlkun í þessu máli, sumir sættu sig við fiskverðshækkunina, aðrir ekki, þeir sættu sig ekki við að fá ekki eitthvað meira, einhverja sérþætti fyrir sig á sínu svæði, eins og gengur. Við, sem höfum staðið í slíkum samningum og þekkjum til þessa hugsunarháttar víða um landið, skiljum það mætavel að menn vilja ekki gefa frjálst eftir, — alls ekki — ýmsar sérkröfur sem þeir hafa haft í fjöldamörg ár. Og það gera engin launþegasamtök — ekki nokkur. Það gera ríkisstarfsmenn ekki og það gera engin launþegasamtök. Þess vegna var útilokað að ætla að setja brbl. um þessa samninga sem áttu að þurrka út slíka ákvörðun. Það var gersamlega útilokað. Og það eitt hefði verið nægilegt að mínu mati til þess að sjómenn risu mjög öndverðir gagnvart slíkri lagasetningu.

Sjálfsagt fer svo, eins og hv. 11. landsk. spáði, að þessi sterki þingmeirihl. staðfesti lögin sem slík. En ég sé ekki — og undirstrika það enn einu sinni — að tilgangur þessara laga hafi verið réttlætanlegur, og hann mun ekki leysa þann vanda sem samningsmálin eru í í röðum sjómanna. Þess vegna ber að mótmæla þeim, og ég mótmæli þeim mjög eindregið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Sennilega hefði ég ekki kvatt mér hljóðs nú við 1. umr. um lagafrv. þetta ef ekki hefði verið stutt aths. hjá hv. síðasta ræðumanni, sem ég var efnislega sammála um flest það sem lýtur að lagafrv. sjálfu, gagnrýni hans eins og hún hljóðaði af hans vörum. Ég fann mig hins vegar til knúinn að gera örstutta aths. við afstöðu Alþfl. eins og hún kemur fram til þessa lagafrv. og brbl., sem þar er um fjallað, og kjaramála sjómanna nú á hinum síðustu dögum.

Hv. síðasti ræðumaður lét í ljós þá skoðun sína, að þó umdeilanlegt væri hvaða ráðh. hefði vegið harðast að kjörum sjómanna, þá mundi það nú sennilega vera Lúðvík Jósepsson í sinni ráðherratíð. Ég vænti þess ekki að hann bæri hér fram rök fyrir þessari fullyrðingu sinni, en vil vekja athygli á því, sem flestum er kunnugt, að enginn stjórnmálaflokkur íslenskur hefur borið meginsök á setningu jafnmargra brbl. til lausnar á vinnudeilum eins og Alþfl. Og það voru ráðh. Alþfl. sem öllum mönnum fremur stofnuðu hið illræmda sjóðakerfi sem hv. síðasti ræðumaður fjallaði um. Ég hygg að þeir hafi skotið stoðum undir alla þessa sjóði nema einn. En þetta er nú aðeins innskot, sem varð þó til þess að ég kvaddi mér hér hljóðs og hlýt að fjalla um lagafrv. þetta að öðru leyti.

Mér varð hugsað sem svo, þegar ég hlustaði á hæstv. sjútvrh. flytja greinargott yfirlit um sögulegan aðdraganda þessa lagafrv., að hörmulegt væri það, að niðurstaða þessa yfirlits skyldi verða svo greinarlítil og einhvern veginn tuðruleg eins og raun ber vitni. Mér er það býsna minnistætt er lagafrv. um breytingarnar á sjóðakerfinu voru til umr. í þessari hv. d. fyrir nær ári, að ráðh. lagði mjög mikla áherslu á þær staðhæfingar sínar að nýir kjarasamningar við sjómenn mundu taka gildi með samþykkt þessara lagafrv. Einmitt meðferð þessa máls á hv. Alþ. í fyrra og í viðræðunum við samninganefndir sjómanna þá ber þess vott í hvílíkt óefni er komið, sérstaklega um skilgreiningu á á ráðherravaldi og valdi ríkisstj. Því fer víðs fjarri að hægt sé að kenna sjómönnum í einstökum félögum, sem áttu ýmist enga, litla eða óbeina aðild að þessum viðræðum sem þá fóru fram, — það fer víðs fjarri að hægt sé að kenna þeim um það hvernig þarna fór. Ég viðurkenni að vísu að hið félagslega ástand sjómannasamtakanna var ekki með þeim hætti að búast mætti við því að samninganefndarmenn þeirra, fulltrúar þeirra, hefðu tök á hinum einstöku félögum. En þetta var hæstv. ráðh. fullkunnugt. Hann vissi hvers konar umboð það var sem samninganefndarmenn sjómanna höfðu, sem hann ræddi við um þessi mál. Það hafði þá fyrir skemmstu verið gerð alger uppreisn í kjarasamtökum sjómanna, sem hæstv. ráðh. var fullkunnugt um, þar sem þorri starfandi sjómanna, a. m. k. hér við Suðvesturlandið, lýsti í rauninni vantrausti á þá forustumenn sem farið höfðu með samningaumboð sjómanna fram að þeim tíma.

Hæstv. ráðh. segir að með frv. þessu vilji hann ekki skerða á neinn hátt kjör sjómanna. Þessu trúi ég, og með þeirri aths. að ráðh. láist hér að gera sér grein fyrir því, að verkfallsrétturinn er býsna snar þáttur af réttindum sjómanna og af kjörum þeirra. Ég afneita þeirri túlkun hæstv. ráðh., að með því að fella samningana, sem svo eru nefndir í 1. gr. þessa frv., hafi sjómenn um leið fellt breytingarnar á sjóðakerfinu. Ég hygg að í vitund sjómannanna, sem greiddu atkv. víðast hvar, hafi þessi hugrenningatengsl hæstv. ráðh. raunverulega ekki verið skiljanleg. Þeir voru að greiða atkv. um skiptaprósentu, en ekki um nein þau mál í raun og veru sem fjallað hafði verið um í viðræðunum um breytingarnar á sjóðakerfinu.

Ég óska þess að Alþ. felli þetta frv. um staðfestingu á brbl. frá því í sept., vafasömum, að ekki sé meira sagt, — vafasömum brbl. Ég óska þess að Alþ. felli þetta frv., vegna þess að það blasir alveg við okkur að sjómenn muni ekki hlíta þessum lögum. Það hefur þegar komið fram, þó að ég vilji ekki hnotabítast við hæstv. sjútvrh. um það hvort þessi brbl. hafi þegar verið brotin. Um slíkt má vafalaust teygja hrátt skinn lengi. En mér finnst það liggja í augum uppi, að þessi lög, þar sem kveðið er á um að samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febr. 1976, skuli gilda fyrir þau félög sjómanna sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum og að eigi megi knýja breytingar á þessum samningum fram með vinnustöðvun, — ég tel það alveg liggja í augum uppi að samtök sjómanna, sem nú virðast, guði sé lof, hafa vaknað til sjálfsmeðvitundar, muni brjóta þessi lög. Þau eru ósanngjörn og þau eru hættuleg, og ég vil ekki trúa því að þau félög sjómanna eða einstaklingar þeirra sjómannafélaga, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum, fáist til þess að viðurkenna það, að hér sé um að ræða samninga sem fengið hafi gildi við samþykkt. Ég tek að vísu undir þann ugg hv. tveggja síðustu ræðu-

manna, Jóns Ármanns og Geirs Gunnarssonar, — tek undir þann ugg þeirra að þinglið stjórnarflokkanna muni samþykkja frv. þetta, eins og allt er í pottinn búið. En ég er ákaflega hræddur um að þeir eigi eftir að sjá eftir því.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðum þriggja hv. þm.

Ég vil leiðrétta hv. 1. landsk. þm. að ég hefði kallað málsmeðferðina skrípaleik. Ég sagði að það hefði verið skrípaleikur á Alþ. í gær, en alls ekki málsmeðferð, hvorki sjómanna, atvinnurekenda né ríkisvalds, á þessu máli frá því að viðræður hófust um kaup og kjör og allt það sem hefur farið fram á eftir. Ég vil alls ekki kalla það, sem hefur farið fram í sjómannafélögunum eftir þetta, skrípaleik, síður en svo. Mér finnst það miklu frekar sorgarleikur eða raunalegt hve félögin hafa verið veik og ósamstæð. Og ég held að það sé ekki styrkur fyrir ríkisvald á hverjum tíma að aðilar vinnumarkaðarins eigi ekki sterk félög til þess að semja og tala saman Ekkert er meira virði en að þessi aðildarfélög séu sterk og samheldni þar til þess að ná samningum og setja metnað sinn í að ná samningum um kaup og kjör, þannig að það eigi aldrei að koma til kasta ríkisvaldsins. Þetta er ekki skrípaleikur, þetta er sorgarsaga. Og ég ann sjómannasamtökunum þess af heilum hug að þau byggi betur upp sína félagslegu baráttu heldur en raun ber vitni og fleiri aðilar á landinu, því að félagslegt starf víða er í algerum molum eins og menn vita.

Það er líka misskilningur að ég hafi haldið því fram að það eigi að vera nákvæmlega sömu kjör um allt land með þessum brbl. eða semja um sömu kjör. Það lá fyrir allan tímann að þar sem er um sérsamninga að ræða, þar verður auðvitað að semja að nýju og þeir sérsamningar eiga að vera í heiðri hafðir. Það er sérstaða í hinum ýmsu byggðarlögum sem verður að taka tillit til og bæði launþegar og atvinnurekendur hafa gert, ekki núna síðustu árin, heldur áratugum saman. Það eru mismunandi aðstæður, sérstaklega þó í tveimur landsfjórðungum, Austfjörðum og Vestfjörðum, sem eru með mikinn vertíðarafla. Hitt er svo meira samræmanlegt, í togaraútgerðinni, en þó líka til þar sérkröfur og sérsamningar sem eiga fullan rétt á sér. Með þessum brbl. er ekki verið að breyta þessu á nokkurn hátt. Þeir, sem hafa haft eitthvert forskot, eiga að hafa það áfram Lögin meina alls ekki þeim félögum eða heildarsamböndum að hafa slíkt forskot, og það var aldrei ætlunin með þessum brbl.

Hv. 11. landsk. þm. talaði, eins og hans var von og vísa, mjög málefnalega um þetta mál og aðdraganda allan, enda tók hann mjög virkan þátt í þessu starfi sem sáttanefndarmaður og kom fram í þeim efnum og var í því hlutverki, sem hann tók að sér, eins og í öllum sínum störfum, til fyrirmyndar að dómi allra þeirra manna sem með honum störfuðu. Hann er auðvitað á móti þessum lögum af skiljanlegum ástæðum. Hann hefur alltaf verið á móti því að ríkisvaldið blandi sér í lausn deilumála sem þessara. En ég segi fyrir mitt leyti að það, sem á milli okkar ber, er að ég tel að með þessum brbl. séum við ekki að blanda okkur beint inn í þessa deilu, heldur að gera að veruleika það samkomulag sem gert var og var forsenda þess að allt gengi fram Þar ber okkur á milli. Ég hef margsinnis tekið fram að ég tel mjög óeðlilegt og óæskilegt að grípa inn í deilur um kaup og kjör og alls ekki fyrr en sé búið að reyna samninga til hlítar. En ég vil líka benda á það, að brbl. fela í sér allverulegar kjarabætur fyrir þá sem voru búnir að semja til 15. maí á næsta ári. Ef ég væri sjómaður, þá mundi ég telja það mikils virði að líf- og örorkutrygging hefði hækkað með þeirri breytingu að dánarbætur hækkuðu úr 1 millj. í 2 millj. og örorkubætur úr 3 millj. í 6 millj. Það munar um minna hjá fólki, ef sú óhamingja hendir að fyrirvinnan annaðhvort slasast alvarlega eða deyr, að fá þessar bætur sem það fengi ekki fyrr en þá í næstu samningum, eða eftir 15. maí. Þetta verða menn líka að hafa í huga. Brbl. eru ekki eingöngu til þess að minnka rétt sjómanna, þau eru líka í og með að auka rétt þeirra sem höfðu samið, eins og ég nefndi hér dæmi um.

Ég biðst afsökunar á því, að þegar ég talaði hér um fiskverðshækkunina, þá sagði ég að fiskverðshækkunin hefði orðið 33% við sjóðakerfisbreytinguna. Það er að vísu rétt að hún var 33% við þann tíma, en af þessum 33% eru 24% vegna sjóðakerfisbreytingarinnar, hitt var vegna hækkunar erlendis, svo að þetta kom ekki nógu skýrt fram hjá mér. Hv. 11. landsk. þm benti mér á þetta, og það vil ég hér með leiðrétta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að karpa lengur um þetta mál. Ég vil þó aðeins taka fram út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, að ég tel að brbl. hafi ekki verið brotin, þau hafi verið haldin af sjómönnum. Þau heimila samninga, og það segir ekkert til um að það eigi að vera heildarsamningar eða samningar verkalýðsfélaga. Ég hefði talið æskilegra, eins og t. d. á Vestfjörðum, að Útvegsmannafélag Vestfjarða og Alþýðusamband Vestfjarða hefðu gert samkomulagið á línubátunum. Hins vegar var deilan á línubátunum þar fyrir hendi í allan fyrravetur. Þar hefur verið, eins og víða annars staðar, bullandi óánægja með skiptaprósentuna og víðast hvar var línuútgerð ekki hafin þegar brbl. voru gefin út.

Það var stórkostlega orðum aukið að bátar hefðu stöðvast, því að meira að segja eftir að samningar náðust á sumum stöðum, þá liðu 4—5—6 dagar að bátarnir færu á sjó vegna þess að þeir voru þá ekki einu sinni tilbúnir. Það, sem gerðist og braut ísinn, var á Súgandafirði. Skiptaprósentan hefur jafnan verið hærri vestra en víðast hvar annars staðar, og þar er þá skýringu að finna, að þar er línuúthaldið ólíkt lengra en alls staðar annars staðar á landinu. Yfirleitt byrjar línuútgerð í septemberlok að jafnaði og fyrstu dagana í okt., í einstaka tilfellum fyrr, — þá lít ég yfir nokkur ár í einu, — og henni lýkur ekki fyrr en í vertíðarlok, 15. maí. Og ég held að menn séu sammála um það, að þar eru mestu hörkuveður á vertíðinni og lína er sótt þar af mikilli hörku eða var eiginlega alls ráðandi, og þetta er sennilega einhver erfiðasta vinna á sjó og sömuleiðis í landi við beitingar,

sem við þekkjum nú í dag, og mjög langur vinnudagur og ólíkt lélegri aðbúnaður heldur en t. d. á okkar nýrri og glæsilegri skipum. Því tel ég ekki óeðlilegt að skiptaprósentan hækkaði þar. Það var boðin 29.2% skiptaprósenta á móti 28.2%. En það verður þá líka að taka með í reikninginn, ef menn fara eitthvað að hugsa um afkomu útgerðar, að víðast hvar annars staðar er beitingin framkvæmd í ákvæðisvinnu, þar sem maðurinn, sem beitir í landi, hefur þá miklu betri afkomu heldur en þessi eini háseti sem fer á sjó. En vestra eru yfirleitt allir menn hlutarráðnir, og það gerir gæfumuninn, að útgerðin getur ekki borgað hærri skiptaprósentu þar heldur en þar sem sumir eru hlutarráðnir, en aðrir vinna í akkorði, og skapar mikið ósamræmi og ósanngirni. Til þess að leysa þetta vandamál bauð fiskkaupandinn á Súgandafirði að greiða 0.8 og var samið um 30% skiptaprósentu. Þetta braut ísinn. Síðan var gert samkomulag á öðrum stöðum og yfirleitt er þetta samkomulag um 30%. En þar var farið út í aðra sálma. Þar var farið út í að minnka línulengdina og þar með aflavonina, og þegar það er reiknað út, miðað við línulengdina á þessum stað sem ég nefndi, þá má segja að það hafi verið dæmi þess að skiptaprósentan sé komin í 31.5% eða jafnvel 32% — ég þori ekki alveg að fullyrða það, en það er alveg um þetta bil. Þetta hefst upp úr því að heildarsamtök reyna ekki að ná samningum. En ég tel þessa þróun vera mjög óeðlilega. Aftur er ég mjög ánægður með samningana í Súgandafirði og tel að þeir hafi verið sanngjarnir í alla staði og engan veginn brjóta í bága við brbl.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Við höfum haft töluverða möguleika til þess að kynna okkur þessi brbl. Þau hafa verið rædd bæði opinberlega, í fjölmiðlum og síðast á Alþ. í gær, auk þeirrar umr. sem hér fer fram nú, enda er það vel, því að hér er um mjög stórt og viðamikið mál að ræða.

Grundvöllurinn að þessum brbl. er í samkomulagi því sem gert var með fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna og birt er sem viðbótarskjal á bls. 44 með frv. því til laga sem við ræðum hér um.

Ég vil líta sérstaklega á tvö atriði þar: 1. lið, þar sem því er lofað að sjómenn og útgerðarmenn muni leita eftir samningum um kjör þar sem samningar eru lausir, og svo 2. lið, þar sem segir, að aðilar lýsi því enn fremur yfir að þeir muni beita sér fyrir því að heimildir verði veittar til að taka upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir. Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að það er satt að segja sorglegt og kannske hörmulegt að ekki skuli hafa verið meiri þátttaka sjómanna í atkvgr. um svo viðamikið mál eins og raun varð á þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Ég tel að það hafi verið allvel að tilraunum staðið til þess að ná samkomulagi um kaup og kjör sjómanna. Hins vegar eru brbl. um kaup og kjör ákaflega viðamikið mál og mjög varhugavert hvenær skal beita þeim. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ég er ekki sannfærður um að rétt hafi verið að beita þessari aðferð, þrátt fyrir tvær tilraunir til þess að ná samkomulagi þar sem samningar voru lausir.

Ég vil þá snúa mér að 2. lið þessa samkomulags sem ég las áðan. Ég vil gjarnan spyrja að því, hvort tilraun hafi verið gerð til þess af hálfu hæstv. ráðh. að fá þær heimildir, sem þar er lofað, til að taka upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila sem ekki hefur verið sagt upp. Ég tel það ákaflega viðamikið að setja brbl. um kjör sjómanna þar sem samningum hefur ekki verið sagt upp og því ekki gerð tilraun til að ná samningum á frjálsum grundvelli. Samningar þessir, t. d. á Vestfjörðum, voru bundnir þegar þetta samkomulag var gert í febr. s. l. Hins vegar var möguleiki til þess að segja þessum samningum upp s. l. vor. Það notuðu útgerðarmenn sér ekki. Ég hygg að það hafi vakið nokkra furðu, og ég vil gjarnan spyrja hvort hæstv. ráðh. sé kunnugt um hvers vegna útgerðarmenn notuðu ekki þessa heimild.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. að skiptahluti á Vestfjörðum hefur verið nokkur annar en víða annars staðar um landið, og ég tek undir það sem hann sagði um ástæður til þess að svo hefur verið. Þær eru eðlilegar og hann skýrði þær fullkomlega. Því sýnist mér að það hafi verið vafasamt að setja sjómenn á þessu svæði undir sömu skiptakjör og annars staðar gilda samkv. þessum lögum. Að vísu segir í 2. gr. að samningsaðilum sé þó heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum, en hins vegar megi það ekki gerast með vinnustöðvun.

Ég verð að segja það því fyrir mitt leyti, að ég hef ýmsar efasemdir um þessi brbl., og ég vil að það komi fram hér, að það var ekki leitað til mín sem stuðningsmanns þessarar ríkisstj. og sem formanns í sjútvn., áður en lög þessi voru sett. Ég hef því ekki lofað stuðningi mínum við þetta frv. og mun skoða það vandlega þegar það kemur til n., áður en ég geri þar upp hug minn. Ég sé hins vegar nauðsyn á því að stundum þurfi að leysa slíkar deilur með brbl. Það er ljóst. En sú spurning er rík í huga mér, hvort ástæða hafi verið orðin til þess þegar brbl. voru sett. Og ég vil gjarnan að það komi hér fram, að ég tel að það eigi að vera meira samráð, ekki aðeins innan ríkisstj., — þar sem það hefur eflaust verið, ég efa það ekki, — heldur einnig með stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. áður en svo viðkvæmu máli er hreyft sem þessu með setningu brbl.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu síðasta ræðumanns. Þá vil ég upplýsa það, að nokkru fyrir þinglok var mikill þrýstingur á mig og ríkisstj. að flytja á Alþ. frv. til lausnar þessu máli. Þá voru málin rædd í þingflokki Sjálfstfl. og í þingflokki Framsfl., að það þyrfti að grípa til aðgerða til lausnar þessu máli. Í þingflokki Sjálfstfl. var það samþykkt og á þeim grundvelli samþykktum við ráðh. Sjálfstfl. að

flytja málið. Og formaður Framsfl. lýsti því yfir í ríkisstj. að málið hefði verið rætt í þingflokki Framsfl. og þar hefði einnig verið lítið sömu augum á málið. Þetta var það sem fyrir lá í vor. En hins vegar var tímasetning ekki ákveðin, hún var tekin í ríkisstj. rétt áður en brbl. voru gefin út, og öll ríkisstj. var sammála. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Varðandi bundnu samningana get ég ekki svarað hér, hvorki fyrir aðildarfélög sjómanna né Landssamband útvegsmanna. En þó hygg ég að ástæðan fyrir því, að samningum hafi ekki verið sagt upp, sé samkomulagið sem aðilar skuldbundu sig til að vinna að, að „aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því, að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir" — þar sem samningar voru sem sagt bundnir væri það gert. Ég hygg að það sé á þessari forsendu að samningum á þessum stöðum og hjá þeim samböndum, eins og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, var ekki sagt upp. Það er auðvitað útilokað að setja brbl. á hluta fólks í landinu, en ekki á menn á öllu landinu. Þá hefði mátt undanskilja vestfirðinga og alla yfirmenn í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Þá hefði ég heldur farið úr ríkisstj. en að setja þau brbl. Þetta er svo sem ekkert skemmtilegt verk, en það var algerlega útilokað að gera, eins og menn hljóta að sjá. Þetta hygg ég að sé ástæðan fyrir því sem hv. þm. spurði um.

Svo er aftur hitt atriði málsins, sem mér finnst, að skipti verulegu máli. Það er það, að þar sem 24% af þessari 33% fiskverðshækkun verða til vegna sjóðabreytingarinnar, þá er auðvitað ekki hægt að bera það á borð og segja, að sjómenn aðeins á þeim svæðum, sem eru með lausa samninga, eigi að bera þetta, en ekki hinir. Þess vegna segi ég það, að þó að mér sé mjög umhugað um vestfirðinga, þá vil ég alls ekki stuðla að því, að þeir séu í þessum efnum nein forréttindastétt. Hins vegar er ég mjög áfjáður í, að þeir haldi sínum sérsamningum og sérkröfum. Ég var fyrr á árum í samninganefndum þar og gekk þar á ýmsu og yfirleitt endaði þetta alltaf mjög vel, og ég held að þeir sérsamningar séu flestir í gildi, með auðvitað þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera alltaf og þarf að endurskoða eftir því sem breytingar verða á.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég get fallist á það hjá hæstv. ráðh., að það er erfitt að setja brbl. um kaup og kjör fyrir hluta af landinu. En gagnrýni mín beinist einkum að því, að ekki var leitað þeirrar heimildar sem um getur í 2. gr., það reyndi ekki á frjálsa samninga. Ég hygg að hæstv. ráðh. hafi ýmsa möguleika til að knýja fram að þeirrar heimildar sé leitað, þótt hann sé þar ekki ábyrgur fyrir, ég fellst að sjálfsögðu á það. Og ég verð að viðurkenna að ég verð að skoða betur hvernig samþykkt var gerð í þingflokki Framsfl. þegar þetta mál var þar rætt, áður en ég fer að ræða um það hér. En ég vil taka undir það, að þegar umrætt samkomulag var gert um sjóðabreytingarnar, þá var á það fallist af báðum aðilum að breyting yrði gerð á skiptahlutfallinu, og ég vil gjarnan taka það fram, að það kom greinilega fram á þeim fundum, sem sjútvn. þessarar d. hélt, m. a. með samningamönnum sem í þessu tóku þátt, að skiptahlutfallið lækkaði nokkuð miðað við þá auknu byrði sem útgerðarmenn taka á sig. En ég verð að skoða betur hvort það hafi verið á það fallist af þingflokki Framsfl. að málið yrði leyst með brbl. eins og þessum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 19). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla er flutt hér öðru sinni. Það var lagt fram til kynningar á seinasta þingi, rétt fyrir þinglokin, minnir mig.

Lög um fjölbrautaskóla eru frá 1973. Þrír slíkir skólar hafa þegar verið stofnaðir með samningum milli ríkis og viðkomandi sveitarfélaga. Kennsla í fjölbrautaformi hefur verið tekin upp víðar eða er í undirbúningi.

Við undirbúning og framkvæmd þessara mála hefur komið í ljós að æskilegt er að gera nú þegar nokkrar breyt. á lögunum, sem svo vitanlega koma til endurskoðunar í heild þegar ætla má að nægilega yfirgripsmikil reynsla sé fengin af framkvæmd þeirra.

Þetta frv. fjallar aðeins um tvö afmörkuð atriði. Annað varðar gerð námsskrár fyrir iðnbrautir og um atvinnuréttindi. Segir um þetta í 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Um iðnnám fer eftir námsskrá sem sett skal að fengnum till. iðnfræðsluráðs og að höfðu samráði við iðnrn. og hlutaðeigandi fræðsluráð, og skal þar kveða á um samstarf atvinnulífs og skóla sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema."

Ég hygg að þetta þarfnist ekki frekari útlistunar við 1. umr. Hér er leitast við að kveðja til ráðuneytis sem allra flesta þá sem hlut eiga að máli, þar á meðal t. d. iðnrn. sem gefur út bréf um iðnréttindi, eins og kunnugt er.

Hitt atriðið í frv. varðar skiptingu kostnaðar. Talið er eðlilegt að ákveða að sama greiðsluháttur taka af hendi ríkissjóðs og sveitarfélaga gildi um þá námsþætti, sem fram fara í fjölbrautaskólum, og nú er þar sem námið fer fram t. d. í iðnskólum, en þar greiðir ríkið 50%, en í menntaskólum 100%.

Í athugasemdum við einstakar gr. frv. er gerð miklu fyllri grein fyrir efni þess. Ég held ég láti nægja að vísa til þskj. og hafi þessi kynningarorð ekki fleiri.

Ég legg svo til að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Þingnefnd til þess að kanna framkvæmd dómsmála, þáltill. (þskj. 6). — Frh. einnar umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Ég tel rétt í upphafi máls míns að þakka sérstaklega þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls um þessa till., fyrir mikinn áhuga og ríkan skilning sem þeir hafa sýnt þessu máli. Þær miklu umr., sem orðið hafa um þetta hér í þingsölum að þessu sinni, en nú er í þriðja sinn reynt til þess að ljúka fyrri umr. um þetta mál, hafa leitt í ljós að till. þessi á fullt erindi hingað í þingsali.

Þær miklu umr., sem átt hafa sér stað um dómsmálin, hafa síður en svo látið þm. ósnortna frekar en aðra. Menn gera sér ljóst að þar býr sitthvað undir sem aflögu hefur farið og nauðsynlegt er að ráða bót á. Og það hafa sjálfsagt liðið ár og dagar síðan hv. Nd. Alþ. og raunar báðar þd. hafa rætt dómsmál jafnlengi og jafnítarlega og nú. Umr. úti meðal þjóðarinnar um þessi mál hafa sannarlega haft áhrif hingað inn í þingsalina, hafa vakið áhuga og athygli þm. og þá er sannarlega vel.

Ég sé sérstaka ástæðu til þess að þakka þeim hv. og óbreyttu þm., sem hafa talað við þessa umr., allt frá hv. 9. landsk. þm., er talaði þeirra fyrstur, til hv. 4. þm. Reykv. er talaði þeirra síðastur, — þakka þeim fyrir mjög málefnalegar umr., lausar við hnútukast og kerskni. Þessir hv. þm. allir hafa hver og einn sýnt málinu sjálfu áhuga, talað um það af skynsemi og hófsemi, og ég vil vekja athygli á því að nær allir þeir, sem til máls tóku, töldu ástæðu til að rannsaka ákveðin framkvæmdaatriði dómsmála þótt þeim litist ekki ráðlegt, að sú rannsókn væri jafnvíðtæk og till. gerir ráð fyrir, en það er á misskilningi byggt. Ég vil sem sé enn og aftur vekja sérstaka athygli á því, að flestir þeir þm., sem tóku til máls um þessa till., töldu ástæðu til að þingið beitti sér fyrir rannsókn á ákveðnum framkvæmdaatriðum dómsmála, og þar tel ég að einnig hafi fram komið, að till. þessi hafi átt hingað fullt erindi. Ég vil sérstaklega og enn og aftur þakka þessum þm. öllum fyrir hófsaman málefnalegan og drengilegan málflutning.

En því miður fór nú eins og áður, þegar þessi mál hefur borið á góma hér í þingsölum, að hæstv. dómsmrh. skar sig frá öðrum þm. hvað þetta varðar. Ræða hæstv. ráðh. hér var sérstakur kapítuli út af fyrir sig og honum lítt til sóma, enda vek ég athygli á að málflutningur hans varð beinlínis þess valdandi, að hv. 9. landsk. þm. kvaddi sér hljóðs. Þeim hv. þm. var nóg boðið, eins og ljóslega kom fram í ræðu þeirri, sem hann flutti, en ræðu hæstv. dómsmrh. mun ég að öðru leyti geyma mér þar til síðar.

Ég mun þá að þessu sinni víkja fáum orðum að því sem einna helst kom fram í ræðum þeirra hv. þm. sem töluðu í þessu máli og mér þykir ástæða til að víkja sérstaklega að.

Hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, sagði m. a. í sinni ræðu, að ef till. sú, sem hér liggur fyrir, yrði samþ, — till. um rannsókn, gang og framkvæmd dómstóla í landinu, gæti það orðið þess valdandi að tefja eða slá á frest þeim umbótum sem þegar eru ráðgerðar, svo sem eins og í frv. um meðferð opinberra mála, frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins og hvað önnur þau frv. varðar sem boðaður hefur verið flutningur á. Hér er um hreinan misskilning að ræða. Samþykkt þessarar till. sem hér liggur fyrir, hefur engin áhrif á framgang þessara mála eða annarra þeirra sem boðuð hafa verið. Þvert á móti geta þessi frv., sem samin eru af ákveðinni n., réttarfarsnefnd, auðveldað þau rannsóknastörf sem gert er ráð fyrir að ráðast í samkv. þeirri till. sem hér um ræðir, þar sem réttarfarsnefnd hefur við samningu þessara frv. þegar viðað að sér upplýsingum sem rannsóknanefndin ella kynni að þurfa að leita sjálf eftir. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar hjá réttarfarsnefndinni. Auk þess vek ég athygli á því sérstaklega, að það hefur ekki komið fram hér í þingsölum að um meiri háttar ágreining sé að ræða hvað þau frv. varðar sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt og boðað flutning á. Sá ágreiningur, sem er um þessi frv., er minni háttar ágreiningur, ekki um nein aðalstefnumál þessara frv., og því er fyllilega unnt að samþykkja þau án þess að það torveldi á neinn hátt störf rannsóknarnefndarinnar, nema síður sé, og störf þeirrar n. munu eigi að heldur hafa tefjandi eða frestandi áhrif á framgang slíkra úrbóta.

Á hinn bóginn vek ég athygli á því, að það er mikill misskilningur ef hv. 4. þm. Reykv. heldur að þessi frv. leysi allan vanda dómkerfisins. Þau eru góð svo langt sem þau ná, en síður en svo að með þeim sé ráðin bót á öllu því sem úrskeiðis hefur farið í meðferð dómsmála og gagnrýnt hefur verið með rökum. Þessi misskilningur hv. þm. bendir til þess að hann hafi ekki kynnt sér málið nægilega vel. Þessi misskilningur er frekar en hitt röksemd fyrir því að nauðsynlegt sé að samþ. þáltill. um þingkjörnu rannsóknarnefndina og jafnvel enn fremur rökstuðningur fyrir því að æskilegt væri að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson ætti sjálfur sæti í þeirri nefnd.

Hv. 5. þm. Vestf. var í hópi þeirra þm., sem hér töluðu, er lýstu yfir stuðningi við þá meginstefnu þessarar þáltill., að nauðsynlegt væri að rannsaka ákveðin atriði í framkvæmd dómsmála. Hins vegar óttaðist hann, eins og fleiri þm. sem svipaðrar skoðunar voru, að till. væri ekki nægjanlega skýrt afmörkuð og kynni að vera of víðtæk. Sá ótti er byggður á misskilningi, eins og ég mun víkja að síðar. En ég vek enn og aftur athygli á því, að þessi þm., þrátt fyrir þessa ábendingu, er einn í hópi þeirra sem létu í ljós þá skoðun við umr. að ástæða væri

til að rannsaka ákveðin framkvæmdaatriði dómsmála. Gagnrýni sú, sem komið hefur fram á opinberum vettvangi á framkvæmd þessara mála, hefur sem sé orðið til þess að sannfæra þennan hv. þm. og fjölmarga aðra um að nauðsynlegt sé fyrir Alþ. að bregðast við með einhverjum slíkum hætti, og það er auðvitað meginatriði málsins.

Ég vek enn fremur sérstaka athygli á því, að sama má raunar segja um álit hv. 4. þm. Austurl., Tómasar Árnasonar. Hann benti á í ræðu sinni, eins og hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, að till., eins og hún liggur fyrir, væri ekki nægjanlega skýrt afmörkuð, verkefni n. kynni að vera of viðamikið og of víðtækt. En hann lét þess jafnframt getið í ræðu sinni, að ástæða kynni að vera til þess að taka meðferð einstakra mála til skoðunar. Hins vegar lét hv. þm. þess ekki getið, hvaða ákveðin mál hann hefði í huga. Ekki væri það til bóta ef tillgr. væri orðuð einhvern veginn þannig, að Nd. Alþ. samþ. að kjósa nefnd þm. til þess að athuga meðferð ákveðinna mála hjá dómskerfinu, nema að sérstaklega væri tekið fram í tillgr. við hvaða einstök mál væri átt. Það lét hv. þm. Tómas Árnason hins vegar hjá líða að taka fram í ræðu sinni og er það mjög miður, því auðveldara væri, ef n. sú, sem kemur væntanlega til með að fjalla um þessa till., vildi skoða ábendingar hv. þm., að hún vissi þá hvaða ákveðin mál kynnu að hafa fyrir honum vakað.

Hv. þm. sagði einnig og mjög réttilega að hann efaðist ekki um að fullur og einlægur vilji væri fyrir hendi hjá öllum flokkum þingsins að vinna að raunhæfum úrbótum á sviði dómsmála, og það er rétt. Hins vegar hafði hv. þm. vart sleppt því orðinu þegar hinni ævagömlu flokkspólitísku togstreitu skaut upp í hug hans og byrgði honum sýn, þannig að í beinu framhaldi af þessum réttilegu ábendingum fullyrti hann að hér væri aðeins um pólitíska áróðurstillögu að ræða. Það er hins vegar algjörlega rangt, enda held ég að hv. þm. sé ekki í raun og veru þeirrar skoðunar. Hins vegar er því svo farið með menn, jafnvel skynsama menn, sem langa ævi hafa staðið í hinum oft og tíðum skynsemisblinda flokkspólitíska barningi á lífsins ólgusjó, að þær reglur, sem þar eru iðkaðar, standa mönnum fyrir skilningi og þeir ætla að öll mál beri að draga í flokkspólitíska dilka og sérhvert viðvik beri að skoða með álíka varúð og á tímum Borgíanna á Ítalíu, þar sem menn biðu með brýndar breddur bak við hvert veggtjald.

Ástæða þess, að hv. þm. brá við hart og setti upp sín flokkspólitísku gleraugu, er það ákvæði í till. að þar er lagt til að n. verði þannig skipuð að hún verði skipuð einum fulltrúa frá hverjum þingflokki. Þetta atriði varð til þess að hjartað í hv. þm. tók kipp og hann tók að óttast voðalegt pólitískt samsæri: Tilgangurinn væri að mynda einhvers konar samsæri stjórnarandstöðunnar er ætlaði að sölsa undir sig meiri hl. í þessari n. og brugga ríkisstj. göróttan drykk. En það er langt í frá að svo sé. Ég er nefnilega sömu skoðunar og hv. þm. var áður en hann gerðist skelkaður, að allir flokkar þingsins hafi raunverulega áhuga á að leiða í ljós, hvað satt er og rétt í meðförum dómsmála, og vinna að úrbótum í þeim málum og það fari ekki eftir hvar í flokki menn standa. Hér er ekki um að ræða mál stjórnar gegn stjórnarandstöðu, og það er mjög eðlilegt að menn brennimerki ekki öll mál sama flokkspólitíska brennimarkinu. Ég vek athygli á að þetta er ekki aðeins eðlilegt viðhorf hér, heldur er þetta eðlilegt viðhorf erlendis, og vek m. a. athygli á því, að form. rannsóknarnefndar bandarísku þingsins, sem rannsakaði hið svonefnda Watergate-mál, var úr flokki þáv. forseta Bandaríkjanna sem hafði þó minni hl. í viðkomandi þingi, þ. e. a. s. þingmeirihlutinn kaus flokksbróður forsetans til þess að standa í forsvari fyrir þeirri þn. er átti að rannsaka meint misferli hans.

Að sjálfsögðu er ég sjálfum mér fyllilega samkvæmur hvað þetta álit varðar, að ekki eigi að draga þetta mál í flokkspólitískan dilk og ekki eigi að skipta máli hvort stjórn eða stjórnarandstaða hafi meiri hl. í nefndinni. Ég mun því fúslega lýsa því yfir, að ég sé ekkert athugavert við það að tillgr., þar sem sagt er hvernig í n. skuli kosið, sé breytt á þann veg að stjórnarflokkunum og þingmeirihlutanum hér á Alþ. verði tryggður meiri hl. í þessari n. Og vonandi er þá hrundið úr vegi því atriði till. sem mér virtist að vekti mestan ótta hv. 4. þm. Austurl.

Sú hugmynd, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv., kom fram með í umr. um þetta mál, að æskilegt væri að hæstv. dómsmrh. gæfi Alþ. reglulega skýrslu um gang og framkvæmd dómsmála svo og aðrir ráðh. um málefni sem undir þá heyra, finnst mér mjög þörf og góð. En ég vek sérstaka athygli á því, að slík skýrslugerð getur alls ekki komið í staðinn fyrir þá framkvæmd sem hér er lögð til. Hvers vegna ekki? Lítum aðeins á eitt dæmi því til útskýringar. Í fyrravetur urðu miklar umr. um afskipti dómsmrn. af ákveðnu máli, svonefndu Klúbbmáli. Þær umr. urðu til þess, að dómsmrh. tók saman skriflega grg., nokkurs konar skýrslu sem, ef í lög væri leitt að ráðh. ætti að flytja Alþ. skýrslu um slík mál einu sinni á vetri, væri líklegt að hann hefði notað sem uppistöðu í sinni skýrslu. En hvernig var þessi grg. samin? Hún var samin þannig að vísvitandi lét dómsmrn. hjá líða að birta þar skrifleg gögn sem rn. sjálft hafði undir höndum og það áleit að kynnu að vera afskiptum rn. af málinu óhagstæð og hafa áhrif á mat manna á þessum afskiptum. Það, sem ég er hér að ræða um, er skrifleg álitsgerð þáv. fulltrúa saksóknara ríkisins, núv. vararíkissaksóknara, þar sem hann lýsti áliti sínu á afgreiðslu dómsmrn. á því máli og fór þeim orðum um, að með þessari aðgerð hefði dómsmrn. stríttt gegn almennum og opinberum réttarvörsluhagsmunum. Þessa skriflegu grg. fékk dómsmrn. Vísvitandi birti rn. þessa grg. ekki í sinni skriflegu skýrslu, og þetta atriði, umsögn þessa manns, hefði aldrei legið fyrir, hefði aldrei orðið á almannavitorði, ef mér hefði ekki tekist að afla mér hennar eftir öðrum leiðum, lýst henni hér úr ræðustól á þingi og komið henni prentaðri í þingtíðindi til viðbótar og uppfyllingar við þá skýrslu sem dómsmrn. tók saman. Þó að hugmyndin um skýrslugjöf sé því góð, sýnir þetta dæmi að hún getur ekki kom-

ið í staðinn fyrir atugun þings á meðferð framkvæmdavaldsins á ákveðnum málum, eins og ég hef gert till. um.

Þá vil ég enn og aftur þakka hv. 9. landsk. þm. fyrir mjög athyglisverða ræðu, og ég þakka þessum þm. sérstaklega fyrir það að með ræðu sinni braut hún ísinn. Hún varð þess valdandi að þm., sem ekki hafa áður látið þessi mál sig varða hér á hinu háa Alþ., af hvaða ástæðum sem það nú er, létu af því verða að rjúfa þá þögn. Auk þess var margt athyglisvert í því sem þessi hv. þm. sagði, og ég vek enn athygli á því að einnig hún, einnig þessi þm., hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, lét í ljós stuðning við þá meginhugmynd till. að ástæða sé til þess að taka til rannsóknar ákveðna þætti í framkvæmd dómsmála. Hv. þm. gerði raunar meira. Hún gerði það, sem hv. þm. Tómas Árnason gerði ekki, a. m. k. heyrði ég ekki betur en hún tiltæki ákveðið mál sem hún teldi ástæðu til að athuga sérstaklega, en það var Klúbbmálið margfræga og hinir ýmsu angar þess, málið sem minnir einna helst á flókinn köngulóarvef, svo víða sem angar þess teygjast og greinast. E. t. v. hefur sama mál verið í huga hv. þm. Tómasar Árnasonar þótt hann léti ósagt þar um og e. t. v. fleiri þm. og ekki að ófyrirsynju.

Þar sem þessi hv. þm., Sigurlaug Bjarnadóttir, varð fyrst til þess að láta í ljós áhyggjur um að till., eins og hún er orðuð, kynni að vera eigi nægilega skýrt afmörkuð og e. t. v. of víðtæk, of mikið væri í fang færst, og ég lét þess getið hér áðan að það álit væri á misskilningi byggt, þykir mér hlýða að fara nánar út í þá sálma. Ég vil fyrst geta þess mönnum til fróðleiks, að till. þessi er árangur langrar og gaumgæfilegrar skoðunar á því hvernig best megi bregðast við þeim vanda sem er orsök þessa tillöguflutnings. Að sjálfsögðu hafa þessi mál verið rædd margoft á fundum þingflokks Alþfl., bæði í vor, í sumar og í haust, en til þess að fyrirbyggja allan misskilning vil ég sérstaklega taka það fram, að það er langt í frá að við það hafi verið látið sitja. Auk þess samráðs, sem við þm. Alþfl. höfum haft í þessu máli, hefur verið leitað ráða hjá mönnum sem starfandi eru í dómskerfinu sjálfu og hafa gegnum starfa sinn mikla reynslu og fyrstu handar þekkingu á þeim málum og hvernig auðveldast og best væri að standa þar að, og til þess enn frekar að fyrirbyggja allan misskilning vil ég sérstaklega geta þess, að hér er ekki um neina kauða að ræða, heldur vel metna og vel menntaða menn, lögfræðinga og dómara. Að lokinni grandgæfilegri athugun, þar sem mjög var stuðst við álit þessara manna, byggt á reynslu þeirra og þekkingu, varð niðurstaðan sú, að orða till. á þann veg sem hún er orðuð. Og þessum mönnum, sem þekkja gang þessara mála og skipulag miklu betur en flestir eða allir þeir sem hér eru inni, þeim kemur ekki til hugar að verksvið till. sé of víðtækt eða það verkefni, sem í er ráðist ef hún verður samþ., verði of torsótt.

Menn mega ekki láta það villa sér sýn, að sjálfur texti till. er langur, m. a. með því að þar eru upp taldir einstakir þættir í þremur töluliðum sem ástæða er til þess að huga að. Í raun og veru er þetta mjög einfalt mál sem hægt er að segja í einni setningu, setningunni: Verkefni n. er að kanna gang og meðferð dómsmála. Texti till. sjálfrar er aðeins nánari útfærsla á hvað þetta þýðir, og að vel athuguðu máli var tekin sú ákvörðun að láta þá útfærslu fylgja með í *tillgr. til þess að menn færu ekki í grafgötur um* til hvaða verkefna rannsóknninni var ætlað að ná. Þetta hefur að sjálfsögðu lengt tillgr. En menn ættu að forðast að láta lengd textans vaxa sér í augum, því raunar er hægt að rúma tilganginn í einni stuttri setningu, eins og ég sagði hér áðan. Ef fylgja á málum í gegnum dómskerfið og rannsaka feril þeirra, þá þarf að sjálfsögðu fyrst að byrja á rannsóknarstiginu, frá rannsóknarstiginu að færa sig með málinu yfir á ákærustig, frá ákærustigi yfir á dómsstig og frá dómsstigi yfir á það stig þar sem fullnusta refsinga kemur til greina. Mjög erfitt og raunar útilokað er að skera þarna á, ef niðurstaðan á á annað borð að leiða í ljós hvar á þjátar í meðferð dómsmála. Ef t. d. aðeins fyrsti þátturinn væri tekinn til athugunar, rannsókn sakamála, þá mundi ekki fást við slíka athugun nein rétt eða fullnægjandi mynd af gangi og meðferð dómsmála í þessu landi og meira að segja mjög líklegt að slík takmörkuð athugun leiði til rangrar niðurstöðu. Sem dæmi um það er t. d. Jörgensensmálið. Þar er rannsóknninni sjálfri fyrir löngu lokið, en drátturinn hefur fyrst og fremst orðið í meðferð ákæruvaldsins og meðferð sjálfs dómsvaldsins.

Einnig er mjög rangt að gefa undir fótinn með það, eins og hæstv. ráðh. virtist gera í sinni ræðu, að rannsókn þessi væri fólgin í einhvers konar saumnálaleit hjá hinum ýmsum embættum. Hæstv. ráðh. virtist reyna að gefa þá mynd af þeim mönnum, sem ættu að sinna þessari rannsókn, að þeir væru eins og skríðandi bak við mublurnar hjá hverju dómaraembætti í landinu, flettandi skjölum og skjalabunkum, rykföllnum í skjalaskápum, um allt milli himins og jarðar, kíkjandi yfir axlir hæstaréttardómara, jafnvel befandi eins og hasshundar um skjalageymslur hinna ýmsu embætta o. s. frv., o. s. frv. Auðvitað kæmi ekki til mála að starfa þannig. Það segir sig sjálft. Þm. eru ekki þeir fáráðlingar að þeir kunni ekki fótum sínum betur forráð, að þeir kunni ekki að vinna verk eins og það sem gert er ráð fyrir í þessari báltill. að fela þeim.

Ef við athugun einstök atriði þessarar till., þá liggur þetta væntanlega ljóst fyrir. Hér er m. a. sagt að athuga eigi sérstaklega hver rannsóknaraðstaða þeirra embætta er sem sinna rannsóknarstörfum. Þetta er að sjálfsögðu hægt að gera með tiltölulega skömmum hætti, annaðhvort með því að óska eftir skriflegri skýrslu frá forstöðumanni viðkomandi stofnunar eða með því að kynna sér þessi mál að eigin raun.

Þá er lagt til að athugað verði hvað valdi því að rannsókn ýmissa meiri háttar sakamála dregst á langinn fram úr hófi. Að sjálfsögðu geta menn í þessu efni ekki byggt á öðru en þeirri álitsgerð sem þeir fá frá forstöðumönnum þessarar stofnunar. En það, sem ber að rannsaka í þessu sambandi, er auðvitað að hve miklu leyti þessi mikli dráttur stafar af aðstöðuleysi þeirra sem með rannsóknina eiga að fara og að hve miklu leyti af öðrum orsökum.

Þá er einnig bent á að rannsaka beri hvort brögð séu að því að rannsóknum sé látið lokið án þess að öll þau atriði, sem upp hafa komið, séu krufin til mergjar. Mér er kunnugt um fjölmörg dæmi um slíkt og mér er einnig kunnugt um í sumum tilvikum hvers vegna. Ástæðan er einfaldlega sú, að ef menn brjóta mjög verulega af sér, t. d. í sambandi við fjársvikamál, þá getur málið verið svo stórt að þeir, sem með rannsóknina eiga að fara, gefist hreinlega upp á því að rannsaka alla þætti þess, eða eins og einn af yfirmönnum þessa kerfis lét um mælt við allshn. Alþ. nú nýlega: láti sér nægja að opna nokkra glugga, stinga höfðinu inn og gá hvað inni fyrir sé og flýta sér svo að skella glugganum í lás aftur. Er ástæða til þess að ætla að það séu mörg mál sem þannig eru vaxin? Er ástæða til þess að ætla að unnt sé að bæta úr þessu? Auðvitað þarf að bæta úr þessu, því það segir sig sjálft að menn eru ekki jafnir fyrir lögunum og lögin ekki jöfn fyrir alla ef það getur viðgengist, að ef maður brjóti nógu mikið af sér, t. d. í fjársvika- eða auðgunarbrotamálum, þá sleppi hann við dóm nema fyrir hluta af afbroti sínu, á sama tíma og aðrir, sem teknir eru fyrir minni háttar sakir, verða að sæta fullri refsingu fyrir allt sem þeir hafa af sér brotið.

Þá er einnig lagt til að athugað sé hve mörg mál það séu í meðförum rannsóknarvaldsins sem óhóflega lengi hafi dregist rannsókn á. Þetta er að sjálfsögðu einnig mjög fljótgert. Þessa málaskrá geta þessi embætti sent til viðkomandi rannsóknarnefndar með stuttum fyrirvara, skrá yfir mál sem þau hafa til meðferðar og hversu langt sé síðan rannsókn hófst á hverju stigi. Ef n. telur ástæðu til þess að athuga sérstaklega eitthvert þessara mála, t. d. vegna þess hve gamalt það er og hversu lengi það sé búið að vera í meðförum dómsvaldsins og dómskerfisins, þá getur hún að sjálfsögðu gert þetta.

Öll þau verk, sem ég hef talið hér upp, eru fljótunnin og tiltölulega auðunnin. Eins er háttað þeim verkefnum sem talin eru upp í tölulið 2. Þar er m. a. vikið að því að eðlilegt sé að athugað verði hvernig háttað er gangi dómsmála hjá hinum ýmsu dómstigum, þ. á m. hvort óeðlilegur dráttur sé á gangi þeirra mála hjá einstökum embættum. Þetta eru atriði sem starfandi menn í dómskerfinu vita um. Þeir vita, að það eru ákveðin embætti hér í þessu landi sem eru óeðlilega sein og miklu seinni en önnur embætti að afgreiða frá sér mál. Það, sem lagt er til í till., er að athugað verði hver þessi embætti séu og hvað valdi. Og það er sama með það, að þetta er tiltölulega mjög auðvelt að gera. Það er mjög auðvelt að fá upp hjá forráðamönnum viðkomandi embætta, annaðhvort bréfleiðis eða með því að kalla þá til viðræðu við n., hversu mörg mál séu á skrá hjá þeim sem séu óafgreidd, hversu mörg mál séu frá árinu 1974, 1973, 1972 o. s. frv. Ef það kemur í ljós að eitt embætti sker sig verulega úr öðrum hvað þetta varðar, þá getur að sjálfsögðu sú rannsóknarnefnd, sem till. er gerð um, tekið þau mál til sérstakrar og betri skoðunar.

Eins er að segja um þau atriði sem talin eru upp í tölulið 3. Þar er óskað eftir því að athugað verði sérstaklega eftir hvaða reglum sé farið varðandi ákvarðanir um afplánun. Slíkar reglur hljóta að vera til. Maður skyldi vænta þess. Og þá er ekki annað verk fyrir n. heldur en að spyrjast fyrir um, hverjar þessar reglur séu, og kanna það, hvort þeim sé í öllum tilvikum framfylgt. Einnig verði athugað hve mikil brögð séu að því að dómar séu ekki afplánaðir innan eðlilegs tíma. Þetta er einnig mjög auðvelt við að fást fyrir n. eins og þessa. Upplýsingar um þetta getur hún fengið í skriflegum skýrslugerðum viðkomandi stofnunar eða með því að ræða við aðilana sjálfa.

Það er því á misskilningi byggt, að þó að tillgr. sjálf, texti till. sé langur, þá sé hér um verkefni að ræða sem sé óafmarkað og of viðtækt. Ef menn telja það, ef menn telja að svo sé, þá ættu menn að benda á hvaða atriðum ætti að sleppa. Ætti t. d. að láta sér aðeins nægja að athuga meðferð mála hjá þeim aðilum sem standa að rannósknum þeirra? Ætti aðeins að láta sér nægja að athuga meðferð mála hjá dómstólum? Ætti aðeins að láta sér nægja að athuga um framkvæmd refsidóma? Auðvitað ekki. Það nægir ekki og er ekki unnt að taka eitt slíkt atriði út úr. Það er útilokað, vegna þess að þá fengist bæði röng mynd af ástandinu sjálfu og auk þess mundi tíminn, sem við það sparaðist, raunar ekki að vera neitt verulegur.

Ég vil einnig benda á það, að hæstv. ráðh. hélt því fram í sínu máli að óþarfi væri að skipa sérstaka þn. til þess að kanna þessi mál, þm. gætu fengið allar upplýsingar með fsp. Ef kleift er að ná tilgangi þessarar till. með þeim takmörkunum sem fsp. eru háðar hér á Alþ., hvers vegna skyldi það þá vera ógerningur fyrir þn., sem ynni heilan vetur að málinu, að ná sömu lausn fram? Það er ekki hægt að halda því fram í einu orðinu, að rannsóknarnefndin sé óþörf vegna þess að það sé hægt að gera öllum málunum viðhlítandi skil í takmörkuðum fyrirspurnatímum, og segja svo á eftir að verkefni slíkrar þn. séu allt of risavaxin, henni mundi ekki endast sá starfstími, sem henni er ætlaður, til þess að ljúka við þau.

Að vísu kemur hin aðferðin einnig til álita, sú aðferð sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, hv. 9. landsk. þm., vék að og ýmsir aðrir fóru nokkrum orðum um, þ. e. a. s. að taka til athugunar ákveðin mál í staðinn fyrir að rannsaka kerfið sjálft, að rannsaka þá meðferð kerfisins á ákveðnum málum. En hvaða málum? Nefnt hefur verið Klúbbmálið. En því Klúbbmálið eitt? Hvers vegna ekki t. d. meðferð dómskerfisins, rannsóknarvaldsins og dómsvaldsins á Leirvogsármálinu? Hvers vegna ekki hvað veldur því að Jörgensensmálinu, sem hafin var rannsókn á fyrir 11 árum, er ekki lokið enn? Hvers vegna ekki að athuga þá líka mál Vátryggingarfélagsins, gjaldþrotamál þess og meðferð dómsvalds á því? Hvers vegna ekki að kanna þá rannsóknina á svonefndu Geirfinnsmáli og öðrum alvarlegum óútskýrðum mannshvörfum? Og hvað um önnur mál sem kunna að vera á ferðinni, en ekki eru á almanna vitorði, en kynnu að koma í ljós við rannsókn þn.? Það er harla erfitt að velja eitt ákveðið mál af þessu tagi til þess að rannsaka, vegna þess einfaldlega að málin, sem gagnrýni hefur verið sett fram á, eru það mörg. Og ég vil vekja sérstaka athygli á því, að ef ætti t. d. að

fara þessa leiðina og taka Klúbbmálið sérstaklega fyrir, þá þyrfti í raun og veru að vinna sömu vinnu til þess að fylgja því máli í gegn eins og gert er ráð fyrir hér. Það þyrfti að rannsaka meðferð Klúbbmálsins allt frá rannsóknarstigi, frá rannsóknarstigi yfir á ákærustig, frá ákærustigi yfir á dómstig og frá dómsstigi yfir á það stig að fullnusta refsing komi til greina. Það er nákvæmlega sama rannsókn og gert er ráð fyrir hér, og jafnvel yrði rannsókn á einstöku máli af þessu tagi enn víðtækari, einfaldlega vegna þess að gagnrýni hefur komið fram um að það kynni að vera svo, að á ýmsum ákvörðunum, sem dómsvaldið hefur tekið í þessu ákveðna máli, bæri að leita skýringa út fyrir dómskerfið. Þá yrði sem sagt sú rannsókn ekki aðeins að beinast að dómskerfinu sjálfu og meðferð þess á málinu, heldur hugsanlegum áhrifum annarra atriða sem gerst hafa við hliðina á þessu máli og gagnrýnd hafa verið.

Það er því mesti misskilningur að með því að velja eitt ákveðið mál út úr til þess að fylgja í gegnum meðferð dómsvaldsins sé hægt að gera slíka rannsókn eitthvað einfaldari en hér er lagt til, einfaldlega vegna þess að til þess að geta fylgt síku máli eftir yrði að fara nákvæmlega sömu leið og rakin er í tillgr. sjálfri í tölul. 1, 2 og 3.

Ég tel, þegar hér er komið máli, að ég hafi að mestu lokið við að fjalla um þau efnislegu rök, sem fram komu í málflutningi manna, og þá um leið það af slíku tagi sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. Annars fór ekki mikið fyrir röksemdum og málefnalegum málflutningi í ræðu ráðh. Eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, hv. 9. landsk. þm., tók fram, var ræða hans nú með sama sniði og í fyrravetur þegar svonefnt Klúbbmál var hér á dagskrá: útúrsnúningar, tilfinningasemi, kerskni, stærilæti, glósur og hæðni. Málflutningur hæstv. ráðh. er að þessu leytinu til að verða sérstakur kafli í þingsögunni. Hæstv. ráðh. virðist gera sér það að reglu að taka allar umr., sem hann telur að felist í minnsti vottur af gagnrýni á hann sjálfan eða embættisfærslu hans, með sömu tökum. Hann stendur þá hér uppi í ræðustól, ýmist með hæðnisglott á vör eða þrútinn af reiði, og dengir yfir þingheim ýmist háðsglósum um þingbræður sína eða einhverja einstaklinga úti í bæ eða þá að hann les yfir sömu aðilum reiðilestur með þvílíku orðbragði, að það er á mörkum þess að geta talist þinglegt og raunar í mörgum atvikum fer langt út yfir þau mörk. Þannig hóf hann t. d. mál sitt við þessa umr. með því að líkja mér við Nixon og McCarthy, og á grundvelli slíkra röksemdafærslna hóf hann svo að dæma tilgang minn með flutningi þessarar þáltill. Áður hafði þessi sami hæstv. ráðh. ávarpað mig úr þessum ræðustól, — og ég vil taka það fram, hæstv. forseti, til þess að forðast það að ég sé vittur fyrir óbinglegt orðbragð, að ég er að vitna í hæstv. dómsmrh. þessa lands, — hann hefur ávarpað mig úr þessum ræðustól með orðunum: Þessi vesalings þm. sem er hingað kominn til þess að velta sér upp úr svaðinu og kominn í keng fyrir þær sakir að hlýða húsbændunum á höfuðbólinu og ganga í skítverkin fyrir þá. — Þetta er það orðbragð sem hæstv. dómsmrh., æðsti yfirmaður dómsmála í þessu landi og raunar kirkjumála líka, leyfir sér að hafa um þingbróður sinn sem er aðeins að gegna því sjálfsagða erindi að óska skýringa hjá ráðh. á ákveðnum embættisverkum hans. Og um annan mann lætur þessi hæstv. ráðh. svo um mælt úr ræðustóli, að hann sé ekki nema eitt stórt núll, verkfæri í annarra höndum, þúfutittlingur sem ekki sé eyðandi skoti á, enda ekki nema leiguþý mafíu sem starfi að því að grafa undan lýðræðinu í þessu landi. Ég hélt nú sannast sagna að slík og þvílík viðbrögð hæstv. ráðh. hefðu hreinlega stafað af því að hann hefði misst stjórn á skapi sínu og þeirri óþægilegu uppákomu væri öllum, þar með honum sjálfum, best að gleyma. En hæstv. ráðh. er iðinn. Hann ætlar að halda þannig á málum yfirleitt eins og hann gerði í fyrra og eins og hann hefur gert hér, þótt að vísu hafi hann gætt sín öllu betur í orðafari við þessar umr.

Ég veit ekki hvað veldur því að hæstv. ráðh. grípur til þessa bragðs, nema hann telji slíkan málflutning ávinning fyrir sig og sinn málstað. Menn hafa hins vegar viljað forðast að ræða við hæstv. ráðh. á þessum nótum, ekki vegna þess að menn treysti sér ekki til þess, heldur sakir þess að menn bera virðingu fyrir því embætti sem hæstv. ráðh. gegnir, menn bera virðingu fyrir sjálfum sér og menn bera virðingu fyrir þessari stofnun. E. t. v. hefur þetta, að hæstv. ráðh. hefur ekki verið svarað í sama dúr, orðið til þess að hann telur sér hafa vel orðið ágengt, svona orðbragð sé mjög tilhlýðilegt til þess að murka lífið úr þúfutittlingum. En það get ég sagt hæstv. ráðh., þó hann sé ekki hér, það mun þá einhver koma þeim skilaboðum á framfæri við hann væntanlega, að ef ekki er unnt að ræða við hann með öðrum hætti en þessum, þá mun ég ekki undan því skorast ef ítrekað er eftir því leitað. Ég er ekkert óvanur slíkum orðasennum þótt ég hafi ekki vanist þeim hér á Alþ., og ég er ekki heldur ýkja-óvanur því að ganga til fuglaveiða, fremur en ráðh., þótt mér sé í því efni bann veg annan farið en hæstv. ráðh., að ef til þess kæmi, þá mundi ég hafa aðra og stærri og meiri fugla í sigtinu heldur en þúfutittlinga. En slíkar orðræður gera þeirri till., sem ég flyt hér, ekkert gagn, frekar skaða. En ég ítreka það, að ef það er þannig senna, sem ráðh. vill, þá gæti verið að hæstv. ráðh. væri búinn að fá meira en sinn skammt áður en sá tími kæmi að ég væri orðinn, eins og hann svo nettlega sagði í ræðu á Alþ. í fyrra, áður en ég væri orðinn tvöfaldur af brældómsokinu.

Ég kemst þó ekki hjá því að vekja athygli á þeim viðbrögðum hæstv. ráðh., að hann lítur ekki aðeins á sig sem æðsta yfirmann dómsmála í þessu landi, heldur sem sjálfan persónugerving laga og réttar, sjálfan hyrningarstein íslensks lýðræðis og þingræðis. Viðbrögð hans við þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið m. a. á meðferð hans sem embættismanns og afskipti hans af meðförum dómsmála, og ég ætla ekki að endurtaka þá gagnrýni hér, en viðbrögð hans hafa orðið þau, að með þessu sé ekki aðeins verið að grafa undan dómstólum og dómskerfinu sem stofnun, heldur einnig undan rótum sjálfs lýðræðis og þingræðis í þessu landi og þar með undan rótum þessarar stofnunar. Og það er ekki aðeins

það, að menn séu að veitast að lýðfrelsi, lýðréttindum, Alþingi, dómstólum og dómskerfi með því að gagnrýna hæstv. ráðh. Það nægir ekki. Nei, menn eru líka að gera tilraun til þess að eyðileggja málstað Íslands í landhelgismálinu. Það mátti ekki minna vera. Jafnvel framgangur landhelgismálsins ræðst af því hvort andað sé á hæstv. dómsmrh. Og svo talar hæstv. dómsmrh. um óstaðfestar gróusögur.

Ég vek enn athygli á því, að þessa sama stærilætis gætti hjá hæstv. ráðh. í ræðu hans nú á dögunum. Ég veit ekki hvort þm. veittu því athygli, en hann hóf mál sitt á því að lýsa því yfir að hann mundi ekki standa í vegi fyrir því að þessi hv. d. samþ. till. þá sem hér um ræðir ef henni sýndist svo. Fyrrv. prófessor í stjórnlagafræði við Háskóla Íslands og núv. dómsmrh. lætur það henda sig, telur sér sæma að lýsa því yfir hér á Alþ. að ef þm. vilji samþ. ákveðna till., þá muni hann ekki standa í vegi fyrir því. Það er engin smáyfirlýsing þetta! Það er ekki ónýtt fyrir þm. og þjóðina að vita af því, að hæstv. ráðh. ætlar ekki að standa í vegi fyrir því að meiri hl. þm. samþ. till. ef sá meiri hl. er fyrir hendi. Ég verð nú bara að segja eins og er, að það hljóta að vera áhöld um það og þau mikil hvort menn eiga að gleðjast eða hryggjast yfir slíkri yfirlýsingu. En það fer að sjálfsögðu eftir því hvar menn búa og hvers konar stjórnarfari menn eru vanir. Ég býst við því t. d. að almenningur í Argentínu eða Chile mundi gleðjast yfir slíkri yfirlýsingu frá opinberum ráðamanni þar, hann ætli að lofa þinginu að ráða. Hins vegar var það réttilega metið hjá hæstv. ráðh. þegar hann lýsti því yfir að hann teldi ekki þeirri till., sem hér um ræðir, stefnt gegn sér, enda var það sérstaklega tekið fram af mér bæði í framsögu og í grg. með þessari till., að með henni sé ekki stefnt gegn einum eða neinum, hvorki gegn einstaklingum né stofnunum, heldur er till. stefnt að ákveðnum viðfangsefnum.

Hæstv. ráðh. hnykkti enn betur á þessum skilningi sínum með því að lýsa því yfir að hann mundi ekki segja af sér þótt till. yrði samþ. Með því ætti hæstv. ráðh. að hafa tekið af öll tvímæli um það, að á þetta mál er ekki hægt að líta sem pólitískt áróðursmál eða atlögu að honum. Um úrslit þessa máls fer því eftir vilja þm. sjálfra, eins og hæstv. ráðh. raunar tók skilmerkilega fram er hann skýrði frá því að hann mundi ekki standa gegn samþykkt þessarar till. ef meiri hl. væri fyrir samþykkt hennar hér í Nd.

Ég verð að segja eins og er, að ég er á báðum áttum um það hversu langt ég eigi að fara út í að ræða málflutning hæsv. ráðh. að öðru leyti. Eins og ég hef sagt áður, þá tel ég vart viðeigandi að fjalla um þau atriði málflutnings hans, sem voru meginuppistaða í ræðu hans, með þeim aðferðum sem hæstv. ráðh. gaf tilefni til. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir talaði sjálfsagt og örugglega fyrir munn margra þm. er hún átaldi þann hátt sem ráðh. hefur haft á málflutningi sínum um þessi mál, og það er sannarlega ekki ástæða fyrir mig til að reyna frekar á þolrif hv. þm. með því að henda þennan bolta hæstv. ráðh. á lofti. Þó get ég ekki komist hjá því að fara nokkrum orðum um ákveðið efni ræðu hans til þess fyrst og fremst að undirstrika hvernig hæstv. ráðh. þykir hæfa að haga málflutningi sínum.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir benti réttilega á að hæstv. ráðh. gerði sér far um að svara fyrir sig með spotti, útúrsnúningum og kerskni. Þessi ábending er rétt. En slíkar aðferðir eru langt í frá að vera uppfinning hæstv. ráðh., þó að sumum virðist svo. Hér er um að ræða gamalt bragð sem menn hafa beitt á öllum öldum þegar þeir telja að verið sé að vanda um við þá, en vilja snúa sig út úr að ræða efni málsins. Meira að segja er slíkra aðferða getið í elstu bókum. Og þar sem hæstv. ráðh. er ekki aðeins ráðh. dómsmála, heldur einnig kirkjumála, hygg ég að sé hollt fyrir hann að hlýða á nokkrar tilvitnanir úr orðskviðum Salómons sem mér var bent á, en þar er einmitt fjallað um framkomu eins og þá sem hæstv. dómsmrh. okkar íslendinga er búinn að gera að hálfgerðum plagsið hér á hinu háa Alþ. Þetta er í 9. kapítula, sem heitir: Upphvatning til visku, viðvörun við heimsku. Þetta hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver sem umvandar við háðfuglinn má láta sér lynda hæðni og hver sem ávítar óguðlegan háðung. Umvanda þú ekki við hæðinn mann svo hann hati þig ekki. Umvandaðu hygginn mann og hann mun elska þig. Gef þú vitrum manni áminning og hann mun verða enn vitrari. Uppfræddu hinn ráðvanda og honum mun í þekkingu fram fara.“

Hæstv. ráðh. hefur sérstaklega tekið það fram, að honum hafi ekki farið fram í þekkingu á dómsmálum við þær umr. og þá uppfræðslu sem reynt hefur verið að veita honum, svo það fer ekkert á milli mála hvort heldur hæstv. ráðh. er hygginn maður eða hæðinn í þessum skilningi.

Annað atriði í svonefndum röksemdafærslum hæstv. ráðh., sem honum þótti hlýða að beita fyrir sig, vil ég drepa á. Hann sagði m. a. að í grg. till. væri ekkert orð mælt af sannleika eða viti nema ein setning, setningin sú, að kostnaður við störf n. sé greiddur úr ríkissjóði. Hér í grg. er m. a. sagt að þeim spurningum, sem var varpað fram af mér í ræðu á Alþ. á s. l. vetri um ákveðin framkvæmdaatriði dómsmála, sé enn ósvarað. Er þetta rangt? Hver hefur svarað þeim? Hvar eru þau svör? Það er sagt ennfremur að þau mál, sem þar hafi verið sérstaklega nefnd, hafi reynst dómskerfinu um megn að afgr. og séu enn óafgreidd. Hafa þessi mál verið afgreidd á þeim tíma sem liðið hefur frá því ég mælti þetta? Er þetta rangt? Það hefur þá farið fram hjá mér. Hér er vitnað til viðbragða hæstv. ráðh. hér í fyrra þegar þrír þm. þessarar hv. d. lögðu fram till. um að efla rannsókn og rannsóknarlögreglu með því að fjölga starfsliði hennar og hæstv. ráðh. snerist gegn þeim málflutningi og taldi sig meira að segja ekki hafa fjárhagslega heimild til þess að verða við óskum till., jafnvel þótt hún yrði samþ. Síðan er þess getið, að á miðju sumri hafi hæstv. ráðh. snúið við blaðinu og gert

einmitt það sem þessi till. gerði ráð fyrir. Er þetta rangt? Er þetta ekki rétt frá skýrt? Eru þetta ósannindi þau sem hæstv. dómsmrh. var að lýsa að væru fólgin í grg. þessarar till.? Þá er þess einnig getið í grg., að í 39. gr. stjórnarskrárinnar sé heimild fyrir hvora þd. um sig að skipa rannsóknarnefnd eins og þá sem þessi till. gerir ráð fyrir og sagt frá því hvernig sú grein stjórnarskrárinnar hljóði. Er þetta rangt? Er þetta misskilningur? Er þetta illmælgi? Ég get haldið svona áfram endalaust.

Það, sem sagt er í grg. þessarar till., er rétt. Dómsmrh. hæstv. getur ekki mótmælt því. Þess vegna kýs hann að sjálfsögðu að ræða ekki málið. Hvað kostnaðinn varðar, sem hann var að reyna að gera hlægilegan í sinni ræðu, þá skal ég taka það fram að þar kom tvennt til. Við athugun á flutningi þessarar till., m. a. hjá þeim sérfróðu mönnum sem ég vitnaði til áðan, var rætt um það, hvort eðlilegra væri að greiða kostnaðinn við þessa rannsóknarnefnd af Alþ. eða úr ríkissjóði fyrir milligöngu dómsmrn. Lögfræðingar þeir, sem voru mér til ráðuneytis, sögðu að eðlilegra væri að greiða kostnaðinn af fjárveitingu Alþingis af fé Alþingis, þar sem hér væri um að ræða þn. sem starfaði á vegum Alþingis sjálfs. Ég átti hins vegar orðræður um þetta við skrifstofustjóra Alþingis, og hann sagði að þó að þetta sjónarmið væri eðlilegt og ætti sínar eðlilegu orsakir, þ. e. a. s. að æðsta vald þeirra mála sem ætti að rannsaka, dómsmrn., ætti ekki að hafa milligöngu um greiðslu á kostnaði rannsóknarnefndarinnar, þá væri það orðin siðvenja að n., sem þingið kysi, væru launaðar úr ríkissjóði, en ekki af fé Alþingis. Þetta er hin einfalda skýring á því að það var sagt að eðlilegra þætti að launa þessa n. beint úr ríkissjóði fyrir milligöngu dómsmrn. heldur en af fé Alþ., þótt auðvitað sé það rétt hjá hæstv. ráðh., að hvort sem peningarnir koma frá Alþ. eða úr ríkissjóði beint, þá er í hvoru tveggja tilfelli um að ræða fé frá skattborgurum þessa lands. En hæstv. ráðh. vill kannske hafa annan hátt á. Það má vel vera. Það gæti vel komið til mála. Sérfræðingar eru til bæði menntaðir og ómenntaðir. Menn geta orðið sérfræðingar í dómskerfinu t. d. af því að öðlast þar talsverða reynslu sjálfir án þess að menn séu endilega löglærðir. E. t. v. mætti fá til starfa hjá n. einhvern slíkan sérfróðan kjarnakarl, einhvern kraftaverkamann t. d., og honum yrði sjálfsagt ekki skotaskuld úr því að reka n., jafnvel með hagnaði, án þess að nokkurt framlag þyrfti að koma frá ríkissjóði. Kannske er það þetta sem hæstv. háðh. hefur haft í huga. Það má vel vera.

Mér varð það á að vitna í ummæli þriggja manna: Vitna í ummæli núv. vararíkissaksóknara í sambandi við þau atriði sem hann taldi eðlilegt að rannsaka ætti í sambandi við Klúbbmálið, en ekki voru rannsökuð, — vitna í ummæli núv. ríkissaksóknara þar sem hann upplýsti um það, að að meðaltali hefði ekki komið nema innan við eitt mál á ári til hans fyrir tilverknað skattrannsóknastjóra, — og vitna í ummæli rannsóknarmanns í fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglunnar þar sem hann lét svo ummælt, að það hassmagn sem nú er verið að ljúka við rannsókn á, að andvirði um 15 millj. kr., væri aðeins lítið brot af því magni, sem hann væri sannfærður um að væri í umferð hér í landinu. Hæstv. ráðh. sagði að það væri ekkert mark takandi á þessum orðum hjá mér þar sem ég hefði ekki lagt þetta fram skriflega.

Ég vil aðeins benda á það, að það skorti ekki þegar ég ræddi þetta mál fyrir tæpu ári að ég legði fram skrifleg gögn. En það virtist engu breyta um það að hæstv. ráðh. tæki mark á því sem þar var sagt. Og til þess raunverulega að koma nánari leiðréttingum á framfæri, þá vil ég taka fram að það, sem ég hafði eftir núv. vararíkissaksóknara, þáv. fulltrúa hjá saksóknara ríkisins, er ekki munnlega á milli flutt, heldur er þetta bein tilvitnun í skrifleg gögn sem eru til hjá hæstv. dómsmrh. sjálfum sennilega á borðinu hans uppi í rn., og hafa verið prentuð í þingtíðindum sem prentuð voru fyrir upphaf febrúarmánaðar í fyrra. Þar eru þessi skriflegu gögn, þessi skriflegi vitnisburður sem hæstv. ráðh. var að kvarta um að hann hefði ekki fengið. Hæstv. ráðh. ætti að lesa betur plöggin sem liggja á borðinu hjá honum og hann hefur haft til lesningar í 4 ár.

Um hina tvo mennina, sem ég bar fyrir því sem ég sagði hér áðan, þ. e. a. s. ríkissakskónara sjálfan hvað varðar fjölda mála sem til hans er vísað frá skattrannsóknastjóra og rannsóknarmann í fíkniefnadeild lögreglunnar um mat hans á umferð fíkniefna hér á landi, þá vil ég taka það fram, að þessi orð eru að vísu ekki til skriflega fest á blað, en þau voru ekki mælt við mig einan. Þetta voru yfirlýsingar sem þessir tveir menn gáfu allshn. þessarar hv. d. á fundi sem allshn. átti með þessum mönnum. Þar voru þeir sérstaklega spurðir um þessi atriði. Ég hygg að allir þeir allshn.-menn, sem hér eru staddir, geti vitnað með mér um það, að þarna skýri ég rétt frá.

Þá fjallaði hæstv. ráðh. mikið um þingræðið í Bandaríkjunum, ekki væri ástæða til þess að beita þeim aðferðum hér sem reynst hefðu árangursríkar í Bandaríkjunum til þess að fá mál á hreint, vegna þess að Bandaríkin stæðu okkur svo langt að baki í þingræðislegu tilliti. Það var ekkert smáræði. Styrkur þingræðis og lýðræðis á Íslandi, sem stendur og fellur með hæstv. ráðh. Ólafi Jóhannessyni, er miklu, miklu meiri heldur en styrkur lýðræðis og þingræðis í Bandaríkjunum. Hann var fljótur að skera úr um það, hæstv. ráðh. En hann lét ekki þar við sitja. Hann hnykkti enn frekar á með því að benda á, að ákveðnir menn hefðu haft með að gera formennsku í slíkum rannsóknarnefndum í Bandaríkjunum, og tilgreindi þar sérstaklega ofsóknarann McCarty og dæmdan sakamann Richard Nixon, og þar með afgreiddi hæstv. ráðh. hlutverk rannsóknarnefnda bandarísku þingsins í eitt skipti fyrir öll. En hann lét sér ekki einu sinni það nægja, heldur lét þess jafnframt getið að ég ætti heima í hópi þessara tvímenninga þar sem mitt hugarfar væri það sama og þeirra.

Þessum viðbrögðum erum við nú satt að segja farnir að venjast. Ég átti fyllilega von á því að eitthvað svona félli af vörum hæstv. ráðh. Það var aðeins eitt sem ég saknaði: hann gleymdi Göbbels. Ég man ekki til þess að dregin hafi verið upp varmenni veraldarsögunnar, sem okkur Vilmundi Gylfasyni hafi verið skipað í sveit með, að ekki hafi Göbbels verið nefndur, hverjir svo sem aðrir hafi verið, og ég held að þetta hljóti að hafa verið mistök hjá hæstv. ráðh., hann hefur bara gleymt að nefna Göbbels líka. Hafði ekki Göbbels líka með höndum einhvers konar rannsóknir á vegum nasistaflokksins á þinghúsbrunanum í Berlín? Hann hefði getað notað Göbbels við hliðina á Nixon og McCarty til þess að ónýta hugmyndir um rannsóknarnefnd hér uppi á Íslandi. Og ef áfram er haldið röksemdafærslum hæstv. ráðh., hvers vegna þá að gleyma spænsku inkvisatorunum, forstöðumönnum hins illræmda kirkjulega rannsóknarréttar á miðöldum, — eða kannske Kaifasi? Stóð hann ekki fyrir rannsóknarnefnd þeirri sem stefnt var gegn sjálfum Kristi? Og hæstv. ráðh. getur rakið sig með svona röksemdafærslum allt aftur til sjálfs syndaflóðsins. Af hverju stafaði syndaflóðið? Var það ekki vegna þess að Adam og Eva voru plötuð út í það ægilega fyrirtæki að hefja rannsókn á greinamun góðs og ills?

Með þessum rökum hæstv. ráðh. getur hann með fullum rétti, ef þetta eru rök, haldið því fram að öll píslarganga mannkynsins gegnum lífsins táradal frá upphafi vega hafi stafað af því að ill öfl hafi fengið því áorkað að mál væri tekið til rannsóknar sem ekki ætti að rannsaka, og síðan getur hann stillt þessum líka félega söfnuði upp: McCarthy, Nixon, Göbbels, spánski rannsóknarrétturinn, Kaifas, höggormurinn í Paradís, Vilmundur Gylfason og Sighvatur Björgvinsson. Þannig er málatilbúnaður hæstv. ráðh., þannig talar æðsta yfirvald dómsmála á Íslandi — og ekki aðeins dómsmála, heldur kirkjumála líka.

Og hvað um allar gróusögurnar? Auðvitað eru þetta ekki gróusögur, þetta eru rök á máli hæstv. ráðh. En hvað um allar gróusögurnar? Hæstv. ráðh. gerði þær að sérstöku umræðuefni út af ákveðnu atriði í till. þessari, þar sem vikið er að því að athuga eigi hvort utanaðkomandi öfl eða annarlegir hagsmunir gætu haft áhrif á gang rannsókna hjá rannsóknaryfirvöldum. Hefur hæstv. ráðh. virkilega ekkert orðið var við það að grunsemdir hafi vaknað um slíkt? Ég ætla ekki að taka dæmi eða endurtaka þau sem fram hafa verið færð þar um. En það vill nú svo vel til að hæstv. ráðh. er formaður blaðstjórnar ákveðins dagblaðs hér í borg, og ég trúi því vart að *það hafi fram hjá honum farið að þetta* ákveðna dagblað hefur haft milligöngu um slíkar ásakanir á hendur tveim löggæslumönnum í þessu landi, og þessar ásakanir dagblaðsins Tímans hafa orðið til þess að rannsókn er hafin á störfum þessara tveggja löggæslumanna, á því hvort utankomandi öfl eða annarlegir hagsmunir hafi haft áhrif á gerðir þeirra. Og ég vil enn vitna — ekki í blað, heldur flokksmann hæstv. ráðh. á opinberum fundi fyrir nokkrum dögum. Þar var staddur og ræðumaður einn af helstu foringjum Framsfl., varaþm., borgarfulltrúi og í æðstu stöðum flokksins, að því er ég best veit: Guðmundur G. Þórarinsson. Hann hafði gert sér far um að kanna mjög vandlega meðferð dómsmála og afstöðu dómsmrh. til ýmissa málefna. Og hvað hafði þessi forustumaður Framsfl. að segja. Hann lýsti því yfir á þessum fundi að ástæðan fyrir því, að hæstv. dómsmrh. mætti ekki í réttarhaldi þar sem honum var stefnt fyrir meiðyrði, hafi verið sú, að hann hafi viljað að dómararnir kvæðu upp hlutlausan dóm. Þetta var ástæðan. M. ö. o. mátti ætla að það væri forsenda fyrir því, að dómstólar kvæðu upp hlutlausan dóm, að hæstv. dómsmrh. væri fjarstaddur. Hvað skyldi nú hæstv. ráðh. hafa sagt ef þessi fullyrðing hefði komið frá annaðhvort mér eða Vilmundi Gylfasyni? En þessi fullyrðing kom frá hvorugum okkar, hún kom frá forustumanni í hans eigin flokki. Og grófari ásakanir hef ég ekki heyrt um það, að utanaðkomandi öfl eða annarlegir hagsmunir hafi áhrif á meðferð dómmála í þessu landi, heldur en að ástæðan fyrir því, að hæstv. ráðh. mætti ekki í rétti, hafi verið sú að hann hafi ekki treyst því að dómendurnir kvæðu upp hlutlausan dóm nema hann væri fjarstaddur.

Þá hefur hæstv. ráðh. tekið sérstaklega fram að þær umr., sem orðið hafi um dómsmálin, og sú gagnrýni, sem hafi verið sett fram á þau mál, hafi engin — ekki nokkur áhrif haft á viðhorf hans í þeim málum, hvað þá heldur átt neinn þátt í því að hann hafi brugðið við og lagt fram á Alþ. till. til úrbóta. Gagnrýnin á rannsóknaraðstöðu dómskerfisins hefur sem sé að sögn ráðh. ekki haft nokkur áhrif á hann til þess að flýta framlagningu frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins. Hástemmd gagnrýni, ekki bara almennings, heldur dómara og samtaka þeirra á meðferð veitingavaldsins í höndum hæstv. ráðh., og krafa þessara aðila um að skipaður verði sérstakur umsagnardómstóll til að meta hæfi umsækjanda um dómarastöður, — að sögn ráðh. hefur þetta ekki haft nokkur áhrif í þá átt að hraða því að hann legði fram frv. um einmitt þetta efni, sem hann þó gerði í þinglok í fyrra, en gerði það seint að ekki var hægt að afgreiða málið á því þingi. Öll þessi umr. hefur sem sé að sögn hæstv. ráðh. ekki haft á hann allra minnstu áhrif. Hann hefur látið hana fara inn um annað eyrað og út um hitt, án þess að hún skildi neitt eftir sig í kollinum. M. ö. o.: það er sama hvað rætt er um þau mál, sem ráðh. á að stjórna, og það er sama hverjir um þau fjalla, hvort það eru einhverjir þúfutittlingar, hvort það eru blöð, hvort það eru dómarar, hvort það eru lögfræðingar, hverjir það eru skiptir ekki máli. Hæstv. ráðh. gefur þá *yfirlýsingu: Ekkert hrín á mér. Ég hlusta ekki.* — Ég verð nú að segja það, að öðruvísi er nú farið hjá öðrum ráðh. og hv. þm. Ég tek sem dæmi að skattamálin hafa verið mjög mikið til umr. meðal almennings undanfarin missiri. Ég veit til þess að hæstv. fjmrh. t d, að ekki sé talað um óbreytta þm., hefur gert sér far um að fylgjast með þeirri umr., sækja sér þangað hugmyndir, skoða þær hugmyndir sem fram hafa komið. Og ég er sannfærður um að hæstv. fjmrh. verður áreiðanlega síðastur manna til

að halda því fram að umr. meðal almennings um skattakerfið hafi ekki haft nokkur áhrif á hann. En þetta segir hæstv. dómsmrh. Hann *situr í sínu hásæti ofar skýjum, og honum dettur* ekki einu sinni í hug að hlusta á einn eða neinn eða eitt eða neitt sem sagt er um þau mál, sem hann á að fara með, — engin áhrif á hann, ekki nokkur, inn um annað eyrað, út um hitt og kollurinn gjörsamlega tómur.

Þingmönnum og ráðh. ber skylda til þess að hlusta á raddir fólksins í þessu landi og taka tillit til þess sem sagt er. Ég ætla að flestir þm. geri þetta og hafi gert það m. a. hvað varðar þau mál sem hér eru til umr., dómsmálin. Gleggsta sönnun þess er sú mikla og málefnalega umr. sem fram hefur farið um þessi mál hér — og undanskil ég þá að sjálfsögðu ræðu hæstv. dómsmrh. að langmestu leyti. Ég tel að þingið verði að láta þessi mál til sín taka með þeim hætti sem hér er lagt til. Sá háttur er réttlátastur, skjótvirkasur og eðlilegastur, best til þess fallinn að eyða grunsemdum ellegar þá staðfesta það, að eitthvað sé rétt í þeirri gagnrýni sem fram hefur verið sett. Stjórnarskrá lýðveldisins gerir ráð fyrir því að einmitt slík mál verði meðhöndluð með þeim hætti sem hér er lagt til. Verði ekki á það ráð brugðið nú, merkir það ekki annað heldur en þingið er óbeint að lýsa því yfir að ákvæði stjórnarskrárinnar um rannsóknarnefndir sé dauður bókstafur, því ef ekki er ástæða til þess að beita slíkri aðferð nú, hvenær ætli væri þá ástæða til þess? Hvernig telja menn þá að þeir, sem sömdu og afgr. stjórnarskrána, hafi ætlast til að þessu ákvæði yrði beitt? Eða á það að sannast einnig um þetta mál, að hér sé enn eitt gerviákvæðið, enn einn þátturinn í þeim skollaleik sem iðkaður er hér á Íslandi, þar sem menn reyna að láta hlutina líta út á pappírnum þveröfugt við það sem þeir líta út í reynd?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 43.) — 1. umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því að víkja svolítið til rjúpnaveiðitímanum, víkja honum til um einn mánuð. Samkv. núgildandi lögum hefst hann, eins og allir vita, 15. okt., en endar 22. des. Hér er lagt til að hann hefjist 15. nóv. og endi 22. jan. Ein ástæðan til þessa er sú, að rjúpnaungar hafa fæstir náð fullum vexti þegar veiðitíminn hefst. Það eitt virðist ærin ástæða til þess að fresta honum nokkuð. Þar að auki sýnist mér að sóknin gegn rjúpunni hafi aukist svo nú hin síðustu árin að gjarnan mætti koma á einhverjum þeim *ákvæðum í lögum sem drægju úr þessari sókn*, en það yrði að sjálfsögðu gert með þessu. Þegar veiðitíminn er færður þetta dýpra inn í skammdegið, þá leiðir af sjálfu sér að um leið styttist sá birtutími sem veiðimönnum gefst til þess að drepa rjúpuna. Í því er fólgin töluverð friðun.

Ég er ekki mjög kunnugur þessum málum sjálfur, en ég hef rætt við ýmsa menn sem þekkja vel til þeirra, gamla bændur í Borgarfirði *sem fylgst hafa með rjúpnaveiðum frá* því að þeir voru í bernsku, og það er m. a. fyrir tilmæli frá þeim sem ég flyt þetta frv. En ég vil leyfa mér að vitna líka í norðlenskan bónda og alkunnan veiðimann sem skrifaði grein í það merka blað, Tímann, ekki fyrir löngu, 22. sept. s. l. Hann er þar að ræða um ýmislegt sem varðar fuglaveiðar, fyrst og fremst reyndar nauðsyn þess að fækka ýmsum þeim fugli sem við teljum varg, en víkur svo að rjúpunni í lok greinar sinnar. Hann telur að undanfarin ár hafi átt sér stað iskyggileg fækkun í rjúpnastofninum og segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér í Þingeyjarsýslum, þar sem vagga rjúpunar hefur ávallt verið á Íslandi, eru næg vitni, sem treysta má, um rjúpnastofninn. Það eru refaskyttur.“ — En höfundur þessarar greinar er einn af þekktustu refaskyttum þjóðarinnar. — „Það eru refaskyttur, sem oft vaka vorbjartar nætur upp til heiða ár hvert og oft á þeim stöðum, þar sem rjúpur velja sér aðalvarpstöðvar eftir snjólagi og veðurfari hverju sinni. Þeir, sem þar vaka, vita líka ósköp vel, að karlfuglinn er með þeim ósköpum fæddur að fara á kreik um lágnættið og láta þá til sín heyra heldur hressilega. Það er venjulega sönnun þess, að þeir vita, að frúrnar eru ekki langt undan. Því má líka bæta við, að á þeim sömu slóðum, sem mest ber á slíkum bassaröddum, alast ungar *þeirra upp og eru þar jafnvel oft í nágrenni*, þegar herferðin er hafin 15. okt. Sá mánuður verður þeim líka oftast örlagaríkastur, þegar tíð er góð. En hvaða vit er í því að leyfa að skjóta rjúpur áður en þær eru komnar í vetrarbúninginn og í viðunandi hold? Það ætti ekki að leyfa að skjóta rjúpur fyrr en um miðjan nóv. Og hvaða vit er í því að leyfa jafnlangan veiðitíma ár hvert, hve fáliðaðar sem þær eru og án tillits til þess, að sóknin hefur margfaldast?“

Ég vil út af því síðasta, sem ég vitna hér í grein þessa ágæta manns, segja það, að síðan ég flutti þetta frv., síðan frv. var lagt fram, hafa ýmsir komið að máli við mig og haldið því fram að ég hefði átt að stytta veiðitímann. Ef til vill hefði það verið rétt, að ég hefði lagt það til strax í frv. Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær málið til umfjöllunar, að ég er sannarlega til viðtals um að láta t. d. nægja einn mánuð. T. d. í Borgarfirðinum, þar sem nokkrir bændur stunda rjúpnaveiðar á hverju hausti, — og þar er það ekki bara sport, góður nágranni minn einn fer á hverju hausti til rjúpnaveiða og þetta er töluvert drjúg tekjulind hjá honum, — þar er reynslan sú, að eftir fyrstu vikurnar tekur því varla fyrir hann lengur að fara á veiðarnar. Mér sýnist með tilliti til þeirra manna, sem hafa af þessu tekjur, eins og þessa bónda, að tekjurnar mundu lítið rýrna þó að veiðitíminn yrði styttur í einn mánuð.

Ég vil svo að lokum leggja til að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 44). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 44 hef ég leyft mér að flytja ásamt Jónasi Árnasyni, hv. 5. þm. Vesturl., og Sighvati Björgvinssyni, hv. 8. landsk. þm., frv. um breyt. á l. nr. 49 frá 1967, um skólakostnað. Frv. þetta felur í sér þá breyt., að á eftir 1. mgr. 7. gr. l. komi ný mgr. sem hljóði svo:

„Þó skal ríkissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum sem hafa innan við 4000 íbúa."

Frv. sama efnis flutti ég á síðasta þingi og fékk það þá afgreiðslu frá n., en varð ekki útrætt í þinginu. Hér er um að ræða í þessu frv. þá breyt. frá því, sem er í gildandi lögum, að hækka þátttökukostnað ríkissjóðs úr 50% upp í 75% í í sambandi við stofnkostnað sundlaugarbygginga. Þá er í þessu frv. eins og hinu fyrra ákvæði til bráðabirgða, og þar er gert ráð fyrir að einnig skuli þessi aukni þátttökukostnaður ríkissjóðs úr 50% í 75% ná til þeirra bygginga sem enn hefur ekki verið gerður formlegur samningur um.

Þegar þetta frv. var til umr. í fyrra, á s. l. þingi, tóku þátt í þeim umr. nokkrir hv. þm. og þeir lýstu allir ákveðnum stuðningi við málið, m. a. tveir hv. þm. sem sæti áttu og eiga enn í þeirri hv. n. sem málið fékk til meðferðar þá og fær væntanlega nú. Ég vænti þess, að enn sé sami hugsunargangur og stuðningur hjá þessum hv. þm. og raunar fleirum.

Ég gerði grein fyrir því í framsögu fyrir frv. á síðasta þingi hversu sundkennsla hlyti að vera og ætti að vera ríkur þáttur í námi. Í gildandi fræðslulöggjöf er gert að skilyrði að ljúka ákveðinni sundskyldu til þess að fá fullnaðarprófsskírteini, og þessi ákvæði hafa verið í gildi frá árinu 1938, ef ég man rétt. En sannleikurinn er sá, að á fjöldamörgum stöðum allt í kringum land hefur þessum þætti fræðslulöggjafarinnar ekki verið fullnægt. Hundruð unglinga, sem átt hafa að ljúka fullnaðarprófsstigi, hafa því ekki fengið skírteini afhent, vegna þess að þennan þátt hefur vantað inn í þannig að hægt væri að ljúka til fullnustu prófi og þau fengju sín prófskírteini þar með afhent.

Þó að þetta sé að sjálfsögðu stórkostlegur galli almennt talað, þá hlýtur þetta þó fyrst og fremst að teljast mjög slæmt ástand á þeim stöðum þar sem atvinnulíf er með þeim hætti að fyrst og fremst er byggt á sjósókn og sjávarútvegi, sjómennsku. Þó að sundkunnátta og sundiðkun sé holl og nauðsynleg öllum almenningi, þá er hún þó fyrst og fremst, að ég held, lífsnauðsynleg á stöðum þar sem sjósókn er alfarið atvinnuvegurinn. Það hefur sýnt sig að í ótalmörgum tilfellum að hefði slík aðstaða verið fyrir hendi og sundkennsla átt sér stað, þá hefðu ótalmörg mannslíf bjargast sem ella hafa týnst vegna þess ástands sem ríkt hefur í þessum málum á undanförnum árum og áratugum.

Það hefur, að ég held, valdið nokkurri umhugsun sumra hv. þm. að í þessu frv. er gert ráð fyrir að þessi aukna þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við byggingar slíkra mannvirkja eigi aðeins að ná til afmarkaðra staða, þ. e. staða sem hafa 4000 íbúa eða færri.

Vel má vera að þetta sé þyrnir í augum sumra, og æskilegast væri auðvitað að hægt væri að búa þannig að málum, að þessi aukna þátttaka næði til alls landsins. En ég sem ábyrgur stjórnarandstæðingur hlýt að taka tillit til þess ástands, sem ríkir í þjóðfélaginu, og skoða í kassa hæstv. ríkisstj. að því er að fjármálum lýtur, og þar sem ekki er talið fært að láta þetta ná yfir allt landið í öllum tilvikum, til allra staða á landinu, þá held ég að allir ættu að geta verið um það sammála, að á þessum stöðum, á útgerðarstöðum, fyrst og fremst tiltölulega fámennum útgerðarstöðum, sé nauðsynlegt að snúa sér fyrst að þessari breytingu. Væntanlega batnar ástand fjármála ríkissjóðs svo á næstunni að hægt verði að láta þetta ná yfir allt landið, til allra staða, þannig að hægt sé að framfylgja áratugagamalli fræðslulöggjöf að þessu leyti. En mér sýnist sem sagt að öll sólarmerki bendi til þess, að slíkt sé ekki talið framkvæmanlegt nú, og verði því að horfast í augu við þá staðreynd að sníða sér að því leytinu stakk eftir vexti og takmarka þetta fyrst og fremst við þessa staði sem er lífsnauðsynlegt að þarna verði á breyting gagnvart.

Það fylgir þessu frv. nokkru ítarlegri grg. heldur en fylgdi hinu fyrra, og einnig er með frv. fskj. sem ætti að gefa hv. þm. nokkra innsýn í það, hvernig þessum málum er í raun og veru háttað hér á landi. Það kemur sem sagt í ljós, að miðað við þessa afmörkuðu útgerðarstaði, sem hafa 4000 íbúa eða færri, þar er um að ræða 62 staði, 62 útgerðarstöðvar á landinu, sem mundu falla undir þetta, og 30, nær helmingurinn af öllum þessum stöðum, hefur enga sundaðstöðu til þess að framfylgja fræðslulöggjöfinni eða til þess að hægt sé að iðka sund að neinu marki. Nær helmingur allra þessara útgerðarstaða hefur enga sundaðstöðu, aðeins 21 af þessum 62 stöðum hefur slíka aðstöðu, og 11 af þessum 62 stöðum hafa ófullnægjandi aðstöðu eða aðstöðu sem er í smíðum.

Ég trúi ekki öðru en hv. þm. verði það ljóst, þegar þeir sjá svart á hvítu hvert ástand þessara mála er í raun og veru, þeim hljóti að verða það ljóst, að hér verður að bæta um og það verður ekki komist hjá því að taka á þessu máli á þennan hátt, að byrja á þeim stöðum sem þurfa þess fyrst og fremst með að fá slíka aðstöðu fyrst ekki er hægt að snúa sér að málinu í heild.

Nú má vel vera að það komi fram sem mótrök í þessu máli, að jafnhliða þessari breytingu sé ekki lagt til fjármagn til þess að standa straum af þessum aukna þátttökukostnaði ríkissjóðs. Ég sagði það við umr. í fyrra um sama mál og vil segja það enn, að ef það er svo, að ekki sé talið framkvæmanlegt við núverandi aðstæður að bæta því fjármagni við sem til þarf til þess að hægt sé að gera þetta nú, þá er ég þeirrar skoðunar að það séu aðrir þættir í fræðslukerfinu, sem vissulega eru mikilsverðir og nauðsynlegir, en eru þó minna nauðsynlegir að mínu mati heldur en þetta og það sé því framkvæmanlegt og forsvaranlegt, sé ekki fyrir hendi fjármagn til þess að bæta við til þessarar uppbyggingar, að draga úr öðru til þess að láta þetta mál hafa forgang. Og ég trúi því ekki, ef

hv. þm. kynna sér þetta, að þeir komist ekki að eitthvað álíka niðurstöðu um þetta og ég.

Það er kannske rétt að láta þess getið strax, að þær tölulegu upplýsingar, sem hér fylgja, eru fengnar í mars s. l., þannig að vel má vera að einhver breyting hafi þar á orðið síðan. Ég skal ekki um það fullyrða, hvort á þeim mánuðum, sem liðnir eru frá því í mars s. l. þegar þessar upplýsingar voru fengnar frá menntmrn., geti ekki einhverjar breytingar hafa á orðið. En í meginatriðum held ég að sé öruggt að treysta þeim upplýsingum sem hér fylgja sem fylgiskjal með frv.

Það var sagt af nokkrum hv. þm, sem ræddu þetta mál á síðasta þingi, að það væri flutt á þeim tíma að útilokað væri að gera ráð fyrir því að lögin gætu öðlast gildi á árinu 1976. Það var mér fyllilega ljóst og hefði að sjálfsögðu á það fallist að gildistaka breyttra laga, hefði frv. náð fram að ganga, hefði miðast við áramótin næstkomandi.

Nú er þetta frv. flutt það fljótt, að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að málið fengi afgreiðslu það tímanlega að hægt væri að gera ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga, ef á annað borð er vilji hjá hv. þm. fyrir því að gera slíkar breytingar.

Málið hefur fengið skoðun n., hér er um nákvæmlega sama að ræða og gert var ráð fyrir í fyrra frv, þannig að það ætti ekki að þurfa langa skoðun í þeirri hv. n. sem það væntanlega fer til. Það er því allt sem mælir með því að málið sé það tímanlega á ferðinni að það ætti að geta fengið afgreiðslu og geta verið tekið með í afgreiðslu fjárlaga nú fyrir árið 1977.

Ég sagði áðan að málið hefði fengið afgreiðslu úr n. á síðasta Alþingi, þó ekki aðra afgreiðslu en þá, að sú hv. n. lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstj. Ég á kannske að fagna því að þessi var niðurstaða í n. þá og að málið fékk endanlega afgreiðslu hér í þinginu, vegna þess að þá hefði verið óeðlilegt — kannske vegna þingskapa óheimilt að taka málið upp aftur nú. En líklega hefði það sofnað svefninum langa hjá hæstv. ríkisstj. hefði afgreiðsla þingsins orðið sú sem hv. menntmn. lagði til. En það kom mér á óvart að hv. menntmn. skyldi verða alveg sammála um þessa afgreiðslu á síðasta Alþ., vegna þess að a. m. k. tveir úr menntmn. höfðu talað alveg einróma með þessu frv. og lagt á það áherslu að breyting í þessa átt væri nauðsynleg og hana þyrfti að gera.

En nú er komið að því að nú duga ekki lengur fögur orð og frómar óskir. Nú þarf að standa þannig að málinu að það verði afgreitt á þann hátt sem ég a. m. k. vil vona í lengstu lög að meiri hl. sé fyrir hér á Alþ., að breyta þessu í það horf sem frv. gerir ráð fyrir. Það er allt of lengi búið að dragast og allt of lengi búið að lýðast, þetta ófremdarástand að þessu leyti til, ekki bara varðandi fræðslulöggjöfina í landinu og framkvæmd á henni, heldur og varðandi þann þátt hins mannlega lífs að geta iðkað sund, sem er nauðsynlegt margra hluta vegna og er hægt að gera á nokkuð mörgum stöðum hér í landinu sem hafa haft þá sérstöðu að geta fjármagnsins vegna komið því í framkvæmd.

Ég vænti því þess, að hv. þm. taki þannig á þessu máli að því verði borgið nú í annað skipti sem það er flutt. Ég treysti á að þeir hv. þm. sem tóku því opnum örmum í umr. hér síðast og eiga sæti í hv. n. sem málið fer til, láti nú af því verða að sjálfsögðu að standa við fögur orð og frómar óskir, en einnig hitt, að standa þannig að afgreiðslu málsins í n. að það nái fram að ganga hér í þinginu. Það verður ekki leyst með því að endurtaka sama leikinn nú og leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. Það er engin lausn á málinu. Þetta er vandamál sem verður að horfast í augu við, er búið að vera við lýði í landinu í áratugi, og er raunar hörmungarsaga að slíkt skuli geta gerst hjá þjóð eins og okkur íslendingum sem fyrst og fremst byggjum á sjómennsku og sjávarútvegi.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vísa til nokkuð ítarlegrar grg. sem fylgir þessu frv. og tel raunar ekki ástæðu til að fara hér öllu fleiri orðum um. Þar yrði um að ræða endurtekningu á því sem sagt var í framsögu fyrir þessu frv. á síðasta Alþ. En ég ítreka það, að ég vænti þess að málinu verði nú séð farborða, og treysti á það, að hv. þm. og hv. menntmn. standi þannig að verki að málið geti fengið afgreiðslu það tímanlega að það verði hægt að taka það til greina við afgreiðslu fjárlaga. Það á að vera hægt ef vilji er fyrir hendi. Gerist það ekki, þá skortir þann vilja sem ég vil í lengstu lög vona að ekki sé skortur á hér á hv. Alþingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Fimmtudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Samræming og efling útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 55). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landhelgisgæsla Íslands, þáltill. (þskj. 57). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðasamningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þáltill. (þskj. 29). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts, þáltill. (þskj. 39). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ferðafrelsi, þáltill. (þskj. 7). — Ein umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég vil, áður en ég geri grein fyrir þessari till., biðja menn að leiðrétta tvær prentvillur sem í þskj. eru. Sú fyrri er í seinustu setningu till. sjálfrar, hún er svona: „Vilji önnur ríki ekki fallast á þá skipan, heldur leggi hömlur á ferðir íslendinga, skulu þegnar þess ríkis“ stendur, en ætti að standa: „þeirra ríkja“. Og í grg. er villa, í annarri línu hennar á að vera komma, en ekki punktur: „Þær reglur, sem hér er gerð till. um, eru almennar í samskiptum íslendinga við önnur ríki og raunar í samskiptum flestra ríkja heims, þegar undan er skilin sú stefna að hafa frjálsræðið sem mest.“ Ég bið menn að leiðrétta þetta í þskj. sínum. Ég hirði ekki um að láta prenta þetta upp. Ég ætlast til sparnaðar þar sem hann getur að gagni komið.

Sú stefna, sem ég geri till. um í þessari þáltill., er í meginatriðum sú stefna sem íslensk stjórnarvöld hafa fylgt þ. e. a. s. að gankvæmni eigi að vera í samskiptum við önnur ríki að því er varðar ferðafrelsi. Það er sú almenna regla sem ríkisstj. Íslands fylgir. Hvort ríkisstj. hafi haft þá stefnu að hafa frumkvæði að því að ryðja úr vegi hindrunum á ferðafrelsi veit ég ekki, en ég hygg að hún hafi a. m. k. aldrei hikað við að fallast á aukið ferðafrelsi í samskiptum við önnur ríki.

Í þriðju setningu þáltill. segir svo: „Vilji önnur ríki ekki fallast á þá skipan, heldur leggi hömlur á ferðir íslendniga, skulu þegnar þeirra ríkja sæta sömu tálmunum ef þeir kjósa að ferðast til Íslands.“ Þarna hef ég í huga samskipti okkar við eitt ríki, þ. e. Bandaríki Norður-Ameríku. Eins og ástatt er núna þurfa íslendingar að fá leyfi frá bandarískum stjórnarvöldum til að ferðast til Bandaríkjanna, en bandarískir þegnar geta komið hingað án þess að sækja um nokkurt leyfi, og þarna er um að ræða mismunun sem ég tel ákaflega óeðlilega.

Þessi mismunun á sér æðilanga og heldur óskemmtilega sögu. Þegar bandarískt herinn kom hingað 1951 og þurfti á miklum fjölda fólks til starfa að halda, þá var sópað suður á Miðnesheiði þúsundum íslendinga og dregið úr framkvæmdum íslendinga sjálfra til þess að tryggja hernámsliðinu nægilega marga starfsmenn. Þessum breytingum fylgdi það, að þeir þrír stjórnmálaflokkar, sem kölluðu herinn inn í landið, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., lögðu til starfsmenn af sinni hálfu til þess að njósna um skoðanir þeirra manna sem vildu fá vinnu á Keflavíkurflugvelli. Það voru hvorki meira né minna en starfsmenn þessara þriggja flokka sem tóku að sér að safna gögnum um það fólk, sem vildi fá vinnu á Keflavíkurflugvelli, og afhenda bandaríkjamönnum gögn um þetta fólk, ekki síst um stjórnmálaskoðanir þess. Auk þess höfðu Bandaríkin þann hátt á, að þau réðu til starfa fyrir sig einstaklinga sem höfðu sömu verkum að gegna, að safna upplýsingum um íslendinga. Ég man eftir því að Þjóðviljinn komst einu sinni yfir gögn af þessu tagi og gerði þau opinber og sannaði að þessi starfsemi væri framkvæmd.

Á þetta ráku sig ákaflega margir sem af ýmsum ástæðum þurftu að ferðast til Bandaríkjanna á þessum árum. Það kom í ljós að bandaríska sendiráðið vissi furðumikil deili á fólki sem vildi af ýmsum ástæðum ferðast til Bandaríkjanna. Það vissi deili á stjórnmálaskoðunum foreldra þeirra og forfeðra lengra aftur í tímann, á stjórnmálaskoðunum systkina þeirra, vina og kunningja, og það voru bornar upp við þessa umsækjendur hinar ólíklegustu spurningar af þessu tilefni, sem sýndu að bandaríska sendiráðið hafði komið sér upp eins konar spjaldskrá yfir landsmenn, æðimarga landsmenn, kannske alla landsmenn, ég veit ekki um það, og notaði þær til þess að vega og meta hverjum skyldi leyft að fara til Bandaríkjanna. Menn voru látnir útfylla æðilangar skýrslur ef þeir þurftu að fara til Bandaríkjanna, og þar var spurt um einkahagi manna og gengið mjög langt í því.

Ég rak mig einu sinni á þetta sjálfur. Þannig var 1958, þegar hér var samstjórn Framsfl., Alþb. og Alþfl., þá var utanrrh. alþfl.-maðurinn Guðmundur Í. Guðmundsson. Hann hafði þann hátt á í sambandi við Sameinuðu þjóðirnar, að hann ákvað sjálfur hvaða menn ætti að senda á þing Sameinuðu þjóðanna, og hafði ekki tekið upp þann hátt sem Emil Jónsson tók upp síðar, að þingflokkarnir ættu aðild að sendinefndinni til Sameinuðu þjóðanna. Og 1958 hafði þáv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, sérstakan áhuga á því að geta haft fulltrúa í þessari n., vegna þess að hjá Sameinuðu þjóðunum átti þá að ræða hafréttarmálin og honum var mikið í mun að geta fylgst með þeim umr. og hafa einhvern fulltrúa þar sem gæti rætt þar við ýmsa menn sem um það mál fjölluðu í þessum umr. En Guðmundur Í. Guðmundsson neitaði Alþb. um að fá að senda fulltrúa. Lúðvík kom þá að máli við mig og spurði hvort ég mundi vilja fara vestur sem blaðmaður sjútvrn. til að gegna m. a. þeim störfum sem hann hafði áhuga á að gegnt yrði þarna. Ég hef ævinlega haft áhuga á ferðalögum, og ég hafði áhuga á þessu líka. Ég gekk hér í bandaríska sendiráðið með plögg frá ráðh. um það í hverra erindum ég væri og fékk þar skjöl til að fylla út. Ég fyllti þau út samviskusamlega. M. a. átti ég að geta þess í hvaða félögum ég væri, og ég gerði það skilvísilega og hygg að þar hafi komið í ljós að ég hafði verið í öllum félögum á Íslandi sem hétu óamerísk að mati McCarthys, enda urðu viðbrögð sendiráðsins þau að ég fékk ekkert leyfi. Lúðvík Jósepsson sneri sér þá til Sameinuðu þjóðanna, því að samkv. samningum Sameinuðu þjóðanna og Bandaríkjanna verða Bandaríkin að tryggja mönnum ferðafrelsi til að fara á þing Sameinuðu þjóðanna ef þeir hafa þangað lögmæt erindi. Og fyrirmæli komu frá Sameinuðu þjóðunum og ég fékk leyfið. En leyfið var ákaflega takmarkað. Það var svolítill blettur í kringum aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna sem ég mátti ganga um. Það var tekið fram hvað ég mætti ganga langt í suður á Manhattan og hversu langt í norður og svo í austur og vestur á milli Fimmtu trabar og Hudsonflóa. Þegar ég kom þarna vestur og fór að athuga málið, þá kom í ljós að ég var með þrengra svæði en nokkur maður sem ég hitti. Ég hitti þarna menn frá mjög hættulegum löndum, eins og Rússlandi og Austur-Evrópurikjum, og þeir höfðu allir fengið miklu stærra svæði en ég, svo að ég taldi að

sjálfsögðu að ég væri ákaflega hættulegur maður, en undraðist um leið hvað bandarísk stjórnarvöld teldu þjóðfélag sitt valt ef þeir héldu að maður eins og ég gæti umbylt því á einhvern hættulegan hátt.

Þannig voru þessar reglur í langan tíma og þeim var beitt lengi mjög stranglega. Síðan fór að draga úr því.

En ég hef fleiri minnisverð dæmi um þetta. Ég man eftir því að einu sinni veiktist samstarfsmaður minn hjá Þjóðviljanum mjög hættulega. Það var hjartasjúkdómur. Læknar töldu sig ekki geta við það ráðið og bentu á bandaríska heilsustofnun sem þá fullkomnustu á þessu sviði. Þessi maður hafði starfað á Keflavíkurflugvelli á þeim árum sem menn voru sigtaðir þangað, og hann komst í vissa misklíð við bandarísk stjórnarvöld á Vellinum og fór þaðan, en það voru hengdir upp á Vellinum miðar þar sem hann var eftirlýstur eins og glæpamaður. En sem sagt, þegar þetta kom upp með þennan vin minn, þá hringdi ég í bandaríska sendiherrann. Hér var þá sendiherra sem hét Penfield og ég kynntist vel og reyndi hann að því að hann var bæði prýðilega greindur og fjölfróður og drengskaparmaður. Ég sagði honum deili á þessu máli og spurði hvort hann gæti komið þessum óameríska manni á þessa heilbrigðisstofnun í Bandaríkjunum. Hann brást mjög drengilega við og gerði það á svipstundu.

Ég segi þessa sögu vegna þess, að nokkru síðar gerðust þau tíðindi að íslensku blöðunum var boðið að senda menn með öðru hvoru íslenska flugfélaginu til Bandaríkjanna. Þær ferðir voru í tilefni af einhverjum breytingum á flugferðum eða af einhverjum öðrum ástæðum sem ég man ekki lengur hverjar voru. Við hjá Þjóðviljanum ákváðum að senda í þessa ferð Vilborgu Harðardóttur sem sat hér á síðasta þingi sem varafulltrúi minn. En bandaríska sendiráðið neitaði að láta hana hafa leyfi til þess að koma til Bandaríkjanna. Ég greip þá aftur til sama ráðsins og hafði reynst mér vel áður, að tala við Penfield sendiherra. Hann sagði ósköp blátt áfram: Því miður, ég get ekkert í þessu máli gert. Það eru æðri aðilar en utanríkisþjónustan sem fjallar um þetta.

Í sendiráðinu er auðsjánlega einhver svartur listi yfir íslendinga sem ekki mega ferðast til Bandaríkjanna, í hversu lögmætum erindum sem þeir eru. Ég veit ekki hversu margir menn það eru sem eru á þessum svarta lista, en hann er greinilega til. Þessi háttur á samskiptum ríkja, að annað ríkið njósni um þegna hins og setji hömlur við ferðum þeirra, en ekki sé beitt sömu aðferðum á hinn bóginn, þetta er að sjálfsögðu óhæfilegt með öllu.

Þegar þessir atburðir voru að gerast sem ég hef verið að rifja upp, þá munu hafa verið sömu reglur í gildi um ferðir íslendinga til Bandaríkjanna og bandaríkjamanna til Íslands. En 1962 gerðust þau tíðindi eftir þrýsting frá Bandaríkjunum að Ísland og mörg fleiri ríki felldu niður að hafa eftirlit með ferðum bandaríkjamanna, þó þeir sættu sig við það að bandaríkjamenn settu hömlur á ferðir þegna annarra þjóða. Þetta var þegar kalda stríðið var búið að ná hámarki sínu og bandaríkjamenn og bandarísk stjórnarvöld litu á sig sem einhvers konar herraþjóð í samskiptum við aðra og töldu að þeir ættu að hafa önnur og meiri réttindi heldur en önnur ríki sem þeir höfðu samskipti við. Ég veit ekki til þess að svona samskipti tíðkist á milli nokkurra annarra ríkja.

Fyrst ég er farinn að segja endurminningar, þá get ég sagt dálítið skemmtilega sögu um ferð sem ég fór fyrir nokkrum árum. Það var skömmu eftir að ég hætti ráðherrastörfum. Þá fór ég í ferð með Lagarfossi á milli Eystrasaltshafna og hingað heim aftur. Í þessari ferð var m. a. komið við í tveimur borgum í Sovétríkjunum, fyrra skiptið í Víborg, og þar var sá háttur á hafður að við, sem vorum farþegar í ferðinni, vorum skráðir í áhöfnina og áttum þá að fá leyfi til að stiga á land eins og áhafnarmennirnir fengu. Ég man eftir því að ég bað skipstjórann um að skrá mig sem hjálparkokk, en hann var ekki fáanlegur til þess, heldur skráði mig sem ritara skipshafnarinnar, hvað sem það nú er. En svo komu eftirlitsmenn að líta á skjöl okkar. Ég var með diplómatapassa, og svo brá við í ríki verkamnana og bænda að það þótti ákaflega ótrúlegt að maður, sem hefði verið ráðh., væri farinn að starfa á fragtskipi, þannig að embættismennirnir vildu ekki opna landganginn þegar í stað. Þeir urðu að hafa samband við Moskvu þegar svona undraleg tíðindi gerðust. En við fengum að ganga í land og fara um. Ég komst meira að segja alla leið til Leningrad á þennan hátt án þess að hafa nokkra áritun. Reglur þær, sem gilda í þessu ríki sem líka stundar mikið prensónueftirlit, eru þó ögn mildari en þær reglur sem ríkja í Bandaríkjunum.

Ég tel að það sé algjör óhæfa að við sættum okkur við þau samskipti við önnur ríki, að aðrar reglur gildi um ferðir íslenskra þegna þangað en þegna þess ríkis hingað til Íslands. Ég fer fram á það í þessari þáltill., að hæstv. utanrrh. beiti sér fyrir því að bandaríkjamenn aflétti þeim hömlum sem þeir hafa enn þá á ferðum íslendinga til Bandaríkjanna. Vilji bandaríkjamenn hins vegar ekki gera það, þá skora ég á hæstv. utanrrh. að hér verði settar hliðstæðar reglur, hliðstæðar hömlur á ferðir bandaríkjamanna til Íslands eins og á ferðir íslendinga til Bandaríkjanna.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að ég er ekki að fara fram á það að hæstv. ráðh. taki upp persónunjósnir um bandaríkjamenn á hliðstæðan hátt og bandaríkjamenn hafa ástundað um íslendinga, vegna þess að mér finnast persónunjósnir ákaflega ógeðfellt fyrirbæri. Það væri vissulega mjög auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að gera þetta, því Bandaríkin eru full af stofnunum sem hafa það fyrir atvinnu að stunda njósnir um einstaklinga og beita til þess hinni fullkomnustu tækni. Það væri enginn vandi fyrir hæstv. ráðh. að komast í samband við slíka stofnun og biðja hana að njósna um þá bandaríkjamenn sem kunna að vilja ferðast til Íslands. Og kannske væri hægt að færa viss rök að því að slíkar njósnir ættu við um þá sem lengi dveljast hér, eins og þá sem eru á Keflavíkurflugvelli, því þar er gróðrarstía ýmislegs misferlis og glæpamála sem mikið hafa verið rakin í þinginu að undanförnu, en þær till., sem hér eru lagðar fram af hæstv.

dómsmrh., fjalla að engu leyti um þessa gróðrarstíu. En, sem sagt, ég er ekki að fara fram á það, að hæstv. ráðh. fari að beita neinum njósnum við bandaríkjamenn. Ég fer aðeins fram á það, að hann tryggi formlegt jafnrétti í samskiptum þessara ríkja á þessu afmarkaða sviði.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun ekki halda hér langa ræðu um þetta mál við fyrstu umr. eða fyrri hluta umr., en af því að ég hef nú nokkuð verið nefndur í þessu sambandi, þá þykir mér rétt að segja hér aðeins örfá orð. En ég mun ekki segja ævisögu mína að þessu sinni.

Ég er að sjálfsögðu hlynntur því að þessi þáltill. fái rækilega athugun í hv. utanrmn., eins og hv. flm. hefur lagt til, og utanrmn. mun, svo sem venja er til í slíkum tilvikum, láta í té allar þær upplýsingar og aðstoð sem n. kann að óska og það ræður yfir eða getur útvegað.

Hér er sérstaklega talað um Bandaríki Norður-Ameríku, og það er kannske rétt að ég segi nokkur orð af því tilefni, þó að ég muni ekki fara út í þá sögu sem hér var sögð áðan, það er löngu fyrir mína ráðherratíð, það sem þá gerðist. En það er rétt sem hv. flm. greindi, að það var með auglýsingu frá 14. mars 1962 að bandarískir ríkisborgarar voru einhliða undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín til Íslandsferðar, og svo er enn. Þessi undanþága nær eingöngu til ferðamanna og veitir þeim rétt til allt að 3 mánaða dvalar hverju sinni. Hún veitir þeim hins vegar ekki rétt til að stunda atvinnu hér á landi.

Forsaga þessarar ákvörðunar er, að því er mér hefur verið tjáð í rn., í stórum dráttum sú, að allt frá stríðslokum hafði stöðugt verið unnið að því, bæði innan Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að, að auka ferðamannastraum milli landa, m. a. til að draga úr tortryggni og fjandskap sem oft byggðist á vanþekkingu á högum og sjónarmiðum fólks af öðru þjóðerni. Þannig gerðu fjölmargar þjóðir með sér gagnkvæma samninga fljótlega eftir styrjaldarlokin um afnám vegabréfsáritana til að auðvelda þannig ferðalög milli landa. Allt er þetta í samræmi við það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan. Hins vegar voru Bandaríkin af ýmsum ástæðum ekki reiðubúin að gera gagnkvæma samninga um afnám vegabréfsáritana og töldu m. a. að slíkt mundi gera þeim erfitt um vik að hafa stjórn á straumi innflytjenda til landsins. Þrátt fyrir þessa afstöðu Bandaríkjanna lögðu mörg — ég held að óhætt sé að segja flest ríki Vestur-Evrópu og raunar ýmis önnur mikla áherslu á að laða til sín bandaríska ferðamenn og breyttu þannig þessum reglum þó að Bandaríkin væru ekki fús til þess að hafa fullkomna gagnkvæmni.

Það var á árinu 1947 að þrjú Norðurlandanna, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, ákváðu að fella einhliða niður áritunarskyldu fyrir bandaríska ferðamenn, miðað við að hámarksdvöl færi ekki fram úr 3 mánuðum. Finnland fylgdi í fótspor þessara þjóða 1958, og þegar Ísland felldi niður þessa skyldu árið 1962 höfðu flestar þjóðir Vestur-Evrópu löngu áður gengið þannig frá málum hjá sér. Þá hafði þessi tilhögun, eins og ég áðan sagði, verið í gildi í Danmörknu, Noregi og Svíþjóð í 15 ár, og þá var einnig farið að hugsa til þess að Ísland gerðist aðili að norræna vegabréfasvæðinu, sem svo síðar varð.

Þá má geta þess til fróðleiks, að það er ekki eingöngu gagnvart Bandaríkjunum sem nokkuð hallar á á þessu sviði. Samningar flestra ríkja þ. á m. allra Norðurlandanna, við Ástralíu kveða á um að ástralíumenn séu undanþegnir áritunarskyldu, en hins vegar þurfa þegnar þessara ríkja að fá vegabréfsáritun til Ástralíu, þótt sú áritun sé að vísu ókeypis og gildistími hennar lengri en annars mundi vera.

Að því er svo Bandaríkin aftur varðar er rétt að taka það fram, að þau munu ekki hafa gert samninga við neina Evrópuþjóð um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana. En komi til þess munu íslensk stjórnvöld að sjálfsögðu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að slíkur samningur verði einnig gerður milli Íslands og Bandaríkjanna. Og ef Alþ. samþ. þá till., sem hér er á dagskrá, þá mun að sjálfsögðu viðkomandi ráðh. og ríkisstj. gera ráðstafanir til þess að framkvæma vilja Alþingis.

Að því er varðar ýmsar aðrar þjóðir eru mun strangari reglur í gildi um veitingu áritana til íslendinga en við beitum gagnvart ríkisborgurum þeirra. Í þessum löndum gilda einnig strangar reglur sem takmarka einnig mjög ferðir sendiráðsstarfsmanna um landið, og þess eru sem sagt dæmi að menn með diplómatísk vegabréf eru litnir þar tortryggnum augum.

Ég tel, eins og ég sagði í upphafi, sjálfsagt að utanrmn. kanni þetta mál Og m. a. með tilliti til niðurstöðu Helsinkiráðstefnunnar og framhalds hennar í Belgrad á næsta ári, þá er að mínum dómi eðlilegt að koma á gagnkvæmu ferðafrelsi milli landa, hvort sem í hlut eiga Bandaríki Norður-Ameríku eða einhver önnur ríki.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla nú eins og hæstv. utanrrh. ekkert að vikja sérstaklega að ræðu hv. frsm. þessarar till., heldur fyrst og fremst að gera nokkrar aths. í sambandi við efni till. og í sambandi við grg., þar sem ég hygg að það þurfi nokkurrar athugunar við. Aðalatriðið hjá mér er það, að ég tel að slíka till. þurfi sú n., sem fær hana til athugunar, sem væntanlega verður utanrmn., að taka í miklu víðtækari skilningi heldur en hér er gert.

Ég er að sjálfsögðu samþykkur því sem segir í till., að það verði tryggð full gagnkvæmni í samskiptum við önnur ríki að því er varðar ferðafrelsi. En þetta á bara ekki við Bandaríkin ein, að ekki sé gagnkvæmni í þessum efnum, eins og kemur fram í grg. Þar segir t. d. í upphafinu: „Þær reglur, sem hér er gerð till. um, eru almennar í samskiptum íslendinga við önnur ríki og raunar í samskiptum flestra ríkja heims.“ Þetta álít ég að þurfi að athuga miklu nánar í utanrmn., og eftir því sem ég þekki best til, þá höfum við ekki gagnkvæm réttindi við nein Austur-Evrópuríki nema að ég hygg Rúmeníu og Búlgaríu, ef ég man rétt, að það séu þau tvö.

Í tengslum við það, sem hv. frsm. var að lýsa um ferðafrelsi sitt í kringum Sameinuðu þjóðirnar, þá er nú kannske rétt að upplýsa það hér og væri rétt að menn gerðu sér grein fyrir því, að sendiherrar okkar og aðrir sendiherrar í Moskvu eru mjög afgirtir og mega ekkert fara nema með leyfi yfirvalda í Moskvu. Ég veit ekki hvort þeirra hringur er stærri heldur en hringur hv. frsm. var. Þetta er alveg sérstakt, að diplómatar hafi ekki ferðafrelsi, íslenskir diplómatar innan Sovétríkjanna.

Svo finnst mér einnig, þar sem segir í till. að vilji önnur ríki ekki fallast á þá skipan, heldur leggi hömlur á ferðafrelsi íslendinga, skuli þegnar þeirra ríkja sæta sömu tálmunum ef þeir kjósa að ferðast til Íslands," þá finnst mér að við þurfum að gæta að þessu í víðtækari skilningi. T. d. finnst mér það mjög annarlegt og lítil gagnkvæmni í því að íslendingar hér á landi þurfi að bíða 8 ár eftir því að foreldrar þeirra fái fararleyfi frá Sovétríkjunum til þess að heimsækja þá. Ekkert slíkt sambærilegt á við af okkar hálfu. Hvernig á slíku yrði tekið er rétt að athuga í n. Ég ætla ekki að lengja ræðutímann þess vegna meir.

En ég sagði áðan að það væru, að ég hygg, ekki nema tvö Austur-Evrópuríki sem við höfum gagnkvæmt ferðafrelsi hjá. Menn geta auðveldlega skilið það, að ferðafrelsi er auðvitað ekki hjá þjóð sem lokar þegna sína innan steinsteyptra og víggirtra múra eins og Berlínarmúrsins. Og ekki alls fyrir löngu fengum við fréttir af því í íslenska Ríkisútvarpinu að tvö ungmenni í Tékkóslóvakíu fengju ekki aðgöngu þar að háskólanum vegna þess að faðir þeirra á í útistöðum við tékknesk yfirvöld. Annar þessara bræðra sótti um ferðaleyfi til Bonn og ætlaði sér að stunda háskólanám þar. Honum var synjað um slíkt fararleyfi þangað.

Varðandi það, sem segir í grg., að bandarískir þegnar þurfi engin leyfi íslenskra stjórnarvalda til ferðalaga eða langdvalar hérlendis, þá hefur hæstv. utanrrh. þegar leiðrétt það, að það er aðeins til skamms tíma, þ. e. a. s. þetta eru túristar sem mega ekki dvelja hér lengur en þrjá mánuði. Ef dvölin er hugsuð lengur, þá verða þeir að fá áritun frá íslenskum yfirvöldum í vegabréf. Ég er hins vegar engan veginn að mæla bót ýmsum eftirgrennslunum eða seinagangi í vegabréfsáritunum sem átt hafa sér stað hjá Bandaríkjunum. En ég er hræddur um að slíkt hafi því miður átt sér stað hjá mörgum öðrum ríkjum, þó að enginn seinagangur eigi sér stað gagnvart áritun til þeirra ríkja hér hjá okkur, og það muni e. t. v. koma fram undir athugun málsins.

Lok grg. eru þannig, með leyfi hæstv. forseta: Sjálfstæði ríkis er m. a. háð fullu jafnrétti í samskiptum við önnur ríki." Nú er að athuga það, hvort við höfum þá fullt jafnrétti í samskiptum við önnur ríki og hvort Bandaríkin eru einhver ein undantekning í þessu efni. Það held ég að sé langt í frá og rétt að athuga nánar í n. þegar málið kemur til meðferðar.

Ég skal ekki tefja tímann lengur, en þessar aths. vildi ég gera. Ég er auðvitað alveg sambykkur því, að fyrirbæri eins og alþm. urðu fyrir í Bandaríkjunum, þegar þeir fóru að heimsækja kanadíska þingið, eru ákaflega óviðeigandi og ná ekki nokkurri átt, og á að kvarta undan slíku og lagfæra og á ekki að endurtaka sig. Um það er ég alveg sammála hv. flm.

Og að lokum það, að við eigum að leggja áherslu á fulla gagnkvæmni í samskiptum við önnur ríki. En þá verðum við að gera okkur grein fyrir hvað er full gagnkvæmni, og ég vil túlka hana í miklu víðari skilningi heldur en fram kemur hjá hv. flm. Skal ég svo láta þessu máli lokið.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég hef ekki neinar aths. að gera við ræðu hæstv. utanrrh. Hann tók þessari till. minni mjög skynsamlega að mínu mati og taldi rétt að það yrði unnið málefnalega að henni í utanrmn., og ég vænti þess að það verði gert. Hann greindi frá því að sams konar skipan á ferðafrelsi og er núna á milli Íslands og Bandaríkjanna væri einnig milli Íslands og Ástralíu. Ég hafði ekki vitað þetta og þykir fróðlegt að heyra það, og ég sé satt að segja ekki nokkra minnstu ástæðu til þess að við höfum aðrar reglur handa áströlskum þegnum en Ástralía gagnvart íslenskum þegnum. Ég tel að þar eigi að vera um fulla gagnkvæmni að ræða.

Hv. þm. Jóhann Hafstein gerði nokkrar aths. og taldi að það væri ekki um gagnkvæmni að ræða við Austur-Evrópuríkin nema tvö. Þetta er alger misskilningur. Þau Austur-Evrópuríki, sem leggja hömlur á ferðir íslendinga, það yrðu lagðar sams konar hömlur á ferðir þegna þeirra ríkja til Íslands, það væri gagnkvæmni. Það er ekki það sem ég er að keppa að. Minn áhugi er fullt ferðafrelsi. En þegar önnur ríki setja hömlur á ferðir íslendinga, þá eigum við að setja sams konar hömlur á ferðir þegna þeirra ríkja. Og þetta gildir í samskiptum við Austur-Evrópuríkin öll.

Hv. þm. nefndi það, að sendiherrar hefðu takmarkað ferðafrelsi í Sovétríkjunum, og ég hygg að það sé alveg rétt. Það má vel athuga það, finnst mér, af utanrrh. okkar ef ríki beita sendiherra Íslands einhverjum slíkum takmörkunum, hvort ekki á að beita sendiherra þeirra ríkja bliðstæðum takmörkunum. Ég vil að alltaf sé um að ræða gagnkvæmar reglur, og þessari till. minni er einvörðungu ætlað að leggja áherslu á það, þannig að almennar hugleiðingar hv. þm. um ástand í mismunandi ríkjum á varla heima undir þessum lið.

Ég tók eftir því, að hv. þm. minntist á þær annarlegu og ég vil segja dónalegu hömlur sem lagðar voru á nefnd Alþingis sem fór til Vesturheims í boði Kanadastjórnar. Mér þætti afar fróðlegt að heyra einhvern nefndarmanna lýsa því hér, hvaða reynslu þeir urðu fyrir af bandarískum stjórnvöldum. Það var satt að segja engin virðing við Alþingi íslendinga eða íslendinga í heild hvernig þeirri framkomu var háttað, og það var einmitt það sem var tilefni þess að ég flutti þessa till. Ég tel að við íslendingar eigum ekki að láta leika okkur þannig, að það sé litið á okkur sem einhverja annars flokks þjóð í viðskiptum við aðra. Við eigum að beita sömu reglum og þær beita.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., er kynnt á dagskránni sem till. um ferðafrelsi, og er það í samræmi við titil þessarar till. eins og hún er á þskj. sem 7. mál. Auðvitað er ég hlynntur ferðafrelsi og geri ráð fyrir því að allir hér inni séu sama sinnis, um það þarf varla að ræða. Ég tek líka fram, að mér finnst að þær reglur, sem bandaríkjamenn setja varðandi ferðalög til lands þeirra, séu hálfhlægilegar og að mínu viti ástæðulausar reglur.

En athygli manna hlýtur auðvitað að beinast að öðrum þjóðum þegar rætt er um ferðafrelsi. Og það er athyglisvert að í grg. með þessari till. og í framsöguræðu hv. flm. víkur hann nær eingöngu að Bandaríkjunum, eins og Bandaríkin séu ímynd þeirrar þjóðar og þess ríkis sem skerði ferðafrelsi og annars konar mannréttindi. Hann vék að vísu nokkrum orðum í gamansömum tón að ferðasögu til Sovétríkjanna og komst að þeirri niðurstöðu að reglur þar í landi væru ögn mildari hvað snertir ferðafrelsi heldur en þekktist hjá öðrum þjóðum. Það er saga til næsta bæjar að þessi yfirlýsing skuli vera gefin nú, árið 1976, hér á hinu háa Alþingi.

En hv. flm. er afar seinheppinn, að það skuli vilja svo til að þegar þessi till. hans kemur hér til umr. á hinu háa sameinaða Alþingi, þá er það nákvæmlega 4. nóv., 20 árum eftir að sá sögulegi atburður átti sér stað í Ungverjalandi að tilraunir þeirrar þjóðar voru bældar niður, tilraunir til þess að öðlast venjuleg mannréttindi voru bældar niður af sovéskum her. Ég tel óviðeigandi annað og reyndar óhjákvæmilegt að á þetta sé minnst þegar rætt er um ferðafrelsi sem einn anga af almennum mannréttindum. Og ég teldi meira við hæfi að Alþ. gerði þann atburð að umræðuefni og fjallaði um það hvernig við Íslendingar getum aðstoðað þessa hrjáðu þjóð til þess að öðlast almenn mannréttindi, þ. á m. ferðafrelsi. (**MK:** Gagnkvæmt ferðafrelsi.) Ég mun koma að því ef hv. þm. hafa ofurlitla þolinmæði.

Ég tel sjálfsagt að þegar rætt er um ferðafrelsi, þá sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir almennum mannréttindum og hvernig þau eru virt, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur annars staðar. Þessi till., sem hér er borin fram af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, mun vera ætluð til þess að tryggja almennt ferðafrelsi. (**MK:** Gagnkvæmt.) Þá skal ég endurtaka það: gagnkvæmt ferðafrelsi. En ég sé ekki betur en að þessi till. stríði einmitt gegn þessum meinta tilgangi, vegna þess að í síðustu mgr. þessarar till. segir svo, með leyfi forseta: „Vilji önnur ríki ekki fallast á þá skipan,“ þ. e. a. s. ryðja úr vegi öllum hindrunum á ferðafrelsi, „heldur leggi hömlur á ferðir Íslendinga, skulu þegnar þeirra ríkja sæta sömu takmörkunum ef þeir kjósa að ferðast til Íslands.“ (**MK:** Gagnkvæmt.) Ég held að það sé rétt að forseti gefi þessum hv. þm. orðið hér á eftir til þess að hann geti útskýrt þetta hugtak og þessi framiköll sín hér í deildinni.

Ef það vakir fyrir hv. flm. að stefna að ferðafrelsi, þá á auðvitað ekki að ná því marki með því að setja takmarkanir á ferðafrelsi annarra ef þeir setja takmarkanir á okkar ferðafrelsi, heldur eigum við að stuðla að því að beita okkur fyrir því að aðrar þjóðir leggi niður hlægileg skilyrði eða tálmanir á ferðafrelsi þeirra þegna. (**MK:** Till. fjallar um það.) Till. fjallar um það, að ef ekki verði fallist á þetta, þá eigum við Íslendingar að setja tálmanir gagnvart þeim. (**MK:** Gagnkvæmt.) Ég held því að hér sé meiri háttar misskilningur á ferðinni hjá flm. og till. stríði algerlega gegn tilgangi sínum.

Þeir menn, sem hafa leynt og ljóst um áratuga skeið staðið með þeim öflum í heiminum sem hafa bælt niður og skert almenn mannréttindi, staðið með kommúnistaríkjunum, stefnu þeirra í framkvæmd þar sem kommúnisminn ræður ríkjum, — þeir menn sýna aðeins hræsni þegar þeir flytja till. hér á Alþ. um það að ferðafrelsi, jafnvel gagnkvæmt ferðafrelsi, eigi að taka upp. Ég tel það vera nær þeim og þessu þingi að ræða um það í alvöru hvernig við Íslendingar, hvernig þjóðþing okkar hér á þessu litla landi geti tekið þátt í þeirri almennu viðleitni og áreiðanlega stuðlað að því að koma fram vilja alls þorra þjóða og alls þorra þess fólks sem býr við undirokun í dag, — hvernig við getum hjálpað þessu fólki til þess að öðlast frelsi á nýjan leik. Það væri meira við hæfi á þessum degi, 4. nóv., þegar 20 ár eru liðin frá því að uppreisnin í Ungverjalandi var bæld niður.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þetta var undarleg ræða hjá hv. síðasta ræðumanni, í meira lagi undarleg og skýrt dæmi þeirrar lágkúru í stjórnmálaumr. sem á sér stað á Íslandi. Hér er flutt till. um gagnkvæmt ferðafrelsi, till. um það að íslenskir ríkisborgarar fái þau réttindi í Bandaríkjunum sem bandarískir þegnar hafa hér á landi. Hv. flm. hefur tekið það fram, að ef þar skorti á í samskiptum við önnur ríki, þá gildi till. hans að sjálfsögðu einnig um það. En þá bregður svo við að það má ekki nefna ófrelsi í Bandaríkjunum — það á að vera réttlætanlegt bara af því að mannréttindi eru skert annars staðar. Með þessu er verið að reyna að ógilda alla viðleitni hér á Alþingi Íslendinga til þess að auka mannréttindi (**EBS:** Þm. hefur ekki hlustað á ræðuna.) Ég hlustaði á hana, ég er að ræða um hana m. a. Það er þessi málflutningur sem gerir það að verkum að Íslendingar stíga aldrei fyrsta skrefið.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Jóhanni Hafstein, að það eru forkastanleg höft á ferðafrelsi í Sovétríkjunum. Það er bara spurning hvort við Íslendingar getum lagað það, en við getum fordæmt það. En með þessari till., með því að taka á henni eins og menn, ef alþm. taka á henni eins og menn, gætum við þar með tekið fyrsta skrefið og kannske upprætt a. m. k. eina tegund af ófrelsi sem viðgengst og við höfum látið yfir okkur ganga. Ef við komum á gagnkvæmum réttindum t. d. í ferðafrelsi milli bandaríkjamanna og Íslendinga, þá er þar e. t. v. komið fordæmi sem væri ómetanlegt fyrir aðra.

Hitt er annað mál, að ég býst ekki við því, ég hef ekki reynslu af því a. m. k. að ég hafi verið spurð að því í nokkru sendiráði þegar ég

hef ætlað til útlanda hvaða stjórnmálaskoðanir ég hafi, nema sendiráði Bandaríkjanna. Þar gildir enn sú regla að íslenskir þegnar eru teknir til yfirheyrslu og þeir eru spurði að því og látnir skrifa undir að þeir séu ekki geðveikir, þeir séu ekki með kynsjúkdóm og þeir séu ekki kommúnistar. Slíkt framferði held ég að ekkert ríki nema Bandaríkin mundi leyfa sér að gera nokkurs staðar. Þetta gildir enn, og ég held að það sé kominn tími til að Alþingi íslendinga stöðvi þessa óhæfu, þetta ósæmilega framferði bandaríkjamanna sem kenna sig við frelsi og lýðræði.

Hitt er annað mál, að eftir að ég varð þm. hef ég ekki þurft að gangast undir slíka yfirheyrslu. En mismunun hefur komið fram á annan hátt, og ég bið hv. þm., sem vilja veg Alþingis, að hlusta nú vel á. Ég hef verið fulltrúi á þingi Sameinuðu þjóðanna, og það hefur komið í ljós að sú vegabréfsáritun, sem ég hef fengið sem þm. Alþb., að vísu heftir hún ekki ferðafrelsi mitt innan Bandaríkjanna, en hún hefur varað svo skammt að ég hef orðið að hypja mig aftur úr landi svo til um leið og þingi Sameinuðu þjóðanna er lokið, en þm. annarra flokka hafa sumir mátt valsa þar um í tvö ár og sumir allt að því ævilangt. Ég held að það sé þess vegna sem hv. þm. Alþfl., Jón Árm. Héðinsson, var sá eini sem komst klakklaust heim gegnum Bandaríkin í þeirri sendiför sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. Við hin höfðum ekki vegabréfsáritun eða leyfi til að dveljast ævilangt í Bandaríkjunum og allra síst ég.

Þegar þm. komu til New York á leiðinni til Kanada í boði kanadíska þingsins, þá kom í ljós að við höfðum ekki áritun, ekki leyfi til þess að skipta um flugvél í Bandaríkjunum. Á útleið þurftum við að vísu að gista, og það var fyrir velvild embættismanns á flugvellinum að hann leyfði okkur góðfúslega að gista. Í stað þess að vera flutt upp í flugvél eins og hver annar farmur fengum við að gista á útleið.

Í bakaleiðinni þurftum við ekki nema stansa — ég varð raunar viðskila við hina og varð degi lengur í Kanada — ég þurfti að stansa í 6 klukkutíma, ég þurfti ekki út af flugvellinum, en samt þurfti ég vegabréfsáritun. Það er ekki komið svona fram við bandaríska þegna hér á landi. Hér mega þeir vera 3 mánuði að skemmta sér án þess að nokkrar hömlur séu lagðar á. Þeir þm. aðrir, sem með mér voru, voru það óheppnir að þeir voru komnir út á flugvöll, höfðu enga aðvörun fengið, eins og ég hafði þó getað fengið fyrir velvild þeirra, — þeir voru komnir út á flugvöll, farangur þeirra var kominn upp í vélina, en þeir voru stöðvaðir og sendir eins og hundar til baka, vegna þess að þeir höfðu ekki áritun og þar af leiðandi ekki leyfi til þess að skipta um flugvél og stansa á Kennedy-flugvelli í 4 klukkutíma. Þannig var meðferðin á íslenskum þm. í boði kanadíska þingsins.

Ég var að því leyti lánsamari, að ég gat útvegað mér áritun áður en ég fór út á flugvöll, þannig að ég var ekki rekin til baka. En það kostaði mig talsverða áreynslu og talsverða vinnu að fá vegabréfsáritun í bandaríska konsúlatinu í Toronto áður en ég fékk að halda áfram. Þar var þannig tekið á móti mér að mér var sagt að fara í eina af fjórum löngum biðröðum. Ég átti pantað far með flugvél heim til Íslands um kvöldið, en ég sá fram á, ef ég átti að fara í einhverja þessara biðraða, kæmist ég ekki fyrr en einhvern tíma og einhvern tíma, svo að ég notaði mitt tromp, ef ég mætti kalla það svo, ég barði í borðið og sagðist vera hér í boði kanadíska þingsins og ég mundi ekki sætta mig við slíkt framferði af hálfu bandaríkjamanna. Það var aðeins vegna þessa sem ég komst heim þennan dag, auk þess sem ég fékk áritun þennan dag. En mér varð hugsað til almennings, til þess fólks sem getur ekki barið í borðið og sýnt fram á að það sé í opinberu boði, sem er ekki í boði kanadíska þingsins eða kanadískrar ríkisstj. Það hefði kostað margra sólarhringa dvöl og mikla peninga, sem það hefði e. t. v. ekki átt til. Þannig getur farið vegna þessara reglna sem íslendingar nú sætta sig við.

Ég vil eindregið hvetja hæstv. utanrrh. og hv. utanrmn. til þess að taka þetta mál föstum tökum. Og ég ítreka það sem ég sagði í upphafi, að það, að við getum ekki lagað ófrelsi hvar sem er á jarðarkringlunni, á ekki að koma í veg fyrir að við gerum þann sjálfsagða hlut sem felst í þessari tillögu.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ekki ætla ég mér að fara að verja strangar reglur bandaríkjamanna varðandi vegabréfsáritanir. Án efa eiga þær reglur sér margslungna og flókna sögu sem ég geri ráð fyrir að megi rekja til laga um heimild til þess að setjast að í Bandaríkjunum, gerast innflytjandi. Einnig geri ég ráð fyrir því, að þessar reglur megi rekja til þeirrar reynslu sem bandaríkjamenn hafa orðið fyrir í samskiptum sínum við aðrar þjóðir og einnig mikinn straum fólks sem hefur viljað komast til Bandaríkjanna með ólögmætum hætti. En sem sagt, ég ætla ekki fara að verja þeirra lög eða reglur varðandi þetta, enda geri ég ráð fyrir því að fæstir hv. þm. hafi kynnt sér þá forsögu nægilega vel.

En ég verð að segja það varðandi þessa till. til þál. um ferðafrelsi, að mér finnst hún ekki nægilega víðtæk ef hún á raunverulega að ná tilgangi sínum, og hefur það enda komið fram í ræðum fleiri þm. hér á undan. En það kom einnig fram í ræðu hv. flm. sjálfs, að hann virtist ekki þekkja nægilega vel til hvernig þessu er háttað í sambandi við önnur ríki, því að hv. 3. þm. Reykv. sagði m. a.: Ég veit ekki til að svona takmarkanir eigi við um nokkur önnur ríki. — Ég held að ég hafi náð þessu svo til orðrétt. Síðan vitnaði hann til reynslu sinnar þegar hann fór sem ritari skipshafnar með íslensku skipi til Austur-Evrópu. Mér heyrðist hann segja að hann hafi farið sem hjálparkokkur, en hann tjáði mér að hann hefði ekki fengið þá stöðu, og er það skiljanlegt þegar maðurinn var með diplómatapassa í vasanum. En hann sagði þarna mjög fróðlega og skemmtilega sögu um lífsreynslu sína einmitt á því svæði sem einnig kemur töluvert við sögu varðandi Ísland þegar verið er að ræða um gagnkvæm réttindi, vegna þess að ég held að það sé rétt hjá mér þegar ég segi að ferðafrelsi t. d. íslendinga í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu sé

mun takmarkaðra heldur en ferðafrelsi íbúa þessara þjóða hérlendis. Þegnar þessara þjóða hafa mun meira og eiginlega svo til ótakmarkað ferðafrelsi á Íslandi. Það eru engar hömlur settar á frelsi þeirra hér umfram það sem gildir um aðra útlendinga, þannig að það er ekki rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, þegar hann sagðist ekki kannast við það að ferðafrelsi sovétmanna eða austur-evrópubúa væri fullt. Hann vildi meina að það væri takmarkað. Þannig skildi ég hann, en það er kannske misskilningur. Ég vil sem sagt koma því á framfæri hér að það er ekki takmarkað. (Gripið fram í.) Það er þá rétt skilið hjá okkur báðum. Er það ekki rétt, ef ég mætti spyrja hv. þm. að því? (Gripið fram í.) Gagnvart þegnum frá Sovétríkjunum og Austur-Evrópu ríkir fullt ferðafrelsi á Íslandi. (Gripið fram í.) Þá er ekki um gagnkvæmni að ræða fyrir íslendinga. (Gripið fram í.) Þá er ekki um gagnkvæmni að ræða einmitt fyrir íslendinga gagnvart ferðafrelsi í Austur-Evrópu, og skal ég koma nokkru nánar að því.

Það er nefnilega þannig háttað hér, að það eru ekki allir sem ferðast á diplómatapössum til Austur-Evrópu. Það eru líka til venjulegir íslendingar, venjulegt fólk sem fer ekki í boðsferðum til þessara ríkja, heldur verður að bjarga sér sjálft og gegna erindum sínum undir því fyrirkomulagi og skipulagi sem tíðkast í þessum ríkjum. Og nú er ég aðeins að skýra frá minni eigin reynslu, eins og hv. þm. gerði áðan þegar hann skýrði frá reynslu sinni í Bandaríkjunum og í Sovétríkjunum. Ég geri ráð fyrir að sú gagnkvæmni ríki hér í sölum Alþingis að þm. megi skýra frá sinni reynslu með svipuðum hætti, og skal það nú gert.

Þannig er t. d. málum háttað, að þegar maður fer til Bandaríkjanna, þá þarf að sækja um vegabréfsáritun. Ég hef oft þurft að gera það. Ég hef sleppt því að fylla út sumar spurningarnar vegna þess að mér hefur fundist óþarfi fyrir Íslendinga að svara þeim, þ. á m. eru þær spurningar sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir kom inn á áðan varðandi t. d. það, í hvaða flokki menn væru, og um það, hvort þeir væru haldnir einhverjum ókennilegum sjúkdómum eða ekki. Ég held, að það sé óþarfi fyrir íslendinga að fylla út þær spurningar, vegna þess að íslendingar eru yfirleitt mjög heilbrigð þjóð. Hins vegar veit kannske hv. þm. um það, að það eru milljónir manna sem sækja um að fara til Bandaríkjanna á hverju ári og það gæti verið æskilegt fyrir þessa þjóð, eins og aðrar þjóðir gera, að vita nokkuð um heilbrigði slíks fólks. Það hefur komið fyrir, að ég hafi verið spurður um hvort ég hafi ferðast með flugvélum frá Asíu, með tilliti til þess að þar hafi e. t. v. verið faraldur sem talinn væri hættulegur í þeim ríkjum sem ferðast er til. Nefni ég sem dæmi, að það er ekki óalgengt þegar komið er t. d. frá Suður-Evrópu að beðið er um að fylla út plagg um það hvort maður hafi nýlega verið á Indlandi. Það er vegna þess að þar er oft stóra bólan, sem er talin hættuleg, og er talið æskilegt að fylgjast með því hvort viðkomandi hafi verið þar eða ekki. Þetta er ekkert óeðlilegt í sjálfu sér, enda held ég að hv. þm. séu sammála um það.

En þá skulum við snúa okkur nokkuð að þeim ríkjum sem talað var um áðan og þá fyrst af hv. 3. þm. Reykv., Sovétríkjum Austur-Evrópu. Það tekur yfirleitt marga mánuði að fá vegabréfsáritun til þessara ríkja fyrir venjulegt fólk. Það hefur komið fyrir að menn hafi verið beðnir um að koma í sendiráð Sovétríkjanna við Túngötu og ræða við fulltrúa þessara ágætu ríkja hér. Þær spurningar eru e. t. v. ekki á blaði sem eru lagðar fyrir mann, en það skilst fyrr en skellur í tönnum. Ég ætla ekki að rekja það sem gerst hefur innan fjögurra veggja í þessu sovéska sendiráði þegar menn hafa verið spurðir spjörunum úr varðandi fyrirhugaða ferð þeirra til Sovétríkja Austur-Evrópu. En hvað skeður þegar maður kemur til viðkomandi ríkja sem venjulegur ferðamaður? Það fyrsta, sem gerist, er að það er leitað mjög rækilega í töskum manns. Það hefur jafnvel komið fyrir að hafi verið leitað á manni sjálfum. Að vísu hef ég sloppið við það, en ég hef verið vitni að því að íslendingur hefur verið tekinn afsíðis og látinn afklæðast og skoðaður mjög rækilega. Þegar komið er á hótel, þá er það fyrsta sem gerist þegar maður er búinn að skrá sig inn að beðið er um að afhenda vegabréfið, og það er undir hælinn lagt hvenær maður fær vegabréfið aftur ef ætlunin er að dveljast lengur en í viku í viðkomandi borg. Og ég bið hv. þm. að taka eftir því þegar ég segi: ef ætlunin er að dveljast lengur en eina viku í viðkomandi borg. Það er nefnilega staðreynd, hvað sem líður Helsinkiráðstefnunni og öllum samþykktunum þar, að almennur ferðamaður í Austur-Evrópu má ekki ferðast út fyrir borgartakmörk þeirrar borgar eða borga sem viðkomandi á erindi til. Þetta veit ég af eigin reynslu, vegna þess að ef maður vill t. d. fara út fyrir Leipzig, við skulum segja að ég hafi verið þar á vörusýningu í umboði íslenskra fyrirtækja, þá er tekið skýrt fram að til þess að mega fara til næstu borgar, Dresden, þarf að sækja um leyfi til lögreglustjóra staðarins.

Þetta er saga út af fyrir sig, eins og hv. 3. þm. Reykv. kom inn á áðan í sambandi við sína lífsreynslu. Hún segir sitt, því miður. En það auðvitað gerir málið ekkert betra gagnvart Bandaríkjunum í því sem þar er ábótavant, undir það skal ég taka.

Ég fyrir mitt leyti hefði talið æskilegra að þessi þáltill. hefði verið víðtækari, að hún beindist ekki aðeins að samskiptum íslendinga við eitt ríki, heldur að samskiptum okkar við fleiri ríki. (Gripið fram í: Hún gerir það.) Hún gerir það ekki, það er ekki rétt. Það er lögð megináhersla á að hér sé átt við eitt ríki, og það er undirstrikað sérstaklega og kom einnig fram í máli hv. þm. áðan, að hann hefði séð ástæðu til að koma með till. vegna framkomu bandaríkjamanna við sendinefnd Alþingis íslendinga til Kanada sem hefði orðið fyrir óvirðingu sem er auðvitað ekki gott. Þess vegna kom till. fram sérstaklega, það kom fram hjá hv. þm. áðan, þannig að hún er allmjög bundin við þetta eina ríki. En það er auðvitað ágætt að við þm. fáum tækifæri til að ræða um þetta. Þetta er mjög stórt mál í sjálfu sér, ferðafrelsi, og það er auðvitað hluti af víðtækari mannréttindum, eins og

einn hv. þm. minntist á áðan, en ástæðulaust að fara inn á þau svið á þessu stigi. En ég vil bara undirstrika það, að það eru samskipti við fleiri þjóðir en aðeins Bandaríkin sem þyrfti að athuga í sambandi við þessa þáltill.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þar sem till. þessi mun sennilega koma til n. þar sem ég á sæti, þá finnst mér rétt nú strax við þessa umr. að gera í stuttu máli grein fyrir áliti mínu á henni.

Ég vil þá strax segja það, að ég er sammála því sem ég tel vera meginefni till. og hljóðar á þessa leið: „Skal stefna íslenskra stjórnvalda vera sú að ryðja úr vegi öllum hindrunum á ferðafrelsi.“ Um þetta er ég fullkomlega sammála hv. flm. Hins vegar er ég ekki eins sammála um þær leiðir sem eigi að fara til þess að ná þessu marki.

Ég tel að við íslendingar eigum að fara þá leið að þessu marki, sem við raunar höfum farið hingað til, að hafa ferðafrelsi sem allra víðtækast, þannig að það séu engar sérstakar óeðlilegar hömlur á því að útlendingar geti komið hingað og ferðast hér. Á þennan hátt tel ég að við gefum öðrum þjóðum gott fordæmi og við getum líka staðið traustir á þeim grundvelli að krefjast slíks hins sama af öðrum þjóðum, að þær veiti eins fullt ferðafrelsi hjá sér eins og við veitum hjá okkur. Mér finnst að flm. hugsi sér ekki að ná þessu marki á þann hátt, heldur með því móti að reyna að þvinga aðrar þjóðir til þess að fallast á okkar skoðun eða okkar stefnu á þann hátt að ef þeir haldi uppi óeðlilegum hömlum í sambandi við ferðafrelsi, þá eigum við að gera slíkt hið sama og sjá hvort við getum ekki þvingað fram okkar stefnu á þann hátt. Ég tel þessa leið óvænlegri til árangurs heldur en þá sem við höfum fylgt. Ég tel að þó að við séum beittir ýmsum hömlum erlendis sem við teljum rangar, þá eigum við ekki að taka þær upp, heldur halda áfram fullu ferðafrelsi og berjast á heim grundvelli fyrir því að aðrar þjóðir veiti sama rétt.

Ef ég ætti að fara að segja mína sögu, þá hef ég orðið fyrir svipaðri reynslu erlendis og sumir þeirra þm. sem hér hafa talað. Mér virðist að ég muni vera í nokkuð svipaðri skúffu í ameríska sendiráðinu og hv. 5. landsk. þm., Svava Jakobsdóttir. Ég hef farið til Bandaríkjanna í ein tvö eða þrjú skipti í sambandi við Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, og ég hef fengið áritun á þá leið að ég hef orðið að hypja mig mjög fljótlega í burtu eftir að þessum ráðstefnum hefur verið lokið. Þetta eru þrengri hömlur en voru áður í Bandaríkjunum, því þegar ég fór á þing Sameinuðu þjóðanna fékk ég mjög ríflega áritun, þannig að mér virðist að betta sé nú að brengjast dálítið hjá þeim. a. m. k. hvað mig snertir.

Þegar ég hef farið til Austur-Evrópu, sem hefur verið m. a. í boðsferðum, — sennilega hef ég ekki farið þangað öðruvísi en sem boðsgestur, þá hef ég fengið áritun til þess að dveljast í þessum löndum. En þess hefur verið vandlega gætt að ég dveldist ekki einum degi lengur en boðstíminn var, ég yrði að hypja mig tafarlaust heim þegar honum hefur verið lokið. Ég hygg að ég hafi aldrei fengið að dveljast lengur í þessum löndum en svona 12 daga í mesta lagi, eftir þann tíma, þegar boðstímanum var lokið, varð ég að hypja mig heim.

Þó að ég hafi þessa reynslu bæði vestan hafs og austan tel ég ekki rétt að við íslendingar tökum upp sama háttalag. Ég vil ekki beita ameríska þegna sem hingað koma, eða Austur-Evrópuþegna, sem hingað koma, sömu meðferð og við íslendingar erum beittir undir ýmsum kringumstæðum í þessum löndum. Ég tel að við eigum að hafa áfram fullt ferðafrelsi gagnvart þegnum þessara landa þó að við teljum okkur beitta einhverjum ólögum hjá þeim, enda finnst mér það vera að hengja bakara fyrir smið. Þó að stjórnvöld þessara landa hafi einhverjar rangar reglur, eigum við ekki að láta það bitna á þegnum þeirra. Ef þeir vilja koma hingað og ferðast hér, þá eiga þeir að hafa leyfi til þess þó að við verðum e. t. v. að sæta einhverjum hömlum í viðkomandi löndum.

Við erum vafalaust öll á því að við eigum að stefna að því að andi kalda stríðsins hverfi og verði bætt sambúð á milli þjóða. Mér finnst að það sé spor aftur á bak og í anda til kalda stríðsins ef við förum að taka upp t. d. sams konar hömlur á ferðafrelsi og aðrar þjóðir kunna að beita og við höfum ekki beitt áður.

Ég var á Hafréttarráðstefnunni í New York í sumar og ég fylgdist þar dálítið með málflutningi í sambandi við flokksþing repúblikana. Það var háð þann tíma sem ég var þar. Og það vakti alveg sérstaka athygli mína að annar af aðalkeppinautunum um framboð fyrir repúblikana, fyrrv. ríkisstjóri í Kaliforníu, Reagan, vildi beita ekki ólíkum baráttuaðferðum og felast í þessari till. Hann benti á að það væru alls konar hömlur í austantjaldslöndunum sem bandaríkjamenn yrðu að sætta sig við og þeir hefðu ekki staðið sig nógu vel, Ford og Kissinger, með því að mæta þessum hömlum ekki á þann veg að taka upp sams konar hömlur í Bandaríkjunum. Ég var ósammála þessari kenningu, og sem betur fer var flokksþing repúblikana að mínum dómi líka ósammála henni og hafnaði þessum manni sem frambjóðanda og beirri stefnu kalda stríðsins sem hann barðist fyrir. En það er af alveg sömu ástæðu og ég gat ekki sætt mig við afstöðu Reagans sem ég get ekki sætt mig við þær vinnuaðferðir sem virðast felast í þessari till.

Ég vænti þess vegar að það geti náðst fullt samkomulag og sé fullt samkomulag hér á Alþ. um það meginefni till., að það skuli stefna að því að íslensk stjórnvöld vinni að því að ryðja úr vegi öllum hindrunum á ferðafrelsi, en það tel ég best gert með því að við séum til fyrirmyndar í þessum efnum og getum þess vegna með góðri samvisku krafist þess af öðrum að þeir veiti fullt ferðafrelsi, eins og við gerum. Við eigum þess vegar ekki að taka upp þær reglur sem þeir hafa og við teljum rangar og viljum að þeir leggi niður.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég er sammála því meginefni þessarar þáltill., að það skuli vera stefna íslenskra stjórnvalda að ryðja úr vegi öllum hindrunum á ferðafrelsi. Ég tel þá atburði, sem eflaust eru tilefni flutnings þess-

arar till., vera ámælisverða af hálfu þeirra sem ábyrgð bera á þeim og að slíkt eigi ekki og megi ekki endurtaka sig og get vel skilið gremju þeirra íslensku alþm. sem urðu fyrir þeim töfum sem raun varð á. Það hefur þegar verið gert að umtalsefni og ég skal ekki ræða það frekar hér.

Jafnframt vil ég segja að ég er öldungis sammála hv. síðasta ræðumanni, hv. formanni utanrmn., um það, að í þessari till. er ekki bent á æskilegustu skipan til þess að ná höfuðtilgangi till., sem sagt að ryðja úr vegi öllum hindrunum á ferðfrelsi. Ég er sammála þeim rökum sem hann flutti fram í því efni og mundi styðja það að till. yrði breytt í samræmi við þau sjónarmið sem hann lýsti og ég þarf ekki að endurtaka. En einu vil ég bæta við sem mér finnst vanta í till. og ég hef ekki veitt athygli að komið hafi fram í þessum umr. Það er, að ef Alþ. fer á annað borð að álykta um ferðafrelsi og að ryðja úr vegi hindrunum á ferðafrelsi, þá finnst mér eðlilegt að í till. sé áskorun til hæstv. utanrrh. eða ríkisstj. að beita sér fyrir því við ríkisstjórnir allra þeirra helstu ríkja sem við höfum samskipti við að þau leggi ekki hömlur á ferðalög borgara sinna til Íslands fremur en við leggjum hömlur á ferðalög okkar borgara til þeirra landa. Við skulum virða að fullu gagnkvæmnisjónarmið í þeim efnum og ekki skipta okkur að því hvað önnur ríki gera gagnvart þegnum annarra landa en okkar eigin þegnum. En mér finnst eðlilegt, ef slíkt mál er á annað borð tekið upp hér á hinu háa Alþ., að þá sé málið ekki í þeim þrönga búningi sem hér er, heldur litið á málið frá miklu víðtækara sjónarmiði.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í fjölmörgum löndum, sem við eigum mikil skipti við, eru hinar mestu takmarkanir á ferðafrelsi borgara þeirra landa hingað til lands, eins og hv. 6. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, vék að í sinni ræðu. Ekkert slíkt á sér stað að því er snertir íslenska borgara gagnvart öðrum löndum. Verði á annað borð samþ. till. um þetta, þá tel ég að í till. ætti að vera setning eða setningar um þetta efni. Gagnkvæmnin á að vera algjör. Ég tek aftur undir þann hugsanagang, sem kom fram í ræðu hv. formanns utanrmn., hv. 4. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, að ég vil ekki að slík gagnkvæmni verði framkvæmd á þann hátt að takmarka ferðafrelsi íslendinga til þeirra landa sem takmarka ferðafrelsi þegna sinna hingað til okkar, að því leyti erum við fullkomlega sammála, heldur tel ég lágmark að Alþ. láti í ljós þann vilja við ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því við ríkisstjórnir þeirra landa, þangað sem íslenskir þegnar mega vegna íslenskra yfirvalda ferðast frjálst og óhindrað, að þegnar þeirra fái líka að ferðast frjálsir og óhindraðir hingað til lands.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Í framsögu minni áðan gerði ég grein fyrir því, hvernig bandarísk stjórnvöld á Íslandi hafa skipulagsbundið njósnað um íslendinga og komið sér upp spjaldskrá yfir íslensku þjóðina og skoðanir manna.

Í þeim löngu umr., sem hér hafa orðið, hefur enginn vikið að þessu atriði sem er þó ákaflega mikið grundvallaratriði í sambandi við þetta mál. Þarna hafa verið unnin óhæfuverk sem íslensk stjórnvöld hefðu ekki átt að una, og ég veit ekki betur en þessi óhæfuverk séu unnin enn þá. Þau voru ekki aðeins unnin með því að safna upplýsingum á þann hátt sem ég gerði grein fyrir áðan, heldur einnig með símahlerunum. Ég hef orð eins helsta stjórnmálaleiðtoga, sem hefur verið uppi á Íslandi á þessari öld, fyrir því m. a. að það var lengi hlustað á minn síma. Að þessu hefur enginn maður vikið. Það er þetta sem er eitt dæmið um þann óhemjulega skort á gagnkvæmni sem er í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna.

Þegar Bandaríkin beittu sér sjálf fyrir því að þegnar þeirra fengju að ferðast án sérstaks leyfis stjórnvalda til Íslands og annarra ríkja sem voru í NATO, þá birtist í því herraþjóðarsjónarmið. Þeir vildu hafa sérréttindi til að ferðast til þessara ríkja, en þeir vildu ekki veita þegnum þessara ríkja sömu réttindi í Bandaríkjunum. Ég er andvígur því að enn þá sé lotið að þessu herraþjóðarsjónarmiði.

Mér þótti ákaflega leiðinlegt, að heyra á máli sumra manna hvað mikið er enn eftir í þeim af viðhorfum kalda stríðsins. Mér þótti það einna sárast í ræðu Ellerts B. Schram, vegna þess að í fyrsta skipti sem ég veitti Ellert B. Schram athygli, þá var það í þeirri grein sem hann skrifaði í Stefni þar sem hann lagði einmitt áherslu á að íslendingar ættu að koma fram af manndómi í skiptum við Bandaríkin. Nú getur hann ekki einu sinni tekið undir sjálfstæða till., sem ekki er, í efni sínu erting út í einn eða neinn, heldur er orðinn algjörlega gagntekinn af viðhorfum kalda stríðsins. Kannske hlýst þetta af því að vera þm. fyrir Sjálfstfl. í nokkur ár, að menn missa öll heilbrigð og eðlileg viðhorf sem þeir höfðu þá áður.

Það hafa ýmsir tekið undir það með mér að framkoma bandarískra stjórnvalda við þingnefnd Alþ., sem var að fara í opinbera heimsókn til Kanada, hafi verið ósæmileg. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvort nokkuð hafi verið gert af hálfu íslenskra stjórnvalda til að mótmæla þessari framkomu. Ég tel að það hafi verið skylda íslenskra stjórnvalda að láta ekki óvirða Alþingi íslendinga á þann hátt sem þarna var gert. En á hitt vil ég jafnframt leggja áherslu, að ég tel ekki að þm. eigi að hafa nein sérréttindi á þessu sviði. Þær reglur, sem gilda, eiga að gilda um landsmenn alla. En þetta var óvirðing við Alþingi íslendinga sem þeir fulltrúar, sem við höfðum sjálfir valið, urðu þarna fyrir.

Það er ósköp auðvelt að færa öll mál, sem hér er rætt um, yfir á svið kaldastríðsumræðnanna sem tíðkuðust hér á þingi fyrir 10 árum eða svo. Ég var satt að segja að vona að þær breytingar hefðu orðið hér á Íslandi að slíkt þyrfti ekki að endurtaka sig í almennri till. eins og ég flyt hér. En því miður hefur það gerst. Ég held að það sé kominn tími til þess fyrir allmarga þm. að reyna að uppræta hjá sér þessi ofstækisviðhorf sem þeir ólu með sér á tímum kalda stríðsins. Við störfum ekki á neinn eðlilegan hátt að stjórnmálum á Íslandi á meðan menn eru haldnir af illum anda slíks ofstækis.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Mér þykir leitt að valda hv. 3. þm. Reykv. vonbrigðum. Hins vegar er mér alveg ómögulegt að skilja hvernig hann kemur kalda stríðinu inn í mína ræðu. Ég tók fram í þeirri stuttu ræðu sem ég flutti hér áðan, að ég teldi þær reglur sem í gildi væru hvað snertir ferðamenn til Bandaríkjanna, hlægilegar og ástæðulausar. En þar sem hv. flm. beindi öllu tali sínu að Bandaríkjunum, þá taldi ég mér rétt og skylt að benda á, að þegar verið væri að tala um ferðafrelsi, þá þyrftum við að líta til fleiri átta. (**Gripið fram í:** Er eitthvert annað ríki sem njósnar um íslendinga?) Ferðafrelsi er eitt og njósnir eru annað. Hv. þm. vék hér að símahlerunum og taldi það vera slæmt að enginn skyldi hafa gert þær að umtalsefni. Ég bíðst nú afsökunar á því, að ég áttaði mig ekki á því að símahleranir væru einn þáttur í ferðafrelsi manna. Njósnir eru eitt og ferðalög eru annað, og ég held að það þurfi varla að ræða það lengi. Ég hugsa að hv. þm. sé fullljóst að við höfum mestu andstyggð á hvers konar símahlerunum og njósnum, það þarf ekki að taka það fram, það er hafið yfir allar umr., og þetta er ekkert annað en hreinn útúrsnúningur af hans hálfu. Ég vil hins vegar leyfa mér að halda því fram að allt tal hans um kalda stríðið sé vegna þess að hann vill endilega halda í það, ríghalda í það. Menn hafa rætt um þessa till., ferðafrelsi almennt og viðhorf til þess, og það hefur ekki nokkur maður minnst á kalt stríð nema þessi sami hv. þm. Ég hef ekki heyrt það annars staðar frá.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir taldi ræðu mína hafa verið undarlega og jaðra við lágkúru. Þetta var staðhæft án þess að færa að því nokkur rök. En skyldi það vera að henni hafi þótt þessi ræða, sem ég flutti hér áðan, vera lágkúruleg vegna þess að ég minntist á blóðbaðið í Ungverjalandi? Eða skyldi henni hafa þótt lágkúra hjá mér áðan vegna þess að ég talaði um mannréttindi þegar verið var að ræða um ferðafrelsi?

Ég vék áðan að þeim skilningi mínum á þessari till. að hún stangaðist á við meintan tilgang sinn, og ég heyri að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson og Gylfi Þ. Gíslason hafa sömu skoðun á þessari till. og ég. Flm. og stuðningsmenn þessarar till. vilja nálgast þetta markmið, þ. e. a. s. ferðafrelsið, með því að leggja hömlur á ferðafrelsi annarra. Ég er þessari aðferð andvígur og tel að þetta geti ekki staðist. Við getum rifjað upp margar sögur hér. Við getum t. d. minnst á frásagnir íþróttamanna Júdósambands Íslands sem fóru á þessu ári, held ég, til Sovétríkjanna og urðu fyrir hinum herfilegustu viðtökum þar. (Gripið fram í.) Það var ekki skemmtileg lesning að lesa frásagnir þeirra. Vildu menn til þess að ná gagnkvæmu ferðafrelsi að menn tækju upp slíkar aðferðir hér af því að þeim er beitt annars staðar? Íslenskir ferðamenn hafa orðið vitni að því og hafa sjálfir haft reynslu af því að þegar þeir ferðast til ýmissa landa, þá eru eftirlitsmenn hafðir með þeim daga og nætur. Vilja menn, af því að það er gert annars staðar, að það sé tekið upp hérna líka? Ég hef sjálfur persónulega sögu að segja frá því þegar ég fór til Austur-Þýskalands árið 1974. Þá þurfti ég að senda vegabréf mitt með margra vikna fyrirvara með myndum og tilheyrandi skýrslum. Og ég þurfti að geta þess, hvenær ég kæmi til landsins og hvenær ég ætlaði út úr landinu aftur. Þegar ferðaáætlun mín breyttist þannig að ég ætlaði að fara deginum áður annars staðar út úr landinu heldur en upphaflega var ákveðið, þá kostaði það mig sólarhrings vafstur og málarekstur að fá þessu breytt og til þess að koma yfirvöldum þar í landi í skilning um að það væri full ástæða fyrir því að breyta þessari ferðaáætlun minni. Vildu menn að slíkt eftirlit yrði tekið upp hér á landi, af því að því er beitt annars staðar? Og með sama hætti get ég spurt núna: Af því bandaríkjamenn vilja endilega fá myndir og passa og vegabréfsáritun þegar við íslendingar ferðumst þangað, eigum við þá endilega að fara að gera það líka? Ég sagði það sem skoðun mína áðan og ég tek undir það sem fram hefur komið hjá tveim hv. þm., Þórarni Þórarinssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni, ég held að við eigum ekki að beita þessum aðferðum, heldur eigum við að reyna að stuðla að ferðafrelsi í heiminum með öðrum og jákvæðari hætti. Þ. á m. minntist ég á þá staðreynd, að heilar þjóðir í þessari sömu álfu og við búum í hafa alls ekkert ferðafrelsi. Það er ömurleg, napurleg staðreynd, og það er full ástæða til að minnast á það þegar þetta mál er hér á dagskrá. Ég held að við Íslendingar ættum þess vegna að reyna að stuðla að því að þetta fólk fái venjulegt ferðafrelsi, og við ættum hér á þingi að flytja till. í þeim anda, en ekki á þann veg að ferðafrelsi skuli komið á með því að tálma ferðir annarra.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það er rétt hjá honum, ég sagði að fyrri ræða hans hefði verið lágkúra, og ég ætla að segja það hér, að sú síðari var enn þá lágkúrulegri og ég skal segja honum af hverju.

Hann spurði mig hvort mér hefði þótt fyrri ræðan lágkúra, af því að hann hafði minnst á blóðbaðið í Ungverjalandi. Slíkur málflutningur af hans hálfu er vitaskuld það lágkúrulegasta af öllum lágkúrum. (**Gripið fram í:** Hvað átti ég að halda þegar ég fékk ekki skýringu einu sinni á þessu?) Það er eftirtektarvert, að þetta var það eina sem hv. þm. gat dottið í hug að mér hefði þótt athugavert við ræðu hans.

En herra forseti, nú ætla ég að segja ástæðuna fyrir því að mér þótti ræða hv. þm. Ellerts B. Schram lágkúra. Aldrei nokkurn tíma fremur en aðrir hv. þm. Sjálfstfl. getur hann staðið á rétti Íslands gagnvart Bandaríkjunum. Þeir taka málstað bandaríkjamanna — og hvernig? Með því móti að benda á að sumt sé ekki betra annars staðar. Þeir hliðra sér hjá að ræða rétt Íslands og íslendinga gagnvart bandaríkjamönnum. Það er nýlenduhugsunarhátturinn sem er lágkúrulegur.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég er nú búinn að segja það sem ég ætlaði að segja um sjálfa till. og stend þess vegna ekki upp til þess að endurtaka það. En í tilefni af þeim umr., sem orðið hafa um för sendinefndar Alþingis til Kanada og það sem henti sendinefnd-

ina á flugvelli í Bandaríkjunum, og þeirri fsp., sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín, vil ég segja það alveg eins og er, að þessu hefur ekki verið mótmælt. Það má hugsanlega segja að utanrrn. hefði átt að taka sig fram um það óumbeðið þegar slík óvirðing er sýnd Alþingi. En það var ekki gert. Hins vegar kom engin beiðni frá neinum eða skýrsla til rn. um það sem þarna fór fram, og það fyrsta, sem ég vissi um það, var grein eftir hv. alþm. Svövu Jakobsdóttur sem birtist í Þjóðviljanum, minnir mig. Og það eina, sem ég gerði í tilefni af henni var að ég fann að þessu munnlega við sendiherra Bandaríkjanna. En það er auðvitað ekki hægt að kalla það mótmæli. Það má vel vera, eins og ég segi, að rn. hefði átt að taka það upp hjá sér að taka upp hanskann fyrir Alþingi. Þó má e .t. v. líka segja að Alþingi sé fært um að taka upp hanskann fyrir sjálft sig.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting á lifur og hrognum, þáltill. (þskj. 32). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég og hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, berum fram till. til þál. á þskj. 32 um nýtingu á lifur og hrognum, en till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að hún hlutist til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því, hvernig koma megi við fullnýtingu lifrar úr fiskafla landsmanna sem nú er að mestum hluta fleygt fyrir borð á skuttogaraflotanum.

Könnun þessi nái einnig til hrogna og feli jafnframt í sér athugun á hvernig bæta megi aðstöðu á fiskiskipum og í landi til nýtingar og vinnslu þessara verðmæta — sem og markaðsmöguleikum.“

Ýmsum mun þykja slík till. fram komin vonum seinna hér á Alþ. Fólki hefur blöskrað hvernig verðmætum upp á hundruð millj. kr. hefur á undanförnum árum og jafnvel áratugum verið fleygt fyrir borð á íslenskum fiskiskipum, sérstaklega nýju skuttogurunum. Ég veit að fjöldi íslenskra sjómanna og útvegsmanna er í hópi þeirra mörgu sem telja slíkt athæfi til hinnar mestu vanvirðu fyrir okkur og vilja bæta þar um. Og til þess er þessi till. borin fram, að könnun sú, sem þar er farið fram á, og úttekt á þessum málum í heild geti leitt til skipulegra aðgerða til úrbóta. Málið er þó vissulega ekki eins einfalt og það lítur út fyrir að vera. En hitt er alla vega ljóst, að enda þótt við teljum okkur nú hafa unnið fullnaðarsigur í landhelgismálum okkar með útfærslu okkar fiskveiðilögsögu í 200 mílur og viðurkenningu annarra þjóða á þeim takmörkum, þá verðum við að sýna stranga aðgát í veiðisókn okkar, sérstaklega gagnvart þorskstofninum sem er í bráðri hættu vegna ofveiði. Vísindamenn okkar á sviði fiskirannsókna og stjórnvöld eru á einu máli um að nauðsyn beri til að beina sókninni meir og meir að nýjum fisktegundum og draga þannig eða hindra áframhaldandi ofveiði þorsksins. Það verður jafnframt æ ljósara að okkur beri í senn efnahagsleg nauðsyn og siðferðileg skylda til að nýta öll verðmæti sjávarafla til hins ítrasta.

Í fróðlegu erindi, sem dr. Björn Dagbjartsson forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hélt á ráðstefnu Fjórðungssambands norðlendinga í júní s. l. um nýtingu sjávarafla og nýjungar í fiskiðnaði, komu fram margar athyglisverðar upplýsingar. Hann benti í upphafi máls síns á það, sem við erum auðvitað algerlega sammála um, að nauðsyn ber til að nýta aflann betur sem magn hans minnkar. Hann minnti á að árið 1973 hefði iðnrh. skipað n. til að kanna grundvöll fyrir lyfja- og lífefnavinnslu úr sjávarafla, en þeirri iðngrein er spáð vaxandi gengi á næstu áratugum. Það þykir ljóst að notkun fiskúrgangs í lífefnavinnslu er að mestu óplægður akur og þarfnast mikillar undirbúningsvinnu og rannsóknar. En það eru ýmsar aðrar aukaafurðir fiskiðnaðar sem eru mun nær framleiðslustiginu. Þannig mætti nefna rækjuskel og humarúrgang. Árlega falla til um 5000 tonn af þess konar úrgangi frá vinnslustöðvum í landi, auk þess sem fleygt er í sjóinn af humarbátum. Litarefnið í rækjuskelinni, svo kallað contoxantín, er sama eðlis og litarefnið í holdi laxa, bleikju og annarra vatnafiska og er framleitt í stórum stíl erlendis og selt í blöndur í fiskbúðir um allan heim. Tilraunir hafa verið gerðar hér til að nýta holdið úr humarklóm og búkum og vinna úr því eins konar súpukraft.

Þá er það kúfiskurinn sem nú á síðustu árum hefur komið fram í dagsljósið aftur sem sjávarafurð. Fyrir um 25 árum voru gerðar alvarlegar tilraunir til að flytja út frosinn kúfisk héðan til Bandaríkjanna og svo aftur fyrir miðjan síðasta áratug. Það, sem aftraði sölu í fyrra skiptið, var það, að íslenski kúfiskurinn var ranglega sakaður um að vera valdur að matareitrun sem stafar af þörungum er skeldýrin nærast á. En áfram er unnið að rannsóknum á kúfiskinum, og ég hef alltaf verið bjartsýn á að það hljóti að koma að því að þessi matarmikli og girnilegi skelfiskur verði gjaldgengur til neyslu.

Þá minntist dr. Björn í fyrrnefndu erindi sínu á tilraunir sem verið er að gera með nýjar aðferðir við framleiðslu á svokölluðum hydrosilötum úr fiskslógi og úrgangsfiski í slógmjöl og er að efnasamsetningu svipað og þurrmjólk. Fyrir allmörgum árum var hér og töluverður áhugi á söfnun og sölu svilja. Vildi norskt fyrirtæki árið 1970 kaupa 800 tonn af frosnum sviljum til framleiðslu fyrir lyfjaverksmiðjur. Óhagstæður verðgrundvöllur þá mun hafa ráðið mestu um að ekki varð frekar úr þessum viðskiptum. En ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að taka upp þessa framleiðslu hvenær sem er. Mér koma í hug í þessu sambandi sögur frá gömlum sjómönnum sem þekktu til þess að stundum var hafður sá háttur á hér í gamla daga að hrogn og svil, ef hrognin voru ekki á annað borð nýtt, þ. e. a. s. ekki flutt til lands, þá voru þau kreist saman í bjóð, svilin sprengd

og hrognin sömuleiðis, hrært saman og fleygt til sjávar aftur til þess að stuðla að góðu klaki og viðkomu þorsksins. Sennilega eru þessar aðferðir ekki viðurkenndar og hátt skrifaðar hjá vísindamönnum í dag, en hugsunin og tilgangurinn var vissulega góður.

Í þorskgalli eru líka verðmæt lyfjaefni, einkum hið svokallaða cortison, sem er m. a. gigtarmeðal. Á árunum 1951—1953 var safnað um 40 tonnum af þorskgalli hérlendis. Og árið 1975 var reynt að fá fiskframleiðendur til þess að safna galli, og útflutningsfyrirtæki bauð þá 300 kr. fyrir hvert kg, en enginn varð þó til þess að sinna því boði.

Dr. Björn bendir einnig á gífurlega markaðsmöguleika á gæludýramat unnum úr fiskmeti. Bandaríkjamenn kaupa árlega hunda- og kattamat fyrir 2 milljarða dollara og bretar fyrir 60—70 milljónir punda. Segja má að okkur stæði auðvitað nær að hugsa um mannfólkið sem deyr úr sulti, en meðan hundar og kettir þykja eftirsóknarverð húsdýr, þá þurfa þau líka sína fæðu og þess vegna er þessi markaður enginn hégómi.

Svo er það grásleppuhveljan sem hér kemur einnig við sögu, en rannsóknir þar eru það stutt á veg komnar að erfitt er að fullyrða um möguleika á því sviði. Grásleppan hefur víst verið hálfgerður vandræðafiskur eftir að búið er að taka úr henni hrognin, m. a. vegna þess hve vatnsinnihaldið í fiskinum er hátt og eggjahvítuefnin léleg, svo að meira að segja mjölvinnsla úr henni þykir hæpin. Hins vegar hefur manni ofboðið að sjá allt það feiknamagn af grásleppu sem fleygt er í sjóinn að hrognavinnslunni lokinni. Að sjálfsögðu þarf að kanna áfram möguleika á því að nýta hana betur.

Ég hef hér að framan aðeins til fróðleiks rakið þessar upplýsingar frá forstöðumanni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um ýmiss konar möguleika á nýtingu sjávarafla og fiskúrgangs, þó að það snerti ekki beint efni þessarar till. um nýtingu á lifur og hrognum.

Dr. Björn bendir í lok þessa erindis síns réttilega á að lifur og hrogn eigi alls ekki að vera umtöluð í sömu andrá og ýmsar aukaafurðir eða nýjungar í fiskiðnaði, svo mikil vissa sem er fyrir ágæti þessara afurða og löng reynsla af nýtingu þeirra hér. Það er auðvitað fyrst og fremst þegar kemur að lifrinni og hrognunum sem okkur setur hljóða gagnvart þeirri staðreynd að þessum fiskverðmætum skuli að verulegum hluta vera fleygt fyrir borð á íslenskum fiskiskipum. Ég hef aflað mér upplýsinga um þessi mál frá öllum þeim aðilum sem ég tel eiga hlut að máli, Fiskifélagi Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Sölustofnun lagmetis, lýsisframleiðendum og útvegsmönnum og sjómönnum, og hefur hvergi verið mótmælt þeirri staðhæfingu að árlega sé kastað fyrir borð af íslenskum fiskiskipum um 10 þús. tonnum af lifur. Þjóðarbúið tapar auðvitað margfalt meiri verðmætum ef hráefnið, lifrin, væri unnið. Þannig tjáir mér forstjóri Lýsis hf., Pétur Pétursson, að í dag sé verðið fyrir tonnið af hreinsuðu lýsi 67 þús. kr. og rúmlega það — 67 þús. kr. fyrir hvert tonn af hreinsuðu lýsi.

Það gegnir nokkuð öðru máli um hrognin. Þeim er ekki fleygt í nálægt því eins miklum mæli og lifrinni, enda er verðmæti þeirra um þrefalt á við lifrina og mun auðveldara, að því er virðist, að geyma hráefnið heldur en lifrina. Hraðfrysting og söltun á hrognum virðist ekki vera neitt tæknilegt vandamál, þar sem aftur viðkvæmni lifrarinnar sem hráefnis hefur gert nýtingu hennar mjög erfiða.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins bendir á að ástandið fari frekar versnandi að því er varðar nýtingu lifrarinnar. Árið 1962 var þorskalýsismagn sem hundraðshluti þorskafla svo hátt sem 3.86%, en árið 1975 er það komið niður í 1.20%, þannig að þarna hefur greinilega orðið afturför. Það er almenn vitneskja að hér áður fyrr á gömlu togurunum var öll lifur brædd um borð, og þá fengu skipverjar sína lifrarpeninga sem nokkurs konar uppbót á sinn hlut og þótti ekki það lítill að ekki væri vert að leggja sig niður við að nýta hana. Í dag er það þannig að lifur mun brædd um borð í aðeins einum togara, og þó eru nokkrir af okkar skuttogurum með bræðslutæki. Aðeins tveir eða þrír skuttogarar munu nú koma með lifur að landi eftir þeim upplýsingum sem ég hef getað aflað mér. Ég skal ekki fullyrða um réttmæti þeirra, en nær sannleikanum hef ég ekki komist hjá þeim aðilum sem ég hef minar upplýsingar frá. Þó er það staðreynd að lifrin úr skuttogurunum er miklum mun stærri og betra hráefni heldur en lifrin af bátaflotanum. En bátaflotinn mun sjá fyrir allt að því 95% af þeirri lifur sem að landi kemur.

Lagmetisiðnaður okkar á í vök að verjast og hefur átt í vök að verjast ýmissa hluta vegna. M. a. hefur óhagstæð þróun í tollamálum á undanförnum árum háð mjög þeirri starfsemi. Það tók svo til fyrir útflutning til Efnahagsbandalagsríkjanna á meðan bókun 6 í samningi okkar við bandalagið kom ekki til framkvæmda vegna fiskveiðideilunnar við vestur-Þjóðverja og breta, og útflutningur á niðursoðinni lifur og hrognum, grásleppukavíar, til Frakklands, kavíar einnig til Ítalíu og á niðursoðnum hrognum til Bretlands var svo til alveg úr sögunni. Nú hafa þessi mál að sjálfsögðu færst í eðlilegra horf, eftir að bókun 6 hefur tekið gildi eins og til stóð.

Íslenskir lýsisframleiðendur telja að það mundi vera hægt að selja mun meira af meðalalýsi til útflutnings ef meira framboð væri á góðri og ferskri lifur hér heima. Líka væri eðlilegt að athugað væri hvort aukin framleiðsla fóðurlýsis gæti ekki létt eitthvað á útgjöldum bænda fyrir rándýran fóðurbæti sem orðinn er einn af þungbærustu rekstrarliðum landbúnaðarins.

Ég hef nýlega fengið í hendur upplýsingar frá verksmiðjustjóranum í niðursuðuverksmiðju Haralds Böðvarssonar á Akranesi, Ingimundi Steinssyni. Hann var á ferð í Vestur-Þýskalandi s. l. sumar og gefur þær upplýsingar að hann hafi hvar sem hann fór orðið var við mikinn áhuga á íslenskri þorskalifur niðursoðinni. Vesturþýskir kaupendur hafa reynslu af íslensku

lifrinni og róma mjög gæði hennar. Það er staðreynd að vegna sívaxandi mengunar í heimshöfunum eru vaxandi erfiðleikar á að fá nothæft hráefni til lifrarniðursuðu, ekki hvað síst vegna þess að lifur er sérstaklega viðkvæm fyrir mengun. Þykir því allt benda til þess að Ísland og Norður-Noregur verði í framtíðinni helstu framleiðslulöndin á þessu sviði. Lifur úr Eystrasalti er ekki lengur gjaldgeng talin vegna mengunar.

Ingimundur heimsótti í þessari ferð þrjár borgir, Hamborg, Cuxhafen og Bremerhafen, og alls staðar var áhuginn jafnmikill. Í Cuxhafen var honum af fyrirtæki, sem hann tilgreinir, gert tilboð um kaup á 500 þús. dósum af niðursoðinni þorsklifur. Hver dós mun vega um 120 grömm. Honum var tjáð þarna og víðar að allri íslenskri lifur, sem mögulegt væri að útvega, yrði tekið fegins hendi á mörkuðum í Vestur-Þýskalandi, og jafnframt að það mundi ekki verða deilt um verðið. Ekki verður betur séð af ofangreindum upplýsingum en að þarna í Vestur-Þýskalandi séu miklir markaðsmöguleikar vannýttir, fyrst og fremst vegna þess að hráefnið sjálft, lifrin, er ekki nýtt neitt nándar nærri sem skyldi hér heima. Ingimundur varð einnig var við mikinn áhuga þarna í Vestur-Þýskalandi á kaupum frá Íslandi á reyktum karfa í matarolíu og fleiri unnum sjávarafurðum. Þjóðverjar virtust fúsir til að veita tæknilegar leiðbeiningar við vinnsluaðferðir og jafnvel fjárhagslega aðstoð ef óskað væri. Alla þessa möguleika þarf að sjálfsögðu að kanna og nýta til hins ítrasta.

Við athugun mína á þessu máli hef ég orðið vör við mikinn áhuga, bæði hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, lýsisframleiðendum og þeim sem við lagmetisiðnaðinn fást. En vandamálið er alls staðar það sama, það vantar hráefnið, það vantar stöðugt framboð af góðri lifur sem hægt er að nýta til niðursuðu og okkur vantar það inn í okkar útvegsmál að lifrin sé hirt einnig til bræðslu.

Það hefur margoft verið talað um tregðu íslenskra útvegsmanna og sjómanna til að hirða lifrina, að hún valdi miklu um þá öfugþróun sem hér á sér stað. Það eru til vissar skýringar á þessari afstöðu, en þó ekki haldbærar. Ein skýringin er sú, að það hefur aukist feikimikið framboð á feitmeti á heimsmarkaðinum og lýsisverðið hefur þar af leiðandi verið nokkuð lágt, þannig að ekki hefur þótt svara kostnaði eða varla að hirða hana. Það hefur hins vegar komið í ljós, að til þess að mæta þessum vanda með lítið geymsluþol lifrarinnar hafa verið kannaðar og reyndar aðferðir sem lofa góðu um betri árangur, þ. e. a. s. ísingu lifrarinnar í plastpokum í vel ísuðum kössum. Mér er tjáð að þarna megi auðvitað nota þá frystikassa sem almennt eru notaðir um borð í skuttogurum. Þessar tilraunir sýna að geymsluþol lifrarinnar getur náð allt að 10 dögum, en hefur hingað til verið talið ekki meira en 2—3 dagar, svo að þarna er sjálfsagt að reyna betur nýjungar til þess að koma þessum málum í betra horf. Það er líka svo, að á mörgum skuttogurum okkar eru ekki tæki sem til þarf að geyma lifrina um borð og því síður að bræða hana. Uppsetning slíkra tækja er mér sagt að muni nokkuð kostnaðarsöm, en þó hef ég hvergi, þó ég hafi ítrekað leitað eftir, getað fengið nákvæmlega áætlaðan kostnað, hvað það mundi kosta að koma upp góðu bræðslukerfi um borð í togurunum eða jafnvel aðeins geymslutönkum sem síðar væru fluttir í land til bræðslu í vinnslustöðvum í landi. En öll þessi atriði verður að kanna nákvæmlega, og ég teldi það t. d. sjálfsagt mál að sá tækjabúnaður, sem útgerðin þyrfti að leggja í í þessu sambandi, væri styrkhæfur frá fjárfestingarsjóðum útvegsins á sama hátt og aðrar fiskvinnslustöðvar.

Það var sú tíðin að lifur og lýsi voru helsta lífsbjörg fólks við sjávarsíðuna á Íslandi, og ég minnist þess, þó að ég sé nú ekki mjög við aldur, að í gamla daga var lýsisbræðingur notaður sem viðbit og þótti gott, þó ekki eins gott og smjörið, og þess vegna var heimilisfólki og þá börnum á heimilinu gert að skyldu að borða eina sneið fyrst með lýsisbræðingi og kæfu áður en smjörið kæmi á næstu sneið. Og þetta voru engir nauðungarskilmálar því að þetta var ljómandi fæða. Ég man líka eftir lýsisflöskunni á búrhillunni sem kom á vettvang á hverjum morgni með hafragraut og slátri, og ég minnist líka grútarkaggans á sjávarkambinum, en áður fyrr var grútur notaður til þess að bera hann á viðarhlunna og hvalbein sem sett voru í fjöruna þegar bátar voru settir fram til sjávar eða dregnir á land þegar heim kom. Þar fyrir ætla ég ekki að hafa hér uppi neina grútarrómantík. Ég veit að það er ekki grúturinn sem við viljum framleiða. Við viljum vinna góða vöru, þó að grúturinn væri á sínum tíma gjaldgengur til sinna nota. En hér komum við einfaldlega að þessu atriði, að á þessum tímum fljóttekins gróða og peningaflóðs hefur nýtni, ráðdeild og sívakandi hirðusemi gagnvart hvers konar verðmætum ekki verið jafnhátt skrifaðar dyggðir og áður var í íslensku þjóðlífi.

En ég vil að lokum endurtaka það, sem segir í niðurlagi grg. till., að við flm. vonum og trúum því að till. þessi verði stjórnvöldum hvatning til skipulegra aðgerða í þessu máli, og ég er sannfærð um að íslenskir sjómenn láta þá ekki á sér standa.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umr. fara þess á leit að till. verði vísað til hv. atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efnisskrá.

Alþjóðasamningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar 432, 476.
Endurbygging raflínukerfisins í landinu 432.
Ferðafrelsi 477.
Fjölbrautaskólar 454.
Fuglaveiðar og fuglafóðrun 471.
Kaup og kjör sjómanna 434.
Landhelgisgæsla Íslands 476.
Nýting á lifur og hrognum 497.
Opinberar fjársafnanir 381.
Samræming og efling útflutningsstarfsemi 476.
Skotvopn 377.
Skólakostnaður 473.
Umræður utan dagskrár 403 (brbl. um kaup og kjör sjómanna).
Varamaður tekur þingsæti 434.
Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts 433, 476.
Þingnefnd til þess að kanna framkvæmd dómsmál 383, 455.

Mælendaskrá.

Forseti Ed. Þorv. Garðar Kristjánsson 434.
Forsrh. Geir Hallgrímsson 426.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 377, 393.
Menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson 454.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 406, 422, 431, 434, 449, 452.
Utanrrh. Einar Ágústsson 432, 481, 496.
Benedikt Gröndal 428, 431.
Ellert B. Schram 485, 495.
Geir Gunnarsson 441.
Guðmundur H. Garðarsson 488.
Gylfi Þ. Gíslason 418, 430, 492.
Helgi F. Seljan 381.
Jóhann Hafstein 482.
Jón Helgason 433.
Jón Árm. Héðinsson 444.
Jónas Árnason 471.
Karvel Pálmason 395, 416, 473.
Lúðvík Jósepsson 414, 426.
Magnús Kjartansson 430, 431, 477, 484, 493.
Ragnhildur Helgadóttir 392.
Sighvatur Björgvinsson 403, 425, 430, 455.
Sigurlaug Bjarnadóttir 383, 497.
Stefán Jónsson 379, 381, 447.
Steingrímur Hermannsson 380, 451, 454.
Svava Jakobsdóttir 486, 496.
Tómas Árnason 385.
Þórarinn Þórarinsson 397, 491.

Efri deild, 9. fundur.

Mánudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Launaskattur, frv. (þskj. 58). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 58 er frv. til l. um breyt. á lögum um launaskatt. Hér er um að ræða framlengingu á gildandi lögum alveg óbreyttum eins og þau eru nú og hafa verið frá því að lög um skattkerfisbreytingu tóku gildi. Eins og rakið er í grg. frv., eru lögin að stofni til frá 1965, en þá var lagður á 1% launaskattur. Árið 1970 var lagður á sérstakur launaskattur, 1.5%, í tensglum við efnahagsráðstafanir sem þá voru gerðar. Launaskattur er hækkaður enn 1974 um 1% og var sú hækkun tengd ráðstöfun til lausnar vinnudeilu sem uppi var fyrri hluta þess árs.

Gildistími launaskatts samkv. núgildandi lögum rennur út nú um næstkomandi áramót. Frv. á þskj. 58 gerir ráð fyrir að gildistíminn verði enn framlengdur um eitt ár og hefur verið við það miðað við gerð fjárlaga. Að mínu mati er óeðlilegt að binda gildistíma skatta í lögum, en þar sem hér hefur verið talið um bráðabirgðaskattheimtu að ræða að hluta til, er að sjálfsögðu rétt að framlengja gildistíma laganna aðeins um eitt ár.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. landsk. þm., Jóni Árm. Héðinssyni, að bera fram brtt. við frv. það til l. um breyt. á lögum um launaskatt sem hér er til umr. Breytingin er við 2. gr. frv., eins og hún er nú, og ég ætla að leyfa mér að lesa hana deildinni til glöggvunar og svo brtt. sem við flytjum við greinina. En 2. gr. hljóðar svo í lögunum eins og þau nú eru:

„Skattskyldir samkv. lögum þessum eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknanir fyrir störf. Enn fremur hver sá sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi. Skattskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir störf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum skal meta þau til peninga.

Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skal þá áætla skattstofn hans vegna þess starfs eftir því sem ætla má að laun hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið í þágu annarra aðila. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, hver er rekstrarafkoma gjaldanda af hlutaðeigandi starfsemi.

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum."

Það er við þennan málslið 2. gr. sem við flm. gerum brtt., að hún orðist nú svo:

„Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf fólks, sem er 67 ára og eldra, og líkamlega fatlaðra, vangefinna og þroskaheftra, svo að metið sé til 60% örorku eða meira af Tryggingastofnun ríkisins." Og svo kemur óbreytt: „Enn fremur laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinnu bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Sama gildir um vinnulaun vegna jarðræktar- og byggingarframkvæmda á bújörðum."

M. ö. o.: við gerum þá brtt., að auk starfa bóndans og þeirra, sem að landbúnaði vinna, séu undanþegin laun sem greidd eru 67 ára gömlu fólki og eldra svo og öryrkjum sem metnir eru 60% öryrkjar samkv. áliti eða mati tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins. Það þarf ekki að skýra það, að með hækkandi aldri þrengjast vinnumöguleikar fólks og þegar á ellilífeyrisaldurinn kemur er í óðaönn farið að loka á það dyrum vinnumarkaðarins, þótt margt af því sé ágætlega starfhæft og vinnuútilokunin orki á það margt hvert sem líkamlegt og sálarlegt áfall. Í enn ríkari mæli gildir það um líkamlega eða andlega fatlað fólk, að því verður erfitt að komast í atvinnu, svo sár nauðsyn sem því er það bæði líðanar sinnar vegna og vegna efnahags.

Hér á ekki að þurfa að benda á að alþjóð hefur skyldum að gegna við þessa þegna þjóðfélagsins eigi síður en aðra, nema frekar sé, jafnframt því sem þjóðarnauðsyn er að öll starfsorka nýtist sem best og helst til fulls. Með því að leggja ekki launaskatt á laun til 67 ára fólks og eldra og 60% öryrkja á einn eða annan hátt má ætla, að það orki sem nokkur örvun á vinnuveitendur að taka og hafa þessa aðila í vinnu og væri það strax bót.

Einhver kann að hafa þau mótrök gegn þessari undanþágu launaskatts, að hér sé um tekjurýrnun fyrir ríkissjóð og Byggingasjóð ríkisins að ræða, og að sjálfsögðu er það rétt að svo verður í einhverjum mæli. Fyrst í stað verður þetta þó varla í stórum mæli. En beri till. þessi þann árangur sem hér er stefnt að: verulega aukningu á nýtingu vinnuafls öryrkja og aldraðra sem geta og vilja vinna, gefur auga leið að þjóðinni bætist óbeint margfalt upp nokkur rýrnun ríkistekna af launaskatti og má þá leita nýrra teknaleiða fyrir ríkiskassann. Umdeilanlegt kann að vera hvar setja skuli aldursmörk og örorkumörk varðandi undanþágu viðvíkjandi launaskatti. Áhugamenn um þessi málefni hafa nefnt 65 ára eða 67 eða 70 ára aldur og 50—60 eða 75% sem örorkumörk. Hér er farinn meðalvegur, lítandi á það, að úr má bæta ef reynsla sýnir önnur mörk hæfa betur.

Ég vænti þess svo að þessi brtt. okkar fái að fylgja frv. til n. og þar til álita um. hvernig með skuli fara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 19 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 59). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 59 er flutt frv. til l. um staðfestingu á

brbl. sem út voru gefin s. l. sumar. Brbl. þessi fólu í sér að skattgjaldseign, sem engan skatt skyldi af greiða, var hækkuð úr 2 millj. í 2 millj. 700 þús. kr. til þess að ná fram samræmi við margföldun fasteignamatsins, sem var 2.7 eins og fram kemur. Við breyt. á skattalögunum frá 1975 var gert ráð fyrir að 2 millj. yrði sú tala sem ekki greiddist af skattur og hefði því útkoman orðið óhagstæðari skattgreiðendum en áður, en þessi tala var sett inn vegna varkárni. Þegar útkoman kom svo í ljós við endurmat á tekjum ríkisins, þá þótti eðlilegt og rétt að ná fram þessari lagfæringu og þess vegna voru þessi brbl. sett.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., það skýrir sig sjálft. Ég legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 60). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 60 er frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, eins og þar segir, 140%. Þetta frv. er áður kunnugt, hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum og ekki talin ástæða til að festa umræddan gjaldaviðauka, hins vegar leitað heimildar á hverju ári til að innheimta þessi ákveðnu gjöld með þessum gjaldaviðauka.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, það er, eins og ég sagði áðan, áður kunnugt. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 19 shlj. atkv.

Neðri deild, 9. fundur.

Mánudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. nóv. 1976.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Þorleifur K. Kristmundsson sóknarprestur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Tómas Árnason,
4. þm. Austurl."

Þorleifur K. Kristmundsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því ekki rannsókn kjörbréfs. Býð ég hann velkominn til starfa hér í deildinni.

Mér hefur borist annað bréf, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 4. nóv. 1976.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Guðrún Benediktsdóttir húsfreyja, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Jóhannesson,
1. þm. Norðurl. v."

Guðrún Benediktsdóttir hefur áður átt sæti á Alþingi, var á þinginu í vetur, og býð ég hana velkomna aftur til starfa hér í deildinni.

Þingnefnd til þess að kanna framkvæmd dómsmála, þáltill. (þskj. 6). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 43). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 31 shlj. atkv.

Umboðsnefnd Alþingis, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Hv. alþm. þekkja án efa embætti umboðsmanns sem til er á hinum Norðurlöndunum og í tveimur eða þremur öðrum löndum. Tilgangur þessa embættis er að búa til vettvang þar sem borgarar geta komið fram með kvartanir eða ábendingar, ef þeir telja sig ekki ná eðlilegum rétti sínum gagnvart stjórnvöldum, og er þá verkefni umboðsmanns að reyna að greiða úr vanda þeirra.

Með þessu frv. er þetta mál, sem legið hefur fyrir Alþ. áður og hlotið samþykki Alþingis í grundvallaratriðum þótt löggjöf hafi ekki náð fram að ganga, tekið upp á nýjum grundvelli. Í stað þess að setja upp embætti umboðsmanns Alþingis er nú lagt til með þessu frv. að sérstök fastanefnd Alþ. verði látin gegna svipuðu eða sama hlutverki og umboðsmaður og embætti hans gegna á hinum Norðurlöndunum.

Hugmyndin um, að umboðsnefnd gegni slíku starfi, en ekki umboðsmaður með heilu embætti, er ættuð frá Vestur-Þýskalandi. Þar er réttur manna til að snúa sér skriflega til löggjafarþingsins með umkvartanir af ýmsu tagi festur bæði í stjórnarskrá Sambandslýðveldisins og

þýsku landanna, og slíkar n. eru starfandi við sambandsþingið í Bonn og við öll landsþingin í Vestur-Þýskalandi.

Það er skoðun mín eftir að hafa íhugað þessi mál vandlega, að umboðsnefnd á Alþ. mundi falla mun betur inn í íslenskar aðstæður heldur en nýtt embætti umboðsmanns, og þess vegna hef ég með þessu frv. varpað fram þeirri hugmynd.

Ég tel að með því mundu mannréttindi aukast þar sem fólki yrði tryggður réttur til að snúa sér beint til Alþingis ef það telur sig ekki ná rétti sínum eða vera misrétti beitt af stjórnvöldum og á ekki kost á því af einhverjum ástæðum að sækja mál sín fyrir dómstólum.

Í öðru lagi tel ég að málsmeðferð hjá slíkri þingnefnd ætti að geta verið skjót, einföld og tiltölulega kostnaðarlítil.

Í þriðja lagi tel ég að störf n. mundu auðvelda Alþingi að veita stjórnvöldum nauðsynlegt og eðlilegt aðhald á ýmsum sviðum.

Í fjórða lagi væri það eitt grundvallarhlutverk umboðsnefndar að kanna hvar þörf er nýrrar löggjafar eða breytinga á lögum, og henni á að vera kleift að hafa frumkvæði um slíkar breytingar, ef hún sér ástæðu til þeirra.

Og í fimmta lagi tel ég að slík n. mundi auka tengsl Alþingis við þjóðina og draga úr þeirri tortryggni í garð þingsins sem því miður hefur farið ört vaxandi síðustu ár.

Ég gat þess, að Alþingi hefði í raun og veru þegar látið í ljós skoðun um grundvallarhugsun þá sem liggur að baki hvort sem er umboðsmanni eða umboðsnefnd. Allt frá árinu 1963 og út þann áratug fluttu þm. Framsfl. margar till. um embætti lögsögumanns, eins og hann var nefndur í fyrstu, en þó var þegar ljóst að þeir höfðu í huga norræna ombudsmans-embættið. Kristján Thorlacius var á nokkrum þingum aðalflm., en ýmsir af flokksbræðrum hans voru meðflm. Á árinu 1970 og að ég hygg aftur á næsta þingi á eftir tók hv. þm. Pétur Sigurðsson málið upp og notaði nú beinlínis orðið umboðsmaður Alþingis. Till. frá honum fékk afgreiðslu í n. með jákvæðum umsögnum frá lagadeild Háskóla Íslands og Dómarafélagi Íslands. Var hún samþ. sem ályktun Alþ. 16. maí 1972. Efni till. var að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um umboðsmann.

Ólafur Jóhannesson, hæstv. dómsmrh., sem þá gegndi einnig því embætti, fól Sigurði Gizurarsyni hæstaréttarlögmanni að semja frv. til l. um umboðsmann. Skilaði hann frv. með ítarlegri grg. í marslok 1973, og skömmu eftir að þing kom saman þá um haustið var frv. lagt fram sem stjórnarfrv., en varð ekki útrætt og hefur ekki verið endurflutt síðan. Ég vil vísa til þessa frv. og geta þess að margvíslegar upplýsingar um eðli og uppruna umboðsmannsembættisins hef ég fengið úr þeirri grg., og ég tel enga ástæðu til þess að gera tilraun til að endursegja hana, heldur vísa til hennar, enda virðist mér að Sigurður Gizurarson hafi unnið þarna ágætt starf.

Nú kem ég aftur að hugmyndinni sem þjóðverjar hafa notað í stað þess að setja upp umboðsmann eða umboðsmenn í landi sínu. Ég vil í fyrstu geta þess, að vestur-þýsku ríkin hæði eru reist úr rústum styrjaldar. Vestur-Þýskaland, sem er lýðræðisríki, hefur byggt upp stjórnskipun sína allt frá stjórnarskrá til margvíslegrar löggjafar nálega frá grunni, og einmitt af þessum ástæðum, af því að þeir hafa verið óbundnir af samhangandi fortíð, hafa þeir á ýmsum sviðum tekið upp nýmæli sem eru athyglisverð, — nýmæli sem sérfræðingar hafa að sjálfsögðu rætt um lengi, en hafa átt öllu erfiðara uppdráttar í eldri ríkjum þar sem þau hafa orðið að keppa við rótgrónar stofnanir og hugmyndir. Ég tel því að það sé fullrar athygli vert í þessu efni sem gerst hefur við þessa endurreisn stjórnskipunar í Vestur-Þýskalandi.

Þá er fyrst frá því að segja, að í sjálfri stjórnarskránni, sem afgr. var vorið 1949, er grundvallarákvæði sem þessi mál byggjast á. Þar stendur í 17. gr. þetta:

„Öllum er heimilt, einum eða fleirum saman, að senda viðkomandi embættum eða þjóðþingum skriflegar beiðnir eða umkvartanir.“

Þetta eru skráð mannréttindi, fest í stjórnarskrá vestur-þýska Sambandslýðveldisins, og svipuð ákvæði hafa verið sett í stjórnarskrár hinna ýmsu landa eða fylkja í því ríki. Framkvæmdin, sem fylgt hefur í kjölfar þessa ákvæðis, hefur verið á þá lund að skipuð var sérstök n. í Sambandsþinginu í Bonn til að gegna þessu hlutverki og kalla þjóðverjar hana „Petitionsausschuss“ og er önnur n. Sambandsþingsins í Bonn. Jafnframt hafa verið settar upp sams konar n. við landsþingin öll. Reynslan hefur orðið sú, að landsfólkið hefur í vaxandi mæli snúið sér til þinganna og þessara þingnefnda með ýmiss konar vandamál sem það taldi sig ekki geta leyst á annan hátt. Þessi stjórnarskrárréttur varð fljótlega mikils metinn og jafnframt er talið að umboðskerfi þýsku þinganna og Sambandsþingsins hafi verið hin gagnlegasta leið til að efla traust borgaranna á þingræði og samband þeirra við þingin.

Þar kom að rétt þótti að búa betur um hnútana lagalega og víkka starfssvið og vald umboðsnefndanna að fenginni reynslu. Í þessu skyni var gerð breyt. á stjórnarskrá Sambandslýðveldisins þýska, — breyt. sem er við 45. gr. C, og þar var bætt við ákvæðum um að þingin skyldu hafa slíkar n. og að ákveða mætti starfssvið þeirra með lögum. Tilgangurinn með þessari stjórnarskrárbreytingu var fyrst og fremst að veita heimild til lagasetningar um starfssvið nefndanna, og voru slík lög sett í Bonn í febrúar 1965 og í kjölfar þess í flestum landsþingunum, ef ekki öllum.

Í sambandi við þróun þessara mála hafa þýskir ráðamenn, sérstaklega í landsþingunum og Sambandsþinginu, rannsakað vandlega hið norræna kerfi umboðsmanna, þar sem grundvallarhugmyndin að þessu máli telst vera upprunnin. En þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að betur væri fallið fyrir land þeirra að halda umboðsnefndakerfinu. Þó að þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu við aðstæður í sínu landi, er auðvitað ekki þar með sagt að slíkar aðstæður séu hér eða í öðrum löndum. Engu að síður hef ég komist á þá skoðun við að kynna mér þetta mál og íhuga það, að umboðsnefnd hér á Alþ.

mundi falla mun betur inn í ástand íslenskra stjórnmála og íslenskt stjórnkerfi heldur en embættis umboðsmanns. Ég óttast það, að ef Alþ. ætti að velja umboðsmann, sem væntanlega yrði einhver vel metinn og löglærður maður, þá yrði hann að setja upp skrifstofu einhvers staðar úti í bæ, því ekki er húsrými of mikið á vegum Alþ. sjálfs, og ég er hræddur um að fólk mundi fljótlega setja hann í beint samband við önnur embætti réttarkerfisins, saksóknara og hvað þeir nú allir heita, og ekki hafa tilfinningu fyrir því að þetta væri sérstök stofnun sem almennum borgurum væri ætlað að eiga aðgang að. Ég held því að umboðsmannsembætti með viðeigandi aðstöðu mundi falla inn í það stjórnkerfi, sem ætlun okkar er að vernda einstaklingana gegn.

Grundvöllur þessa máls og annarra slíkra er auðvitað að nútímastjórnun er orðin svo flókin að hún leiðir undantekningalítið af sér vaxandi skrifstofubákn og embættisbákn. Það nægir ekki að setja lög hér á Alþ., heldur eru þau aðeins móðurskip, en á eftir siglir fjöldinn allur af reglugerðum og reglum, og einstaklingar eiga oft erfitt með að rata í gegnum þetta kerfi. Hið sama hefur orðið uppi á teningnum hjá alþjóðlegum stórfyrirtækjum. Þetta virðist vera óhjákvæmilegt í tækniþjóðfélagi nútímans. Þá held ég að það mundi gera Alþ. mikið gagn að hafa slíka n. Það mundi skapa alveg nýja tegund af sambandi milli þingsins og þjóðarinnar. Um leið vil ég minna á, að hv. alþm. hljóta hver og einn að þekkja mörg dæmi þess að þeir hafi persónulega þurft að taka að sér umboð fyrir einstaklinga, oft kjósendur sína, og reyna að leiðbeina þeim í gegnum stjórnkerfið og hjálpa þeim til að ná þeim rétti sem þeir eiga. Þetta er því ekki annarlegt hlutverk hér á Alþ., heldur án efa hlutverk sem flestir alþm., ef ekki allir, þekkja af einhverri reynslu.

Þá tel ég að það mundi veita embættum á öllum stigum, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, mjög eðlilegt og sterkt aðhald ef þn. annaðist meðferð slíkra mála. Hversu oft hefur ekki Jón Jónsson sagt okkur frá því að hann hafi skrifað og hann hafi talað við mann og hann hafi talað við annan mann og hann hafi hringt og ekkert hafi gengið. En ég hygg að reynslan verði sú hér, eins og hún hefur orðið annars staðar, að það yrðu skjótari viðbrögð, sem væru tekin alvarlega, ef kvörtunin kæmi frá slíkri þn.

Nú sjáum við í hendi okkar og vitum líka af okkar eigin reynslu, að það mundu ýmsir nota sér slíkan rétt sem þurfa ekki verulega á honum að halda, menn sem við gjarnan nefnum hinu útlenda orði „kverúlantar“ eða síkvartendur, og við því er ekkert að gera. Ég hef spurt um þetta í Þýskalandi og spurði m. a. um það lögfræðing sem er aðalritari slíkrar n. við fylkisþing Slésvík-Holstein í Kiel og er góðkunningi margra íslenskra þm., en hann sagði mér að það mætti reikna með að tæplega þriðjungur af kvörtunum væru þessa eðlis. En það finnst fljótlega formleg leið til þess að vísa slíku frá og má ekki hafa rétt af ⅔ af því að fyrsti þriðjungurinn er „kverúlantar“.

Ég flyt þetta frv. í þeim tilgangi að fá hv. alþm. og aðra, sem hafa áhuga á því, til að íhuga þessa leið. Ég hef reynt að kynna mér hana og hef undir höndum mikið af gögnum um framkvæmd þessa máls í smáatriðum, bæði í Sambandsþinginu í Bonn og hjá landsþingum, og mér væri ánægja að því að leggja slík gögn fyrir þá n. sem fær þetta mál, ef hún vill skoða eitthvað af þeim.

E. t. v. spyrja menn hvort slík n. gæti starfað eins og nefndir gera hér í þinginu, nálega aðstoðarlaust (með allri virðingu fyrir einum manni sem þjónar öllum nefndum þingsins utan fjvn.) og það er að sjálfsögðu rétt, að þessi n. gæti ekki starfað þannig. Hún þyrfti að hafa einn fastan starfsmann. En ég hygg að kostnaður yrði aldrei nema brot af því sem skrifstofa umboðsmanns mundi fljótlega verða ef embætti hans væri sett upp utan þingsins.

Þegar kvartanir bærust til slíkrar n. mundi hún að sjálfsögðu þurfa að skapa sér reglur um það, hvernig hún ætlaði að starfa og fyrir því öllu eru til nákvæmar fyrirmyndir til íhugunar. Í mörgum tilfellum mundi n. með lítilli fyrirhöfn geta leiðrétt mál manna og þá er mikið unnið. N. gæti einnig komist að því, að reglugerðir eða lagaákvæði reyndust í framkvæmd ekki vera æskileg. Þá hefur þn. aðgang að þinginu og gæti snúið sér til forseta eða til viðkomandi n., eftir því á hvaða sviði þjóðlífsins þetta væri, og bent á það hvort ekki væri rétt að leggja fyrir þingið hugmyndir um slíkar breytingar. Um það tæki þingið síðan ákvörðun. Það gæti líka komið fyrir að umboðsnefndin kæmist á snoðir um einhvers konar misferli í embættum, og þá þarf hún að hafa rétt til þess að leggja slík mál annaðhvort fyrir saksóknara ríkisins til eðlilegrar og áframhaldandi meðferðar eða önnur yfirvöld ef rétt þætti. N. þyrfti að sjálfsögðu að geta gert hvort tveggja: að starfa fyrir luktum dyrum ef mál er þess eðlis að það verður að líta á það sem trúnaðarmál, en hún ætti að jafnaði að gefa með reglulegu millibili, einu sinni eða tvisvar á þingi eða kannske oftar, yfirlit um mál sín, og hún þyrfti að starfa að því leyta öðruvísi heldur en þn., að mál féllu ekki niður á milli þinga, heldur væru til áframhaldandi meðferðar.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa öllu fleiri orð um málið á þessu stigi. Það kerfi, sem ég hef hér flutt till. um, hefur vakið athygli mína á þann hátt, að ég hef sjálfur sannfærst um það og því meir sem ég skoða það betur. Ég sé bæði kosti þess og galla í framkvæmd annars staðar, en tel samt að það eigi betur við íslenskar aðstæður í dag heldur en hin hugmyndin, um að setja upp sérstakt embætti umboðsmanns.

Ég tel sambandið milli þings og þjóðar sé ekki nógu gott, og veldur því ýmislegt, en slík n. og sú starfsemi, sem hún mundi hafa með höndum, mundi tvímælalaust geta orðið veigamikið atriði til að brúa það bil sem því miður virðist oft vera milli þings og þjóðar og að sýna landsmönnum fram á að alþm. gera ekkert annað allt árið en að vinna fyrir fólkið í smáu og stóru. Ég vil því biðja menn um að skoða þetta mál af opnum huga og afla sér frekari upplýs-

inga, sem ég er að mínu leyti reiðubúinn til að leggja fyrir viðkomandi n. eða hvern sem vill sjá þær. Þá er ég sannfærður um að þeir muni sjá að hér er um mjög athyglisvert stjórnskipulegt mál að ræða.

Ég legg svo til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hér er hreyft mjög athyglisverðu máli, sem mjög er skylt málum sem oft hafa áður verið flutt á Alþ. og miða að því að auka réttaröryggi borgaranna, að auka öryggi einstaklinganna í skiptum þeirra við ríkiskerfið. Það mál er vissulega mjög þarft eins og allir alþm. þekkja.

Raunar vék hv. 2. landsk. þm. að því í framsöguræðu sinni á hvern hátt hér er verið að ræða um mál sem ekki er nýtt gagnvart alþm., heldur er hér verið að ræða um mál sem ég hygg að hver einasti alþm. hafi í raun og veru verið að fást við á sínum þingferli. Öll höfum við orðið fyrir því meira og minna að kjósendur okkar bera upp við okkur vandamál þess efnis sem umboðsnefndinni væri ætlað að fást við. Það er alkunna að mikill tími þm. fer í að fást við að leiðbeina kjósendum sínum um hina krókóttu ganga ríkiskerfisins eða þá að finna út, hvort þessi afgreiðslan eða hin sé rétt framkvæmd, og reyna þá að leiðbeina kjósandanum um viðbrögð þegar svo stendur á. Að þessu leyti eru alþm. einnig umboðsmenn kjósenda sinna í þeirri merkingu sem þetta frv. fjallar um.

Til þess að auðvelda alþm. að fullnægja þessari skyldu, að vera umboðsmenn kjósenda sinna í þessum skilningi, er ætlunin að setja á laggirnar, ef þetta frv. yrði samþ., sérstaka n., og er í sjálfu sér ekkert nema gott eitt um það að segja. Það segir í grg. frv. á 4. síðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð hugmyndir um umboðsmann Alþ. hafa ekki náð fram að ganga, þrátt fyrir augljósan áhuga Alþ. og vandlega undirbúið frv., þykir rétt að leggja fram hinar þýsku hugmyndir og freista þess að fá Alþ. til að íhuga hvort sú lausn muni ekki eiga allt eins vel við íslenskar aðstæður og mundi jafnvel geta gert hér meira gagn heldur en embættismaður með skrifstofu og starfslið umhverfis sig, hvar sem hann sæti."

Þetta atriði sýnir að það, sem flm. hefur fyrst og fremst í huga, er að þetta verkefni sé framkvæmt. Hann flytur þetta frv. vegna þess að umboðsmannsfrv. náði ekki fram að ganga á sínni tíð. Þó lá fyrir að n. hafði mælt með því, en einhvern veginn hafa þessi frv. ævinlega hlotið þau örlög hér á Alþ. að þau hafa ekki endanlega náð fram að ganga. Vissulega er umboðsmannstilhögunin mjög vandasamt atriði í ríkiskerfinu og það skiptir miklu máli að löggjöf um þessa tilhögun sé mjög vandlega undirbúin, ekki síst vegna þess að til umboðsmanns koma málefni einstaklinga, oft af mjög viðkvæmu tagi. Ef ég má leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa örlítið upp úr grg. lagafrv. um umboðsmann Alþingis, — þess frv. sem lagt var fram á Alþ. 1973, þá segir höfundur frv., Sigurður Gizurarson, svo á bls. 5 í grg. frv. um umboðsmannstilhögunina í hnotskurn, hann nefnir helstu einkenni umboðsmanns:

„Hann:

1) Starfar í þágu þegna þjóðfélagsins og auðveldar þjóðþingi að veita stjórnvöldum aðhald.

2) Er sjálfstæður bæði gagnvart stjórnarvöldum framkvæmdarvalds og þjóðþingi um úrlausn einstakra mála.

3) Nýtur virðingar og áhrifa sakir sjálfstæðis, hlutleysis, mikillar þekkingar og sanngirni.

4) Tekur við kvörtunum út af rangindum stjórnarvalda eða á sjálfur frumkvæði að könnun á atferli stjórnarvalda.

5) Rannsakar mál á hlutlausan hátt, aflar skjala og vitneskju með skýrslum stjórnarvalda og einstaklinga.

6) Viðhefur málsmeðferð sem er skjótvirk, einföld og kostnaðarlítil.

7) Hefur ekki vald til að ákveða viðurlög við misgerðum. Í Svíþjóð og Finnlandi eru umboðsmenn þó saksóknarar. Hann hefur ekki heldur vald til að afturkalla, ógilda eða breyta stjórnsýslugerningum. Aðaltæki hans eru álitsgerðir.

8) Gefur víðast hvar árlega skýrslu um starfsemi sína. Er hún prentuð og birt opinberlega.

9) Gefur kvartanda skýringu, ef hann vísar kvörtun frá, með því að hún er utan verksviðs hans eða ekki á rökum reist.

10) Hefur rétt til að skoða skrifstofur, dvalarheimili, fangelsi o. s. frv. til almenns aðhalds eða til rannsóknar einstakra mála.

11) Er til aðstoðar hverjum og einum þegn sem til hans vill leita. Ekkert kostar að bera fram kvörtun við umboðsmann. Kvartandi skal ekki þurfa að útvega sér aðstoð lögfræðings á eigin kostnað. Umboðsmaður fylgir máli hans fram með nægilegum hraða.

12) Er almennt athugull um hvort ekki sé einhvers staðar að finna brotalamir eða ósamræmi í lögum eða reglugerðum, og gerir till. til endurbóta."

Þetta voru aðaleinkennin í umboðsmannstilhöguninni.

Nú höfum við hér fyrir okkur frv. sem gerir ráð fyrir því að fastri þingnefnd sé falið þetta hlutverk. Það má vel vera að manni sýnist fljótt á litið að slík tilhögun gæti fallið vel að okkar aðstæðum eða öllu heldur að okkar hugsunarhætti Mér datt það fyrst í hug, þegar ég sá þetta frv., að þetta væri góð hugmynd, þarna væri spegilmynd af Alþ. sem aftur er spegilmynd af almenningi, og þess vegna væri þetta eðlilegur aðili til að fjalla um málefni einstaklinga af hinu ýmsa tagi sem þarna gæti komið til greina.

En við nánari athugun sýnist mér að það geti verið mjög vafasamt að þessi tilhögun sé skynsamlegri heldur en umboðsmannstilhögunin. Ég vil þess vegna benda á nokkur atriði í því sambandi.

Hér hefur verið vikið að því, að embætti umboðsmanns mundi þurfa að fylgja sérstök aðstaða, sérstök skrifstofa og starfsmannahald. Ég sé ekki hvernig 7 manna n. getur komist af án þess heldur, ef það verk sem hér er um að ræða á að vera viðhlítandi vel unnið, enda er gert ráð fyrir því, að forsetar Alþingis ákveði starfslið og starfsaðstöðu n. og heimilt sé n. að leita álits löglærðra manna eftir því sem þörf krefur. Virðist mér ekki vera nógu ljóst hvernig þetta

atriði er hugsað og þess vegna ekki nægilega öruggt. Aðalatriðið í þessu frv., ef það yrði að lögum, á að vera að tryggja öryggi. Það getur verið mjög tafsamt og flókið og krafist mikillar þekkingar að rekja þau mál sem umboðsmaður eða umboðsnefnd þyrfti að fjalla um, og ég er ekki alveg sannfærð um það, með allri virðingu fyrir öllum hv. alþm., að 7 manna þn. sé betur fær um að greiða þá götu heldur en ákveðinn embættismaður sem hefði einvörðungu þetta hlutverk með höndum, og væri nánast um þetta efni sérfróður.

Ég vil nefna þá áherslu sem lögð er á það í sambandi við umboðsmannsembætti að þar sé um hlutlausan mann að ræða. Það má auðvitað endalaust um það deila hvort nokkur mannleg vera geti verið að öllu leyti fullkomlega hlutlaus. En ef við ætlum að leita til hlutlauss aðila, þá leitum við kannske ekki til alþingismanns. Ég veit að það má segja að hlutleysi ætti að vera nokkuð tryggt þegar sjónarmið allra pólitískra afla vegast á eins og vera mundi í þingnefnd, væntanlega 7 manna þingnefnd. En þá er á það að líta, eins og ég nefndi áðan, að á þessu sviði er oft um afar viðkvæm mál einstaklinga að ræða. Þess vegna er mikils vert að fullkominnar þagnarskyldu sé gætt í þessu embætti. Þess er einnig getið og á það lögð áhersla í þessu frv. Jafnvel þótt engum nefndarmanna í slíkri þingnefnd væri vantreyst til að standa við þagnarskyldu, þá er það nú svo, vegna fámennis okkar þjóðfélags, að einmitt þessi tilhögun gæti verið óheppileg. Ég held að einstaklingur, sem þyrfti að láta greiða úr viðkvæmu trúnaðarmáli fyrir sig, gæti átt allerfitt með að láta 7 manna þn. fjalla um það mál eða yfir höfuð 7 manna nefnd.

Þessu er nú varpað hér fram rétt til umhugsunar, en þetta atriði sérstaklega finnst mér þurfa athugunar við.

Eitt atriði vil ég sérstaklega spyrja um, sem ég skil ekki alveg. Það er í niðurlagi 6. gr. Þar er talað um að n. starfi milli þinga, sem í sjálfu sér virðist eðlilegt vegna beirra mála sem hún mun fá til meðferðar, en svo stendur: „og þarf ekki að taka mál, er henni hafa verið send, upp á ný á nýju þingi". Spurning mín er þá sú: Getur það skeð, ef meðferð máls lýkur ekki á því þingi sem það kemur fram á eða milli þinga, að þá falli málið niður? Ef svo er þykir mér öryggi einstaklingsins ekki nægilega vel tryggt að þessu leyti.

Í 11. gr. þessa frv. er rætt um frumkvæði n. eða um það að n. verði gert kleift að hafa frumkvæði að úrbótum ef hún verður vör við meinbugi á gildandi lögum. Í 2. mgr. hennar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef umboðsnefnd kemst að beirri niðurstöðu, að meinbugir séu á gildandi lögum eða reglugerðum, ber henni að tilkynna það forseta sameinaðs þings, sem felur málið viðkomandi þingnefnd til athugunar, svo og ber að tilkynna það hlutaðeigandi rn. eða sveitarstjórn."

Þetta virðist mér vera allflókinn umbúnaður um það sem almennt er skylda og verkefni þingmanna hvort sem er. Ef þm. reka sig á alvarlega meinbugi á gildandi lögum, þá eiga beir að mínu mati að flytja frv. um að úr því verði bætt.

Í 3. mgr. þessarar gr. segir svo:

„Telji meiri hl. eða minni hl. n. að athuguðu máli, að þörf sé breytinga á gildandi lögum eða nýrra lagaákvæða, skal fara með þá niðurstöðu á sama hátt og greinir í 2. mgr."

Það á að tilkynna það hlutaðeigandi rn. eða sveitarstjórn.

Ég veit ekki, mér finnst þetta allmikil krókaleið fyrir alþingismann til að fá komið á leiðréttingu á lögum. Ég hélt að alþm. sætu einmitt á þeim stað þar sem mönnum bæri að setja lög og leiðrétta lög ef þurfa þætti. Ekkert hef ég þó á móti því að sveitarstjórn og ég tala nú ekki um rn. verði tilkynnt slíkt, enda getur það nú varla fram hjá rn. farið ef frv. um breyt. á l. eru á ferðinni hér á hv. Alþingi.

Þessi atriði eru umhugsunarverð. Ef mönnum sýnist svo, að það beri að setja lög um umboðsnefnd, þá tel ég að sérstaklega þurfi að athuga þau atriði, sem ég hef hér nefnt. En ég vildi þó ráða til þess, að áður en að þessu yrði horfið, að setja á laggirnar sérstaka n. í þinginu með þessu hlutverki, þá væri enn einu sinni freistað að setja fram nýtt frv. um umboðsmann Alþingis og gengið þar frá að þar verði nýtt sú margháttaða reynsla sem fengin er af því starfi í fjölmörgum löndum. Mætti þá reyna að nýta það kerfi hér á landi. Ég er þeirrar skoðunar að einmitt sú meðferð muni e. t. v. verða enn áhrifaríkiari og árangursríkari, ætti ég heldur að segja, til þess að ná rétti beirra einstaklinga sem um er að ræða í þeim tilvikum sem falla mundu undir umboðsmannsembætti.

Ég veit að meðal beirra raka, sem fyrir slíkum frv. eru færð, er að slíkt starf mundi auðvelda Alþingi að fylgjast betur með framkvæmdavaldinu. Ég er mjög fylgjandi þeirri röksemd. En ég held þó að einmitt málefni, sem koma mundu til umboðsmanns, séu oft á tíðum svo sérhæfð og svo flókin og viðkvæm að betur væri við hæfi og í raun og veru einfaldara að fela þau sérstöku embætti sem síðan gerði Alþingi grein fyrir niðurstöðum, fremur en að fela þetta verkefni sérstakri þn.

Ég vil að endingu geta þess, að þó að ég hafi þessar athugasemdir fram að færa hér, þá þýðir það ekki að ég sé í einu og öllu að mæla gegn þessu frv. Það kann vel að vera að það renni upp fyrir mér á síðara stigi að frv. hafi að einhverju leyti yfirburði í öðru, einhverju sem ég hef ekki komið auga á enn þá, þannig að ég áskil mér allan rétt til þess að taka afstöðu með því síðar. Ég hef bugleitt þetta töluvert í allmarga daga, ég held þó að ég hafi ekki hugsað eins mikið um það og hv. 2. landsk. þm. En mér virðist að umbaðsmannstilhögunin sé skynsamlegri heldur en umboðsnefndartilhögun.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég bakka hv. síðasta ræðumanni fyrir ræðuna og undirtektirnar, sem sýndu að hún hefur af fullri alvöru íhugað þær hugmyndir sem fram koma í frv., enda þótt hún hefði á þessu stigi ýmislegt við þær að athuga. Það þykir mér vera fullkomlega eðlilegt og virðingarvert.

Mér fannst af athugasemdum hennar sem viðhorf hennar til málsins væri allt of lögfræðilegt — (**Gripið fram í:** Minntu mig ekki á þetta.)

— með fullri virðingu, ég segi þetta ekki af neinni misvirðingu við lögfræði, lögmannastéttina eða það fag. Ég hygg að sú reynsla, sem fyrir liggur, sýni að trúnaðareðli þeirra mála, sem þarna er um að ræða, sé miklu minni þáttur heldur en hún óttast. Nú skal ég sýna hv. n. nokkrar skýrslur úr þýska þinginu þar sem mál eru rakin hvert á fætur öðru, sem fram hafa verið lögð, og þau eru flokkuð í efnisflokka, — mig minnir að í þeirri skýrslu, sem ég hef undir höndum, sem er sú síðasta sem út hefur komið, sé um 22 efnisflokka að ræða. Þetta eru ákaflega mikið ýmis atriði sem eru afleiðingar af hinu flókna velferðarkerfi nútímaríkja. Og það er miklu algengara, að því að mér virðist, að það komi upp tilvik sem eru eins konar fordæmi. Einhver einstaklingur hefur t. d. ekki gert sér nógu ljósa grein fyrir rétti sínum og því misst af mikilvægum hlunnindum, t. d. í tryggingarkerfi, og við það að þessi einstaklingur kvartar og fær þn. til þess að grafa til botns í málinu, þá kann að vera að tugir annarra einstaklinga heyri um þetta og átti sig á málinu líka. Þetta er miklu algengara heldur en hitt, að mál séu persónulegs eðlis, eins og ýmislegt sem menn leita til lögmanna sinna um og óska þeirra aðstoðar við, og að þagnarskylduákvæðið skipti verulegu máli. Engu að síður taldi ég rétt að það væri fyrir hendi ákvæði um þagnarskylduna ef slík mál koma fyrir, af því að ég vil ekki að málsmeðferð verði til þess að gera neinum einstaklingi nýtt tjón á þann hátt að gera viðkvæmt mál opinbert.

Ákvæði um starfsmann og starfsaðstöðu eru að sjálfsögðu á þessu stigi ekki nákvæmari heldur en ákvæðin um aðstöðu og starfslið umboðsmanns í frv. um hann. Það gildir jafnt um hvort tveggja og verður reynslan að skera úr um þörf, þannig að þar er álíka tryggilega um búið hjá báðum.

Eitt líkaði mér ekki alls kostar í athugasemdum hv. þm. Það var skoðun hennar, að stjórnkerfið sé svo flókið og svo erfitt að rata um það að þm. séu engir menn til þess. Hverjir bjuggu þetta kerfi til? Getur það verið að arkitektinn rati ekki um húsið sem hann hefur teiknað? Er nokkrum manni frekar trúandi til þess að finna leiðir heldur en einmitt þeim sem setja lögin sem verið ar að framkvæma? Að því leyti held ég að Alþ. sjálft hafi ólíkt meiri og sterkari aðstöðu heldur en nokkur embættismaður.

Við sjáum það oft á tíðum, þegar við erum að rannsaka ýmis mál og eigum erindi í opinberar stofnanir, að það er ekki sérlega mikil virðing borin fyrir því þegar þeir eru að skrifa hver öðrum, jafnvel á milli hæða í sama húsi, frá einu embætti til annars. En ég hygg að embættiskerfið allt eigi svo mikið til Alþingis að sækja, að afskipti Alþ. af slíkum málum mundu fá allt aðra meðferð og skjótari heldur en hvers sem væri annars.

Um einstök atriði skal ég ekki gerast langorður, enda eru flest framkvæmdaratriðin sniðin eftir frv. um umboðsmann, en aðeins reynt að breyta því er þingnefnd gerir breytingu óhjákvæmilega vegna þess að hún er annar aðili heldur en einstakur embættismaður. Ákvæði í 6. gr. um það, að mál falli ekki niður á milli þinga, er eingöngu vegna þess að öll þingmál falla niður þegar þingi er slitið. En erindi sem þessi, sem ekki eru þingmál í venjulegum skilningi, geta lotið þeirri reglu að n. fjalli um þau áfram þangað til hún telur að hún hafi lokið meðferðsinni á þeim, jafnvel þó að þingi sé slitið og sumartíminn komi á milli. Þetta er öryggisatriði fyrir umkvartendur sem ég taldi nauðsynlegt að væri þarna.

Í 11. gr. er talað um að umboðsnefnd eða einhverjir í henni geti komist að þeirri niðurstöðu, að þær upplýsingar, sem hún fær út af einhverju máli, geri óhjákvæmilega breyt. á lögum. Og ástæðan til þess að það er tilgreint hvernig með skuli fara þarna, m. ö. o. að umboðsnefnd skuli vísa málinu til annarrar n., er eingöngu til að fyrirbyggja að umboðsnefnd gerist einhvers konar yfirnefnd í þinginu. Ef hún t. d. kemst á þeirri niðurstöðu að breyta þurfi ákveðnu atriði í tryggingalögunum, þá finnst mér eðlilegra að n. sem slík sendi málið til þeirrar n. í þinginu sem fjallar um tryggingamál. En að sjálfsögðu geta svona lög ekki breytt neinu um ákvæði stjórnarskrárinnar um réttindi einstakra þm. Það gæti vel verið að það kæmi upp svo stórbrotið og nýstárlegt mál að nm mundu ekki hugsa neitt um slíkt form og flyttu sem einstakir þm. málið. En við skulum líka íhuga að þó allir þm. séu jafnir, þá eru sumir jafnari en aðrir, m. ö. o. þeir þm., sem styðja ríkisstj. á hverjum tíma, hafa að vissu leyti, eins og eðlilegt er, betri aðstöðu til að hafa áhrif á, hvað Alþ. afgreiðir, heldur en stjórnarandstaðan sem gegnir dálítið öðru hlutverki, þó að þetta sé engan veginn algilt og eigi ekki að vera. Og einmitt vegna þess að það gæti farið svo, að minni hl. þm. teldi breyt. á lögunum nauðsynlega eftir að hafa kynnst máli, þá er eðlilegt að hann geti farið þessa formlegu leið til að koma málinu á framfæri án þess að þurfa að flytja það sjálfur sem stjórnarandstöðuþm. og þá með svona 90% líkum á því að komast ekki lengra. M. ö. o.: þessi ákvæði í 11. gr. benda aðeins á fleiri leiðir, en eyðileggja ekki og loka ekki neinni leið sem einstakur þm. hefur fyrir.

Að lokum þetta með hlutleysið: Ég skal ekki segja hvort menn telja embættismenn á Íslandi hlutlausa. Margir þeirra eru það að sjálfsögðu og hlutleysi þeirra ekki umdeilt, þó að e. t. v. sé ekkert til sem er hægt að kalla hreint hlutleysi, eins og hv. þm. benti á. Hins vegar sakar ekki að íslenska þjóðin fái að vita að 90% af störfum Alþingis eru unnin án tillits til flokka, þar sem þm. starfa sem þm. og að málum sem er í höfuðdráttum samkomulag um. En eðli fjölmiðla og eðli þeirra laga, sem við höfum sjálf sett um útvarp frá Alþ., er þannig, að þjóðin fær aldrei neitt að heyra héðan nema þegar við erum að rífast og skammast.

Ég tel enga ástæðu til þess að segja, að vilji menn finna hlutlausan aðila, þá verði ekki leitað til Alþ. Ef menn hugsa þannig, þá verður að bríóta það niður. Reynslan er líka sú, að í Þýskalandi er í yfirlitsgreinum og bæklingum, sem ég hef lesið um þetta, sagt afdráttarlaust að þessar n séu án undantekninga hafnar yfir pólitíska flokkadrætti, og það hefur ekki reynst vera

vandamál. Ég vænti þess, að það þurfi ekki að vera hér hjá okkur heldur.

Ég vil svo ítreka þakkir mínar fyrir ræðuna og þau atriði sem hv. þm. hefur borið fram og sjálfsagt er að íhuga. Ég endurtek það, sem ég sagði í lok framsöguræðu, sem er hið sama sem hv. þm. endaði á: Ef einhver vill hafa fyrir því að kanna þetta mál frekar og getur sannfært mig um að annað kerfi sé betra en þetta, þá er ég reiðubúinn að láta sannfærast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 44). — Frh. 1. umr.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Eins og ég sagði, þá kannaðist ég ekki við að hafa kvatt mér hljóðs þegar þetta mál var til umr. fyrir nokkrum dögum, en alla vega er þetta gott mál og mál sem ég hef áhuga á, þannig að ég skal gjarnan verða við ítrekuðum ábendingum um að ég hafi kvatt mér hljóðs áður.

Þetta mál er hér lagt fram í annað skipti, eins og hv. dm. mun kunnugt um, og að því er mig minnir, þá fékk það þá afgreiðslu s. l. ár að því var vísað til ríkisstj. Flm. hafa engu að síður freistað þess að leggja það fram hér aftur, og þar sem ég á sæti í hv. menntmn. Nd. sem mun fá það til umfjöllunar, þá mun mér gefast tækifæri til að athuga allar hliðar málsins upp á nýtt.

Ég þarf ekki að taka undir það frekar nú en ég gerði s. l. ár, að þetta er mikið nauðsynjamál. Þá vil ég sérstaklega benda á það atriði, að það er ekki fullnægjandi fyrir sjómenn að geta lært að synda, þegar þeir eru á barnsaldri, og hafa svo enga aðstöðu til þess að þjálfa sína sundkunnáttu. Ég lít á þetta mál frá það alvarlegu sjónarmiði, að það geti verið um björgun mannslífs úr lífsháska að ræða, og það segir sig sjálft að svo fremi sem ekki sé aðstaða til sundiðkunar fyrir sjómenn, þá er hitt, sundkunnáttan, harla lítils virði.

Það, sem ég vildi einnig benda hv. flm. á, er þetta, að þeim hefur hér eins og stundum áður orðið það á að leggja fram góð mál sem kosta fjármuni, en ekki gert neina grein fyrir því hvernig fjármuna til framkvæmdarinnar skuli aflað. Ég hefði talið eðlilegt að við framlagningu málsins í annað skipti fylgdi þessu nánari rökstuðningur fyrir því, hvernig mætti fjármagna þessar sundlaugar sem um er rætt. Hv. 1. flm., Karvel Pálmason, gat þess, að hann væri til viðtals um að taka eitthvað frá öðrum liðum innan fræðslukerfisins til að láta það ganga til þessa máls. Honum láðist auðvitað að minnast á hvaða liði úr fræðslukerfinu hann vildi taka út. Þetta er að sjálfsögðu peningaspursmál, hvernig við eigum að finna fé til að bæta við útgjöld ríkissjóðs 25% til viðbótar við 50% sem lögum samkv. eru veitt til sundlauga nú. Ég mun, þegar við fjöllum um þetta í menntmn., gera könnun á því eða afla upplýsinga frá viðkomandi rn. um það, hve mikill kostnaður er þarna annars vegar. Ég býst við að það muni hægt að finna það með nokkurri vissu, þó ekki nákvæma tölu, hvað þetta mundi þýða í reynd.

Ég er nokkuð vongóð um að þetta mál muni síðar fá þá afgreiðslu sem það á skilið, að það verði gerðar sérstakar ráðstafanir til handa útgerðarstöðum þar sem annar hver maður þarf ár hvert að hætta lífi sínu við sjósókn á hafi úti, þannig að ég þarf ekki að fjölyrða frekar um það. Ég held að þetta mál sé allrar athygli vert, og sú viðbára, sem við var höfð, að það væri slæmt að taka þarna út úr þessa staði sem um er talað, útgerðarstaði með innan við 4000 íbúa, — ég held að sú viðbára sé ekki nógu haldgóð. Við vitum hvers virði okkar sjómannastétt er, við getum gert okkur í hugarlund hvaða áhætta það er fyrir ósyndan mann að stunda sjóróðra í hvaða veðrum sem er og geta ekki bjargað sér ef svo vill til að hann tekur út af skipi eða fellur út með einhverjum hætti, þannig að alveg augljóst er að koma þyrfti til móts við þessa fámennu staði sem eru þess ekki megnugir, nema þá á löngu árabili, að koma upp þessari aðstöðu fyrir sjómenn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það frv., sem hér er á dagskrá, er shlj. frv. sem lagt var hér fram á síðasta þingi. Þá var því máli vísað til menntmn. þessarar hv. d. og n. lagði til að frv. yrði vísað til ríkisstj. Mér kemur því nokkuð á óvart að sjá að þetta mál er hér endurflutt svo fljótt eftir að fyrsta frv. fékk afgreiðslu frá deildinni á s. l. vori. (Gripið fram í.) Þá er það upplýst, að deildin sem slík afgreiddi málið ekki frá sér og er þá í sjálfu sér ekki óeðlilegt þó að málið sé flutt aftur af þeim sökum. Sýnist þá ekki óskynsamlegt að reikna með því, að n. bregðist eins við og hún gerði á síðasta þingi.

Ég lét þá skoðun í ljós í þeirri n., sem fékk málið til meðferðar á síðasta þingi, að ég teldi þetta frv. nokkuð gallað og gæti því ekki samþykkt það eins og það lá fyrir og liggur nú fyrir. Ég tek fram að ég er ekki á móti því að fjárframlög séu aukin til byggingar íþróttamannvirkja eins og sundlaugar eru og fagna hverri þeirri till. sem fram kemur í þá átt. Ég held hins vegar að það sé ekki skynsamlegt og ekki rétt að taka eina sérstaka gerð mannvirkja út úr heildinni og hafa sérstakar reglur gildandi um fjárframlög til þeirra. Ef Alþ. á annað borð er hlynnt því að breytt sé reglunum um fjárframlög til íþróttamannvirkja, þá finnst mér að eitt eigi yfir öll að ganga, a. m. k. þá tegund mannvirkja sem þar er um að ræða, án tillits til þess hvort það skuli byggt í einu eða öðru byggðarlagi. Í þessari till. er gert ráð fyrir því, að þau einu byggðarlög njóti ákveðinnar fyrirgreiðslu sem hafa innan við 4000 íbúa. Ég sé ekki haldbær rök til að mæla með þessu fyrirkomulagi.

Ég vil líka minna á það, að í sambandi við byggingar íþróttamannvirkja af þessu tagi hefur það verið vaxandi vandamál og áhyggjuefni þeirra, sem til þekkja, hversu óeðlileg og oft óskynsamleg þau norm eru sem gilda um byggingu slíkra mannvirkja. Ég tel að það megi mjög draga úr kostnaði við byggingu íþróttamannvirkja með því að breyta reglunum og þeim skil-

yrðum sem sett eru til að byggingar eða framkvæmdir megi fara af stað. Það mun vera starfandi n. á vegum menntmrn. sem endurskoðar norm að þessu leyti, og ég tel rétt að ýta á eftir því að sú n. skili áliti og láta þá endurskoða stofnkostnaðarframlög, fjárframlög til slíkra mannvirkja, í framhaldi af niðurstöðum þeirrar n. og þá sé gerð heildarúttekt á þessum málum. Að vísu er gert ráð fyrir því að 75% áætlaðs stofnkostnaðar skuli greiða úr ríkissjóði sem slíkum, en ekki úr Íþróttasjóði. En þó er rétt að minna á að skuldahali Íþróttasjóðs lengist stöðugt. Hann gerir það þrátt fyrir að skylt er að sjóðurinn leggi fram ákveðinn hluta af stofnkostnaði þegar framkvæmd og bygging íþróttamannvirkja hefur verið samþykkt. Íþróttasjóður hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þessum skuldbindingum, og tel ég það mjög miður. Mér finnst full ástæða til þess að Alþ. geri átak til þess að laga þetta *óviðunandi ástand*.

Niðurstaðan hefur þess vegna orðið sú, að sveitarfélög og aðrir þeir aðilar, sem reisa íþróttamannvirki og hafa treyst á þetta framlag, skylduframlag af hálfu Íþróttasjóðs, hafa lent í mjög miklum erfiðleikum með sínar byggingarframkvæmdir vegna þess að á þessum greiðslum hefur staðið. Ef hlutur ríkissjóðs á nú að aukast varðandi kostnað af byggingu sundlauga, þá óttast ég að niðurstaðan verði sú, að sveitarfélög lendi í enn meiri vandræðum með þessar byggingar heldur en raun er á fram að þessu. Ég held því að þetta verði allt að skoðast í einu og í heild og það sé ekki ástæða og ekki rök til þess að fara að taka þetta sérstaklega út úr núna og samþykkja þetta frv. án þess að öll myndin sé skoðuð í einu.

Þessum aths. vildi ég koma hér á framfæri strax við 1. umr. svo að það lægi ljóst fyrir hver mín afstaða er til þessa frv.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, að það er mikið nauðsynjamál að byggðar verði sundlaugar í landinu. En ég er hins vegar andvígur þessu frv. og það eru einkum tvö atriði sem ráða þeirri afstöðu minni. Í fyrsta lagi get ég ekki fellt mig við að það sé verið að mismuna sveitarfélögum eftir því hver íbúatala þeirra er, en svo er gert með þessu frv. Það er ætlast til að sveitarfélög með innan við 4000 íbúa skuli njóta sérstakra fríðinda, en þó því aðeins að þaðan sé stunduð útgerð. Ég er andvígur því að það sé verið að draga sveitarfélög í dilka eftir landfræðilegri legu þeirra eða eftir atvinnuháttum, eins og þarna er gert, hvort um er að ræða sjávarþorp eða landbúnaðarhérað.

Í öðru lagi nefni ég það, að þótt einhverjar sveitarstjórnir standi sig ekki sem skyldi, sinni ekki þeim verkefnum sem þeim ber að hafa frumkvæði að, þá á ekki að koma hlaupandi til ríkisins og biðja um hjálp. Hvorki eiga sveitarstjórnarmenn að gera það né þm. Ég held að segja megi líka að framlög ríkisins til framkvæmda sem þessara séu vafasamur hvati og það í meira lagi vafasamur hvati til framkvæmdaaukningar. Það má e. t. v. segja að slík framlög séu að vísu til þess fallin að hvetja sveitarstjórnir til þess að hefja framkvæmdir í trausti þess að ríkisframlög fáist, og raunar er samþykki ríkisins skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda. En ég held að það sé staðreynd, að þessi framlög frá ríkinu verða aldrei fullnægjandi, og þess vegna er það ríkið sem í raun ræður framkvæmdahraðanum. Ég fullyrði að í mörgum tilvikum eru þessi afskipti ríkisins beinlínis til þess að tefja fyrir framkvæmdum.

Ég þarf ekki að segja miklu meira. Ég efast ekkert um að það verður snúið út úr þessari afstöðu minni, ég sé með þessu að tefja fyrir þessum nauðsynlegu framkvæmdum. En ég hef áður sagt, að ég er vissulega sammála um að þær eru hinar nauðsynlegustu. Ég mundi heldur óska eftir að við sameinuðumst um að afla sveitarfélögunum rýmri tekjustofna til þess að þau verði betur fær um að sinna þeim verkefnum sem þeim ber samkv. lögum. Það er mun verðugra verkefni en þetta sífellda kvabb um aukin framlög ríkissjóðs til þessara og hinna verkefnanna. En það er þó *einkum leiðinlegt* að heyra þessar kröfur af munni þeirra sem í sömu andránni hneykslast á hinni miklu skattheimtu ríkisins. Ef þessir sömu menn geta hins vegar ekki með nokkru móti treyst sveitarstjórnum fyrir verkefnum sem þessum, þá sýnist mér að það væri til muna hreinlegra að leggja til að ríkið annist eitt byggingu og rekstur sundlauga. Þá kæmist væntanlega lag á þetta og miðstýringin yrði fullkomin til ánægju fyrir alla þá sem róa öllum árum að sem mestum afskiptum ríkisins á sem flestum sviðum, um leið og þeir berjast svo fyrir lækkun skatta.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Út af því, sem hér hefur komið fram varðandi þetta frv., vil ég aðeins segja nokkur orð nú.

Ég þakka að sjálfsögðu hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur fyrir að hún er sömu skoðunar enn og hún var þegar þetta mál var hér til umr. á síðasta Alþ. Hún telur þetta mikið nauðsynjamál, sem það að sjálfsögðu er. En mér finnst þó vanta allan hvatann að hinni raunverulegu baráttu fyrir að málið nái fram að ganga, og það er auðvitað meginspurningin. Það duga ekki lengur, eins og ég sagði hér fyrr, — það duga ekki lengur fögur orð og frómar óskir, það nægir skammt. Sjómenn læra ekki að synda á því einu. Það vantar framkvæmdirnar. Það er aðalvandinn. Og ég er alveg sammála henni þegar hún segir að það sé ekki nóg fyrir sjómenn að geta lært að synda á barnsaldri, en geta síðan ekki haldið þeirri sundkunnáttu við. En hvað með alla hina, þann fjölda sjómanna sem aldrei *hefur átt þess kost að læra sund á barnsaldri*? Það veit ég að þessi hv. þm. þekkir af eigin raun úr fyrrverandi heimahéraði. Það er ekki aðeins að það sé nauðsynlegt að menn geti haldið þessu við eftir að þeir hafa lært það, — það er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt, — en það er ekki síður hitt vandamálið, að það sé sköpuð sú aðstaða sem þarf til þess að menn geti lært þetta, fengið þennan lærdóm. Það er það sem vantar.

Hún taldi, hv. þm., að það skorti á, að ekki væri í þessu frv. gerð grein fyrir því hvernig ætti að afla fjármuna til þessa aukna kostnaðar ríkissjóðs, og sagði raunar, eins og ég sagði bæði fyrr við þessa umr. og við umr. um fyrra

frv., að ég teldi að ef svo tæpt stæði hjá hæstv. fjmrh. og ríkissjóði að ekki teldist unnt að auka fjárframlög vegna þessa þáttar, þá teldi ég vel koma til greina — og ég er þeirrar skoðunar enn — að draga úr annars staðar í kerfinu. Ég vil aðeins í því sambandi benda hv. þm. á það, að ég er vel til umr. um að draga úr þeirri 280 millj. kr. fjárveitingu, sem gert er ráð fyrir að setja í gjaldfærðan stofnkostnað hjá Háskóla Íslands. Ég tel að það megi vel draga úr þar í bili, þó að ég vilji á engan hátt telja að það sé ónauðsynlegt. En ég tel að það megi vel draga úr þar til þess að hlaupa undir bagga í þessu tilviki, sem ég tel mun nauðsynlegra heldur en þó aukin uppbygging háskólans.

Ég vil líka segja það hér, — það má vel vera að einhverjir hv. þm. hneykslist, en það verður þá að hafa það, — ég vil líka segja það hér að ég tel miklum mun nauðsynlegra að það verði breytt um í þetta horf, sem ég er hér að tala um, og látnir meiri fjármunir í það að byggja sundaðstöðu í sjávarplássum, heldur en setja 60—80 millj. á ári til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég tel þetta miklum mun nauðsynlegra verkefni, þótt ég vilji á engan hátt segja að það sé ekki nauðsynlegt að halda uppi sinfóníutónlist í landinu. En ég tel að þetta komi vel til greina, ef á annað borð er ekki hægt að veita meira fjármagn í þessu tilviki. Auk þess vil ég benda á það líka og taka undir með hv. þm. Ellert B. Schram, að bara ef stjórnvöld og kerfið fæst til þess að breyta vinnubrögðum og starfsháttum í sambandi við byggingar þessara mannvirkja, þá er hægt að draga stórlega úr kostnaði, en komur að sömu notum í sambandi við nýtinguna.

Það er algert óhóf og óstjórn í hönnun og byggingu þessara mannvirkja og hefur verið um árabil. Þarf því að minni hyggju ekki að bæta miklum fjármunum við til þess að nálgast þetta mark, ef það fengist breytt um stefnu. Veit ég að þessir hv. stjórnarþm., sem hér hafa talað þrír, geta beitt sér fyrir því og geta haft áhrif í þá átt að það verði breytt um stefnu í þessum málum og þar með lögð hönd á plóginn með því að vinna að framkvæmd þessara breytinga. Ég er alveg viss um að það er tugum millj., ef ekki hundruðum millj. sóað í óþarfa kostnað, eins og staðið hefur verið að uppbyggingu þessa þáttar á undanförnum árum. Algerlega fjárvana sveitarfélög, lítil, eru pínd til þess af kerfinu og stjórnvöldum að fara út í byggingar sem kosta þá fjármuni sem er gersamlega vonlaust að þau geti staðið við, þó að þau hafi óskað eftir því að fá að byggja á miklu hentugri hátt og ódýrari. Þá segir ríkið: Ef þú byggir ekki svona — þetta dýrt, þá styrkjum við ekkert. Það er þetta sem þarf að breyta. Ég tala nú ekki um ef við tækjum þessa þrjá liði saman, háskólann, sinfóníuna, breytt vinnubrögð við uppbyggingu, þá er ekki nokkur vafi á því að það er hægt að afla fjármagns til þessa án þess að setja neitt nýtt inn í fjárlagafrv., ef menn óttast það, eða fjárlögin. Það þarf ekki að vera fyrirsjáanlegt. Og ég vænti þess að þessi hv. þm. taki undir það með mér ef hann meinar þetta heilt.

Hv 9. landsk. þm. þarf ekki að bíða þess í n. að fá upplýsingar um hvað þetta komi til með að kosta. Ég get veitt honum þessar upplýsingar nú strax. Miðað við að það væri farið í byggingu á öllum þessum stöðum, sem ekki hafa þessa aðstöðu nú, þá er talið að það muni kosta um 1 200 millj. kr. og 75% þátttökukostnaður ríkisins er þá 900 millj. Nú er hann þegar 50%, þátttökukostnaður ríkisins, þannig að gróft tekið er um 300 millj. kr. aukaframlag að ræða ef farið yrði í byggingar á öllum þessum stöðum, sem alls ekki er fyrir hendi eða ljóst að gert verði. Ég held því að ekki sé óvarlegt að ætla að aukakostnaður frá því að fjármagnast að 50% af hálfu ríkissjóðs upp í 75% á þessum stöðum, sem frv. gerir ráð fyrir, gæti verið um 200 millj. kr. Það er allt og sumt sem er verið að biðja um. (GS: Getum við ekki haldið Háskólanum?) Ef hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur meiri áhuga á því að halda við uppbyggingu Háskólans heldur en stuðla að sundmenntun sjómanna, en þessi hv. þm. hefur stært sig af að hafa tilheyrt þeirri stétt, þá verður hann að hafa þá skoðun. Ég er þeirrar skoðunar að það megi taka það af Háskólanum heldur en að sleppa þessu.

Ég varð fyrir vonbrigðum þegar hv. 9. landsk. sagði í lokin: Ég vona að þetta frv. fái síðar þann stuðning, sem það á skilið. — Hvað þýðir þetta? Hvað þýðir þetta hjá hv. þm.? Hvað á hann við með orðinu síðar? (**SigurlB:** Ég meina, í framkvæmdinni.) Það þýðir sem sagt neitun núna. Það er gott að vita það strax, að menn vaða ekkert í villu um afstöðu hv. þm. Ef þeir tjá sig öðruvísi í orði heldur en á borði, þá er gott að vita það. En ég tek þetta svo og raunar er það undirstrikað hjá hv. þm., að hann telur, að þetta komi ekki til mála nú. Ég varð fyrir vonbrigðum með það. Ég taldi satt að segja að ég ætti — og ekki bara ég, heldur fyrst og fremst þeir aðilar sem hér eiga hlut að máli, ekki síst vestfirskir sjómenn, vestfirsk byggðarlög, þau ættu skilið tryggari stuðning frá þessum hv. þm. til þessa máls heldur en mér virðist vera raun á að ætli að verða. En það mun koma í ljós.

Hv. þm. Ellert B. Schram talaði um að sér kæmi á óvart að málið skyldi nú vera flutt hér aftur, vegna þess að menntmn. hefði afgreitt það á síðasta þingi. Þessum hv. þm. er væntanlega kunnugt um að mál, sem fær ekki afgreiðslu úr þinginu, það er full ástæða til þess að flytja það aftur, þó að málið hafi verið afgreitt í n. En sannleikurinn er sá, að þetta mál var ekki afgreitt út úr d. á síðasta þingi. Þess vegna er það endurflutt, og þess vegna sagði ég fyrr við þessa umr. að líklega hefði það verið það skásta, fyrst hv. menntmn. stóð sig ekki betur en raun ber vitni, að málið fékk ekki afgreiðslu út úr d. þá, því að þá hefði verið óeðlilegt að það væri flutt aftur nú. En svo fannst mér hann gefa hálfgerða yfirlýsingu fyrir hönd n., að hún ætlaði nú að afgreiða málið eins og hún gerði síðast. Ekki veit ég hvort er búið að fá uppáskrift á það að öll mál, sem til þessarar hv. n. berast með þeim hætti, að þau geti þýtt einhver útgjöld ríkissjóðs, þau skuli afgreiða á þennan hátt, að vísa þeim til hæstv. ríkisstj. Og mér er spurn: Talar þessi hv. þm. þetta sem nm.

í menntmn. fyrir hönd n., eða er það hans eigin skoðun? Mér þykir undarlegt ef því er lýst fyrir fram yfir af einstökum nm. að þeir geti tjáð sig um hvaða afgreiðslu hin einstöku mál kunni að fá í þeirri n. sem þeir eiga sæti í.

Þessi hv. þm. taldi þetta frv. mjög gallað — og hver var gallinn? Jú, hann var sá, að með þessu frv. er reynt að horfast í augu við þá staðreynd, sem búin er að blasa við í áraraðir, að tiltölulega fámenn sveitarfélög víðs vegar í kringum landið, sjávarþorp sem ekki hafa haft til þess fjármagnsaðstöðu að geta farið út í byggingar á mannvirkjum sem þessum, þau séu tekin út úr, veittur forgangur til þess að njóta þessarar aðstöðu. Þetta er þetta meingallaða mál, þ. e. a. s. það er meingallað að ætlast til þess af ríkisvaldinu varðandi sjávarpláss, sem byggja fyrst og fremst á sjávarútvegi, gjaldeyrisskapandi vinnubrögðum, — það er galli að ætlast til þess af ríkissjóði að hann veiti einhvern forgang þar í sambandi við uppbyggingu mannvirkja eins og hér er verið að tala um.

Þeir hv. þm., sem tala í sama dúr sem þessi hv. þm. og raunar hv. 5. þm. Reykn. líka, hafa að þessu leyti fengið meingallað uppeldi. Og þá á ég ekki við uppeldi í heimahúsum að sjálfsögðu, í foreldrahúsum, heldur það umhverfi sem þeir lifa í og hrærast, en þekkja ekkert það sem er að gerast á þeim stöðum fyrst og fremst sem hafa skapað þá undirstöðu sem allt byggist á og hefur byggst á í framkvæmdum og örri þróun hér á Íslandi, þ. e. a. s. sjávarútveginn, fiskvinnsluna. Þeir hafa verið og eru enn gersamlega slitnir úr tengslum við þennan þátt þjóðlífsins, sem ætti þó að vera æðisterkur í þeirra beinum.

Ég er algerlega andvígur þeirri skoðun hv. þm. Ellert B. Schram og hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, að það eigi eitt og hið sama yfir alla að ganga í þessum efnum. Aðstaðan er svo mismunandi til að fá fjármuni til þessarar uppbyggingar að það verður að koma til móts við þessi fámennu sveitarfélög af hálfu ríkisins til þess að þau geti veitt þessa aðstöðu.

Þá vék hv. þm. Ellert B. Schram að Íþróttasjóði og taldi að hann væri með langan skuldahala og alltaf bættist þar við árlega. Það er rétt að minna þennan hv. þm. á það, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var gert hreint borð hjá Íþróttasjóði. En síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við eru skuldir farnar að hrannast upp aftur. Skuldahalinn vex stöðugt frá því að núv. ríkisstj. tók við. Og ég vænti þess, að þessi hv. þm. og íþróttafrömuður komi þessu áleiðis inn í innsta hring stjórnarliða og beiti sér þar fyrir breyttum vinnubrögðum að því er þetta varðar.

Raunar má segja sama um hv. þm. Ólaf G. Einarsson. Hann er á þeirri skoðun, segir hann, að það eigi ekki að mismuna sveitarfélögum, það eigi eitt og sama yfir alla að ganga. Og hv. þm. segir: Það á ekki að koma hlaupandi til ríkisvaldsins með beiðni um styrk þó að einhverjar sveitarstjórnir hafi brugðist því hlutverki sem þær eiga að gegna í þessum efnum. — Þetta er af mikilli vanþekkingu mælt hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni — mjög mikilli vanþekkingu, og mig furðar það satt að segja að maður eins og þessi hv. þm., sem á setu í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, skuli láta sér slíkt um munn fara í þessum efnum. Mig undrar það. Þessum hv. þm. ætti að vera það ljóst — og ég trúi ekki öðru en að honum sé það ljóst — að í þessum efnum er geysilega mikill mismunur á stöðu hinna ýmsu sveitarfélaga vegna þess hversu þau eru fámenn og vegna þess hversu þau hafa lítið fjármagn yfir að ráða til hinnar ýmsu uppbyggingar, félagslegu uppbyggingar.

Við skulum taka dæmi. Við skulum taka Garðabæinn annars vegar. Við skulum taka stað eins og Ísafjörð, Flateyri, Þingeyri, Bolungarvík eða einhvern slíkan hins vegar. Er það sambærilegt hjá þessum tveimur sveitarfélögum að því er varðar t. d. uppbyggingu hafnarmannvirkja? Hvað þurfa garðbæingar að leggja á sína skattþegna til þess að standa undir uppbyggingu hafnarmannvirkja þar? Þær eru ekki stórar, þær upphæðir, en þær eru stórar á hinum stöðunum. Og þetta á þessum hv. þm. að vera kunnugt um. (**Gripið fram í:** Honum er það.) Þá talar hann þvert um hug sinn ef hann talar á þann hátt sem hann gerði hér áðan.

Líklega er mesti vandi þessara sjávarþorpa og sjávarpláss fjárhagslegur vandi sveitarsjóðanna vegna þess hversu þau hafa þurft að leggja gífurlegt fjármagn í uppbyggingu hafnarmannvirkjanna. Svo kemur hv. þm. Ólafur G. Einarsson, stjórnarmaður í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og segir að á þetta eigi ekki að minnast, það eigi allir að vera jafnir, þó hann horfi upp á það árlega og viti af því að það er verið að stefna líklega svo tugum skiptir sveitarstjórnarmönnum vegna vanskilaskulda sem eru í hinum ýmsu stofnunum og ekki hefur verið hægt að standa skil á vegna fjármagnsskorts hjá viðkomandi sveitarfélagi. Þessi hv. þm. sagði einnig: Það á heldur að snúa sér að því að fá breytingu á tekjustofnum sveitarfélaganna þannig að þau fái rýmri tekjur. — Fyrir hverju beitti þessi hv. þm. sér á s. l. þingi í sambandi við breytingu á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga? Það er einn stórkostlegur baggi sem hann hengdi á sveitarfélög þá í sambandi við allt viðhald á skólahúsnæði, — baggi sem nú er að segja til sín og sveitarstjórnarmenn víðs vegar að af landinu eru nú og hafa verið að gera sér grein fyrir hversu þungur verður í skauti ef ekki verður af létt frá því sem þessi hv. þm. beitti sér fyrir á síðasta þingi.

Ég vil í lengstu lög vona að þrátt fyrir tal þessara hv. þm. hér nú, þá sé það fyrst og fremst af vanþekkingu mælt, það sem þeir hafa látið frá sér fara, því það er full ástæða til þess að breyta hér um. Ég trúi því ekki að nokkur þm. telji það eðlilegt ástand eins og hægt er að sýna fram á og hefur verið sýnt fram á að er varðandi þennan þátt fræðslulöggjafarinnar í sjávarplássum hringinn í kringum landið. Ég trúi ekki að þeir telji það eðlilegt. Og ef þessu verður ekki breytt með því að taka þessi sveitarfélög út úr og gera betur við þau, ef það eru ekki nógir peningar til þess, þá eru ekki nógir peningar til þess að láta þar ganga eitt yfir alla, nema þá í því formi að stöðva framkvæmdir, ef það er það sem þeir meina, eða

draga úr þeim. Ef ríkissjóður telur sig ekki geta sinnt þessu verkefni svona afmörkuðu, þá verður ekki farið út í meiri framkvæmdir á stöðum sem eru miklu betur settir heldur en þeir staðir sem hér um ræðir.

Svo talaði hv. þm. Ólafur G. Einarsson um það, þetta sífellda kvabb á ríkinu frá þeim sömu þm. sem jafnframt og að mér skildist í sama orðinu væru að tala um allt of háa skatta og há fjárlög. (**Gripið fram í:** Það er rétt skilið.) En fer þetta ekki saman? Er ekki aðalspurningin þessi: hvernig því fjármagni sem ríkið skattleggur þegnana um, er varið, hvernig því er skipt milli hinna ýmsu framkvæmdaflokka? Er það ekki meiri spurning í þessu tilliti heldur en hitt? Ég a. m. k. er þeirrar skoðunar, að það sé hægt að skipta því fjármagni, sem menn eru þó sammála um að sé til ráðstöfunar, réttlátar en er gert nú. Það fer vel saman að tala um breytta skipan á skiptingu fjármagns milli framkvæmdaflokka og hins vegar að talað sé um há fjárlög og skattheimtu.

Ég held að sjálfsögðu að almennt geti menn verið sammála um að skattheimta er mikil. En aðalspurningin er þó hvernig því fjármagni er skipt sem til ráðstöfunar er.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umr. öllu frekar. Ég vænti þess að a. m. k. hv. 9. landsk. þm. sjái að sér og breyti afstöðu sinni í þá átt að vera jákvæður áfram, en ekki neikvæður. Og þó ég ætlist ekki til mjög mikils af hv. þm. Ellert B. Schram og Ólafi G. Einarssyni, þá vil ég þó vænta jafnframt jafnvel af þeim að þeir breyti afstöðu sinni og a. m. k. tali af meiri þekkingu um málin. Ég veit að þeir hafa meiri þekkingu á þeim heldur en þeir láta í veðri vaka, en hafi þeir hana ekki, að þeir afli sér þá þessarar þekkingar og tali svo. Það fer yfirleitt skár á því.

Ingvar Gíslason: Herra forseti: Þetta eru nú orðnar býsna langar umræður og kannske ekki mikil ástæða til þess að taka þátt í þeim. En mér þykir þó rétt að minna enn á það, sem raunar hefur komið fram, að hér er ekki um nýtt mál að ræða. Þetta mál var flutt í fyrra af að ég hygg sömu flm., a. m. k. var 1. flm. sá sami og nú. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að það liggur góður tilgangur á bak við flutning þessa máls. En hins vegar held ég, að hv. flm. verði að hafa þolinmæði til þess að hlusta á rök sem fara e. t. v. gegn því sem þeir hafa sjálfir fram að færa. Og því er alls ekki að leyna, að það hafa komið fram í meðferð þessa máls bæði í fyrra og nú ýmis atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar þessi mál eru rædd og þegar þetta mál er afgr.

Ég á sæti í menntmn. og við tókum þetta frv. til mjög vinsamlegrar skoðunar í fyrra og ræddum það á fundum okkar ýmsum, og við leituðum umsagna aðila sem þetta mál snerti sérstaklega að okkar dómi, fengum umsagnir a. m. k. tveggja aðila, bæði ÍSÍ og íþróttafulltrúa, og það kom fram í umsögnum þessara aðila, beinlínis, að leggja gegn samþykkt frv., og íþróttafulltrúi taldi að það orkaði mjög tvímælis að það væri rétt að mismuna sveitarfélögum hvað snerti þessa hundraðstölu. Ég held að hv. 1. flm., sem hefur af dugnaði sínum flutt þetta mál öðru sinni og mælt rösklega fyrir því, megi vel hlusta á þessi rök og hann ætti ekkert að vera að gera okkur hinum það upp að við höfum ekki fullan skilning á þessu eða við höfum fengið eitthvert meingallað uppeldi og slitnað kannske úr sambandi við þjóðlífið o. s. frv., eins og hann ber okkur hér á brýn. Ég verð að segja það um sjálfan mig, — ég er líklega nokkrum árum eldri en hann, ég veit ekki hvað mörgum, — en það stendur nú þannig á með mig, að ég er beinlínis fæddur í sjávarmálinu, og ég held að segja megi að sjórinn hafi bókstaflega gutlað um vöggu *mína og bernskuheimili og þannig stóð á* um mig og fleiri, sem ólust upp í því sjávarþorpi þar sem ég er fæddur, að við lærðum að synda, hreinlega, í þessum sama sjó sem gutlaði um húsin okkar. Ég frábið mér það nú alveg að vera að bera okkur það á brýn að við séum eitthvað slitnir úr tengslum við uppruna okkar og að við þekkjum ekki þau vandamál sem hér er um að ræða. Það er fjarri því. Við vitum það vel að sundkunnáttan er öllum nauðsyn og þá ekki síst sjómönnum.

En það er eitt atriði sem kom fram hjá hv. 1. flm. í ræðu hans áðan, og undir það langar mig mjög að taka, og það er það sem hann minnti á um það óhóf sem er í hönnun og gerð íþróttamannvirkja. Um þetta er ég honum sammála. Ég hygg nú að við í menntmn. höfum rætt þetta í fyrra og við höfum gert okkur m. a. grein fyrir því, að það er eitt af stærstu og erfiðustu *verkefnunum í opinberum framkvæmdum* að koma því fram að byggja íþróttamannvirki sem víðast og þannig að við hóf sé. Við gerum okkur þetta fyllilega ljóst, og ég veit að hv. 1. flm. þessa frv. gerir það líka. Ég held að það væri mál sem við hér í þinginu ættum að taka til sérstakrar skoðunar, hvernig við getum komið okkur niður á jörðina hvað snertir gerð íþróttamannvirkja. Við þekkjum það allir, þm., að það berast að óskir um gerð íþróttamannvirkja mjög víða úr kjördæmum okkar, en hins vegar er mjög erfitt að fullnægja þessum umsóknum. Ég held, sem sagt, að það þurfi að taka þessi mál til rækilegrar skoðunar og gera sér grein fyrir því hvernig þessi mál standa í heild sinni. Og þá finnst mér að megi fylgja með til athugunar það sérstaka málefni sem þetta frv. fjallar um. En þetta mál fer nú trúlega aftur til menntmn. Ég ætla ekki að gefa neinar yfirlýsingar um það, *hvernig* n. að lokum lítur á þetta mál eða afgr. þetta mál, en hitt er jafnljóst, að við munum auðvitað taka það til umræðu eins og okkur ber, og trúlegt er að við afgr. það með einhverjum hætti áður en þessu þingi lýkur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 16. fundur.

Þriðjudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Veiting lyfsöluleyfa, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Í stjórnmálasögu okkar íslendinga eru

margir heldur óskemmtilegir kaflar. Einn kafli, ákaflega óskemmtilegur, er um stöðuveitingar. Það tíðkaðist hér mjög lengi að stöður voru veittar að geðþótta ráðh. og oft að pólitískum geðþótta og væri hægt að rekja þá sögu um langan aldur. Hún er ákaflega óskemmtileg. En sem betur fer hefur dregið úr slíkri mismunun að undanförnu, m. a. fyrir tilstilli Alþ. sem hefur sett í lög í ákaflega mörgum tilvikum að fara skuli að sérstökum reglum þegar stöður eru veittar, leitað álits þar til greindra aðila, og nú í eina tvo áratugi hafa ráðh. fylgt slíkum fyrirmælum yfirleitt á næsta eðlilegan hátt svo að mismunun við veitingu embætta er miklu minni núna en hún var um afar langt skeið.

Meðal þeirra embætta, sem mjög var keppt um áður fyrr, voru lyfsöluembættin, vegna þess að þau voru talin veita allálitlegar gróðalíkur, og margir sóttust um að komast í slíka aðstöðu. Alþ. setti þess vegna á sínum tíma reglur um það, hvernig ætti að veita slíkar stöður, og hefur verið farið eftir þeim frá því að þau lög voru sett, allt þar til hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason tók við stöðu heilbrrh. Hann hefur brotið þessar lagareglur — eða andann í þessum lagareglum, því hann fer vissulega með æðsta vald, það dregur enginn það í efa, — hann hefur brotið í bága við anda og tilgang þeirra.

Ég skal rekja þessa sögu stuttlega, og til þess að enginn telji að ég sé hér að láta í ljósi almennan pólitískan ágreining minn við þennan hæstv. ráðh., þá mun ég fylgja frásögn sem birtist í Dagblaðinu 10. okt. s.l., en hæstv. ráðh. mun á það fallast að það blað sé frekar hlynnt honum í stjórnmálum. Fyrirsögn Dagblaðsins er þannig: „Heilbrrh. hundsaði þrívegis álit sérfræðinga. Hefur veitt þrjú lyfsöluleyfi að eigin geðþótta". Og sjálf frásögnin er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sumar hafa lyfsöluleyfi í þremur apótekum á landinu verið auglýst laus til umsóknar og síðan verið veitt. Í engu tilfellanna fór Matthías Bjarnason heilbrmrh. að till. sérfræðinga sem samkv. lögum eiga að raða umsækjendum í röð eftir reynslu þeirra og starfsaldri.

Sérfræðingarnir, sem raða eiga umsækjendum upp, eru annars vegar tveggja manna n. skipuð fulltrúum lyfsala og lyfjafræðinga og hins vegar landlæknir. Í öllum tilfellunum þremur voru umsagnaraðilarnir sammála um niðurröðun umsækjenda, og þannig fékk Matthías Bjarnason ráðh. í hendur lista yfir umsækjendur í tölusettri röð. Í öllum tilfellunum virti ráðh. umsagnir sérfræðinganna að vettugi og valdi „sína menn" að eigin geðþótta.

Er þetta enn eitt dæmið um valdníðslu ráðh. í embættisveitingum. Lögin fela honum embættisveitingar, en þau mæla líka fyrir að áður skuli álits áðurnefndra sérfræðinga leitað. En álit sérfræðinganna mun ekki hafa hentað ráðh. í þessum tilfellum.

Lyfsöluleyfin, sem auglýst voru laus til umsóknar í sumar, voru á Egilsstöðum, í Neskaupstað og Ingólfsapótek í Reykjavík.

Á Egilsstöðum voru umsækjendur 5. Sérfræðingarnir skipuðu þremur í röð 1, 2 og 3 þannig: Einar Benediktsson, Hjálmar Jóelsson og Vigfús Guðmundsson. Ráðh. veitti Hjálmari Jóelssyni embættið.

Í Neskaupstað sótti Einar Benediktsson aftur um og einnig Vigfús Guðmundsson. Aftur settu sérfræðingarnar Einar í efsta sæti og Vigfús í annað sæti. Ráðh. veitti Vigfúsi embættið.

Er kom að veitingu Ingólfsapóteks í Reykjavík setti umsagnarnefnd lyfsala og lyfjafræðingafélagsins Ingólf Lilliendahl apótekara á Dalvík í efsta sæti og Werner Rasmussen í annað sæti. Landlæknir var sammála þessari niðurstöðu. Ráðh. veitti Werner Rasmussen embættið.

Einar Benediktsson, sem hefur þannig í tvígang á þessu ári orðið fyrir valdníðslu ráðh., tók kandidatspróf 1967. Hann starfaði við lyfsöludeild lyfjadeildar Pharmaco til vors 1973. Það sumar starfaði hann hjá lyfjaeftirlitinu, en frá hausti 1973 hefur hann verið lyfjafræðingur ríkisspítalanna með fullri ábyrgð. Hann mun ekki sömu stjórnmálaskoðunar og ráðh.

Efstu umsækjendur um Ingólfsapótek eru bekkjarbræður og kandidatar sama ár eða 1963. Hefur Ingólfur Lilliendahl rekið lyfjabúð á Dalvík með fullri ábyrgð en Werner starfað hjá öðrum í Reykjavík. Tíðkast hefur að þyngra sé á metum við leyfisveitingar rekstur lyfjasölu úti á landi um árabil en störf hjá öðrum í Reykjavík. Um slíkt hirti ráðh. ekki nú „og þó ráðh. hafi veitingarvaldið er óeðlilegt að hann sé að hræra í málum að eigin geðþótta, gegn samdóma áliti sérfræðinga", komst einn lyfjafræðingur að orði í samtali við Dagblaðið."

Ég óska þess, að hæstv. ráðh. geri hér grein fyrir ástæðum sínum til þess að brjóta í bága við tilgang laga og þá hefð sem skapast hefur á þessu sviði.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Orðalag þessarar fyrirspurnar er óvenjulegt, en fyrirspyrjandi er líka óvenjulegur maður og hann ræður orðavali sínu sjálfur og það gerir auðvitað hver og einn eins og náttúra hans og innræti kalla á. En áður en ég svara fyrirspurninni, þá ætla ég að vísa skyldleika mínum við Dagblaðið til þessa hv. fyrirspyrjanda, ég hygg að oftast sé andi Dagblaðsins meira í ætt og skyldleika við hann heldur en mig.

Í sambandi við veitingu lyfsöluleyfa, þá segir í 7. gr. lyfsölulaga að forseti Íslands veiti slíkt leyfi. Síðan segir í gr.: „Umsóknir skal leggja fyrir tveggja manna nefnd, annar nm. skal kjörinn af Apótekarafélagi Íslands, en hinn af Lyfjafræðingafélagi Íslands. Varamenn eru kjörnir á sama hátt. Sæki nm. um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í n. Kjörtími nm. er 6 ár. Nm. lætur landlækni í té rökstudda umsókn um þá umsækjendur, sem að hennar áliti eru hæfastir, og skipar þeim í töluröð, en þó aðeins þremur hinum hæfustu ef umsækjendur eru þrír eða fleiri. Telji n. einhvern umsækjanda óhæfan skal hún geta þess. Landlæknir sendir því næst ráðh. rökstutt álit um það, hverja af umsækjendum hann telur hæfasta í töluröð, og skal umsögn n. fylgja áliti hans."

Síðan ég tók við embætti heilbrrh. hafa losnað *óvenjumörg lyfsöluleyfi: þrjú vegna dauðs-*

falla, tvö ný lyfsöluleyfi hafa verið veitt og fjögur hafa losnað vegna tilflutninga.

Fyrsta lyfsöluleyfið, sem ég veitti, var í Hafnarfirði, Norðurbæjarhverfi. Þar voru umsagnaraðilar sammála, bæði apótekara og lyfjafræðinga, og landlæknir.

Í öðru lagi var lyfsöluleyfi á Akranesi. Þar voru umsagnaraðilar ekki sammála. Annars vegar voru sammála umsagnaraðilar apótekara og lyfjafræðinga, en hins vegar landlæknir sem hafði aðra niðurröðun. Ég veitti stöðuna þeim sem apótekarar og lyfjafræðingar settu í fyrsta sæti, en landlæknir setti í annað sæti.

Þá kom upp næst leyfisveiting til Vestmannaeyja og Stykkishólms, en um það var fullt samkomulag á milli umsagnaraðila, landlæknis og rn.

Fimmta lyfsöluveitingin var Iðunnarapótek. En þrátt fyrir það að apótekarar eigi að skipa n. til 6 ára, þá hafa verið fimm menn frá hendi apótekara í þessari umsagnarnefnd, sem sýnir að þar hafa orðið tíðar byltingar, og félagið hefur verið mjög ósamstætt í umsögnum sínum og áliti hinna einstöku nm. Við veitingu Iðunnarapóteks var mjög mikill ágreiningur á milli umsagnaraðila apótekara og lyfjafræðinga annars vegar og landlæknis hins vegar og síðan stórs hluta af apótekurum í félagi apótekara strjálbýlisins. Þar veitti ég embætti þeim manni sem hafði lengstan starfsaldur og landlæknir seti í annað af tveimur efstu sætunum, en n. lyfjafræðinga ekki. Um það urðu svo engar deilur.

Þá gerðist það að skipt var um fulltrúa apótekara í nefndinni eftir þessa veitingu og enn kom nýr aðili. Það var við veitingu lyfsöluleyfis í Borgarnesi og um það var fullt samkomulag.

Næst kemur að veitingu Ingólfsapóteks. Þar er settur í efsta sæti Ingólfur Lilliendahl, en í annað sæti er settur Werner Rasmussen og þeir eru taldir mjög áþekkir hvað snertir starfstíma sem lyfjafræðingar. Hins vegar eru þá aftur komnir til valda sem umsagnaraðilar Apótekarafélagsins þeir sem vilja láta þá, sem úti í strjálbýli hafa starfað, ganga fyrir. Ég gerði það aftur á undan, í sambandi við Iðunnarapótek, þá veitti ég það lyfsalanum úr Borgarnesi eftir till. landlæknis. En ég vil ekki gera það ófrávíkjanlegt skilyrði að menn hafi starfað úti á landi til þess að öðlast lyfsöluréttindi innan borgarmarka Reykjavíkur. Hins vegar var settur í efsta sætið frá hendi landlæknis lyfsali hér á höfuðborgarsvæðinu, og mér fannst óeðlilegt að það væri verið að skipta um lyfsöluleyfi lyfsala hér innan höfuðborgarsvæðisins. Manninn, sem var settur af fulltrúum apótekara í efsta sætið í sambandi við úthlutun lyfsöluleyfis fyrir Iðunnarapótek, skipaði ég lyfsala við Ingólfsapótek. Ef hann hefur verið fær að dómi apótekara og lyfjafræðinga að vera apótekari uppi á Laugavegi, þá er hann að mínum dómi jafnfær um að vera apótekari þó hann sé kominn niður í Aðalstræti. En þetta sýnir hve mikið samræmi er í störfum þessara umsagnaraðila.

Og þá kem ég að áttunda lyfsöluleyfinu, þ. e. á Egilsstöðum, sem fyrirspyrjandi gerði nokkuð að umræðuefni. Þar eru fimm umsækjendur og n. raðar þremur í þeirri röð sem fyrirspyrjandi gat um. Í ljós kemur að sá, sem er í öðru sæti, er einu ári eldri lyfjafræðingur en sá sem er í fyrsta sæti. Samkv. lögum segir að nefndin eigi að raða og hafa rök fyrir sínu máli. Rökin varðandi þann, sem var settur í efsta sæti, eru þau að dómi þessara nm., að um nokkurra ára skeið hafi hann unnið ötullega að því að komið yrði á fót lyfjabúð á Egilsstöðum og Héraðsbúum veitt fullkomin lyfjafræðiþjónusta sem rík þörf hafi verið fyrir um alllangt skeið. Auk þess voru önnur höfuðrökin þau fyrir því, að hann var settur í fyrsta sæti, en ekki Hjálmar Jóelsson, að hann hafi verið fús til starfa í dreifbýlinu, eins og fram komi í umsóknum um veitingu lyfsöluleyfa á þremur stöðum sem hann kom ekki til greina í vegna þess að þar voru eldri lyfjafræðingar. Þetta tel ég engin rök vera, að maður vilji ýta undir það að stofnuð verði lyfjabúð sem skipi honum mjög óruggt lífsviðurværi ævina á enda, og það sannar ekkert að viðkomandi sé neitt fúsari að vinna í strjálbýli heldur en allir aðrir sem um lyfsöluleyfi í strjálbýli sækja. Það, sem réð afstöðu minni til málsins, var að ég taldi það ekki vera nein rök hjá n. sem landlæknir einnig gerði að sínu, heldur réð úrslitum að maðurinn í öðru sæti var einu ári eldri lyfjafræðingur. Hvað snertir stjórnmálaskoðanir viðkomandi manna, þá get ég lagt eið út á það að ég hef ekki hugmynd um hvar sá maður er í stjórnmálum sem fékk þetta starf, þekki hann ekki nokkurn skapaðan hlut. Hann hefur einu sinni komið á minn fund og ég hef einu sinni séð hann. En hann hafði mjög góð meðmæli og um hann var fjallað af umsagnaraðilum af mikilli vinsemd.

Þá er slegið upp níunda og síðasta lyfsöluleyfinu, Neskaupstað, sem losnaði við það að sá apótekari fékk Borgarnes. Þar sækja þrír menn, tveir eru taldir koma öðrum fremur til greina vegna þess að þeir hafi mjög líkan starfsaldur, Einar Benediktsson og Vigfús Guðmundsson. Segir í umsögn aðila að Einar Benediktsson og Vigfús Guðmundsson hafi sama starfsaldur. Síðan segir n. orðrétt: „Eins og sjá má, er n. mikill vandi á höndum að velja á milli þeirra Einars og Vigfúsar. Starfsaldur þeirra er nákvæmlega hinn sami, en segja má að starfsreynsla Einars sé nokkru víðtækari, auk þess hefur hann verið sjálfstæður í starfi frá 1. júlí 1974, en Vigfús frá 1. júní 1976.“ Þetta er það sem um er að ræða. Það er nákvæmlega sami starfsaldur og samkv. lögunum hefur ráðh. fulla heimild til þess að veita lyfsöluleyfið hvaða umsækjanda sem er, sem talinn er hæfur að dómi þeirra sem um þessi mál eiga að fjalla. Þetta er í fullu samræmi við skoðanir fyrrv. heilbrrh. í sambandi við veitingu læknisembætta sem hann lét frá sér fara þegar var mikill ágreiningur um eina af þeim fáu stöðum sem hann veitti á sínu tímabili. Í sambandi við lyfsöluleyfi veitti sá ráðh. tvö leyfi. Honum var ekki mikill vandi á höndum. Í öðru tilfellinu sóttu fjórir aðilar, einn var með langlengstan starfsaldur. Og í hinu tilfellinu var honum miklu minni vandi á höndum því þar sótti einn maður. Hann var talinn hæfur til starfsins og ráðherra veitti honum það.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason hóf ræðu sína á eins konar sálkönnun á mér. Hann fór að tala um náttúru mína og innræti, og ber það væntanlega með sér að hann er farinn að kynna sér kenningar Freuds og annarra sálfræðinga eftir að hann fór í þetta mikilvæga embætti. Er ég síst að lasta það, því kenningar Freuds hafa mér alltaf fundist ákaflega skemmtilegar.

Mér fannst leitt að ráðh. gekk mjög stutt í þessari sálgreiningu á mér, og ég ætla nú ekki að fara í neina sérstaka sálgreiningu á honum heldur. En ég kemst ekki hjá því að minnast á að það hefur komið í ljós að þessi hæstv. ráðh. er ákaflega skapríkur og á erfitt með að leysa mál á þann hátt að hann taki tillit til annarra. Við kynntumst því ákaflega vel í sambandi við maraþonumr. sem fór fram hér á þingi í sambandi við hið svokallaða rækjumál fyrir norðan, þar sem þessi eðliseinkenni hæstv. ráðh. komu ákaflega skýrt í ljós.

Það kom í ljós að hæstv. ráðh. hefur veitt níu leyfi til lyfsölu. Í sumum tilvikunum var ágreiningur uppi, og í slíkum tilvikum er það verkefni ráðh. að skera úr um ágreininginn. En í þeim þremur tilvikum, sem ég nefndi, var enginn ágreiningur uppi. Þar voru þeir sérfróðu menn, sem ég nefndi áðan, sammála um hvernig ætti að haga stöðuveitingu, og það þarf ákaflega sterk rök til þess að ráðh. gangi í berhögg við slíkan undirbúning og það brýtur í bága við vilja Alþ. að ráðh. geri það. Hann leiddi engin rök að ákvörðunum sínum í þeirri ræðu sem hann flutti hér áðan. Og þetta er ákaflega alvarlegt mál. Við megum ekki aftur sökkva niður í það fen að ráðh. beiti eigin geðþótta eða pólitísku mati við veitingu embætta. Þeir verða að vera menn til þess að halda þannig á málum að þeir fari málefnalega með veitingar á embættum. Þetta hefur hæstv. ráðh. ekki gert í þessum þremur tilvikum. Hann gat ekki fært nein rök að því, hvers vegna hann vék frá þeirri einróma niðurstöðu sérfræðinga og landlæknis sem fyrir lá í þeim tilvikum. Hann var með almennar hugleiðingar í kringum það. En þegar um er að ræða einróma álit þessara aðila, sem lögin hafa gert að umsagnaraðila, þá þarf ákaflega sterk rök til að ráðh. gangi í berhögg við það, og þau rök komu ekki fram.

Ég vil vara hæstv. ráðh. við að halda áfram á þessari braut, og ég vil raunar beina því til hæstv. ráðh. allra, að sómi ríkisstj. og Alþ. liggur við að við sökkvum ekki aftur niður í það fen hneykslanlegra stöðuveitinga sem mótaði Ísland í marga áratugi. Við verðum að forðast að sökkva niður í það fen aftur. Því miður hefur hæstv. heilbrrh. ekki áttað sig á þeirri staðreynd.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil algjörlega mótmæla því að nokkur þessara lyfsöluveitinga sé háð stjórnmálaskoðunum viðkomandi manna, síður en svo. Því mótmæli ég algjörlega. En það, sem ber á milli, er það, að það er ráðh. sem á að veita lyfsöluleyfi. Nefndir eins og þessi eru fyrst og fremst og eingöngu settar til þess að fyrirbyggja að ófaglærður maður ráðstafi embætti sem slíku í hendur á mönnum sem eru óhæfir til að gegna því, enda segir að ráðh. velji á milli. Og í þessum tilfellum hefur alltaf verið um að ræða að það hefur verið tekinn efsti maður frá öðrum hvorum aðila. Það hefur orðið ágreiningur um 4 leyfi af þessum 9, 2 á milli þessara aðila, og þar varð ég auðvitað að skera úr. Ég taldi óréttláta og órökstudda niðurröðun og valdi þann manninn, sem var með eins árs lengri tíma sem lyfjafræðingur, við næstsíðasta leyfið. Hitt var mjög jafnt á metunum og er auðvitað alltaf í slíkum tilfellum erfitt fyrir veitingavaldið að gera upp á milli manna þegar báðir eru prýðilega hæfir til starfans. Þess vegna held ég að menn bæti sig ekkert með því að vera að deila í þessum efnum í þeim dúr sem hv. fyrirspyrjandi gerði. Ég hef algjörlega farið eftir lögum. Ef á að breyta þessu, þá á að taka veitingarvaldið úr höndum ráðh. og setja það undir þessar hagsmunanefndir sem átti að skipa til 6 ára, en er alltaf verið að skipta um menn í. Slíkt gerir ekki störf samræmd, þannig að ráðh. eða rn. geti farið í öllu falli eftir því. En hitt skiptir höfuðmáli, að hér hefur aldrei verið tekinn annar maður í þessi störf en sá sem þessar n. hafa talið einn af þremur hæfustu umsækjendum og í öllum tilfellum einn af tveimur meðal hæfustu umsækjenda.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Mér er ljóst að ræðutími minn er búinn og skal ekki hafa mál mitt langt. — Hæstv. ráðh. sagði að út frá þeirri gagnrýni, sem ég kom með, ef ætti að framfylgja henni, þá væri rétt að taka þessi völd af ráðh. og afhenda þau einhverjum embættismönnum. Ég er ekki á þeirri skoðun. Hins vegar tel ég ákaflega miklu máli skipta að það séu hæfir umsagnaraðilar sem fjalla um slík mál, og þegar þeir eru sammála um hvernig á að ráðstafa, þá eigi ráðh. að fylgja umsögn þeirra, nema hann hafi mjög veigamikil rök á móti, og það hefur hæstv. ráðh. ekki haft í þessum tilvikum. Mér er þetta fyrst og fremst tilefni til þess að vara hæstv. ráðh. alla saman við því að sökkva aftur niður í það fen óhæfilegra stöðuveitinga sem tíðkaðist hér á Íslandi áratugum saman.

Sjóminjasafn, fsp. (þskj. 56). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Hinn 21. febr. 1974 var samþ. shlj. hér á hv. Alþ. till. til þál. um sjóminjasafn. Till. var á þessa leið:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar í samráði við þjóðminjavörð undirbúning að stofnun sjóminjasafns. Skal leita eftir samvinnu við Hafnarfjarðarbæ um hentugt landsvæði fyrir slíkt safn svo og um byggingu þess og rekstur."

Mér er um það kunnugt að hinn 28. ágúst 1974 skipaði menntmrh. nefnd til að fjalla um stofnun sjóminjasafns í samræmi við fyrrgreinda ályktun Alþ. og gera till. um fyrirkomulag slíks

safns. N. þessi starfaði síðan undir forustu þjóðminjavarðar veturinn 1974—1975 og skilaði allítarlegu nál. og till. til menntmrh. í maímánuði 1975. Nál. þetta var fjölritað og sent öllum alþm. og fleirum í desembermánuði 1975. Ég skal ekki fjölyrða um nál., enda ekki tími til, en aðeins nefna þrjú atriði sem þar var lögð áhersla á, en þau eru þessi:

1. Að sem fyrst verði samið um landrými undir safnið. Nefndir voru þrír staðir innan bæjarmarka Hafnarfjarðar sem til greina kæmu, og raunar hinn fjórði og e.t.v. æskilegasti á mörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

2. Að unnið verði skipulega að söfnun og björgun sjóminja og reynt að tryggja sómasamlega varðveislu þeirra meðan safnhús og sýningarskálar eru ekki komnir upp.

3. Að byggingarnefnd verði skipuð hið fyrsta sem hafist gæti handa um undirbúning framkvæmda.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hvað hefur verið gert til að framkvæma þáltill. Alþ. frá 21. febr. 1974 fram yfir það sem ég hef nú rakið? Mér leikur sérstök forvitni á að vita hvað hæstv. ráðh. hefur gert eða hyggst gera með þær till. sem felast í fyrrgreindu nál. Hæstv. ráðh. og hans menn hafa nú haft þessar till. og þetta nál. til umfjöllunar í hálft annað ár, og ég vona að það verði ekki talið ótímabær hnýsni af minni hálfu, sem tel mig áhugamann um framgang málsins, þótt ég spyrji hvar það er nú á vegi statt.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er síður en svo að það geti skoðast nein óeðlileg hnýsni af hálfu hv. fyrirspyrjanda þó að hann spyrjist fyrir um þetta mál. Þetta er eitt af fleiri ágætum málum sem ganga hægar fram en æskilegt væri.

Sem svar við fsp. hans vil ég fyrst og þó í örstuttu máli rifja það upp að nefnd var skipuð 28. ágúst 1974 til þess, eins og hann sagði, að fjalla um stofnun sjóminjasafns í Hafnarfirði. Í henni áttu þeir sæti Þór Magnússon þjóðminjavörður, sem var form., Gunnar Ágústsson hafnarstjóri í Hafnarfirði, Guðmundur H. Oddsson skipstjóri í Reykjavík og Jón Kr. Gunnarsson forstjóri, Hafnarfirði. Síðar var Gils Guðmundsson alþm. skipaður varamaður Gunnars H. Ágústssonar í veikindaforföllum hans. Þessi n. hélt 14 fundi, flesta í skrifstofu þjóðminjavarðar, en einnig fór hún á vettvang og skoðaði staði þá sem talið var að gætu komið til greina fyrir safnið. Var fyrsti fundurinn haldinn 19. sept. 1974, síðasti fundurinn 28. apríl 1975, og rn. svo skilað ítarlegri álitsgerð litlu síðar eða 29. apríl 1975. Í því bréfi skýrir formaður m.a. frá því, að sjóminjasafnsnefnd muni senda fjvn. Alþ. erindi um fyrstu fjárveitingu til að hefjast handa um undirbúningsvinnu að safninu, 5 millj. kr. í fyrstu lotu.

Rn. lét fjölrita álitsgerð n., eins og hv. þm. er kunnugt, og var hún send alþm. rétt fyrir jólin í fyrra og nokkrum fleiri aðilum. En síðan er það að segja í fyrsta lagi, að ekki hafa verið fjárveitingar á fjárl. til sjóminjasafns, og í öðru lagi, að Þjóðminjasafn Íslands hefur unnið markvisst að söfnun sjóminja og björgun þeirra, m.a. gamalla báta, á undanförnum árum og haft til þess nokkra fjárveitingu, og sérstök geymsla hefur verið útbúin fyrir bátana. Ég vil leggja áherslu á þetta, að björgunarstarfi hefur verið haldið áfram og það hefur verið rækt eftir því sem hægt hefur verið miðað við fjárveitingar og aðra aðstöðu.

Hitt verður svo að segjast eins og er, að menntmrn. hefur ekki leitað fast eftir fjárveitingum, enda er það mála sannast að á þessum missirum hefur verið ákaflega þröngt um og á vegum menntmrn. í mjög mörg horn að líta í sambandi við fjárveitingar til margvíslegra mála sem þegar er unnið að. Ég vil hins vegar segja það, að það mun verða leitast við að láta ekki þetta menningarmál og ég vil líka segja nauðsynjamál sofna, heldur vinna að framgangi þess eftir því sem tök eru á.

Ég get ekki gert ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi sé sérlega ánægður með þessi svör, en ég held að ég hafi sagt nokkurn veginn satt og rétt frá hvernig þessi mál standa.

Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir: Herra forseti. Vegna fram kominnar fsp. og umr. um hana vil ég lýsa því yfir að dráttur þessa máls hefur valdið mörgum áhugamönnum miklum vonbrigðum. N., sem skipuð var til þess að segja álit sitt um safnið og staðarval fyrir það, skilaði áliti fyrir meira en ári. Var þar mælt með þeim gullfallega stað sem Hafnarfjarðarbær hefur gefið fyrirheit um fyrir safnið. Þetta er vestur á Skerseyri. Ég býst við að flestir hér kannist við þennan stað.

Þess má geta, að á síðustu tveimur árum hefur félag áhugamanna, Sjóminjafélag Íslands, unnið eftir mætti að undirbúningi safnsins. Það er áhugamannastarf, safnað saman gömlum bátum sem voru hinir síðustu sinnar tegundar, þeir teknir til varðveislu og viðgerðar. Er þess síðast að minnast að bjargað var bátnum Geir, hinum síðasta með Suðurnesjalagi. Hann hafði legið í fjörunni suður í Staðarhverfi í Grindavík í nokkur ár, og það má segja það til gamans, að bílstjórinn, sem sótti hann fyrir okkur, sagði: Af hverju takið þið hann ekki bara í nefið og hnerrið honum þegar komið er heim? Honum fannst hann svo illa farinn. En hann var nú ekki verr farinn en það, að það er vel hægt að gera þennan bát upp. Bátasmíðastöðin í Bátalóni er nú að endurbyggja þennan bát og sú endurbygging er dýr. En þessir áhugamenn vilja mikið á sig leggja, og það ætti að vera hæstv. menntmrh. veruleg hvatning til að hraða framgangi þessa máls, hvað margir einstaklingar vilja mikið á sig leggja fyrir málið sem slíkt. Ég vil því heita á hæstv. menntmrh. að beita kröftum sínum til þess að Sjóminjasafn Íslands megi sem fyrst rísa af grunni á þeim fagra stað sem því hefur verið ætlaður, við Skerseyrarveg í Hafnarfirði, og verði okkur öllum til sæmdar og ánægju þar með.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans, enda þótt ég verði að segja að ég sé ekki alls kostar ánægður með það, að í rauninni hafi ekkert gerst í hans ágæta rn. síðan þessi skýrsla og þessar till. um framkvæmdir komu á borð hans fyrir hálfu öðru ári. Nú veit ég að hér er um stórt mál að ræða, en vil leggja alveg sérstaka áherslu á það, að á meðan beðið er eftir framkvæmdum í málinu, þá er ýmislegt hægt að gera og ýmislegt sem nauðsynlegt er að gera, og þá er það fyrst og fremst varðveisla og viðhald þeirra sjóminja sem hægt er að bjarga, þeirra báta og skipa sem ástæða er til að bjarga og hægt er að bjarga. Eins og síðasti ræðumaður gat um, vinnur félag áhugamanna að þessu verkefni. En þetta verkefni er stórt og viðamikið og dýrt. Þjóðminjavörður vinnur einnig að þessu verkefni, það veit ég, og hefur áhuga á því. En báðir þessir aðilar hafa mjög þröng fjárráð. Ég hygg að á fjárl. nú séu aðeins 600 þús. kr. ætlaðar til þessa verkefnis, og þær duga naumast til þess að endusmíða illa farinn bát og sennilega alls ekki. Nú vil ég skora á hæstv. ráðh. að beita áhrifum sínum og láta velvilja sinn koma fram í því að fá þessa upphæð hækkaða þannig að það verði þó hægt að vinna sómasamlega að þessum þætti málsins. Ég hygg, að þjóðminjavörður hafi sótt annaðhvort um 2 millj. eða 2½ millj. kr. til þessa verkefnis, og ég tel það algert lágmark þess sem hægt er að ætlast til að unnið verði fyrir á meðan beðið er eftir frekari framkvæmdum í þessu stórmáli. Einnig hygg ég að það væri hægt að fara að ræða um málið við Hafnarfjarðarbæ og tryggja safninu samastað til frambúðar, enda þótt ekki sé um að ræða háar fjárveitingar til að vinna að byggingu safnsins í bili.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka áhuga og stuðning þeirra tveggja hv. þm. sem hafa talað um þessa fsp., og árétta það, sem ég sagði áðan, að við munum leitast við að láta þetta mál ekki sofna, en framfylgja því eftir því sem tök verða á. Ég vil um leið minna á það, að þó hægt hafi gengið með þetta mál á sviði minjavarðveislunnar, þá hefur þó aðeins þokað í öðrum áttum. Það hefur verið stofnaður Húsfriðunarsjóður sem — þó hann hafi ekki mörg fjár til umráða — skiptir mjög verulegu máli. Nesstofa hefur verið keypt að hálfu og unnið hefur verið að viðhaldi Viðeyjarstofu. En þetta, sem þegar hefur verið gert, breytir engu um það og dregur á engan hátt úr nauðsyn þess að sinna sjóminjavarðveislunni og söfnuninni eftir því sem mögulegt er.

Ég vil svo einnig árétta það, að oft er nokkuð erfitt að velja á milli ef einstök rn. eiga á annað borð kost á einhverri hækkun á sínum fjárlagaliðum. Það getur oft verið erfitt að velja þar á milli þegar reynt er að halda í, eins og allir virðast nú sammála um. En sem sagt, ég þakka þennan áhuga og vil taka í útrétta hönd hafnfirðinga og annarra áhugamanna og reyna að vinna málinu framgang.

Sameinað þing, 17. fundur.

Þriðjudaginn 9. nóv., að loknum 16. fundi.

Málefni þroskaheftra, þáltill. (þskj. 61). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum, þáltill. (þskj. 62). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám tekjuskatts af launatekjum, þáltill. (þskj. 68). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landhelgisgæsla Íslands, þáltill. (þskj. 57). — Ein umr.

Flm. (Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. um könnun og undirbúningi á framtíðaraðstöðu fyrir Landhelgisgæslu Íslands, svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna og undirbúa framtíðaraðstöðu fyrir Landhelgisgæslu Íslands í Hafnarfirði."

Forsaga þessa máls er nokkuð löng og skal hún rakin í stuttu máli.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði höfðu um alllangt skeið íhugað nýtingu og uppbyggingu Hafnarfjarðarhafnar og aðstöðu þar í landi, hvort opinber fyrirtæki gætu ekki nýtt þá aðstöðu sem bærinn getur boðið. Hafnarfjarðarhöfn er með bestu höfnum landsins frá náttúrunnar hendi, en ekki uppbyggð enn nema að nokkru leyti og býður því mikla möguleika fyrir stofnanir sem þurfa sérstaka hafnaraðstöðu. Við þessa könnun kom m. a. í ljós að Landhelgisgæsla Íslands býr við mjög þröngan leiguhúsnæðiskost og við heldur ófullkomna hafnaraðstöðu í Reykjavík.

Það mun hafa verið á árunum 1972—1973 að viðkomandi yfirvöldum var kynnt sú aðstaða sem kostur var á í Hafnarfirði fyrir Landhelgisgæsluna. Þá var til sölu húsnæði sem hentaði henni ágætlega, svokallað Dvergshús, sem nú er nýtt sem skólahúsnæði að nokkru leyti, og mun það, eftir því sem ég kynnti mér í morgun, fáanlegt enn, a. m. k. hluti þess, og það mun vera í könnun að önnur ríkisstofnun fái þarna inni. Þetta er mjög stórt húsnæði, þannig að þessar stofnanir gætu vel búið þarna í sambýli, alla vega fyrst um sinn. Úr húsnæði þessu sér vel yfir höfnina, enda rétt hjá henni.

Aðstaða til gerðar hafnarmannvirkja í Hafnarfirði er frá náttúrunnar hendi sérlega góð. Eðlilegast verður að telja að Landhelgisgæslan eigi í framtíðinni sína eigin höfn sem sé miðuð við þarfir hennar.

Sérstaklega má benda á að lóðir í miðbæ Hafnarfjarðar í beinum tengslum við hafnarsvæðið, þ. e. við svokallaða Fjarðargötu, eru enn óbyggð-

ar, þannig að þar gæti Landhelgisgæslan eignast eigið húsnæði í beinum tengslum við höfn sína og þar mætti einnig koma fyrir aðstöðu fyrir þyrlur. Verulegur hluti af starfsliði Landhelgisgæslunnar er nú búsettur í Hafnarfirði og Garðabæ. Einnig má benda á, að vel er við hæfi að Landhelgisgæslan eigi aðsetur í bæjarfélagi sem byggst hefur upp vegna hinnar góðu hafnaraðstöðu á staðnum, í sannkölluðum sjómannabæ. Ágætar skipasmíðastöðvar eru í Hafnarfirði svo og vélsmiðjur og olíubirgðastöð, þannig að auðvelt er um þjónustu við skipin.

Síðast, en ekki síst vil ég víkja að því hver fengur það væri bæjarfélagi eins og Hafnarfirði að fá stofnun eins og Landhelgisgæsluna í bæinn. Fyrir utan þá fjölbreytni í atvinnulífinu, sem slíkt mundi skapa, tel ég að það mundi auka á reisn og virðingu bæjarfélagsins og setja sitt svipmót á bæjarbrag. Sveitarfélög svo nærri höfuðborg sem Hafnarfjörður er hljóta alltaf að eiga í nokkurri vök að verjast að verða ekki nokkurs konar úthverfi eða svefnbær. Koma Landhelgisgæslunnar til Hafnarfjarðar mundi bregða „stórum svip yfir dálitið hverfi", eins og Einar Benediktsson orðaði svo snilldarlega. Hér mundi hún setja svip á bæinn og skipa virðulegan sess í bæjarlífinu. En síðast, en ekki síst eru þar aðstæður til að búa eins vel að henni til frambúðar og ég veit að við viljum öll, og verður ekki séð að betri aðstæðna sé kostur annars staðar.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef áður látið það í ljós við hv. flm. þessarar þáltill. að ég er ekki sáttur með tillgr. eins og hún er orðuð. Í þáltill. er því slegið föstu að undirbúa skuli í Hafnarfirði framtíðaraðsetur fyrir Landhelgisgæsluna. Það er nú svo með mig, að ég vil gjarnan vita hvað verkin kosta áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd þeirra, m. a. vegna þess að val á einni framkvæmd er æðioft vegna skorts á fjármagni, höfnun á annarri framkvæmd eða a. m. k. frestun. Þetta á alveg jafnt við þótt um sé að ræða verkefni í mínu kjördæmi eða jafnvel í minni heimabyggð. Ég er ekki fyrir fram samþykkur framkvæmd einstakra verkefna einungis vegna þess að kjördæmið eða heimabyggðin eigi í einhverju að njóta þeirra. Það er mér t. d. í þessu tilfelli ekki nóg að framkvæmd verkefnis sé, eins og segir í grg. með þáltill., ánægja og heiður fyrir Hafnarfjörð.

Í fyrsta lagi hlýt ég spyrja: Er brýnni þörf á bættri aðstöðu fyrir Landhelgisgæsluna að því er varðar húsbúnað og bryggjur en að því fjármagni, sem til slíkra úrbóta færi, væri varið til annarra framkvæmda sem mjög verulega og alvarlega er knúið á um? Forstöðumaður Landhelgisgæslunnar hefur jafnan komið á fund fjvn. í sambandi við framlög til hennar á fjárl., nú síðast fyrir fáum dögum. Frá hendi hans eða Landhelgisgæslunnar liggur engin ósk fyrir um bætta aðstöðu í landi varðandi húsnæði eða hafnarframkvæmdir, hvorki hér í Reykjavík né annars staðar.

Í öðru lagi er ljóst, að við flutning Landhelgisgæslunnar til Hafnarfjarðar þyrfti nýja húsbyggingu og sérstaka einkabryggju sem mundi að öllum líkindum kosta a. m. k. 150 millj. kr. Ég skal ekki dæma um hvort þörf væri á slíkri framkvæmd ef aðsetur Landhelgisgæslunnar yrði flutt annað, en í Hafnarfirði þyrfti slíka framkvæmd, enda kemur það fram í grg. með þáltill.

Mér er vel ljóst hvað á skortir um hafnarmannvirki fyrir fiskiskipaflotann hvarvetna á landinu, og ég hef það mikinn áhuga á úrbótum í því efni og mér er það vel kunnugt um vöntun á fjárveitingum til úrbóta í því efni, að ég vil miklu heldur að 150 millj. kr. sé varið til viðbótarhafnarframkvæmda fyrir fiskiskip, hvar sem væri á landinu, en að horfa á eftir þeirri fjárhæð í einkabryggju fyrir Landhelgisgæsluna, jafnvel þótt í Hafnarfirði væri. Það er að mínum dómi miklu meiri þörf á hafnarframkvæmdum fyrir fiskiskipaflotann en Landhelgisgæsluna. Svo alvarlegt er ástandið varðandi aðstöðu fiskiskipaflotans í höfnum landsins, að þar mundi muna um slíka upphæð. Ég tel því að framkvæmdir fyrir fiskiskipaflotann eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir einkabryggju fyrir Landhelgisgæsluna.

Þótt verið geti að Landhelgisgæslan sé stolt íslendinga, eins og hv. flm. segir í grg. með þáltill., þá eru sjómenn á íslenskum fiskiskipum það enn frekar í mínum augum og framkvæmdir, sem bæta úr eða auðvelda í einhverju aðstöðu sjómanna, eiga að sitja fyrir framkvæmdum sem e. t. v. eru óþarfar eða geta a. m. k. beðið um óákveðinn tíma.

Ég tel eðlilegt að hugað sé að framtíðaraðsetri fyrir Landhelgisgæsluna, en í því efni á að bera saman ýmsa valkosti, en ekki að byrja á því að slá fastri ákvörðun um einn tiltekinn stað. Það er óeðlilegt og það vil ég ekki að sé gert, jafnvel þótt hér sé Hafnarfjörður sá staður sem nefndur er. Það gæti jafnvel komið í ljós að aðrir staðir gætu tekið við Landhelgisgæslunni án þess t. d. að verja þurfi 150 millj. kr. í einkabryggju fyrir hana. Þess vegna vil ég mælast til þess við þá n., sem fær þessa till. til athugunar, að hún breyti tillgr. í þá átt, að á þessu stigi fari fram könnun á því hvar skynsamlegast er að framtíðaraðstaða Landhelgisgæslunnar verði, en niðurstöðunni ekki þegar slegið fastri með samþykkt till. eins og hún er. Í þeirri athugun á Hafnarfjörður að koma jafnt til greina sem aðrir staðir.

Ýmsir kunna að furða sig á því, að ég skuli ekki, vegna þess að till. varðar, að því er segir í grg., ánægju og heiður bæjarbúa í Hafnarfirði, taka á jákvæðari hátt undir efni hennar. Ég hef gert grein fyrir því, hvers vegna ég geri það ekki, og ég vil helst að hafnfirðingar sem aðrir viti skoðun mína frá fyrstu hendi. Á tímum vinstri stjórnarinnar, þegar ég gegndi störfum formanns fjvn., var þess farið á leit við mig að ég beitti mér fyrir flutningi Landhelgisgæslunnar eða reyndi að knýja á um það að Landhelgisgæslan yrði flutt til Hafnarfjarðar, en afstaða mín var hin sama og nú. Ég hef ávallt talið að barátta fyrir hagsmunamálum einstaks kjördæmis eða bæjarfélags eigi ekki að vera fólgin í því að fylgja öllum kröfum sem

eru gerðar fyrir hönd viðkomandi aðila, heldur verði jafnan að taka ákveðið tillit til heildarhagsmuna og meðferðar fjármuna. Ef haldið er á loft kröfum sem er ekki hægt að dæma fullkomlega sanngjarnar og tímabærar, þá gerir það mönnum einungis erfiðara fyrir þegar á hinn *bóginn er um að tefla* rökstuddar réttlætiskröfur frá sömu aðilum.

Flm. (Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir): Herra forseti. Aldrei var því „um Álftanes spáð, að ættjörðin frelsaðist þar," og aldrei datt mér í hug að Geir Gunnarsson, sveitungi minn núverandi, mundi snúast svona grimmilega á móti þessari till. bara af því að hún gerir ráð fyrir því að kannske verði þetta í Hafnarfirði. Ég vil benda hv. þm. á það, að hér er um að ræða könnun og undirbúning framtíðaraðstöðu og í tillgr. segir: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna." Ég get ekki séð nokkra goðgá við það að kanna hvort þetta sé ekki betur komið í okkar heimabæ, okkar Geirs Gunnarssonar, heldur en annars staðar, og ég hef fulla trú á að það sé miklu betur komið þar. Ég hef trú á því að við getum boðið þarna upp á betri aðstöðu heldur en nágrannasveitarfélögin. Nú er líka vitað mál, að Landhelgisgæslan vegna síns eðlis getur ekki flutt langt burt frá Reykjavík, ekki langt í burt frá miðstöð dómsvaldsins

Nú ætla ég síst að fara að þræta við Geir Gunnarsson, hv. alþm., um þetta, því ég er viss um að ef til kæmi, þá mundi hann veita þessu máli gott brautargengi, þó að hann hafi nú tekið svona til orða. Hann talaði um fiskiskipabryggjur. Jú, þetta eru tveir hlutir. En ef við búum ekki vel að Landhelgisgæslunni, þá gæti farið svo að við þyrftum minna á fiskiskipabryggjunum að halda. Það gæti komið að því.

Sá rökstuðningur, sem ég fór hér með um þessa till., hefur kannske ekki verið nógu ítarlegur. Ég skal ekki um það segja. En ég á mikið af gögnum um þetta sem mér væri ánægja að sýna Geir Gunnarssyni og öðrum þeim hv. alþm. sem vildu á þau líta. Ég veit ekki hvort ég þarf nokkru við það að bæta, en ég ætla að sú n., sem við þessu máli tekur, fjalli um það af fullum skilningi og velvilja þrátt fyrir þau orð sem hafa fallið hér úr hörðustu átt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Mér þykir slæmt að hv. flm. þessar þáltill. skuli hafa rangfært orð mín hér áðan. Það kom hvergi fram af minni hálfu að ég væri andvígur því, að kannað yrði hvar aðsetur Landhelgisgæslunnar ætti að vera. Ég tók það alveg sérstaklega fram, að í þeirri könnun, sem ég teldi að ætti að fara fram ætti Hafnarfjörður að koma jafnt til greina og aðrir staðir, en ekki ætti að slá því föstu í sjálfri tillgr. að aðsetur Landhelgisgæslunnar skyldi vera Hafnarfjörður.

Mér finnst orð hv. flm. benda til þess, að hún hafi ekki alveg gert sér grein fyrir hvað felst í þeirri till. sem hún er að flytja. Ég ætla að lesa tillgr. upp, með leyfi hæstv. forseta, þar stendur: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna og undirbúa framtíðaraðstöðu fyrir Landhelgisgæsluna í Hafnarfirði." Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, hverju er slegið föstu í þessari till., og það er algjörlega rangt að ég hafi haft á móti því að Hafnarfjörður kæmi til greina í sambandi við þá könnun sem ég tel rétt að fari fram. Ég vil einungis ekki láta slá því föstu í sjálfri till. og samþ. fyrir fram að aðsetur Landhelgisgæslunnar skuli vera í Hafnarfirði. Ég tók skýrt fram í ræðu minni að þar ætti Hafnarfjörður að koma til álita eins og aðrir staðir.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 28, n. 65 og 69). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstj. Bretlands um takmarkaðar veiðar breskra togara var vísað til utanrmn. N. var ekki sammála um afgreiðslu málsins, en meiri hl. leggur til á þskj. 65 að till. verði samþ. óbreytt, og ég tala nú hér sem frsm. meiri hl.

Ég vil leyfa mér að hefja mál mitt með því að rifja upp nokkra þætti úr sögu landhelgismálsins. Þó verður þar ekki farið lengra aftur en til síðustu aldamóta. Ég mun fara snöggt yfir einstaka þætti þessa máls, en þess er að minnast að þá, um aldamótin eða árið 1901, *gerðu danir án nokkurs samráðs eða samþykkis* íslendinga, en Ísland var á þessum tíma ósjálfstætt ríki, samning við breta vegna þeirra eigin hagsmuna, dana, um að landhelgin við Ísland skyldi vera 3 sjómílur. Ef landhelgislínan, þessar litlu 3 sjómílur, náði ekki saman við mynni flóanna, sem hún mjög víða gerði ekki, allra síst við hina stærstu flóa, eins og Breiðafjörð og Faxaflóa, Skjálfanda og Húnaflóa og fleiri stóra flóa, var þetta allt saman opið inn að 3 mílum frá fjöruborði. Þarna skröpuðu breskir togarar og aðrir erlendir togarar ávallt uppi í fjöruborði, og ekki er hægt að segja að nein raunveruleg landhelgisgæsla væri fyrir hendi.

Það eru þó af því margar eftirminnilegar sögur, að íslendingar reyndu sjálfir að verja þessa litlu landhelgi sína. Má minna á í því sambandi þegar sýslumaðurinn á Ísafirði, Hannes Hafstein fór á árabát með nokkrum mönnum út á Dýrafjörð þar sem breskur togari hafði marga daga verið að veiðum alveg uppi í landsteinum. Sú saga er svo kunn að ég þarf ekki fleiri orðum um hana að fara, en hún endaði svo sorglega að þessum bát hvolfdi og tveir af áhöfninni drukknuðu þar, en hinir komumst naumlega af. Togarinn hélt svo burt en bátur úr landi kom til þess að sækja sýslumann og fylgdarmenn hans, en horft hafði verið á frá Höfn í Dýrafirði hvað var að gerast, í sérstökum löngum kíki, sem ég hygg að ábúendur þar hafi átt, en þessi kíkir er nú geymdur á hinu merka byggðasafni vestfirðinga á Ísafirði.

Einnig má minna á þegar Guðmundur Björns-

son sýslumaður á Patreksfirði og Snæbjörn Kristjánsson hreppstjóri í Hergilsey voru árið 1910 á ferð með flóabátnum Varanger frá Stykkishólmi, að þá komu þeir að breskum togara sem þeir töldu vera augsýnilega í landhelgi. Flóabáturinn lagði upp að togaranum og skipin sigldu samhliða nokkra stund, sýslumaður stökk þegar upp í togarann og Snæbjörn í Hergilsey á eftir honum. Skipstjórinn á togaranum hafði komið með reidda öxi, en látið hana falla niður, en Snæbjörn gripið til járnfleygs sem lá á þilfarinu. Síðan sigldi togarinn burt með sýslumann og Snæbjörn alla leið til Skotlands, en Snæbjörn sleppti aldrei tökum á járnfleygnum sem hann hafði tekið áður en til frekari aðfarar kom að þeim.

Ég minnist þess sem ungur drengur á Húsavík, að faðir minn, sýslumaður Þingeyinga, Júlíus Havsteen, gerði ítrekaðar tilraunir til þess að stugga við erlendum togurum sem voru að veiðum innan landhelgi innst inni í Skjálfanda, þar sem voru mjög fengsæl skarkolamið. Ég man eftir því einu sinni að hann fór á mótorbát þar inn eftir til þess að stugga við breskum togara, en af því hlutust engin vandræði, togarinn sigldi á brott og hætti hinum ólöglegu veiðum.

Ég man einnig eftir því, að eftir að við höfðum tekið við landhelgisgæslu og áttum varðskipið gamla, Þór, þá ætlaði hann að taka togara innst inni í Skjálfandafljóa, en togarinn vildi ekki hlýða og sigldi burt. Þetta gamla varðskip okkar var ekki merkilegra en það, að það hafði ekki ganghraða á við togarann. Hins vegar skaut það á hann mörgum skotum — ég held að það hafi verið skotið eitthvað um 30 skotum í eltingarleiknum. Við húsvíkingar sátum á Höfðanum og horfðum á þessa eftirför sem endaði með því að togarinn slapp undan vegna þess hve Þór var vanbúinn.

Ég vil svo í öðru lagi minnast þess, að við íslendingar öðluðumst viðurkenningu á fullveldi okkar 1. des. 1918. Danir fóru þá með utanríkismál fyrir okkar hönd í umboði íslendinga fyrst í stað og skyldu annast landhelgisgæslu, en frá þessum tíma var rétturinn okkar að segja upp samningnum frá 1901 með tveggja ára fyrirvara. Samt var ekkert aðhafst beinlínis í þessum efnum fyrr en við íslendingar endurreistum lýðveldið 17. júní 1944. Þá var þess skammt að bíða að undirbúningsathafnir væru hafnar til frekari réttar okkar í landhelgismálum. Ólafur Thors var utanrrh. auk þess sem hann var forsrh. í nýsköpunarstjórninni sem stofnuð var í okt. 1944 og hóf hann þá þegar undirbúning frekari sóknar í landhelgismálinu. Hann réð þá sem sérfræðilegan ráðunaut í þjóðarétti ungan þjóðréttarfræðing sem hins vegar hefur síðan komið mjög við sögu og er nú alkunnur þjóðréttarfræðingur og ekki síst á sviði hafréttarmála. Það er Hans G. Andersen núv. sendiherra Íslands í Washington.

Í þriðja lagi vil ég svo minna á það, að í framhaldi af þessu rekur hver atburðurinn annan. Bjarni Benediktsson þáv. utanrrh. segir upp 3 mílna samningnum frá 1901 árið 1949 og féll hann þar með úr gildi tveim árum síðar eða 1951. En árið 1948 höfðu verið sett lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins undir forustu þáv. sjútvrh., Jóhanns Þ. Jósefssonar, og síðari víkkun íslensku landhelginnar byggðist ætíð á þeim grundvelli að við íslendingar hefðum einir rétt til ákvarðana á landgrunni Íslands, sem hins vegar var ekki nánar skilgreint í upphafi. En okkar stefna hefur síðan verið að telja að við ættum rétt til landgrunnsins alls og hafsvæðisins yfir því. Að vísu er lengra gengið við síðustu útfærslu í 200 sjómílur og byggt á alþjóðarétti sem er í sköpun á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. En ég vil minna á það, að árið 1949 höfðu fulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum forgöngu um það, að laganefnd þeirra skyldi einnig taka fyrir fiskveiðilögsögu þjóðanna. Er nú orðið ljóst hversu þýðingarmikið þetta var og vitna hafréttarráðstefnur Sameinuðu þjóðanna þar um.

Í fjórða lagi minni ég svo á, að fyrst var landhelgin víkkuð fyrir Norðurlandi 1951, það má segja í tilraunaskyni, og urðu af því engar deilur. En síðan var landhelgin víkkuð árið 1952 í 4 sjómílur og lokaðir allir firðir og flóar, en Ólafur Thors var þá utanrrh. Þá stækkaði landhelgi Íslands um 18 þús. km² á bestu og verðmætustu fiski- og friðunarsvæðum okkar íslendinga. Síðan var landhelgin enn víkkuð í 12 sjómílur 1958, sem er e. t. v. ekki þýðingarmeiri en fyrri víkkunin, og enn er hún víkkuð um 5 þús. km² með samningnum frá 1961. 1958 var Lúðvík Jósepsson sjútvrh., en Emil Jónsson 1961 og einnig þegar sett voru lög um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland frá 1969, nr. 17 1. apríl. Landgrunnið nær samkvæmt þessum lögum svo langt út sem hægt er að nýta auðæfi þess og var þar með skilgreint.

Eftir útfærsluna í 12 sjómílur á árinu 1958 hélt sóknin áfram og samþ. var mjög veigamikil þál. á Alþ. 5. maí 1959, en þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenskri fiskveiðilöggjöf, sem bresk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum breskra herskipa innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan 4 mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja íslendinga til undanhalds, lýsir Alþ. yfir að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi og að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948."

Mér þykir rétt í þessu sambandi að minna á að ríkisstjórn Íslands hafði áður ítrekað þá stefnu, sem fram kom í orðsendingu til alþjóðalaganefndar Sameinuðu þjóðanna 5. maí 1952 frá fulltrúum hjá Sameinuðu þjóðunum, að ríkisstjórn Íslands sé rétt og skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á einhliða grundvelli til þess að vernda auðlindir landsins, sem landið hvílir á, eins og það var orðað þá, en þessar ályktanir bera með sér að 1959 er komið inn á alvarlegra svið. Það er að bretar eru byrjaðir að beita herskipum. Hið svokallaða þorskastríð hefur hafið innreið sína, en í því fólst vopnað ofbeldi stórþjóðar gegn vopnlausri íslenskri þjóð. Þetta þorskastríð var leitt til lykta með sam-

komulaginu frá 1961 sem ég að öðru leyti skal ekki gera að umtalsefni nú.

Í fimmta lagi vil ég minna á, að við færum fiskveiðilögsöguna út í 50 mílur og þá þóknast bretum enn að sýna vopnað ofbeldi. Stækkunin í 50 sjómílur fólst í ályktun Alþ. 15. febr. 1972, og var þá gert ráð fyrir að hún kæmi til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. sama ár, en þá var einnig samþ. í þessari þáltill., sem allir þm. stóðu að, með leyfi hæstv. forseta, „að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál sem skapast vegna útfærslunnar," eins og það var orðað.

Ég skal nú ekki rekja þessi mál nánar, en vekja athygli á því, að það náðist ekki samstaða allra 60 þm. á Alþ. í þessu lífshagsmunamáli íslensku þjóðarinnar fyrr en Sjálfstfl. og Alþfl. voru komnir í stjórnarandstöðu og létu þá sitja í fyrirúmi að slá nokkuð af kröfum sínum til þess að samstaða allra gæti náðst. Sjútvrh. þá var Lúðvík Jósepsson.

Í sjötta lagi hefur núv. ríkisstj. forustu um, að sjútvrh. hennar, Matthías Bjarnason, setur reglugerðina frá 15. júlí 1975 um 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi.

Enn eru deilur við breta og þjóðverja. Samkomulag náðist við þjóðverja, en ekki englendinga, sem héldu áfram yfirgangi sínum með vopnuðum herskipum og öðrum hjálparskipum í íslenskri fiskveiðilögsögu. Enn reyna íslendingar að ná bráðabirgðasamkomulagi til sátta og friðunar í íslensku fiskveiðilögsögunni, eins og forsrh. fyrrv. ríkisstj. hafði náð með för sinni á fund forsrh. breta, sem þá var Heath, til tveggja ára frá því í nóv. 1973 þar til í nóv. 1975. Á meðan var friður á íslensku miðunum og innan fiskveiðilögsögunnar, 200 mílna. En síðan hélt ófriðurinn enn áfram og herskipin koma aftur inn í fiskveiðilögsöguna. Nú fór forsrh. núv. ríkisstj., Geir Hallgrímsson, til viðræðna við forsrh. breta Wilson, í janúarmánuði 1975, en þær tilraunir til bráðabirgðasamkomulags leiddu ekki til árangurs.

Loks er það atriðið í þessum þáttum, að nú var aðstaðan á Íslandsmiðum orðin ákaflega hættuleg, stórskemmdir á íslensku varðskipunum og nærri lá að þeim yrði sökkt. En aldrei slökuðu þau á sinni djarfhuga baráttu við ofbeldið. Að því kom svo að íslenska ríkisstj. ákvað að slíta stjórnmálasambandi við Bretland, en alls munu bresku freigáturnar hafa siglt á íslensku varðskipin yfir 70 sinnum, að ég hygg, þegar allt er talið.

Þegar hugsanleg slit stjórnmálasambands voru rædd í utanrmn. á fundi hennar 18. febr. 1976 lét ég bóka skoðun mína, sem ég stóð einn að og var á þá leið, að við íslendingar gæfum út einhliða yfirlýsingu þar sem greind væru meginatriðin í afstöðu okkar, ef að því yrði horfið, taldi ég ekki ráðlegt að slit stjórnmálasambands kæmu til framkvæmda að svo stöddu Þessi bókun mín er alllöng, en hún er í öllum meginatriðum í samræmi við það sem tókst að ná samkomulagi um milli breta og íslendinga í júníbyrjun þessa árs. Fyrir mér vakti með fyrrnefndri bókun að skýrt kæmi fram, hvað fyrir okkur íslendingum vekti. Við værum ekki sífellt að leita eftir því hvaða till. bretar gætu gert eða gætu hugsanlega gengið að. Allir voru andstæðir þeim till. sem fram komu frá bretum að tilstuðlan framkvæmdastjóra NATO rétt fyrir 18. febr. Ég taldi ekki rétt að gera bókun mína opinbera, og kann að vera að heillavænlegast hafi verið að hafa þann framgang mála sem ríkisstj. gerði.

Ég var frá öndverðu samþykkur Oslóarsamningunum eða Oslóarsamkomulaginu, eins og meiri hl. utanrmn. er, sem leggur til að þáltill. um staðfestingu á því verði samþ. óbreytt.

Ég skal nú ekki rekja fleiri þætti úr sögu landhelgismálsins sérstaklega. En ég vil leyfa mér að rifja upp ummæli mín í stuttu viðtali við Morgunblaðið 4. júní s. l., að viðurkenning 200 mílna væri ævintýri líkust í samkomulaginu sem gert var og leitað er nú staðfestingar á. Hygg ég að fleiri séu mér sammála, ekki síst ef menn vilja hafa fyrir því að rifja upp aðeins nokkur atriði í baráttusögu okkar fyrir 200 sjómílna fiskveiðilögsögu, eins og ég hef mjög stuttlega gert. Við skulum aðeins hugsa okkur það, að fyrir 25 árum höfðum við aðeins 3 sjómílna fiskveiðilögsögu.

Með þessu samkomulagi, sem nú er til umr. náðist einnig fram samkomulag um hina svo kölluðu bókun 6 í samningnum við Efnahagsbandalagið, um að við njótum að fullu tollafríðinda á ýmsum fiskafurðum okkar sem okkur eru mikils virði og ekki verður um deilt. Í þessu samtali sagði ég m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnmálasamband við breta hefur aftur verið tekið upp, og það er mín skoðun að okkur íslendingum ríði á mjög miklu að hafa ætíð vinsamlega sambúð við önnur vestræn ríki. Á þessu varð misbrestur, en nú hygg ég að ótvírætt sé að meiri hl. þjóðarinnar fagni innilega því að lokasigur okkar hefur náðst. Þetta ber m. a. að þakka djarfhug og hreysti hjá áhöfnum varðskipanna og þeim sem falið var að gæta hagsmuna okkar á sjónum. Nú þarf enginn að vakna með kvíða fyrir því að einhver stórslys hafi orðið, jafnvel mannslát. Ég árna sjómönnum og fjölskyldum þeirra allra heilla í þessu sambandi."

Ég lauk þessu samtali með eftirfarandi orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Stundum halda menn að ekkert hafi verið að gerast í landhelgismálinu, en ráðh. og aðrir forustumenn hafa svo sannarlega ekki legið á liði sínu. Geir Hallgrímsson forsrh. hefur með sæmd stýrt þessu máli ásamt með ágætum samstarfsmönnum sínum, en þar er helst að nefna Matthías Bjarnason sjútvrh. og Einar Ágústsson utanrrh. Þeim ber þakkir og heiður."

Þannig lauk ég þessari grein í Morgunblaðinu.

Samkomulagið, sem nú er hér til umr., er grundvallað á fiskveiðilögsögu íslendinga innan 200 mílna, sem ákveðið er um í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, og gengur sums staðar allmiklu víðar. Í upphafi var nokkuð deilt um það í blöðum hvort rétt hefði verið að kalla saman Alþ. áður en að samkomulagið var staðfest, og var því jafnvel haldið fram að annað væri stjórnarskrárbrot. Slíkt hefði að sjálfsögðu við engin rök að styðjast, og í langri umr. um staðfestingu samkomulagsins hér á Alþ. við fyrri hluta þessarar einu umr. um málið var lítið að

þessu vikið, þó að hins vegar hv. 2. þm. Austurl. og e. t. v. einhverjir fleiri hafi talað um að eðlilegra hefði verið að bera málið fyrst undir Alþingi, en stjórnarskrárbrot í því sambandi nefndi hann hvergi. Það gerði hv. þingmaður ekki heldur á sameiginlegum fundum sem haldnir voru um málið áður í utanrmn. og landhelgisnefnd. Það hefur hins vegar verið vefengt að breska ríkisstj. hafi fallist á að viðurkenna 200 mílna fiskveiðilandhelgina við Ísland með Oslóarsamkomulaginu svo kallaða. En hvað segir í 10. gr. samkomulagsins? Þar segir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningur þessi skal gilda í 6 mánuði frá gildistöku. Eftir að samningurinn fellur úr gildi munu bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, í samræmi við það sem samþ. kann að verða af Íslands hálfu."

Augljósari viðurkenningu á 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar tel ég ekki vera hægt að fá. Bretar segja berum orðum, að eftir að samningurinn fellur úr gildi muni bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975, í samræmi við það sem samþ. kann að verða af Íslands hálfu. M. ö. o.: þeir munu ekki veiða innan 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar nema með samþykki okkar. Er þetta ekki viðurkenning á 200 mílna landhelgi? Við einir ráðum því hverjir veiða þar mikið eða lítið eða ekkert.

Nú liggur það líka fyrir, að bretar hafa lýst því yfir að ef Efnahagsbandalagið ákveði ekki 200 mílna efnahagslögsögu innan sinna vébanda, þá muni þeir einir færa út efnahagslögsögu sína í 200 mílur. En þessa ákvörðun um 200 mílna efnahagslögsögu hefur Efnahagsbandalagið nú tekið. Það liggur einnig fyrir að önnur ríki, sem miklu máli skipta, hafa ákveðið að færa fiskveiðilögsögu sína út í 200 mílur, bæði Bandaríkin, Kanada, Noregur, Mexíkó og fleiri, fyrir utan þau mörgu ríki sem þegar höfðu 200 mílna lögsögu. Verður með nokkru móti haldið fram, að undir slíkum kringumstæðum geti komið til greina frekara ofbeldi af Bretlands hálfu innan okkar fiskveiðilögsögu? Réttur okkar er að fullu og öllu viðurkenndur.

Hitt er svo vitað mál og hefur lengi verið vitað, að bretar eða Efnahagsbandalagið fyrir þeirra hönd mun óska eftir því að bretar og e. t. v. önnur ríki bandalagsins fái að njóta einhverra gagnkvæmra réttinda hér, að þau fái að njóta hér einhverra fiskveiðiréttinda, gegn því að við nytum réttinda innan þeirra efnahagslögsögu eða fiskveiðilögsögu sem við gætum metið þess virði. Að sjálfsögðu er það í fullu samræmi við vilja alls Alþ. frá 15. febr. 1972. Hefur ætíð verið fylgt þeirri stefnu af fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. að sjálfsagt væri og rétt að ræða við Efnahagsbandalagið, ef það óskaði þess, og hlýða á hvaða réttindi það gæti boðið, en við mundum að sjálfsögðu aldrei semja um nema gagnkvæm réttindi eða þau réttindi sem við íslendingar teldum okkur í hag að semja um. Um þetta hafa menn ekki verið ósáttir hér í Alþ., og kom það fram við fyrri hluta umr. um þessa þáltill., að þó að sumir þm. tækju beinlínis fram að þeir vildu ekkert semja nú við Efnahagsbandalagið, þá teldu þeir geta skapast þá aðstöðu síðar að það væri ástæða til þess að semja við Efnahagsbandalagið ef okkur stæðu síðar til boða þau réttindi sem okkur líkaði og við hefðum þá eflt það fiskstofna okkar með þeirri friðun, sem við höfum stofnað til, að við gætum af einhverju látið. Reynslan af samkomulaginu, sem við höfum nú notið í nokkra mánuði, þ. e. a. s. frá 1. júní, sýnir einnig að veiði breta er um það bil helmingi minni en hún var í fyrra á sama tíma undir þeirra herskipavernd, þrátt fyrir hina djarfhuga framkomu landhelgisgæslu okkar. Friðunarsvæðin eru algjörlega viðurkennd, en einmitt innan þeirra léku þeir sér að því að láta breska togara veiða undir herskipaverndinni, og fallist er á að hætta smáfiskveiðum eða hlíta þar sömu skilmálum og íslendingar og sömu skilmálum varðandi möskvastærð.

Nú skal ég ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en meiri hl. utanrmn. leggur eindregið til að samkomulagið verði staðfest óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Enda þótt ég hafi verulega ánægju af sagnfræði og hlustaði því með athygli á ræðu þá sem hv. frsm. meiri hl. flutti hér, þá ætla ég nú ekki að fara aftur fyrir aldamót með mína sögu. Þó væri í rauninni kannske freistandi að gera smáathugasemdir við þá ræðu sem hv. þm. flutti, sérstaklega þá glæsilegu afrekasögu Sjálfstfl. sem hann var að lýsa hér. En þar sem það var án þess að hann veittist í þessari ræðu sinni að öðrum flokkum, þá ætla ég að láta bíða annars og betra tækifæris að rifja þá afrekasögu upp, sérstaklega söguna frá 1956—57, eftir að undirbúningur undir útfærslu í 12 mílur hófst og raunar fram á þennan dag. Að vísu get ég ekki lofað því að koma ekki inn á síðustu þættina í afrekaskránni áður en ég lýk máli mínu.

Sú till., sem hér liggur fyrir, fjallar um það að Alþ. staðfesti samning þann um veiðiheimildir til handa breskum togurum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, sem gerður var 1. júní s. l. Það hefur ekki farið á milli mála, að eftir að sá samningur var gerður hafa bæði hæstv. ráðh. flestir og ýmsir aðrir talsmenn stjórnarflokkana talað um þennan samning og þá samningamenn, sem að honum stóðu, — talað um samninginn sem einstakt afrek út af fyrir sig og samningamennina sem mikla afreksmenn sem hefðu komið með frelsisskrá í föðurhendi og unnið þarna í einu vetfangi stórkostlegan sigur sem íslendingum hefði ekki tekist ella.

Það er freistandi að fara dálítið ítarlega út í þessa kenningu um það að samningurinn sjálfur sé eitthvert afrek út af fyrir sig, og ég get ekki stillt mig um að víkja að því nokkrum orðum, en skal þó reyna að stytta mál mitt eftir því sem mér er fært.

Það liggur alveg ljóst fyrir að mínum dómi, að hvernig sem menn líta á samninginn sjálfan, hvort sem menn telja niðurstöðu hans ágæta, viðunandi eða slaka, þá var það atburðarásin áður en gengið var til þeirra samninga sem

gerði það að verkum að hægt var að gera þennan samning ekki verri en hann þó vissulega var að ýmsu leyti. Það var atburðarásin sem gerði það að verkum, en ekki eitthvert sérstakt afrek samningamanna eða hæstv. ríkisstj. í því sambandi, og að því vil ég nú færa nokkur rök.

Það er þá sérstaklega nauðsynlegt í sambandi við þetta mál að rifja það upp, að þeir, sem baráttuna háðu í allan fyrravetur, og þeir, sem sigurinn unnu í þessu þriðja og væntanlega síðasta þorskastríði sem við höfum háð eða komum til með að heyja við breta, þeir hafa næstum því gleymst í öllu því sjálfshóli sem samningamennirnir og hæstv. ráðh. hafa haft í frammi um sjálfa sig í sambandi við samningagerðina. Þeirra hefur að heldur litlu verið getið. En hinu hefur verið hossað af hæstv. ráðh. flestum, að samningsmennirnir hafi unnið þessi afrek án þess að nokkuð hafi á undan komið og nokkuð hafi verið að ráði til þess gert af öðrum aðilum að koma í veg fyrir glapræði samninga bæði í fyrra og í vetur, sem ég skal nú koma nokkru nánar að. Áður en ég vík frekar að þessu atriði, vil ég þó fara nokkrum orðum um það sem hv. frsm. meiri hl. vék að undir lok síns máls. Það eru þær athugasemdir sem komið hafa fram varðandi formsatriði þessa máls.

Hér liggur nú fyrir Alþingi till. um, að staðfesta þetta samkomulag frá í vor. Nú, hinn 9. nóv., er verið að fjalla um þennan samning eða þetta samkomulag sem gert var 1. júní s. l. og skyldi gilda í 6 mánuði og kom þegar til framkvæmda. Við erum sem sagt að fjalla hér um málið 9. dag nóvembermánaðar, þegar samningurinn hefur verið í framkvæmd í meira en 5 mánuði og aðeins 3 vikur eru eftir af gildistíma hans. Er þetta eðlilegt? Er hér rétt eða skynsamlega að farið í sambandi við það hvernig málið er lagt fyrir Alþ. og að því staðið af hálfu hæstv. ríkisstj.? Ég held að það geti ekki talist eðlilegt. Því hefur verið haldið fram að hér sé um að ræða jafnvel brot á sjálfri stjórnarskránni, á 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþ. komi til.“

Ég er ekki löglærður maður og ég veit að um þetta mál hafa glöggir lögfræðingar deilt og deila enn, að því er mér virðist, og ég skal ekki gera neina tilraun til þess að færa líkur að því, hvort er réttara, að hér kunni að hafa verið um stjórnarskrárbrot að ræða eða ekki. Ég get vel fallist á að það liggi ekki alveg ljóst fyrir samkvæmt orðanna hljóðan, að skylda hafi verið að bera þennan samning undir Alþ. samkvæmt þessari gr. stjórnarskrárinnar. Þetta kann vel að vera. En þó verður að taka tillit til þess sem lögfróðir menn hafa talið, að það kunni fyllilega að orka tvímælis hvort slíkt hafi ekki verið beinlínis skylt samkvæmt þessari gr. stjórnarskrárinnar. Aðrir andmæla þessu, eins og hér hefur rækilega komið fram hvað eftir annað, þ. á m. gegnir og mikilhæfir lögfræðingar, og eins og ég sagði, ég tel mig engan mann til þess að leggja neinn dóm á þetta. En mér þætti hins vegar mjög líklegt að hv. alþm. geti flestir, jafnvel allir, orðið mér sammála um það, að það er í fyrsta lagi slæmur kostur og ekki viðunandi til langrar frambúðar ef um er að ræða ákvæði í stjórnarskrá sem mjög er deilt um hvernig beri að skilja og hve víðtæk séu. Þetta verður að vísu ekki lagfært á einu augnabliki og ekki á einu þingi, jafnvel þó að vilji sé fyrir hendi. En vissulega er þarna atriði sem full ástæða væri til að hafa ákveðnari ákvæði um, sem ekki verði misskilin eða ekki þyrfti að deila um. En hvað sem því líður, þá hygg ég að flestir geti orðið mér sammála um að það sé í sjálfu sér óeðlilegt, fyrst menn telja rétt og eðlilegt að leggja slíkan samning sem þennan fyrir Alþ., að gera það þá ekki fyrr en samningstímabilið er svo að segja útrunnið, eins og nú er gert.

Það hefur verið fært fram til réttlætingar því, að þessi samningur var ekki lagður fyrir Alþ. fyrr en nú í haust, að slíkt hafi áður viðgengist um hliðstæða samninga eða samninga sem gerðir hafa verið af svipuðum toga. Ákveðin tilvik hafa vernið nefnd, m. a. samningar við belga og e. t. v. fleiri frekar minni háttar samninga, sem gerðir hafa verið á síðari árum, m. a. í tíð síðustu ríkisstj. eða vinstri stjórnarinnar. Ég tel það í sjálfu sér engin rök þó að þetta hafi ekki verið gert áður. Ef það er talið skylda eða a. m. k. eðlilegt að leggja slíka samninga fyrir Alþ. til staðfestingar áður en þeir koma til framkvæmda, þá eru það í sjálfu sér engin rök þó að það hafi láðst að gera það áður.

Ég vil aðeins ítreka í sambandi við þetta mál, að það er óviðunandi til frambúðar að hafa hér í gildi ákvæði, í stjórnarskránni sem mjög er deilt um hvernig beri að skilja og jafnvel hinir lærðustu menn deila um hvort stjórnarskrárbrot séu framin í vissum tilvikum í sambandi við 21. gr. Um það held ég að allir geti orðið sammála, að við fyrsta tækifæri sé ekki aðeins eðlilegt, heldur nauðsynlegt að hér fáist um skýr og ótvíræð ákvæði. En geta menn ekki einnig orðið sammála um það, að meðan þessi umdeildu ákvæði eru í stjórnarskránni, þá sé rétt að hafa sem fasta reglu að bera undir Alþ. slíka samningagerð sem þessa, samningagerð sem jaðrar e. t. v. við þau tilvik sem átt er við í 21. gr., fá þá samninga staðfesta af Alþ. áður en þeir koma til framkvæmda. Skal ég svo láta útrætt um það.

Vík ég þá aftur að samkomulaginu, sem gert var í Osló 1. júní. Ég vil í stuttu máli rifja upp það helsta sem á undan var gengið.

Það held ég, að enginn hafi gleymt því hversu oft heyrðist úr herbúðum stjórnarsinna eftir að við vorum í þriðja skipti komnir í þorskastríð við bretana, að nauðsynlegt væri að semja. Enginn sagði að ætti að semja hvað sem það kostaði, en það var auðheyrt bæði á málgögnum og talsmönnum stjórnarliða ýmsum, að það mátti kosta töluvert mikið ef tækist að semja. Það tókst svo að semja við vestur-þjóðverja, og ég býst við að mörgum hafi þótt þar allrausnarlega að verki staðið af hálfu íslenskra

valdhafa, að tryggja þeim þann afla sem gert var með samningunum. Hitt gekk erfiðlegar, að ná samningum við bretana og má að mínum dómi þakka það sérstaklega tveimur aðilum að þeir samningar tókust ekki miklu fyrr en varð og urðu ekki miklu háskalegri og verri fyrir íslensku þjóðina heldur en þó varð raun um með Oslóarsamninginn frá því í vor. Þessir tveir aðilar eru í fyrsta lagi meginþorri íslensku þjóðarinnar, sem var andvígur slíkum samningum, og það kom mjög greinilega í ljós, og í öðru lagi þeir samningamenn breta undir forustu Hattersleys sem gerðu slíkar kröfur að það gat í rauninni ekki náð nokkurri átt að ræða samninga við slíka menn, þó að það væri gert og reynt að ná einhverjum árangri. En það eru þessir aðilar sem ég hygg að hafi komið í veg fyrir það að hæstv. ríkisstj. gerði á s. l. hausti samning sem sennilega hefði þýtt ekki miklu minna en 80—90 þús. tonna ársafla bretum til handa.

Síðan kom svarta skýrslan, og þá varð lýðum ljóst að það mundi vera enn þá örðugra en áður vegna andstöðu meginhluta íslensku þjóðarinnar við slíka samninga að semja upp á einhver slík býti eins og tilhneiging virtist vera til áður en hún kom út. En þó var eftir eða um það leyti sem hún var birt alþjóð farið að láta í það skína að um 65 þús. tonna ársafla kynni að geta orðið samkomulag við bretana. En það var frammistaða landhelgisgæslunnar og þjóðin á bak við landhelgisgæsluna sem kom í veg fyrir að slíkir samningar væru gerðir enda þótt tilhneiging hjá ákveðnum aðilum — ákveðnum aðilum, segi ég — í stjórnarflokkunum væri mjög greinileg og mjög sterk í þá átt að semja og það upp á þessi býti eða einhver svipuð og þau sem ég hef nú verið að gera grein fyrir.

Og þar kom, þegar leið fram á veturinn og fram á vorið, að bretarnir sáu að lokum að þeir voru að tapa þessu máli, þeir voru að tapa því á tvennum vígstöðvum. Í fyrsta lagi var vonlaust að vinna styrjöldina við íslendinga. Íslendingar voru ekki á því að gefast upp í því stríði, og bretarnir sáu að þeirra menn voru orðnir þreyttari heldur en okkar menn á þessari viðureign og sjómennirnir þeirra farnir að hóta hvað eftir annað að fara í land og hætta þessari vonlausu orustu. En það var fleira sem kom til og sýndi bretum að þeir voru búnir í rauninni að tapa þessu stríði. Það var sú þróun sem orðið hafði, sú tiltölulega öra þróun sem orðið hafði á alþjóðavettvangi í sambandi við hafréttarmálin og sérstaklega þann þátt sem að okkur íslendingum snýr, þ. e. a. s. að því er varðar 200 mílna auðlindalögsöguna. Það var alveg ljóst, að sú þróun var öll á þann veg að bretarnir hlutu að sjá að þetta var gersamlega tapað fyrir þá. Það var ekki aðeins að á þeim fundum hafréttarráðstefnu, sem haldnir hafa verið undanfarin ár, væri búið að móta af miklum meiri hl. og fá samþykki mikils meiri hluta þjóða heims fyrir þessari meginreglu, þ. e. a. s. að strandríki geti ákveðið eða tekið sér 200 mílna auðlindalögsögu, að strandríki geti ákveðið sjálft hversu mikið má veiða á hverjum tíma innan þessarar auðlindalögsögu og það geti einnig ákveðið sjálft hversu mikið það treystir sér til eða kærir sig um að veiða af því magni eða hvort það vill veiða það allt. Þetta var komið inn í hafréttarsáttmálann, þessi ákvæði voru búin að standast sína eldraun, og það var vitað að um það bil eða yfir ⅔ hlutar af þjóðum heims eða fulltrúum frá þjóðum heims stæðu að þessu, enda þótt bein atkvgr. hefði ekki farið fram og það væri rétt, að vegna ágreinings og það djúpstæðs ágreinings um önnur atriði hefur frestast að þetta frv. næði endanlega í höfn og yrði að alþjóðalögum. En mikils virði hefur það verið fyrir okkar málstað og á hinn bóginn sýnt bretunum fram á að þeirra málsstaður var tapaður, að allar tilraunir til þess að breyta þessum ákvæðum í væntanlegum hafréttarlögum hafa gersamlega mistekist, og það má sem betur fer heita að það sé öruggt að þessi ákvæði koma til með að standa hvað sem framtíðin ber í skauti sínu í sambandi við væntanlegan hafréttarsáttmála.

En þá kom það jafnframt til, sem mjög mikils virði var, að þegar það var sýnt að enn mundi dragast að ljúka málum á Hafréttarráðstefnunni, þá fór hver þjóðin af annarri nú á þessu ári og að einhverju leyti á síðasta ári að lýsa því beinlínis yfir og undirbúa það að færa út einhliða, eins og við íslendingar höfðum gert. Mexíkó var einna fyrst af þjóðum nú í þessari allra síðustu lotu sem lýsti því yfir að það mundi færa út fiskveiðimörkin og miða það við alveg ákveðinn tíma. Þá komu Bandaríkin, þá Kanada og svo kom Noregur loksins á eftir. Þótti bæði mér og fleirum að vel hefði mátt minnast þess sem segir í kvæði Björnsons og ég held að hv. 3. þm. Austurl. hafi rifjað upp fyrir norðurlandamönnum ekki alls fyrir löngu, að margir spurðu um Orminn langa og spurðu hvað dveldi Ólaf Tryggvason í sambandi við útfærslumál og hafa furðað sig á því hversu norðmenn hafa verið seinir að taka endanlegar og formlegar ákvarðanir í þessu efni. Skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

En það var ekki aðeins að þessar þjóðir, sem ég hef nú nefnt, væru ákveðnar í því og hefðu flestar lýst því yfir og sumar þegar tekið formlega ákvörðun um útfærslu áður en samninguriinn í Osló var gerður. Það var einnig farið að ræða það mjög eindregið og ákveðið og undirbúa það hreinlega að Efnahagsbandalag Evrópu og bretarnir sjálfir færðu út í 200 mílur einhliða ef það drægist enn eitthvað að ráði að nýr hafréttarsáttmáli yrði gerður. Þannig stóðu þessi mál þegar gengið var að samningaborðinu við breta, og þannig var sú vígstaða sem bretarnir höfðu þegar gengið var að því samningaborði.

Enda þótt ég segði hér í upphafi að ég ætlaði ekki að rekja alla „afrekasögu“ Sjálfstfl. í sambandi við landhelgismál, enda þótt nokkurt tilefni kynni að hafa gefist til, þá get ég ekki látið hjá líða að minnast nokkru nánar á einn þátt þessarar sögu og m. a. að velta því fyrir mér og öðrum hv. alþm. svona til hugleiðingar hver geti verið meginástæðan til þess að sumir helstu forustumenn Sjálfstfl., og ég get og vil alveg sérstaklega nefna í því sambandi hæstv. forsrh. og þó ekki síður hæstv. sjútvrh., — hvernig á því stendur að þessir hæstv. ráðh.

hafa hvað eftir annað virst óðfúsir að semja við breta, ekki upp á hvaða býti sem var, en þó upp á þau býti sem hér um bil öllum öðrum *íslendingum fannst að væri ekki hægt að semja* um. Og enn er komið að því að eitthvað svipað virðist vera uppi á teningnum. Ég hef verið að velta þessu fyrir mér, og ég hygg að á þessu kunni að vera fleiri skýringar en ein. En þó hygg ég að ein skýring vegi þar langmest og sé sú sem varpar einna skýrustu ljósi á þetta mál. *Ég hef komist að þeirri niðurstöðu* að það hafi verið hinn mikli vilji þessara íslensku ráðamanna til þess að styggja ekki NATO-þjóðir, þessar miklu vinaþjóðir okkar sem mynda Atlanthafsbandalagið og eru kjarninn í hinni rómuðu vestrænu samvinnu um svonefnd varnarmál, — það sé meginatriðið hjá þessum ágætu mönnum að styggja ekki þessar þjóðir og vaða næstum því eld og brennistein og ganga gegn vilja mikils meiri hluta eigin þjóðar til þess að ná fram samningum við slíkar vinaþjóðir, af því að það sé okkur ómissandi.

Það verður að segjast, að ég held að af fáu hafi meginþorri íslendinga haft meiri áhyggjur allan s. l. vetur heldur en því, hvað yrði í sambandi við samningamálin við breta. Menn höfðu raunar þar fyrir sér samningagerðina við vesturþjóðverja. Og menn höfðu einnig fyrir sér hversu ýmsir ráðamenn, þeir sem ég hef þegar nefnt og aðrir fleiri, virtust varla njóta svefns né matar af áhyggjum út af því að aumingja NATO og alveg sérstaklega vesalings dátarnir hérna á Miðnesheiði og allt það hafurtask blasti nú við íslensku þjóðinni í dálitið nýju og nokkuð miskunnarlausu ljósi. Það var alveg greinilegt allan s. l. vetur að hugur þessara NATO-aðdáenda var ákaflega mikið við það bundinn hvernig vernda mætti Atlantshafsbandalagið, hvernig vernda mætti víghreiðrið á Keflavíkurflugvelli fyrir íslensku þjóðinni, sem var farin að krefjast þess í vaxandi mæli eða vaxandi fjölda íslendinga að við færum úr NATO og hafurtaskið á Keflavíkurflugvelli væri látið fara heim til sín. Áratugum saman — ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í það — höfðu ákveðin öfl í Sjálfstfl. með Morgunblaðið í fararbroddi, *en áttu oft vikapilta jafnvel í öðrum flokkum*, reynt að hamra það inn í hugskot fólks að herinn og NATO væru hér til þess að vernda Ísland, til þess að vernda íslendinga. Ákaflega lengi, áratugum saman, hafði þessi ósanninda-áróður hljómað í flestum blöðum og fjölmiðlum, og forustumenn þriggja stjórnmálaflokka höfðu gert þennan áróður að uppistöðu allrar utanríkismálastefnu sinnar. Þeir sjálfstæðismenn, sem svo kalla sig, voru lengst af forsöngvarar í þessum kór, en því miður tóku allt of margir í Alþfl. og Framsfl. löngum undir þennan halelúja-kór. Og vissulega hafði þessi áróður borið árangur. Fjöldi íslendinga hafði það fyrir satt fram undir síðustu tíma — ótrúlegur fjöldi — að NATO og herinn á Miðnesheiði væru verndarar okkar, þetta væri trygging þess að yfir okkur væri vakað í válegum heimi. Og árangurinn af öllum þessum áróðri kom hvað skýrast í ljós þegar forvígismenn Varins lands, sem svo nefndu sig, fengu tugþúsundir manna til þess að biðja um áframhaldandi hersetu á Íslandi.

Að vísu hefur hæstv. sjútvrh., sem því miður er nú ekki hérna, fært að því ákaflega veigamikil og ágæt rök úr þessum ræðustól fyrir *fáeinum dögum að undirskriftasafnanir væri harla* lítið að marka, það væri hægt að fá fólk til þess að skrifa undir hvern déskotann sem væri, einnig það, eins og dæmin sanna, að biðja útlendinga að flengja sig. En víkjum nú aftur að hinu mikla áhyggjuefni þeirra landsfeðra sem höfðu af því hvað mestar áhyggjur í allan fyrravetur að NATO og herinn á Miðnesheiði væru farin að sjást í allt of skýru ljósi.

Eftir að bresk NATO-herskip höfðu enn einu sinni ráðist inn í íslenska landhelgi og gert þar hvað eftir annað hinar dólgslegustu árásir á íslensk varðskip, eftir að Nimrod-þotur breska NATO-hersins höfðu hótað loftárásum á íslensk varðskip, þá var það eitthvert allra mesta áhyggjuefni, ef ekki mesta áhyggjuefni vina þessa félagsskapar, hvernig hægt yrði að vernda NATO fyrir íslendingum, hvernig komið yrði í veg fyrir að æ fleiri gerðu sér ljóst hvers eðlis Atlantshafsbandalagið, hvers eðlis herstöðin á Miðnesheiði væri. Hin gamla og gróna kenning, að herinn og herstöðin og NATO, þetta væri allt okkur til verndar, hún hafði goldið alveg ægilegt afhroð. Þessi kenning, þessi falskenning var afhjúpuð sem einhver hrikalegasta pólitísk blekking í allri íslenskri stjórnmálasögu, og nú voru að sjálfsögðu góð ráð dýr. Um hríð var reynt að halda því fram að NATO og landhelgismálið væru alveg óskyld mál. En þó var jafnframt hlaupið til og NATO beðið um að hjálpa nú bretum, já, og íslendingum, skulum við segja, til þess að gera samning. Og það var ótæpilega hamrað á nauðsyn þess að slík hjálp kæmi og hún þyrfti að koma til þess að bjarga NATO á Íslandi. Sjálfs sín vegna og aðstöðu sinnar vegna hér yrði þessi félagsskapur að sveipa sig einhvers konar verndara- eða hjálpargervi. En þegar slíkt mistókst, þá þótti íslendingum, NATO-sinnum í áhrifastöðum, einsætt að lægja yrði þessa sívaxandi óánægjuöldu íslenskra gagnrýnenda sem voru nú farnir að gagnrýna NATO, og þetta yrði aðeins gert með því að koma á samningum, með því að losna úr þessari úlfakreppu, næstum því hvað sem það kostaði. Og hvað eftir annað í allan fyrravetur krafðist t. a. m. Morgunblaðið þess, að lífsbjörg íslendinga yrði seld fyrir NATO. Ég held að það hafi ekki heldur verið ráðandi öflum í Sjálfstfl. að þakka, heldur andstöðu mikils hluta þjóðarinnar, þ. á m. ýmissa ágætra sjálfstæðismanna, og andstöðu sem gætti óneitanlega hjá Framsfl., því miður einhvers síðasta vottsins af sjálfstæðri stefnumótun hjá þeim flokki áður en hann virðist hafa gefist alveg upp og farið að framkvæma stefnu Sjálfstfl. svo að segja í einu og öllu.

En það var ekki þessum mönnum að þakka, ekki Morgunblaðinu og ekki ýmsum forustumönnum Sjálfstfl. að þakka að ekki var miklu fyrr gengið til samninga við breta og ekki var gerður við þá miklu verri samningur heldur en Oslóarsamningurinn þó var. Það eru allt aðrir aðilar sem eiga þakkir fyrir þetta.

Svo vil ég aftur víkja nokkrum orðum að því, hvernig málin stóðu þegar sest var að samningaborðinu í Osló í vor. Ég ætla í örstuttu máli

að rekja meginatriði þess sem ég er þegar að vísu búinn að nefna.

Í fyrsta lagi höfðu bretar tapað þorskastríðinu, um það var ekkert að villast, enda hafa þeir viðurkennt það síðar. Þeim hafði í fyrsta lagi ekki tekist að sundra íslensku þjóðinni, þeim hafði ekki tekist að sökkva íslensku varðskipunum. Breskir togaramenn töldu ástandið á Íslandsmiðum gjörsamlega óþolandi og vildu fara í land eða fara á önnur mið. En það, sem jafnframt þessu hafði gerst og hlaut ekki síður að valda því að bretar sáu sína sæng upp reidda og hlutu að sjá að leikurinn var tapaður, var sú þróun í alþjóðamálum í sambandi við hafréttarmálin sem ég hef þegar að nokkru lýst. Það var alveg ljóst að það gat ekki verið nema spursmál um einhverjar vikur, hæsta lagi einhverja mánuði, þangað til bretar voru knúðir til þess, m. a. af Efnahagsbandalagi Evrópu, að hætta þessari vitlausu stefnu sinni, þar sem Efnahagsbandalag Evrópu var farið að telja það brýna nauðsyn og bretar raunar þar á meðal að færa út sjálfir í 200 mílur og gera það einhliða. Hver þjóðin af annarri, eins og ég hef þegar lýst, hafði ákveðið að færa út einhliða, og 200 mílurnar voru alveg ótvírætt búnar að sigra á Hafréttarráðstefnunni enda þótt önnur atriði gerðu það að verkum að allsherjarhafréttarsáttmáli hefur ekki verið settur enn þá.

Það var svo komið að þorskastríðið við Íslendinga stóð í rauninni algjörlega í vegi fyrir því að bretar og Efnahagsbandalagsþjóðir Evrópu gætu mótað og framkvæmt þá stefnu sem þau voru loksins komin inn á í hafréttarmálum, þ. e. a. s. 200 mílna auðlindalögsögustefnuna. Þetta hlutu bretar að sjá, að þessu varð að linna, það gat ekki verið um annað að ræða en að hætta þessari margföldu vitleysu sem þeir höfðu steypt sér út í. Það var sem sagt íslenska þjóðin, samstaða hennar svo að segja órofa, með varðskipsmennina í broddi fylkingar, það voru þessir aðilar sem höfðu unnið stríðið, og það var þróunin í alþjóðamálum sem hafði orðið okkur geysimikil hjálp og raunar kippt öllum stoðum undan bretum í þessu heimskulega stríði þeirra. Afstaða þeirra var gjörsamlega vonlaus, og það hafa þeir viðurkennt eftir að þeir náðu samningunum í Osló.

Sá samningur, sem hér um ræðir, Oslóarsamningurinn eða samkomulagið frá 1. júní s. l., hefur bæði kosti og galla. Aðalkostirnir eru þeir, að við fengum frið á miðunum. Vissulega var það afar mikils virði, og það er vonandi að sá spádómur sé réttur sem kom hér fram hjá hv. frsm. meiri hl., að aldrei framar komi til þess að bretar heyi þorskastríð við okkur.

Annað, sem var mikils virði í sambandi við það að fá frið á miðunum og mikilvægt í þessum samningi út af fyrir sig, var að sókn breta í smáfiskinn hefur væntanlega minnkað verulega og íslendingar hafa nú heimild og hafa haft, eftir að samningurinn var gerður, heimild til þess að hafa eftirlit með veiðarfærum breskra togara.

Þetta allt skal ég viðurkenna sem kosti við þennan samning.

Hin óbeina viðurkenning á 200 mílunum, sem í samningnum felst og ýmsir talsmenn hans hafa gert jafnvel að aðalatriði málsins, hún er í mínum augum harla lítils virði í sjálfu sér, eftir að hún kemur fram, þegar það liggur í rauninni ljóst fyrir að allar þjóðir, sem máli skipta í þessu sambandi, eru á hraðri leið með að færa út í 200 mílur, þ. á m. bretar sjálfir og Efnahagsbandalag Evrópu í heild. Hefði þessi viðurkenning komið í fyrrahaust eða fyrr, þá var hún mikils virði og þá hefði mikið verið fyrir það gefandi að fá hana jafnhliða friði á miðunum.

Gallar samningsins eru þessir: Ég tel að við hefðum innan mjög skamms tíma losnað við breta, þ. e. a. s. losnað við bresku herskipin, þar sem það lá ekki annað fyrir hjá bretum heldur en að gefast upp, og þar með hefðum við náð fram meiri árangri e. t. v. Um það er erfitt að dæma, hversu langan tíma það hefði tekið, og ég skal ekki fara lengra út í það. En megingallinn á þessum samningi er í rauninni sá, að hann er að hálfu leyti eða jafnvel meira aðeins bið-leikur, aðeins vopnahlé, eins og nú virðist komið í ljós, þar sem bretar sækja það fast og jafnvel er haft eftir utanrrh. þeirra að þeir telji það hið allra stærsta utanríkismál nú, ef ekki hið allra stærsta, að ná áframhaldandi veiðisamningum við Íslendinga. Það, sem er allt í kringum þessa samningagerð og hefur komið í ljós ekki síst eftir á, er þetta, að hér virðist aðeins hafa verið um biðleik eða vopnahlé að ræða, en ekki það að við værum lausir við ásókn breta fyrir fullt og allt. Vissulega skal ég viðurkenna að það hefði mikið verið fyrir það gefandi og sá samningur til 6 mánaða hefði þurft að vera býsna slæmur að öðru leyti sem ekki væri unandi við ef við hefðum þar með losnað við veiðar breta af Íslandsmiðum fyrir fullt og allt. En því er því miður alls ekki að heilsa. Hér hefur aðeins, að því er nú er greinilega komið í ljós, verið samið um vopnahlé, en því miður ekki um annað eða meira.

Af þeim sökum, sem ég hef nú rakið nokkuð og skal nú reyna að fara að stytta mál mitt, þá er einsætt að ég legg til að þessi till. um staðfestingu á samningnum við breta verði felld. Um þetta atriði er stjórnarandstaðan sammála. Fulltrúi Alþfl. mun hins vegar að sjálfsögðu gera grein fyrir rökum sínum gegn samningnum, og ég er ekki að halda því fram að þau séu í öllum efnum hin sömu og mín. Hann mun gera grein fyrir þeim, en niðurstaða okkar beggja hér hin sama.

Ég gat þess áðan, að það væri hægt að sætta sig við miðlungs góðan samning og jafnvel heldur slakan samning til 6 mánaða ef hann fæli það í sér að allri kröfugerð af breta hálfu væri þar með lokið, ef um það væri að ræða að við værum lausir við slíka kröfugerð af hálfu breta fyrir fullt og allt. Nú verður mér sjálfsagt svarað því til að bretar muni ekki geta verið með neinar kröfur þar sem þeir hafi óbeint viðurkennt okkar 200 mílur og séu sjálfir ákveðnir í því — eða Efnahagsbandalagið fyrir þeirra hönd — að færa út í 200 mílur. Það má e. t. v. segja að hið nákvæma lögfræðilega orð yfir það, sem bretar og Efnahagsbandalag Evrópu fyrir þeirra hönd kann að koma til með að gera, það sé ekki orðið kröfur. En þá eru þessir aðilar orðnir ákaflega mikið breyttir og ákaflega

miklu betri í viðskiptum heldur en þeir hafa verið fram að þessu ef ekki verður beitt ýmsum áhrifameðulum og margvíslegum þrýstingi til þess að fá máli sínu framgengt. Og svo mikið er a. m. k. víst, að bretarnir leggja afar mikið upp úr því að leggja allt kapp á það að ná hér nýjum samningum, hvort sem þeir vilja sætta sig við einhverjar breytingar á þessum samningi frá því í sumar eða jafnvel vilja fá hann framlengdan óbreyttan. Um það skal ég ekkert segja.

Nú er mér tjáð að það sé lögð nokkur áhersla á að flýta þessu máli sem við höfum verið að ræða um hér í dag, enda kann að vera að sumum finnist nú hver síðastur þar sem ekki eru nema 3 vikur eftir af samningstímabilinu áður en það er algjörlega tómt mál að tala um innihald þessa samnings nema þá sem sögulegt plagg. En ástæðan til þess, að þess var sérstaklega óskað að stjórnarandstaðan hraðaði því að gefa út nál., þannig að hægt yrði að taka þetta mál fyrir hér í dag, kann líka að vera sú, að hæstv. ráðh. og öðrum stjórnarliðum, sem bera þetta mál fyrir brjósti, finnst hreinlegra að vera búnir að fá staðfestingu Alþ. á þessum samningi áður en þeir setjist að spánnýrri samningagerð, næsta kapítula í þessari endalausu samningagerð sem virðist ætla að vera þeirra örlög, hversu lengi og hvenær sem þeir komast í stjórnarstóla.

Mér er tjáð, ég hef heyrt það í einhverjum fjölmiðli, lesið það í blaði eða heyrt það í útvarpi, að einhverjir sendimenn frá Efnahagsbandalagi Evrópu séu væntanlegir hingað núna á föstudaginn til þess að taka upp þráðinn, til þess að ræða um nýja samningagerð. Og nú eru það ekki bretar einir sem við eigum að mæta hér. Hingað kemur, skilst mér, eins og það var ákaflega virðulega orðað í þessum fjölmiðli sem ég er hér að vitna til, utanrrh. Efnahagsbandalags Evrópu, — það er hvorki meira né minna en utanrrh. þessa mikla stórveldis, eins og það var orðað, — hann er væntanlegur hingað, skilst mér, á föstudaginn kemur til þess að ræða um nýja samningagerð.

Nú hefur verið dálitið fróðlegt — og ég get ekki lokið máli mínu án þess að víkja að því — hver viðbrögð tiltekinna íslenskra ráðamanna hafa verið í sambandi við þessar nýju fyrirætlanir breta og Efnahagsbandalagsins um viðbótarsamning um fiskveiðimálin við okkur íslendinga.

Ég held það þurfi ekki að leita mjög lengi að svari við því hvernig venjulegur íslendingur, bæði til sjávar og sveita, bregst við þegar bretar eða efnahagsbandalagsmenn fyrir þeirra hönd koma á þessari stundu til þess að semja um áframhaldandi fiskveiðar innan okkar landhelgi. Ég held að flestir muni segja sem svo: Herrar *mínir*, hér er ekki um neitt að semja, við höfum því miður engan fisk að láta, ekki ugga sem við þurfum ekki sjálfir að nota. — Og menn segja einnig, ég held langflestir íslendingar: Við sjáum ekki að þið hafið neitt að bjóða, ekkert a. m. k. sem lítandi er á, í staðinn fyrir það sem þið viljið fá úr okkar hendi.

Þetta segjum við stjórnarandstæðingar, og þetta segja miklu fleiri. Ég hygg að það sé meiri hl. í öllum íslenskum stjórnmálaflokkum, einnig stjórnarflokkunum, fyrir því að segja eitthvað á þessa leið, að það sé ekki um neitt að semja, við höfum ekkert að láta og þeir hafi ekkert að bjóða.

En það eru þó þegar uppi raddir um það, að það sé ekki aðeins sjálfsagt að tala við þessa ágætu menn, heldur sé nauðsynlegt að setjast að samningaborði og ræða um það hvað þeir hafi að bjóða, og það er í rauninni látið í það skína, a. m. k. öðru hvoru, að það sé sjálfsagt að gera nýja samninga.

Hæstv. forsrh. talar yfirleitt fremur varlega og hann er ákaflega kurteis maður. Hann vill tala við þessa menn, segir hann, og það skil ég í sjálfu sér ákaflega vel. Hann er ekki sá maður sem skellir hurðum. En reynslan hlýtur að sýna það á næstunni hvort nú bregði svo við að það sé engin hætta á því að of mikil kurteisi í þessum efnum í viðskiptum við erlendar þjóðir leiði til — ja, ef ekki ófarnaðar, þá til hæpinna og jafnvel slakra samninga fyrir okkur.

Hæstv. sjútvrh., sem ég hefði gjarnan viljað ávarpa hér nokkrum orðum, að marggefnu tilefni bæði héðan af Alþ. og úr blöðum, er því miður ekki viðstaddur og ætla ég því að sleppa að langmestu leyti þeim smápistli sem ég ætlaði honum og verð að bíða betra tækifæris til þess að mestu leyti. Ég get þó ekki látið hjá líða að segja það, að mér hefur fundist það eiginlega alveg átakanlegt hvernig hann hefur verið að *leita undanfarnar vikur með logandi ljósi* að einhverju sem hugsanlega væri að einhver Efnahagsbandalagsþjóðanna gæti boðið til þess að hægt væri að ná við þær því sem hann kallar gagnkvæma samninga. Sá piltur er ekki aldeilis smeykur við að láta af hendi nokkur þúsund tonn, kannske nokkra tugi þúsunda tonna handa útlendingum ef hægt væri að gera þá góða með því móti. Hann hefur verið að leita, og meðal annars, sem hann hefur fundið, — það hefur ekki alltaf verið það sama sem hann hefur fundið, því það hefur verið jafnóðum rekið ofan í hann aftur sumt af því sem hann telur að hafi verið eitthvað til að hengja hatt sinn á í þessu sambandi, en þá hefur hann reynt að leita að einhverju nýju, — en meðal þess er þetta:

Í *fyrsta lagi* og það sem hann hefur talið einna mest um eru þessar síðustu síldarbröndur sem verið er að ná upp úr Norðursjó, enda þótt það liggi fyrir margítrekað að það sé hin brýnasta nauðsyn að hætta þeim veiðum um sinn og loka þeim stað fyrir síldveiðum í nokkur ár. Þetta hefur að sjálfsögðu verið fyrsta haldreipið og kannske það stærsta.

Í *öðru lagi* eru það fiskveiðiréttindi við Grænland, þar sem allir vita að því miður er komin slík örðeyða að ekkert íslenskt skip hefur síðustu missiri gert að ég hygg, tilraun til þess að veiða, þar sem það er svo að segja vonlaust að fá þar neitt sem nálgast það að vera sæmilegur afli miðað við þann tilkostnað sem þar er um að ræða.

Í *þriðja lagi* hefur hæstv. sjútvrh. verið að tala um það, að við ættum að semja um það núna að veita Efnahagsbandalagsþjóðum eða bretum fiskveiðiréttindi ef einhvern tíma síðar kynni að glæðast það fiskur bæði við Grænland og í Norðursjó og kannske víðar að við hefðum áhuga á því að veiða hjá þessum þjóðum. En því að

gera um það samning nú? Er ekki skynsamlegra að bíða þangað til að því kemur að þeir hafi eitthvað að bjóða og við líka?

En svo er það fjórða sem ég hef heyrt hæstv. sjútvrh. halda fram í þessari dauðaleit hans að einhverjum tilefnum til þess að gera nýja samninga. Það er að hann telur að með því að kaupa það gegn svo og svo miklu af fiski veiddum hér á Íslandsmiðum nú að gera einhvern tvíhliða *samning um verndun fiskstofna í Norðurhöfum*, þá sé það ákaflega mikið keppikefli fyrir okkur Íslendinga að semja um fiskveiðar gegn því að Efnahagsbandalagsþjóðirnar fari nú að hætta því að eyða fiskimið í Norðursjó eða við Grænland. Þetta er það allra nýjasta.

Mér hefur satt að segja blöskrað þessi dauðaleit hæstv. ráðh. svo mjög að ég gat ekki orða bundist um að rekja það stuttlega, en hefði gert það nokkru rækilegar ef hann hefði setið undir þessum umr., eins og mér finnst að hann hefði vel mátt vera.

En ég held nú, að þrátt fyrir þessa tilhneigingu, sem alveg sérstaklega hefur komið fram hjá hæstv. sjútvrh., sé ekki ofmælt hjá mér að flestallir muni ljúka upp einum rómi um það, að um ekkert sé að semja.

Að síðustu skal ég leitast við að draga saman í fáeinar setningar nokkrar helstu staðreyndir þessa máls, eins og það liggur fyrir að mínum dómi.

Sjálf málsmeðferðin er óeðlileg og ætti að verða viðvörun um það, hvernig ekki á að standa að mikilvægri samningagerð um landsréttindi eða um landhelgismál við aðrar þjóðir. Það nær ekki neinni átt, eins og gert hefur verið í þessu tilviki, að stjórnvöld leyfi sér, eins og gerðist s. l. vor, að hraða afgreiðslu mála sem mest á Alþ., senda það síðan heim, jafnvel með óvenjulega mikinn fjölda mála hálfafgreiddan, auðsjáanlega í þeim tilgangi einum að losna við Alþingi áður en þau settust að samningaborðinu um eitt allra viðkvæmasta og stærsta utanríkismál þjóðarinnar. Síðan var því harðlega neitað að kveðja Alþ. til fundar á ný til að fjalla um samningana. En loks er þó viðurkennt, eftir mikið hik að því er virðist, að slíkt eigi að gera eða sé a. m. k. eðlilegt að gera, með því að flytja loks þá þáltill. sem hér liggur fyrir um staðfestingu þessa samnings þegar samningstímabilið er að mestu leyti liðið. Þetta ber að víta. Þetta tel ég vera víti til varnaðar, jafnvel þótt slíkt hafi komið fyrir áður.

Það sem áunnist hefur í landhelgismálinu og afar greinilega hefur komið í ljós síðustu mánuði og raunar síðustu missiri, það er ekki samningnum, sem gerður var í Osló, að þakka. Það er að þakka allt öðrum atriðum, eins og ég hef rakið. Og ástæðurnar til þess, að samningamennirnir íslensku í Osló gerður þó ekki verri samning en raun ber vitni, eru hinar sömu og hvað eftir annað í fyrravetur komu í veg fyrir að ráðamenn gerðu enn þá verri og stórum verri samninga heldur en þennan samning sem þó var gerður. Þær ástæður voru nær einhuga samstaða íslendinga og hörð andstaða þeirra gegn öllu þessu samningamakki, frækileg framganga varðskipsmanna okkar og síðast, en ekki síst mjög ör og mjög jákvæð þróun hafréttarmála, þar sem hvort tveggja gerðist, að 200 mílurnar sigruðu raunverulega á Hafréttarráðstefnunni og hver þjóðin á fætur annarri ákvað einhliða útfærslu á grundvelli þess frv. að hafréttarsáttmála sem fyrir liggur nú og vegna ágreinings um önnur atriði fyrst og fremst hefur ekki öðlast formlegt alþjóðagildi.

Þeir ágætu stjórnarliðar, sem eru að þakka sjálfum sér þann árangur sem náðst hefur í *hafréttarmálum og Oslóarsamningurinn* er að sumu leyti vitnisburður um, þeir ættu að koma þakklætinu á framfæri við rétta aðila. Það eru a. m. k. ekki þeir ráðamenn, sem allt of oft hafa staðið bognir í baki og jafnvel einnig hoknir í hnjánum frammi fyrir bretum og NATO, sem hafa sérstaklega til lofsyrða unnið í þessu sambandi. Það er þorri íslensku þjóðarinnar með varðskipsmenn og stjórnarandstöðu í broddi fylkingar, en vissulega með fylgi mjög margra liðsmanna úr stjórnarflokkunum að halda uppi hinum íslenska málstað. Þeir, sem stutt hafa og styðja enn Morgunblaðslínuna, sem í stuttu máli má orða svona: „NATO fyrst, Ísland síðar“ — þeir hafa ekki til sérstakra þakka unnið.

Og að lokum: Enn er fram undan landhelgisbarátta og enn sem fyrr virðist hún háð eitir sömu meginlínum og einatt hefur verið í íslenskri landhelgisbaráttu. Fáeinir ráðamenn virðast óðfúsir til að semja. Þeir eru að leita dauðaleit að átyllu til að framlengja breska samninginn í einhverri mynd. Vonandi komast þeir að raun um það, nú ekki síður en áður, að allur þorri íslendinga er andvígur samningum um frekari eða áframhaldandi veiðar útlendinga innan íslenskrar efnahagslögsögu. Okkur rekur engin nauður til að gera slíka samninga, og eins og sakir standa, meðan aðrar þjóðir hafa ekkert að bjóða okkur í skiptum sem máli skiptir, þá höfum við ekki ráð á því að gera fleiri samninga en orðið er í þessum efnum. Þvert á móti eigum við að gera öðrum þjóðum ljóst, að við verðum að hagnýta okkar fiskstofna sjálfir og bera sjálfir og einir ábyrgð á að þeir verði ekki eyðilagðir.

Þetta er hið eina svar sem ber að gefa utanrrh. og öðrum sendimönnum Efnahagsbandalags Evrópu þegar þeir koma hingað, væntanlega núna á föstudaginn. Síðan má gefa þeim kaffisopa áður en þeir halda heim.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það sýnist nú kannske þarflítið að fara að halda ræðu hér í þessu máli. Menn þekkja nú afstöðu hver annars nokkuð til þess. Ég sé ástæðu til þess að hefja mál mitt á því að þakka hv. utanrmn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu málsins. Mál skipuðust þar svo sem við mátti búast, að n. klofnaði, og er ekkert um það að segja.

Það hefur löngum verið sagt að skrifa mætti söguna með margvíslegu móti, og mér sýnist að sú hafi raunin orðið einnig hér í dag. Mér þykir það skrýtin landhelgissaga fyrir mitt leyti sem nefnir ekki nafn t. d. Hermanns Jónassonar að neinu í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögu, og þannig gæti ég auðvitað nefnt fjöldamörg nöfn. En ég ætla að stilla mig um það hér að þessu sinni, vegna þess að sú saga

verður skráð annars staðar og af öðrum sem betur kunna til verka heldur en ég í því efni.

Ég sé ástæðu til þess að mótmæla því sem hv. 3. þm. Reykn. sagði í sinni ræðu, að sjálfshól ráðh. hefði verið svo mikið, þegar þeir komu heim frá Osló, að jafnvel landhelgisgæslan hefði gleymst. Ég held að það þurfi ekki annað en að fletta upp í málgögnum þessara sjálfsánægðu ráðh. til þess að finna því stað, að Landhelgisgæslunni var vissulega þakkað, eins og auðvitað sjálfsagt var. Hv. þm. Jóhann Hafstein rakti það sem eftir honum var haft, og það má áreiðanlega vitna í fleiri því til staðfestingar þó að ég muni ekki gera það að þessu sinni.

Hv. 3. þm. Reykn. talaði um síðasta þorskastríðið, og ég tek undir það með honum að hér var lokið síðasta þorskastríðinu í Osló 1. júní s. l. Ég er honum í sjálfu sér þakklátur fyrir að viðurkenna það, að sá árangur hafi náðst í Osló 1. júní að þorskastríðum er þar með lokið við breta. Það hlýtur að vera nokkur ávinningur, svo ekki sé nú meira sagt, að fá frið á miðunum, enda viðurkenndi hv. þm. það, eins og hans var von og vísa.

Það er alveg rétt, ég hef sagt það hér áður, að rétt sé að leggja samninga þessa fyrir Alþ., helst áður en þeir taka gildi, og það hefur í mjög mörgum tilvikum og flestum verið gert. Ég skal alveg fallast á það. En hinu vil ég mótmæla, að ríkisstj. hafi flýtt þingstörfum óeðlilega, rekið þingið heim, eins og nú er farið að tala um, til þess að geta sest að samningaborði. Og ég get sagt hv. þm. það alveg umbúðalaust, að ég hefði verið algjörlega óhræddur við að leggja þessa samninga fyrir hv. Alþ. ef það hefði setið þegar þeir voru gerðir og áður en þeir kæmu til framkvæmda, enda mun það koma í ljós nú við atkvgr. á eftir hvort það hefði ekki verið óhætt, því að Alþ. er skipað nákvæmlega sömu mönnum nú og það var í vor. Ég vænti þess að það komi þá í ljós hvort samningarnir hefðu verið samþ. í vor, eins og ég ætla og við höfum vissu fyrir, þeir sem að þeim stóðu.

Hinu mótmæli ég alveg, þó ég viðurkenni að rétt sé að bera slíka samninga undir Alþ. þegar þess er kostur, að stjórnarskráin hafi með þessu atferli verið brotin. Ég tel m. ö. o. að 21. gr. stjórnarskrárinnar hafi ekki verið brotin. Hún fjallar um afsal eða kvaðir á landi. Þessi samningur fjallar ekki um afsal eða kvaðir á landi, hann fjallar um landvinninga. Hann fjallar um það að tryggja okkur yfirráð yfir 200 mílna efnahagslögsögu sem við tókum okkur einhliða. Og það kalla ég landvinninga, en ekki afsal lands. Þess vegna mun ég mótmæla þeirri skýringu hvar sem er, að um nokkurt stjórnarskrárbrot hafi hér verið að ræða. Hitt skal ég segja í þriðja sinn, að skemmtilegra hefði verið að leggja samningana fyrir Alþ., og ég hef reynt að standa þannig að málum þegar þess hefur verið kostur. Þegar þing hefur setið og samningar hafa verið gerðir sem taldir hafa verið mikilvægir, þá hafa þeir verið lagðir fyrir Alþ. Og það er ekki ríkisstj. að kenna að kominn er 9. nóv. þegar samningarnir eru nú ræddir, væntanlega í síðasta sinn hér. Þeir voru lagðir fram í þingbyrjun, og það voru ýmsar ástæður sem ég ætla ekki að fara að rekja hér, en ég veit að hv. t. d. 3. þm. Reykn. þekkir, sem ollu því að samningarnir voru ekki ræddir fyrr á þingi heldur en raun ber vitni. Hitt skal ég endurtaka, að það er ekki við utanrmn. að sakast.

Já, samningarnir við vestur-þjóðverja voru taldir dýru verði keyptir. Það má vel vera að mönnum þyki það. En ég bendi á, að samningarnir við vestur-þjóðverja voru gerðir um fisktegundir sem þá a. m. k. var talið að þyldu þessa veiði. karfa og ufsa. Þeirri fisktegund, sem í mestu hættu var, þorskurinn, henni var að verulegu leyti hlíft og aðeins tiltekinn 5000 tonna afli, sem stafaði einungis af því að það kunni að slæðast með einstaka þorskur.

Ég get ekki fallist á það með hv. 3. þm. Reykn. að við höfum á einhverju stigi mála verið tilbúnir til þess að semja um 80—90 þús. tonna ársafla til handa bretum. Það, sem ég bauð í nafni ríkisstj. í þeim samningaviðræðum sem áttu sér stað og ekki leiddu til niðurstöðu, var 65 þús. tonn af fiski samtals, sem talið er að mundu hafa gert um 57—58 þús. tonn af þorski á einu ári. Ég held því fram að þetta tilboð sé lægra en það sem bretar gátu slitið upp undir herskipavernd og þess vegna ber ég engan kinnroða fyrir það. Hitt er annað mál, að framkoma bretanna var þannig og frekjan svo yfirgengileg að jafnvel þetta tilboð fannst mér sjálfum vera ofrausn við þá eftir framkomu þeirra. En ég tel að við höfum ekki boðið meira en þeir hefðu getað náð með öðru móti, og það mundi hafa sýnt sig, tel ég, að þeir hefðu jafnvel getað veitt enn þá meira með gamla laginu, að maður nú ekki nefni það hættuástand sem var á miðunum þegar þessir samningar voru gerðir og fyrir þá og við öll þekkjum og höfum svo oft rætt hér um að óþarfi er að endurtaka það.

Það er talað um það oft og einatt að bretar hafi verið búnir að tapa þorskastríðinu þegar til Oslóarsamninganna kom. Það má vel vera að niðurstaðan hefði orðið sú, að bretar hefðu orðið að gefast upp. En staðreynd var að þeir voru ekki búnir að því og það stóð ekki til, og til þess að koma á eðlilegu ástandi voru þessir samningar gerðir. Hv. þm. Gils Guðmundsson viðurkennir þetta raunar þegar hann segir að það hafi verið í náND, í seilingarfjarlægð, að bretar gæfust upp og það mundu ekki hafa liðið nema nokkrir mánuðir. En samningurinn var til nokkurra mánaða, hann var til 6 mánaða, og staðreynd er að bretar eru ekki enn búnir að færa út fiskveiðilögsögu sína, efnahagsbandalagið færir ekki út fyrr en 1. janúar. Það má vel vera að Efnahagsbandalagið hefði getað knúið breta til þess að hætta herskipavernd hér eitthvað fyrr, fyrir 1. des., en 1. júní voru þeir áreiðanlega ekki tilbúnir til þess.

Ég ætla nú ekkert að fara að ræða NATO hér, það er svo gamalrætt umræðuefni. Þá kemst hv. 3. þm. Reykn. verulega á skeið, þegar hann víkur að því, sem raunar er kannske ekki nema von, og síður en svo ætla ég að segja að hann skeiði ekki allbærilega þegar hann talar

um annað, en þetta er óneitanlega besti sprettur-inn.

Það er talað um í þessu sambandi að það sé liðin tíð að sjálfstæð hugsun sé til í Framsfl. Ég get ekki fallist á þetta. Hitt vitum við náttúrlega, að gáfaðastir eru alþb.-menn. Það liggur alveg fyrir. (Gripið fram í.) Ég er nokkurn veginn viss um það, sérstaklega með hliðsjón af kunningskap mínum við þann sem kallaði fram í. (Gripið fram í.) Ég mótmæli því, að framsóknarmenn hafi ekki sjálfstæða hugsun, og ég mótmæli því, að hún komi ekki fram. Ég veit ekki betur en hv. 5. þm. Norðurl. e. hlusti svo að segja daglega á framsóknarmenn halda ræður hér á þingi um ýmis mál sem hann er algjörlega sammála, en ekki endilega víst að séu fengin að láni frá honum eða upprunnin í Norðurlandskjördæmi eystra, nánar tiltekið í Fnjóskadalnum.

Það er best að fara að slá botninn í þetta, vegna þess að það er auðvitað rétt, sem hér hefur komið fram, að þessir samningar eru að ganga sér til húðar, það er að verða liðin tíð að ræða þá og mestu skiptir auðvitað hvað við tekur. Ég hef aldrei getað vænst þess — og ég held að við gerum það engir — að það verði aldrei leitað til Íslands um samninga um eitt eða neitt í framtíðinni og það verði bundinn endir á sjálfstæðisbaráttu Íslands með því að slá botn í eitt skipti, setja punkt fyrir aftan landhelgismálið í eitt skipti fyrir öll. Þetta eru okkar auðæfi, og það er ekki nema við því að búast að aðrar þjóðir leiti til okkar um samskipti á þessu sviði. Það, sem mestu máli skiptir að mínu mati, er að við erum frjálsir að því að gera þá samninga sem í boði eru, við eigum ekki yfir höfði okkar árásir vopnaðra stórvelda til þess að knýja fram þá samninga sem við viljum ekki. Þetta er aðalatriðið að mínu mati.

Svo vil ég aðeins segja við hv. þm. 6. þm. Reykv., vikja að því sem hann sagði, að engin samstaða hefði náðst í landhelgismálinu fyrr en Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu slakað á kröfum sínum. Þetta kemur mér ákaflega spánskt fyrir að heyra, að samstaðan um 50 mílurnar hafi náðst vegna þess að þessir flokkar hafi slakað á sínum kröfum. Slakaði Alþfl. á sínum kröfum þegar stjórnin var mynduð? Var ekki sagt af formanni Alþfl., sem þá var, að útfærsla fiskveiðilögsögunnar *væri siðleysi sem enginn maður* gæti verið þekktur fyrir að taka þátt í? Það minnir mig, þess vegna finnst mér að við eigum að reyna að halda okkur við það sem raunverulega hefur gerst, en ekki það sem við vildum að hefði gerst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurbygging raflínukerfisins í landinu, þáltill. (þskj. 53). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því hvað þörfin fyrir næga og örugga raforku er brýn. En e. t. v. finnst okkur það svo sjálfsagt að slík orka sé fyrir hendi, að við gerum okkur ekki næga grein fyrir því hvað mikið vantar á að ástandið sé viðunandi í þeim málum hér á landi.

Á undanförnum áratugum hefur verið unnið að rafvæðingu landsins frá samveitum og við framkvæmd þess verks það sjónarmið fyrst og fremst haft í huga að raforkan kæmist sem fyrst til allra landsmanna. Nú er þetta markmið að nást, og við þær aðstæður, sem hér hafa verið, munu flestir vera sammála um að þessi stefna var rétt.

En það leiddi hins vegar til þess, að reynt var að teygja línukerfið sem lengst með sem minnstum tilkostnaði, enda þótt afleiðingin yrði að styrkleiki þess og öryggi fyrir notendur hafi orðið í lágmarki. Það er því óhjákvæmilegt, að um leið og nú verður tekinn lokaspretturinn við að koma rafmagni frá samveitu til allra landsmanna þar sem það er framkvæmanlegt, en þar mun vera um að ræða á annað hundrað bændabýli sem á vantar, — um leið og þessum lokaáfanga verður náð, þá verði nú þegar gerð áætlun um endurbyggingu raflínukerfisins og framkvæmdir við það hafnar nú þegar.

Til þess að knýja á aðgerðir í þessu máli hef ég ásamt Halldóri Ásgrímssyni, Inga Tryggvasyni, Steingrími Hermannssyni, Ásgeiri Bjarnasyni og Guðrúnu Benediktsdóttur leyft mér að flytja eftirfarandi till. til þál. á þskj. 53:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar gera áætlun um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu, bæði stofn- og dreifilínur. Áætlunin verði miðuð við það, að á næstu 4—6 árum verði byggt upp fullnægjandi línukerfi, svo að hægt verði að anna eftirspurn eftir raforku *til iðnaðar, húshitunar og annarra nota* með nægjanlegu öryggi fyrir notendur um allt land.“

Það er þrennt sem benda má á að einkum þurfi að stefna að við framkvæmd þessa verkefnis, eins og sagt er í grg. þáltill. Í fyrsta lagi þarf flutningsgeta línukerfisins að vera næg. Í öðru lagi þarf að reyna að gera það sem öruggast, svo straumur rofni ekki, a. m. k. alls ekki nema skamma stund. Og í þriðja lagi þarf að vera völ á þriggja fasa orku.

Það er kunnugt hvað almenn þörf fyrir raforku vex árlega. Auk eðlilegrar fólksfjölgunar er alltaf verið að taka í notkun ný rafmagnstæki, bæði á heimilum og í atvinnurekstri. En þyngst á metunum í sambandi við þessa auknu þörf er þó húshitunin. Þó langt sé síðan farið var að nota rafmagnshitun í húsum, þá gjörbreyttist viðhorfið samt á því sviði við margföldun olíuverðsins. Að vísu fylgdi aukin jarðhitaleit í kjölfar þeirrar verðhækkunar og árangurinn hefur þar orðið betri en nokkur þorði að vona. Samt er augljóst að fjarlægð flestra húsa í strjálbýli og margra þéttbýlisstaða frá jarðhita er of mikil til þess að hægt sé að hagnýta jarðhitann. En á þeim stöðum, þar sem ekki eru þegar komnar hitaveitur eða verið að undirbúa þær, þá þarf nú þegar að gera áætlun um upphitun húsa og á hvern hátt sé best að haga upphitun þeirra, svo að markvisst sé hægt að vinna að því. Sums staðar mun t. d. vera hagkvæmt og jafnvel nauðsynlegt að byrja með fjarhitunarkerfi þar sem notuð væri raforka til upp-

hitunar enda þótt möguleikar yrðu síðar fyrir hendi til þess að nýta jarðhita inn á kerfið. En mestu máli skiptir að gera sér sem fyrst grein fyrir því, hvernig hagkvæmast er að vinna svo að framkvæmdir verði ekki dýrari en nauðsyn krefur.

Það er augljóst að eftir því sem notkun rafmagns eykst hafa truflanir á því alvarlegri afleiðingar. Atvinnureksturinn stöðvast um leið og vélarnar hætta að snúast, frost geta valdið stórskemmdum ef upphitun bregst og bændur lenda í vandræðum með nauðsynlega skepnuhirðingu ef eingöngu verður að nota handaflið. Besta leiðin til aukins öryggis er hringtenging línukerfisins. Nú er langt komið lagningu hinnar svonefndu byggðalínu norður og austur um land, allt að Kröflu, og framhald hennar áfram til Austurlands og suður Austfirði hlýtur að koma á eftir. Og þegar farið er að treysta á orku frá svo langri línu er áframhald hennar vestur til Sigöldu óhjákvæmilegt til þess að loka hringnum. En hringtenging stofn- og dreifilína innan héraða er ekki síður mjög brýn, svo að bilun á einum stað rjúfi hvergi straum. Slík tenging getur einnig aukið flutningsgetu kerfisins og því verið aðferð við að ná því markmiði. Og sama er að segja um þriðja atriðið sem ég nefndi áðan, þriggja fasa rafmagn, þar sem breyting línu úr einfasa í þriggja fasa eykur flutningsgetu hennar. En þriggja fasa rafmagn er t. d. nauðsynlegt við áframhaldandi tæknivæðingu landbúnaðarins þar sem nægilega stórir mótorar til súgþurrkunar og ýmis önnur tæki fást varla nema fyrir þann straum.

Á næsta ári mun í bili nást það mark að í landinu verði til næg raforka til að fullnægja þörfum þjóðarinnar. Það, sem þá vantar, er nógu traust línukerfi til að dreifa þessari orku til notenda. Það virðist því augljóst að næsta verkefnið í orkumálum hlýtur að vera endurbygging þessara lína til þess hvort tveggja í senn að bæta úr þeim orkuskorti, sem nú er víða til vandræða, og fá markað fyrir innlenda orku í stað þess að eyða gjaldeyri til kaupa á öðrum orkugjafa. Það fjármagn, sem til þessara framkvæmda mun þurfa, ætti því að gefa góðan arð. Og eins og ég sagði er sums staðar svo brýn þörf á að hefjast handa um aðgerðir að það má ekki dragast lengur.

Að lokinni umr. nú legg ég til að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er að sjálfsögðu hið merkasta mál, þar sem það varðar framkvæmd sem mjög er aðkallandi. Þá á ég við að endurbyggja raflínukerfi landsins með tilliti til þess að hagnýtt verði raforka til upphitunar húsa í sveitum landsins þar sem jarðhiti er ekki hagnýtanlegur fyrir hendi.

Þetta er auðvitað aðalatriðið, það er framkvæmdin sjálf. En til þess að unnið sé með skipulögðum hætti að þessu mikla verkefni þarf að sjálfsögðu að gera áætlun um það, og það er það sem þessi þáltill., sem hér er til umr., fjallar um. Mér þykir rétt að það komi hér fram, að það er nú þegar unnið að þessari áætlunargerð sem hér er talað um. Og náttúrlega er eðlilegt að þetta verk sé hafið, svo aðkallandi sem framkvæmdir í þessu efni eru. Í Orkuráði hefur þetta mál verið til meðferðar í eitt og hálft ár. Og það hefur verið meira en til meðferðar í þeim skilningi að menn hafi þar verið einungis að ræða um mikilvægi þess að gera áætlun og það væri æskilegt að hefjast handa í því efni, heldur er það svo, að Orkuráð hefur falið verkfræðistofu að vinna að þessari áætlunargerð og það verk er hafið fyrir mörgum mánuðum. (Gripið fram í.)

Í síðustu viku var fundur í Orkuráði. Þangað kom verkfræðingur sá, sem er fyrir þeirri verkfræðistofu sem verkið annast, og skýrði hann hvernig málin stæðu í þessu verki, ásamt því að orkumálastjóri gerði grein fyrir málinu. Það er ánægjulegt að geta sagt það hér, að einmitt í kjördæmi hv. 1. flm. þessarar till. standa málin þannig, að það er langt komið, ef ekki má segja að mestu búið, a. m. k. langt komið að vinna þá áætlun sem þarf að gera í þessu efni, þ. e. a. s. á svæðinu frá Hellisheiði og austur undir Skeiðarársand — milli fjalls og fjöru. Síðan er gert ráð fyrir að tekinn verði hver landshlutinn af öðrum, og hefur verið talað um að það verði leitast við að hafa þann hraða á þessu verki að á næsta sumri eða fyrir næsta haust liggi fyrir heildaráætlun sú sem Orkuráð er að láta vinna að. En þá er næsta skrefið í sambandi við áætlunargerð, að Rafmagnsveitur ríkisins, sem gert er ráð fyrir að annist þessar framkvæmdir eins og annað er viðkemur sveitarafvæðingunni, þurfi að sjálfsögðu að gera sínar vinnuáætlanir varðandi þessar framkvæmdir.

Það liggja ekki fyrir endanlegar niðurstöður þessarar áætlunar, t. d. hvað mætti ætla að kostnaður yrði af þessari framkvæmd sem áætlunin fjallar um, að styrkja rafdreifikerfið í sveitunum. En það er ýmislegt sem bendir til þess, miðað við þær rannsóknir sem þegar hafa farið fram, að kostnaður á hvern bæ geti numið um 1100 þús. kr. Það mundi því láta nærri að áætla að kostnaðurinn fyrir allt landið gæti orðið 5—6 milljarðar kr. miðað við núverandi verðlag. En þessar tölur eru ekki til þess að byggja á, það eru, eins og ég sagði áðan, aðeins tölur sem hefur verið varpað fram og þykja líklegar miðað við hvað þessu áætlunarverki er komið í dag.

Ég held því að það ætti ekki að þurfa að örvænta um að þessi áætlun geti legið fyrir eitthvað svipað því og gert hefur verið ráð fyrir. Það kostar ekki mikið fé að gera þessa áætlun, og fé til þess hefur verið varið úr Orkusjóði. En þetta mál er mikið viðfangs, fyrst og fremst vegna þess að framkvæmd áætlunarinnar kostar mikið fé, og það er í raun og veru vandamálið sem við er að fást í dag hvernig verður fengið eða hvað mikið fjármagn fæst til þessa og með hvað miklum hraða er hægt að vinna verkið.

Nú vill svo til að samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að tekjur af olíugjaldi, sem komi til með að renna í Orkusjóð á næsta ári, geti numið um 1000 millj. kr. Samkv. lögum á að verja þessu fé til þess að flýta fyrir að innlendir orkugjafar geti verið notaðir til upphitunar

húsa. Þess vegna er augljóst að hluti af þessum 1000 millj. eigi að fara til þessara verkefna, þar sem er styrking rafdreifikerfisins í sveitum og endurbygging. En það eru fleiri þarfir sem þessar 1000 millj. þurfa að ganga í. Og m. a. er það sem hefur verið litið á hingað til að hafa ætti forgang í þessu efni, og það eru fjárveitingar til jarðhitaleitarlána. Það verður að veita verulegum hluta og stærstum hluta af þessum 1000 millj. til jarðhitaleitarlána. Það er líka spurning og eru uppi hugmyndir um að verja einhverju af þessum 1000 millj. kr. til lána til framkvæmda við hitaveitur.

Nú vill svo til að það er einmitt þessa dagana verið að ræða þessi mál í Orkuráði, hvaða till. á þeim vettvangi á að gera um ráðstöfun þessa fjár. Ég get ekki sagt nú á þessu stigi hverjar þessar till. verða, það er ekki búið að gera þær. Það verður fundur síðar í þessari viku. En þessi þrjú verkefni, sem ég nefndi, jarðhitaleit, endurbygging rafdreifikerfis sveitanna og bygging hitaveitna, eru þau verkefni sem kemur til álita og raunar það eina sem orð er á gerandi að komi til álita að veita þessu fjármagni til.

Ég hef viljað segja frá því hvernig þessi mál standa. Orkuráðið hefur ekki endanlega ákvörðunarvald um þessi efni, þó ég vænti þess að mikið tillit verði tekið og helst farið eftir till. þess í þessu máli. Ég vona að það verði góðar og skynsamlegar till. Þeim verður vísað til iðnrn. og þaðan fara þær boðleið til fjmrn. og þeirra aðila sem mest hafa að gera um meðferð fjárlagafrv. Ég vil taka það fram, að þó að núna verði að *vænta þess að einhver fjárveiting og ég* vil vona sem um munar fari til þess verkefnis sem hér er verið að ræða um, þá verði meira gert í því efni á næstu árum því að hér þarf að gera stórátak. Að mínu viti er styrking og endurbygging rafdreifikerfis í sveitum landsins eitt af stærstu verkefnum í raforkumálum landsins nú.

Um leið og ég taldi rétt að gefa þær upplýsingar sem fram hafa komið hér í ræðu minni, þá vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að mál þetta er hér komið til umr. Það getur ekki orðið til annars heldur en að undirstrika mikilvægi þessa máls og skilning manna á því að í næstu framtíð er *nauðsynlegt* að verja *miklu fjármagni* til þessara verkefna. Og það vona ég að menn hafi í huga, þó að till. þessi geri hins vegar ekki ráð fyrir nema að unnið sé að áætlunargerð sem þegar er verið að vinna að, eins og ég hef sagt.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir undirtektir hans við þessa till. og enn fremur fyrir þær upplýsingar sem hann gaf og láta í ljós ánægju yfir að vinna er hafin við undirbúning þess verkefnis sem þessi þáltill. fjallar um, en það, sem hún leggur áherslu á, er að það verði unnið að þessu verkefni á næstu 4—6 árum. Eins og segir í grg. hennar, *þola úrbætur enga bið þar sem ástandið* er verst, og með þessari till. viljum við leggja áherslu á að framkvæmdir verði hafnar.

Mér er sérstök ánægja að heyra að það er búið að vinna að athugun á þessu máli á Suðurlandi frá Hellisheiði og austur að Skeiðarársandi, þar sem ég þekki vel að ástandið er víða algjörlega óviðunandi. Og það virðist vera að það sé einmitt *heppilegur tími nú að hreyfa þessu máli*. þar sem sem það kom fram í máli hv. 3. þm. Vestf. að nú er verið að ræða um hvaða till. eigi að gera um fjárveitingar til þessa á næsta ári, þá virðist vera æskilegt að það komi fram umr. um hversu þörfin fyrir þetta er mikil svo þær fjárveitingar verði sem allra mestar. En ég held að það segi sig sjálft, að úr því að áætlun á að gera um uppbyggingu þessa kerfis á næstu 4—6 árum, þá verði að hefjast handa rösklega strax á næsta ári, eins og tekið er fram í grg.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða langt mál um þessa ágætu þáltill. Þar sem það hefur nú komið í ljós að þegar fyrir nokkrum missirum er hafin áætlunargerð sú sem flm. leggja til að hafin verði hið fyrsta, og það hefur einnig komið fram af hálfu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar að þessari áætlunargerð er flýtt mjög, þannig að henni ljúki næsta haust, þá fæ ég ekki séð annað en formaður Orkuráðs hafi skotið þarna hinum fjölmörgu ágætu flm. þessarar þáltill. ref fyrir rass með því að stuðla að því að Orkuráð tæki þetta viðfangsefni fyrir svona löngu áður en þáltill. um nauðsyn þess er flutt. Ég vil síst af öllu draga úr nauðsyn þess að byggja upp raflínukerfið — dreifikerfið — því ég hygg að hvað eina það, sem hv. þm. Jón Helgason sagði um nauðsyn þess arna, sé rétt og síst ýkt. En ég kemst einhvern veginn ekki hjá því að láta í ljós furðu mína á því sambandsleysi sem virðist vera *þarna á milli stjórnarflokkanna* í allþýðingarmiklu máli eins og því sem lýtur að dreifingu raforku um landið, og ég varpa nú aðeins fram þeirri spurningu, hvort hv. Alþ. geti ekki, fyrst svo er nú komið að áætlunargerð sú er hafin fyrir mörgum missirum er í þessari þáltill. segir að nauðsynlegt sé að hefja nú hið fyrsta, — fyrst þetta liggur nú fyrir, hvort ekki sé þá hægt að taka hana af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 10. nóv., kl. 2.30 miðdegis.

Vegalög, frv. (þskj. 71). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir til 1. umr. frv. til vegalaga, en eins og kunnugt er eru vegalög í augum hv. þm. mikið mál og merkilegt, enda ekki undarlegt þar sem samgöngumál og þar með vegirnir skipta þjóðina svo miklu máli eins og raun ber vitni um.

Það var hinn 9. *júní* 1975 sem ég skipaði 7 manna n. til þess að vinna að endurskoðun gildandi vegalaga. Ég hafði áður lýst því yfir hér á hv. Alþ. að ég mundi leita eftir því að ná samstöðu um þær breytingar sem fyrirhugaðar væru og gera það með því að fela einum þm. úr hverjum stjórnmálaflokki, er sæti á hér

á hv. Alþ., ásamt tveim embættismönnum, ráðuneytisstjóranum í samgrn. og þáv. vegamálastjóra, að vinna þetta verk. Í skipunarbréfi til n. var þetta tekið fram, með leyfi hæstv. forseta, sem verkefni n.:

„1. Gildandi ákvæði um flokkun vega, sem nú er skipt í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. M. a. vegna hringvegarins, sem opnaður var á s. l. ári, telur rn. nauðsynlegt að athugað sé hvort honum skuli skipt í hraðbrautir og þjóðbrautir, og enn fremur telur rn. nauðsyn bera til að athuga samband tengiveganna við hringveginn, eins og vegi á Vestfjörðum, Snæfellsnesi, Austfjörðum, svo að dæmi séu nefnd.

2. Þá telur rn. rétt að n. kanni hvort gera eigi sérstakar svæðaáætlanir eða landshlutaáætlanir, eins og nú á sér stað, eða fella allar vegaframkvæmdir inn í vegáætlun sem Alþingi afgreiðir þá í heild.

3. Fjárþörf sýsluvegasjóða.

4. Önnur ákvæði laganna er leiða kann af breytingum samkv. liðum 1—3 hér að framan."

Í n. voru skipaðir Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri, varaformaður, og alþm. Ásgeir Bjarnason, Helgi Seljan, Lárus Jónsson, Magnús T. Ólafsson og Sighvatur Björgvinsson. Ritari n. var ráðinn Jón Rögnvaldsson, þá deildarverkfræðingur, síðar yfirverkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins.

N. þessi hefur nú skilað áliti, og örlögin höguðu því svo til að það var síðasta verk fyrrv. vegamálastjóra, áður en hann fór í sína síðustu ferð, að ganga frá þessu nál. ásamt samstarfsmönnum sínum, og náðist samstaða í n. um þetta lagafrv.

Meginatriði þessa frv. eru tvö.

Í fyrsta lagi er að flokkun vega er breytt frá því sem áður var. Það er gert með því að gera höfuðflokk sem heitir stofnvegir, en þessi flokkur nær til þess, sem nú tilheyrir þjóðbrautum og hraðbrautum í vegakerfinu, og enn fremur aðeins inn á landsbrautasvíðið í sambandi við það takmark að ná til hinna einstöku þéttbýliskjarna sem stefnt er að með flokkun þessari. Með þessu móti er búið að ná því sem var takmark þessarar endurskoðunar, að hafa hringveginn í kringum landið og vegi til helstu svæðanna í einum og sama flokki. Hins vegar mun það verða svo í framkvæmdinni, að innan þessa flokks verða vegir gerðir með margvíslegu móti, þannig að þeir vegir, sem bera mestu umferðina, bæði toppinn og einnig allt árið um í kring, verði byggðir með það fyrir augum að varanlegt slitlag sé hægt á þá að leggja þegar að því kemur að ákvörðun verður gerð um það. Hinn þátturinn í þessum vegaflokki verða svo vegir sem er reiknað með að verði um langa framtíð malarvegir og umferðarþunginn verði ekki eins mikill og er á þeim sem í betri gerðinni eru í uppbyggingu vegakerfisins. Þetta hlýtur af sjálfu sér að leiða af umferðarþunganum og þeirri nauðsyn sem það er að undirbyggja vegina með tilliti til þess.

Þegar fyrsta vegáætlunin var samþ. á Alþ. 1964 voru þeir vegir, sem féllu í hraðbrautaflokk, aðeins 131 km. Þetta voru aðalvegir frá Reykjavík og hluti af Norðurlandsvegi norðan Akureyrar. Flokkun þjóðvega í vegáætlun 1964 var sem hér segir: Þjóðvegir í þéttbýli 97.8 km, hraðbrautir 131 km, þjóðbrautir 2857.3 km og landsbrautir 6375.7 eða alls 9361.6 km. Við þessa flokkun var það að athuga, að fjöldi vega í landsbrautaflokki uppfyllti ekki skilyrði 12. gr., hvorki um vegalengd né býlafjölda, en voru settir í þennan vegaflokk til næstu 5 ára samkv. sérstöku ákvæði í vegalögum, en það var um að vegir, sem voru komnir í þjóðvegatölu, féllu þaðan ekki út á 5 ára tímabilinu, enda var þá gert ráð fyrir að það yrði búið að gera á þeim þær endurbætur sem nauðsyn bæri til.

Við þessa flokkun vekur það athygli, að hraðbrautir eru 1.4% þjóðvegakerfisins og ekki nema 4.4 af hraðbrautum og þjóðbrautum samanlögðum. Hefði í raun mátt hafa hraðbrautir sem undirflokk í þjóðbrautum eða láta gerð þeirra ráðast af tæknilegum ákvæðum samkv. 13. gr.

Ástæðan til þess, að svo var ekki gert, var fyrst og fremst sú, að þörfin fyrir vegi með bundnu slitlagi á fjölförnustu vegaköflunum var svo mikil að menn vildu hafa þessa vegi í sérstökum flokki til þess að knýja á um úrbætur í þessum efnum.

Við gerð bráðabirgðavegáætlunar fyrir árið 1976 var flokkun vega óbreytt frá vegáætlun 1974—1977 sem samþ. var á Alþ. vorið 1975. Sú flokkun var byggð á umferðartölum frá 1974 og var eins og hér segir: Þjóðvegir í þéttbýli 131 km, hraðbrautir 636 km, þjóðbrautir 3100 og landsbrautir 4748 km eða alls 8616 km. Þessi flokkun er í fullu samræmi við ákvæði 12. gr. laganna, eins og að framan má sjá af styttingu landsbrautanna. Þegar þessi flokkun er skoðuð kemur í ljós, að vegir í hraðbrautaflokki hafa nær fimmfaldast frá fyrstu vegáætlun og eru nú 7.4% þjóðvegakerfisins og 17.1% af samanlögðum hraðbrautum og þjóðbrautum. Þessi mikla aukning hraðbrauta frá fyrstu flokkun í vegáætlun er bein afleiðing af því að á þessu tímabili hefur bifreiðaeign landsmanna aukist um 145%, eða í 71 364 bifreiðar 1. jan. 1975.

Í flokkun í vegáætlun 1976 eru hraðbrautir ekki lengur bundnar við aðalvegina út frá höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri, en ná út frá fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum víða um land. Þessir hraðbrautakaflar hafa þó það sameiginlegt að þeir hafa allir flust úr þjóðbrautaflokki vegna umferðarmagns yfir sumarmánuðina.

Ein af höfuðástæðunum til þess að farið var í þessa endurskoðun á vegal. var að það voru komnir í hraðbrautatölu vissir kaflar, en báðum megin við þá vegarkafla voru svo aftur þjóðbrautir og jafnvel landsbrautir, svo að erfitt var að sinna þessu. Það mátti því segja um ýmsa tengivegi, svo sem stórfellda tengivegi eins og Holtavörðuheiði og aðra þvílíka sem voru að sumu leyti í landsbrautaflokki, að með skiptireglum þeim, sem viðhafðar hafa verið hér á hv. Alþ., voru þm. margir hverjir ekki svo áfram um að taka af sínu takmarkaða skiptifé til þess að setja í þessa vegi. Sú varð því raun á bæði í hittiðfyrra og einnig við áætlunina fyrir árið í ár, að það varð að breyta út frá þessum reglum til þess að ná

til veigamikilla atriða í samgöngumálum okkar, eins og vegarins yfir Holtavörðuheiði, til tengingar á Vestfjarðavegi og einnig það sem unnið hefur verið í því að tengja Austurlandsveg inn á þá nýju stefnu að fara ekki yfir Lónsheiði. Þetta gerði það að verkum að nauðsyn bar til að endurskoða málið í heild, og niðurstaðan hvað þetta atriði varðar er einmitt sú að hafa nú gert einn flokk úr þjóðvegum og hraðbrautum, sem áður var: stofnbrautir, sem eru höfuðvegirnir í kringum landið og til þéttbýlisstaða víðs vegar á landinu, eins og ég áður sagði. Framkvæmdin verður hins vegar sú, að það mun verða misjöfn gerð þeirra vega sem í þessum stofnbrautum verða, og fer það eftir því hvað álitið er um umferð um þá. Með þessari tilhögun á ekki að þurfa að koma til neinnar teljandi tilfærslu á milli vegaflokka, eins og við urðum að gera nú síðustu árin við endurskoðun vegáætlana. En tæknileg gerð veganna í hvorum flokki um sig fer að sjálfsögðu eftir áætlaðri umferð, þýðingu þeirra og landfræðilegum aðstæðum samkv. 3. gr. frv. þessa. Og ákvörðun um m.a., hvort bundið slitlag skuli lagt á tiltekinn vegarkafla í vegáætluninni, fer að sjálfsögðu eftir ákveðnum fjárveitingum á vegáætlun hverju sinni.

Að lokum skal það tekið sérstaklega fram, að n. hefur með ofangreindri till. sinni um breytingu á 12. gr. gengið út frá því, að við meðferð vegáætlunar á Alþ. fjalli fjvn. Alþ. í heild um skiptingu fjárveitinga til einstakra stofnbrauta og ekki verði um þann flokk beitt hundraðshlutaskiptingu milli kjördæma, svo sem gilt hefur um þjóðbrautir og landsbrautir um nokkur ár.

Annað atriði, sem er veigamikið í þessu frv., er að verulega er aukið fjármagn til sýsluvegasjóða. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að með gildistöku nýrra vegalaga 1. jan. 1974 var talið að nokkuð vel væri séð fyrir fjárþörf sýsluvegasjóða miðað við það sem áður var. Síðan hafa sýsluvegir verið lengdir tvisvar með breytingu á vegalögum, þ. e. l. nr. 24 1969 og nr. 27 1975. Hafa þeir á þessu tímabili lengst um nær 64%. En fjárveitingar til þeirra hafa ekki aukist að sama skapi, þó að nokkuð hafi áunnist með breytingum á vegalögum vorið 1975. Þessa þróun má glöggt lesa í yfirliti um lengd sýsluvega sem er hér á bls. 8 í grg. frv. og ég ætla ekki að eyða tíma í að lesa upp, enda eiga hv. alþm. kost á því að kynna sér það samkv. þessu yfirliti. En í ofangreindri töflu, sem ég vitnaði til, er einnig sýnt hverjar tekjur sýsluvegasjóða yrðu að óbreyttum lögum árin 1977 og 1978 og enn fremur hver aukningin yrði á ráðstöfunartekjum ef fram ná að ganga till. n. í 5., 6. og 7. gr. frv., þær sem nánar verður vikið hér að á eftir. Kemur þar fram að ríkisframlag mun á árinu 1978 tvöfaldast við breytinguna. Rauntekjur munu tæplega aukast jafnmikið og hlutfallstalan í aftasta dálki töflunnar gefur til kynna. Bæði má búast við því að sýsluvegir lengist nokkuð vegna heimildarákvæða 4. gr. um að taka vegi að sumarbústöðum í tölu sýsluvega, og einnig munu verðhækkanir á komandi árum hafa áhrif í þá átt að lækka hlutfallstölu á ný.

Komið hafa fram raddir um það á Alþingi, að þar sem framlög úr héraði til sýsluvegasjóða eru aðeins ⅛ af heildartekjunum væri vel athugandi að gera alla sýsluvegi að þjóðvegum. N. hefur rætt þessa hugmynd og er sammála um, að slíkt væri spor aftur á bak, sýslunefndarmenn hefðu hver í sínu héraði mun meiri kunnugleika til að bera til að skipta sýsluvegafénu á skynsamlegan hátt en ef gera ætti það jafnhliða afgreiðslu vegáætlunar á Alþ. Með því væri einnig verið að flytja vald úr héraði til miðstjórnarvalds í Reykjavík, og síst væri ástæða til að ýta undir þá þróun í þessum málum. Það færi ekki heldur vel í sambandi við vegamál okkar, því að Vegagerðin hefur öðrum stofnunum fremur flutt valdið út til landsbyggðanna. Með því að setja verkfræðinga og yfirstjórn vegamála á tilteknum svæðum í kjördæmi, eins og Vegagerðin hefur gert, hefur hún að minni hyggju unnið merkilegt og þakkarvert starf í því að koma í framkvæmd raunverulegri byggðastefnu, enda sýnir það sig með hverju árinu betur að þeir aðilar, sem eiga heima í kjördæmunum, héruðum þeim sem þeir eiga að vinna í, hafa miklu betri staðbundna þekkingu til þess að vinna að þessum málum og auðveldara með að vinna úr þeim fjárveitingum sem eru til reiðu á hverjum tíma. Þess vegna er þetta spor mjög í rétta átt og þarf að vinna að því í sambandi við fleiri stofnanir.

Lagt er til að lágmarksgjald það, sem hver hreppur skal greiða í sýsluvegasjóð hækki úr andvirði 3 dagvinnustunda fyrir hvern íbúa í andvirði 6 dagvinnustunda fyrir hvern íbúa. Þykir þetta nauðsynlegt vegna mjög vaxandi framkvæmdaþarfar í sýsluvegum, m. a. vegna aukinna þungaflutninga um þá í sambandi við breytt fyrirkomulag við mjólkurflutninga, í sambandi við tankvæðinguna.

Heimildarákvæði til handa hreppsfélögum um að hækka gjald sitt er nokkuð þrengt, og gert er ráð fyrir að hámarksgjald megi nema andvirði 8 dagvinnustunda, en er tvöfalt lágmarksgjald samkvæmt gildandi lögum.

Nefndin kannaði ýmsar aðrar leiðir til þess að auka tekjur sýsluvegasjóða. Er gefið nokkurt yfirlit yfir þær athuganir á fskj. 11.

Í sambandi við þessa heimild vil ég segja það, að það verður að sjálfsögðu á valdi þeirra, sem heimildina hafa, að nota þetta. Ég tel hins vegar að það sé öllum ljóst, að mikla nauðsyn beri til að nota þessa heimild. Eins og þarna er drepið á, segja þungaflutningarnir í sambandi við mjólkurflutninga, sem eru orðnir á tankbílum og farið heim á hvern bæ, mjög til sín. Svo er annar þáttur sem er líka orðinn brýnn, en það er flutningur á skólabörnum sem er orðinn mikill hér um landið, að börn eru flutt heiman og heim daglega. Ber því brýna nauðsyn til að sinna þessum þáttum þannig að bæta úr heimkeyrslum á bæina og að skólastöðunum, það sem sýsluvegirnir ná þar. Ég geri því ráð fyrir að þó að einhver brögð verði að því að þessar heimildir verði ekki að fullu notaðar, þá muni þær í aðalatriðum verða notaðar.

Gjald samkv. 23. gr. gildandi laga hefur verið mjög lágt og í mörgum tilfellum heimt af mannvirkjum, löndum og lóðum. Það hefur verið inn-

heimt með sama álagi á fasteignamat eins og önnur gjöld sveitarfélags sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati. Álag þetta er nú 173%, sbr. auglýsingu félmrn. Eins og áður er komið fram, þá eru sett lágmarksákvæði í sambandi við þetta gjald.

Ég sé nú ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. þótt merkilegt sé, enda er grg. þess glögg og með því fylgir mikið af skýrslum og kortum og öðru slíku sem þarf til þess að vinna úr þessu máli í hv. samgn. Alþ. Ég vil hins vegar, áður en ég lýk máli mínu þakka nm. öllum fyrir þeirra ágæta starf í sambandi við þetta mál, og það gladdi mig mjög að samstaða skyldi nást um það frá hendi n. Enda þótt mér sé það ljóst að hér sé vel unnið verk, þá er ekki þar með sagt að það geti ekki komið til einhverra breytinga í meðferð málsins hér á hv. Alþ., og hef ég aldrei verið mjög viðkvæmur fyrir því þótt einhverju hafi verið breytt í þeim frv. sem ég hef lagt hér fram, því að allt, sem betur má fara, vil ég til greina taka, og svo er í þessum efnum. Hitt er aðalatriðið, að mergur málsins í sambandi við þetta frv., sú flokkun að gera stofnbrautir hringinn í kringum landið, og aðalvegina til hinna einstöku staða, fái að haldast og landsbrautirnar leiði því af sjálfu sér, og að fjármagnið til aukinna sýsluvega nái einnig fram að ganga. Enda þótt mér sé ljóst, að það er mikill kostur að hafa góð vegalög, eins og hér er ætlast til að gera, og geri framkvæmd á skiptingu fjármagnsins og framkvæmdirnar um leið miklu auðveldari en að öðrum kosti væri, þá skiptir þó hitt mestu máli, að við getum fengið aukið fjármagn til framkvæmda í vegagerð. Á það skortir mjög að við höfum nóg fjármagn til þeirra hluta eða það fjármagn sem eðlilegt mætti telja að við hefðum til þess. Um það ræðum við síðar, þegar vegáætlun verður hér lögð fram, og ég vona að það geti orðið fyrr en seinna. En nauðsyn ber þó til að afgreiðsla þessa frv. eigi sér stað áður en vegáætlun verður afgreidd. Hún verður að byggjast á þessari löggjöf, því að að öðrum kosti væri flokkunin ekki framkvæmanleg. Ég treysti því hv. samgn. þessarar d. að vinna að þessu máli ötullega, eins og ég get með sanni sagt að hún hafi gert við þau mál yfirleitt sem ég hef lagt hér fram.

Ég vil svo, hæstv. forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Mér þykir hlýða nú við 1. umr. þessa máls að segja hér nokkur orð, ekki síst af því að ég átti sæti í þeirri n. sem þetta lagafrv. samdi.

Það er rétt sem hæstv. ráðh. sagði að þetta nefndarstarf var allmikið og mikil vinna í það lögð, alveg sérstaklega af starfsmönnum vegamálaskrifstofunnar, enda má segja það að vinnubrögð þeirrar stofnunar yfirleitt séu mjög til fyrirmyndar. Það stóð aldrei á hvorki upplýsingum né kortum eða öðru slíku sem við þurftum að glöggva okkur á, og ber sannarlega að þakka það þegar ríkisstofnun vinnur svo vel sem þar er gert.

Ég vildi þá einnig í framhaldi af því taka undir þau orð hæstv. ráðh., að vegamálaskrifstofan hefur einnig unnið mjög gott starf í valddreifingu út um landsbyggðina, hefur þar haft forgöngu miðað við ýmsar aðrar ríkisstofnanir og gert þar ótrúlega mikið gagn á stuttum tíma, þótt mér sé ljóst að þar þurfi enn betur að gera og þeir heimamenn, sem um þessi mál fjalla á hverjum einstökum svæðum, þurfi jafnvel enn þá rýmri ráð en þeir hafa í dag.

N. skoðaði sannarlega marga möguleika á breytingum á vegalögum og þá alveg sérstaklega gagnvart flokkun vega, því að í það fór aðalstarf n. Þegar þessar till. eru skoðaðar, þá þykir mönnum eflaust að breytingin hafi ekki orðið ýkjamikil þegar á allt er litið. Það valt auðvitað á ýmsu í n. öðru hverju og menn voru þar ekki á eitt sáttir, en þetta var málamiðlunin sem allir að lokum felldu sig við.

Það er rétt sem hæstv. ráðh. sagði, það var skipuð n. þar sem menn voru frá hverjum þingflokki. En vitanlega voru það ekki hin pólitísku sjónarmið sem þarna komu fyrst og fremst inn í, hin flokkspólitísku, heldur voru það kjördæmasjónarmiðin sem voru kannske meira ráðandi og stundum allsráðandi í sjónarmiðum og störfum okkar, eins og oft vill verða.

Ég ætla ekki að fara út í störf n. eða þær hugmyndir sem yfirleitt komu þar upp. Það er auðvitað rétt að geta þess alveg sérstaklega, að það koma þar upp mjög ákveðin á tímabili sú stefna, sem jafnvel hefði getað orðið ofan á þótt aldrei hefði um hana orðið samkomulag, að það yrði hringvegurinn einn og þá aðeins hraðbrautirnar til viðbótar sem yrðu í þessum stofnvegaflokki. Ég leyndi því hvergi í n. að ég óttaðist þá þróun. Ég benti t. d. á það þar, að Austurland var þannig sett að nær allir þéttbýlisstaðir á Austurlandi voru þá utan við þetta stofnvegakerfi. Auðvitað var þarna spurning um forgang, og ég er ekki að segja það að með því að flokka vegi í stofnbrautir og þjóðbrautir séum við að setja stofnbrautir í flokk nr. eitt, sem eigi að hafa forgang, og þjóðbrautirnar í einhvern annan flokk óæðri. Það er sem sagt alls ekki skilningur okkar, og ég veit að það er ekki heldur skilningur hæstv. ráðh. Hins vegar vitum við auðvitað um hinn aukna forgang sem hraðbrautirnar hafa haft og hafa verið lýsandi dæmi um, þar sem framlög til þeirra hafa á stuttum tíma aukist úr rúmum 30% í yfir 50%, ef brýr eru undanskildar. Þetta er slæm þróun fyrir landshluta eins og Austurland þar sem engin hraðbraut er. Við höfum hins vegar haft það okkur til bjargar að vera með landshlutaáætlun. Ef hún hefði ekki verið í gangi, þá veit ég ekki hver hlutur okkar hefði verið. Hann hefði sannarlega verið slæmur.

Ég sem sagt dró mjög í efa að á þessari forgangsþróun yrði mikil breyting með hringveginum svona þröngum, að hann yrði aðaluppistaðan í stofnbrautunum, og svo aftur hraðbrautunum. Sporin sem sagt hræddu. En því var vitanlega yfir lýst og kom beinlínis inn á fundinn til n. að það væri síður en svo ætlun hæstv. ráðh. að þarna væri um nokkurn forgang að ræða, og auðvitað fögnuðum við því. Mótrök margra þeirra, sem voru á því að halda þessu í þrengra forminu, voru þau, sem

er auðvitað alveg rétt, að fyrir heildarsamgöngur í landinu öllu er þessi hringtenging og hún sem allra best, hún er auðvitað mjög mikilvæg, og það ber ekki úr því að draga að sú þróun verði sem hröðust að hringtengingin verði sem allra fullkomnust milli hinna einstöku landshluta.

Það var bent á hina vanræktu kafla milli héraða, milli kjördæma, þetta einskis manns land sem stundum hefur verið nefnt. Það var bent á Möðrudals- og Mývatnsöræfin, það var bent á Holtavöruheiði og þannig fengist í þessi stóru verkefni fjármagn átakaminna, án togstreitu heimamanna, sem vildu draga féð beint til sín inn í kjördæmin, en þessir vegir gleymdust. Ég gat fallist á sumt af þessu, en hitt vó þó þyngra og alveg sér í lagi gilti þetta auðvitað um minn landshluta vegna þess að þar er hraðbrautadæmið hreinlega ekki með.

Ég sagði áðan að hringvegurinn hefði farið fram hjá flestum þéttbýlisstöðum á Austurlandi. Á það var svo fallist, sem millileið að vísu til þess að fyrirbyggja misskilning, að það kom upp sú málamiðlun að lengja hringveginn eystra þannig að hann færi fjarðaleiðina og næði þannig til fjögurra þéttbýlisstaða í viðbót. Og um hina ýmsu möguleika, sem teiknaðir eru á kortunum, má margt segja, og síst er ég að halda því fram að málamiðlunin síðast gerða hafi verið í einu og öllu best, hvað þá eina rétta leiðin, því að auðvitað er það sem hér um gildir, það er framkvæmdin. Hér að vísu sá rammi sem vinna á eftir, en aðalspurningin verður alltaf um það hvernig verður unnið.

Hraðbrautirnar hverfa nú sem sjálfstætt hugtak út úr vegalögum. En aðalspurningin verður auðvitað áfram um það, hversu allsráðandi þær verða í fjármagnsútdeilingunni, hvort það verður óbreytt frá því sem verið hefur og ég hef auðvitað oft gagnrýnt af ástæðum sem alkunnar eru. Áfram stendur í 3. gr. þessa frv.: „Stefnt skal að því að leggja bundið slitlag á þá vegarkafla, þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.“ Auðvitað verður á þetta áfram sótt af fullum krafti. Það er í þessu atriði sem mál ráðast.

Náin framtíðarsteina í vegamálum á að mínu viti fyrst og fremst að beinast að því að gera sem allra mest af vegakerfi okkar sæmilega akfært sumar sem vetur. Og það þarf ekki hvað síst að huga að þeim vetrarvegum sem hafa þýðingu, annars vegar vegna ákveðinna miðstöðva í hinum einstöku landshlutum og framleiðsluvegunum sem ég svo kalla, sveitavegunum. Það er auðvitað rangt að kalla þá framleiðsluvegi, vegna þess að þar kemur miklu fleira til en flutningur á mjólk. Inn í það vefst einnig spurning um menntunarlega og félagslega aðstöðu þessa fólks sem þar býr. Ég hlýt því að fagna því að sjá á þskj. 62 till. frá nokkrum valdamiklum stjórnarþm. um það að flýta alveg sérstaklega uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins, og hlýt þá að líta þannig á að þeir muni sækja á það, þeir sömu þm., að eitthvað örlítið verði nú vikið af hraðbrautastefnunni, sem ég kalla svo, og þetta verkefni verði þá meira forgangsverkefni á næstu árum en það hefur verið. Ég fagna sem sagt þeirri till. og vona að í framhaldi af þessari breytingu verði hún samþykkt og að þessu verkefni unnið. Þetta er í raun og veru fyllri till. og víðtækari en sú till. sem ég flutti í fyrra um sveitavegi á Austurlandi, en meginhugsunin í þessari till. er þó í raun og veru alveg sú sama. Þeirri till. var vísað til ríkisstj. og hún sem sagt kurteisislega drepin með því móti og af þeirri einföldu ástæðu að hún væri ekki nógu víðtæk. Það er ekki hægt um þessa till. að segja. Hún er víðtæk, nær yfir landið allt, og við skulum því vona að hún verði samþykkt og að því svo unnið.

En allt þetta leiðir til þess, að áfram er það mín skoðun, þó að stofnvegahugtakið hafi verið útvíkkað, að sá vegaflokkur hafi engan forgang frekar en hinn í sambandi við þjóðbrautirnar, og það vona ég að sem allra flestir geti verið sammála um. En sú hætta blasir þó við, og hún er auðvitað auðskilin. Það er svo gífurlega mikið fjármagn sem þarf í hvern hraðbrautarspotta sem leggja þarf, að áfram vofir sú hætta yfir að meginhluti vegafjárins eða æ vaxandi hluti þess sogist inn í þetta hraðbrautakerfi. Ef þessu væri jafnað nokkurn veginn út, þá væri kannske ekkert við því að segja, en það verður auðvitað aldrei. Og þá auðvitað óttumst við það, t.d. eystra, að hvort tveggja verði útundan, þ.e. a. s. þeir stofnvegir, sem ekki ná marki 3. gr. um bundið slitlag, og svo hins vegar þjóðbrautirnar. Ég vil sem sagt treysta því, að með þessari breytingu á vegalögum verði einnig nokkur breyting hér á, og treysti hæstv. ráðh. mjög í því sambandi, því að auðvitað er þessi breyting á vegalögum lítils virði fyrir okkur, a.m.k. úti á landsbyggðinni, ef hún boðar ekki um leið í reynd nokkra breytingu á útdeilingu vegafjárins.

Það má auðvitað segja það, og það er rétt og inn á það kom hæstv. ráðh. nokkuð, að stóraukning vegafjárins í heild sé auðvitað sú lausn sem að ber að keppa. Við vitum að það er í mörg horn að líta í litlu samfélagi örrar uppbyggingar, en ég verð þó að segja það sem mína skoðun, að það hlýtur að teljast eðlilegt og sanngjarnt, að tekjur af umferð og því, sem henni er skylt, renni sem allra mest beint í Vegasjóð. Nú fer þessu hins vegar víðs fjarri. Það er aðeins lítill hluti af þessum upphæðum sem rennur til endurbóta á vegakerfi okkar. Ég álít að frumskilyrði sé að á því verði mikil breyting, að tekjurnar af umferðinni, tekjurnar af farartækjunum, ýmsar tekjur því tengdar, renni sem allra mest beint í Vegasjóð. Ég þykist vita að hæstv. samgrh. reyni sem allra mest að beina fénu í þessa réttu átt. En staðreyndin er engu að síður sú, að það fer allt of lítill hluti af þessu fé beint í þessi verkefni þó að mikilvæg séu. (Gripið fram í: Það fer dálítið í brýr.) Jú, það fer líka í brýr, brýr eru í vegakerfinu, ég undanskil þær ekki vegakerfinu, og ég veit einnig að það eru mörg önnur verkefni sem kalla á þetta fjármagn, og síst skal ég á móti þeim mæla. En þetta er engu að síður mín skoðun og alveg sérstaklega vegna þess að hækkun t.d. á bensíni er yfirleitt alltaf réttlætt með aukinni þörf Vegasjóðs, sem réttmætt er, og þá þurfa þessar tekjur, m.a. af þessu, að renna sem allra mest í þennan sjóð.

Ég skal ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég hlýt þó að víkja að sýsluvegum örstutt. Þar er um mjög vanrækt verkefni að ræða, og ég held að okkur hafi tekist að sumu leyti að koma þar nokkru til vegar, þó ekki nógu, því að það er fyrirsjáanlegt, að þessir vegir verða þrátt fyrir þessar breytingar, sem við höfum þarna lagt til, áfram vanræktir. Það er rétt að geta um það, ég tók ekki eftir því hvort það kom inn í mál hæstv. ráðh., að ein af þeim leiðum, sem við ræddum þarna í fullri alvöru, var að kaupstaðirnir greiddu einnig til þessa sjóðs, sýsluvegasjóðs. Ég lýsti því yfir í n. og get lýst því yfir eins hér, að ég hefði talið það sanngjarnt og eðlilegt og stutt það — gerði það. Ég veit að það átti ekki að vera í jafnríkum mæli og önnur sveitarfélög. En kaupstaðirnir áttu líka að fá nokkuð þar fyrir sinn snúð, t. d. að leggja þá vegi að ýmsum útivistarsvæðum sem þeir þurfa ábyggilega mjög á að halda til þess að losna úr andþrengslum, að maður tali nú ekki um héðan af höfuðborgarsvæðinu, og komast í heilnæmara og betra umhverfi og andrúmsloft, svo að þeir hefðu nú fengið eitthvað fyrir sinn snúð. Ég held sem sagt, að þetta hefði verið leið sem hefði átt að fara. En um hana náðist einfaldlega ekki samkomulag, ekki innan n. út af fyrir sig, það var ekki deila um það þar, en með þetta mál var farið inn í þingflokkana og þar voru menn hreinlega ekki sáttir við þessa hugmynd sumir hverjir. Við sáum að þetta yrði átakamál ef út í það væri farið, og því var frá því fallið. En ég held hreinlega að það hefði verið á því rík þörf að þeir hefðu einnig lagt hér eitthvað af mörkum.

Það hefur læðst að mörgum sá grunur að ásókn sveitarfélaga í kaupstaðarréttindi stæði ekki í alllitlu sambandi við það að losna við þessi gjöld, sýslusjóðsgjöldin, og kannske hefur það í sumum tilfellum verið — fyrir utan stoltið náttúrlega og upphefðina — aðalástæðan fyrir því að þessi sveitarfélög hafa verið að sækja í kaupstaðarréttindin. Og það á auðvitað ekki að mínu viti að vera að verðlauna þessa aðila fyrir það. Að þessu var ekki horfið. Ég tel það sem sagt miður, vil lýsa því hér yfir persónulega, að ég tel það miður, en ekki í okkar þingflokki frekar en að ég hygg öðrum gat orðið um það samkomulag að fara þessa leið.

Ég vil svo aðeins ítreka það, að áfram hlýtur það að vera meginatriðið í öllum okkar vegamálum hvernig fjármagnsdreifingin verður, og þar hlýt ég að vilja leggja áherslu enn einu sinni á framtíðarstefnu okkar núna um sinn. Meðan við eigum svona mikið af ófærum vegum sem jafnframt eru eins þýðingarmiklir og þeir eru, þá eigum við að leggja aðaláherslu á þá, halda vitanlega eitthvað áfram með hraðbrautir, en fara okkur heldur hægt í þeim efnum, — leggja aðaláhersluna á hitt, samgöngur innan kjördæma og innan héraða, einkum varðandi þá vegi sem tengja hina einstöku staði við vissar miðstöðvar þjónustu og uppbyggingar í hinum einstöku landshlutum.

Axel Jónsson: Herra forseti. Aðaltilefni þess, að ég kvað mér hljóðs nú við 1. umr. málsins, er að stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi hefur samþykkt að fara þess á leit við þm. kjördæmisins að þeir flyttu frv. til breytinga á vegalögum, þannig að ákveðnir yrðu gjalddagar til sveitarfélaganna á þeirra hluta af þéttbýlisfé, en í dag eru engin ákvæði um gjalddaga. Farið er fram á að gjalddagar verði mánaðarlega. Ef það er talið illframkvæmanlegt, þá sjaldnar, en umfram allt, að inn í lögin komi einhver ákvæði um gjalddaga. Í gildandi lögum er ekki staf að finna um það efni, og það er náttúrlega algerlega ófært. Ég lít svo á að það hafi verið yfirsjón þegar þetta ákvæði var upphaflega inn í frv. tekið. Þéttbýlisvegafé gengur til gatnagerðarframkvæmda í viðkomandi sveitarfélagi, og vissulega þarf sveitarfélagið á sínu fjármagni að halda. Það er því alveg óviðunandi að því sé haldið inni, ef svo mætti segja, ekki einu sinni allt árið, heldur kannske langt fram á næsta ár, eins og reynsla er af.

Það er að færast miklu meira yfir í ákveðnari og greinarbetri samskipti ríkis og sveitarfélaga, og það þarf að ná til þessa þáttar einnig. Ríkið gerir með réttu kröfu til þess að þeir aðilar, sem innheimta tekjur þess, standi skil á þeim jafnóðum, eftir því sem greint er á um, og eins hlýtur það að vera með sveitarfélögin, að þau eiga þá að hafa þá réttmætu ósk að þeirra hlutur í tekjum Vegasjóðs verði þeim greiddur á ákveðnum og tilteknum gjalddögum.

Ég mun, herra forseti, koma þessu erindi áfram til hv. samgn. Þar sem við vissum að vegalögin voru að koma úr undirbúningsnefnd, þá var talin eðlilegasta leiðin að þetta erindi færi til n. sem um frv. fjallaði.

En fyrst ég, herra forseti, er kominn hér upp í ræðustólinn, þá vil ég aðeins til viðbótar þessu taka undir þau orð, sem hér hafa fallið um mikilvægi þessa málaflokks, og segja það, að vegamálin, samgöngumálin eru eitt af grundvallaratriðum í okkar landi. Það er erfitt samgöngulega séð, hlýtur ávallt að kosta mikið að gera þar viðunandi átak, en við verðum að stefna að því að gera samgöngukerfið sem best úr garði.

Það hefur verið vikið að hraðbrautunum bæði í ræðu og riti. Ég er ekki sérstaklega að minnast á það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það því að það var allt mjög hógvært. En stundum hefur verið, í fjölmiðlum sérstaklega, vikið að þeim — kannske ekki af verulegri þekkingu, vil ég segja. Ég skil vel að mönnum í þeim byggðarlögum, sem eiga við erfiðleika að etja í vegamálum, þyki miklu fé varið hér í nágrenni Reykjavíkur til þeirra samgöngubóta sem þar hafa verið gerðar. En það er ekki víst að þeir hinir sömu, sem svo hafa sagt, hafi gert sér grein fyrir hversu gífurlegt umferðarvandamál hefur verið við að etja í þessu efni, og til þess að upplýsa að nokkru, hvað hér hefur verið um að ræða, ætla ég að nefna hér tölur um umferð á tveimur stöðum á einum áratug. Það er meðaltalsumferð yfir Fossvogslæk árið 1965, — meðaltalsumferð, og þá geta menn gert sér í hugarlund að topparnir, ef mætti nota það orð, rísa hátt. Um Fossvogslæk fóru að meðaltali á sólarhring árið 1965 15500 bílar, en 1975, 10 árum síðar, 29000 bifreiðar. Það er eðlilega ekki til meðaltalið yfir 1976 því að það er ekki

liðið. En talningar stefna á að það verði veruleg aukning á árinu 1976 frá 1975. Um Kópavogslækinn, þ. e. a. s. fyrir sunnan Kópavog, fóru 1965 8200 bílar að meðaltali á sólarhring, 10 árum seinna, 1975, 16970 bifreiðar, og þarna er einnig um það að ræða að í ár hefur orðið gífurleg umferðaraukning á þessu svæði frá því sem var í fyrra. (Gripið fram í.) Þetta kannske skýrir það fremur — eða ég ætlast til þess — að sá umferðarþungi, sem hér er um að ræða, krefjist þess beinlínis að það séu gerðar viðeigandi ráðstafanir til þess að mæta þessu vandamáli. Það er svo vandamál út af fyrir sig í hugum kannske einhverra að það skuli vera svona margt fólk og ferðist svona mikið á þessu svæði, en það er önnur saga sem ég ætla ekki að ræða hér.

Varðandi sýsluvegina vil ég segja sem mína skoðun, að ég vil að þeir falli niður í þeirri mynd sem þeir hafa verið og eru. Ég er andvígur því að kaupstaðir fari að greiða til sýsluvegasjóða. Það er lagt til nú samkv. frv. að sumarbústaðaeigendur fari að greiða til Vegasjóðs samkv. því ákvæði sem þar er. Það er kannske eðlilegt að þeir geri það. Það er viðbótarskattur við fasteignaskatta sem sveitarfélögum er heimilt að leggja á sumarbústaði í viðkomandi sveitarfélagi, sem eru hærri prósenta heldur en lögð er á íbúðar- og gripahús í viðkomandi sveitum. En ég held líka að það sé mjög erfitt í framkvæmd að láta kaupstaðina fara að greiða inn í sýsluvegasjóðina, það sé miklu hreinlegra að afnema þessa skiptingu. Þetta eru allt saman vegir sem landsmenn þurfa allir að nota. Það er eðlilegt að það sé fjármagnað á einfaldan hátt og sameiginlega.

Þetta er það sem ég vildi sagt hafa, herra forseti. En ég mun koma þessu erindi, sem ég lýsti að var tilefni þess að ég stóð hér upp, til hv. samgn. og vonast til þess að það fái góðar undirtektir þar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þó að hæstv. samgrh. hafi orðið að víkja héðan úr salnum, þá vil ég eigi að síður láta það koma hér fram, að ég er ánægður yfir því hvernig hann ræddi um þetta frv. til vegalaga. Hann taldi eðlilegt og líklegt að á því gætu orðið nokkrar breytingar og hann mundi líta á það mildum augum. Ég segi þetta af því að fyrir mitt leyti tel ég rétt að kanna miklu betur en mér hefur enn þá gefist kostur á hvaða áhrif þessi nýja flokkun á vegum hefur á þróun vegagerðar í kjördæmi mínu og raunar yfir landið í heild.

Maður kemst ekki hjá því, að þegar litið er á þessa nýju flokkun sem gert er ráð fyrir að hverfa að í frv., þá virðist breytingin vera ákaflega lítilvæg. Það má heita að sé eingöngu að steypt sé saman hraðbrautum og þjóðbrautum í einn flokk sem kallaður er stofnbrautir. Þetta er með litlum frávikum. Landsbrautir, sem áður voru, eru nú nefndar þjóðbrautir, en ákvæði um gerð hraðbrauta með bundnu slitlagi eru algerlega óbreytt frá því sem er í gildandi vegalögum, svo að ég sé ekki hverju þetta getur bjargað af þeim válegu hlutum sem hv. 7. landsk. þm., Helgi Seljan, hafði að athuga við hraðbrautirnar sem alls ekki höfðu komist inn í Austurlandskjördæmi. Það eru ýmis atriði þessu lík sem ég vil gjarnan átta mig á, áður en ég samþykki þetta frv. algerlega óbreytt, hvernig muni verka á landið í heild. Ef það er rétt, sem mér virtist hv. 7. landsk. þm. leggja mikla áherslu á, að hraðbrautarákvæðin verkuðu ekki í þessu frv. eins og áður hefði verið, þá er þarna um eitthvað að ræða sem er dálítið einkennilega dulið fyrir mér, og ég þarf að reyna að leita að því hvað það er, því að það skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli fyrir það umdæmi sem ég er þm. fyrir. Það vill nú svo til að Suðurlandskjördæmi hefur lengsta ríkisvegi af öllum kjördæmum landsins og það hefur einnig lengsta sýsluvegi af öllum kjördæmum landsins. (**Gripið fram í:** Það má vel una við það.) það má vel við una, ef rétt er skipt, það er alveg rétt. En ég fæ ekki séð að það verði á neinn hátt eðlilegri skipting á milli landshluta og á milli einstakra vega með þessu fyrirkomulagi á flokkum heldur en var eftir eldri gerð. En sem sagt, eins og ég sagði áðan, þá líst mér þannig á að breytingin sé ekki mikil og þess vegna er ástæðulaust fyrir fram að taka afstöðu með eða móti þessu frv. Ég vona að það sé þess eðlis að ég geti goldið því jáyrði mitt, og ég á von á því að svo verði þegar ég er búinn að kanna það til hlítar.

En það eru þarna viss atriði önnur sem mig langar lítils háttar að koma að, og það er t. d. í sambandi við sýsluvegina. Eins og ég gat um, eru sýsluvegir mjög mikilvægir fyrir mitt kjördæmi þar sem þeir eru lengstir af sýsluvegum í einu kjördæmi á landinu. Það er þess vegna enginn vafi á því, að það er þörf fyrir mikið fjármagn til þeirra. En ég ber dálítinn ugg í brjósti við fyrstu skoðun yfir þeirri fjáröflun sem þarna er ráðgerð. Eins og nú er, þá er á lagt sýsluvegasjóðsgjald í sveitarfélögunum sem svarar 3 dagvinnustundum fyrir hvern íbúa. Frv. gerir ráð fyrir að þessu verði breytt upp í 6 dagvinnustundir. Ég efast ekkert um að mjög víða er full þörf á þessari aukningu. En ég tel að hér ætti að setja lágmarkið heldur neðar, en að sveitarfélögin sjálf ættu úrskurðarvald um það hvort þau færu upp í 8 dagvinnustundir, eins og hámarkið er í frv. Ég er ekki að gera því skóna að því verði breytt. En þar sem sveitarfélögin vilja leggja þetta á sig, þá kemur sú viðbót til góða innan þess sveitarfélags. Það er fram tekið í þessu frv., og það er eins í lögunum. Svo er eitt í þessu efni, sem ekki er hægt heldur að ganga fram hjá, að ég óttast það, ef þessari skyldu er breytt úr 3 dagsverkum upp í 6 dagsverk, að það dragi ekki úr þeirri óheillaþróun sem orðið hefur á síðustu árum, að þéttbýlisstaðirnir hafa sagt sig úr lögum við sveitarfélögin og gengið úr sýslufélögunum. Eins og sakir standa eru þéttbýlishrepparnir ekki skyldugir til þess að greiða nema helming móts við dreifbýlishreppana. Þeir hafa greitt 1½ dagvinnustund fyrir hvern íbúa. Það mundi verða aukið með þessu móti upp í 3, og ég á ekki von á öðru heldur en það hefði heldur erfiðar afleiðingar fyrir samskipti þessara sveitarfélaga.

Ég segi þetta ekki fyrir þá sök, eins og ég aðeins kom að áðan, að mér sýnist ekki vera

fullkomin þörf fyrir fjármagn í sýsluvegina. Þyngsli umferðarinnar á þeim hefur stóraukist hin síðari ár. Það er ekki einvörðungu að mjólkurbílarnir séu þyngri en áður hefur verið, heldur eru olíutankbílar, eins og allir þekkja, mjög stórir og þungir vagnar, og auk þess er farið í stórum stíl að flytja fóðurbæti lausan í tönkum heim á bæina, og það krefst líka öruggari og sterkari vega fyrir þá, þeir eru það stórir.

Ég sé ekki ástæðu til að ég hafi miklu fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni hér þar sem ég á kost á því að fjalla um það í samgn. þessarar hv. d. En ég, eins og ég sagði í upphafi, er ánægður yfir því að ráðh. gerir ráð fyrir því að það gæti orðið um breytingar að ræða, og ég er hræddur um að það verði ekki hjá því komist að gera einhverjar breytingar á þessu frv., þrátt fyrir það að það litur út fyrir að fela í sér ákaflega litlar breytingar frá því sem er í eldri lögum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út frá þeim aths. sem hér komu réttilega fram hjá hv. 6. þm. Suðurl. Breytingarnar, sem málamiðlunin var um, eru að mínu viti mjög litlar, það er rétt. Ég tek það hins vegar skýrt fram, svo að það fari ekki á milli mála, að sú braut, sem ég hefði viljað fara í þessari lagasetningu, var töluvert á annan veg en þessi frv.-drög núna segja til um. Ég hefði auðvitað viljað ganga miklu lengra til móts við hið almenna þjóðvegakerfi okkar heldur en þar er gert og ákvarða þar beinlínis þau forgangsverkefni sem ég rakti áðan. En ég er á því að það þurfi að nást samstaða um þetta. Ég samþykkti í n. að fara inn á þessa málamiðlun, ekki síst vegna þess að mér sýndist á tímabili að sú stefna ætlaði að verða ofan á sem ég var enn þá hræddari við og var enn þá meiri hraðbrautastefna en nokkurn tíma núna ríkir. Það var þetta sem ég óttaðist, og því var það að þegar þessi leið var valin, þá féllst ég fúslega þar á. Það voru aðallega okkar ágætu embættismenn, — ég dreg ekkert úr þeirra starfi, síður en svo, gott að minnast samstarfsins við þá einmitt í þessari n., — það voru ekki hvað síst þeir sem voru að leggja þá línu í n., og auðvitað voru menn misjafnlega veikir fyrir henni þar. Þar voru m. a. menn eins og fyrrv. samgrh., þó að hann hefði ekki verið það mjög lengi. Af öllu þessu leiddi að á þessa málamiðlun féllst ég.

Ég ætla ekki að fara hér að útlista mína meginstefnu í vegamálum. Ég vil ekki heldur fara að taka það djúpt í árinni að ég ætli að fara að fordæma allar hraðbrautir, allra síst þegar ég er búinn að fá svona hrikalegan tölulestur eins og kom hér fram hjá hv. þm. Axel Jónssyni, hv. 10. landsk. þm. Ég viðurkenni nauðsyn hraðbrauta þar sem umferðarþungi er orðinn algerlega óviðráðanlegur. Það er alveg rétt. En ég bendi á það einnig, að í þeim kjördæmum, þar sem nú er verið að leggja hraðbrautarspotta, — ég er sannfærður um að mikill hluti íbúanna þar vildi miklu frekar að þessir peningar væru komnir í almennar vegaframkvæmdir í þessum kjördæmum. Ég trúi ekki öðru. Ef svona upphæð kæmi á Austurland, við skulum segja 20, 30, 40 eða kannske 50 millj. sem við mættum leggja í einhvern tiltekinn hraðbrautarspotta, þá mundi ég afþakka það til slíks hiklaust. Ég mundi vilja fá það inn í hið almenna vegakerfi okkar til þess að gera þar á úrbætur, og í því felst kannske meira en ég gæti sagt frá í löngu máli um mína almennu stefnu í vegamálum.

Umr. frestað.

Grunnskóli, frv. (þskj. 67). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Í þriðja sinn er nú frv. þetta flutt, og skal þess nú freistað að fá hér á vissa leiðréttingu, þó ekki yrði eins langt gengið og þetta frv. okkar Stefáns Jónssonar hv. þm. gerir ráð fyrir. En hér er um að ræða breyt. á lögunum um grunnskóla varðandi skólakostnað, að ríkissjóður greiði upphitun skólahúsnæðis á móti sveitarsjóðum í því hlutfalli sem nú skal greina: „Sveitarsjóðir greiða upphitun sem nemur meðalkostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita. — Ríkissjóður greiðir eftir á samkv. endurskoðuðum reikningum og fskj. upphitun, sem er yfir því marki sem 4. málsgr. tiltekur, upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er með olíu eða rafmagni.“

Þetta frv. var upphaflega flutt í hittiðfyrra af Sigurði Blöndal sem þá sat hér á þingi sem varamaður Lúðvíks Jósepssonar, og tvær höfuðástæður í grg. hans gilda enn, eins og segir — með leyfi forseta — í grg. Sigurðar: „1. Hin gífurlega hækkun á verði olíu leggst af miklum þunga á þau sveitarfélög sem hita skóla sína með olíu, alveg sér í lagi þá sem hafa heimavist, en það er einmitt í fámennum sveitahreppum. 2. Mismunurinn á kostnaði við hitun skólahúsnæðis annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu er svo mikill að við það skapast aðstöðumunur milli sveitarfélaga af slíkri stærð, að eðlilegt og sjálfsagt sýnist að ríkið jafni hann.“

Ég get að miklu vísað til fyrri framsögu um þetta mál í fyrra. En vegna grg., sem fylgir hér með og byggð er á tölum frá 1974, er rétt að taka fram að þau hlutföll, sem þar er komið inn á, hafa ekki breyst neitt teljandi eftir upplýsingum sem ég hef aflað mér. Í grg. eru tekin sláandi dæmi um þennan mismun, hversu gífurlegur hann er, þó um einstök óvenjuleg dæmi sé að ræða, eða eins og segir í grg., með leyfi forseta: „Sem dæmi um mismun á hitunarkostnaði með olíu eða jarðhita má nefna, að í nokkrum *heirra skóla, sem hitaðir eru með jarðhita*, er kostnaður O, m. a. sumum stórum heimavistarskólum í sveit. Þegar hiti var virkjaður á þessum stöðum ýmsum var kostnaður við jarðborun felldur undir stofnkostnað, svo sem eðlilegt var, og var þá greiddur af ríkissjóði að ¾ hlutum. Hins vegar er hitunarkostnaður við heimavistarskólann, þegar olíu er brennt, gífurlega hár. Flm.“ — sem er Sigurður Blöndal — „bekkir t. d. af eigin raun dæmi um slíkan skóla, sem er um 6000 rúmmetrar að rúmtaki, sem brennir olíu fyrir um 600 hús. kr.“ — þetta var á árinu 1975, grunnverð miðað við það — „og í yfirlitri menntmrn. er einn heimavistarskóli í sveit þar

sem hitunarkostnaður 1974 varð 1.4 millj. kr. Skóli á jarðhitasvæði af svipaðri stærð hafði í hitunarkostnað.“

Þetta er auðvitað dæmi sem eru allra lengst og yst á mörkunum sitt hvorum megin og á auðvitað ekki að leggja til grundvallar, en þau eru sláandi engu að síður. En ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp samþykkt Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sem segir í raun allt það sem hér þarf að segja um þetta frv. okkar hv. þm. Stefáns Jónssonar:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, haldinn á Höfn í Hornafirði 1976, samþ. að fela stjórn sambandsins að vinna að því að ákvæðum grunnskólalaganna um upphitun skólahúsnæðis verði breytt þannig, að sveitarsjóðir greiði ekki nema sem nemur meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita. Upphitun, sem er yfir því marki, greiði ríkissjóður upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er upp með olíu eða rafmagni.“ — Þetta er reyndar að segja má tekið beint upp úr frvgr. — „Óþarft er að fjölyrða um það hér, hvers konar aðstöðumun sveitarfélög búa við að þessu leyti. Verst er þó að hitunarkostnaður skólahúsnæðis kemur hvað þyngst og óréttlátast niður á litlum sveitarfélögum sem búa einnig að öllu öðru leyti við erfiðastar aðstæður til að sjá börnum og unglingum fyrir nauðsynlegri og eðlilegri menntun og menntunaraðstöðu (heimavistarbarnaskólar). Það er því mikið réttlætismál, ekki síst eftir það slys að skylda þessi sömu sveitarfélög til að bera kostnað af viðhaldi ríkiseigna án þess að sjá þeim fyrir nægum tekjustofni á móti, að ríkisvaldið komi hér til aðstoðar með einu eða öðru móti. Bent hefur verið á að treysti menntmrn. sér ekki til að gera þá lagabreyt. sem hér er farið fram á, mætti e. t. v. til bráðabirgða láta þá skóla, sem hér um ræðir, njóta niðurgreiðslna á olíu úr sama sjóði og eftir sömu reglum og aðra sem nota olíu til húshitunar. Einnig hefur verið bent á að hugsanlegt væri að ákveða í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sérstakan taxta á rafmagni til upphitunar á skólahúsnæði og þá í samræmi við gjaldtöku hitaveitu. Á þetta er bent hér í því trausti að menntmrn. beiti sér fyrir einhverri sanngjarnri lausn á þessu máli.“

Eflaust er verið að vinna að þessu máli í því háa rn., og ég veit reyndar að þetta mál hefur verið nokkuð kannað þar, en um árangur af því er mér ekki kunnugt.

Í þessari ályktun frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi er vikið að Olíusjóðnum sem ætlað er að skila 1600 millj. á næsta ári, þar af aðeins 600 millj. til þeirra sem samkv. upphaflegum lögum áttu einir að njóta, þ. e. íbúðarhúsaeigenda sem þurfa að kynda hús sín með olíu. Ráðstöfun þessa fjár hefur verið umdeild hér á þingi undanfarin ár, en sífellt verið gengið lengra að verja úr þessum sjóði almennt til óskilgreindra orkurannsókna eða orkuframkvæmda. Ég hef verið manna harðastur á þeirri meginreglu að sjóðurinn ætti að þjóna sínum upphaflega tilgangi. Með því var skattheimtan upphaflega réttlætt. En nú eru hlutföllin sem sagt orðin 6 á móti 10, eins og ég sagði, 6 til handa þeim sem skatturinn var lagður á fyrir, en 10 í annað. Við skulum segja að hlutföllin 10 á móti 6 komi þessu fólki til góða einhvern tíma í framtíðinni, og ég skal játa að ég get fallist hér á einhverja málamiðlun, þó hér sé svo úr hófi aflagað frá því sem upphaflega var ákveðið að engan veginn verður við unað. En einmitt í ljósi þessa væri verkefni eins og þetta í fremstu röð og tvímælalaust á undan ýmsu því sem Olíusjóðurinn hefur verið notaður til og í raun enginn mér vitanlega hefur fengið fullkomnar upplýsingar um og allra síst fyrir fram, þó mér skiljist að nú eigi að verða á þessu breyting og þessum milljarði eigi nú að verja í skilgreind verkefni samkv. ákvörðun fjvn. og Alþingis.

Ég treysti því að hv. menntmn. kanni hér sem best allar færar leiðir því vandi margra skóla og sveitarfélaga er mikill og jöfnunar er tvímælalaust þörf. Aðeins vil ég benda á það til viðbótar, að þegar skólakostnaðarskiptingin var gerð á sínum tíma og ákveðin verkefni færð alfarið á ríkið, önnur á sveitarfélögin og enn öðrum var skipt þar á milli, þá ríktu ekki þessar óeðlilegu aðstæður sem við búum nú við í þessum gífurlega mismun á kyndingarkostnaði. Þá var þessi munur að vísu til, en hann var hverfandi. Því þarf í raun og veru og ber í raun og veru að endurskoða þessi tilteknu ákvæði um kyndingarkostnaðinn. Um leið að því marki má deila og eins um það hvað á að ganga langt. En það má segja að þetta atriði hefði e. t. v. átt að koma til skoðunar á þinginu í fyrra þegar bandormurinn svokallaði var á ferðinni rétt fyrir jólahlé. En við því var aldrei að búast, þegar svo hraðsoðnum óskapnaði var dembt hér inn og afgr. á mettíma, að þar kynnu að felast neinar gagnlegar leiðréttingar og allra síst leiðréttingar á misrétti svipuðu því sem hér um ræðir.

Ég treysti því sem sagt, að hér verði unnt að finna einhverja jöfnunarleið. Ég verð raunar að vona það og treysta því að rn. menntamála hafi þetta þegar á borði sínu sem brýnt viðfangsefni. En meðan ekkert heyrist þaðan, þá hljótum við hv. 5. þm. Norðurl. e. að freista þess einu sinni enn að fá Alþ. til þess að líta á þetta mál.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska þess að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 44). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Á árinu 1973 voru sett lög um dvalarheimili aldraðra þar sem gert var ráð fyrir því að ríkið greiddi þriðjung af kostnaði við byggingu þeirra, tæki og búnað. Var þessum lögum almennt fagnað í landinu og þau voru mikilvægt skref til að auðvelda byggingu slíkra dvalarheimila, sem geta að sjálfsögðu verið í margvíslegu formi, bæði íbúðir fyrir aldraða og samfelld skipulögð heimili.

Tveim árum síðar, eða snemma á árinu 1975, setti hæstv. ríkisstj. lög um margvíslegar aðgerðir sem horfðu til sparnaðar í ríkisrekstrinum, og þ. á m. voru ýmsar ráðstafanir sem breyttu verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Í þessum bandormi var ákvæði um að fella skyldi niður lagaákvæðið frá 1973, tveggja ára gamalt, um hluta ríkisins af kostnaði við byggingu á dvalarheimilum aldraðra. Þessi skyndilega breyting hefur valdið sveitarfélögum margvíslegum erfiðleikum, m. a. af því að hún hefur verið framkvæmd af nokkurri harðneskju, þar sem ýmis sveitarfélög lögðu mikla áherslu á að hraða slíkum byggingum og höfðu stofnað til kostnaðar í trausti þess að ríkisvaldið stæði við sinn hluta af þeim kostnaði, en sitja nú uppi með hann allan eftir að ríkið kippti að sér hendinni með sparnaðarlögunum frá 1975.

Þá er þess að geta, sem ég tel vera veigamikil rök í málinu, að hér á höfuðborgarsvæðinu eru reist stór og mjög myndarleg dvalarheimili fyrir happdrættisfé sem safnað er á landinu öllu með happdrætti sem að sjálfsögðu er heimilað í lögum. Þetta er mjög ánægjulegt framtak. Allir hljóta þó að vera sammála um að ekki megi auka svo mjög byggingar þessara dvalarheimila hér á höfuðborgarsvæðinu að úr þeim dragi annars staðar á landinu. M. ö. o.: það getur ekki verið stefna Alþ. að draga sem allra mest af öldruðu fólki frá heimahögum sínum og til þess að dveljast síðustu árin hér í höfuðborginni. Önnur sveitarfélög hafa ekki neina sambærilega tekjulind við þetta myndarlega happdrætti, sem byggir hér í Reykjavík og nágrenni, og verða því að leggja á borgara sína með almennum gjöldum þann kostnað sem þau hafa af byggingu dvalarheimilanna, en nú eiga þau að standa undir þeim kostnaði ein. Ég tel því að reynslan, sem þegar hefur fengist af sparnaðarlögunum frá 1975, bendi tvímælalaust í þá átt að þar hafi ekki verið stigið rétt skref og að Alþ. eigi ekki annars kost en að taka upp hið fyrra ákvæði um að ríkið greiði ⅓ hluta af kostnaði við byggingu dvalarheimila aldraðra, tæki þeirra og búnað. Um það er þetta stutta frv. sem við hv. 8. landsk. þm. höfum leyft okkur að flytja.

Bæjarstjórn Akraness hefur fyrir nokkrum dögum sent Alþ. erindi þar sem skýrt er frá samþykkt sem gerð var í bæjarstjórninni einróma hinn 29. okt. s. l. Þar samþykkti bæjarstjórnin að beina þeirri áskorun til Alþ. að samþ. frv. til l. um breyt. á l. um dvalarheimili aldraðra sem hefur verið lagt fram og felur í sér að ríkissjóður skuli að nýju greiða ⅓ hluta stofnkostnaðar við þessar stofnanir.

Á fjölmennum fundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem haldinn var í Munaðarnesi fyrir síðustu helgi, kom fram till. þar sem það var talið hafa verið spor aftur á bak, er þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði dvalarheimila aldraðra var afnumin um s. l. áramót, og sagt, að þetta bitni harðast á byggðum dreifbýlisins þar sem þörf er verulegs átaks í þessum málaflokki. Aðalfundurinn beinir því þeirri áskorun til stjórnvalda og Alþingis að beita sér fyrir því að fyrri lagaákvæði um þessi efni verði lögleidd að nýju. Þessi till. var flutt af sveitarstjórnarmönnum á Akranesi, í Skilmannahreppi, Borgarnesi, Stykkishólmi og Búðardal. Þess má geta, að Ásgeir Pétursson sýslumaður í Borgarnesi, sem er sérlega kunnugur slíkri byggingu þar, lýsti yfir á fundinum einróma stuðningi við hana, en hann var þar gestur.

Enda þótt þessi dæmi, sem ég hef hér nefnt um beinar áskoranir, séu bæði úr Vesturlandskjördæmi, þá eru svipuð vandamál uppi umhverfis allt land. Ég vil því vænta þess að mál þetta verði skoðað vandlega, og ég hygg að athugun þess geti ekki leitt til annarrar niðurstöðu en þeirrar, að Alþ. verði að taka upp hinn fyrri hátt. Ríkissjóður verður að greiða ⅓ hluta af kostnaði við dvalarheimili aldraðra. Það misræmi, sem nú er varðandi slíkar byggingar milli höfuðstaðarsvæðisins og annarra landshluta, getur ekki staðið til langframa.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 51). — 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þetta frv. hefur verið flutt fimm sinnum áður hér á hinu háa Alþ., þar af þrívegis sem stjórnarfrv., og ég ætla að þessu sinni ekki að halda ítarlega framsögu um efni þess eða röksemdir þær sem að efni þess lúta. Ég þekki það vel vinnubrögð starfsfélaga minna hér á þingi, að ég veit að hver einasti maður, sem hér á sæti, þekkir efni þessa frv., hefur tekið afstöðu til þeirra röksemda sem fluttar hafa verið í sambandi við þetta frv., og ég er viss um að hver einasti þm. hefur tekið afstöðu til þess meira að segja í huga sínum.

Þetta frv. hefur hlotið þau örlög, sem sum frv. hljóta hér á hinu háa Alþ. og hlutu sérstaklega mikið hér áður fyrr, það hefur verið svæft, það hefur aldrei komið til afgreiðslu. Ég las það fyrir nokkrum dögum í því dagblaði íslensku sem fordast mest að láta sannleikann birtast á síðum sínum, Morgunblaðinu, að þetta mál hefur verið fellt fimm sinnum hér á þingi. Þetta eru ósannindi, eins og allir þm. vita, það hefur aldrei verið fellt. Hins vegar hefur verið að því unnið þannig, ekki síst af hálfu hv. þm. Ingólfs Jónssonar, að svæfa það, að koma í veg fyrir að það kæmi nokkurn tíma til atkvgr. Þetta er aðferð sem oft hefur verið beitt hér á þingi

og var einkum beitt hér áður fyrr. Og þetta er aðferð sem síst hefur stuðlað að því að virðing Alþingis færi vaxandi meðal þjóðarinnar, því þetta eru vinnubrögð sem ekki ná nokkurri átt. Alþm. eiga vissulega að taka sér nægan tíma til þess að fjalla um mál. Ég hef oft gagnrýnt þau vinnubrögð að ætlast til þess að alþm. taki afstöðu til hinna flóknustu mála á nokkrum dögum, eins og ríkisstjórnir ástunda allt of oft. En Alþ. á líka að líta á það sem skyldu sína að afgreiða mál sem fyrir það eru borin og láta alþjóð vita hver afstaða manna er til þeirra. Það hefur verið komið í veg fyrir það í sambandi við þetta frv.

Ég sagði áðan að þetta frv. hefði þrívegis verið flutt sem stjórnarfrv., það var í tíð fyrri ríkisstj., en að henni stóðu Framsfl., Alþb. og SF. Það voru flokkar sem þá höfðu meiri hl. hér á hinu háa Alþ. Og þegar frv. var flutt hér tóku fulltrúar Alþfl. mjög eindregið undir það og hafa sýnt málinu mikinn áhuga.

Ég minnist þess, að í hvert skipti sem málið var flutt hélt hv. þm. Ingólfur Jónsson langa ræðu, mjög langa ræðu í hvert skipti um málið, en hann tók aldrei neina afstöðu til þess, hann prjónaði í allar áttir, en án þess að nokkurn tíma væri tekin nokkur heildarafstaða. Þetta gerðist meðan ég gegndi ráðherrastörfum. En síðar átti ég sæti í sömu n. og hv. þm. Ingólfur Jónsson, iðnn., sem fjallaði um þetta mál. Á fundi í n. sagði þessi hv. þm. einu sinni við mig: — „Ég er samþykkur meginatriðunum í þessu frv., en það eru nokkur atriði sem ég vildi hafa á aðra lund.“ Ég hvatti þá hv. þm. til þess að ganga frá brtt. um þessi ágreiningsefni sem hann taldi sig hafa og við gætum svo rætt það í n. og kannað hvort við kæmumst að samkomulagi, en ella látið Alþ. skera úr um þetta mál. Hv. þm. neitaði á engan hátt þessari ósk minni, en hann gerði ekki neitt, hann reyndi að halda sér í þau vinnubrögð að svæfa málið.

Hv. þm. hefur gert þetta mjög oft áður. Ég man t.a.m. eftir því þegar áburðarverksmiðjan var sett á laggirnar samkvæmt nýjum lögum á sínum tíma, þá urðu ákaflega einkennileg umskipti á málinu í meðferð Alþ. og henni breytt í hlutafélag enda þótt ríkið legði fram fjármagn til fyrirtækisins, og hlutafélagið var talið eiga þessa verksmiðju. Einar Olgeirsson, sem þá átti sæti á þingi, flutti á hverju einasta þingi till. um að breyta þessari skipan. Hv. þm. Ingólfur Jónsson, sem þá var ennig stundum ráðh., beitti þessari aðferð: að svæfa og svæfa. En þegar hann var búinn að svæfa þessar till. í ein sjö skipti, held ég, þá gerðist það að ráðh. varð sjálfur að láta undan, hann varð sjálfur að flytja og fallast á þær athugasemdir sem Einar Olgeirsson hafði gert. Ég held að þessi svæfingaraðferð sé ákaflega óeðlileg og að menn eigi að leggja hana niður. Við erum ekkert of góðir til þess, alþm., að taka afstöðu til mála og láta kjósendur okkar vita hver afstaða okkar er í raun.

Ég sagði áðan að meiri hl. alþm. hefði staðið á bak við þá sem hafa flutt þetta frv., bæði þegar það var flutt sem stjórnarfrv. og eins þegar það hefur verið flutt sem þingmannafrv. Ég hef talað um þetta við ákaflega marga þm., og ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta er rétt. En þá á þessi afstaða einnig að koma fram. Þjóðin á heimtingu á því að alþm. myndi sér skoðun og að þeir séu menn til að standa við hana.

Þessi verulegi meiri hl., sem ég tel vera hér á þingi um þetta frv., er athyglisverður, vegna þess að þarna er fjallað um atriði sem er oft mjög viðkvæmt, eignarréttinn. Það er eignarrétturinn sem er meginástæða til þess að menn skiptast í flokka. Mismunandi viðhorf til einkaeignarréttar eru þar eitt meginatriðið. En sem betur fer gera flestir sér ljóst að það eru vissir þættir sem eru fyrir utan svið þessa einkaeignarréttar. Ég held, sem betur fer, að það komi engum manni, a.m.k. hér á hinu háa Alþingi íslendinga, í hug að einhverjir eigi að fá ágóðann af andrúmsloftinu sem við drögum að okkur, ekki heldur af sólargeislunum sem skína á okkur. En það atriði, sem fjallað er um í þessu frv., er af sama taginu. Það er orkan í iðrum jarðar. Við erum þannig settir hér á Íslandi að um Ísland liggur sprungukerfi sem liggur eftir gjörvöllu Atlantshafi. Það liggur um Ísland frá suðvestri til norðausturs. Við erum þar í meira nágrenni við orkuna í iðrum jarðar en flestar aðrar þjóðir, og það hefur haft í för með sér ýmis einkenni á okkar landi. Þessi orka í iðrum jarðar er í eðli sínu sams konar og sólarorkan sem ég var að tala um áðan eða loftið sem við öndum að okkur. Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar og alþm. er þeirrar skoðunar að þessi orka í iðrum jarðar eigi ekki að vera í neinni einkaeign. Að því leyti sem við getum hagnýtt þessa orku eigum við að gera það í þágu alþjóðar, en ekki þannig að einhverjir einstaklingar geti gert sér það að gróðalind.

Ég beitti mér upphaflega fyrir því að þetta frv. var flutt þegar verið var að undirbúa lagningu hitaveitu á Reykjanesi. Það var ákaflega stórt mál vegna þess að olíuverð hafði hækkað mjög mikið, og það var í senn stórfellt efnahagsmál íslendinga og sjálfstæðismál að geta nýtt innlenda orkugjafa í stað olíu. En það svæði, sem notað var til þess og notað er til að koma hitaveitu um Suðurnes, er í einkaeign. Landið var í einkaeign enda þótt ríkið hefði lagt allan tilkostnað til þess að rannsaka þær miklu orkulindir sem þar eru. Og það kom í ljós að þeir einstaklingar, sem áttu land á þessu svæði, hugsuðu ekki um heildarhagsmuni þessarar þjóðar. Þeir fóru allt í einu að líta á sjálfa sig sem einhvers konar olíufursta og vildu hagnast á því að unnið væri að því óhjákvæmilega þjóðhrifaverkefni að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu. Það komu meira að segja upp þær hugmyndir hjá þeim að verðleggja orkuna í Svartsengi á sama hátt og olíu. Þeir litu á sjálfa sig sem einhvers konar olíufursta sem ættu að græða á því persónulega að þjóðin breytti um frá því að flytja inn orku og notaði sína eigin orku. Þetta eru sjónarmið sem brjóta í bága við siðgæðisvitund alls þorra þjóðarinnar að mínu mati, og ég er viss um að þau brjóta einnig í bága við sjónarmið alls þorra þm.

Það tókst vissulega að lækka þessar hrikalegu hugmyndir örfárra gróðaaðila, en engu að síður

gerðist sá atburður sem ég tel að geti dregið dilk á eftir sér, að þessum aðilum voru greiddir fjármunir fyrir þessa orku sem unnin var úr iðrum jarðar. Ég tel það vera algjörlega rangt. Ef verður haldið áfram á þeirri braut, þá kunnum við að vera að búa til erfiðleika sem eiga eftir að verða okkur ákaflega þungbærir.

Ég vil minna á það, að á Reykjanesi er einnig annar staður þar sem hugsað hefur verið til þess að nýta orkuna í iðrum jarðar. Það eru uppi hugmyndir um það að koma upp sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Rannsóknarráð ríkisins framkvæmdi á því máli ítarlega könnun á sínum tíma og niðurstöður þeirrar könnunar bárust til mín meðan ég gegndi störfum iðnrh. Ég lét óháða aðila kanna störf Rannsóknaráðs, og niðurstöður þessara óháðu aðila voru þær, að Rannsóknaráð hefði síst verið of jákvætt í viðhorfum sínum, heldur væri þarna mjög álitlegur möguleiki. En það land, sem þarna er um að ræða, þar sem heita vatnið er, það er af hálfu leyti í eigu ríkisins og að hálfu leyti í eigu einstaklinga. Einn þeirra einstaklinga, sem eiga þetta land, á sæti hér á Alþingi.

Þegar þessi atriði komu í ljós, þá lét ég eiga viðtal við þennan hv. alþm. um það hvort ríkið fengi ekki að kaupa landið, sem um var að ræða þarna, á því verði sem væri venjulegt gangverð á svæðinu, án tillits til þeirrar miklu orku sem þarna hefði fundist í undirdjúpunum. Þessi hv. þm. neitaði þessari ósk. Hann sagðist vilja að hann og ættmenn hans ættu kost á því að gera fjármunakröfur í sambandi við nýtinguna á orkunni.

Ef það heldur áfram að við látum viðgangast að einstaklingar geti gert kröfur um fjármuni þegar verið er að leysa vandamál í þágu alþjóðar, þá kunnum við að vera að búa til hrikalega erfiðleika, ekki aðeins stórkostlegt þjóðfélagslegt ranglæti, heldur einnig erfiðleika sem erfitt mun að yfirstíga og gera okkur ókleift að nýta þau auðæfi sem við eigum á þessu sviði. Þess vegna er óhjákvæmilegt að um þetta verði sett löggjöf. Ég vil vænta þess að sú aðferð hv. þm. Ingólfs Jónssonar að svæfa þetta mál, að hún standi ekki öllu lengur, því þetta er mál sem ekki má svæfa. Þetta er mál sem verður að leysa, og það er ekki orðið seinna vænna að leysa það ef við eigum ekki að búa til hrikalega erfiðleika fyrir okkur.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi, ég er búinn að skýra það svo oft áður á þessu stigi. Ég er búinn að skýra það oft áður í ítarlegum ræðum og veit að þm. kunna skil á því öllu saman. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. iðnn. En ég vil beina þeirri ósk jafnframt til hæstvirts forseta eða hæstvirtra forseta, að þeir fylgist með því að iðnn. gegni skyldustörfum sínum og skili áliti um þetta mál eftir tiltölulega skamman tíma. Það er búið að kanna málið ár eftir ár, það er búið að safna gögnum úr öllum áttum, það er búið að kanna það til slíkrar hlítar að það geta ekki verið neinar efasemdir um málsatriði í sambandi við það.

Það er skylda n. að skila áliti um þetta mál hingað til d. þannig að Ed. geti einnig fjallað um það og hægt sé að ganga frá málinu á þessu þingi.

Ég sagði áðan að ég vissi að meiri hl. þm. væri samþykkur þessu frv. í huga sínum og hjarta. Ég er ekki eins viss um að það verði raunin þegar á reynir. Það gerast oft einkennilegir atburðir, ekki síst í samstarfi þeirra tveggja flokka sem nú stjórna landinu. En við skulum láta á það reyna. Ég vil þá gjarnan, ef þetta frv. yrði fellt, þá vil ég gjarnan að þeir menn, sem það gera, standi frammi fyrir þjóðinni með fulla ábyrgð á því sem þeir eru að gera.

Ég ítreka þá ósk mína til hæstv. forseta, að fylgst verði með því að iðnn. þessarar d. gegni skyldustörfum sínum og skili áliti á tiltölulega skömmum tíma, og legg svo til aftur, að málinu verði vísað til iðnn. og 2. umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. vítir iðnn. þessarar d. Hv. þm. hefur beint því til forseta að þeir fylgist með því að n. vinni skyldustörf sín. Hv. þm. var ekki í iðnn. á s.l. ári af gildum ástæðum, en árið áður vorum við saman í iðnn. Þá var þetta frv. rætt, þá gaf ég skýringu á því af hverju frv. var ekki afgreitt. Það var verið að bíða fram eftir vetri eftir umsögnum. Umsagnir komu frá Stéttarsambandi bænda, Búnaðarfélagi Íslands og Búnaðarþingi. Þessar umsagnir voru á móti þessu frv. Við ræddum þetta báðir, og ég man ekki eftir að það hafi verið neitt sérstakt ósamkomulag þótt frv. dagaði uppi á þessu þingi.

En frv. var aftur flutt haustið 1975. Ég ætla að það hafi verið seint í októbermánuði. Í nóvembermánuði snemma var þetta frv. tekið fyrir í iðnn. Það var lítillega rætt. Ég kom með boð frá hæstv. iðnrh. til n. um það, að hann væri búinn að skipa n. til þess að semja frv. um þetta efni og hann ætlaði sér að flytja frv. á síðasta þingi, ekki eins og þetta þmfrv., heldur eitthvað öðruvísi. N. var sammála um að bíða eftir þessu frv. Það var enginn ágreiningur í n. Það er bókað. Öllum þótti eðlilegt að bíða eftir þessu væntanlega stjórnarfrv. um málið.

En það er nú oft svo, að það tekur lengri tíma að semja frv. heldur en ætlað er. Þetta frv. var ekki flutt á síðasta þingi — enda þótt hæstv. iðnrh. hafi ætlað sér það. Það var ekki lokið við samningu frv. Frv. er ekki enn komið. En ég ætla að það verði ekki langt þangað til það sér dagsins ljós hér í hv. Alþingi.

Nú veit ég að hv. 3. þm. Reykv. finnst harla gott þetta frv. sem hann hefur flutt oft, eins og hann sagði áðan. En það gæti þó verið að það kæmi annað frv. um sama efni, sem hv. þm. þætti betra að samþ., en næði eigi að síður þeim tilgangi sem þessu frv. er ætlað að ná.

Ég held að það sé alveg óþarfi að tala um að iðnn. afgr. ekki þau mál sem til hennar berast. Það hefur iðnn. gert a.m.k. tvö síðustu þing, meðan ég hef verið form. í n. Þetta er eina málið sem hefur legið í n. og af gildum ástæðum. Af gildum ástæðum var þetta frv. ekki afgr. á síðasta þingi. Það voru allir nm. sammála um að haga sér eins og gert var.

Ég get vel fyrirgefið hv. 3. þm. Reykv. þó að hann viðhefði ýmis orð hér áðan. Ég veit að hann meinar ekki nema lítinn hluta af því, eins og þegar hv. þm. segir að Morgunblaðið sé það blað sem síst vilji hafa sannleikann á sínum

síðum. Ég hélt satt að segja að hv. 3. þm. Reykv. væri reyndari í tali en svona. Ef það væri einhver annar eða ef þetta væri einhver viðvaningur, þá væri hægt að segja að maðurinn hefði gloprað þessu út úr sér og verið óheppinn í orðavali. En þetta er nú hreint aukaatriði. Það er líka aukaatriði, það sem hv. þm. var að vitna í áburðarverksmiðju-frv. Einars Olgeirssonar, hann hefði flutt það þing eftir þing og loks hefði ég orðið að láta undan og flytja frv. Allir vita að frv. þáv. ríkisstj. um breyt. á l. um Áburðarverksmiðju var allt annað og öðruvísi en frv. Einars Olgeirssonar. Þetta hefði hv. 3. þm. Reykv. einnig átt að muna og vita og vera ekki að glopra út úr sér svona fjarstæðu.

Ég geri ráð fyrir að það verði samþ. breyting á núverandi orkulögum í því formi að tryggja það, að þegar ríkið eða samfélagið þarf á að halda geti það fengið not af orkugjöfum og auðlindum þessa lands. Það má að vísu segja að þetta sé tryggt nú með eignarnámslögunum, sem alltaf er hægt að grípa til, og mati á því verðmæti sem um er að ræða. Svo reyndist á Suðurnesjum í sambandi við hitaveituna. Um hugrenningar þeirra, sem eiga þetta land, hvort þeir eru 20 eða 30, veit ég ekkert um, en hv. 3. þm. Reykv. var að vitna í hvað hugsunarháttur þessara manna hefði verið ljótur og óþjóðhollur. En hugsunarhætti manna verður ekki hægt að breyta með lögum. Mannlegt eðli breytist ekki þó við breytum lögum. En það fór vel á Suðurnesjum með þessi hitaveitumál. Það fór eins og Orkustofnun sagði í skýrslu sinni 1973 eða 1974, að kostnaður við orkuréttindin væri hreint aukaatriði og örlítið brot — rétt mælanlegt — af heildarkostnaði við virkjunina. Það fór þannig vegna þess að það var farið að lögum. Það varð samkomulag og það var mat á þessum réttindum sem réð úrslitum að lokum.

En enda þótt við höfum möguleika til að tryggja samfélaginu slík réttindi, þá er ég þeirrar skoðunar, að það megi ganga betur frá því með breyt. á gildandi lögum, en ekki endilega með þeim hætti sem er í frv. hv. 3. þm. Reykv.

Ég tel að það ráði ekki neinum úrslitum hvort lög um þetta efni taki gildi árinu fyrr eða seinna. Það hefur ekkert slys orðið af þessum drætti. Það þýðir ekkert að slá því fram að ekki séu möguleikar til að nýta þessa orkugjafa enda þótt lögum væri ekki breytt. Það hefur ekkert tafist þótt þetta frv. hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki enn orðið að lögum.

Ég sé ekki ástæðu til, hæstv. forseti, að ræða meira um þetta frv. að þessu sinni. Hv. 3. þm. Reykv. sagði að ég hefði oft haldið langar ræður um málið. Þær eru þá í þingtíðindunum. Ég geri ráð fyrir, eins og hv. 3. þm. Reykv., að þm. þekki þetta mál, og þess vegna er ekki ástæða til þess að rifja upp það sem áður hefur verið sagt um það. En ég mótmæli því, að ég leggi það í vana minn að svæfa mál. Ég mótmæli því að iðnn. Nd. fari ekki eðlilega og rétt að við meðferð mála. Þess vegna var óþarfi fyrir hv. 3. þm. Reykv. að brýna raustina og hvetja forseta til þess að fylgjast með störfum iðnn. þessarar hv. d. Ég er alveg sannfærður um það, að ef hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hefði verið í n. í fyrra, þá hefði hann verið sammála öðrum nm. um að bíða eftir væntanlegu stjórnarfrv. sem átti að flytja á síðasta þingi, en var ekki gert vegna þess að það tók lengri tíma að semja frv. og ganga frá því heldur en hæstv. ráðh. hafði gert ráð fyrir.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Sú ræða, sem sá ágæti sómamaður, hv. 1. þm. Suðurl., var að ljúka við rétt áðan og hann flutti af alkunnri diplómatískri snilld og fágun, gefur raunar, ef hún er athuguð, innsýn inn í það sem hér er deilt um. Fyrri partur ræðunnar var fyrirlestur um hvernig klókir valdamenn fara að því að tefja fyrir frv. sem þeim líkar ekki við. Það er ekki ný aðferð að láta það berast til n. að það sé verið að vinna í rn. að nýju frv. um sama eða svipað efni. Það er sjálfsagt ekki hægt að mótmæla því ef ráðh. er að því. En það er engu að síður augljóst af öllu til hvers leikurinn var gerður, enda komu fram önnur frv. frá þessu sama rn. um virkjanir sem þurfti að lofa heilum landshlutum, en ekki er vitað til að verði hægt að framkvæma fyrr en kannske eftir áratugi. Það stóð ekkert á vinnubrögðum þá, hvorki af hendi formanns n. né annarra. En það eru kannske einhverjar ástæður fyrir því hvaða frv. eru samin og afgreidd fljótt frá iðnrn. og aðstoðarmönnum þess eða hæstv. iðnrh. og flutt hér á þingi og hver eru látin sitja á hakanum.

Seinni hluti ræðu hv. þm. leiddi algjörlega í ljós að hann er hreinlega á móti kjarna málsins, að því að hann talar, jafnvitur og hann er, alveg út í hött. Hann er að tala um hvort ríkið eða þjóðin geti fengið not af auðlindunum, eins og það sé aðalatriðið, eins og það séu einhverjar fréttir fyrir alþm. að það sé hægt að gera eignir upptækar ef þjóðarhagur krefst þess. Frv. snýst alls ekki um það. Frv. snýst um hvort þeir, sem telja sig eftir gildandi lögum eiga jarðhita djúpt í jörðu, eigi raunverulega rétt á því að gera kröfur til þjóðarinnar um stórupphæðir í greiðslu fyrir not af þessum jarðhita. Það þýðir ekkert að fara í kringum það með því að segja að það sé hægt að beita lögum um eignarnám. Eftir sem áður á að meta eignirnar eftir sömu reglum og gilt hafa og láta almenning greiða stórfé fyrir þetta.

Hv. þm. talaði sakleysislega um að það væri enginn skaði skeður þótt afgreiðsla málsins drægist frá ári til árs. Hvað ætli fólkið á Suðurnesjunum segi um það, sem þarf að borga þeim grósserum, sem áttu þetta úfna og gagnslausa hraun áður en hitinn fannst undir því, tugi milljóna til þess að það fái að hita hús sín með þessu vatni? Ætli það geti ekki verið fleiri dæmi? Það náðist samkomulag á Suðurnesjum, en það náðist ekki samkomulag uppi í Borgarfirði og þess vegna þurfti að fara að hefja nýjar boranir sem hafa kostað stórfé og ekki borið árangur enn þá. Einn kaupstaður, stórt kauptún og þéttbýlar sveitir bíða þar eftir vatni til upphitunar. Þar mun það hafa verið fyrst sem lögfræðingur hér að sunnan kenndi heimamönnum eða flutti fyrir þeirra hönd þá kenningu að orka væri orka og það væri sama hvort hún kæmi í formi heits vatns úr iðrum jarðar eða olíu austan úr löndum. Eftir það hefur sú hugmynd gengið hér, almenningi til undrunar, að menn leyfa sér að halda því fram

að hægt sé að krefjast olíuverðs fyrir jarðhitanot.

Það er sönnu nær að notkun jarðhitans flýgur fram nú einmitt þessi árin. Það er verið að byggja milljarða orkuver og það er langt komið undirbúningi undir milljarða verksmiðjur, eins og hér hefur verið nefnt, þannig að það er vissulega aðkallandi að gera þetta dæmi upp. Málið snýst um það, hvort þjóðin á jarðhitann í iðrum landsins eða hvort einstakir menn eiga hann.

Nú má deila um margt í sambandi við eignarréttinn. Stjórnarskrárákvæði, sem við höfum, eru, eins og fróðir menn hafa rakið og sagt okkur hinum, 150—200 ára gömul eða svo, og það hefur margt breyst á þeim tíma. Viðhorfin til auðæfa jarðarinnar eru þau, að mörg þeirra geta með engu móti fallið undir þessar gömlu aðalshugmyndir um hvað eignaréttur sé, og þ. á m. er alveg tvímælalaust í huga íslensku þjóðarinnar vatn úr iðrum jarðarinnar, heitt vatn.

Með þessu frv. er þó ekki verið að lýsa yfir að allur jarðhiti sé þjóðareign. Það er eingöngu takmarkað við það sem kallað er djúphiti eða háhitasvæði og skilgreint hvað það er. Það er mjög mikill hiti, 200°C, og hann verður að finnast fyrir ofan 1000 m, þannig að allur minni jarðhiti, sem þó gæti dugað til að hita ærið mörg hús og gróðurhús, mundi verða áfram í eigu viðkomandi jarðeiganda. Þetta frv. þarf því ekki að trufla á neinn hátt slík minni not til upphitunar einstakra húsa eða hita til garðyrkjubænda. Það nær eingöngu til þess þegar um meiri jarðhita er að ræða sem kann að verða notaður til þess að hita upp fjölmenn svæði eða í iðnaðar- eða orkuskyni.

Nú getum við í sjálfu sér sleppt almennum deilum um eignarréttinn, en athugað aðeins þá löngu forsögu sem þetta mál hefur átt. Fyrrv. orkumálaráðh. Sjálfstfl., núv. form. iðnn., og væntanlega líka núv. iðnrh. virðast vera þeirrar skoðunar að einstaklingarnir eigi djúphitann og ef þurfi að taka hann af þeim, þá verði að meta verðmætið og borga þeim. Hins vegar liggja fyrir grg. eftir þjóðkunna lögfræðinga, eins og Ólaf Jóhannesson, hæstv. dómsmrh., sem fyrir mörgum árum lagði mikla alúð við að kynna sér þetta mál og komst að þeirri niðurstöðu að heimilt væri að setja eignarrétti landeigandans almenn takmörk — án þess að brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar þegar um djúphita er að ræða. Bjarni heitinn Benediktsson mun hafa komist að svipaðri niðurstöðu. Frá þessu er öllu ítarlega skýrt í grg. og hefur verið rakið áður. Það er gaman að sjá þessa lögvitrustu menn hægri flokkanna á síðustu áratugum hafa sömu skoðun og við höfum haldið fram sem stöndum að þessu frv., en á móti stendur íhald samtíðarinnar.

Ég veit ekki hvort þetta er eins konar misræmi milli buddunnar og samviskunnar, að þegar menn gefa út fræðilegar skoðanir og leggja við nafn sitt og fræðimennsku, þá komast þeir að þeirri niðurstöðu að íslenska þjóðin geti tekið djúphita úr jörðu án þess að það sé brot á stjórnarskrá, enda getur enginn venjulegur einstaklingur hagnýtt sér þau auðæfi á eigin spýtur. Það er alltaf ríkisvaldið sem leitar að hitanum, finnur hann, stendur fyrir borunum. En það eru einstaklingarnir sem vilja fá að fleyta rjómann ofan af þessu og láta almenning borga.

Hins vegar, þrátt fyrir þessar fræðimannlegu skoðanir, kemur alltaf á daginn þegar á á að herða, að það er eitthvert dularfullt frv. rétt ókomið eða einhverjar aðrar ástæður eða það er verið að bíða eftir álitsgerð frá samtökum landeigenda sem auðvitað er vitað fyrir fram hvernig verður. Það er alltaf einhverju borið við. Niðurstaðan hefur orðið sú, að málið nær ekki fram að ganga og það fær ekki einu sinni að komast á það stig að alþm. geti látið í ljós álit sitt á því. Ég held því að við ættum að breyta til og það sé krafa þjóðarinnar — ég leyfi mér að fullyrða það sem mitt mat á þssu máli — að Alþingi íslendinga taki afstöðu til þessa máls. Það er þá eins gott, ef á að borga fyrir hvern lítra af heitu vatni í hitaveitum framvegis sem taka þarf úr löndum í einstaklingseign, að þau bæjarfélög, sem eiga eftir að koma upp hitaveitum, viti það. Það gæti farið svo að fjölmennar byggðir á landinu fengju ekki hitaveitu fyrst um sinn eða a. m. k. að hagurinn af nýjum hitaveitum verði orðinn alllítill þegar búið er að borga milljónabagga til þeirra sem eiga yfirborð landsins á þessum stöðum, en halda að þeir eigi jarðhitann líka.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ræða hv. þm. Ingólfs Jónssonar minnti mig á fyrri ræður sem hann hefur haldið um þetta sama efni. Það var lopi. Það var ekki hægt að festa hendur á neinu. Og þó var eitt sem hægt var að festa hendur á. Hann sagði að hæstv. iðnrh. gæti ekki sætt sig við frv. sem samið hefði verið í tíð fyrri ríkisstj., hann þyrfti að láta semja sérstakt frv. handa sjálfum sér. (Gripið fram í.) Og hv. þm. kallaði þetta frv. Magnúsar Kjartanssonar. Það er mikill misskilningur. Þeir, sem sömdu þetta frv., voru sérfræðingar Orkustofnunar og mjög hæfir lögfræðingar. Þeir sömdu þetta frv. og Orkustofnun hafði frumkvæði að því, sagði að það væri óhjákvæmilegt að taka ákvörðun um eignarréttaratriði í sambandi við þetta mál, ef ætti að vera einhver eðlileg þróun í nýtingu hitaorkunnar hér á Íslandi, þá yrði að setja slíka löggjöf.

Það er ekki til nein afsökun á vinnubrögðum Alþ. í sambandi við þetta mál. Þau vinnubrögð eru Alþ. til minnkunar og úr þeim verður að bæta á þessu þingi hvað þetta mál varðar.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég er ekki sérlega uppnæmur fyrir því þótt hæstv. iðnrh. segi að hann ætli að láta semja frv. Ég hef heyrt margar slíkar yfirlýsingar frá hæstv. ráðh. áður, en efndirnar láta standa allmikið á sér.

Eitt fyrsta verk þessa hæstv. ráðh. var að stöðva lagningu byggðalínu til Norðurlands. Það var eitt fyrsta verk þessa ráðh. að gera það, með þeim afleiðingum að ráðist var í að flýta Kröfluvirkjun og af því hafa hlotist vandkvæði sem allir þekkja. Skv. þeim lögum, sem sett voru um Kröfluvirkjun á sínum tíma, þurfti hún ekki að koma í gagnið fyrr en 1978 ef byggðalínan hefði verið lögð með þeim hraða sem áætlað var. En það var stöðvað af hæstv. iðnrh.

Hæstv. iðnrh. hefur stöðvað æðimargt fleira. Hér var starfandi um alllangt skeið n. sérfræðinga sem hingað kom á vegum Sameinuðu þjóðanna til að undirbúa gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Ísland. Það var mjög merk vinna sem þarna var unnin, og ég beitti mér fyrir því, að sett var upp sérstök deild í tengslum við iðnrn. til þess að vinna úr þessum efniviði svo að hægt væri að leggja á ráðin um skynsamlega og skipulega iðnþróun. Þessi stofnun hefur verið lögð niður af núv. hæstv. iðnrh., hún hefur verið lögð niður og sú mikla vinna, sem unnin var, er látin rykfalla.

Ég kom einnig á laggirnar gosefnahópi sem m. a. var settur á laggirnar vegna þess að kannanir á því sviði höfðu verið að nokkru leyti í höndum erlends auðhrings sem hafði notað okkur íslendinga á mjög undarlegan hátt í viðskiptum sínum í Evrópu. Þessi auðhringur þóttist hafa áhuga á því að íslendingar hæfu framleiðslu á afurðum úr perlusteini. Þessi auðhringur hafði áður haft viðskipti við Grikkland á þessu sviði, en grikkir óskuðu hærri greiðslu fyrir hráefnið heldur en auðhringurinn hafði greitt. Þess vegna tók auðhringurinn upp viðræður við íslendinga. En þegar búið var að sannfæra grikki um, að auðhringurinn ætti kost á að ná góðum kjörum á Íslandi, þá lækkuðu grikkir hugmyndir sínar um greiðslur með þeim afleiðingum að auðhringurinn sendi okkur bréf og taldi að perlusteinsvinnsla á Íslandi væri algerlega út í hött. Ég beitti mér fyrir því að íslenskir sérfræðingar voru settir í að kanna þetta mál og fleiri gosefni, og það kom í ljós að perlusteinn var ákaflega dýrmætt hráefni sem hægt væri að nýta á margan hátt, og ég sá í sjónvarpi í gærkvöldi að það er búið að setja upp sýningu í sambandi við það. En þessi hópur, sem ég setti á laggirnar, var lagður niður af hæstv. ráðh.

Það er æðimargt fleira sem hæstv. iðnrh. hefur ekki komið í verk. Ég lagði hér fram á sínum tíma frv. um Iðntæknistofnun sem er ákaflega mikilvæg fyrir iðnþróun á Íslandi og forustumenn iðnaðarins höfðu mikinn áhuga á. Hæstv. iðnrh. sagðist ætla að flytja þetta frv. aftur eitthvað breytt, en það eru liðin tvö ár og ekkert slíkt frv. hefur séð dagsins ljós. Ég held því ekki að það sé nein ástæða til þess fyrir alþm. að bíða í auðmýkt eftir því að hæstv. ráðh. komi hér fram einhverjum frv. Það hefur komið í ljós að það er ansi djúpt á þeim.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er vel unnið. Það er unnið af sérfróðum mönnum. Í því eru ákaflega skýrar meginlínur og þarf enginn maður að velta neinum hlutum fyrir sér í sambandi við það lengur. Þess vegna legg ég enn áherslu á það, sem ég sagði í upphafi, að ég bið hæstv. forseta um að fylgjast vel með því að iðnn. starfi að þessu máli á eðlilegan hátt og skili fljótlega áliti, því þarna er ekkert sem þarf að athuga lengur, aðeins vita hver er afstaða þm.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Mér þykir hv. 3. þm. Reykv. velja sér einkennilegan tíma til þess að telja upp alls konar ávirðingar í garð hæstv. iðnrh., þegar hann er ekki við.

Það getur vel verið að það sé við hæfi að ræða hér samtímis um Kröflu og gosefnanefnd, en þó sýnist mér að þau mál komi ekkert við þessu máli, sem við erum að ræða hér í dag.

Mér þykir líka vera einkennilegt það kapp sem hv. flm. þessa frv. leggja á að koma því í gegnum þingið. Mér er ekki alveg ljóst hvers vegna þeir leggja þetta ógnarkapp á að fá fram þessa breyt. á orkulögum. Mér var alveg ljóst, þegar hv. 3. þm. Reykv. gegndi embætti orkumálaráðh., hvers vegna hann lagði ofurkapp á að fá þessa breyt. á orkulögunum. Þá var þessu frv. stefnt gegn eigendum Svartsengis. Og enn eru þeir aðaluppistaðan í málflutningi hans, eftir að búið er að semja um hitaréttindin í Svartsengi.

Hverjir eru það, hvaða einstaklingar eru það í þessu landi sem eiga háhitaréttindi? Hvað ætli þeir séu margir? Það er allt í einu farið að tala um einn mann núna. Það var áður talað um eigendur Svartsengis. Nú er farið að tala um þm. sem á sæti á Alþ. Hann er að vísu ekki nefndur á nafn, hann er ekki hér í salnum, á reyndar ekki sæti í deildinni. Við vitum vel við hvern hv. þm. á. Er þessu frv. stefnt gegn honum og sameigendum hans? Eða hverjir eru aðrir í þessu landi sem eiga háhitaréttindi? Mér þætti fróðlegt að fá upplýsingar um það.

Enn er verið að tala um eigendur Svartsengis, að þeir hafi litið á sig sem olíufursta, eins og það er orðað, og hafi ætlað sér að græða á eign sinni. Og um það, að þessir eigendur vildu fá greiðslu fyrir að láta eign sína af hendi, er sagt að það brjóti í bága við siðgæðishugmyndir manna. Hvers konar talsmáti er þetta eiginlega?

Ég sagði áðan að það væri búið að semja um jarðhitaréttindin í Svartsengi. Það var samið um greiðslur upp á 87 millj. kr. Hvað var það sem var keypt fyrir þessar 87 millj.? Það voru jarðhitaréttindin og 100 hektarar lands. Ef við lítum á hvað landið með sínum gögnum og gæðum mundi þá kosta, hver fermetri, þá eru það 87 kr. Mér þætti gaman að vita hver gæti fengið land á þessu svæði fyrir 87 kr. fermetrann, ég tala nú ekki um ef því fylgdu ótakmörkuð jarðhitaréttindi. Svo er verið að tala um að hér sé um einhvern ógnargróða að ræða til handa eiganda þessa lands. Þetta er bara þvættingur og ekkert annað. Er hv. 3. þm. Reykv. kunnugt um það, að landeigendur buðu, meðan hann var orkumálaráðh., þessi gæði fyrir 50 millj. kr.? Getur hv. 3. þm. Reykv. upplýst hver kom í veg fyrir að þá væri samið um 50 millj.? Það væri fróðlegt ef hann vildi upplýsa það hér á eftir.

Mér sýnist að sá málflutningur, sem hér er hafður í frammi af flm. þessa frv., bendi einfaldlega til virðingaleysis þeirra fyrir eignarréttinum. Það er talað hér um háhitaréttindi. En hvar ætla þessir heiðursmenn að draga mörkin? Hvar verður borið niður næst? Mér er spurn: Hvar verður borið niður næst? (Gripið fram í.) Já, þau eru skilgreind í þessu frv. En ég spyr: Má ekki vænta einhvers annars frv.? Hvað með t. d. malarnámur? Hvenær dettur hv. 3. þm. Reykv. í hug að koma með frv. þess efnis að þeir, sem eigi malarnámur, skuli láta af hendi þá eign sína án þess að nokkrar bætur komi til? Ég sé ekki stóran mun á þessu.

Svo spyr hv. þm. Benedikt Gröndal: Hvað ætli fólkið á Suðurnesjum segi, sem þarf að borga þessum grósserum tugi millj. kr.? Ég get sagt hv. þm. hvað fólkið á Suðurnesjum segir. Það er ánægt með niðurstöðu þá sem fékkst við kaupin á jarðhitaréttindunum. En mig langar til að spyrja líka þessa hv. þm.: Var reiknað með því, þegar ríkið hefði hirt þessi eignarréttindi, að það síðan framseldi þau til sveitarfélaganna án þess að nokkurt verð kæmi fyrir? Ætlaði ríkið að gefa sveitarfélögum þessi réttindi? Það væri þá í fyrsta skipti, að því er mér er kunnugt, sem ríkið gæfi sveitarfélögunum eitthvað — ég tala nú ekki um slík verðmæti sem þarna var um að ræða.

Ég vil benda á það, að mesta hagsmunamál sveitarfélaganna á Suðurnesjum var að semja beint við eigendur jarðhitaréttindanna í Svartsengi. Það var þeirra mesta hagsmunamál til þess að eiga ekkert undir ríkið að sækja á eftir. Það er meginmálið. Það er komið í ljós núna og á eftir að koma enn betur í ljós að þarna var skynsamlega haldið á málum með því að semja beint við landeigendur. En ég skal benda á það, að til eru samningar um hitaréttindi þar sem greiðslur fyrir heita vatnið eru bundnar olíuverði. En það er að vísu norður í Þingeyjarsýslu og landeigendur þar njóta sem kunnugt er alveg sérstakrar verndar þeirra alþb.-manna. Þess vegna er þar allt annað uppi á teningnum. Þar er allt í lagi að borga landeigendum milljónir króna á ári fyrir heita vatnið — ég tala nú ekki um að koma í veg fyrir hinar hagkvæmustu virkjanir sem hægt er að fá í landinu. (**Gripið fram í:** Þetta er frv. um heildarlöggjöf fyrir allt landið.)

Svo er sagt hér að einstaklingar vilji fá að fleyta rjómann, — ríkið annist jarðhitaleitina og kosti þá leit, en síðan eigi einstaklingarnir að fá að nýta þessi réttindi án þess að nokkuð sé greitt fyrir. Þetta er ekki rétt, þetta er alls ekki rétt. Ef land, þar sem fundist hefur heitt vatn og lagt hefur verið í kostnað við rannsóknir, eins og t. d. í Svartsengi, er síðan keypt, í þessu tilfelli metið, þá er auðvitað tekið tillit til þess sem búið er að gera og það hefur líka verið greitt. Hér er því verið að villa um fyrir mönnum þegar öðru er haldið fram.

Svo kom þetta hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að sveitarfélögin þurfi að fá að vita fyrir fram hvort þau þurfi að borga hvern lítra. Það er einmitt það sem þau þurfa að fá að vita. Það væri mjög gagnlegt ef þau fengju að vita það hjá ríkisvaldinu, þar sem það á réttindin, hvað þau þyrftu að borga fyrir hvern lítra. Það mætti segja mér að það kæmi út úr því dæmi að það væri heppilegra fyrir þau ef þau fengju í friði að semja beint við eigendur hitaréttindanna. En ef þetta frv. verður að lögum, þá er einmitt verið að koma í veg fyrir að sveitarfélögin geti samið við einstaklinga sem hitaréttindi eiga. Það er verið að koma í veg fyrir það og það tel ég illa farið. Reynslan sýnir okkur að það er það hagkvæmasta sem sveitarfélögin geta gert, að kaupa þessi réttindi beint og eiga þau sjálf og þurfa ekkert að vera upp á einn eða neinn komin og síst af öllu ríkisvaldið.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður dró í ræðu sinni enga dul á hvaða meginskoðanir hann hefur á málunum. Eignamennirnir eru hinir góðu, við þá þurfa sveitarfélögin að geta samið. Ríkið, öll þjóðin sameiginlega, það er hin voðalega ófreskja sem á að forðast að þurfa að skipta nokkuð við. Þetta er kapítalískur hugsunarháttur á forneskjulegan hátt og á hæsta stigi. Hv. þm. hefur að sjálfsögðu ekki aðeins fullan rétt til þess að hafa slíkar skoðanir, heldur er mjög virðingarvert að hann skuli láta þær í ljós hiklaust, því þeir eru fleiri sem trúa slíku í hjarta sínu, en vilja helst ekki hafa hátt um það.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að þar sem ríkisvaldið á jarðhita sem nýta þarf til upphitunar í þágu sveitarfélaganna og þá á þeirra vegum, þá tel ég að ekki komi til mála að ríkið fari að taka stórfé fyrir það. Það er alls ekki hugmyndin með þessu að skipta á einum okraranum í stað annars, þannig að það þurfi að semja við ríkið og borga því neina sambærilega fúlgu.

Annars var það einkenni á ræðu hv. þm. að hann gat ekki séð þetta öðruvísi en í persónulegu ljósi: Hvaða menn eru það sem frv. er beint gegn? — Ég vil algjörlega mótmæla slíkum hugsunarhætti eða slíku tali. Þessu frv. er ekki beint gegn ákveðnum mönnum. Eða var hugmyndinni um þjóðareign á djúphita beint gegn Svartsengismönnum þegar Ólafur Jóhannesson gaf út álitsgerð sína eða þegar Bjarni Benediktsson flutti frv.? Ég held að þeir hafi aldrei heyrt Svartsengi nefnt í þessu sambandi. Hér er um meginstefnumál að ræða sem við ættum að geta rætt á almennum grundvelli án þess að vera að blanda inn í það einstökum mönnum. Það er e. t. v. eðlilegt að nýlegir samningar séu nefndir, og við nefndum þá nýjustu. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir að minna okkur á samningana sem húsvíkingar gerðu við sveitunga sína og hafa oft verið nefndir og gagnrýndir opinberlega áður. En það brá svo við að þar var hann ekkert hrifinn af landeigendum, svo að hans afstaða sveiflast fram og aftur. Ég tel að þeir samningar séu e. t. v. gleggsta dæmið, sem enn er til, um hversu hættuleg braut það er ef sveitarfélögin verða að semja við harðskeytta landeigendur. Og það er ekki séð fyrir endann á því hvað tengslin við olíuverðið eiga eftir að kosta húsvíkinga í framtíðinni.

Ég vil ítreka það, að hér er um grundvallaratriði að ræða, og enda á því að geta þess, að snemma á þessu ári var haldin fjölmenn ráðstefna Sameinuðu þjóðanna sem gekk undir nafninu Habitat og fór fram í Vancouver í Kanada og fjallaði um umhverfi mannsins. Þessi ráðstefna gaf út álit í mörgum köflum og einn kaflinn er um landið. Um þetta álit voru fulltrúar frá að ég hygg 135 þjóðum sammála, og niðurstaðan, kjarninn þar er sá, að landið sé svo sérstætt að um það geti ekki gilt hinar venjulegu hefðbundnu hugmyndir manna um eignarrétt, annað verði að koma til þegar hagsmunir þjóðanna, þegar hagsmunir fjöldans krefjast þess. Það eru því ekki einstaka menn eða flokkar hér uppi á Íslandi sem berjast fyrir

því að hugsunarháttur manna gagnvart slíkum auðlindum sem hér um ræðir breytist, heldur hefur þetta verið einróma álit rúmlega 135 þjóða á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ég á einhvers staðar í fórum mínum textann ef hv. þm. óskar eftir að fá að sjá hann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 18. fundur.

Fimmtudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna, þáltill. (þskj. 70). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnu- og byggðaþróun í landinu, þáltill. (þskj. 75). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurbygging raflínukerfisins í landinu, þáltill. (þskj. 53). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 51 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 28, n. 65 og 69). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, StH, StG, ÞKK, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, EÁ, EBS, EKJ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, IJóh, ÓE, GuðrB, PP, ÞJ, RH, SigurlB, ÁB.

nei: SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH, JónasÁ, KP, LJós, MK, RA, SighB, StJ.

4 þm. (SvH, FÞ, MÓ, PS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í umr. um samkomulag um veiðar breskra togara nú loksins þremur vikum fyrir lok tímamarkanna hér á hinu háa Alþ. hefur það komið í ljós, að verulegar líkur eru á því að áframhald verði á veiðum breskra togara eftir 1. des. n. k. Von mín var sú og að ég tel þúsunda annarra landsmanna að þessir samningar tryggðu endalok á veiðum breta hér við land fyrir fullt og allt. Á þeirri forsendu einni var ég jákvæður um stuðning við samkomulagið og fór ekki dult með það utan Alþ. og nú í umr. hér áður. En þar sem það er staðreynd, að í dag koma fulltrúar Efnahagsbandalagslandanna til þess að hefja samningaumleitanir á ný og ráðh. þeir, sem talað hafa í þessum umr. ekki lýst yfir skorinort að alls ekki yrði samið áfram við breta eða Efnahagsbandalagið fyrir þeirra hönd, tel ég samkomulagið ekki tryggja það, sem afstaða mín byggðist fyrr á, og segi því nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39:16 og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 81).

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 10). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á s. l. sumri var mikil óþurrkatíð um mikinn hluta landsins. Talað er um óvenjulegt óþurrkasumar og svo var og um sumarið 1975. Þetta minnir áþreifanlega á hve bændur eru almennt háðir veðurfarinu um heyöflun. Þó mætti ætla að í allri þeirri tækniþróun, sem gengið hefur yfir landbúnað á síðari árum, stæðu bændur betur að vígi í þessu efni en áður var. En það er síður en svo. Fjárhagsleg skakkaföll bænda af völdum óþurrka gerast nú stórum alvarlegri en áður var, þar sem nú er svo miklu kostað til áburðar og heyvinnslutækja. Er því ekki að ófyrirsynju að talað er um hvernig bæta megi tjón sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum. En mest er um vert að forða frá tjóni með því að gera fóðuröflunina óháðari veðurfarinu.

Nú eiga ekki allir bændur landsins sammerkt í þessu efni. Um langt árabil hafa sumir bændur verið svo óháðir veðurfarinu sem verða má. Öll eða nær öll heyverkun þeirra hefur verið í vothey. Þeir bændur, sem beitt hafa þessari heyverkunaraðferð alfarið, eru samt allt of fáir. Þeir teljast frekar til undantekninga þegar litið er á bændastétt landsins í heild. Þó eru þess dæmi, að allir bændur í heilum byggðarlögum verka hey sín í vothey, svo sem t. d. í Strandasýslu og á Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Með votheysverkun fá bændur öryggi svo sem frekast er unnt gegn duttlungum tíðarfarsins. Votheysverkun tryggir fóðuröflunina í óþurrkatíð. Votheysverkun firrar bændur áföllum og fjárhagstjóni sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum sem ekki hagnýta þessa aðferð.

En votheysverkunin er ekkert neyðarúrræði til að mæta óþurrkum, þvert á móti. Auk öryggisins, sem þessi heyverkun veitir um fóðuröflunina, fylgja aðrir hinir mikilvægustu kostir. Votheysverkun tryggir fóðurgildi heyfengsins, hvað sem líður tíðarfarinu. Þroskastig gróðurs er afgerandi fyrir næringargildið í grasinu og þá að sjálfsögðu í votheyinu. Eftir því sem jurtin þroskast verður trénið meira og fóðurgildið minna. Við votheysgerð þarf ekki að bíða þurrks til að slá þar til grasið er úr sér vaxið, en mikilvægi þess fyrir fóðurgildið verður ekki ofmetið. Og ekki er hætta á því að slegið gras hrekist og missi þannig fóðurgildi sitt, því hey er hirt í vothey um leið og það er slegið. Með votheysverkun komast bændur hjá notkun fóðurbætis til að bæta hið lélega fóðurgildi sem fylgir úr sér vöxnu og hröktu þurrheyi vegna óþurrka. Er því um stórkostlegan fjárhagslegan hagnað fyrir bændur að ræða, svo mjög sem fóðurbætiskaupin vega mikið í útgjöldum búsins þegar byggt er á þurrheysverkun. Auk þess ber að hafa í huga hina miklu gjaldeyrisnotkun sem innflutningi fóðurbætis fylgir og þjóðhagslegan óhag.

Búnaðarmálastjóri má best um þetta vita. Í yfirliti sínu um landbúnaðinn árið 1975, sem birtist í dagblaðinu Tímanum 8. jan. s. l., segir hann um afleiðingar óþurrkasumarsins 1975 sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt heymagn landsmanna muni vera svipað eða aðeins lítið minna en árið 1974, þá er fóðurgildi þess gróft reiknað um 40 millj. fóðureiningum minna nú. Jafngildir það um 40 þús. smálestum af kjarnfóðri að verðmæti 1.5 milljarðar kr. Þrátt fyrir þetta stórfellda tjón hef ég engan bónda hitt sem ber sér vegna þess, og heldur ætla þeir að taka afleiðingunum með sinni venjulegu þrautseigju. Sumpart verður þetta gert með aukinni kjarnfóðurgjöf, en einnig munu hin lélegu hey draga mjög úr framleiðslunni.“

Þessi ummæli búnaðarmálastjóra eru mikið umhugsunarefni. Í fyrsta lagi sýna þau glöggt skaða bænda og þjóðhagslegt tjón sem fram kemur í lélegu fóðurgildi þurrheys í óþurrkasumrum. Í öðru lagi virðist koma fram í þessu tali aðdáun á viðbrögðum bænda við þessu ástandi. Þeir ærðrast ekki og ætla að sýna sína „venjulegu þrautseigju“, segir búnaðarmálastjóri. Þeir kaupa bara meira kjarnfóður og framleiða minna. Þetta er að vísu aðeins sagt um árið 1975. En það endurtekur sig í ár og endurtekur sig í öllum óþurrkasumrum. Það, sem gildir fyrir bændur, er að koma í veg fyrir þennan vanda. Aðdáanlegir eðliskostir íslenskra bænda hagnýtast betur með því að þeir beini æðruleysi sínu og þrautseigju til að breyta um heyskaparaðferðir til að gera sig óháðari höfuðskepnunum, heldur en að berjast vonleysisbaráttu við máttarvöldin.

Þá krefst votheysverkun miklu minni vélakosts en þurrheysverkunin. Hér munar svo miklu að það mun láta nærri að um a. m. k. helmings mismun sé að ræða. Þetta varðar ekki litlu þegar hafður er í huga hinn mikli vélakostur sem fylgir nútímabútækni. Hér er þá ekki einungis um að ræða að votheysverkun fylgi miklu minni stofnkostnaður vegna tækjakaupa, heldur og miklu minni rekstrarkostnaður véla. Kostnaður verður minni vegna aðkeyptrar viðgerðarvinnu, varahluta, bensíns, dísilolíu o. s. frv. sem rekstri slíkra véla fylgir. Er hér um að ræða atriði sem hafa veruleg áhrif á framleiðslukostnað landbúnaðarvara.

Enn kemur til sá kostur votheysgerðar sem eigi varðar litlu. Þurrheysverkun fylgir miklu meiri umferð um túnin, auk þess sem galtar sitja tímunum saman á túnunum og valda skemmdum. Það er auðvelt að stórspilla gróðri með mikilli umferð. Á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir til að fá úr því skorið hvaða áhrif mikil þjöppun hefur á uppskeruna. Tilraunir á Sámsstöðum hafa gefið til kynna að tún með eðlilegri umferð, sem svo er kallað, gefi ⅓ meiri uppskeru en tún með mikilli umferð. Tilraunir á tilraunastöðinni á Akureyri benda í sömu átt. Þetta sýnir ótvírætt hver hagur fylgir votheysverkun einnig í þessu tilviki.

Ég skal ekki gerast fjölorðari um heyöflunina við votheysverkun, en aðeins taka fram til viðbótar að hún krefst minni vinnu en þurrheysverkun. Vinnsluþörf votheys er fremur lítil, en stöðug, og fóðuröflunin er einfalt verk og að mestu fyrir fram afmarkað í tíma og fyrirhöfn. Er þá gert ráð fyrir, að bændur sérhæfi sig og aðstöðu sína í vélakosti og byggingum til votheysverkunar. Þegar svo er um búið er leið fóðursins greið frá túni og fram á jötu. Þá er líka ekki einungis búpeningi tryggt hollt fóður, heldur eru og þeir menn, sem vinna við fóðrunina, firrtir óhollustu þeirri sem fylgir þurrheysfóðrun. Bægt er frá atvinnusjúkdómi þeim sem herjað hefur íslenska bændur, heymæðinni.

Það, sem ég hef hér sagt, er byggt á reynslu þeirra bænda sem um árabil hafa verkað allan eða meginhluta heyfengs síns í vothey jafnt í þurrkatíð sem óþurrkatíð. Mætti því halda að íslenskir bændur byggðu fóðuröflun sína að miklu leyti eða að mestu leyti á votheysverkun. En því er nú ekki að heilsa, síður en svo. Það er ekki nema lítill hluti af heyfeng bænda sem er verkaður í vothey. Þannig nam vothey árið 1973 aðeins 7.5% af heildarheyfengnum miðað við fóðureiningar, árið 1974 6.8% og árið 1975 8.4%. En ekki eiga allir bændur sammerkt í þessu efni, eins og ég áður sagði. Árið 1975 verkuðu t. d. bændur í Strandasýslu 57% af heyfengnum sem vothey. Mest var votheysverkunin í Fellshreppi, 92%, og þar næst í Kirkjubólshreppi, 86%. Það er rannsóknarefni út af fyrir sig hvernig stendur á því að íslenskir bændur hafa ekki almennt notfært sér reynsluna af votheysverkun og lagt meiri áherslu á hana en raun ber vitni, jafnframsæknir sem þeir hafa verið í öðrum greinum búskaparhátta. Út í það skal ekki farið.

Í þessu sambandi skal þó haft í huga að votheysverkun er ekki skilyrðislaust öruggasta, ódýrasta og fyrirhafnarminnsta heyverkunaraðferðin. Til þess að svo megi verða þarf nægar haganlegar votheysgeymslur, réttan tækjabúnað og rétta meðhöndlun. Það stoðar ekki fyrir bændur að grípa til votheysgerðar við ófullkomnar aðstæður þegar í óefni er komið. Úr sér vaxið og hrakið hey getur aldrei orðið gott fóður. Það gengur ekki að grípa til votheysverkunar sem neyðarúrræðis í óþurrkatíð.

Haft er eftir einum strandamanni: „Allir geta gert vothey ef þeir eru ekki að hugsa um þurrhey.“

Svo furðulegt sem það má vera, þá virðist að mistök fyrir hálfkák í votheysgerð hafi mótað frekar almennt viðhorf til þessarar heyverkunaraðferðar en árangur þeirra sem alfarið hafa haldið sig við votheysverkun. Tregðulögmálið um að taka upp bætta búskaparhætti hefur hér reynst svo sterkt, að jafnvel hefur verið neitað staðreyndum um gildi þessarar heyverkunaraðferðar. Þetta er nú að breytast. Menn neita ekki lengur staðreyndum. Eru því varnargarðar fordómanna að bresta í þessum efnum. Andspyrnan gegn votheysverkun hefur nú hörfað, ef svo mætti að orði komast í síðasta vígið. Er nú alvarlegt mál í senn orðið skoplegt. Það nýjasta er að hinn góði árangur strandamanna við votheysverkun eigi að vera til kominn af því að þar sé gras annarrar gerðar en annars staðar. Hvað þá um Ingjaldssand? Hvað þá um einstaka bændur víðs vegar um land sem hafa sömu reynslu og árangur af votheysgerð sem strandamenn? Hvað þá t. d. um norðmenn sem verka

í mörgum héruðum um 80% heyfengs síns í vothey? Hvað er þetta eiginlega? Skyldu rómverjar að fornu hafa fengið gras frá Ströndum til votheysgerðar?

Þáltill. sú, sem ég hef lagt fram á þskj. 10 og hér er til umr., felur í sér að ríkisstj. láti gera ráðstafanir til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er.

Í fyrsta lagi skal þetta gert með því að kynna bændum reynslu þeirra, sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun. Bændur, sem ekki hafa horfið að votheysverkun, þurfa ekki að þreifa sig áfram eða renna blint í sjóinn. Þeir geta fræðst um þessi efni hjá þeim bændum sem hafa kunnáttu og reynslu. Þarf að vinna skipulega að þessu sérstaka verkefni, svo sem með útgáfu upplýsinga, kynningarferðum bænda og með alhliða aðstoð ráðunauta þeirra og sérfræðinga.

Þá gerir þáltill. þessi ráð fyrir að hærri stofnlán verði veitt til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna. Nú er þessu þveröfugt farið. Lán út á votheyshlöður eru 50% af matsverði, en 55% af matsverði þurrheyshlaðna. Auk þess kemur til styrkur til súgþurrkunarkerfis við þurrheyshlöðu.

Till. gerir ráð fyrir hærri lánum til votheyshlaðna. Auk þess kemur að sjálfsögðu til greina að veita meiri óafturkræf framlög til votheyshlaðna en nú er gert til að greiða fyrir þeirri þróun sem áríðandi er að verði.

Enn fremur er lagt til að sérstök stofnlán verði veitt til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður. Slíkt hefur mikla þýðingu. Í mörgum tilfellum er hægt að breyta hlöðum, sem upphaflega voru gerðar fyrir þurrheysverkun, svo að í þeim megi verka vothey. En slíkar breytingar kosta fjármagn, og því er gert ráð fyrir sérstökum stofnlánum til að gera bændum slíkar breytingar auðveldari.

Þessi till. er ekki um að sett verði á fót n. til þess að athuga málið. Till. byggir á þeirri forsendu að málið liggi nógu ljóst fyrir til stefnumörkunar á þann veg sem lagt er til. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr rannsóknum. Almennar rannsóknir á heyverkunaraðferðum eru sjálfsagðar og raunar stöðugt verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. En slík starfsemi má ekki koma í veg fyrir eða tefja eðlileg viðbrögð við reynslu sem þegar liggur fyrir.

Þáltill. þessi gerir ráð fyrir að ríkisstj. verði falið að gera þær ráðstafanir sem þarf til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er. Hér er ekki einungis um að ræða aðgerðir til að firra bændur áföllum og tjóni sem eru samfara óþurrkasumrum. Hér er um að tefla mál sem hefur mikla þjóðhagslega þýðingu. Það varðar ekki litlu fyrir þjóðarbúskapinn að fóðuröflun landbúnaðarins geti orðið hagkvæmari og ódýrari en nú er.

Hér er um mál að ræða sem ekki þolir bið, svo mikið er í húfi. Aldrei hefur verið meiri skilningur á málinu en einmitt nú. Ætla mætti að forusta landbúnaðarins léti málið til sín taka og fylgdi því eftir. Sjást þess raunar nokkur merki. Þannig segir um þetta mál í ágætri forustugrein í blaði landbrh., Tímanum, 26. sept. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Sannast að segja er ekki ámælislaust, hversu treglega hefur gengið að útbreiða votheysverkun í landinu og þá fyrst og fremst í þeim héruðum þar sem allir vita að votviðrin geta hvaða sumar sem er verið eins og sverð yfir höfði manna. Tvö síðustu sumur ættu að vera öllum rækileg áminning um að við svo búið má ekki standa.“

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. Alþ. afgr. þessa þáltill. með skjótum og jákvæðum hætti, þannig að stefnumörkun sú, sem till. gerir ráð fyrir, firri a. m. k. Alþingi ámæli fyrir aðgerðaleysi í þessum efnum.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. þessari verði vísað til hv. atvmn. þegar fyrri hl. umr. er lokið, og hef ekki meira um málið að segja.

Umr. (atkvgr.)frestað.

Framkvæmd skattalaga, þáltill. (þskj. 33). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 33 hef ég leyft mér að leggja fram till. til þál. um rannsókn á framkvæmd skattalaga. Tillgr. er orðuð svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á framkvæmd skattalaga í hinum ýmsu skattaumdæmum landsins.

Að lokinni þeirri rannsókn verði, ef ástæða þykir til, settar reglur sem stuðli að samræmingu í framkvæmd skattalaga, svo og um skyldu skattstjóra, bæði gagnvart ríkisvaldinu og skattgreiðendum. Verki þessu skal lokið fyrir álagningu skatta árið 1977 og niðurstöður birtar.“

Miklar umr. hafa orðið síðustu mánuðina um skattalögin og framkvæmd þeirra. Ég ætla ekki að gera hér að umr. þær breytingar sem nauðsynlegar eru á skattalögum. Ég legg aðeins ríka áherslu á að þær þurfa margar að verða, og að mínu mati þarf að tryggja að allir menn, sem komnir eru á þann aldur, taki einhvern þátt í kostnaði við sameiginlegar þarfir sveitarfélaga og þjóðarbús.

Hins vegar hefur hvað eftir annað komið fram hjá ýmsum aðilum, sem um þessi mál hafa fjallað, að framkvæmd skattalaga sé ekki síður mikilvæg og nauðsynlegt að tryggja þar samræmingu. M. a. kom þetta fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. þar sem hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Nauðsynlegt er jafnhliða að samræmi sé í framkvæmd skattalaga alls staðar á landinu.“

Það kom einnig mjög berlega fram í svari við fsp., sem hér var flutt fyrir nokkrum dögum, að þarna þarf að gera betur ef vel á að fara. Að vísu kom fram í svari hæstv. fjmrh. að ríkisskattstjóri gerir með tilvitnun til 42. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt vissar tilraunir til þess að samræma framkvæmd skattalaga. En í því sama svari komu einnig fram, með leyfi forseta, eftirfarandi ummæli sem höfð eru eftir ríkisskattstjóra:

„Öll framkvæmd við álagningu tekjuskatts og eignarskatts er í höndum skattstjóra, sbr. ákvæði 37. gr. skattalaga, og á þeirra ábyrgð. Ríkisskattstjóri hefur enga heimild til afskipta af því hvernig hver skattstjóri um sig skipuleggur og vinnur verkefnið. Það getur því verið misjafnt milli skattstjóra hversu ítarlega farið er í einstök

atriði og hve mörg og þá hvaða atriði eru afgreidd við útkomu skattskrár og hver á síðara stigi úrvinnslu.“

Eins og ég sagði áðan, ber ríkisskattstjóra skylda til þess samkvæmt 42. gr. skattalaga að beita sér fyrir vissri samræmingu í framkvæmd þeirra hjá hinum ýmsu skattstjórum í skattaumdæmum landsins. Einnig ber fjmrh. samkv. 45. gr. skattalaga að hafa eftirlit með því að skattstjórar, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar. Það hefur rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og krefja skattstjóra og ríkisskattstjóra um skýringu á öllu því er framkvæmd laga þessa varðar, segir í 45. gr.

Þarna eru því ákvæði sem eiga að stuðla að samræmingu. En þó kemur greinilega fram, eins og ég las áðan, í svari ríkisskattstjóra að samræmið er alls ekki eins mikið og æskilegt væri.

Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um atriði sem e. t. v. varpa ljósi á þessa staðreynd. M. a. hef ég fengið hjá ríkisskattstjóra upplýsingar um kærur í hinum ýmsu skattaumdæmum landsins á árunum 1974 og 1975 og eru þær upplýsingar eins og hér segir:

Í Reykjavík voru kærur árið 1975, eða vegna skattárs 1974, 2789, en 1975 3407. Í Reykjaneskjördæmi voru kærur vegna skattárs 1974 1321, en 1818 1975. Á Vesturlandi hef ég eingöngu tölu fyrir 1975, en þá voru kærur 306. Í Vestfjarðakjördæmi voru kærur hvort árið 550. Í Norðurlandskjördæmi vestra voru kærur 164 1974, en 180 1975. Í Norðurlandskjördæmi eystra voru kærur 1974 253, en 318 1975. Á Suðurlandi voru kærur 584 1974, en 595 1975.

Þessar tölur einar út af fyrir sig segja e. t. v. ekki mikið, svo ég hef reiknað þetta í hlutfalli við íbúafjölda. Þá kemur í ljós að kærur í Vestfjarðakjördæmi eru langsamlega hæstar eða u. þ. b. 55 fyrir hverja 1000 íbúa. Næsthæstar eru þær í Reykjaneskjördæmi eða rúmlega 42 fyrir hverja 1000 íbúa, þá í Reykavík rúmlega 40 fyrir hverja 1000 íbúa, síðan á Suðurlandi 31 fyrir hverja 1000 íbúa, Vesturlandi 21, Norðurlandi vestra 18 og Norðurlandi eystra 14. Frá Austurlandi hef ég ekki fengið upplýsingar.

Ég hef einnig aflað mér upplýsinga um leiðréttingar skatta á grundvelli þessara kæra fyrir árið 1975. Þá kemur í ljós að í Reykjavík var tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 35½ millj., en tekjuskattur félaga lækkaður um 15 millj. eða samtals um rúmlega 50 millj. Í Vesturlandsumdæmi var tekjuskattur lækkaður um 14.6 millj. fyrir einstaklinga, en félaga um 6.4 millj. rúmlega. Í Vestfjarðakjördæmi var tekjuskattur einstaklinga lækkaður um tæplega 13 millj., en tekjuskattur félaga lækkaður um 25.1 millj. Í Norðurlandskjördæmi vestra var tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 5.7 millj., en tekjuskattur félaga hækkaður um rúmlega 500 þús. Í Norðurlandskjördæmi eystra var tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 7½ millj., en tekjuskattur félaga hækkaður um 10 millj. Í Austurlandskjördæmi var tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 17 millj. rúmlega, en tekjuskattur félaga lækkaður um 1.6 millj. Í Suðurlandsumdæmi var tekjuskattur einstaklinga, þegar Vestmannaeyjar eru teknar með, lækkaður um u. þ. b. 13 millj. og tekjuskattur félaga lækkaður um u. þ. b. 18 millj. að Vestmannaeyjum meðtöldum, en Vestmannaeyjar eru sérstakt skattumdæmi. Í Reykjanesumdæmi var tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 58.3 millj., en tekjuskattur félaga lækkaður um 7.6 millj. Samtals fyrir landið allt er tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 164.5 millj., en tekjuskattur félaga um 63.4 millj.

Þessar tölur einar út af fyrir sig segja ekki heldur alla söguna. Ég hef því einnig lauslega reiknað breyt. út fyrir hverja 1000 íbúa í hinum ýmsu skattaumdæmum landsins. Þá kemur í ljós að í Vestfjarðaumdæmi er lækkun tekjuskatts samtals um 3.8 millj. fyrir hverja 1000 íbúa, þá hef ég tekið saman tekjuskatt einstaklinga og tekjuskatt félaga. Af öðrum kjördæmum er í Reykjavík hins vegar lækkun á tekjusköttum aðeins um 600 þús. fyrir hverja 1000 íbúa. Í Vesturlandsumdæmi er lækkunin 1½ millj. fyrir hverja 1000 íbúa, í Norðurlandsumdæmi vestra er lækkunin innan við 600 þús. fyrir hverja 1000 íbúa og enn minni í Norðurlandsumdæmi eystra og öðrum kjördæmum, sem ég ætla ekki að lesa hér upp til að stytta mál mitt.

Að meðaltali nemur lækkun á tekjuskatti einstaklinga og félaga um 1 millj. á hverja 1000 íbúa landsins. Vestfjarðakjördæmi er langsamlega hæst með 3.8 millj. lækkun fyrir hverja 1000 íbúa. Vesturlandskjördæmi, Austurlandskjördæmi og Reykjaneskjördæmi koma næst með um það bil 1½ millj. fyrir hverja 1000 íbúa.

Mér virðist að þessar tölur sýni ákveðið að framkvæmd skattalaga sé mjög breytileg og lítil samræming á henni á milli hinna ýmsu skattaumdæma landsins. Ég hef fremur kosið að fara með slíkar tölur heldur en að rekja dæmi sem þó eru ákaflega mörg. Dæmi hafa verið nefnd í umr. hér á hv. Alþ. úr Vestfjarðakjördæmi. T. d. hefur verið vakin athygli á harðorðri kæru og opinberu bréfi Búnaðarsambands strandamanna, þar sem það kærir álagðan tekjuskatt á starfsemi þeirra samtaka. Ég hygg að það muni vera einsdæmi að tekjuskattur sé lagður á slík samtök bænda.

Ég hef ekki heldur rætt neitt um söluskattinn. Ég hef eingöngu snúið mér að tekjuskatti einstaklinga og félaga, en ég hygg að sama megi segja um álagningu söluskatts. Hins vegar eru þær allar upplýsingar töluvert óljósari því kærur vegna söluskattsálagningar berast ekki á einum og sama tíma ársins nokkurn veginn, heldur allt árið og eru því stöðugt að koma inn og sömuleiðis leiðréttingar þar á. Hins vegar eru dæmin um álagningu söluskatts mörg og athyglisverð t. d. í Vestfjarðakjördæmi, sem er langsamlega hæst bæði með kærur og leiðréttingar, eins og ég hef gert grein fyrir. Í Vestfjarðakjördæmi er t. d. nú lagður söluskattur á framtalin hlunnindi, — hlunnindi sem hafa verið talin fram árum saman, — og er söluskatti safnað saman og lagður nú á 5 ár aftur í tímann. Vel má vera að hlunnindi þessi séu söluskattsskyld, og ætla ég alls ekki að ræða um það eða vefengja það, það gera þeir aðilar sem fjalla um kærur. En sú spurning hlýtur sannarlega að vakna, þegar slík hlunnindi hafa verið talin fram ár eftir ár, hvor er sekur, sá sem á að leggja á eða framteljandinn. Þessar tekjur af hlunnindum hafa verið taldar fram og eru með í þeim tekjuskattsstofni,

sem á hefur verið lagt. Nú er hins vegar farið til baka yfir 5 ára tímabil og hluti af þessum sama stofni á að greiðast sem söluskattur. Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir í þessu einfalda dæmi að þar er einhvers staðar veruleg brotalöm á og ástæða fyrir hið opinbera að skoða slíkt mál vandlega.

Ég get nefnt ákaflega svipuð dæmi um söluskatt á greiðasölu sem ávallt hefur verið talin fram og söluskattur greiddur af hráefni til slíkrar greiðasölu. En nú er skyndilega lagður á hár söluskattur 5 ár aftur í tímann, þótt á engan máta hafi framtöl verið vefengd og af þeim áður greiddur tekjuskattur, eins og ég nefndi í sambandi við hlunnindin. Þannig væri hægt að nefna um söluskattsálagningu ótalmörg dæmi sem lýsa hinni furðulegustu framkvæmd og sannfæra mig um að samræming á þessari framkvæmd er ákaflega nauðsynleg.

Hvaða úrbætur er þá hægt að gera í þessu sambandi? 42. gr. skattalaga gerir ráð fyrir því að ríkisskattstjóri hafi þá skyldu að stuðla að samræmingu í framkvæmd skattalaga. Hann hefur hins vegar sagt sjálfur sem svar við fsp. hér á þingi að framkvæmdin sé fyrst og fremst í höndum skattstjóra eða m. ö. o. að heimild hans sé þarna ákaflega takmörkuð. Vel má vera nauðsynlegt að styrkja þessa heimild ríkisskattstjóra verulega, og tel ég að það eigi að athuga ef sú verður niðurstaða sem ég hef fært rök að í þessari framsöguræðu minni.

Ég nefndi það einnig að samkv. 45. gr. skattalaga ber fjmrh. að hafa eftirlit með framkvæmd skattalaga. Sú spurning hlýtur að vakna hvort það eftirlit sé nægilegt, hvort það þurfi ekki að styrkja. En ég get einnig vel trúað því að efla þurfi skattstofurnar sjálfar. Ég geri mér grein fyrir því, að þær eru víða, ef ekki alls staðar, undirmannaðar og geta þá ekki sinnt hlutverki sínu eins og þeir einstaklingar, sem þar starfa, eflaust vilja.

Ég segi einnig í þessari till. að setja skuli reglur um skyldu skattstjóra, bæði gagnvart ríkisvaldinu og skattgreiðendum. Mér virðist allt of oft bera við að skattstjórar og starfsmenn skattstofa líti á sig sem eins konar tollheimtumenn ríkisins, en ekki sem starfsmenn alþjóðar. Þeir eru þar til þess að skipta þeirri byrði, sem við eigum öll að bera af rekstri þjóðarbúsins, sem sanngjarnast á okkur öll, og þeir eru að sjálfsögðu þannig ekki síður þjónar okkar heldur en ópersónulegir þjónar ríkisvaldsins.

Ég held að það þurfi að gera skattstofum kleift að sinna því hlutverki sínu að leiðbeina skattaframteljendum að vissu marki. Ég tek undir það, sem hefur komið fram í umr. um þetta mál, að það er ekki verkefni skattstofa að telja fram fyrir einstaklinginn. En þær eiga að mínu mati að geta leiðbeint einstaklingum sem til þeirra leita. Það er víða erfitt vegna þess hve starfslið er af skornum skammti.

Ég vil að lokum geta þess, að í þessu sambandi má gjarnan hafa í huga, — í sambandi við þann fjölda af kærum og leiðréttingum sem ég hef hér lesið upp, — að víða um landið er aðstaða til þess að kæra miklu lakari heldur en hún er hér á þéttbýlissvæðinu. Hér á þéttbýlissvæðinu hafa menn aðgang að endurskoðendum og öðrum sérfróðum mönnum á sviði skattalaga og framkvæmdar þeirra og geta fengið þar nauðsynlegar leiðbeiningar. Oft ber einnig svo við að póstur með skattframtölum eða álagningu skatta berst svo seint til viðtakanda að jafnvel kærufrestur er útrunninn. Þannig eru það fjölmörg atriði í dreifbýli sem stuðla að því að kærur verða þar raunar færri, þrátt fyrir þann fjölda sem ég nefndi áðan, en annars mundi verða.

Ég vona að mér hafi tekist að færa rök fyrir því hér með tölum, sem eru komnar frá ríkisskattstjóra og verða vonandi ekki hraktar, að framkvæmd skattalaga er mjög ábótavant, mjög breytileg á milli hinna ýmsu skattumdæma landsins. Ég hef kosið að styðjast við þá óánægju sem kemur fram hjá skattgreiðendum í kærum þeirra, og þá staðreynd, sem fram kemur í viðtækum breytingum og leiðréttingum á álögðum sköttum, eins og fram kom í því sem ég las upp áðan. Það er von mín að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, sjái sér fært að afgreiða það skjótt, skoða það vel og Alþingi sendi það síðan ríkisstj. Það er skoðun mín að fjmrn. ásamt ríkisskattstjóra eigi að framkvæma þessa rannsókn. Ég hef lagt til í tillgr. að athugun þessari verði lokið fyrir álagningu skatta árið 1977 og niðurstöður verði birtar, þannig að almenningur geti gert sér grein fyrir staðreyndum þessa máls.

Að loknum þessa hluta umr. legg ég til að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vinnsla verðmæta úr sláturúrgangi, þáltill. (þskj. 48). — Ein umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveimur öðrum þm. að flytja till. til þál. á þskj. 48 um rannsókn á hvernig best megi vinna verðmæti úr sláturúrgangi. Till. er þannig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á því hvernig hagkvæmast sé að vinna verðmæti úr sláturúrgangi.“

Íslendingar eru enn skammt á veg komnir með að nýta verðmæti sem unnt er að vinna úr sláturúrgangi. Sé borið saman við það sem gerist víða erlendis kemur í ljós, að við eigum mikið ógert í þessum efnum. Hér er miklum verðmætum kastað með því að nýta ekki sláturúrgang betur en nú er gert.

Mikil verðmæti eru í blóði og innmat sláturgripa sem ekki er að fullu nýttur. Víða erlendis eru bein sláturdýra möluð og mjölið notað í bætiefnaríkt fóður. Úr hornum, klaufum og hófum eru gerðir ýmsir verðmætir hlutir sem eru í háu verði á stórum mörkuðum víða um lönd.

Ekki skal fullyrt að þessu sinni hversu miklu fjármagni er á glæ kastað miðað við heildarverðmæti hvers sláturgrips þegar meðferð á sláturúrgangi er eins og hér gerist. En menn, sem hafa kynnt sér þessi mál erlendis, telja að sláturúrgangur ásamt beinum sé verulegur

hluti af heildarverðmæti sláturdýra, ef unnið er úr öllum sláturúrgangi sem nýtilegur er.

Í flestum iðnvæddum löndum hafa orðið miklar framfarir nú síðustu ár í nýtingu hvers konar efna, bæði lífrænna og ólífrænna. Þykir nú sjálfsagt, þar sem þekking og hagsýni er ráðandi, að nýta sláturúrgang og önnur vinnsluhæf efni sem gera má verðmæti úr með nýjustu vinnslutækni. Dr. Karl Kortsson dýralæknir skrifaði athyglisverða grein í Morgunblaðið 18. sept. s.l. um nýtingu sláturúrgangs og dýraskrokka sem standast ekki gæðakröfur til manneldis. Dr. Karl Kortsson, segir m.a.:

„Snemma á öldum gerðu menn sér ljósa þá hættu sem stafaði af dauðum dýrum. T.d. setti Karl mikli keisari I. upp sérstaka sorphreinsunarstaði. Hinar vísindalegu niðurstöður gerlafræðirannsókna í lok 19. aldar færðu mönnum heim sanninn um að greftrun dýraskrokks nægði ekki í baráttunni gegn útbreiðslu dýradrepsótta. Þá voru í öllum menningarlöndum settar reglur um sorphreinsun undir eftirliti ríkisins. Þegar miltisbrands og annarra smitandi sauðfjársjúkdóma varð vart á Íslandi var það oft vegna þess að skrokkar hinna sýktu dýra voru ekki brennndir, heldur voru þeir grafnir. Með auknum fólksfjölda svo og vegna sjálfstæðishreyfinga og bættrar tækni urðu hlutverk löggjafans fjölþættari. Þannig voru sett lög í Vestur-Þýskalandi 2. sept. 1975 um eyðingu dýraskrokka, skrokkhluta og afurða af dýrum, en þau stuðla mjög að því að auka framleiðni dýrabúskapar og efla umhverfisvernd."

Dr. Karl Kortsson segir enn fremur:

„Í skýrslum mínum til yfirvaldanna hef ég oft vakið athygli á nauðsyn vísindalegrar umbreytingar sláturúrgangs í dýrafóður til þess annars vegar að hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma, garnaveiki o.s.frv. og hins vegar til verndunar umhverfisins, m.a. með því að hamla gegn fóðrun rotta, máva, hrafna og fleiri dýra o.s.frv. Á Íslandi vantar viðhlítandi lög um skyldur til eyðingar dýraskrokka og úrgangsefna dýra, tilkynningarskyldu, afhendingarskyldu án endurgjalds, öruggan flutning með fjárhagslegum tilstyrk ríkisins, tilhögun úrvinnslu og eftirlit í héraði.

Nytsemi úrvinnslustöðvar eins og hér er um að ræða fer eftir staðsetningu verksmiðjunnar. Sá úrgangur, sem til félli, er kominn undir fjölda fjár á svæðinu og annarra sláturgripa og því, hversu oft sláturúrgangur mundi berast og dýraskrokkar, svo og vegalengdum við flutninga. Verksmiðjan yrði að vera lágmarksstærðar til þess að standa undir fjármagns- og rekstrarkostnaði. Vegna hins mikla flutningskostnaðar og af heilbrigðisástæðum eru vegalengdir takmörkunum háðar."

Karl Kortsson segir enn fremur:

„Verksmiðjan yrði að vera miðsvæðis miðað við þá aðila sem skiluðu úrganginum. Úrvinnslustöðin yrði að vera vel einangruð hið ytra sem að innri byggingu til að forðast að verða umhverfinu til byrði vegna sýkingarhættu og óþefs. Að mínu áliti væri það einnig hagkvæmt að verksmiðjan væri höfð nálægt hitaveitu og grasmjölsverksmiðju, en það getur verið erfitt að sameina það. Fóðurkögglar, sem gerðir hafa verið að kjötmjöli og grasmjöli, hafa reynst mjög vel sem dýrafóður. Til að skapa aukið geymsluþol verður kjötmjölið að vera með öllu laust við fituleifar.

Úrvinnslustöðin ætti að lúta stjórn dýralæknis. Stofna mætti hlutafélag með forgangsrétti sláturhúshafa.

Fjöldamargar aðferðir eru til við úrvinnslu sem þessa og eru þær nú á dögum allar fullkomlega sjálfvirkar. Sjálfur þekki ég Alfa Laval-miðsóknaraðferðina sem með sjálfvirku og lokuðu kerfi vinnur kjöt- og beinamjöl, fitu til iðnaðar og fleira úr úrgangi sláturhúsa með gerilseyðingu. Þessi úrvinnsla fer fram í þremur meginstigum: 1) hitun og gerilsneyðingu, 2) aðgreiningu og 3) þurrkun. Með viðbótartækjum er hægt að aðgreina beinamjöl, slógmjöl o.fl. til framleiðslu á verðmætum blómaáburði með meiru. Endurnýtingarhlutfallið er 73% af hráefninu. Þau 27%, sem enn verða úrgangur, geta orðið umhverfinu til óþæginda."

Ég hef lesið hér nokkuð úr athyglisverðri grein dr. Karls Kortssonar um það efni sem hér er um að ræða. Gefur það nokkra vísbendingu um að við íslendingar megum ekki draga öllu lengur að vinna úr sláturúrgangi og eyða skrokkum og dýraleifum sem ekki eru nothæfir til manneldis. Í Borgarnesi hefur nýlega verið komið upp úrvinnslustöð sem nýtir sláturúrgang að verulegu leyti. Enn mun ekki vera unnið þar sérstaklega úr hornum, klaufum og hófum. Erlendis eru unnir ýmsir dýrir munir úr hornum, og úr klaufum og hófum er einnig unnin dýr olía sem notuð er til smurnings á flókna og viðkvæma vélahluta. En verksmiðjan í Borgarnesi er stórt spor í rétta átt að því marki sem að er stefnt, þótt því hafi enn ekki verið að fullu náð.

Sláturfélag Suðurlands hefur látið fara fram athugun á því, hvort hagkvæmt sé að byggja verksmiðju sem vinnur úr sláturúrgangi. Verksmiðja sú mun vera svipuð þeirri sem starfrækt er í Borgarnesi. Hráefni er mikið sem til fellur hjá sláturfélaginu, auk þess sem við bætist úr öðrum sláturhúsum á Suðurlandi. Það, sem kæmi til vinnslu, eru 3.8 kg af hverri kind, 114 kg af nautgrip eða 40% af heildarþunga og 8 kg af svínum. Þetta sýnir að mikið efni fellur til árlega í einstökum landshlutum og í heild yfir landið. Við úrbeiningu fellur mikið til af beinum sem malað er í bætiefnarikt mjöl sem selt er á hærra verði en kjötmjöl úr venjulegum sláturúrgangi. Auk áðurnefnds hráefnis má nýta annað, t.d. seli og sjálfdauð húsdýr. Verksmiðjuna mætti einnig nota til þess að bræða til sölu mör og afgangsfitu sem erfitt er að koma í verð án sérstakrar meðferðar.

Sláturfélag Suðurlands hefur látið gera grófa áætlun um stofnkostnað kjötmjölsverksmiðju. Er stofnkostnaður áætlaður 56 millj. kr. Ekki hefur enn verið athugað um hagkvæmni mismunandi gerða af verksmiðjum. Er mikill munur á því að framleiða í verksmiðjunni aðeins kjötmjöl eða nýta öll þau efni af sláturgripum, sem nothæf eru, í verðmikla framleiðslu, eins og nú er gert þar sem tæknin er mest og þekking

fullkomnust. Stjórnendur Sláturfélags Suðurlands hafa sýnt áhuga á þessu mikilsverða máli þótt þeir hafi ekki enn komið því í framkvæmd Er hyggilegt að athuga vel hvað best hentar hér áður en í framkvæmdir er ráðist.

Í lauslegri rekstraráætlun, sem Sláturfélag Suðurlands lét gera á kjötverksmiðju, kemur í ljós að reksturinn gæti gefið sæmilegan arð. Segja má að um tvenns konar arð gæti verið að ræða í verksmiðju sem vinnur úr sláturúrgangi sem áður hefur ekki verið nýttur. Sláturúrgangurinn verður verðmætt hráefni með því að vinna úr honum, og margir menn fá atvinnu við vinnslu í verksmiðjunni sem skilar verðmætri vöru. Í fyrrnefndri rekstraráætlun er auk þess gert ráð fyrir sæmilegri arðsemi þess fjár sem í verksmiðjuna er lagt.

Markaður ætti að vera öruggur fyrir framleiðslu verksmiðjunnar. Beinamjöl er m. a. notað í fóðurblöndur. Fitan yrði að verulegu leyti notuð til blöndunar í grasköggla. Hefur það verið reynt í Gunnarsholtsverksmiðjunni og virðist gefa góða raun. Kjötmjöl er notað til fóðurs og e. t. v. að einhverju leyti til áburðar, svo sem í blómaáburð, sbr. það sem fram kemur í áður tilvitnaðri grein dr. Karls Kortssonar dýralæknis.

Væri unnið úr öllum sláturúrgangi á landinu yrði mikill verðmætisaukning á nýrri framleiðslugrein sem veitti atvinnu og mörgu vinnandi fólki tekjur. Atvinnulífið er ekki enn nægilega fjölbreytt hér á landi til þess að veita fullkomið atvinnuöryggi fyrir almenning. Iðnaður hér á landi er enn ungur að árum og á eftir að þróast á ýmsan hátt. Landið hefur ávallt verið talið snautt að hráefnum til iðnaðarframleiðslu. Skortur á fjármagni hefur oft hindrað að ráðist væri í sæmilega arðbærar framkvæmdir. Það hefur einnig átt sér stað að verðmætasköpun hefur orðið minni en efni stóðu til vegna þess að mikil verðmæti hafa farið í súginn. Þekkingu og fjármagn hefur vantað til að nýta margt, sem til fellur, í stað þess að kasta því á glæ, þótt það gæti orðið verðmætt. Í því sambandi má m. a. nefna endurvinnsluiðnað úr sorpi, rusli og brotajárni sem nú er mjög þýðingarmikill og arðgefandi í nágrannalöndum okkar, en hefur ekki enn komist á fót hér á landi. Vonandi þykir hér eftir sjálfsagt að efna til endurvinnsluiðnaðar hér á landi og spara með því gjaldeyri og auka atvinnu og verðmæti. Einnig skal þess vænst að unnið verði úr sláturúrgangi með sama markmið fyrir augum.

Till. á þskj. 48 er flutt í þeim tilgangi að rannsókn verði látin fram fara á því, með hverjum hætti sé hagkvæmast að vinna verðmæti úr sláturúrgangi. Enginn efast um að það megi gera eins og víðast annars staðar. En rannsóknir eiga að stuðla að því að hagkvæmasta leiðin sé valin áður en í framkvæmdir er ráðist, og þess vegna er till. flutt.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að segja meira um þetta mál að sinni, en legg til að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurskoðun tekjuskattslaga, þáltill. (þskj. 36). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef tvö undanfarin þing flutt hér á Alþ. till. til þál. sem verið hafa að meginefni svipaðar þessari till. sem hér er á þskj. 36, um endurskoðun tekjuskattslaga. En þessar till. hafa ekki náð fram að ganga. Ég hef í fyrri framsöguræðum lýst allítarlega núverandi tekjuskattskerfi og kallað það hneyksli að leiðréttingar skuli ekki hafa fengist á því kerfi, og ég geri það enn. Ég hef furðað mig á því, að þótt ýmsir þm. úr öðrum stjórnmálaflokkum en Alþb. hafi viðurkennt að tekjuskattskerfið sé stórgallað hefur það hvorki gerst að till. okkar alþb.-manna fengjust afgr. með eðlilegum hætti né að fram kæmu till. frá hæstv. ríkisstj. eða frá hv. þm. úr stjórnarflokkunum um aðra lausn á þessum vanda.

Að vísu hefur því verið lofað á hverju ári nú um alllangt skeið að senn yrðu gerðar breyt. á tekjuskattskerfinu. Fyrst voru þessi loforð gefin af fyrrv. fjmrh. Halldóri E. Sigurðssyni, og síðan aftur og aftur af núv. hæstv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen. Það hefur sem sagt verið skákað æðilengi í því skjólinu að skattamálin væru til gaumgæfilegrar athugunar, eins og það hefur verið nefnt. Fyrir nokkrum árum átti að heita að þau væru í athugun hjá sérstakri n., en sú n. mun hafa verið lögð niður fyrir nokkrum árum án þess að nokkurt frv. sæi dagsins ljós hér á Alþ. í kjölfar þeirra nefndarstarfa. Hins vegar lýsti hæstv. fjmrh. yfir í framsöguræðu fyrir frv. til fjárl. 28. okt. 1975, að unnið hefði verið í rn., eins og hann sagði, að undirbúningi „frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt sem lagt verður fram fyrir lok þessa árs“ — þ. e. fyrir árslok 1975. Þetta réttist þó ekki frekar en ýmislegt annað sem fyrirheit hafa verið gefin um í tíð þessarar ríkisstj. Eftir áramótin í fyrra var enn talað um það oftar en einu sinni hér á Alþ. að frv. um breyt. á tekjuskattslögum yrði lagt fyrir Alþ. a. m. k. fyrir vorið, en það varð heldur ekki.

Nú er enn talað um það að frv. sé á næstu grösum, kannske talað um það meira nú en nokkru sinni fyrr, og vonandi er það vísbending þess að frv. sé í raun og veru á leiðinni. Þó bólar ekkert á því enn. Ég bendi á það, að ef afgreiðsla þessara mála á að eiga sér stað fyrir n. k. áramót, þá þarf heldur en ekki að hafa hraðan á til þess að það megi takast. Ef afgreiðsla þessa máls frestast hins vegar fram á síðari hluta vetrarins, þá er ljóst að engar breytingar munu eiga sér stað á næsta skattári, skattárinu 1977, því að þá verður sjálfsagt sagt að um seinan sé að láta nýjar skattareglur gilda á því ári. Niðurstaðan verður því sú, ef þannig fer að dregst fram yfir áramót að leggja frv. fram eða afgr. það, að skjólstæðingar ríkisstj. munu geta haldið í þær út þetta kjörtímabil og fram yfir næstu kosningar, jafnvel þótt þær verði ekki fyrr en vorið 1978.

Till. sú til þál., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 36 um nauðsynlegar breytingar á tekjuskattslögunum, er í nokkrum liðum. Megintil-

gangur þessarar till. er að sjá til þess að fyrirtæki, félög og hvers konar rekstur, sem rekinn er í ágóðaskyni, greiði eðlilegan tekjuskatt af hagnaði sínum. Til þess að svo verði þarf að breyta ýmsum ívilnunarreglum skattalaga og þá einkum hinum flóknu ákvæðum um fyrningar, þannig að afskriftir miðist við eðlilegan endingartíma eigna. Af þessum atriðum, sem varða skattlagningu hvers konar rekstrar, án tillits til þess hvort reksturinn er á nafni einstaklings eða á nafni félags, ætla ég að víkja hér á eftir. En fyrst vil ég fjalla um hitt höfuðefni till., þ. e. a. s. álagningu tekjuskatts á einstaklinga sem reka atvinnurekstur í eigin nafni.

Í þessar till. er lagt til að álagning tekjuskatts á fyrirtæki og hvers konar rekstur verði ávallt skýrt aðgreind frá skattgreiðslum þeirra sem eiga reksturinn. Til frekari áréttingar þessari breytingu er það tekið fram, að tekjur einstaklinga til skatts eigi ekki að skerðast þótt rekstur í eigu þeirra skili bókhaldslegu tapi. Og í þriðja lagi er lagt til að einstaklingum, sem hafa tekjur sínar af eigin rekstri, verði framvegis áætlaðar ákveðnar lágmarkstekjur til skatts ef litlar tekjur eru fram taldar.

Hér er sem sagt fjallað um einn augljósasta ágalla í núverandi tekjuskattskerfi sem margir reka augun í og mikið er kvartað yfir, þ. e. þegar ákveðinn rekstur er ekki aðeins skattlaus vegna ýmiss konar óeðlilegra ívilnunarreglna, heldur er eigandi rekstrarins, sem þó kann að hafa ágætar tekjur úr ýmsum öðrum áttum, einnig skattlaus vegna þess að hann getur komið bókhaldslegu tapi á skattskýrslu sína. Þá breytir engu þótt maðurinn sé að öðru leyti tekjuhár og lifi bersýnilega hátt og hafi mikil útgjöld því að bókhaldstapið af rekstrinum hjálpar honum til þess að losna við allan tekjuskatt.

Þetta er að sjálfsögðu algerlega fráleitt, og það má ekki lengur líða að þessu sé ekki breytt. Og þessu á að vera nokkuð auðvelt að breyta.

Annað og erfiðara vandamál er með þann einstakling sem hefur ekki tekjur af öðru en rekstrinum og annaðhvort er þá formlega á launum hjá fyrirtækinu, — launum sem eru bókfærð svo lág að af þeim er sáralítill skattur, eða tekjur mannsins koma einungis fram sem hagnaður af rekstrinum þegar búið er að færa raunverulegan hagnað niður í óverulegan bókhaldslegan hagnað með ýmsum ívilnunarreglum skattalaga. Að sjálfsögðu er það svo í reynd, að annaðhvort hefur fjármagn eigandanum til lífsframfæris verið tekið út úr rekstrinum sem lán eða fyrirtækið greiðir útgjöld viðkomandi einstaklings með beinum eða óbeinum hætti án þess að þessar greiðslur séu taldar fram. Í síðar nefnda tilvikinu er að sjálfsögðu um bein skattsvik að ræða og það er því utan við meginsvið þessarar till. Bætt skatteftirlit og betri ráðstafanir gegn skattsvikum, bæði hvað snertir tekjuskatt og söluskatt, er mál út af fyrir sig sem er mjög stórt í sniðum, en það er ekki tekið með í þessa till. sem fjallar fyrst og fremst um lögleyfðar aðferðir til þess að koma tekjum undan skatti. Það verður að ætla að menn hafi lífsframfæri sitt af umfangsmiklum rekstri, ef þeir á annað borð standa fyrir slíkum rekstri og hafa ekki aðrar tekjur að neinu ráði, og því hlýtur þrautalendingin að vera sú, sem hér er gerð till. um og hefur verið gerð till. um á undanförnum árum, að mönnum séu áætlaðar ákveðnar lágmarkstekjur.

Auk þess, sem ég ef nú nefnt, er sérstaklega lagt til í þessari þáltill. að spornað verði við því með beinum lagaákvæðum að skuldir séu notaðar í óhóflegum mæli til að lækka tekjuskattsgreiðslur. Ef skuldirnar stafa af eignamyndun einstaklings til persónulegra þarfa er ekki nema sanngjarnt að einhver takmörk verði sett fyrir því hve mikla vexti megi draga frá tekjum, og er þá hugsanlegt að miða hámark vaxtafrádráttar við meðalvexti íbúðarveðbréfa og fjölskyldustærð á hverjum tíma og hjá hverjum einstaklingi. Stafi vaxtagreiðslur hins vegar af rekstri fyrirtækja er eðlilegast að þær komi inn í bókhald rekstrarins og minnki þar bókfærðar tekjur án þess að tap af völdum þeirra skerði persónulega tekjur einstaklingsins, eins og áður var vikið að.

Ég vil nú víkja að þeim ívilnunarreglum skattalaganna sem snerta allan rekstur. Í grg. með þeirri þáltill., sem hér er til umr., er frá því skýrt að gerð hafi verið athugun á skattlausum fyrirtækjum í Reykjavík á þessu ári og að miðað hafi verið við að fyrirtækin greiddu a. m. k. 15 þús. kr. í aðstöðugjald. Þessi athugun á skattlausum fyrirtækjum í Reykjavík leiddu til þeirrar niðurstöðu að 483 fyrirtæki reyndust algjörlega skattlaus enda þótt þau greiði um 362 millj. kr. í aðstöðugjald og velta þeirra sé því lauslega áætluð um 39—40 þús. millj. kr. Til samanburðar er rétt að geta þess, að þegar ég mælti fyrir sams konar till. árið 1974, fyrir tveimur árum, þá skýrði ég frá því að skv. athugun, sem þá var gerð, hefðu 240 félög með samanlagða ársveltu yfir 10 þús. millj. kr. reynst skattlaus miðað við rekstrarárið 1973. Og fyrir einu ári, þegar ég mælti fyrir till. sama efnis, skýrði ég frá því að fjöldi þeirra fyrirtækja í Reykjavík, sem ekki greiddu tekjuskatt, væri 432 og að samanlögð velta þeirra væri tvöfalt meiri en verið hafði árið áður, 20 þús. millj. Í þetta sinn hefur skattlausum fyrirtækjum í höfuðborginni enn fjölgað verulega, og enn hefur það gerst að á milli ára virðist velta þeirra vera tvöfalt meiri en árið áður. Hún var 10 þús. millj. rekstrarárið 1973, 20 þús. millj. 1974 og 40 þús. millj. á árinu 1975.

Þegar ég mælti fyrir þessari þáltill. fyrir einu ári eyddi ég allmiklum tíma til að gera grein fyrir ýmsum löglegum aðferðum skattalaga sem þar má finna og brúklegar eru til að koma tekjum undan skatti. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara jafnítarlega í efni skattalaga að þessu sinni, en vil þó stikla hér á stóru og geta helstu ákvæða sem hér skipta máli.

Ég hef bent á það í fyrsta lagi að ein helsta aðferðin er sú að meta vörubirgðir á lágu verði og velta þannig undan sér mjög miklum tekjum. Það er að sjálfsögðu mjög hagkvæmt á verðbólgutímum að beita þessari aðferð.

Í öðru lagi hef ég bent á þá sérstöku heimild sem tryggingafélögin hafa í 17. gr. skattalaga til að leggja til hliðar vegna ógreiddra tjóna eða bótagreiðslna. Enginn vafi er á því, að skýringin á því hversu mörg tryggingafélög eru á hverju ári á þessum listum sem fylgt hafa till. minni

til þál., er sú, að þau hafa notað sér þetta ákvæði skattalaga og hafa getað skotið undan miklum tekjum sem síðan eru ekki skattlagðar fyrr en löngu seinna, þegar fjámunirnir eru orðnir miklu minni vegna verðrýrnunar krónunnar.

Þriðja aðferðin er heimildin í 17. gr. skattalaga sem fyrirtæki hafa til að leggja í varasjóð 25% af hreinum tekjum félaganna áður en tekjuskattur frá árinu áður hefur verið frá dreginn. Því miður hafa ekki verið veittar opinberar upplýsingar um það hvert tap ríkissjóðs á þessu ári sé af þessum sökum, en upplýsa má að á árinu 1974 var áætlað tap ríkissjóðs af þessum ástæðum 271 millj. Má ætla að sú upphæð sé nálægt þrisvar til fjórum sinnum hærri nú.

Fjórða og fimmta ívilnunarreglan snerta fyrningarákvæðin. Eins og kunnugt er er fyrningarhlutfall ekki í neinu samræmi við eðlilegan endingartíma eignanna. Svo farið sé fljótt yfir sögu og miðað við lausafé, þ. á m. skip og bifreiðar, þá er almenna fyrningin af slíkum eignum 15%, flýtifyrningin 6%, og því til viðbótar kemur verðhækkunarstuðull á hverju ári sem mun á þessu ári hafa numið 6.8%, þar sem fjmrn. ákvað með auglýsingu nr. 19 23. jan. á þessu ári að fyrningarstuðullinn skyldi vera 45% og 45% af 15% eru 6.8%. Samanlagt er því fyrningarhlutfall á þessu ári á lausafé 27.8%.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar fyrningaheimildir, en menn sjá af þessari tölu að hún leiðir til þess að hugsanlegt er að lausafé sé fyrnt allt að 85% á aðeins þremur árum.

Sjötta meginreglan, sem hér skiptir máli, er sú, að skattalögin gera ráð fyrir því að sömu eignina megi fyrna að fullu oftar en einu sinni, aðeins ef hún skiptir um eiganda. Með því að skipta stöðugt um eign eftir að viðkomandi eign hefur verið fyrnd geta menn verið með gífurlegan fyrningafrádrátt í gangi á hverju einasta ári. Þetta tengist því ákvæði tekjuskattslaganna að söluhagnaður lausafjár og skipa skuli vera skattfrjáls eftir 4 ára eignarhald. Eigendurnir þurfa sem sagt að eiga viðkomandi eign í 4 ár og þá geta þeir skipt og byrjað að fyrna nýja eign.

Til viðbótar þessu er svo að nefna ákvæði um flýtifyrningu sem upphaflega var réttlætt á þann hátt, að það væri aðeins tilfærsla milli ára og fyrr eða síðar yrðu menn að greiða skatt af flýtifyrningunni. En vegna ákvæðis í skattalögunum um að skattskylda vegna flýtifyrningar geti gengið upp í fyrningarheimildir af nýrri eign sem keypt er þá má segja að það gildi nokkuð svipað um flýtifyrninguna og aðra fyrningu, að hún kunni aldrei að koma til skatts ef eigandinn er nógu vakandi með að skipta um eignir reglulega til þess að geta leikið á skattalögin, eins og þau veita heimildir til.

Ég hef farið hér mjög fljótt yfir sögu. Ég vísa til fyrri framsöguræðu um þessi efni og læt duga þessa grg. um ívilnunarreglur skattalaganna.

Löngum er kvartað yfir því hér á hv. Alþ. að þm. flytji eingöngu till. um útgjöld ríkisins, en hugsi ekkert um að afla ríkinu tekna. Þessi söngur hefur heyrst hér á Alþ. í áratugi, og í útvarpsumr. nú fyrir skemmstu var einn af ráðh. hæstv. ríkisstj., Matthías Bjarnason, einmitt með mikinn söng um þetta efni, að stjórnarandstæðingar hugsuðu aðeins um útgjöldin og létu tekjurnar lönd og leið. Ég vil benda á það að lokum, að við höfum í þessari till. minni einmitt dæmi um hið gagnstæða. Við alþb.-menn flytjum sem sagt till. ár eftir ár um að bætt verði í ríkiskassann 6—8 þús. millj. kr. miðað við núverandi tekjuskattskerfi. En þessar till fást ekki afgr. og hæstv. fjmrh. hefur ekki einu sinni séð sóma sinn í því að vera viðstaddur þessar umr. og taka þátt í umr., heldur er ævinlega fjarverandi þegar þessi till. er tekin til umr., og sama gildir um langsamlega flesta hv. þm. núv. stjórnarflokka.

Þessi fjárhæð, 6—8 þús. millj. kr., ætti þó að geta komið að nokkru gagni, fyrir utan að bæta úr því hrópandi misrétti sem við blasir í hvert sinn sem tekjuskattur er á lagður. Þessa fjárhæð mætti nota og ætti að nota til að lækka söluskatt um 4—5% og lækka þannig vöruverð um svipaða hundraðstölu. Það væri sannarlega góð byrjun í markvissri sókn gegn verðbólgunni sem hefur, eins og allir vita, ætt áfram með einstæðum hraða í tíð núv. ríkisstj., og enginn sér fyrir endann á þeirri ferð nema breytt sé algjörlega um stjórnarstefnu í grundvallaratriðum.

Ég vil að lokum segja það um stefnuna í skattamálum almennt, að það er rétt, sem oft hefur komið fram, að í þjóðfélaginu ríkir hin megnasta óánægja með tekjuskattinn. Tekjuskatturinn hefur orðið óvinsælli með ári hverju, m. a. vegna þess hversu fáranlegt kerfið er. Þess vegna hafa sumir hv. þm. látið sér til hugar koma, þ. á m. formaður þingflokks Alþfl., að réttast og eðlilegast væri að afnema tekjuskatt með öllu, láta hann hverfa, a. m. k. tekjuskatt á launafólki. Ég vil þó láta það koma hér fram, að ég er ekki hlynntur slíkri breytingu. Ég tel að tekjuskattur sé nauðsynlegt tekjujöfnunartæki og hann eigi fyllsta rétt á sér ef misréttið, sem nú viðgengst, er leiðrétt, og það er hægt að leiðrétta það. Ég tel hins vegar að veruleg einföldun skattakerfisins væri mjög til bóta. Ég tel að það ætti að afnema hina mörgu frádráttarliði skattalaga, eins og þeir birtast í núverandi mynd, og það væri miklu eðlilegra að taka upp hliðstæðan grundvöll við álagningu tekjuskatts og nú gildir um álagningu útsvars.

Við þurfum nauðsynlega að koma á staðgreiðslukerfi skatta hér á landi, og við verðum öll að viðurkenna það, að útilokað er að staðgreiðslukerfið verði tekið upp meðan skattálagningin er svo flókin sem raun ber vitni. Það verður að grisja þennan mikla frádráttarfrumskóg. En hitt er allt annað mál, að hugsanlegt er að í staðinn komi afsláttur af greiddum skatti og afslátturinn sé miðaður við hinar sérstöku aðstæður ýmissa þjóðfélagshópa sem nauðsynlegt er að taka tillit til, t. d. einstæðra foreldra, svo ég nefni dæmi.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar um þessa till. Ég hef margoft gert grein fyrir henni hér á Alþ. og ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Það er furðulegt að hv. alþm. skuli enn ekki hafa fengist til þess að taka skattamálin föstum tökum.

Við vitum að ýmsir halda dauðahaldi í hin fáránlegu fyrningarákvæði og aðra verstu vankanta skattalaganna. Mér þykir hins vegar ótrúlegt að meiri hl. Alþ. sé sama sinnis. Þess vegna er þessi till. *enn einu sinni borin fram.*

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa, þáltill. (þskj. 34). — Ein umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessari till. er lagt til að Alþ. feli hæstv. ríkisstj. að afla nýjustu fáanlegra upplýsinga, sem séu sambærilegar, um þjóðartekjur á mann á Íslandi og öðrum Norðurlöndum. En jafnframt er ríkisstj. falið að afla upplýsinga um gildandi kaupgjald helstu starfsstétta, *um tímakaup, vikukaup* eða mánaðarkaup, sem og nýjustu sambærilegar upplýsingar um raunverulegar tekjur þeirra fyrir *og eftir skattgreiðslu og um vinnutíma.* Og að síðustu er gert ráð fyrir því, að reynt verði að áætla kaupmátt launanna miðað við verðlag í hverju landi og Alþ. síðan gefin skýrsla um niðurstöðu þessarar upplýsingasöfnunar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á næsta ári munu fara fram samningar um laun nær allra launþega á Íslandi: verkalýðsfélaga innan Alþýðusambandsins, opinberra starfsmanna og háskólamanna. Það hefur komið skýrt og greinilega fram af hálfu málsvara allra þessara launþegasamtaka, að þeir telja kaupmátt launa sinna hafa rýrnað óeðlilega mikið að undanförnu og mismunandi mikið. Almennar staðhæfingar hafa og heyrst um það, að laun séu nú orðin hjá mörgum mikilvægum starfsstéttum miklu lægri en þau *gerast í nálægum löndum* og miklu meiri en mismunurinn er á þjóðartekjum á mann á Íslandi og í nálægum löndum samkv. alþjóðlegum skýrslum sem um það eru birtar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að fyrir liggi sem gleggst vitneskja um þetta mál.

Nú er mér fullvel ljóst, eins og raunar áreiðanlega öllum starfsbræðrum mínum í hagfræðingastétt, hversu mikil vandkvæði eru á því að bera saman laun almennt og laun einstakra stétta í einstökum löndum, jafnvel hver vandkvæði eru á því að bera saman útreikninga á þjóðartekjum á mann í einstökum löndum, að ég tali ekki um samanburð á kaupmætti tekna þegnanna í einstökum löndum. En jafnvel þó að það sé fúslega játað að slíkur samanburður er miklum erfiðleikum bundinn, mikill vandi að gera hann og taka verður tillit til þess að um óvissuatriði er að ræða, þá gæti engu að síður komið í ljós að mismunurinn væri meiri en svo á þjóðartekjum á mann, á kaupupphæð og kaupmætti, að ekki væri hægt að skýra hann með vandkvæðum í skýrslugerð einni saman. Þess vegna tel ég rétt að efnt sé til upplýsingasöfnunar sem þessi till. fjallar um, þó að ég skuli fyrir fram viðurkenna að niðurstöðu hennar verður að taka með vissum fyrirvara, en gagnleg gæti hún engu að síður alveg tvímælalaust orðið. Sannleikurinn er sá, að mjög lausleg athugun á vissum meginþáttum þessara mála bendir til þess að það sé orðið um að ræða miklu meira bil á milli kaupgjalds hér og t. d. á hinum Norðurlöndunum en hægt er að skýra með mismun þjóðarteknanna.

Svo sem kunnugt er eru þjóðartekjur á mann mjög svipaðar hér á Íslandi og hafa verið um nokkur undanfarin ár yfirleitt á hinum Norðurlöndunum. Svíar eru þar að vísu áberandi hæstir, en þjóðartekjur á mann á Íslandi eru ekki fjarri því sem gerist í hinum Norðurlöndunum.

Ég hef aflað mér upplýsinga um kaupgjald ófaglærðra verkamanna og iðnverkamanna í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, sem og um kaupgjald fjölmennustu stéttar opinberra starfsmanna þar og hér, þ. e. a. s. um kaup barnakennara. Þessi samanburður, sem ég skal nú gera mjög stuttlega grein fyrir, er sterkasta röksemdin fyrir því að ástæða sé til þess að gera þennan samanburð, sem till. fjallar um, á miklu víðtækari og nákvæmari grundvelli en hægt er fyrir *einstaka þm. að gera með lauslegri athugun.*

Algengasti eða mest notaði taxti Dagsbrúnar hér, 7. taxtinn, er þannig að tímakaup samkv. honum er nú 1. nóv. 408.70 kr. Meðaltímakaup verkamanna í dagvinnu var á öðrum ársfjórðungi 1976 nokkru hærra, 440.89 kr., en nú 1. nóv. mundi það vera 524.40 kr. En hvað skyldi kaup ófaglærðra verkamanna vera í Danmörku? Það er um 30 danskar kr., þ. e. a. s. 962 ísl. kr. Í Noregi er meðaltímakaup iðnverkamanna í dagvinnu. — það er e. t. v. ekki alveg sambærileg tala við Dagsbrúnarkaupið hér eða kaup ófaglærðra verkamanna í Danmörku, það er slíkt sem veldur vandkvæðum á samanburðinum, — en meðaltímakaup iðnverkamanna í dagvinnu er nú í Noregi norskar kr. 28.55, sem svarar til 1 024 kr. samkv. *gengi.* Í Svíþjóð er meðalkaup iðnverkamanna nú 24.40 kr. sænskar, sem svarar til 1 086 ísl. kr. samkv. gengi. Það er langhæst, meira en helmingi hærra en meðaltímakaup verkamanna í Reykjavík er í dag samkv. opinberum skýrslum.

Ef litið er til fjölmennustu stéttar opinberra starfsmanna, þ. e. barnakennaranna, þá voru nú 1. nóv. byrjunarlaun barnakennara yngri en 32 ára 92 069 kr. Kaup kennara eldri en 32 ára er 101 415 kr., en hámarkslaun barnakennara eru 115 926 kr. Þetta á við barnakennara samkv. gamla kerfinu, ekki þá kennara sem útskrifaðir eru frá kennaraháskóla. Byrjunarlaun þeirra eru 95 182 kr., þ. e. nokkru hærri er byrjunarlaun hinna, en hámarkslaun eru þau sömu og hinna kennaranna, þ. e. a. s. 115 926 kr. Byrjunarlaun barnakennara í Kaupmannahöfn eru 6 885 danskar kr., sem svarar til 220 733 ísl. kr., þ. e. helmingi hærri en á sér hér stað. Úti á landi eru launin hins vegar nokkru lægri. Þar er um að ræða þrjá launaflokka. Hinn lægsti þeirra er 195 886 kr., en hinn hæsti er 204 190 kr. Byrjunarlaun barnakennara í Noregi eru mun lægri en í Danmörku, þau eru 143 050 kr., en hins vegar mun hærri heldur en hér. Kennarar í Svíþjóð hafa mismunandi há laun eftir því hvort þeir kenna 7, 8 og 9 ára börnum annars vegar eða hvort þeir kenna 10, 11 og 12 ára börnum hins vegar. Byrjunarlaun kennara, sem kenna 7, 8 og 9 ára börnum, eru 164 681 kr., en hámarkslaun þessara kennara eru 180 965 kr. Þeir kennarar, sem kenna 10, 11 og 12 ára börnum,

skiptast hins vegar í þrjá launaflokka. Hinn lægsti þeirra hefur 175 851 kr. í laun, en hinn hæsti 197 923 kr. Hámarkslaun kennaranna eru upp undir það sem hámarkslaun kennaranna í Danmörk eru, sem eru þannig best launaðir af öllum kennurum á Norðurlöndum, en íslenskir barnakennarar hins vegar langverst launaðir.

Ég nefndi ekki fleiri dæmi um þetta, en vildi þó ekki mæla fyrir þessari till. nema geta bent á skýr og ótvíræð dæmi um að það er um að ræða stórfelldan launamismun hjá fjölmennum starfsstéttum hér á Íslandi annars vegar og á hinum Norðurlöndunum hins vegar. (**Gripið fram í**: Vinnutími kennara, er hann sambærilegur?) Það kannaði ég ekki. Ég spurði eingöngu um launin. Ég veit ekki hvort tímaskyldan er sú sama. Það er eitt af þeim atriðum sem auðvitað þyrfti að kanna í áframhaldi af þessu, enda er ætlunin með till. að athuga einnig vinnutímann. En sem sagt, ég vildi ekki mæla fyrir þessari till. nema geta bent á dæmi þess að það er um að ræða nú óeðlilegan mun á kaupi fjölmennra starfsstétta, bæði innan Alþýðusambandsins og meðal opinberra starfsmanna, á Íslandi annars vegar og á þessum þremur Norðurlöndum hins vegar. Þetta ættu að vera alveg nægileg rök fyrir því, að ástæða sé til að efna til eins nákvæmrar samanburðarrannsóknar í þessum efnum og mögulegt er. Þessi launamunur verður ekki skýrður með mismun á þjóðartekjum á mann, eins og ég gat um áðan. Það liggja til hans einhverjar aðrar orsakir sem auðveldara verður að skilja og vonandi verða talin rök fyrir breytingum þegar athugunin hefur farið fram. En frumskilyrði þess að hægt sé að gera nauðsynlegar og skynsamlegar breyt. er að þekkja og skilja rétta **málavexti.**

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Jón Skaftason: Virðulegi forseti. Ég tel að sú till., sem hv. 1. flm. Gylfi Þ. Gíslason, var að fylgja úr hlaði, sé á margan hátt athyglisverð. Ég hef vegna nokkuð langs starfstíma í Norðurlandaráði átt þess nokkurn kost að kynna mér laun á öðrum Norðurlöndum og hef oft og tíðum reynt að bera þau saman við þau laun sem gilda á okkar landi. Í mínum huga er ekki nokkur vafi á því, að laun almennt talað á Íslandi eru langtum lægri en á Norðurlöndum. Um það held ég að þurfi ekki að deila. Í Sviþjóð eru t. d. lög sem mæla svo fyrir að þar megi enginn vinna lengur eftirvinnu á hverju ári en sem nemur 200 klst. Ef menn bera þetta saman við það sem algengast er hér, þar sem stór hópur launþega vinnur langan tíma í eftirvinnu og næturvinnu til þess að reyna að ná þeim tekjum sem nauðsynlegar eru til þess að framfleyta fjölskyldu, þá sjá menn þegar af þessu að launakjör og kaupmáttur launa í þessum tveim löndum, Sviþjóð og Íslandi, hljóta að vera ærið mikið mismunandi.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við umr. um þessa þáltill, er sú, að mér finnst efni hennar ekki nægilega virðtækt. Till. gerir ráð fyrir því að ríkisstj. beiti sér fyrir nánast upplýsingasöfnun um tiltekin atriði sem till. fjallar um. Þessar upplýsingar, sumar hverjar a. m. k., liggja fyrir í þeim stofnunum landsins sem að þessu vinna. Þó held ég að það væri mjög þarft verk að þessum upplýsingum væri safnað saman í einn stað og Alþ. kynntar þær niðurstöður, eins og raunar tillgr. gerir ráð fyrir. Mér finnst það vanta í till. og vil spyrja hv. 1. flm. till. hvort hann og meðflm. hans gætu ekki orðið sammála mér um að bæta inn í till., að jafnframt þessari upplýsingasöfnun færi fram sérstök rannsókn á því, hvernig á því standi að á Íslandi séu rauntekjur launafólks svona miklu lægri en ég tel að þær séu á öðrum Norðurlöndum, þrátt fyrir það að þjóðartekjur á mann í þessum löndum séu nokkuð sambærilegar, eftir því sem ég best veit. Ég tel að þetta sé afar mikið atriði, að við fáum skýra og nákvæma rannsókn á ástæðum þeim er til þess liggja að rauntekjur launa í landi okkar eru, að því er ég tel, langtum lægri en á öðrum Norðurlöndum. Til þess liggja að sjálfsögðu ákveðnar ástæður. Ég hef sjálfur í huga mínum reynt að finna þær og hef nokkrar hugmyndir um þetta, en ég tel afar þýðingarmikið og nauðsynlegt að á þessu fari fram hlutlaus sérfræðileg rannsókn og niðurstöður þeirrar rannsóknar verði látnar fylgja þeim upplýsingum sem till. gerir ráð fyrir.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Skaftasyni fyrir vinsamlegar undirtektir undir þá till., sem hér er til umr., og skal gjarnan taka það fram, að ég er síður en svo á móti því að viðfangsefni þeirrar rannsóknar, sem lagt er til að efnt verði til, verði víkkað í þá veru sem hann gerði að umtalsefni í ræðu sinni. Það er vissulega rétt, að till. er hugsuð sem grundvöllur undir tilraun til mats á því hvernig á þessum mun standi. En ég er síður en svo á móti — þvert á móti mundi ég fagna því ef sú n., sem fær málið til meðferðar, vildi mæla með því að verksvið rannsóknarinnar yrði víkkað einmitt í þá veru sem hv. þm. gerði að umtalsefni í ræðu sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf frá þingflokki Sjálfstfl.:

„Samkv. beiðni Jóns G. Sólness, 2. þm. Norðurl. e., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður hans, Halldór Blöndal kennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Halldór Blöndal hefur tekið sæti á Alþ. fyrr á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Vegalög, frv. (þskj. 71.) — Frh. 1. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þegar mál þetta var til umr. á seinasta fundi deildarinnar óskaði ég eftir því að mega bera fram fyrirspurn til ráðh. út af einu atriði í þessu frv. Hann var þá ekki viðstaddur, og hefur æxlast svo að ráðh. er enn fjarstaddur. Ég sé enga ástæðu til þess að tefja afgreiðslu málsins þó svona óheppilega standi á, að ráðh. geti ekki núna við 1. umr. svarað þessari spurningu. Ég vildi samt sem áður nota tækifærið til að koma að smáathugasemd sem ég vildi biðja hv. samgn. d. að taka til athugunar. Það er varðandi 2. gr. frv. Þar er þjóðvegum skipt annars vegar í stofnbrautir og hins vegar í þjóðbrautir, og flokkunin er á því byggð að vegir, sem ná til 1000 íbúa svæðis og mynda eðlilegt samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins, flokkast til stofnbrauta, en þó má víkja frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði.

Ég vil segja það sem mína skoðun, að mér hefði fundist að það hefði hreinlega átt að slá því föstu í þessari grein að allir kaupstaðir og öll kauptún féllu undir þessa reglu hvað tengingu við stofnbrautir snertir. Ég sé ekki ástæðu til að gera þar neina undantekningu. Þá væri þetta mjög einföld regla að fara eftir. Ég vek á því athygli, að það eru svo til öll kauptún landsins sem tengd eru þjóðvegakerfinu með stofnbrautum og vafalaust allir kaupstaðir, eins og sjá má á bls. 11, fskj. 2. En þó eru fáein kauptún sem eru þarna undanskilin. Það er t. d. stærsti útgerðarstaðurinn við Húnaflóa, Skagaströnd, hann er ekki tengdur við þjóðvegakerfið með stofnbraut, og eins er um Borgarfjörð eystra, hann er ekki tengdur þjóðvegakerfinu með stofnbraut. Kannske eru þarna nokkur fleiri dæmi. En ég sé ekki nokkra minnstu ástæðu til þess að vera að taka þessa staði út úr og get ekki fundið rökin fyrir því að þeir eru ekki teknir þarna með. Reglan væri afskaplega einföld ef hún væri einfaldlega miðuð við það að allir kaupstaðir og öll kauptún féllu undir regluna.

Þetta vildi ég biðja hv. samgn. að taka til athugunar. Ég ætlaði að spyrjast fyrir um það, hvort það væri stefna hæstv. samgrh. að haga þessu á þann veg sem lýst er í fskj. 2 eða hvort það væru kannske bara mistök að kortið væri teiknað upp með þessum hætti, hvort það væru einhver rök fyrir því að það væri teiknað upp með þessum hætti. En þessar spurningar má auðvitað eins leggja fram við 2. umr. málsins, og kannske gerist þess ekki þörf ef hv. samgn. kemst að þeirri niðurstöðu að sjálfsagt sé að breyta þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgn. með 16 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 50, n. 72). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. til l. um opinberar fjársafnanir var afgr. frá þessari hv. d. í fyrra, en náði þó ekki endanlegri afgreiðslu á Alþingi. Frv. var í fyrra sent dómsmrn. til umsagnar og fulltrúar dómsmrn. komu á fund n. þeirrar sem fjallaði um frv. og breyt., smávægilegar þó, sem dómsmrn. fór fram á að gerðar yrðu á frv., voru teknar til greina af allshn. og þær samþ. hér í hv. d. á s. l. ári. Nú hefur frv. verið borið fram að nýju óbreytt frá því sem var í fyrra. Allshn. leggur til að það verði samþ. óbreytt og hafa allir hv. nm. allshn. undirritað nál. þar um.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Alþingi, 11. nóv. 1976.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Eyjólfur Sigurðsson prentari, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Gylfi Þ. Gíslason,
9. þm. Reykv."

Eyjólfur Sigurðsson prentari hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa hér í deildinni.

Mér hefur borist annað bréf, svo hljóðandi:

„Til forseta Nd. Alþingis.

Vegna sérstakra anna við skyldustörf get ég ekki tekið sæti Gylfa Þ. Gíslasonar, 9. þm. Reykv., í forföllum hans nú í nóvembermánuði.

Reykjavík, 15. nóv. 1976.
Virðingarfyllst,
Björn Jónsson."

Endurhæfing, þáltill. (þskj. 76). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 30). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur áður legið fyrir Alþ. og þá verið gerð grein fyrir því við 1. umr. Ég vil aðeins rifja upp bæði aðdraganda í örstuttu máli og svo meginefni frv.

Upphafið að þessari frv.-gerð var það, að hinn 27. júlí 1972 skipaði Magnús T. Ólafsson, þáv. menntmrh. nefnd til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka og lög um Fræðslumyndasafn ríkisins. Í erindisbréfi n. er verkefni hennar afmarkað nánar þannig: „Við endurskoðunina ber að hafa í huga hvort ráðlegt þætti að sameina þessar stofnanir eða tryggja sem hagkvæmast samstarf þeirra í milli og skólarannsóknardeildar. Ber að stefna að því, að stofnanir þessar verði sem færastar um að veita skólum landsins sem fullkomnasta þjónustu og sjá fyrir kennslugögnum í samræmi við gildandi námsskrá og endurskoðun námsefnis á hverjum tíma."

Þessi n. var skipuð 5 mönnum, en auk þeirra hafa fjölmargir aðrir fjallað um þetta mál því að hún leitaði ráða og tillagna hjá mörgum aðilum, sem þessi mál varða, og fékk frá þeim mjög margar ábendingar.

Það dróst nokkuð að þessi n. byrjaði störf sín, og segir í athugasemdum sem fylgja frv. að meginorsökin hafi verið sú, að á sama tíma voru miklar annir í rn. vegna undirbúnings á öðrum lagafrv., einkum frv. um grunnskóla. En hvað sem um það er að segja, þá var fyrsti fundur n. haldinn í júlí 1973 og n. lauk störfum snemma árs 1974 eftir að hafa haldið allmarga fundi og eftir að unnið hafði verið að málinu á annan hátt á þessum starfstíma nefndarinnar. Nefndarmenn voru allir sammála um öll atriði frv. þegar upp var staðið frá nefndarstörfunum.

Um helstu breytingar frá núgildandi lögum, sem frv. felur í sér, ætla ég að rifja upp nokkur atriði.

Eins og áður sagði, er frv. ætlað að koma í stað laga um Ríkisútgáfu námsbóka og um Fræðslumyndasafn ríkisins, en helstu viðaukar og breyt. frá gildandi lögum, þær sem í frv. felast, eru þessar:

Ríkisstofnanir, sem starfa að útgáfu, miðlun og framleiðslu námsefnis og kennslugagna, eru sameinaðar í Námsgagnastofnun er lúti daglegri stjórn eins forstjóra, námsgagnastjóra. Undir Námsgagnastofnun heyri Ríkisútgáfa námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins svo og Skólavöruhús og Námsgagnagerð, sem sett eru um sérstök ákvæði í frv. Umræddar deildir skulu þó halda sjálfstæðum heitum og koma fram út á við undir þeim samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt er stjórninni heimilað að gera breytingar á starfsháttum er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu.

Í stað námsbókanefndar og stjórnar Fræðslumyndasafns ríkisins kemur ein óskipt Námsgagnastjórn, skipuð 7 mönnum, að meiri hl. kennurum, og skal hún hafa með höndum yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum Námsgagnastofnunar.

Ákvæði eru um það, að Námsgagnastofnun skuli hafa nána samvinnu við þá aðila sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum menntmrn. svo og við fræðsluskrifstofur sveitarfélaga og stofnanir sem veita kennaramenntun, eins og Kennaraháskóla Íslands t. d.

Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um náms- og kennslugögn og notkun þeirra yrði efld á ýmsum sviðum og lögð áhersla á þetta í sambandi við störf Fræðslumyndasafnsins t. d. að koma á sem allra hagkvæmastri notkun nýsitækja ýmiss konar, eins og það er nú orðað, t. d. hljóð- og myndritaðra námsgagna o. s. frv.

Þá eru í frv. ákvæði um það, að Námsgagnastofnun skuli stuðla að vexti og greiða fyrir stofnun skólabókasafna. Þetta ákvæði er að sjálfsögðu sett til samræmis við þá auknu áherslu sem lögð er á skólabókasöfnin í hinum nýju grunnskólalögum.

Þá er gert ráð fyrir, að stofnuð verði sérstök Námsgagnagerð sem yrði þá deild í stofnuninni og mundi framleiða náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Í tengslum við Námsgagnagerð yrði rekin einhver tilraunastarfsemi að sjálfsögðu, það má skoðast óhjákvæmilegt.

Þá eru þarna lagaákvæði um Skólavöruhús, en það tæki við hlutverki Skólavörubúðarinnar, sem nú er rekin af Ríkisútgáfu námsbóka, og fleiri skyldum störfum sem sérstök deild í Námsgagnastofnun.

Þá yrði lögfest að auk eiginlegra námsbóka skuli Ríkisútgáfan gefa út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum og skýringabækur eða viðbótarbækur fyrir nemendur.

Ákvæði er um löggildingu námsbóka og hlutverk Námsgagnastjórnar í því sambandi svo og hversu fara skuli með ágreining í slíkum málum.

Svo eru vitanlega ákvæði um fjármagn allra deilda Námsgagnastofnunar, þau yrðu einfölduð og samræmd og miðað við að allt ríkisfé til stofn- og rekstrarkostnaðar verði í formi venjulegra fjárveitinga í fjárl. miðað við þarfir og starfsáætlanir, en engir sérskattar til þessarar fjármögnunar. Aðrar tekjur stofnunarinnar verði að sjálfsögðu sölu- og leigutekjur af efni og tækjum, eins og nú á sér stað með þær greinar þessarar starfsemi sem nú þegar eru starfandi. Tekjum stofnunarinnar yrði eingöngu varið í þágu þeirra verkefna sem lög mæla fyrir um.

Þá er gert ráð fyrir því, — þó það vitanlega, eins og allt sem gert kynni að verða, yrði háð

fjárveitingum, — til þess að flýta fyrir samræmdu starfi og sameiningu deilda Námsgagnastofnunar, að sem fyrst eftir að lögin tækju gildi tengist starfsemi stofnunarinnar í sameiginlegu húsnæði og þá yrði eftir því sem við yrði komið reynt að hafa það sem næst Kennaraháskóla Íslands vegna augljósra og mikilla tengsla við þá stofnun.

Í þessu frv. felst bæði mikil skipulagsbreyting, en líka útfærsla á þeirri starfsemi sem þegar er rekin á þessu sviði. Skipulagsbreytingin er í því fólgin, eins og fram hefur komið í þeim orðum sem ég hef þegar sagt, að sameina undir einni stjórn Fræðslumyndasafnið, Ríkisútgáfuna og þá starfsemi sem henni tengist, Skólavörðubúðina. Útfærsla starfseminnar er hins vegar einkum fólgin í því annars vegar að hefjast handa við námsgagnagerð, aðra en bókagerð sem nú er fyrst og fremst stunduð, og hins vegar að starfsemi Ríkisútgáfunnar mundi þá færast yfir á fleiri skólasvið.

Þessar breytingar kosta að sjálfsögðu fjármuni. Ég mun gera ráðstafanir til að fá áætlun frá hagsýslustofnuninni um þann kostnað, sem samþykkt þessa frv. kynni að hafa í för með sér, og koma slíkri áætlun í hendur hv. menntmn. þessarar deildar.

Ég hygg að þróunin hljóti í meginatriðum að verða í þá stefnu sem þetta frv. felur í sér. Eins og ég sagði áðan og raunar allir hv. þm. vita, starfar Ríkisútgáfa námsbóka fyrst og fremst fyrir grunnskólasviðið. Ég held að engum manni komi til hugar að hverfa frá því að reka sameiginlega útgáfu fyrir það skólasvið. Hitt held ég líka að sé sammæli flestra þeirra sem koma nálægt framkvæmd kennslu á framhaldsskólastiginu, að það sé æskileg þróun að Ríkisútgáfan komi einnig inn á það svið og taki að sér veigamikla þætti í útgáfu kennslubóka fyrir framhaldsskólastigið.

Það má geta þess í þessu sambandi að starfsemi Ríkisútgáfunnar aðeins fyrir grunnskólastigið er nú þegar að sprengja utan af sér húsnæði og aðra aðstöðu svo að þar verður ekki komist hjá aðgerðum til þess að greiða fyrir því einu.

Enn er á það að benda í tengslum við þá þróun sem er að verða og verður í framtíðinni, að í staðinn fyrir að ekki fyrir mjög löngu voru bækur nánast einu kennslugögnin, þær voru a. m. k. alveg yfirgnæfandi, en nú og vafalaust í vaxandi mæli í framtíðinni koma til ýmis önnur gögn byggð á þeirri tækni sem við höfum nú yfir að ráða. Það eru þessi tæki sem hafa verið kölluð nýsigögn. Sumir eru lítt hrifnir af nafninu, en þó ætla ég að menn skilji nú orðið hvað við er átt með því. En einmitt þessi þróun ýtir undir það, að hafin verði á vegum hins opinbera starfsemi í líkingu við það sem hér er gert ráð fyrir, þar sem er námsgagnagerð önnur en bein bókaútgáfa.

Eins og ég sagði í upphafi þessara orða, hefur þetta frv. áður legið fyrir Alþ. og mér þótti rétt að endurflytja frv. núna óbreytt frá því sem það hefur legið hér fyrir. Ég endurtek: Ég tel ekki nokkurn vafa á því að málin muni þróast í þá stefnu í megindráttum sem þetta frv. bendir til. Hitt er svo annað mál, hvenær menn telja sig þess umkomna, hvenær Alþingi, fjárveitingavald, ríkisstjórn telja tímabært að ráðast í framkvæmdir í þá stefnu sem frv. gerir ráð fyrir. Það er að sjálfsögðu mál sem Alþ. eitt segir til um. Nú er mikið rætt um nauðsyn þess að treysta stöðu ríkissjóðs, hætta að reka ríkissjóðinn með halla o. s. frv., þá mun ég ekki kippa mér upp við það þó að enn þoki hægt með þetta mál.

Ég skal ekki fara nánar út í einstök atriði frv. Allítarlegar athugasemdir fylgja því og það hefur áður verið rætt hér, eins og ég sagði. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umr. vísað til menntmn.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Hófsemi hæstv. menntmrh. og trygglyndi hefur lengi með miklum rétti verið við brugðið. En að þessu sinni held ég að ég verði að falla í þá freistni að hvetja hann eindregið til að halda þessum mannkostum í skefjum og sækja fram með örlítið meiri hörku gegn Alþ. og ríkisvaldinu fyrir hönd þeirra stofnana sem undir hann heyra.

Þó að fjmrh. beri sig illa, það hafa þeir alltaf gert og er talið eitt af því sem þeir eiga að gera, er ekki allt skorið niður og ýmislegt hefur komist í gegnum kerfið. Ég sé enga ástæðu til þess að menn þurfi að gefa upp vonina um að þetta frv. geti náð afgreiðslu.

Ég byrja á því að benda á, að engum dettur í hug að kaupa fiskiskip án þess að kaupa veiðarfæri, og nú á dögum þýðir ekki að reka skólakerfi upp á þau býti að ekki sé séð fyrir miklu meira en skólahúsnæði og kennurum. Kennarar þurfa á margvíslegum kennslutækjum að halda, og reynslan er í öðrum löndum að ýmisleg kennslutæki, sem eru tæknilegs eðlis, grípa ímyndunarafl nemendanna og draga úr námsleiða þeirra, auk þess sem tæki, sem nota myndir eða hljóð, virðast ná til margra nemenda sem erfitt eiga með að einbeita athygli sinni. Ég óttast því miður að skólakerfi okkar íslendinga sé óðum að dragast aftur úr því sem gerist í nágrannalöndum okkar hvað kennslutæki snertir, og ég vil hvetja Alþ. eindregið til þess að íhuga hvort það er verjandi að hafa jafnumfangsmikið og dýrt skólakerfi sem við höfum, en gera svo litlar ráðstafanir til þess að kennarar og nemendur fái þau tæki í hendurnar sem nútímaaðstæður krefjast. Glöggt dæmi er það, að allir skólar keppast við að koma upp skólabókasöfnum og hefði mátt vera fyrr í landi bókaþjóðarinnar. En skólabókasöfn nútímans krefjast fjölbreytni og eru miklu meira en bækur í hillum. Sú þjónusta, sem þessari stofnun er ætlað að veita á því sviði einu, er orðin aðkallandi.

Ég vil vekja athygli manna á því, að hér er ekki um að ræða veigamikið frv. um nýja stofnun í raun og veru. Að vísu mun sú endurskipulagning, sem hæstv. ráðh. lýsti, leiða af sér nýtt stofnunarnafn, en það er verið að sameina þrjár stofnanir sem eru þegar til, sem eru Ríkisútgáfa námsbóka og Skólavörubúðin, sem er allmikið fyrirtæki og hefur verið vel rekið og á nokkrar eignir, nokkrar húseignir t. d., og í þriðja lagi Fræðslumyndasafnið, sem er lang-

minnst. Það er verið að sameina þessar stofnanir og tvær mismunandi stjórnir eiga að hverfa, en ein kemur í staðinn. Það er ætlunin að bæta við fjórðu deildinni sem á að framleiða ýmiss konar námsgögn, þ. e. a. s. námsgögn á íslensku í tæki sem töluvert mikið er til af. En ég vil benda mönnum á að þau námsgögn, sem þarna verða framleidd: segulbönd til tungumálanáms, skuggamyndir, glærur og hitt og þetta annað til allra mögulegra námsgreina, verða seld til skólanna, skólarnir greiða fyrir þetta. Eftir nokkra byrjun ætti námsgagnagerð að geta staðið þokkalega undir sér og þarf ekki að verða baggi á ríkissjóði. Ég tel því að hér sé ekki um kostnaðarsaman hlut að ræða. Það, sem þarf að koma nýtt, er stjórn yfir þetta allt saman, einn maður og kannske ein stúlka til að þyrja með, sem fá það verkefni að sameina þessar þrjár stofnanir, sem eiga að renna saman í eina.

Í sambandi við Ríkisútgáfu námsbóka, þá hefur hún verið að gera breytingar á rekstri sínum sem eru mjög til hagræðingar, en ég vil taka það skýrt fram, að það eru ákvæði í þessu frv. sem munu að ýmsu leyti tryggja einkaútgáfu á námsbókum. Þetta felst í því, að þau einkafyrirtæki, sem hafa gefið út og vilja gefa út námsbækur, geta lagt handrit fram og fengið staðfest að þau séu talin hæf til notkunar á vissu skólasviði. Með því fær útgáfa þeirra verulegt öryggi. Hér er því ekki verið að auka völd eða stöðu Ríkisútgáfu námsbóka, heldur er þarna þvert á móti nokkur stuðningur veittur því, að við hlið hennar verði áfram eins og verið hefur einkaútgáfa á námsbókum.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leyfa mér að nefna eitt dæmi sem er skylt þessu frv. eða innihaldi þess en sýnir hversu mikið skilningsleysi ríkir á þörfinni fyrir kennsluefni hér á Íslandi. Þetta er dæmi sem ég þekki frá Fræðslumyndasafni ríkisins.

Öllum er kunnugt um að sjónvarpið okkar, sem nýlega hefur haldið upp á 10 ára afmæli sitt, hefur framleitt mikið af góðu íslensku efni. Það er ýmist á kvikmyndum eða segulböndum, og skiptir ekki máli, það má færa það á milli eftir vild. Það gerðist fyrst á árinu 1969, þegar sjónvarpið var þriggja ára gamalt, að Fræðslumyndasafnið óskaði eftir að fá kvikmynd um Jón Sigurðsson sem hafði verið gerð af sjónvarpinu, fá eintak af henni keypt. Það var ekki verið að biðja um neitt ókeypis. Eintökin átti síðan að láta ganga um skólana eftir að sjónvarpið væri búið að nota myndina. En þetta var ekki hægt. Á næstu árum ræddi ég oft við sjónvarpið um þetta, hvort ekki væri hægt að fá hinar ýmsu íslensku kvikmyndir þess, eftir að þeim hafði verið sjónvarpað, keyptar á eðlilegu markaðsverði til nota í skólunum. Þetta var aldrei hægt. Í jan. 1973 var skrifað annað bréf til Ríkisútvarpsins og fylgdi með því mjög eindregin og hörð ályktun sem stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins hafði gert um málið, en í henni eiga sæti m. a. fulltrúar frá kennarasamtökum. Ekkert gerðist. Skýringin er sögð vera sú, að starfsfólk sjónvarpsins kunni að eiga höfundarrétt að myndunum og þess vegna sé ekkert hægt að gera í þessu. Satt mun það vera, að starfsfólkið á vafalaust kröfu til höfundarréttar þegar myndirnar eru notaðar utan útvarpsins. En það er til einföld lausn til að leysa það mál, sem farin hefur verið í Danmörku. Í staðinn fyrir að reyna að reikna út, sem er ógerlegt, hvað hver starfsmaður á að fá mikið, má borga ákveðna upphæð í sameiginlegan sjóð starfsmanna: einföld lausn sem fyrirmynd er til að, en ekkert gerðist. Á árinu 1975 skrifaði Fræðslumyndasafnið útvarpsráði og mun málið eitthvað hafa verið rætt þar, en ekkert hefur gerst. Við höfum sem sagt tugmilljóna fyrirtæki, okkar ágæta sjónvarp, sem framleiðir mikið af góðu íslensku efni. Þetta er alíslenskt fyrirtæki, en samt hefur reynst ókleift að fá kvikmyndir, sem sjónvarpið gerir, til nota í íslenskum skólum. Mér finnst þetta satt að segja vera hneyksli, að ég tali ekki um þá embættisfærslu að bréfum frá 1969, 1973 og 1975 hefur ekki einu sinni verið svarað.

Ég nefni þetta sem furðulegt skilningsleysi á því, að það þarf að hlúa að þeim kennslutækjum sem eru í íslensku skólunum, og einmitt þarna, t. d. með kvikmynd um Jón Sigurðsson, sem fjöldinn allur af skólabörnum í dag hefur ekki séð þó hún hafi einu sinni verið endurtekin, og fleiri slíkum myndum. Þetta úrvalsefni til nota í skólunum er af einhverjum dularfullum ástæðum ófáanlegt með öllu.

Ég veit ekki hvort hæstv. menntmrh. er kunnugt um þetta efni, en mér þætti vænt um ef hann vildi, hvað sem verður um frv., athuga hvort hann getur ekki hnippt í menn sína og fengið þá a. m. k. til að svara bréfum — eða vinna það, sem er ekkert kraftaverk, að sjá til þess að skólabörnin okkar geti fengið að nota bestu myndir úr sjónvarpinu þegar sjónvarpið hefur sjálft hætt að sýna þær.

Ég vil að lokum ítreka að hér er ekki um stórkostlega nýja ríkisstofnun að ræða. Hér er um að ræða hagræðingu, sameiningu þriggja stofnana sem mun gera þær allar sterkari þegar þær vinna saman heldur en þegar hver vinnur fyrir sig. Nýja greinin, námsgagnagerðin eða framleiðslan, á að geta staðið langleiðis undir sér. Hér er því ekki um stórkostlega útfærslu á ríkisrekstri eða ríkiskostnaði að ræða. Hins vegar er Ísland að verða vanþróað land á sviði kennslutækja og það er ekki í samræmi við vilja þjóðarinnar eða Alþingis að láta það gerast.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af því atriði, sem hv. 2. landsk. drap á síðast, varðandi sjónvarpsmyndir til nota í skólum, þá er mér ekki kunnugt um það. Ég mun kynna mér hvernig stendur á um það mál. Það er nógu illt, held ég, fyrir okkur að vera ekki enn búnir að koma á skólasjónvarpi, þó að það bætist ekki ofan á að það fæst ekki heldur að nýta fyrir skólana þær myndir, sem sjónvarpið hefur látið gera og hafa verið notaðar á sínum tíma.

Annars vil ég leyfa mér að þakka hv. þm. fyrir stuðning við þetta mál, sem ég tel nauðsynjamál. Ég vona að hann verði einnig liðtækur að styðja okkur í þeirri tekjuöflun sem þarf til þess að koma þessu á leið. Það, sem

gerir að verkum, þegar ég tala fyrir máli eins og þessu, að ég tala af nokkurri varúð um kostnaðinn, er hins vegar hversu félagslegu þarfirnar eru óskaplega miklar á sviði menntamálanna og auðvitað fleiri mála í öllum áttum. Til byggingar grunnskóla er í fjárlögum þessa árs eitthvað um 1 milljarður kr., og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir verðlagshækkun á þessum lið nokkurn veginn, en á s.l. ári hækkaði hann nánast ekki neitt. Þetta er, þegar á heildina er litið, þó nokkur fúlga. En fyrir mönnum, sem þekkja ástandið víðs vegar um landið þar sem byggð hefur vaxið nokkuð ört, þar sem menn búa enn þá við skólahús frá aldamótum, þar sem menn jafnvel hafa engin skólahús, eins og enn er til þó að það sé mjög óvíða, minnast allra þeirra staða sem enga aðstöðu hafa til íþróttaiðkunar, allra þeirra staða þar sem ekki er aðstaða til að sinna t.d. þeim þætti grunnskólanámsins sem útheimtir aðstöðu til að geta sinnt verknáminu og þannig áfram og áfram, þá leynir sér ekki að það er naumt skammtað að ætla milljarð með dýrtíðaruppbót í þessar framkvæmdir um allt land.

En það er víðar í skólabyggingamálum sem illa er ástatt. Kennaraháskólinn starfar í húsnæði sem er rúmur þriðjungur af því sem ámóta stórum skóla og þar er nú rekinn var upphaflega ætlað. Þar er, eins og ég hef einhvern tíma rifjað upp hér á hv. Alþ., kennt á hanabjálkaloftum þar sem menn sitja þétt undir súð og er nánast ekki andrúmsloft nema skaparinn gefi veður þannig að það sé hægt að opna út í himingeiminn. Kennaramenntunin býr við slíka aðstöðu.

Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni deilir íþróttahúsi með öllum hinum skólunum á staðnum, — íþróttahúsi sem byggt var fyrir löngu og er orðið allt of lítið og ófullnægjandi og er nýtt þannig að það er byrjað snemma á morgnana og verið að fram undir miðnætti. Og það er höfuðstöð kennaramenntunarinnar í þessari grein.

Án þess að ég ætli að fara að rekja þessa sögu lengra, þá dettur mér í hug eitt mál enn í sambandi við byggingarmál skóla, því það er ákaflega mikið þrýst á um það, og það er aðstaðan fyrir þroskaheftu börnin. Til þeirrar kennslu var tekið í notkun glæsilegt hús í Öskjuhlíð, en það er ekki nema hluti af því sem þar átti að byggja og þar er búið við gífurleg þrengsli, þó að hægt hafi verið að gera þar margt betur en áður var við enn verri skilyrði. Og í stórum heimilum fyrir vangefna, sem áhugamannafélög hafa komið upp, er nánast engin kennsluaðstaða.

Ef maður lítur svona yfir menntamálasviðið, rannsóknir t.d. í þágu atvinnuveganna, þá var eitt dagblaðið, sem hefur mjög boðað aðhald í ríkisrekstri og varað við þenslu og var með harðan leiðara í sama blaði um það, það var aftur með heilsíðugrein um að það þyrfti að tífalda framlögin til rannsóknastarfsemi til þess að við stæðum jafnfætis öðrum, og það má e.t.v. rétt vera út af fyrir sig.

Það er ákaflega mikið kvartað undan því að seint gangi að endurskoða námskrá fyrir iðnfræðslustigið. Það verk er talið mjög nauðsynlegt til að samræma þar kennslu við nýja hætti og nýjar hugmyndir, og þar er naumt skorið til eða við eigum í erfiðleikum a.m.k. með að framkvæma þá sérkennslu sem hægt er að koma fyrir í því húsnæði sem nú er til.

Þannig er þetta nánast í öllum áttum. Og þó að ég nefni þetta aðeins á menntamálasviðinu, þá er það sama einsýnt í heilbrigðismálum og samgöngumálum o.s.frv. Nú boða allir menn hátt og í hljóði í velflestum blöðum þjóðarinnar, nálega öll félagasamtök, þó að þau segi hvert um sig: við erum verst settu þegnarnir í þjóðfélaginu, — þá boða nánast allir í kór að það eigi að draga úr samneyslu. Ég er ekki hrifinn af þeim boðskap. Ég veit að við þurfum að gæta aðhalds og við megum ekki eyða meiru en við öflum. En ég held að það sé hættulegast fyrir þetta þjóðfélag, eins og það er byggt upp, ef sú stefna verður ofan á einhliða að draga úr samneyslunni, draga úr því að fylla upp hinar félagslegu þarfir, en setja þeim mun meira þá til einkanota. Það er með þetta í huga sem ég tala varlega þegar ég er að fara fram á hækkanir eða fjármuni til þess að framkvæma vissa hluti, í þessu tilfelli námsgagnagerðina. Það er með allt þetta í huga sem ég tala svona gætilega um þessa hluti. Ég veit að seinast kemur að því í hvert eitt sinn að við verðum að velja og hafna, getum ekki tekið ótakmarkað, heldur verðum að skipta því sem til skipta verður.

En ég endurtek það sem ég sagði áðan: Ég þakka hv. 2. landsk. þm. fyrir stuðning við þetta mál.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Þetta er eitt af þeim frv. sem við höfum áður séð lögð fram hér í deildinni. Þetta er að verða gamall kunningi, a.m.k. er ég svolítið farinn að kannast við þetta frv. vegna þess að því hefur tvívegis verið vísað til n. þar sem ég á sæti og er raunar formaður fyrir. Við í menntmn. höfum skoðað þetta frv. nokkuð og kynnt okkur það, og ég hygg að flestir séu sammála um að hér sé mjög nýtilegt frv. á ferðinni og að ýmsu leyti sé mjög nauðsynlegt að það skipulag komist á sem þarna er gert ráð fyrir. En eigi að síður hefur verið viss tregða innan n. um að mæla með samþykkt þessa frv. á þessu stigi, og ástæðan hefur hjá ákaflega mörgum verið sú, að mönnum hefur fundist að það skorti nægilega greinargóða áætlun um þann kostnað sem fylgir þessu nýja fyrirkomulagi. Við höfum farið fram á það bæði munnlega og skriflega við menntmrn. á undanförnum árum að fá í hendur sundurliðaða og örugga áætlun um kostnað við þá breytingu sem hér er gert ráð fyrir, því að ég held að það geti engum dulist, að jafnvel þó að það sé svo á pappírnum að þarna sé verið að sameina þrjár stofnanir sem fyrir eru og raunar bæta aðeins við nýjum þætti í starfseminni, sem er námsgagnagerðin, þá hlýtur fleira að liggja þarna á bak við og líklegt að þessi stofnun verði býsna viðamikil og nokkuð kostnaðarsöm, og kannske er ekkert við því að segja. En hitt er alveg nauðsynlegt,

að þegar ríkisstj. leggur fram frv., sem hafa í för með sér svona viðamiklar breytingar á ástandi sem er, og þegar lagt er til að koma á fót nýjum stofnunum, þá er náttúrlega alveg nauðsynlegt að ríkisstj. leggi jafnframt fram sundurliðaðar og nokkuð öruggar áætlanir um kostnað og hvernig fyrirhugað er að framkvæma þau lög sem kynnu að verða samþ.

Nú kom það fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að hann mun láta gera áætlun um þann kostnað sem þessi fyrirhugaða breyting kann að hafa í för með sér, og fagna ég því mjög ef slík áætlun kemur. Ef menntmn. fær þessa áætlun til skoðunar, þá hygg ég að við stöndum betur að vígi í menntmn., eftir reynslu minni að dæma, að taka afstöðu til þessa máls á þessum vetri. En ég vil endurtaka það, að ég tel að það sé ákaflega margt nýtilegt í þessu frv. og það horfi til bóta og væri vissulega mjög æskilegt að koma öllum námsgagnastofnunum undir einn hatt. Ég held að það væri mjög gagnlegt, og að því leyti til er auðvitað æskilegt að þetta frv. geti orðið að lögum. Hitt er annað mál, að hér er um viðamikið mál að ræða og sjálfsagt og rétt að skoða það gaumgæfilega og hraða ekki afgreiðslu þess meira en svo, að þingið sé sæmilega ánægt með afgreiðsluna. Það er alls ekki óalgengt að ýmis frv., sem fjalla um viðamikil efni, séu til athugunar í þinginu kannske vetur eftir vetur, og ég held, þegar upp er staðið, að þá séu menn sæmilega ánægðir með það að svo hefur farið. Það hefur orðið til þess að menn hafa kynnst frv. betur og orðið þess vegna í rauninni sáttari við afgreiðsluna heldur en ella hefði orðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 46). — 1. umr.

Flm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Á þskj. 46 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968. Frv. er stutt og hljóðar þannig með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr.: 1. mgr. 50. gr. laganna orðist þannig:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 50 km á klukkustund.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Tíðni umferðarslysa af völdum bifreiða er áreiðanlega meiri hér á landi en víðast annars staðar miðað við fólksfjölda og tölu ökutækja. Valda því margar ástæður og að mínu viti sú fyrst og fremst, að nægileg tillitsemi þeirra, er bifreiðum stjórna, er ekki sýnd í umferðinni né heldur hlýðni við gildandi umferðarreglur. Umferðarreglur, sem þannig eru úr garði gerðar að þær eru brotnar sífellt af stórum hópi bifreiðarstjóra, eru til þess fallnar að skapa virðingarleysi fyrir umferðarlögum. Reglan um hámarkshraða 45 km í þéttbýli telst að mínu viti til slíkra reglna og því hef ég freistað þess með flutningi þessa frv. að fá þessu breytt.

Það hefur verið umdeilt í mörgum löndum hvort yfirleitt sé ástæða til þess að hafa lögbundin ákvæði um hámarkshraða bifreiða og hefur þar sitt sýnst hverjum. Sums staðar hafa þau almennu lagaákvæði ein verið í gildi að akstri bifreiða beri að haga af varkárni og miða hann við allar aðstæður. Í öðrum löndum hafa verið lögtekin ákvæði um hámarkshraða bifreiða á vegum og telst Ísland í þeim flokkinum. Eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um, þá virðist sú þróun vera í gangi að þeim löndum fer fjölgandi þar sem sérstök ákvæði um hámarkshraða eru lögtekin, og tel ég því ástæðulaust að við förum að breyta frá þeirri reglu sem hér hefur gilt, að hafa þetta lögbundið.

Í umferðarlögum, nr. 23 frá 1941, var hámarkshraði ákveðinn 60 km á klst. á vegum utan þéttbýlis, en 30 km á vegum í þéttbýli. Það var á árinu 1958 sem breyting var gerð á þessum ákvæðum laganna með setningu laga nr. 26 frá 2. maí það ár, en hámarkshraðinn var þá færður upp í 70 km á klst. utan þéttbýlis og í 45 km í þéttbýli. Eru þau lagaákvæði óbreytt í gildandi umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

Ég skal með örfáum orðum, hæstv. forseti, færa þau rök fyrir því, að ég tel nú tímabært að hækka nokkuð ákvæði laga um hámarkshraða í þéttbýli.

Eins og hv. alþm. allir vita, þá hafa miklar umbætur verði unnar í vegagerð, í þéttbýli fyrst og fremst. Þar sem áður lágu víða moldarvegir, holóttir moldarvegir, er nú að finna breiða og slétta steypta vegi eða vegi með öðru varanlegu slitlagi á. Þessi breyting leiðir það m.a. af sér að umferðin hefur þrátt fyrir óbreytt lagaákvæði orðið nokkru harðari. Þetta er fyrsta ástæðan til þess að ég tel að breyta beri þessu lagaákvæði.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að nú hin síðari árin hefur öryggisbúnaður bifreiða orðið nokkru fullkomnari en áður var, þannig að bifreiðar geta nú stöðvast á styttri vegalengd en áður var. Auk þess er mér tjáð af kunnáttumönnum um bifreiðar að hin tíða giraskipting, sem nauðsynleg er, ekki síst á hinum minni bifreiðum sem í notkun eru í landinu, þegar ekki er ekið hraðar en 45 km, valdi nokkrum erfiðleikum á bifreiðinni og geti valdið óeðlilegu sliti.

Í þriðja lagi vil ég benda á það, að nú hefur það færst mjög í vöxt í löndum hins vestræna heims, að samræmdar hafa verið umferðarreglur og þá ekki síst um hámarkshraða bifreiða. Það er nú orðið æ algengara að menn ferðist í eigin bifreiðum um mörg lönd, og reynslan hefur sýnt að það hefur valdið vandræðum ef umferðarreglur eru mjög frábrugðnar frá einu landinu til annars. Við Íslendingar höfum kynnst því hin síðari árin í vaxandi mæli að landsmenn hafa gjarnan tekið með sér bifreiðar sínar þegar þeir hafa farið í sumarfrí, t.d. til Vestur-Evrópu, og ekið á þeim um þessi lönd.

Mér er ekki kunnugt um annað land í Vestur-Evrópu en Ísland sem hefur það í lögum að hámarkshraði í þéttbýli megi ekki vera hærri en 45 km. Ég veit fyrir víst að t.d. í Svíþjóð

og í Noregi og í Englandi og í Vestur-Þýskalandi er að finna ákvæði um hámarkshraða ekki undir 50 km í þéttbýli. Ég tel því að það sé eðlilegt að breyta reglum hér um þetta atriði til samræmis við það sem gildir í þessum löndum.

Síðast, en ekki síst tel ég að meginrökstuðningur fyrir þessari breytingu felist í þeirri staðreynd, að meiri hluti ökumanna í landinu mun á mörgum bestu vegum í þéttbýlinu aka nokkru hraðar en lögleyfður hámarkshraði er, og það er alkunn staðreynd að sá ökumaður, sem á breiðri og sléttri götu ekur á löglegum hraða, er í reyndinni hindrun þeim sem á eftir aka og þetta stofnar til óeðlilega mikils framúraksturs. En eins og reynslan hefur sýnt og auðvelt er að kynna sér af lestri skýrslna um umferðarslys, þá er einmitt framúraksturinn ein meginástæðan fyrir umferðarslysum hér á landi. Mér hefur líka verið tjáð að aðeins um 10% af þeim umferðarslysum, sem hafa orðið hin síðari árin hér í þéttbýli, megi rekja til of hraðs aksturs.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það og hef fyrir mér umsagnir margra greinargóðra manna, bæði ökukennara og annarra, sem vel þekkja til þessara mála, að þeir telja, að nokkru hærra hámark um akturshraða bifreiða en nú er í lögum mundi leiða til jafnari ökuhraða og skipulegri og öruggari umferðar á götum í þéttbýli.

Ég tel mig muna það rétt, að ég sá það í dagblaðinu Vísi, að ég held, fyrir nokkrum dögum, að frá því var skýrt að umferðarnefnd Reykjavíkur hefði samþ. að gera till. til borgarstjórnar um að hún gerði sitt til þess að ákvæðum í 50. gr. umferðarlaga yrði breytt í þá áttina sem frv. mitt gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að lögleyfður hámarkshraði verði aukinn úr 45 km í 50 km. Ég tel þetta verulegan stuðning við frv. og vænti þess, að það ásamt efni sjálfs frv. verði til þess að á Alþ. geti tekist góð samstaða um samþykkt þess.

Ég vil svo að endingu aðeins taka það fram, að mér er fyllilega ljóst að sumar götur í þéttbýli eru slíkrar gerðar að þær leyfa ekki 50 km hámarkshraða. En til þess að koma í veg fyrir að einhver standi gegn því að styðja frv. vegna þess arna, þá vil ég benda á það almenna ákvæði í upphafi 49. gr. umferðarlaga, sem gengur út frá því sem almennri reglu að akstri bifreiða skuli hagað miðað við aðstæður og alls öryggis skuli gætt, það ákvæði heldur gildi sínu þrátt fyrir samþykkt þessa frv. Auk þess er í 4. mgr. 50. gr. laganna að finna heimild til dómsmrh. þar sem hann getur ákveðið lægri hámarkshraða á vissum götum í þéttbýli en hin almenna heimild gerir ráð fyrir ef efni og aðstæður liggja til þess. Þannig tel ég að þessa atriðis sé fyllilega gætt með ákvæðum í gildandi lögum.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað — að ég held frekar til allshn. heldur en samgn., en ég legg það í vald hæstv. forseta hvorrar n. hann gerir till. um að frv. gangi til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 19. fundur.

Þriðjudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 15. nóv. 1976.

Varaformaður þingflokks Alþfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Sighvats Björgvinssonar, 8. landsk. þm., sem nú dvelst erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér að óska þess samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Pétur Pétursson fyrrv. alþm., taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd.

Til forseta Sþ.“

Kjörbréf Péturs Péturssonar liggur hér fyrir. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að athuga kjörbréfið og gef 5 mínútna fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf Péturs Péturssonar fyrrv. alþm., sem er 2. varamaður landsk. þm. Alþfl. og tekur sæti á Alþ. í fjarveru hv. 8. landsk., Sighvats Björgvinssonar. 1. varaþm. landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson, situr þegar á Alþ. N. er sammála um að mæla með samþykkt kjörbréfsins og að kosning varaþm. sé metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég býð Pétur Pétursson velkominn til starfa á Alþingi.

Fiskvinnsluverksmiðja á Snæfellsnesi, fsp. (þskj. 47). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Hinn 16. maí 1975 var samþ. svo hljóðandi þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna hvort hagkvæmt sé að byggja og starfrækja verksmiðju á Snæfellsnesi er unnið geti feitan fisk og fiskúrgang.“

Flm. þáltill., sem að vísu var samþ. nokkuð breytt, voru allir þm. Vesturlandskjördæmis. Þetta er sameiginlegt áhugamál okkar og baráttumál okkar allra. Með feitum fiski og fiskúrgangi er að sjálfsögðu átt við loðnu, síld og karfa. Í grg., sem fylgdi till., gerði 1. flm., hv. 1. þm. Vesturl., rækilega grein fyrir nauðsyn þess að verksmiðju af þessu tagi yrði komið upp á Snæfellsnesi. Í grg. var bent á það, að á svæðinu frá Snæfellsnesi til Patreksfjarðar er engin fiskvinnsluverksmiðja af þessu tagi og mjölverksmiðjurnar þar á nesinu eru orðnar lélegar, flest-

ar úr sér gengnar og þurfa endurnýjunar við. Virðist eðlilegast að sú endurnýjun fari fram með þeim hætti sem þarna var lagt til, að reist verði ein stór eða tvær smærri verksmiðjur.

Um þjóðhagslega nauðsyn slíkrar verksmiðju er líka getið í grg. og bent á það t. d., að drjúgur hluti loðnuaflans veiðist við Snæfellsnes og á Breiðafirði. En sökum skorts á verksmiðju af þessu tagi er ekki aðeins að það er ekki hægt að bræða þennan afla, heldur geta hraðfrystihúsin á Snæfellsnesi ekki heldur hraðfryst loðnuna til útflutnings. Slík verksmiðja mundi því skapa möguleika á aukinni framleiðslu á loðnu til manneldis og þar með aukinni verðmætisöflun og um leið skapa hraðfrystihúsunum á Snæfellsnesi bættan rekstrargrundvöll.

Að sjálfsögðu, eins og ég hef þegar sagt, er mikið áhugamál okkar þm. Vesturl. og snæfellinga allra að þetta mál nái fram að ganga. Því hef ég leyft mér að beina til hæstv. forsrh. á þskj. 47 svo hljóðandi fyrirspurn:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 16. maí 1975 um að ríkisstj. láti kanna hvort hagkvæmt sé að byggja og starfrækja verksmiðju á Snæfellsnesi er unnið geti feitan fisk og fiskúrgang.“

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fyrirspurn þessari er vafalítið beint til mín sem forsrh. þar sem í þál. um athugun á byggingu og rekstri fiskvinnsluverksmiðju á Snæfellsnesi er skorað á ríkisstj. að láta kanna hvort hagkvæmt sé að byggja og starfrækja slíka verksmiðju. Í þessu sambandi finnst mér ástæða til að vekja athygli á þeirri starfsvenju sem skapast hefur, að slíkar ályktanir eru aldrei sendar frá Alþ. til ríkisstj. sem heildar, heldur eru þær sendar til þess rn. sem að dómi skrifstofu Alþ. fjallar um málefni þau sem ályktað er um.

Sú þál., sem hér um ræðir, var með bréfi, dags. 6. júní 1975, sem undirritað er af Gils Guðmundssyni, 1. varaforseta Sþ., og Friðjóni Sigurðssyni, skrifstofustjóra Alþ., send iðnrn. Ekki verður talið að verkefni það, sem hér um ræðir, falli undir starfssvið iðnrn. Hins vegar er þál. nú nýverið komin til sjútvrn. þar sem hún á heima, og hefur það rn. falið þeim Gylfa Þórðarsyni deildarstjóra og Jóni Reyni Magnússyni framkvæmdastjóra að gera athugun á hagkvæmni fiskvinnsluverksmiðju á Snæfellsnesi og skila rn. skýrslu þar um fyrir 15. des. n.k. Munu þeir hafa samráð við sveitarfélög og fiskvinnsluaðila á utanverðu Snæfellsnesi í sambandi við athugun þessa.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég tek líka undir með sessunaut mínum, hv. þm. Karvel Pálmasyni, sem sagði þegar hæstv. forsrh. lauk máli sínu: „Þetta var lítið.“ En við sjáum hvað setur.

Ég varð fyrir ofurlítilli truflun meðan hæstv. ráðh. var að halda ræðu sína, þannig að ég tók ekki nákvæmlega eftir hvað til stæði, en mér skilst að hinn 15. des. megi vænta einhverrar niðurstöðu af þeirri athugun sem gert er ráð fyrir í þáltill. Ég vona, að sú niðurstaða verði með þeim hætti að snæfellingar geti vel við unað.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er með því furðulegasta sem ég hef heyrt öll þau ár sem ég hef verið hér, að í stjórnkerfi íslendinga skuli það veltast á milli rn. með bréfaskriftum og vangaveltum að komast að niðurstöðu um það, undir hvaða rn. fiskvinnsluverksmiðjur heyri. Ég hélt að það væri svo augljóst mál, að fiskvinnsluverksmiðjurnar hlytu að heyra undir sjútvrn., að það ætti ekki að valda miklum vandræðum og hefði verið hægt að horfa fyrr á það raunverulega vandamál sem þarna er fyrir hendi.

Ég vil aðeins ítreka áhuga vestlendinga á þessu máli og ekki aðeins því, heldur benda á að það er mikill vandi í atvinnuástandi á utanverðu Snæfellsnesi, sérstaklega í Ólafsvík, vegna stórminnkandi afla sem stafar af því að Ólafsvíkingar hafa misst frá sér skip. Ríkisstj. er kunnugt um þessi mál í heild, og ég vænti þess að hún taki rösklega á þeim svo að það þurfi ekki að verða hrun í afkomu manna í þessu byggðarlagi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að bæta við, að þetta var smátt og lítið. Ég hafði tvívegis reynt að koma því í gegnum Alþ. að reist yrði verksmiðja í Grindavík hliðstæð því sem ályktun var hér gerð um. Ég vil vekja athygli hæstv. ríkisstj. og einkum þó sjútvrh. á því, að Norglobal, norska verksmiðjuskipið, tók í fyrra á móti 74 þús. tonnum af loðnu. Ef svo fer nú að það fáist ekki, þá sjáum við hvað það þýðir fyrir landsmenn. Það var því alveg bráð nauðsyn að gera sérstakt átak til að koma upp verksmiðju ekki aðeins á Reykjanesi, heldur einnig á Snæfellsnesi og jafnvel víðar. Nú hafa útvegsmenn stækkað burðargetu loðnuflotans um 2000 tonn, núna í sumar og eru að því þessa dagana, og ef engin aukin móttökuskilyrði verða fyrir hendi, þá sjáum við stórkostleg vandræði á komandi loðnuvertíð. Einnig er fyrir hendi að loðnuafli er orðinn nú yfir sumartímann 84 þús. tonn og verðmæti hans mikið á annan milljarð kr. — óvænt gjöf. Og svo er það að veltast fyrir rn. hvar slík þál. eigi að lenda. Ég skil ekki þetta, hreinlega sagt. Þetta liggur ljóst fyrir að það þarf að gera sérstakt og skipulegt átak til að taka við þeim afla sem við getum veitt og komið á land. Annars fer svo, að það er verið að henda hluta úr loðnuaflanum, og hverjir vilja standa frammi fyrir því, á sama tíma og við höfum eitt hæsta verð sem um getur á mjöli og lýsi? Ég hélt, að þjóðarbúið þyrfti nú annað en að henda afla eftir allt átakið sem er gert til að fá okkar fiskveiðilögsögu. Ég vænti því þess, að hæstv. ríkisstj. taki nú þetta mál raunhæfum tökum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta mál hefur ekkert verið að velkjast á milli rn. Það, sem hefur skeð í þessu máli og kom fram í upplýsingum forsrh., er að Alþ. sendi málið í rn. þar sem það átti ekki heima. Ég segi fyrir mitt leyti, að um leið og þessi fyrirspurn kom fram kannaði ég í sjútvrn. hvar málið stæði. Þá hafði það aldrei komið þangað. Ég brá strax við og setti menn til að framkvæma þessa athugun. Hér er um mistök að ræða frá hendi Alþ. og þá kannske einnig frá hendi þess

rn. sem fékk þál., en átti auðvitað ekki um hana að fjalla.

Hins vegar þykir mér gott að heyra það hjá hv. síðasta ræðumanni, að hann veki athygli mína á loðnuveiðum og á Norglobal. Ég ætla nú að segja þessum hv. þm. það, að ég hef haft töluvert mikið fyrir loðnuleitinni og fjáröflun til þess að finna þennan óvænta happdrættisvinning, loðnuna. Sömuleiðis fékk ég að heyra töluvert í sambandi við þá ákvörðun mína, þegar leyfi var veitt til þess að Norglobal yrði hér starfrækt, sem hefur bjargað flotanum undanfarin ár og verið mjög happadrjúgt fyrir íslenskan þjóðarbúskap, að ekki sé meira sagt. Þá komu mótmæli fram og það frá ýmsum aðilum og ekki síst frá Alþýðusambandi Íslands sem taldi þetta einhverja mestu bölvun sem væri hægt að gera verkalýð á Norðausturlandi og á Austfjörðum, að bjarga þannig loðnuflotanum. Það er gott að það er áhugi núna í þessum herbúðum fyrir Norglobal, þótt seint sé.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að hæstv. sjútvrh. fylgist ekki með því sem gerist hér á Alþ., ekki nægilega vel a. m. k. Ég studdi hann mjög og fékk einn þingmanna sérstakar glósur frá Siglufirði — og er hægt að fletta því upp í Morgunblaðinu sem birti það með stóru letri, — af því að ég studdi hann í því að taka Norglobal því ég taldi það skynsamlega ráðstöfun. En hann metur náttúrlega slíkan stuðning að engu samkv. því sem maður getur dregið af ályktunum hans. Ég tel nefnilega mest um vert að koma afla í vinnslu, þó hann dreifist á ýmsa staði. Þess vegna vil ég vekja athygli á því, að það kann að skapast alvarlegt ástand á loðnuvertíðinni í vetur vegna þess að það hefur ekkert sérstakt verið gert fyrir utan það að koma verksmiðjunni upp í Neskaupstað, sem fór illa í þeim náttúruhamförum sem þar áttu sér stað. Fyrir utan það hefur ekkert sérstakt átak verið gert, jafnvel hamlað á móti. Ég ætla ekki að fara að rekja einstök dæmi hér, en ég gæti þó nefnt þau, um að jafnvel hafi verið hamlað á móti að endurskipuleggja verksmiðju og bæta reksturinn.

Jón Árnason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, fluttum við þm. Vesturl. þáltill. í sambandi við fyrirhugaða byggingu fiskmjölsverksmiðju á Snæfellsnesi. Eins og einnig hefur komið fram í þessum umr., þá er svo ástatt með þennan landshluta, sem í eru 4 verstöðvar, að þar er engin nothæf fiskmjölsverksmiðja og alls ekki til þess að bræða feiti. Það er því mjög nauðsynlegt að gert verði eitthvert átak í þessum efnum. Það var með tilliti til þess að við fluttum þessa till., að eitthvað væri gert til þess að kanna möguleika á að stofnsetja slíka verksmiðju í þessum landshluta. Ég tel að það sé brýnt verkefni að koma í framkvæmd að byggja fiskmjölsverksmiðju á Snæfellsnesi. Það er nú svo, að þó að samgöngur þar mættu vera betri en þær eru, þá eru viðunandi samgöngur á milli verstöðvanna, þannig að eina góða verksmiðju, vel staðsetta á Snæfellsnesi, væri hægt að hugsa sér að nýta sameiginlega fyrir þessar útgerðarstöðvar. Vitanlega kemur ekki til greina að fara að byggja fullkomna fiskmjölsverksmiðju á hverjum stað, enda stutt á milli sumra útgerðarstaðanna, eins og kunnugt er.

Ég tók til máls aðeins til að undirstrika það, að hér er um nauðsynjamál að ræða sem verður að sinna og taka til athugunar sem fyrst svo að hægt verði að hefjast handa um þessa nauðsynlegu framkvæmd sem ekki verður hægt að skjóta sér undan.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Af því að umr. hafa hér beinst að þeim vanda sem fyrir hendi kann að vera varðandi móttöku loðnu á næstu loðnuvertíð, þá vil ég aðeins geta þess hér, að ég vil á engan hátt draga úr því að nauðsyn sé á að koma upp slíkum verksmiðjum á Snæfellsnesi og jafnvel víðar, eins og hér um ræðir. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að einmitt á þessari sumarvertíð í sambandi við loðnuveiðar hefur tiltölulega mjög miklum afla verið landað til vinnslu vestur í Bolungarvík þar sem nú er eina verksmiðjan á því svæði sem tekur við slíkum afla, og nú hafa þeir aðilar, sem að henni standa, í hyggju stækkun á þeirri verksmiðju og að betrumbæta alla aðstöðu þar. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstj. taki það mál líka inn í þá mynd sem hún væntanlega kemur til með að draga upp af þörf í þessum efnum varðandi úrbætur hér á.

Það er enginn vafi á því, að það er nauðsyn á að bæta hér um, og ásamt því að koma upp slíkri aðstöðu á Snæfellsnesi og hugsanlega Grindavík líka, þá er, að ég tel, mjög nauðsynlegt og skynsamlegt ekki síst að stuðla að því að bæta aðstöðu á þeim stöðum þar sem hún er nokkur fyrir hendi og þarf tiltölulega litlu við að bæta til þess að verulegar úrbætur eigi sér stað til þess að taka á móti þeim afla sem hér er verið um að tala fyrst og fremst.

Úrbætur í atvinnumálum á utanverðu Snæfellsnesi, fsp. (þskj. 47). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég er hér með aðra fyrirspurn á sama þskj., 47, og nú er að vita hvort hún hefur lent í einhverjum hrakningum milli rn. eða einhver liður hennar. Hún er í þremur liðum. Ég hef leyft mér að beina fyrirspurninni til hæstv. forsrh. A-liðurinn er svohljóðandi:

„Hvað hyggst ríkisstj. gera til að bæta úr því slæma atvinnuástandi sem nú ríkir á utanverðu Snæfellsnesi, einkum í Ólafsvík?“

Þetta mál dróst inn í umr. um fyrri fyrirspurn mína. Ég ætla ekki að tefja tíma okkar hér með því að rekja það náið, en ég lagði fyrirspurnina fram eftir að ég hafði farið um Snæfellsnesið og þá komið m. a. í Ólafsvík og sannfærst um að fréttir um slæmt atvinnuástand þar voru síður en svo ýktar. Síðan ég lagði fyrirspurnina fram hefur svo komið sendinefnd a. m. k. einu sinni hingað suður til þess að ræða við viðkomandi stofnanir. Það, sem þeim í Ólafsvík er einkum kappsmál í þessu sambandi og þeir trúa að geti leyst þann vanda sem þar er við að etja, þ. e. a. s. hráefnisskort, er að fá skuttogara. Mér er kunnugt um að þeir hafi fengið góðar undirtektir hjá Fiskveiðasjóði og Byggða-

sjóði eða Framkvæmdastofnun, en hitt veit ég hins vegar ekki, hverjar undirtektir þetta hefur fengið hjá ríkisstj. sjálfri, en þar stendur nú hnífurinn í kúnni, þar sem er ríkisábyrgðin — 13% ríkisábyrgðin sem tíðkaðist á árunum 1972—1975. Þess vegna hef ég leyft mér í b-lið að beina til hæstv. forsrh. svo hljóðandi fsp.:

„Getur ríkisstj. fallist á það í þessu sambandi“ — þ. e. a. s. varðandi atvinnuástandið þar vestra — „að heimila togarakaup erlendis frá með hliðstæðri lánafyrirgreiðslu og almennt var veitt á árunum 1972—1975?“

C-liðurinn snertir svo áform um að byggja verbúðir í Rifi. Það var í des. 1972, hygg ég, að stofnað var hlutafélag þar vestra, en stofnendur þess voru flest fyrirtæki þar í hreppnum og nokkrir einstaklingar, landshöfnin í Rifi og Neshreppur utan Ennis. Um nauðsyn þess að fá góðar verbúðir þar vestra má tilgreina að þarna starfa, hygg ég, 4 eða 5 fiskverkunarstöðvar og nýting þessara fiskverkunarstöðva byggist að sjálfsögðu á því að þær fái aðkomufólk til starfa. Nýting hinnar góðu hafnaraðstöðu í Rifshöfn byggist svo á því að fiskverkunarstöðvarnar geti framleitt með fullum afköstum. Það er enginn vafi á því, að það er þjóðhagslega mjög óhagkvæmt að verða að neita bátum um löndun og aðstöðu einungis vegna þess að húsrými fyrir starfsfólk er ekki fyrir hendi. Helsti þrjóturinn í þessu máli skilst mér að sé Fiskveiðasjóður og svo viðskiptabankar Rifs h.f. eða þeirra aðila sem standa að því félagi. En lánsumsókninni hefur verið synjað a. m. k. tvisvar, ef ekki þrisvar. Fyrstu synjuninni fylgdi sú röksemd einna helst, að þarna væri um að ræða það mikinn lúxus, ef ég mætti orða það svo, það væri áformað að reisa þarna verbúðir sem væru of íburðarmiklar, m. ö. o. það væri verið að bjóða verkalýð þar vestra of mikinn lúxus. Rif hf. eða forráðamenn þess buðust þá til að breyta áætluninni og meira að segja að taka á sig aukakostnað vegna þessa, eins og segir í einu bréfi til Fiskveiðasjóðs:

„Ef stjórn Fiskveiðasjóðs telur að hér sé um byggingu að ræða, sem sé of í borið sem verbúð, erum við tilbúnir til að taka á okkur án lánsbátttöku Fiskveiðasjóðs þann aukakostnað sem Fiskveiðasjóður teldi að væri í byggingunni umfram eðlilega verbúðabyggingu.“

En þetta dugði ekki heldur.

Þess vegna hef ég leyft mér að beina þessari fsp. til hæstv. forsrh.:

„Má ekki vænta þess að ríkisstj. greiði fyrir lánveitingu til byggingar verbúða í Rifi, svo að það mikla nauðsynjamál liggi ekki lengur í láginni vegna tregðu lánastofnana?“

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fyrsti liður fsp. hv. þm. hljóðar svo:

„Hvað hyggst ríkisstj. gera til að bæta úr því slæma atvinnuástandi sem nú ríkir á utanverðu Snæfellsnesi, einkum í Ólafsvík?“

Ekki er unnt að taka undir það með fyrirspyrjanda, að atvinnuástand á utanverðu Snæfellsnesi sé slæmt, a. m. k. bendir atvinnuleysisskráning til hins gagnstæða. Í þessu sambandi vil ég taka fram, að atvinnuleysisskráning í Ólafsvík er þannig á yfirstandandi ári að það eru að vísu 36 manns skráðir atvinnulausir 31. jan. s. l., með 782 atvinnuleysisdaga í mánuði, hinn 31. mars en einn skráður atvinnulaus, með 153 daga atvinnulausa í mánuði, hinn 30. apríl, 31. maí, 30. júní, 31. júlí, 31. ágúst er enginn skráður atvinnulaus, og þá sömu mánuði eru engir atvinnuleysisdagar nema 7 í apríl. Hins vegar eru 30. sept. skráðir 2 atvinnulausir í Ólafsvík, með 92 atvinnuleysisdaga í mánuði, og 31. okt. eru 3 skráðir atvinnulausir, með 23 atvinnuleysisdaga í mánuði. Ef við lítum á Hellissand, þá er það svo að allt árið er enginn skráður atvinnulaus og engir atvinnuleysisdagar skráðir á árinu. Þess vegna skulum við ekki gera ástandið verra en það er. Það geta verið blikur á lofti, en þetta eru staðreyndir málsins.

Hins vegar hefur hreppsnefnd Ólafsvíkur snúið sér til ríkisstj. og skýrt frá því að alvarlega horfi á staðnum vegna minnkandi fiskafla, sem bæði stafar af því, sem hreppsnefndin tjáir, að um sé að ræða minni fiskgengd vegna m. a. fiskveiðilagaákvæða svo og vegna hins, að bátum hefur fækkað og bátar verið seldir frá staðnum.

Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið falið að kanna þetta mál og gera till. til úrbóta. Í skýrslu til ríkisstj., dags. 3. nóv. 1976, er gerð ítarleg grein fyrir stöðu mála og ýmsum till. sem gætu verið til úrbóta. Ríkisstj. fól Framkvæmdastofnuninni framhaldsmeðferð málsins, og meðan henni er ekki lokið er ekki unnt að skýra frá aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins.

Það er engum vafa bundið að á þessu ári hafa komið fram aflatölur sem gera það að verkum að atvinna hefur ekki verið eins mikil í Ólafsvík og undanfarið, og afkomuskilyrði frystihússins á staðnum eru þess vegna miklu verri en verið hafa. En þar er, að því er má segja, nýuppgert frystihús sem fullnægir ítrustu kröfum, og skiptir því miklu máli að það framleiðslutæki sé nýtt.

Það er vilji ríkisstj. að leitast verði við að styðja við bak heimamanna að afla hráefnis til vinnslu í þetta frystihús og aðrar fiskvinnslustöðvar á staðnum.

En þegar spurt er undir b-lið: Getur ríkisstj. fallist á það í þessu sambandi að heimila togarakaup erlendis með hliðstæðri lánafyrirgreiðslu og almennt var veitt á árunum 1972—1975? — þá er því til að svara, að á árinu 1975, — ég hygg það muni hafa verið í ágústmánuði eða þar um bil, — ákvað ríkisstj. að hætta að veita 13% ríkisábyrgð vegna kaupa á togurum erlendis. Við þá ákvörðun hefur verið haldið, og sú ákvörðun hefur verið staðfest af ríkisstj. nýlega. Við teljum ekki efni standa til þess að veita slíka ríkisábyrgð fyrir kaupum á skuttogurum eða fiskiskipum erlendis frá, þar sem fiskiskipastóll landsmanna er meira en nægilega stór til þess að ná upp þeim þorskafla sem að áliti fiskifræðinga er óhætt að taka af Íslandsmiðum — og bótt meira væri. Meðan einnig eru háværar kröfur um að takmarka þorskveiðar, þá er ekki skynsamlegt að stuðla að auknum skipakaupum, eins og þessi 13% ríkisábyrgð hafði í för með sér. Loks er svo þess að gæta, að innlendar skipasmíðastöðvar eru myndarlega reknar og eðlilegt er að kaupum á fiskiskipum

sé beint til þeirra, en þær munu vera þess megnugar að smíða um eða yfir 2000 smálestir til viðbótar í fiskiskipastól landsmanna á ári hverju. Allt þetta hnígur því að því að fella niður 13% ríkisábyrgðina, og þá veltur á því, hvort Ólafsvík getur með eigin fjármagni og innlendu fjármagni staðið að skuttogarakaupum eða öðrum fiskiskipakaupum sem tryggi hráefnisöflun til staðarins. Það er m. a. til athugunar og meðferðar á vegum Framkvæmdastofnunar nú.

Þá er spurt undir c-lið: „Má ekki vænta þess að ríkisstj. greiði fyrir lánveitingum til byggingar verbúða í Rifi, svo að það mikla nauðsynjamál liggi ekki lengur í láginni vegna tregðu lánastofnana?“

Í þessu sambandi skal ég aðeins taka það fram, að frumkvæði að slíku verður eðlilega að koma frá heimamönnum og framkvæmdum verður að vera þannig háttað, sé leitað eftir opinberum lánum, að þær séu lánshæfar. Framkvæmdir eru ekki hafnar við byggingu verbúðar í Rifi að öðru leyti en því, að ýtt var upp úr grunni fyrir fjórum árum. Sótt hefur verið um lán í fyrsta lagi úr Fiskveiðasjóði, í öðru lagi úr Byggðasjóði og í þriðja lagi hjá Landsbanka Íslands, en engin lánsloforð hafa fengist. Í fyrstu var sótt um lán úr Fiskveiðasjóði er nam 60% af heildarkostnaði upphaflegra framkvæmdaáforma sem voru um 5100 rúmmetrar að stærð. Þeirri umsókn var synjað. Var þá sótt um lán er nam 50% af heildarkostnaði sömu framkvæmdaáforma, þar sem talið var að í bygginguna væri mun meira lagt en venjulegar verbúðabyggingar, enda hótelrekstur fyrirhugaður á sumrin. Ekki var heldur orðið við þeirri lánsbeiðni. Var því að lokum lögð fram enn ein lánsumsókn jafnhliða endurskoðaðri framkvæmdaáætlun. Var þar miðað við byggingu 3000 rúmmetra verbúðarhúss, auk þess sem ýmsar sparnaðarráðstafanir voru gerðar, og var nú sótt um lán er næmi 60% af heildarkostnaði þeirra framkvæmda. Lánsloforð fékkst ekki hjá Fiskveiðasjóði. Umsókn sú, sem lögð var inn hjá Byggðasjóði, var endursend á þeirri forsendu að eðlilegur framkvæmdahraði yrði engan veginn tryggður ef lánsloforð fengist ekki hjá Fiskveiðasjóði. Hins vegar var lánbeiðendum bent á að sækja aftur um fyrirgreiðslu ef úr framkvæmdum yrði.

Ríkisstj. hefur ekki haft nein afskipti af þessum lánamálum í sambandi við byggingu verbúða í Rifi, og það er í raun og veru heldur ekki eðlilegt. Slíkt á að ganga með eðlilegum hætti til þeirra lánastofnana sem sinna slíkum lánveitingum, og að öllu jöfnu verður að ætlast til þess og búast við því að þær njóti þar eðlilegrar meðferðar eins og efni standa til. En vitaskuld kann slíkum lánastofnunum að vera erfitt um ákvæða fyrirgreiðslu ef lánsfjárskortur er til staðar, eins og við vitum að um er að ræða hjá t. d. Fiskveiðasjóði, og það getur leitt til þess að auknar kröfur eru gerðar til lánshæfni viðkomandi framkvæmda.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ekki eru betri tíðindi sem hæstv. forsrh. segir núna. Ríkisstj. telur sig ekki geta orðið við tilmælum þeirra í Ólafsvík um ríkisábyrgðina, en útvegun skuttogara er, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, sú lausn sem þeir sjá á vandamálum sínum. Þeir telja, held ég, illmögulegt að ráða við það öðruvísi en að þessi ríkisábyrgð fáist. Hæstv. forsrh. segir að vísu að ríkisstj. sé öll af vilja gerð að styðja við bakið á mönnum fyrir vestan við útvegun hráefnis, án þess þó að tilgreina nánar hvernig það má verða. Ég hefði haft gaman af að heyra hæstv. ráðh. skýra nánar frá því.

Ég ætla ekki að fara að pexa við hæstv. ráðh. um það, hvenær atvinnuástandið verði slæmt á Íslandi. Það getur orðið slæmt í byggðarlagi eins og Ólafsvík þó að enginn sé á atvinnuleysisskrá, vegna þess að það lifir ekki nokkur maður lengur á því kaupi sem hann hefur fyrir eðlilega dagvinnu. Það, sem hér er um að ræða, er að vegna hráefnisskorts hefur fólk misst eftirvinnuna, og það ástand ríkir á Íslandi að verkalýður getur ekki dregið fram lífið öðruvísi en að þræla 10—12 tíma á sólarhring. Ég vil leyfa mér að segja það, að það er að mínum dómi snefsin kurteisi í garð þessa fólks þegar hæstv. forsrh. heldur því fram að atvinnuástand hjá því sé ekki slæmt. Það, sem felst í þessum upplýsingum hans um atvinnuleysisskráningu, er að menn hafa nokkurn veginn getað fengið eðlilega dagvinnu hingað til. En ástandið þar vestra er alltaf að versna.

Um verbúðirnar í Rifi þarf ég ekki að orðlengja frekar. Ég tók fram í ræðu minni áðan hvílík nauðsyn væri fyrir atvinnuþróun þar á staðnum að hafa góðar verbúðir. En í viðhorfi viðkomandi lánastofnana tel ég að komi fram nokkuð svo lærdómsríkur skilningur á því hvað teljast megi sæmileg kjör verkalýðs, þegar synjað er um lán til þessara framkvæmda á þeirri forsendu að þarna sé verið að bjóða verkalýðnum of mikinn lúxus.

Atvinnumál á Bíldudal, fsp. (þskj. 78). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég ber fram fsp. á þskj. 78 varðandi atvinnumál bílddælinga, er sú, að ég tel að á Bíldudal hafi verið á yfirstandandi ári atvinnuástand sem á sér ekki fordæmi hér á landi. Ég geri mér grein fyrir því, að á skömmum tíma í fyrirspurnatíma er ekki hægt að fara ofan í einstaka þætti þessa máls eða rekja efnisatriði. Ég vil þó aðeins geta þess, að þegar framkvæmdastofnun ríkisins hafði með höndum athuganir vegna hraðfrystihúsaáætlunarinnar, þá lá ljóst fyrir, þegar framkvæmdastjórar Framkvæmdastofnunarinnar höfðu komið á Bíldudal og aðra staði á Vestfjörðum, að þar var ekki hægt að byggja upp til framtíðar nema það risi nýtt frystihús af grunni eða það frystihús, sem fyrir var, yrði algjörlega endurbyggt. Í þessum húsum, sem voru þá eign Fiskveiðasjóðs Íslands, var þá rekin starfsemi.

Það fyrirtæki á Bíldudal og sú starfsemi lagðist niður árið 1975. Fyrirtækið varð þá gjaldþrota. Að vísu var uppi nokkur meiningarmunur um, hvort það væri það í raun og veru eða ekki. Um það ætla ég ekki að fjalla hér og mér

hefur ekki tekist að sannreyna hvort svo var í raun og veru, en ég hef heyrt sagt að það hafi nálgast það að vera á núlli, en hins vegar heyrt tölur um töluvert gjaldþrot, og á það legg ég ekki dóm.

Þá var stofnað fyrirtæki á Bíldudal og um svipað leyti tók Framkvæmdastofnunin eða Byggðasjóður að sér að reka atvinnufyrirtækið um tíma, en um þann þátt ætla ég ekki heldur að fjalla hér. Hins vegar var stofnað fyrirtæki heima á Bíldudal og í samvinnu og samráði við Byggðasjóð hófst endurbygging frystihússins.

Hinn 28. febr. s.l. boðuðu bílddælingar þm. Vestf. á fund sem haldinn var á Bíldudal, og mættu þar flestir þm. Vestf. Þá voru uppi nokkrar deilur varðandi framkvæmdirnar við uppbygginguna, en þá var áætlað að það kynni að vera hægt að leysa málið þannig að atvinna hæfist eftir 2—3 vikur, þ. e. a. s. í síðari hluta marsmánaðar. Þá var keyptur bátur til Bíldudals sem mun hafa tekið til við veiðar, að mig minnir í apríllok, en aðstaða var ekki fyrir hendi á Bíldudal til þess að verka aflann. Þegar kemur fram á sumar er enn málum svo komið að starfræksla hefur ekki farið í gang.

Ég sleppi því að tala um deilur sem urðu á milli heimamanna annars vegar og Framkvæmdastofnunar ríkisins um framkvæmd verksins, ég tel það ekki skipta höfuðmáli. Það kann að vera að ekki hafi verið þar nógu samstillt átak. Hitt vil ég þó undirstrika í leiðinni, að ég tel að Byggðasjóður hafi komið á mjög góðan hátt inn í þetta dæmi, hann hafi barna skilað hlutverki sem raunverulegur Byggðasjóður og gert tilraunir til þess, að málin kæmust í lag, með þeim framlögum og lánum sem hann hefur veitt til fyrirgreiðslu nú á þessu ári og sérstaklega síðari hluta ársins. Ég vil að það komi skýrt fram.

Hins vegar stendur svo enn í dag, að hér eru málin ekki enn komin í lag. Það er að vísu fyrir því séð um bátinn, sem þeir keyptu, þeir munu hafa fengið afsal fyrir honum í gær, þannig að hráefnisöflunin að þessu leyti, þessi hluti af hráefnisöfluninni virðist vera að leysast. Hins vegar er eitthvað alvarlegra að í sambandi við að koma frystihúsinu sjálfu af stað. Það virðist hafa skort þarna heildarsamræmingu, heildaráætlun, að bátur gæti tekið til starfa sem og að frystihúsið sjálft gæti tekið til starfa. Hér inn í vantar fjármögnunarþátt — mér er kunnugt um það — bæði til þess að inna af hendi greiðslur vegna vinnu heimamanna á staðnum sem og til rekstrar á viðkomandi fyrirtæki.

Fyrirspurn mín er í tvennu lagi. Annað er það, hvað ríkisstj. hyggist gera til þess að leysa þessi mál, því ég tel að þau séu orðin svo alvarlegs eðlis að það sé hlutverk ríkisstj. ekki síst með tilliti til þeirra undirskrifta sem bílddælingar hafa sent frá sér, áskorun 171 manns um sérstaka fyrirgreiðslu varðandi togarakaup til öflunar hráefnis, því einn bátur aflar ekki nema lítils hluta þess hráefnis sem þarf að afla. Mér er það ljóst, að miðað við þær hugmyndir, sem uppi hafa verið hjá ríkisstj. er ekki grundvöllur til þess að bílddælingar geti keypt sér skuttogara. Þar býr yfirleitt fátækt fólk sem hefur ekki mikið fram að leggja og síst af öllu á fyrsta starfsári. Og þess vegna er síðari hluti fsp., í þá átt, hvort ríkisstj. gæti hugsað sér að fenginni heimild Alþ. að gera út svo sem í eitt ár skuttogara til þess að leysa vandamál Bíldudals sem og annarra staða þar sem mjög mikill skortur er á hráefni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fyrri liður fsp. hv. þm. er á þá leið:

„Hvaða aðgerðum hyggst ríkisstj. beita til að eðlilegt atvinnuástand geti skapast á Bíldudal?"

Fyrir stuttu komu fulltrúar frá atvinnumálanefnd Bíldudals á minn fund með undirskriftaskjal það er hv. 4. þm. Vestf. gat um áðan, og var það skjal lagt fram á fundi ríkisstj. þá strax á eftir. Ríkisstj. taldi eðlilegt að óska eftir athugunum og umsögn byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, og hefur hún málið til meðferðar eins og stendur. Því er ekki rétt eða unnt að segja til um það, hvað ríkisstj. muni gera til úrbóta varðandi atvinnuástand á Bíldudal. En þessi fsp. gefur tilefni til þess að nokkuð sé rakið hvað búið er að gera til úrbóta í atvinnumálum bílddælinga, og vil ég leyfa mér að gera það.

Hinn 5. sept. 1975 afsalaði Fiskveiðasjóður Fiskvinnslunni á Bíldudal hf. frystihúsi, fiskimjölsverksmiðju og fleiru fyrir 11 millj. kr., en matsverð eignanna var þá 20.7 millj. kr. Auk þess var félaginu seld kælivélasamstæða uppsett fyrir 4.6 millj. kr., en söluverð þessara eigna, 15.6 millj. kr., var allt lánað félaginu. Fyrirtækið var endurbyggt og voru endurbætturnar metnar á 65.7 millj. kr., en út á þær framkvæmdir lánaði Fiskveiðasjóður 40 millj. kr. Út á þessar sömu framkvæmdir hefur Byggðasjóður lánað beint 26 millj. kr. og 3 millj. til hreppsfélagsins, eða 33.6% út á heildarmatsverð eignanna. Alls hafa þannig verið lánaðar 84.6 millj. kr. út á eignir sem metnar eru á 86.4 millj. kr., þrátt fyrir það að upphaflegt matsverðmæti á 20.7 millj. kr. væri selt á 11 millj. kr., eins og áður segir.

Byggðasjóður rak Fiskvinnsluna í nokkra mánuði 1975. Ekki er enn lokið uppgjöri. Sjóðurinn ber þar mjög skarðan hlut frá borði, en metið var meira að halda uppi fullri atvinnu.

Byggðasjóður rak Fiskvinnsluna í nokkra mánuði 1975. Ekki er enn lokið uppgjöri. Sjóðurinn ber þar mjög skarðan hlut frá borði, en metið var meira að halda uppi fullri atvinnu.

Þá ber að geta þess, að Atvinnuleysistryggingasjóður veitti 2 millj. kr. styrk til Bíldudals til að halda uppi skelfiskvinnslu, en það fé var greitt fyrir milligöngu hreppsins og Byggðasjóðs.

Vegna kaupa á vélskipinu Hafrúnu, 207 brúttólestir, til Bíldudals lánaði Byggðasjóður 4 millj. kr. og veitti auk þess 15 millj. kr. ábyrgð á greiðslum til seljanda næstu 3 árin. Þá hefur sjóðurinn veitt 5 millj. kr. veðlevfi í bátnum til Landsbanka Íslands vegna lána bankans til vélaviðgerða o. fl.

Sókn hf. á Bíldudal átti vélskipið Andra, 184 brúttólestir. Í sept. 1975 veitti Byggðasjóður þessu fyrirtæki 5 millj. kr. skuldbreytingarlán til að koma skipinu á línuveiðar frá Bíldudal,

en í þess stað er skipið selt haustið 1975 til Þorlákshafnar. Í des. sama ár eru Sókn hf. enn lánaðar 2.5 millj. kr. til að gera upp skuldir við hreppinn og vaxtavanskil við sjóðinn.

Ég taldi rétt að þessar upplýsingar kæmu fram sem ég varð áskynja við gagnaöflun í tengslum við athugun á atvinnuástandi á Bíldudal, og ég hygg að fleirum sé farið sem mér, að fremur mætti e. t. v. gagnrýna of mikla fyrirgreiðslu af hálfu lánasjóða en of litla. Hins vegar getur hið alvarlega atvinnuástand á staðnum réttlætt þá málsmeðferð sem ég hef skýrt frá. Varðandi seinni hluta fsp., svohljóðandi: „Er ríkisstj. reiðubúin til þess, ef Alþ. heimilar, að taka á leigu til eins árs skuttogara er leysi úr brýnustu hráefnisþörf Bíldudals og e. t. v. fleiri staða sem búa við afgerandi hráefnisskort?“

Eins og svar mitt við fyrri lið fsp. bar vitni um, hefur ríkisstj. vitaskuld ekki tekið afstöðu til hvaða aðgerðum beitt skuli til þess að bæta atvinnuástandið eða hvað hún vill leggja til málanna í þeim efnum, svo að úr atvinnuástandinu á Bíldudal verði bætt. Þess vegna er ég ekki heldur reiðubúinn til þess að svara seinni lið fsp. fyrir hönd ríkisstj. En ég vil segja það umsvifalaust mína skoðun, að það sé hæpið að taka á leigu fiskiskip af hálfu ríkisvaldsins til þess að tryggja hráefnisöflun ýmissa staða úti um land. Ég tel að slík hráefnisöflun verði að vera á ábyrgð og undir stjórn viðkomandi staða, svo að eitthvert lag sé á. Ég tel að staðir úti á landi verði allt of háðir ríkisvaldinu ef á að taka upp þann háttinn, að ríkisvaldið taki á leigu togara, hvað þá heldur kaupi togara til þess að tryggja hráefnisöflun til slíkra staða. Ég held að það sé bjarnargreiði gerður slíkum stöðum ef út á þá braut yrði farið. Mér er líka til efs að skuttogari sé falur til leigu í þessu skyni. En ef svo er, þá væri langtum nær að taka hann á leigu fyrir viðkomandi byggðarlag án milliliðar af hálfu ríkisstjórnar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég mun fara aðeins örfáum orðum um þá fsp. sem hér liggur fyrir. Fyrirspyrjandi, hv. 4. þm. Vestf., skýrði málið frá flestum hliðum. Þetta er, eins og hann gat um, eitt með erfiðari málum sem ég hygg að hafi komið upp í atvinnumálum landsmanna. Það var talað hér um slæmt atvinnuástand á Ólafsvík, og síst vil ég draga úr erfiðleikum þar né þörf á að koma þar til aðstoðar. En ég vil benda á að á Bíldudal hafa nú undanfarið hálft annað ár verið 70—80 manns atvinnulausir nokkurn veginn stöðugt, en íbúafjöldi staðarins er milli 300 og 400.

Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að það hefur verið veitt mjög góð fyrirgreiðsla til þessa staðar að undanförnu sem því miður hefur ekki nýst sem skyldi. Hefur þar komið til bæði óheppni, sem stundum er fyllilega réttlætanleg, og í annan stað e. t. v. ekki nógu mikil samstaða heimamanna, það verður að viðurkennast.

Hæstv. forsrh. gat þess, að Framkvæmdastofnunin hefði málið til umsagnar. Ég skil satt að segja ekki að Framkvæmdastofnunin þurfi lengi að velta vöngum yfir því að útbúa þá umsögn, því að svo lengi er hún búin að hafa þetta mál til meðferðar, og það, sem á ríður núna, er að eitthvað sé gert strax. Ég hef aldrei einblínt á skuttogara sem einu lausnina fyrir bílddælinga. Það er gefið mál, að það er ekki stætt á því að fjölga skuttogurum okkar á meðan við liggjum undir ámæli fyrir að ofnýta fiskstofna okkar. Það, sem verður að gera nú þegar hraðfrystihúsið er loksins u. þ. b. búið til vinnslu og fiskibáturinn, sá eini sem til er til hráefnisöflunar, er nú frá í gær líklega loksins orðinn eign bílddælinga, er að koma þessum rekstri í gang. Mér skilst að til þess vanti um 15—20 millj. kr. Það liggur fyrir lánsloforð nú þegar um nokkurn hluta þess láns. Hins hlutans verður að afla ef Bíldudalur á ekki að leggjast niður sem byggðarlag. Þar hefur fækkað fólki um 17—18% á s. l. ári, og það væri dapurlegt og einkennileg hagfræði um leið að henda tugmilljónum í uppbyggingu staðar, ef ekki á svo að hjálpa til að þær framkvæmdir komi að gagni þegar loksins vantar aðeins herslumuninn. Það hafa líka verið byggðar einar 30 íbúðir á Bíldudal að undanförnu, og sýnt er að eigendur þeirra munu ekki geta staðið við skuldbindingar sínar nema atvinnuástand á staðnum batni. Því legg ég áherslu á, að það þarf kannske ekki mjög mikla fyrirgreiðslu til viðbótar við það sem þegar hefur verið látið í té til Bíldudals, en sú fyrirgreiðsla þarf að koma strax.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er í raun og veru hálfgerð hörmungarsaga sem hefur verið að gerast á Bíldudal s.l. ár, og það kemur mér satt að segja mjög á óvart ef byggðadeild eða Framkvæmdastofnun þarf lengi að vera að velta þessu máli fyrir sér, vegna þess að ég efast um að nokkrum ætti að vera kunnugra um, hvað hefur gerst, hvernig það hefur gerst og hvað ætti að gera til úrbóta, heldur en einmitt Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðasjóði.

Ég ætla ekki að ásaka hæstv. ríkisstj. eða Byggðasjóð fyrir það, að hann hafi ekki veitt fyrirgreiðslu á þennan stað. Ég held að það sé miklu fremur hægt að ásaka fyrir það, að haldið hefur verið óskynsamlega á því uppbyggingarstarfi sem þarna átti að eiga sér stað, þ. e. a. s. það hefur ekki verið unnið skipulega að þeirri uppbyggingu, sem þarna átti að verða, og það sé kannske fremur ásökunarefni heldur en hitt, að fyrirgreiðsla hafi ekki verið veitt. Ég ætla a. m. k. ekki að ásaka fyrir það. En eigi að síður er þetta svo, að 17—20% af íbúum Bíldudals hafa flutt burtu af staðnum og algjört neyðarástand er á þessum stað. Og ég tel það furðulegt, ef byggðadeild eða Framkvæmdastofnun ríkisins þarf að eyða mörgum dögum í að kanna þetta mál og sjá hvað þarna þarf að gera. Ég held að það sé svo augljóst. Það er a. m. k. augljóst fyrir mér. Ég hygg, að það sé augljóst fyrir öllum þm. Vestf., og það er a. m. k. alveg augljóst fyrir öllum íbúum Bíldudals hvað þarna þarf að gera. En ef verður slegið á frest að koma þessu í lag, þá er enginn vafi á því, að sú skriða, sem þegar er farin af stað í fólksflótta frá Bíldudal, heldur áfram og það í auknum mæli, og við því verður að sporna.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram: Það er nauðsynlegt að bregðast nú þegar við, og ég treysti því og vil beina því til þeirra aðila, sem hér eru inni og hafa áhrif í Framkvæmdastofnun ríkisins, að þeir beiti sér fyrir því að þessu máli verði hraðað. Þeir vita allt um það. Þeir vita hvað þarf að gera. Það er bara að hrinda því af stað, sem hér þarf til að koma, til þess að hjólin geti farið að snúast á þessum stað.

Þetta getur verið dagaspursmál, ég tala nú ekki um viku eða mánaðar, að það gerist að mikill hluti af íbúum á Bíldudal flytjist frá staðnum, því skriðan er þegar komin af stað.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að fyrirgreiðsla við Bíldudal hefur verið mikil. Hins vegar get ég ekki tekið undir þau ummæli hans, að e. t. v. hafi hún verið óeðlilega mikil. Menn verða að athuga það, að á Bíldudal hefur hvert óhappið rekið annað. Þar hafa fjögur atvinnufyrirtæki orðið gjaldþrota á skömmum tíma og fjármagn er af þeim sökum ekkert til heima fyrir, — bókstaflega ekkert. Það má vitanlega deila um það og raunar væri fróðlegt athugunarefni hvers vegna svo fór. Það má vel vera að ekki hafi áður verið staðið skynsamlega að uppbyggingu þar, en um það er ekki rætt hér nú. En þessi staðreynd leiðir til þess, að ekki var um annað að ræða en að sjá dæmið allt í heild. Það var ekki hægt að gera ráð fyrir meira fjármagni heima fyrir en komið hefur þegar fram.

Ég get ekki samþykkt það, að staðið hafi á fyrirgreiðslu hjá Byggðasjóði. Þar hefur raunar hver till. eftir aðra um aukna fyrirgreiðslu verið samþ. Hins vegar má um það deila, hvort Byggðasjóður hafi átt að leggja áherslu á að aðrir aðilar í hinu fræga kerfi kæmu inn í þetta mál. En það hefur verið gert og talið eðlilegt að aðilar eins og Atvinnuleysistryggingasjóður, sem hefur veitt nokkra aðstoð, bankar, Fiskveiðasjóður o. fl. kæmu inn í þetta á eðlilegan máta. Ég held að sú töf, sem hefur orðið, hafi stafað af því að þessir aðilar hafa ekki viljað líta á það sem hlutskipti sitt að bjarga stað eins og Bíldudal. Ég segi: að bjarga stað, því að staðreyndin er sú, að þar er sveitarsjóður raunar nánast orðinn gjaldþrota. Það má heita að hann sé gjaldþrota. Þar er ekkert fjármagn heima fyrir, og þar hefur verið flótti nú upp á síðkastið, eins og hér hefur komið fram.

Ég tek undir allt sem hefur verið sagt um nauðsyn þess að leysa þetta mál nú. Báturinn er sem betur fer fenginn og kemur líklega til veiða aftur um næstu helgi, og það er einlæg von mín og reyndar trú, að það takist að leysa þann hnút sem nú er á þessu máli, þ. e. a. s. að greiða vinnuskuldir heima fyrir fyrir næstu helgi, þannig að vinnsla geti þar hafist. Hins vegar er þetta náttúrlega kennslubókardæmi um hvernig á í framtíðinni að standa að málefnum staðar sem svipað er komið fyrir eins og Bíldudal, og það þyrfti að athuga.

Ég vona sem sagt að þetta leysist. Ég er hins vegar sammála um það, að framtíð Bíldudals er ekki tryggð fyrr en þangað kemur lítill skuttogari, og það er von mín að svo verði innan tíðar.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans við fsp. minni. Ég vil segja það fyrst, að mönnum þykir það kannske liggja nokkuð fjarri að taka upp vangaveltur nú um að ríkið geri út fiskiskip. Þetta mál er svo sem engan veginn nýtt. Það hefur oft verið flutt hér á Alþ. Það mun hafa verið flutt upphaflega 1950 og þá af alþfl.-mönnum. 1955 var það flutt af Hannibal Valdimarssyni og Eiríki Þorsteinssyni og það má tengja þá við tvo stjórnmálaflokka á Íslandi. Það var flutt í frv.-formi árið 1969, þá af sex þm. Framsfl. úr jafnmörgum kjördæmum landsins, og á sama þingi var það flutt af tveimur þm. Alþb. Síðan hefur verið hljótt um þessar hugmyndir. Og ég vil aðeins vekja athygli á því, að sú hugmynd, sem ég hreyfi í þessari fsp., er þannig, að ríkið sé ekki til frambúðar að taka upp ríkisútgerð á fiskiskipum, heldur sé farin þessi leið til að leysa ákveðin vandamál.

Ég veit að fyrsta svarið yrði í þá átt, að ríkissjóður ætti ekki að standa í slíkum útgjöldum. Ég vil aðeins benda í því sambandi á það, að ríkissjóður stendur nú þegar fyrir miklum útgjöldum vegna togaraflota landsmanna. Ef gætt er að því, hvað mætti búast við að ríkið þyrfti að leggja út á einu ári, þá hef ég þær upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun að þar sé áætlað rekstrartap togaranna, sem eru yfir 500 brúttó-smálestir, um 30 millj. kr. yfir árið, þar af er gert ráð fyrir að afskriftir séu um 22 millj., þannig að það eru þá um 8 millj. til viðbótar við afskriftirnar. En á árinu 1977, sem hér er raunverulega rætt um, er áætlað tap 24 millj. eða u. þ. b. það sama og afskriftirnar. Við sjáum í ríkisreikningi hvernig háttað er ábyrgðum ríkissjóðs eða greiðslum Ríkisábyrgðasjóðs vegna þeirra togara sem eru innan við 500 brúttósmálestir. Ég hef þær upplýsingar, að á árinu 1975 hafi verið greiddar 289.2 millj. kr. vegna ríkisábyrgða togara sem eru yfir 500 brúttósmálestir, og áætlaðar greiðslur til loka septembermánaðar 1976 eða á yfirstandandi ári eru 212.7 millj. kr. Að sjálfsögðu er hér ekki um neinar endanlegar tölur að ræða, enda falla á árinu tvær afborganir vegna þessara lána. Mér skilst að Ríkisábyrgðasjóður eða ríkissjóður hafi tekið þessi lán beint og standi skil á þeim og hafi endurlánað innanlands. En þetta gefur þó nokkra vísbendingu, og hér er um mjög breytilegar stærðir að ræða á milli togara, allt upp í 40 millj. fyrir einstakt skip á þessu ári.

Ég vil þess vegna endurtaka það, að ég tel að það sé hugmynd sem verulega og í alvöru mætti skoða, hvort ekki væri rétt að taka skip á leigu til skamms tíma. Ég heyrði það þegar Landhelgisgæslan skilaði Ver, að eigendurnir væru tregir til að taka við skipinu. Við höfum líka séð í blöðum hugmyndir um að þeir leigi það. En hvort sem skipið heitir Ver eða eitthvað annað, ég hef heyrt nefnd fleiri skip sem væru á lausu, þá vil ég líka vekja athygli á því, að

við getum farið út fyrir íslenskan leigumarkað til að leysa þetta mál.

Ég vil líka segja í sambandi við það sem kom fram hjá hv. 9. landsk. þm., að ég vil ekki taka undir það atriði, að fiskstofnarnir leyfi ekki að aflað sé hráefnis til einhvers ákveðins staðar. Við getum ekki gert upp á milli staða. Það eru hvort sem er að koma ný skip til landsins sem leggjast á þessa fiskstofna með öðrum. Ég tel vel hugsanlegt að gera út skip sem í hverri veiðiferð, þó það sé nokkuð stórt, gæti séð fyrir hráefni fyrst og fremst til Bíldudals og verði þá hægt að flytja hráefnið á milli, til Patreksfjarðar og Tálknafjarðar og eins til fleiri en einnar útgerðarstöðvar á Snæfellsnesi ef um það væri að ræða.

Ég sé að tími minn er búinn, herra forseti, svo ég læt hér staðar numið þó ég vildi gjarnan hafa sagt fleira.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Bæði í sambandi við þessa fsp. og þá á undan hér í dag tala menn um að það muni ekki mikið um einn togara til viðbótar. Það munar nú ekki mikið um einn blóðmörskepp í sláturtíðinni. En ég vil minna þm. á það almennt hvernig ástatt er í okkar veiðimálum, hversu langt við göngum fram úr því, sem vísindamenn okkar leggja til, til þess að komast hjá því að binda þau skip sem fyrir eru. Það er staðreynd að það er von á næstu mánuðum á 8 nýjum skuttogurum sem bætast við fiskiskipaflota landsmanna, 3—4 erlendis frá, þar af 3 frá Póllandi, og 4 sem eru byggðir innanlands. Þetta er engin smáviðbót við það sem fyrir er. Það er líka staðreynd að ef ríkisábyrgð verður veitt, þá verður ekki hægt að stöðva sig á minna en 12—15 skuttogurum, og það eru e. t. v. 12—14—15 staðir á landinu sem benda með réttu á að þeir eigi framleiðslutæki og frystihús þar sem vantar stórkostlega hráefni, sem hafa ekki nema jafnvel 40—50% upp í afkastagetu frystihúsanna. Ef verður farið af stað með leigu á einu skipi fyrir einn stað, þá verður ekki numið staðar við það. Ólafsvík mundi aldrei sætta sig við að skip yrði tekið á leigu sem landaði eingöngu á Bíldudal, og ýmsir aðrir staðir, bæði austan-, norðan- og vestanlands, mundu koma inn í þetta dæmi líka. Þannig væri verið að bæta stórkostlega við togaraflotann. En það er eins og menn hafi gefið bátaútgerð alveg upp á bátinn. Þetta er hreinn misskilningur og alveg ástæðulaust að taka undir þessa svartsýni. Svo segja aðrir: Ef þessi og hinn fær skuttogara, þá skulum við haga okkur eins og þeir sem haga sér svona á undan, við seljum bara bátana. Það er nógur markaður fyrir bátana. Þá eigum við rétt á skuttogara. — Ætlar svo Alþ. að syngja þennan söng dag eftir dag?

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að ræða Bíldudalsmál á þessari stundu. Það er geysilega viðamikla sögu af þeim að segja. En ég hjó eftir því, að í máli þeirra hv. 5. þm. Vestf. og hv. 9. landsk. virtist sem þeir teldu að ekki þyrfti að standa á Byggðasjóði um afgreiðslu mála vegna Bíldudals eða tillögugerð um hvernig skyldi að úrbótum staðið. Það hefur vissulega ekki staðið á Byggðasjóði í sambandi við fyrirgreiðslu við Bíldudal, eins og fram hefur komið. En fyrir mjög skömmu kom beiðni frá ríkisstj. til Byggðasjóðs eða Framkvæmdastofnunar um skýrslu vegna erindis sem atvinnumálanefnd og fjölmargir íbúar Bíldudals höfðu sent til ríkisstj. Það er örskammur tími liðinn síðan, og sá tími hefur verið notaður til að setja saman skýrslu um alla þessa löngu og viðamiklu sögu. Ég vænti þess að sú skýrsla verði tilbúin í þessari viku og verði þá send réttum aðilum.

Ég verð að játa það, að ég fæ ekki fangs á þeirri hugmynd að leigja skuttogara til að gera út fyrir einn einstakan stað úti á landi né heldur að bílddælingar séu í færum um að kaupa og gera út skuttogara. Þeir hafa nú eftir miklar þrautir náð í þetta skip sem þeir gerðu bráðabirgðasamning um á liðnum vetri, þótt þeir ættu þess ekki kost að verka afla skipsins. Og ég held að einna helst komi til greina að athuga um álíka skip og það, fiskiskip af millistærðinni, 200 smálesta skip eða þar um bil.

Það er augljóst, að eftir að þetta frystihús hefur risið af grunni fyrir forgöngu Byggðasjóðs frá upphafi til enda, þá verður ekki neinn rekstrargrundvöllur fenginn fyrir húsið nema auka hráefnisöflunina. Og ég held að skynsamlegast sé og það, sem þeir einna helst fengju við ráðið á staðnum, að athuga um kaup á álíka skipi eins og Hafrún er. Það mundi að mörgu leyti vera hagkvæmt að gera það út jafnhliða, t. d. varðandi kostnað við veiðarfæri, mannahald og annað þess háttar, útgerðin yrði sem eðlislíkust á þessum stærri skipum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er rétt að það komi hér fram út af því sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan, að það var gert ráð fyrir því þegar þetta var sett í gang, bygging frystihússins á Bíldudal, að þar kæmu til tvö skip til hráefnisöflunar. Það hefur verið gert ráð fyrir því alveg frá upphafi.

Ég skal ekkert tjá mig um það hér, hvort æskilegt er að ríkisvaldið grípi til þess ráðs að gera út togara fyrir þennan stað eða einhvern annan. Það geta verið þær forsendur fyrir hendi að það þyki nauðsynlegt að það verði gert. En mér kom einkennilega fyrir eyru ræða hæstv. sjútvrh. áðan, þegar hann var að bera saman annars vegar togaraflotann og hins vegar bátaflotann og tala um fiskleysið í öðru tilfellinu, að það mætti ekki auka svo og svo mikið togaraflotann vegna þess ástands sem væri fyrir varðandi fiskstofnana — það var eins og hæstv. ráðh. gerði ekki ráð fyrir að bátaflotinn aflaði neins fisks. Hann setti þetta bara upp á annan veginn. Ég held, ef á að vera gagn að útgerð flotans, að þá verði að gera ráð fyrir því að hann afli, ella væri það gagnslaust. Mér finnst þetta meinloka sem ég held að hæstv. ráðh. hljóti að hafa mismælt sig um, því að í báðum tilfellunum verðum við að gera ráð fyrir að skipin afli, hvort sem það eru taldir bátar eða togarar. Við getum ekki aðskilið það.

Það er sjálfsagt rétt, að það eru ýmsar blikur

á lofti ef einum er hleypt af stað. En ég held að það sé ljóst að ekkert pláss í landinu hefur staðið frammi fyrir og búið við þá örðugleika sem Bíldudalur hefur búið við nú á annað ár, þannig að í mínum huga væri réttlætanlegt þess vegna að gerð væri sérstök undantekning að því er varðar Bíldudal, ef menn treysta sér ekki til þess að auka skipaflotann, sem ég tel að ekkert hættuástand sé komið á að því er varðar togarana og fjölda þeirra.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að svara fyrir hæstv. sjútvrh. Ég held að síðasti hv. ræðumaður hafi misskilið hann. Hæstv. sjútvrh. lagði einmitt á það megináherslu að menn mættu ekki hverfa frá útgerð fiskibáta og hverfa að útgerð skuttogara. En ég vildi aðeins undir lok þessarar umr. leggja áherslu á það, að eins og fram hefur komið í þeim upplýsingum, sem veittar hafa verið sem svar við fsp., hefur margvísleg aðstoð verið veitt til úrbóta í atvinnumálum, eins og eðlilegt er og m. a. er verkefni Byggðasjóðs.

Það er eðlilegt að hv. alþm. kveðji sér hljóðs hér á Alþ. og flytji mál umbjóðenda sinna heima í héraði. En ég vil leyfa mér að vonast til þess að þessir hv. alþm. flytji einnig mál Alþ., fjárveitingavaldsins og mál ríkissjóðs við umbjóðendur sína þegar heim er komið. Við skulum átta okkur á því, að það má ekki vera einstefnuakstur í kröfugerð á hendur hinu opinbera í þessum efnum frekar en öðrum. Öllum er hollt að standa á eigin fótum eins og unnt er, og þá fyrst er heimamönnum gerður greiði ef þeim er hjálpað til sjálfshjálpar. Á þetta vil ég leggja áherslu, vegna þess að brýna verður fyrir heimamönnum, hvar sem er á landinu, að standa ábyrgir fyrir eigin atvinnurekstri, að þeir geri sér ljóst að þá fyrst tryggja þeir sjálfstæði byggðarlagsins og atvinnuöryggi ef þannig er staðið að málum, en kröfugerð megi ekki einhliða stefna að hinu opinbera. Jafnhliða undirstrika ég það, að hlutverk Byggðasjóðs og hlutverk hins opinbera hlýtur að vera að rétta hjálparhönd þar sem sérstakir og afbrigðilegir erfiðleikar eru á ferðinni.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Örfá orð að lokum. Ég vil leyfa mér að taka á margan hátt undir þau orð, sem hæstv. forsrh. sagði hér síðast, og leggja á það áherslu, að mér er kunnugt um að þeir, sem eru að fást við þessi mál á Bíldudal í dag, vilja taka á þessum málum af alvöru. Það er þeim alvörumál, sem eiga að sjá um rekstur sveitarfélags, sem er nánast gjaldþrota, og líka um rekstur atvinnufyrirtækis, sem ekki hefur náð enn að hefja rekstur, að tilraun takist sem nú er þar uppi. Það er alveg sérstakt mál þegar á tveimur síðustu mánuðum hafa flutt úr svo litlu byggðarlagi 60 manns, 17—18% af íbúunum: 13 fjölskyldur og átta einstaklingar. Það er alvörumál. Og það sýna einnig þær undirtektir, að 171 maður skrifar undir.

Ég vil segja það, að mín hugsun í sambandi við þessa fsp., sem ég flutti hér, hún er sú, að málið sé svo sérstakt að það sé ástæða til að bregða út af reglunni, og þess vegna talaði ég um eitt ár eingöngu sem umþóttunartíma, til þess að þeir, sem ætla að takast á við atvinnumálin þarna, fái umþóttunartíma til að koma undir sig fótunum um öflun hráefnis. Það er gott og vel, ef það getur orðið sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., að þau mál leysist nú þegar eftir öðrum leiðum, þannig að þeir fái þar annan bát.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Sennilega hefði ég nú ekki þrengt mér inn í kór þeirra Vestfjarðaþm. til þess að ræða málefni Bíldudals ef ekki hefði komið til hv. þm. Sverrir Hermannsson sem sté í þennan ræðustól með landsföðurlegu yfirbragði, að því er virtist einna helst til þess að láta í ljós það álit sitt að bílddælingar gætu ekki gert út togara. Um leið og þessi orð skruppu af vörum hans kviknaði hjá mér svolítill vonarneisti þess, að hann mundi telja upp fleiri aðila sem ekki gætu gert út skuttogara. Það varð ekki. Bíldudalirnir eru nokkrir hér á landi í þeirri veru. Og ég undraðist það satt að segja að hlusta á hv. þm. Vestf., sem fyrir um það bil ári samþykktu hér á hv. Alþ. að veita fiskafla af Íslandsmiðum sem nægði til útgerðar 20 skuttogara til tveggja ára handa vestur-þjóðverjum, að heyra þá nú barma sér yfir því að þannig skuli vera ástatt á fiskislóðinni okkar að ekki megi láta bílddælinga og íbúa annarra sjávarplássa, sem ég hygg nú þegar til kastanna kemur að kunni fullt eins vel að gera út skuttogara og sumir aðrir, — að ekki sé hægt að láta þá hafa skuttogara vegna þess hvernig ástatt sé á miðunum. Og maður bíður þess með nokkurri eftirvæntingu að vita hvernig þeir sömu þm. sem samþykktu fiskafla handa sem næst 15 skuttogurum okkar til handa bretum á s. l. sumri muni bregðast við kröfunni um framlengingu á þeim samningum. Vitaskuld getum við látið þá hafa skuttogara, og það er eðlilegt að hjálpa þeim á Bíldudal, á Ólafsvík og annars staðar þar sem atvinnutæki vantar, — hjálpa þeim með því að láta þá fá tækin til þess að afla þeirra verðmæta og þeirra peninga sem þarf. Þessir menn, sem styðja núv. hallærisríkisstj., hv. þm. Framsfl. m. a., sem hefur dregið stjórnmál landsins ofan á það plan, raunar gert sali hv. Alþ. að slíku „hallærisplani" að þeir sjálfir eigra þar um og segja eins og börnin: Við erum hérna af því að við vitum ekki hvað annað við eigum að gera.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta mörgum orðum við fyrri orð mín í þessu sambandi. Ég held fast við þá skoðun mína, eins og nú háttar til á Bíldudal, að þá hafi þeir ekki tök á því að komast yfir skuttogara og gera hann út. Ég tala þar af miklu meiri kunnugleika en hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., því að hann þekkir ekkert til þess arna, ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut, ekkert atriði í þessu sambandi er honum kunnugt um og hann hefur aldrei spurt um þau. Ef hann væri nú liðsmaður svona bágindastaðar eins og nú er ástatt með

Bíldudal, þá hlyti hann að hafa spurst fyrir um ástæður þarna og reynt að kynna sér þetta, í staðinn fyrir að standa hér upp og gapa og gleypa vind.

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 16. nóv., að loknum 19. fundi.

Aðild grænlendinga að Norðurlandaráði, þáltill. (þskj. 80). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 10). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa, þáltill. (þskj. 34). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurskoðun tekjuskattslaga, þáltill. (þskj. 36). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vinnsla verðmætis úr sláturúrgangi, þáltill. (þskj. 48). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framkvæmd skattalaga, þáltill. (þskj. 33). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hefði kosið að fleiri af hv. þm. væru viðstaddir. Ég er ekki hér með neina till., heldur stutt mál um áfengisböl og vandamál þeirra samtaka sem berjast gegn því.

S. l. fimmtudag tók ég ásamt þrem öðrum þm. boði Landssambands gegn áfengisbölinu að sitja fund, er haldinn var að Hótel Loftleiðum, þar sem áfengisvandamál þjóðarinnar voru rædd af reynsluríku fólki og fagmönnum í baráttu okkar gegn áfengisbölinu, sem lýstu aðdraganda að drykkjusýki frá fyrsta sopa þar til neysla áfengis verður að ávana og vandamáli, bæði einstaklingsins og þjóðfélagsins. Það var fróðlegt að hlusta á Jóhannes Bergsteinsson lækni, Tómas Helgason lækni og Ólaf Hauk Árnason áfengisvarnaráðunaut. Þeir lýstu störfum sínum og niðurstöðum. Kom fram í málflutningi þeirra allra, að tilfinnanlega skortir fjármagn til þess að vinna fyrirbyggjandi störf. Allir þeir, sem töluðu á þessum fundi, beindu þeirri ósk til Alþ. að sýna skilning á þessu þjóðarböli með því að styrkja víðtækari fyrirbyggjandi starf gegn neyslu áfengis, bæði í skólum landsins og vísindalegar rannsóknir. Tekjur ríkisins af áfengissölu eru ótrúlega miklar. Því spyr ég: Væri ekki hægt að taka myndarlegan hundraðshluta af þeim til byggingar og rekstrar leitarstöðva sem hefði að aðalmarkmiði fyrirbyggjandi starfsemi á breiðum grundvelli?

Mér er ljóst að ríkissjóður þarf sínar tekjur. En varla erum við svo háð tekjum af áfengi að ef hluti ágóðans færi til áfengisvarna mundi það setja ríkissjóð úr skorðum. Sé það hins vegar staðreynd erum við illa á vegi stödd.

Fjárlög eru nú í smíðum. Fjvn. situr að störfum. Ég kem því hér með á framfæri við þm., að góðir læknar og margt áhugafólk vinnur merkileg störf í baráttunni við eitt mesta böl þjóðarinnar, áfengisbölið. Þetta fólk þarf á aðstoð fjárveitingavaldsins að halda og nú þegar. Þetta fólk lítur til Alþ. í von um skilning og forustu. Barátta þess er hörð. Við megum ekki bregðast þeim vonum sem tengdar eru við störf okkar á Alþ. í þessum málum. Við verðum að taka saman höndum og snúast gegn þessum vanda, — vandanum sem fæðir af sér afbrot og ólgu í þjóðfélaginu. Ég held að við gerum það best með samstöðu við þær forustusveitir sem berjast gegn þessu böli úti í þjóðlífinu. Vona ég að sá boðskapur, sem þessum fáu orðum er ætlað að flytja, nái til alþm. almennt og þá ekki síst þeirra sem fara með fjárveitingavaldið.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að sitja þessa ráðstefnu, en þetta er að sjálfsögðu mikið merkismál og mikið heilbrigðismál og eitt af okkar allra stærstu félagslegu vandamálum.

Vegna þess að hér var minnst á fjárskort þeirra sem að þessum málum vinna, þá langar mig til að vekja athygli á því, að á næstsíðasta þingi flutti ég frv. um tekjustofn til áfengisvarna sem átti að verða á þá lund að greiða 100 kr. af hverri þriggja pela flösku sem seld væri af Áfengisverslun ríkisins. Þetta frv. fékk allsögulega afgreiðslu. Það var samþ. í Ed., en var svo vísað til ríkisstj. frá Nd. Það liggur því í athugun hjá ríkisstj. Ég fyrir mitt leyti held að markaður tekjustofn í þessu skyni sé það mesta öryggi sem við getum fengið fyrir þessar áfengisvarnir til þess að tryggja fjár-

hag þeirra. Það hefur margsinnis sýnt sig að veiting á fjárl. er erfið. Við höfum haft Gæsluvistarsjóð á annan tug ára a. m. k. og framlög úr Gæsluvistarsjóði hafa hvergi nærri fylgt verðlagi, og enda þótt allmikið hafi verið hækkuð nú síðustu tvö ár sú fjárhæð sem úr Gæsluvistarsjóði kemur til áfengisvarna, þá er fjarri því að það sé nóg.

Eitt af því, sem getið var um í þessu frv., var að það skyldi setja á stofn eins konar slysavarðstofu fyrir bráða áfengissjúklinga. Það álít ég vera eitt af okkar stærstu verkefnum, að koma á eins konar slysavarðstofu þar sem hægt er að taka á móti þeim sem eru í vímu, annaðhvort vegna neyslu áfengis eða fíkniefna. Þetta er í raun og veru sjálfsagður hlutur og nauðsynin er mikil. Slysavarðstofan hér í Reykjavík er gersamlega að kikna undan þessu verkefni, vegna þess að hún neyðist til þess að taka við þessu fólki án þess að vera undir það búin. En það er mitt mat á þessu, að þessi mál yrðu best leyst með því að fá þeim markaðan tekjustofn og áhugafélög fengju það verkefni að sjá um þær fyrirbyggjandi aðgerðir, sem nauðsynlegar eru, og koma á stofn þessari slysavarðstofu sem ég tel algera nauðsyn. Þá á ég von á því, að þegar Vífilsstaðahælið er nú tekið til starfa, þá mundu þessi mál a. m. k. komast á allmiklu betri rekspöl en nú er í dag.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Við erum hér á Alþ. fremur fáliðaðir sem viljum reyna að takast á við þann mikla vanda sem fylgir neyslu áfengis. Þó reikna ég með að það væri hægt að sameina þá krafta betur og tryggja meiri fjárveitingu í þessu efni. Sú ráðstefna, sem haldin var hér fyrir skömmu, er áreiðanlega góður vettvangur til að halda áfram á og taka þetta mikla vandamál nýjum tökum og líta á það sem sjúkdóm, ekki sem slæman vana, að neyta áfengis. Þetta er sjúkdómur hjá því fólki sem fyrir þessu fellur. Þannig líta margar þjóðir á vandamálið í dag. Og ef það verður viðurkennt hér á Alþ. einnig að þetta sé sjúkdómur sem þarf að fást við, þá er ekki hægt annað en veita nægilegt fjármagn til að berjast gegn þessum sjúkdómi, alveg eins og við gerum á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustunnar. Það er gott og blessað út af fyrir sig að reisa sérstök hæli, en miklu betra er að hafa fyrirbyggjandi ráðstafanir, eins og við margir teljum að sé of lítið gert að í dag.

Ég vil eindregið hvetja til þess, að við lítum á þetta vandamál sem stórt vandamál, en ekki einangruð atriði þess, að menn hafi fallið fyrir einhverju sem er slæmt, einhverjum sérstökum vímugjafa. Menn, sem verða drykkjusjúklingar, eru hreinir sjúklingar og það á að líta á þá sem slíka. Endurhæfing er auðvitað mjög mikilvæg og mjög ánægjulegt að það skuli takast að koma mönnum á rétta leið aftur. En Alþ. verður að líta á þetta í miklu víðara ljósi. Það er ekki hægt annað. Og við verðum að rétta því fólki hjálparhönd sem enn berst við þetta mikla vandamál. Böl í heiminum er svo yfirþyrmandi, þar sem þetta kemur upp, að það tekur engu tali og ekki hægt að skýra frá því hér. Það vita allmargir alþm. sem hafa fengið að kljást við þennan vanda eða verið beðnir að liðsinna í því efni, að það verður aldrei of mikið gert. Ríkissjóður hefur nú um 10% af sínum tekjum í gegnum áfengið, að því er séð verður, a. m. k. á pappírunum. Áfengisbölið kostar þjóðfélagið óhemjumikið fjármagn beint í löggæslu og margs konar afbrotum. Við verðum að rísa gegn þessu vandamáli, og það er ekki hægt annað en takast á við þetta með rausnarlegri fjárveitingum en verið hefur. Fastur tekjustofn getur verið góður út af fyrir sig, en við verðum að sýna meiri rausn í sambandi við afgreiðslu fjárlaga til þess að mæta þessu vaxandi vandamáli í þjóðfélaginu.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir með þeim ræðumönnum sem hafa minnst á þetta mikla vandamál okkar sem — eins og kom hér fram — er bæði heilbrigðismál og félagsmál. Þetta er vandamál vegna þeirra mörgu einstaklinga sem lenda í ógæfu af völdum áfengisins. Það hefur verið minnst hér á að það þurfi meira fjármagn til að berjast á móti neyslu þess og reyna að leysa vanda þeirra sem eru orðnir því háðir. Ég get vissulega tekið undir það. En mér finnst þó að það sé fyrst og fremst eitt sem muni þarna hafa a. m. k. mest áhrif, og það er að þjóðfélagið skipi áfenginu á sama bekk og þeim ávana- og fíkniefnum sem nú er verið að berjast gegn að nái fótfestu í landinu. Mér er það ljóst að slíkt verður ekki gert með löggjöf í skjótri svipan, og ég er ekki að meina það, heldur að viðhorf fólks til áfengis verði það sama og til þessara ávana- og fíkniefna, þannig að það verði talið sjálfsagt að berjast gegn neyslu þess og þar eigi ríkisvaldið að ganga á undan. Við vitum að neysla áfengis er nú talin sjálfsögð og eðlileg, og á meðan svo er er ég hræddur um að við eigum alltaf í höggi við þetta vandamál og það verði erfitt fyrir okkur að komast hjá því að það verði nokkuð stór hluti fólks, sem lendir í algerum vandræðum vegna neyslu þess.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Tilgangur minn með því að vekja athygli á þessum fundi Landssambands gegn áfengisbölinu var sá, að draga athygli að þessu máli, því að allir erum við sammála um að þetta er hvað stærsta vandamálið sem við höfum við að glíma, ekki bara hér í Reykjavík, heldur um land allt. Og þó nokkur árangur hafi náðst hjá þeim mönnum sem starfa á vísindalegan hátt að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn þessu böli, þá skortir þar samtakamátt vegna þess að þessi samtök eru févana. Það er rétt að það komi fram, að meðlimir þessara samtaka eru 30 landssamtök sem að mínum dómi spanna yfir flestalla landsmenn. Ég held að Alþýðusambandið sé í þessu sambandi, íþróttasambandið er í því, ungmennafélögin og 26—27 fleiri landssamtök. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið hér til máls, því allt tal um þetta mál dregur athygli að því og stuðlar að því að árangur náist.

Efri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Dagvistarheimili, frv. (þskj. 31, n. 79). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið til meðferðar frv. það sem hér liggur fyrir um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. N. fékk á sinn fund Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Landssambands ísl. sveitarfélaga og Svandísi Skúladóttur fulltrúa í menntmrn. Eftir athugun n. mælir hún með samþykkt frv. Steingrímur Hermannsson var fjarverandi afgreiðslu málsins, og einn nm., Helgi F. Seljan, skrifar undir nál. með fyrirvara.

Forsaga þessa máls er sú, að þegar fjárlög fyrir árið 1976 voru afgr. á Alþ. í des. s. l., þá voru nokkrir útgjaldaliðir ríkissjóðs færðir yfir á sveitarsjóði gegn aukinni hlutdeild sveitarsjóða í söluskattstekjum. Einn þessara liða var hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði dagvistarheimila fyrir börn. Nú þykir nauðsyn bera til að samræma lagaákvæði um dagvistarheimili þessari stefnu, og það frv., sem hér er um að ræða, lýtur að því. Með breyttri greiðslutilhögun var stefnt að því að flytja ákveðin verkefni til sveitarfélaga, en ekki að draga úr framlagi til verkefnanna. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa á áfram ákvæði í lögum um rekstrarframlag til dagvistarheimila.

Í frv. er gert ráð fyrir að heildarframlagið haldist innan sömu marka og áður var, en þá greiddu sveitarsjóðir helming rekstrarframlags á móti ríkissjóði, en nú er gert ráð fyrir að sveitarfélögin ein greiði rekstrarframlag, jafnframt því sem þeim verði séð fyrir tekjuauka. Hér er einnig verið að tryggja áframhaldandi stuðning opinberra aðila til rekstrar dagvistarheimila sem rekin eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum.

Þessu frv. er ætlað að koma í stað laga nr. 29 frá 1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila. Það má segja að það hefði verið jafneðlilegt að leggja fram frv. um breyt. á þessum lögum eins og að leggja fram frv. um ný lög um þetta efni, en sú ákvörðun hefur að sjálfsögðu verið tekin af menntmrh. eða ríkisstj. sem ber þetta frv. fram. En það kemur í sama stað niður.

Mér þykir rétt að vekja athygli á því, í hverju felst breyt. frá lögum nr. 29 1973.

Þar er þá fyrst til að taka, að í 2. gr. þessa frv. er tekið inn ákvæði gildandi laga um vernd barna og ungmenna um að leyfi menntmrh. þurfi til að stofnsetja dagvistarheimili. Þá er einnig tekið inn í þessa grein ákvæði um að sveitarfélög leggi fram fé til rekstrar dagvistarheimila.

Í 3. gr. felst sú breyt., að inn í gr. er bætt orðunum „og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði“. Það er í samræmi við þá stefnu sem frv. markar. Hliðstæð breyt. er gerð við 4. gr. og af sömu ástæðum. Og sama er að segja um breyt. sem felst í 5. gr.

Í 8. gr. stóð áður að af rekstrarkostnaði greiði ríkið til dagheimila og skóladagheimila allt að 30% og til leikskóla allt að 20%. Nú er þessu breytt þannig, að í staðinn fyrir þetta kemur, að af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiði sveitarfélag sem hér segir: 1) Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%. 2) Til leikskóla allt að 40%.

Í samræmi við þessar breyt., sem verið er að gera, fellur svo niður 9. gr. laga nr. 29 frá 1973.

Þess skal svo að lokum getið og vakin athygli á, að með þessu frv. er gerð sú breyt. að talað er um dagvistarheimili, en ekki dagvistunarheimili eins og er í núgildandi lögum. Frv., sem hér liggur fyrir, er um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Í samræmi við þetta er í 10.—19. gr. frv. þessu orði: dagvistunarheimili, breytt í: dagvistarheimili. Þetta mun vera vegna málverndarsjónarmiða, og vænti ég þess að enginn hafi við það að athuga. Þessi breyting er ekki frekar en aðrar breytingar, sem ég hef hér lýst, gerð af félmn., þær eru samkv. frv. eins og það var lagt fram.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki hefja deilur um þetta mál almennt hér, því að út af fyrir sig er ekki ástæða til þess að lýsa neinni andstöðu við frv. sem slíkt. Fyrirvari minn varðandi frv. er vitanlega af einni ástæðu aðeins. Þetta frv. er til komið beint í framhaldi af bandorminum fræga sem var hér á ferðinni fyrir jólafríið í fyrra og ég lýsti þá algjörri andstöðu við. Þar var verið að færa ýmis verkefni á milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar. Þá var því haldið mjög fram að jafnvel væri fylgi Sambands ísl. sveitarfélaga við þessar breyt. og sambandið væri tiltölulega ánægt með þær. Það hefur nú sannast, eins og margir spáðu þá, að menn væru þar að kaupa köttinn í sekknum að miklu leyti, og við sjáum það núna best, að hvar sem sveitarstjórnarmenn koma saman, þá hafa þeir lýst yfir óánægju með ýmislegt af því, sem þarna var gert, og sumir jafnvel alfarið með óánægju yfir þessari breytingu, nema þá kannske með einstök, tiltekin smærri atriði.

Ég viðurkenni að það ríkir alltaf svolítil spurning um þennan lið, dagvistarheimilin. Menn hafa bent á að þetta væri verkefni sem væri kannske eðlilegast að sveitarfélögin væru með, af þeirri ástæðu að það væru svo mörg sveitarfélög sem ekki kæmu inn í þessa mynd. En þá verður auðvitað að gæta þess, að svo er með miklu fleira en dagvistarheimilin.

En frv. er sem sagt sjálfsögð afleiðing af þessari breytingu í fyrra og við það hef ég ekkert að athuga. Það er sjálfsagt að sveitarfélögin komi inn í reksturinn að þeim hluta sem ríkið var undan honum losað með síðustu lagabreytingu hér um. Ég get hins vegar ekki stutt þetta frv., heldur mun ég sitja hjá um það. Ég sé ekki ástæðu til þess að gefa á því frekari skýringar.

Það var uppi hreyfing um að fella þarna niður í fyrra einnig ríkishlutdeildina í stofnkostnaðinum, og það voru mörg rök færð fyrir því í þeim umr., vissi ég. Það er rétt að lögin frá 1973 breyttu mjög miklu. Þau gerbreyttu í raun og veru aðstöðu manna mjög víða úti á lands-

byggðinni sem höfðu árum saman verið að berjast fyrir því að fá þessar stofnanir. Um leið og þessi lög komu fengu þessir aðilar byr undir báða vængi og börðust fyrir því innan sinna sveitarstjórna og í sínum sveitarfélögum að þessi dagvistarheimili kæmust sem fyrst í gagnið og vitnuðu þar til þessarar ríkisaðstoðar. Þeim gekk auðveldar að fá sínu máli framgengt. Hugðu því margir til hreyfings, og vegna vanrækslu margra ára eða jafnvel áratuga fóru margir af stað. Síðan hafa þessi lög að miklu leyti verið gerð að litlu gagni fyrir sveitarfélögin og í mörgum tilfellum verkað sem hemill — ekki vegna laganna sjálfra, heldur vegna fjárveitinganna sem hafa verið ákvarðaðar á fjárlögum hverju sinni. Ekki vil ég segja að þarna sé um viljandi aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins að ræða, erfiðir tímar hafa eflaust valdið því, og allra síst trúi ég því á þann hæstv. ráðh. sem með þessi mál fer, hæstv. menntmrh., að hann vilji með þeim fjárveitingum, sem til þessa liðar hafa verið undanfarin ár, stöðva í raun og veru að miklu leyti byggingu á dagvistarstofnunum úti á landi, svo sem ég veit að hefur verið t. d. á þessu ári, — stöðvun nýrra dagvistarstofnana.

Þetta verður sem sagt að athuga mjög vel í sambandi við fjárveitingarnar. Auðvitað má ekki hleypa öllum af stað og ekki eiga allir að fá þarna sama rétt. Mismunandi þörf er fyrir þessi heimili. En ég bendi á þetta hér vegna þess, að ég veit núna t. d. um tvo staði á Austurlandi, tvo helstu vaxtarstaði Austurlands, sem þurfa alveg sérstaklega á þessu að halda, en með óbreyttri fjárveitingu eru engar horfur á að þær nái því að mega fara af stað á næsta ári. Ég vara sem sagt við því þegar lög eru þannig að engu eða litlu gerð og þau notuð sem beinn hemill, þ. e. fjárveitingarnar notaðar sem beinn hemill, til þess svo líklega aftur að sanna það á móti, að einmitt þessi lög séu óþörf og kannske til ills eins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—15. samþ. með 14 shlj. atkv.
16.—19. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 50). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollskrá, frv. (þskj. 83). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 83 frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá o. fl., nr. 6 frá 1974, svo hljóðandi:

„1. gr. Aftan við almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða í 1. gr. laganna komi nýr tölul., svo hljóðandi:

5. Ekki skal beita samtollun við tollafgreiðslu vöru úr tollvörugeymslum, heldur skal farið eftir tollskrárnúmerum, flokkist vara undir sérstakt tollskrárnúmer.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég leyfi mér að lesa grg. sem ég hef látið fylgja með, en hún skýrir málið að nokkru eða öllu leyti:

„Sérstaða tollafgreiðslu úr tollvörugeymslum er öllum ljós, sem til þekkja.

Úr tollvörugeymslu getur innflytjandi tekið tiltölulega lítið magn úr stórum sendingum, eftir því sem markaður og eftirspurn krefst hverju sinni, og er þá óeðlilegt að greiða hærri toll en ákvæði viðkomandi tollskrárnúmer segja til um, eingöngu vegna þess að hlutir í öðrum og hærri tollflokkum voru einnig í hinni sömu vörusendingu frá útlöndum, sem ekki verða notaðir í sambandi við þá vöru, sem út er tekin, þegar sú vara er seld. Við samtollun, sem í eðli sínu veldur verðhækkun, skapast misræmi í verðlagi eftir því, hvernig vörusendingum er háttað, en það er oft ekki á valdi innflytjenda að ráða því. Stór fyrirtæki vilja komast hjá því að setja smásendingar á mörg farmskjöl.

Rétt er að leggja áherslu á að tollvörugeymslum og viðskiptamönnum þeirra er mikið kappsmál að fá gerða á framkvæmd tollafgreiðslu þá breytingu sem frv. felur í sér. Má vísa m. a. til eftirfarandi stjórnarsamþykktar í Tollvörugeymslunni hf. í Reykjavík, sem gerð var á stjórnarfundi 7. nóv. 1974:

„Stjórnarfundur í Tollvörugeymslunni hf., haldinn fimmtudaginn 7. nóv. 1974, telur að brýna nauðsyn beri til að breytt verði framkvæmd á samtollun þess varnings, sem fer í tollvörugeymslur félagsins, vegna sérstöðu tollafgreiðslu þaðan. Sé nauðsyn lagabreytingar í þessu sambandi, samþ. stjórnin að vinna að því að svo verði gert."

Tilraunir stjórnar Tollvörugeymslunnar hf. til að fá fram breytingar í framangreinda átt hafa ekki borið árangur, og því er frv. þetta borið fram."

Það er rétt að það komi hér fram, að erindi þetta var á sínum tíma sent tollstjóranum í Reykjavík sem vísaði því til afgreiðslu fjmrn., en þar hefur það legið óhreyft eða ósvarað í tvö ár. Hér er um mál að ræða sem skapar talsverðan rugling í innheimtu tollgjalda, þar sem sama varan er á mismunandi verði eftir því hvort hún kemur sér á farmskírteini og vörureikning eða hún er afgreidd með öðrum vörum sem sama fyrirtæki þarf að senda til viðkomandi lands. Það getur komið fyrir að sama varan úr tveimur sendingum liggi hlið við hlið í hillum á tvenns konar ólíku verði. Það er náttúrlega ófært og ekki ætlast til þess að svo sé.

Til upplýsingar fyrir hv. þm., þá sem ekki vita þegar, get ég upplýst að í tollvörugeymslum eru vörur teknar úr flutningaumbúðum og settar í hillur, raðað þar upp eins og í verslunum

væri og bíða þar tollafgreiðslu í neytendapakkningum.

Að lokum vil ég leggja til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 46). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Móttökuskilyrði fyrir sjónvarpssendingar á fiskimiðum úti fyrir Vestfjörðum, frv. (þskj. 77). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 77 flyt ég frv. til l. um ráðstafanir til þess að bæta móttökuskilyrði fyrir sjónvarpssendnigar á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum.

Í 1. gr. þessa frv. segir svo: „Ríkisstj. skal fela Ríkisútvarpinu að láta reisa endurvarpsstöð fyrir sjónvarp á fjallinu Barða milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar.“

2. gr.: „Ríkisstj. er heimilt að taka lán allt að 20 millj. kr. til þessara framkvæmda.“

3. gr.: „Lán það, sem tekið verður samkvæmt 2. gr., og annar kostnaður við verkið skal endurgreiðast smám saman með árlegum fjárlagafjárveitingum.“

Og 4. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Það hefur verið mikið rætt og ritað á undanförnum árum í sambandi við sjónvarpið. Á þessu ári eru 10 ár liðin frá því að sjónvarpið hóf göngu sína hér, en þrátt fyrir þann árafjölda skortir talsvert á að þessi fjölmiðill nái til allra landsmanna og í þeim hópi er sjómannastéttin hér á landi.

Mér er það vissulega ljóst, að þó að víða sé þörf úrbóta varðandi dreifingu sjónvarps víðs vegar í hinum strjálu byggðum og mikil þörf sé á úrbótum í þeim efnum og fyllilega ástæða til að vinda að því bráðan bug að gera átak til úrbóta, þá ber hinu ekki að leyna, að sjómannastéttin hefur að verulegu leyti sérstöðu í þessu efni. Auk þess að sjómenn eru afskiptir þessum nútímafjölmiðli sem sjónvarpið er, þá er starf þeirra þann veg háttað að þeir eru langdvölum fjarri heimilum sínum og hafa af þeirri ástæðu enn meiri þörf fyrir þessa sjálfsögðu þjónustu, þó að ég vilji á engan hátt draga úr nauðsyn þess að til annarra, sem enn skortir þessa þjónustu, verði litið og ráðstafanir gerðar til þess að bæta úr, þannig að þeir geti notið þessa sjálfsagða fjölmiðils.

Það er kunnara en hér þurfi frá að segja, að mikill fjöldi skipa víðs vegar af landinu stundar veiðar á miðunum úti fyrir Vestfjörðum svo að segja allt árið um kring. Ekki er hér um að ræða bara vestfirskan skipastól, heldur má segja, eins og áðan var að vikið, að bátar víðast hvar að af landinu stundi veiðar á þessum miðum. Þeir skipta oft og tíðum hundruðum, þeir sjómenn sem eru við veiðar á þessu svæði, og þessir einstaklingar gætu notið þessarar aðstöðu sem sjónvarpið er, þessa fjölmiðils, með tiltölulega litlum tilkostnaði, eins og fram kemur í grg. þessa frv., en vikið skal að síðar.

Margar þáltill. hafa verið fluttar hér á Alþ. um úrbætur á dreifingu sjónvarps, en þær hafa þó flestar verið á þann veg að úrbóta væri þörf og úrbætur ætti að gera að því er varðar byggð í landi. Veturinn 1973 flutti ég till. til þál. um að ríkisstj. yrði falið að gera þegar ráðstafanir til þess að bæta móttökuskilyrði fyrir sjónvarp á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum. Í meðförum þeirrar n., sem fékk þessa till til meðferðar, var henni breytt á þá leið að ríkisstj. var falið að kanna ítarlega skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðunum í kringum landið og jafnframt að láta gera kostnaðaráætlun um úrbætur reyndist þeirra þörf. Þessi till. mín var því útvíkkuð á þann veg, að í stað þess að afmarka sig við eitt svæði, þá var talið rétt að tekið yrði allt landið í heild og öll miðin. Ekki hafði ég á móti því að sjálfsögðu að gert yrði meira átak heldur en þetta sem ég var þá með í huga að því er varðaði Vestfjarðamið, og till. þessi var samþ. hér á Alþ. vorið 1973 í þessu breytta formi. Skýrslu um könnun samkvæmt þessari þáltill., sem samþ. var, átti að skila um haustið 1973, þ. e. a. s. hún átti að vera tilbúin þegar þing kæmi saman þá um haustið. Þessari könnun var ekki lokið á árinu 1973 og í nóvembermánuði árið 1974 bar ég fram fsp. hér í þinginu um hvað liði þessari athugun. Þá kom í ljós í svari hæstv. menntmrh. að könnun þessari væri lokið, þ. e. haustið 1974. Síðan þetta gerðist eru nú liðin tvö ár og mér vitanlega hefur ekki neitt gerst að því er varðar þetta mál, og mig a. m. k. er farið að lengja eftir því að úrbætur fáist. Það er m. a. ástæðan fyrir því, að ég flyt það frv. sem hér er nú til umr.

Á árinu 1972 var gerð af Póst- og símamálastjórninni athugun á leið til að beina sjónvarpsmerki út á fiskimiðin úti fyrir Vestfjörðum. Sú athugun leiddi í ljós að endurvarpsstöð á Barða mundi hvað best þjóna þeim tilgangi að bæta móttökuskilyrði fyrir sjónvarp á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum og einnig mundi sjónvarpsstöð á Barða, endurvarpsstöð, þjóna að einhverju leyti byggð í landi á því svæði sem ekki nýtur sjónvarpsskilyrða nú. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv., fylgdi þessari könnun Pósts- og símamálastjórnarinnar kostnaðaráætlun og hljóðaði hún samtals upp á 4.5 millj. kr. árið 1972. Mér fannst, þegar þetta var ljóst, að hér væri um svo tiltölulega litla fjárhæð að ræða, 4½ millj. til þess að koma í framkvæmd þessu mikla og brýna hagsmunamáli sjómannastéttarinnar, að vart gæti komið til mála að ekki yrði ráðist í framkvæmd með þessum hætti og ráðstafanir yrðu gerðar til þess að hefja nú framkvæmdir í þessu máli.

Að sjálfsögðu hefur allt verðlag hækkað að mun frá því að þessi kostnaðaráætlun var gerð. Ég hef ekki í höndum alveg óyggjandi tölur um það, hvað 4½ millj. árið 1972 mundi þurfa að vera nú til þess að bæta upp þann hækkaða tilkostnað sem hefur orðið síðan. En ég tel ekki ólíklegt að ætla að sú upphæð, sem tilgreind er í frv., þ. e. a. s. 20 millj. kr., muni fara a. m. k. nokkuð langt að sinna þessu verkefni, ef gengið er út frá því að nokkurn veginn hafi mátt treysta að rétt væri sú kostnaðaráætlun sem gerð var árið 1972. Ég er þeirrar skoðunar enn, að hér sé um svo tiltölulega litla framkvæmd og tiltölulega lítið fjármagn að ræða að það sé engin ástæða og engin rök finnanleg fyrir því að ekki mundi verða samþ. að ráðast í framkvæmd í þessum efnum. A. m. k. er þetta tiltölulega lítill kostnaður þegar hugsað er til þeirrar miklu þjónustu sem þessi framkvæmd kæmi til með að veita þeim aðilum, sem hér um ræðir, til bóta frá því sem nú er.

En þó að þetta sé mín skoðun, þá má vera að eigi að síður finnist einhverjum hér í mikið ráðist og að ekki sé á bætandi lántökur á vegum ríkissjóðs, eins og málum er nú háttað. Vissulega má segja að það séu rök í málinu, að ekki sé hægt að leggja meiri byrðar á landsmenn vegna aukinnar lántöku heldur en nú er. En eigi að síður er ég þeirrar skoðunar, og ég vænti að margir hv. þm. séu sammála mér, að 20 millj. til þessarar ráðstöfunar nú verði ekki til þess að skapa neitt fordæmi til aukinnar lántöku til handa ríkissjóði, þó að orðið yrði við þessu og í framkvæmdir yrði ráðist eins og hér er gert ráð fyrir.

Mér er það alveg ljóst einnig, að það munu koma hér upp raddir um að það sé óskynsamlegt og óeðlilegt að taka út úr svæði til þess að byrja á framkvæmdir, eins og hér er gert ráð fyrir, við eigum að hafa í sjóndeildarhringnum öll miðin, allt landið og síðastur skal ég verða til þess að mæla gegn því, ef það er talið fært peninganna vegna að ráðast í framkvæmdir sem tryggt gætu eins og verða má móttökuskilyrði fyrir sjónvarpssendingar á öllum miðunum í kringum landið, — þá skal ég verða síðastur manna til þess að andmæla því eða standa gegn því. En mér hefur bæði fundist og heyrst á hæstv. ráðh. og þeim, sem bera ábyrgð á fjármálum ríkissjóðs nú, að þeir telji að fjárhagsstaða ríkisins sé ekki með þeim hætti að það sé hægt að leggja út í stórkostlega aukinn kostnað til þess að þjóna að mínu viti þó mjög svo mikilsverðri framkvæmd til úrbóta í þessu máli. Ég held því, að hvort sem mönnum þykir það ljúft eða leitt, þá verði að horfast í augu við það, við stöndum frammi fyrir því að það virðist ekki vera á því möguleiki að fá fjármagn til að ráðast í framkvæmdir í stærra mæli en hér er gert ráð fyrir og verði því að taka eitthvað út úr. Í þessu tilviki tel ég brýnast að byrja á þessu svæði, vegna þess að það kemur ekki bara til góða vestfirskum sjómönnum, það kemur til góða að verulegu levti sjómönnum af öllu landinu vegna þeirrar sérstöðu sem miðin úti fyrir Vestfjörðum hafa eins og nú er orðið, þ. e. a. s. á þeim miðum eru bátar frá flestum landshlutum allt árið um kring.

Eins og ég vék að áðan, þá gerir þetta frv. ráð fyrir því að nú þegar verði hafist handa um framkvæmd þessa nauðsynjamáls og að ríkisstj. verði heimilað að taka lán til þessara framkvæmda sem síðar endurgreiðist með fjárveitingum á fjárlögum á næstu árum.

Það er rétt að það komi hér fram, að þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hefur um nokkurt árabil ítrekað með samþykktum nauðsynina á því, að hafist yrði handa um framkvæmdir af þessu tagi, og einnig er rétt að það komi hér fram, að á fjórðungsþingum fiskideildanna á Vestfjörðum hefur þetta mál einnig verið mjög til umr., og síðast núna í haust var ítrekuð samþykkt á 36. fjórðungsþingi fiskideildanna á Vestfjörðum einmitt um þetta efni, að hafist yrði handa um úrbætur til þess að beina sjónvarpssendingum út á miðin úti fyrir Vestfjörðum.

Með framkvæmd á því, sem hér er gert ráð fyrir og frv. gerir ráð fyrir, og samkvæmt þeirri athugun, sem Póst- og símamálastjórnin gerði árið 1972, eru allar líkur á því að skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga á miðunum úti fyrir Vestfjörðum mundu vera ágæt, þ. e. a. s. fullkomin skilyrði mundu vera a. m. k. út að 30 mílna mörkum, ágæt sjónvarpssending út að a. m. k. 30 sjómílum á miðunum úti fyrir Vestfjörðum, og samkvæmt þessari athugun þeirra hjá Póst- og símamálastjórn mundu skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga verða miðlungi góð út að 45—50 mílna mörkum.

Ég tel því að þessi athugun og niðurstöður hennar sýni að framkvæmd eins og hér er gert ráð fyrir, sem ekki kostar þó meiri fjármuni en þetta, komi til með að skila svo miklum árangri til þeirra aðila, sem hér um ræðir, að hún sé á allan hátt réttlætanleg og það sé ekkert sem mæli gegn því, þrátt fyrir tal um slæma fjárhagslega afkomu ríkissjóðs, þá sé ekkert sem mæli gegn því að nú þegar verði hafist handa að bæta úr þessu ófremdarástandi sem hefur verið og er enn. Það er ekki nokkur vafi á því, reynist niðurstöður þessarar könnunar réttar, sem ég hef enga ástæðu til að ætla annað en sé, að hér er um að ræða svo geysilega mikla bót á því ástandi sem nú er, að það er ekkert sem mælir gegn því að nú þegar verði í það ráðist, — bót sem kæmi til góða þeim þegnum þjóðfélagsins sem fyrst og fremst hafa staðið og standa undir þeirri velmegun sem orðið hefur hér á landi á undanförnum áratugum, en það eru sjómennirnir, sjómannastéttin. Og það væri vissulega vel til fallið nú á 10 ára afmæli sjónvarpsins að minnast þessara tímamóta með því að hrinda í framkvæmd verkefni eins og því sem þetta frv. gerir ráð fyrir, — verkefni sem er tiltölulega smátt í sniðum, en eigi að síður kemur til með að þjóna geysilega miklum fjölda innan íslenskrar sjómannastéttar sem ekki nýtur sjónvarpssendinga nú. Það er álit mitt, og ég hygg að svo sé um fleiri, að sjómenn eigi það sannarlega skilið að reynt sé að sinna verkefnum af þessu tagi þeim til handa. Mjög margir framámenn íslensku þjóðarinnar hafa á orði a. m. k. einu sinni á ári, þ. e. sjómannadaginn, að íslenskir sjómenn séu hetjur hafsins, þeir séu sá máttarstólpi

sem lagt hefur grundvöllinn að því nútímaþjóðfélagi sem Ísland er orðið. Þetta er vissulega rétt og satt og undir það skal tekið. Slík orð af vörum framámanna hér á landi ylja að sjálfsögðu sjómönnum og aðstandendum sjómanna um hjartarætur. Ég tel hins vegar víst að framkvæmdir á borð við þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, mundu ylja sömu aðilum miklum mun meira um hjartarætur og jafnframt væri þá í verki sýnt fram á að einhver meining væri í áður tilvitnuðum orðum og yfirlýsingum ráðandi manna.

Ég vænti þess fastlega að þetta frv. fái góðar viðtökur hér meðal hv. þm., og ég vænti þess að þeir séu mér um það sammála að hér sé farið fram á það tiltölulega lítið að ekkert sé sem mæli með því að það væri staðið gegn því að þessi réttarbót nái fram að ganga. Ég vona sannarlega að frv. fái svo jákvæðar undirtektir hér í þinginu að það verði afgreitt, samþykkt og afgreitt á sem allra skemmstum tíma. Það eiga að liggja fyrir öll gögn sem þetta varða, og ætti því ekki að vera neitt til fyrirstöðu með að málið fengi nokkuð skjóta meðferð hér í þinginu sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að það yrði samþykkt og nú yrði í það ráðist að verða við þessum margra ára gömlu tilmælum, — ekki bara sjómannastéttarinnar, heldur og margra fleiri aðila sem um þetta mál hafa fjallað.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð að sinni. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og líklega hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Endurhæfing, þáltill. (þskj. 76). — Ein umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Á þinginu 1969—1970 var samþ. hér breyting á lögum um stjórnarráð. Meginatriði þeirrar breytingar var það, að komið var upp tveim nýjum ráðuneytum, heilbr.- og trmrn. og iðnrn. Í framhaldi af þessari lagabreytingu var svo sett ný reglugerð um skipan starfa á milli rn. Hún var þannig unnin að forseti Íslands var látinn skrifa undir hana, og hún er prentuð í lagasafni, þannig að hún hefur hliðstætt gildi og lög. Það var vafalaust nokkur vandi að kveða á um breytingar á reglugerðinni í sambandi við þá breytingu sem gerð var á ráðuneytum, enda hygg ég að fram hafi komið ýmsar veilur á þessari reglugerð.

Það hittist þannig á, þegar ég varð ráðh. 1971, að ég starfaði í þeim tveim nýju rn. sem komið var á laggirnar 1970, og mér fannst ég reka mig á að reglugerðin væri ekki fullkomlega rökvís. Ég veitti því t. a. m. athygli í iðnrn. að ýmsar greinar iðnaðar, sem voru ótvíræður iðnaður, voru flokkaðar undir sjútvrn. annars vegar og landbrn. hins vegar. Þar var um að ræða iðnað sem var tengdur sjávarafla annars vegar og hins vegar landbúnaðarstörfum. T. a. m. var dæmigerður efnaiðnaður eins og áburðarverksmiðja flokkuð undir landbrn., en ekki iðnrn.

Ég tel að þarna hafi ekki verið rétt á málum haldið. Við vitum það afar vel, að hér á Íslandi er metingur á milli atvinnugreina, oft ákaflega vanhugsaður, og svona skipting eins og ég var að ræða um áðan stuðlar að því að viðhalda þeim metingi í staðinn fyrir að þurrka hann út, eins og við verðum að gera ef við eigum að hafa skynsamlega atvinnuþróun á Íslandi.

Í heilbr.- og trmrn. rak ég mig á það, að einn veigamikill þáttur í heilbrigðiskerfinu, þ. e. a. s. endurhæfing og störf vegna fatlaðra, hafði verið skilinn eftir í félmrn. og heyrði ekki undir heilbr.- og trmrn. Þarna virtist það viðhorf hafa ríkt að líta á fötlun og endurhæfingu sem vandamál sem tengd væru vinnumarkaðinum, en ekki því fólki sem þyrfti á slíkri aðstoð að halda. Mér var þetta ljóst fljótlega eftir að ég tók til starfa, og það má segja að ég hefði átt að beita mér fyrir því að breytingar yrðu gerðar á þessu þá. En ég verð að segja það eins og er, að það er æðimikil vinna að gegna ráðherrastörfum ef maður reynir að rækja þau af samviskusemi, og maður hefur ekki nema takmarkaðan áhuga á því að toga til sín fleiri verkefni en kveðið er á um í lögum.

Það kom hins vegar fyrir mig, að ég kynntist hlutskipti fatlaðra eftir að ég hætti ráðherrastörfum, og ég hef venjulega haft þann hátt á, ef ég lendi í einhverjum slíkum vanda, að skoða hann í félagslegu samhengi og kanna slík mál í heild. Ég gerði það þegar ég lenti í þessum vanda sjálfur, las mér æðimikið til um endurhæfingu og vandamál fatlaðra, og ég komst þá að raun um að þessi vandi er miklu stærri en ég hafði gert mér nokkra grein fyrir áður.

Ég birti í grg. með frv. mínar tölur frá Svíþjóð sem sýna hversu stórfelldur þessi vandi er. Þar lenda í fötlun 500 þús. manna á vinnufærum aldri, en það mun vera nærri 10%, tíundi hver maður sem lendir í fötlun og þarf á endurhæfingu að halda á starfsaldri sínum. Á því er enginn vafi að tölur hér á landi eru hliðstæðar. Þær kunna að skiptast eitthvað á aðra lund en í Svíþjóð vegna annarra atvinnuhátta hér. M. a. er sjómennska mjög hættulegt starf og henni fylgja oft slys sem leiða til alvarlegrar fötlunar. En ég hygg að heildartalan sé rétt, hér sé um vanda að ræða sem nái til tíunda hvers manns eða meira.

Þetta er vandi sem fylgt hefur mannkyninu frá upphafi vega vafalaust. Hann hefur breyst með breytilegum atvinnuháttum, en í meginatriðum hefur hann fylgt mannkyninu frá upphafi vega. En það er ekki fyrr en tiltölulega nýlega að farið er að takast á við þennan vanda á skipulegan hátt í sambandi við heilbrigðisþjónustu. Það voru að vísu til félög til þess að aðstoða fatlað fólk á ýmsum sviðum, ekki síst blinda og heyrnarlausa og aðra fatlaða. En það voru fyrst og fremst félög sem aðstoðuðu við framfærslu slíks fólks, en ekki við læknisfræðilega endurhæfingu.

Það má segja að skipuleg læknisfræðileg endurhæfing hefjist ekki fyrr en í síðustu heimsstyrjöld. Styrjaldir valda því ævinlega að menn verða fyrir miklum líkamlegum áföllum, og í síðasta stríði gerðist það, að farið var að taka á því skipulega hvernig hægt væri að endurhæfa

fólk sem yrði fyrir meiri háttar slysum í styrjöldum, og gera því fært að gegna störfum í þjóðfélaginu.

Þessi þróun hefur haldið áfram eftir að stríði lauk og þróast ákaflega mikið í þeim löndum sem fremst standa á sviði læknisvísinda, t.a.m. á Norðurlöndum, ekki síst í Svíþjóð, og í Bandaríkjunum, þar sem læknisvísindi eru á háu stigi þótt ekki sé þar um félagslega heilsugæslu að ræða.

Þarna hefur orðið ákaflega mikill árangur, og við höfum kynnst þessum árangri á ýmsum sviðum hér á Íslandi. Ég vil t.a.m. minna á þær nýjungar sem orðið hafa í sambandi við bæklunarlækningar sem geta aðstoðað fólk í miklu, miklu ríkari mæli en áður var. Þær hafa verið teknar upp hér á Landsspítala, en því miður hefur verið haldið þannig á málum að þar hafa í sífellu lengst biðlistar. Það hefur ekki verið tryggð aðstaða til þess að hægt væri að sinna þessum aðgerðum gegn brýnum mannameinum á þann hátt sem vert hefði verið.

Ég legg til í þessu frv. að endurhæfing, læknisfræðileg og starfsleg, vegna skertrar starfshæfni, endurhæfingarstöðvar og styrktarsjóðir vangefinna, fatlaðra og blindra svo og erfðafjársjóður verði flutt frá félmrn. til heilbrrn., vegna þess að það eru aðgerðir sjúkrahúsa og lækna og annarra heilbrigðisstétta sem þarna eru grundvöllurinn. Að vísu er þar farið dálítið út fyrir svið hinnar hefðbundnu læknisfræði, því að hún var við það miðuð að vinna bug á sjúkdómum eða gera að sárum og annað slíkt, en ekki við það að aðstoða menn við að endurhæfa sig eða komast út í atvinnulífið á nýjan leik. Það var ekki talið verkefni hinna hreinu læknavísinda. En þetta hefur breyst. Það hafa komið nýjar starfsstéttir sem hafa þetta verkefni, og t.a.m. í Svíþjóð er svo komið að allt heilsugæslukerfið er byggt þannig upp, að það geti stundað aðgerðir í þágu fatlaðra, öll deildaskipt sjúkrahús eru með slíkar deildir og árangurinn á þessu sviði er, eins og ég sagði áðan, ákaflega mikill. Þarna er um að ræða, eins og ég sagði áðan, tíunda hvern einstakling, svo að aðeins sé rætt um líkamlegar fatlanir. Andlegar fatlanir eru ákaflega algengar líka. Þarna er því um að ræða ákaflega viðtækt svið, og ég er þeirrar skoðunar að þarna séu brýnustu verkefni okkar á sviði heilbrigðismála, að takast á við þessi mál á skipulegan hátt.

Hér á Íslandi hafa risið upp mörg áhugamannafélög sem vinna að þessum verkefnum. Þar ber hæst að mínu mati Samband ísl. berklasjúklinga, vegna þess að það braut ísinn og það vann starf sem var á þeim tíma forustustarf, jafnvel á heimsmælikvarða. En hér hafa risið upp ákaflega mörg félög önnur og unnið mjög mikið gagn. En því miður hefur þessi starfsemi orðið of tilviljanakennd. Hún hefur mótast af því að áhugamenn hafa risið upp vegna persónulegs vanda, sem þeir kunna að hafa lent í sjálfir eða aðstandendur þeirra, og þeitt sér fyrir félagsstofnunum á þessu sviði. Sumar hafa verið starfræktar með miklum myndarskap, aðrar miður vel. En þetta hefur verið bundið við duglega einstaklinga fyrst og fremst, og reynslan hefur orðið sú, að mörg slík samtök hafa leitað til ríkisins um vaxandi aðstoð til þess að geta haldið starfseminni áfram. Ríkið hefur raunar lagt til tekjustofna fyrir mörg þessi samtök svo að þau gætu haldið starfsemi sinni áfram.

Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að koma heildarskipulagi á þessi mál með því að tengja þessa starfsemi áhugamannafélaga við heilbrigðiskerfið í landinu. Ég er ekki að tala um að heilbrigðiskerfið í landinu eigi að koma í staðinn fyrir starfsemi áhugamanna. Ég tel að hún sé ákaflega mikilvæg og það þurfi að ýta undir hana frekar en hitt, en að það þurfi að fella hana að skynsamlegu kerfi svo að ekki sé tvíverknaður, svo að þau framlög, sem þarna eru innt af hendi, nýtist sem allra best. Þarna tel ég að verði að vera um stórátak að ræða á næstunni. Það þarf kannske ekki að bæta við ýkjamörgum legustofnunum af þessu tilefni, en ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að koma upp opnum göngudeildum í miklu ríkari mæli en nú er, þannig að fatlaðir t.a.m. geti dvalist heima hjá sér, en farið til aðgerða á sjúkrahús. Þetta er mjög miklum vandkvæðum bundið nú vegna þess að göngudeildir sjúkrahúsanna eru allt of litlar og einnig vegna hins, að þannig er haldið á málum að það er auðveldara fyrri sjúklinga að leggjast á sjúkrahús en að dvelja heima hjá sér og fara á göngudeildir sér til aðstoðar. T.a.m. voru ákveðnar í tíð fyrrv. ríkisstj. aðgerðir í sambandi við lyfjakostnað og áttu að tryggja það að fólk, sem fengi læknisþjónustu á göngudeildum, byggi við sömu skilyrði að því er lyfjakostnað varðar og fólk sem er á sjúkrahúsum. Þessu hefur því miður verið breytt þannig að fólk, sem er utan sjúkrahúsanna, verður þar að leggja á sig æðimiklar byrðar. Og mér er mjög vel kunnugt um það, að læknar leggja fólk á sjúkrahús m.a. af peningaástæðum, til þess að fólk þurfi ekki að lenda í fjárhagslegum vanda. Það liggur á sjúkrahúsum fólk sem gæti dvalist heima ef þessi vandi kæmi ekki til. Ég tel að þarna verðum við að efla opnar göngudeildir ákaflega stórlega og gera stórátak á þessu sviði.

Ég vil taka það skýrt fram að þegar ég tala um stórátak á þessu sviði, þá á ég við stórauknar fjárveitingar einnig. Ég heyrði það í útvarpsfréttum í gær að hæstv. forsrh. hafði haldið ræðu í gær yfir einhverjum samtökum, sem ég man nú ekki hver voru, og hann taldi það vera stefnu núv. ríkisstj. að draga úr samneyslu til þess að auka einkaneyslu. Mér þótti þetta afar merkileg yfirlýsing og raunar í fyrsta skipti sem þessi ríkisstj. skýrir frá grundvallarhugmyndum sínum. Hvað er samneysla? Það er auðvelt að slá fram slíku orði. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir hvað í því felst. En samneysla er t.a.m. heilbrigðis- og tryggingamál, það er til að mynda skólamál, það er t.d. vegamál, — það er þetta sem á að skera niður að mati hæstv. forsrh. Og að búa til andstöðu á milli samneyslu og einkaneyslu á þann hátt sem hæstv. ráðh. gerði er alger fölsun, því að það er samneyslan sem fyrst og fremst stuðlar að jöfnuði á milli manna, — dregur úr þeirri mismunun, sem fram kemur í launakjörum, og stuðlar að jöfnuði á milli manna.

Ég man eftir afskaplega skemmtilegu dæmi um árangur samneyslu sem varð fyrir augum mínum. Ég fór 1946 í ferðalag um Austur-Skaftafellssýslu. Þá var samgöngum þannig háttað þar að ég þurfti að ferðast um gangandi og ríðandi, og ég þarf ekki að lýsa því að ég hafði mikla ánægju af þessu ferðalagi. Svo gerðist það 1973, að ég hygg, að ég ferðaðist aftur um Austur-Skaftafellssýslu, hafði ekki komið þar í millitíðinni, og ferðaðist um sömu slóðir og ég fór gangandi og ríðandi áður, en að vísu á miklu skemmri tíma því að nú eru komnir góðir vegir. Ég veitti því athygli hversu miklar breytingar höfðu orðið á efnahag manna og aðbúnaði í þessari sýslu, og þessar breytingar voru fyrst og fremst afleiðing af samgöngubótum. Þessi samneysla, sem birtist í samgöngubótum þarna, hafði orðið til þess að bæta til muna efnahag og getu íbúa þessa svæðis.

Þannig er það á öllum sviðum samneyslu, ef hún er lýðræðisleg að segja, ef hún er miðuð við þegnana í heild, þá stuðlar hún að jöfnun, að auknu réttlæti í þjóðfélaginu. En þá verður samneyslan einnig að vera skipulögð á lýðræðislegan hátt. Og það er styrkurinn við heilbrigðiskerfi það sem við höfum t.a.m. á Norðurlöndum, að það er þannig skipulagt, það er skipulagt á lýðræðislegan hátt. Ég held að ég gleymi því seint hvað mér fundust ógnarlegar fréttir, sem voru mikið í útvarpi fyrir nokkrum árum, um lækni einn í Suður-Afríku sem stundaði að græða hjörtu í menn og aðra líkamshluta, og þetta var mikið fréttaefni. Mér fundust þetta ákaflega ógeðfelldar fréttir. Það var af mörgum ástæðum sem mér fannst það, en fyrst og fremst af því að þetta átti sér stað í ríki þar sem engin heilsugæsla er til vegna almennings, þar sem allur almenningur verður að búa við það að fá enga aðstoð við sjúkdómum eða öðrum líkamlegum vandræðum sem menn lenda í. Þar var peningunum eytt í svona aðgerðir sem aðeins forréttindamenn gátu notið, en allur almenningur fékk enga aðstoð í sambandi við hversdagslegustu mannamein.

Það er styrkur heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi að hún er lýðræðisleg, og hún þarf að halda áfram að vera það. Þess vegna þurfum við að taka á meinsemdum þeim sem algengastar eru, og sú meinsemd, sem nú er algengust, er fötlun af ýmsum ástæðum, af ýmsu tagi, en fötlun. Og þarna getum við náð ákaflega miklum árangri eftir þeirri reynslu sem komin er upp, bæði hér á landi og í enn ríkara mæli þar sem meiri áhersla hefur verið lögð á þessi mál í nágrannalöndum okkar.

Ég sagði að til þess arna þyrfti að verja meiri fjármunum, og ég er þeirrar skoðunar. Það er svo hægt að reikna það út að fjárframlög í þessu skyni skila sér aftur eftir öðrum leiðum. Ég er að vísu mjög fráhverfur þeim mælikvarða að meta alla hluti út frá peningum. Mér finnst sá mælikvarði ganga viðurstyggilega langt í mörgum tilvikum. Í sambandi við mál eins og þessi er það jafnrétti og bræðralag og samhjálp sem eiga að vera mælikvarðar okkar. Ef menn vilja beita peningasjónarmiðinu, þá gefur það einnig jákvæða útkomu, vegna þess að tilgangur endurhæfingar er að gera fólki kleift að komast aftur út í þjóðlífið og taka þátt í störfum. Þetta tekst í ákaflega mörgum tilvikum þar sem áhersla er lögð á þessa starfsemi, að þetta fólk getur tekið þátt í framleiðslustörfum og tekið þátt í að skila þar auknum árangri fyrir þjóðarbúið. Hitt er þó miklu meira í mínum huga, að þetta fólk kemst þó í eðlileg samskipti við nágrenni sitt. Það er ekkert ömurlegra en hlutskipti fatlaðra sem verða einangraðir, komast ekki í samband við umhverfi sitt og verða að lifa á tekjum sem eru vægast sagt smánarlegar. Þetta er að minni hyggju langstærsta heilbrigðis- og félagsvandamál á Íslandi, og ég tel að sómi okkar liggi við að taka á þessu verkefni á myndarlegan hátt.

Till. mín er um að þessi atriði, sem ég taldi upp áðan, verði flutt frá félmrn. til heilbrmrn. og einnig að skipuð verði n., skipuð sérfræðingum og fötluðum, til þess að endurskoða öll lög sem í gildi eru um þessi mál. Við höfum allvíðtæka löggjöf um endurhæfingu. En breytingar á þessu sviði hafa verið svo örar seinustu árin að það þarf að endurskoða þessa löggjöf frá grunni og bæta þar við mörgum nýjum þáttum.

Ég sagði áðan að ég teldi að við ættum að auka framlög til heilbrigðismála, m.a. í sambandi við þetta. Við veitum nú til tryggingaog heilbrigðismála um það bil 7—8% af þjóðartekjunum. Í Svíþjóð, þar sem einna mest áhersla er lögð á heilbrigðis- og tryggingamál, þar eru þjóðartekjur á mann hærri en hér á Íslandi. Engu að síður veita þeir um 11% af þjóðartekjunum til þessara verkefna. Ef við ætlum okkur að ná þessu sænska stigi, þá getum við aukið fjárframlög okkar til heilbrigðis- og tryggingamála um 50%, þannig að þarna er æðimikið svigrúm ef menn vilja taka á þessum málum frá sjónarmiði félagslegra sjónarmiða og jafnréttissjónarmiða. Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigum við að gera. Og þetta er einnig kjaraatriði. Það er engin eðlileg andstæða á milli samneyslu og einkaneyslu, engin andstæða þar á milli. Við þurfum vissulega að gera stórátak í sambandi við einkaneyslu, en það er ekki á kostnað samneyslu, það er á kostnað þeirrar rangsleitni sem tíðkast í þjóðfélagi okkar að því er einkatekjur varðar. Við vitum það ákaflega vel, að hér á landi eru hundruð gróðafyrirtækja sem losna við að greiða nokkra skatta til sameiginlegra þarfa. Við vitum það ákaflega vel að hér er ákaflega mikill fjöldi einstaklinga sem líðst að halda þannig á sínum málum að þeir sleppa við að borga nokkra umtalsverða skatta til hins opinbera. Við vitum að hér á Íslandi er stolið undan ákaflega háum fjárhæðum í sambandi við söluskatt og þessi þjófnaður hefur aukist til mikilla muna eftir að söluskatturinn var hækkaður, svo sem dæmin sanna. Við höfum fengið fréttir um það nú að undanförnu hversu umfangsmikill þjófnaður er stundaður í sambandi við heildsölu á Íslandi. Þar er stolið undan bæði gjaldeyri og hlaðið upp þannig að álagning verði miklu hærri en nokkur þörf er á. Það eru margar matarholur í þessu sambandi, og það þarf ekki að setja á svið þá kenningu, eins og hæstv. forsrh. virðist hafa gert í gær, að það þurfi að skerða samneyslu á Íslandi til þess að fá viðunandi lífskjör. Það er röng kenning,

algerlega röng kenning og kenning sem ber að berjast gegn af alefli. Samneyslan er, eins og ég sagði áðan, grundvöllur einkaneyslunnar, og það er samneysla sem stuðlar að jöfnuði á þessu sviði.

Ég hef reynt að skýra í grg. og birti þar einnig ályktanir frá landssambandi fatlaðra um þrjú afmörkuð svið, t. d. um það á hverju þurfi að taka í sambandi við endurskoðun á löggjöf. Ég fer ekki að endurtaka það hér í þessari ræðu, en vænti þess að menn hugleiði þetta mjög alvarlega.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. hér í hv. Nd. vísað til heilbr.- og trn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Mér finnst rétt að það komi fram, að þegar lögum um Stjórnarráð Íslands var breytt 1969, þá var, eins og kunnugt er, stofnað sérstakt heilbrrn. eða heilbr.- og trmrn. Samfara þessari löggjöf var gefin út reglugerð um starfsskiptingu á milli hinna einstöku rn., og samkv. þeirri reglugerð komu ekki öll mál, sem áður voru í félmrn. og eðli málsins samkvæmt heyra undir heilbrrn., sjálfkrafa yfir í heilbrrn., heldur urðu þar eftir af ýmsum ástæðum, eftir því sem mér hefur verið sagt og veit um. Þar komu einnig til greina persónuleg sjónarmið, tengsl embættismanna í félmrn. á þeim tíma við ákveðna málaflokka sem þar voru, og var þá ekki talið rétt að slíta þá úr tengslum við félmrn.

Snemma á þessu sumri hreyfði ég því innan ríkisstj. að það væri rétt að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands og jafnframt yrði endurskoðuð reglugerðin um starfssvið hinna einstöku rn. Ríkisstj. féllst á það, og forsrh. skrifaði öllum rn. bréf þar um og óskaði eftir tillögum rn. um breytingu frá gildandi reglugerð. Þessar till. eru, að ég best veit, ekki komnar í hendur forsrh. nema frá mjög fáum rn. Ég hef sent till. frá sjútvrn. fyrir nokkru, og í gær var ég endanlega að ganga frá áliti heilbrrn. um það sem það óskar eftir að breytt verði í reglugerðinni, og það bréf mun vafalaust komast í hendur forsrh. fyrir lok þessarar viku. Þegar öll rn. hafa sent till. sínar, verður auðvitað farið í það að breyta reglugerðinni eftir því sem ríkisstj. sýnist og samkomulag næst um.

Ég er sammála flm. þessarar till. um að endurhæfing, bæði læknisfræðileg og starfsleg, vegna skertrar starfsemi, endurhæfingarstöðvar og styrktarsjóðir vangefinna, fatlaðra og blindra eigi auðvitað fyrst og fremst að vera undir heilbr.- og trmrn., ekki af því að ég fer með þessi mál nú því að þar eru ærið nóg verkefni fyrir. En þetta veldur að mörgu leyti — og hefur valdið sennilega frá byrjun — allmiklum erfiðleikum, og oft og tíðum verður það svo, að þegar mál eða málaflokkar eða einhver ákveðin starfsemi lendir í tveimur eða jafnvel þremur rn., þá er eins og ekkert rn. vilji hafa eða hafi í reynd forgöngu um að sinna þessu, heldur verður það oft þannig í framkvæmdinni að það er verið að bíða og spyrja hvað hinn ætli að gera, og þannig hefur þetta verið hvað snertir sum af þessum málum. Ég er á því, að endurhæfingarmálin eigi því að koma undir heilbrrn.

Endurhæfingarlækningar er nú ekki hægt að segja að eigi langan aldur í okkar landi. Ég held að fyrsti sérmenntaði endurhæfingarlæknirinn hafi ekki komið til starfa hér fyrr en á árinu 1962. Þeir læknar eru tiltölulega mjög fáir enn þá og endurhæfingarstarfsemi fer fram aðallega á þremur stöðum hér í borginni: Landsspítala, Grensásdeild og Reykjalundi. Við höfum í heilbrigðisstjórninni mikinn áhuga á því að endurhæfingardeild verði starfrækt á neðstu hæðinni í Hátúni, sem er langlegudeild. Þar eru sjúklingar sem er illt að flytja á milli, og það er auðvitað krafa og sjálfsögð skylda í siðmenntuðu þjóðfélagi að reyna að gera þeim, sem sjúkir eru, lífið bærilegt og alltaf að láta þá finna að lífsneistinn er óslökkvandi. Þess vegna held ég — og við höfum gert till. um það í heilbrigðisstjórninni — að þar verði komið á endurhæfingu. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því bæði í lögum um heilbrigðisþjónustu og í þeirri framkvæmd sem unnið er að í sambandi við heilsugæslustöðvar úti um land að þar fari fram endurhæfing í vaxandi mæli, því að vitaskuld á endurhæfing ekki að vera eingöngu hér í Reykjavík eða öðrum stærstu þéttbýlisstöðum landsins. Hún verður einnig að vera annars staðar. En á þessu er auðvitað verulegur galli í framkvæmd enn sem komið er vegna þess að bæði skortir okkur sérfræðinga á þessu sviði læknavísinda og þeir verða auðvitað ekki settir í hinar minnstu heilsugæslustöðvar, ekki a. m. k. á næstu árum, bæði af því að þeir eru ekki til og hins vegar einnig af því að það verða ekki nóg verkefni fyrir slíka menn á hinum minni stöðvum.

Hitt er ekki síður alvarlegt, að það er skortur á sjúkraþjálfurum í okkar landi, þannig að endurhæfingarstarfsemin hefur verið mjög takmörkuð af þessari ástæðu. Það hefur verið reynt bæði undanfarin ár og enn að mæta þessu nokkuð með því að fá erlenda sjúkraþjálfara. En það eru örfáir aðilar sem fást og er sífellt erfiðara því að það er skortur á sjúkraþjálfurum í flestum löndum, sérstaklega í nágrannalöndum okkar. Nú loksins hefur það orðið að veruleika að sjúkraþjálfaranám er tekið upp hér á landi. Það hófst á s. l. hausti og að því er ég best veit eru þar 18 við nám. En það nám tekur 4 ár svo að það er ekki fyrr en að þeim tíma loknum sem fer að rætast verulega úr á þessu sviði. Þá verðum við að ætla og vona að framhaldið verði það, að þarna verði innan ekki langs tíma, eftir að fyrsti árgangurinn lýkur námi, hægt að sinna þessu mikilvæga verkefni með þeim hætti sem við öll kjósum að gert verði.

Ég er ekki sammála hv. flm. um að það séu ekki einhver takmörk fyrir því sett hve samneyslan má verða há til þess að einkaneyslan eða þeir, sem afla tekna, geti sæmilega við unað. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að hafa mikla samneyslu. Samneysla er ekki aðeins þeir málaflokkar sem hann nefndi. Samneysla er auðvitað allir málaflokkar og öll útgjöld ríkis og sveitarfélaga, hverju nafni sem þau nefnast, og verðum við auðvitað að gæta hófs í þeim efnum. Við megum ekki heldur fara of langt á þessu sviði. Þeir sem eru að vinna, þeir sem afla mismunandi mikilla tekna og þá þeir sérstaklega sem afla mjög hárra tekna,

leggja mikið á sig, þeir vilja fá allverulegan hluta af sínum tekjum til ráðstöfunar sjálfir, það heyrum við á hverjum degi hjá öllum starfshópum, alveg sama hvort það eru menn sem vinna með flibba um hálsinn eða aðrir, að sú krafa er ákaflega hávær, að við eigum að halda miklu eftir í einkaneyslunni. Hitt er að mörgu leyti rétt, að samneysla, þar sem hún er há, þá er hún auðvitað til þess að jafna kjör. En við megum ekki jafna kjörin svo að það dragi úr viðleitni manna til þess að vinna og afla tekna. Þar kannske skilur okkur eitthvað á um, — ég vil aðeins að þetta komi hér fram, — og þá er eins og fyrri daginn vandratað meðalhófið.

Ég er sammála hv. þm. um að það er mjög margt ógert í okkar heilbrigðismálum, og kannske verður maður enn opnari fyrir því þegar maður tekur á sig þá ábyrgð að veita forstöðu rn. eins og þessu, hvað hér er mikið ógert, þó að margt hafi verið gert á undanförnum árum og áratugum. En það voru miklar lægðir í framkvæmdum á þessu sviði, t. d. eftir að Landsspítalinn var byggður um 1930. Þá sigldi í kjölfar þess heimskreppan og samdráttur á öllum sviðum. Það má því segja að í mörg næstu ár á eftir hafi verið ákaflega lítið gert við uppbyggingu heilbrigðismála. En eftir úttekt, sem Þjóðhagsstofnunin gerði núna í sumar, voru á árinu 1950 heildarútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 3% til heilbrigðismála. Þetta hefur farið hækkandi þannig á fimm ára fresti: 1955 er það komið í 3.3%, 1960 3.5%, 1965 4.2%, 1970 5.8% og 1971 sama, 1972 6.1%, 1973 5.5%, 1974 6.4% og 1975 — það er áætluð tala — um 7.1%. Það má því segja að við höfum verið í sókn. Að vísu hefur lækkað kannske á milli einstakra ára á þessu tímabili, kannske 1—2 ár, en náð sér alltaf mjög verulega á fimm ára fresti, úr 3% upp í 7.1%, svo það má segja að Alþ. og ríkisstj. á þessu tímabili hafi séð það og viðurkennt að þarna var mikilla úrbóta þörf. Þetta er stefna sem hefur verið tekin á þessu tímabili, og það er til sóma fyrir þjóðina og fyrir forráðamenn hennar á þessu tímabili öllu að þessi þróun hefur átt sér stað.

Við verðum líka að gæta að því, að það er í heilbrigðismálum eins og í öðrum málaflokkum að öll áætlanagerð hefur verið mjög á eftir, hún hefur verið í mótun og það hefur verið mjög erfitt að vinna á skömmum tíma að áætlanagerð við algera uppbyggingu heilbrigðisstofnana um gjörvallt landið. Það tekur nokkur ár að vinna að þeim undirbúningi. Sá undirbúningur er kominn töluvert á veg. Það hefur þurft að ræða við forráðamenn í hinum ýmsu byggðarlögum um þeirra óskir, um það sem hefur borið á milli heilbrigðisstjórnar og fjármálaspekinga og heimamanna um hvað eigi að gera. Á bak við þessar áætlanir liggur auðvitað mikið verk sem hefur verið unnið þó nokkuð að, en að mörgu leyti er það sem eðlilegt er ófullkomið. Þetta hefur verið tekið nú stig af stigi. En hins vegar, þrátt fyrir það að oft hefur komið fram vilji um að taka einhver ákveðin verkefni fram yfir önnur, þá hefur verið farið samtímis í svo mörg önnur að allt hefur þetta orðið til þess að óhæfilegur dráttur hefur orðið á framkvæmdum. T. d. var áður en þessi ríkisstj. tók við farið af stað með mjög dýrar framkvæmdir sem var hleypt af stað þrátt fyrir það að á síðasta ári fyrri stjórnar segir í lögum um heilbrigðisþjónustu að þeir staðir og þau héruð, sem séu verst sett hvað snertir heilbrigðisþjónustu, eigi að njóta forgangs. Þarna rekast á viljayfirlýsingar bæði Alþ. og ríkisstj. í fjölmörgum greinum. Það var farið af stað með framkvæmdir sem kosta í raun ekki hundruð milljóna, heldur milljarða, og síðan á að hafa forgang uppbygging heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa þar sem ástandið er verst. Samhliða þessu eru fjárveitingar til uppbyggingar í heilbrigðismálum ekki í fullu samræmi við þá verðbólgu sem leikur okkur svo grátt.

Nú vil ég nefna sem dæmi að fyrir tveimur árum tekur Alþ. þá stefnu að fjölga byggingu heilsugæslustöðva án þess þó að hækka framlögin. En það gengur aðeins út yfir það, að því hægara ganga aðrar framkvæmdir. Það er alltaf þetta sama vandamál hjá okkur, að það eru allir að flýta sér og allir eiga rétt á að hafa forgang. Þm. úr hverju kjördæmi fyrir sig telja sig afskipta, þeir geti alls ekki beðið. Þeir verða að fara af stað með framkvæmdir í sínu kjördæmi alveg eins og þessi þarna úr hinu kjördæminu, hann hefur fengið þetta. Þannig hefur ekki skapast heildarstjórn, hvorki í tíð þessarar ríkisstj., fyrrv. ríkisstj. né annarra ríkisstj. sem voru á undan þeim. Alþ. hefur ekki markað í þessum efnum heildarstefnu, og þetta eru höfuðástæðurnar fyrir því.

Ég ætla nú ekki undir endurhæfingarmálum að eiga hér kappræður við flm. um svona hápólitísk efni, að öðru leyti en því sem ég nefndi hér af því að hv. þm. minntist á samneysluna. Okkur gefst vonandi tækifæri til þess síðar. Ef okkur endist báðum líf og heilsa til þess, þá getum við gert það og þá verða sennilega jafnvel fleiri tilbúnir að koma inn í þær rökræður. En ég vil að síðustu nefna eitt. Hann kom hér inn á þann mismun sem væri fyrir fólk sem væri inni á sjúkrahúsunum og utan sjúkrahúsanna hvað snertir lyfjakostnað. Þessi mismunur hefur auðvitað alltaf verið og hann var líka í tíð fyrirrennara míns. Lyfjakostnaðurinn hefur aftur hækkað eins og allt hefur hækkað.

En er þetta rétt stefna hjá okkur, að ef fólk leggst inn á spítala, þá eigi það ekki að borga eina einustu krónu, en ef það er utan við spítalana, þá verður það auðvitað að koma sér til læknis eða komast á göngudeildir, greiða þar að vísu aðeins hluta af þeim kostnaði sem verður við rekstur göngudeildanna, greiða til sérfræðings, ef þarf að leita til sérfræðinga, og greiða sinn þátt í lyfjum? Ég held að það sé sanngjarnara og eðlilegra til þess að draga ekki úr hinni félagslegu uppbyggingu heilbrigðismálanna að fólk sem engar tekjur hefur og getur ekkert borgað, heldur fyrst og fremst við fólk sem liggur á sjúkrahúsum tiltekinn hámarkstíma á ári, — ekki fólk sem liggur mánuðum saman, það væri ósanngjarnt og óheilbrigt. En við skulum segja að ég leggist inn á spítala og þurfi að vera þar í hálfan mánuð. Ég fæ kaup mitt eftir sem áður. En verkamaður, sem er með margfalt minni tekjur en ég og þarf aftur að sækja göngudeild eða leita til sérfræðinga eða fara í

röntgenskoðun, hann verður að borga fyrir það — og auðvitað er sama úr hvaða starfsgrein hann er. Hvers vegna á ég að geta legið á sjúkrahúsi og fengið fullt kaup hjá þeim sem borga mér kaup og þurfa ekki einu sinni að borga fæðið mitt á sjúkrahúsinu? Menn hreinlega komast mun betur út úr því fjárhagslega að liggja á sjúkrahúsi meðan þeir njóta fulls kaups. Hvers vegna má ekki hugleiða þessi mál, að gera breytingar í þessa átt og setja fram einhvern hámarkstíma? Þá á ég ekki við, eins og ég sagði áðan, að fara að hafa þann tíma marga mánuði, við skulum segja hálfan mánuð, þrjár vikur, miðað við að það sé fólk sem hafi fullar atvinnutekjur, en alls ekki til þess að fara að reyna að ná sér niður á þeim sem ekkert hafa og ekkert geta borgað. Ég held að þetta sjónarmið eigi fullan rétt á sér og sé eðlilegt að íhuga það, en stefna aftur hærra en við höfum gert í sambandi við aukna starfsemi í heilbrigðiskerfinu og meiri hraða í uppbyggingu heilbrigðisstofnana.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram og skýra frá því hvað gert hefur verið eða er verið að gera varðandi væntanlegar breytingar á reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands, og eins og ég sagði áðan, þá er ég flm. sammála hvað þetta snertir og tel að þessi breyting sé rétt.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að hefja neinar almennar umr. við hæstv. heilbrrh. um heilbrigðismál því ég hef beðið hann að flytja skýrslu um það mál hér á Alþ. og á það hefur verið fallist, þannig að sú skýrsla kemur væntanlega fljótlega og þá getum við rætt þau mál.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir undirtektir við till. mína. Ég gat ekki annað heyrt en að hann væri sammála því sem í henni felst, og ég er sammála ýmsum þeim hugleiðingum sem fram komu í ræðu ráðh. Það er aðeins eitt atriði sem mig langar til að gera aths. við.

Hann gat þess, að því er virtist eins og hann væri að ámæla mér sem fyrrv. heilbrrh., að ráðist hefði verið í stóra deild við Landsspítalann í Reykjavík á sama tíma og sett var löggjöf um heildarframkvæmdir í landinu öllu og ákveðið að láta þar hafa forgang þá staði sem erfiðasta aðstöðu hefðu. Þessi deild við Landsspítalann sem hæstv. ráðh. nefndi nú ekki, það er geðdeild. (Gripið fram í.) Já, stærsta framkvæmdin er geðdeildin og hún er hugsuð fyrir landið allt. Það er ekki um aðrar stofnanir að ræða utan deild á Borgarspítalanum sem fjallar um geðsjúkdóma, og þessi deild er fyrir landið allt. Því miður er það ein af ávirðingum hæstv. heilbrrh. að hann hefur haldið ákaflega illa á málum í sambandi við fjáröflun til þessarar mjög svo brýnu framkvæmdar, þannig að sáralitið hefur verið unnið á þessu ári að þessari byggingu, og er ákaflega báskalegt ef mál eiga að bróast á þessa braut. Ég hygg að allir þm. muni eftir þeim árum þegar Borgarspítalinn og ýmsar deildir á Landsspítalanum voru í byggingu í meira en áratug án þess að nokkurt þeirra fengist að fullgera. Þar var farið illa með peninga og þar var staðið illa að nauðsynlegum málum. Við megum ekki sökkva ofan í þetta fen aftur. En framkvæmdunum í sambandi við geðdeildina er því miður verið að sökkva niður í það fen.

Hæstv. ráðh. talaði einnig um að það væri erfitt að halda á heildarframkvæmdum í þessum málum því það væri uppi sjónarmið á mörgum stöðum um það hver röð framkvæmda ætti að vera. Þess vegna var sett inn í þá heildarlöggjöf, sem gerð var fyrir nokkrum árum, ákvæði um að heilbrrn. skyldi gera 10 ára áætlun og leggja hana fyrir Alþ. Þessa áætlun skyldi síðan endurskoða á tveggja ára fresti. Þetta var til þess að hægt væri að leggja á ráðin um þróun þessara mála dálítið fram í tímann, að þeir, sem kannske gætu ekki fengið fjárveitingu í ár, þeir vissu að þeir fengju fjárveitingu næsta ár, þannig að unnt væri að standa að þessum nauðsynlegu framkvæmdum á svipaðan hátt og staðið hefur verið að framkvæmdum í vegamálum að undanförnu. Við erum ædimargir hér sem munum hvernig tillöguflutningi í sambandi við vegamál var háttað fyrr á árum. Sú breyting, sem þar hefur verið gerð, er ákaflega skynsamleg. Og í lögunum var gert ráð fyrir að þannig yrði einnig unnið að heilbrigðismálum. En það hefur engin slík áætlun komið frá hæstv. ráðh., og ég veit satt að segja ekki til þess að unnið hafi verið að þessari áætlun í heilbrrn. Þetta tel ég vera ákaflega alvarlegt mál því þarna verðum við að gera stórátak, og við gerum það ekki á skynsamlegan hátt nema með áætlunargerð af þessu tagi, nema með því að setja okkur mark og vita hvaða þróun við viljum hafa nokkur ár fram í tímann.

En sem sagt, ég ætla ekki að fara í almennar umr. um þessi mál vegna þess að ég hef gert ráðstafanir til þess að þær geti farið fram nú á næstunni.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 21. fundur.

Fimmtudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 18. nóv. 1976.

Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég verð vegna læknisaðgerðar fjarverandi frá þingstörfum um sinn, óska ég hér með eftir því, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þórðarson skólastjóri, Súgandafirði, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed.

Til forseta Sþ.“

Ólafur Þórðarson hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Sami kjördagur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, þáltill. (þskj. 82). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fasteignamiðlun ríkisins, þáltill. (þskj. 85). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Smíði skips til úthafsrækjuveiða, þáltill. (þskj. 87). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hámarkslaun, þáltill. (þskj. 88). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 22. fundur.

Fimmtudaginn 18. nóv., að loknum 21. fundi.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi, þáltill. (þskj. 40). — Ein umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi. Till. er á þskj. 40, meðflm. minn er hv. þm. Jón Helgason. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa tillögur til vegáætlunar þannig, að lagt verði bundið slitlag á helstu þjóðvegi landsins, þ. e. hringveginn og helstu vegakafla út frá honum, og stefnt að því að ljúka þessu verkefni á næstu 10—15 árum. Slitlagið verði lagt á veginn eins og þeir nú eru, eftir því sem fært er, þ. e. án sérstakrar endurbyggingar þeirra. Þeir kaflar veganna, sem ekki þykir fært að leggja á slitlag með þesum hætti, skulu endurbyggðir fyrir fjármagn úr Vegasjóði samkv. vegáætlun. Unnið skal að framkvæmdum þessum í öllum landshlutum hvert ár eftir því sem áætlun segir. Kostnaður við lagningu slitlagsins greiðist úr Vegasjóði samkv. vegáætlun, og með innlendum eða erlendum lántökum, ef þörf krefur, og eftir nánari ákvörðun Alþingis síðar.“

Eins og fram kemur í grg. með till. er tilgangurinn með flutningi hennar tvíþættur: Í fyrsta lagi að fá fram vilja Alþ. um það, hvernig skuli að framkvæmdum við lagningu slitlags á þjóðvegi næstu árin. Í öðru lagi að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum, að fjár verði aflað til þessara framkvæmda þannig að meginverkefninu verði lokið á næstu 10—15 árum. Ef Alþ. fellst á till. er skýr og ákveðin stefna mótuð, — stefna sem við flm. teljum nauðsynlegt að mörkuð verði nú þegar, til þess að hafist verði handa þegar á næsta ári um hina sjálfsögðu úrbætur á verkefninu.

Tvö eru meginatriði málsins. Ef við ætlum okkur að gera hið nauðsynlega átak í lagningu bundins slitlags á þjóðvegina verður ákvörðun um það, með hvaða hætti það verði gert, að koma frá Alþ., og Alþ. verður að ákveða að til þess verkefnis verði varið meira fé en áður og fjárveitingar haldist út framkvæmdatímabilið. Hér yrði um vissa stefnubreytingu að ræða að því er tekur til undirbúnings að lagningu slitlagsins, þar sem till. gerir ráð fyrir að slitlagið verði lagt á vegina án sérstakrar endurbyggingar þeirra, þ. e. þá vegakafla sem taldir eru á annað borð það góðir að slíkt sé hægt.

Til þessa hefur slitlag ekki verið lagt á þjóðvegi án vandaðrar endurbyggingar þeirra og að undangengnum ítarlegum burðarþolsmælingum. Segja má að hinn vandaði undirbúningur við vegalagninguna út frá Reykjavík, þ. e. Reykjanesbraut, Vesturlandsvegur í Kollafjörð og Suðurlandsveg að Þjórsá, hafi verið réttlætanlegur, þótt fjármagnsfrekur væri, vegna hinnar miklu umferðar sem um þessa vegi er. Þeir vegir, sem hafa innan við 1000 bifreiða umferð að meðaltali á sólarhring, þurfa ekki þá vandlegu undirbyggingu sem hinir er meiri umferðarþunga hafa. En ákvörðun um önnur vinnubrögð en þau, sem til þessa hafa verið viðhöfð, verður að koma frá Alþ. Þetta er pólitísk ákvörðun, en ekki verkfræðileg. Þetta er spurning um bestu nýtingu á því takmarkaða fjármagni sem er til umráða. En þótt ákvörðunin sé pólitísk er ekki þar með sagt að hún þurfi í sjálfu sér að stangast á við skoðanir verkfræðinga. Þeim er að sjálfsögðu ljóst að leggja má bundið slitlag, a. m. k. olíuöl, á vegi sem ekki eru undirbyggðir á hinn fullkomnasta hátt. Það er hins vegar eðlilegt að tæknimenn vilji fá fram yfirlýsingu Alþ. um það, að stefnt skuli að lagningu slitlags á þá kafla þjóðveganna, sem hafa t. d. innan við 1000—1500 bíla umferð á sólarhring, án þess að til sérstakrar undirbyggingar komi. Af viðtölum við forsvarsmenn Vegagerðar ríkisins tel ég mig vita að þeir eru þessari stefnu fylgjandi. Menn athugi í þessu sambandi að innan við 300 km af þjóðvegakerfinu hefur meira en 1000 bíla umferð á sólarhring.

Þetta er sem sagt annar höfuðtilgangurinn með flutningi till., að fá fram þann vilja Alþ. að með þessum hætti verði staðið að verki.

Í grg. með till. eru nefndar nokkrar ástæður sem renna stoðum undir þá skoðun okkar flm. að ekki verði lengur undan því vikist að hefja framkvæmdir í stórum stíl við lagningu slitlags á hina fjölförnustu kafla þjóðvegakerfisins, þ. e. hringveginn og helstu tengivegi út frá honum. Um þessi rök vil ég fara fáeinum orðum.

Í fyrsta lagi verður að telja nær því ómögulegt að halda við malarvegum þannig að sæmandi geti talist þegar umferð er orðin svo þung sem raun ber vitni. Vegakerfið er svo ófull-

komið að það þolir ekki hið aukna álag sem fylgir vaxandi bifreiðaeign landsmanna. Samræmi verður að vera í bifreiðainnflutningi og vegagerð. Svo einkennilega sem það kann að hljóma er jafnvel enn erfiðara að halda við hinum nýbyggðu malarvegum sem eru breiðari en hinir gömlu, en þó er enn ömurlegra að horfa á þá stórskemmast af umferðinni, sem þeir mundu hins vegar ekki gera ef bundið slitlag væri lagt á þá strax.

Í öðru lagi má nefna þá staðreynd, að vegir, sem ekki eru með bundnu slitlagi, eru einhverjir mestu mengunarvaldar sem hugsast getur úti um sveitir landsins. Menn fundu ekki svo mjög fyrir þessu meðan umferð var minni. En rykmengunin í nágrenni hinna fjölfarnari þjóðvega er óþolandi með öllu, fyrst og fremst fyrir þá sem búa í nágrenni þeirra, en einnig og ekkert **síður fyrir alla vegfarendur.** Ég hef ekki tölur handbærar um hve mörg þúsund tonn af ofaniburði leggst á ári hverju yfir tún og akra bændanna, spilla gróðrinum og hinu tæra andrúmslofti til skaða fyrir heilsufar manna og dýra. Það eru fínustu kornin úr ofaníburðinum, hið raunverulega bindiefni sem rýkur í burtu. Hið grófasta verður eftir á veginum, þar til það sópast út fyrir kantana.

Í dag tala menn mikið um mengun sjávar og mengun í ám og vötnum af völdum iðnaðarvera, og síðast, en ekki síst tala menn um mengun andrúmsloftsins af völdum ýmiss konar iðjuvera, svo sem álverksmiðja, járnblendiverksmiðja, áburðarverksmiðja, fiskmjölsverksmiðja o. fl. En á rykmengunina frá vegunum er varla minnst. Við flm. þessarar till. leggjum áherslu á þetta atriði og bendum á það sem veigamikla röksemd fyrir þeirri nauðsyn að leggja bundið slitlag á vegina.

Í þriðja lagi er sú staðreynd, að vegaframkvæmdir sem þessar eru hinar arðbærustu. Þar vegur þyngst á metunum að ending bifreiðanna, sem um vegina fara, margfaldast og hefur í för með sér beinan peningalegan sparnað fyrir eigendur þeirra og þjóðfélagið í heild. Þungbærasti skatturinn á bifreiðaeigendur er notkun slæmra vega, og e. t. v. læðist að sá grunur að ríkissjóði sé beinlínis hagur að slæmum vegum vegna óhóflegrar skattheimtu á bifreiðar og rekstrarvörur þeirra. Sjáanleg arðsemi ríkissjóðs af varanlegri vegagerð er kannske ekki heldur mikil þar sem fé til vegaviðhalds hefur verið af skornum skammti. En hér verður að miða við að viðhald veganna sé fullnægjandi, sem það þó ekki er nú. Viðhaldskostnaður þeirra vega, sem lagt er á bundið slitlag, lækkar þrátt fyrir aukna umferð sem ætíð fylgir í kjölfar bættra vega, en hin aukna umferð hefur aftur í för með sér auknar tekjur í Vegasjóð og raunar ríkissjóð líka.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef frá sænsku vegagerðinni, er það reynsla þeirra í Svíþjóð að viðhaldskostnaður malarvega með 1000 bíla umferð á dag sé nálægt helmingi meiri en þeirra sem lagðir hafa verið olíumöl. Bifreiðaeigendur eru einn fjölmennasti neytendahópurinn í landinu. Þeir eru yfir 70 þús. að tölu og geta þannig boðið öllum landsmönnum í ökuferð. 3.4 íbúar eru um hverja fólksbifreið. Það má því eins segja að þessi neytendahópur sé öll þjóðin, vegna þess að allir nota vegakerfið. Og einhvern tíma hefur verið hlaupið til fyrir fámennari þrýstihóp og orðið við kröfum um úrbætur.

Í fjórða lagi má svo nefna að bættir vegir bjóða auðveldari samskipti milli landshluta til hagsbóta fyrir allt atvinnulíf í landinu og byggðaþróun yfirleitt. Með bættu samgöngukerfi er dregið úr aðstöðumuninum milli dreifbýlis og þéttbýlis. Leggja ber mikla áherslu á þessa félagslegu þætti sem tengdir eru bættu vegakerfi.

Þessi eru helstu rökin sem við færum fram í grg. með till. Sjálfsagt vega þau misjafnlega mikið, en sé litið á þau í heild ættu þau að sannfæra alla um hvílíkt nauðsynjamál er hér á ferðinni. Ástand vegakerfisins er vægast sagt bágborið. Viðhald er alls ófullnægjandi og raunar óverjandi að kasta svo miklu fé á glæ sem þyrfti, ef viðhald hinna fjölfarnari malarvega ætti að vera svo sem raunveruleg þörf er á.

Lengd þjóðvega er nú 8485 km, auk þess teljast sýsluvegir vera 3208 km. Samtals eru því þessir vegir 11 693 km. Heildarlengd þeirra vega, sem falla mundu undir till., er um 2300 km. Þar af eru nú með bundnu slitlagi aðeins 160 km. Vegagerð ríkisins telur að vegakaflar, sem lítinn undirbúning þurfi til þess að lagt verði á þá bundið slitlag, séu um 830 km. Eftir standa þá um 1300 km sem þarfnast meiri eða minni endurbyggingar áður en lagt er á þá slitlag.

Þetta er stærð verkefnisins. Ef við föllumst á, að 10—15 ára framkvæmdatími sé hæfilegur, þýðir það að leggja þarf slitlag á 150—200 km árlega. Ýmsum kann að vaxa það í augum þegar haft er í huga að við ætlum okkur að framkvæma á einu ári jafnmikið og við höfum gert til þessa í lagningu slitlags. Í því sambandi legg ég áherslu á að ekki er verið að tala um framkvæmdir í sama gæðaflokki. Við tölum um lagningu olíumalar, en ekki steinsteypu eða malbiks. Við tölum um að leggja slitlagið á vegina nánast eins og þeir eru, ekki hina vönduðu og dýru undirbyggingu sem við þekkjum til þessa. Á þessu er reginmunur að því er fjármagn varðar og nýtingu þess. Þeir vegir, sem hér um ræðir, eru hringvegurinn, sem er um 1420 km, og svo hinir fjölfarnari vegir út frá honum til hinna ýmsu þéttbýlisstaða á landinu. Á þeim framkvæmdatíma, sem hér er nefndur, 10—15 árum, mundi eflaust verða einhver breyting á umferð, þannig að vegir, sem ekki falla nú undir till., kæmu inn á tímabilinu, og endurbygging þeirra vega, sem eru krókóttir og lágir í dag, þannig að þeir teppast í fyrstu snjóum, heldur að sjálfsögðu áfram og mundi samþykkt þessarar till. þar engin áhrif hafa.

Þeir vegir, sem þegar er hægt að leggja slitlag á eru að sjálfsögðu í öllum landshlutum, og við gerum ráð fyrir í till. að framkvæmdir verði einhverjar í hverjum landshluta hvert ár og eftir því sem hagkvæmt mundi teljast. Við leggjum áherslu á þennan þátt till. til þess að hver landshluti njóti að sínum hluta hins bætta vegakerfis strax.

Ég kem þá að kostnaðarhliðinni. Mjög erfitt er að áætla hver kostnaður verður við allt þetta verk, þar sem svo mjög er misjafnt hve mikið þarf að lagfæra þá rúmlega 1300 km sem endurbyggingar þurfa við. Hins vegar ber að hafa í

huga að endurbygging þeirra vega hlýtur að eiga sér stað á næstu árum, burt séð frá því hvort þessi till. verður samþ. eða ekki, eins og ég sagði áðan. Því er ástæðulaust í sjálfu sér að vera að velta því svo mjög fyrir sér hver undirbúningskostnaðurinn er við þá vegakafla. Við komumst einfaldlega ekki hjá því að endurbyggja þá vegi, sem veikastir eru.

Samkv. þeim tölum, sem við höfum handbærar, má ætla að það kosti um 5 millj. kr. að leggja olíumöl á hvern km í vegi sem aðeins þarf að jafna fyrir útlagningu. Samkv. því yrði kostnaður við lagningu olíumalar á þá kafla, sem þegar eru nægilega vel gerðir og eru, eins og áður segir, um 830 km — kostnaður við þá kafla yrði um 4 milljarðar og 150 millj. kr. Árlegt meðaltal fjárhæðar, sem til þessa yrði varið, er þá 750—1000 millj. ef lagt yrði slitlag á 150—200 km. Slitlag, efni og vinna á þá 2140 km, sem hér um ræðir, mundi þá kosta rúma 10 milljarða kr.

Ég sagði áðan að mjög erfitt væri að gera sér grein fyrir endurbyggingarkostnaði þeirra vega, sem þarfnast verulegra lagfæringa. En til þess að nálgast eitthvað þann kostnað má e. t. v. segja að hver km kosti þar þrisvar til fjórum sinnum meira, eða 15—20 millj., og verkið þá allt 25—30 milljarða.

Og þá nokkur orð um fjármögnunina. Í till. nefnum við þrjár leiðir til að fjármagna framkvæmdirnar, þ. e. árlegt fjármagn úr Vegasjóði samkv. vegáætlun, innlenda og/eða erlenda lántöku.

Fyrst er þá rétt að gera sér grein fyrir hverjar tekjur Vegasjóðs eru og þá um leið hvernig umferðin er skattlögð, þ. e. skattheimta af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra. Árið 1975 var þessi skattheimta samtals 7 milljarðar 489 millj., en af þeirri upphæð fékk Vegasjóður 3 milljarða 718 millj. Mismunurinn er 3 milljarðar 771 millj. Árið 1976 er reiknað með að skattheimtan verði 9 milljarðar 898 millj., en til Vegasjóðs verði varið 4 milljörðum 714 millj. Mismunurinn er 5 milljarðar 184 millj. Árið 1977 má sjálfsagt áætla skattheimtuna um 12 milljarða, en til Vegasjóðs eiga samkv. fjárlagafrv. að fara 5.4 milljarðar. Mismunur 6.6 milljarðar. Það skal tekið fram, að söluskattur er reiknaður með í þessum tölum, enda er hann í þessu tilfelli skattur á umferðina. Mismunur skattheimtunnar og þess sem fer í Vegasjóð á þessum þremur árum aðeins er því um 15.5 milljarðar, og mundi sú upphæð duga til að leggja slitlag á 3000 km vega sem engan sérstakan undirbúning þyrftu áður en lagt væri á þá slitlag.

Hér hefur nú verið gerð grein fyrir þeim tekjum sem ríkissjóður hefur af umferðinni, þ. e. bifreiðum og rekstrarvörum þeirra. Oft hefur sú krafa heyrst, að þessar tekjur allar eigi að renna til framkvæmda. Sjálfsagt er þar til of mikils mælst, þar sem eðlilegt verður að teljast að bifreiðaeigendur sem aðrir greiði hluta af ýmsum útgjöldum sem til er stofnað vegna þeirra. Má þar nefna hluta af kostnaði við löggæslu, svo eitthvað sé nefnt.

Mín skoðun er sú, að meðan vegakerfið er svo bágborið sem raun ber vitni eigi að verja til muna meiri hluta af tekjum af umferðinni til vegamála. Ef menn vilja halda óbreyttum framkvæmdum á öðrum sviðum verður að taka lán til þeirra framkvæmda ef skattheimta er ekki möguleg.

Það má því segja með rökum að lántaka sé í sjálfu sér óþörf til þess að standa undir þeim framkvæmdum sem till. þessi gerir ráð fyrir, ef Alþ. viðurkenndi nauðsynina á því að verja meira fé til vegabóta af því fé sem ríkissjóður fær af umferðinni. Geri Alþ. það ekki er um tvennt að velja: hjakka í sama farinu og gera nánast ekki neitt eða taka lán til framkvæmdanna, innlent eða erlent. Innlent lán gæti verið í sama eða svipuðu formi og lög frá 16. maí 1975 kváðu á um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg. Erlend lán til framkvæmdanna er sjálfsagt auðvelt að fá. En ég bendi sérstaklega á þá leið að kannaðir verði möguleikar hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar fjármögnunina. Ég vænti þess að sú n., sem fær till. þessa til meðferðar, kanni þann þátt sérstaklega.

Staða Íslands meðal annarra þjóða að því er varðar slitlag á vegi er fyrir neðan allt sem ég þekki til. Á þingi Félags ísl. bifreiðaeigenda fyrir skömmu voru lagðar fram upplýsingar um framkvæmdir færeyinga í vegagerð samanborið við okkar framkvæmdir. Sennilega eru færeyingar teknir til samanburðar vegna þess að þeir eru fámennari en við og mætti ætla að geta þeirra væri minni af þeim sökum. Í ljós kemur þó að heildarafköst okkar í lagningu varanlegs slitlags síðustu 15 árin er um ⅔ af ársgetu færeyinga og við ættum að leggja á 800 km á ári miðað við þessa frændur okkar. Auk þess hafa færeyingar fullkomnari ferjur, sem ganga milli staða, heldur en við. Og enn aðrar þjóðir hafa byggt upp samgöngukerfi sitt með járnbrautarlestum t. d. fyrir utan fullkomna vegi. Staða okkar er því aum, svo ekki sé fastar kveðið að orði, er við berum okkur saman við aðra og kominn tími til að snúa við blaðinu og hefja það átak í lagningu bundins slitlags sem við höfum svo lengi beðið eftir.

Ég vona svo, herra forseti, að till þessi fái góðar undirtektir hjá hv. alþm. og þar með greiða leið í gegnum þingið. Ég legg til að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Jón Helgason: Herra forseti. Að undanförnu hafa skattamál mjög verið til umr. og munu sennilega verða það áfram næstu mánuði. Ein krafan, sem kemur fram í slíkum umr., er krafan um lækkun skatta, og mun hún byggjast á þeirri hugsun að lágir skattar séu hagur skattgreiðenda. Grundvöllur allrar skattheimtu er sá, að við erum að leggja í sameiginlegan sjóð til að standa undir kostnaði við margvísleg verkefni sem við hvert og eitt ráðum alls ekki við og verðum því að vinna saman að. Það er óhætt að fullyrða að dæmið um hagkvæmni lágra skatta er a. m. k. ekki eins einfalt og sumir virðast álíta.

Eitt þessara sameiginlegu verkefna, sem unnið er að, er vegagerð. Við heyrum oft býsnast yfir þeim mörgu og háu sköttum sem við bif-

reiðaeigendur verðum að greiða, og þarf ekki að telja þá upp. En þrátt fyrir það get ég fullyrt af minni reynslu að það eru holurnar í vondu vegunum sem innheimta langhæsta skattinn af mér og þar er ég að greiða í óseðjandi hít.

Það er m.a. út frá þessu sjónarmiði sem ég hef ásamt hv. 5. þm. Reykn., Ólafi G. Einarssyni, leyft mér að flytja hér till. þá til þál. um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi sem hér er til umr. Það má segja að möguleikar til að fá fjármagn til þess séu þrír: Í fyrsta lagi að draga úr öðrum vegaframkvæmdum, í öðru lagi að fá meira lánsfé og í þriðja lagi hærri fjárveitingar.

Það virðist bera nokkuð á þeirri skoðun að þessari till. sé stefnt gegn öðrum vegaframkvæmdum, þ.e. uppbyggingu veganna, sem sannarlega er víða þörf á. En ég vil fullyrða það og taka undir með síðasta ræðumanni, að það vakir ekki fyrir okkur flm. þessarar þáltill. að fara þá leið, heldur verður að leita hinna síðari.

Nú hefur að vísu um sinn verið talið óhjákvæmilegt vegna erfiðleika í efnahagsmálum að stilla fjárveitingum til fjárfestingar nokkuð í hóf, og ef ekki eru önnur ráð til að draga úr skuldasöfnun og viðskiptahalla síðustu ára verður ekki hjá því komist. En slíkt má ekki verða framtíðarstefna okkar, heldur aðeins smáhvíld til að safna frekari kröftum til stærri átaka, því framundan bíða okkar svo mörg verkefni, sem þjóðin þarf í sameiningu að leysa, að með of miklum samdrætti á framkvæmd þeirra værum við sennilega í enn þá ríkari mæli að varpa byrðum yfir á framtíðina heldur en nokkurn tíma með lántökum til þess að framkvæma þær. Og áætlun sú, sem þessi þáltill. fjallar um, undirstrikar það, að við megum ekki til lengdar sætta okkur við slíkan samdrátt, heldur verður markvisst að stefna að örari framkvæmdum sem sívaxandi tækni gerir okkur auðveldara að inna af hendi.

En betri vegir eru ekki aðeins fjárhagslegt atriði, heldur einnig félags- og byggðamál. Langferðir okkar miðast mest við ferðalög til og frá Reykjavík, og ég býst við að öllum sé ljóst hversu mikil breyting varð á aðstöðu byggðarlaganna á Suðurnesjum og fyrir austan Hellisheiði þegar bundið slitlag kom á vegina þangað. Og þannig mun það einnig verða fyrir hvert það byggðarlag sem slíkra vega getur notið. Mér er að vísu ljóst að aðstaða þeirra, sem geta notað þægilegar og tiltölulegar öruggar flugsamgöngur, er nokkuð önnur en þeirra sem eingöngu verða að nota bifreiðar til ferðalaga. En allir ferðast þó mikið á þann hátt, og till. gerir ráð fyrir framkvæmdum um allt land. Og þar sem víða eru þegar fyrir hendi vegir sem lítilla lagfæringa þurfa áður en bundið slitlag er á þá sett, þá virðist sjálfsagt að þeir séu að mestu leyti látnir sitja fyrir, jafnframt því sem tekið verður tillit til umferðarþunga og viðhaldsþarfar svo að framkvæmdirnar verði einnig sem hagkvæmastar fyrir Vegagerðina.

Ég tel að þau rök, sem mæla með þeirri stefnu sem sett er fram í þessari þáltill., séu svo sterk að allir ættu að geta fallist á hana. Ég vænti því þess að till. verði tekin til ítarlegrar athugunar og hún nái sem fyrst fram að ganga.

Páll Pétursson: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi, er, eins og hv. 1. flm. orðaði það, með nokkrum hætti stefnumörkun Alþingis. Þetta er spurning um röðun á verkefnum. Þetta er í mínum huga spurning um forgang. Mér er alveg ljóst að það er ákaflega mikilvægt verkefni sem þarna er lagt til að tekist verði á við, og ég vil ekki gera lítið úr því, það væri gaman ef af þessu gæti orðið. En ég lít svo á að þetta sé framtíðarverkefni sem verði að þoka fyrir öðru sem er enn þá brýnna.

Það var gaman að hlýða á þær ágætu ræður sem hv. flm. eru búnir að halda hér. Höfðu þeir mjög mikið til síns máls báðir tveir, og skal ég ekki gera lítið úr því. Annar þeirra er brautryðjandi í lagningu olíumalar og sjálfsagt okkar langfróðastur um það efni. Og ég vil ekki gera lítið úr því að það séu mikil þægindi og skemmtun að geta ekið á glöðum sumardegi um landið og í hálku á veturna á olíumöl.

Ég er ekki því sammála að við eigum að stefna að því endilega, jafnvel í framtíðinni, að leggja bundið slitlag á allan hringveginn. Það eru fjallavegir á hringveginum sem ég tel að ekki sé skynsamlegt að setja nokkurn tíma á bundið slitlag vegna þess að þar verður í ísingu mjög aukin slysahætta ef um bundið slitlag er að ræða.

Það, sem fyrir mér vakir, og það, sem ég vil láta hafa forgang fram yfir þessi mikilvægu og góðu verkefni, sem eru mjög fjárfrek, er að byggja vegina upp úr snjó og aur, bæði innan héraða og eins á milli byggða, mikilvægar samgönguæðar, eins og t.d. Holtavörðuheiði, Öxnadalsheiði, Vaðlaheiði og margar fleiri. Hér var flutt, var til umr. og afgreiðslu á þinginu fyrir þremur árum frv. til l. um happdrættislán til Norður- og Austurvegar. Það gekk í upphafi nokkuð mikið út á bundið slitlag, þetta frv. En í meðferð þingsins tók það breytingum, og breytingum til bóta þannig að aðaláherslan var nú lögð á að byggja vegina upp og þó með þeim hætti að á mætti setja slitlag í framtíðinni, og það hygg ég að sé einmitt sú rétta stefna. Fyrir þetta happdrættislán hefur verið unnið, að vísu ekki nærri nógu mikið og ekki gengið nógu greiðlega að ná þessum peningum til þeirra verka sem þeir voru ætlaðir, en hafa þó orðið að nokkru gagni nú þegar.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Jóni Helgasyni að holurnar eru slæmar og óþægilegt að hristast í þeim. En mér finnst snjórinn miklu verri. Og þó er forðið verst því að þá er ekki einu sinni hægt að bjarga sér með mokstri þó að veðrið sé kannske gott. Þið hefðuð átt að fara um Vestur-Húnavatnssýslu í fyrravor þegar framleiðslan var gjörsamlega lömuð fyrir aur á vegum. Bændur komu ekki frá sér mjólkinni. Þeir náðu ekki heim fóðurbætinum. Þeir, sem voru næstir verslunarstöðum, náðu honum að vísu með harðræðum heim til sín að nokkru og

losnuðu við afurðir, en þá varð verslunarstaðurinn fóðurbætislítill eða fóðurbætislaus. Menn urðu að breyta til um fóðurblöndur, og af þessu varð stórtjón hjá ýmsum bændum.

Ég er sem sagt ekki sammála þeirri stefnumörkun sem farið er fram á í þessari till. Ég vil vekja athygli á annarri till. sem hér er á dagskránni og ég er meðflm. að, 1. flm. er Ingi Tryggvason, en hún er um það að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins. Það er einmitt það verkefni sem ég lít svo á að við eigum að beita okkur að fyrst. Án þess þó að ég vilji gera lítið úr mikilvægi hins, að leggja bundna slitlagið, þá held ég að það sé skynsamlegt að láta það bíða.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér liggur frammi til umr. till. um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi. Þessari till. hefur verið fylgt úr hlaði með mjög tölulegum málflutningi, enda er till. í sjálfu sér góð að því leyti, að þarna er talað um markmið sem við öll viljum að sjálfsögðu keppa að, að gera aðalvegakerfi landsins sæmilega úr garði, sem er meira en sagt verður um ástand þjóðvega almennt í dag. Ég vil taka fram strax, að ég er hjartanlega sammála 1. flm., hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, um það atriði, að mikill vandi okkar vegamála hljóti að leysast með þeim hætti að auka tekjur Vegasjóðs, auka hlutdeild Vegasjóðs í bensínskatti sem nú er óeðlilega lítil eins og hann færði töluleg rök fyrir. Ég minnist þess líka að hæstv. samgrh. benti við afgreiðslu vegáætlunar í vor á allt of naum fjárráð Vegasjóðs, og hann benti sömuleiðis á að lánsfé til vegamála mundi aukast úr 1000 millj. kr. árið áður upp í 1600 millj. á þessu ári, sem er alldrjúgur skildingur. Og þar staðnæmist ég einmitt við eitt af þeim atriðum sem ég tel hæpið í tillöguflutningi þeirra hv. alþm., Ólafs G. Einarssonar og Jóns Helgasonar, að þar er gert ráð fyrir innlendum eða erlendum lántökum. Ég hef oft og ítrekað látið það í ljós á Alþ. upp á síðkastið að mér fellur illa þegar ég sé koma frá stjórnarþm. þingmál sem fela í sér auknar erlendar lántökur. Ég heyri ekki betur og ég fæ ekki betur skilið okkar efnahagsstöðu nú, en að erlendu *skuldirnar séu það sem okkur stafar hvað mest* hætta af og við þurfum að hafa meiri hemil á en við höfum haft á undanförnum árum. Þess vegna tel ég að þó að gott mál sé annars vegar þar sem bætt vegakerfi er, þá réttlæti það ekki till. um auknar erlendar lántökur.

Um það, sem hv. þm. Páll Pétursson sagði um stefnumörkun þessarar till. og kom raunar greinilega fram í máli flm., þá vil ég segja það, að ég er hlynntari stefnu þeirri, sem kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni, enda er ég flm. ásamt honum að annarri till. um vegamál sem gengur nokkuð í öfuga átt við þessa að því er stefnumörkun varðar. Þó vil ég segja það strax, að ef ég hefði samið þá till., sem ég vitnaði í, um byggingu vega upp úr snjó, þá hefði ég ekki vogað mér að minnast á erlendar lántökur, en þar er það gert einnig. Við höfum steypt okkur út í feiknalegar erlendar lántökur, fyrst og fremst vegna þess flokks sem við höfum yfirlýst sem forgangsmálaflokk, og það eru orkumálin. Og það er að mínu áliti fyllilega réttlætanlegt vegna þess að við erum að stefna til aukins sparnaðar í brennslu erlendra orkugjafa. Þess vegna getum við réttlætt fyrir okkur þær risavöxnu erlendu lántökur sem ganga til orkumála. Ég held að við hljótum að takmarka okkur við einn málaflokk í einu og sjá — að ég ekki segi fyrir endann á orkumálunum, heldur kannske fyrir erfiðasta hjalla orkumálanna, áður en við steypum okkur út í sérstakar stórframkvæmdir í vegamálum.

Það var talað um það af hálfu flm., að að því er varðaði fjármögnun þessarar till. væri um þrjár leiðir að ræða: 1. að draga úr öðrum framkvæmdum, 2. meira lánsfé, 3. auknar fjárveitingar, — ef ég hef náð þessu rétt.

Ég þykist nokkurn veginn viss um það, eins og hv. þm. Páll Pétursson, að raunin yrði sú að fyrsta leiðin yrði framkvæmd, þ. e. a. s. að það yrði dregið úr öðrum framkvæmdum. Ég lýsi áhyggjum mínum yfir, eftir að hafa heyrt álit manna, sem til þekkja úti um byggðir landsins, og einnig manna, sem vinna að okkar vegagerðarmálum hér hjá Vegagerð ríkisins, þá lýsi ég áhyggjum mínum yfir því ef á að dragast öllu lengur að bætt sé um þá vegi sem allra verst eru settir í byggðum landsins. Hv. þm. Páll Pétursson benti réttilega á það, að í fjölmörgum tilvikum er svo ástatt nú að bændur koma ekki frá sér afurðum sínum né aðdrætti sínum heim til sín aftur nema með óhæfilegri fyrirhöfn. Ég held ég hafi áður vitnað í það, að ég veit að vestfirskir bændur þurfa að taka allt að því heilan dag í það að berjast í snjósköflum með mjólkina sína niður að næstu ferjubryggju þar sem flutningar fara fram á sjó. Ég hygg að það sé langtum ódýrara verkefni, þó ég viti að það muni kosta mikla fjármuni, að taka fyrir með skipulegum hætti þessa verstu farartálma í byggðum landsins þar sem ár eftir ár leggjast undir snjó sömu spottarnir sem þarf að byggja upp. Það er eina leiðin til þess að koma málum þessara sveitabyggðarlaga í viðunandi horf. Ég hef spurt vegagerðarmenn um þetta atriði. Þeir hafa að sjálfsögðu sagt að þarna væri fjárfrekt verkefni líka annars vegar, en það fer auðvitað allt eftir því hvað viðtækt við gerum verkefnið. Ég tel að áætlun næstu 4—5 árin um að afnema þessa verstu snjóþungu vegartálma, það sé verkefni sem hljóti að koma á undan bundnu slitlagi um hringveginn. Og ég er ekki komin til með að viðurkenna að umferðin sé meiri á hringveginum almennt, nema þá kannske 3—4 mánuði ársins, heldur en á þeim vegum þar sem sveitabyggðir þurfa að hafa samband við næstu þjónustumiðstöð, aðliggjandi sveitarhérað við næsta kaupstað og útgerðarpláss, sem hvort þarf á öðru að halda. Þar er umferðin býsna stöðug og að ég hygg eins mikil og um suma hverja þá kafla af hringveginum sem mundu koma inn í þessa áætlun tillögumanna.

Ég er ekki á móti þessari till., ég vil taka það fram. Ég er ekki á móti þessu verkefni. Að sjálfsögðu viljum við öll fá bætt ástand á hringveginum og aðalþjóðvegum landsins. En ég vil aðeins benda á að þarna eru verkefni sem hafa

verið vanrækt árum saman. Vegagerðarmönnum hvar sem er af landinu ber saman um að viðhaldsvegafé hafi verið stillt svo í hóf, að ekki sé meira sagt, það hafi verið skorið svo við nögl að til vandræða horfi um almennt viðhald veganna. Veit ég vel að bundið slitlag mundi létta viðhaldinu. Veit ég það vel. En það nær ekki til þeirra vega sem ég er að tala um, — þessi áætlun um hringveginn og helstu vegi út frá honum.

Á sama tíma og við viðurkennum að viðhald veganna úti um sveitir landsins er óviðunandi, þá tölum við um, og gerum meira en að tala um: við verjum 1800 millj. kr. í eina brú yfir Borgarfjörð, sem ég viðurkenni að ég hef verið hlynnt af því að það er mikil framkvæmd og kemur mörgum að gagni. Og nú er talað um að byggð skuli brú yfir Ölfusá á milli Þorlákshafnar og sveitanna þar fyrir austan. Það mun kosta, að ég hygg, ekki undir 2—3 milljörðum. Ef við höfum næga peninga til að framkvæma þetta allt, þá segi ég: gott og vel, þá óska ég okkur til hamingju. En ég er hrædd um að það verði enn sem fyrr þessir niðurgröfnu troðningar sem ár eftir ár valda mönnum ólýsanlegum erfiðleikum, — ég er hrædd um að það verði þeir enn sem fyrr sem fá að bíða á meðan þetta verkefni, sem ég tel að yrði forgangsverkefni, nyti þeirra fjármuna sem við yfirleitt getum lagt til vegamála.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér er vissulega flutt athyglisvert mál og ekki nema eðlilegt að margir taki til máls um það. En ekki hefði mér fundist óeðlilegt í sambandi við þessar umr. að hér hefði nú verið staddur í salnum samgrh., svo mjög sem þetta varðar þann málaflokk sem hann hefur með að gera, og ekki hefði heldur farið illa á því að mínum dómi að fjmrh. hefði verið einhvers staðar staddur hérna í námunda líka, því ekki sýnist mér þetta mál varða síður hann.

Ég get sagt eins og fleiri sem hér hafa talað, að ekki er ég á móti því að leggja bundið slitlag á sem flesta vegi í landinu, það geta víst allir sagt, og ég tel mig enda hafa talsverðan áhuga á því að reyna að þoka því máli eitthvað áfram. Að sjálfsögðu segi ég það líka, að ég hef mikinn áhuga á því að endurbyggðir séu þeir vegir sem nú eru mestu þröskuldarnir víða í umferð á landinu og eru okkur í rauninni til vansæmdar. Í þetta vantar allt saman peninga.

En það, sem gerði það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs, er sérstaklega það, að flm. þessarar till. minntist í málflutningi sínum nokkuð á fjárhagshlið þessa máls. Þeir höfðu greinilega gert sér það ljóst að hér er um mjög fjárfrekar framkvæmdir að ræða, — framkvæmdir sem kosta milljarða — marga milljarða króna. Ég tók eftir því að hv. 1. flm. till. nefndi í þessu sambandi að ef litið væri á þá skattlagningu sem ætti sér stað á umferðina í landinu nú um þriggja ára skeið, þ. e. a. s. á árinu 1975, á árinu 1976 og skv. áætlun á árinu 1977, þá mætti segja að skattar væru lagðir á umferðina í landinu umfram það sem gengi til vegagerðarmála, umfram það sem rynni til Vegasjóðs, sem næmi 15.5 milljörðum kr. Þarna er auðvitað um álitlega fjárhæð að ræða og gæti dugað til talsverðra verka. En þá er komið, að mér sýnist, að þætti fjmrh. í þessu dæmi því að það er hann sem hefur ætlað þessa upphæð til allt annarra mála. Spurningin stóra er auðvitað sú í þessum efnum, ef á að reyna að taka á því verkefni sem hér er verið að ræða um, hvernig er hægt að afla fjár til þessara framkvæmda? Eigum við að taka jafngildi þessarar upphæðar, þessara 15.5 millj., þessa umframskattlagningu sem rennur í ríkissjóð, — eigum við að taka hana alveg eða hluta eða finnum við einhverja aðra leið?

Ég tók eftir því að báðir hv. flm. sögðu að þeir ætluðust ekki til þess að það yrði ráðist í þessa framkvæmd á kostnað annarra vegagerðarmála í landinu, og það hugsa ég að sé mjög almenn skoðun hér á Alþ. að þannig verði að standa að þessum málum. En hvernig er þá umhorfs þar? Þannig er ástatt, að það liggur fyrir okkur að fjárveitingar til almennrar vegagerðar hafa verið að dragast saman, hafa minnkað að verðgildi um 46%, eftir því sem við höfum verið upplýstir um hér á Alþ. Og svo er ástatt í þeim málum, að þegar átti að afgr. vegáætlun skv. lögum á síðast þingi, þá var bent á að hér væri slíkur fjárskortur til allra nauðsynlegustu framkvæmda í vegagerðarmálum að það væri útilokað að afgr. vegáætlun á þeim grundvelli sem hæstv. ríkisstj. lagði þá fyrir Alþ. Og þó að lögin gerðu ráð fyrir að það ætti að afgr. vegáætlun til næstu fjögurra ára, þá var hæstv. samgrh. rekinn öfugur heim með till. sínar og fékk enga vegáætlun samþ. á þeim grundvelli sem hann hafði hér lagt fram. Það var blátt áfram alveg neitað að fallast á þennan grundvöll. Ég man eftir því að ég sagði þá í umr. um málið að ég sem einn af þeim sem væru í stjórnarandstöðu væri reiðubúinn til þess að setjast niður með hæstv. ríkisstj. og leita að nýjum tekjustofnum til að greiða úr þessum vanda, vegna þess að svo væri komið að það væri engin leið að halda áfram að afgr. vegáætlun á þann hátt sem gert hefur verið.

Menn sem sagt hnigu að því ráði að draga þessa till. ríkisstj. um vegáætlun til baka, og síðan átti að taka til óspilltra málanna og samþ. vegáætlun þegar þing kæmi aftur saman nú á þessu hausti. En hvernig standa málin nú? Nú er komin 18. nóvember, rétt rúmlega einn mánuður til jólaleyfis, og á þeim eina mánuði, sem eftir er, á eftir að afgr. fjárl. með allri þeirri vinnu sem er í kringum það. Till. um nýja vegáætlun er ekki einu sinni komin á þingborðin enn þá, — engin. Það er allt útlit til þess að um næstu áramót verði engin vegáætlun til í landinu, þá verði sem sagt engin heimild til neinna fjárveitinga í sambandi við nein vegamál, — engin vegáætlun til þó að lög mæli fyrir um að það skuli gerð áætlun til fjögurra ára í einu. Frammi fyrir þessu stöndum við. Við höfum verið að bíða eftir því og spyrja hver annan: Skyldi till. um vegáætlun ekki fara að koma fram? En hún kemur ekki og það bólar ekkert á henni. Öll vitum við sem sagt um þetta öngþveiti.

Þá gerist það að tveir hv. þm. úr stjórnarliðinu koma hér fram með till. um milljarðaútgjöld í nýjan þátt vegamála sem virkilega þarf að sinna, um nýjan þátt vegamála, benda svona í framhjáhlaupi á að það væri nú kannske hægt að taka af ríkissjóði nokkra milljarða af tekjum hans og nota í þessu skyni. Mér er spurn: Hvert eru menn að fara? Ég vil segja við þá hv. þm. sem flytja þessa till., ef þeir virkilega meina það að þeir séu til viðtals um að taka þennan tekjulið af ríkissjóði sem hér hefur verið aðeins minnst á, þá er sjálfsagt að athuga um það. Ég er til viðtals um það fyrir mitt leyti. En það verður að vera einhver ábyrgð á bak við það sem menn gera. Er ætlunin e.t.v. eingöngu sú, sem maður þekkir svo mikið af, að á morgun birtist í Morgunblaðinu falleg mynd af Ólafi G. Einarssyni, sem leggur til að plötuleggja vegi víða um land, og önnur í Tímanum af hv. þm. Jóni Helgasyni, hann vill líka láta plötuleggja vegi, og síðan nái málið ekki lengra? Og almenningur í landinu slær því líklega föstu á eftir: Ja, þeir eru laglegir þessir alþm. Ekki vilja þeir taka undir svona gott mál.

Svona er vitanlega ekki hægt að halda á jafnalvarlegum málum og hér er um að ræða. Við vitum að það vantar stórkostlega mikið fjármagn til þess að sinna forgangsverkefnum í sambandi við vegagerðarmál. Við vitum að það er ekki búið, menn hafa ekki komist yfir það að afgr. vegáætlun fyrir næsta ár. Raunverulega verður líklega að moka snjó af einhverjum vegum í janúarmánuði utan allra lagaheimilda af því að það er engin vegáætlun til. (**Gripið fram í:** Það snjóar ekkert.) Engin fjárveiting, en það getur snjóað, eins og þar stendur. En hvað sem því líður, þá sýnist mér að hér sé um svo alvarlegt og stórt mál að ræða að það sé óhjákvæmilegt að draga þá báða fram hér, hæstv. samgrh., sem málið varðar, og hæstv. fjmrh., og að flm. þessarar till. og við aðrir þm. fáum að ræða við þá í fullri alvöru um þessi mál, hvernig á fram úr þessu að komast.

Ég held því, að áður en þetta mál verði afgr. til n. væri mjög eðlilegt að því yrði frestað og beðið eftir því að þessir hæstv. ráðh. yrðu með í umr. um málið, ef við ættum að eiga einhverja von á því, að eitthvað gerðist meira en tala almennt um það í léttum tón.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það mátti nærri því skilja á máli síðasta hv. ræðumanns að það stefndi í það óefni að ekki yrði hægt að moka snjó af vegum í janúar vegna þess að ekki yrði búið að afgr. vegáætlun. Ég hygg að það verði alla vega búið að afgr. fjárl., og á fjárl. er gert ráð fyrir fé til viðhalds vega, og ég hygg að mokstur á snjó í vetur mundi ekki stranda á því.

En í sambandi við það að ekki er til vegáætlun fyrir næstu ár, þá er rétt að minna á það að nú undanfarið, nokkuð á annað ár ef ég man rétt, hafa verið í undirbúningi ný vegalög sem nú hefur verið lagt fram frv. um og gert er ráð fyrir að næsta vegáætlun verði í samræmi við þau nýju vegalög, sem væntanlega verða samþ. á Alþingi.

Annars kom ég hingað fyrst og fremst til þess að leggja áherslu á það, sem raunar hefur komið hér áður fram, að verkefni Alþ. í málum sem þessum hlýtur fyrst og fremst að vera stefnumarkandi. Það hlýtur að vera vottur um mikinn áhuga á vegamálum að á dagskrá þessa fundar eru tvær þáltill. um vegamál sem raunar eru báðar á sinn hátt stefnumarkandi, en ganga nokkuð sín í hvora áttina.

Ég er alveg ákveðið þeirrar skoðunar, að meðan jafnmargir menn búa við algjörlega ófullkomið vegasamband eins og nú ber raun vitni, þá verði að leggja aðaláherslu á undirstöðuatriðin í vegamálunum, aðaláherslu á að sinna frumþörfum fólksins í landinu til samgangna, og það verður ekki gert fyrr en gerðir hafa verið sómasamlegir malarvegir sem tiltölulega auðvelt er að halda opnum allan ársins hring, sem hvorki verða ófærir þó að það geri nokkra snjóa á vetrum eða í aurbleytum á vorin.

Hinu dettur mér ekki í hug að neita, að það er mikils um vert að fá bundið slitlag á vegina. Ég hef nú ekki fyrir mér nákvæmar tölur, en ég hygg þó að rétt sé að um það bil eða rösklega helmingur landsmanna aki flesta daga aðeins á vegum með bundnu slitlagi, en hinn helmingurinn býr við misjafnlega góða malarvegi og marga þeirra slæma. Skv. lauslegum tölum, sem ég hef fengið hjá Vegagerð ríkisins, þá skiptir hún vegunum í fjóra flokka. Tveir lakari flokkarnir eru annars vegar það sem kallað er ófullnægjandi vegir, hins vegar það sem kallað er slæmir vegir, og hér tala ég aðeins um þjóðvegina, ekki sýsluvegina. Skv. þessum tölum, sem ekki eru hárnákvæmar — ég vil taka það fram, telur Vegagerðin að ófullnægjandi séu að þessu leyti vegir sem ná yfir tæpa 1000 km, eða 995 km rúmlega, en mjög slæmir vegir í þjóðvegatölu séu 1865.9 km. Það er sem sagt hátt í 3000 km í þjóðvegakerfi landsins sem er að dómi Vegagerðarinnar annaðhvort ófullnægjandi vegir eða slæmir vegir.

Meðan svo er ástatt í hinum almennu samgöngumálum okkar á landi, í vegamálunum, þá finnst mér ekki aðeins eðlilegt, heldur sjálfsagt að höfuðáhersla sé lögð á að bæta ástandið þar sem það er lakast. Þetta þýðir ekki að við eigum að hætta að leggja bundið slitlag á vegi. Það þýðir vitanlgea ekki það. Og ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt, að það er stórkostlegt framtíðarmál að svo sé gert. En mér finnst Alþ. eiga að vera stefnumarkandi um það hvernig þessum verkefnum sé raðað niður, þ.e.a.s. hvar höfuðþunginn sé á lagður hverju sinni. Þess vegna finnst mér eðlilegt að þessi mál séu rædd. Ég vil taka undir það, sem síðasti hv. ræðumaður sagði, að það er slæmt að samgrh. og fjmrh. skuli ekki vera hér viðstaddir. En þeir, sem í reynd þekkja hvernig þeir vegir eru sem eru ófærir vikum og mánuðum saman, annaðhvort vegna snjóa eða aurbleytu, þeir skilja mætavel að því fólki, sem við þetta býr, finnst að önnur vandamál í vegagerð séu harla smá miðað við þessi.

Ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fjölyrða miklu frekar um það. Það má aðeins geta þess til dæmis, af því ég gat um kílómetratölu áðan í sambandi við ófullnægjandi vegi og

slæma vegi, að í þessum tveimur hópum vega, sem taldir eru ófullnægjandi, eru í snjóléttari héruðum landsins, en þar tel ég fyrst og fremst Suðurland og Reykjanes, aðeins rúmlega 200 km. Langmest af þeim vegum, sem koma í tvo lökustu flokkana, eru því annars staðar en hér um suðurhluta landsins. Tiltölulega gott ástand er hvað þetta snertir á Vesturlandi. En þegar kemur norður um, þar sem snjóþyngslin eru meiri, þá lækkar hlutfall þess sem Vegagerðin kallar góðan veg, — fullnægjandi eru aðeins þessir fáu km sem eru þegar með bundnu slitlagi. næst koma svo góðir, uppbyggðir malarvegir. En þegar kemur um norðanvert landið, í strjálbýlli héruð og snjóþyngri, þá hækkar stórlega hlutfall ófullnægjandi eða slæmra vega í vegakerfinu.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þess hefur verið óskað að umr. þessum verði frestað þar til hlutaðeigandi ráðh., samgrh. og fjmrh., verða viðstaddir, en sem kunnugt er, þá eru þeir báðir erlendis. Ég get orðið við þeirri ósk að fresta umr. nú.

Umr. frestað.

Litasjónvarp, þáltill. (þskj. 49). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Nú um nokkurt skeið hafa sést í íslenska sjónvarpinu myndir og útsendingar í lit. Að vísu er allur meginþorri þeirra tækja, sem landsmenn eiga, þannig úr garði gerður að hann er ekki móttækilegur fyrir litaútsendingar. En þar sem þau tæki eru fyrir hendi hefur komið í ljós að litmyndir hafa sést.

Íslenska sjónvarpið hefur allan sinn starfstíma fengið mikið efni erlendis frá, og í vaxandi mæli á undanförnum árum hefur þetta efni verið útbúið í lit. Með tiltölulega einföldum tæknibreytingum reyndist kleift að senda þessar myndir og þetta efni þannig út að liturinn kæmi fram þar sem móttökuskilyrði væru fyrir hendi. Þegar þetta fréttist fyrr á þessu ári, að litur sæist á ýmsum stöðum og í ýmsum tækjum, þá hljóp mikill kippur í sölu á litasjónvarpstækjum og innflutning á þeim, og það varð til þess að ríkisstj. tók þá ákvörðun að stöðva innflutning slíkra tækja, og síðan hefur þessi innflutningur verið mjög takmarkaður. Ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun hæstv. ríkisstj. munu aðallega hafa verið þær, að talið var að ekki væri rétt að landsmenn eyddu gjaldeyri til þess að kaupa slík tæki. Eins heyrðust þær röksemdir að litaútsendingar sæjust aðeins í Reykjavík og nágrenni og ekki væri sanngjarnt að þessi byggðarlög nytu litaútsendingar í sjónvarpi meðan enn væri svo að sjónvarp væri ekki komið á alla byggða staði á Íslandi.

Þetta leiddi til þess að menn reyndu aðrar aðferðir til þess að komast yfir litasjónvarpstæki, m. a. ýmsar ólöglegar aðferðir, svo sem smygl. Við höfum haft fregnir af því nú síðustu daga og vikur að uppvíst hefur orðið um mjög stórtækt smygl í þessum efnum.

Bæði þessar upplýstranir og mikill áhugi hjá almenningi hafa leitt í ljós að það er mikill áhugi á því almennt að fá möguleika á því að njóta sjónvarps í lit. Ég held að það sé alveg ljóst að við Íslendingar getum ekki og viljum auðvitað ekki stöðva þessa þróun, að sjónvarp þróist í þá átt að myndir og efni séu send út í lit, og það auðvitað heldur áfram að þróast hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Sjónvarpsefni er nú í vaxandi mæli og aðallega framleitt í lit erlendis, og öll tæki og tækjabúnaður eru sniðin fyrir litasjónvarp. Þess má líka geta, að stöðugt reynist erfiðara fyrir íslenska sjónvarpið að selja myndefni sitt til útlanda þar sem hinar íslensku myndir eru framleiddar í svarthvítu, en áhugi er tiltölulega takmarkaður fyrir því vegna þess hversu almennt litasjónvarpið er orðið erlendis. Þetta er auðvitað skaðlegt fyrir okkur Íslendinga vegna þess að margvíslegar myndir, fræðslumyndir og aðrar til upplýsinga um menn og málefni, íslensk, hafa haft sitt að segja þegar þessar myndir eru sýndar í erlendum stöðvum.

Það kann að þykja hégómlegt og fánýtt að vera að leggja fram till. til þál. um litasjónvarp, og ég tek fram að það er mér persónulega ekki sérstakt kappsmál að litasjónvarp sem slíkt skuli koma þegar í stað. En þetta er lífsins gangur, tækniþróun og nýjungar, og við það verður ekki ráðið og við verðum auðvitað að fylgjast með í þessum efnum eins og í öðru. Hins vegar, hversu hégómlegt sem mönnum kann að finnast þetta, þá er margt sem mælir óneitanlega með því að litasjónvarp sé tekið upp á Íslandi.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að íslenska sjónvarpið hefur notið góðs af innflutningi sjónvarpstækja. Ákveðinn hluti af innflutningsgjöldum hefur runnið beint til stofnunarinnar og þannig hefur verið hægt að standa undir vöxtum og afborgunum af fyrri skuldum og jafnframt fjármagna endurnýjun og viðbætur. Nú liggja fyrir margháttuð verkefni og mjög mikilvæg hjá íslenska sjónvarpinu um endurnýjun á tækjum, um fullkomnun á dreifikerfinu og að setja upp og endurbæta sendi- og móttökustöðvar víðs vegar um land. Mjög erfiðlega hefur gengið að framkvæma þessa endurnýjun og þessa viðbót vegna fjármagnsskorts, vegna þess að innflutningur hefur dregist allverulega saman undanfarin 2—3 ár og gerir nú ekki meira en að standa undir vöxtum og afborgunum.

Í öðru lagi er þess að geta, að efni í lit er nú orðið svo almennt og algengt að ekki þarf að greiða fyrir slíkt efni neitt aukagjald þó að það sé keypt hingað til lands. Mundi það eitt út af fyrir sig ekki leiða til sérstaks kostnaðar fyrir íslenska sjónvarpið þó að nú yrði leitað alfarið eftir litaefni til kaups eða leigu erlendis frá. Þess má líka geta í þessu sambandi, að óneitanlega mundi það auka mjög fjölbreytni í dagskrá okkar sjónvarps ef litur sæist þar.

Í þriðja lagi er nú svo komið að langflest sjónvarpstæki í eigu landsmanna eru 7—8 ára og eldri og það er talinn mjög eðlilegur endingartími á einu og sama tækinu að það sé notað þennan tíma, í tæplega áratug. Ljóst er því að allur meginþorri Íslendinga þarf nú á næstu mánuðum og allra næstu árum að endurnýja sín tæki. Og þá er auðvitað bagalegt framtíðarinnar vegna ef landsmenn þurfa að kaupa tæki

fyrir svarthvítt efni, tæki sem endast næsta áratuginn og ekki eru hæf til þess að taka á móti litaútsendingum. Því væri æskilegt einmitt á þessum tíma, þegar endurnýjun þarf að eiga sér stað á almennum tækjakosti landsmanna, að þeim sé gert kleift að kaupa litasjónvarpstæki og vera viðbúnir þeirri breytingu sem auðvitað kemur frekar fyrr en síðar.

Í fjórða lagi skapast væntanlega mikill markaður sem ætti að gefa drjúgan skilding bæði í ríkiskassann og beint til sjónvarpsins. Þarna ættu að skapast möguleikar á því að leggja fé sérstaklega í að endurbæta dreifikerfið um allt land. Það eru fjölmörg verkefni sem blasa við, ekki aðeins að bæta dreifikerfið, heldur þarf Ríkisútvarpið líka, ef ekki á því verr að fara, að leggja í margvíslegan annan stofnkostnað. Má þar nefna fyrst og fremst nýja húsbyggingu fyrir starfsemi hljóðvarps og sjónvarps svo og endurbætur á Vatnsendastöðinni sem nú er að syngja sitt síðasta og ætti raunverulega að vera fyrir löngu úr sér gengin og niður fallin, í bókstaflegum skilningi.

Það er alveg sama hvaða forgangsröð verður ákveðin á þessum verkefnum, einhvern veginn þarf að fjármagna þessar framkvæmdir. Og meðan við erum ekki tilbúnir til þess að hækka beinlínis fjárframlög til Ríkisútvarpsins á fjárlögum og meðan tregða er mikil á því að hækka afnotagjöld, þá sýnist vera nokkuð ljóst og nokkuð sjálfsagt að reyna þessa leið, þ. e. a. s. að heimila litasjónvarp og innflutning sjónvarpstækja og afla þannig tekna til þeirra óumflýjanlegu og óhjákvæmilegu framkvæmda sem nú blasa við.

Mér hefur verið tjáð og ég segi það að gefnu tilefni, vegna þess að nokkuð hafa verið bornar brigður á að litasjónvarp sæist nema hér í Reykjavík og þéttbýli, — þá hefur mér verið tjáð að litur sjáist vel um allt Vesturland og víðast hvar á Vestfjörðum, hann sjáist í Vestmannaeyjum og allvel á Suðurlandi og allt til Hornafjarðar og ágætlega á Norðurlandi, einkum í Eyjafirði og Skagafirði. Aftur á móti munu erfiðleikar vera á þessu á Norðausturlandi, og á Austfjörðum sést enginn litur enn sem komið er. En það stafar eingöngu af því að Gagnheiðarstöðin er illa á sig komin og þarf endurbóta við, hvort heldur við erum að tala um lit eða ekki.

Ég hef leyft mér, herra forseti, að flytja hér till. til þál. um litasjónvarp, 48. mál, og í þeirri þáltill. er skorað á ríkisstj. að stuðla að því að íslenska sjónvarpið geti hafið reglulegar litaútsendingar og það skuli gert með því að samþykkja áætlun sjónvarpsins sem liggur fyrir og kveður á um hvernig að því skuli staðið í áföngum, í öðru lagi með því að gefa frjálsan innflutning á litasjónvarpstækjum og í þriðja lagi með því að ákveða að tolltekjur af innflutningi slíkra tækja skuli varið til endurbóta á tækjum og dreifikerfi sjónvarpsins.

Áætlun sú, sem ég minnist hér á um að litaútsendingar geti hafist, hefur verið gerð af yfirmönnum sjónvarpsdeildar og send ráðuneyti. Hún hefur ekki verið birt enn þá, en ég hef haft aðstöðu til að kynna mér hana, og mér sýnist hún vera mjög skynsamleg og hagsýn. Þar er gert ráð fyrir því að þessu verði komið á í áföngum á nokkrum árum og kostnaði af því verði dreift á þau ár.

Í þessari till. er gert ráð fyrir því að innflutningur sé gefinn frjáls á litasjónvarpstækjum. Ég hef nú þegar rökstutt ástæðurnar fyrir því að gerð er till. um þann innflutning.

Í þriðja lagi er beinlínis tekið fram í till. minni að tekjum, sem af innflutningnum fást, skuli beinlínis varið til endurbóta á tækjum sjónvarpsins og dreifikerfi um allt land, þannig að tryggt sé að þeir sjónvarpsáhorfendur, sem enn búa við slök skilyrði, og það fólk, sem reyndar hefur enn ekki fengið sjónvarp til síns heima, fái notið þess í beinu framhaldi af þessum ákvörðunum.

Hér var í gær í hv. Nd. hreyft frv. til l. sem fól í sér að sjónvarpssendingar sæjust á nálægum miðum í kringum landið, sérstaklega á Vestfjörðum. Þess var getið í framsögu með þessu frv. að reiknað væri með að kostnaður af því að lagfæra stöðvar vestur á fjörðum til þess að þetta tækist væri um 20 millj. kr. Nú skulum við láta það liggja á milli hluta hvort rétt sé að samþ. þetta frv. eða ekki. En hitt er víst, að ef menn hafa áhuga á slíkum útsendingum og að sjónvarpið sjáist af sjómönnum á heimamiðum, þá verður það ekki mögulegt nema til komi einhverjar tekjur. Og skoðun mín er sú, að með samþykkt þessarar till., sem hér er á dagskrá, mundi m. a. vera mögulegt að fjármagna slíkar framkvæmdir sem eru forsendur fyrir því frv. sem ég gat um.

Herra forseti. Það er ekki ástæða fyrir mig til þess að fjölyrða frekar um þessa till. að sinni, ég hef gert grein fyrir forsendum hennar í öllum aðalatriðum. En ég vil aðeins að lokum minna á að á þessu ári átti íslenska sjónvarpið 10 ára afmæli og á þessum áratug hefur sjónvarpið náð meiri áhrifum og meiri útbreiðslu á Íslandi heldur en nokkurn grunaði í upphafi. Það er orðið mjög mikilvægur þáttur í fjölskyldulífi allra landsmanna, ekki aðeins sem afþreyingartæki, heldur líka sem menningartæki. Því er mjög áríðandi fyrir alla þá, sem eru hugsandi um menningu og um tómstundaiðju íslendinga, að þeir hugleiði vandamál sjónvarpsins og framtíð þess, átti sig á því að ekki verður þróunin stöðvuð og að skynsamlegt sé bæði af tæknilegum ástæðum og dagskrárlegum og fjárhagslegum að styðja þessa till. og sjá svo um að efni hennar verði samþ. og hrundið í framkvæmd.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. þá verði þessari till. vísað til allshn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Margur er hégóminn, sem riður húsum hjá þessari þjóð, og mörg fordildin, sem íslendingar apa eftir öðrum þjóðum. Skelfileg er sú árátta þeirra að þurfa endilega að kalla yfir sig hverja þá plágu fordildarinnar sem hjakar aðrar þjóðir.

Sjónvarp er mikil plága með ýmsum þjóðum. Til eru lönd þar sem vísindamenn rekja marga verstu sálarkvilla fólks til þessarar plágu. Í slíkum löndum hellist sjónvarpsefni frá mörgum stöðvum dag og nótt yfir unga sem gamla. Til eru þeir sem halda því fram að sjónvarp sé líka orðið plága hér á landi. Ég tek ekki undir það.

Enda þótt sjónvarpið hafi ýmsa galla, þá hefur það marga kosti líka. Og það er a.m.k. mikil bót í máli að hér er aðeins sjónvarpað á kvöldin og ekki nema 6 kvöld í viku. Þjóðin er alveg laus við sjónvarp einn dag vikunnar og þar að auki einn mánuð á sumrin. Skynsamt fólk, sem kemur hingað frá þeim löndum þar sem sjónvarpið er orðið hvað verst plága, segir að þetta sé að sínum dómi einn helsti kosturinn við íslenskt þjóðfélag, þessi takmörkun á sjónvarpsútsendingum. Hitt er svo alveg víst, að kröfur um lengdan útsendingartíma sjónvarps munu að sjálfsögðu magnast, kröfur um fleiri stöðvar, frjálst sjónvarp, og sporgöngumenn slíkra hugsjóna mun ekki skorta skrautleg rök. Erum við íslendingar ekki vestræn lýðræðisþjóð? Hví skyldum við ekki fá að njóta sjónvarps til jafns við aðrar vestrænar lýðræðisþjóðir? Eða er nokkur þjóð raunverulega frjáls sem ekki á þess kost að glápa á sjónvarp frá morgni til kvölds? Og hégóminn mun magnast að sama skapi og fordildin sem er að verða eitt sterkasta aflið í þjóðfélagi okkar.

Ég lýsi andstöðu minni við þessa þróun. Ég lýsi andstöðu minni við þá viðleitni að gera sjónvarp á Íslandi að sams konar plágu og sjónvarpið er orðið víða um heim. Tilefnið, sem ég nota til að gefa þessa yfirlýsingu, er sú þáltill. sem hér liggur fyrir. Þessi till. gerir að vísu ekki ráð fyrir lengingu á útsendingartíma sjónvarps hér á landi, en þetta er hégómatillaga, fordildartillaga.

Ég hef átt þess kost að horfa á litasjónvarp erlendis. Venjulega hafa litirnir verið svo bjagaðir og svo afskræmdir og svo fjarri öllum eðlilegum litum að hefur verið til stórra leiðinda á að horfa — og reyndar átakanlegt stundum. Einu sinni sá ég sjálfan Bandaríkjaforseta með heiðgul eyru og grænt nef. Stundum kemst ólag á litaútsendinguna og þá kemur myndin allt í einu í svarthvítu upp á gamla móðinn og mikið verður maður þá feginn. En þetta breytir að sjálfsögðu engu um það að almenningur í þessum löndum, þar sem ég hef séð slíkt sjónvarp, sækist mjög eftir litasjónvarpi. Hinir ríku eru að sjálfsögðu ekki í neinum vandræðum með að útvega sér litasjónvarpstæki, og hinir fátæku spara við sig helstu lífsnauðsynjar til að geta eignast slík tæki, því fordildin þjakar einnig þá fátæku í þessum löndum þar sem allir eru meira og minna truflaðir af auglýsingabrambolti gróðaafla. Kapphlaupið um hégómann, stöðutáknin, — litasjónvarpið er eitt stöðutáknanna, — þetta kapphlaup er þreytt í öllum stéttum og allir eiga það sammerkt að sjá ekki eða vilja ekki sjá að margt af sjónvarpsefninu og kannske flest af því kæmi miklu betur út í svarthvítu upp á gamla móðinn. Nei, við höfum margt miklu, miklu þarfara að gera heldur en að fara að koma á hjá okkur litasjónvarpi.

Hv. flm. lætur að því liggja að tolltekjur af litasjónvarpstækjum munu tryggja endurbætur á því sjónvarpskerfi sem fyrir er í landinu. Vissulega er mikil þörf á endurbótum þar, og að sjálfsögðu er hið argasta hneyksli að á sama tíma og blöð hér á höfuðborgarsvæðinu og ábyrgir stjórnmálamenn ganga fram í því að æra upp kröfur um litasjónvarp, þá verður fólk víða úti um landsbyggðina að búa við skilyrði sem ónýta fyrir því meira og minna hverja einustu sjónvarpsdagskrá. Ég get ekki séð að sá mikli kostnaður, sá gríðarlegi kostnaður sem að sjálfsögðu hlyti að fylgja því að fleyta efni litasjónvarps út yfir alla landsbyggðina, mundi auka horfur á því að bætt yrði þjónustan við landsbyggðina á þessu sviði. Ætli landsbyggðin verði þar ekki aftarlega á merinni eins og fyrri daginn?

Hv. flm. talar um að nú sé orðið erfitt að útvega varahluti — eða varastykki, eins og við höfum jafnan sagt fyrir austan — í svarthvítu sjónvarpstækin, flest tæki landsmanna séu orðin 7—8 ára, það verði að teljast eðlilegur endingartími og eðlilegt sé að nauðsynleg endurnýjun verði samferða upphafi útsendingar í litum. Mitt sjónvarpstæki er 8 ára og er reyndar í ágætu lagi enn þá. Og ég veit ekki til þess að ég hafi undirgengist það við seljandann þegar ég keypti þetta tæki að næst þegar ég fengi mér sjónvarpstæki skyldi það endilega verða litasjónvarpstæki, hann bæri þess vegna ekki lengur neina ábyrgð á því að til væru varahlutir í gamla tækið. Ég skil ekki hvernig á því stendur að sjónvarpið stendur sjálft í því að smíða varahluti í sjónvarpstæki ef þeir eru ekki til. Það getur vel verið að það sé skylda sjónvarpsins reyndar. En ég held að það sé fyrst og fremst skylda innflytjendanna að sjá viðskiptavinunum fyrir varahlutum og mundi gilda einu þó að við íslendingar værum orðnir einir allra þjóða eftir með svarthvítt sjónvarp. Innflytjendurnir yrðu þá bara sjálfir að smíða varahluti í tækin eða sjá til þess að þeir verði smíðaðir ef þeir geta ekki keypt þá erlendis frá. Hitt gæti aftur á móti hugsast, að einhver innflytjandi sæi sér hag í því að torvelda útvegun varahluta í gömlu tækin til þess að þrýsta á fólk að kaupa ný tæki, þ.e.a.s. litasjónvarpstæki. Það væri reyndar ekkert nýtt í því þjóðfélagi frjálsrar samkeppni sem við búum í.

Ég hef leyft mér að kalla þessa tillögu fordildartillögu, hégómatillögu. Það er þó ekki vegna þess að ég telji flm. hennar einhvern sérstakan hégómamann eða fordildar, þvert á móti, enda tók hann skýrt fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning að honum væri síður en svo neitt persónulegt kappsmál að fá litasjónvarpstæki, enda veit ég af persónulegri viðkynningu við manninn að hann er tiltölulega laus við að vera þjakaður af fordild eða hégóma. En hann er þjakaður af öðru. Hann er þjakaður af kjósendum sínum eða vissum hluta þeirra. Hann er þjakaður af vissum hluta reykvísku borgarastéttarinnar — vissum hluta, því hér á ég sannarlega ekki við alla reykvísku borgarastéttina. Stór hluti hennar er áreiðanlega sammála mér í þessu efni. Þessi hv. þm. er þjakaður af vissum hluta hennar. Hann er þjakaður af þeim hluta reykvísku borgarastéttarinnar sem hefur gert fordildina og hégómann að megininntaki lífsins, og það er þess vegna fyrst og fremst sem hann hefur flutt þessa tillögu.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Fordildartillaga var einkunnin sem þetta hv. þingmál fékk hjá hv. 5. þm. Vesturl. Ég hlýt að játa að ég er þessum hv. þm. sammála um mjög margt sem hann sagði, og við erum þó a.m.k. þrír

yfirlýstir þm. í hv. Nd. Alþ. sem eigum bágt með að skilja ásókn fólks í litasjónvarp. Það litla sem ég hef séð af litasjónvarpi erlendis hefur mér fundist nákvæmlega eins og hv. þm. Jónas Árnason lýsti því: afskræmdir, ósannir gervilitir sem í mörgum tilfellum geta skemmt myndefnið sem um er að ræða. En hvað um það, ég ætla að hafa um þetta örfá orð og ég ætla að styðja þessa till. Ég ætla að styðja hana, og meginrök mín fyrir því, að ég styð hana, eru þau, að ég tel loksins hilla undir einhverja möguleika á því að sjónvarpinu verði gert fjárhagslega kleift að endurbæta svo dreifikerfi sitt, að því langþráða og sjálfsagða takmarki verði náð að þetta menningartæki — skulum við segja — nái til allra landsmanna.

Hér á hv. Alþ. hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir með framlagningu þingmála í þá átt að gera sjónvarpinu fært fjárhagslega að bæta úr þessu slæma ástandi. En það hefur allt komið fyrir ekki, ekkert hefur komið út úr því. Og enn hnípa þessir 4—5 hundruð sveitabæir víðs vegar um landið án nokkurra sjónvarpsglætu, að ógleymdum íslenskum sjómönnum sem þó væru manna hvað best komnir að því að njóta þeirrar afþreyingar sem sjónvarpið óneitanlega er. Ég tel að þær 200 millj. gjaldeyris, sem til er vitnað sem hugsanlegs gjaldeyriskostnaðar vegna innflutnings á 2500 tækjum á ári, séu ekki það stór hluti af okkar 60 milljörðum að það sé vert að horfa í það. Ég tel líka afleitt að sú þróun, sem hefur komið upp með stórfelldu smygli litasjónvarpstækja, hefur orðið til þess að ríkið hefur misst stórfé í tolltekjum sem sjónvarpið hefði að öðrum kosti átt að fá. Ég vil leggja áherslu á það, að ég tel eðlilegt og sjálfsagt að leggja allþungan toll á þessi litasjónvarpstæki. Fólk, sem á annað borð hefur efni á því að fleygja 300 þús. kr. eða um það bil í eitt sjónvarpstæki, hefur þá örugglega efni á því að borga ríflegan toll af því til viðbótar til þess að stuðla að því að hinir, sem ekkert sjónvarp hafa, fái það nú innan skamms — eða það skulum við a. m. k. vona.

Ég styð þessa till. vegna þess að mér fyndist óraunsætt að standa á móti henni eftir því hvernig mál hafa þróast. Og ég treysti því, að hv. 11. þm. Reykv. standi við þau orð sem hann lét falla í framsögu sinni og túlkuðu greinilega einlægan áhuga á því að þetta takmark okkar dreifbýlismanna náist, að sjónvarpið nái til helst allra á Íslandi sem á annað borð vilja hafa það á heimilum sínum.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni, Sigurlaugu Bjarnadóttur, fyrir undirtektir hennar við þessa till. Ég fellst að öllu leyti á sjónarmið hennar og staðfesti það sem ég sagði hér áðan, að ég held, að það vakir það eitt fyrir mér með þessari till., að um leið og sjónvarpið fylgist með þróuninni í þessum efnum, þá sé þarna tilgangurinn sá að afla fjár til að bæta dreifikerfið um allt land.

Hvað varðar ræðu hv. þm. Jónasar Árnasonar, þá tek ég fram að nú sem áður var ræða hans vel samin af hans hálfu. En þessi rödd kemur aftan úr grárri forneskju og sannar enn einu sinni að hann er sennilega íhaldssamasti þm. sem situr innan þessara veggja, og í sjálfu sér er ekki nema gott eitt um það að segja, undir vissum kringumstæðum a. m. k. Hann talar um að sjónvarpið sé plága. Við getum deilt um það hvaða áhrif sjónvarpið hafi haft á þjóðlíf á Íslandi og annars staðar sem slíkt. Við getum rætt það lengi dags hvaða áhrif sjónvarpið hefur haft. Og ég get vel tekið undir það að vissu leyti að sjónvarpið hefur haft bæði slæm og góð áhrif og breytt lífsháttum fólks að mörgu leyti til hins verra. En við erum alls ekki að ræða um það hvort hér eigi að vera sjónvarp eða ekki. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að þetta tæki, þessi fjölmiðill er fyrir hendi, og þá er um að gera að reyna að haga því svo að hann sé til jákvæðrar áttar og hafi jákvæð áhrif. Ég get ímyndað mér það, að áður en útvarp kom til sögunnar hafi bókaormar haft hinn mesta ímugust á útvarpinu og talað um að það væri plága, alveg á sama hátt og þessi rödd heyrist núna um að sjónvarpið sé plága. Þetta er þróunin, sem við verðum að sætta okkur við, og þeir tímar, sem við lifum á.

Þessi tillaga er engin fordildartillaga. Hún er flutt af brýnni nauðsyn og á sér forsendur sem ég hef rakið hér og tel mjög mikilvægar og eigi fullan rétt á sér og það sé ekki sanngjarnt og ekki rétt að kalla tillöguna flutta af hvötum fordildar. Það er miklu frekar fordild af hálfu hv. þm. þegar hann neitar að horfast í augu við staðreyndir og forsendur og taka undir með mér þegar ég flyt till. Síðan getum við sameinast um það í mesta bróðerni, eins og okkar er beggja von og vísa, að haga útsendingum og efnisvali í sjónvarpinu þannig að það sé til réttrar uppbyggingar og til aukins þroska.

Það er sjálfsagt að viðurkenna að þessi till. sé flutt af áhrifum frá kjósendum. Auðvitað flyt ég ekki frekar en aðrir þm. till. hingað inn í þingið nema hafa orðið fyrir áhrifum og fyrir skoðanamótun annars staðar frá, utan þings, og ég held, að það sé engin ástæða til að skammast sín fyrir það. Þetta gerum við allir. En við leggjum auðvitað sjálfir mat á hvort það sé rétt að flytja þessar skoðanir, þessar hugmyndir hér inn í þingsalina. Það erum við sjálfir sem tökum þar ákvarðanir. Ég hugsa að það séu miklu fleiri mál, sem við vísum frá okkur og flytjum ekki, heldur en þau, sem við gerum að okkar hér innan þings. En áhrif kjósenda stafa af því, að ég vil leyfa fólkinu sjálfu að ráða hvort það nýtur þessa fjölmiðils og þessarar tómstundaiðju eða ekki. Ég vil leyfa því að ráða hvort það notfærir sér sjónvarpið sem menningartæki, sem uppeldistæki, frekar en eitthvað annað, svo sem bækur, útvarp eða hvers konar aðra ástundun. Munurinn á okkur, mér og hv. þm. Jónasi Árnasyni, er sjálfsagt sá, að ég vil leyfa fólkinu sjálfu að hugsa fyrir sig, tiltölulega frjálst. Ég hef ekki hugsað mér að standa hér upp á þingi og segja fólki, hvað það á að gera í fristundum sínum, ákveða það fyrir fram. Ég horfist í augu við það að sjónvarpið er fyrir hendi og það verður ekki aftur tekið. Ég vil reyna að laga það og hafa það sem best. Ég vil afla fjár til þess að það geti haft dagskrána sæmilega. Síðan vil ég láta fólkið sjálft ráða hvort það horfir á þennan dagskrárlið eða hinn

og hvort það horfir á sjónvarpið í svarthvítu eða í lit. Og ég skal fullvissa hv. þm. um það, að þó að þessi till. sé samþykkt, þá getur hann áfram keypt tæki í svarthvítu efni og haldið áfram að horfa á það í sinni fordild.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja hér örfá orð, sem stafar af algeru skilningsleysi mínu á þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður uppi.

Það er talað um það í fyrsta lagi, að til þess að dreifa sjónvarpi um landið þurfi að afla fjár með innflutningi litasjónvarpstækja. Það er í öðru lagi skýrt frá því að allur sjónvarpskostur landsmanna sé ónýtur og þess vegna þurfi að endurnýja hann hvort sem er. Er þá ekki nokkuð sama hvort tekjurnar koma af innflutningi á sjónvarpstækjum, sem sýna svarthvíta mynd, eða litasjónvarpstækjum. Þennan rökstuðning fæ ég ekki skilið. Ég held að þetta séu ekki haldgóð rök. Hitt má vera, að það sé meira gaman fyrir einhverja að horfa á sjónvarp í litum, og það getur vel verið að fólk telji ekki eftir þann gjaldeyri sem fari til þess að veita fólki þann munað. Ég skal ekki segja um það. En þó heyrist mér á sumum hv. þm. sem hér hafa talað í dag, að þeir telji gjaldeyrisstöðuna ekki svo vænlega að á skuldir okkar sé bætandi.

En um sjónvarp almennt vil ég segja það, fyrst ég fór að taka hér til máls, að ég var á sínum tíma mjög fýsandi þess að hér yrði hafinn sjónvarpsrekstur. Það var fyrst og fremst vegna þess að í landinu var þá sjónvarp sem menn gátu horft á, á vissum stöðum a. m. k., og mér fannst óþolandi að hefði einkaaðstöðu til sjónvarpssendinga hér á landi. Á ég þar við sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli. Þess vegna var ég áhugamaður um að íslenskt sjónvarp kæmi til þess að veita viðnám við þeim áhrifum sem Keflavíkursjónvarpið óneitanlega hafði hér, fyrst ekki náðist samstaða á þeim tíma um að loka því sjónvarpi fyrir íslendingum. Síðan hefur það verið gert, og eftir það er mér alveg sama um sjónvarpið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend upp til þess að leiðrétta og leiðrétta rækilega missagnir í ræðu hv. þm. Ellerts Schram áðan, að ég hafi sagt að allt sjónvarp væri plága. Ég undanskildi einmitt íslenska sjónvarpið. Ég talaði um sjónvarp í löndum þar sem þetta dynur á fólki frá morgni til kvölds og jafnvel allan sólarhringinn, þar er þetta orðið mjög alvarleg plága, það vitum við öll. Ég taldi það einmitt til kosta á íslenska sjónvarpinu hve útsendingartíminn væri stuttur og þess vegna væri það ekki plága. Ég var að vara við þeirri plágu sem íslenska sjónvarpið gæti orðið ef við færum að apa þetta eins og allt annað eftir útlendingum.

Það er svo efni í heilan fyrirlestur, tilhneiging okkar íslendinga að apa alla skapaða hluti eftir útlendingum. Það er ekki nóg með að menn keppi hver við annan í alls konar hégóma og fordild, einn keppir við þennan hégómann hjá nágranna sínum o. s. frv., heldur er nú farið að keppa við aðrar þjóðir í hégóma. Af því að aðrar þjóðir hafa litasjónvarp, þá hlýtur það að koma yfir okkur. Hv. flm. þessarar till. segir ekki að það skuli koma yfir okkur, heldur að það hlýtur að koma yfir okkur. Það hlýtur að koma yfir okkur, ég skal taka undir það. Mér sýnist allt benda til þess. En ég skal a. m. k. gera allt það sem í mínu valdi stendur til þess að fresta þeim ósköpum, bæði að þetta hvimleiða litasjónvarp, sem ég tel vera eftir því sem ég hef kynnst því í útlöndum, komi yfir okkur, og einnig að sjónvarpsdagskrá verði lengd til samræmis við það sem tíðkast í öðrum löndum.

Svo vil ég aðeins skjóta að mönnum hér þeirri athyglisverðu niðurstöðu í ræðu hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur áðan, að hún ætlar heldur en ekki að setja tolla á litasjónvarpstækin. Þessi tæki eiga engir að geta keypt nema þeir ríku. Þannig ætlar hún reyndar að bæta skilyrðin fyrir svarthvíta sjónvarpið úti um landsbyggðina. Það er ekki meiningin hjá henni að landsbyggðin fái að njóta litasjónvarps, hún skal sitja uppi með sitt gamla svarthvíta sjónvarp. Ég get að vissu leyti tekið undir þetta. En ég get ekki tekið undir það á þeirri forsendu að það lýsi meiri skilningi á raunverulegum verðmætum að sækjast eftir litasjónvarpi en svarthvítu sjónvarpi. Ég mundi taka undir þetta á þeim forsendum að margur verður af aurum api, og þess vegna þarf hann endilega, ef hann er orðinn ríkur, að kaupa sér litasjónvarp. Ég vona í lengstu lög að þess háttar verðmætamati verði forðað frá íslenskri alþýðu, vestfirðingum eins og öðru fólki.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þessarar þáltill. Mér fannst að hv. 9. landsk. þm. væri a. m. k. kominn í hálfhring í þeim málflutningi sem hún hafði uppi annars vegar í sambandi við það mál sem var til umr. á undan þessu, þ. e. a. s. bundið slitlag á vegi, þar sem hún lýsti yfir að hún felldi sig illa við að stjórnarþm. væru að flytja hér þáltill. eða frv. sem fælu í sér að það væri verulega verið að auka á erlendar lántökur og þar með að stuðla að versnandi stöðu ríkisins í gjaldeyrismálum, en síðan talar hún um þetta mál og segist samþykkja það á þeim forsendum að það sé eytt það miklum gjaldeyri til kaupa á sjónvarpstækjum í lit að hún geti samþykkt það á þeim grundvelli. (Gripið fram í.) Mér finnst þetta nú stangast heldur betur á í málflutningnum. En það er auðvitað hennar mál, og sjálfsagt leiðréttir hún ef ég hef misskilið þetta. En í mínum eyrum var þetta svona.

Þáltill., sem hér er til umr., felur það í sér að hv. flm., þm. Ellert Schram, telur að það nauðsynlegasta, sem nú þurfi að gera í sambandi við sjónvarpsmál, sé að opna allar flóðgáttir til þess að hægt sé að flytja inn litasjónvarpstæki. Ekki mundi ég hafa á móti því undir eðlilegum kringumstæðum að slíkt væri gert, svo sannarlega ekki. En ég er þeirrar skoðunar að það sé ýmislegt sem knýr frekar á og nauðsynlegra sé í sambandi við sjónvarpsmálin heldur en að taka nú um það ákvörðun að opna þessa flóðgátt.

Það segir í grg. með þessari þáltill., með leyfi forseta:

„Íslenska sjónvarpið átti 10 ára afmæli í sept. s. l. Af því tilefni beindist athygli manna að

aðbúnaði sjónvarpsins, starfsemi þess og þörfum. Í viðtölum við yfirmenn sjónvarpsdeildar kom hvað eftir annað fram, að þeir álitu næsta og brýnasta áfanga í starfi sjónvarpsins vera útsendingar í lit. Það var sú afmælisgjöf sem þeir óskuðu helst af hálfu stjórnvalda til þjóðarinnar."

Hér er sett fram sú ósk starfsmanna sjónvarpsins sem þeir hafa fyrsta fram að færa á 10 ára afmælinu, en burt kastað óskum allra væntanlegra, segi ég, notenda sjónvarpsins ef ráðstafanir verða gerðar til þess að þeir fjöldamörgu einstaklingar í landinu geti notið sjónvarpsútsendinga á næstu árum eins og nokkuð stór hluti þjóðarinnar hefur gert nú á undanförnum 10 árum. Það er ekki tekið undir það sjónarmið þessa fólks að gera ráðstafanir til þess að auðvelda því að njóta þessa fjölmiðils.

Ég er þeirrar skoðunar að það séu önnur verkefni brýnni í sambandi við sjónvarpið heldur en að opna nú fyrir innflutning á litasjónvarpstækjum. Ég held að afmælisgjöf — ekki til sjónvarpsins endilega á 10 ára afmælinu, heldur fyrst og fremst til þeirra sem hafa ekki notið sjónvarpsins í þessi 10 ár, ætti að vera sú, að gerðar verði ráðstafanir til þess að þetta fólk geti notið sjónvarps sem allra fyrst.

Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um rökstuðninginn, þegar menn eru að tala um að nota fjármagn, sem kæmi til vegna innflutnings á litasjónvarpstækjum, til að endurbæta dreifikerfið. Rökstuðningurinn í grg. með þessari þáltill. er allur í þá átt að það þurfi að endurnýja tækin til þess að halda við svarthvítu sjónvarpi, þannig að það verða litlar tekjur umfram það þó að breytt yrði í litasjónvarp. Auk þess er alveg augljóst mál að verði þetta gert, farið að senda út í einhverjum mæli í litum, þá þýðir það auðvitað stórkostlega aukinn rekstrarkostnað fyrir stofnunina sem slíka. Bendir því allt til þess að hér sé haft að yfirvarpi að það eigi að fá tekjur til þess að endurbæta dreifikerfið til þeirra sem ekki hafa notið sjónvarps hingað til, — það sé haft að yfirvarpi, reyndin verði sú, að kostnaður kemur til með að fylgja útsendingum í lit og tækjabúnaði í sambandi við það og fjármagnið verði fyrst og fremst notað til þess að endurbæta það á því svæði sem þessi hv. þm. ber fyrst og fremst fyrir brjósti, þ. e. hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég sé að hv. þm. Albert Guðmundsson brosir. Hann veit að þetta er rétt.

Eins og ég sagði, ég er ekki andvígur því, ef allt í einu er orðin sú batnandi gjaldeyrisstaða hjá ríkinu að hægt sé að fara út í fyrirtæki af þessu tagi, þá hef ég ekki á móti því í sjálfu sér. En allt tal hæstv. ráðh. og stjórnarþm. margra — ekki allra að vísu — hefur beinst að því að hér væri um að ræða mjög svo slæma fjárhagsstöðu ríkissjóðs, gjaldeyrisstaðan væri slæm. Það er því ekki að ætla að það séu möguleikar í reynd á slíku sem þessu, auk þess sem aðalatriðið í mínum huga er það, að það á fremur að stuðla að því að þeir, sem ekki njóta sjónvarps nú, geti gert það sem allra fyrst. Ég hefði því vænst þess að þeir, sem bera fyrst og fremst fyrir brjósti þá einstaklinga sem ekki hafa notið sjónvarps, tækju saman höndum við mig um að styðja það frv., sem hér var mælt fyrir í gær og kostar þó ekki meira en 20 millj. kr., til þess að skapa 400—500 sjómönnum úti á miðunum aðstöðu til þess að horfa á svarthvítt sjónvarp, — þeir hefðu látið í sér heyra við þær umr. En þá var þagað. Og það er svo, þó að sagt hafi verið að þögn sé sama og samþykki, að *mín reynsla* hér á hv. Alþ. er meir í þá átt að það beri mjög að gjalda varhuga við því ef mikil þögn ræður ríkjum í sambandi við mál sem flutt eru hér á þinginu, það sé kannske líklegasta leiðin til þess að ætla að slík mál verði drepin. Ég vona að sú verði ekki raunin í sambandi við mál sem ég var hér um að tala, frv. frá því í gær. En ég ítreka það: Ég held að það sé ýmislegt annað brýnna nú í sambandi við sjónvarpsmál heldur en að taka nú upp stórkostlegan innflutning á litasjónvarpstækjum.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. í lokin. Ég vil aðeins segja það, að ég hef satt að segja ekki tíma til að fara að rökræða við hv. þm. Karvel Pálmason um þetta mál. Það er alveg augljóst að hann skilur alls ekki hvað hér er á ferðinni, og það er sjálfsagt ekki í fyrsta skipti sem það reynist honum erfitt. Ef við erum að tala um að afla fjár til þess að bæta dreifikerfið og koma sjónvarpi til þeirra sem ekki hafa það í dag, þá er þetta leið til þess. Það er meginforsendan fyrir þessari till., og ég er margbúinn að taka það fram, þannig að það fellur alveg heim og saman við það sem menn eru að tala um: að afla fjár til þessara mála, þessi till. er meginþáttur í þeirri viðleitni.

En hitt er annað mál, að ég stóð hér einkum upp vegna þess að mér leiddist að hæstv. ráðh. skyldi tala eins og hann gerði áðan, og ég vil trúa því að það sé vegna þess að hann hafi ekki fullkomlega áttað sig á því hver kjarni málsins er. Hann sagði í fyrsta lagi að ég hefði *sagt að tækin væru öll ónýt*. Það *sagði ég ekki*. Ég sagði að það væri komið að því að það þyrfti að endurnýja þau eftir um áratugsnotkun. Og þegar að þessari endurnýjun kemur, þetta er bara tæknileg staðreynd, þá þurfa menn að kaupa ný tæki ef þeir ætla á annað borð að *hafa sjónvarp*. Vegna þess að að *mínu mati* og allra þeirra, sem til þekkja, er af tæknilegum ástæðum óumflýjanlegt að litasjónvarp ryðji sér til rúms á Íslandi, þá hefði ég haldið að það væri skynsamlegt að láta það haldast í hendur um leið og þessi þróun kemur hingað til okkar og verður staðreynd, að menn *hafi* þá aðstöðu til þess að njóta þessarar þróunar og þeim sé gert kleift að kaupa tæki til þess arna. Á þann hátt erum við bæði að mæta þörfum og óskum fólksins í landinu og líka að afla fjár til þessarar stofnunar og þeirra framkvæmda sem þar er um að ræða.

Í öðru lagi dró ráðh. í efa að við hefðum efni á þessu af gjaldeyrisástæðum. Ég vek athygli á því í grg. að á þessu ári, í ágústlok, hafa Íslendingar keypt gjaldeyri fyrir 60 milljarða, og það er áætlun sem ég geri í grg., að ef ca. 2000 tæki væru seld á ári, stjórnvöld gætu beinlínis kannske takmarkað innflutning-

inn við það, 2000—2500 tæki, þá væru það um 200 millj. kr. í gjaldeyriseyðslu. Og ég hefði haldið að það mundi ekki ráða úrslitum í gjaldeyrisviðskiptum íslendinga á meðan stjórnvöld leyfa ótakmarkaðan innflutning á bílum, kæliskápum, alls kyns rafmagnstækjum, hverju nafni sem þau nefnast. Meðan fer tiltölulega frjáls innflutningur á þessu, eftir því hvað fólkið biður um og telur sig hafa þörf fyrir, af hverju á þá að taka þetta eina tæki út úr og banna það eða takmarka innflutning á því, þegar staðreyndin er líka sú að það er ekki meiri gjaldeyriseyðsla heldur en ég nefni og raun ber vitni um, og þegar það fer saman við það, að með því að gefa þennan innflutning frjálsan erum við að fá í ríkiskassann 200—300 millj. til viðbótar — aðrar 200—300 millj. — beinlínis til þessarar stofnunar, þ. e. a. s. Ríkisútvarpsins? Og ég spyr líka: Þegar svona bann er eða takmörkun á innflutningi, hvað flyst þá mikið inn í landið eftir ólöglegum leiðum, hvað er mikið smygl á ferðinni, hvað tapar ríkissjóður miklu á því? Þetta dæmi hefur á sér ýmsar myndir, og ég bið hæstv. ráðh. eindregið að skoða þetta mál með hliðsjón af þeim rökum, sem búa að baki till., og standa með mér í því að samþykkja þessa tillögu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. alþm. Hér hefur farið fram allmikil umr. um það hvort leyfa eigi innflutning á litasjónvarpi. Að sjálfsögðu hafa menn á því misjafnar skoðanir hversu nauðsynlegt sé að horfa á sjónvarpsefni í lit. En ég vil byrja á því að halda því fram að í dag horfum við á sjónvarpsefnið í lit, þ. e. a. s. við horfum á það annars vegar sem svart og hins vegar sem hvítt. Og ég fæ ekki séð að þessir tveir litir séu neitt fegurri en aðrir og þess vegna einhver sérstök nauðsyn að horfa aðeins á hlutina sem svarta eða hvíta. Mér virðist þess vegna allt tal um það að litasjónvarp sé ómerkilegra eða menningarsnauðara heldur en það svarthvíta, mér virðist sem það falli um sjálft sig.

Hin spurningin, sem gjarnan hefur verið sett hér fram, er spurningin um gjaldeyrisstöðuna. Nú er það svo að við íslendingar eigum kost á því að eyða gjaldeyri okkar eftir helst til mörgum leiðum og afleiðing þess er sú að gjaldeyrisstaða þjóðarinnar er heldur bágborin. Samt er það svo að um leið og við eyðum gjaldeyri er í mörgum tilfellum tekinn stór hluti sem viðkomandi aðila er ætlað að greiða til annarra þarfa. Þetta er gert í formi tolla, söluskatts eða vörugjalds og eftir ýmsum leiðum. Ég tel að hver sú aðferð við eyðslu gjaldeyris í dag, sem stuðlar að því að menn þurfi að greiða mikið til þjóðarbúsins um leið, stuðli að gjaldeyrissparnaði hjá þessari þjóð. Þess vegna blasir það við að sú gjaldeyriseyðsla í dag sem er hvað alvarlegust, borgar hvað minnst til þjóðarbúsins, er tvímælalaust ferðamannagjaldeyririnn. Hann er tvímælalaust í sérflokki hvað það snertir, að um leið og menn fá rétta vissa upphæð af ferðamannagjaldeyri eru þeir ekki að greiða íslenska ríkinu stórar upphæðir eins og þeir gera eftir öðrum leiðum.

Sú ákvörðun að setja litasjónvarp og innflutning þess í bannflokk er ákvörðunin um að skipa litasjónvarpi á sama borð og hassi eða einhverjum eiturefnum. Ég vil fá að hlusta á þau rök alveg til botns, hvað sé svona ofboðslega hættulegt við litasjónvarpið sem beri að taka til greina þegar ákveðið er að flokka það með algerum eiturefnum. Þau rök hafa ekki komið fram hér í dag. Það hafa komið fram skiptar skoðanir á því hversu nauðsynlegt þetta er. En það hefur jafnframt legið fyrir að það er ekkert sem segir að það tryggi gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar að banna þetta. Og ekkert hefur komið hér fram sem sannar að við eyðum ekki og höfum til þess frjálsræði að eyða fjármagni til hluta sem síst geta talist þarfari, svo sem áfengisneyslu og neyslu tóbaks. Ég vil í ljósi þess lýsa því yfir, að ég tel að það séu rök hjá flm. að með því að leyfa innflutning á litasjónvarpstækjum verði hægt að byggja upp dreifikerfi landsins þannig að sjónvarpið nái til fleiri staða. Það hefur jafnframt komið fram, að um mestallt svæðið væri hægt að ná fram litmyndum í sjónvarpinu og þess vegna ekki um að ræða að það væri nein sérstök mismunun á aðstöðu eftir búsetu þó að þetta næði fram. Ég aftur á móti hef ekki kynnt mér til hlítar áætlun sjónvarpsins um hvað þeir hyggist gera við það fjármagn sem þeir fá. Það getur varla talist nein nauðsyn að fara að eyða fjármagni í það að sjá fréttamennina í litum t. d. Ef einhverjar hugmyndir eru hjá sjónvarpinu um slíka hluti, þá tel ég það ekki eðlilegt. Aftur á móti fæ ég ekki séð að það sé neitt sem mæli gegn því, að það efni, sem þeir kaupa í litum, verði sýnt í litum, og jafnframt, að stuðlað verði að því að það efni, sem þeir framleiða og ætla sér að selja öðrum þjóðum til neyslu, það verði í þeim gæðaflokki að þær vilji kaupa það. Mér sýnist þess vegna að það sé eðlilegt að heimilað verði að flytja inn litasjónvarpstæki. Ég tel aftur á móti jafnnauðsynlegt að þess verði gætt, að því fjármagni, sem kemur inn fyrir þau tæki, verði varið til þess að dreifa sjónvarpinu sem mest um landið, þannig að allir íslendingar, hvort sem þeir eru á sjó eða landi, fái notið þess.

Það hafa komið fram raddir sem segja: Þetta er hægt að gera án þess að við fáum tekjur af innflutningi litasjónvarpstækjanna. Vissulega er það rétt, að þetta er hægt að gera án þess. Samt sem áður er það staðreynd, að hið háa Alþingi hefur ekki lagt fram hugmyndir eða till. um, hvernig fjár yrði aflað í þessu skyni, og eftir 10 ára starfsemi íslenska sjónvarpsins hefur þetta ekki náð fram að ganga. Þegar ég segi að þetta hafi ekki verið gert, þá á ég við að Alþ. hefur ekki afgreitt lög þar að lútandi, en ekki hitt, að einstakir þm. hafi ekki sýnt þessu máli fullan skilning. — Svo þakka ég fyrir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil árétta til þess að komast hjá misskilningi, að rétt var mælt hjá hv. síðasta ræðumanni að Alþ. hefur ekki séð Ríkisútvarpinu farborða fjárhagslega, en till. þar að lútandi hafa oftsinnis komið hér fram. Þetta á ekki aðeins við dreifingu sjónvarpsefnis um landið, heldur er harmsaga gamla

Gufuradíósins enn þá eldri, því svo sem talsverður hluti þjóðarinnar veit, þá heyrist útvarp ekki enn þá sæmilega á stórum landssvæðum þar sem sjónvarpssendingar ná þó núna, þannig að góð tónlist, sem útvarpað er um Útvarp Reykjavík, heyrist eins og hver önnur óglögg og frekar leið hljóðmerki utan úr geimnum, t. d. víða á Austurlandi og Norðausturlandi og ég hygg sums staðar fyrir vestan líka.

Fjárhagur Ríkisútvarpsins versnaði í raun og veru um helming, hygg ég, eftir að deildir þess urðu tvær — eða fjárhagsáhyggjur Ríkisútvarpsins. Urðu býsna vond og skjót umskipti á fjárhag þessarar stofnunar upp úr 1950 þegar sjóðseign þess hrapaði niður úr því að nægja fyrir smíði útvarpshúss, — ég hygg að látið hafi nærri að Ríkisútvarpið hafi þá átt í sjóði fé til þess, — ofan í það að verða öreigi. Og það er vafalaust að þeir, sem farið hafa með meirihlutavald á Alþ. og í ríkisstj. á þessu tímabili, eru a. m. k. sumir hverjir sekir um sinnuleysi um fjárhag þess og aðrir kannske beinlínis um skort á velvild.

Hv. frsm., aðalflm. þessarar till., — er hann genginn úr salnum, er hann ekki viðstaddur? Þá hlýt ég að hafa ákveðið hóf, hófstillingu á aths. mínum við framsöguræðu hans, sem ég hefði e. t. v. ekki fundið mig svo mjög knúinn til ef hann hefði verið viðstaddur. Mér virtist honum mistakast að sannfæra okkur um það, að fjárhagur sjónvarpsins yrði best bættur með því að leyfa nú innflutning á sjónvarpstækjum. Enn fremur fannst mér honum mistakast að sannfæra okkur um það, að bann við innflutningi sjónvarpstækja ætti að verulegu leyti sök á smygli þessara tækja inn í landið. Þar sem ljóst er náttúrlega að ágóðavonin eða viðleitnin til að komast hjá því að greiða opinber gjöld mun hafa verið barna ærinn hvati líka.

Ég hef nú ekki heyrt ræðumenn, sem andmæla þessari þáltill., líkja litasjónvarpi við eiturlyf, hvað þá heldur eitur. Viðhorf manna til menningarlegra áhrifa sjónvarps í lit eða án lita hafa verið ákaflega skipt frá upphafi. Ég minnist þess þegar ég spurði mætan og gáfaðan bónda austan úr Suðursveit á sínum tíma hvort þeir væru búnir að fá sjónvarp austur í Suðursveit, og hann ansaði því til: „Það vona ég, að sá skítur komi aldrei austur hingað," sagði hann. Ég gekk á hann með hvað hann meinti með þessum gífuryrðum, og hann sagði: „Ég get hlustað á útvarp og skorið út spón og konan mín getur prjónað og sinnt ýmsum húsverkum sem við höfum vanið okkur á á langri ævi. En þegar þú sest við sjónvarpið, þá gerirðu ekki annað á meðan, og margt af því, sem í því er sýnt, á lítið erindi til okkar." Þetta er dæmi um viðhorf gáfaðs, roskins og menningarlegs bónda austur í Suðursveit sem óskaði þess að sá skítur kæmi aldrei þangað.

Vitaskuld er hægt að bæta fjárhag sjónvarpsins með notendaskatti sem næmi aðeins örlitlu broti af verði nýs sjónvarpstækis, það liggur í augum uppi. Þessi leið til þess að bæta hag sjónvarpsins er hundavaðsháttur. Okkur er í lófa lagið að stuðla að bækkun afnotagjalda að því marki að hægt sé að bæta dreifikerfi sjónvarpsins og umfram allt að bæta dagskrá þess til mikilla muna.

Þótt ég sé ekki mjög vel inni í þeirri tækni sem lýtur að litasjónvarpi, þá get ég fullvissað hv. síðasta ræðumann um að aukakostnaður yrði enginn af því að sýna fréttamenn sjónvarpsins í lit. Af þeirri skemmtan að sjá þá í lit yrði enginn aukakostnaður. En ég er ekki beinlínis sannfærður um það að litprúð ásýnd þeirra yrði sjónvarpsnotendum til verulegs yndisauka. Ég hef séð litasjónvarpssendingar erlendis. Þetta er forvitnilegt eina kvöldstund, að sjá þessar myndir í lit á skerminum. En hér er um að ræða matsatriði eins og hjá Steinþóri á Hala í dómnum um sjónvarpið sem slíkt forðum. Það er hugsanlegt að einhver tiltekinn fjöldi manna sæti hugfanginn og bergnuminn yfir litadýrð á sjónvarpsskerminum bara út af fyrir sig o. s. frv., án tillits til þess efnis sem flutt væri í sjónvarpinu. Ég leyfi mér aðeins að efast um að þeir yrðu margir. Og eitt get ég haft eftir fróðum mönnum, þ. á m. aðstoðarframkvæmdastjóra danska sjónvarpsins sem hefur gert ítarlegasta könnun á gæðum sjónvarpsefnis á Norðurlöndum, að dagskrárnar hafa ekki þótt batna við tilkomu lita.

Ég get, vegna þess að hv. frsm., hv. þm. Ellert Schram, varpaði fram þeirri spurningu, hvort fremur skyldi leggja höft við innflutningi á litasjónvarpstækjum heldur en t. d. frystiskápum og hrærivélum eða öðrum þess háttar tækjum í gjaldeyrissparnaðarskyni, þá get ég látið í ljós þá skoðun mína að þegar hefði mátt fyrir nokkru leggja höft á hóflitinn innflutning ýmiss konar verslunarvarnings, bæði af gjaldeyrissparandi ástæðum og hreint og klárt siðferðilegum í íslensku viðskiptalífi

Ég hlýt vegna fjarveru hv. þm. Ellerts Schram að stytta nokkuð ræðu mína, en hygg að hann hafi talað í þessari dýrðlegu einlægni sem stundum einkennir mál hans þegar hann sagði: Persónulega er mér ekki áfram um að hér komi litasjónvarp strax, en þetta er lífsins gangur. — Þetta eru gamalkunnug, en dálítið óljós sannindi um það, með hvaða hætti þessi blessaða þjóð tekur við nýjungum erlendis frá og tileinkar sér þær án mats á gildi þeirra eða nytsemi, hún virðist vera svo viðkvæm fyrir ríkjandi sannindum umhverfis síns að hún verði að taka við svona löguðu án gagnrýni.

Ég legg eindregið til að þessi þáltill. verði felld, þó með því hugarfari að hv. Alþ. taki á sig rögg og bæti bágan fjárhag Ríkisútvarpsins.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessum umr., einkanlega vegna þess að ég held að það hlióti að vera augljóst mál að meiri hl. Alþ. hlýtur að taka það til alvarlegrar athugunar og án fordóma með hvaða hætti unnt sé að koma litasjónvarpi á hér á landi, gera það að eign alls almennings, og ekki síður og kannske fyrst og fremst hitt, að ákveða hvernig hægt sé að fullkomna dreifitæki sjónvarpsins og einnig Ríkisútvarpsins. Og ég tek undir það með hv. 5. þm. Vestf., að það er okkur íslendingum til vansæmdar í þessum efnum að

við skulum ekki fyrir löngu hafa gert ráðstafanir til þess að sjónvarpssendingar næðu til fiskiskipaflotans. Þetta er mál sem hefur verið rætt áður í þessum þingsölum. Ég hef m. a. tekið þátt í þeim umr. og ég álít að sé eitt af þýðingarmeiri menningarmálum okkar að láta sjómenn okkar njóta þar jafnréttis við aðra.

En það, sem olli því að ég kvaddi mér hljóðs, er þetta stærilæti — ég vil segja þetta menningarlega yfirlæti sem gjarnan lýsir sér í því þegar hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, og hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, tala hér um menningarmál. Þá koma þeir upp í þennan stól og lýsa því fyrir alþjóð að eitt og annað sé þess eðlis að það sé ekki rétt að þjóðin fái að njóta þess. Þeir tala um það með yfirlæti að menn séu að sækjast eftir einhverjum nýjungum erlendis frá án mats eða gagnrýni og þar fram eftir götunum. Í þessu kemur fram tilhneiging þessara hv. þm. til þess að drottna yfir skoðunum annarra, til þess að skammta mönnum úr hnefa hvers þeir megi njóta. Í þessu speglast m. a. þau viðhorf sem þessir hv. þm. hafa haft til kollega sinna í sumum hlutum heims þar sem einmitt er bannað að tjá sig um margvísleg málefni og við höfum nú dæmi um rétt nýlega af góðkunnu skáldi í Austur-Þýskalandi. Ég sé að báðir þessir hv. þm. hafa barið í borðið, svo að ég sé að þetta hefur eitthvað komið við þá og þeir vita upp á sig skömmina. En þannig horfir þetta nú við augum hjá mér og ýmsum öðrum sem hafa hlustað á þeirra málflutning.

Nú er það að sjálfsögðu alveg ljóst mál að þegar við njótum sjónvarps, — einkanlega á það við í sambandi við margvíslegar fræðslumyndir og einnig á það við um myndir úr náttúru landsins, — þá mundu litasjónvarpstæki að sjálfsögðu gefa mönnum miklu fyllri mynd af því sem þar er um að ræða. Ég viðurkenni það að litasjónvarp er ekki fullkomið. Það er ekki eins að horfa á myndir úr náttúrunni eins og að vera á staðnum sjálfum og skoða þetta með eigin augum. En eigi að síður gefur þetta nokkrar hugmyndir um það sem þarna er um að ræða.

Við skulum átta okkur á því, að þessi tímaskekkja þessara tveggja hv. þm., að vera nú í dag að berjast á móti litasjónvarpi hér uppi á Íslandi, nær ekki til allrar þjóðarinnar. Ég hef líka orðið var við það meðal alls almennings hér á landi, að greiðslustaða íslendinga er þannig nú við útlönd að það er ekki almenn krafa á Íslandi nú að litasjónvarp verði almenningseign, vegna þess að menn skilja að við höfum naumast efni á því núna. Þessi till. felur ekki heldur í sér það, að þegar á morgun eða strax í dag skuli gefa þetta frjálst, heldur er þarna till. um að ríkisstj. geri sér grein fyrir því, hvernig unnt sé að stuðla að því að íslenska sjónvarpið hefji reglulegar litaútsendingar. Þetta er mál sem verður að íhuga.

Ég geri ekki ráð fyrir að hv. 2. þm. Vestf. hafi með ummælum sínum um ferðamannagjaldeyri áðan verið að gera því skóna að skattleggja ferðamannagjaldeyri umfram annan gjaldeyri. Ég skildi ummæli hans ekki þannig þó að vissulega hefði mátt gera það. En jafnsjálfsagður hlutur og það er að við gefum íslendingum, allri alþýðu manna, kost á því að verja peningum sínum á þann veg sem þessi alþýða sjálf kýs, þá er einnig sjálfsagt að við eigum að reyna að stuðla að því eftir mætti að alþýða þessa lands geti farið til annarra landa og skoðað sig þar um. Ég man eftir því þegar ég var rétt rúmlega tvítugur og var rétt að byrja á að kynna mér landsmál, þá sagði við mig gamall og vitur maður að sú tíð væri nú liðin að sú rödd heyrðist á Alþ. að það ætti að segja mönnum hvað þeir mættu gera, skammta þeim hvað þeir mættu kaupa og þar fram eftir götunum. Og menn trúðu því að þessi tíð mundi ekki koma aftur. En því miður heyrir maður það enn, nú hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að hann álítur, að það þurfi að segja fólkinu til hvers það megi verja sínum peningum, og telur að af siðferðisástæðum þurfi að banna innflutning — hóflítinn innflutning á ýmiss konar verslunarvarningi. Nú veit ég ekki hvað hann á við með þessu. En í þessum orðum kemur fram sú tilhneiging að hugsa fyrir aðra, ráða því sem aðrir eiga að gera, og sá hugsunarháttur er hættulegur.

Ég vil svo að síðustu aðeins taka undir það sem hv. flm., 11. þm. Reykv., sagði, að af tæknilegum ástæðum liggur það fyrir að fjöldi manns þarf að endurnýja sjónvarpstæki sín innan mjög skamms tíma, nokkurra ára, og það er að sjálfsögðu æskilegt að þegar um þá endurnýjun verður að ræða, þegar fólk skyndilega stendur frammi fyrir því að það verður annaðhvort að vera sjónvarpslaust eða kaupa sér nýtt tæki, þá er auðvitað æskilegt að mönnum sé gefinn kostur á því að velja á milli hvort það kjósi heldur litasjónvarpstæki eða venjulegt tæki í svarthvítu. Að sjálfsögðu er rétt að fara þar með gát, og ég geri ekki lítið úr því. En við megum ekki banna þetta algerlega, því að ef við gerum það, þá ýtum við undir smygl og hvers konar óheiðarlega verslun í landinu. Það er rétt sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, að þeir menn, sem smygla varningi til landsins til endursölu, hafa sjálfsagt ágóðavon. Ágóðavonin er það, sem ræður þeirra gerðum. En það, sem ræður því að menn versla við slíka menn er oft og tíðum það að þeir eiga þess ekki kost að fá vöruna með öðrum hætti. Einnig er það að mjög háir tollar hafa verkað mjög illa í þessu sambandi. Má minna á tollabreytingarnar 1961 í því sambandi og þann ótrúlega árangur sem náðist af þeirri löggjöf þótt illa hafi verið fyrir henni spáð fyrir fram, ekki síst af skoðanabræðrum hv. þm.

Umr. frestað.

Fasteignamiðlun ríkisins, þáltill. (þskj. 85). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Flm. (Guðrún Benediktsdóttir): Herra forseti. Ég ásamt hv. alþm. Inga Tryggvasyni og Steingrími Hermannssyni flyt till. til þál. á þskj. 85 um fasteignamiðlun ríkisins, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til l.

um fasteignamiðlun ríkisins, er stuðla skal að því, að verðlag fasteigna verði sem næst kostnaðarverði á hverjum tíma og á þann hátt komið í veg fyrir óeðlilegan gróða og fasteignabrask, sem er mjög verðbólguhvetjandi.“

Á Alþ. vorið 1975 fluttum við hv. alþm. Ingi Tryggvason þáltill. sama efnis og hér um ræðir og var henni vísað til allshn. Till. þessi hefur ekki verið tekin þar til meðferðar og er hún endurflutt nú í trausti þess að máli þessu verði meiri gaumur gefinn á yfirstandandi þingi.

Flestir íslendingar setja sér snemma það markmið að eignast þak yfir höfuðið. Byrja menn þá gjarnan smátt, en stækka síðan við sig þegar efni og ástæður leyfa. Þannig skipta hjón gjarnan um íbúð á 5—10 ára fresti á fyrri hluta búskaparára sinna. Milliliðakostnaður sá, er fylgir fasteignasölu, nemur 2% af söluverði eignarinnar. Munu það vera 100—200 þús. kr. fyrir hverja eign, miðað við að söluverð sé 5—10 millj. kr. Þegar gera má ráð fyrir að ein til tvenn mánðarlaun þurfi til þessarar þjónustu við hverja sölu ætti það að vera hvatning til að koma þessum málum fyrir á hagkvæmari hátt.

Í Reykjavík og nágrenni eru skráðir í símaskrá a. m. k. 40—50 fasteignasölur og eftir fjöldanum að dæma virðist þessi atvinnuvegur þykja arðvænlegur. Í Reykjavík einni var árið 1973 þinglýst 2209 afsölum fyrir fasteignum, árið 1974 2303 og árið 1975 2608 afsölum. Á þessu sést að fasteignaviðskipti eru mikil. Ef gert er ráð fyrir að meðalverð á eign sé 8—10 millj. kr., þá nemur salan 21—26 milljörðum kr., þ. e. a. s. 21—26 þús. millj., miðað við núgildandi verðlag. Þóknun fasteignasala fyrir þessa þjónustu nemur þá um 417—520 millj. kr.

Þjónustu þessari hefur verið mjög ábótavant, því að t. d. eins og fyrr segir eru fasteignaskrifstofur mjög margar og verður fólk, sem leitar sér að húsnæði, að þeytast milli fjölda staða til að fá yfirsýn yfir allar íbúðir sem á markaðnum eru.

Þetta mál er ekki einungis hagsmunamál þeirra sem kaupa fasteignir, heldur og þeirra sem selja þær, því að þótt fasteignin, sem seld er, sé á lægra verði en það sem fasteignasalar sprengja verðið upp, þá er á það að líta að flestir eru að skipta um eign og fá sér stærri og dýrari húsakynni. Þeim kemur því til góða að lækka verð á íbúðum, auk þess sem umbun milliliðarins verður minni.

Með því að starfrækja þessa fyrirhuguðu skrifstofu í tengslum við Húsnæðismálastofnun ríkisins væri auðvelt að hafa aðgang að mati fasteigna til að hafa til hliðsjónar við verðlagningu, en verið er að vinna að nýju fasteignamati byggðu á söluverði fasteigna nú síðustu ár. Einnig ætti að vera hægt að fá þar byggingartíma, teikningar og annað viðvíkjandi hverri eign. Með till. þessari er gert ráð fyrir að umrædd þjónusta á vegum ríkisins verði seld á kostnaðarverði.

Ekki þarf getum að því að leiða hver þægindi og sparnaður á tíma og fyrirhöfn það væri fyrir almenning að eiga kost á allri þjónustu varðandi fasteignaviðskipti á einni og sömu skrifstofunni, að ekki sé minnst á þann gífurlega sparnað sem þessi stofnun kemur til með að veita. Það varðar því ekki einungis hag almennings, sem á í fasteignaviðskiptum, heldur einnig þjóðarhag varðandi verðbólguvandann.

Að öðru leyti vísa ég til grg. og væri vel ef þessu máli yrði fylgt fast eftir á Alþ. nú.

Ég legg svo til að till. þessari verði vísað til allshn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða nú strax, áður en þessi till. fer til n., að lýsa yfir stuðningi mínum við hana. Ég hygg að það megi treysta á stuðning annarra Alþb.-þm. í því máli, enda er þetta gamalt baráttumál okkar hér á Alþ. Við höfum margsinnis flutt till. sem ganga í þessa átt, að hamla gegn fasteignabraski og öðru slíku og þeim okurgróða sem á sér stað á þeim vettvangi. Þetta er líka okkar mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Biskupsembætti, frv. (þskj. 66). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram til kynningar á síðasta hv. Alþ. og í þessari hv. d. og reyndar fór þá fram framsaga um það og nokkrar umr. án þess þó að til þess væri ætlast né við því búist, að það yrði afgr. á því þingi. Það er nú lagt fram hér aftur.

Þetta er frv. um biskupsembætti hinnar íslensku þjóðkirkju og skv. því er gert ráð fyrir að biskupsdæmi skulu vera tvö: Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Það er hins vegar gert ráð fyrir því að sú skipan, sem gert er ráð fyrir í frv., komi eigi til framkvæmda fyrr en fé hefur verið veitt til þess á fjárl. Ég leyfi mér að undirstrika það, að það er sem sagt ekki gert ráð fyrir því að þessi nýja skipan, sem þarna er um að ræða, komi til framkvæmda fyrr en fjárveitingavaldið hefur um það fjallað sérstaklega og lagt yfir það blessun sína, þannig að samþykkt þessa frv. út af fyrir sig hefur ekki í för með sér nein útgjöld.

Þetta frv. er samið af dr. Ármanni Snævarr hæstaréttardómara skv. beiðni dóms- og kirkjumrn., og hann hefur tekið saman þá ítarlegu grg. sem fylgir með frv. Hún er þannig úr garði gerð, að það nægir í raun og veru að mörgu leyti að vísa til hennar, án þess að ég fari að endurtaka hér í framsögu það sem þar er sagt.

Það er rétt að taka það fram, að gert er ráð fyrir því að um leið og hin nýja skipan komist á eftir þessu frv. skuli embætti vígslubiskupa lögð niður. Það út af fyrir sig jafngildir biskupslaunum þar eð vígslubiskupar njóta nú hálfra launa, þannig að út af fyrir sig yrði ekki kostnaðarauki við sjálft biskupsstarfið nýja.

Sú skoðun, að það skuli sett hér upp tvö biskupsembætti, virðist njóta nokkurs fylgis. Sú skoðun er að einhverju leyti reist á því að það sé ofviða einum biskupi að inna af hendi öll þau störf sem honum eru lögð á herðar, og kannske að einhverju leyti vegna þess að hv. Alþ. og fjárveitingavald hefur verið heldur naumt á fjárveitingar til aðstoðar við embætti biskups. En e. t. v. er þetta álit, sem hefur komið í ljós um það að hér ættu að vera tvö biskupsdæmi svo sem að fornu, byggt fyrst og fremst á sögulegri hefð.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér sögu, en minni aðeins á það, að í öndverðu voru sett á fót þessi tvö biskupsdæmi hér, í Skálholti og að Hólum, og í kjölfar þess að biskupsstólar voru settir á þessum stöðum risu þar upp menningarsetur svo sem alkunnugt er. En á myrkasta tíma Íslandssögunnar, á ofanverðri 18. öld, var biskupssetur fyrst flutt frá Skálholti til Reykjavíkur og biskupsstóll á Hólum síðan lagður niður. Má segja að það hafi gerst með sérlega hljóðlátum hætti að biskupsstóll og skóli voru fluttir frá Hólum, frá Norðurlandi, og að norðlendingar hafi tekið þeirri breytingu með undarlega mikilli þögn. Að vísu voru þá erfiðir tímar hér á landi, og fleiri breytingar áttu sér stað um sama leyti, þar sem Alþ. var þá einnig niður lagt, en það var þá, eins og menn vita, í raun og veru ekki orðið annað en dómstóll. Þess vegna var sú breyting, sem þá átti sér stað, í sjálfu sér ekki ýkjamikil, þó að sá æðsti dómstóll, sem var í landinu, væri fluttur frá Þingvöllum og til Reykjavíkur og að vísu gerð nokkur breyting í því sambandi.

Alþingi var svo endurreist, eins og menn þekkja, fyrst sem ráðgjafarþing og seinna sem löggjafarþing, en biskupsstólarnir hafa hins vegar ekki verið endurreistir á hinum fornu stöðum. Hvorki Skálholt né Hólar hafa orðið biskupssetur og við það situr enn í dag.

Á síðari árum hefur hins vegar verið gert margt til þess að hefja Skálholt til vegs og virðingar á ný, fyrst og fremst með endurbyggingu fornrar dómkirkju á staðnum, en síðan með stofnun sérstaks skóla lýðháskóla eða lýðskóla á staðnum, þannig að segja má að Skálholt sé nú tvímælalaust komið í hóp menningarsetra hér á landi, og er það vel.

Um Hóla er það hins vegar að segja að saga þeirra varð að vísu nokkuð á annan veg en Skálholts, þannig að Hólar sukku aldrei eins djúpt niður og Skálholt og niðurlæging þeirra var aldrei eins alger og Skálholts. Þar stóð hin forna dómkirkja og varð m. a. til þess að halda staðnum uppi. Seinna, á síðari hluta síðustu aldar, var svo reistur þar bændaskóli sem síðan hefur staðið þar og starfað með myndarbrag lengst af, og þess vegna hafa Hólar að vísu verið menningarsetur. Svo var prestssetur flutt þangað, en það hafði verið flutt burt frá Hólum um langa hríð. Vegur Hóla er því eins og er vissulega mikill. En í hugum norðlendinga og þá ekki hvað síst skagfirðinga hefur sá skóli, sem byggður var á Hólum ekki verið endurreistur þar, heldur var hann endurreistur á Akureyri, eins og kunnugt er, Menntaskóli Norðurlands. Og biskupsstóll hefur ekki enn komið til Hóla.

Það, sem stefnt er að með þessu frv., er að endurreisa biskupsstól að Hólum. Ég er viss um að sú ráðstöfun verður fyrst og fremst auðvitað til þess að auka veg Hólastaðar og efla hann á allan hátt, en jafnframt yrði vegur kristninnar aukinn. Það er ekki vafi á því, að á Hólum mundi þá verða miðstöð kirkjulegs starfs og kirkjulegrar menningar og þaðan mundu eins og áður berast hollir straumar út til þjóðlífsins. Ég hygg að það muni flestir vera sammála um að á þeim upplausnartímum í siðferðilegum efnum, sem margir telja að nú séu áberandi hér á landi, sé vissulega þörf á að gera þær ráðstafanir sem hægt er til þess að vega á móti þeirri upplausn. Og ég hygg að það sé óvíst að það verði gert betur með öðrum hætti heldur en að styrkja stoðir kristinnar lífsskoðunar og kristinnar siðaboðunar.

Frv., sem hér liggur fyrir, gerir sem sagt ráð fyrir því að biskupsdæmi þjóðkirkjunnar verði tvö: Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Þessi skipan er mjög áþekk og í frv., sem Magnús heitinn Jónsson prófessor og alþm. flutti á Alþ. árið 1941, og svipað frv. var samþ. af Kirkju-

þingi árið 1958. Af fjárhagsástæðum þykir hins vegar ekki fært að leggja til að biskupsembætti eða biskupsdæmi verði nú eins og ráðgert var í frv. sem samþ. var af Kirkjuþingi 1963.

Við landfræðilega afmörkun biskupsdæmanna tveggja hefur verið tekið mið af núverandi skiptingu landsins í prófastsdæmi í stað þess að fylgja hinni fornu skiptingu milli Skálholts- og Hólabiskupsdæma. Þannig er lagt til að Hólastifti nái til Strandasýslu, Norðurlands alls og Austurlands að undanskilinni Austur-Skaftafellssýslu. Tekur það þá til sex prófastsdæma með u. þ. b. 45 þús. íbúum. Undir Skálholtsbiskup heyra þá aftur á móti 9 prófastsdæmi með liðlega 170 þús. íbúum. Umdæmi hans yrði því miklu fjölmennara en Hólabiskupsdæmi, en hins vegar litlu stærra landfræðilega en umdæmi Hólabiskups.

Í frv. er gert ráð fyrir að Skálholtsbiskup sitji í Reykjavík, en Hólabiskup á Hólum, en þó er heimilt að flytja biskupssetur frá þessum stöðum með forsetaúrskurði skv. till. kirkjumrh., enda sé meiri hl. þjónandi presta og safnaðarfulltrúa í viðkomandi biskupsdæmi því meðmæltur.

Önnur efnisatriði þessa frv. lúta m. a. að verkefnum biskupa og verkaskiptingu milli þeirra, vörslu sjóða og annarra kirkjueigna, stöðu biskupa, þ. á m. á Kirkjuþingi og í Kirkjuráði, lögkjörum þeirra og vígslum. Um þessi atriði er ekki ástæða til að fjölyrða hér í framsöguræðu, heldur vísast í þessu sambandi til frv. sjálfs og grg. sem því fylgir. Rétt er þó að vekja á því athygli, að það er ætlunin að endurskoða sérstaklega lög um biskupskosningu og önnur þau lög er biskupsembætti varða, og því er ekki að finna nein ákvæði um kosningu biskupa í þessu frv.

Í fyrra voru drög að þessu frv. lögð fyrir Kirkjuráð. Biskup sendi síðan bréf um frv. og í því fólst jákvæð umsögn. Það bréf var að mestu leyti birt í framsöguræðu minni á Alþ. í fyrra. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa upp hér aftur, en tek fram að í því fólst jákvæð umsögn um frv.

Það hafa borist allmargar samþykktir í rn., bæði áður en frv. var lagt fyrir síðasta Alþ. og eins eftir að það var lagt fram, frá sóknarnefndum og öðrum aðilum á Norðurlandi, sérstaklega á Norðurlandi vestra, þar sem mælt hefur verið með þessu frv. Einnig hefur borist umsögn eða meðmæli frá Prestafélagi hins forna Hólastiftis.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða frekar um frv., þar sem því fylgir, eins og ég hef áður sagt, ítarleg grg., og læt nægja að vísa til hennar. En ég vil leyfa mér að vekja athygli þeirrar n., sem þetta mál fær til meðferðar, á því að einmitt þessa dagana situr Kirkjuþing að starfi hér í Reykjavík. Það situr hins vegar takmarkaðan tíma, aðeins um tveggja vikna skeið. Ég tel sjálfsagt og æskilegt að hv. n, sem fær frv. til meðferðar, sendi það þessu Kirkjuþingi til umsagnar, og þá vildi ég mega vænta þess að hún hefði hraðan á að halda fund um málið, þar sem það væri tekið fyrir og það sent svo tímanlega til Kirkjuþingsins að það fengi tækifæri til þess að láta í ljós álit sitt á málinu.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Er þetta frv. um biskupsembætti hinnar íslensku þjóðkirkju eða nánar tiltekið um nýtt biskupsembætti á Hólum kom til umr. hér í fyrra, þá andmælti ég því og taldi að önnur þörf kynni að vera brýnni á Norðurlandi en fyrir nýjan biskup. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að annars sé brýnni þörf nyrðra til þess að vega upp á móti upplausn og til að bæta siðgæði þar. Ég þykist ekki hafa orðið þess var að fjarlægð frá biskupi valdi sýnilega meiri upplausn á Norðurlandi heldur en á sér stað í nálægð biskups hér syðra. Ég þykist ekki heldur hafa orðið þess var að þar sé siðgæði verra enda þótt yfir heiðar sé að sækja í nágrenni biskups. Ég vildi helst að hlutlæg rannsókn færi fram á því, hvort kristnin sé slakari norðanlands heldur en sunnan vegna fjarlægðar biskups á þeim landshluta, áður en svona ákvörðun væri tekin.

Ég minnist þess við umræðurnar í fyrra, þá sagði hæstv. ráðh., flm. frv., að af skipan biskups að Hólum mundi leiða lítinn kostnað. Nú segir hæstv. ráðh. að hann muni enginn verða. Ég minnist þess að ég dró það í efa í fyrra. (**Dómsmrh.:** Þetta er misskilningur hjá hv. þm.) Er það misskilningur að ráðh. hafi sagt í fyrra að lítinn kostnað mundi leiða — (**Dómsmrh.:** Að lítinn kostnað mundi leiða af því, já, ég hef ekki sagt að hún hefði engan kostnað í för með sér.) Þá hefur mér misheyrst. En ég fékk ekki betur heyrt, ég bið hæstv. ráðh. velvirðingar á því, ég heyrði ekki betur. (**Dómsmrh.:** Það varðar laun biskupsembættisins.) Já, ég heyrði ekki betur en að hann teldi það fram að niðurskurður vígslubiskupa mundi nægja fyrir launum biskups, og það mun rétt vera. Ég þykist hins vegar sjá fram á það, að ef biskup á Hólum ætti að megna að hefja þann ágæta stað menningarlega hátt yfir þann sess sem hann nú skipar, þá þyrfti biskup sennilega að fá þarna til umráða sæmilegt húsnæði, og ef seta biskups á Hólum á að nægja til menningarlegra áhrifa á svæðinu norðan frá Ströndum og suður að Skaftafelli austur um landið, þá hygg ég að hann þyrfti í líkingu við hina fyrri biskupa, sem á Hólum sátu, að hafa um sig hirð nokkra eða starfslið.

Ég hef grun um það að til álita komi að því fé, sem til þyrfti að smíða slík höfðingjasetur eða standa undir slíkri hirð eða starfsliði, mætti e. t. v. verja betur á annan hátt til fremdar sömu góðu málefnum eins og hæstv. ráðh. gerði hér grein fyrir.

Það þarf ekki að orðlengja það sem öllum hv. þm. er kunnugt, að á sínum tíma kom upp töluverð hreyfing fyrir því hér syðra að biskup yrði fluttur aftur að Skálholti. Það var stofnað sérstakt félag þar að lútandi, sem dreif upp nokkra byggingarstarfsemi í Skálholti til þess að endurreisa biskupsstólinn þar. En þegar til kastanna kom vildi biskup ekki sitja í Skálholti. Hér er svo ráð fyrir gert að Hólabiskup sitji að Hólum, en þó heimilt að flytja biskupinn þaðan ef prestar skyldu fallast á það álit hans að t. d. væri þægilegra að sitja á Akureyri.

Ekki vil ég rýra sæmd kirkjunnar sem ég hygg að gegni hér enn ákveðnu, mikilvægu þjóðfélagslegu hlutverki. En þetta frv. um fjölgun biskupa á Íslandi í a. m. k. tvo — og að því er virðist sér nú í rauðar iljar þeim þriðja að því er manni heyrðist á hæstv. ráðh. — það finnst mér ótímabært. Mér finnst málið yfirborðslegt og alvörulítið.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekkert við því að segja þó að skiptar skoðanir séu um þetta mál eins og önnur. Og það er nú með það eins og yfirleitt er um mál sem kosta einhverja fjármuni, að það er lengi hægt að deila um hvort þeim fjármunum mundi ekki verða betur varið til einhvers annars. En það verður auðvitað undir mati komið, og ég veit að það er ákaflega auðvelt verk t. d. að benda á ýmsar þarfir á Norðurlandi sem æskilegt væri að geta fullnægt. En ef menn hugsa þannig, þá getur það lengi orðið fjötur um fót góðum málum, af því það má lengi finna einhver önnur mál sem gætu verið eins góð eða kannske betri að mati ýmissa. En það er í sjálfu sér ekkert við þessu að segja, þó að menn leggi á þetta mismunandi mat og hafi á því mismunandi skoðanir.

Það, sem ég vildi aðeins aftur undirstrika, er að það er í raun og veru ekki verið að fara fram á með þessu frv. að það sé stofnað til útgjalda, heldur kemur það þá aftur til kasta Alþ. og verður því aðeins horfið að þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, að fjárveitingavaldið, að Alþ. fallist á að það sé réttmætt og eðlilegt að verja fjármunum til þessa. Hér er því ekki hrapað að neinni eyðslu í þessu frv., heldur eru þarna að vísu að segja má opnaðar dyr, en hv. alþm., hverjir svo sem þeir verða, ráða því síðar hvort þeir ganga inn um þær dyr eða velja sér einhverjar aðrar.

Ég leiðrétti að nokkru með framígripi þann misskilning sem kom fram hjá hv. þm. varðandi kostnað sem af þessu hlýst þegar og ef að því ráði verður horfið. Það, sem ég sagði, varðaði aðeins laun biskupsins, að þau jafna sig í raun og veru á móti því sem vígslubiskupum er nú greitt. Hins vegar er ég alveg sammála því og það þýðir ekkert annað en að horfast í augu við þá staðreynd, að auðvitað hlýtur stofnun biskupsembættis að fylgja ýmis annar kostnaður en bara laun handa biskupi og það er fjarri mér að vilja blekkja nokkuð að því leyti til að það er óhjákvæmilegt. En það mundi verða Alþingis og fjárveitingavaldsins að meta á sínum tíma, þegar lægi fyrir að það ætti í raun að hverfa að þessari skipan, að meta hverjar þær fjárveitingar þyrftu að vera.

Þetta vildi ég aðeins taka fram. Ég held að það sé ekki hægt að segja að það sé lítil alvara á bak við frv. Það er alls ekki ótítt að slíkur háttur sem þessi sé á hafður, að það sé flutt frv. og lögákveðin skipan sem menn þó eru í þann svipinn ekki alveg tilbúnir til þess að leggja í kostnað við að koma á fót. Í samþykkt frv. sem þessa felst a. m. k. ákveðin stefnumörkun, stefnuyfirlýsing Alþ. og löggjafans um að það skuli stefnt að þessu, að biskupsembættin verði tvö og verkaskipting þeirra sú er þar greinir, enda þótt ekki sé talið rétt að leggja strax í þann kostnað sem því hlýtur að vera samfara, heldur gefist meira ráðrúm til þess að íhuga það efni og að það komi til löggjafans síðar, áður en horfið verður að þessu ráði.

Ég hef ekki látið að því liggja að siðferði manna norðanlands væri neitt slakara heldur en sunnanlands. En ég hefði haldið að menn gætu orðið sammála um að uppbygging menningarmiðstöðva, kristilegra menningarmiðstöðva gæti haft heppileg áhrif í þjóðfélaginu. Það veldur auðvitað hver á heldur. En ef menn líta til sögunnar, þá verða menn að játa að það voru ekki lítil áhrif sem streymdu til þjóðlífsins frá þeim höfuðskörungum sem lengi vel sátu á biskupsstóli á Hólum. **(Gripið fram í:** Þeir voru misjafnir.) Þeir voru misjafnir, eins og við erum allir, og þannig verður það alltaf, að í slík embætti veljast eitthvað misjafnir menn. En þó hygg ég að það verði að segjast um þá flesta að þeir hafi hugsað nokkuð vel um þá stofnun sem þeim var falið að veita forstöðu.

Tímarnir eru auðvitað breyttir frá því sem þá var, og ríkisvaldið hefur nú tekið í sínar hendur beinlínis ýmis þau verkefni sem kirkjunni þá voru ætluð. Þess vegna yrði hlutverk biskups og kirkju ekki hið sama nú eins og þá. En eigi að síður getur það haft sína þýðingu. Og það er einmitt skemmtilegt að hugsa til þess, að það hefur verið talsvert vakandi líf og kirkjulegt starf á Norðurlandi, eins og ég veit að hv. þm. veit vel um. Það hafa verið áhugasamir prestar þar sem hafa gengist fyrir sumarbúðum og skólum og námskeiðum og öðru þvílíku og haldið uppi æskulýðsstarfsemi með myndarbrag, að ég ætla, og allt þetta hefur sína þýðingu.

En sem sagt, þetta er mál sem er ekki mál stundarinnar, heldur er eðlilegt að menn þurfi nokkurn tíma til þess að átta sig á og hugsa sig um. Ég hef ekki hugsað mér að reyna að koma þessu máli fram hér með neinu sérstöku offorsi, heldur hef ég farið fram á það við menntmn., sem fær málið til meðferðar, að hún leiti umsagnar Kirkjuþings, og sjálfsagt verða frekari umr. — og er ekki nema heppilegt að frekari umr. á opinberum vettvangi fari fram um málið til þess að það sýni sig betur en ella hver hugur fylgir máli hjá almenningi um þetta. Ég hef síst á móti því.

Auðvitað hefði ég verið glaður yfir því ef hv. síðasti ræðumaður hefði frelsast í sumar og komist á aðra skoðun í þessu máli en hann var í fyrra. En við því er ekkert að segja, þetta getur alltaf komið síðar.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég er nú kannske ekki rétti maðurinn til þess að tala um kirkjunnar málefni, en ég vil þó ekki láta hjá líða að lýsa persónulegri andstöðu minni við þetta frv. Ég tel enga þörf á því að á Íslandi sitji tveir biskupar, allra síst þegar mér sýnist í þessu frv. að sá, sem á að sitja norðanlands, eigi að lúta í ýmsu undir biskupinn sunnanlands. Ég hef þann metnað fyrir norðlendinga að það ætti þá að vera tvennt hliðstætt, en ekki annað yfirstætt og hitt undirstætt. Að öðru leyti finnst mér líka fráleitt að ætlast til þess, eins

og tímarnir eru í dag, að biskupinn sitji á Hólum, sem er í nútíðarskilningi í afdal nánast, Hjaltadal, og um ýmislegt erfiðara að ná sambandi við presta umhverfis heldur en ef hann sæti á Akureyri. Í öðru lagi hef ég lítið heyrt um að það sé áhugi á þessu máli norðanlands nema í Skagafirði og hygg að það sé fyrst og fremst af staðarlegum ástæðum.

Til þess að færa rök að því, að hér sé ætlast til þess að biskupinn að Hólum lúti að vissu marki undir biskupsembættið sunnanlands, má t. d. benda á 5. gr. Sjóðir og aðrar kirkjueignir, sem samkvæmt lögum, skipulagsskrám eða öðrum löggerningum eru bundin öðru biskupsdæminu, skulu vera í umsjá og vörslu viðkomandi biskups ef heimildargögn mæla því ekki í gegn. En svo kemur síðar í 5. gr: „Aðrir sjóðir og kirkjueignir skulu lúta vörslu og reikningshaldi Skálholtsbiskups“ — þ. e. a. s. allt sem ekki beinlínis er tínt til undir Hólastól, það á að lúta undir vörslu og reikningshald Skálholtsbiskups. Í öðru lagi er tekið fram í 6. gr.: „Skálholtsbiskup er fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum.“ Þar á hinn norðlenski biskup ekki að koma við sögu.

Að lokum vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég teldi miklu betur varið þeim fjármunum, sem hér er auðsjáanlega stefnt að að verja til biskupsstóls norðanlands, til þess að bæta t. d. laun prestanna sem eru að mörgu leyti mjög óhagstæð nú, sniðin við það t. d. að prestur, sem er búsettur í sveit, hafi svo og svo mikinn styrk af búskap, sem mjög er undir hælinn lagt að sé. Að minni hyggju væri skynsamlegt, miðað við breytta tíma, þótt það snerti ekki þetta frv., að prestaköllum væri fækkað, en prestar betur launaðir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tel að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé í rauninni mjög merkilegt frv. þar sem gert er ráð fyrir því að endurreisa á ný biskupsstól á Norðurlandi. Ég hef alltaf með sjálfum mér verið andvígur því fyrirkomulagi, sem hér er nú með vígslubiskupum, og tel að miklu beinna sé og eðlilegra að hafa hér tvo biskupa, einn á Norðurlandi og annan á Suðurlandi. Ég skal ekki á þessu stigi málsins gera það að neinu aðalefni hvort biskupssetur verður að Hólum eða á Akureyri, en tel að það mál þurfi nánari athugunar við. Það mál er ekki það vel grundað af minni hálfu að ég vilji alfarið á þessu stigi hafna hugmyndinni um Hólabiskup heima í Hjaltadal, því að þar er um svo sterka sögulega og menningarlega hefð að ræða að það væri bæði skemmtilegt og mikill sómi fyrir norðlendinga að hafa kjark og dug í sér til þess að endurreisa það biskupsdæmi heima á þeim stað. Ég hygg að það gæti á margan hátt verið táknrænt einmitt fyrir þann tilgang sem felst á bak við biskupsdæmið.

Það, að ég stend nú upp, er vegna þess að mér komu töluvert á óvart þessar tvær mótbárur við þessu frv. Við höfum orðið vör við það, sem höfum verið að mestu leyti eða öllu leyti utan Alþ., undanfarin ár, að Alþ. hefur átt afskaplega erfitt með að gera upp við sig ýmis málefni kirkjunnar. Þannig hefur t. d. frv. um prestskosningar legið fyrir Alþ. svo árum skiptir án þess að Alþ. hafi haft kjark í sér til þess að gera upp hug sinn í þeim efnum. Ég vil þakka hæstv. kirkjumrh. fyrir að bera þetta frv. hér fram og fyrir hans hógværu og málefnalegu framsögu fyrir því, og ég vil mega vænta þess, að þessi hv. d. skili frv. frá sér, helst samþykki það, kannske með einhverjum breytingum, ella felli frv. — frv. verði með öðrum orðum ekki látið daga uppi, heldur hafi Alþ. skoðun á málefnum kirkjunnar.

Það er rétt, sem hv. 4. landsk. þm. sagði, að það er sumt í þessu frv. sem kannske orkar tvímælis og sumt orkar mjög tvímælis. Hann nefndi í því sambandi 6. gr. frv., þar sem talað er um að Skálholtsbiskup skuli vera fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við. Auðvitað má hugsa sér aðrar reglur í því sambandi. Það má t. d. hugsa sér að sá biskup, sem eldri sé í starfi, skuli gegna því fulltrúastarfi og er ekkert nema eðlilegt um það að segja.

Við norðlendingar höfum alltaf átt svolítið erfitt með að sætta okkur við yfirgang Skálholtsbiskupa, ekki síst Ögmundar á sinni tíð gagnvart Jóni Arasyni, og munum sýna það eins og Jón Arason að við verðum harðir í horn að taka ef slíkt á að endurtaka sig.

Aðeins vil ég að lokum segja það, að eins og nú er komið siðgæðisvitund og ég vil segja lausung í okkar þjóðfélagi, þá hlýtur það að vera af hinu góða að reyna að efla kirkjulegt starf í landinu og kristni. Ég álít að Alþ. hafi ekki verið nógu rausnarlegt í þeim efnum. Ég álít að hið háa Alþ. verði að endurskoða þá afstöðu.

Það kom mér hins vegar ekki á óvart, hvaða skoðanir hv. 5. þm. Norðurl. e. hafði á málefnum kirkjunnar og landskristni, og vil segja um ræðu hans hið sama og hann sagði um þetta frv. hér, að sú ræða var ótímabær, yfirborðsleg og alvörulítil.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Dagvistarheimili, frv. (þskj. 31). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 50). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 23. fundur.

Þriðjudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Fyrsta málið á dagskrá þessa fundar er fyrirspurn sem ég bar fram í upphafi þessa þings um símakostnað aldraðs fólks og öryrkja. Þetta er 17. mál Sþ. 2. mál á dagskránni er hins vegar 46. mál og allt upp í 82. mál er á dagskrá þessa fundar. Fyrirspurn minni, sem ég bar fram í þingbyrjun, hefur ekki fengist svarað enn þá og hefur hæstv. ráðh. borið ýmsu við. Hann var viðstaddur hér á einum tveimur eða þremur fyrstu fundunum og taldi sig ekki tilbúinn til að svara, en síðan hefur hann ýmist verið erlendis eða boðað fjarvistarleyfi. Ég vil beina því til hæstv. forseta, sem er oddviti okkar þm., að hann reyni að tryggja það að hæstv. ráðh. gegni skyldustörfum sínum hér á þingi. Ég óska þess mjög eindregið að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að ráðh. símamála komi hér og svari þessari fyrirspurn, og raunar virðist mér að það megi beina því til hæstv. ráðh. almennt að þeir gegni störfum sínum hér á þingi. Þeir ráðherrastólar, sem næstir mér eru, eru allir tómir og var þó aðeins einn ráðh. sem bað um fjarvistarleyfi. Ég sé ekki stólana þarna hinum megin, en ég hygg að þeir séu ekki fullir heldur. Þess ber að vænta að hæstv. forseti beini því til hæstv. ráðh. að þeir gegni skyldustörfum sínum hér á hinu háa Alþingi.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, þá er það rétt hjá honum að nokkuð hefur dregist að svara þeirri fyrirspurn sem er 1. mál á dagskrá í dag. En hæstv. samgrh. hringdi til mín nokkru fyrir hádegi í dag og kvaðst ekki mundu geta mætt á þingfundum í dag. En eigi að síður skal ég segja honum frá beiðni hv. 3. þm. Reykv. um að þessari fyrirspurn verði svarað og ég mun stuðla að því að svo verði. Sömuleiðis mun ég koma því á framfæri við hæstv. ríkisstj. að hún verði á þingfundum a. m. k. þegar á að svara fyrirspurnum, en ég veit ekki hvort það rætist úr þeim málum nú. Það er enginn ráðh. viðstaddur enn enda þótt margar fyrirspurnir séu á dagskrá.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 23. nóv., að loknum 23. fundi.

Dreifikerfi sjónvarps, þáltill. (þskj. 91). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fasteignamiðlun ríkisins, þáltill. (þskj. 85). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Útbreiðsla atvinnusjúkdóma, þáltill. (þskj. 35). — Ein umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðssyni, leyft mér að flytja till. til þál. um skipun n. til að kanna eðli útbreiðslu atvinnusjúkdóma. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. sérfróðra manna til að gera ítarlega könnun á eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hérlendis, svo sem vegna vinnuálags og langs vinnudags, hraða eða sjálfvirkni vinnunnar, umgengni við hættuleg efni, mengað andrúmsloft, hávaða, kulda eða vegna annars, sem snertir aðbúnað starfsfólks á vinnustað.“

Það er óhætt að fullyrða að skipulag á rannsóknum og eftirliti með atvinnusjúkdómum er ekki fullnægjandi hér á landi. Samkvæmt lögum heyra þessi mál undir Öryggiseftirlit ríkisins, en í reynd er framkvæmd þeirra í höndum Heilbrigðiseftirlits og er þannig hluti af almennri helisugæslu. Ég hygg að það sé full ástæða til þess að endurskoða þessi mál frá grunni og nauðsyn að setja sérstaka löggjöf um atvinnusjúkdóma eða vinnuvernd sem tæki mið af nýjum viðhorfum í rannsókn þessara mála. Það er líka vert að velta því fyrir sér hvort ekki sé þörf á að endurskoða framkvæmd eftirlitsins. Minni ég á í þessu sambandi að í Svíþjóð t. d. er starfandi sérstök stofnun sem hefur eftirlit með atvinnusjúkdómum og vinnuvernd, og er sá þáttur heilbrigðismála þannig í raun tekinn sérstaklega út úr hinu almenna heilsugæslukerfi. Það sýnir að svíar taka þessi mál mjög alvarlega og taka á þeim mjög myndarlega þar eð við þessa stofnun starfa 600—800 manns.

Þessi till. okkar hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar fjallar þó ekki um breytingu á skipulagi né lögum. Hún fjallar um könnun á eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma. Nú hafa vissulega verið gerðar nokkrar rannsóknir á atvinnusjúkdómum, en þær hafa einkum verið bundnar sérstökum vinnustöðum og beinst að afmörkuðum þáttum. Þessar rannsóknir þyrftu að vera fleiri og samfelldari athugun þyrfti að vera fyrir hendi eftir síbreytilegum aðstæðum á vinnustað. Mér er kunnugt um að þeir, sem að þessum störfum vinna, landlæknir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins svo og verkalýðsfélög, hafa fullan hug á þessu, en það skortir fjármagn og það skortir mannafla og aðstæður, og hér held ég að Alþ. verði að koma til liðs við þetta fólk.

Í till. okkar er fyrst og fremst tekið fram að athugaðir verði atvinnusjúkdómar af völdum of langs vinnutíma eða óhæfilegs vinnuálags. Það er hverjum manni augljóst að allur þorri verkafólks, allur þorri launafólks vinnur óhóflega langan vinnudag. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að hvergi í nágrannalöndum okkar þekkist jafnlangur vinnudagur og hér á Íslandi. Þetta á sér vitanlega margþættar orsakir, sumar séríslenskar. En ég held að það sé kominn tími til að við horfumst í augu við að þessi óhóflega langi vinnudagur stórspillir heilsu manna, skaðar menningar- og félagslíf.

Sumir vilja hlíðra sér hjá því að ræða af hreinskilni afleiðingar þessa og undirrót. Menn

yppta öxlum og segja að við séum fámenn þjóð í harðbýlu landi, við búum í hálfgerðu veiðimannaþjóðfélagi, og vissulega er það rétt að vissu marki. Þessu veldur einnig að störf sjómanna, bænda og stórs hluta verkamanna og iðnaðarstétta t. d. eru mjög árstíðabundin. Það er komið undir árstíma og veðurfari hvort vinnuálag er mikið eða vinnutími er langur eða skammur. En þetta er samt engan veginn fullnægjandi skýring. Höfuðorsök þess, hversu algengt þetta er orðið, má að mínu viti rekja til þess stéttaþjóðfélags sem við búum í. Verkafólk og annað launafólk hefur einfaldlega ekki þau laun, sem duga til lífsviðurværis, með dagvinnu einni saman.

Í síðasta Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar, sem kom út í okt. 1976, — ég held að það sé síðasta bréfið fremur en næstsíðasta, — eru töflur sem sýna hlutfallslega skiptingu vinnutíma verkafólks og iðnaðarmanna á öðrum ársfjórðungi á árabilinu frá 1966—1976. Á slíkar niðurstöður verður auðvitað að líta í ljósi þess atvinnuástands sem ríkir á hverjum tíma. Það hefur auðvitað sín áhrif hvort eftirspurn eftir vinnuafli er mikil eða lítil. En niðurstöður, sem af slíkum rannsóknum fást, hljóta líka að markast af því hver kaupmáttur dagvinnutaxtans er. Ef hann er lágur, þá freistast menn til að bæta sér hann upp með æ meiri eftirvinnu. Í þessum töflum Kjararannsóknarnefndar sést að það er greinileg aukning á þessu ári á hlutfalli eftirvinnu verkamanna í heildarvinnutíma frá árinu á undan, árinu 1975. Á öðrum ársfjórðungi 1976 er hlutfall dagvinnu 72.1% af heildarvinnutímanum, en á öðrum ársfjórðungi á árinu 1975 er það 75.5%. Ef við förum aftur til ársins 1974, þá er það 68.4%. Þar kemur líka fram að á öðrum ársfjórðungi 1976 vinna verkamenn að meðaltali 54 stundir á viku, iðnaðarmenn 52 stundir. Dagvinnutími verkakvenna er hins vegar 90.8% að meðaltali af heildarvinnutímanum, en það er vitað mál að þeim býðst ekki eftirvinna í þeim mæli sem karlmönnum stendur nú til boða. En það er svo sannarlega ekki þar með sagt að þær geti lifað af dagvinnu fremur en aðrir eða að þær vinni minna þegar á heildina er litið.

Ég vil í þessu sambandi taka fram að það eru fleiri launastéttir en verkafólk sem verður að vinna myrkranna á milli, en tölur um það er ekki alltaf svo auðvelt að fá því margir stunda mikla aukavinnu og eru því á launum hjá fleiri en einum atvinnurekanda. Í þessu Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar er tekið fram að verið sé að rannsaka laun og vinnutíma afgreiðslufólks í matvöruverslunum, og er vel að þessari rannsókn sé haldið áfram til þess að við fáum heildarmynd, því að hér er sannarlega um fróðlegar og gagnlegar upplýsingar að ræða.

Reyndar hefur það verið vitað að vinnutími er óhóflega langur hér á Íslandi og hefur verið svo allt frá stríðsárunum. Íslenskt verkafólk og launafólk almennt hefur orðið að treysta á eftirvinnu til þess að standa undir heimili, og í þessum efnum hefur kostnaður við íbúðarbyggingu eða húsnæði örugglega vegið þyngst. Þegar litið er aftur til þessa tímabils í heild, þá hafa íhaldsstjórnir að mestu ráðið ferðinni, og þau fáu ár, sem vinstri stjórnir hafa verið við völd, hafa ekki dugað til þess að nein umtalsverð formbreyting hafi átt sér stað hvað þetta snertir. Ungt fólk hefur verið bundið á klafa húsnæðisskulda mörg bestu og viðkvæmustu ár ævi sinnar, þau ár sem hefði þurft að nota til að treysta félagsleg tengsl og tilfinningatengsl í sambúð. En þessi ár hafa orðið að fara í vinnu, meiri vinnu og endalausa vinnu, til þess eins að geta haldið húsnæðinu. Þetta er afar óeðlilegt og einsdæmi á Norðurlöndum.

Um afleiðingar þessa vinnuálags mætti margt segja. Nú er að koma í ljós hve ill áhrif þetta hefur bæði á einstaklinginn og þjóðfélagið, hversu menningar- og félagslíf þjóðarinnar bíður tjón af þessum sökum. En okkar meginmarkmið er að það verði kannað sérstaklega hver áhrif þetta hefur á heilsufar þeirra sem hlut eiga að máli. Og eins og vikið er að í grg. er nauðsynlegt að fram fari félagslæknisfræðileg athugun þar sem kvaddir verði til bæði læknar og félagsfræðingar. Slíkar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis, og athuganir af því tagi ná einnig til fjölskyldu viðkomandi aðila og félagslegra aðstæðna, í þeim tilgangi að fá fram hver áhrif starfið og eðli þess hefur á aðstandendur hans og heimilislíf. Það eru slíkar rannsóknir sem við flm. þessarar till. höfum í huga þegar við viljum fá fram afleiðingar óhóflega langs vinnutíma. Það er á grundvelli slíkra félagslæknisfræðilegra athugana sem við hljótum síðan að taka afstöðu til hvaða leiðir við förum til úrbóta.

Eins og ég tók fram áðan, er eftirvinna að vísu miklu minni hjá verkakonum, en í félagslæknisfræðilegri athugun er hægt að komast að því hver heildarvinnutími hverrar konu er. Það er vitað að flestir, og þá einkum konur, eiga öll heimilisverk óunnin að kvöldi, að loknu dagsverki úti á vinnustað. Hér er um að ræða tvöfalt vinnuálag sem er í rauninni óþolandi að þjóðfélagið uni til lengdar. Þetta tvöfalda vinnuálag, hvort sem það er eingöngu úti á vinnustað, einum eða fleirum, eða bæði á vinnustað og heimili, slítur fólki fyrir aldur fram, eyðileggur starfsþrek, heilsufar og almennt félags- og menningarlíf. Það er kominn tími til þess að við tilhögun atvinnulífs tökum við tillit til þess að vinna á heimili er ekki aðskilinn þáttur í mannlegu lífi. Við verðum að finna þær félagslegu leiðir til úrbóta sem gera mönnum kleift að rækja skyldu sína bæði á vinnustað og á heimili án þess að bíða tjón á heilsu sinni. Það mætti kannske segja að það væri þjóðhagslegt atriði ekki síður en annað.

Till. okkar fjallar líka um einstakar rannsóknir varðandi einstaka vinnustaði. Þær hafa sums staðar verið gerðar, en þó ekki nógu markvisst, og hygg ég að það stafi af skorti á fjármagni og skorti á vinnuafli. Hér vantar rannsóknir um hættuleg efni á vinnustöðum, um mengun, um áhrif kulda. Það vantar hávaðamælingar. Það má nefna að gerðar voru hávaðamælingar í frystihúsum á Vestfjörðum fyrir ári, en þessar hávaðamælingar þarf auðvitað að gera í hverju einasta frystihúsi og hverjum einasta vinnustað þar sem talin er þörf á því.

Mér er kunnugt um að landlæknir eða menn á hans vegum hafa nýlokið við rannsókn í kísilverksmiðjunni og þar er þörf úrbóta. Og mér er kunnugt um að það á einnig að rannsaka

nánar álverksmiðjuna. Um það ætla ég ekki að hafa mörg orð, en benda á að hvergi munu vera leyfðir opnir ofnar neins staðar nema í álverksmiðjunni hér í Straumsvík. Það er sannarlega full þörf á því að hugað sé að atvinnusjúkdómum í heild sinni og fundnar þær leiðir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til þess að launafólk í landinu geti lifað sæmilegu mannlífi enda þótt það haldi að mestu leyti þessu þjóðfélagi gangandi.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til allshn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að hér er vakin athygli á mjög miklu vandamáli og vandamáli sem fer vaxandi ef ekki er gert að í tíma. Ég vil aðeins lýsa strax stuðningi mínum við þessa hugmynd og þessa till. og að hér verði brugðist rétt við og málið athugað gaumgæfilega. Það vantar í sjálfu sér ekki reglugerðir og samninga um aðbúnað fyrir verkafólk, en það vantar miklu meira, að framfylgt sé reglugerðum og samningum. Og það er nauðsynlegt að þetta mál sé allt athugað, eins og flm. og formælandi benti á áðan. Ég vil undirstrika sérstaklega einn þátt sem mér fannst ekki koma fram nægilega í framsögunni. Það er ekki síður mikilvægt, eins og tekið er fram í grg., að verkafólkið og aðrir launþegar geti haft tómstundir og taki þátt í félagslífi. Það er einnig eðlilegt að fólkið hafi möguleika til að hvílast heima og hafa heimilislíf, en vinnudagur sé ekki svo langur að þegar menn koma heim séu þeir örþreyttir vegna vinnuálags.

Það er athyglisvert við íslenskt atvinnulíf að fjöldi smáatvinnufyrirtækja er mjög mikill, og einmitt víða á þessum smáu stöðum er aðbúnaður lélegur.

Það segir í grg., og ég ætla ekki að fara að deila um það, en ég er ekki alveg sammála um það, — þar segir að almennt standi íslenskir atvinnuvegir langt að baki erlendum hvað snertir aðbúnað á vinnustöðum. Þetta á alls ekki við í sumum greinum. Ég get fullyrt, miðað við það sem ég hef séð erlendis og hér heima, að víða er aðbúnaður sem betur fer mjög góður og jafnvel miklu betri en er víða í hliðstæðum greinum erlendis. Það er rétt að vekja athygli á því að það er hægt að gera hér vel og margir hafa gert vel. En það er sama, samt sem áður er víða illa að fólki búið og nær ekki nokkurri átt hvernig fólk sættir sig við þann aðbúnað. Grundvallaratriði eftir svona rannsókn eru fyrirbyggjandi aðgerðir svo að komið verði í veg fyrir atvinnusjúkdóma.

Frsm. minntist á stofnun í Svíþjóð. Ég þekki vegna kunningsskapar við einn mann þar í forustusveit nokkuð til þessarar stofnunar. Einnig er mér kunnugt um að í Svíþjóð eru sérstakir þjálfunarskólar þar sem verkstjórar og aðrir forsvarsmenn fyrirtækja eru sérstaklega þjálfaðir til að koma í veg fyrir að atvinnusjúkdómar eigi sér stað, með sérstökum athugunum og sérstakri þjálfun. Í þeim skólum er lögð áhersla á að heilsa manna sé það mikilvægasta sem manninum er gefið, heilbrigði, full afköst og lífsánægja, þetta haldist allt í hendur. Þeir hafa gert sér grein fyrir því að hér er stórmál á ferðinni.

Ég vil að lokum undirstrika stuðning minn við þessa till. og einnig vekja athygli á því, að hún er mjög mikilvæg og ætti að fá hér góða og skjóta afgreiðslu, en alls ekki að lognast út af í nefnd.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður lýsa stuðningi við þetta mál.

Það er alveg ljóst að hér er fjallað um efni sem snertir mjög marga þætti þjóðfélagsins. Það snertir ekki einungis þær stéttir sem sérstaklega voru nefndar í ræðu flm. Mikið vinnuálag er nokkuð sem ég held að flestir íslendingar þekki mjög vel. Það þarf ekki verkamenn og iðnaðarmenn til þess að um sé að ræða svo mikið vinnuálag á fólki að það eigi erfitt með að njóta nokkurra frístunda eða njóta fjölskyldulífs, eins og hv. 1. landsk. þm. sagði áðan.

Þegar ég nefni fjölskyldulíf, þá er það í raun og veru sérstaklega með það í huga sem ég stend hér upp. Ástæðan til þess er sú, að ég hef kynnst meðferð slíkra mála sem þessa, sem hér liggur fyrir, nokkuð í félagsmálanefnd Norðurlandaráðs. Á vegum þeirrar nefndar hefur verið gert verulegt átak til þess að kynna mönnum þær rannsóknir sem unnar hafa verið á þessu sviði. Sérstaklega kom þetta fram á ráðstefnu sem haldin var í Porsgrunn í Noregi í fyrrasumar og fjallaði um vinnuumhverfi. Til skamms tíma hafa menn fyrst og fremst haft hugann við hættuleg efni og nánasta umhverfi á vinnustað, ýmislegt sem annaðhvort er sjáanlegt, hægt er að finna lykt af eða festa hönd á á vinnustaðnum og getur verið hættulegt heilsu manna. Nýrra fyrirbrigði og mjög athyglisvert eru þó rannsóknir sem gerðar hafa verið á streitu í atvinnulífinu, og þá vitna ég enn til Svíþjóðar eins og tveir hv. síðustu ræðumenn. Á þessari ráðstefnu flutti, að mér þótti, langathyglisverðasta erindið sænskur læknir, sem heitir Lennart Levi og starfar við svo kallað Stressforskningsinstitut sem er í tengslum við Karolinska sjukhuset í Stokkhólmi. Þessi maður hefur starfað að þessu verkefni um árabil ásamt starfsbræðrum sínum, skrifað mjög mikið bæði á vegum sinnar eigin stofnunar og fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Þessi maður dró fram ýmis atriði sem okkur sýnast á mörgum vinnustöðum vera nokkurn veginn sjálfsögð og mjög algeng. Hann benti á hvernig á einfaldan hátt mætti einungis með upplýsingastarfsemi kynna fólki aðferðir til þess að draga úr margnefndri streitu sem hrjáir marga í okkar þjóðfélagi, fólk af öllum stéttum. Og rannsóknir rakti hann sem höfðu verið gerðar á því hvernig heimilislíf manna, sem voru ofhaldnir streitu í vinnu sinni, varð, hvernig heilsa þeirra varð — og ekki einungis þeirra eigin heilsa, heldur heilsa maka þeirra og barna. Það er sem sé um mál að ræða hér sem ekki einungis snertir þá launþega sjálfa sem um er að ræða, eða eftir atvikum atvinnurekendur, heldur er hér einnig um mál að ræða sem snertir börnin, makana og heimilin.

Ég held þess vegna að það verði ekki of mikil áhersla lögð á félagslæknisfræðilega þáttinn í þeim rannsóknum sem um er talað í þessari þáltill. Þegar við lesum texta þáltill. sjáum við að það er um viðamikið verkefni að ræða. Það á að gera mjög flóknar rannsóknir. En ég held að við megum ekki láta hugfallast þess vegna, heldur hugsa til þess að þegar hafa verið gerðar í veröldinni mjög miklar og góðar rannsóknir sem við getum verulega stuðst við. Vitanlega er sumt af þessum rannsóknum gert við aðstæður sem eru alls ekki í okkar litla þjóðfélagi. Við höfum t. d. ekki verksmiðjur af þeirri stærð að sá, sem vinnur þar við færiband frá morgni til kvölds, veit varla í hvaða tilgangi hann vinnur það verk. Hér eru fyrirtækin og aðstæðurnar svo litlar að hver launþegi ætti að finna hver tilgangur er með framlagi hans. Þetta nefni ég sem dæmi um vandamál sem geta verið ótrúlega ólík í litlu þjóðfélagi og stóru. Engu að síður hafa þegar verið gerðar merkar rannsóknir sem nefnd sérfræðinga um atvinnusjúkdóma gæti haft verulegt gagn af. Og ég vil benda á að það væri vafalaust hægt með milligöngu þeirrar nefndar Norðurlandaráðs, sem ég gat um, að útvega töluvert efni sem gæti létt þetta starf.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. og hef í rauninni ekki miklu við að bæta, en ég vil þakka hv. tveim þm., Jóni Árm. Héðinssyni og Ragnhildi Helgadóttur, fyrir góðar undirtektir. Mér finnst þær undirtektir og ræður þeirra beggja lofa góðu um framgang þessa máls og séu í rauninni staðfesting á því að þetta málefni sé orðið svo brýnt að það megi ekki bíða að hefjast handa um það.

Það er alveg rétt ábending hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, að rannsóknir af þessu tagi hafa verið gerðar á vegum Norðurlandaráðs og einnig í Sviþjóð, svo ég viti til. Ég veit að þessar kannanir er hægt að fá og væri alveg sjálfsagt að útvega þær handa þeirri n. sem fær þetta mál til umfjöllunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Málefni þroskaheftra, þáltill. (þskj. 67). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 61 höfum við leyft okkur að endurflytja till. til þál. um heildarlöggjöf varðandi málefni þroskaheftra. Þessi till. var flutt á þinginu í fyrra, en varð þá eigi útrædd, en flm. eru ásamt mér Karvel Pálmason, Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir, Bragi Sigurjónsson og Jónas Árnason.

Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fram frv. til l. um heildarskipulag varðandi öll málefni þroskaheftra.

Löggjöfin taki mið af þessum meginatriðum:

1) Stefnt skal að því að koma á heildarkerfi, framtíðarskipan í samræmi við þau viðhorf sem ríkja í þessum málum og þær þjóðir byggja á sem lengst eru á veg komnar.

2) Löggjöfin spanni þannig yfir heilsugæslu, kennslu og þjálfun og félagslega þjónustu hvers konar og samræmi alla þessa þætti undir einni heildarstjórn.“

Ég get tekið undir orð hv. 3. þm. Reykv. í upphafi fundar í dag um það, hve bagalegt getur verið að fá ekki svarað á þinglegan hátt fsp. hér. Önnur fsp. á dagskrá fyrri fundarins hér í dag laut að því málefni sem hér er nú til umfjöllunar, og vildi ég undirbyggja að vissu leyti málflutning minn í dag með því hvernig svör hæstv. ráðh. félagsmála, sem með Styrktarsjóð vangefinna fer, yrðu. Þrátt fyrir það að um mánuður eða meira sé liðið frá því að ég kom þessari fsp. á framfæri, þá hefur henni ekki fengist svarað enn. Við höfum aðeins töluna í fjárlagafrv., hvernig hún er, og við, sem að þessum málum störfum, getum ekki sætt okkur við hana og viljum ekki trúa því að ætlunin sé að hún standi þar áfram óbreytt. Því vildum við fá viss svör frá hæstv. félmrh. þar að lútandi

En ég sleppi hins vegar ekki tækifærinu til að mæla fyrir þessari till. nú, því að eflaust er það ekki neitt aðalatriði hvernig fer með styrktarsjóðinn, það er stór veigamikill þáttur hér í, en ekkert aðalatriði þó.

Ég held að tilefnið að þessari till. hafi aðallega verið að þegar við, sem höfum starfað nokkuð að þessum málum á áhugasviðinu, fórum að kynna okkur hvernig þessum málum var háttað á Norðurlöndum, þá sáum við að ástandið hjá okkur einmitt varðandi löggjöfina var hið bágbornasta. Það ríkti ringulreið á þessu sviði, það var enginn aðili í stjórnkerfinu sem var ábyrgur. Það var alltaf verið að velta málefnum þessa fólks frá einu rn. til annars. Allir aðilar, sem til var leitað í rn., vildu gera sitt besta, en það heyrði bara ekki nákvæmlega undir þeirra verksvið, og síðan hélt þessi píslarganga þessa fólks áfram milli rn. æ ofan í æ. Það var sem sagt enginn sem tók ábyrgð á sama hátt og gert er á Norðurlöndunum, þar undir félmrn., þar sem ábyrgur aðili í stjórnkerfinu sér um öll þessi mál og starfandi er einnig samstarfsnefnd milli hinna ýmsu rn. sem vinnur svo undir stjórn þessa aðila í félmrn.

Annað aðalatriðið varðandi till. af þessu tagi er það, hvað við höfum allt of lengi lokast inn í einangrunarstefnunni, sem ég vil kalla svo, innilokunarstefnunni, hælisstefnunni. Það er ekki langt síðan sú stefna var allsráðandi hér á landi að þessa einstaklinga ætti að loka inni, það ætti að vísu að gera þar all vel við þá í mat og drykk, en lítið umfram það, það væri sennilega best og happasælast að gleyma þeim sem allra mest. Umfram allt kannske leiddi þessi stefna til þess, að þessir þjóðfélagsþegnar urðu hvorki sér né þjóðfélaginu til nokkurs gagns, hvað þá hamingju.

Hér er vitanlega um að ræða glötuð ár, glataða möguleika fjölmargra einstaklinga, og við því verður ekkert gert nú. Aðhlynningin ein er þar möguleg með mest af þessu fólki. Þegar við á Austurlandi fórum t. d. að vinna að okkar málefnum, þá vildum við snúa af þessari braut, af þessari heimilisbraut, og fara aðrar leiðir sem nú ryðja sér æ meira til rúms alls staðar í kringum okkur og raunar er þegar farið að bera mikið á hér á landi. Við urðum hins vegar að fara í það

engu að síður, vegna þessara mörgu vanræktu einstaklinga sem höfðu verið vanræktir ár eftir ár, að láta það verða okkar fyrsta verk að byggja heimili til aðhlynningar fyrir þá. Mér er það enn þá minnisstætt að við fluttum hér fyrir fjórum árum till. til þál. um könnun á málefnum vangefinna í þeim landsfjórðungum þar sem engin heimili voru og möguleika á því að reisa þar heimili eða stofnanir sem þjónuðu þessu fólki. Flm. með mér voru þeir hv. þm. Karvel Pálmason og Vilhjálmur Hjálmarsson, núv. menntmrh. Þessi till. fékk ágætar undirtektir hér á Alþ. sem betur fer, hún var samþ., og fyrsta raunverulega könnunin á þessum málum fór þá fram. Það var búið að kasta henni að vísu nokkrum sinnum á milli rn., en endirinn varð sá, að þáv. heilbrrh., Magnús Kjartansson, tók þetta inn í sitt rn., þó það ætti reyndar alls ekki þar heima, og lét framkvæma þessa könnun.

En viðbrögðin við þessari till. okkar utan frá voru allmerkileg. Í lestri formanns allshn. á umsögnum um þessa till. okkar komu fram þau sjónarmið sem ég var að lýsa áðan um einangrunar- og innilokunarstefnuna. Þar var sem sagt því óbeint lýst yfir af þeim aðila, sem þá hefði átt að hafa mesta og besta þekkingu á þessum málum, að lausnin í þessu máli væri eitt stórt allsherjarhæli á Íslandi fyrir þetta fólk, þar ætti í raun og veru að geyma það allt saman. Ég man eftir hve við sátum dolfallnir undir þessum lestri, og sá mæti maður, Björn Fr. Björnsson, sem las þessa umsögn hér upp þá, hann sagði á eftir: „Því miður varð ég að lesa þetta, en það tók á taugarnar.“

Framtíðarstefna okkar í þessu máli hlýtur að byggjast á því að brjótast út úr þessum vítahring sem við höfum því miður allt of mikið lokast inni í. Smám saman er allt það fólk, — ég vona allt það fólk, sem að þessu máli vinnur, að taka upp aðra og breytta stefnu, — stefnu sem er í takt við nútímastefnu hvarvetna, — stefnu sem má kenna við þjálfun, hæfingu eða jafnvel lækningu að nokkru leyti.

Ég held að það væri full þörf á því, að í framhaldi af þeirri könnun, sem gerð var hér árið 1974, yrði gerð úttekt á hælunum okkar, á heimilunum okkar sem þó þegar eru til staðar, þar sem mörgu er því miður allt of ábótavant, þar sem allt er því miður af allt of skornum skammti.

Kópavogshælið t. d. er að allra sérfróðra manna mati langtum ofsetið. Alveg sama er að segja um Sólborgu á Akureyri. Þetta leiðir auðvitað til þess að aðstaða verður hvergi nægilega góð og þau verkefni, sem á að sinna á þessum stofnunum, hljóta meira og minna að verða útundan.

Ég held að í þessu tilliti eimi enn eftir af þessari allsherjarhælisstefnu: einangrun, innilokun þessa fólks.

Það má segja að til þess að það verði að veruleika, sem hér er farið fram á, þurfi mjög mikið samræmt átak margra aðila. En það vill nú svo vel til að málefni þroskaheftra hafa verið mjög í sviðsljósinu að undanförnu. Ég tel að það hafi verið mjög gott, svo langt sem það nær. Ég vona a. m. k. að þetta sé ekki bara þess vegna, að þessi málefni hafa vakið svo mikla athygli og hinir og þessir aðilar hafa veitt þessu lið, að fólk hugsi með sjálfu sér að þar sé um það að ræða að með því að leggja þar fram einhver viss framlög, einhverja allsherjarfriðþægingu í sambandi við þetta fólk, geti það síðan sofið svefni hinna réttlátu á eftir því nú sé það búið að leggja fram sitt framlag og þurfi svo ekki meira um það að hugsa. Það vona ég að sé ekki. Ég vona að þetta sé einmitt upphaf vakningar í þessum málum, upphaf þess að fólk hugsi raunverulega um þessa þegna sem venjulegt fólk, sem fólk sem hægt er að koma til þroska, sem fólk sem hægt er að hjálpa ef því er sinnt frá fyrstu tíð.

Ég ætla ekki að draga neitt úr áhugastarfinu. Allt okkar starf hefur byggst á því til þessa og samfélagsþátturinn hefur orðið útundan, því miður, það má enginn skilja orð mín svo að ég sé að amast við þeim áhugahópum sem hafa unnið hér verulegt starf. Á þeim hefur það byggst sem gert hefur verið, og í þessum áhugasamtökum starfa ég — en ég segi: af illri nauðsyn. Hér er nefnilega um að ræða samfélagsverkefni númer eitt, og við vitum að ef samfélagið tekur þetta að sér af fullum myndarskap og af fullu raunsæi, þá þarf vissan forgang fjármuna í þessu efni. Þetta fólk, það kallar í upphafi á aukna fjármuni sér til handa. En þetta fólk skilar þjóðfélaginu þessu bara aftur í ríkum mæli í starfi sínu úti í þjóðfélaginu sjálfu, ýmist á vernduðum vinnustöðum eða í venjulegu starfi. Ég held að þetta dæmi hafi nefnilega ekki verið gert upp eins og það liggur fyrir þegar allt er skoðað. Ef byrjað er á þessum einstaklingum nógu snemma, þeir þjálfaðir og þroskaðir, þá er hreint ótrúlegt, — og það þekkja allir sem nálægt þessum málum hafa komið og að þeim unnið af alvöru, — það er hreint ótrúlegt hve langt þetta fólk nær og til hve mikils þroska er hægt að koma því.

Ég segi því að við þurfum ekkert að vera hrædd við að veita þessu forgang fjármuna nokkurn tíma, síður en svo, jafnvel ekki þeir sem andstæðastir eru samneyslusjónarmiðunum. Þetta skilar sér nefnilega aftur.

Það er rétt, eins og bent var á í nál. hér í fyrra, fjármagn hefur skort til átaka á þessu sviði. Það gerir það auðvitað víða, og auðvitað eigum við alltaf að vera menn til þess að taka á okkur þær byrðar sem fylgja aukinni samneyslu, ekki síst þegar hún beinist í þessa átt. En ég legg áherslu á það og við flm. allir að undirstöðuna vantar hjá okkur, það vantar heillegt skipulag sem byggja verður á. Það er nákvæmlega sama hvar fólk kemur nú saman til að ræða þessi mál, sérfróðir aðilar. Þeir ljúka upp einum munni um það að hér sé vöntunin mest, á heildarlöggjöf sem spanni öll þessi svið sem getið er um í till. og að ábyrgur aðili í stjórnkerfinu hafi hér fulla og óskoraða yfirstjórn.

Við höfum nýlega stofnað landssamtök til að vinna að þessum málum, og ég legg áherslu á að þau samtök, Þroskahjálp, eru fyrst og fremst stofnuð til þess að knýja á samfélagið um það, að það taki þetta verkefni alfarið á sína arma. Við ömumst ekki við áhugahópunum, við erum sjálf í þeirra hópi, þetta eru samtök áhugahópa. En við sjáum að við komumst ekki áfram nema

sé tekið á þessu raunhæft af samfélaginu sjálfu, af stjórnvöldum. Það er aðalverkefni okkar.

Ég flutti ítarlega framsöguræðu fyrir þessu máli í fyrra og ég vil aðeins í lokin stikla á nokkrum atriðum úr grg. sem sérstök áhersla er lögð á þar.

Í fyrsta lagi skortir alla heildarlöggjöf sem varðar alla helstu þætti í vanda þessa fólks. Til eru aðeins lög um fávitastofnanir frá árinu 1967 sem eru hvort tveggja of þröng og um margt úrelt í ljósi nýrra viðhorfa. Þetta blasir við á flestum sviðum og þó einkum í vissri vanrækslu samfélagsins hvað snertir þroskun og þjálfun þessa fólks. Ber þó síst að vanmeta það sem vel hefur verið gert. Það þarf fjármagn til margs í þessu efni. Það þarf ekki bara fjármagn til þess að byggja upp stofnanir og heimili eða byggja upp verndaða vinnustaði. Ekki er síður mikilvægt að huga að menntun þess fólks sem getur svo komið þessum þroskaheftu einstaklingum til hjálpar. Það hefur líka verið vanrækt að miklu leyti. En höfuðatriðin, sem ganga verður út frá í málefnum þroskaheftra, eru jafnrétti til þeirra samfélagslegu gæða sem aðrir njóta og aðhæfing þessa fólks að þjóðfélaginu í eins ríkum mæli og mögulegt er með skipulegum aðgerðum. Í hvoru tveggja varðar það mestu að starfið sé hafið sem fyrst, því meiri eru möguleikarnir til sem eðlilegastra lifnaðarhátta, því meiri eru þroskamöguleikarnir almennt.

Ráðgjafaþjónusta, ráðgjafar- og greiningarstöð fyrir þroskahefta þarf að komast á sem fyrst því að hvert glatað ár hins þroskahefta er honum dýrt. Ég veit að hér er komið upphaf að, hér er verið að stíga fyrstu skrefin í Kjarvalshúsinu. En það dettur engum í hug að þar sé búið að koma á fót þeirri greiningarstöð sem þarf að koma á. Hér vantar miklu stærra átak. Og ég bendi þá alveg sérstaklega þá á þjónustu við landsbyggðina í þessum efnum, eins og t. d. norðmenn hafa komið á til mikillar fyrirmyndar. Þar hafa þeir í einstökum fylkjum skipulagt slíka þjónustu og um leið kynnt fólki alla möguleika sem fyrir hendi eru. Þá möguleika er suma ekki að finna hjá okkur í dag. Reykjavík er að vísu komin nokkuð á veg, en landsbyggðin á enn fárra eða engra kosta völ.

Í nýrri heildarlöggjöf kæmi því vel til greina að skipta landinu í nokkur svæði með tiltölulega rúmri heimastjórn í málefnum þroskaheftra, en undir stjórn ráðgjafamiðstöðvar og ráðuneytis hér í Reykjavík.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég treysti því og trúi að þetta mál fái skjótan og góðan framgang hér á Alþ. nú þrátt fyrir vissan misskilning sem hér kom upp á síðustu dögum þingsins í fyrra. Sá misskilningur er, að ég hygg, þegar fullleiðréttur. Því vona ég að við fáum þessa till. samþ. Sú heildarlöggjöf, sem þessi till. beinist að, á að vera rúm og af víðsýni gerð. Hún þarf að tryggja rétt hins þroskahefta, jafnrétti við aðra þegna, og hún á að beinast að því að koma hverjum og einum sem lengst á þroskabraut með námi og þjálfun, svo að hinn þroskahefti megi verða sem hlutgengastur í samfélaginu, eigi þar sína fyllstu möguleika. En án samræmds og skipulegs átaks verður þessu marki seint eða ekki náð, og því flytjum við þessa till. á ný.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég er ein meðal flm. þessarar till., en þarf ekki miklu við að bæta það sem hv. þm. Helgi F. Seljan skipti sem það er lagt fram. Ég vil aðeins taka skipti sem það er lag ftram. Ég vil aðeins taka sérstaklega undir fáein atriði sem hann kom inn á, og það er þá þetta fyrst, að ég held að sú löggjöf, sem þessi till. vonandi leiðir til, verði að vera rúm. Hún verður að vera rúm. Þung, þröng og einstrengingsleg lög um þetta efni gætu unnið málinu mikið tjón. Ég er sannfærð um að þeir aðilar sem til verða kvaddir að gera þessa löggjöf úr garði — eða ég alla vega vona að þeir geri sér í upphafi grein fyrir því.

Við hörmuðum það, sem að þessari till. stóðum í fyrra, að hún komst ekki í gegnum þingið. Ég fyrir mitt leyti vildi taka gilda þá skýringu sem okkur var gefin um að þessi mál væru í athugun hjá þremur hlutaðeigandi ráðuneytum í þar til kjörinni samstarfsnefnd. En ekki er sýnilegt, að nokkur árangur hafi orðið af starfi þeirrar n., þannig að það er vissulega tímabært að hraða nú eftir föngum skipun þessarar n. og heimildarlöggjafar um þessi efni.

Það, sem ég vil einnig leggja sérstaka áherslu á og undirstrika, er þetta, að með sérstakri löggjöf um málefni þessa fólks er ekki stefnt að því eða á ekki að vera stefnt að því að draga það í sérstaka dilka og skipa á sérbása í þjóðfélaginu, heldur er einmitt meginmarkmiðið að gera lífskjör fólksins, sem þannig er háttað um, sem allra eðlilegust, eftir því sem hægt er að með almennari löggjöf um málefni þessa fólks, en aðeins með sérstöku tilliti til sérþarfa sem þar eru fyrir hendi. Það er sem betur fer mjög vaxandi skilningur á þessum málum. Það hefur þótt fram til skamms tíma sjálfsagt að byggja sérstofnanir sem þetta fólk væri sett á til varanlegrar geymslu, fram til æviloka í verstu tilfellum. En hér hefur orðið stefnubreyting. Skilningur manna hefur vaknað á því, að með mörgu af þessu þroskahefta fólki búa meiri möguleikar, bæði til sjálfsbjargar og til almennrar þátttöku í eðlilegu þjóðfélagi, margfalt meiri en gert hefur verið ráð fyrir. Þar fyrir er það vafalaust rétt að stofnanir verða ekki úr sögunni. Það verður alltaf viss hluti þroskahefts fólks sem ekki er hægt að láta njóta hinnar almennu þjónustu sem veitt er á skólasviðinu, í heilbrigðisþjónustunni og á hinu félagslega sviði. Þar verðum við að hafa sérstaka aðstöðu til að taka við þessum einstaklingum. En meiri hluti þessara einstaklinga verður að komast inn í hið eðlilega stjórnunarkerfi landsins þannig að ekki verði gert meira úr vankönturn þess heldur en börf er á. Ég vil líka leggja áherslu á það, að sérstakar stofnanir, sem reistar kunna að verða og hljóta að verða reistar til að þjóna málefnum þessa þjóðfélagshóps, mega ekki vera allar á sama stað. Við höfum haft tilhneigingu

til þess að hafa slíkar stofnanir hér á höfuðborgarsvæðinu, og að sjálfsögðu rísa þær upp hér fyrst. En þær verða að koma jafnframt úti um landsbyggðina þannig að aðskilnaður fjölskyldu og þroskaheftra einstaklinga sé ekki meiri en framast er þörf. Ég veit því miður mörg dæmi um það, að fólk utan af landi hefur beinlínis orðið að flytjast búferlum úr heimabyggð sinni vegna þess að börnum þess eða fjölskyldumeðlimum, sem þroskaheft voru, voru engin skilyrði sköpuð heima fyrir, og þetta út af fyrir sig talar sínu máli. Engum einstaklingi fremur en þeim, sem er þroskaheftur, er þörf á aðhlynningu og umhyggju fjölskyldu sinnar og aðskilnaður einmitt undir þessum kringumstæðum er margfalt alvarlegri heldur en þar sem heilbrigðir einstaklingar eiga í hlut.

Ég vil enn fremur leggja áherslu á það, sem raunar kom fram í framsöguræðu frsm., að ráðgjöf til aðstandenda og hin svokallaða greiningarstöð eru eitt af þeim atriðum sem við þurfum í upphafi að leggja megináherslu á, að vandamál og vöntun þessa fólks verði sem allra fyrst á æviskeiðinu greind þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir hvar aðstoðar er helst þörf og á hvaða sviði.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. Málinu hafa verið gerð ítarleg og góð skil af 1. flm. En ég vil aðeins ítreka þá von mína að hv. Alþ. afgr. þetta mál fljótt og vel nú, þannig að ekki þurfi að verða að frekari töf á aðgerðum í málinu.

Eyjólfur Sigurðsson: Forseti. Mér fannst ég ekki geta látið hjá líða að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa þáltill. sem hér er komin fram. Ég fagna þeim áhuga sem nú kemur fram á Alþ. og hefur sérstaklega verið áberandi nú í haust fyrir málefnum minnihlutahópa sem allt of lengi hafa orðið út undan í umr. hér á þingi um betra fyrirkomulag á málefnum þeirra, og ég vitna t. d. til dagskrár á 23. og 24. fundi Alþingis sem haldnir eru hér í dag, þar sem um er að ræða a. m. k. fjórar fsp. og eitt mál um þessa minnihlutahópa, sem bendir til þess að nú sé kominn tími að áliti alþm. til að beina kröftum sínum meira inn á vettvang þessa fólks.

Ég minnist þess, þegar ég sat á þingi stuttan tíma í árslok 1974, að ég flutti nokkrar brtt. við fjárl. sem voru á þann veg að meira fjárframlag kæmi úr ríkissjóði til einstakra hópa, m. a. vangefinna, þroskaheftra og fleiri slíkra hópa, og ég man hvað ég varð undrandi þegar ég horfði á meiri hluta Alþ. fella allar þessar till. við atkvgr. Ég hugsaði þá á eftir að mikið þyrfti að skýra betur út fyrir þeim mönnum, sem á Alþ. sætu, hve gífurleg vandamál hér væri um að ræða og hvað það væru margir einstaklingar sem færu varhluta og stæðu illa í lífsbaráttu sinni fyrir það að hér á Alþ. væri lítill skilningur á málefnum þeirra.

Það hefur allt of lengi ríkt á Íslandi áhugaleysi um þá sem eru sjúkir eða hafa á einn eða annan veg verri möguleika til lífsafkomu heldur en þeir sem heilbrigðir eru. Það sneglast oft í ræðum manna og riti barátta fyrir þeirri stétt sem við köllum millistétt og ræður ríkjum á hinum almenna vinnumarkaði, en um leið gleymast málefni þeirra sem hafa ekki þennan sama möguleika og eru jafnvel sjúkir, komnir um aldur fram, hafa skilað sínum vinnudegi eða eru ungir og þurfa á ýmissi aðstoð að halda til þess að ná því markmiði í lífinu að geta orðið nýtir þjóðfélagsþegnar þegar þeir hafa aldur til.

Ég minnist þess líka á þessum haustdögum þegar ég var hér á þingi, að það kom til mín ung kona, sem átti þroskaheft barn, hér niðri í þingi og bað mig í guðs bænum að koma því á framfæri að sá hópur, sem tilheyrði þroskaheftum, væri í svo miklum vandræðum að það þyrfti endilega að reyna að koma því í gegnum fjárl. að þeir fengju meira fé úr ríkissjóði til sinna starfa, bæði til þess að auka möguleika þessa fólks til frekara náms og einnig til að aðstoða þá, sem að þeim standa, til að geta gert betur fyrir þessa einstaklinga sem sjúkir eru. Hún vitnaði til stjórnarskrárinnar og sagði: Það gerist hvergi nema á Alþ. að breyting verður á högum þessara einstaklinga, því það eruð þið sem eruð ábyrgir fyrir því að svo er ástatt í þessu þjóðfélagi að þetta fólk er meira og minna út undan og það gleymist, það er ekkert fyrir það gert eða mjög takmarkað. Þar verður að verða breyting á og hún verður að koma frá Alþingi. — Þetta var rétt, því að á Alþ. fara fram atkvgr. og ákvarðanir eru teknar um það hvernig þessu fólki á að líða í framtíðinni og hvernig verður að því búið. Ég vitna til heimsóknar þessarar konu til að leggja áherslu á að hún var fulltrúi margra sem þurfa sannarlega á þessari aðstoð að halda. Hún er nú komin í fremstu röð baráttufólks fyrir hag þessa fólks, og ég vonast til þess að núna í framhaldi af þeim áhuga sem nú ríkir á Alþ., sjái þetta fólk fram á bjartari daga þar sem alþm. sýni þessu fólki meiri skilning og séu tilbúnir að takast á við þann vanda sem þetta fólk býr við.

Ég fagna þessari till. og ég vonast til að við sjáum fleiri slíkar áður en langt um líður og allt fari í þann farveg að byggja betur í haginn fyrir þetta ágæta fólk.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa þáltill. Sannarlega er hér um hóp fólks að ræða sem hefur þörf fyrir að betur sé við það gert en verið hefur. En það er að vísu fleira en löggjöf sem okkur vantar í þessu efni, og ég held að það, sem á undanförnum árum hefur e. t. v. háð okkur einna mest í því að hægt væri að gera það sem þurfti fyrir þetta fólk, sé skortur á sérmenntuðum starfskröftum. Það byggist á því, eins og getið hefur verið um hér, að það hefur orðið nokkur stefnubreyting á undanförnum árum í meðferð þessa fólks og hún er að verulegu leyti í því fólgin að hafa stærri hluta af þessu fólki í skólum landsins og á sérstofnunum þar sem það fái þjálfun, andlega og líkamlega, og til þess höfum við ekki haft næga starfskrafta.

En ég vil líka taka það fram, að að mínu mati hefur verið gert allmikið fyrir þetta fólk einmitt nú á síðustu árum og að þessi vakning

er ekki alveg ný. Áður en Styrktarfélag vangefinna tók til starfa má segja að hér hafi verið þögn um þetta fólk. En tappagjaldið svonefnda gjörbreytti aðstöðunni. Þá var aukið rými fyrir þetta fólk á stofnunum, og það verður að segjast að þá var sú stefna uppi víðast hvar í heiminum að þetta fólk væri inni á stofnunum, a. m. k. verulegur hluti af því, og væri þar a. m. k. um tíma á meðan verið væri að sjá til hvort hægt væri að koma því út í lífið. En eftir að tappagjaldið kom var ekki bara það sem skeði, að aukið væri rými á stofnunum fyrir þetta fólk, heldur voru reistar ýmsar mjög myndarlegar stofnanir af Styrktarfélagi vangefinna, þ. á m. dagheimili, þar sem þetta fólk gat fengið sérkennslu og afþreyingu, og einnig nú á síðustu árum vinnustaðir, sem gera mjög **mikið gagn.**

Hér var minnst á Kjarvalshúsið sem er til fyrirmyndar að mínu viti, en hins vegar vantar mikið á að það geti fullnægt þörfum í þessu efni. Þar að auki hefur það skeð núna á síðustu árum að í mörgum skólum landsins eru komnar sérdeildir þar sem þroskaheftir fá sérkennslu, og það er einmitt þessi stefna sem í okkar nágrannalöndum hefur rutt sér mjög til rúms. En allt er þetta af vanefnum gert og eins og ég segi fyrst og fremst líklega vegna þess að okkur hefur vantað starfskraftana.

Alþ. aftur á móti hefur e. t. v. ekki alltaf verið nógu vel á verði, því það skeði svo að það komu aðrir hópar og þeir þurftu að fá hluta af tappagjaldsfjármagninu sem upphaflega var ætlað til þroskaheftra, og við verðum að gæta okkar á því, þegar við færum þetta allt undir samfélagið og við fáum kannske ágæta löggjöf, að það fari ekki þannig að sú brýning, sem hefur verið frá Styrktarfélagi vangefinna og nú félaginu Þroskahjálp, þynnist út þegar þetta er komið inn í kerfið þar sem margir eru sem vilja fá sína sneið af kökunni. Ég vona að svo verði ekki og að þessi sjóður, sem hefur verið þroskaheftum mikil hjálp á undanförnum árum, fái að vera það áfram og að þeir fái að njóta hans og þeirra nýjunga sem fram koma á hverjum tíma.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa tekið svo vel undir þessa till. og bent á ýmis viðbótaratriði sem ég kom ekki inn á í framsögu minni.

Ég get alveg sérstaklega tekið undir það með hv. þm. Eyjólfi Sigurðssyni, að margir eru þeir hópar sem út undan verða í okkar þjóðfélagi. Þó er það alveg sérstakt með þennan hóp. Þessi hópur manna hefur litla sem enga möguleika á því að tala sínu máli sjálfur. Að því leyti til er hann svo sérstakur. Að því leyti til þurfum við enn frekar að vera á verði gagnvart honum. Þetta fólk hefur ekki möguleika á því að ná sínum rétti af eigin afli.

Ég tek undir það með hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, eins og ég sagði reyndar í framsögu, að löggjöf af þessu tagi ætti að vera rúm. Hæstv. menntmrh. hafði þau orð á fjölsóttum fundi nú á dögunum uppi á Hótel Esju, að hann hefði óttast það nokkuð, eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir kom inn á, að með því að vera með sérstaka heildarlöggjöf fyrir þetta fólk værum við að loka það eitthvað af. Hann sæi nú, sagði menntmrh., að þetta væri alrangt. Við þyrftum nú að komast út úr þeirri stöðu sem við erum í nú í þessum efnum og við gætum það aldrei nema með sérstakri heildarlöggjöf varðandi málefni þessa fólks. Ég segi því: Þegar sú löggjöf hefur komið til framkvæmda, svipuð þeirri löggjöf sem nú ríkir á Norðurlöndunum, þar sem menn standa þó miklu framar en við í þessum efnum, — þegar sú löggjöf hefur komið að gagni, þá yrði hún ef til vill óþörf. Ég tek undir það, að þá kann sú löggjöf að verða með öllu óþörf, þá getur þetta fólk hreinlega fallið inn í hið almenna kerfi á hverju því sviði sem er. En meðan við eigum svona mikið eftir og sérstaklega í skipulagsmálefnum þessa fólks, þá verðum við að fá ábyrgan aðila í stjórnkerfinu, sem sinnir þessum málefnum sérstaklega, og samræmda heildarlöggjöf þar um.

Það var komið inn á það hér áðan að í fyrra hefði verið álitið að rn. væru að kanna þetta mál sín á milli. Vissulega hefur eitthvað verið gert á þessu sviði og rn. hafa eflaust reynt að samræma sitt starf. En samstarfsnefnd af því tagi, sem ég á hér við og við flm., er ekki til sem virk og starfandi nefnd.

Ég vil svo aðeins segja það, að það má enginn skilja orð mín svo að ég sé að vanmeta það áhugastarf sem hefur komið þessum málum eins vel áleiðis þó og raun ber vitni og þá alveg sérstaklega og kannske næstum eingöngu hér á Reykjavíkursvæðinu, eins og hv. þm. Oddur Ólafsson kom hér inn á. Það hefur vissulega verið ágætt, svo langt sem það hefur náð. Ég verð hins vegar að játa það sem landsbyggðamaður, að þegar ég fór fyrst að vinna að þessu máli, þá þótti okkur heldur kaldar kveðjurnar frá áhugafólkinu hér þegar við komum með okkar vandkvæði til þess. Það var ekki andstaða eða neitt því um líkt, síður en svo. En við áttum bara að leita hingað með okkar vandamál, við áttum ekki að leysa þau heima í héraði, eins og við vildum og eins og allir telja nú alls staðar nauðsynlegt að gert sé.

Ég ætlaði, eins og ég sagði hér í upphafi, að spyrjast fyrir um Styrktarsjóð vangefinna, hver yrðu örlög hans, hver yrði meðferð hans líka í framtíðinni, hvort t. d. landssamtök eins og Þroskahjálp ættu ekki að koma þar inn í, sem stjórnunaraðili, þó að sjóðurinn væri vitanlega í félmrn. Ég fékk ekki svör við því, eins og menn bekkja, vegna hins algjöra ráðherraleysis sem ríkti hér á tímabili í dag. En ég vil taka það fram, að það er síður en svo meining okkar í Þroskahjálp að brýningunni til samfélagsins eigi að ljúka. Við erum að stofna þessi samtök beint til þess að brýna Alþ. og ríkisstj. til þess að taka á þessu á þann eina hátt sem okkur er sæmandi, að þetta sé samfélagslegt verkefni sem okkur beri að sinna og veita vissan forgang þar til við höfum komið því á það stig sem okkur sæmir sem siðmenntaðri þjóð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnu- og byggðaþróun í landinu, þáltill. (þskj. 75). — Ein umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 75 till. til þál. um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og einkum lánveitingum Byggðasjóðs á atvinnu- og byggðaþróun í landinu, svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hvaða áhrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Byggðasjóðs, hefur haft á atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Sérstaklega skal kanna hvaða áhrif þessi fyrirgreiðsla hefur haft á búsetu fólks, tekjuskiptingu eftir landshlutum og aðstöðumun fyrirtækja eftir staðsetningu og starfsgreinum. Til samanburðar skal höfð í huga þróun sömu mála í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar þau 5 ár sem liðin eru frá því að lög nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, tóku gildi.

Fyrstu niðurstöður þessarar könnunar skulu birta því Alþ. er nú situr. Endanlegar niðurstöður skulu lagðar fram þegar Alþ. kemur saman haustið 1977."

Þessari þáltill. minni fylgir svo hljóðandi grg:

„Hinn 1. jan. 1972 tóku lög um Framkvæmdastofnun ríkisins gildi. Þessum lögum hefur síðan verið breytt og starfsemi Byggðasjóðs verið efld. Stofnunin hefur gefið út greinargóðar skýrslur um starfsemi sína, en þær skýrslur gefa ekki yfirsýn yfir hvaða áhrif starfsemi hennar hefur haft á þróun byggðar í landinu, tekjuskiptingu eftir landshlutum og staðsetningu og starfsskilyrði atvinnurekstrar eftir landshlutum og starfsgreinum. Er því nauðsynlegt að kannað verði hvaða áhrif starfsemi stofnunarinnar og einkum lánveitingar Byggðasjóðs hafa haft á því 5 ára tímabili sem senn er liðið frá því að hún tók til starfa.

Æskilegt er að við könnun þá, sem till. þessi fjallar um, verði gerður samanburður við þá landshluta og þá atvinnuvegi sem farið hafa varhluta af fyrirgreiðslu Byggðasjóðs.

Byggðasjóður er mjög öflugur lánveitandi í hagkerfinu og getur því haft víðtæk áhrif með starfsemi sinni til góðs og ills. Er því eðlilegt að a. m. k. bráðabirgðayfirlit um áhrif hans verði lagt fyrir það Alþ. sem nú situr, en endanlegar niðurstöður könnunarinnar þyrftu að liggja fyrir þegar Alþ. 1977 kemur saman."

Herra forseti. Fyrir réttum 1100 árum fluttust til þessa lands einstaklingshyggjumenn sem ekki vildu una því að stjórnvöld réðu málum þeirra í einu og öllu. Sama þjóð byggir enn landið, en sú breyting hefur orðið á hlutskipti þegnanna, að ýmsar opinberar stofnanir hafa æ meir tekið að sér að ráðskast með málefni þeirra. Ein þessara stofnana er Framkvæmdastofnun ríkisins með sínum þrem deildum: áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild sem starfrækir bæði Framkvæmdasjóð Íslands og Byggðasjóð. Stofnanir þessa þjóðfélags eru ekki settar á stofn þeirra sjálfra vegna, heldur til þess að annast sameiginlega hagsmuni þeirra einstaklinga sem þetta land byggja, — einstaklinga sem samkvæmt grundvallarreglu lýðræðisins eiga allir að vera jafnir fyrir lögum. Þar sem lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins brjóta þessa grundvallarreglu er ærin ástæða til að Alþ. fylgist náið með því hvaða áhrif starfsemi stofnunarinnar hefur á hag fólksins á hinum ýmsu stöðum á landinu. Það, sem ég ætlast sérstaklega til að Alþ. láti kanna, er hvaða röskun þessi starfsemi kann að hafa haft — ekki til þess að vinna gegn uppbyggingu landsbyggðarinnar, þess er vissulega þörf að sinna henni, heldur þvert á móti til þess að kanna hvort hagsmunir einstakra landshluta hafa ekki verið fyrir borð bornir, og má þar nefna hagsmuni Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis.

Í þessu sambandi ber sérstaklega að hafa í huga að afskipti stofnunar eins og Framkvæmdastofnunar ríkisins af byggðaþróun í landinu geta hæglega leitt til þess að hagþróun í landinu verði minni en ella ef ekki er farið að öllu með gát. Ástæðan er einfaldlega sú, að frjáls byggðaþróun og frjáls atvinnustarfsemi hefur tilhneigingu til þess að beinast þangað sem mestrar arðsvonar er að vænta og þar með að ná hámarksframleiðslu landsins. Nú ber hins vegar á það að líta einnig, að hér ríkir ekki þess konar athafnafrelsi og jafnrétti atvinnuveganna sem best getur tryggt alla hagþróun og því er hugsanlega réttlætanlegt að stjórnvöld beini fjármögnuninni frekar í eina átt en aðra. Ég hef hins vegar grun um, þó ekki vissu, að framkvæmd þessara mála hafi verið þannig að hún dragi úr almennri hagþróun í landinu, og ef það er rétt, þá hefur Framkvæmdastofnun ríkisins unnið gegn hagsmunum allra landsmanna, einnig landsbyggðarinnar.

Í þessu sambandi þarf einkum að taka þrennt til athugunar:

1) Hvaða áhrif hefur þessi starfsemi haft á tekjuskiptingu eftir landshlutum? Árið 1970 voru meðaltekjur á framteljanda í Reykjavík yfir meðaltali, en í fyrra voru þær undir meðaltekjum.

2) Hvaða áhrif hefur þessi starfsemi haft á dreifingu byggðarinnar eftir landshlutum og aldursskiptingu? Á síðasta ári fjölgaði íbúum Reykjavíkur um 84 og íbúar Reykjavíkur eru nú lægra hlutfall af íbúafjöldanum en var árið 1950. Einnig búa þar nú 46.2% íbúa landsins sem eru 67 ára og eldri, en 1950 var hlutfallið 33.6%. Gjaldheimtendum í Reykjavík fjölgar lítið sem ekkert, en þjónustuhlutfall höfuðborgarinnar eykst jafnt og þétt.

3) Hvaða áhrif hefur þessi starfsemi haft á aðstöðu fyrirtækja til öflunar fjármagns miðað við hvar þau eru staðsett á landinu og í hvaða atvinnugrein þau starfa?

Allar þær tölur, sem ég mun nú fara með, eru í ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins 1975 ef einhver vill kynna sér þær hér á eftir.

Fram kemur í ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar árið 1975 að lán Framkvæmdasjóðs, sem einkum lánar til stofnlánasjóða atvinnuveganna, nema samtals það árið á fimmta þúsund millj. kr., þar af fara aðeins 25 millj. til verslunarlánasjóðs og ekkert til Ferðamálasjóðs. Aftur á móti fær Stofnlánadeild landbúnaðarins lánaðar 1387 millj. — og ég vil biðja menn að taka eftir því: 1387 millj. úr Framkvæmdasjóði, sem er 2 millj. kr. meira en nemur heildarút-

lánum Stofnlánadeildarinnar samkvæmt þessum skýrslum. M. ö. o. hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins árið 1975 ekki getað endurlánað allt það fé sem hún fékk úr Framkvæmdasjóði.

Árið 1975 voru samþykkt 425 ný lán úr Byggðasjóði að upphæð 1603 millj. kr. Þar af fóru tvö lán til Reykjavíkur að upphæð 15 millj. og 13 lán til Reykjaness að upphæð 148 millj. kr. Aftur á móti fær Austurland — ég tek það bara sem dæmi — 97 lán að upphæð 317 millj. kr.

Starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins er því ekki jafnt í þágu allra landsmanna. Þessari starfsemi er jafnvel stefnt gegn lífs- og starfsskilyrðum íbúa og fyrirtækja í Reykjavík og á Reykjanesi. Sem þm. Reykjavíkur get ég því ekki lengur staðið hjá og horft á að Alþ. láti þetta lengur svo til ganga, heldur hlýt ég að krefjast jafnréttis fyrir mitt kjördæmi, en alls ekki er farið fram á nein forréttindi.

Lánadeild og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa haft nær 6 þús. millj. til úthlutunar árið 1975, á sama tíma og allt bankakerfi landsins er fjárvana. Sú staðreynd hlýtur að vekja okkur einnig til umhugsunar um það hvort lög og rekstur stofnunarinnar samrýmist lýðræðinu. — Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þingheimur hefur nú hlustað á ræðu hv. flm. till. á þskj. 75 og verð ég að segja að tillagan er athygli verð og er ég því fylgjandi að sú athugun fari fram sem gert er ráð fyrir með till. Það er alveg sjálfsagt að almenningur í landinu fylgist með því hvernig fjármunum er varið og að almenningur og stjórnvöld geri sér grein fyrir því hvort þeir fjármunir, sem látnir eru til útlána, komi að gagni. Ég stend þess vegna ekki upp til þess að deila við hv. flm., heldur vil ég í tilefni bæði af ræðu hans og till. leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál og rekja í stuttu máli þróun og sögu mála sem eru skyld því sem gerist í Framkvæmdastofnuninni.

Framkvæmdastofnunin er ekki fyrsta stofnunin í landinu sem hefur með höndum stuðning við atvinnuvegina eða hefur það verkefni að koma í veg fyrir atvinnuleysi víðs vegar um landið. Má segja að á undanförnum árum og áratugum hafi ríkisstj. og Alþ. gert mikið með ýmsum ráðstöfunum til þess að byggja upp atvinnulífið víða um land. Fólksstraumurinn utan af landi á Reykjavíkursvæðið hefur valdið stjórnvöldum og öllum hugsandi mönnum áhyggjum. Ýmsir staðir víðs vegar um land hafa góð skilyrði til aukinnar framleiðslu og gjaldeyrisöflunar ef atvinnutæki og vinnuafl eru fyrir hendi. Sjálfstæði þjóðarinnar og velgengni eru undir því komin að möguleikarnir séu nýttir. Alþingi og ríkisstj. gera sér að jafnaði grein fyrir þessum staðreyndum. Þess vegna eru ráðstafanir gerðar til þess að stuðla að atvinnuöryggi og öflun atvinnutækja þar sem þeirra er þörf. Ekki skal farið ítarlega í að nefna mörg dæmi um það, en sé staldrað við og lítillega athugað hvað gerst hefur í atvinnumálum síðustu 30 ár verða nokkur atriði augljós.

Nýbyggingaráð var sett á stofn 1944—1945 og hafði það verkefni að afla gagna og fá glögga yfirsýn yfir atvinnuástand um land allt. Verkefni ráðsins var að leiðbeina og aðstoða við öflun atvinnutækja til byggðarlaga, sem sérstaka þörf höfðu fyrir þau. Þess vegna komu 30 nýsköpunartogarar til landsins á árunum 1946—1947.

Næst mætti nefna Framkvæmdabanka Íslands sem var stofnsettur 1953. Hlutverk bankans var að efla atvinnulíf og stuðla að arðvænlegum framkvæmdum. Ríkissjóður lagði bankanum til 95 millj. kr. Auk þess fékk bankinn skuldabréf Mótvirðissjóðs, Sogsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Áburðarverksmiðjunnar. Þetta var stofnfé bankans. Var bankanum þannig gefinn stór möguleiki strax í byrjun að veita aðstoð við aukningu atvinnulífsins. Bankinn hafði einnig heimildir til lántöku eftir því sem nauðsyn bar til.

Framkvæmdabankinn gerði mikið gagn meðan hann starfaði. Eigi að síður þótti ástæða til þess að stofna Atvinnubótasjóð 1962. Hlutverk hans var að veita lán og styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu þar sem þörfin var brýnust. Atvinnubótasjóður var því byggðasjóður með sama hlutverki og sá sjóður sem nú starfar með því nafni. Stofnfé Atvinnubótasjóðs var framlag úr ríkissjóði, 100 millj. kr., auk þess eftirstöðvar sérstakra lána sem áður voru veitt til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landbúnaðinum.

Árið 1966 var Atvinnujöfnunarsjóður stofnaður og var Framkvæmdabankinn lagður niður um það leyti. Hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs var í meginatriðum það sama og markmið Atvinnubótasjóðs. Stofnfé sjóðsins var eignir Atvinnubótasjóðs, framlag úr ríkissjóði, 150 millj. kr., Mótvirðissjóður og hluti af óafturkræfu framlagi Bandaríkjastjórnar frá árinu 1960, 55 millj. kr. Tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs voru skattgjald af álbræðslu í Straumsvík að frádregnum 25% skattgjaldsins sem gengu til Hafnarfjarðarkaupstaðar og Iðnlánasjóðs. Einnig hafði Atvinnujöfnunarsjóður heimild til lántöku frá Framkvæmdasjóði ríkisins ef hann skorti fjármagn. Atvinnujöfnunarsjóður efldist og hafði mörg verkefni. Sjóðurinn varð hjálparstoð víða um land og veitti mörg lán til atvinnu- og framleiðsluaukningar eins og Byggðasjóður gerir nú.

Sjóðurinn átti þátt í því að bjarga mörgum byggðarlögum þegar verðfall útflutningsafurðanna skall yfir á árunum 1967 og 1968. Þá lækkuðu útflutningstekjurnar á tveim árum um 50%. Við þetta mikla áfall varð mikill halli á þjóðarbúskapnum og hættuástand varð hjá atvinnuvegunum. Í ársbyrjun 1969 voru sett lög um aðgerðir í atvinnumálum. Atvinnumálanefndir voru skipaðar í hverju kjördæmi nema ein fyrir allt Norðurland. Hlutverk n. skyldi vera að fylgjast sem best með atvinnuástandi og þróun atvinnumála og aukningu atvinnu. Nefndirnar fengu fjármagn til ráðstöfunar. Starfstími n. var ákveðinn til ársloka 1970. En segja má að á því ári hafi íslendingar verið komnir yfir erfiðleika sem af verðhruninu stafaði. Árið 1970 hafði atvinnuleysi verið að mestu útrýmt. Atvinnuvegirnir höfðu rétt við og útflutningsverð afurðanna fór hækkandi. Erfiðleikarnir voru að baki, fram undan virtist vera greið leið í efnahagsmálum og þjóðarbúskapnum ef réttilega væri á haldið.

Á árinu 1971 hélt batinn áfram, kjör almennings fóru batnandi, viðskipti við útlönd voru hallalaus, gjaldeyrisvarasjóðurinn fór vaxandi og erlendar skuldir lækkuðu.

Eftir stjórnarskiptin 1971 voru sett lög um Framkvæmdastofnun ríkisins og þau staðfest 20. des. 1971. Þau lög eru flestum kunn. Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður eru uppistaðan í Framkvæmdastofnuninni. Byggðasjóður tók við hlutverki Atvinnujöfnunarsjóðs. Framkvæmdasjóður, sem verið hafði í Seðlabankanum eftir að Framkvæmdabankinn var lagður niður, var fluttur í Framkvæmdastofnunina. Framkvæmdastofnun tók einnig við hlutverki Efnahagsstofnunarinnar, sem hafði með höndum hagrannsóknir og áætlanagerðir fyrir ríkisstj. Fljótlega var lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins breytt með sérstökum lögum um Þjóðhagsstofnun Íslands. Með því var sá þáttur tekinn út úr Framkvæmdastofnuninni. Má segja að Þjóðhagsstofnun vinni með líkum hætti og Efnahagsstofnunin gerði áður.

Eins og kunnugt er voru lög um Framkvæmdastofnun enn endurskoðuð á síðasta Alþingi. Starfar stofnunin nú í þrem deildum, var gefin heimild til þess að setja á stofn sérstaka byggðadeild. Auk þess eru lánadeild og áætlanadeild starfandi í Framkvæmdastofnuninni. Eftir breytinguna eru forstjórar tveir, skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, en áður voru forstjórar þrír og skipaðir að fengnum till. stjórnar stofnunarinnar. Með lagabreytingu nú s. l. vor var lögfest að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs skuli ekki vera minni en 2% af útgjaldahlið fjárlagafrv.

Framkvæmdastofnun hefur nú starfað í nærri 5 ár. Tvisvar hefur lögum, sem stofnunin starfar eftir, verið breytt í veigamiklum atriðum. Má hiklaust telja að breytingarnar séu til bóta.

Byggðasjóður tók við hlutverki Atvinnujöfnunarsjóðs og starfar á sama grundvelli. Við stjórnarmyndunina 1974 var ákveðið að efla Byggðasjóð og tryggja honum aukið fjármagn. Það hefur verið gert, eins og kunnugt er. Fyrsta starfsár Byggðasjóðs, árið 1972, voru samþykkt lán úr sjóðnum að upphæð 480 millj. 398 þús. kr., 1973 357 millj. 340 þús. kr., 1974 voru samþykkt lán 661 millj. 799 þús. kr., en s. l. ár, 1975, voru samþykkt lán úr sjóðnum 1603 millj. 248 þús. kr., þar af skuldbreytingalán vegna sjávarútvegsins 297 millj. kr. Af þessu má sjá að Byggðasjóður hefur mikilvægu hlutverki að gegna og veitir verulegar upphæðir til uppbyggingar í atvinnulífinu.

Ekki er nema gott við því að segja að till. sé flutt á hv. Alþ. um athugun á því hvernig framkvæmd laga um Framkvæmdastofnun Íslands hefur reynst. Þess ber að geta að í ársskýrslu, sem útbýtt er meðal þm., er frá því greint hvert fjármagnið hefur farið og hver lántakandi er tilgreindur með þeirri upphæð sem hann hefur fengið. Lán og aðstoð er veitt til þess að tryggja atvinnu og auka framleiðslu. Markmiðið er einnig að halda nokkru jafnvægi í byggð landsins.

Auk Byggðasjóðs er Framkvæmdasjóður ríkisins í umsjá Framkvæmdastofnunarinnar. Framkvæmdasjóður tekur lán og fjármagnar ýmsa sjóði atvinnuveganna. Árið 1976 er gert ráð fyrir samkv. áætlun að Framkvæmdasjóður hafi til ráðstöfunar 4 milljarða 892 millj. kr. Þessu fjármagni er gert ráð fyrir að verja eins og nú skal greina:

Til stofnlánad. landbúnaðarins ..	950	millj.	kr.
— veðdeildar Búnaðarb. Íslands	20	—	–
— Fiskveiðasjóðs Íslands	2600	—	–
— Iðnlánasjóðs	250	—	–
— Lánasjóðs sveitarfélaga	250	—	–
— Verslunarsjóðs	40	—	–
— Stofnlánad. samvinnufélaga ..	40	—	–
— Ferðamálasjóðs	41	—	–
— Hafnabótasjóðs	165	—	–
Bein útlán Framkvæmdasjóðs	286	—	–
Til Byggðasjóðs, lán til nýsmíði fiskiskipa, 10% af verði skipa ..	250	—	–

Framangreind áætlun um fjármögnun er með þeim fyrirvara að ríkisstj. ábyrgist viðbótarfjáröflun ef lán hjá innlendum bönkum, lán frá lífeyrissjóðum og erlendar lántökur ná ekki þeim fjárhæðum sem að ofan eru taldar.

Eins og áður sagði lánaði Byggðasjóður 603 millj. 248 þús. kr. á árinu 1975. Í ársskýrslu, sem þm. hafa fengið, er tilgreint hve há upphæð hefur farið í hvert kjördæmi. Einnig er sundurliðun á því hversu há upphæð hefur farið til hverrar atvinnugreinar. Þess vegna þykir ekki ástæða til að gera nánari grein fyrir því við þetta tækifæri.

Eðlilegt er að að því sé spurt hvort þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið með því að lána úr Byggðasjóði og Framkvæmdasjóði, hafi haft áhrif til byggðajafnvægis og aukinnar framleiðslu. Er eðlilegt að menn spyrji um þetta og nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir hvort fjármagnið nýtist, hvort því hefur verið úthlutað sanngjarnlega og réttilega og þá til þeirra staða sem menn hafa haft möguleika til þess að nýta það vel. Ég hef hér sundurliðun á sjávarafla í einstökum kjördæmum frá árinu 1975. Er sýnilegt að í öllum kjördæmum landsins er þróttmikill sjávarútvegur. Þess ber að geta að stærstu útlánaliðirnir úr Byggðasjóði eru til sjávarútvegs, til vinnslustöðva og til fiskiskipa. Sjávarafli í Suðurlandskjördæmi er 154 735 tonn árið 1975, í Reykjaneskjördæmi, 158 674 tonn, í Reykjavík 65 980 tonn, á Vesturlandi 66 958 tonn, á Vestfjörðum 71 032 tonn, Norðurlandi vestra 41 798 tonn, Norðurlandi eystra 67 486 tonn og á Austfjörðum 209 080 tonn. Hér er loðna og síld meðtalin.

En þegar athuga skal og gera sér grein fyrir hvort fjármagnið hefur nýst er rétt að gera sér grein fyrir atvinnuástandi og athuga m. a. aukningu mannfjölda milli ára síðustu ár, t. d. áranna 1969—1975. Á þessum árum verður nokkur mannfjölgun í öllum kjördæmum nema á Vestfjörðum. Á fyrrnefndum árum var mannfjölgun í Reykjavík 3830. Fjölgun í Reykjaneskjördæmi á þessum árum var 8612, á Vesturlandi 860, á Vestfjörðum var fækkun 255 manns, á Norðurlandi vestra fjölgun 114, Norðurlandi eystra fjölgun 2061, Austurlandi fjölgun 760, Suðurlandi fjölgun 860, en þess ber að geta að fólkinu hefur fækkað í Vestmannaeyjum um 500—600 manns af ástæðum sem allir þekkja. Heildarfjölgun á þessu

tímabili er 16 842 menn á öllu landinu. Sé prósentutala tekin er fjölgun í Reykjavík 4.7%, 23.5% á Reykjanesi, „kjördæminu sem hefur verið haft út undan í lánamálum“, 6.5% á Vesturl., 7.5% fækkun á Vestf., 1.1% fjölgun á Norðurl. v., 9.4% fjölgun á Norðurl. e., 6.8% fjölgun á Austurl., 4.8% fjölgun á Suðurl., en fjölgunin er ekki meiri á Suðurlandi vegna Vestmannaeyja, eins og áður er getið. Fjölgun yfir landið allt er 8.3% á þessum árum.

Þessar tölur sýna að vissu marki þróun mála. Menn geta velt því fyrir sér hvort aðgerðir þær, sem gerðar hafa verið, komi að tilætluðum notum og hvort rétt hafi verið að málum staðið. Og þegar menn eru í efa, eins og hv. flm. virðist vera, þá er sjálfsagt að rannsaka og reyna að komast til botns í málunum og læra af mistökunum, ef þau hafa átt sér stað. En það má öruggt telja að málunum væri öðruvísi háttað ef enginn Byggðasjóður væri fyrir hendi og ef lánasjóðir atvinnuveganna fengju ekki það fjármagn frá Framkvæmdasjóði eins og raun ber vitni. Þá er hætt við að sjávaraflinn væri minni heldur en hann nú er og hefur verið. Og þá er öruggt að við gætum ekki stært okkur af því að hafa útrýmt atvinnuleysi í landinu.

Eftirtektarvert er hve fjölgun er geysimikil í Reykjaneskjördæmi á fyrrnefndu árabili eða á Reykjavíkursvæðinu. Fólksstraumur þangað var ekki aðeins utan af landi, heldur hefur fólksstraumur verið frá Reykjavík í Reykjaneskjördæmi. Fjölgun í Reykjavík er fyrir neðan meðaltal á þessu tímabili. Ráðstafanir þær, sem um er rætt, miðast við að tryggja atvinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi og viðhalda byggð í hinum ýmsu landshlutum. Og þess má nú geta, sem betur fer, að í Reykjavík er ekki atvinnuleysi og hefur ekki verið atvinnuleysi að undanförnu. Allir vona að atvinnuleysi eigi ekki eftir að sækja reykvíkinga heim. Það er augljóst mál að atvinnuleysi verður ekki síður háskalegt á Reykjavíkursvæðinu, ef það kemur þar, heldur en annars staðar. Því væru það blindir menn sem ekki vildu reyna að hafa yfirsýn yfir þarfir Reykjavíkursvæðisins til þess að þeir, sem þar búa, megi einnig hafa atvinnu og góða afkomu. Ég tel að nauðsyn beri til að gera sér fulla grein fyrir atvinnuöryggi þess fólks sem er búsett á Reykjavíkursvæðinu, um leið og stuðlað er að því að fólk geti búið við jafngóð lífskjör annars staðar á landinu. Það er áreiðanlega hollast fyrir þjóðarheildina og ekki síður fyrir þá, sem á Reykjavíkursvæðinu búa, að þannig sé á málum haldið að lífvænlegt megi verða í öllum landshlutum og byggðarlögum. Það væri rangtúlkun á byggðastefnu ef því væri haldið fram að atvinnuuppbygging úti á landi ætti að vera á kostnað Reykjavíkursvæðisins. Byggðastefna á að vera þannig að hún geti orðið öllum íslendingum til góðs og leitt til betri lífskjara, hvar sem menn búa á landinu. Till. á þskj. 75 er flutt til þess að fá fullvissu um hver áhrif lán og fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa haft. Ég mæli með því að till. verði samþykkt og málin verði rædd með rökum og öll atriði komi fram sem máli skipta.

Þegar rætt er um Reykjavík annars vegar og landsbyggðina hins vegar held ég að hv. flm., Albert Guðmundsson, og ég séum í meginatriðum sammála. Það getur ekki verið takmark flm. að íbúum Reykjavíkur og Reykjavíkursvæðisins haldi áfram að fjölga á kostnað landsbyggðarinnar, heldur að í Reykjavík megi verða atvinnuöryggi og góð lífsafkoma ekki síður en annars staðar á landinu. Og þessa skoðun hef ég eins og hv. flm.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu að svo stöddu að fara fleiri orðum um þessa till.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 75 till. til þál. um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og einkum lánveitingum Byggðasjóðs á atvinnu- og byggðaþróun í landinu.

Ég vil taka það fram í upphafi, að ég hefði gjarnan viljað koma töluvert betur undirbúin í þessu máli, svo að það, sem ég segi hér, verða aðeins nokkrar sundurlausar ábendingar um einstök atriði. Ég vil í upphafi tjá mig sammála hv. þm. Ingólfi Jónssyni. Hann flutti hér mjög ítarlega og fróðlega sögulega ræðu og tók þar með af mér ómakið að gera virkilega málefnalega grein fyrir þessum málum eins og þau hafa þróast. Ég er sammála honum um það, að ég held að það sé ágætt að þessi till. er komin fram, og ég er engan veginn á móti því að sú könnun, sem þessi till. fer fram á, verði gerð. En ég vildi gjarnan bæta því við, að ég tel óhjákvæmilegt að þessi könnun verði látin ná töluvert lengra aftur í tímann. Með því að taka aðeins 5 ár aftur á bak sýnum við að sjálfsögðu aðeins eina hlið málsins og ekki þær forsendur sem þessi 5 ára þróun hvílir á.

Hv. 1. þm. Suðurl. benti réttilega á að tilkoma Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóðs er í sjálfu sér framhald af fyrri aðgerðum sem við það voru miðaðar að stuðla að æskilegri byggðaþróun og að hinu svokallaða jafnvægi í byggð landsins. Hann gat réttilega um ýmsar stofnanir sem unnu að þessu markmiði. Hann nefndi Framkvæmdabankann, Atvinnubótasjóð, Atvinnujöfnunarsjóð, sem allir miðuðu að sama takmarki, að efla atvinnulífið úti um land allt.

Hv. þm. benti á fólksfjölgunaratriði og tók þar til nokkrar tölur sem náðu, að mig minnir, í hans máli frá árunum 1969—1975, og þar komu vissulega fram margar mjög upplýsandi staðreyndir. Sannleikurinn er auðvitað sá, að á 20 árum, þ. e. a. s. á árunum 1950—1970, varð slík byggðaröskun í landinu að til hreinnar landauðnar horfði víða. Ég get þeirri staðhæfingu til stuðnings bent á að á árunum, sem ég nefndi, 1950—1970, fjölgaði íbúum Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins um 78%. Af 66 þús. íbúa heildarfjölgun þjóðarinnar á þessum tveimur áratugum fjölgaði um 54.6 þús. manns á ofangreindum tveimur svæðum, þ. e. a. s. í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu.

Það er engum blöðum um það að fletta að þessar tölur sýna okkur, svo ekki verður um villst, að þarna var um geigvænlegan þjóðarvanda að ræða og það hlutu að koma fram markvissar aðgerðir til þess að breyta þessari þróun, ekki aðeins landsbyggðinni í vil, heldur einnig Reykjavík — og þá tiltek ég sérstaklega Reykja-

vík. Og ég verð að segja það, að ég skil það miður vel af munni hv. þm. Reykv. og borgarfulltrúa Alberts Guðmundssonar að hann skuli líta það svo alvarlegum augum að þróunin hefur þarna stöðvast, þannig að nú stendur íbúatala Reykjavíkur nokkurn veginn í stað, en fækkunin úti um land hefur stöðvast og það er komið á þarna visst jafnvægi hvað íbúatöluna varðar. Ég hygg að Reykjavík hafi verið svo mikill vandi á höndum þegar þessi fólksfjölgunarskriða féll með fullum þunga á Reykjavík sem sveitarfélag, að borgin geti vel við unað að þarna hafi nokkuð dregið úr. Sannleikurinn er sá, að Reykjavík hafði engan veginn undan að sinna öllum þeim verkefnum sem þessi feiknalega og óeðlilega fólksfjölgun hafði í för með sér. Og ég veit raunar að Reykjavíkurborg er ekki enn búin að bíta úr nálinni með þau vandamál, sem sköpuðust á þessum offjölgunartíma.

Ég tel að þessi till., — þó að hún sé engan veginn þannig að telja beri hana fányta að öllu leyti, þvert á móti, — hún sé byggð á miklum misskilningi, grundvallarmisskilningi um það hvers vegna var stofnað til Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóðs. Það var beinlínis gert til þess að snúa fólksfjölgunarþróuninni við og stefna að alhliða uppbyggingu atvinnulífsins utan Reykjavíkur og þéttbýlissvæðanna hér á Suðvesturlandi. Það er því grundvallarmisskilningur þegar verið er að tala um að Reykjavík hafi ekki notið til jafns við önnur byggðarlög framlaga úr Byggðasjóði. Það stóð aldrei til. Byggðasjóður var stofnaður til þess að forða vissum byggðarlögum frá atvinnulegu hruni og fólksflótta þaðan, sem að því er virtist ætlaði ekki að stöðvast á tímabili.

Í till. er talað um að kannað skuli hvaða áhrif þetta hafi haft á atvinnulíf á þessum svæðum, og því er haldið fram statt og stöðugt að Reykjavík og Reykjaneskjördæmi séu svelt í ýmsum skilningi hvað fjárveitingar snertir. Það er eins og formælendum þessarar stefnu og þessarar skoðunar gleymist að það eru til fleiri sjóðir en Byggðasjóður. Þegar talað er um Framkvæmdasjóð, þá vita þessir menn jafnvel og ég að Framkvæmdasjóður fjármagnar aðra fjárfestingarsjóði, sjóði eins og Iðnlánasjóð, Fiskveiðasjóð og marga fleiri, svo sem kom fram hér í máli hv. 1. þm. Suðurl.

Það væri til fróðleiks gaman að benda á, sem ég man að ég gerði í fyrra í umr. hér á Alþ. og get endurtekið það hér, að ef við snúum okkur að sjóði eins og Byggingarsjóði ríkisins, þá sýna tölur það svart á hvítu að á árunum 1971—1974 — ég hef ekki nýjustu tölur — þá námu framlög úr þessum mikilsverða sjóði um 70—80% framlaga til Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. 70—80% úr þessum opinbera sjóði runnu til þessara svæða. Á þessum árum var stofnað til hinnar svokölluðu Breiðholtsæætlunar þar sem með lögum var gert að skyldu að Byggingarsjóður ríkisins skyldi fjármagna 1000 leiguíbúðir með 80% lánum til þess að byggja upp leiguhúsnæði í Breiðholti. Það er ekki fyrr en nokkru síðar, að mig minnir 1972 eða 1973, sem sett eru lög um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga þar sem heimilað er — og við skulum taka eftir því: það er ekki gert að skyldu í lögunum, heldur er heimilað að veita þessa fyrirgreiðslu til leiguíbúða, til 1000 leiguíbúða úti á allri landsbyggðinni á næstu 5 árum. Við vitum öll hvernig þessi góðu lög, sem vissulega voru spor í rétta átt, hafa verið í framkvæmd. Framkvæmdin hefur orðið margfalt hægari en til stóð.

Ég vil benda á sjóð eins og Iðnlánasjóð. Ég hef hér í höndunum tölur fyrir s. l. 5 ár sem sýna að af heildarútlánum Iðnlánasjjóðs nú undanfarin 5 ár, árin 1971—1975 að báðum meðtöldum, hafa 74.37% farið til þessara tveggja kjördæma á móti 25.63% til allra hinna samanlagt, þ. e. a. s. Reykjavík og Reykjaneskjördæmi hafa fengið 74.37% á þessum 5 árum. Á einu ári, árinu 1971, var þetta hlutfall þannig að Reykjavík og Reykjanes fengu 84% af lánveitingum þessa sjóðs á móti afganginum, 16%, til allra hinna kjördæmanna samanlagt.

Um verslunarlánasjóðinn hef ég ekki handbærar tölur, en mér segir svo hugur um að þar fari Reykjavík og Reykjaneskjördæmi síst með skarðan hlut frá borði. Ég get ímyndað mér að þar sé hlutfallið eitthvað svipað og að því er varðar Byggðasjóð og Iðnlánasjóð.

Fiskveiðasjóður er einn af okkar mikilvægustu fjárfestingarsjóðum, og það hefur verið ítrekað kvartað yfir því að þarna hafi Reykjavík og Reykjaneskjördæmi verið svelt. Ég hef bent á það áður í umr. á Alþ. að þetta eru hreinar rangfærslur. Að því er varðar kaup á fiskiskipum að undanförnu hefur Reykjavík ekki einungis setið við sama borð, hún hefur haft forgang. Hún hafði forgang um kaup á skuttogurunum á sínum tíma. Ég get minnt á það hér og rifjað það upp, að á sínum tíma, þegar Reykjavík keypti sína skuttogara, þá fékk Reykjavíkurborg 95% lánafyrirgreiðslu út á sín skuttogarakaup. Það voru 80% ríkistryggð lán að viðbættu 7½% láni úr borgarsjóði og 7½% sérstöku láni úr ríkissjóði. Og þetta var áður en nokkrir skuttogarar komu út á land. Reykjavík var þarna látin ganga fyrir. Lánafyrirgreiðsla til skuttogarakaupa úti á landi hefur ekki numið meira en 85%.

Ég vil líka benda á að að því er varðar hraðfrystihúsaiðnaðinn hér í Reykjavík og á Suðurnesjum, þá hafa útgerðaraðilar hér notið nákvæmlega sömu fyrirgreiðslu og önnur byggðarlög, 60% lánafyrirgreiðslu úr Fiskveiðasjóði. Þar hallast ekkert á. Hitt er svo annað mál, að Byggðasjóður hefur í ýmsum tilvikum hlaupið undir bagga með byggðarlögum, sem eiga í sérstökum erfiðleikum, og þar með gegnt því hlutverki sem honum er ætlað.

Hitt er svo einnig annað mál, að margar upplýsingar benda til þess að fiskvinnsluiðnaður hér á Suðurnesjum eigi í vök að verjast og eigi í sérstökum erfiðleikum, og það hefur ekki verið dregin nein dul á það, að þar hefur verið kennt um, að ég tel réttilega, rangri skipulagningu. Það hafa verið byggð allt of mörg frystihús hér á suðvestursvæðinu, sérstaklega á Suðurnesjum, enda mun það svo að mörg frystihús í smáum sjávarþorpum úti á landi framleiða á við 4—5 hér á Suðurnesjasvæðinu. Ég hygg að þarna þurfi að koma til meiri og betri skipulagning. Líka kemur það til að aflasamsetning er erfiðari hér sunnanlands heldur en t. d. vestanlands og austan, þannig að þetta á sér sínar

skýringar. Ég man ekki betur en ég læsi það einhvern tíma ekki alls fyrir löngu í merkilegri áætlun um hraðfrystihús landsins að þar er beinum orðum viðurkennt að þarna hafi orðið þau mistök í uppbyggingu að allt of mörg frystihús hafi verið byggð upp á of litlu svæði.

Ég vil líka minna á það, þegar talað er um mismunun til handa Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, — og ég vil nú sérstaklega halda mér við Reykjavík af því að hv. flm. tók hana sérstaklega til viðmiðunar, — að við megum hafa í huga hvernig atvinnusamsetningin er hér í Reykjavík og úti á landi. Ég get bent á það, sem ég hygg að sé rétt tala fengin frá athugun á vegum Háskólans, að á Vestfjörðum, svo við tökum nú það kjördæmi sem oftast er vitnað í að bruðlað sé með opinbera fjármuni í, að þar vinna 60% íbúanna að framleiðslustörfum, hins vegar um 23% í Reykjavík. Þetta þarf ekkert að koma okkur á óvart. Hér í Reykjavík er samanþjöppuð öll stjórnsýsla og öll þjónusta. En hvort skyldi gefa þjóðarbúinu meira í arð: skrifstofubáknið hér í Reykjavík, sem er að sliga þjóðarbúið, eða arðbær framleiðslustörf úti um byggðir landsins? Þetta skulum við líka hafa í huga þegar talað er um mismunun að því er varðar fjárveitingar úr opinberum fjárfestingarsjóðum.

En það er fleira, sem máli skiptir í byggðamálum, heldur en kaup á skuttogurum og uppbygging hraðfrystihúsa. Á þá hlið málanna er svo sem aldrei minnst þegar talað er um og vitnað í milljónir á milljónir ofan sem fara til þess að örva og styðja framleiðslu okkar þjóðarverðmæta og það er að sjálfsögðu fyrst og fremst í okkar sjávarplássum, smærri og stærri, — en það er ýmislegt sem veit að hinni félagslegu hlið í byggðamálum sem sjaldan, sjaldnar alla vega, heyrist minnst á. Við vorum að tala hér rétt áðan um málefni þroskaheftra og ég minntist á það í þeim fáu orðum, sem ég sagði um það mál, að margoft hendir það að fjölskyldur taka sig upp og flytja búferlum hingað til suðvesturhlutans vegna þess að það eru engin skilyrði í heimahéraði til þess að mæta þessum vandamálum. Eða hafa hv. þm. Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis reynt nokkuð að ímynda sér og gera sér grein fyrir því hvað það eru mörg skólabörn úti um hinar dreifðu byggðir landsins sem verða afskipt að ýmsu leyti í skólanum? Hvað skyldu vera margir dreifbýlisskólarnir sem hafa enga tónlistarkennslu, enga sundkennslu, enga leikfimikennslu? Þeir eru býsna margir, og þeir eru fleiri en við í fljótu bragði gerum okkur grein fyrir, þannig að þessi hlið málsins er ekki að sínu leyti ómerkari þó hún hlaupi kannske ekki á jafnmörgum milljónum og skuttogararnir okkar og hraðfrystihúsin. Og þegar talað er um lánveitingar úr Byggðasjóði, þá vil ég vekja athygli á tregðu Byggðasjóðs til þess að veita nokkra fjármuni, nokkurn fjárstyrk til þessara mála, það virðist beinast alfarið og einungis að uppbyggingu atvinnutækja. Sannleikurinn er þó sá, að ef við ætlum að stuðla að byggðajafnvægi og eðlilegri byggðaþróun, þá eru þessi mál, sem snerta félagslegu hliðina, ekki síður þung á metunum heldur en atvinnumálin, þó að þau skipti að sjálfsögðu miklu máli.

Það var getið um það í sjónvarpsfréttum í gær að íbúar Raufarhafnar, sem eru að ég hygg um 480, framleiði sem svarar 1 millj. á hvert mannsbarn. (Gripið fram í.) Ja, sjónvarpsfréttin talaði um eina milljón, 480 millj. alls, sem þetta litla afskekkta byggðarlag norður við heimskautsbaug leggur af mörkum í þjóðarbúið. Ég hef nú ekki komist til að reikna út hvað það þýddi ef sama gilti um reykvíkinga. Ætli það yrðu ekki 80—90 milljarðar á ári sem Reykjavík ætti að leggja til þjóðarbúsins.

Það eru einmitt staðreyndir eins og þessar sem við skulum hafa í huga þegar verið er að tala um að Reykjavík sé svelt og það sé verið að kasta fé í atvinnurekstur úti á landi sem engan veginn sé arðbær.

Nú vil ég taka það fram að ég skal manna síðust mæla því bót, ef rétt er, að eitthvert sukk og óráðsía eigi sér stað í meðferð opinberra fjármuna til þess að fjármagna okkar svokölluðu byggðastefnu. Að sjálfsögðu ber að fordæma allt slíkt ef það viðgengst. Ef því miður eru til dæmi um það í framkvæmd okkar byggðamála, þá þarf ekki langt að leita í önnur horn til að það sama verði uppi á teningnum og það ber að sjálfsögðu að fordæma. Hvert sem milljónin fer, í hvert landshornið hún fer, þá þarf hún að vera nýtt af ráðdeild og skynsemi þannig að hún komi að því gagni sem til er ætlast.

Ég hef heyrt og lesið það í skýrslum Framkvæmdastofnunar að það hefur þótt nokkuð á skorta að áætlanagerð og skipulagning atvinnuuppbyggingar úti um land sé með þeim hætti sem æskilegt væri. Þetta viðurkennir stofnunin sjálf, og það er vel að hún gerir það. En þar vitum við að kemur til að hluta skortur á sérmenntuðum mannafla til þess að framkvæma þessar áætlanir svo að gagni sé, og þarna hefur, að því er Framkvæmdastofnunin sjálf viðurkennir, orðið of mikið um að einstakir þrýstihópar hafi getað haft sitt fram með því sem við almennt köllum frekju og ýtni.

Ég veit að vandamál Byggðasjóðs eru mikil, svo mjög sem til hans er leitað, og ég vil að gefnu tilefni taka það fram hér, að ef hv. þm. Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis ímynda sér að þm. dreifbýliskjördæmanna geti gengið út og inn og valsað með fé Byggðasjóðs, þá er það herfilegur misskilningur. Þar er fast haldið utan að fjármunum, og að sjálfsögðu þarf þess með. Sannleikurinn er auðvitað sá, að þörfin er alltaf meiri heldur en hægt er að anna hverju sinni með lána- og styrkjafyrirgreiðslu.

Ég vil að lokum segja það, að hér er að sjálfsögðu um að ræða pólitíska stefnu í framkvæmd okkar byggðamála. Til Byggðasjóðs var stofnað með þá hugsjón að leiðarljósi að við ætluðum og vildum byggja landið allt. Ég get vel ímyndað mér að það væri framkvæmanlegt að draga saman byggðina í nokkra stóra byggðakjarna sem hugsanlega fyrst í stað a. m. k. mundu geta framleitt töluvert á við það sem nú gerist með nokkurn veginn jafnri byggð úti um landið allt. En ég held að sú stefna, samþjöppunarstefna í byggð landsins, sé stórhættuleg, ekki bara frá efnahagslegu sjónarmiði séð, heldur ekki síður menningarlegu. Mér hefur orðið tíðrætt

hér um sjávarþorpin okkar íslensku. En það er nú svo, að enn sem komið er liggja að þessum framleiðsluskapandi sjávarþorpum okkar lítil landbúnaðarbyggðarlög, sveitarbyggðarlög, sem ég tel upp á að megi ekki missa sig. Ef aðgerðir í þágu þessara fámennustu landbúnaðarhéraða hefðu ekki komið til, þá væru þau mörg hver nú tóm, það væru orðnar stórar eyður í byggð landsins. Og spurningin er einfaldlega: Stefnum við að því að svo verði, eða viljum við meira en í orði stuðla að því að sjávarsíðan og sveitirnar geti haldist hönd í hönd, byggt hvor aðra upp, séð fyrir þörfum hvor annarrar? Ég veit að þeir, sem þekkja til og eru kunnugir málefnum landsbyggðarinnar, eru í engum vafa. Þeir eru í engum vafa um að við hljótum að stefna að því í framtíðinni að svo verði. En ég ítreka enn og aftur að það munaði mjóu á þessum landsflóttaárum, 1950—1970, að heil byggðarlög leggðust algjörlega í eyði.

Ég vil mælast til þess að við lítum á þessi mál af skynsemi og raunsæi og gerum upp við okkur hvorum megin við stöndum. Afstaða okkar fer eftir því, hvort við viljum halda við nokkurn veginn svipuðu þjóðlífi og við höfum átt við að búa að undanförnu eða hvort við eigum að gjörbreyta því. Og ég vil leggja áherslu á það, að þær raddir, sem fordæma stuðning byggðastefnunnar, eru ákaflega hættulegar og að mínu mati mjög óþjóðlegar um leið. Ég held að formælendur þessarar stefnu geri sér í rauninni enga grein fyrir hvert þeirra stefna mundi leiða íslenskt þjóðlíf og íslenskan þjóðarbúskap.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er mikill galli á þessari umr. að flm. og frsm. þessa máls, sem hér er til umr., skuli ekki vera viðstaddur. Þess vegna leyfi ég mér að fara fram á það við forseta að umr. verði frestað, þannig að hún geti farið fram með það sem ég kalla eðlilegum hætti. Ég tel varla að hún fari fram með eðlilegum hætti þegar sjálfur flm. málsins, sem búinn er að tala í málinu, er ekki við til að hlusta á undirtektir annarra hv. þm. sem gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég tel eðlilegt að verða við þessum tilmælum, m. a. með hliðsjón af því að þegar eru 7 hv. alþm. á mælendaskrá og auðsætt að umr. lýkur ekki hvort eð er. En einnig tel ég eðlilegt, þar sem flm. er ekki viðstaddur, að verða við þessum tilmælum, og er þá umr. frestað.

Umr. frestað.

Efri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 73). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í sambandi við lausn kjaradeilunnar í febrúarmánuði s. l. gerðu Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða, þar sem m. a. var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka veittu lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga samkvæmt lögum nr. 63 1971, sérstaka uppbót á árunum 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar yrðu betur verðtryggðar en hafði verið fram að þeim tíma. Með lögum nr. 33 20. maí 1976, um breyt. á l. nr. 63 frá 1971, var þessu áformi hrundið í framkvæmd.

Það hafði jafnframt verið gert ráð fyrir því, að sambærilegar breytingar yrðu gerðar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Það vannst hins vegar ekki tími til þess að bera slíkt frv. fram á síðasta þingi. En talið var nauðsynlegt til þess að ná sambærilegum greiðslum úr Lífeyrissjóði bænda og þeim, sem þá þegar höfðu verið upp teknar í þeim lífeyrissjóðum sem ég gat um áðan, að setja brbl. Var það gert á s. l. sumri.

Frv. það, sem hér er flutt, er til staðfestingar á þeim brbl. og gerir ráð fyrir breyt. á l. um Lífeyrissjóð bænda til samræmis við þær breytingar sem gerðar höfðu verið á þeim lífeyrissjóðum sem voru á samningssviði Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frv. Ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 25, n. 97, 98). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur á fundum sínum rætt frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940. N. kvaddi á sinn fund Ármann Snævarr hæstaréttardómara, en hann var formaður þeirrar n. sem undirbjó frv. Eftir allmiklar umr. í n. og upplýsingaöflun varð samkomulag um að mæla með að frv. yrði samþ. með breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þskj. og er aðeins um það að hámark fésektar sé hækkað úr 4 milljónum í 5 milljónir. Að öðru leyti er mælt með frv. óbreyttu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 98 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
6.—16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur hjóna, frv. (þskj. 89). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Frv. það, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 89, er mjög einfalt í sniðum. Efni þess er það að arfur,

hvort sem hann er skylduarfur eða ekki, skuli vera séreign.

Rökin fyrir því, að ég flyt þetta frv., eru þau, að oft verða sársaukafullar og óréttmætar eignatilfærslur við slit hjúskapar þar sem samkvæmt núgildandi lögum er farið með arf sem hjúskapareign.

Ég flutti þetta frv. á síðasta Alþ., og það var þá sent til umsagnar Lögmannafélagi Íslands og lagadeild Háskóla Íslands. Báðir þessir aðilar töldu að þetta frv. væri ekki til bóta eins og það var lagt fram. Þó kemur fram í umsögnum beggja þessara aðila að núgildandi lög hafa oft í för með sér ósanngirni, eða eins og segir í áliti Lögmannafélags Íslands, með leyfi hæstv. forseta: „*Breyting á núgildandi lögum í þá átt, er* frv. gerir ráð fyrir, getur ein sér ekki síður valdið óréttmætum eignatilfærslum en hætta er á með núgildandi lögum. Á þetta einkum við er hjúskapur hefur staðið lengi, en arfur tæmst snemma á hjúskaparskeiði.“ *Um þetta atriði er* það að segja, að það er að sjálfsögðu alltaf álitamál hvernig fara skuli með eignir þegar slit verða á hjúskap. Þær reglur hafa nú mjög verið í endurskoðun og endurmótun, og ég hygg að á öðrum Norðurlöndum sé þróunin komin lengra en hér á landi, enda eru þessar reglur nú í endurskoðun hér.

Ég er sammála því að þessar reglur í heild þurfa endurskoðunar við, en hef hins vegar ekki treyst mér til þess að flytja brtt. við þær í sérstöku frv. Ég álít á hinn bóginn að rétt sé að taka arfinn út fyrir vegna þess að þar höfum við fyrir okkur mörg mjög sláandi og óþyrmileg dæmi þar sem til hjónaskilnaðar hefur komið. Ég get hins vegar ekki áttað mig á því hvaða óréttmætar eignatilfærslur þetta frv. getur haft í för með sér og álít að það séu fullyrðingar sem ekki standist.

Ég hef borið efni þessa frv. undir marga aðila, og ég held að mér sé óhætt að fullyrða að allir séu um það sammála í rauninni að þetta sé réttlætismál. Það er eðlilegt að börn erfi foreldra sína. Það er með öllu óeðlilegt að tengdabörn geti farið með arf maka síns út úr hjúskap ef til slita kemur.

Í því áliti, sem Háskóli Íslands hefur gefið um þetta efni, er aðalmótbáran við þessu frv. sú, að það geti verið afskaplega erfitt að annast skipti á búi ef þetta frv. nær fram að ganga, eins og segir í áliti þessu, með leyfi hæstv. forseta:

„Næstum 4 af hverjum 5 hjónaböndum standa þangað til annað hjóna læst. Ef hjúskapur stendur lengi getur það orðið óleysanleg þraut fyrir skiptaráðanda eða aðra, sem að búskiptum standa, að ráða í hvað af eignum hjóna er séreign ef enginn skráður stafur er um arf sem hjónunum hefur tæmst.“

Nú er það í sjálfu sér framkvæmdaatriði hvernig farið yrði með slíkt, og ég er ekki andvígur því, að um það séu settar nánari reglur, og vitna í því sambandi til þess sem segir í erfðalögum, 10. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Arfur eða gjöf, sem hinu langlifara hlotnast,“ — það er því hjóna sem lengur lifir, — „rennur þó eigi inn í óskipt bú ef það lýsir því fyrir skiptaráðanda innan tveggja mánaða frá því er það fékk vitneskju um arf eða gjöf að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búið. Verða fjármunir þessir séreign þess sem situr í óskiptu búi. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum búsins.“

Mér sýnist ekki óeðlilegt, að þessi grein verði látin gilda um þetta atriði ef þm. treysta sér til þess að fallast á þær breytingar sem hér um ræðir. Einnig er í þessu sambandi hægt að áskilja í lögum að þó skuli farið með arf sem hjúskapareign við andlát annars hjóna, þannig að séreignin gildi ekki nema til hjónaskilnaðar komi.

Í lögum er það heimilað um stofnun hjúskapar að fólk hafi séreign með kaupmála. Enn fremur er það heimilað í erfðalögum, einnig um lögarf, *að séreign sé áskilin. Einhvern veginn hefur það* gengið fram að þessu að fella úrskurð um það hverju sinni hvað sé séreign ef til þess hefur komið. Svo mun að sjálfsögðu einnig vera hægt í þessu tilfelli, einkanlega þó ef nánari reglur eru settar um framkvæmdahlið *málsins.*

Ég vil í sambandi við þennan frumvarpsflutning aðeins vekja athygli á því, að það hefur mjög færst í vöxt hér á hinu háa Alþ. að alþm. hafa horfið frá því að flytja frv. til breyt. á lögum, en þess í stað flutt þáltill. Ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu sú, að lagafrv. eru oft flóknari og erfiðari í samningu heldur en þáltill. sem eru almennara eðlis og oft felst í þeim að skora jafnvel á Alþ. sjálft að hlutast til um eitt eða annað.

Í lögum er ákvæði um það að forsrh. sé heimilt að skipa sérstaka laganefnd þriggja manna sem sé alþm. til aðstoðar við samningu lagafrv. og til þess að fara yfir þau. Ég álít að það mundi verða til bóta að skipa þessa n. og gefa þm. kost á að leita aðstoðar hennar við margvíslega frumvarpsgerð.

Ég vil svo að lokum aðeins ítreka, að þetta frv. er flutt vegna þess að löggjöfin um réttindi og skyldur hjóna er núna í endurskoðun, til þess að undirstirka það sjónarmið sem þar kemur fram, að farið sé með arf sem séreign af réttlætissjónarmiðum. Ég held að það sé óverjandi að beygja sig fyrir því að réttlætið nái ekki fram að ganga vegna þess að á því kunni að vera einhverjir framkvæmdaannmarkar. Það er hægt að tryggja þá hlið málsins á margan hátt, svo sem gert er m. a. í sambandi við setu eftirlifandi hjóna í óskiptu búi.

Síðast þegar þetta frv. var til meðferðar á hinu háa Alþ. var það sent til lagadeildar og Lögmannafélagsins, og ég sé ekki ástæðu til þess að það verði gert á ný, því ég hef kynnt mér það að þar eru viðhorf hin sömu og s. l. ár. Ég tel hins vegar rétt að það verði sent til Dómarafélagsins til þess að athuga hvað þeir segja um þessa hlið málsins, þ. e. a. s. framkvæmdahliðina, og þó einkanlega um það atriði, hvort rétt kunni að vera að binda þetta ákvæði um séreign við það að til hjónaskilnaðar komi, en ekki við andlát.

Ég vil svo að lokum óska þess að þessu frv. verði vísað til allshn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Eignarráð yfir landinu, frv. (þskj. 93). — 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Nokkur undanfarin þing hafa þm. Alþfl. flutt þáltill. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Aðalinntak þeirrar till. hefur verið að landið verði allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið væru í raun sameign þjóðarinnar allrar og ríkisstj. ætti að láta sérfróða menn semja frv. til l. um þessa eign og þessi eignarráð til samræmis við breytta tíma, breyttan skilning þjóðarinnar á eignarráðum, ýmis ný viðhorf, m. a. vegna algerrar byltingar á sumum sviðum um gildi gagna og gæða landsins.

Þessi tillöguflutningur þm. Alþfl. hefur vakið verulega athygli og sívaxandi umr. manna á meðal, svo að alþjóð er farin að velta þessu máli fyrir sér af allt öðrum sjónarhóli en áður var.

Nú gerum við tilraun til þess að búa þessum sjónarmiðum Alþfl. og annarra, er líkar skoðanir hafa og hann á þessum málum, stakk í frumvarpsformi að lögum og þoka þannig málinu til ákveðnari umr.

Á s.l. vori var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna fjölmenn ráðstefna um búsetu mannsins á jörðinni. Nefndist hún Habitat og fór fram í Vancouver í Kanada. Sóttu ráðstefnu þessa fulltrúar rúmlega 120 þjóða, en ekki sá íslenska ríkisstj. ástæðu til að senda fulltrúa þangað og ber að harma það. Á ráðstefnu þessari voru gerðar víðtækar samþykktir sem yfir 120 þjóðir stóðu að einum rómi. M. a. er þar kafli um landið, og er athygilsvert fyrir íslenska þjóð að kynnast efni hans. Þar er skemmst frá að segja, að ráðstefnan varð einróma sammála um stefnu varðandi landið sem er mjög í sama anda og till. Alþfl. um eignarráð á landi, gögnum þess og gæðum, svo sem hér skal sýnt í þýðingu nokkurra atriða úr samþykktinni.

Í inngangsorðunum stendur t. d.:

„Félagslegt réttlæti, endurnýjun byggðar (borga) og framþróun, sem eru skilyrði fyrir mannsæmandi húsnæði og heilsusamlegu umhverfi fólksins, nást því aðeins að landið sé notað í þágu þjóðfélagsheildarinnar."

Og síðan komu tölusettar samþykktir og skulu hér 5 nefndar.

1) „Landið er takmörkuð auðlind og meðferð þess á að vera háð opinberu eftirliti eða stjórn í þágu alþjóðar."

2) „Breytingar á landnotum, sérstaklega frá landbúnaði til þéttbýlis, eiga að vera háðar opinberu eftirliti og reglum."

3) „Óverðugan hagnað, sem myndast af því að land hækkar í verði vegna breyttra landnota, vegna opinberra framkvæmda eða ákvarðana eða vegna almenns vaxtar samfélagsins, skulu opinberir aðilar (þjóðfélagið) geta endurheimt, nema aðstæður kalli á aðrar frekari aðgerðir, svo sem breytta eignaraðild eða upptöku lands."

4) „Tímabundinni eða varanlegri þjóðareign skal beita þegar nauðsynlegt er til að tryggja, stjórna og vernda land sem þarf fyrir vöxt þéttbýlissvæða, einnig til framkvæmdar á almennum umbótum í borgum og sveitum til að tryggja almenna þróun hagkvæma þjóðfélaginu."

5) „Eignarréttarformi liðins tíma bera að breyta til samræmis við síbreytilegar þarfir þjóðfélagsins, svo að það sé hagstætt þjóðfélagsheildinni."

Af þessum tilvitnunum má ljóst vera að þær skoðanir ryðja sér nú mjög til rúms hvarvetna að taka þurfi eignarráð á landi, gögnum þess og gæðum, til ítarlegrar endurskoðunar og umbreytinga.

Það er ekki viðfelldin staðreynd að fósturjörðin sé á braskhrakningi. Svo er þó raunin í dag. Hitaveituréttindi, veiðiréttur, sumarbústaðalönd, lóðir og lendur í og við þéttbýli eru eftirsótt verðmæti, svo að engu hófi sætir í kaupum og sölum. Með frv. því, sem hér er flutt, er lagt til að þessi brask- og verðbólguhvati sé frá einstaklingunum tekinn alfarið með því að þessi verðmæti séu gerð að sameign þjóðarinnar, þannig að ekki verði framar okrað á hitaveituréttindum, góðar bújarðir fari ekki úr búskaparnotum vegna gífuverðs, sumarbústaðalönd fáist á sanngjörnum kjörum fyrir þéttbýlisbúa er þess óska og sveitarfélög þurfi ekki framar að kaupa sér „lífsrúm" á okurverði né lax- og silungsveiðimenn að sæta afarkostum til slíkra veiða.

Ef menn vilja athuga þetta frv., þá munu þeir fljótt átta sig á að það er eitt höfuðmarkmið að þau gögn og gæði landsins, sem samfélagið þarf til sinna nota og almenningur verður að leggja fé til að nýta og nota, — það er hugsun þeirra, sem að frv. standa, að slík gögn og gæði landsins séu eign alþjóðar. Tímar hafa breyst ákaflega mikið frá því sem áður var og hugmyndir manna um eignarráð. Það hafa komið verðmæti sem við varla vissum af fyrr í landinu, og vil ég þar fyrst og fremst nefna hitaréttindin, virkjunarréttindin, síðan lóðir og lendur í sambandi við þéttbýliskjarna, jafnvel sumarbústaði, og nú upp á síðkastið er veiðiréttirinn orðinn ákaflega eftirsóttur. Þetta hefur orðið til þess að á þá, sem eiga landið eða telja sig eiga það, eins og hefur verið yfirleitt með jarðeigendur, hefur verið sótt af þeim, sem munar í þessi réttindi, og þeim boðið oft uppsprengt verð fyrir þetta land og landeigendurnir ekki staðist það að selja jarðir sínar á þessu háa verðlagi. Þannig hefur myndast, eins og ég sagði áðan, verðbólguhvati í þessum eignarráðum. Það er farið að selja veiðijarðir með það eitt fyrir augum að veiðiréttirinn komist á hendur þeirra sem gjarnan vilja nota hann sér til skemmtunar og afþreyingar, en ekki hugsað um að þá fer kannske jörðin um leið í eyði sem góð bújörð. Sama má segja um hitaréttindin að nokkru leyti og þéttbýlismyndanirnar í kringum kaupstaði, eins og ég vék að áðan.

Annað er það sem ég veit ekki hvort menn hafa veitt athygli, en ég vil benda á, að í 3. gr. frv. stendur: „Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar." M. ö. o.: bændur, sem vilja eiga jarðir til eigin búrekstrar, það er allt í lagi frá okkar sjónarmiði með það. En þegar þeir eða einhverjir aðrir eru farnir að eiga jarðirnar og halda þeim þannig kannske úr byggð, þá er komið annað hljóð í strokkinn.

Og nú ætla ég að víkja að ýmsum slíkum málum, vegna þess að stundum hefur mér fundist, þvert ofan í það sem ég átti von á, að í hópi bænda ættu þessar hugmyndir um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum, einkennilega mikla andstöðu, þó að þáltill., eins og hún var hugsuð áður, og frv., eins og það er hugsað nú, ættu á ýmsa lund að vera bændum til hagræðis. Í þeirri sveit, sem ég er fæddur og uppalinn í, er nú svo komið, þó að það sé þéttbýlissveit og ágæt sveit til búskapar, að þar eru jarðir innan um sem eru að leggjast í eyði vegna þess að eigendurnir eru hættir búskap og erfingjar fyrrverandi bónda koma sér ekki saman um að selja þessar jarðir. Síðan fara þær í vafasama ábúð ábúanda sem hirðir ekki eins vel um jörðina og áður var og jarðirnar drabbast niður. Undir þennan leka tel ég og við, sem stöndum að þessu frv., að mætti t.d. setja með þessu lagaákvæði, að því aðeins megi bændur eiga sínar jarðir að þeir stundi á þeim eigin búrekstur. Þetta þýðir það að erfingjar, sem eru kannske fluttir í kaupstað, geti ekki haldið jörðum í sveit og hindrað þannig búrekstur á þeim, og ekki heldur menn sem eru búsettir í kaupstað og langar til þess að eiga eyðijörð, þeir geti ekki heldur átt jarðir til þess að halda þeim þannig úr búrekstri.

Stundum gerast skrýtnir hlutir. Hér hafa verið flutt á Alþ. og samþ. nýlega lög um jarðir eða jarðakaup, og þá var því haldið fram, ef ég man rétt, að ýmislegt í þeim lögum ætti að koma til móts við þær hugsanir sem ég var að rekja áðan, að ekki yrði auðvelt að láta jarðir fara í brask. En alveg nýlegt dæmi hefur gerst sem við höfum lesið um í blöðunum undanfarna daga. Óskabarn þjóðarinnar, Eimskipafélag Íslands, kaupir jörð uppi í Borgarfirði undir sumarbústaði á 35 millj. kr. Kunnugir segja mér að hefði þessi jörð gengið kaupum og sölum milli bænda til búrekstrar, þá væri verðið með þeim húsakosti, sem á henni er þó, varla meira en 5—8 millj. Fimmfalt verð er gefið fyrir jörðina af óskabarni þjóðarinnar og jörðin lögð í eyði sem bújörð. Nú skal ég ekki leggja dóm á það hvort hún hafi verið sérstaklega vel fallin til búskapar, en þó hygg ég það því að hún er í blómlegri sveit. Hér er hins vegar lagt til að um sumarbústaðalönd annist einmitt ríkið, skipuleggi slík lönd og sjái um að kaupstaðarbúar fái heppileg landssvæði undir sumarbústaðina, en ekki verði slík eftirsókn til þess að okurverð myndist á jörðunum.

Undanfarið hafa þessar hugmyndir okkar mætt ýmiss konar gagnrýni sem mér hefur þótt athyglisvert að hlusta á, og til sums af því hef ég einmitt tekið að nokkru leyti tillit við samningu þessa frv. M.a. hefur það verið gagnrýnt, eins og við í raun og veru gerðum ráð fyrir í upphafi, að veiðirétturinn yrði alfarið tekinn og settur undir ríkiseign. Þess vegna er í þessu frv. tekið tillit til þess að sumir, sem keypt hafa veiðijarðir, hafa vafalaust gert það einmitt vegna veiðiréttarins, og þá væri ekki óeðlilegt að slíkir eigendur fengju nokkurn umþóttunartíma til þess að njóta um skeið ánægju og arðs af þessum kaupum sínum, en þó skyldi markið vera, þegar til lengdar lætur, að þessi eign verði alþjóðareign. Um þetta er fjallað m.a. í 6. gr. frv., eins og þm. hafa vafalaust kynnt sér. E.t.v. kann sumum að þykja að fresturinn sé óhæfilega langur. En þetta frv. er ekki hugsað sem skyndiáhlaup um þessa breytingu, heldur er fyrst og fremst verið að benda á hvernig rétt væri að haga þessum málum þegar til lengdar lætur.

Sama er að segja um t.d. 11. gr. þar sem er gengið út frá því að fyrir lóðir og lendur, sem eru í einkaeign þegar þetta frv. kynni að verða að lögum, verði bætt af viðkomandi sveitarfélagi, en þó eru settar á það ýmsar hömlur, þannig að t.d. verðbólgugróði eigi að reiknast frá að verulegu leyti og sveitarfélögum ekki bundinn sá baggi að greiða þetta undireins út, eins og kynni að verða gerð athugasemd um gegn þessu, heldur er tekin upp í 2. mgr. 11. gr. eins konar bótaháttur sem samvinnufélögin hafa notað varðandi útgreiðslu á stofnsjóði.

Ég hef á undanförnum þingum mælt töluvert oft fyrir þessum hugmyndum og ég ætla þess vegna ekki að vera langorður að þessu sinni, vonast eftir að um þessi mál verði nokkur umr. og ég geti komið inn á hana seinna. En mig langar að benda hv. þingheimi á að í Morgunblaðinu sunnudaginn 21. nóv. er grein eftir Jón Hjartarson, sem er auðsjáanlega rituð út frá sjónarmiði stangveiðimanna, og þar gefur hann þær upplýsingar að margar bestu veiðiár landsins séu nú svo umsetnar af útlendingum og komnar á þeirra snæri að meira og minna leyti, að ég get ekki stillt mig um að lofa þm. að hlýða á þessa upptalningu. Hann segir svo:

„Laxá í Kjós: Í þessari á veiða aðallega útlendingar, en Íslendingar fá leyfi sem losna eða ganga ekki út.

Laxá í Leirársveit: Þessi á, sem bændur leigja út sjálfir, er öll seld útlendingum. Íslendingar, sem höfðu eina stöng í ánni, buðust til að ganga inn í hæsta boð útlendinga, en misstu stöngina samt.

Grímsá: Bændur hafa sjálfir afhent fyrirtækinu „Fish and Game“ í Bandaríkjunum söluumboð frá 26. júní til 14. ágúst.

Kjarrá: Kjarrá í Kjarrárdal, fram á heiði, leigðu bændur svisslendingum.

Norðurá: Þessi á er seld útlendingum frá 1. júlí til 6. ágúst.

Langá á Mýrum: Í þessari á fá nær eingöngu útlendingar veiðileyfi í júní, júlí og ágúst, nema eitthvað hafi brugðist.

Hítará: Þessi á er leigð fyrir ameríkana sem nota ána.

Haffjarðará: Þessi á er seld föstum erlendum viðskiptavinum ár eftir ár, svo sem enska veitingamanninum Forte.

Straumfjarðará: Þessi á er dæmigerð útlendingaá. Íslendingar fyrst og síðast, útlendingar þegar einhver veiði er.

Laxá í Dölum: Í þessari á er niðurlæging íslendinga algjör. Þeir eru bannaðir við ána.

Víðidalsá: Þessi á er leigð af íslendingum sem hafa fasta erlenda viðskiptavini frá 26. júní fram í ágúst.

Vatnsdalsá: Þessa á hefur John Ashley haft frá 1964 og selt veiðileyfi bæði innanlands og utan, án heimildar til atvinnurekstrar hér á landi.

Laxá í Aðaldal: Þessi á er leigð útlendingum

fyrir löndum þeirra jarða sem bóndinn í Nesi hefur umboð fyrir.

Hofsá: Hofsá í Vopnafirði hefur McDonald Booth rekið eins og fyrirtæki fyrir útlenda veiðimenn í mörg ár.

Sog: Í þessari á hefur besti tíminn í júlí og ágúst verði leigður frönskum veiðimönnum fyrir landi Alviðru."

Það er svo kapítuli út af fyrir sig, sem hér verður ekki ræddur, hvernig gjaldeyrisskil hafa verið á þessu öllu saman. En ég held að m. a. þessi lesning ætti að geta vakið okkur til umhugsunar um að þessi mál eru í ólestri.

Ég get ekki svo við þessar veiðiár skilið að benda ekki á, að hyggju okkar flm. fyndist okkur eðlilegra að þó að veiðirétturinn væri eign alþjóðar, þá væri hann falinn til umráða t. d. sveitarfélögum þeim, sem eiga þar landayfirráð nálægt, eða eigendum jarðanna þar sem árnar renna um, en þetta sé gegn ákveðnu gjaldi sem síðar renni til aukningar fiskræktar í ánum. Sömuleiðis er hér mætt því, sem ég þekki persónulega til, að til eru þeir einstaklingar hér á landi sem hafa sýnt veiðimálum einstaka aðgæslu og nærfærni og áhuga. Mér finnst ekkert við það að athuga að þeir fái að taka veiðirétt á leigu eins og sveitarfélög og sameignarfélög önnur, en að jörðin, sem þessi veiðiréttur nú heyrir undir, sé eign ríkisins og hægt sé að selja einhverjum áhugasömum bónda það á erfðafestu til búrekstrar eða taka þau lönd, sem álitleg þykja, undir sumarbústaði ef ekki þykir henta að búa á þeim.

Enn vil ég vekja athygli á því, að hér er enn afdráttarlausar tekið fram en áður hefur verið gert að engir, hvorki sveitarfélög, einstaklingar né upprekstrarfélög, geti átt afréttir, heldur séu þeir sameign þjóðarinnar. Hins vegar skuli sveitarfélög og upprekstrarfélög hafa sama notarétt, þ. e. a. s. beitarrétt á afréttunum og verið hefur. Þetta þykir okkur hlýða að taka afdráttarlaust fram, ef hægt væri að setja undir þann leka að mörg sveitarfélög standa í deilum við ríkið um þennan yfirráða- og eignarrétt. Í fyrravetur tjáði mér einn af héraðsdómurum landsins að það væru a. m. k. 15 mál fyrir héraðsdómstólum og hæstarétti um slík deiluefni.

Undanfarið, þegar við höfum mælt fyrir þessari ályktunartillögu, sem áður hefur verið, nú frv., þá hef ég stundum furðað mig á andstöðu nokkurra þm. sem ég hef ekki átt von á að væru andstæðir þjóðareign á landinu. Nú sé ég að hér hefur verið lagt fram í dag frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944, og eru flm. þm. úr hópi Alþb. Ég fagna því að bær skoðanir, sem þetta frv. er byggt á, fara mjög í sama horf og þáltill. okkar undanfarið hefur verið í og núverandi frv. hefur verið sniðið eftir. Ég hjó aðeins eftir einu sem milli ber, svona í fljótu bragði. Þeir eru með það að hitaveituréttindin skuli ekki vera í eign jarðeigenda nema 100 m niður, og einmitt það var áður í þáltill. okkar. Nú ætlaði ég að vera ofurlítið meira sanngjarn kannske gagnvart landeigendum og nefndi 200 m. En það verður ábyggilega ekki ágreiningsefni á milli flm. þessara frv. að minni hyggju.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. að svo stöddu meir. Ég er ekki alveg öruggur um undir hvaða n. þetta ætti helst að lúta. Hér er komið inn á fjárhag, hér er komið inn á landbúnað og fleira, það væri kannske skynsamlegt að vísa því til allshn. (**Forseti**: Já, ég held það.) Ég legg þá til að að lokinni 1. umr. verði frv. þessu vísað til allshn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm., Bragi Sigurjónsson, hefur gert hér grein fyrir frv. sem hann flytur um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Það er ekki í fyrsta sinn að hann flytur till. þessa efnis hér á Alþ. Allmörg ár eru síðan fyrst var flutt þáltill. sem að öllu aðalefni var um sama mál, og hún hefur verið endurflutt nú nokkrum sinnum, en birtist nú í frv.-formi.

Þessi till. þeirra alþfl.-manna hefur verið að breytast nokkuð ár frá ári, og hún er enn nokkuð breytt í þetta sinn frá því sem var á s. l. ári, ekki aðeins að formi til, heldur einnig að efni. Upphaflega varð till. þeirra alþfl.-manna ekki skilin á annan veg en þann að þjóðnýta bæri allar bújarðir á landinu. Við alþb.-menn gagnrýndum þessa till. á sínum tíma. Okkur fannst að með þjóðnýtingu allra bújarða væri byrjað á öfugum enda hvað snertir endurskipulagningu íslenskra atvinnuvega. Búskaparhættir á Íslandi væru ekki þess eðlis, að það væri sérlega líklegt til ávinnings að ríkið yrði eigandi jarðanna, og að eðlilegra væri, a. m. k. eins og búskaparháttum væri enn háttað, að ábúendur ættu jarðirnar sjálfir. Við töldum einnig að ríkisvaldið hefði öðrum og brýnni verkefnum að sinna heldur en að leggja þúsundir milljóna og jafnvel tugi þúsunda millj. kr. fram sem skaðabætur vegna eignarnáms á bújörðum í landinu og að þessu fjármagni yrði áreiðanlega betur varið á annan hátt.

Eins og fram kom í þáltill. þeirri, sem hv. flm. þessa frv. flutti í fyrra, og í því frv., sem hann flytur nú, er ekki lengur í till. hans gert ráð fyrir því að bújarðir verði allar teknar eignarnámi. Því er að vísu lýst yfir í 1. gr. frv., að allt land sé sameign þjóðarinnar og að ríkið hafi umráð þess með höndum samkv. 2. gr., en í 3. gr. er skýrt tekið fram að þrátt fyrir 1. gr. skuli bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar, bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja eggjataka, selveiðar og reki, þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum.

Ég vil láta þess getið við umr. þessa máls, eins og reyndar kom fram í máli flm., að við alþb.-menn höfum flutt till. um svipað efni á þskj. 101, og þetta frv., sem við höfum flutt, kemur væntanlega til umr. hér í hv. d. innan tíðar. Að meginstofni til er hér um svipaða tillögugerð að ræða og svipað frv. og ég flutti ásamt fleiri þm. Alþb. um miðjan seinasta áratug, fyrir tæpum 10 árum. Í 1. mgr. 1. gr. þessa frv. segir:

„Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teljast

sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi.“

Þessi efnisgrein er í öllum aðalatriðum hin sama og var í frv. um stjórnarskrárbreytingu sem við alþb.-menn fluttum fyrir tæpum 10 árum. Síðan segir í 2. mgr.:

„Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar.“

2. mgr. í frv. okkar alþb.-manna er að meginstofni til samhljóða till. sem ég flutti hér við afgreiðslu jarðalaga, upphaflega fyrir 4 árum, og fulltrúi okkar í landbn. d., hv. þm. Helgi Seljan, flutti við afgreiðslu þessa máls fyrir einu ári.

3. mgr. er þannig hjá okkur: „Með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miðað að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra, sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.“

„Þessi gr. er efnislega í samræmi við það stjórnarskrárfrv. sem við fluttum á seinasta áratug, þó að það væri ekki orðað með þessum hætti. En þetta hefur verið stefna okkar alþb.-manna og kemur m. a. skýrt fram í þeirri stefnuskrá sem samþ. var einróma á landsfundi Alþb. sem haldinn var fyrir tveimur árum.

Ég hef vakið athygli á þessu frv. í tengslum við umr. hér um frv. þeirra alþfl.-manna fyrst og fremst til þess að gera mönnum fullkomlega ljóst að það er ekki fyrst í dag eða gær sem við alþb.-menn erum að setja fram stefnu okkar í þessum málum, heldur er hér um að ræða stefnumótun sem á sér langan aldur og hefur verið hin sama öll þessi ár. Hins vegar er það staðreynd að þessum tveimur frv. svipar saman um margt. Þó er á þeim talsverður munur, bæði munur á formi og efnismunur. Munurinn á formi er að sjálfsögðu mjög verulegur, þar sem okkar frv. er brtt. við stjórnarskrá lýðveldisins og með því reynum við að tryggja að þau ákvæði, sem sett yrðu um þetta efni, rekist ekki á ákvæði annarra laga eða ákvæði stjórnarskárinnar og þá einkum 67. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún er nú.

Ég hjó eftir því að hv. flm., Bragi Sigurjónsson, nefndi áðan að sér hefði verið tjáð að nú væru í gangi 15 mál sem snertu eignarhald á afréttum eða óbyggðum landsins. Ég vil einmitt í þessu sambandi benda honum á að það er ákaflega hætt við því að samþykkt þess frv., sem hann flytur hér, mundi litlu breyta um þau málaferli, vegna þess að þau öll snerta vafalaust ákvæði stjórnarskrárinnar. Hætt er við að samþykkt frv. mundi þar engu breyta, þau málaferli mundu halda áfram þar sem menn munu halda því fram að þeir eigi stjórnarskrárverndaðan rétt til afrétta og óbyggða. Ég tel að úr þessu sé einfaldast að skera með beinu stjórnarskrárákvæði.

Annar efnismunur er m. a. sá, sem flm. nefndi áðan, að við leggjum til að allur jarðhiti neðan við 100 m dýpi verði lýstur sameign þjóðarinnar, en það er miðað við 200 m dýpi í frv. Þetta er að sjálfsögðu ekki stór munur, skiptir ekki stórmáli.

Í þriðja lagi tel ég ótvírætt að okkar frv. gangi nokkru lengra til varnar almenningshagsmunum gegn braski með jarðir og að um það efni séu skýrari ákvæði. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að við ákvörðun bóta skuli draga frá að ¾ hlutum þá verðmætaaukningu sem dómkvaddir matsmenn ætla að viðkomandi þéttbýlissköpun eða aðrar aðgerðir samfélagsins hafi valdið. En við sláum því föstu í okkar frv. að við eignarnám á landi skuli almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri ástæðum, heldur beri að miða mat við verðmæti hliðstæðrar eignar þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar.

Í fjórða lagi er frv. okkar byggt á þeirri grundvallarstefnu að staða bænda sé í engu skert og þeir haldi þeim hlunnindum sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. En eins og fram hefur komið er afstaða sú, sem tekin er gagnvart hagsmunum bænda, nokkuð á annan veg í frv. hv. þm. Braga Sigurjónssonar.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessi tvö frv. við þessa umr. Ég mun gera grein fyrir frv. okkar þegar tækifæri verður til þess, sem væntanlega verður á næsta fundi deildarinnar og læt því þessi orð nægja að sinni.

Umr. frestað.

Neðri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 86). — 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég er búinn að búa mig undir að mæla fyrir þessu frv., en ég óska þess að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur. (**Forseti:** Mér er kunnugt um að hæstv. iðnrh. er ekki á landinu. Hann mun vera á fundi iðnrh. Norðurlanda. Sé nærvera hans skilyrði fyrir því að mælt sé fyrir frv., þá mun ég fresta umr.) Já, ég óska eftir því.

Umr. frestað.

Dagvistarheimili, frv. (þskj. 31). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og var einróma mælt með því af þeirri

n., sem þar fjallaði um málið, og það afgr. frá deildinni óbreytt.

Með breyttri greiðslutilhögun, sem tekin var upp um áramótin síðustu í tengslum við þær breytingar sem þá voru gerðar á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, var stefnt að því að flytja ákveðin verkefni frá ríkissjóði til sveitarfélaganna, en ekki ætlunin að draga úr framlagi til verkefnanna. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa áfram ákvæði í lögum um rekstrarframlag dagvistarheimila og í þessu frv. er gert ráð fyrir að heildarframlagið haldist innan sömu marka og áður. Þá greiddi sveitarsjóður helming rekstrarframlagt á móti ríkissjóði, en nú er gert ráð fyrir að sveitarfélögin ein greiði rekstrarframlögin jafnframt því sem þeim var séð fyrir tekjuauka. Með ákvæðum, sem að þessu lúta í þessu frv., er einungis verið að tryggja áframhaldandi stuðning opinberra aðila við rekstur dagvistarheimila, bæði við þau, sem rekin eru af sveitarfélögum, og einnig þau, sem rekin eru eða rekin kunna að verða af öðrum aðilum en sveitarfélögum.

Þó hér sé flutt frv. til heildarlöggjafar, — það er að vísu ekki langt fremur en lögin sem nú gilda, — þá eru ekki stórvægilegar breytingar hér. Þetta eru fyrst og fremst lagfæringar sem þurfti að gera til viðbótar þeim sem gerðar voru um leið og verkefnatilfærslan átti sér stað, og það þótti heppilegra að forma þetta sem frv. til sjálfstæðra laga heldur en að byggja það upp sem frv. til l. um breyt. á fyrri lögum.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að ég fari að rekja breytingarnar hér grein fyrir grein. Það er gert í aths. við frv. En ég hlýt að geta þess hér, að fyrir mistök í menntmrn. er nauðsynlegt að leiðrétta orðalag á tveimur málsgr. í 9. gr. frv. Rn. var búið að senda þessa leiðréttingu áleiðis til þeirrar n. sem fjallar um málið í Ed., en vegna þess hve Ed. vann rösklega að málinu kom hún ekki í tæka tíð. Menn áttuðu sig ekki á þessum mistökum fyrr en nú fyrir skemmstu. En ég held að þetta komi ekkert að sök. Þetta eru örlitlar orðalags- og formsbreytingar, og mun ég gera ráðstafanir til að viðkomandi n. fái skýringar rn. míns á þessu atriði.

Frv. var til meðferðar hjá félmn. Ed. Það kann að orka tvímælis hvort ekki eigi öll þau mál, sem menntmrn. stendur fyrir að fara til menntmn. En þetta mál snertir vitanlega mikið sveitarfélögin og þar sem það var til meðferðar í félmn. Ed., þá vil ég, virðulegi forseti, leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. einnig vísað til félmn. í þessari hv. deild.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það er fjarri mér að hafa nokkuð á móti því að þetta frv. fái að ganga fram hér í okkar hv. d., og ég mun verða stuðningsmaður þess að svo geti orðið. En ég get ekki orða bundist, þegar þetta mál er á dagskrá hér, eins og það hefur verið mikið á dagskrá í okkar þjóðlífi að undanförnu, að ekki skuli vera minnst á það sem ég hef leyft mér að kalla hér heima, hjá okkur á Fróni dagvistunarheimili aldraðra. Ég fæ ekki séð annað en öll þau rök, sem koma fram í sambandi við dagvistunarheimili barna, eigi við dagvistunarheimili fyrir aldraða sem ekki hafa þekkst nema í litlum mæli hér hjá okkur á Íslandi. Það má segja að það séu tvö sveitarfélög sem þar hafa nokkuð haft forgöngu um, þ. e. Reykjavíkurborg og Kópavogur, og nú það nýjasta, sjómannasamtökin, sem eru að koma upp fullkomnu slíku heimili, byggðu á því nýjasta sem þekkist í Vestur-Evrópu og sérstaklega á Norðurlöndunum, sem er og verður staðsett í Hafnarfirði og þá fyrir fleiri en eitt sveitarfélag, mörg sveitarfélög.

Ég geri ráð fyrir því, að ef við ekki miðum við einstæða foreldra, þá sé oft og tíðum verra að koma frá sér til dvalar yfir daginn, jafnvel þegar fólk vill hafa gamalt fólk heima hjá sér, foreldra, afa og ömmur, þá sé verra að koma því til umönnunar hjá nágrönnum eða tengdafólki heldur en ungum börnum. Ég geri ráð fyrir því að allir, sem til þekkja, viðurkenni þessa staðreynd. Ef við hins vegar gætum komið því til leiðar að slík dagheimili yrðu líka til, ekki aðeins hér í þéttbýlinu, heldur um allt land, þá mundum við vinna nákvæmlega það sama og við erum að reyna að vinna og teljum að sé röksemd með dagvistunarheimilum fyrir börn, að ef á þarf að halda getum við komið okkar aldraða fólki fyrir á slíkum heimilum frá morgni til kvölds. Það fær alla þá þjónustu, hvíld, læknismeðferð og annað, sem á þarf að halda, meðan það dvelur þar. Og það fólk, sem vill þá fara og vinna að beinum framleiðslustörfum, fer til þeirra starfa að morgni og tekur svo gamla fólkið að kvöldi þegar það kemur heim.

Ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa haft nærri tveggja áratuga reynslu af byggingu húsrýmis yfir gamalt fólk, og meðan ég hef verið formaður í þeim samtökum, sem ég er í, hefur okkur tekist að taka í notkun yfir 300 rými fyrir aldraða sem koma að morgni, en fara heim að 87—90 til viðbótar, auk þess sem við ætlum að vera þar með rými fyrir 60—70 jafnvel 80 aldraða sem koma að morgni, en fara heim að kvöldi, og fá alla þjónustu. Ég hef lengi haft þá staðföstu skoðun, eftir að ég kynnti mér þetta bæði austan hafs og vestan, að þetta gæti kannske verið stærri og meiri hjálp fyrir ýmsa staði úti um land heldur en jafnvel að fara út í byggingu elliheimila sem eru ákaflega dýr í rekstri. En þarna mundi tvennt verða unnið: Það er séð fyrir gamla fólkinu. Það fær alla þá þjónustu sem það þarf að fá yfir daginn. Fólkið, sem vill hafa það heima hjá sér, börn og jafnvel barnabörn eða annað skyldfólk, sér um að koma fólkinu á morgnana, veit að það hefur örugga og góða aðstoð á þessum heimilum og nær í það að kvöldi, og það nýtur þá heimilisánægjunnar þegar heim kemur að kvöldi og að sjálfsögðu yfir helgar.

Ég las fyrir nokkrum dögum ákaflega frambærilega og vel unna grg. frá einu stærsta verkakvennafélagi hér á Íslandi, Verkakvennafélaginu Framsókn, sem það félag ætlar að leggja fyrir næsta Alþýðusambandsþing og fjallar eingöngu um dagvistunarmál barna. Og auðvitað að því gefna tilefni vil ekki vera að blanda þessum skoðunum mínum inn í það. Ég tel um

bæði þetta frv. hér og skoðanir þeirra kvenna og manna, sem telja t. d. til einstæðra foreldra, að það beri að stuðla að hinu besta fyrir þá og því vil ég ekki blanda hinu málinu inn í. Ég vil samt sem áður hér á Alþ. nú vekja athygli á þessu máli og vænti þess að það verði möguleiki á að fá þm. úr öllum flokkum til þess að sameinast um þetta nauðsynjamál sem ég tel vera og er ekki aðeins til hags fyrir okkar aldraða fólk, heldur líka til hagsbóta fyrir sveitarfélög, fyrir heimili sem vilja hafa sitt gamla fólk hjá sér, og að við getum komið þessu máli á einhvern hátt inn í íslenska löggjöf til hjálpar sveitarfélögum og öðrum sem vilja standa að þessu fyrir gamla fólkið, að við getum þá ætlast til og fengið einhvern stuðning frá hinu opinbera til þess. En auk þess, virðulegi forseti, mæli ég persónulega með þessu frv., að það nái fram að ganga, en vænti þess hins vegar að hv. þm. fáist til þess að líta á hitt vandamálið einnig á næstu vikum.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál hér við 1. umr. Eins og hv. þm. er kunnugt, er þetta frv. afleiðing af því illræmda frv. um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem var samþ. á Alþ. í fyrra, en þá svipti meiri hl. Alþ. dagheimili í landinu ríkisframlagi til rekstrar. Hins vegar vill hæstv. menntmrh. láta líta svo út nú að það sé verið að tryggja dagvistarheimilum stuðning, og honum er í sjálfu sér vorkunn að orða það svo eða reyna að láta líta svo út sem þessi ríkisstj. sé að gera eitthvað sérstaklega jákvætt fyrir þennan málaflokk sem allir vita að er í mikilli hnignun.

Mér finnst kominn tími til að hæstv. ráðh. og ríkisstj. geri okkur grein fyrir því hvernig á að fjármagna dagvistarheimili í landinu, úr því að hæstv. ráðh. sagði að hér væri ekki ætlað að draga úr framlögum. Nú vita allir að fjármögnun er alls ónóg. Sveitarfélögum var alls ekki tryggður sá tekjustofn sem nauðsynlegur var til þess að þau stæðu undir rekstrinum ein, og framlag ríkisins til stofnkostnaðar er svo smánarlega lítið samanborið við hina raunverulegu þörf, að það má segja að dagvistarheimili séu í algjöru svelti, svo miklu svelti að fjármagnsskorturinn verður æðimörgum tilefni til þess að segja að lögin frá 1973 hafi verið óþörf. Án fjármagns er vitanlega ekkert hægt að gera.

Ég vildi gjarnan fá það fram hvernig á að fjármagna þennan málaflokk. Hvað hyggst ríkisstj. fyrir? Ef ég man rétt eru framlög á þessu ári 68 millj. þegar þörfin var 160 millj. eða um það bil, og á fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir rúmum 80 millj., en þörfin er yfirlýst 230 millj., eingöngu í stofnkostnaðinn.

Ég flutti frv. í fyrra um lánasjóð dagvistarheimila, þar sem ég lagði til að atvinnurekendur greiddu smávegis gjald til þessara mála. Þetta frv. fékk þá afgreiðslu hér í hv. Nd. að því var vísað til ríkisstj., en í nál. meiri hl. fjh- og viðskn. stóð þessi klausa, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirrituðum nm. er ljóst, að ýmis sveitarfélög eiga örðugt með að fullnægja þörfinni fyrir dagvistunarstofnanir vegna fjárskorts. Hins vegar eru þeir ósammála þeirri aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir til að leysa þennan fjárhagsvanda, og telja einnig vafasamt að rétt sé að skattleggja atvinnureksturinn í landinu sérstaklega til að standa undir framlögum í formi 0.25% launaskatts til myndunar umrædds lánasjóðs."

Hér kom fram, að þessir hv. þm. voru algjörlega andvígir því að nokkurt gjald væri lagt á atvinnureksturinn í þessu skyni. Þessi sami meiri hl. á Alþ. á ugglaust eftir að samþ. þetta smánarframlag af ríkisins hálfu í stofnkostnað. Og þá er í rauninni ekkert annað eftir en fara aftur til þeirra gömlu daga þegar fólk varð að standa undir þessu algjörlega sjálft. Þetta er atriði sem ég held að hæstv. ríkisstj. verði að horfast í augu við, en hún gerir hvort tveggja í einu, talar fagurlega, en sér svo um að þessi málaflokkur er sveltur í hel.

Ég vil að endingu, hæstv. forseti, mótmæla því að félmn. fjalli um þetta. Þetta er málaflokkur sem heyrir undir menntmrn. og menntmn. Alþ. fjölluðu um dagvistunarlögin á sínum tíma, árið 1973. Ég tel tvímælalaust að þetta frv. eigi heima í menntmn. og geri till. um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LárJ, MB, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SV, SvH, VH, ÞS, GuðlG, EyS, HES, IngJ, RH.

nei: MK, MÓ, PétP, SvJ, EðS, GS, GilsG.

ÞÞ, GHG, KP greiddu ekki atkv.

14 þm. (LJós, MÁM, SigurlB, TÁ, BGr, EBS, EKJ, FÞ, GTh, GF, IG, JóhH, JSk, JónasÁ) fjarstaddir.

Sameinað þing, 25. fundur.

Fimmtudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjarvistir ráðherra.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Áður en gengið er til dagskrár þykir mér rétt að tilkynna það, að þegar fundur var haldinn hér á Alþ. í fyrradag, þriðjudaginn 23. þ. m., var hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen erlendis á fundi iðnrh. Norðurlanda í Svíþjóð og hafði hann því lögmæt forföll, en rn. hans hafði láðst að tilkynna Alþ. fjarveru ráðh.

Þá vil ég líka leiðrétta þá fregn, sem komið hefur fram í fjölmiðlum, að aðeins einn ráðh. hafi beðið um fjarvistarleyfi. Þegar hv. 3. þm. Reykv. kvaddi sér hljóðs hér utan dagskrár vegna fjarveru samgrh., þá tók ég það fram í svari mínu að hæstv. samgrh. Halldór E. Sigurðsson hefði beðið um fjarvistarleyfi, þannig að hann hafði fjarvistarleyfi enda þótt hann væri ekki skrifaður á þann lista sem ég las í upphafi fundar og fréttastofan mun hafa eingöngu farið eftir.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Kosningarréttur, þáltill. (þskj. 94). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskimjölsverksmiðja í Grindavík, þáltill. (þskj. 95). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fræðsla í þágu áfengisvarna, þáltill. (þskj. 99). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útbreiðsla atvinnusjúkdóma, þáltill. (þskj. 35). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Málefni þroskaheftra, þáltill. (þskj. 61). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi, þáltill. (þskj. 40). — Frh. einnar umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Það eru fáein atriði sem fram komu í umr. hér s. l. fimmtudag sem ég þarf að fara um nokkrum orðum.

Í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., Inga Tryggvasonar, kom fram grundvallarmisskilningur að því er mér sýnist, en kannske ekki honum. Það er að þær tvær till., sem hér liggja fyrir um vegamál, gangi hvor gegn annarri, eins og ég held að hann hafi orðað það, þ. e. a. s. till. sú, sem ég mælti hér fyrir, og till. sú, sem hann er 1. flm. að um að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins. Það er að mínu viti rangt að þessar till. gangi hvor gegn annarri. Till. okkar um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi er um framkvæmdir, en hin till. er um gerð áætlunar, kostnaðaráætlunar, miðað við 4—6 ára framkvæmdatíma. Ég get því ekki séð að þessar till. gangi hvor gegn annarri, og ég get lýst því strax yfir að ég styð þá till., sem hv. þm. Ingi Tryggvason er 1. flm. að, og ég vona jafnframt að í kjölfar þeirrar áætlunar, sem þar er gert ráð fyrir að verði gerð, fylgi framkvæmdir. Mönnum hlýtur að vera ljóst að forsenda fyrir því, að lagt sé bundið slitlag á þjóðvegina, er að þeir verði byggðir upp. Við erum ekki aðeins að biðja um að lagt verði slitlag á þá ca. 830 km, sem Vegagerðin telur að þurfi ekki sérstaka undirbyggingu. Við gerum ráð fyrir að það verði lagt á alla þá vegi sem þessi till. okkar nær til, þ. e. a. s. um 2300 km. En forsenda þess er, eins og ég sagði, að áfram verði unnið að uppbyggingu þjóðvegakerfisins.

Ef hins vegar er um það að ræða í hugum þessara manna, sem hér töluðu um daginn, og kannske einhverra fleiri að leggja ekki slitlag á vegi fyrr en lokið er við að koma vegunum upp úr snjónum, eins og það er orðað og eins og mér fannst koma fram í umr. um daginn, þá erum við ekki lengur á sama máli. Þá er komin upp spurningin um forgang og röðun verkefna ef ekki á að vinna að nema einu verkefni í einu. En það er hins vegar ekki ætlun okkar flm. till., eins og ég vona að mönnum hafi skilist, að samþykkt hennar verði á kostnað annarra framkvæmda í vegagerð í landinu. Það er ekki ætlunin með flutningi þessarar till. að stöðva aðrar framkvæmdir. Ætlunin með henni er að auka framkvæmdir við lagningu slitlags, fá meira fé til vegagerðar vegna þess, og umfram allt breytta stefnu sem hefur í för með sér betri nýtingu þess takmarkaða fjármagns sem er til ráðstöfunar. Lagning bundins slitlags er því ekki framtíðarverkefni sem verður að þoka fyrir öðru sem er brýnna, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. orðaði það. Þetta er verkefni sem þarf að snúa sér að strax.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, sagðist ekki heldur vera því sammála að leggja slitlag á alla kafla hringvegarins vegna ísingarhættu. Ég hélt nú að skoðanir sem þessar væru ekki lengur bornar á borð fyrir menn. Við munum vel eftir þessu þegar var verið að leggja Keflavíkurveginn. Þegar var verið að steypa hann, þá átti það að hafa í för með sér gífurlega mikla slysahættu eða aukningu slysatíðni. Sama var þegar lagt var slitlag á Hellisheiðarveginn, þá var illa spáð, slys mundu stóraukast einmitt vegna ísingarhættunnar. Ég þekki þetta líka af því sem ég hef lesið af umr. í Noregi þegar þar var tekin ákvörðun um að leggja slitlag á næstum allt vegakerfið. Þar er víða svipað veðurfar og hér og mikil ísing á þjóðvegum, og þá var jafnilla spáð í sambandi við þetta. En raunin hefur orðið allt önnur og mönnum hefur orðið það æ ljósara að mesta slysahættan er einmitt á malarvegunum. Það hefur sýnt sig að slysatíðni minnkar einmitt við lagningu slitlagsins.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði svo reyndar alveg skýrt og skorinort að hann væri ekki samþykkur þeirri stefnumörkun sem fram kæmi í till., en benti hins vegar á sína till. Ég hlýt að skilja þessi orð svo, að ekki eigi að hugsa frekar um lagningu slitlags fyrr en þeir vegir, sem nú hafa ekki verið upp byggðir og teppast í snjóum, hafi verið byggðir upp. Og þar gildir þá jafnvel einu hvort um er að ræða mikilvæga tengivegi milli byggðarlaga, eins og t. d. yfir Öxnadalsheiði og Holtavörðuheiði, sem voru nefndar í ræðu þm., eða þá afdala- og útnesjavegi. Þetta er vissulega hreinskilnislega mælt. En mér finnst leitt til þess að vita að slík þröngsýni skuli ráðandi í hugum einstakra þm. Ég tek þó fram að ég skil vanda þeirra sem búa í snjóahéruðunum, en ég get hins vegar ekki viðurkennt að vegir í þeim héruðum eigi að hafa slíkan forgang um framkvæmdir sem mér sýnist

þessi hv. þm. vilja. Auðvitað eiga þeir vegir að hafa forgang þar sem umferð er mest.

Hv. 9. landsk. þm., Sigurlaug Bjarnadóttir, sagðist reyndar ekki viðurkenna að umferðin væri meiri um hringveginn en ýmsa aðra vegi. Þetta má rétt vera. En um þetta held ég að við þurfum ekkert að deila, það eru til umferðartalningar víðast hvar að af landinu og á flestum vegum. En hringvegurinn er hins vegar tengivegur milli hinna ýmsu byggðarlaga og hann eða vissir hlutar hans kunna vel að vera dæmi um það, að það er ekki eingöngu umferðarþunginn sem ræður framkvæmdaröð. Ég gæti nefnt ýmis dæmi um það, að ef við miðuðum eingöngu við umferðarþunga, þá hefði ekki átt að leggja í stórkostlegan kostnað við ýmsar framkvæmdir í vegagerð. Ég nefni sem dæmi veginn um Strákagöng á Siglufjarðarvegi. Ég nefni sem dæmi veginn um Ólafsvíkurenni og um Búlandshöfða. Allir þessir vegir eru með tiltölulega litla umferð. En ég býst ekki við að nokkrum blandist hugur um það í dag, að það var nauðsyn að ráðast í þær fjármagnsfreku framkvæmdir sem þar áttu sér stað. Þarna er verið að tengja byggðarlög, t. d. Siglufjörð við þjóðvegakerfi landsins, og á norðanverðu Snæfellsnesi er verið að tengja saman þéttbýlisstaðina. Ég held að allir hljóti að vera sammála um nauðsyn slíkrar vegagerðar þótt umferðarþunginn sem slíkur kalli ekki á þessar framkvæmdir.

En meginmálið í ræðu hv. 9. landsk. fannst mér vera sá skelfilegi ótti sem fram kom við lántökur ef lagt yrði í slíkar framkvæmdir sem við erum að tala hér um, og þá einkum ef um er að ræða erlendar lántökur, og þm. lét í ljós sérstök vonbrigði með að heyra slíkt frá stuðningsmönnum ríkisstj. Það hljóta þá náttúrlega að vakna spurningar um það, til hvaða framkvæmda við eigum að leyfa okkur að taka erlend lán. Það voru nefndar orkuframkvæmdir, og ég býst við að allir séu sammála um það, að til slíkra framkvæmda þurfum við að taka erlend lán. En þegar kemur til annarra framkvæmda, þá eru menn sjálfsagt ekki lengur sammála. Eigum við að taka lán til þess að byggja skóla? Ég býst ekki við því að menn væru sammála um það. Eða til að byggja sjúkrahús? E. t. v. mundu einhverjir vilja það, aðrir ekki. En mér sýnist engin goðgá að taka lán til vegaframkvæmda ef þær eru svo mikilvægar sem við teljum, flm. þessarar till., að þær framkvæmdir séu sem við leggjum til að ráðist verði í. Það er vegna eðlis þessara framkvæmda og vegna þess að þær eru óumdeilanlega arðbærar framkvæmdir.

Eins og ég minntist á í framsöguræðu minni, þá hafa aðrar þjóðir gert þetta og talið sér það nauðsynlegt, og ég nefndi þar sérstaklega norðmenn. En ég tek það jafnframt fram, að við leggjum ekki áherslu á þessa lántöku. Það er ekki megininntakið í okkar tillöguflutningi. Megininntakið í okkar tillöguflutningi er það, að fjármagnið, sem Vegasjóður hefur yfir að ráða, verði nýtt með öðrum og betri hætti heldur en hefur verið gert, en jafnframt að skattlagningin af umferðinni gangi meira til vegagerðar heldur en hún gerir nú.

Hv. 9. landsk. sagði einnig að það væri ódýrara verkefni að taka fyrir þeirra áhugamál, eins og ég held að það hafi verið orðað, þ. e. a. s. að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins. Það má vel vera að það sé kostnaðarminna verkefni, ég veit það ekki. Þess vegna finnst mér sjálfsagt að sú áætlun verði gerð sem sú till. gerir ráð fyrir.

Þá sagði þm. líka að samþykkt till. okkar *þýddi að það yrði dregið úr öðrum framkvæmdum* í vegagerð, þ. á m. að koma vegunum upp úr snjónum, og í því sambandi sagði þm., ef ég les það hér upp, með leyfi forseta: „Það var talað um af hálfu flm. að að því er varðaði fjármögnun þessarar till. væri um þrjár leiðir að ræða: 1) að draga úr öðrum framkvæmdum, 2) meira lánsfé, 3) auknar fjárveitingar.“

Þarna er nú einhver misskilningur á ferðinni. Við höfum — og ég ítreka það enn — við höfum aldrei talað um að draga úr öðrum framkvæmdum í vegagerð. Við bentum á þrjár leiðir til þess að fjármagna þetta. Það voru framlög úr Vegasjóði og innlend eða erlend lántaka ef þörf krefur og eftir nánari ákvörðun Alþ. síðar. Ég ítreka það því enn, að það er ekki tilgangurinn með flutningi till. að draga úr öðrum framkvæmdum, og ég vona að ég þurfi ekki að hafa um það fleiri orð.

Hv. 6. þm. Norðurl. e., Ingi Tryggvason, kom með dálítið einkennilega röksemdafærslu, ef ég hef skilið hann rétt. Hann nefndi það að helmingur landsmanna æki á bundnu slitlagi daglega og þessir landsmenn búi í Reykjavík, Reykjanesi og á Suðurlandi. Þm. upplýsti líka að af tæplega 3000 km vegakerfisins, sem teldust ófullnægjandi eða slæmir, væru ekki nema rúmlega 200 í Reykjaneskjördæmi og Suðurlandskjördæmi, og ég skildi þetta svo, að við ættum því ekki að snúa okkur að því að leggja slitlag á vegina. Ég skil satt að segja ekki svona röksemdafærslu. Mér finnst að þessar tölur, sem þm. nefndi, bendi einmitt til þess að nú eigum við fyrir alvöru að fara að snúa okkur að öðrum landshlutum heldur en þessum sem hafa fengið þó þessa 160 km, sem er nú allt og sumt sem búið er að leggja af slitlagi á allt okkar vegakerfi. Mér sýnist að þessar upplýsingar þm. renni einmitt stoðum undir þá nauðsyn sem er að bæta hér úr, og út á það gengur till. okkar.

Ég á kannske ekki að segja það, en það læðist einhvern veginn að manni líka sá grunur að þeir hv. þm. að vestan, norðan og austan, sem töluðu í þessu máli s. l. fimmtudag, séu svona góðlátlega að benda okkur flm. till. á að vera ekkert að skipta okkur af vegamálum í öðrum kjördæmum, okkur komi þau ekkert við, það sé nóg búið að dekra við Reykjanes og Suðurland *og nú ætli þeir að ráða í sínum heimahögum*. Ég vona nú samt að þeir meini þetta ekki svona. Ég vænti þess heldur að þeir þiggi stuðning okkar við það, sem ég held að hljóti að vera þeirra áhugamál líka, að byggja upp vegakerfið úti um landið, í þeirra kjördæmum líka, því þetta er óumdeilanlega mál allrar þjóðarinnar.

Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, býsnaðist hér yfir því að tveir stjórnarþm. kæmu hér með till. um milljarðaútgjöld, og hann spyr hvert við séum eiginlega að fara. Jú, hann

sagði að ég mundi náttúrlega fá mynd af mér í Morgunblaðinu — og hún er þegar komin — og Jón Helgason kannske í Tímanum — ég hef ekki fylgst með því, kannske er hún komin þar líka — og við fengjum hól fyrir flutning á góðu máli, en hinir fengju bágt fyrir að taka ekki undir svona gott mál, svona mætti ekki að þessu standa og þetta væri nánast sýndarmennskan einber. Mér verður nú á að spyrja, þegar stjórnarandstæðingar flytja mál hér á þingi, hvort það sé bara til að sýnast. Ég geri ekki ráð fyrir að þeir gangi út frá því sem gefnu að þeir fái allar sínar till. samþ., hversu góðar sem þær nú kunna að vera. En ég vænti þess að menn skilji það, að við flm. þessarar till. meinum það sem við erum að segja og við væntum stuðnings við þetta mál. Ég skildi hv. þm. Lúðvík Jósepsson svo, að hann væri til viðtals um að styðja þetta mál ef það ætti að taka féð sem þarf úr ríkissjóði. Eigum við þá ekki að standa saman um að reyna að fá meira fé af því sem umferðin er skattlögð í dag, fá meira fé til Vegagerðarinnar. Þannig hafa menn talað hér ár eftir ár, en því miður hefur allt of lítið miðað.

Þessi till. okkar þýðir vissulega útgjöld upp á nokkra milljarða kr. á framkvæmdatímabilinu. Það er alveg ljóst og við erum ekki á nokkurn hátt að reyna að leyna því. Ég tók það skýrt fram í framsöguræðu minni hvað þetta verkefni hugsanlega kynni að kosta. En till. þýðir fyrst og fremst mörkun stefnu, hvernig fjármagnið, sem umferðin gefur af sér, verði nýtt. Hún hefur það einnig í för með sér, ef samþ. verður, að Alþ. setji sér það mark að koma vegakerfi okkar í það horf sem þekkist hjá siðuðum þjóðum. En til þess verða menn að hafa dug í sér til að viðurkenna það hörmungarástand sem ríkir og umfram allt að ákveða röðun framkvæmda. Vegur með meiri umferð þjónar hagsmunum fleiri aðila og hann hlýtur því að ganga fyrir þeim vegi sem hefur litla umferð. Menn þurfa einnig að átta sig á því, að vöruflutningar til hinna ýmsu staða á landinu fara að langmestu leyti fram með bifreiðum og bætt vegakerfi hefur þess vegna afgerandi áhrif á kostnað við vörudreifinguna í landinu.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð, held ég, um það sem fram kom í ræðum manna hér á fimmtudaginn var. Ég hlýt að lýsa nokkrum vonbrigðum yfir því hve hv. þm., sem þá töluðu, voru neikvæðir gagnvart till. Það kom mér á óvart, vegna þess að hið bætta vegakerfi, sem við leggjum áherslu á, hlýtur að þjóna hagsmunum landsbyggðarinnar sérstaklega um leið og það bætir hag allra bifreiðaeigenda í landinu, eins og ég benti á, og það er þjóðhagslega mikilvægt hvernig sem á það er litið.

Ég legg að lokum áherslu á þetta: Við verðum að viðurkenna nauðsyn þess að leggja slitlag á vegina. Við höfum ekki efni á að framkvæma það á hinn fullkomnasta hátt. Þess vegna förum við fram á það að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum að í verkefnið verði ráðist með þeim hætti sem við leggjum til, gerðir verði nothæfir vegir — ég segi: nothæfir vegir, með því að leggja slitlagið á þá eins og þeir eru þar sem uppbyggingu þeirra er lokið. Það er ekki farið fram á að þetta verði gert á kostnað annarra framkvæmda í vegagerð. Það er hins vegar farið fram á að verkefnið bíði ekki þar til öðru er lokið. En síðar, þegar efnahagur batnar, getum við ráðist í að gera þetta allt með sem fullkomnustum hætti.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því, þó að það komi ekki þessu máli við, að þakka hæstv. forseta þær skýringar sem hann gaf hér á fjarveru minni s. l. þriðjudag. Jafnframt vona ég að frá því verði skýrt eins og hinu, að ég var þá að gegna skyldustörfum, en ekki fjarverandi að ástæðulausu. Ég vil líka segja það, að það gleður mig stórum að það skuli vekja athygli að ég skuli hafa eytt 5 dögum á þessu ári í utanlandsferðir í embættiserindagjörðum, það sé með mér fylgst og mín saknað ef ég er ekki við.

Út af till. þeirri á þskj. 40, sem hér er til umr., vil ég að sjálfsögðu koma að nokkrum skýringum og umr. í sambandi við þetta mál. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að stuttu eftir að ég tók við starfi samgrh., eða í sept. 1974, lagði ég fyrir vegamálastjóra að gera athugun á því hvaða vegir eða vegkaflar væru um landið almennt sem hægt væri að leggja á varanlegt slitlag án þess að þeim væri breytt frá því sem nú er. Það sem ég lagði áherslu á í þeirri athugun var vegurinn frá Hvolsvelli vestur um land til Akureyrar. Þetta kemur fram í ræðu sem ég hélt 11. des. 1974 og er í 6. hefti þingtíðinda frá því ári, nánar tiltekið í 664. dálki og þar áfram til 671. Í þessari ræðu minni kemur fram að það séu þá þegar þó nokkrir vegakaflar sem sé hægt að leggja varanlegt slitlag á án þess að gera nokkuð frekar til undirbúnings þeim vegum sem þar er um að ræða.

Ég get jafnframt getið þess, að í þessari till. minni til vegamálastjóra um beiðni um athugun á vegum var einnig tekið fram að athuga um gerð góðra vega á leiðinni frá Hvolsvelli austur um land, og þar var nefnt Mýrdalssandur, Eldhraun, Breiðamerkursandur, Hvalnes og Þvottárskriður.

Skýrsla kom frá vegamálastjóra um það, hvað mikið væri af vegum og vegaspottum sem mætti leggja á varanlegt slitlag eins og þeir þá voru, og enn fremur kostnaður við að gera þessa vegi með varanlegu slitlagi frá Hvolsvelli vestur um land alla leið til Akureyrar og enn fremur við vegagerðina austur með þeim hætti sem þar var talað um.

Hér er því ekki á ferðinni nýtt mál, heldur áframhald af þessu, og satt að segja er það mín skoðun að það sé rétt að farið að leita eftir vilja Alþ. um ákvörðun í þessu máli.

Ég vil líka taka það fram — og skal þó koma betur að því síðar — að frá mínum bæjardyrum séð er ekki um það að ræða að þessi till. stangist á við till. á þskj. 62, nema síður sé. Skal ég víkja nokkru nánar að þessu.

En það sem mér finnst mestu máli skipta og mestu máli skiptir er hinn almenni áhugi hv. þm. á vegagerð í landinu. Það er mín skoðun, eins og ég hef oft lýst yfir áður, að við séum lengra á eftir í vegaframkvæmdum, saman-

borið við aðrar þjóðir, heldur en við erum í öðrum almennum framkvæmdum, og við þurfum að gera þar stærra átak en gert hefur verið, þó að því megi ekki gleyma að mikið hefur verið gert, því að við búum í strjálbýlu landi og okkur hefur tekist að vega það með nokkuð verulegum hætti, þó betur megi ef duga skal.

Í sambandi við varanlegt slitlag á vegum vil ég geta þess, að enda þótt það lægi fyrir árið 1974 hvaða vegakaflar það væru sem væri hægt að leggja á varanlegt slitlag, þá hafa þeir aukist og lengst síðan þá. Þess vegna eru möguleikar til að leggja það nú á fleiri staði en þá var fyrir hendi.

Í þeirri athugun, sem gerð var 1974 og miðaðist fyrst og fremst við hringveginn, kemur í ljós að það var þá hægt að leggja varanlegt slitlag á 640 km, en þá var eingöngu miðað við vegakafla sem voru 5 km eða lengri, þeir einstakir vegakaflar, sem voru styttri en það, voru ekki taldir með. En ef þeir hefðu verið taldir með, þá hefði verið um 750 km að ræða.

Þessum tölum til hækkunar eru svo hliðarvegir sem teknir eru með. Má nefna dæmi að á Vestfjörðum eru kaflar um 100 km samanlagt sem hægt væri að leggja slitlag á án endurbyggingar frekar en orðið er.

Þó skal það tekið fram, að því lengur sem dregst að leggja slíkt slitlag á vegina verður undirbúningurinn hlutfallslega meiri þar sem árlega eyðist mölin á yfirborði þeirra. Þess vegna held ég að hv. þm. verði að hafa það í huga, að það er ekki beinn hagnaður að því að draga það að leggja varanlegt slitlag á vegi sem búið er að undirbyggja með þeim hætti að það væri hægt að gera. Með hverju ári sem líður og umferðin er jafnmikil og nú er orðið, þá hlýtur að fara svo að það verður ekki hægt að hagnýta sér þessa möguleika, heldur verður að betrumbæta vegina áður en slitlagið er lagt.

Ég vil líka segja það sem mína skoðun, að ég lít svo á að það sé ekki hægt að hugsa sér að fjölförnustu vegunum sé hægt að halda við án þess að leggja þá varanlegu slitlagi. Það var orðið svo hér í kringum Reykjavík, áður en það var gert, að þeir vegir voru að mátti heita ókeyrandi. Það var ekki hægt að halda veginum í Mosfellssveit við sem malarvegi eða veginum austur fyrir fjall vegna þess hvað umferðin var orðin mikil, og hefur þó umferðin aukist geysilega mikið síðan og sérstaklega það, að bílarnir hafa stækkað mjög verulega.

Það er því skoðun mín að nauðsyn beri til að koma þessu máli í framkvæmd sem hér er verið að ræða um. Það er ekki mitt mat að það eigi að þýða það að draga þurfi úr öðrum vegaframkvæmdum heldur þýðir það aukið fjármagn, því eins og nú er um fjármagn til vegaframkvæmda verður ekki mikið slitlag lagt á vegi, það er ljóst. En það er líka ljóst að ef ekkert er frekar fyrir þessa miklu umferðarvegi gert, þá hlýtur það að leiða til þess að viðhald á þeim vegum verður gífurlega mikið. Og okkur er það ljóst, hv. þm., að við getum ekki haldið vegaviðhaldinu í jafnlágri tölu fjárhagslega og við höfum gert undanfarandi ár, vegna þess að vegirnir þola ekki svo lítið viðhald.

Ég vil þá víkja að því, eins og ég gat um áðan, að ég lít ekki svo á að till. á þskj. 62 sé andstæða þessarar till. Hún gengur síður en svo í berhögg við hana, að mínu mati, heldur er hér um tvo hætti að ræða í vegagerð landsmanna. Annars vegar er varanlegt slitlag á þá vegi sem mest umferð er á og ekki verður hægt að halda við með venjulegum malarvegum. Hins vegar er um það að ræða að endurbyggja þá vegi þar sem um mikinn snjóþunga er að ræða og ekki er hægt að halda opnum leiðum nema byggja vegina upp þannig að þeir séu ekki eins snjósæknir og þeir eru nú.

Ég álít að með þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið á s. l. sumri á Holtavörðuheiði og Öxnadalsheiði að einhverju leyti, hafi einmitt þessari stefnu verið fylgt. Þar er verið að vinna að því að ná upp þeim köflum sem liggja undir mestum snjó á veturna og það er mat okkar þm. og þeirrar n., sem vinnur að framkvæmd þess máls, að það séu ákveðnir kaflar sem þar séu verstir, og það hefur verulega áunnist í því að hækka þá á yfirstandandi sumri. Og ég vonast til þess að það muni sýna sig á þessum vetri. Að vísu vil ég vonast til þess að hann verði snjóléttur, það væri nú það besta, almennt um landið séð. En að hann verði svo snjóléttur að það reyni ekkert á Holtavörðuheiði, því hef ég ekki mikla trú á. En þá held ég að þegar á fyrsta ári muni sýna sig árangur af þessari viðleitni.

Hins vegar er það ljóst að áfram verður að halda á þeim stað og víðar til þess að ná þeim árangri sem þarna er stefnt að, eins og ég tel að till. á þskj. 62 stefni að, og hún þurfi því ekki að vera í andstöðu við þá till. sem hér er um að ræða. Það, sem um er að ræða í þessu sambandi, er að fjármagn þarf til að leysa hvora tveggja þættina í vegamálum sem hér um ræðir.

Ég vil líka segja það í sambandi við slitlagið á fjölförnustu vegina, að það er mjög erfitt að halda þeim við sem malarvegum svo viðunandi sé og það mundi spara stórfé á rekstri bifreiða að leggja þá slitlagi. Auðvitað gildir það sama hvar sem er á landinu, að sparnaður er fyrir bifreiðaeigendur að aka á bundnu slitlagi. En eftir því sem umferðin eykst verður þessi sparnaður þýðingarmeiri. Reynslan hefur sýnt að sparnaður við að aka á varanlegu slitlagi er um 20% miðað við malarslitlag. Samsvarar það kr. 6.40 á ekinn km fyrir venjulega fólksbifreið sé miðað við kostnað sem bíla- og vélanefnd reiknar út og er ekki ofreiknað. Þetta samsvarar því að á vegi, sem um 1000 bílar fara um á dag, mundu bifreiðaeigendur samtals spara á einu ári 2.4 millj. kr. á hvern km þessa vegar ef á hann væri lagt slitlag.

Hér er því um svo mikið hagsmunamál að ræða að ekki verður hjá því komist að gefa því gaum. Ég vil því segja það, að ég tel að nokkuð þurfi á sig að leggja til þess að leysa úr vegamálunum í þessum þáttum báðum og sé réttlætanlegt að gera það með lántöku og erlendu fé, þar sem um beinan gjaldeyrissparnað er að ræða í sambandi við eyðslu á bílunum. Það orkar ekki tvímælis að það má alveg eins réttlæta það eins og að taka lán til gatnagerðar í þéttbýlisstöðum, svo sem gert

hefur verið. Hvort tveggja þjónar sama tilgangi, að bæta aðstöðuna og spara gjaldeyri í sambandi við umferðina.

Það er því ekkert álitamál af minni hendi að framkvæmdir í vegagerð á þann veg, sem till. á þskj. 40 gerir ráð fyrir, eru nauðsynjamál sem ber að styðja að.

Nú skal ég ekki í þessari ræðu minni fara út í það hversu öruggar þær tölur eru sem hv. fyrri flm. nefndi hér, því ég hef ekki átt þess kost að fá þær athugaðar á stofnunum sem ég hef leitað til. En ég er ekki alveg öruggur með útreikninga hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, þó að vel megi vera að þær tölur séu nokkuð nálægt lagi. En það er líka matsatriði hvernig með slíkt skal farið.

Út af þátttöku ríkissjóðs í vegagerðinni er það að segja, að lengi vel vann ríkissjóður einn að því að leggja fé til vegagerðar vegna þess að þá voru ekki komnar til tekjur af umferðinni sem nokkru nam, fyrr en nú á síðustu árum og áratugum. Hins vegar finnst mér að það sé alltaf álitamál þegar talað er um tekjur af umferðinni. Ég tel að ég hafi þegar ég var í stjórnarandstöðu, haldið mig við að það, sem miða ætti við, væru þær tekjur sem væru sérstaklega teknar af bifreiðaumferð, ekki almennir skattar eða tollar, heldur sértekjurnar. Það er bensíngjaldið, sem er sérgjald, þungaskatturinn, og það má einnig segja að það sé leyfisgjald af bifreiðum, að þar sé um sérskatta að ræða. Hins vegar skal á það bent, að þegar leyfisgjaldið var upp tekið aftur, þá var tekin upp sú stefna að láta ríkissjóð greiða almennt afborganir og vexti af lánum sem tilheyrðu vegamálunum, en Vegasjóður hafði áður greitt. Þessi fjárhæð mun verða á árinu 1977, að því ég best veit, um 1100 millj. kr. Á þetta ber að sjálfsögðu að líta þegar út í þennan samanburð er farið.

Ég vil hins vegar taka það fram, að mér er alveg fullkomlega ljóst að brýna nauðsyn ber til að útvega aukið fé til vegagerðar frá því sem nú er ætlast til og raunverulega ekki nokkur leið að komast af með þá fjárhæð sem er inn í fjárlagafrv. Það er alveg vonlaust að minni hyggju.

Það mun því verða athugað nú, áður en gengið verður frá þessum málum, hvernig hægt er að mæta þeim þörfum sem þarna eru á ferðinni. Mér finnst að það sé eðlilegt að tekin verði inn í vegáætlunina sjálfa áætlun um þá sérstöku þætti vegamálanna sem hér hafa verið sérstakar till. bornar fram.

Hitt er svo alveg ljóst, að það verður ekki hjá því komist að auka verulega framlag til viðhalds á þjóðvegum frá því sem verið hefur. Það verður ekki hægt að ganga á liðinn til nýbygginga eða til að betrumbæta þjóðvegina frá því sem þeir eru nú. Þess vegna verður nýtt fé þar til að koma.

Ég vil líka taka undir það sem fram kom í ræðu hv. fyrri flm. áðan, að það er ekki hyggileg stefna að ganga að þessum tveim verkefnum hvoru í sínu lagi, þannig að ljúka öðrum þættinum alveg fyrr og skilja hinn eftir. Ég held að það væri vafasöm ráðstöfun atvinnulega séð að leggja allt í vegi á snjóasvæðum, þangað til það verkefni væri á enda og söðla þá yfir í varanlegt slitlag. Ég held að þetta mundi koma illa út frá sjónarmiði þeirra sem eiga tæki til vegagerðar, bæði vélar og bíla, og þess vegna sé nauðsynlegt að vinna strax að þessum verkefnum báðum. Það er langbesta nýtingin á vélakosti og mannafla að gera þetta jöfnum höndum. Það er líka svo, að það er misjafnt hvað hentar hinum einstöku héruðum. Mér fannst t. d. skynsamleg stefna, sem mörkuð var á Fjórðungsþingi Vestfirðinga á s. l. sumri, þar sem þeir töldu að brýnasta þörf þeirra í vegamálum væri að bæta samgöngukerfið innbyrðis á milli staðanna innan Vestfjarða og þeir yrðu að láta það ganga fyrir vegagerð út úr héraðinu. Ég álít að þessi stefna sé skynsamleg og þess vegna eigi þetta við á einum stað þótt það eigi ekki við á öðrum.

Ég vil líka benda á það í sambandi við malarvegina, að það er víða að verða nokkuð alvarlegt áhyggjuefni hvað malartekja eða malaröflun er að verða dýr og erfið, ekki síst á þeim stöðum þar sem umferðin er mest. Það er farið að leggja geysilega mikla fjármuni í að vinna mölina áður en hún er orðin nothæf í vegi, og það mun vera víða svo, að það verður að keyra alllangt til þess að ná í mölina til að bera megi í vegina. Þetta þarf að hafa í huga. T. d. þarf að aka möl austan frá Eyjafjöllum vestur undir Hvolsvöll, og á Mýrum sunnanverðum er enga nothæfa möl hægt að finna lengur. Þessu held ég að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir. Og eftir því sem við höldum lengra á þeirri braut að nota malarvegina eingöngu þar sem umferðin er mest, eftir því lendum við í meiri hættu á að malartekja þrjóti, og þá verður of dýrt fyrir okkur viðhald á þeim vegum sem eðlilegt er að séu malarvegir þegar þannig er komið.

Þess vegna er það von mín að hv. þm. líti á þessi mál í heild, og það er alveg augljóst að við getum ekki gert það átak, sem hér er ætlast til, með þeim peningum sem við höfum nú til vegagerðar. Að því þarf ekki að eyða neinum orðum, það er óframkvæmanlegt. Það sem við verðum því að gera okkur grein fyrir, er hvernig við getum leyst fjárhagsþátt málsins. Það er það sem skiptir meginmáli, því að verkið er nauðsynlegt að vinna og því fyrr því betra. Ég treysti því að hv. nm., sem fá þessa till. til umfjöllunar og þá till. aðra sem hér er vitnað til, muni líta á þetta með fullum rólegheitum og fari ekki í meting á milli héraða, því að það hentar ekki, eitt getur hentað þessum og annað hinum. Hinu má þó ekki gleyma, að hringvegurinn er fyrir okkur alla, og breytir þar afskaplega litlu hvar við erum búsettir, nema þeir sem eru hér á Reykjanessvæðinu, því að völuflutningarnir fara svo mikið fram með þeim hætti að vegirnir verða að þola þá. Þess vegna er það, sem verður vandamálið í sambandi við þetta mál, með hvaða hætti við getum náð í fjármagn til þess að leysa úr vegamálum okkar almennt, því að til þess ber brýna nauðsyn og það er það sem við þurfum að gera.

Ég vil svo segja það að lokum, að ég hefði talið eðlilegt að árafjöldinn í þessu sambandi væri 12—16 ár, miðað við að vegáætlanir giltu í 4 ár, það

fylgdi því, enda mun þessi þáttur ganga inn í vegáætlunina ef samþykktur verður, sem ég vona. En ég endurtek það, að ég tel að brýna nauðsyn beri til að leggja varanlegt slitlag á þá vegi og vegarkafla þar sem hægt er að koma því við. Og við eigum að hagnýta okkur það sem orðið er af slíku, sem er víða um landið, — við eigum að hagnýta okkur það að leggja einmitt varanlega slitlagið meðan vegirnir eru í því ástandi að það sé hægt, en ekki að bíða eftir að við verðum að fara að byggja þá upp á nýjan leik áður en það verður gert. En jafnhliða þessu vil ég leggja áherslu á það, að brýna nauðsyn ber til að vinna með auknu fjármagni að vegamálum í landinu því að þar eigum við svo mikið ógert að það verður að koma í forgangsröð og hefur eins og raforkan og hitaveitan veruleg áhrif í okkar gjaldeyrismálum.

Jón Helgason: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn., sem er fyrri flm. þessarar þáltill., rakti nokkuð þær umr. sem fram fóru s.l. fimmtudag um þessa till., og þau andmæli, sem þar komu fram. Í þeim umr. kom fram sú skoðun að þessi till. væri í sjálfu sér góð, en hins vegar mætti ekki samþykkja hana þar sem annaðhvort væri hún marklaus eða gengi í öfuga átt við hina einu réttu stefnu í vegamálum. Jafnframt var því haldið fram að við samþykkt þessarar till. hlyti að verða samdráttur í öðrum vegaframkvæmdum, enda þótt við flm. legðum áherslu á það í ræðum okkar að slíka samdráttarleið mætti ekki fara. Til þess að forðast misskilning vil ég taka það fram, að ég minntist aðeins á að það væri hugsanlegt að fara þá leið, en sagði að hún kæmi alls ekki til greina. Og ég vil taka undir það sem sagt var hér áðan, að ég held að andmælendur þessarar till. hafi ekki lesið hana nægilega vel, þegar þeir telja að hún gangi á móti uppbyggingu vega, þar sem forsendan fyrir þeim framkvæmdum, sem þarna er gert ráð fyrir, er vitanlega að byggja upp meiri hlutann af þjóðvegunum. En þar sem þessar fullyrðingar, sem fram komu í andmælum við till., stangast algerlega á við þau rök sem ég færði fyrir afstöðu minni til þessarar till., þá vil ég aðeins ítreka þau.

Versnandi viðskiptakjörum okkar árið 1974 var í fyrstu að miklu leyti mætt með mikilli skuldasöfnun erlendis, og virðast allir orðnir sammála um það nú að slíku er ekki hægt að halda áfram í svo ríkum mæli, enda er nú komið að skuldadögunum, að byrja á að endurgreiða skuldirnar. Þá hafa margir hallast að því að til þess að geta það þurfi að draga úr fjármagni til fjárfestingar. En með því að standa að flutningi þessarar till. vil ég m.a. leggja áherslu á að slíkur samdráttur sé neyðarúrræði um stundarsakir, en má alls ekki verða framtíðarstefnan. Ef þjóðin ætlar að halda áfram að lifa í landinu, þá hlýtur hún að verða að byggja upp og búa í haginn fyrir framtíðina. Ég hélt því fram að með of miklum samdrætti í framkvæmdum værum við að varpa þyngri byrðum yfir á framtíðina en með lántökum til þess að hrinda þeim í framkvæmd. A. m. k. verður að miða við að nýta starfsorku þjóðarinnar með hóflegu vinnuálagi, því að það er tvímælalaust verst af öllu ef vinnuaflið er ekki nýtt til þarfra verkefna.

Í umr. um þáltill. um frjálsan innflutning á litasjónvörpum, sem einnig fóru fram hér s.l. fimmtudag, komst einn ræðumaður svo að orði að eign á slíku tæki væri orðið stöðutákn. Ég ætla ekki að ræða það frekar. En ég minnist á þetta vegna þess að slík tæki eru aðeins eitt dæmi um fjölmarga hluti sem nú eru á boðstólum og við höfum af einhverjum ástæðum gaman og e.t.v. eitthvert gagn af að kaupa, en getum þó lifað góðu lífi án. Þetta á vafalaust mikinn þátt í því að hinir betur launuðu í þjóðfélaginu telja nú kauphækkun sér til handa a.m.k. ekki þýðingarminni en kjarabætur handa hinum lægst launuðu, og vafalaust halda slíkar kröfur áfram að koma fram því að sífellt fjölgar tækifærunum til þess að eyða fjármagninu. Við vitum einnig að sífellt eru að koma fram óskir og kröfur um alls konar þjónustu frá nýjum sérfræðingum og fullkomnari stofnunum, oft til að ráða bót á okkar sjálfskaparvítum, enda þótt þessi staðreynd gleymist þegar farið er að býsnast yfir rekstrarútgjöldum fjárlaga hverju sinni. Ég tel því ákaflega þýðingarmikið að við reynum að gera okkur grein fyrir því, að hvaða verklegum framkvæmdum við viljum vinna næsta áratuginn, hvaða verkefni það eru sem ekki mega bíða nema þá eitt og eitt ár ef þjóðin verður fyrir einhverjum sérstökum áföllum, og stefnuna í efnahagsmálum verði að miða við að þetta sé kleift, en einkaeyðslan fari þá fremur eftir efnum og ástæðum enda þótt ávallt þurfi að reyna að tryggja viðunandi lágmarkslaun. Mér er því full alvara með flutningi þessarar þáltill. Hún er ekki flutt til þess að fá glansmynd í blaði, eins og hv. 2. þm. Austurl. gaf í skyn í ræðu sinni að væri tilgangur ræðuhalda hér á Alþ., enda hef ég enga mynd fengið af mér enn þá, held ég, eða ég hef ekki séð hana í sambandi við þessa till. En í mínum huga eru góðir vegir hvorki glansmynd né stöðutákn, heldur nauðsynlegur og hagnýtur hlutur sem við getum ekki verið án.

Ég nota vegina af því að ég þarfnast þeirra, og ég held að ég geti fullyrt að ég hef ekki eytt minni tíma í það að baslast áfram í ófærð heldur en ýmsir aðrir hv. þm. og það sé þess vegna ekki af ókunnugleika sem ég flyt þessa till. Vitanlega eru brýnu verkefnin, sem við þurfum að vinna að, fleiri en vegagerðin ein, þó hér sé minnst á hana eina. Það er því rétt að þessi till. er stefnumarkandi. En hún markar ekki þá stefnu að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum, eins og að byggja vegina upp, heldur er hún einn liður í að marka þá stefnu að áfram verði haldið að beina nægilegum hluta af fjármagni þjóðarinnar til uppbyggingar í stað þess að eyða því í of ríkum mæli til kaupa á hlutum sem við getum lifað án.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér á ný hljóðs um þá þáltill. sem hér er til umr. í hv. Sþ., er fyrst og fremst sú, að í upphafi ræðu sinnar komst Ólafur G. Einarsson, hv. 5. þm. Reykn., að orði eitthvað á þá lund, að misskilnings hefði gætt í máli mínu hér í hv. Sþ. fyrir nokkrum dögum, þar sem

ég hefði rætt um þá till., sem hér er til meðferðar, og aðra till., sem raunar hefur ekki ennþá verið talað fyrir, og ég talið að þær gengju hvor gegn annarri. Þetta sagði ég ekki og er svo heppinn að það er búið að prenta það sem var talað á þessum fundi, en orðrétt sagði ég — með leyfi hæstv. forseta — þessi orð:

„Það hlýtur að vera vottur um mikinn áhuga á vegamálum að á dagskrá þessa fundar eru tvær þáltill. um vegamál sem raunar eru báðar á sinn hátt stefnumarkandi, en ganga nokkuð hvor í sína áttina.“

Ég tel mjög mikinn mun á því, hvort tvær till. ganga hvor í sína áttina eða ganga hvor gegn annarri. Það er alger grundvallarmunur á þessu. Ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi í sjálfu sér að fara að reyna að vekja hér upp þá skoðun í sölum Alþingis, að það sé einhver geysilegur ágreiningur um hvort það sé heppilegt að leggja bundið slitlag á vegi eða ekki.

Vegna þess, sem fram kom í ræðu sama hv. ræðumanns, Ólafs G. Einarssonar, — ég gat ekki betur skilið hann en að ég væri að mæla á móti því að lagt væri bundið slitlag á vegi, — vil ég — með leyfi hæstv. forseta — endurtaka annan smákafla úr ræðu minni sem var á þessa lund:

„Meðan svo er ástatt í hinum almennu samgöngumálum okkar á landi, í vegamálunum, þá finnst mér ekki aðeins eðlilegt, heldur sjálfsagt að höfuðáhersla sé lögð á að bæta ástandið þar sem það er lakast.“

Þetta þýðir ekki að við eigum að hætta að leggja bundið slitlag á vegi, og ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt, að það er stórkostlegt framtíðarmál að svo sé gert. Enn fremur lét ég þess getið að það, sem þarna væri um að ræða, væri að mínum dómi fyrst og fremst á hvað bæri að leggja aðaláherslu eins og nú standa sakir. Og ég er óbreytt þeirrar skoðunar, að meðan jafnmargir búa við jafnófullkomið vegasamband og raun ber vitni, þá beri okkur fyrst og fremst skylda til þess að leysa vanda þeirra manna, — fyrst og fremst skylda til þess, svo fremi sem við höfum hug á því að halda áfram að byggja landið allt.

Hv. 5. þm. Reykn. sagði líka eitthvað á þá leið, að hann hefði skilið mál mitt þannig og kannske fleiri hv. alþm., að hann ætti ekki að vera að skipta sér af vegamálum í þeirra heimahéruðum, heldur væru þeir menn til þess að gera það sjálfir. Ég vil ekki meina að ég hafi gefið tilefni til þessara orða. Og í öðru lagi vil ég gjarnan taka það fram, að í þeim tölum, sem ég nefndi hér í sambandi við það hvar væru lökustu vegirnir á landinu, nefndi ég enga röksemdafærslu. Ég sagði aðeins frá ákveðnum staðreyndum og dró ekki ályktanir þar af. Þess vegna eru það hugmyndir hv. þm. sjálfs sem ráða því, hvað hann álítur að hafi búið að baki þessara orða. Þau voru raunar aðeins sögð eða hugsuð til sönnunar því, — vegna þess að till., sem hér hefur verið vitnað til og ekki hefur enn þá verið talað fyrir, fjallar um uppbyggingu vega í snjóþyngri héruðum landsins, — að það er ekki að ástæðulausu að miðað er við þau héruð, því að það er ekki einungis að þar valdi snjór mestum erfiðleikum, heldur eru þar langlengstir vegarkaflar sem eru þannig úr garði gerðir að þeir verða illfærir hvort heldur sem er í snjóum eða aurbleytu. Þess vegna, í samræmi við það sem ég sagði áðan, finnst mér eðlilegt að það sé tekið með mestum myndarskap á verkefnunum þar sem þau eru stærst og að vísu kannske stundum erfiðast að leysa þau.

Þá kom það einnig fram hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, að hann sagði að ég hygg orðrétt: „Vegur með meiri umferð hlýtur því að ganga fyrir þeim vegi sem hefur litla umferð“. Það er auðvitað auðvelt að finna viss rök sem mæla með því að menn taki sér svona orð í munn. Og ég get fullkomlega fallist á það, að ef við erum að byggja tvo 10 km kafla af allgóðum vegi, þá sé eðlilegt að sá vegarhlutinn sitji fyrir sem hefur meiri umferð. Það er skiljanlegt. En það þarf ekki að vera að sama skapi eðlilegt, að það skuli byggja veg af bestu gerð fyrir þann, sem hefur meiri umferðina, og láta veginn ógerðan hjá hinum, sem hefur minni umferð, eða næstum ógerðan, eins og mikill hluti af íslensku vegakerfi er í dag ef miðað er við vetrarumferð. Í þessu finnst mér vera raunar grundvallarskoðanamunur á milli okkar Ólafs G. Einarssonar. Ég er þeirrar skoðunar að við séum komnir nógu langt í vegagerð til þess að við hljótum að leggja aðaláherslu á það nú um sinn að bæta úr undirstöðuþörfunum, koma til móts við það fólk í landinu sem gerir einfaldlega þá kröfu til þjóðfélagsins að það séu lagðir vegir sem séu nokkurn veginn færir ökutækjum allan ársins hring. Það, sem við erum að reyna að segja, er aðeins það, að meðan svo mikið er ógert til þess að leysa þennan þátt verkefnisins, þá þurfi að leggja höfuðáherslu á þann þáttinn. En mér dettur ekki í hug að halda því fram að það eigi að leggja hinn þáttinn niður. Og áreiðanlegt er að við, sem búum í stórum, mjög víðáttumiklum kjördæmum með geysilöngu vegakerfi, hlökkum sannarlega ekki síður til þess að fá malbik eða steinsteypu undir hjólin á bílunum okkar heldur en þeir sem flesta daga þurfa ekki að fara nema tiltölulega mjög skamman veg um þjóðvegi. Það er síður en svo. Og ég vil ekki gera lítið úr því að þetta er nauðsynlegt framtíðarverkefni. Hér er þess vegna í reynd þegar við ræðum um þessi mál, þó að till. gefi ekki sams konar tilefni til þess báðar, þá er hér í reynd verið að tala um mismunandi röðun verkefna.

Mig langar til að endurtaka það sem ég sagði hér áðan, af því að hæstv. samgrh. er nú staddur hér, — ég held að hann hafi ekki heyrt mál mitt áðan. Ég gat þess að ég teldi ekki rétt með mín orð farið áðan í ræðu hv. 1. flm. þáltill., þar sem hann sagði að till. okkar gengju hvor gegn annarri að mínum dómi. Ég sagði það alls ekki, heldur að þær gengju nokkuð hvor í sína áttina, og þetta er hægt að lesa í síðasta hefti þingtíðinda. Og það vil ég fyllilega standa við, þær ganga nokkuð hvor í sína áttina. Þær ganga alls ekki, eins og líka samgrh. tók fram, hvor gegn annarri.

Þá langar mig að lokum til þess að taka undir það sem kom fram hjá hæstv. samgrh., að við þurfum meira fjármagn í vegina. Það er okkur ákaflega brýn nauðsyn. Og ég efast um að önnur fjárfesting sé nú hagkvæmari í landinu heldur

en skynsamleg fjárfesting í vegagerð. Ég get fullkomlega eíast um það. Ég vil raunar taka fram, af því að það kom fram í umr. um daginn og raunar nú líka að hæpið væri að taka erlend lán til vegagerðar, að ég hygg að einmitt vegagerð sé meðal þeirra framkvæmda sem verjandi sé að taka erlend lán til, m. a. vegna þess að vegagerð, sé rétt á haldið, er mjög gjaldeyrissparandi. Og eftir þeim upplýsingum, sem komu fram hjá hæstv. samgrh. um að það væri 20% ódýrara að aka á malbikuðum vegi heldur en malarvegi, þá segir þetta í sjálfu sér allmikla sögu. Þetta er þó ekki miðað við það að vegirnir séu með 30 eða 50 eða 70 cm þykku snjólagi ofan á sér eða þeir séu svo sundurgrafnir af malarleysi að venjulegar jeppabifreiðar dragi kúluna sem kallað er, heldur að þetta séu sómasamlega sléttir malarvegir. Ég hef ekki reiknað þetta dæmi út. En ef þetta munar rúmum 6 kr. á km, 6.40, þá sjáum við að það munar um 64 þús. kr. á ári hjá manni sem ekur bílnum sínum 10 þús. km og það þykir ekki sérstaklega mikill akstur.

Við erum stundum að tala um aðstöðumun í þessu þjóðfélagi, og hann er margvíslegur. Það er mikill aðstöðumunur þeirra, sem hafa lágar tekjur, og þeirra, sem hafa háar, og aðstöðumunur er margvíslegur. En einn stærsti aðstöðumunurinn kemur einmitt fram í sambandi við aðganginn að þjóðvegakerfi landsins, hvernig menn geta notað sér það til almennra samgangna. Og ég held, að það sé ákaflega vandalítið fyrir hvern mann að reikna það út hversu gífurlega miklu það munar mennina tvo, annan, sem hefur slétt malbikið undir hjólunum, og hinn, sem hefur mölina, ef það munar milli 60 og 70 þús. kr. að lágmarki, miðað við litla keyrslu á ári. En þó er það ekki þetta sem þeir, sem í dreifbýlinu búa, biðja fyrst um. Þeir biðja um að vera losaðir við þá erfiðleika og öryggisleysi og þann gífurlega kostnað sem stafar af því að vegirnir eru hálfófærir eða alófærir tímunum saman. Þetta vil ég að endingu leggja áherslu á. En jafnframt finnst mér rétt að geta þess, að það miðar mjög verulega áfram í þá átt að byggja vegina upp svo að þeir verði sæmilega vetrarfærir. Það munar mjög verulega áfram í þá átt og hefur gert það á undanförnum árum. Og eitt af því, sem veldur því að menn tala um nauðsynina á að byggja vegina upp og láta það verkefni sitja í fyrirrúmi fyrir því að leggja malbik á vegina, það er einfaldlega að það er hægt að komast svo miklu lengra fyrir sömu 100 millj. í venjulegum uppbyggðum malarvegi heldur en í vandlega undirbyggðri hraðbraut með slitlagi. Og það er þetta sem við þurfum á að halda úti um hinar dreifðu byggðir, að vetrarfæru vegirnir verði lengdir og þeir nái til þess fólks sem þarf að nota þá á hverjum stað og hverjum tíma.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þetta eru nú orðnar nokkuð langar umr. um þetta mál, og þeir geta ekki kvartað undan því, hv. flm. þessarar till., að þeir fái ekki umr. um hana hér í hv. Sþ. Ég held að tímanum hefði þó verið enn þá betur varið til þess að setja ný vegalög og í framhaldi af því að afgreiða vegáætlun, sem mér sýnist nú að sé nokkuð brýnt. En vegna tiltekinna ummæla í ræðu hv. 1. flm. till., Ólafs G. Einarssonar, 5. þm. Reykn., sé ég mér ekki fært annað en að segja hér örfá orð.

Hann sagðist — það voru hans sjónarmið — ekki óttast ísingarhættu á fjallvegum þó að á þeim væri bundið slitlag. Vitnað er til vegarins suður í Keflavík og vitnað er til vegarins austur yfir Hellisheiði. Það vill nú svo til með veginn austur yfir Hellisheiði, að snjómoksturskostnaður á þessum vegi var samkv. skýrslu samgrh. fyrir árið 1975 hvorki meira né minna en 12 millj. kr. Þeir urðu stöðugt að vera að skafa þetta og gerðu það til þess að það kæmi ekki ísing. Þessi upphæð er nákvæmlega jafnhá og fór í að moka Holtavörðuheiðina og leiðina til Siglufjarðar, tvær leiðir sem mér eru sérstaklega minnisstæðar. Og með fullri virðingu fyrir Hellisheiði, þá vil ég ekki láta gera lítið úr Holtavörðuheiði, leiðinni til Siglufjarðar eða Öxnadalsheiði. Og ég held að það væri hýsna vel farið með peningana að nota þá til þess að byggja upp vegi yfir þessar tilteknu heiðar.

Það er verið að spyrja um brýnustu verkefnin í vegagerð. Hv. flm. mega ekki líta svo á að við, sem teljum að það sé brýnt að byggja vegina upp úr snjónum, séum að leggjast gegn lagningu olíumalar alfarið. Það er a. m. k. ekki mín hugmynd. Hún á fullan rétt á sér. En að láta allt ganga út á olíumölina, það er aftur á móti óskynsamlegt, finnst mér, og við verðum að raða þessum verkefnum með skynsamlegum hætti.

Mér leiddist að heyra í hv. 5. þm. Reykn., Ólafi G. Einarssyni, tal hans um afdala- og útnesjavegi. Mér fannst kenna nokkurrar lítilsvirðingar á því fólki, sem notar þessa vegi, og því starfi, sem þar er unnið. Ég lít svo á að okkur beri skylda og réttur til þess að byggja land okkar og hafa það byggilegt, og það er illt að þurfa að eyða dýrmætum fundartíma í að jagast við gamlan siglfirðing um svona hluti. Siglufjörður er einn af þessum stöðum, einn af þessum útvörðum í landi okkar, einn sá staður þar sem ég tel að byggð eigi að haldast og byggð eigi að haldast með blóma. Við ættum heldur að sameinast um það að lagfæra veginn til Siglufjarðar. Ég er alls ekki að frábiðja mér tilstyrk og atbeina þm. Reykn. til þess að sprengja veg inn í klettana þarna neðan við Mánárskriður, en það er, eins og hv. þm. veit, þröskuldur sem endilega þarf að lagfæra. Hann ræddi réttilega um merkilega framkvæmd, göngin í gegnum Stráka, en þau koma því aðeins að fullum notum að það sé fært á þjóðvegakerfið í gegnum þessi göng, en það verður ekki fyrr en ef tekst að búa til góðan veg til Siglufjarðar. Það er alveg sýnt að það er ekki hægt að gera allt í einu, og satt að segja þótti mér formaður fjh.- og viðskn. Nd. vera býsna lántökuglaður í sínum tillöguflutningi. Hann segist nefnilega ekki vilja draga úr framkvæmdahraða við aðrar framkvæmdir. Ég skil það ekki öðruvísi en svo, að það þurfi miklu meiri peninga til þess að gera allt þetta í einu, og þá peninga verður að taka einhvers staðar. Hann benti á þrjár leiðir og tvær af þeim voru lántökuleiðir. Hann talaði enn fremur um ríkistekjur, að ná nú tekjunum af umferðinni til

vegakerfisins. Þetta er gamalt mál og nýtt, og mönnum hefur sýnst álitlegt í mörg skipti að halda þessu fram. En þá náttúrlega rýrnaði ríkissjóðurinn hjá hv. formanni fjh.- og viðskn. Nd., ef tollurinn af bílunum yrði t.d. settur alfarið í umferðina.

Síðan talaði hv. þm. um hvað þetta yrði nú allt gott og blessað og mikið hægt að gera þegar efnahagurinn batnaði. Ég verð nú bara að lýsa nokkrum efa um, ef þeir eru svona stórhuga allir í fjh.- og viðskn. eins og hv. flm. þessarar till., formaður fjh.- og viðskn. Ed., að efnahagurinn batni nokkurn skapaðan hlut. Ég er hræddur um að þeir setji okkur á hausinn með þessari miklu framkvæmdagleði sinni.

Það hefur komið rækilega fram, að vöruflutningar eru miklir á þessu vegakerfi, og hv. þm. Ólafur G. Einarsson lýsti því yfir að það væri vöruflutningum til Norður- og Austurlands og Vestfjarða mikilvægt að komast eftir holulausum olíumalarvegi. En ég held að þeim sé enn mikilvægara, jafnvel miklu mikilvægara, að þurfa ekki að brjótast áfram í verulegum snjó og aur, heldur að komast eftir nothæfum vegum. Og ég varð að vissu leyti fyrir nokkrum vonbrigðum með afstöðu hæstv. samgrh., þar sem mér skildist á honum að hann teldi nú enn þá brýnna að leggja bundið slitlag fremur en að undirbyggja vegina. Menn eru að gera því skóna að við séum nokkuð heimaríkir, við sem stöndum að till. þeirri sem Ingi Tryggvason, hv. þm., er 1. flm. að, og viljum nú ráðskast með þessa hluti í okkar kjördæmum. En ég get sagt hæstv. samgrh. það alveg skýrum stöfum, að mér er það miklu meira áhugamál að fá veg, færan veg yfir Hrútafjarðarháls, færan veg yfir Holtavörðuheiði heldur en olíumalarkafla á góða veginn í Hrútafirðinum og fresta hinu, svo að við tökum dæmi sem ýmsir þekkja.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson gerði því skóna að þessi till. væri flutt af sýndarmennsku. Það vil ég ekki taka undir með honum. Ég held að mönnum sé alvara með þetta mál og þeir hafi hugsað þetta vel og rækilega og þetta sé þeirra hjartans mál, þó að ekki sýnist öllum þm. ástæða til þess að leggja jafnmikla áherslu á það. Ég tek ekki undir það með hv. þm. Lúðvík Jósepssyni að þetta sé sýndarmennska.

Alþfl.-menn fluttu hér margar þáltill. í byrjun þings, og formaður flokksins fór svo í sjónvarpið og tók það fram í sjónvarpsþætti að þáltill.-flutningur í Sþ. væri sýndarmennska. En ég er sem sagt bæði um þessa till. og raunar flestar sem fram hafa komið á þessu þingi, — raunar ekki allar, ég tek það skýrt fram, — þeirrar skoðunar að þær séu fluttar í alvöru, en ekki bara upp á myndina.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég get tekið undir það með þeim hv. þm. sem hér hafa talað og talið að hér væri hreyft merku máli. En mér datt í hug þegar ég sá þessa till. og sá hverjir að henni standa og ekki síður undir ræðum þeirra hv. flm., þá datt mér í hug heiti á leikriti sem ég sá ekki alls fyrir löngu og bar nafnið „Glataðir snillingar". Mér datt það í hug vegna þess, að þessir hv. tveir þm. eru báðir stjórnarþm. og hafa staðið að því hér sem slíkir að skerða framkvæmdir í vegamálum um milli 40 og 50% á tiltölulega skömmum tíma, en geysast nú fram með þáltill.-flutningi, eins og hér ber raun vitni, um framkvæmdir í þessum málaflokki upp á marga milljarða nú á næstu árum, á sama tíma og þeir haga sér með þeim hætti sem þeir hafa gert á undanförnum tveimur árum. Ég er viss um að þessum hv. þm. tekst ekki, þó að leikurinn sé til þess gerður, að sannfæra almenning í landinu um að þeir séu hér miklir áhugamenn og raunsæismenn um framkvæmdir af þessu tagi, ef almenningur færi að skoða það sem gerst hefur í tíð þessara hv. þm. sem stjórnarliða í sambandi við vegaframkvæmdir, þannig að snilldin glatast hjá þeim í þessu tilfelli.

Ég vil ekki segja að þetta mál sé nein sýndarmennska. En mér þykir gæta allmikillar sýndarmennsku hjá þessum tveimur hv. þm, sem flytja málið, með tilliti til þeirrar reynslu, sem þeir hafa sýnt, og þeirra verka, sem þeir hafa að staðið í sambandi við vegaframkvæmdir sem ráðandi þm. innan stjórnarliðsins, að hafa hér lagt blessun sína yfir stórkostlegan niðurskurð í vegaframkvæmdum á stjórnartímabilinu. Það er sýndarmennska, nema þá því aðeins — og það er rétt að bæta því við strax — nema þá því aðeins að þeir ætli sér nú að söðla um, ef til þess vinnst tími að við þm. fáum að sjá væntanlega vegáætlun næstu fjögurra ára sem boðuð var hér í vor og átti að afgreiða nú fyrir n. k. áramót, en hefur ekki séð dagsins ljós enn, — nema þeir ætli við afgreiðslu þeirrar vegáætlunar að bæta fyrir syndirnar með því að bæta um í sambandi við fjárútvegun og fjárveitingar til vegaframkvæmda í landinu. Ef þeir gera það, þá er rétt að hafa þann fyrirvara á um sýndarmennskuna, að þá má vera að það verði hægt að *sannfæra einhverja um að þeir meini heilt í* þessum efnum. (**ÓE:** Hvað með stuðning þm.?) Við till.? (**ÓE:** Já.) Ég er ekki alveg búinn enn, ég kannske kem að því síðar. Það er nægur tími til þess. En ég heyri að hv. þm. Ólafi G. Einarssyni er farið að leiðast þetta umtal. Væntanlega verður það ekki til þess að ég fái glansmynd af mér í Mogganum fyrir þetta tal, þó að hann hafi fengið slíka mynd vegna tillöguflutningsins. En ég skal koma að því síðar, hvað er með stuðninginn við till. (**Gripið fram í:** Á þm. glansmynd?) Hæstv. fjmrh. sá fyrir því á sínum tíma að ég eignaðist þá mynd einmitt úr Mogganum, svo að það er eitt afrekið af mörgum sem hann hefur stuðlað að.

Ég skal segja hv. þm. Ólafi G. Einarssyni það strax, og ég sagði það raunar í byrjun, að hér væri gott mál á ferðinni, og ég hef alla tíð staðið að góðum málum, hver sem þau hefur flutt, og ég hygg að svo muni verða enn. En það þarf ýmislegt að upplýsast til þess að sá stuðningur sé falur, því að ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé frambærilegt að leggja fram slíka þáltill. eins og þessa, þó um gott mál sé, nema því aðeins að það fylgi eitthvað raunhæft á eftir og það sé sýnt fram á að það sé vilji fyrir því og verði hægt að framkvæma það.

Bæði hv. þm. Ólafur G. Einarsson og hv. þm. Jón Helgason hafa lagt mikla áherslu á að það

sé síður en svo þeirra meining með flutningi þessarar þáltill. að draga á nokkurn hátt úr öðrum framkvæmdum við vegi á tímabilinu. Þetta hafa þeir undirstrikað margoft. En burt séð frá því, þó að þessi till. hefði ekki komið fram og þó að ekkert fjármagn hefði farið til þessara hluta, þá er það eigi að síður staðreynd að samdráttur upp á milli 40 og 50% í vegaframkvæmdum hefur átt sér stað. Til þess að standa sig og halda áfram framkvæmdum í vegamálum í hinni gömlu mynd þarf að koma til aukið fjármagn til þeirra hluta, auk þess sem þarf þá að koma fé til þess að framkvæma það sem er áformað í þessari þáltill.

Ég var satt að segja að vona að hæstv. samgrh. legði nú eitthvað til mála í sambandi við það, að hv. þm. gætu gert sér grein fyrir því hvað yrði um framkvæmdir í vegamálum í framtíðinni. Og ég var satt að segja að vona að hann kæmi eitthvað inn á vegáætlunina, af því að hún á að afgreiðast fyrir jólaleyfi. En hann er einn af þeim sem eru sniðugir í því að komast fram hjá hlutunum í orðum — ég má kannske bæta við í gjörðum líka, og honum tókst í þessari ræðu sinni að víkja varla einu orði að vegáætlun, þó að það hefði í raun og veru verið það mál sem við hefðum átt að vera að ræða hér, en ekki þessi þáltill. eða einhver önnur í sambandi við vegamálin.

Það mun nú liggja fyrir að hæstv. ríkisstj. með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar mun ekki ætla sér að afgreiða vegáætlun fyrir áramót, það mun vera ljóst, þannig að það verður vegáætlunarlaust frá og með áramótum ef fram heldur sem horfir, en þó er skylda að hafa í gildi fjögurra ára vegáætlun, eins og verið hefur á undanförnum árum, að undanskildu því sem gerðist í ár.

Ég vil segja það, eins og ég gat raunar um í upphafi, að þetta er gott málefni. En það er í mínum huga eins og líklega fleiri hv. þm. að hér er spurning um röðun framkvæmda, og ég er þeirrar skoðunar að ef ekki er hægt að afla fjármagns til þessa hvors tveggja í senn, þá eigi skilyrðislaust að láta ganga fyrir að koma upp vegakerfinu úti um landið þannig að það sé fært lengur en verið hefur og er, þ. e. a. s. með uppbyggðum vegum, þannig að það sé losnað við að þeir lokist lengri eða skemmri tíma yfir veturinn. Það eru til landshlutar sem eru lokaðir frá aðalþjóðvegakerfinu 7—8 mánuði á ári, eins og t. d. Vestfirðir. Og ég tel að það eigi fremur að leggja áherslu á að flýta framkvæmdum við þessa vegi, án þess að ég vilji hafa á móti því ef hæstv. ríkisstj. og hv. flm. þessarar þáltill. hafa á hendi og geta bent á leið til fjármögnunar til þess að framkvæma þetta sem hér er lagt til. Ég er alveg sömu skoðunar og hv. þm. Páll Pétursson, ég tel meira liggja við að koma vegamálunum úti um landið í það horf, að malarvegir séu þó færir lengri tíma úr árinu heldur en nú er, heldur en koma á þá bundnu slitlagi hvort sem það er olíumöl eða eitthvað annað.

Við stjórnarandstæðingar höfum verið gagnrýndir fyrir að flytja hér bæði þáltill. og frv. um útgjöld úr ríkissjóði, en benda ekki jafnframt á eða sjá fyrir tekjustofni til þess að mæta þessum útgjöldum. Hv. 9. landsk. þm., Sigurlaug Bjarnadóttir, veitti þeim tiltal, hv. flm. þessarar þáltill., þegar hún var hér síðast til umr., og sagðist ekki fella sig við að stjórnarþm. væru að flytja till. um auknar lántökur eða útgjöld án þess að séð væri fyrir tekjustofnum. Í grg. með þessari till. er bent á að vísu að lántökur, innlendar eða erlendar, yrði hugsanlega hér um að ræða til fjármögnunar. Það kemur jafnframt fram í grg. að ekki er vitað hversu miklar fjárhæðir hér er um að ræða í raun og veru, hvað þetta mundi í heild kosta. En er það meining hv. flm. þessarar till. að það beri skilyrðislaust að auka svo lántökur á vegum ríkisins að þessu eigi að hrinda í framkvæmd þó að ekki verði hægt að fjármagna það með öðrum hætti en lántökum, auk þess að fjármagna svo Vegasjóð til annarra framkvæmda sem þeir undirstrika sjálfir að alls ekki sé meiningin að draga úr? Er það meiningin? Eða hvaða raunhæf leið er það sem hv. flm. þessarar þáltill. vilja fara í sambandi við fjármögnunina? Það er full ástæða til þess að gera aths. við þau orð hv. þm. Ólafs G. Einarssonar sem hann sagði hér áðan. Við meinum það sem við erum að segja, sagði hann. En vinnubrögð þeirra og ákvarðanir að undanförnu hafa svo sannarlega ekki borið vitni um að þeir hafi meint það sem þeir eru hér að flytja inn í þáltill.-formi, eins og ég hef áður vikið að.

Og hæstv. samgrh. dró ekki úr lofinu á þessa till., og ekkert er við það að athuga. En það er eins með hann, og kannske ber hann nú miklu meiri ábyrgð á því heldur en hv. flm. þessarar till. hversu illa og hörmulega hefur verið staðið að í sambandi við vegaframkvæmdir í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Hann sem samgrh. hefði auðvitað átt að standa upp úr og bera höfuð og herðar yfir hina liðsmennina. En mér er nær að halda að hann hafi fallið í sömu gryfjuna. Þó er ég ekki að eigna honum það að hann hafi ekki viljað gera betur. Máske er það vegna þess að samstarfsmennirnir hafa borið hann ofurliði? En um það er hann sjálfur fær að greina frá ef svo er. En það er eins með hæstv. samgrh. og flm. með dásömun á þessari þáltill. Hvar ætlar hann að taka fjármagnið til þess? Ef það á ekki að vera á kostnað annarrar vegagerðar, hvar á þá að fá fjármagnið, þegar hæstv. samgrh. hefur ekki einu sinni treyst sér til þess að halda í horfinu í sambandi við vegaframkvæmdir að raungildi þá tíð sem hann hefur gegnt ráðherraembætti samgrh.? Þetta eru allt spurningar sem æskilegt væri að fá svör við hvernig eigi að leysa.

Mér þykir ánægjulegt að sjá það í grg. með þessari þáltill., ekki síst þar sem ég þykist vita að hann á a. m. k. helminginn í þessari grg, hv. þm. Ólafur G. Einarsson, aðalsveitarforingi þess að vera í andstöðu við að taka upp veggjald á vegum með bundið slitlag, en það segir í þessari grg.: „Í þriðja lagi eru vegaframkvæmdir sem þessar hinar arðbærustu. Þar vegur mest að ending bifreiðanna, sem um vegina fara, margfaldast og hefur þannig í för með sér beinan peningalegan sparnað fyrir eigendur þeirra og fyrir þjóðfélagið. Það er þetta sem við höfum verið að halda fram að réttlætti að þeir, sem búa við það að geta ekið á vegum með bundnu

slitlagi, þeir séu ekkert of góðir til þess að borga eitthvað fyrir það, vegna þess að það sparast það mikið við það að þjóðfélagið hefur lagt í það fjármuni að koma þessu bætta vegakerfi á. En hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur verið í forsvari fyrir því að berjast með öllum tiltækum ráðum gegn því að þetta sjálfsagða réttlætismál næði fram að ganga. En hér undirstrikar hann að það er rétt, sem við höfum haldið fram, að framkvæmdir í vegamálum af þessu tagi eru til þess fallnar að spara svo mikið fyrir þá bifreiðaeigendur, sem um vegina fara, að það er réttlætanlegt að þeir greiði einhvern lítinn hluta til baka til þess að hægt sé að halda áfram fyrir aðra landsmenn framkvæmdum við bundið slitlag á vegi.

Ég vil sem sagt að lokum láta það koma fram aftur að hér er um gott og mikið nauðsynjamál að ræða. En það er um tómt mál að tala að ætla að fara út í slíkar framkvæmdir sem þessar ef það á að vera á kostnað annarrar vegagerðar. Það verður að vera tryggt að svo verði ekki. Og ef hv. flm. geta sannfært mig um að slíku verði ekki til að dreifa, þá skal ekki standa á stuðningi mínum við þetta mál.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, taka undir með hv. þm. Páli Péturssyni þegar hann var að tala um þau ummæli hv. þm. Ólafs G. Einarssonar að það væri úr sögunni það vandamál að það væri ekki óhætt að leggja bundið slitlag, olíumöl eða malbik, á alla vegi, hvaða fjallvegi sem í raun og veru væri. Ég held að langvarandi dvöl hv. þm. Ólafs G. Einarssonar á þessu svæði hafi orðið til þess að hann hefur gleymt þeim staðreyndum að það er ótrúlega mikið til af fjallvegum hér á landi sem a. m. k. ég held að sé alveg tómt mál að tala um öryggisins vegna að hafa með bundnu slitlagi. Ég held að flestir dreifbýlisþm. kannist við vegi á sínum svæðum sem þannig eru, þannig að það er ekki út í hött að vara við því að leggja bundið slitlag á hvaða fjallveg sem er.

Ég veit ekki hvort hæstv. samgrh. ætlar að tala hér frekar í þessu máli, en ég vil nú beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort þess sé að vænta að við þm. fáum að sjá vegáætlun nú áður en þinghlé verður gert, og í áframhaldi af því, hvort meiningin sé að afgreiða vegáætlun áður en jólaleyfi þm. hefst. Eins og ég sagði áðan, þá efast ég mjög um að það sé meiningin. En þá er það ljóst, að ef það verður ekki, þá er engin vegáætlun í gildi og við það geta auðvitað skapast ýmiss konar vandamál.

Hv. þm. Jón Helgason sagði áðan að að sínu mati væri með of miklum samdrætti í framkvæmdum verið að varpa byrðinni á framtíðina, og þetta er auðvitað alveg rétt. Og það er mikil sú byrði sem núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar hefur varpað á framtíðina með því hvernig þeir hafa staðið að afgreiðslu í sambandi við framkvæmdir í vegamálum á sínni valdatíð. Þó að það hafi ekki bitnað á næsta nágrenni þess staðar sem við nú erum á, þá er alveg öruggt að íbúar víða úti um landið hafa orðið þess varir hversu mikill samdráttur hefur orðið í sambandi við vegaframkvæmdir á undanförnum 2—3 árum. Og það er ærin ábyrgð fyrir hendi hjá hv. stjórnarsinnum á því sem gert hefur verið þó að þeir taki ekki á sig enn aukna ábyrgð með því að slá enn á frest og draga úr þeim framkvæmdum sem nauðsynlega þarf að vinna að.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri. Ég bíð með að tjá mig frekar um þetta mál þangað til ég hef heyrt bæði hv. flm. og samgrh., sem hefur lýst eindregnum stuðningi við málið, gera frekari grein fyrir því, með hvaða hætti þeir ætla sér að fjármagna þessar sérframkvæmdir, sem hér er verið að tala um, umfram hinar venjulegu framkvæmdir í vegamálum sem hafa verið með hinum hefðbundna hætti á undanförnum árum.

Umr. frestað.

18 ára kosningaaldur, þáltill. (þskj. 92). — Fyrri umr.

Flm. (Eyjólfur Sigurðsson): Forseti. Á þskj. 92 er till. til þál. um 18 ára kosningaaldur, sem ég flyt ásamt öðrum þm. Alþfl., Benedikt Gröndal, Pétri Péturssyni, Braga Sigurjónssyni og Jóni Árm. Héðinssyni, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að gerð sé athugun á því hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi og að jafnframt verði endurskoðaðar til samræmis við það aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum ungs fólks.

Athuganir þessar skal gera 9 manna n., kosin af Alþingi. N. kýs sér sjálf formann."

Í grg. segir m. a.:

„Allt frá því að Alþfl.-menn voru fyrst kosnir til Alþ. fyrir tæpum sex tugum ára hafa þm. Alþfl. haft forustu um breytingar í lýðræðis- og jafnréttisátt á lögum um kosningarétt og kjördæmaskipan. Á fyrstu árum Alþfl. sem stjórnmálaflokks með fulltrúa á Alþ. höfðu þannig þeir einir atkvæðisrétt við kjördæmakosningar sem voru orðnir 25 ára að aldri og stóðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Við landskjör giltu sömu skilyrði varðandi þá sem þegið höfðu af sveit, en kosningarréttur í þeim kosningum var miðaður við 35 ár.

Rýmkun kosningarréttarins var frá öndverðu eitt af mestu áhugamálum Alþfl. Alþfl. barðist fyrir því að numið yrði úr lögum það ákvæði að fólk, sem vegna fátæktar og/eða sjúkdóma hafði neyðst til þess að þiggja sveitarstyrk og ekki getað endurgreitt hann, yrði svipt kosningarétti, og flokkurinn barðist fyrir því að kosningarréttur yrði miðaður við 21 árs aldur.

Framan af mætti þessi barátta Alþfl. mikilli andstöðu, en þó tókst að lokum að fá stuðning viðsýnni manna úr öllum flokkum við þessi baráttumál Alþfl. Árið 1929 var svo 21 árs kosningaaldur lögfestur og sveitarstyrksákvæðið afnumið hvað varðar kosningar til sveitarstjórna. Með stjórnarskrárbrevtingunni 1934 voru sömu ákvæði tekin upp við þingkosningar.

Næsti áfangi í baráttu Alþfl. fyrir rýmkun ákvæða laga um kosningarétt og kjörgengi hófst árið 1963, en snemma á því ári hélt Alþfl. aukaþing þar sem afgreidd var ný og endurskoðuð stefnuskrá flokksins. Eitt þeirra nýmæla, sem í stefnuskránni fólust, var að Alþfl. tók upp baráttu fyrir 18 ára kosningaaldri.

Í framhaldi af stefnuskrársamþykktinni um 18 ára kosningaaldur á þingi Alþfl. hafa þm. flokksins tvívegis flutt till. til þál. um 18 ára kosningaaldur, fyrst árið 1965 og síðan árið 1974.

Framangreind þáltill. þm. Alþfl. frá 1965 var tekin til umr. og afgreiðslu á því þingi. Var henni vísað til athugunar hjá allshn. Sþ. og leitaði nefndin m. a. álits eftirtalinna aðila: Sambands ungra sjálfstæðismanna, Sambands ungra framsóknarmanna, Sambands ungra jafnaðarmanna, æskulýðsfylkingarinnar, Íslenskra ungtemplara og Sambands bindindisfélaga í skólum. Tveir þeir síðast töldu voru till. andvígir, en hinir umsagnaraðilarnir — öll stjórnmálasamtök ungs fólks í landinu — lýstu sig fylgjandi henni.“

Allshn. Sþ. var ekki sammála um það að tímabært væri að lækka kosningaaldur í 18 ár. N. komst engu að síður að þeirri niðurstöðu að rétt væri að endurskoða aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins, svo sem fjárræðisaldur og hjúskaparaldur. Gerði n. nokkrar breytingar á till. þm. Alþfl. og lagði til að hún yrði samþ. með svo hljóðandi breytingum:

„Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum ungs fólks.

Athugun þessa skal gera 7 manna nefnd kosin af Alþ. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin skal skila áliti svo snemma að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþ. 1966.“

Þannig breytt var till. svo samþ. á fundi Sþ. 22. apríl árið 1965.

Framhald málsins var svo það, að á næsta reglulegu Alþ., 87. löggjafarþingi, sem var síðasta þing á kjörtímabili, var samþ. sú breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, að kosningarrétt skyldi miða við 20 ár í stað 21 árs. Þessi stjórnarskrárbreyting var tekin aftur fyrir á Alþ. á 88. löggjafarþinginu, strax á fyrsta þingi að þingkosningum loknum, og samþ. þar endanlega 29. mars 1968. Jafnframt voru á því þingi samþykkt lög um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 1961, þar sem kosningarréttur til sveitarstjórna var færður úr 21 árí í 20 ár, og lög um breyt. á l. um kosningar til Alþ., nr. 52 1959, til samræmis við stjórnarskrárbreytinguna. Virðist full samstaða hafa ríkt meðal allra þingflokka um þessar breytingar.“

Það er óhætt að segja, að lækkun kosningaaldurs úr 21 í 20 ár var hálfur sigur. Engu að síður speglaðist í þessari ákvörðun hræðsla við það að stíga skrefið til fulls, þ. e. a. s. að lækka kosningaaldurinn í 18 ár. Sem betur fer hefur áratuga baráttа Alþfl. fyrir mannréttindum, m. a. almennum kosningarrétti, orðið til þess að kosningarréttur er ekki og hefur ekki verið um áratugaskeið forréttindi einstakra hópa, — hópa sem tryggðu sér þau réttindi í skjóli peningavalds. Andstaða við það að veita ungu fólki á Íslandi kosningarrétt við 18 ára aldurstakmarkið byggist á fhaldssemi og vantrú.

Almennar umr. fara nú fram meðal manna um kosningarrétt. Er þar einkum fjallað um tvennt: Í fyrsta lagi um valfrelsi kjósenda í kosningum til Alþ. og kosningum í bæjar- og sveitarstjórnir, þ. e. a. s. um rétt kjósenda til að velja einstaklinga á listum, breyta röð frambjóðenda, jafnframt því að kjósandi greiði ákveðnum flokki atkv. sitt. Í öðru lagi um mismun sem er milli landshluta um atkvæðamagn á bak við hvern einstakan þm. Í þessum umr., einkum um valfrelsi, hafa æskulýðssamtök þriggja stjórnmálaflokka þegar átt viðræður um hugsanlegar breytingar á kosningarrétti. Samtökin eru Samband ungra jafnaðarmanna, Samband ungra framsóknarmanna og Samband ungra sjálfstæðismanna. Niðurstöður þessara viðræðna hafa þegar verið birtar og eru þessi samtök sammála um að rétt sé að taka upp áðurnefnt valfrelsi. Einnig hafa þessi samtök lagt fram hugmyndir um framkvæmd valfrelsis. Ætla ég ekki að leggja hér dóm á hvort sú framkvæmdatilhögun, sem fram kemur hjá þeim, sé sú heppilegasta. Engu að síður get ég tekið undir þá skoðun að aukið valfrelsi um einstaka frambjóðendur á framboðslistum sé nauðsynlegt.

Það er hins vegar athyglisvert að frumkvæðið að umr. um þessi mál kemur frá unga fólkinu. Það er staðfesting á því að ungt fólk er virkt og áhugasamt um íslensk stjórnmál og það gerir kröfu til þess að vera þátttakendur í vali þeirra er völdin fá. Meiri hluti þess fólks, sem er á aldrinum 18—20 ára, hefur þegar hafið störf á hinum almenna vinnumarkaði og er því þátttakendur í verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið. Það er því ekki óraunhæf krafa að þetta fólk fái að hafa áhrif á hvernig atvinnulífið er byggt upp og hvernig því er stjórnað. Þetta fólk greiðir frá 16 ára aldri gjöld af sínum tekjum til bæjar- og sveitarfélaga í formi útsvars og til ríkissjóðs í formi skatta. Það er því ekki óraunhæf krafa að það fái rétt til að hafa áhrif á það, hverjir fari með þessa fjármuni og hvernig þeim er ráðstafað. Ýmislegt fleira mætti telja af þeim skyldum sem á þetta fólk eru lagðar af hálfu hins opinbera, án þess að það hafi nokkurn rétt til þess að velja þá sem leggja þessar skyldur á herðar þess.

Á nýafstöðnu flokksþingi Alþfl. var mikið rætt um kosningarrétt og þá einnig um prófkjör, þ. e. a. s. að veita þeim kjósendum, sem ekki eru flokksbundnir í öðrum stjórnmálaflokkum, möguleika á því að hafa áhrif á val frambjóðenda flokksins. Samb. var og sett í lög flokksins að framvegis skyldi hafa opið prófkjör við val frambjóðenda. Jafnframt var sett í lög flokksins að allir þeir, er náð hafa 18 ára aldri, skyldu hafa rétt til þátttöku í prófkjöri flokksins. Í þessari lagasetningu fór tvennt saman: Í fyrsta lagi viðurkenning á því, að nauðsynlegt sé að hinn almenni kjósandi hafi meiri áhrif á val frambjóðenda, og í öðru lagi staðfesting á því trausti er við berum til unga fólksins, að við viljum veita því hann rétt að taka þátt í vali frambjóðenda flokksins, þrátt fyrir það að almennur kosningarréttur sé ekki enn þá kominn í hendur þess.

Í þeirri umr., sem nú fer almennt fram um nýja tilhögun á kosningarrétti almennt, er nauðsynlegt að jafnframt fari fram athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18

ára kosningaaldur á Íslandi. Eins og fram kemur í grg. með þessari þáltill., hefur Alþfl. ætíð stigið fyrstu skrefin í þá átt að útvíkka kosningarréttinn. Svo er einnig nú. En engu að síður hefur yfirleitt fyrr eða seinna verið tekið undir þetta baráttumál af hálfu annarra flokka. Það er von okkar flm. þessarar þáltill. að svo verði einnig í þetta sinn.

Ágæti forseti. Ég vona svo að að lokinni fyrri umr. verði þessu máli vísað til allshn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vildi við fyrri umr. um þessa till. strax lýsa afstöðu minni til till. Ég er samþykkur efni þessarar tillögu. Ég álít að það sé kominn tími til þess að við leiðum í lög hér 18 ára kosningaaldur. Þessi skoðun mín er í fullu samræmi við afstöðu míns flokks. Hann hefur barist fyrir því að lækka kosningaaldurinn og fylgt till. sem fram hafa komið um það. Sem sagt, ég vildi við þessa umr. láta koma skýrt fram að það er afstaða okkar alþb.-manna að við viljum greiða fyrir því að lækka hinn lögbundna kosningaaldur. Til mála gæti komið að mínum dómi að að breyta till. nokkuð, þannig að tryggt væri að hún fengi afgreiðslu á tilteknum tíma, en lægi ekki um óákveðinn tíma til athugunar.

Um önnur atriði, sem snerta almennan kosningarrétt og hv. frsm. minntist hér á, ræði ég ekki. Þau koma ekki þessari till. við. Þar falla hins vegar skoðanir okkar greinilega ekki saman. Ég mæli ekki á neinn hátt með því að auka grautargerð eða glundroða í almennum atkvæðisrétti. Ég tel að þær till., sem þar hafa komið fram og hér var aðeins minnst á, séu síður en svo til þess að auka við hinn almenna kosningarrétt. En þessari till. er ég sem sagt fylgjandi. Ég tel að það eigi að vinna að því að koma efni hennar fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 109 (sbr. 25)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 60, n. 102). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka. Hér er um það að ræða að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1977 með sömu viðaukum og hefur verið á mörgum undanförnum árum, stimpilgjöld, leyfisbréfagjöld og nokkur önnur gjöld. N. mælir samhljóða með því að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Eignarráð yfir landinu, frv. (þskj. 93). — Frh. 1. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs þegar þetta frv. var hér til 1. umr. á dögunum, en það hefur ekki komið á dagskrá aftur fyrr en núna. Ég sé ekki að neitt hafi komið fram síðan sem verður þess valdandi að ég komi ekki fram með þær athugasemdir sem ég þá hugsaði mér að gera við frv.

Ég vil segja það, að mér sýnist að þetta frv. sé í fyrsta lagi algjörlega ónauðsynlegt. Því meginhlutverki sem því er ætlað að inna af hendi varðandi afnot landsins sem frv. gerir ráð fyrir, því vil ég halda fram að hafi verið náð með ýmsum lagasetningum á undanförnum árum og það sé því algjörlega ónauðsynlegt frv. að þessu leyti.

Ég sé að í grg. með frv. kemur það fram að ráðstefna, sem haldin var í Vancouver í Kanada og nefnd var Habitat, virðist vera eins konar kveikja að þessu frv. sem hér er fram lagt. Og þar segir að 120 þjóðir hafi staðið að þeirri ráðstefnu, en íslenska ríkisstj. hafi ekki séð ástæðu til að senda þangað fulltrúa „og ber að harma það," segja flm.

Í grg. stendur þessi setning m. a. þegar rætt er um þessa ráðstefnu, með leyfi hæstv. forseta: „Er þar skemmst af að segja, að ráðstefnan varð einróma sammála um stefnu varðandi landið, sem er mjög í sama anda og till. Alþfl. um eignarrétt á landi, gögnum þess og gæðum." Það hafa kannske borist einhverjir straumar vestur til Vancouver frá aðilum á Íslandi þó að íslenska ríkisstj. hafi ekki sent þangað fulltrúa, gæti maður ályktað eftir þessum orðum sem hér eru í grg.

Hins vegar sýnist mér á þeirri þýðingu á samþykktinni, sem hér er látin fylgja með, að hvergi sé um það rætt að landið eigi fyrst og fremst að vera í eigu alþjóðar.

Í inngangsorðum, ef ég má minna á það sem í grg. stendur, er gert ráð fyrir því að landið verði notað í þágu þjóðfélagsheildarinnar, og ég er þeirrar skoðunar að svo sé einnig farið með land hér á landi.

Í lið 1, þar sem er útdráttur úr samþykkt þessarar ráðstefnu, segir svo, að landið sé takmörkuð auðlind og meðferð þess eigi að vera háð opinberu eftirliti eða stjórn í þágu alþjóðar. Ég held því alveg hiklaust fram að hér sé meðferð lands mjög undir opinberu eftirliti. Samkv. t. d. ítölulögum er stjórnað notum af því og samkv. lögum, sem sett hafa verið, er líka gert ráð fyrir því að hægt sé að efna til sérstakra nota á landi til útilífs, t. d. fyrir þéttbýlisfólk, og er það m. a. í lögum sem eru ekki eldri en svo að þau ættu að vera okkur þm. í fersku minni.

Í öðru lagi er talað um að breytingar á landnotum, sérstaklega frá landbúnaði til þéttbýlis, eigi að vera háðar opinberu eftirliti og reglum. Ég veit ekki betur en að reglur séu einmitt um þetta í íslenskum lögum og þurfi því ekki að setja ný lög til þess að ná þessu atriði fram.

Í 3. lið eru í upphafi þessi orð: „Óverðugan hagnað, sem myndast af því að land hækkar í verði vegna breyttra landnota, vegna opinberra framkvæmda eða ákvarðana eða vegna almenns vaxtar samfélagsins, skulu opinberir aðilar geta endurheimt, nema aðstæður kalli á aðrar frekari aðgerðir, svo sem breytta eignaraðild eða upptöku lands." Ég held að það sé um þessa grein alveg það sama að segja, að hún sé algerlega óþörf. Það hefur verið boðað að nú séu athugaðir möguleikar á því að koma á skatti af sérstökum söluhagnaði og ætti það þá algerlega að koma til móts við þessa skoðun.

Í 4. tölulið segir svo: „Tímabundinni eða varanlegri þjóðareign skal beita þegar nauðsynlegt er til að tryggja, stjórna og vernda land, sem þarf fyrir vöxt þéttbýlissvæða, einnig til framkvæmdar á almennum umbótum í borgum og sveitum til að tryggja almenna þróun hagkvæma þjóðfélaginu." Ég held að það sé alveg það sama að segja og um þá liði sem ég hef rakið hér áður, að í lögum okkar eru ákvæði sem algjörlega koma til móts við þetta sjónarmið.

Í þessum punktum, sem hér eru lagðir fram frá ráðstefnunni, er ekkert um það, að landið skuli fyrst og fremst vera þjóðareign, alþjóðareign.

Ég held að það sé þess vegna algjörlega augljóst, sem ég sagði hér í upphafi, að þetta frv. er ónauðsynlegt. Ég tel að það sé líka að ýmsu leyti varhugavert og ég vil aðeins koma að örfáum atriðum í frv. sem sanna að svo er.

Lítum t. d. á 4. gr. frv.:

„Ríkinu skal skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverð við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni.

Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis, og skal í reglugerð

setja nákvæm fyrirmæli um það, hvernig slíkar eignir skuli meta til verðs.“

Hér er ekki lögð lítil kvöð á ríkið. Það er skyldugt til að kaupa hversu margar jarðir sem á boðstólum eru hverju sinni, og væri dálítið fróðlegt að fá einhverja hugmynd um það, hvað Alþfl. eða ráðstefna í Vancouver hefur hugsað sér í þessu efni. Ég býst við að við hér á Alþ., sem veltum vöngum yfir því hvort framlag til Jarðakaupasjóðs eigi að vera 12 millj. eða kannske eitthvað svolitið meira, þyrftum að hugleiða þetta dálitið nánar.

Þá vil ég aðeins koma að því, að í 7. gr. frv. segir svo í síðari helmingi greinarinnar:

„Viðkomandi sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög skulu halda hefðbundnum afréttarnotum sínum án endurgjalds, enda sinni þau og hefðbundnum skyldum við afréttina, en skylt skal þeim að hlíta settum reglum hverju sinni um ítölu sem og gróður- og náttúruvernd, einnig reglum um umferð og ferðafrelsi innan settra marka.“

Eins og ég hef getið um áður, er þetta atriði í lögum um ítölu og þarf þess vegna ekki að gera almenningana að alþjóðareign til þess að ná fram því sem ætlast er til að ná með þessari grein.

8. gr. er svohljóðandi — ég held ég verði að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er ríkinu að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir leigulóðum undir sumarbústaði og láta skipuleggja slík bústaðahverfi, en falið getur það sveitarfélögum þeim, þar sem slík hverfi rísa, þessi verkefni, ef betur þykir henta.

Þurfi að taka bújörð eignarnámi vegna sumarbústaðahverfis, eða hluta bújarðar, skal bæta eiganda hennar samkvæmt mati með hliðsjón af þeim búnotum sem af eignarnámslandinu hafa verið.“

Það er með þessi ákvæði eins og mörg önnur sem í þessu frv. eru, að þau eru þegar í íslenskum lögum þó að það sé ekki nákvæmlega eins, þá er það líklega í fleiri tilvikum þannig að það ætti ekki síður að ná tilgangi sínum heldur en þetta orðalag sem hér er notað. Í jarðalögum er t. d. gert ráð fyrir því, að skipulögð séu sumarbústaðahverfi, og tekið fram í þeim lögum, að í þeim tilvikum skuli fyrst og fremst horfið að því að skipuleggja þau svæði á ríkisjörðum, og í raun og veru er það það sama sem þarna er lagt til.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að ár og vötn séu sameign þjóðarinnar og veiðiréttirnir þar með alþjóðareign og tekinn undan bújörðum og yrði þá algjörlega fjallað um veiðiréttarmálin af ríkinu sjálfu.

Það fór ekki fram hjá neinum, sem hlustaði á framsöguræðu 1. flm. að þessu frv., að hann gerði afar mikið úr því, hvernig bændur færu með veiðirétt sinn, og las í því sambandi upp úr grein sem birst hafði í Morgunblaðinu um það, hversu íslendingar væru útilokaðir frá því að geta hagnýtt sér veiðirétt í laxveiðiánum. Kom fram í máli hans að þarna þyrfti verulega að breyta um og fá ríkinu umráð yfir þessum veiðirétti þess í stað. Ég fór að líta nánar á þessa grein, og mér virðist að hv. þm., 1. flm., hafi horft fram hjá því að lesa næstu málsgrein á undan upptalningunni á þeim ám, sem leigðar eru útlendingum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til þess að mönnum verði ljóst í hvílíka niðurlægingu þessi mál eru komin í höndum bænda og annarra landeigenda og ríkisvalds, sem er stærsti landeigandinn, hef ég aflað mér eftirfarandi upplýsinga.“ Það kemur sem sagt á daginn að sá maður, sem skrifar þessa grein og telur upp þær ár sem leigðar eru útlendingum og hann telur að íslendingar hafi ekki jafnan rétt við útlendinga til þess að hagnýta, hann metur það svo að ríkisvaldið sé stærsti landeigandinn í þessu tilviki. Það mundi e. t. v. sanna það, sem ég hef verið að benda hér á, að með þessum lögum verður ekki kippt í lag neinu í sambandi við veiðiréttinn. Hins vegar tel ég að ákvæði, sem er núna í ábúðarlögunum um það að veiðiréttur skuli skilyrðislaust fylgja ábúðarrétti, sé einmitt sú ráðstöfun sem sé líklegust til þess að veiðiréttirnir verði hagnýttur á eðlilegan hátt.

Það er dálitið erfitt að kingja því, að bændum sé borið það á brýn að þeir séu á „braskhrakningi“ með fósturjörðina. Í því efni er ekki að vænta að ríkið standi þar betur í ístaðinu heldur en bændur hafa gert í þessu tilviki.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa miklu fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni. Ég vil þó aðeins, áður en ég lýk máli mínu, koma hér að því að þetta frv. gerir ráð fyrir að landið sé þjóðnýtt, ekki allt að vísu í fyrstu, en að því skuli stefnt.

Ég minnist þess, að ég átti einu sinni leið til Ráðstjórnarríkjanna og kom þar í fyrsta aðsetur byltingarstjórnarinnar. Þá rifjaðist upp að ein af fyrstu tilskipununum, sem gerðar voru frá aðsetri hennar, var um það, að land skyldi allt þjóðnýtt. Sjálfsagt hefur eitthvað breyst síðan þetta var talið góð og gild latína, því að ég tók eftir að hv. 5. þm. Norðurl. v., sem talaði hér á undan mér, sagði svo í sinni ræðu, að ef ætti að fara að þjóðnýta allt land, þá væri að hans mati byrjað á öfugum enda. Ég vil nú taka undir þetta með honum. Ég held að það sé rétt. Þjóðnýting er að mínu viti röng í þessu tilfelli og hún er að mínu viti hættuleg, ekki síst fyrir þá sök, að ég er þess fullviss að ef ríkið hefur eignarhald á landinu að mestum hluta, þá sé kippt burt þeim stoðum sem ættartengsl og tryggð einstakra manna við landið hafa verið og hafa sannarlega stuðlað að því að vel hefur verið búið að landinu og bændur hafa yfirleitt tekið þeim ráðstöfunum vel sem ríkið hefur viljað gera til verndar því á hverjum tíma.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma það, að umr. skyldi verða frestað þegar þetta mál kom hér fyrst á dagskrá, frv. til laga á þskj. 93 um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Ég var miklu betur upplagður þá heldur en ég er nú til þess að taka þátt í þessum umr. Ég ætla samt að reyna að rifja upp það sem ég hefði helst viljað segja um þetta mál. En til þess að vera ekki að fara í neinar grafgötur um minn hug, þá vil ég segja það strax í byrjun, að hér er um slíka þjóðnýtingu að ræða, að ég kalla það ógrímuklæddan kommúnisma sem hér er verið að kynna í von um að koma

honum á. Það er ekki lengur gert í smáskömmtum. Nú halda þessir svokölluðu vinstri menn, sem ég lít á í sumum tilfellum sem hreina kommúnista, að nú sé jarðvegur fyrir að fara að gefa þjóðinni kommúnisma inn í stærri skömmtum en hingað til hefur verið gert.

Ég vil þá drepa á hinar ýmsu greinar af handahófi, um leið og ég vil mótmæla því að þeir breyttu tímar séu þegar komnir, eins og hv. 1. flm. gat um í sinni ræðu, að þeir tímar séu komnir að hægt sé að gefa þjóðinni eða Alþingi þessa stærri skammta af kommúnisma.

Í 3. gr. segir: „Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan svo kjósa, að eiga jarðir sínar til eigin búrekstrar.“ Sem sagt, þeir geta, ef þeir vilja þrátt fyrir þvinganir, haldið áfram að leggja vinnu og starfsævi sína í að rækta land og hlúa að því sem þeim hefur hingað til þótt vænt um, þrátt fyrir það að þeir viti að ríkið muni erfa afraksturinn, en ekki þeir sem þeir hafa verið að byggja fyrir til frambúðar. Á ég þar við að sjálfsögðu ættmenn sem venjulega taka við hver á fætur öðrum.

Hv. síðasti ræðumaður, 6. þm. Suðurl., gerði 4. gr. góð skil svo ég hleyp yfir hana. En í 5. gr. segir: „Ár og vötn eru sameign þjóðarinnar svo sem önnur gögn og gæði landsins, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. Frjálst er þó jarðeiganda að virkja fallvatn fyrir landi sínu til eigin nota.“ En síðan heldur áfram: „Við gildistöku laga þessara skal ríkið láta kanna, hver veiðihagur hefur verið talinn fram af hverri jörð s. l. 20 ár, og greiða eiganda hennar bætur samkvæmt því fyrir veiðiréttinn. Frjálst skal þó veiðiréttareiganda, þegar lög þessi öðlast gildi, að velja á milli framangreindra bóta eða halda veiðiréttinum í allt að 20 ár eða uns sala viðkomandi veiðijarðar eða jarðhluta fer fram, ef fyrr verður, og lækkar þá bótaskylda ríkisins um 1/20 við hvert ár sem líður og fellur niður eftir 20 ár.“ Það á og að taka eign viðkomandi aðila á lengri tíma, ef hann ekki vill selja hanastrax, þá á hann að fá að búa við sömu skilyrði í 20 ár, en taka af honum samkvæmt matsverði upphæð sem ríkið ákveður sjálft í hlutfalli við þann tíma sem hann eyðir af þessum 20 árum. En eftir 20 ár fellur eignin til ríkisins. Ef þetta er ekki eignarupptaka, þá veit ég ekki hvað er eignarupptaka. Hvað er þá langt þangað til ríkið segir við íbúðareigendur í Reykjavík: Íbúðin þín er svona mikils virði. Við álítum það vera 10 ára leigu. Eftir 10 ár, ef þú vilt ekki fara úr íbúðinni fyrr, ert þú leigjandi hjá okkur eða þú ert á götunni. — Svona langt er nú kommúnisminn ekki kominn á Íslandi, að það sé hægt að gefa þjóðinni svona stóra skammta án þess að hún geri athugasemdir við það.

Síðan kemur í 7. gr.: „Enginn getur átt né eignast óbyggðir né afréttir utan heima landa nema ríkið sjálft. Geti einhver við gildistöku laga þessara sannað eign sína á slíku landi, skal það eigi að síður verða ríkiseign“ o. s. frv. Þeir hefðu áreiðanlega haft eitthvað þarfara að gera heima fyrir, þessir fulltrúar í Kanada, heldur en að koma sér saman um svona ákvæði, þrátt fyrir það að línan hafi komið frá Alþfl. á Íslandi.

Síðan er í 8. gr. talað um að taka bújarðir eignarnámi vegna sumarbústaðahverfa. Það er alveg sama hvar maður drípur niður í þessa grein, það er sami kommúnisminn sem brýst þar í gegn, en þó ekki meir en svo, að maður getur ætlað að einhver alþfl.-maður eigi jarðhita eða einhver verðmæti í jörðu fyrir ofan 200 m dýpi. Ég get ekki ímyndað mér annað en Alþfl. sé að gæta hagsmuna einhverra sinna flokksbræðra þá. Ég skil ekkert í að þeir skuli nokkuð vera að taka til dýpi í jörðu — eða þá að Alþb. skyldi lækka það í 100 m, — er einhver alþb.-maður sem er vitað um að eigi verðmæti í jörðu fyrir ofan 100 m?

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta eða ræða mjög miklu meira. En hv. 1. flm. gat þess í framsöguræðu sinni, að þetta væri stefnumál Alþfl. og nú sett í frumvarpsform. Þjóðin hefur kynnt sér stefnumál Alþfl. og fylgið hefur hrunið af Alþfl. Ég get ekki ímyndað mér að það bæti fylgi flokksins þegar það er komið í frumvarpsform, nema síður sé. Það er kannske ágætt. Nema þeir slái sér saman um þá línu sem nú er komin fram á alþjóðaþingi eða Evrópuþingi — ég man ekki hvort það var — þar sem Willy Brandt talaði um hvað kommúnisminn væri allt í einu orðinn góður, og alþfl.-menn eigi að tileinka sér Evrópukommúnismann. Kannske að það sé líka lína héðan frá Alþfl., ég skal ekki segja um það. Hún nær þá bæði austur og vestur.

Allt, það, sem frjálst hugsandi fólk talar um sem frjáls viðskipti, það er kallað brask af þeim sem eru vinstrisinnaðir, en alls ekki minni eignamenn að einu eða neinu leyti heldur en aðrir. Það er talað um brask og tekið sem dæmi þegar Eimskipafélag Íslands greiðir, að mig minnir, 30 millj. kr. fyrir land sem það hafði keypt í Borgarfirði — ég held ég fari rétt með — og frsm. gat um að hefði átt að kosta 8 millj. á milli bænda. Þarna getur vel verið að ekki sé um neina erfingja að ræða sem mundu vilja halda áfram að búa á þessum stað. Það getur líka vel verið að það sé ekki eins vænlegt til búskapar og það var þegar upphaflega var sett bú á þessum stað. Ég skal ekki segja um það. En bóndinn hefði átt að fá 8 millj. í staðinn fyrir þessar 30. Hann hefði sem sagt af æviafrakstri kannske ekki bara sínum, heldur forfeðra sinna, fengið 30 millj. kr. til þess að koma fjölskyldunni fyrir annars staðar í ellinni eftir erfiða lífdaga. Það átti að koma í veg fyrir að hann gæti átt sæmilega öruggt ævikvöld annars staðar á landinu og þá líklega í þéttbýli þar sem hann eftir erfiða ævi þarf a. m. k. nærveru betri læknaþjónustu heldur en venjulega er í dreifbýli. Það er gott að vita að Alþfl. metur starf viðkomandi ekki meira en þetta, að ekki skuli vera frjálst að selja á gangverði hverjum sem er. Og þessi er hugsunarhátturinn, að það eru alltaf vondir peningar sem koma frá þéttbýliskjörnum, ef menn þar vilja fjárfesta einhvers staðar annars staðar. Þá er talað um vonda peninga og braskpeninga. En svo eru hinir peningarnir. Ekkert gera þeir án peninga. Það eru þá góðir peningar. Það eru til í þjóðfélaginu vondir peningar og vondir menn sem eiga þá, og svo eru aðrir peningar sem eru í höndum annarra manna

og það eru góðir peningar og góðir menn. Við þurfum að fá einhverja skilgreiningu á þessu tali.

Ég held það sé kominn tími til þess að stemma stigu við þeim miklu afskiptum sem opinberir aðilar eru farnir að hafa af högum einstaklingsins, snúa við blaðinu og snúa við þessum hugsunarhætti, sem verið er að læða yfir þjóðina, og gera sér þá grein fyrir því sjálf hver hættan er sem blasir við í æ ríkari mæli.

Ég trúi því ekki að nokkur þm. utan kommúnista og alþfl.-manna þá fylgi þessu frv. Hugmyndirnar, sem hér koma fram, eru um algjöra eignarupptöku á landi og hlunnindum, og ég verð að segja það, að þær eru andstæðar minum lífsskoðunum. Ég mun því leggjast gegn samþykkt þessa frv. og vona að mikill meiri hl. hv. alþm. sé mér sammála. Ég lít á þetta sem eitt skref í algjörum kommúnisma, og það er komin tími til þess að þeir, sem standa utan við þennan hugsunarhátt, geri þjóðinni ljósa grein fyrir því að aðgerðaleysi meiri hl. þjóðarinnar hefur hleypt þessari stefnu allt of langt. Þegar svona frv. eru lögð fyrir hv. Alþ., frv. sem skerða athafnafrelsi einstaklingsins til að eignast land og landsins gæði, er lýðræðinu stefnt í voða. Og ég finn mig knúinn til þess að nota það gamla orðatiltæki, að þjóðin má alls ekki undir neinum kringumstæðum lengur fljóta sofandi að þeim feigðarósi sem blasir við.

Það fer ekkert á milli mála, það vita þessir vinstri menn eins og hver annar, að sjálfstæði þjóðarinnar er samtvinnað athafnafrelsi einstaklingsins. Sjálfstæði þjóðarinnar varir ekki lengur en sjálfstæði einstaklingsins er fyrir hendi. Ég trúi ekki öðru en Sjálfstfl. og þá aðrir þm. á hv. Alþ. geri sér þetta ljóst og standi sem einn maður gegn þessu frv. og öllum öðrum sem kunna að koma í þessum anda. Ég vil a. m. k. leyfa mér að hafa þá trú þangað til á annað reynir.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Mér þykir hlýða að segja nokkur orð. Það voru tilefni í ræðu hv. frsm. sem komu mér til þess. Að vísu hefur hv. 5. þm. Norðurl. v. talað þegar við þessa umr., en kom þó ekki inn á það atriði í ræðu hv. frsm. sem ég vildi gera að sérstöku umtalsefni.

Hann kom inn á það, hv. þm. Bragi Sigurjónsson, að við þetta frv., við þessa tillögugerð þeirra alþfl.-manna hefði á undanförnum þingum komið fram andstaða þeirra sem síst skyldi, og þar þóttist ég kenna að hann ætti við okkur hv. þm. Stefán Jónsson. Ég vil þess vegna gera nokkra grein fyrir því enn einu sinni, þó það ætti reyndar að vera óþarft. Ástæðan var nefnilega og er einföld. Till., sem nú er komin í frv.-form, hefur tekið ærnum breytingum og sumar þeirra breytinga voru m. a. raktar í máli frsm. Það er öðruvísi að orði kveðið í frv. heldur en var í tillögugerðinni og ég tala nú ekki um fyrstu framsöguna fyrir þessari till. sér í lagi. Þar var blærinn ólíkur því sem við heyrum hér nú, og þegar sú framsöguræða var flutt. Ég meira að segja efast um að hv. flm. mundi nú þekkja með öllu sumt úr fyrstu framsögunni ef hann hefði ekki rifjað það upp nú nýlega, því samræmi var þar ekki, og út af því spratt töluvert af því sem kom fram í máli okkar hv. þm. Stefáns Jónssonar við þá umr.

Ég man að fyrsta andstöðuræða mín, — ég varð að rifja það upp líka hvers vegna andstaðan hafði verið, — fjallaði um annars vegar ákveðin atriði í till., en þó aðallega nokkur veigamikil rök í málflutningi. Þetta varð svo tilefni spaugilegra orðaskipta milli okkar hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hafði ekki heyrt mína ræðu, en flutti út af henni langa og mikla skammaræðu um það, hve við Alþ.-menn hefðum snúið af réttri leið í þessu efni. Einhver ágætur maður hafði endursagt honum ræðu mína og endursögnin var bæði ónákvæm og villandi. En síðan hefur svo merkilega brugðið við, að þessi endursögn hefur verið notuð af flokksblaði frsm. og einnig af flokksformanni í útvarpi og vafalaust verið trúað af þeim sem vissu ekki betur.

Ég held þó að tvö hafi verið aðalatriði í minni skoðun hvað snertir bújarðir bænda, eignarrétt á þeim og hlunnindum þeim tengdum, þ. e. a. s. þeim hlunnindum sem hafa þar verið eðlilegur þáttur í búskap frá fyrstu tíð. Um eitt þeirra atriða er hér deilt, þ. e. a. s. veiðiréttinn. Að því vík ég síðar og kemur þar fleira til. Þar var og er min skoðun sú, að rétt sé að bændur eigi jarðir sínar með þessum hlunnindum, ekki síst vegna þess í hvers konar þjóðfélagi og með hvers konar ríkisvaldi við lifum. Ég mun hafa orðað það svo og ég held að hv. þm. Stefán Jónsson hafi enn frekar hnykkt á því, að til varðveislu gegn ágengni t. d. erlendra aðila treysti ég bændum almennt mjög vel, þótt um hitt séu kannske dæmi einnig, auðskilin á öld okkar auðhyggju sem öllu tröllríður. Og það er rétt, að meðferð opinberra aðila á jarðeignum er vart til fyrirmyndar eða getur vart til fyrirmyndar talist, — framtíðarskipan þessara mála, sem hv. 12. þm. Reykv. var að lýsa hér með svo ógnvekjandi orðum, undir því hagkerfi og því ríkisvaldi félagshyggju sem við hv. frsm. hljótum báðir að stefna að, því skoðanir okkar hljóta auðvitað fyllilega að fara saman um þá framtíðarskipan.

En þá er að hinu atriðinu komið, sem ég mun hafa notað sem höfuðröksemd, þ. e. a. s. hinu almenna þjóðnýtingaratriði sem hér er inn á farið, og efasemdir mínar um það, að þar ættu t. d. bújarðir bænda að vera í fremstu röð, svo sem sterklega var að ýjað í fyrstu tillögugerðinni, mig minnir reyndar nokkuð ljóst að orði kveðið þar um. Ég benti þá og get enn frekar nú bent á ýmislegt í okkar þjóðfélagi sem ætti á undan að ganga, ekki síst ýmis þau framleiðslutæki sem eru keypt fyrir allt upp undir og ég tala nú ekki um og yfir 100% ríkisframlög og lánsfé, svo eitthvað sé nefnt. Olíuverslunina í landinu mætti hér nefna og innflutningsþætti ýmiss konar sem vitanlega ættu hér að ganga á undan. Þar um gildir að vísu alls staðar sá fyrirvari, að við lifum í þjóðfélagi þar sem einkareksturinn er í fjöldamörgum greinum. Þó að fallega sé um hann talað og enginn tali fegur um hann og skemmtilegar en hv. 12. þm. Reykv., er sá einkarekstur oft aðeins í orði, á pappírnum. Það er samfélagið, þjóðin sjálf, sem stendur þar undir að mestum hluta.

Þetta voru, að mig minnir, helstu atriðin sem

síðan hafa verið rangtúlkuð svo rækilega að engu lagi er líkt. Endursögnin hans Gylfa hefur sem sagt orðið ansi lífseig. Ég man eftir því, að það gekk meira að segja svo langt að á tímabili var því haldið blákalt fram við mig, að við hv. þm. Stefán Jónsson værum orðnir algerlega andvígir eign þjóðarinnar allrar, sameign þjóðarinnar á háhitasvæðum. Svo langt gekk vitleysan. Og ég man eftir því að þetta kom fram í erindi í blessuðu útvarpinu okkar. Það var aðeins flutt af svo leiðinlegum aðila að ég nennti ekki að leiðrétta það, og vissi að a.m.k. yrði þessu ekki trúað nema af einstökum Vilmundum þá úti í þjóðfélaginu, og það var þá í lagi þó að þeir tryðu því.

Ég benti jafnhliða þessum annmörkum á annað jákvætt og lagði þar mikla áherslu á, og þar erum við hv. frsm. áreiðanlega algerlega sammála. Það varðar eign ríkisins á bújörðum bænda, atriði sem þeir eignarréttarmennirnir gleyma nú ærið oft, taka alls ekki með, — atriði sem ég kvað bændum hollt að hugsa um. Ég man að þetta kom einnig upp varðandi jarðalögin og var þá rætt töluvert hér. Mér verður nefnilega æðioft hugsað til þeirra bænda, ótalinna, margra mér kunnugra, sem flosnað hafa upp, hafa neyðst til þess að flytja frá sínum bújörðum, jarðir þeirra farið í eyði og arðurinn af erfiði þeirra og striti — oft áratuga — hefur verið til einskis, þeir staðið uppi með tvær hendur tómar í fullkomnu allsleysi. Vissulega — og það mættu þeir eignarréttarmenn sannarlega athuga — vissulega hefði ríkiseign bjargað þar einhverju, þó ég viti um lága viðmiðun í mati í þessum tilfellum.

Mér er það minnisstætt að trúr sínum sósíalísku viðhorfum sagði faðir minn mér það ungum dreng, að þjóðin, ríkið, ætti að eiga allt, einnig snotru bújörðina okkar, og ég man að ég var lengi að brjóta heilann um þetta. Hann bætti hins vegar við, og ég man þau orð svo vel af því að mér urðu þetta tilefni ærinna heilabrota: „Í því verður ekkert vit fyrr en sósíalisminn er kominn á hér á landi, og það verður einhvern tíma.“ Og ég kannske sannfærist enn betur um það þegar ég heyri ræður eins og ég heyrði áðan hjá hv. 12. þm. Reykv., að auðvitað mun þetta einhvern tíma gerast. Hann er þar greinilega góður liðsmaður þó að hann geri sér það e.t.v. ekki ljóst. Faðir minn þekkti nefnilega enn betur raunasögu allsleysingjanna uppflosnuðu af Jökuldalsheiðinni, úr Loðmundarfirðinum, svo ég nefni dæmi úr mínu héraði og víðar.

Ég minntist á jarðalögin áðan. Þau gengu hvergi nærri nógu langt. M.a. kom þar upp margumtöluð till. hv. þm. Ragnars Arnalds og féll hér í hv. d., og hefði hún þó e.t.v. ekki nægt, það er rétt. Braskið er hvsna ríkt í okkar þjóð. En þar fara bændur ekki fremstir. Við höfum hér á aðalbéttbýlissvæðinu heila stétt eða stéttir slíkra sem þar af einu lifa, og mikið hefði ég nú viljað sjá við þeim hróflað í 12 ára valdatíð Alþfl., samfelldri valdatíð hans sem helmingsaðila að stjórn. En e.t.v. eigum við hv. frsm. eftir að glíma saman við þá Gláma sem þar ríða húsum, braskarana á Íslandi, þessa alvörubraskara sem fæsta er að finna upp til sveita á Íslandi, þó að það sé kannske hægt að rekja um það einhver skilmerkileg dæmi af gagnstæðu tagi.

Í frv. okkar alþb.-manna er þessi till. hv. þm. Ragnars Arnalds komin, og nú er að sjá hvernig henni reiðir af.

Ég vík að lokum að búskaparhlunnindunum. Þar er um að ræða vandasamt og viðkvæmt mál þar sem eru veiðiárnar. Ég vil ekki mæla því bót hver þróun þar hefur orðið. En hún hefði ekki orðið betri þó aðrir hefðu þar um fjallað en bændur sjálfir, það þori ég að fullyrða. Það er rætt um útlendinga og forgang þeirra að þessari auðlind, og ég játa að ég hef á því hreina andstyggð. En það eru til fleiri auðlindir, dýrmætari auðlindir, stórkostlegri auðlindir: fallorkan okkar, raforkan, og hvernig koma útlendingar inn í þá mynd og hvernig er þar komið afstöðu manna og flokka, m.a. Alþfl. Þar má raunasögu rekja, miklu meiri raunasögu en hér var upp lesin í sambandi við veiðiárnar okkar. Sú orka, sú auðlind hefur blátt áfram verið gefin erlendum auðhringum, svo sem er um álverið — og skyldi ekki Grundartangaverksmiðjan sleppa allbærilega? Ég segi því: Væri kannske ekki nær að líta fyrst á hið stóra, á hið þýðingarmesta: hver á að njóta þessarar auðlindar, við íslendingar sjálfir eða erlendir auðhringar, sem seilast hér til valda — áður en hugað er að hinu? Þar liggur sem betur fer ljóst fyrir afstaða okkar Alþb.-manna. En þá spyr ég líka: Hvað um aðra þá sem hafa þennan mikla þjóðnýtingaráhuga.

Við hv. flm. Bragi Sigurjónsson áttum saman skemmtilega kvöldstund austur á Egilsstöðum s.l. vor, þar sem fundur var haldinn með framsögu hv. þm. Braga Sigurjónssonar, og á eftir gengu menn þar berserksgang og bitu í skjaldarrendur og voru hinir vígreifustu. Ég veit að hv. þm. Braga Sigurjónssyni þótti ég leggja of mikið upp úr því neikvæða í tillögu hans og kannske fara of mikið út í það sem áður var þar, en hefur nú verið breytt. En það býr lengi að fyrstu gerð, og einhvern veginn þótti mér alltaf — þykir kannske að nokkru leyti enn — sem refirnir væru til annars skornir en nú segir mildilega í þessu frv. Það fór svo á Egilsstöðum, að sumir þeir vígreifustu voru með elstu gerðina af till. í höndum sér og lögðu þar út af allgrimmilega. Ég ætla ekki að rekja nein dæmi þar um, en auðvitað verð ég að segja það, að þær umr. voru heimamönnum, fyrri hluti þeirra a.m.k., lítt til sóma, það er víst um það og það skal vottað hér, að hv. þm. Bragi Sigurjónsson gekk þar af fundi með miög góðan hlut, það er óhætt að segja, m.a. með því að leggja aðaláherslu á það sem niður hafði verið fellt og brevst hafði til batnaðar í tillögugerð þeirra alþfl.-manna.

Ég sé það í blöðum stjórnarsinna nú að frv. okkar alþb.-manna og þetta frv., sem hér er til umr., eru að jöfnu lögð. Ég bvkist nú vita að m.a. þeim framsóknarmönnum mörgum, sem standa nú víða hallir í sveitum, þeim muni bvkja hlýða að hefja upp þann söng t.d. að nú ætlum við hv. þm. Stefán Jónsson þærilega að sökla um og byrja af fullum krafti með þeim alþfl.-mönnum að vega hart og títt að bændum. Við höfum í raun og veru engu breytt okkar afstöðu,

það kemur greinilega fram í okkar frv., og ég trúi því að það gangi heldur illa nyrðra og eystra að telja fólki trú hér um. Meginatriðin í frv. okkar alþb.-manna eru nefnilega þau, þrátt fyrir það að við stefnum í framtíðinni að almennri og alhliða þjóðnýtingu, og ég dreg ekkert úr þeirri stefnu minni á neinn hátt, að miðað við núverandi aðstæður haldi bændur ekki einasta bújörðum sínum, heldur og þeim hlunnindum sem búskapnum fylgja og hafa fylgt frá ómunatíð.

Ég hef oft áður og m.a. hér að framan skýrt þá afstöðu og þá um leið hvers vegna ekki er tekin upp róttækari þjóðnýtingarstefna en raun ber vitni. Ég sætti mig hér við fullkomlega á meðan önnur svið þjóðlífsins eru ekki tekin fyrir á sama veg og þetta. En hitt er rétt að undirstrika og að því skulu menn vel gæta og það veit áreiðanlega hv. 1. flm. og færist áreiðanlega í aukana við það einmitt, að meðal bænda sjálfra vex þeirri skoðun fylgi jafnt og þétt að ný stefna í eignarréttarmáli jafnt í sveit sem við sjó eigi fyllsta rétt á sér. Það sannaði þrátt fyrir allt Egilsstaðafundurinn sem ég minntist á áðan, þar sem við hv. þm. Bragi Sigurjónsson tókum nokkrar brýnur og þar sem menn voru þó í fyrstunni býsna stórorðir og þungorðir. Í seinni ræðum manna þar kom þessi vilji ákaflega áberandi fram í ýmsum greinum, þó menn vildu þá eðlilega taka málið fyrir í heild og líta á öll svið þjóðlífsins um leið.

Félagshyggja bænda hefur löngum verið sterk og stundum hafa þeir þar verið í fararbroddi. Ég er sannfærður um að framtíðarstefna þeirra mun án efa verða meir þar í ætt, en við þá einstrengingslegu einstaklingshyggju sem eingöngu kemur einhverjum forréttindaaðilum til góða. Ýmis tákn eru nú uppi meðal bænda í þessa átt, og ekki kæmi mér á óvart þó að það yrðu þeir sem yrðu bestu liðsmennirnir í því að brjóta á bak aftur óheft frelsi auðmagnsins sem nú ríkir hér öllu ofar. Og þá verðum við hv. þm. Bragi Sigurjónsson vonandi bandamenn í þeirri umsköpun sem í kjölfarið fylgir, og þá skulum við hyggja að ýmsu nærtækara fyrr en bújörðum bænda og búskaparhlunnindum, þó allt komi það inn í heildarmyndina.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka þeim þm. sem hér hafa rætt um þetta mál. Þó að skoðanir séu skiptar er það venjulega til bóta, en ekki á hinn veginn, því að til þess eru umr. að menn kanni mál frá ýmsum hliðum og reyni að brjóta þau til mergjar.

Mér finnst að andmælendurnir, aðallega tveir úr röðum Sjálfstfl., hafi að sumu leyti misskilið það sem í frv. stendur, en að öðru leyti veit ég vel að þeir eru á annarri skoðun en við sem að frv. stöndum. Ég vil taka það fram í upphafi, að persónulega er ég sannfærður um — og nú tek ég fram: persónulega er ég sannfærður um að það væri bændastéttinni til hagræðis að allar jarðir væru eign hins opinbera og þeir hefðu þær undir höndum sem erfðafestujarðir og þyrftu ekki að selja þær frá kynslóð til kynslóðar, eins og nú er. Hins vegar er ég það lífsreyndur maður, að ég veit að eignarrétturinn, löngunin til að eiga er ákaflega ríkur þáttur í manninum, ekkert síður í bóndanum heldur en kaupstaðarbúanum, ekkert síður vafalaust í mér heldur en hv. 12. þm. Reykv. Þetta er mannlegt eðli. En ég sagði áðan að ég væri persónulega sannfærður um að hitt væri bændunum hagkvæmara — og það er vegna þess að ég er fæddur og uppalinn í sveit og hef alla tíð fylgst töluvert mikið með lífi og háttum bænda, kannske miklu meir en flestum öðrum stéttum. Og ég hef séð að það hefur oft verið mikill bölvaldur bændanna að jarðir skuli vera seldar milli kynslóða, kynslóð eftir kynslóð, og ég þekki margan bónda sem á mörg börn og er í vandræðum með hvernig hann á að skila jörð sinni til næstu kynslóðar. Af þessum sökum m.a., en af mörgum öðrum sökum er 1. gr. þessa frv. orðuð svo: „Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar.“ En til þess að koma móts við þetta eðli mannsins, þá er sett inn, og ég held að það hafi verið sett inn strax í annað skiptið sem þáltill. var flutt, að meðan bændur kysu sjálfir frekar hinn háttinn, að eiga jarðirnar, þá væri þeim það frjálst. En hér er sett inn nýtt atriði — ég skal undirstrika það — að það er enn þá fastar orðað í 3. gr. í þessu frv.: „að eiga jarðir til eigin búrekstrar“. Takið eftir því. Þarna viljum við flm. setja undir þann leka sem við þekkjum að er í mörgum sveitum, að þegar bóndi hættir og ekkert barnanna er kannske viðbúið að taka við í bili, þá er jörðin ýmist leigð eða hún er lögð niður sem búrekstrarjörð og stendur árum saman án þess að verða nokkrum verulega að gagni. Þetta finnst mér vera skaði. Og með því að segja þarna: „til eigin búrekstrar“ — þá verður bóndinn þegar hann hættir, annaðhvort að selja öðrum hana til búrekstrar eða að hún falli til ríkisins.

Nú var hv. þm. Steinþór Gestsson óttasleginn um það, að ef 4. gr. frv. yrði samþ., þá yrði hún ríkisvaldinu eða ríkiskassanum erfið viðfangs. Ef Steinþór er sannfærður um að bændur vilji lengst af eiga sínar jarðir sjálfir sem þeir búa á, þá held ég að hann þurfi ekki að óttast þetta, þeir verði þá sennilega ekki ýkjamargir sem vilja selja jarðir sínar og ætla að búa áfram, en hinir, sem vilja hætta búskap, þurfa að hætta búskap. Þá finnst mér eðlilegt að ríkið sjái um að þeir gangi ekki slyppir og snauðir frá jörðum sínum. Þannig hugsa ég nú, og það má hver sem vera skal kalla þetta kommúnisma. Mér finnst þetta vera bara skynsamleg íslensk hagspeki.

Þá var verið að furða sig á því hvernig við hugsuðum okkur að veiðiréttur yrði bættur bónda sem hefði keypt veiðijörð. Vel kann að vera að þetta mætti hugsa betur. Enginn gerir svo öllum líki og ekki guð í himnaríki, og ég hygg að það megi segja það um margan manninn, að það megi betrumbæta hans verk. En þetta var þannig hugsað, að það væri ekki ósanngjarnt að t.d. bónda, sem hefði keypt jörð vegna veiðiréttarins að meira eða minna leyti, honum yrði gefinn sá kostur að eiga og nota jörðina með veiðiréttinum í allt að 20 ár. Það var hafður þarna bak við eyrað þessi gamli hefðarréttur. En með hverju ári sem hann nýtti jörðina og

veiðiréttinn, þá minnkaði bótaskyldan og þegar 20 ár væru liðin væri hún fallin út og veiðiréttinn alfarið kominn undir ríkiseign.

Ég veit ekki hvort — og þó reikna ég nú með því að þeir, sem hafa lesið þetta frv. eitthvað niður í kjölinn, hafi tekið eftir því að hér er á a. m. k tveimur stöðum vikið að því að bætur fari eftir því hvernig menn hafa talið sig hafa gagn af hlutunum undanfarið. Það er nefnilega vitað mál, að oft er hagurinn af veiðiréttinum ekki talinn ýkjamikill fram til skatts eða hagurinn af afréttarlandinu — og þó talið afskaplega mikils virði ef á að taka það af þeim. Þess vegna fannst mér ekkert ósanngjarnt að það væri farið eftir framtölum manna í sambandi við þessar bótareglur.

Ég vil taka það fram, að í 6. gr. er einmitt tekið fram að þau gjöld, sem ríkissjóður væntanlega fengi af því að leigja út veiðiréttinn, ættu að ganga til aukinnar fiskræktar, því þetta er að minni hyggju og ég hygg margra annarra einmitt sá búskapur sem má ætla að taki verulegum vaxtarbreytingum á næstu árum eða næstu áratugum og það væri ekki ósanngjarnt að afla tekna til hans á þennan hátt að einhverju leyti.

Hér var nokkuð vikið að því, að sumt af því, sem væri tekið upp í þetta frv., væri til í öðrum lögum. Það er nú svo með flesta lagagerð, að hún snertir töluvert önnur lög, jafnvel fer dálítið ofan í það á suma grein. Hér var bent t. d. á jarðalögin. En ég tók fram í minni framsöguræðu að sá leki, sem jarðalögin átti að setja undir, hefur haldið áfram þrátt fyrir allt, og tók ég einmitt dæmi af því í sambandi við jarðasöluna uppi í Lundarreykjadal sem ég var að rekja í framsöguræðu minni.

Hv. þm. Steinþór Gestsson taldi að það kæmi fram í grg. að kveikjan að þessu frv. væri ráðstefna sem haldin var vestur í Kanada. Hann veit náttúrlega betur. Við erum búin að flytja hér — ég held í fimm vetur — þáltill. sem farið hefur í þessa átt, þannig að það er ólíklegt að fundur, sem haldinn var í fyrrasumar, hafi orðið kveikjan að þessu frv. Það fannst mér vera nokkuð mikið út í hött.

Ég hefði kosið að mega svara skemmtilegri ræðu og betri ræðu hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni heldur en hann flutti hér áðan, því að þessi ágæti þm. drepur oft skemmtilega á ýmsa hluti hér í þinginu og með öðrum hætti en ýmsir aðrir þm. En hann gerði það ekki í þessari ræðu, og sá meiningarmunur, sem er á milli mín og hans um eignarráð, er á þann veg að ég sé ekki ástæðu til þess að elta ólar við það. Ég hygg að ég sannfæri hann ekki, og ég geri ráð fyrir og veit að hann sannfærir mig ekki.

Ég ætla að lokum að víkja að því, sem ég annars fagnaði í minni framsöguræðu, að hér er komið fram annað frv. í d. sem lýtur að ýmsu leyti að því sama og er í þessu frv. En það, sem þar ber helst á milli, er t. d. að í frv. Ragnars Arnalds og þeirra félaga er ekki gert ráð fyrir því sem heildartakmarki að allt landið verði alþjóðareign. Það er ekki gengið eins langt að því leyti. Og þeir vilja láta veiðiréttinn haldast á bújörðunum, sem er aftur ekki samkv. okkar frv., og það er, eins og ég hef gert hér grein fyrir áður, vegna þess að ég tel að veiðiréttur-inn sé braskvaldur, braskvaki í sambandi við kaup og sölu á bújörðum og að því leyti hættulegt á marga lund, að hafa þetta undir bújörðum.

Ég held að það sé ekki ýkjamargt fleira sem ég vil taka hér fram um þetta. Ég vil að lokum vænta þess að menn hugleiði þessi mál vel og gaumgæfilega. Ég og við félagar erum ugglaust til viðtals um einhverjar lagfæringar, ef það er eitthvað sérstakt sem menn hnjóta um í því sambandi. En ég endurtek: Það er sannfæring okkar, og það er sannfæring sem ég finn að á mjög ríkan þátt og mjög ríka hlutdeild í fjölda manns, að þeim finnst að landið allt eins og miðin eigi að vera alþjóðareign og gögn landsins og gæði öll.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir ákveðinni aðferð til að koma í veg fyrir að eignarréttur yfir landi sé misnotaður einstaklingum til ávinnings sem jafnframt sé þjóðfélaginu í heild ekki ávinningur. Það er eðlilegt að menn greini á um það, hvernig eignarrétti á landi skuli varið, og það er sömuleiðis eðlilegt að mínum dómi, að umr. sé vakin um þessi mál og henni haldið vakandi. Menn muna það vel hér, að á síðasta ári voru samþ. jarðalög sem höfðu það að aðalmarkmiði að umráðaréttur yfir landi væri í höndum þeirra sem nytjuðu landið. Þessum jarðlögum var ætlað að hlutverk að koma í veg fyrir að eignarrétturinn yfir landi því, sem notað er til landbúnaðar, verði misnotaður. Ég er þeirrar skoðunar, að ekki sé tímabært að breyta þessum jarðalögum enn eða setja önnur þau sem gerðu jarðalögin óþörf að einhverju leyti meðan ekki hefur fengist meiri reynsla af þeim.

Hugmynd mín var raunar ekki sú að taka á þessu stigi verulegan þátt í umr. um frv. til laga um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. En það voru orð í ræðu hv. þm. Braga Sigurjónssonar sem urðu þess valdandi að ég kvaddi mér hljóðs, og þessi orð voru á þá lund, að þess fyndust dæmi að hagurinn af veiðiréttindum og afréttarlandinu væri ekki talinn fram til skatts. Sjálfsagt er hægt að finna þess dæmi að undan hafi gengið tekjur af veiðirétti. Um það vil ég ekki deila, þó að rétt sé að minna á það, að eins og nú er hlýtur það að vera ákaflega tvíeggjað, svo ekki sé meira sagt, fyrir veiðiréttarbónda að gleyma að telja fram tekjur af veiði sinni. Ég veit ekki betur en ársskrár séu yfirleitt samdar með hliðsjón af framtölum, hliðsjón af því hvaða tekjur menn hafa haft og hafa af veiðiréttinum. En það var ekki sérstaklega þetta sem ég ætlaði að tala um, heldur það sem minnst var á afréttarlandið, og mig langar í því sambandi að minna á eitt ákveðið atriði sem mér finnst að oft sé lítill gaumur gefinn að. En það er hvernig afréttarlandið í reynd nýtist þjóðinni.

Það ætti raunar ekki að þurfa að hafa um það mörg orð hér, að landbúnaðarvörur eru verðlagðar samkv. sérstökum lögum og í þessum lögum er gert ráð fyrir því að bændur skuli hafa sambærilegar tekjur við aðrar tilgreindar vinnandi stéttir í landinu. Þegar landbúnaðarvörur eru verðlagðar, þá er reynt að mynda sér skoðanir á því eftir bestu fáanlegum heimildum hver sé

framleiðslukostnaður varanna við aðstæður hverju sinni. Þessi framleiðslukostnaður er vitanlega sú vinna sem lögð er í framleiðslu varanna, sá kostnaður sem er af því að kaupa rekstrarvörur og sá fjárfestingarkostnaður sem fylgir framkvæmdum á jörðum og búvélaeign. Hvergi er á það minnst að bóndinn skuli hafa tekjur af afnotum af landinu sem slíku. Þess vegna er það svo í reynd, að verðlag landbúnaðarvara byggist að engu leyti á óræktuðu landi, á því óræktaða landi sem búsmalinn nýtir, heldur einungis á ræktuðu landi og þeim kostnaði sem er við ræktun. Þess vegna má með miklum sanni segja að afrakstur af afréttarlöndunum og raunar öllu óræktuðu landi, sem nytjað er til landbúnaðarframleiðslu, gangi jafnt til allra þeirra landsmanna sem kaupa og neyta landbúnaðarvara.

Þetta langaði mig til að kæmi fram og að það væri mönnum algjörlega ljóst, að sá hagnður, sem bændur hafa af umráðarétti yfir afréttarlandi, byggist eingöngu á því, að landið er notað til framleiðslu búvara sem síðar eru verðlagðar án þess að til komi nokkur sérstök greiðsla fyrir afnotin af þessu landi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Eignarréttur er hugtak sem búið er að deila mikið um á liðnum öldum, og vissulega hafa verið skiptar skoðanir um það, hvernig bæri að haga þjóðarlöggjöf hinna ýmsu landa hvað eignarrétt snertir. Sósialistar hafa löngum verið þeirrar skoðunar, að réttast væri að ríkið ætti allt. Það er ekkert nýtt fyrir okkur að þeirri skoðun sé komið á framfæri. Hitt er aftur á móti nýtt, að þeirri skoðun sé komið á framfæri að nú skuli sósialisminn ekki lengur ganga jafnt yfir stéttir landsins, nú skuli tekin um það ákvörðun að það skuli byrjað á einni stétt og ákveðið að hún skuli þola það að af henni séu eignir teknar.

Ég tel að hér sé mikill munur á sósialisma, og ég verð að segja það, að ég ber stórum meiri virðingu fyrir þeim manni sem segir: Ég er andvígur öllum eignarrétti — og vill standa við þá skoðun sína og þorir að verja hana hvar sem er án tillits til þess hvernig menn meta hann fyrir að halda þeirri skoðun á lofti. Aftur á móti ber ég litla virðingu fyrir þeirri skoðun, ef menn ætla að fara að haga boðskap sínum eða eignarréttarkenningu eftir því hvernig þeir telja að kjörfylgi muni koma út miðað við hann boðskap sem þeir flytja. (Gripið fram í: Má ég aðeins grípa fram í? Það er talað um lóðir og lönd í þéttbýli líka, allt land.) Mér er það ljóst, — allt land. Hins vegar er það ekkert nýtt að sá, sem lítið hefur, vilji rugla reytum saman við hann sem mikið hefur og skipta svo jafnt og segja að með því móti sé réttlætinu fullnægt.

Við Íslendingar höfum lifað við mikla landflutninga. Á þessari öld hefur stór hluti þjóðarinnar flutt úr sveitum til þéttbýlis. Sums staðar hefur þetta gerst þannig, að þeir, sem til þéttbýlisins fluttu, seldu eignir sínar í sveitinni, komu sér upp miklum eignum í þéttbýlinu og höfðu þar hag af þeirri breytingu sem þeir gerðu. En þeir eru líka til í þessu landi sem yfirgáfu bújarðir sínar á sínum tíma, yfirgáfu hús sín, yfirgáfu allt án þess að eiga þess nokkurn kost að geta selt einum eða neinum. Þannig er ástatt í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir. Þannig fór t. d. á Hornströndum þegar menn fluttu þaðan burt, og mér finnst að það sé dálítið mikil kaldhæðni örlaganna ef á Alþingi Íslendinga er samþ. í dag að það, sem enginn vildi af þeim kaupa á sínum tíma og auðvelda þeim flutninga frá erfiðum stöðum, það skuli í dag tekið eignarnámi.

Það er fleira sem rétt er að hugleiða í þessu sambandi. Verðbólgan er búin að hækka eignir og valda tilfærslum í þessu landi á eignum svo verulega að það verður ekki hægt að bjarga því með neinni einfaldri lagasetningu. Húsnæði hefur hækkað misjafnlega mikið í verði eftir því hvar það er á landinu. Það eru engar hugmyndir sem liggja hér fyrir um leiðréttingar á slíku. Það eru dálítið barnalegar hugmyndir að mínu viti sem liggja fyrir og segja: Það á að selja öllum sem vilja aðstöðu fyrir sumarbústað. — Við skulum hugleiða örlítið hvað gerist ef þetta er gert. Landið er eftir sem áður land takmarkaðra gæða og takmarkaðs landsvæðis. Þeir menn, sem við mundum selja sumarbústaðaland á góðum stað, leigurétt yfir þessu landi fyrir engan pening, mundu eftir skamman tíma geta selt sumarbústað sinn að nafninu til aðeins, en jafnframt væri hann að selja leiguréttinn — að því landi, sem hann fékk fyrir lítið, á háu verði. Ég fæ ekki séð að þetta mundi á nokkurn hátt tryggja réttlæti hvað þetta snertir.

Svo er ein spurning enn sem rétt er að hugleiða í botn. Ísland er jafnt og þétt að þróast í átt til þess að verða borgríki þar sem meiri hluti þjóðarinnar er saman kominn í einni borg. Ég veit ekki hvort menn hafa hugleitt það, að það er ekkert sjálfgefið réttlæti í því að það skuli vera þjóðin öll, en ekki sveitarfélög hvers svæðis sem ættu þá að hafa þann rétt að ráðstafa þessu landi. Væri það óréttlæti t. d. að norðlendingar réðu Norðurlandi og sunnlendingar Suðurlandi? Hvort skyldu forfeður Braga þar norður frá hafa litið svo á að það væri rétt að Norðurland ætti einhvern tíma seinna meir að lúta meirihlutaákvörðun þess mannfjölda sem byggir þennan stað sem Alþingi Íslendinga er staðsett á? Ég efa að þeir hefðu talið það sanngjarna skiptingu.

Ég ætla ekki að fara út í þær deilur sem ég tel þó hvað skoplegastar milli alþfl.-manna og Alþb.-manna, en það eru deilurnar um veiðiréttinn. Þær deilur virðast mér fyrst og fremst komnar til vegna þess, að þeir meta það innbyrðis hvað sé skynsamlegast gagnvart kjósendum til sveita eða kjósendum í þéttbýli. En ég vil vekja athygli á öðru sem dynur nú jafnt og þétt á landsmönnum, og það er að það eigi að fara að selja sjómönnum réttinn til að fiska við strendur landsins. Dagblaðið boðar þetta mjög ákveðið. Þeir eru meira að segja búnir að verðleggja þetta, og það eru engar smáupphæðir sem hugmyndin er að fá í staðinn. Það á sem sagt að fara að selja fiskimönnum réttinn til að veiða þorsk við strendur landsins. Það er talað um 5—10 milljarða í þessu sambandi. Og það er kannske dálítið skrýtið að það skuli vera fulltrúar Alþfl. og Alþb. á þingi Íslendinga sem eyða

tíma í að meta það, hvernig draga eigi úr kostnaði íslendinga — einstaklinga við að veiða lax í ám landsins.

Ég vona að þeir menn, sem hafa helgað krafta sína sósíalisma, beri gæfu til þess og hafi þann manndóm að þora að halda fram stefnunni allri í sölum Alþingis, en ekki lúta svo lágt að fara að meta það eftir því, hvernig þeir telji sig standa atkvæðalega séð á hinum ýmsu svæðum á landinu, hvað þeir telji að eigi að sýna af stefnunni á hverjum tíma. — Svo þakka ég fyrir.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Suðurl. hefur í sinni greinagóðu ræðu tekið fyrir flest það er ég vildi sagt hafa, og mun ég því ekki vera langorður. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að ég tel það mjög skiljanlegt að þeir menn, sem aðhyllast sósíalískt þjóðskipulag, leggi fram frv. sem þetta hér. Það eru talin tvö grundvallarskilyrði fyrir því að hægt sé að koma á sósíalísku þjóðskipulagi, og það er í fyrsta lagi að ná eignarráðum á landinu og í öðru lagi að ná eignarráðum á aðalatvinnutækjunum. Því er það að yrði þetta frv. samþ. hér og gefið út sem lög frá Alþingi, þá væri þetta hinn mesti áfangasigur sem unnist hefði í átt til sósíalisma. Er það þá það sem við óskum eftir og við teljum okkur nauðsynlegast nú í dag?

Ég geri mér grein fyrir því, að við lifum í þjóðfélagi sem er eins konar millistig á milli sósíalisma og kapitalisma, þar sem frelsi ræður ríkjum og þar sem ýmislegt er tekið úr hvoru hagkerfinu um sig, en almennt talað, þá tel ég að við lifum í óvenjufrjálsu og heilbrigðu þjóðfélagi. Þetta byggi ég m. a. á því, að atvinnuháttum okkar er drepið á dreif og meiri fjöldi landsmanna mun taka þátt í atvinnurekstri heldur en gerist og gengur annars staðar. Og þau stóru atvinnufyrirtæki, sem hér eru rekin, eru langsamlega flest í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stórra félagasamtaka, svo sem Sambandsins. Í öðru lagi er bankavaldið og aðalfjármálavaldið fyrst og fremst í höndum ríkis eða félagasamtaka. Í þriðja lagi eru öll heilbrigðis- og félagsmál í höndum ríkisins, skólamál sömuleiðis. Því tel ég að við höfum á undanförnum árum hagnýtt okkur mjög þróun og lærdóma 20. aldarinnar og tekið tillit til þess sem nauðsynlegt var þegar við breyttumst úr bændaþjóðfélagi að verulegu leyti yfir í þéttbýlisþjóðfélag. En það, sem greinir okkur fyrst og fremst frá því sósíalíska þjóðfélagi og slíkum þjóðfélögum, hvort sem þau eru nærri 60 ára gömul eða þau eru nærri 30 ára gömul, það er að við höfum getað breytt því án þess að takmarka okkar frelsi til þess að stunda listir eins og okkur þóknast og láta þær sjá dagsins ljós, við höfum frelsi til þess að ferðast land úr landi án þess að það sé takmörkunum stjórnvalda háð og á ýmsan hátt njótum við meira einstaklingsfrelsis en gerist í þessum löndum.

Ef þessi lönd, sem þetta frv. mundi færa okkur nær, byggju yfir því sæluríki sem margir telja að þau geri, er það þá eðlilegt að árum saman þurfi að hafa og viðhalda múrveggjum og járntjaldi til þess að fyrirbyggja að fólk leiti úr þessum ríkjum og yfir til hins bölvaða kapitalisma, eins og þeir segja? Ég held ekki, og ég held að þetta sé eitt táknrænasta dæmið um að þarna er ekki allt með felldu. Afstaða mín til þessa frv. mótast að langmestu leyti af þessu. Það er stór áfangi á leiðinni til sósíalisma ef samþ. væri. Enda þótt styðjendur þessa frv. kosti nú kapps um að sannfæra okkur um að bændur eigi að halda öllu sínu nema bara að missa afréttina, þá má nærri geta hvernig fara mundi ef forráðamenn Alþfl. ættu að skammta bændum aðgang að afrétti og ýmsu öðru í sambandi við þeirra búskap, þegar við höfum í huga skrif þeirra og umtal um framleiðni og framlag bænda til þessa þjóðfélags, — þau skrif sem átt hafa sér stað úr þeim herbúðum á undanförnum árum.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þær umr. sem eru nú orðnar allítarlegar í sambandi við meðferð þessa máls nú við 1. umr. í hv. Ed. Ég vil þó láta í ljós þá skoðun mína, að mér finnst að mörg ákvæði þessa frv. séu þannig vaxin að mér er mjög til efs, hvort ekki er beinlínis um stjórnlagabreytingu að ræða ef þetta frv. yrði að lögum. Get ég til stuðnings þeirri skoðun minni nefnt sem dæmi ákvæði bæði 7. og 11. gr., þar sem rætt er um hvernig skuli haga um bætur til aðila fyrir þær lendur og lóðir og eignir sem kynnu að vera teknar af þeim. Hér er það gert með ákveðnum hætti sem tiltekinn er í þessum greinum. En ef mig minnir rétt, þá held ég að í stjórnarskránni sé ákveðið að enga eign megi taka nema hún sé goldin fullu verði.

Ég vil svolítið dveljast við ákvæði þessa frv. að því er snertir bújarðir bænda. Ég minnist þess að fyrr á árum var það mikið deilumál, að því var komið í lög sem kallað var í mæltu máli 17. gr. jarðræktarlaganna, og ég held að hún hafi verið eitthvað á þann veg að svokölluðum jarðræktarstyrk, sem yrði til þess að auka verðmæti jarðar hlutaðeiganda, þeim hluta bújarðarinnar skyldi vera haldið aðskildum, ef ég fer rétt með, að því er snertir umráðarétt bóndans til veðsetningar og sölu. Og ef ég man rétt, þá var þetta óskaplegur þyrnir í augum margra bænda og það svo mikill að þetta var eitt af hitamálum í kosningum hér fyrr á árum. Þetta út af fyrir sig sýnir að mínu mati hversu rík sú hugsun er hjá íslenska bóndanum að hann vill sjálfur eiga sitt jarðnæði. Ég held ég fari ekki rangt með að það er yfirgnæfandi skoðun bænda og draumur þeirra allra að eignast sína bújörð. Þeim nægir ekki að hafa umráðaréttinn til jarðanna, og þó að því séu engin takmörk á hvern hátt þeir megi nýta jarðir og annað, þá er þetta einhvern veginn svo ríkt í eðlisvitund íslenska bóndans og þetta hefur að mínu viti verið svo mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð, að draumurinn og ásetningurinn er að bóndinn eigi bújörð sína sjálfur.

Ég viðurkenni fúslega það sjónarmið sem kom fram í ræðu hv. flm. þessa frv., þm. Braga Sigurjónssonar, að það fylgir því viss annmarki að þurfa alltaf að selja kynslóð eftir kynslóð eða að flytja eignarréttinn á milli kynslóða. Því geta fylgt vissir annmarkar. En bæði er það, að lög um erfðaábúð og ættaróðal gefa mönnum visst svigrúm til þess að gera þær ráðstafanir

sem tryggja erfðaábúð á jörðum, og svo er það bara þessi hugsunarháttur bóndans og bændastéttarinnar yfirleitt, að þrátt fyrir það að hún er þess meðvitandi að það fylgir viss annmarki þeirri tilhögun, að eignarréttur bænda sé á jörðunum, þá vilja þeir heldur búa við þann kost heldur en að vera leiguliðar.

Ég er kaupstaðabarn, alinn upp á mölinni, en ég hef haft það mikil samskipti við bændur allt mitt líf og ég þykist hafa einhvern veginn fundið og lært að skilja þetta sjónarmið bændanna. Og ég tel að við sem slíkir stöndum í þeirri þakkarskuld fyrir starf bændastéttarinnar í heild í þessu þjóðfélagi og fyrir þann mikla menningararf sem við höfum hlotið í vöggugjöf frá bændastéttinni, að okkur nútímamönnum beri siðferðileg skylda til þess að gera ekki veigamiklar breytingar á stöðu þessara mála í þjóðfélaginu, a. m. k. ekki án þess að hafa gjörrannsakað hver er vilji hlutaðeigenda í þessu máli, og persónulega efast ég ekki um hver sá vilji er. Hann er alveg gagnstæður því sem ákvæði þessa frv. hafa í för með sér.

Mönnum hefur orðið nokkuð tíðnefnt í sambandi við umr. um þetta frv. orðið brask, auðshyggja og allt það sem vinstri mönnum hættir svo við að viðhafa í niðurlægjandi merkingu í sambandi við fjármagnsköpun. Það getur verið af því að lífsskoðun mín er allt önnur. Hún mótast af allt öðrum viðhorfum heldur en lífsskoðun þeirra manna sem hafa talað á þann veg sem ég hef verið hér að lýsa. Ég er sem sé þeirrar skoðunar, að menn vanmeti og það mjög hvað felst í því að skapa fjármuni. Það er eins og það sé eitthvert illgresi í augum sumra manna og einhver illþýðisháttur gagnvart þjóðfélaginu hjá þeim sem leggja það fyrir sig að skapa verðmæti. Að mínu mati má fyllilega líkja því að skapa fjármuni saman við ræktun, en fjármagn er fyrst og fremst afl þeirra hluta sem þarf til margra framkvæmda, og til þess að skapa fjármuni þarf að viðhafa alveg sömu alúðina og bóndinn þarf að sýna. Hann þarf að hlúa að jarðveginum, það þarf að bera á, það þarf að sá. Alveg er eins með manninn sem hefur fésýsluna að sínum akri. Hann fær ekki ávöxt nema hann sýni þeim akri fyllstu alúð og nærgætni. Þess vegna er mér illa við þetta brasktal manna. Það er eins og menn geti aldrei séð að það sé til nein heilbrigð starfsemi, sem þróist og eigi rétt á sér, í þeirri viðleitni að skapa verðmæti, að ég tali nú ekki um ef uppskeran skyldi reynast vera peningar. Þá er slíkt atferli í augum margra glæpi næst. Ég held einmitt að það sé kominn tími til af þjóðfélagsins hálfu að taka til rækilegrar endurskoðunar hvort ekki væri ástæða til þess einmitt að létta svolítið róðurinn fyrir þeim ræktunarmönnum þjóðfélagsins sem enn eru þess sinnis að þeir vilja freista þess að plægja þann akur sem gefur, ef vel er að unnið, ávöxt sem felst í sköpun nýs fjármagns.

Herra forseti. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, geta þess, að það er ýmislegt í þessu frv. sem gefur fyllilega tilefni til jákvæðrar athugunar á afstöðu manna til ýmissa gæða bæði á láði og legi, sem ástæða er til að athuga nánar. En ég held að við getum ekki hrapað að því að leysa þau mál á þann veg sem felst í því að samþ. það frv. sem hér er til umr., og mun ég því ekki sjá mér fært að veita því brautargengi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka innkaupsverð á vörum o. fl., þáltill. (þskj. 105). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ættleiðing, frv. (þskj. 107). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til ættleiðingarlaga, sem hér liggur fyrir, var lagt fram á síðasta Alþ. til kynningar. Frv. er samið af n. sem kölluð hefur verið sifjalaganefnd. Í henni eiga sæti dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, Baldur Möller ráðuneytisstjóri og frú Auður Auðuns fyrrv. alþm. Ritari n. hefur verið Guðrún Erlendsdóttir hrl., sem er kennari í þessum fræðum við Háskólann.

Þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að leysa af hólmi eða koma í stað laga nr. 19 1953, um ættleiðingu, og tvennra laga um breyt. á þeim lögum sem síðan hafa verið gerð. Fyrstu heildarlögin um ættleiðingu, sem sett voru hér á landi, voru sem sagt lög nr. 19 1953. Lög um ættleiðingu voru að vísu ein þeirra laga sem fjallað var um í Norðurlandasamvinnu, og upp úr 1920 voru sett lög um það efni á hinum Norðurlöndunum. Hér á landi urðu lögin um ættleiðingu út undan og voru ekki sett heildarlög um það efni fyrr en árið 1953, en hins vegar farið eftir ýmsum dreifðum lagaákvæðum þangað til svo og nokkuð í framkvæmd eftir svipuðum ákvæðum eða svipuðum reglum og giltu eftir Norðurlandalögunum.

Það er ekki hægt að segja að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, felist gagnger breyting frá núgildandi lögum. Það er ekki um að ræða neina afgerandi stefnubreytingu. En í þessu frv. eru fyllri ákvæði um ýmislegt en er í núgildandi löggjöf. Það eru skilmerkilegri ákvæði um sitt hvað, og það eru gerðar nokkrar breytingar á einstökum atriðum í núgildandi löggjöf, þó að þar sé yfirleitt ekki um stórvægilegar breytingar að tefla.

Frv. fylgir ítarleg grg. og fróðleg. Í II. kafla grg. eða athugasemdanna er skrá yfir fjölda ættleiðinga hér á landi og gerður nokkur samanburður á tíðni þeirra hér og á Norðurlöndum. Í III. kafla eru teknar saman á glöggan hátt þær helstu breytingar, smáar og stærri, sem um er að ræða í þessu frv. frá núgildandi lögum. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að endursegja þær hér þar sem það er aðgengilegt fyrir hv. dm.

Loks eru svo í IV. kafla athugasemdir við einstakar gr. frv.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. í framsögu. Það verður að sjálfsögðu athugað rækilega af þeirri n. sem fær það til meðferðar og hún ber það saman við núgildandi löggjöf. Það má segja að í megindráttum sé þetta frv. sniðið eftir nýrri lögum sem sett hafa verið á Norðurlöndum um þetta efni. Enn fremur hefur verið tekið að sjálfsögðu tillit til framkvæmdarinnar í þessum efnum.

Þetta frv. var, eins og ég sagði áðan, lagt fram á hv. Alþ. í fyrra til kynningar, en þá var ekki ætlast til þess að það næði afgreiðslu. Nú væri hins vegar æskilegt að tími gæfist til þess að afgr. málið á þessu þingi, og vona ég að svo verði og n. taki frv. til meðferðar. En mér er ljóst að það mun fara nokkur tími í það að fara yfir jafnviðamikinn lagabálk sem þennan og þó sérstaklega þann lagabálk sem ég mæli fyrir hér á eftir, barnalögin svokölluðu. Ég sé að það þarf að breyta að sjálfsögðu t.d. gildistökuákvæðinu. Það er í frv. miðað við 1. jan. 1977. Það er auðsætt að slíkt getur ekki orðið, en n. mun athuga það.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Barnalög, frv. (þskj. 108). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sama að segja um þetta frv. og það er ég mælti síðast fyrir, að það var lagt fram á síðasta Alþ. til kynningar, en var þá ekki rætt. Þetta frv. er samið af hinni svokölluðu sifjalaganefnd, en ég gat um það áðan hverjir væru í henni. Hér er um mjög viðamikinn lagabálk að ræða. Hann á að koma í stað þeirra laga sem nú gilda um réttarstöðu barna, en það eru að stofni til tvenn lög: lög nr. 46 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og lög nr. 87 frá 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetins barns.

Þessi tvenn stofnlög um réttindi barna eða réttarstöðu foreldra og barna voru sett fyrst 1921 og voru árangur af norrænni lagasamvinnu. Þó að Íslendingar tækju ekki beinan þátt í þeirri samvinnu voru þau frv., sem samin voru af þeirri samnorrænu laganefnd, notuð hér til fyrirmyndar og að verulegu leyti um að ræða þýðingu á lögum um þetta efni sem um svipað leyti voru lögtekin á Norðurlöndunum. Það var þáv. prófessor og síðar hæstaréttardómari Lárus H. Bjarnason sem annaðist samningu á þessum lagafrv. í öndverðu.

Síðan hafa verið sett ýmis ákvæði um stöðu barna eða breytingu á stöðu þeirra hefur leitt af öðrum lögum, og þær breytingar leiddu m.a. til þess, sérstaklega vegna þeirra ákvæða sem voru komin í tryggingalöggjöf að það voru sett alveg ný stofnlög 1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, eins og ég gat um áðan. En eftir það hafa einnig verið gerðar nokkrar breytingar á þeim lögum, og þau lög, sem um þetta hafa gilt, hafa tekið breytingum, bæði vegna almannatryggingalagaákvæða, framfærslulaga, barnaverndarlaga og hjúskaparlaga, og einnig hafa verið sett ákvæði um viss atriði í réttarfarslögum.

Þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að leysa af hólmi þessi lög, sem ég hef nefnt, og þær breytingar, sem á þeim hafa verið gerðar. Frv. er í meginatriðum byggt á vinnu sem fram hefur farið á Norðurlöndunum, nýrri lagasamvinnu á þessu sviði. Það fylgir þessu frv., eins og því frv. sem ég mælti fyrir áðan, mjög ítarleg grg. þar sem mörg atriði eru rakin til fróðleiks, en auk þess fylgja með athugasemdir og skýringar um einstakar greinar.

Það er um þennan lagafrumvarpsbálk að segja, að hann felur í sér mjög víðtækar breytingar að ýmsu leyti frá þeim gildandi stofnlögum um þetta efni. Það er tekið saman í athugasemdunum hverjar þær helstu breytingar séu.

Fyrsta og aðalbreytingin má segja að sé sú, að frv. fjallar bæði og samfellt um skilgetin börn og óskilgetin, þannig að það er ekki gerður sá greinarmunur sem gerður hefur verið til þessa, að þau væru sett sín hvor lögin um þetta efni. Og það, sem er kannske aðalatriðið og grunntónninn í þessu frv., er það stefnumið sem telst í frv., en það er að gera hlut óskilgetins barns sem jafnastan hlut skilgetinna barna, að gera ekki lengur þann greinarmun þar á sem hingað til hefur verið gert.

Það eru í þessum aths. ýmsar tölfræðilegar upplýsingar og af þeim sést m.a. að tala óskilgetinna barna er mjög há hér á landi og hærri en víðast hvar annars staðar. Frv. tekur mið af því og byggir á því að réttmætt sé, eins og komið sé þjóðfélagsþróuninni og með sérstakri hliðsjón af því að um 34% fæddra barna hér á landi eru óskilgetin að mæla svo fyrir að börn sambúðarfólks verði í allríkum mæli ýmist talin skilgetin við fæðingu eða að sambúð foreldra valdi því, að vissum skilyrðum fullnægðum, að börn öðlist síðar réttarstöðu skilgetinna barna vegna sambúðar foreldra þeirra. En þarna er átt við svokallaða óvígða sambúð sem hér tíðkast, eins og ég gat um, jafnvel í ríkara mæli en annars staðar. Þannig er það ef sambúð foreldra hefur varað óslitið tvö ár fyrir fæðingu barns telst það skilgetið við fæðingu, í öðru lagi, ef sambúð hefur varað óslitið 10 mánuði fyrir fæðingu og tvö ár eftir hana öðlast barn stöðu skilgetins barns við lok tveggja ára tímabilsins, og í þriðja lagi, ef foreldrar barns taka upp sambúð eftir fæðingu, þá öðlast barn stöðu skilgetins barns ef sambúð hefur varað óslitið í þrjú ár.

Það er meginreglan, það er a.m.k. svo eftir þessu frv., að foreldravald eða forsjá barna er í ríkum mæli í höndum beggja foreldra sem búa í óvígðri sambúð, þótt barn hafi ekki enn öðlast stöðu skilgetins barns. Það eru sérstök ákvæði um skipan foreldravalds þegar sambúðarfólk, sem á barn saman, skilur. Ákvæði eru og um umgengnisrétt þess foreldris, sem ekki fær forræði barns. Er lagt til að umgengnisréttur

verði lögfestur til handa föður óskilgetins barns, eins og nú hefur verið gert annars staðar á Norðurlöndum. Lagt er til að foreldrar séu framfærsluskyld að einkarétti gagnvart börnum til 18 ára aldurs og heimilt sé að gera þeim að styrkja börn sín til náms allt til 24 ára aldurs. Þetta er sambærilegt ákvæði við það sem tíðkast í Danmörku og Svíþjóð. En það er e. t. v. ástæða til þess að undirstrika þetta þannig að það fari ekki fram hjá mönnum hvað þeir eru að samþ. þegar þeir eru að samþ. þetta ákvæði. Það er að vísu ekki stórfellt skref, má segja, sem þarna er stigið, en það er þó þannig, eins og þm. sjálfsagt vita, að nú ef hámarkið á framfærsluskyldunni 17 ára aldur, var reyndar áður aðeins 16 ára aldur, en var hækkaður í 17 ár á sínum tíma, en þarna er gert ráð fyrir því sem sagt, að það sé hækkað um eitt ár og sé fært upp í 18 ár. Þetta er um framfærsluskyldu foreldra, en það verkar að sjálfsögðu í fleiri áttir og hefur sín áhrif t. d. varðandi almannatryggingar.

Heimilt er að gera foreldri að greiða sérstakar greiðslur vegna fermingar, skírnar o. fl. umfram almenn framfærslulög.

Þá eru í frv. þessu ný ákvæði um varnarþing í barnsfaðernismálum sem heimila að höfða mál á varnarþingi móður og eftir atvikum barns. Jafnframt er lögsögureglum breytt í þessu efni. Það er lagt til að afnumin séu ákvæði um aðildareið í barnsfaðernismálum, svo sem gert hefur verið á öllum hinum Norðurlöndunum með lagabreytingum eða í lagaframkvæmd, og enn fremur afnumin heimild til að dæma menn aðeins meðlagsskylda án þess að kveðið sé á um faðernið. Þetta eru að sjálfsögðu hvort tveggja veigamiklar breytingar frá því sem tíðkast hefur hér á landi.

Lagt er til að það sé slakað á strangleika reglunnar sem kölluð hefur verið Pater-est í vefengingarmálum svokölluðum um faðerni barna. Það er í samræmi við það sem gert hefur verið í yngri norrænum lögum um þetta efni.

Frv. byggir á því að það séu óbreyttar reglur um dómara í barnsfaðernismálum, þ. á m. að sakadómarar í Reykjavík dæmi í þessum málum. Ýmislegt mælir þó með því, að því er sifjalaganefndin tekur fram, að einkamáladómarar fjalli um þau mál, en í frv. er gert ráð fyrir að hinir síðarnefndu fjalli um vefengingarmál, þ. e a. s. einkamáladómarar.

Réttarfarsákvæði um vefengingarmál, þ. e. a. s. um vefengingar á faðerni skilgetins barns, hafa verið og eru í lögum nr. 57 frá 1921 en hins vegar hefur verið tekinn sérstakur kafli í lögin um meðferð einkamála um réttarfarsreglur í málum um faðerni óskilgetins barns. Eru tekin upp í þetta lagafrv. ákvæði um réttarfarsreglur um þetta hvort tveggja, byggt á því sjónarmiði, sem er hjá sifjalaganefndinni, að réttarfarsákvæði um barnsfaðernismál eigi heima í barnalögum.

Þá er að geta þess, að reglur um foreldravald eru í þessu frv. og þar með teknar út úr lögræðislögunum, 22. gr. þeirra.

Þá er loks að nefna það, að í þessu frv. eru nokkur ákvæði sem varða aðgang aðila að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur, og gætir þar að nokkru nýmæla og þá í þá átt að auka þann aðgang sem aðili hefur að Tryggingastofnuninni.

Ég hef hér drepið aðeins á örfá atriði af þeim mörgu ákvæðum, efnislegum og formlegum, sem eru í þessu frv. Ég hirði ekki um að rekja það nánar. En ég efast ekki um að hv. þdm. er ljóst af þessum fáu orðum, sem ég hef hér sagt, svo og þegar þeir lesa frv., að hér er á ýmsan hátt um veigamiklar breytingar að ræða. Þess vegna er ekki óeðlilegt að þm. telji að þeir þurfi að hugsa sig um ýmis þau málefni, ýmis þau atriði, áður en gengið er frá lagasetningu um málið, og nauðsynlegt að frv. hljóti ítarlega athugun í þeirri n. sem það fær til meðferðar. Það má segja, eins og ég hef komið inn á, að það séu viss og það nokkuð mörg „prinsip"-atriði í þessu frv. sem e. t. v. fer ekki mikið fyrir, en menn verða að gera sér grein fyrir.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 111). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Sérstakt tímabundið vörugjald var sem kunnugt er upphaflega lagt á með brbl. nr. 65 frá 16. júlí 1975. Var það 12% frá 17. júlí 1975 til áramóta 1975—1976. 10% frá 1. jan. 1976 til 4. maí s. l., en hefur verið 18% frá þeim tíma. Samkv. 1. gr. laga nr. 20 1976 skal vörugjaldið innheimt til 31. des. á þessu ári.

Með frv. því, sem hér er til umr., er lagt til að gjaldið verði framlengt til 31. des. 1977, eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir næsta ár og fram kom í fjárlagaræðu minni. Ekki er gerð till. um breyt. á vöruflokkum sem gjaldskyldir eru, en verði hið nýja frv. um tollskrá, sem innan skamms verður lagt fyrir þingið, samþ., hefur það í för með sér að breyta þarf upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. laganna um sérstakt tímabundið vörugjald.

Áætlað er að hið sérstaka vörugjald skili ríkissjóði 4 milljörðum og 30 millj. kr. á þessu ári, en 5 milljörðum 250 millj. á því næsta.

Þm. er í fersku minni, hygg ég, tilefni þess að horfið var frá áformum um lækkun vörugjalds á þessu ári og ákveðið að hækka það úr 10% í 18% á s. l. vori. Ástæðan var fjáröflunarþörf til landhelgisgæslu, hafrannsókna, fiskverndaraðgerða, en reyndar einnig sú þörf sem var þá og er enn að tryggja hallalausan ríkisbúskap. Nú eru horfur á að það takist á þessu ári að koma ríkisbúskapnum í viðunanlegt jafnvægi, á sama tíma sem viðskiptahallinn við útlönd minnkar mikið, eða úr 11—12% 1975 í um það bil 4% á þessu ári. Þetta er mikilsverður árangur, og batinn í ríkisfjármálunum hefur áreiðanlega haft sitt að segja í þessu efni. En betur má ef duga skal, og á næsta ári er mikilvægt að ná verulegum áfanga til þess að bæta stöðu þjóðarbúsins út á við. Við þurfum að stefna a. m. k. að helmingslækkun viðskipta-

halla á næsta ári. Á sama tíma knýja á brýnar þarfir til útgjalda. Þannig má nefna landhelgisgæslu, dómsmál, löggæslu, auk almennra þjóðhagsástæðna. Er því full ástæða til þess að halda 18% vörugjaldinu allt næsta ár, ekki síst þar sem mæta þarf tekjumissi vegna tollalækkana samkv. viðskiptasamningum okkar við önnur ríki. Beinar samningsbundnar tollalækkanir eru metnar á um 600 millj. kr., eins og fram kemur í fjárlagafrv., en auk þess þarf að gera aðrar breyt. á tollskránni til hagsbóta fyrir innlenda atvinnuvegi sem kosta frekari tekjumissi.

Þetta eru í stuttu máli þær ástæður, sem liggja að baki þessu frv. Til viðbótar þeirri fjárhæð, sem ég gat um hér áðan, er rétt að það komi fram, að sú ákvörðun, að fella niður eða endurgreiða að fullu sölugjald vegna innfluttra véla til iðnaðarins þýðir 150 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á næsta ári.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv. Ég legg til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það er greinilegt að það ætlar að fara á sömu lund með þennan skatt eins og marga aðra sem lagðir hafa verið á, að það verður ekki auðvelt að létta honum af aftur. Þegar þetta gjald var upphaflega lagt á á miðju ári 1975, þá átti það aðeins að standa í stuttan tíma, enda var gjaldið þannig að hér var aðeins um tiltekið prósentuálag að ræða í álagningu á nokkra þar til greinda vöruflokka sem voru fluttir til landsins. Sem sagt, skattlagningin var mjög ónákvæm á allan hátt. Það var afsakanlegt og er afsakanlegt að leggja gjöld af þessu tagi á til mjög stutts tíma þegar sérstaklega stendur á. En nú hefur sem sagt komið í ljós að gjaldið er í gildi hálft árið 1975, allt árið 1976 og nú er lagt til að framlengja það fyrir allt næsta ár, og í rauninni í svipuðu formi allan tímann, þó að gjaldið sé aðeins mismunandi hátt.

Ég tel að skattheimta af þessu tagi sé með öllu óeðlileg og eigi ekki að eiga sér stað, það sé hættulegt að ætla að taka gjald af þessu tagi upp á svipaðan hátt og gert hefur verið með mörg önnur gjöld, að það skuli síðan framlengt og framlengt ár eftir ár, og auðvitað er það í litlu samræmi við yfirlýstan vilja til þess að reyna að hamla gegn verðbólgu að leggja á gjald af þessu tagi. Ég vil því lýsa yfir andstöðu okkar alþb.-manna við framlengingu á þessu gjaldi. Við teljum að hér sé um ranga aðferð að ræða. Ef hins vegar svo er ástatt að það er talið alveg óhjákvæmilegt að tryggja ríkissjóði til frambúðar meiri tekjur en hann hefur samkvæmt þeim tekjustofnum sem honum eru yfirleitt ætlaðir, þá ber að sjálfsögðu að endurskoða þetta gjald og athuga hvort það eigi þá ekki að leggjast á í allt öðru formi.

Þá vil ég einnig geta þess, að það er mikil fljótaskrift á þessu frv. því að það hefur ekki einu sinni tekist að setja þessar tvær gr. frv. þannig upp að þær séu allar. Í 1. gr. frv. segir: „Skal gjaldið vera 18% til 31. des. 1977 og greiðist af eftirgreindum vöruflokkum“ — og þar með búið og punktur og vörurnar eru ekki taldar upp. Þó að gert sé ráð fyrir því að hér kunni að verða breyting á með endurskoðun á tollskránni, þá var vitanlega sjálfsagt að telja það upp í gr. við þessa meðferð málsins sem hefur verið gildandi í lögum, með svo þeim almenna fyrirvara að á þessu gæti orðið breyting ef breyting yrði á þeim lögum sem þetta er miðað við.

Þetta verður að sjálfsögðu allt tekið til athugunar af þeirri n., sem fær málið til meðferðar. En ég vek aðeins athygli á þessu um leið og ég lýsi yfir því, að við erum andvígir framlengingu þessa gjalds í því formi, sem þarna er um að ræða, og teljum að framlenging gjaldsins á þann hátt, sem verið hefur, beri í rauninni vott um algert skipulagsleysi hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessi tekjuöflunarmál.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Ég hef áður við meðferð þessa máls gert grein fyrir þeirri skoðun minni, að gjaldheimta af því tagi, sem á sér stað með vörugjaldinu, sé ætíð óheppileg, kunni þó að vera óhjákvæmileg til bráðabirgða, en sé algerlega óhafandi til frambúðar og að staðaldri. Þetta gjald er í rauninni neysluskattur. Flestum mun þykja nóg um að við höfum 20% söluskatt sem tekinn er af vöruverði við sölu. En þegar við bætist af fjölda vörutegunda, meiri hluta innflutnings, 18% gjald af innflutningsverði, þá er mælirinn svo fleytifullur að það er sannfæring mín að við slíkt verði ekki búið til langframa án þess að mjög óheppileg áhrif segi til sín í fjármálakerfi og viðskiptum í landinu.

Ég stend fyrst og fremst upp til að ítreka þessa skoðun mína. En ég vil einnig bæta því við, að til fjáröflunar af því tagi, sem vissulega er hægt að sýna fram á að þörf sé á, er miklu heppilegra, eðlilegra og sérstaklega félagslega réttlátara að gera þær breytingar á skattheimtu sem geri þá skattstofna, sem leggjast á eftir tekjum, eftir efnum og ástæðum, virkari, frekar en leggja sífellt aukna áherslu á gjaldheimtu sem fellur á án tillits til ástæðna þeirra sem endanlega þurfa að greiða gjaldið, í þessu tilfelli neytenda þess varnings sem gjaldið er tekið af. Því vil ég lýsa alveg sérstaklega eftir því að hæstv. fjmrh. geri sem fyrst alvöru úr fyrirheitum sínum um að bera fram breytingar á skattalögum, því að það er löngu viðurkennt að gildandi skattheimtukerfi er bæði óréttlátt og gloppótt, og ég er ekki í neinum vafa um að endurbætur á því væru miklu heppilegri og miklu varanlegri bót á tekjuöflunarvanda ríkissjóðs heldur en að framlengja gjaldtöku eins og þessa von úr viti. Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi á sínum tíma lýst þeirri skoðun að tekjustofn eins og vörugjald þetta væri neyðarúrræði og hann fyrir sitt leyti teldi að það ætti að taka enda. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann sé ekki enn sömu skoðunar og hvort hann sjái ekki fært að sýna þá skoðun í verki með því a. m. k. að byrja að sneiða af þessu gjaldi þegar líða tekur á næsta ár, þótt hann kannske telji sig ekki færan um að afsala sér því með öllu á næsta tekjuári.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Ég get verið sammála síðustu tveimur ræðumönnum um ýmislegt sem þeir hafa sagt varðandi það gjald sem hér er til umr. Ég held hins vegar að það væri mjög óskynsamlegt fyrir okkur að fella það niður á næsta ári og láta þar með lönd og leið hvort tekjur ríkissjóðs nægi til þess að standa undir þeim útgjöldum sem áformuð eru. Eins og hér hefur komið fram, er í endurskoðun í fjmrn. og ég vænti að innan örfárra daga sjái þm. hér á borðum sínum frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt ásamt frv. til l. um breyt. á l. um tollskrá. Hér er um að ræða endurskoðun sem undir vissum kringumstæðum þýðir tekjutap fyrir ríkissjóð, eins og ég vék að áðan, en áfram verður skoðuð sú hlið málsins, þ. e. a. s. tekjuöflun fyrir ríkissjóð, í sambandi við aðflutningsgjöld og þá að sjálfsögðu með það sjónarmið fyrir augum að það bráðabirgðagjald, sem hér er tekið, falli niður.

Ég er enn sömu skoðunar og ég var þegar þetta gjald var sett á, að hér væri um að ræða tímabundið gjald. Það getur að sjálfsögðu enginn fjmrh. lýst því yfir að það falli niður. Það fer að sjálfsögðu eftir vilja Alþ. hverju sinni hvernig tekjuöflun ríkisins er háttað. Númer eitt held ég að við getum verið allir sammála um það, að við verðum að afla ríkissjóði þeirra tekna að jafnvægi sé í ríkisbúskapnum, þess krefst það efnahagsástand sem við höfum haft um skeið. Og ég held að það væri mjög óráðlegt ef við féllum frá þeirri stefnu sem hefur verið í sambandi við jöfnuð á ríkisfjármálunum. Vonandi komumst við frá þeim vandamálum og getum horft fram til þess tíma að slík bráðabirgðaskattlagning þurfi ekki að vera. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að með einum eða öðrum hætti verður að afla ríkissjóði tekna. En ég er sammála því, að það á ekki að gera með bráðabirgðatekjuöflun. Það á heldur að reyna að koma því þannig fyrir að um eðlilega skattlagningu og sanngjarna geti verið um að ræða.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um 1. gr. frv., þá held ég að það fari ekkert á milli mála að það er aðeins verið að breyta þar 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna, þannig að allt annað í lagagreininni, eins og hún gildir í dag, stendur óbreytt þar til Alþ. hefur ákveðið annað, annaðhvort með samþykkt frv. um breytta tollskrá eða að þingið við meðferð þessa máls breyti þeim vöruflokkum sem í greininni standa. En ég ítreka að hér er aðeins verið að breyta einum málslið, þeim málslið sem ákvað tímasetningu vörugjaldsins. Ég bið menn að misskilja ekki 1. gr. frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 112). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Með frv. því, er hér er til umr., er lagt til að söluskattsauki samkv. söluskattslögum verði hækkaður um 1%. Jafnhliða verður lagt til með öðru frv. að felld verði úr gildi lög nr. 9 27. febr. 1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Er gert ráð fyrir flutningi þess frv. Fellur þá niður hið svonefnda olíugjald sem nemur nú 1% á söluskattsstofn. Hins vegar verður í því frv. ákvæði varðandi ráðstöfun olíustyrks sem gert yrði ráð fyrir á fjárlögum. Breyting sú, sem í frv. felst, hefur því hvorki áhrif til hækkunar eða lækkunar á skattlagningu vöru og þjónustu. Breytingin er gerð til einföldunar og hagræðis, en þeim tekjum, sem koma af olíugjaldi og ganga til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, beint og óbeint, er nú ætlað að ráðstafa í framtíðinni á fjárl. hverju sinni.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 er lagt til að 600 millj. kr. verði varið til beinna styrkja til þeirra aðila sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Þar er einnig lagt til að 1000 millj. kr. renni í Orkusjóð til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða og til að standa undir skuldbindingum sjóðsins að öðru leyti.

Frv. þetta felur þannig fyrst og fremst í sér formbreytingu. Olíugjaldið svonefnda var ekki talið með í ríkissjóðstekjum, heldur var litið á það sem tímabundna ráðstöfun fjár til þess að milda áhrif olíuverðhækkunarinnar 1973 og eftirleiks hennar. Nú er hins vegar með öllu ljóst að þeim vanda, sem hlýst af hækkun orkuverðs í heiminum, verður hér á landi best mætt með því að efla hitaveituframkvæmdir og aðrar hagkvæmar innlendar orkuframkvæmdir. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að efla fjárhag Orkusjóðs til þess að greiða fyrir fjármögnun þessara framkvæmda. Hér er ekki um tímabundið viðfangsefni að ræða og því langeðlilegast að stíga það skref sem hér er lagt til, að viðurkenna olíusjóðsgjaldið sem ríkistekjur í stað þess að hafa það eins og á milli vita.

Eins og ég gat um áðan, er þegar gert ráð fyrir að meiri hluti fjárins gangi til hitaveituframkvæmda eða annarra verkefna Orkusjóðs, eða einn milljarður, en um 600 millj. kr. til styrkja til þeirra sem hita hús sín með olíu. Í þeirri tölu er gert ráð fyrir að styrkfjárhæðin á hvern mann geti hækkað vegna útbreiðslu hitaveitna. Það er eftirtektarvert að síðan 1972 hefur sá hluti þjóðarinnar, sem býr við hitaveitu, aukist úr 45% í 55% og á næstu 4 árum gæti þetta hlutfall hækkað í 72%. Þessi nýja búgrein sparar vitaskuld mikinn innflutning og þar af leiðandi gjaldeyri, og segja má að þetta frv. sé til þess flutt að ríkissjóður geti staðið að þessari þróun á næstu árum og lagt grunn að framhaldi hennar.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í rauninni af sama toga og fyrra frv. sem hér var verið að enda við að ræða. Þar var á það minnst að lagt hefði verið á skyndigjald, innflutningsgjald, sem átti að standa í nokkra mánuði, en síðan hefur það verið framlengt og virðist nú vera að verða að

föstum tekjustofni hjá ríkissjóði. Í þessu tilfelli er um það að ræða að lagt var á sérstakt gjald, svonefnt olíugjald, eitt söluskattsprósentustig, og átti að verja þessu gjaldi í sérstöku skyni. Um það voru sett ákveðin lagaákvæði um það fé, sem aflaðist með þessum hætti, ætti að nota til þess að reyna að lækka olíuverð til þeirra aðila sem þyrftu að hita upp híbýli sín með olíu. Þegar þetta var ákveðið hafði sem sagt það gerst, að olían hafði hækkað gífurlega í verði og þeir, sem bjuggu við þessar aðstæður, fengu þar á sig miklu meiri útgjöld í daglegu lífi sínu en aðrir. En nú kemur hér frv. frá hæstv. ríkisstj. um að innbyrða þetta gjald í ríkissjóð eins og önnur gjöld, bæta þessu við hinn almenna söluskatt, gera þetta að föstum tekjustofni ríkissjóðs og síðan verði ákveðið á fjárl. hverju sinni hvort eigi að greiða mönnum eitthvað til verðlækkunar á olíu, þeim sem gjaldið áttu upphaflega að fá, eða greiða þeim ekki. Og þegar er till. í þessu formi komin fram, sú fyrsta, að gera ráð fyrir því að 600 millj. af þessu gjaldi renni til þeirra sem verða að hita upp híbýli sín með olíu, en 1000 millj. eigi hins vegar að renna í ríkissjóð eða til ákveðinnar ríkisstofnunar.

Það er augljóst mál að þessi skattlagning er að verða hreinasti skrípaleikur eins og að henni er staðið. Þetta gjald er ekki lengur lagt á til stuðnings við þá aðila í landinu sem verða að borga þessa dýru olíu, því að það, sem þeir fá, ef þeir fá aðeins 600 millj. kr., er orðið minna en þeir borga af heildargjaldinu. Ef þær tölur eru réttar sem hæstv. fjmrh. greindi hér frá, þar sem hann sagði að svo hefði verið, að 45% landsmanna hefðu búið við hitaveitu, en nú væri þetta komið upp í 55%, þá verður maður að reikna með að það séu þá hin 45% sem eftir eru sem enn þá búa við það að hita upp híbýli sín með olíu. En það er augljóst mál að ef heildargjaldið er 1600 millj. kr., þá er þetta í fullkomnu jafnvægi, það sem þeir fá og það sem þeir greiða, ef þeir væru 37%, þessir sem hita upp hús sín með olíu. Sem sagt, það er búið að snúa þessu gjaldi svo laglega við, að það er heldur verið að auka álögurnar, einnig á þá sem verða að hita upp híbýli sín með olíu, umfram það sem verið hefði ef gjaldið hefði alls ekki verið lagt á. Hér er auðvitað óeðlilega að málum staðið. Þetta gjald átti að renna allt, — um það voru gefnar yfirlýsingar á sínum tíma þegar gjaldið var lagt á, — það átti beinlínis að renna allt til þeirra aðila í þjóðfélaginu sem búa við þessar sérstöku aðstæður sem virðist vera erfitt að láta menn skilja hér á hitaveitusvæðunum, einkum hér á Reykjavíkursvæðinu, — skilja, hvers konar aukaútgjöld hvíla á þeim sem verða að hita upp íbúðarhús sín með því að kaupa olíu.

Ég er á þeirri skoðun að það beri að halda áfram þessari gjaldtöku og verja öllu gjaldinu til að mæta mismunandi kostnaði sem menn verða fyrir. En ég er algerlega á móti því að taka stóran hluta af þessu gjaldi til almennra hitaveituframkvæmda eða annars þess sem á að fjármagnast með allt öðrum hætti. Það er sjálfsagt að greiða fyrir því að ráðist sé í hitaveitur, og auðvitað ber ríkinu af sínum tekjustofnum nú eins og áður að standa undir vissum útgjöldum á vegum Orkustofnunar. En það á ekki að ráðast sérstaklega á þessar takmörkuðu tekjur þeirra sem búa tvímælalaust við mestu útgjöldin í sambandi við upphitun á íbúðarhúsum sínum.

En nú er sem sagt með þessu frv. verið að ganga enn lengra í óréttlætisáttina en gert hefur verið síðustu tvö ár, þegar farið var inn á þá braut að taka hluta af þessu gjaldi, sem var ætlað til ákveðinna aðila í landinu, og verja því í öðru skyni. Nú er beinlínis lagt til að taka gjaldstofninn, bæta honum við fasta tekjustofna ríkissjóðs, koma honum einu sinni inn fyrir þar að fullu og öllu og ákveða svo við hverja fjárlagaafgreiðslu hvort megi kasta einhverju af þessu gjaldi í þá, sem verða að hita upp híbýli sín með olíukyndingu, eða ekki.

Ég er algerlega andvígur þessu frv., tel að í því felist mikið óréttlæti og í rauninni algjör svik við þá sem þetta gjald var lagt á fyrir með ákveðnu samkomulagi á sínum tíma. En auk þess ber þetta vott um að hafi gjald verið lagt á einu sinni af einhverjum sérstökum ástæðum, þá er það alltaf tekið, í öllum tilfellum, og gert að fastatekjustofni ríkissjóðs. Þetta er röng stefna. Mér er það ljóst að eins og nú er komið væri miklu betra fyrir þá, sem eiga í erfiðleikum með sinn mikla kyndingarkostnað, að fallast á að þetta eina prósentustig félli niður og þeir losnuðu við þau útgjöld sem þeir hafa af þessu gjaldi og fengju þá heldur engan olíustyrk, því að það er komið sem sagt þannig að gjaldið, sem hefur verið lagt á undir þessu fororði, það er búið að breyta um eðli, þetta er að verða fastur og almennur tekjustofn hjá ríkinu.

Ég skal svo ekki eyða frekari tíma hér við 1. umr. um málið, en lýsi algerri andstöðu minni við þetta frv.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu hæstv. ráðh., er ætlunin með þessu frv. að fella olíugjaldið inn í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og fella um leið úr gildi lög nr. 9 frá 26. febr. 1976, þ. e. a. s. núgildandi mynd laganna sem sett voru eftir olíuhækkunina miklu um áramótin 1973—1974 til þess að jafna nokkuð metin milli fólks, sem býr við olíuhitun, og þeirra, sem notið geta annarra orkugjafa til að hita híbýli sín.

Það má með sanni segja að tíminn sé miður vel valinn til þess að fella niður skylduna sem samkv. þessum lögum hvílir á ríkinu til að koma til liðs við þá sem fengu þessa hækkun á sig, því að nú er yfirvofandi ný olíuhækkun. Það liggur fyrir að í næsta mánuði verður haldinn fundur olíuframleiðsluríkja og á þeim fundi verður ákveðin olíuverðshækkun. Um það velkist enginn maður í vafa lengur sem fylgst hefur með mánaða undirbúningi olíuframleiðsluríkjanna undir þetta fundarhald. Hitt leikur nokkuð á tveimur tungum, hver hækkunin verður, hvort hún verður t. d. 25%, fjórðungshækkun, eins og Íranskeisari vill og Íraksstjórn og fleiri, sem harðast vilja ganga í því að bæta hag olíuframleiðsluríkjanna, eða hvort farið verður niður í 10%, eins og Saudi-Arabía hefur nefnt sem hámark þess sem hún gæti sætt sig

við. En orð hennar munu vega þarna þungt, því að þetta er mesta olíuframleiðsluríki í heimi. En um það er sem sagt ótímabært að ræða nú, hver hækkunin verður.

Hækkunin kemur, hún verður með næstum 100% vissu tilkynnt í næsta mánuði, og hún verður veruleg, varla undir 10%. Þá velur ríkisstjórn Íslands einmitt þennan tíma til þess að flytja frv. á Alþ. sem leysir hana undan skyldunni til að leggja fram fé til að draga úr þeim gífurlega aðstöðu- og lífskjaramun sem fylgir því hér á landi hvort fólk þarf að nota olíu til að hita híbýli sín eða hvort það getur búið við aðra hitagjafa og þá sérstaklega hitaveitu. Þessi munur er svo stórkostlegur, að ég efast um að fólk hér á gamalgrónu hitaveitusvæði geri sér almennt ljóst hvað um er að ræða. Það er ekki nokkur vafi á því, að olíukynding er líklega algengast 4—5 sinnum dýrari á sambærilegu húsnæði heldur en kynding með hitaveituvatni á gömlu hitaveitusvæðunum og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík, þar sem hitaveitan kom fyrst og hefur verið vel rekin. Er hún vafalaust hagkvæmasta húsahitun, sem um er að ræða. Það er varla í tempraða beltinu og alls ekki í kuldabeltinu hægt að finna hagkvæmari og ódýrari húsahitunaraðferð heldur en hitaveiturnar gömlu hér í Reykjavík og þær sem fyrstar fylgdu í kjölfarið og hafa verið afskrifaðar meira eða minna að stofnkostnaði. En því tilfinnanlegri verður munurinn fyrir þá sem búa í þeim landshlutum sem ekki fyrst um sinn og jafnvel aldrei geta orðið aðnjótandi hitaveituvatns og upphitunar með hitaveitu. Það er því alls ekki stætt á því, þegar sýnt er að olía mun hækka í verði mjög bráðlega, að ætla þá ekki aðeins að fella niður þá skyldu sem verið hefur í lögum um nokkurt skeið til að draga úr þessum mun, heldur líka samkv. þeim tölum, sem settar hafa verið í fjárlagafrv., að draga í rauninni úr greiðslunum sem fara til þess að lækka hitunarkostnað þeirra sem við olíuhitunina búa, því að það þykir mér sýnt af þeim tölum, sem hér eru, 600 millj. til beinna styrkja til þess að greiða niður hitunarkostnað með olíu og 1000 millj. í Orkusjóð til þess að greiða fyrir hitaveituframkvæmdum. Þar að auki verð ég að taka það mjög skýrt fram og benda hv. þm. á að það er vissulega mikið á sig leggjandi til þess að hraða hitaveituframkvæmdum, og það hefur fólkið sýnt á þeim svæðum þar sem von er á hitaveitum innan skamms. Það hefur tekið á sig ýmsar byrðar í sínum bæjar- og sveitarfélögum. En það er ekki formandi að af ríkisins hálfu skuli verulegur, ef ekki mestur hluti af því fé, sem varið er til að hraða hitaveituframkvæmdum, tekinn af því fé sem upphaflega var ætlað til þess að draga úr kjaramuninum sem hlýst of olíuhitun annars vegar eða hitaveituhitun hins vegar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef haldið er áfram á þessari braut, þá skellur yfir stórkostleg byggðaröskun í landinu, eftir því hvort fólk á að búa við rándýra olíuhitun, sem sýnilegt er að muni hækka í þrepum um ófyrirsjáanlegan tíma, eða hvort það nýtur þess að búa við ódýrustu og hentugustu húsahitun í heimi, íslensku hitaveiturnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:2 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 86). — Frh. 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þegar ný ríkisstj. var mynduð 1971, þar sem ég tók m. a. við störfum iðnrh., var það fyrsta verkefni mitt að kanna að hverjum verkefnum væri verið að vinna innan rn. í þágu iðnaðarins. Ég reyndi að hafa þá könnun jákvæða, þótt skoðanir mínar og fyrirrennara míns væru æðiólíkar, vildi nýta allt það, sem ég taldi geta orðið til gagns, eða sveigja það inn á brautir, sem féllu nær skoðunum mínum og hinnar nýju ríkisstj. en fyrirrennara míns. Ég minnist þess ekki að ég hafi orðið fyrir því ámæli að stöðva framkvæmdir af einhverju ótilgreindu pólitísku ofstæki.

Ég nefni þetta vegna þess að eftirmaður minn, hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen, hefur haft uppi þveröfug viðbrögð, stöðvað hinar mikilvægustu framkvæmdir án skýringa og að því er mér virðist einvörðungu af pólitísku ofstæki. Mikilvægasta verkefnið, sem var í undirbúningi í iðnrn. þegar ég hóf störf þar, var undirbúningur þess að samin yrði iðnþróunaráætlun með tilstyrk Sameinuðu þjóðanna, annars vegar um iðnþróun í landinu, hins vegar um viðskipta- og verslunarmál í þágu útflutningsiðnaðar. Viðreisnarstjórnin hafði snúið sér til Sameinuðu þjóðanna með ósk um aðstoð við slíka áætlunargerð eftir hrun viðreisnarstefnunnar 1967—1968. Það hrun bitnaði ekki síst á íslenskum iðnaði, dró úr framleiðslu hans og sýndi hvað innviðir þessarar atvinnugreinar voru veikir. Sú reynsla var svo alvarleg að engum gat dulist að aðild Íslands að EFTA, sem viðreisnarstjórnin hafði beitt sér fyrir, gæti tortímt íslenskum iðnaði að fullu ef ekki yrði gripið til umfangsmikilla og skjótra ráðstafana.

Sérfræðingar stofnunar Sameinuðu þjóðanna tóku til starfa ásamt íslenskum sérfræðingum um svipað leyti og vinstri stjórnin tók við. Þeir aðilar, sem fjölluðu um iðnþróun, störfuðu í sambandi við Iðnþróunarstofnun Íslands, en þeir, sem fjölluðu um útflutning iðnaðarvarnings, í sambandi við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Það varð ljóst í upphafi að viðfangsefnin voru mjög stórfelld og að koma þyrfti í verk byltingarkenndum breytingum ef íslenskur iðnaður ætti að halda velli og sækja fram í slíkri samkeppni.

Þróun iðnaðar á Íslandi hafði mótast af tollvernd og innflutningshöftum, þannig að rekstrarskilyrði hans voru óeðlilega hagkvæm og hafði það bitnað alvarlega á framleiðni. Framleiðni íslensks iðnaðar var svo lág 1971 að afköst hans námu á ýmsum sviðum ⅔ af afköstum þróaðs verksmiðjuiðnaðar og á sumum sviðum aðeins helmingi. Orsakirnar voru fyrst og fremst fjölbreytni framleiðslutegunda fyrirtækja og ófullkomnar stjórnunaraðgerðir innan þeirra. Jafn-

hliða þessum hrikalegu veilum blasti sú staðreynd við, að iðnaðurinn var sú atvinnugrein sem tryggja þurfti vaxandi þjóð verkefni. Á vinnumarkað bætast nú árlega um 2000 manna. Landbúnaðurinn tekur ekki við þeirri fjölgun og ekki verður hún heldur nýtt til þess að draga aukinn fiskafla úr sjó, þegar ofveiði er háskalegasti vandinn sem við eigum við að stríða. Því verða iðnaður og þjónustustarfsemi að taka við fjölguninni allri og vafalaust meira en henni. Ég vil þó taka það skýrt fram, að ég er ekki að lýsa þessari lausn sem neinu neyðarúrræði, heldur þróun sem ég tel óhjákvæmilega ef Íslendingar ætla að sanna í verki að þeir geti verið efnahagslega sjálfstæðir, haldið til jafns við aðra í atvinnuöryggi og lífskjörum eða gert betur.

Þessar staðreyndir hafa lengi blasað við og stjórnarvöld hafa verið ákaflega lengi að átta sig á þeim. Kannanir, sem gerðar voru á áratugnum 1951—1960, sýndu að hver fjárfest króna í landbúnaði var rúm 11 ár að skila sér í auknum tekjum. Hliðstæð endurskil voru 2½ ár í fiskiðnaði og 3½ ár í almennum iðnaði, en það þykir allgott hlutfall á alþjóðlegan mælikvarða. Fjárfestingin á þessum áratug var hins vegar 115 þús. kr. á mann á ári í landbúnaði, en aðeins 6 þús. kr. í verksmiðjuiðnaði öðrum en fiskiðnaði. Og þessi vanhugsaða og skammsýna mismunun heldur enn áfram. Sama máli gegnir um rekstrarlán. Þegar ég varð iðnrh. höfðu sjávarútvegur og landbúnaður lengi búið við fastar lögbundnar reglur um rekstrarlán sín. En engin slík lög höfðu verið sett um iðnað. Ég lagði fyrir Alþ. frv. um jafnrétti iðnaðar á þessu sviði, og samþykkti Alþ. lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána sem tryggði iðnaðinum grundvallarjafnrétti á þessum vettvangi. Framkvæmdin varð hins vegar mjög þröng í upphafi af hálfu Seðlabankans og var borið við óvissu um það hvað framkvæmdin kynni að hafa í för með sér. En jafnframt fylgdi loforð um að framkvæmdin skyldi rýmkuð. Ég held, að þær breytingar á framkvæmdinni hafi orðið allt of litlar, og hef engar spurnir af því að núv. hæstv. iðnrh. hafi reynt að fylgja eftir þessu stórhagsmunamáli iðnaðarins.

Af hálfu iðnrn. var að sjálfsögðu fylgst vandlega með störfum hinna erlendu og íslensku sérfræðinga, sem unnu að langtímaáætlunum, og gerðar ráðstafanir til þess að þróunin yrði í þá átt, að hún yrði samstiga sérfræðingunum. Stofnaðar voru iðngreinanefndir af ráðuneyti, Iðnþróunarsjóði og samtökum iðnaðarins, fulltrúum launamanna og atvinnurekenda, til þess að fjalla um samkeppnisstöðu nokkurra iðngreina og gera till. um ráðstafanir til þess að efla þær. Náðu þessar aðgerðir til prjónaiðnaðar, fataiðnaðar, tréiðnaðar, skipasmíðaiðnaðar, trésmíðaiðnaðar og málmiðnaðar. Varð mjög verulegur árangur af þessum störfum, sem birtist m. a. í stóraukinni framleiðni í ýmsum fyrirtækjum. Ýmsar ráðstafanir aðrar og af mörgum toga voru gerðar til þess að treysta samkeppnisstöðu útflutningsiðnaðarins, m. a. endurgreiddur hluti tolls og söluskatts í kostnaðarverði iðnaðarvarnings, sem sendur var til útflutnings, og tollskrá breytt mjög verulega í þágu iðnaðarins. Reynt var í heild að halda þannig á málum að hægt væri að nýta á sem skjótastan og áhrifamestan hátt till. hinna erlendu og íslensku sérfræðinga um iðnþróunaráætlun. Skýrslur þessar reyndust vera hin gagnmerkustu rit og var vissulega mikill fengur að þeim til þess að leiðbeina ríkisvaldi, stofnunum og samtökum iðnaðarins og einstökum iðngreinum um nauðsynlegar aðgerðir. Þeir einstaklingar, sem unnu að þessum verkefnum, störfuðu af mikilli kostgæfni og samviskusemi og sýndu næman skilning á íslenskum aðstæðum og vandamálum.

Nokkur mismunur var á tillögugerð þeirra tveggja aðila sem störfuðu annars vegar að framleiðsluþróun og hins vegar að sölu. Sérfræðingarnir, sem fjölluðu um viðskipta- og verslunarmál, gerðu ráð fyrir því að markmið iðnþróunar væru fyrst og fremst aukning þjóðarframleiðslu og þjóðarauðs og að öflug útflutningsstarfsemi í iðnaði væri burðarás iðnþróunar. Þeir lögðu því megináherslu á aðgerðir til þess að efla útflutningsiðnað, markaðsleit og sölustarfsemi. Til þess að ná árangri í útflutningi og gera hann arðbæran töldu sérfræðingarnir að auka þyrfti mjög framleiðni í iðnaði með breytingum á rekstrarstjórnun, skipulagi og framleiðslutækni í fyrirtækjunum og þyrfti því sérstakar ráðstafanir til þess að efla tækniþjónustu á því sviði.

Sérfræðingur sá, sem stjórnaði starfi iðnþróunardeildarinnar, lagði hins vegar megináherslu á að hætta yrði á atvinnuleysi í lok þessa áratugs þegar samkeppni við innflutning vegna tollalækkana tæki að gæta verulega og hinir stóru árgangar fólks, sem nú eru á framhaldsskólastigi, kæmu á vinnumarkaðinn. Hann taldi að tryggja þyrfti allt að 10 þús. ný starfstækifæri í iðnaði fyrir lok þessa áratugs. Mat hans var að gera þyrfti víðtækar ráðstafanir af hálfu hins opinbera til þess að efla iðnað í því skyni að komast hjá atvinnuleysi. Framleiðni í landbúnaði, fiskveiðum og fiskiðnaði mundi aukast, svo að þar fækkaði jafnvel fólki þrátt fyrir aukna framleiðslu og stærri landhelgi. Því yrðu aðrir atvinnuvegir að veita starfstækifæri og hefði iðnaðurinn mesta möguleika til atvinnujöfnunar. Hans mat var það, að af þessum ástæðum þyrftu að koma til jafnvel stærri fjárfestingarátök í þágu iðnaðar en þá áttu sér stað við stóraukningu togaraflotans og endurnýjun fiskvinnslustöðvanna. Hann benti á að annars staðar á Norðurlöndum hefði hið opinbera veitt iðnaðinum víðtæka aðstoð til þess að laga sig að nýjum samkeppnisaðstæðum. Vandi Íslands yrði jafnvel enn meiri en annarra Norðurlanda vegna þess að iðnaðurinn væri vanþróaðri hérlendis og vegna sveifluástandsins í efnahagsmálum hér á landi, en slíkt sveifluástand gerði iðnaðinum mjög erfitt fyrir að tryggja eðlilega rekstrarstöðu. Hann lagði enn fremur áherslu á nauðsyn þess að tvöfalda framleiðni í iðnaði.

Ýmsum þóttu aðvörunarorð þessa sérfræðings um hættuna á stórfelldu atvinnuleysi næsta fjarstæðukennd á tíma þegar barist var um vinnuafl. Skilningurinn á þessum aðvörunarorðum ætti þó að hafa aukist síðan þegar í ljós hefur komið undir nýjum stjórnarherrum að erlendar neyslulántökur hafa í vaxandi mæli verið látnar fylla upp

í þau skörð sem myndast hafa í framleiðslugetu okkar. Iðnaðurinn verður að fylla upp í þau skörð og gera betur. En það verður og að gæta þess vandlega að ekki verði um láglaunaiðnað að ræða, því að hann samræmist ekki þeim kröfum sem við viljum gera um íslenskt þjóðfélag.

Eins og ég sagði áðan reyndi iðnrn. að fylgjast vandlega með störfum sérfræðinganna og reyndi að taka til hendi jafnhliða niðurstöðum þeirra og búa sig undir að nýta verkið í heild þegar því væri lokið. Sérfræðingarnir lögðu til, þegar þeir skiluðu verkum sínum, að sett yrði á laggirnar n. eða stofnun til þess að annast að verulegu leyti framkvæmd iðnþróunaráætlunarinnar og hefði hún heildarsýn yfir starfið. Iðnrn. féllst á þessa till. og skipaði n. til þess að annast þessi störf í öndverðu. Ég skipaði þessa n. án tilnefningar, en reyndi að gæta þess að sem best tengsl væru við þær stofnanir og þau samtök, sem helst þyrfti að sameina um framkvæmd iðnþróunaráætlunar. Í n. áttu sæti Bjarni Bragi Jónsson, en hann var forstöðumaður áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Davíð Scheving Thorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður Markússon framkvæmdastjóri hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri hjá Seðlabankanum, Þröstur Ólafsson hagfræðingur í iðnrn, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, sem var formaður n., og ritari hennar var Guðmundur Ágústsson hagfræðingur. Formaður og ritari voru í fullu starfi, og ég hafði hugsað mér að þessi nýja stofnun yrði varanleg deild í iðnrn., þó að ég gengi ekki formlega frá þeirri skipan, m. a. vegna þess að ég taldi ævi ráðningarregluna ekki samrýmast starfi þessarar nefndar.

Ég fól n. eftirfarandi atriði sem verkefni:

1. Endurskoðun á till. þeim um iðnþróun á Íslandi sem unnar höfðu verið af sérfræðingum.
2. Frumkvæði að breytingum á lögum og starfsháttum hins opinbera að því er varðar ytri aðstæður til iðnrekstrar.
3. Að vinna að endurbótum innan iðnfyrirtækja.
4. Að hafa frumkvæði um samvinnu og samskipti iðngreina og iðnaðarhópa.
5. Að leggja áherslu á að efla sölu- og markaðsmál útflutningsiðnaðarins.
6. Að láta til sín taka ný iðnaðarverkefni, m. a. í samvinnu við viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.
7. Að gera till. um ráðstöfun framlaga Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til Íslands.

N. þessi tók þegar til starfa. Hún vann mjög myndarlega að verkefnum sínum, bæði að mínu mati og manna sem ég taldi vel dómbæra. Hún gekk frá einni ítarlegri skýrslu þar sem birtar eru niðurstöður hinna erlendu sérfræðinga, rök þeirra metin og dregin fram forgangsverkefni með rökum. En þegar þessi byrjunarkönnun n. lá fyrir gerðust óvænt tíðindi. Hæstv. núv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, ákvað að leggja n. niður án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Hann ákvað sem sé að henda öllu því mikla verki, sem unnið hafði verið, inn í skápa iðnrn. og láta plöggin rykfalla þar. Þetta eru vinnubrögð sem eru gamalkunn á Íslandi. Ráðh. láta einatt kanna ýmis málasvið og safna till. um lausn vandamála til þess að auglýsa fyrir almenningi áhuga sinn og góðan vilja. Allt of oft hefur verið haldið þannig á málum síðan að hinu mikla starfi er stjakað til hliðar. Ég hygg þó að framferði hæstv. iðnrh., Gunnars Thoroddsens, sé mesta hneyksli af þessu tagi sem gerst hefur áratugum saman.

Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, hefur gert Alþ. grein fyrir þessum furðulegu amlóðavinnubrögðum sínum á síðasta þingi því ég tók ekki þátt í störfum þess. En hafi svo ekki verið, skora ég á hæstv. ráðh. eða krefst þess raunar að hann geri Alþ. grein fyrir þessum vinnubrögðum sínum, því að hér er um að ræða málefni sem getur skorið úr um atvinnuþróun og efnahagslegt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

Ég vík að þessum málum í heild vegna þess að það frv., sem hér liggur fyrir, var einn hlekkur í langri keðju og að því var unnið í tengslum við mörg önnur hliðstæð verkefni. Efling iðntækniþjónustu var eitt af mikilvægustu verkefnum sem að var unnið þar til hæstv. ráðh., Gunnar Thoroddsen, stöðvaði verkið.

Um alllangt skeið hafa þrjár stofnanir starfað í þágu iðnaðarins. En sú skipan hefur ekki verið ákaflega markviss og samofin og ekki í nægum tengslum við iðnaðinn sjálfann. Iðntæknistofnanir annars staðar á Norðurlöndum hafa haft veigamiklu hlutverki að gegna og reynsla þeirra var forsenda þessa frv. Meginstoð allra þeirra miklu breytinga, sem gera þarf í iðnaði ef ekki á illa að fara, er skipulagning virkrar iðntæknistofnunar. Henni er ætlað að hafa sem nánast samband við iðnfyrirtæki og stjórnvöld og hafa frumkvæði að hvers kyns æskilegum breytingum í iðnaðarframleiðslu. Þær stofnanir, sem nú eru starfandi, geta ekki að óbreyttu tekið að sér þau margvíslegu verkefni sem Iðntæknistofnun er ætlað að leysa. Fyrirmynd þessarar stofnunar er sótt til annarra Norðurlanda, þar sem svonefnd teknologisk institut starfa. Iðntæknistofnuninni er umfram allt ætlað það hlutverk að auka samkeppnishæfni þess iðnaðar, sem fyrir er í landinu, og hafa forustu um nýjar iðngreinar. Til þess að árangur náist er þörf gerbreytinga á rekstri fyrirtækja, bæði stjórnunarlega og á framleiðslusviðinu. Iðntæknistofnun er ætlað að veita iðnfyrirtækjum og iðnaðinum í heild margs konar þjónustu sem hann á nú ekki kost á nema í mjög litlum mæli. Iðnfyrirtæki á Íslandi eru yfirleitt mjög lítil og geta ekki veitt sér sjálf þá sérhæfu þjónustu sem nútímaiðnaður þarf á að halda. Í þeirri öru þróun, sem fyrrv. ríkisstj. stefndi að, var Iðntæknistofnuninni ætlað að veita margs konar beina aðstoð til fyrirtækja, svo sem við bókhald, hönnun og framleiðsluval. Hagræna og tæknilega ráðgjafarþjónustu þarf að veita, standa að stuðningsaðgerðum og stunda rannsóknir, einnig stuðla að örri þróun og þróun framleiðsluaðferða, t. d. í sambandi við innlent hráefni og orku.

Lýðræði á vinnustöðum er mjög til umr. um þessar mundir í nágrannaríkjum okkar á Norðurlöndum, og hafa svíar t. d. samþykkt heildarlöggjöf um það efni. Við höfum ekki fylgst með þróuninni á þessu sviði og er þó lýðræði á vinnu-

stöðum nærtækara hér en annars staðar, þar sem nær ⅔ hlutar framleiðslukerfisins á Íslandi eru í eigu opinberra aðila: ríkis, bæjarfélaga og samvinnuhreyfingar. Við erum hér með lýðræðislegri eignarréttarskipan en flestir aðrir, en höfum ekki enn gefið þeirri skipan lýðræðislegt inntak. Ég hóf nokkra tilraunastarfsemi á þessu sviði meðan ég gegndi ráðherrastörfum, m. a. við Ríkisspítalana, Sementsverksmiðju og Landssmiðju. Hliðstæð hugsun mótar þetta frv. um Iðntæknistofnun án þess að ég reki það nánar að þessu sinni.

Það hefur háð iðntækniþjónustu hérlendis all mjög að tengsl hennar við iðnaðinn sjálfan hafa ekki verið nægilega traust. Frv. er ætlað að tryggja verulegar úrbætur að þessu leyti þar er lögð stóraukin áhersla á ráðgjöf og fræðslu og önnur slík atriði. Þar er gert ráð fyrir tilkomu sérstakra ráðunauta sem starfi í sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, tilkomu tengimanna frá iðnaðinum eða einhverjum iðngreinum sem vinni með starfsmönnum stofnunarinnar, tilkomu fræðsludeildar sem hafi það sérstaka hlutverk að skipuleggja og hafa umsjón með fræðslustarfsemi.

Stjórn Iðntæknistofnunar er ætlað að hafa mun mikilvægara hlutverk en nú tíðkast. Gert er ráð fyrir tengslum við iðnaðinn í sambandi við einstök verkefni, en ekki formbundna fulltrúaskipan til óskilgreindra starfa eins og nú tíðkast. Í frv. er einnig reynt að tryggja sveigjanlegra starfsmannahald en nú tíðkast, sveigjanleika í launaákvörðunum og gert er ráð fyrir rýmri og sveigjanlegri framlögum til Iðntæknistofnunar en nú tíðkast um rannsóknastofnanir. Í því sambandi er vert að vekja athygli á því að framlög til rannsókna og þróunarverkefna í þágu iðnaðarins erru aðeins brot af því sem varið er í hliðstæðu skyni til sjávarútvegs og landbúnaðar, og er sú staðreynd í hrópandi andstöðu við þá þróun sem fram undan bíður.

Ég mun hér ekki rekja einstakar greinar frv., heldur vísa til grg. sem er að minni hyggju skýr og ítarleg.

Það leið ekki langur tími frá því að ég flutti þetta frv. að við tóku kosningar og ný ríkisstj. Skömmu eftir stjórnarskiptin kom ég að máli við hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, og spurði hvort hin nýja ríkisstj. mundi ekki beita sér fyrir flutningi þessa frv., þar sem ég vissi að forustumenn iðnrekenda voru mjög miklir áhugamenn um framgang þess. Hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, sagði mér að hann mundi að sjálfsögðu gera það, hann hefði hug á að nokkrar breytingar yrðu gerðar á frv., en mundi síðan beita sér fyrir því að ríkisstj. stuðlaði að framgangi þess. — Ég trúði þessum orðum og flutti því frv. ekki sem þm. haustið 1974, ég hafði svo mikinn áhuga á framgangi þess að ég vildi að það færi sem öruggasta boðleið.

En Gunnar Thoroddsen, hæstv. iðnrh., stóð ekki við þessa yfirlýsingu á þinginu 1974—1975, ekki heldur á þinginu 1975—1976. Ég fékk í þingbyrjun nú miða á borð mitt þar sem þetta frv. er boðað, en það hefur ekki séð dagsins ljós enn þá, og ég verð að segja hreinskilnislega að ég trúi ekki lengur á loforð hæstv. ráðh. Því flyt ég þetta frv. sjálfur og legg til, hæstv. forseti, að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. iðnn.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar frv. eru flutt hér á þingi um merk málefni, þá er það tíðast að flm. mæli með þeim frv. með rökum og skýringum á frv. Hitt er sem betur fer harla fátítt, að málflutningur sé með þeim hætti sem nú hefur gerst hjá hv. flm. þessa frv., hv. 3. þm. Reykv., því að framsöguræða hans um þetta mál er fyrst og fremst hól um sjálfan hann og níð um þann sem við tók sem iðnrh. Þessi mengun hugarfarsins hjá hv. þm. er að vísu ekki ókunn þeim sem þekkja feril Austra á undanförnum árum og áratugum, en þessi mengun hugarfarsins hefur sýnilega magnast mjög enn.

Ég vil, áður en ég vík að frv. sjálfu, aðeins minnast á það, að þessi hv. þm. hefur tíðkað það að undanförnu að bera mig alls konar ósannindum eða bregða brigslum um alls konar vanrækslu í starfi, sem að mestu leyti er hans eigin hugarburður og á enga stoð í raunveruleikanum. Það er t. d. eitt sem mjög hefur einkennt tal og skrif þessa hv. þm. Það er að ég hafi yfirleitt lagt til hliðar og stöðvað — eins og hann orðaði það nú — af pólitísku ofstæki flest hin mikilvægu verkefni sem þessi hv. þm. hafði unnið að og undirbúið sem iðnrh. Það verkefni eða það mál, sem honum hefur orðið tíðræddast um, er nýting innlendra orkugjafa eða rannsóknir og framkvæmdir í sambandi við hitaveitur. Þennan óhróður hefur hv. þm. þulið yfir landslýðnum og alveg sérstaklega notað þá aðferð að skrifa slíkt í forustugreinum Þjóðviljans hvað eftir annað, vitandi að forustugreinar dagblaðanna njóta þeirra forréttinda að vera lesnar í útvarp, og hefur hann því sérstaklega notað sér þessa aðstöðu. Það er gott að hann kemur þó einu sinni fram hér á Alþ. með nokkuð af þessum ádeilum. En ég vil sérstaklega nefna þetta atriði sem hv. þm. hefur orðið tíðræddast um, þ. e. nýtingu hinna innlendu orkugjafa, af því að það er dæmi um hversu gersamlega þessi hv. þm. leyfir sér í hverju málinu eftir annað að rangsnúa staðreyndum, snúa hlutunum gersamlega við, fullyrða ýmislegt sem er ekki nokkur stoð fyrir í raunveruleikanum. Hann hefur varðandi nýtingu innlendra orkugjafa sagt að hann hafi látið gera mikla áætlun um það í sinni ráðherratíð hvernig ætti að nýta innlenda orkugjafa, en að ég hafi stöðvað allar þær framkvæmdir samkv. þessari áætlun. Hver er sannleikurinn?

Sannleikurinn er sá, að snemma á árinu 1974 bað þessi hv. þm. sem iðnrh. eitt verkfræðifyrirtæki hér í bæ um að gera áætlun, sem síðan var sýnd Alþ., um nýtingu innlendra orkugjafa, þ. e. a. s. hversu mætti útrýma húshitun með erlendum orkugjöfum og nota jarðvarma og rafmagn í staðinn. Þessi skýrsla, sem var yfirlitsskýrsla, í raun og veru er ekki hægt að kalla hana neina áætlun, hvað þá framkvæmdaáætlun, var sýnd Alþ. og það mun hafa verið á vordögum 1974. Þessi hv. þm., sem eftir ræðu sinni nú hefur verið einstakur framtaksmaður

í sinni ráðherratíð um öll þessi mál sem undir hann heyrðu, hreyfði ekki, að því er virtist, hönd eða fót til þess að fá þetta samþykkt eða gerðar einhverjar samþykktir hér á Alþ. um það, hvernig að þessum málum yrði unnið. Þetta dagaði uppi eins og fjöldamörg af hans málum. Sjálfur sat hann á ráðherrastóli marga mánuði, ég ætla 5 mánuði, eftir að hann lagði þessa skýrslu fram án þess að gera nokkurn skapaðan hlut til framkvæmda í þeim efnum.

Eftir stjórnarskiptin var ráðist í það að auka stórlega jarðhitarannsóknir í landinu og að bæta tækjakost Orkustofnunar, m. a. með því að þá var keyptur jarðborinn Jötunn, sem er langstórvirkasta tæki sem við höfum eignast sinnar tegundar og getur borað 3½ km röskan niður í jörðina, enn fremur jarðborinn Narfi, en það er sá bor sem eftirsóttastur er nú af sveitarfélögum víðs vegar um land. Með þessum hætti, með stórauknum tækjakosti og með auknum rannsóknum, jarðhitarannsóknum og borunum, hefur líka á þessum tveimur árum orðið gerbreyting í þessum efnum. Í þessari skýrslu, sem hv. þm. Magnús Kjartansson sem iðnrh. lagði fyrir Alþ., var gert ráð fyrir að 65% landsmanna eða um ⅔ hlutar landsmanna mundu í náinni framtíð geta fengið hitaveitu, þetta var hámarkið, aðrir yrðu að nota rafmagn til upphitunar ef ætti að útrýma hinum erlendu orkugjöfum. Við þær framkvæmdir og rannsóknir, sem hafa orðið á tveim árum síðan þessi hv. þm. lét af ráðherradómi, hefur það gerst, að nú eru það um eða yfir 80% landsmanna, en ekki 65%, sem munu á næstunni geta notið hitaveitna.

Þegar þessar staðreyndir liggja fyrir, þá er það svo furðulegt, að menn hlýtur að reka í rogastans, að þessi hv. þm. skuli telja sjálfan sig þessu umkominn eftir feril sinn að ráðast á eftirmann sinn fyrir að hann hafi lagt til hliðar allar fyrirætlanir og áætlanir um nýtingu jarðhita til þess að útrýma erlendum orkugjöfum. Ég nefni þetta dæmi vegna þess að um þetta hefur hv. þm. orðið tíðræddast.

En bætir hann gráu ofan á svart. Það er nýmæli af hans hendi að segja að ég hafi stöðvað stofnun Iðntæknistofnunar Íslands af pólitísku ofstæki og ekki staðið við einhver fyrirheit sem ég hafi gefið honum haustið 1974. Hver er sannleikurinn í þessu máli?

Í sambandi við þjónustu og tæknivinnu fyrir iðnaðinn beitti Jóhann Hafstein iðnrh. sér á sínum tíma fyrir stofnun Iðnþróunarstofnunar Íslands, sem var merkilegt átak og framfaraspor á sinni tíð. Hv. þm. Magnús Kjartansson lét í sinni ráðherratíð undirbúa frv. um Iðntæknistofnun, og vinnuhraðinn og ákafinn var svo mikill við þetta að það tók hann víst 2½ ár að koma þessu frv. á það stig að hægt væri að leggja það fyrir Alþ. Það var um mánaðamótin mars-apríl 1974, eftir að hv. hafði 2½ ár verið iðnrh., sem þetta frv. leit dagsins ljós — og með hverjum hætti? Ekki sem stjfrv. Vegna hvers? Ef hann vildi leggja áherslu á málið og reyna að tryggja því framgang á þessu þingi, þá hefði auðvitað verið sterkast fyrir hann að leggja það fram sem stjfrv. Ástæðuna fyrir því veit ég ekki. Hann bað n. í þinginu um að flytja málið fyrir sig. N. flutti það með sínum venjulegu fyrirvörum þegar svo er ástatt. Síðan var málinu ekki fylgt eftir. Það var tekið til 1. umr. snemma í aprílmánuði, síðan var því eftir ósk þáv. iðnrh. frestað og ekki haldið áfram umr. fyrr en seinni hluta aprílmánaðar, eftir því sem segir í þingtíðindum, og málið dagaði síðan uppi. Það er ekki hægt að kenna þingrofinu í maímánuði um að þetta mál hafi ekki fengið framgang. Hv. þm., þáv. ráðh., fylgdi því ekki eftir.

Eftir að ég tók við þessu starfi tók ég þetta mál að sjálfsögðu til meðferðar, eins og ég sagði hv. þm., og setti í gang gagngera endurskoðun á þessu máli. Það kom að sjálfsögðu í ljós, eins og honum hafði raunar verið kunnugt um, að um þetta frv., sem hann hafði ekki flutt sjálfur, heldur beðið n. að flytja, varð töluvert mikill ágreiningur. Ég held að það hafi komið fram líka við 1. umr. málsins á þingi, að það voru mjög skiptar skoðanir um ýmis atriði málsins. Þess vegna hefur þurft að kanna þetta mál og semja um það nýtt frv. Það frv. liggur fyrir, eins og ég hef lýst yfir, bæði í ræðu sem ég flutti ekki alls fyrir löngu á degi iðnaðarins á Akureyri, þar sem ég rakti nokkur þau atriði sem gera þyrfti í iðnaðarmálum, og auk þess er tekið fram í því fskj. sem fylgdi stefnuræðu forsrh. að þetta frv. um Tæknistofnun Íslands væri eitt þeirra frv. sem áformað væri að flytja á þessu þingi. Vinnubrögð í sambandi við þetta mál hafa því verið mjög eðlileg. Frv. er tilbúið nú og er til umr. í ríkisstj., og ég vænti þess að það verði flutt á þessu þingi.

Tæknistofnun Íslands í samræmi við teknologisk institut, sem starfa í okkar nágrannalöndum, er mikið nauðsynjafyrirtæki, og ég held að sé óhætt að fullyrða að samtök iðnaðarins hafa mikinn áhuga á að af því geti orðið. En ferill Magnúsar Kjartanssonar fyrrv. ráðh. í þessu máli er ekki slíkur að ástæða sé til að státa af því, vegna þess að hann tók hálft þriðja ár til að undirbúa málið, treysti sér svo ekki til að leggja það fram sem stjfrv. og fylgdi því ekki betur eftir en nú hefur verið lýst.

Þriðja atriðið, sem hv. þm. kom hér að og taldi að framferði mitt í því efni væri eitt hið mesta hneyksli af því tagi um margra ára skeið var, að ég hefði lagt niður iðnþróunarnefndina. Hvernig er þessum málum nú varið? Hv. þm. skipaði n. manna til þess að gera till. um iðnþróun á Íslandi, það er rétt. Sú n. fékk til meðferðar ýmis þau verkefni sem Iðnþróunarstofnun Íslands átti að vinna samkv. lögum sem þá voru tiltölulega nýsett. Hv. þm. taldi eðlilegt samt sem áður að ganga fram hjá þeirri stofnun og taka ýmis verkefni, sem undir hana áttu að heyra, og fela þau þessari nefnd, um leið og hann notaði þetta svo sem tækifæri og tilefni til þess að svelta Iðnþróunarstofnun Íslands sem fékk miklu minna fjármagn til starfsemi sinnar á stjórnarárum þessa hv. þm. heldur en til hafði verið stofnað í upphafi og hefði þurft að vera. Það gerist svo á s. l. ári, að iðnþróunarnefndin skilar ítarlegri grg. og tillögum. Hún hafði þar með lokið störfum sínum. Hún hafði skilað því verkefni sem henni hafði verið falið. Nú telur hv. þm. hneyksli að leggja niður n. sem hefur lokið störfum, lokið því verkefni

sem henni var falið. Ég skil ekki þennan hugsanagang.

Varðandi hins vegar till. iðnþróunarnefndar, þá voru þær að sjálfsögðu kannaðar rækilega í iðnrn. og Iðnþróunarstofnun var sérstaklega falið að taka allar þessar till. iðnþróunarnefndar til meðferðar og vinna að þeim eftir því sem frekast væru möguleikar á og tilefni til. M. ö. o.: það sem hv. þm. segir hér um iðnþróunarnefndina og það hneyksli að leggja hana niður, það er eintómur hugarburður. N. hafði lokið störfum og var þess vegna lögð niður. Till. hennar voru faldar Iðnþróunarstofnuninni til framkvæmda.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 26. fundur.

Þriðjudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Símakostnaður aldraðs fólks og öryrkja, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Á þinginu 1974—1975 flutti ég frv. um breyt. á lögum um fjarskipti. Breytingin var þess efnis, að hæstv. símamálaráðh. var heimilað að undanþiggja aldrað fólk og öryrkja með lágmarkstekjur símagjöldum. Þessa breytingu rökstuddi ég m. a. með þeim breytingum sem orðið hafa á heimilishaldi á Íslandi undanfarna áratugi. Áður fyrr tíðkaðist það mjög að þrír ættliðir byggju saman á heimili: börn, foreldrar, afi og amma og oft ýmsir fleiri nánir ættingjar. En seinustu áratugina hafa orðið miklar breytingar á heimilisháttum íslendinga og upp hafa komið svokallaðar kjarnafjölskyldur þar sem aðeins foreldrar og börn, en aldrað fólk býr í sérstökum húsakynnum, ýmist hjón eða einstaklingar.

Eins og lífskjör aldraðs fólks eru hér á Íslandi, það hefur engar aðrar tekjur en bætur frá almannatryggingum, á þetta fólk ekki kost á að veita sér ákaflega mikið og t. a. m. á það mjög erfitt með að hafa síma, en sími er algjör nauðsyn fyrir gamalt fólk og öryrkja. Það er aðferð til þess að ná tengslum við umheiminn, við ættingja sína og kunningja, og það getur verið lífsnauðsyn ákaflega oft, því að snögg veikindi geta hitt þessa hópa þjóðfélagsþegna frekar en aðra. Þess vegna lagði ég til að þessi breyting yrði gerð. Hún var samþ. einróma í þeirri n., sem um hana fjallaði í þessari d., og fór síðan boðleið í gegnum Alþ. einróma. Þetta er hliðstæð breyting og ég hafði áður flutt till. um í sambandi við útvarpslög þegar þau voru hér síðast á dagskrá. Þá lagði ég til að aldrað fólk og öryrkjar með lágmarkstekjur yrðu undanþegin útvarpsgjöldum. Sú till. var samþ. einróma á Alþ. og þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, framkvæmdi hana þegar í stað. En framkvæmdin var í samræmi við almannatryggingalög eins og þau voru þá og ákaflega þröng. Framkvæmdinni var ekki breytt í samræmi við þær miklu breytingar sem urðu á almannatryggingalögum í tíð fyrrv. ríkisstj., heldur er gamla formúlan enn höfð svo að framkvæmdin er ákaflega þröng. Fyrir hv. Ed. liggur nú till. frá þm. Alþb. um að þessi heimild varðandi útvarp verði rýmkuð í samræmi við breyttar aðstæður. Það er búin að fara fram 1. umr. um það mál í Ed. og hæstv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, tók þessari till. á ákaflega neikvæðan hátt, og kemur mér það ákaflega mikið á óvart af gömlum kynnum mínum af þessum hæstv. ráðh.

En um símatill. er það að segja, að hæstv. símamálaráðh. hefur ekkert gert til þessa dags til þess að framkvæma einróma vilja Alþingis. Á síðasta þingi flutti varamaður minn hér á þingi, Vilborg Harðardóttir, fsp. til hæstv. ráðh. um þetta efni, hvers vegna ekki hefði verið framkvæmdur vilji Alþ. Hæstv. ráðh. svaraði engu af sinni hálfu, heldur las upp bréf frá Póst- og símamálastjóra. Meginefni þessa bréfs var það, að auðveldast væri að bæta úr þessu ástandi með því að hækka tekjur aldraðs fólks og öryrkja svo myndarlega að það gæti borgað fyrir síma til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Ég þekki póst- og símamálastjóra vel, við vorum saman í skóla, og ég veit að hann hefur kímnigáfu sem á snarpa brodda. Þetta svar var auðsjáanlega runnið af kímnigáfu póst- og símamálastjóra vegna þess að hann sendi bréfið á sama tíma og ríkisstj. var önnum kafin við að skerða kjör aldraðs fólks og öryrkja. En paran á hæstv. ráðh. virðist vera ansi þykk. Hann fann ekki fyrir broddinum, heldur las svarið hér upp úr ræðustóli Alþ., eins og þarna væri um raunverulegt svar að ræða.

Enn er eins ástatt og í fyrra, að hæstv. ráðh. hefur ekki framkvæmt þennan vilja Alþ., og ég verð að segja að mér kemur þetta hátterni hæstv. ráðh. mjög mikið á óvart. Við sátum saman í ríkisstj. í rúm þrjú ár, og sú ríkisstj. tók sér fyrir hendur að bæta kjör aldraðs fólks og öryrkja verulega. Það var hlutskipti mitt í þeirri ríkisstj. að leggja á ráðin um það hvernig þeim umbótum skyldi háttað. En það var verkefni hæstv. ráðh. Halldórs E. Sigurðssonar að færa til fjármuni og afla fjár til að framkvæma þessar breytingar og hann var ekki öfundsverður af því hlutskipti. Mér er ákaflega ljúft að greina frá því hér, að ég varð aldrei var við annað en góðan vilja hjá þessum hæstv. ráðh. til þess að framkvæma breytingar í þágu aldraðs fólks og öryrkja, jafnvel þó að það verkefni kynni að vera erfitt fyrir hann stundum. Hann gerði það alltaf með fúsum vilja og á mjög jákvæðan hátt. En þessi afstaða hæstv. ráðh. virðist hafa brevst eftir að hann komst í samstarf við aðra flokka. Mér hefur oft virst að forustumenn Framsfl. minni mig á skemmtilegt dýr sem ég las um í æsku minni og ber heitið kamelljón. Þetta dýr breytir um lit eftir umhverfi sínu. Mér fannst forustumenn Framsfl. vera búnir að fá á sig býsna fallegan rauðleitan blæ á meðan þeir unnu með okkur alþb.-mönnum í ríkisstj., en þessi litur hefur því miður brevst í æði svartan lit eftir að þeir fóru í stjórnarsamvinnu við sjálfstæðismenn.

Ég vænti þess að hæstv. ráðh. svari fyrirspurn minni, og ég bíð dálitið spenntur eftir að sjá á honum litbrigðin.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 17 er fsp. til samgrh. út af framkvæmd á lögum nr. 24 frá 1975. Í þeim lögum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 12. gr. laganna bætist:

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma."

Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan, að ég svaraði fyrirspurn um þetta mál hér á hv. Alþ. í fyrra og gerði þá grein fyrir afstöðu til málsins og hvernig eðlileg framkvæmd þess væri. Þar segir, eins og ég áður sagði, í 12. gr. að megi ákveða að nánar skilgreindir þjóðfélagshópar verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma, en ákvörðun um framkvæmd alfarið lögð í hendur ráðh. Í svari mínu við sams konar fyrirspurn á síðasta þingi skýrði ég frá því, að unnið væri að athugun málsins, en kynnti jafnframt sjónarmið póst- og símamálastjóra sem borist hafði rn. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur mál þetta verið tekið til rækilegrar meðferðar og hef ég á grundvelli þeirra gagna, sem aflað hefur verið, ekki séð mér fært að nota heimildina, heldur hef ég eygt möguleika á hækkun elli- og örorkulífeyris til hlutaðeigandi styrkþega er nemur sömu eða svipaðri upphæð og hér um ræðir. Þau mál eru nú í endurskoðun og verður þetta athugað samhliða því.

Að baki þessarar ákvörðunar stendur sú sannfæring mín, að fjárupphæð sú, er þjóðin greiðir þeim sem minna mega sín, hvort sem er fyrir sakir sjúkdóms eða elli, skuli á hverjum tíma vera svo rífleg að nægi fyrir þeim útgjöldum þeirra sem eðlileg geta talist og almennt eru viðurkennd, en án allra skuldbindinga um það hvernig þessu fé er varið. Sú skoðun, að einstakar stofnanir, svo sem Ríkisútvarpið hljóðvarp og Póstur og sími, eigi á einn eða annan hátt að taka við hlutverki því sem Tryggingastofnun ríkisins hefur markað, er að mínu mati röng og getur vart átt framtíð fyrir sér.

Helstu rök mín í því efni, auk þess sem hér hefur komið fram, eru að setja þyrfti á fót mjög kostnaðarsamt eftirlits- og endurskoðunarkerfi innan stofnunarinnar, — kerfi sem þegar er fyrir hendi við greiðslu almenns örorku- og ellilífeyris, og þykir því flestum nóg komið af slíku. Einnig skal á það bent, að með hliðsjón af eðli styrks þess, sem hér um ræðir, hníga öll rök í þá átt að hinn almenni þjóðfélagsþegn greiði jafnt þá skuld sem við eigum þessu fólki að gjalda, en ekki einungis símnotendur, því að útilokað er annað en að Póstur og sími verði við gjaldskrárgerð að taka tillit til þeirra tekna er þannig féllu brott.

Ég hef nú í nokkrum orðum gert grein fyrir þeirri ákvörðun minni að nýta ekki a. m. k. að sinni heimildarákvæði 12. gr. fjarskiptalaganna. Þeirri ákvörðun er ekki beitt gegn þeim þjóðfélagsþegnum sem síst mega sín, heldur þvert á móti, því málum þeirra yrði best borgið með rýmilegum lífeyri sem hver og einn gæti ráðstafað að vild, auk þess sem sú leið yrði þjóðfélagslega réttlát. Að því er stefnt að svo megi verða. — Hér mun ég láta svari mínu lokið.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Mér þótti dálítið furðulegt að hlusta á þetta svar hæstv. ráðh. Hann var að tala um hver vandkvæði fylgdu því ef aldrað fólk og öryrkjar fengju ókeypis síma, og fór um það mörgum orðum hvað þetta yrði flókið og þyrfti að hafa vandað eftirlit. En hæstv. ráðh., sem var að flytja þessi orð hér úr ræðustól, hefur sjálfur ókeypis síma. Hann þarf ekki að borga einn einasta eyri fyrir símaafnot sín, hvort sem hann er að nota símann til þess að gegna störfum sínum sem þm. eða ráðh. eða hann er að nota hann af einhverjum persónulegum hagsmunum eða til þess að reyna að safna fylgi sínu, hvort sem hann hringir upp í Borgarnes eða til Timbúktú. Þetta á ekki aðeins við um þennan hæstv. ráðh., þetta á við um okkur alla sem sitjum hér sem kjörnir fulltrúar á hinu háa Alþ. Við þurfum enginn okkar að borga eyri fyrir símaafnot, og gildir einu til hvers við notum símann. Hér á Alþ. sitja allmargir menn, sem stunda allvíðtæka fésýslustarfsemi, þeir nota símann að sjálfsögðu til þess og þessi sími er borgaður af hinu háa Alþ. Ég er alveg sannfærður um að misnotkun yrði miklu minni hjá öldruðu fólki og öryrkjum heldur en okkur sem sitjum hér á hinu háa Alþ., enda er ákaflega auðvelt að setja um það reglur sem tryggi að þetta verði ekki misnotað nema að ákaflega takmörkuðu leyti.

Ég vil bæta því við það sem ég sagði áðan, að þessar till. mínar, sem ég hef flutt í sambandi við hljóðvarp og síma, eru ekki sprottnar upp úr hugskoti mínu. Ég hef sótt þær til þeirra landa þar sem almannatryggingar eru hvað myndarlegastar, þ. e. til frændþjóða okkar á Norðurlöndum. Í Danmörku t. a. m., þar sem ég þekki vel til, er kaupmáttur ellilífeyris og örorkubóta núna um það bil tvöfalt hærri en hér á Íslandi, og auk þess hafa ellilífeyrisþegar og öryrkjar ýmiss konar hagsbætur aðrar, þ. á m. hvað varðar afnotagjöld af útvarpi, sjónvarpi og síma. Þeir fá einnig upphætur vegna húsnæðiskostnaðar ef þeir þurfa að greiða vegna húsnæðis síns hærri upphæð en visst hámark, þá koma bætur til þess einnig frá tryggingastofnun. Sama máli gegnir um ferðalög með farartækjum sem eru í opinberri eigu, en það eru í Danmörku m. a. járnbrautir og ýmis skip, en ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá að ferðast með þessum farartækjum fyrir lágmarksverð. Þetta bætist ofan á tekjur sem eru, eins og ég sagði áðan, að raungildi tvöfalt hærri en hér á Íslandi.

Hæstv. ráðh. viðhafði býsna einkennileg orð í ræðu sinni. Hann sagðist ekki sjá sér fært að nota heimild þá sem Alþ. gaf. Þetta er ákaflega alvarlegt mál sem ég vil beina til hæstv. forseta Sþ. Það er skoðun mín að ráðh. séu starfsmenn okkar alþm. og þeim beri að framkvæma vilja Alþ. í einu og öllu, og skiptir þá engu máli hverjar einkaskoðanir þeirra kunna að vera. Þetta á ekki aðeins við um lög, þetta á við um þáltill. og um heimildir. Ég bar þetta mál nýlega undir einn af kunnustu lögfræðingum þjóðarinnar, einn af dómurum Hæstaréttar, og hann staðfesti að þessi skilningur minn væri réttur. Vilji hæstv. ráðh. ekki taka mark á því sem ég

segi hér, þá eiga að vera hæg heimatökin fyrir hann að ræða við félaga sína í hæstv. ríkisstj. Því þar sitja fimm lögvitringar, þar af tveir fyrrv. prófessorar í lögum. Formaður Framsfl. er sjálfur einn reyndasti og kunnasti og færasti lögfræðingur þjóðarinnar og hæstv. símamálaráðh. getur auðveldlega snúið sér til hans til þess að fá vitneskju um þessi atriði.

Ég mælist sem sé til þess við forseta Sþ., ef hann vildi gjöra svo vel að hlýða á mál mitt, — ég mælist til þess við forseta Sþ. að hann taki þetta mál upp við símamálaráðh. og geri honum grein fyrir því, að það er skylda hans sem ráðh. að framkvæma vilja Alþ. Og ég óska þess að forseti Sþ. láti Alþ. vita hver verða viðbrögð hæstv. ráðh. í því viðtali. Ef það kemur í ljós að hæstv. ráðh. ætlar ekki að framkvæma vilja Alþ., þá er hann að brjóta eiðstaf sem ég horfði á hann sjálfan undirrita haustið 1971, og þá er þetta mál komið á nýtt stig, ef hæstv. ráðh. vill ekki fara að stjórnarskrá og lögum. Þá hlýtur að koma upp sú spurning hvort það verði ekki að bera fram vantraust á hann ef hann neitar að hlíta settum leikreglum Alþ. og vilja Alþ. í þessu stóra máli.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að munnhöggvast við hv. 3. þm. Reykv., en vil vekja athygli á því, að það, sem hann ræddi hér um greiðslu á síma, það er ekki Landssímanum sem stofnun gert að greiða, heldur annarri stofnun sem hlutaðeigendur vinna hjá. En hér var aftur lagt til að það yrði Landssíminn sem yrði látinn greiða það.

Um reglugerðarákvæðið segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í reglugerð má ákveða.“ Það er ekki fyrirskipun, heldur „má ákveða“, og það veit þessi hv. þm., að hann og ég og aðrir, sem hafa gegnt ráðherrastörfum, hafa orðið að fá samþykki ríkisstj. fyrir því að nota heimildir þó að þær hafi verið ákveðnar orðaðar heldur en hér um ræðir. — Frekari umr. mun ég ekki fara út í.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Ég held að hæstv. ráðh. ætti að kynna sér betur málfarsnotkun hér á hinu háa Alþ. Það er gömul hefð hér að heimila og leyfa ráðh. að gera eitt og annað, en í því felst viljayfirlýsing Alþ., og hæstv. ráðh. er skylt að hlýða þeirri viljayfirlýsingu. Það felst ekki í þeirri lagabreyt., sem ég beitti mér fyrir að gerð var hér á þingi, sú skylda að Landssíminn borgi þetta. Það væri líka hægt að hafa þann hátt á, að Landssíminn gerði ríkissjóði reikning fyrir kostnaði við að láta aldrað fólk og öryrkja með lágmarkstekjur hafa ókeypis síma. Síðan væri hægt að innheimta það hjá ríkissjóði, og hæstv. ráðh. gæti beitt sér fyrir því að þessir fjármunir væru t. a. m. teknir af söluskatti sem er stolið undan svo milljörðum skiptir á ári hverju, eða af þeim innflytjendum sem uppvísir verða að því núna að stela undan gjaldeyri og hækka allt vöruverð í landinu sem því svarar, eða taka það af gróðafyrirtækjum og gróðaaðilum sem urðu landsþekktir í sumar fyrir að borga engin opinber gjöld til ríkisins. Það er mjög auðvelt að finna fjármuni til að standa undir þessari breytingu ef einhver vilji er fyrir hendi hjá hæstv. ráðh. til að framkvæma vilja Alþingis.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að það kemur úr hörðustu átt — úr allra hörðustu átt þegar hv. 3. þm. Reykv. vítir einn eða annan fyrir framkomu í tali hér á hv. Alþ. Og án þess að ætla að fara að verja hæstv. samgrh., þá held ég að þessi orð mín séu alveg nóg og jafnvel nóg röksemdafærsla til þess að beina hugum hv. alþm. aftur í tímann um hans málflutning. M. a. kom nú fram í nokkrum orðum hans að innflutningsaðilar væru staðnir að því að stela — ég veit ekki á hvern hátt — mig minnir erlendum gjaldeyri. Þessu mótmæli ég og vil biðja hv. þm. að færa orðum sínum stað með sönnunum, ekki með fullyrðingum og marklausu tali.

Tölvubanki rannsóknarlögreglunnar, fsp. (þskj. 63). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 63 eftirfarandi fyrirspurnir:

„Hver voru tildrög þess, að ákveðið var að rannsóknarlögreglan í Reykjavík byggði upp tölvukerfi til notkunar við rannsóknarstörf sín?

Hvert hefur verið og mun verða hlutverk bandarísku fyrirtækisins IBM í þessum áformum?

Hver er áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður vegna þessarar tölvunotkunar?

Hvaða einstaklingar verða skráðir í tölvubanka rannsóknarlögreglunnar?

Verða þar aðeins skráðir þeir, sem fremja meiri háttar afbrot, eða einnig þeir, sem t. d. eru staðnir að minni háttar yfirsjónum í umferðinni?

Verða þar kannske skráðir allir eigendur bifreiða?

Hver tekur ákvörðun um það, hvers konar hópar manna verða skráðir í tölvubankanum?

Verður einstaklingum heimilt að krefjast þess að fá svar við því, hvort nöfn þeirra eru í tölvubanka lögreglunnar og hvað um þá stendur þar?

Verður þeim jafnframt gert kleift að koma fram leiðréttingu á röngum, úreltum eða villandi upplýsingum um þá sjálfa?

Hvernig verður tryggt að óviðkomandi aðilar, starfsmenn Skýrsluvéla ríkisins, tæknimenn bandarísku fyrirtækisins IBM eða aðrir þeir, sem aðgang hafa að upplýsingaminni tölvunnar, komist ekki að innihaldi tölvubanka rannsóknarlögreglunnar?

Verða sérstakar ráðstafanir gerðar til að hafa eftirlit með því að upplýsingar tölvunnar verði ekki misnotaðar?

Telur ekki ráðh., að mál af þessu tagi sýni nauðsyn þess, að hér á landi eins og víða annars staðar verði sett löggjöf um tölvunotkun við söfnun upplýsinga um einstaklinga og persónulega hagi þeirra?“

Tilgangurinn með þessum fyrirspurnum er í fyrsta lagi sá, að fá það á hreint hvað hér er á ferðinni varðandi þetta tiltekna mál. En eins og kemur fram í lokalið fyrirspurnarinnar, þá er einnig tilgangurinn með þessum spurningum að varpa ljósi á þau vandamál sem tölvunotkun við söfnun upplýsinga um einkahagi manna hlýtur að skapa, ekki síst þar sem engin rammalöggjöf gildir um þessa starfsemi hér á landi og

lítið hefur verið um hana rætt, öndvert við það sem er í flestum nálægum löndum. Tölvuvinnsla ryður sér til rúms á æ fleiri sviðum, eins og flestum mun kunnugt, og þá ekki síst varðandi söfnun upplýsinga um einstaklinga þjóðfélagsins.

Það er rétt að benda á það, að tölvuunnið kerfi getur ekki gefið neinar upplýsingar til viðbótar við þær upplýsingar sem fá má úr handunnu kerfi, en munurinn liggur í vinnsluflýtinum og því, hversu lítil fyrirferð er á upplýsingasafninu. Að því leyti er algjör eðlismunur á handunnum og tölvuunnum skrám. Svo að dæmi sé nefnt, þá munu allar upplýsingar, sem skráðar hafa verið á sakaskrá hérlendis s. l. 20 ár, komast fyrir á fáeinum tölvusegulbandsspólum. Afritun spólanna er mjög fyrirhafnarlítil og þær má flytja á milli staða í lítilli handtösku.

Ein gerð tölvuskrár skapar möguleika á tengslum við aðrar gerðir af tölvuskrám. T. d. mætti tengja upplýsingar á sakaskrá við aðrar persónubundnar skrár, svo sem skattskrá, þjóðskrá, bílaeigendaskrá, launaskrár og kosningaskrár.

Ýmsar spurningar vakna varðandi réttarstöðu einstaklingsins í slíku upplýsingakerfi, eins og að er vikið í framlögðum fyrirspurnum. Oftast er verulegur kostnaður samfara tölvuvinnslu og spurning hvort upplýsingakerfi, sem eru smá í sniðum, eigi að tölvuvæðast hagkvæmninnar vegna. Þegar upplýsingar hafa verið tölvuvæddar er engin leið að nýta þær nema í gegnum vélarnar. Tölvufræðingarnir eru þá þeir einu sem þekkja nýtingarmöguleika kerfisins til hlítar og ekki er hægt að breyta vinnsluaðferðum nema með þeirra aðstoð.

Þá vaknar spurning um það, hvort viðkomandi sérfræðingar verði ekki raunverulega að vera starfsmenn sakadóms eða lögreglunnar. Eins hlýtur að vakna spurning, hvort heppilegt sé að starfsmenn erlends fyrirtækis, IBM, séu viðriðnir skipulag kerfis sem þessa. Það er vitað að IBM hefur aðstoðað við uppsetningu upplýsingakerfis um pólitískar skoðanir manna í öðrum löndum, m. a. í Brasilíu, og í því landi er kerfið notað við pólitískar ofsóknir. Þess ber að gæta, að það er nánast ógerningur eða a. m. k. mjög erfitt að hefta aðgang tölvuviðgerðarmanna að upplýsingum í kerfinu, þ. e. þeim upplýsingum sem þeir vilja nálgast.

Þessum fyrirspurnum, sem ég hef lagt hér fram, er sem sagt ætlað að vekja athygli þm. á því, að hér er e. t. v. farið inn á vafasamar brautir, án þess að það hafi áður verið rætt hér á Alþ. og án þess að fyrir liggi nokkur löggjöf um meðferð tölvuunninna persónugagna.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hver voru tildrög þess, að ákveðið var að rannsóknarlögreglan í Reykjavík byggði upp tölvukerfi til notkunar við rannsóknarstörf sín?“

Svarið er: Tildrög þess, að rn. heimilaði yfirsakadómaranum í Reykjavík að afla tölvubúnaðar fyrir rannsóknarlögregluna í Reykjavík, eru í stuttu máli þau, að starfsmenn þeir, sem vinna að rannsókn svonefnds Geirfinnsmáls, töldu upplýsingasafn sitt í málinu vera orðið svo umfangsmikið að ekki fengist af því fullt gagn nema með því að koma upplýsingunum inn í tölvu. Jafnframt var ákveðið að gera könnun á því, hvort ekki væri hentugt að færa nokkra þætti í upplýsingasafni rannsóknarlögreglunnar inn í tölvukerfi, en upplýsingasafnið er í ófullkomnu kerfi sem þarfnast endurbóta, hvort sem það er með því að setja í tölvu eða á handunnar spjaldskrár.

Ákveðið var að gera tilraun með tölvunotkun við rannsókn Geirfinnsmálsins, og var gerður samningur við Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar um tölvunotkun til reynslu og gildir sá samningur þar til í febr. 1977, eða í 5 mánuði. Að þeim tíma liðnum verður tekin ákvörðun um framhald tölvunotkunar. Niðurstaða sú, sem þá verður tekin, verður ugglaust byggð á fenginni reynslu af notkun tölvunnar. Mér þykir sennilegt að tölvuvinnslu verði haldið áfram, þó að ég geti ekki fullyrt um það á þessu stigi.

2. spurning: „Hvert hefur verið og mun verða hlutverk bandarísku fyrirtækisins IBM í þessum áformum?“

Svar: Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar hafa búnað frá IBM og er sá búnaður og annar viðbótarbúnaður fyrir sívinnslukerfi rannsóknarlögreglu leigður frá IBM. Skýrsluvélar eru samningsaðili við IBM, en sakadómaraembættið greiðir Skýrsluvélum endurgjald fyrir búnað og notkun. Til athugunar kemur vafalaust hvert fyrirkomulag verður haft á þessu í framtíðinni ef tölvunotkun verður haldið áfram, sbr. og það sem síðar mun sagt verða um væntanlega löggjöf.

3. spurning: „Hver er áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður vegna þessarar tölvunotkunar?“

Svar: Áætlaður stofnkostnaður við þann búnað, sem nú hefur verið gerður samningur um, er 1 millj. 844 þús., en rekstrarkostnaður á mánuði er áætlaður 474 þús. kr.

4. spurning: „Hvaða einstaklingar verða skráðir í tölvubanka rannsóknarlögreglunnar?“

Svar: Þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða upplýsingar verða færðar í tölvuna, er ekki unnt að svara þessari spurningu að svo stöddu. En þetta er eitt þeirra meginatriða sem taka þarf ákvörðun um í sambandi við framtíðarnotkun tölvu fyrir rannsóknarlögregluna.

5. spurning: „Verða þar aðeins skráðir þeir, sem fremja meiri háttar afbrot, eða einnig þeir, sem t. d. eru staðnir að minni háttar yfirsjónum í umferðinni?“

Svar: Um þessa spurningu gildir það sama og há fyrri, að ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða upplýsingar verða færðar í tölvuna, þó að eðli málsins samkvæmt megi sjálfsagt segja, að það sé ekki líklegt að smábrot verði þar færð til bókunar.

6. spurning: „Verða þar kannske skráðir allir eigendur bifreiða?“

Svar: Bifreiðaskrá er ein þeirra skráa sem mjög gagnlegt getur verið að hafa aðgang að í tölvu.

7. spurning: „Hver tekur ákvörðun um það, hvers konar hópar manna verða skráðir í tölvubankanum?“

Svar: Lokaákvörðun um hvað fært verður í

tölvu verður tekin af ráðuneytinu að fengnum tillögum rannsóknarlögreglunnar og ríkissaksóknara. Þetta gildir sem sagt á meðan ekki hafa verið settar nánari reglur um þetta efni.

8. spurning: „Verður einstaklingum heimilt að krefjast þess að fá svar við því, hvort nöfn þeirra eru í tölvubanka lögreglunnar og hvað um þá stendur þar?“

Svar: Um þetta verða settar reglur.

9. spurning: „Verður þeim jafnframt gert kleift að koma fram leiðréttingu á röngum, úreltum eða villandi upplýsingum um þá sjálfa?“

Svar: Til þessa atriðis verður tekin afstaða þegar mótaðar verða reglur um notkun tölvubankans, en ég tel sjálfsagt að svo verði gert.

10. spurning: „Hvernig verður tryggt að óviðkomandi aðilar, starfsmenn Skýrsluvéla ríkisins, tæknimenn bandarísku fyrirtækisins IBM eða aðrir þeir, sem aðgang hafa að upplýsinga-minni tölvunnar, komist ekki að innihaldi tölvubanka rannsóknarlögreglunnar?“

Svar: Þetta verður tryggt bæði með gæslu búnaðarins í húsakynnum Skýrsluvéla og rannsóknarlögreglu svo og með sérstökum tæknilegum aðferðum og breytingum á merkjum í símalínum, sérstöku lyklakerfi til að geta kallað upp minni tölvunnar og öðrum tæknilegum búnaði sem of langt mál er að rekja, en hliðsjón verður höfð af erlendum reglum um varðveislu slíkra tölvubanka.

11. spurning: „Verða sérstakar ráðstafanir gerðar til að hafa eftirlit með því að upplýsingar tölvunnar verði ekki misnotaðar?“

Svar: Viðhafðar verða sömu varúðarráðstafanir gegn misnotkun þessara upplýsinga og viðhafðar eru um önnur gögn lögreglunnar og Skýrsluvéla.

12. spurning: „Telur ekki ráðh. að mál af þessu tagi sýni nauðsyn þess, að hér á landi eins og víða annars staðar verði sett löggjöf um tölvunotkun við söfnun upplýsinga um einstaklinga og persónulega hagi þeirra?“

Svar: Víðast hvar erlendis, þar sem tölvur hafa verið teknar í notkun á þann hátt sem hér um ræðir, hefur verið sett viðamikil löggjöf um vernd einstaklinga gagnvart misnotkun á slíkum tölvuupplýsingum. Nú hefur verið ákveðið að samin skuli löggjöf um þessi efni hér á landi, og hefur nýlega verið skipulögð þriggja manna nefnd til þess að vinna að undirbúningi löggjafar um meðferð efnis í tölvum er varðar einkahagi manna, þar með söfnun upplýsinga til varðveislu í tölvum, um varðveislu efnis í tölvum og um vernd gegn misnotkun slíks efnis svo og um skyldur þeirra manna er starfa við rekstur á tölvum. Í n. eiga sæti dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, sem jafnframt er formaður n., Hjalti Zóphóníasson fulltrúi í dómsmrn. og Þorkell Helgason prófessor. Sækja tveir hinir síðarnefndu nú ráðstefnu sem haldin er einmitt þessa dagana í Strasbourg og fjallar um þetta efni: vernd einstaklinga gegn misnotkun í sambandi við tölvuvinnslu. En eins og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir, þá er þetta raunhæf spurning víða og hefur þótt ástæða til að efna til alveg sérstakrar ráðstefnu sem á að fjalla um ýmis atriði í sambandi við þessi mál, þó að ég geri ekki nánari grein fyrir því á þessu stigi. Ég undirstrika raunar aftur það, sem ég hef þegar sagt, að enn sem komið er hefur aðeins verið gerður samningur um þessa tölvuvinnslu um 5 mánaða skeið og má líta á það að nokkru leyti sem tilraun.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Alþm. og aðrir landsmenn fá nú tækifæri til að skoða þetta mál í ljósi fenginna upplýsinga, og hér í fyrirspurnatíma á Alþ. er ekki tími til rökræðna um þetta mál. En svörin sýna að enn hefur ekki verið mótuð endanleg stefna hvað þennan tölvubanka rannsóknarlögreglunnar snertir, enn virðast einungis hafa verið teknar bráðabirgðaákvarðanir.

Við höfum flutt, nokkrir þm., á þskj. 70 till. til þál. um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi, og þegar hún kemur til umr. gefst tækifæri til að taka þessi mál til nánari umr.

Ég fagna því að hæstv. ráðh. hefur skipað n. til undirbúnings að samningu frv. um þetta efni, það kom að vísu ekki fram í máli ráðh. hvenær þessi n. hefði verið skipuð, og hefði verið gott að fá upplýst í þessu sambandi hvort hún hefur starfað lengi eða skamman tíma. En aðalatriðið er að sem fyrst verði tekið á þessu máli með afgreiðslu löggjafar hér á Alþingi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. veitti sem svör við fsp., voru mjög athyglisverðar og í þeim margt fréttnæmt. Ég get ekki sagt að ég hafi neitt að athuga við það viðhorf sem þar kom fram, ég vona að það verði ríkjandi. En mér finnst það vera glöggt dæmi um hversu nauðsynlegt er fyrir Alþ. að fylgjast vel með framkvæmdavaldinu, að þegar um jafnmikilvægt atriði og vernd persónufrelsis manna er að ræða, þá skuli það vera fsp. frá Alþ. sem dregur fram þessar fjölmörgu upplýsingar. Ég býst við að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hafi ekki haft hugmynd um að rannsóknarlögreglan væri að byrja að nota tölvur og væri fyrirhugað að halda því áfram ef reynslan yrði jákvæð, eins og búast má við.

Ég vil ítreka það, að tölvusviðið er stórhættulegt. Þetta er tækni sem veitir undraverða möguleika í sambandi við meðferð mála og upplýsingar. Auðvitað er ekkert vit í því að neita sér um að nota tölvurnar. En tölvuframleiðsla er í höndunum á þrem, fjórum heimshringum sem allir hafa gert sig seka um að misnota vald sitt og stærð og því ástæða til þess að fara að málinu með gætni. Það er ekki að ástæðulausu að nú þegar er búið að semja í flestum grannlöndum okkar ítarlega löggjöf til þess að vernda einstaklingana fyrir misnotkun á tölvunum. Dæmi eru um að tölvur hafi gert mönnum lífið svo óbærilegt að þeir flúðu úr heimabyggðum sínum. Einkafélög hafa t. d. tölvur og safna ýmsum upplýsingum um fjármál og skilvísi manna, hvort þeir séu trausts verðir. Þegar þær fá rangar upplýsingar um menn, þá virðist vera ómögulegt að leiðrétta þær. Ég vil því undirstrika alvöru þessa máls og þakka ráðh. fyrir ítarleg svör hans.

Kennaraskortur á grunnskólastigi, fsp. (þskj. 74). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 74 hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. menntmrh.:

„1. Hefur menntmrn. látið framkvæma könnun á því, hverjar orsakir liggja til þess að svo erfiðlega gengur að fá fullmenntaða kennara úr grunnskólastiginu?

2. Eru uppi einhverjar áætlanir hjá rn. í þá átt að bæta úr því ástandi, er nú ríkir og hlýtur að teljast óviðunandi?"

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, hver ólga hefur ríkt undanfarið hjá kennarastéttinni og hefur margt komið til, launakjörin þó fyrst og fremst. Ég þykist fullviss þess að menntmrn. og hæstv. ráðh. muni hafa haft þessi mál mjög til umfjöllunar, og þá er spurningin hversu föstum tökum þetta vandamál hefur verið tekið. Eflaust er hér um að ræða eitt alvarlegasta mál sem snertir menntunarhliðina í þjóðlífinu, því lengi býr að fyrstu gerð og grunnmenntunin hlýtur ævinlega að skipa háan sess í menntakerfinu.

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning skal það skýrt tekið fram, að með fullmenntuðum kennurum er ekki átt við góða kennara og hins vegar um þá réttindalausu sem vonda kennara. Í starfi mínu að kennslumálum hef ég mörg ágæt dæmi um hæfa starfskrafta þó ekki hafi verið með full réttindi, og þannig dreg ég kennara ekki í neina dilka og er reyndar lítt hrifinn af vissum fyrirlintningartóni hjá starfsbræðrum mínum ýmsum í garð þessara réttindalausu manna. Á hitt hlýt ég jafnframt að leggja áherslu, að ekkert skólastig er eins viðkvæmt og vandasamt í raun og grunnskólastigið og þar þurfa starfskraftar sannarlega að vera vel hæfir og byggja á góðri undirstöðumenntun, ekki síst í hinu uppeldislega hlutverki, þeim þætti er lýtur að því einlæga sambandi sem á að ríkja milli kennara og nemenda. Að því hlutverki að gera kennara þar sem hæfasta hefur e. t. v. ekki verið unnið sem skyldi, heldur síaukin áhersla lögð á aukið bóknám æðri gráðu, því háskóli verður það að heita og vera sem útskrifar nú okkar kennslukrafta á grunnskólastigi — og skyldi jafnvel ekki ein ástæðan til kennaraskortsins nú vera þessu tengd? A. m. k. hef ég aldrei dregið neina dul á það, að Kennaraháskólinn hefur verið vafasamur greiði við íslenska kennarastétt og íslenska nemendur um leið, þó að ég hafi mætavel skilið nauðsyn á eflingu kennaranámsins á sínum tíma og nauðsynlega viðbót þar fyrir þá sem lengra vildu halda. Þegar svo þessu 7 ára námi með lokaprófi úr Kennaraháskólanum lýkur, þá koma menn til starfa við þau launakjör sem eru með öllu óviðunandi og enn miðuð, að því er virðist, við gömlu kenninguna um hið langa sumarfrí kennaranna og menntunarleysi þeirra um leið, — sumarfrí sem að frátöldum námskeiðum ýmiss konar er orðið áþekkt og í flestum öðrum starfsgreinum eða a. m. k. litlu lengra.

En launakjörin eru þó, þrátt fyrir allt, ekki eina orsökin þó að launaþróunin síðustu árin hjá hinum ýmsu stéttum opinberra starfsmanna sé náttúrlega hrikaleg og ógnvekjandi. Hér hlýtur fleira til að koma, og rn. menntamála hlýtur að fylgjast vel með því, hvernig á þessum mikla skorti stendur. Löggjöfin batnar, skólarnir verða betri og vistlegri, nemendurnir hvorki verri né betri en áður, en í starfið er hreinlega ekki sótt. Það hlýtur að vera eitthvað meira en lítið að, og það er skylda okkar að komast fyrir orsakirnar og tryggja þannig framtíð þeirrar menntunar sem er undirstaðan um margt sem mestu varðar, grunnskólamenntunarinnar.

Þróun síðustu ára er uggvænleg einmitt í ljósi þess, að kennaramenntunin er alfarið komin á háskólastig, að kröfur til kennara hafa aldrei verið meiri hvað menntun snertir, en þó fækkar þeim stöðugt sem í starf fara af þeim sem til þess læra. Um skýringarnar má eflaust deila. En rn. menntamála hlýtur hér að verða að taka svo á málum að verði hrein stökkbreyting, ef hvort tveggja á ekki af að hljótast: tilgangsleysi langskólabrautar fyrir kennara, sem aldrei kenna, og stórhætta fyrir skólastigið sjálft.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er ágætt að fá fram fsp. um þetta efni og þar með tækifæri til að gera nokkru nánari grein fyrir áður fram komnum upplýsingum um starfsundirbúning þeirra kennara sem nú eru að störfum. Ég vil hafa litinn formála að því að svara þessum tveimur spurningum sem hv. fyrirspyrjandi hefur þegar gert grein fyrir.

Þegar rætt er um kennaraskort og réttindaleysi kennara verður að gera sér grein fyrir við hvað er átt. Í allar kennarastöður, sem lausar voru haustið 1976, hefur nú verið ráðið nema eina, og það er eina farkennarastaðan sem nú er til í landinu, í Fells- og Óspakseyrarskólahverfi í Strandasýslu.

Hitt er svo, hvern starfsundirbúning þeir hafa sem þessi störf hafa tekist á hendur.

Af 2336 kennurum í grunnskólum eru 1814 brautskráðir með fullgildu kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands, eða 77.7%. Hinir, þ. e. 522, eða 22.3%, hafa ýmiss konar menntun sem hér segir:

87 eða 3.7% hafa háskólapróf án uppeldis- og kennslufræði, t. d. B. A.-prófsmenn, viðskiptafræðingar o. fl. sem kenna flestir sérgreinar sínar. 249 eða 10.7% hafa lokið stúdentsprófi og 88 þeirra hafa lokið hluta af háskólanámi eða eru í slíku námi. 21 eða 1.3% hafa verslunar- eða samvinnuskólapróf og kenna flestir sínar sérgreinar, svo sem bókfærslu, vélritun o. s. frv. 51 eða 2.2% hafa lokið iðn- eða tækninámi, búfræði- eða garðyrkjunámi, tón- eða myndlistarnámi og kenna flestir sínar sérgreinar. 13 eða 0.6% hafa lokið fóstrunámi og kenna yngstu árgöngum grunnskólanemenda. 91 eða 3.9% hafa flestir einungis lokið miðskóla- eða gagnfræðaprófi, en í þeim hópi eru þó nokkrir sem hafa stundað annars konar framhaldsnám en að framan greinir. Auk þess hafa margir þessara kennara langa starfsreynslu að baki.

Ég vil geta þess, eftir að hafa greint frá þessum tölum, að ég skal innan tíðar — ég vona á morgun — láta hv. þm. í té töflu þar sem þessar upplýsingar koma fram, ljósrit af slíkri töflu.

Eins og af þessari upptalningu sést er margt manna við kennslu sem hlotið hafa ýmiss konar sérmenntun, en hafa ekki stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum. Þeir eru því taldir meðal „réttindalausra“ kennara enda þótt þeir kenni flestir námsgreinar á sínu sérsviði. Í þessum hópi eru t. d. viðskiptafræðingar sem kenna viðskiptagreinar, guðfræðingar sem kenna kristinfræði, auk margra B. A.- og B. S.-prófsmanna sem kenna sínar sérgreinar. Sama gildir um ýmsa kennara í list- og verkgreinum, eins og ég áðan vék að.

Að sjálfsögðu er æskilegt og til þess ætlast að þeir, sem við kennslu fást, hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum. En þó verður að telja mikinn mun á því, þegar rætt er um „réttindaleysi“, hvort kennarann skortir bæði þann undirbúning uppeldisfræðinnar og sérmenntun í kennslugrein sinni eða einungis annan þáttinn.

Á árabilinu frá 1967—1976 útskrifuðust frá Kennarskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands 1299 kennarar með kennaraprófi. Af þeim kenna í grunnskóla á skólaárinu 1976—1977 721 eða 55.5% af þeim sem útskrifuðust á nefndu árabili. Ljóst er því, að ef allir þessir kennaramenntuðu menn hefðu skilað sér til kennslustarfa, þá væru allar kennarastöður á grunnskólastigi skipaðar mönnum með fullum kennsluréttindum.

Fyrri liður fsp. beinist að því, hvort menntmrn. hafi látið framkvæma könnun á því hverjar orsakir liggja til þess að svo erfiðlega gengur að fá fullmenntaða kennara á grunnskólastiginu.

Slík félagsfræðileg rannsókn hefur ekki verið gerð á vegum rn., en hins vegar má benda á nokkur atriði sem líklegt er að geti haft áhrif í þessu sambandi. Má þá fyrst nefna að kennaramenntun er mjög góður undirbúningur undir mörg störf og kennarar því eftirsóttir af ýmsum aðilum, auk þess sem ýmsir þeirra finna vafalaust að kennarastarf hentar þeim ekki er þeir fara að fást við kennslu þótt þeir hafi lokið kennaranámi.

Það er alkunna að örðugleikar þeir, sem fsp. fjallar um, eru mestir utan helstu þéttbýlissvæðanna, og kemur fram nánari skilgreining á því í töflunni sem ég mun láta þm. í té. Að því leyti er um að ræða sams konar örðugleika og á ýmsum öðrum starfssviðum. Að því er kennara varðar mun ekki síst vera um að kenna húsnæðisskorti á mörgum stöðum, og kemur þetta mjög fram við kennararáðningar þar sem mikið er upp úr því lagt ef hægt er að láta í té viðunandi húsnæði. Skemmri starfstími skóla í dreifbýli en í þéttbýli veldur því að árslaun kennara skerðast sem styttingunni nemur, þ. e. um 1/12 í átta mánaða skólanum og 2/12 í sjö mánaða skólum. Þetta getur dregið úr möguleikum á að fá kennara á þessa staði.

Loks má minna á að sú óánægja með launakjör, sem gætt hefur meðal margra hópa ríkisstarfsmanna, hefur ekki síður áhrif í kennarastétt en annars staðar. En það er erfitt að meta nákvæmlega hvaða áhrif það atriði út af fyrir sig kann að hafa á einstakar starfsgreinar og í þessu tilviki kennsluna.

Áður en skilið er við fyrri lið fsp. er rétt að geta þess, að mikil fækkun varð um skeið í brautskráningu kennara við þá breytingu sem gerð var á skipan kennaranáms með lögum nr. 38 1971, um Kennaraháskóla Íslands. Þannig fækkaði brautskráðum kennurum úr 224 árið 1973 í 7 árið 1976, sem var fyrsta brautskráningarár Kennaraháskólans. Árið 1975 útskrifuðust 22 og 14 árið 1976. Hins vegar er fram undan hröð aukning, sem sést á því að á þriðja námsári, þ. e. lokanámsári, í Kennaraháskólanum eru nú 53, á öðru ári 86 og á fyrsta námsári 100.

Að því er varðar síðari lið fsp., um það, hvort uppi séu „einhverjar áætlanir hjá rn. í þá átt að bæta úr því ástandi er nú ríkir,“ sem segir í fsp., þá skal í fyrsta lagi minnt á þær tölur, sem síðast voru nefndar, um væntanlega fjölgun brautskráðra kennara frá Kennaraháskóla Íslands. Gert er ráð fyrir, eins og áður hefur verið greint frá, að lagt verði fram á þessu þingi frv. til nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands sem á að styrkja stöðu hans sem miðstöðvar uppeldis- og kennslufræði í landinu. Unnið hefur verið að þönnun næsta byggingaráfanga Kennaraháskóla Íslands, en engin ákvörðun tekin um fjárveitingu, eins og hv. þm. vita, en gífurleg þrengsli hafa háð mjög starfsemi skólans um langan tíma. Þá er gert ráð fyrir að leggja fyrir yfirstandandi þing frv. til l. um skilyrði sem uppfylla þarf til þess að verða settur eða skipaður kennari við grunnskóla og framhaldsskóla.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri. Ég ætla að fyrirspyrjandi verði nokkru nær um viðhorfið í þessum málum.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Út af fyrir sig voru það gagnlegar talnalegar upplýsingar sem þarna komu fram, en reyndar kom ekki mikið annað fram í þessu máli. Spurningunni um það, af hverju fólk leitar ekki eftir kennslu, af hverju það leitar í önnur störf en þau sem það hefur undirbúið sig sérstaklega til, henni er kannske ekki alveg auðsvarað. Það er þó vitað að kennarastéttin í heild er láglaunastétt tvímælalaust og alveg sérstaklega eftir að nám hennar eða próf er orðið háskólapróf. Þar kemur inn á það, sem ég minntist á áðan í sambandi við Kennaraháskólann, að þegar honum var komið á, þá var þar allt of geyst farið. Það var of stórt stökk tekið í einu a. m. k. og þar af leiðandi varð, eins og hæstv. ráðh. drap á, hin stórkostlega fækkun á útskrifuðum kennurum á einu ári, úr yfir 200 og niður í 7. Vandinn er vissulega mikill í sambandi við að leiðrétta kjör þessa fólks, alveg sérstaklega eftir að farið er að gera til þess þessar menntunarkröfur, og ég álít að rn. menntamála eigi að vinna þar að og styðja kennarastéttina beinlínis í því að ná þar fram rétti sínum.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, eins og ég gerði reyndar í fsp. áðan, að ég vil síst vega að þeim sem miklu hafa bjargað í þessum málum, þeim réttindalausu, og ég veit að þar eru margir velmenntaðir starfskraftar á ferð. Ég get ekki neitað því hins vegar, að aðaláherslu ber auðvitað að leggja á uppeldishlutverkið í þessum efnum. Það er svo aftur spurning hvort Kennaraskólinn og Kennaraháskólinn hafi gegnt

því hlutverki að mennta menn nægilega vel á því sviði, hafi ekki lagt of mikið upp úr öðru.

Ég tel það líka algjörlega óviðunandi, eins og nú liggur ljóst fyrir, að þeir menn, sem tóku kennarapróf á sínum tíma sem það mesta mögulega próf sem þá var hægt að taka varðandi grunnskólanámið, þeir skuli nú búa við miklu lakari kjör en hinir, sem hafa tekið prófið nú á síðustu árum, eftir að þetta kom á háskólastigið. Það er með öllu óviðunandi, því að þessir aðilar hreinlega gátu ekki á sínum tíma komist lengra í menntun og tekið hærra próf í sambandi við þetta stig. Ég held að þarna hljóti að vera um að kenna einhverju þroskaleysi í minni gömlu stétt. En ég hlýt að skora á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því að þarna verði á launajöfnuður milli þessara aðila.

En aðalatriði málsins er það, að rn. menntamála hlýtur að verða að taka þessi mál föstum tökum. Þar ber margt til. Þessi mál eru nú í brennidepli. Það er að vísu almennur óróa á vinnumarkaðinum sem er eitt aðaleinkenni allra þjóðlífshreyfinga í dag. En mismunur á kjörum er óviðunandi innan þessarar stéttar og þessi stétt er einnig allt of illa launuð. Það er engin von til þess að menn sæki eftir sjö ára nám, þar af þriggja ára nám á háskólastigi, í starf sem ekki er betur launað, þó að það sé skárra en hjá gömlu kennurunum, mér og öðrum sem tóku sitt lokapróf úr Kennaraskólanum. Ég hlýt því að treysta hæstv. ráðh. til þess að rn. menntamála taki þessi mál öðrum og fastari tökum en hingað til hefur verið gert.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel að sú fsp., sem hér hefur fram komið, og þau svör, sem við henni fengust, veki umhugsun um þó nokkuð alvarlegt mál í okkar þjóðfélagi.

Það hefur verið upplýst að það eru til í þjóðfélaginu nægilega margir einstaklingar sem hafa þá menntun sem þarf til að sinna kennslustörfum, en þeir gefa sig að öðrum störfum og þá trúlega fyrst og fremst vegna þess að þjóðfélagið býður þeim betri laun fyrir þau störf. Það getur verið að það sé hægt að hugga sig við það að nokkru leyti, að stór hópur hinna, sem ekki hafa tekið tilskilin próf í þessu sambandi, hafi til að bera helmingsþekkingu á því hlutverki sem þeim er ætlað að inna af hendi, þ. e. a. s. þeir hafi fulla þekkingu á því sem þeir eiga að kenna. Þetta er samt dálítið hæpið, að það sé hægt að líta á þetta sem stórkostlega huggun. Ég segi fyrir mig, að ekki vildi ég fara í flugferð með manni sem vissi að vísu hvert ætti að fara, en kynni ekki að stjórna flugvélinni, og það er víða hægt að komast að þeirri niðurstöðu, að helmingsþekking á vissu sviði dugar alls ekki. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því, að það þjóðfélag, sem við búum við, mun í vaxandi mæli gera auknar kröfur til skólanna varðandi uppeldi. Það er ákaflega sláandi dæmi hér í Reykjavík, að unglingarnir hafa safnast saman á vissum stað til að halda þar uppi óspektum, m. a. vegna þess að það er ekki í neitt hús að vernda þar sem þeir geta komið saman og notið samvista.

Tíminn er útrunninn og ég hef þess vegna þessi orð ekki fleiri, en ég vil undirstrika að hér á verður að verða breyting.

Málefni vangefinna og fjölfatlaðra, fsp. (þskj. 74). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 74 svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbrrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 16. maí 1975 um hjálparstofnanir vegna vangefinna, sem dveljast í heimahúsum, og aukningu hjúkrunarrýma?“

Þessi umrædda þál., sem samþ. var með shlj. atkv. á Alþ., í báðum deildum þess, og afgreidd úr Ed. hinn 16. maí 1975, hún hljóðar svo:

„Alþ. skorar í ríkisstj. að undirbúa hið fyrsta ráðstafanir til að bæta aðstöðu vangefinna og fjölfatlaðra, m. a. með aukningu hjálparstofnana vegna þeirra, sem dveljast í heimahúsum, og aukningu hjúkrunarrýma fyrir þá, sem eiga við þessi vanheilindi á háu stigi að stríða.“

Hér er um að ræða tvo afmarkaða þætti í hinu viðamikla máli sem snertir aðbúnað vangefinna á landinu. Ég vil leyfa mér til að undirstrika við hvað var átt í þessari þál. að vitna — með leyfi hæstv. forseta — til grg. sem þessari litlu till. fylgdi á sínum tíma. Í henni segir svo m. a.:

„Fjöldi foreldra vangefinna barna og fjölfatlaðra vill, ef nokkur kostur er, fremur annast þau í heimahúsum en vista þau á stofnunum. Þarf ekki að ræða það, hvers virði það er þessum einstaklingum að njóta foreldraumhyggju. En e. t. v. eru of fáir sem hugsa út í það, hvílíkt álag slík umönnun getur verið foreldrum eða aðstandendum. Það er ekki einfalt mál fyrir það fólk að njóta hvíldar smátíma, þótt þreki þess geti ella hæglega verið ofboðið. Oft vakna líka vandasamar spurningar og áhyggjur í sambandi við uppeldi og aðhlynningu þessa vanheila fólks.

Hjálparstofnanir, sem veitt gætu þessum foreldrum ýmiss konar aðstoð og leiðbeiningar og tekið gætu að sér umönnun þessara einstaklinga smátíma í senn stöku sinnum, t. d. nokkra daga, gætu orðið að ómetanlegu liði og í sumum tilvikum forðað uppgjöf.

Við hið daglega álag bætist að áhyggjur sækja á marga þessa foreldra vegna óvissu um það, hvað við taki er þeirra nýtur ekki lengur við. Sum þessara barna eru svo illa sett að þau virðast lenda eins og á mörkum ýmissa stofnana, milli þeirra eða jafnvel utan við þær vegna þrengsla og skorts á möguleikum í þeim stofnunum sem fyrir eru.

Önnur eru bæði vangefin og auk þess svo mjög fötluð og vanheil að öðru leyti, að þau þurfa mikla hjúkrun og sérstæða umönnun. Vegna þessara einstaklinga þyrfti t. d. verulega að efla og bæta hjúkrunardeild Kópavogshælis.“

Hér með lýkur tilvitnun í grg. þál. sem samþ. var vorið 1975 hér á Alþ. Mér er ljóst að til þess að gera sér grein fyrir þörf slíkra hjálparstofnana sem um er rætt í þessari þál. þarf töluverða fyrirframkönnun á högum þeirra foreldra og óskum sem hér er um að ræða. Mér er vel kunnugt um að það er mikil þörf á þessu, en ekki nákvæmlega hversu mikil. Ég hef ekki haft tækifæri til að átta mig á því. Enn fremur er það ljóst, eins og ég nefndi um hinn þátt málsins, að þar er úrbóta þörf. Fyrir þá sem eru fatlaðir eða mjög skertir á margan hátt, ef til vill blindir

og heyrnarlausir, mállausir og vangefnir og lamaðir allt í senn, fyrir slíkt fólk skortir því miður þá aðstöðu sem þarf.

Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. ráðh. að gera grein fyrir því hvað rn. hyggst gera í þessu efni.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. og þá þál., sem hér er vitnað til, verður að minna á það, að þau verkefni, sem hér um ræðir, falla undir verksvið þriggja rn. og fellur meginhluti þeirra verkefna utan við verksvið heilbr.- og trmrn. Þannig fer félmrn. með endurhæfingarmál öll svo og Styrktarsjóð vangefinna, og menntmrn. fer með öll kennslumál og skóla svo og starfsemi á sviði menningarmála, sbr. lög um vernd barna og ungmenna. Þau málefni, sem falla undir verksvið heilbr.- og trmrn. hér að lútandi, eru þeir þættir þess sem koma undir almenn heilbrigðismál, heilsugæslu og heilsuvernd, svo og sá hluti þeirra sem fellur undir sjúkrahús, heilsuhæli og hjúkrunarheimili.

Í lögum nr. 43 frá 1958, um aðstoð við vangefið fólk, má segja að meginnýmælið væri stofnun Styrktarsjóðs vangefinna sem er í vörslu félmrn., en fénu er varið að fengnum till. Styrktarfélags vangefinna. Það var gífurlega mikil framför þegar Styrktarsjóður vangefinna var stofnaður, og til ársloka 1975 hafa verið veittar úr honum til byggingar heimila fyrir vangefna 262 millj. kr.

Lög um aðstoð við vangefið fólk voru afnumin með l. nr. 97/1971, um vörugjald, en í 12. gr. þeirra laga voru Styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til júníloka 1976 og skyldi þetta gjald nema 1.95 kr. af hverjum lítra, þannig að nú er framlag til Styrktarsjóðs vangefinna háð ákvörðun Alþ. hverju sinni.

Í lögum nr. 63 frá 1974, um grunnskóla, er gert ráð fyrir að sérkennsla sé á stofnunum, í sérskóla og innan hins almenna skólakerfis. Í Reykjavík er nú starfandi vanvitaskóli, skóli fyrir fjölfötluð börn og hjálparbekkir í almennum skólum, og í Kennaraháskóla Íslands er starfandi sérkennaradeild. Í reglugerð nr. 199 frá 1972, um kennslu á fávitastofnunum, er ákvæði um kennslu vistfólks á slíkum stofnunum, og hefur verið reynt að koma þessari reglugerð í framkvæmd á stofnunum fyrir vangefna eftir því sem starfslið hefur fengist.

Sú þáltill., sem hér er vitnað til, var samþ. *vorið 1975 og við undirbúning fjárlaga 1976* skrifaði heilbr.- og trmrn. félmrn. bréf þar sem sérstaklega var rætt um fjárveitingar til Styrktarsjóðs vangefinna og bent á þau fjölmörgu verkefni sem væru óleyst á þessu sviði. Þá var bent á, að síðan hinn sérstaki afmarkaði tekjustofn var felldur niður hefðu framlög til Styrktarsjóðsins lækkað verulega, þannig að þau væru nú nær hin sömu í krónutölu og á árunum 1974 og 1975. Þrátt fyrir þessar ábendingar tókst ekki að fá hækkaðar fjárveitingar til Styrktarsjóðs vangefinna á yfirstandandi ári, og virtust flestir þm. hafa gleymt þeirri þál., sem hér er vitnað til, þegar þeir afgr. fjárveitingu til Styrktarsjóðs vangefinna fyrir þetta ár.

Fjárskortur Styrktarsjóðs vangefinna hefur valdið því, að fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir við Kópavogshælið hafa nær stöðvast. Byggingarnefnd hafði gert till. um byggingu eldhúss, mötuneytis, fyrir félags- og iðjóttastarfsemi o. fl., en ekkert af þessu hefur getað gengið fram enda þótt verulegum hluta hönnunarvinnu hafi verið lokið fyrir alllöngu.

Nú er í smíðum viðbygging við vistheimilið Sólborg á Akureyri. Skv. áætlun þurfti til þeirrar byggingar 44 millj. kr. á þessu ári og svipaða upphæð á næsta ári, eða alls á þessum tveimur árum meira fé en alls hefur verið áætlað til Styrktarsjóðs vangefinna. Það er því auðsætt að byggingarframkvæmdir á Sólborg munu dragast, eins og átt hefur sér stað með Kópavogshælið.

Þá ber að geta þess, að ráðgert hefur verið að byggja dvalarheimili fyrir vangefna á Egilsstöðum. Enn þá hefur einungis verið hægt að vinna að undirbúningi þessa verks.

Einnig má minna á að ríkissjóður hefur tekið við rekstri og eignum Tjaldanesheimilisins snemma á þessu ári.

Á þessi atriði hefur þótt rétt að benda þar eð verulegt ósamræmi er milli þeirra þál., sem alþm. samþ., annars vegar og þeirra fjárveitinga, sem þeir samþ. til þeirra verkefna sem þeir gera ályktanir um, hins vegar, þannig að það verður dregið í efa að verulegur hugur fylgi máli þegar þál. eins og sú, sem hér hefur verið vitnað til, eru samþ.

Eins og fyrr sagði eru það fyrst og fremst rekstrarmálefni stofnana sem heyra undir heilbr.- og trmrn. og Þroskaþjálfaskólinn. Reglugerð var sett fyrir Þroskaþjálfaskólann í okt. 1971, og á þessu ári hefur verið unnið að því að gera gagngerðar breytingar á kennslufyrirkomulagi skólans. Þannig fékkst heimild til að ráða tvo kennara að skólanum á þessu hausti til eins árs, og skólinn hefur fengið eigið húsnæði í gamla Kópavogshælinu. Þá er í undirbúningi af hálfu rn. breyting á reglugerð skólans til þess að sníða námið meira að nútímakröfum en verið hefur.

Á s. l. hausti tilnefndi stjórnarnefnd ríkisspítalanna nefnd sem fékk það verkefni að gera till. *um endurskipulagningu og breytingar á* rekstri Kópavogshælisins, m. a. með það fyrir augum að koma þar á fót göngudeild og dagdeildum og gera till. um tengsl hælisins við aðrar stofnanir, einkum þó geðdeild barna. Form. þessarar n. er Páll Ásgeirsson yfirlæknir, og er þess að vænta að þessi n. skili till. sínum *til stjórnarnefndarinnar fyrir lok þessa árs.*

Þá vil ég geta þess, að á vegum heilbrrn. er nú starfandi n. sem sérstaklega á að fjalla um tannlæknisþjónustu fyrir vangefna, og er n. skipuð í samráði við Tannlæknafélag Íslands og Styrktarfélag vangefinna. Tilgangurinn er að koma upp aðstöðu fyrir sérstaka tannlæknaþjónustu fyrir vangefna annaðhvort í tengslum við Kópavogshælið eða á öðrum stað á Reykjavíkursvæðinu og reyna þannig að koma þessum þætti heilbrigðisþjónustu vangefinna í gott horf.

Hvað snertir aukningu vistunarrýma fyrir vangefna, þá hef ég þegar rakið hve torveldlega hefur gengið að fá fé til viðbótarbygginga við stofnanir fyrir vangefna. En í þál. var einnig

rætt um fjölfatlaða og þar er um að ræða stóran hóp bæði ungra og gamalla.

Með því að taka á leigu húsnæði að Hátúni 10 og setja þar upp hjúkrunardeild á vegum ríkisspítalanna var reynt að gera stórt átak til þess að auka hjúkrunarrými fyrir þennan hóp fólks, en því miður hefur gengið mjög illa að koma þeirri starfsemi áfram vegna skorts á hjúkrunarstarfsliði.

Það er fyrst nú á þessu hausti að deildin öll verður komin í not og verður þar þá starfandi hjúkrunareining fyrir 66 sjúklinga í tengslum við Landsspítalann. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir að þessi deild verði fyrir aldraða, en eins og kunnugt er eru í þeim aldursflokki mjög margir fjölfatlaðir sem þurfa sérstakrar og mikillar hjúkrunar og umönnunar við.

Ég vænti þess að umr. um þessa fsp. og þá þál., sem Alþ. gerði í maí 1975, verði til þess að þm. almennt og fjvn. sérstaklega taki þau málefni, sem hér hafa verið rædd, til gaumgæfilegrar athugunar. Og það er þá fyrst og fremst tvennt sem ég vil benda á í því sambandi: annars vegar að auka þarf verulega framlög í Styrktarsjóð vangefinna frá því sem áætlað er í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir, og hins vegar að teknar verði upp í fjárl. næsta árs þær till. heilbr.- og trmrn. um fjárveitingar til áframhaldandi uppbyggingar að Hátúni 10 sem lagðar voru fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun fyrir gerð fjárlaga ársins 1977, en þar er gert ráð fyrir að í Hátúni 10 sé bæði komið á fót dagdeild og göngudeild í tengslum við þá hjúkrunar- og endurhæfingardeild sem þegar hefur komið í not.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. mjög vel fyrir hans greinagóðu skýrslu um þessi mál. Hún var raunar yfirgripsmeiri en ég hafði þorað að fara fram á, en þar með var hún einnig gagnlegri.

Ég held að það sé mjög nytsamt fyrir hv. þm. yfirleitt að fá yfirlit um stöðu þessara mála eins og hæstv. ráðh. gaf. Það vekur strax tölurvert alvarlegar hugleiðingar að við blasir sú staðreynd, að þetta viðkvæma mál heyrir undir þrjú rn. Það liggur að vísu í augum uppi að menntunarþáttur þess hlýtur að heyra undir menntmrn., að svo miklu leyti sem menntun vangefinna fer fram í hinum almennu skólum og að svo miklu leyti sem um fólk er að ræða sem er það hraust og þannig á sig komið að það getur notfært sér þá menntun sem stendur til boða í skólakerfi okkar.

Annað atriði finnst mér að við þurfum sérstaklega að hafa í huga, og það eru ábendingar hæstv. ráðh. um skort á starfsliði og sérhæfðu hjúkrunarliði á þessu sviði. Slíkar ábendingar frá ráðh. ná víðar en til alþm. Umr. um það eru gagnlegar vegna ungs fólks sem er að velja sér ævistarf. Þær gætu vakið athygli á því, að þar væri um starfsvettvang að ræða sem hæfir kraftar ungmenna mættu beinast að.

Að því er varðar þau ummæli hæstv. ráðh., að séu þáltill. sem þessi, fluttar af þm., skoðaðar í ljósi þeirra fjárveitinga sem síðar væru veittar, virtist sem hugur þm. fylgdi ekki máli þegar rætt væri um slík mál, þá er það að vísu jafnrangt eins og að ég léti mér detta í hug að segja að hæstv. ráðh. léti sig þetta mál ekki skipta af því að það væri ekki búið að leysa allan vanda þessa máls. Það dettur mér ekki í hug að segja og ekki heldur að hugsa, því að ég veit að hæstv. ráðh. hefur einlægan áhuga á að koma máli þessu í höfn. Hins vegar er hér við gífurlegan vanda að etja, og það er ljóst, að þegar hæstv. ráðh. beinir til þm. á þann hátt sem hann gerði í sinni ræðu, að styðja sig við lausn slíks vanda, þá hljótum við að reyna hvað við getum að gera það.

Ég ítreka þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir hans ágætu og glöggu skýrslu um þessi mál. Ég sé á öllu að við megum vænta þess, að a. m. k. muni hann og hans rn. ekki láta sitt eftir liggja til þess að koma þessum málum í höfn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er vissulega gott að fá þetta mál hér inn nú. Sá þáttur, sem hér er vikið að, er einn þeirra þátta sem þarf að huga vel að varðandi málefni þroskaheftra í heild, og svör hæstv. ráðh. sönnuðu betur en annað, sönnuðu það e. t. v. miklu betur en framsöguræða mín hér um daginn fyrir ákveðinni till., hver nauðsyn er á því að á verði komið samræmdri till., hver nauðsyn er á því að á verði komið samræmdri heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra í landinu og einhver ábyrgur aðili í stjórnkerfinu hafi með þau mál í heild að gera. Ég vonast því eftir að fá stuðning hæstv. ráðh. einmitt við það að slík heildarlöggjöf verði sett.

Það var komið inn á það áðan að alþm. hefðu í fyrra ekki sýnt nægan áhuga á þessum málum varðandi fjárveitingar. Ég veit að hæstv. ráðh. veit mætavel að við þm. biðum í fyrra með töluverðri eftirvæntingu, þeir sem hafa afskipti af þessum málum, eftir því að stjórnarfrv. yrði flutt um endurnýjun á þessu svokallaða tappagjaldi sem stendur undir Styrktarsjóði vangefinna. Um það urðu einhverjar deilur innan ríkisstj., hvort framlengja skyldi gjaldið eða ekki. Ég skal ekki fara nánar út í það hér, því þeirri fsp. verður svarað síðar. En ég fagna því sem sagt að nú mun hæstv. heilbrrh. ganga til liðs við hæstv. félmrh. í ríkisstj. um það að fá framlengingu á þessum tekjustofni — þessum dýrmæta tekjustofni og um leið stóreflingu hans. Ég fagna því að heyra á hæstv. ráðh. að hann muni liðsinna flokksbróður sínum dyggilega, gegn að vísu þá öðrum hv. flokksbróður sínum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir eindregnum vilja mínum til að aðstoða hæstv. heilbrrh. í því að skapa honum möguleika til að bæta þjónustu við fjölfatlaða og vangefna.

Á þinginu 1971 var samþ. þáltill. um lagasetningu í þá átt að bæta menntunaraðstöðu fatlaðra, og þá kom fram í umr. um það mál að gerð hefur verið sérstök áætlun um sérkennslumiðstöð fyrir þetta fólk. Síðan eru mörg ár liðin, og vafalaust af fjárhagsástæðum hefur ekki verið mikið aðhafst í þeim tilgangi að bæta menntunaraðstöðu þeirra. En málið hefur verið rætt allmikið, og í grunnskólalögunum nýju er gert ráð fyrir eðlilegri menntunaraðstöðu fyrir van-

gefið og fjölfatlað fólk. Ég held að það sé framkvæmd menntmrn. sem muni ráða mestu um það, hvort fjölfatlaðir og vangefnir, eða þroskaheftir eins og það er nú nefnt, fá aðstöðu til þeirra bestu möguleika til menntunar sem völ er á. Sá fjöldi er þó ekki svo mikill að í því mikla flóði af fjármagni, sem þar er, ætti að verða örðugt að skapa þessum hópum aðstöðu til þess að njóta nýtískulegrar menntunar og þroskaþjálfunar.

Það, sem hæstv. ráðh. minntist á um bætta aðstöðu til hjúkrunarrýmis í Hátúni 10 og reyndar víðar, það er sannarlega aðkallandi mál og mál sem er raunar ekki sérstaklega fjárfrekt. Ég efast ekkert um að hann muni fá alla aðstoð okkar þm. til að leysa þessi vandamál. En e. t. v. verður honum erfiðara að berjast við hagsýslustofnun og fleiri slíkar í kerfinu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég tek undir það, sem fram hefur komið hjá hv. ræðumönnum, að það er nauðsynlegt að samræma þessa löggjöf og þessi mál heyri eins og hægt er undir eitt og sama rn. Það verður sennilega ekki að öllu leyti hægt. Og það væri að mínum dómi langeðlilegast, sem hefur fram komið áður í máli sem flutt var, og málefni vangefinna heyra eðli sínu skv. undir heilbrrn. Hér er eins og fyrri daginn spurning um fjármagnið. Það hafa verið uppi tvær stefnur sérstaklega innan fjvn.: Annars vegar að afnema markaða tekjustofna með öllu, stefna að því, og sú stefna átti sér allmikið fylgi á sínum tíma. Ég var fyrir allmörgum árum nokkuð hlynntur því að gera þetta, en ég hvarf frá því við nánari athugun. Ég tel að það sé æskilegra að tiltekin verkefni og tilteknir málaflokkar á þessu sviði fái til umráða tekjustofn. Þegar búið er að vinna upp þann málaflokk og talið að hann sé vel settur, þá er sjálfsagt að breyta lögum og taka upp annan sem hefur verið verr settur. En ég held að þessir mörkuðu tekjustofnar séu að mörgu leyti mjög skynsamlegir vegna ríkissjóðs.

Í sambandi við það sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að ég kenndi um áhugaleysi þm., þá er það nú ekki beint ætlun mín að deila á þm. fyrir það. En hins vegar má segja að þm. — og þá er alveg sama úr hvaða flokki þeir eru — þeim er oft mikið í mun að fá þáltill. sínar samþ., en kannske ekki að sama skapi hugsað fyrir fjármagni nægilega fljótt. Ég er ekki að tala hér um neina einstaka eða nokkrar einstakar þáltill., heldur mjög margar. Á því tímabili öllu sem ég hef átt sæti hér á Alþ. hefur slíkt átt sér stað, alveg sama hvaða ríkisstj. hefur farið með völd.

En út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þá lögðum við í heilbr.- og trmrn. til að 30 millj. yrðu teknar inn í fjárlagafrv. til áframhaldandi uppbyggingar á Hátúni 10 og til taka þar viðbótarhúsnæði á leigu, sem hv. þm. þekkir betur en allir aðrir hér inni, og koma þar í lok þessa árs upp dagdeild og göngudeild í tengslum við þá hjúkrunar- og endurhæfingardeild sem þar er á þremur hæðum. Ég hef rætt þetta mál alveg sérstaklega við fjmrh., að ég telji það ekki mega ske að ekki verði tekið tillit til þessara óska því hér er um það brýnt verkefni að ræða í heilbrigðisþjónustunni. Hann hefur tekið í þeim samtölum á þessu máli af miklum velvilja og skilningi, og ég vona að hv. fjvn. geri það einnig. Það er eins um þetta og margt annað. Það þarf að taka ákvarðanir um það í hvaða röð á að ganga til framkvæmda í hinum einstöku verkefnum. Við lögðum hliðstæða till. fram við gerð síðustu fjárlaga, en þá var líka búið að taka miklar fjárveitingar til breytinga á þessu húsnæði og vegna leigusamnings. En nú finnst mér vera komin röðin að því, þó að það hafi ekki gengið í fyrra, að þá megi það ekki ske aftur að fram hjá þessari till. verði gengið.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það sem hæstv. heilbrrh. sagði áðan um mörkuðu tekjustofnana. Það getur verið að það sé æskilegt að afnema þá alla, en það er bara ekki alltaf hægt með tilliti til þeirra verkefna sem þeim hefur verið ætlað að þjóna. Það er hverju orði sannara að það er nauðsyn á meira samstarfi — og formlegu samstarfi — heldur en verið hefur með þeim þremur rn. sem þessi mál falla einkum undir. Ég vil geta þess hér, sem ég hef einhvern tíma skýrt frá áður, að í vetur varpaði ég fram þeirri hugmynd að þessi rn. settu þriggja manna n. til þess að athuga lög og reglur um þessi mál með tilliti til hugsanlegrar samræmingar. Það er mín sök að framkvæmdir drógust í þessu máli, en sú n. hefur nú verið sett á laggirnar og ég vil leyfa mér að vona að með því sé hafinn eins konar vísir að formlegu samstarfi með þessum þremur rn., heilbr.-, félm.- og menntmrn., um þessi málefni sem hér er fjallað um, því að á því er vissulega mjög mikil þörf.

Það er ekki vafi á því, að okkur vantar hér betra skipulag þegar á heildina er litið. En okkur vantar líka meira fjármagn, og það er á örlitlum misskilningi byggt hjá hv. 2. þm. Reykn. þegar hann sagði að eftir setningu grunnskólalaganna með þeim sterku ákvæðum, sem þar eru um menntun þroskaheftra, sé það fyrst og fremst skipulagsatriði í menntmrn. hvernig þetta sé framkvæmt. Þetta er að nokkru leyti rétt, ekki að öllu leyti, því að þessar framkvæmdir kosta mjög mikla peninga, bæði rekstrarlega, því að þó fjöldi einstaklinganna sé takmarkaður, þá er mjög dýr þessi einstaklingskennsla, og oft og einatt og ekki síður stofnkostnaðarlega, því okkur vantar víða aðstöðu til þess að geta sinnt kennslumálum þessa fólks. En það eru fjárframlög sem borga sig þegar fram í sækir, þegar hægt er að hjálpa þeim til sjálfsbjargar sem ella hefðu orðið þjóðfélaginu byrði ævilangt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram vegna orða hæstv. menntmrh., að ég vil leggja á það mikla áherslu að ég tel að þetta fólk eigi fullkomlega sama rétt til framlaga úr okkar menntakerfi og því fjármagni, sem lagt er til menntamála, eins og aðrir einstaklingar á skólaaldri eða þeir sem á menntun eiga rétt. Því vil ég leggja á það áherslu að

ekki verði látið við það sitja að gera áætlanir um að liðsinna þeim í þessu efni, heldur komi til framkvæmda einnig. Það er sí og æ verið að framkvæma mikið í þessu landi í skólamálum, það er mikill rekstrarkostnaður við skólana og þroskaheftir eiga ekki á nokkurn hátt að verða út undan. Þeir eiga rétt á því að njóta sömu réttinda og aðrir þegnar þjóðfélagsins í þessum efnum. Það er þetta sem ég vil leggja megináherslu á, að þeir verði ekki settir hjá.

Vandi landshlutasamtakanna við að fjármagna rekstur fræðsluskrifstofa, fsp. (þskj. 84). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fyrirspurn til hæstv. menntmrh. á þskj. 84, svo hljóðandi:

„Hvað hyggst ríkisstj. gera til að landshlutasamtökin geti að sínu leyti staðið undir rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofa fræðsluumdæmanna samkv. grunnskólalögunum — eða eru uppi hugmyndir um aðra lausn þessa máls en grunnskólalögin kveða á um?“

Óhætt mun að fullyrða, að fá lagafrv. hafa verið jafnoft og ítarlega kynnt víðs vegar um land allt eins og frv. til l. um grunnskóla. Það var fyrst lagt fram í Nd. 27. jan. 1971, hafði þá verið samið af n. sem þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, skipaði. Nál. kom ekki fram. Eftir stjórnarskiptin 1971 skipaði þáv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, n. til að endurskoða frv. og eins og áður sagði var það ítarlega kynnt um allt land.

Í Samtökum sveitarfélaga á Reykjanesi var málið ítarlega rætt og gerð till. um að heimild yrði sett inn í frv. þess efnis, að dreifa mætti starfskröftum fræðsluskrifstofanna, þegar starfsliði þeirra fjölgaði, fremur en að hafa það allt á einum stað, ef aðilum þætti það hentugra og samkomulag yrði þar um við menntmrn. Þessi ábending var tekin til greina og vísað þar til 15. gr. frv. og athugasemda við hana, en þar er Reykjanessvæðisins sérstaklega getið í sambandi við breyt. sem þar voru lagðar til.

Landshlutasamtökum sveitarfélaga er fengið veigamikið hlutverk í þessum lögum, og þá mun vissulega hafa verið gengið út frá því, þegar þau lög voru sett, að landshlutasamtökin fengju lögfestingu og fengju sérstakan tekjustofn. Af því hefur ekki orðið og er það mitt mat að þau þurfi að þróast enn til þess að svo geti orðið og margs að gæta í því sambandi.

Staðreyndin er að áhugasamtökum hefur því með lögunum verið falin framkvæmd þýðingarmikils máls, þar sem er kjör fræðsluráðs og rekstur fræðsluskrifstofanna. Hvers vegna var þetta gert? Á bls. 30 í frv. að grunnskólalögum eru taldir upp 14 töluliðir varðandi þær breyt. og nýmæli sem frv. felur í sér, og 1. liðurinn er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkur hluti af valdi menntmrn. verði fluttur út í 8 fræðsluumdæmi þar sem fræðslustjórar starfi. Er og gert ráð fyrir því, að hin nýju landshlutasamtök sveitarfélaga gegni talsverðu hlutverki í ytra stjórnkerfi grunnskóla, m. a. með því að kjósa fræðsluráð.“

Ég fullyrði að í Reykjaneskjördæmi, þar sem ég er kunnugastur, hefur þessi nýbreytni þegar mælst mjög vel fyrir, að vísu utan eins staðar, Hafnarfjarðar, og hafa margar sveitarstjórnir gert samþykktir að því lútandi að tryggt verði að fræðsluskrifstofan geti starfað og það með auknum krafti. Einnig ríkir ánægja með þessa skipan meðal skólastjóra og kennarasamtaka í kjördæminu, eftir því sem ég best veit. Hvað þá um landshluta sem fjær liggja höfuðborginni, þegar svo er ástatt um þá sem styst og hægast eiga að sækja til höfuðstöðvanna, menntmrn.? Ég tel að sú skamma reynsla, sem fengin er af starfi fræðslustjóranna, lofi góðu og hér hafi verið rétt spor stigið til að færa áhrif á þróun skólamála út á landsbyggðina. Skrifstofurnar og sú starfsemi, sem þar er ætluð, þurfa að þróast, og það tekur sinn tíma.

Ákvæði um fræðslu barna voru fyrst sett í lög á landi hér árið 1880. Árið 1907 voru sett fyrstu fræðslulögin og skólaskyldu komið á. Fræðslulögunum hefur síðan verið breytt og þau endurskoðuð 1926, 1936, 1946 og svo núgildandi lög.

Í 88. gr. núgildandi laga er ákvæði um hvernig kostnaður við fræðsluskrifstofurnar á að greiðast. Eins og nú er háttað skipan landshlutasamtakanna er þeim ofvaxið að standa undir þeim hlut sem þeim er þar ætlaður. Í fyrsta lagi hafa þau engan tekjustofn til þess. Í öðru lagi eru þau ekki lögfest, eins og áður hefur verið vikið að. Hér verður því að finna bót á. Í umr. um frv. til l. um tilfærslu og verkefnaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, sem samþ. var á síðasta Alþ., lýsti hæstv. menntmrh. því yfir að þetta yrði tekið til athugunar síðar á þinginu. Ég ber því þessa fyrirspurn fram til þess að það komi skýrt fram hver sé fyrirætlun ríkisstj. til að leysa þann vanda sem hér er við að glíma.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Áður en ég svara beint spurningunni vil ég leyfa mér að rifja upp örfá atriði almennt varðandi stofnun, hlutverk og starfsemi fræðsluskrifstofanna.

Með grunnskólalögunum er landinu skipt í 8 fræðsluumdæmi, eins og fyrirspyrjandi kom að. Mörk þeirra eru hin sömu og mörk kjördæmanna. Í hverju þessara fræðsluumdæma skal vera fræðsluráð, fræðsluskrifstofa og fræðslustjóri. Sett eða skipað hefur verið í öll fræðslustjórastörfin. Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofunum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntmrn. Samkv. till. landshlutasamtakanna var fræðsluskrifstofunum ákveðinn staður sem hér segir: Á Selfossi, Reyðarfirði, Ísafirði, í Borgarnesi, á Blönduósi, Akureyri, Garðabæ og Reykjavík. Samkv. grunnskólalögunum er fræðslustjóri fulltrúi bæði menntmrn. og sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, um fræðslumál í umdæminu og framkvæmdastjóri fræðsluráðs. Meðal verkefna fræðslustjóra er — og ég vil sérstaklega rifja það upp — að fylgjast með því að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum sem kostaðir eru sameiginlega af

ríki og sveitarfélögum, — að hafa umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins og endurskoða þær, — að hafa í umboði menntmrn. og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla sem grunnskólalög taka til, — að hafa með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgjast með árangri nemenda, kynna sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda, — að úrskurða ágreiningsefni sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, — að gera í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir er hann telur þörf, — að hafa umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, og loks að kanna í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum af ýmsum sökum, og hlutast þá til um að þeir fái kennslu við sitt hæfi. — Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur mál er grunnskólalög kveða á um svo og þau sem menntmrn. eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum.

Þess má geta, að samkv. 17. gr. grunnskólalaga er skólanefndum heimilt að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa, en kostnaður við störf hans greiðist úr sveitarsjóði.

Eins og hér er rakið, sumpart með beinum tilvitnunum í lögin og sumpart á annan hátt, þá er ljóst að fræðslustjórum og fræðsluskrifstofum er ætlað þýðingarmikið hlutverk við framkvæmd laganna. Eiga fræðsluskrifstofurnar m. a. að gera mögulegt að færa ýmis verkefni úr menntmrn. til afgreiðslu heima í héraði og auka þjónustu við skólana viðs vegar. Í lögunum er gert ráð fyrir að á vegum fræðsluskrifstofa verði starfrækt ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir skóla dreifbýlisins til þess að jafna aðstöðuna við þéttbýlisskólana. Gert er ráð fyrir því í grunnskólalögum, að ríkissjóður og landshlutasamtök sveitarfélaga beri saman kostnaðinn af fræðsluskrifstofunum, þannig að ríkissjóður greiði annars vegar föst laun fræðslustjóra og hins vegar árlegt framlag eftir nánari ákvæðum í lögunum, sem í raun þýðir það að ríkissjóður og sveitarfélög skipta með sér til helminga hinum almenna rekstrarkostnaði við fræðsluskrifstofurnar. Í framlagi ríkissjóðs til fræðsluskrifstofa felst m. a. sá hluti er ríkissjóður greiðir í sérfræðilegri skipulagningu skólabókasafna og eftirliti með þeim. Og það eru ákvæði í lögunum um að kostnaður við fræðsluskrifstofur greiðist af báðum aðilum mánaðarlega samkv. áætlun sem gera skal árlega, og svo er gert upp við árslokin.

Þetta, sem ég nú hef sagt, hef ég rifjað upp í tilefni af fyrirspurn hv. þm., og þá vil ég koma að hinu eiginlega beina svari og þó með örlitlum formála enn.

Þegar frv. til l. um grunnskóla var til meðferðar í síðari þingdeild vorið 1974 var frv. til l. um landshlutasamtök á svipuðu stigi í þinginu og hafði farið lítið breytt í gegnum að mig minnir fjórar umr. Þau ákvæði grunnskólalaga, er snerta landshlutasamtökin, voru við það miðuð að nefnt frv. um stöðu þeirra samtaka yrði lögfest, en af því varð ekki. Frv. varð ekki útrætt, eins og hv. þm. muna. Þá kom upp sú staða að landhlutasamtökin töldu sig ekki hafa aðstöðu til tekjuöflunar vegna kostnaðar við fræðsluskrifstofur.

Á fjárlögum 1975 var fyrst veitt fé til fræðsluskrifstofa, 18 millj. 797 þús. kr. Þá voru stöður nokkurra fræðslustjóra auglýstar og í þær ráðið síðla árs og fyrstu fræðsluskrifstofurnar tóku til starfa. Engin framlög fengust frá landshlutasamtökunum árið 1975, og var kostnaður áfallinn það ár greiddur úr ríkissjóði, en hann varð fremur lítill vegna þess hversu seint voru auglýst embætti fræðslustjóra og hversu seint skrifstofurnar tóku til starfa. Svo þegar rætt var um flutning verkefna frá ríkissjóði til sveitarfélaga síðla árs 1975 kom mjög til álita að gera um leið ráðstafanir vegna kostnaðar sveitarfélaga af fræðsluskrifstofunum, eins og hv. fyrirspyrjandi minntist á. Það var horfið frá því ráði þá og ákveðið að leita úrræða eftir áramót.

Nú hefur fyrir nokkru verið ráðið í allar fræðslustjórastöður, eins og fyrr sagði. Hafa allir fræðslustjórar hafið starfsemi, en eru flestir illa settir og sumir mjög illa með starfsaðstöðu og nauðsynlega aðstoð. Við fjárlagagerð 1976 gerði menntmrn. till. um rösklega 26 millj. kr. fjárveitingu til fræðsluskrifstofanna allra, þ. e. til ríkishlutans. Það voru veittar 19 millj. 452 þús. kr. Engin framlög hafa enn á þessu ári komið frá landshlutasamtökum, en það hefur verið fallist á 2 millj. kr. umframfjárveitingu úr ríkissjóði. Og það sem af er þessu ári, frá 1. jan. til 30. nóv., hefur ríkissjóður greitt 18 millj. kr. til launa og annars rekstrarkostnaðar fræðsluskrifstofa utan Reykjavíkur og eins og fyrr segir staðið einn straum af rekstri skrifstofanna annars staðar en í Reykjavík.

Þar sem rekstur fræðsluskrifstofanna og þar með auðvitað þjónusta þeirra hefur verið langt undir lágmarki. Það sem af er og þar á meðal á þessu ári vegna fjárskorts, þá má ætla að heildarkostnaður á þessu ári verði eitthvað nálægt því sem menntmrn. áætlaði hluta ríkissjóðs við undirbúning frv. að fjárl. þeim sem nú gilda. Ríkisstj. telur óumflýjanlegt að kostnaður við fræðsluskrifstofurnar á þessu ári greiðist úr ríkissjóði.

Eins og fram hefur komið í máli okkar beggja, hv. fyrirspyrjanda og mínu nú, telja landshlutasamtökin sig ekki geta greitt mótframlög til fræðsluskrifstofa, eins og grunnskólalög gera ráð fyrir, nema fá til þess nýja eða aukna tekjustofna. Svo að ég geri langa sögu stutta, þá vil ég bara geta þess, að í umræðum og tillögugerð um þetta mál að undanförnu, eða á þessu ári skulum við segja, hafa komið fram ýmsar hugmyndir um lausn fjárhagsvanda landshlutasamtakanna í sambandi við framlag þeirra til fræðsluskrifstofa. Ríkisstj. hefur ekki enn þá tekið afstöðu til þessara till., en hún mun gera það innan tíðar og lætur nú vinna að málinu.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Eyjólfur Sigurðsson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég bið um orðið utan dagskrár, er

sú, að þau tíðindi berast nú frá virkjunarframkvæmdum við Kröflu að ekki sé útlit fyrir að næg gufuorka verði fyrir hendi úr borholum, er þegar hafa verið boraðar, til þess að Kröfluvirkjun geti hafið orkuframleiðslu á þeim tíma er til stóð.

Ástand á Kröflusvæðinu hefur oft á undanförnum mánuðum verið talið ískyggilegt og virðist nú ástandið vera enn alvarlegra en áður, ekki síst jarðfræðilega.

Axel Björnsson eðlisfræðingur, en hann stjórnar jarðskjálftarannsóknum við Kröflu, segir í viðtali við eitt af dagblöðum borgarinnar í gær, með leyfi forseta: „Ef land heldur áfram að *rísa við Kröflu má búast við skjálftavirkni* nálægt áramótum samkv. fyrri reynslu. Skjálfti þarf þó ekki að boða eldgos, þótt hættan á því aukist, en í raun og veru geta skjálftarnir haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á jarðhitasvæðið."

Ég bendi á að hér er um að ræða eðlisfræðing sem stjórnar jarðskjálftarannsóknum við Kröflu. Við þekkjum öll hvernig ástandið hefur verið. *Orðið hefur að flytja starfsmenn Kröfluvirkjunar* frá staðnum oftar en einu sinni vegna goss og jarðhræringa, sem er staðfesting á því ástandi sem þarna ríkir. Það staðfestist nú aftur og aftur að staðsetning virkjunarinnar við Kröflu hefur verið meira en lítið vafasöm í jarðfræðilegu tilliti, og þó svo að Kröfluvirkjun komist í gagnið getur hvenær sem er orðið svo virkur *jarðskjálfti, þetta er svo virkt jarðskjálftasvæði*, að jarðhræringar, sem stöðva alla gufuöflun og þar með orkuframleiðslu, geta valdið virkjuninni vandræðum þegar hún kemst í gagnið.

Kröflunefnd gaf út bækling um Kröfluvirkjun í sumar og ritstýrði honum Júlíus Sólnes verkfræðingur. Í honum stendur m. a., með leyfi forseta:

„*Krafla og Námafjall eru bæði á hinu eldvirka* gosbelti sem nær þvert yfir landið frá suðvestri til norðurs. Frá því í lok síðasta jökulskeiðs fyrir um 10 þús. árum hafa orðið 20 sprungugos á þessu svæði. Síðast gaus á Námafjallssvæðinu í Mývatnseldum 1728 og rann þá smáhraun sem Kísiliðjan stendur á. Gos á Námafjallssvæðinu hafa ávallt verið hraungos, ef undan er skilið *Hverfjall, en þar gaus miklu sprengigosi* undir vatni fyrir 3000 árum. Við Kröflu hafa orðið 10 hraungos á þessu sama tímabili. Þar hafa hraunin aðallega komið í sprungusveignum sem liggur gegnum jarðhitasvæðið vestanvert og breiðst til vesturs eins og landinu hallar."

Ég vitnaði hér í nokkur orð í þessum bæklingi Kröflunefndar sem staðfesta að mínu mati ástand svæðisins sem *Krafla er á*. Það, sem þó fyrst og fremst veldur því að ég bið um orðið utan dagskrár, er frétt sem kom í Fréttabréfi Verkfræðingafélagsins núna fyrir helgina og er rituð af Ísleifi Jónssyni, yfirmanni jarðboranadeildar ríkisins. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Á yfirborðinu má sjá sprungur sem hæglega geta verið vegna gliðnunar sem gæti stafað af lyftingu svæðisins. Enginn veit hve langt niður þessar sprungur ná.

Sé svæðið orðið lítið vatnsleiðandi af ummyndun og samþjöppun er til lítils að vinna að bora fleiri holur á þessu ummyndaða svæði. Það liggur nærri að álíta að þetta sé svona eftir að hola KJ-7 brást eins og raun bar vitni.

Samkv. almennri reynslu var ástæða til að ætla að sú hola mundi gefa næga gufu fyrir 7—8 mw. Hún gerði það líka í byrjun, en svo minnkaði aflið niður í ca. 3 mw. á einum sólarhring. Það er ekki fullsannað að hér sé um að ræða lokun vatnsæða við hitun, en það er þó nærtækasta skýringin.

Mjög fáar vatnsæðar hafa fundist í borun í sumar.

Mikill munur er á þrýstingi í borholu, sem er full af köldu vatni, og þrýstingnum í vatnsæðunum í berginu, sem er fullt af heitu vatni. *T. d. er þessi munur á 1500 m dýpi* orðinn 33 kg á cm^2. Ef komið er í góða vatns- eða gufuæð í þessu dýpi tapast allt skolvatnið út í bergið og vatnsborðið í holunni lækkar niður í 330 m.

Þetta hefur ekki skeð við Kröflu, allar æðarnar neðan 600—800 m hafa lokast af borsvarfinu, en það bendir til að opnar vatnsæðar séu orðnar mjög fáar. Nú hefur komið í ljós að hola KG-5, *sem átti að dýpka, hefur skekkst* svo á 40—80 m dýpi, að ekki er hægt að koma niður 4½ tommu borstöngum í gegnum 9 tommu rör.

Fjallshlíðin hefur skriðið niður og styður það þessa hugmynd um afleiðingar ummyndunarinnar, að bergið hafi misst burðarþol sitt og hagi sér eins og plastískur massi, en ekki eins og hart hraun. Skekkingu á holu á þennan hátt hefur *aðeins orðið vart áður*, þegar borað var í nýja hraunið í Vestmannaeyjum á meðan það var enn á hreyfingu."

Svo mörg voru þau orð Ísleifs Jónssonar, sem er yfirmaður jarðborunardeildar ríkisins, sem sagt staðfesting hans á því, að ástandið við Kröflu sé mjög alvarlegt og alls ekki sé útséð um það, hvort gufa fæst yfir höfuð á svæðinu *til þess að næg orka fáist fyrir* þær framkvæmdir og þá rafstöð sem þegar er að verða til til framleiðslu á orku fyrir norðlendinga sem svo lengi hefur verið beðið eftir.

Ég hringdi í morgun til skrifstofustjóra Orkustofnunar til að fá staðfest hversu mikið hafi verið notað af fjármagni til borunar og borunartilrauna á þessu svæði, og hann tjáði mér að 1975 hefðu verið notaðar 300 millj., en á þessu ári, 1976, um 1 milljarður. En eins og menn vita, þá eru áætlaðar nákvæmlega þessar tölur til borunarframkvæmda við Kröflu á þessum tveimur árum. En það, sem hefur komið í ljós í framhaldi af þessum borunum, er að engin gufa er fyrir hendi þrátt fyrir 1300 millj. kr. í þessar framkvæmdir.

Það er athyglisvert fyrir almenning í þessu landi að horfa upp á það að slíkir fjármunir skuli notaðir á þessu svæði í tilraunaskyni um það bil sem stöðin sjálf er að verða tilbúin, en átti að frmkvæma í upphafi, áður en stöðin var byggð. Það er athyglisvert fyrir almenning, þegar verið er að ræða um að fólk skuli herða sultarólina á erfiðum tímum, að horfa á stóra fjármuni hverfa þarna út í buskann einfaldlega fyrir það að rannsóknir voru ekki nægar í upphafi.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa mál mitt öllu lengra. En í lokin vil ég aðeins lesa hér upp nokkur orð úr leiðara dagblaðsins Vísis sem kom

út í gær og hingað til hefur ekki verið talið málgagn míns flokks, en málgagn hæstv. iðnrh., og er það staðfesting á því hvernig ástandið er orðið meðal hans manna og speglar að vissu leyti skoðanir fólksins í landinu, sem það gerir nú ekki of oft, þetta ágæta blað, en þessi orð eru svo hljóðandi:

„Það er hrikaleg staðreynd, að nýtanleg gufa hefur enn ekki fengist á virkjunarsvæðinu þegar búið er að reisa stöðvarhúsið og kæliturnana og aflvélarnar eru komnar á sinn stað. Hér hefur milljarða fjárfestingu verið verið teflt í tvísýnu. Segja má að nú, þegar öll mannvirki eru til, séu rannsóknir á gufuöflunarmöguleikum fyrst að hefjast fyrir alvöru.

Byrjað var á því að festa kaup á aflvélum fyrir Kröfluvirkjun, síðan var hafist handa um byggingarframkvæmdir, og loks fóru menn að huga að undirstöðu alls þessa, gufuöflueninni."

Svo segir í Vísi. Þar segir ýmislegt fleira, en tíminn gefur ekki tilefni til þess að rekja það þó að menn hefðu vafalaust gaman af að hlusta á hvað málgagn iðnrh. hefur að segja um þessa hluti. En ég óska eftir því við hæstv. iðnrh. að hann segi okkur frá því, hvernig ástandið er við Kröflu og hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða framkvæmdir þar með tilliti til nýrra — og reyndar um nokkurn tíma — frétta um það alvarlega ástand sem ríkir á því svæði.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi slær því föstu að rannsóknir hafi ekki verið nægar í upphafi og að það hafi verið staðfest aftur og aftur að staðsetning virkjunar hafi verið í meira lagi vafasöm. Ég tel því rétt aðeins í örstuttu máli að rifja upp aðdragandann og þær rannsóknir sem fram höfðu farið.

Í ítarlegri skýrslu, sem Orkustofnun gaf út í ársbyrjun 1975, er greint frá niðurstöðum rannsókn á Kröflu- og Námafjallssvæðinu. Það er rétt að geta þess hér, hverjir eru höfundar þessarar skýrslu, nöfn þeirra eru skráð á titilblaði. Það voru þeir Kristján Sæmundsson, Stefán Arnórsson, Karl Ragnars, Hrefna Kristmannsdóttir, Gestur Gíslason, en skýrslan er gefin út í nafni Orkustofnunar, jarðhitadeildar.

Í þessari skýrslu er getið um það, að boranir og rannsóknir hafi farið fram á árunum 1970—1973 og á árinu 1974 voru boraðar rannsóknar- og tilraunaholur, tvær að tölu. Niðurstaða þessara borana og annarra rannsókna, sem þannig höfðu staðið yfir í nokkur ár, var sú, að Kröflusvæðið mundi standa undir 50—60 mw. gufuvirkjun og hugsanlegri stækkun síðar. Var tekið fram að Kröflusvæðið sé tífalt stærra að flatarmáli en Námafjallssvæðið, sem einnig hafði komið til orða, og því líkur á að Kröflusvæðið sé öruggara í vinnslu og standi undir verulegri stækkkun síðar.

Ég get þessa hér sérstaklega vegna þeirra ummæla og fullyrðinga hv. fyrirspyrjanda að rannsóknum og undirbúningi hafi verið mjög ábótavant. Margt af því, sem síðar hefur komið fram, er rætt og rakið í rauninni í þessari skýrslu. M. a. er þar gert ráð fyrir því, að á vissu dýpi, eða um 2000 m dýpi, gæti orðið allt að 340 stiga hiti eða um það bil sá hiti sem mestur hefur mælst í borholum í Kröflu.

Í þessari skýrslu er einnig tekið fram að efnainnihald í vatni og gufu í þessum tveimur rannsóknarholum, sem boraðar voru á árinu 1974 í Kröflu, sé svipað og í vinnsluholunum í Námafjalli og megi því styðjast við reynslu þar hvað varðar tæringu og aðra eiginleika vatnsins. Í þessari skýrslu segir síðan að á grundvelli rannsóknanna sé lagt til að stöðin verði reist á hrauni innst í Hlíðardal, nákvæmlega þeim stað þar sem stöðvarhúsið var reist.

Ég vil enn fremur taka það fram, að í þessari margumræddu skýrslu Orkustofnunar er einmitt rætt um bæði gos þau, sem áður hafa orðið á þessum svæðum, og hættu á hraungosi, og segir svo m. a. orðrétt í þessari skýrslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Krafla og hæðardrögin þar umhverfis standa það hátt að þar skapast ekki veruleg hætta þótt hraungos verði einhvers staðar í grendinni. Jafnframt myndar þetta fjalllendi varnargarð umhverfis Hlíðardal." — En það er í Hlíðardal sem stöðvarhúsið er byggt. — „Innst í Hlíðardal eru þrjár gossprungur, sú yngsta ca. 2000 ára gömul. Lagt er til," segir Orkustofnun, „að stöðin verði byggð á hrauni sem hefur runnið frá þeirri gossprungu," þ. e. a. s. þessari 2000 ára gömlu. „Veruleg hætta skapast varla fyrir stöðvarbygginguna af völdum hraunrennslis nema ef gos yrði að nýju innst í Hlíðardal."

Ég tel ástæðu til þess vegna ummæla hv. þm. að rekja þetta mál hér. Ég vil enn fremur taka það fram, að Alþ. fjallaði um þetta mál vorið 1974 á þann veg, að lagt var fyrir Alþ. stjórnarfrv. um virkjun Kröflu. Það frv. var samþ. einróma. Helsta áhyggjuefnið, sem menn höfðu, var að of seint kynni að ganga að ljúka Kröfluvirkjun vegna langs afgreiðslutíma á vélum. Í rauninni var það Alþ. sem ákvað að ráðist skyldi í virkjun Kröflu, og það var vissulega ekki án rannsókna eða undirbúnings því að rannsóknir höfðu farið fram árum saman, og niðurstaða Orkustofnunar, sem er samkv. lögum sá aðili sem á að vera rannsóknar- og ráðgjafaraðili ríkisvalds í þessum efnum, skoðun og tillögur Orkustofnunar lágu fyrir, þar sem mælt var með Kröfluvirkjun og hvar stöðvarhúsið skyldi byggt.

Við boranir hefur hins vegar sumt reynst á aðra lund en Orkustofnunin og þeir vísindamenn, sem þar starfa og unnið höfðu að málinu, höfðu gert ráð fyrir. T. d. hefur gasinnihald gufunnar reynst meira en þeir höfðu gert ráð fyrir og eins og kom fram í þeim orðum úr skýrslunni sem ég las er talið að þetta aukna gasinnihald gufunnar megi rekja til gosvirkninnar í des. á s. l. ári. Það hefur einnig komið fram tæring á fóðurrörum í sumum holum, og eru taldar líkur á því að það standi einnig í sambandi við þetta gasmál.

Varðandi tæringuna, þá er hins vegar það mál ekki fullrannsakað enn, en ekki líkur til að þar sé nein bráð hætta á ferðum. Ef ekki tækist að koma í veg fyrir þessa tæringu, þá gæti hún

með sama áframhaldi eyðilagt fóðurrörin eftir 10—15 ár. Hins vegar er í nánari athugun bæði um orsakir þessarar tæringar og hvaða ráð kunna að vera til þess að vinna gegn henni.

Í þriðja lagi hefur hlutfallið milli gufu og vatns í borholum reynst á annan veg, þ. e. a. s. að hlutfall gufunnar er hærra en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta bendir til þess að dómi sérfræðinga, að í dýpri hluta jarðhitasvæðisins séu gufa og vatn saman í holrými bergsins, en þetta geti valdið tregara rennsli vegna tiltölulega mikils rúmmáls gufunnar og kunni að vera skýringin á tiltölulega litlu rennsli úr þessum holum. — Svo komast sérfræðingar Orkustofnunar að orði nú um þetta vandamál.

Það er því ljóst að við ýmis vandamál er að etja varðandi gufuöflunina. Sum þeirra má rekja til áhrifa gosvirkninnar fyrir ári. Hins vegar er rétt að hafa í huga að boranir standa enn yfir og mælingar á þeim borholum, sem lokið er við, standa einnig yfir. Ég vil nota hér þau orð sem yfirmenn Orkustofnunar viðhöfðu í morgun í sambandi við þetta mál, að á þessu stigi máls er ástæða til að varast bæði ótímabæra svartsýni og ótímabæra bjartsýni. Það verður unnið áfram að rannsóknum og mælingum á borholunum, eins og aðstæður frekast leyfa, og mun Orkustofnun þá skila skýrslu um þau mál.

Hv. fyrirspyrjandi vitnaði í grein Ísleifs Jónssonar verkfræðings í Fréttabréfi Verkfræðingafélagsins, en þá grein kallar hann: „Hugsanleg orsök lítils gufumagns í Kröflu.“ Þar setur hann fram tilgátu um skýringu á því, hvers vegna minna gufurennsli sé úr borholunum en gert hafði verið ráð fyrir. Það er rétt að það komi hér fram, að jarðfræðingar jarðhitadeildar í Orkustofnun eru í veigamiklum atriðum ósammála því sem Ísleifur Jónsson setur fram um eiginleika bergsins í þessari grein. Þetta er auðvitað ekki nýtt. Við höfum heyrt það oft fyrr, hversu ágætum sérfræðingum ber ekki saman um margt varðandi Kröflu, og skal ég ekki rekja það hér. En ég vil taka það skýrt fram, eins og ég hef margsinnis gert áður, að varðandi framgang og framhald framkvæmda við Kröfluvirkjun hef ég talið eðlilegt að byggja fyrst og fremst á þeim skoðunum sem Orkustofnun sem slík lætur í ljós um þessi efni. Og þegar ég tala um Orkustofnun sem slíka, þá á ég við það sem þeir yfirmenn hennar, sem ábyrgðina bera á umsögnum frá stofnuninni, láta frá sér fara, en það er fyrst og fremst orkumálastjóri, sem er yfirmaður stofnunarinnar, og dr. Guðmundur Pálmason, sem er yfirmaður jarðhitadeildar.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til þess að fá hér fram umr. um landhelgismálið og þær viðræður sem fram hafa farið um það mál við fulltrúa Efnahagsbandalagsins og nokkuð hefur verið skýrt frá í blöðum. Ég á afar erfitt með að verða við þeirri beiðni hæstv. forseta að tala mjög stutt um þetta mál. Ég tel að hér sé um svo stórt mál að ræða að það sé ekki hægt að komast hjá því að gefa sér fullan tíma til þess að ræða það, og það er líka þess eðlis, að það verður varla tekið hér fyrir á Alþ. með öðrum hætti en utan dagskrár.

Eins og öllum er kunnugt, þá fóru fram sérstakar viðræður, sem skýrt var frá opinberlega, við fulltrúa Efnahagsbandalagsins um fiskveiða- og landhelgismál. Ég hygg að það hafi verið 12. nóv. sem fyrstu umræður fóru hér fram í Reykjavík. Þá var lögð mikil áhersla á það af hálfu hæstv. ríkisstj. að hér væri ekki um samningaviðræður að ræða og í rauninni ekki um neinar formlegar viðræður, heldur var klifað á því að hér væri aðeins um könnun á málavöxtum að ræða, könnunarviðræður, og að ríkisstj. ætlaði aðeins að hlýða á mál sendimanns Efnahagsbandalagsins. En það kom fljótlega í ljós, að það var staðið mjög einkennilega að þessari könnun af hálfu ríkisstj. Hún, sem hafði aðeins ætlað að hlusta á þennan erlenda sendimann og meta það síðan hvort hún yfirleitt ætti að hefja formlegar viðræður við hann, stóð þannig að málinu, að hún sendi af sinni hálfu tvo hæstv. ráðh., tvo alþm. og átta embættismenn og þar að auki sjálfan forsrh. Allir þessir aðilar tóku þátt í því að kanna það, hvort yfirleitt ætti að ræða við þennan mann efnislega um þau mál sem hér var nú um að ræða.

Engar yfirlýsingar voru gefnar að lokinni þessari fyrstu könnun aðrar en þær, að könnuninni mundi verða haldið áfram. Svo leið ein vika eða svo og sendimaður Efnahagsbandalagsins kom hingað á nýjan leik með fulltrúa sína og aftur hófst könnun. Og það var þrástagast á því í öllum fréttamiðlum að hér væri bara um könnun að ræða, engar alvarlegar viðræður. Og enn var allt þetta lið sent fram af hálfu okkar íslendinga sem ég minntist á og ekki heldur dregið úr því að hæstv. forsrh. væri þarna með — hann talaði einnig við þennan sendimann. Síðan hefur verið skýrt frá því aðeins í stuttri yfirlýsingu hvað virðist þó hafa komið út úr þessum viðræðum. Það er enn ástæða að halda áfram könnun, eftir því sem segir í erlendum fréttum, eftir hálfan mánuð. En sameiginleg yfirlýsing var gefin út á þá leið, að aðilar væru sammála um að efna til formlegra samningaviðræðna um langtímasamning á milli aðila sem varðaði fiskverndarmál og stjórnun á fiskveiðum. Síðan er einnig tekið fram í þessari yfirlýsingu, að auk þess yrði síðar fjallað um hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir á fiskimiðum hvors aðila um sig.

Til viðbótar við þessa yfirlýsingu gaf svo fulltrúi Efnahagsbandalagsins út sérstaka tilkynningu og lagði þar á það áherslu, að hann teldi alveg víst að samkomulag mundi nást sem m. a. tryggði að þjóðir Efnahagsbandalagsins þyrftu ekki að hætta snögglega veiðum sínum hér við land. Og eftir að hann var kominn til útlanda og við fórum að fá fréttir úr fréttastofum þaðan, þá var enn bætt við þetta, því að þá var sagt að hann væri alveg viss um að samningur yrði gerður fyrir jól sem tryggði m. a. bretum áfram-

haldandi veiðar hér. Og næst komu svo fréttir — *ég held í morgun — um það að bretar reiknuðu sjálfir með því*, auðvitað eftir að hafa talað við þennan sendimann sem hér var til viðræðu um þessi mál, að þeir reiknuðu með því að fá að hafa hér a.m.k. 12 togara. Að vísu mundu þeir verða að fara heim nú 1. des., en í jan. mundu þeir geta haft hér 12 togara við veiðar vegna þeirra samninga sem fram undan væru.

Allt er þetta býsna einkennilegt, og mér sýnist að það sé eðlilegt að það komi upp margar spurningar varðandi þessar upplýsingar sem ég hef hér minnst á. En áður en ég vík beint að þeim, þá finnst mér ásætða til þess að minnast hef hér minnst á. En áður en ég vík beint að uð hafa verið í þessum efnum.

Það dregur eflaust enginn í efa að hér er um eitt allra stærsta mál íslensku þjóðarinnar að ræða, sem er okkar landhelgismál og okkar fiskveiðimál almennt séð. En þó að það sé svo, þá hafa ekki fengist fram umr. hér á hv. Alþ. á neinn hátt um það, hvaða stefnu við skulum halda uppi í þessu máli í hugsanlegum viðræðum við útlendinga, sem við vissum, að sóttu á um að fá viðræður. Í stað þess stendur hæstv. ríkisstj. þannig að málinu, að hún þykist í rauninni ekkert vera að gera, alltaf að hlusta, alltaf að kanna eitthvað og gerir það með þessum furðulega hætti, en síðan stöndum við allt í einu frammi fyrir tilkynningu um að það sé nokkurn veginn að verða víst að innan skamms geti menn gert samning, sem eigi að gilda til langs tíma, um fiskfriðunarmál og stjórn á fiskveiðum.

Ég verð að segja það, að þessi vinnubrögð, að ganga á þennan hátt fram hjá Alþ. eins og gert hefur verið, þau eru auðvitað fordæmanleg. Hér er um að ræða óþingræðisleg vinnubrögð og ólýðræðisleg vinnubrögð sem ber að víta. Auðvitað hefur enginn meira um að gera stefnumörkun varðandi okkar fiskfriðunarmál en Alþ. og einnig það að setja reglur um stjórn á fiskveiðum sem snerta okkur. En nú hevrum við það allt í einu að menn séu búnir í öllum þessum könnunum að undirbúa það, að það eigi að fara að semja við erlendan aðila, þ.e.a.s. Efnahagsbandalag Evrópu, gera við hann langtímasamning um þessi atriði. Það er þetta sem hefur komið fram í opinberri tilkvnningu frá aðilum um málið. Ríkisstj. hefur ekki, svo að mér sé kunnugt, haft neitt samband við Alþ. um þessi mál. Það var fyrst í gærmorgun að skotið var á fundi í utanrmn. og þar gefnar nokkrar upplýsingar eða lagðar fram fundargerðir frá þessum viðræðufundum án nokkurra teljandi umr., af því að menn urðu vitanlega að fá tíma til þess að geta lesið þessar fundargerðir. En við flokkana hér á Alþ. hafði ekki verið rætt, og mér er nær að halda að þessi mál hafi lítið eða ekkert verið rædd, ekki einu sinni í stjórnarflokkunum sjálfum. Það eru þá undarlegar frásagnir, sem berast hér frá manni *til manns*, ef umr. hafa farið fram í stjórnarflokkunum sem markað hafa stefnuna varðandi þessi mál á þann hátt að nú séu menn tilbúnir að gera langtímasamning við erlenda aðila um þessa þætti málsins. Ég tel að það sé sjálfsagt að það fari fram ítarlegar umr. á Alþ., og ég fyrir mitt leyti mun hlutast til um að þær fari fram, ef ekki hér með venjulegum hætti og fullum ræðutíma á Alþ., þá í útvarpsumr., því að við eigum kost á því að koma málinu að þannig, af því að hér er um málefni þjóðarinnar að ræða, og það er hvorki hægt að ganga fram hjá Alþ. né þjóðinni þegar ákvarðanir eru teknar í þessu máli. Slíkt er vitanlega algert hneyksli.

Ég vil þá víkja nokkru nánar, fyrir utan þessi vinnubrögð, að því, hvað mér sýnist hér vera á ferðinni. Það er sem sagt stefnt að því, eins og segir í yfirlýsingunni, að gera langtímasamkomulag við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskfriðunarmál og stjórn á fiskveiðum. Ég hlýt að spyrja: Hvað meina menn með þessari yfirlýsingu? Er meiningin að við eigum að fara að gera langtímasamning við Efnahagsbandalag Evrópu um það, hvaða fiskfriðunarreglur eigi að gilda á okkar lögsögusvæði, innan 200 mílna fiskveiðilandhelginnar við Ísland? Ég tel allt slíkt auðvitað alveg fráleitt. Það er í algerri mótsögn við það sem gengið hefur verið út frá. Hér er um okkar lögsögusvæði að ræða, og við setjum eftir okkar lagareglum ákvæði um það, hvernig verður staðið að fiskfriðunarmálum á þessu svæði, og gerum engan samning um það við eitt eða annað erlent ríki. Síst af öllu ætti að velja Efnahagsbandalag Evrópu til þess að fara að gera samning við það um ráðstafanir á þessu svæði. Eða er þá líklegt að hér sé um að ræða samning við Efnahagsbandalagið um fiskfriðunarmál fyrir utan 200 mílurnar eða þá væntanlega innan 200 mílnanna hjá Efnahagsbandalagsþjóðunum? Mér dettur ekki í hug að búast við því, þó að þeir séu að vísu leiknir sýnilega í því að reyna að lokka saklausa íslendinga sem lengst út á hálan ís, að þá dytti þeim í hug hjá Efnahagsbandalaginu að fara að gera samning við okkur til langs tíma um fiskfriðunarreglur á sínu lögsögusvæði. Okkar menn eru alveg nýlega komnir af fundi í London hjá Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni. Fulltrúar aðildarríkja þeirrar stofnunar með sérfræðinga sér við hönd hafa það verkefni að reyna að koma sér saman á frjálsum grundvelli um almennar reglur sem gilda eiga þeirra á milli varðandi fiskveiðar og fiskfriðunarmál utan þeirra svæða sem eru tilgreind sem lögsögusvæði hvers ríkis. Á þessum fundi, sem nýlega fór fram í London, sögðu fulltrúar Efnahagsbandalagsins: Það kemur ekki til mála að við höfum neitt við neina að tala í þeirri nefnd lengur sem snertir neinar ráðstafanir innan 200 mílna svæðisins sem bráðum verður hjá okkur. — Það var alveg skýrt hjá þeim að það kæmi ekki til mála. Þá er aðeins eftir sá möguleiki að það standi til að gera almennan fiskfriðunarsamning milli Íslands og Efnahagsbandalagsins á svæði sem er utan 200 mílnanna, bæði á þeirra vegum og okkar vegum. En þá er auðvitað samningur aðeins við Efnahagsbandalagið mjög lítils virði og einhliða, því að slíkir samningar ættu auðvitað að fara fram á vegum þeirra alþjóðastofnana sem nú þegar eru til og við erum aðilar að og við höfum unnið í og einmitt eiga að fjalla um málið á þeim slóðum. En ég vænti þess að hæstv. forsrh., sem fylgst hefur gerla með þessum málum, gefi hér upplýsingar um það, hvað menn meini með yfir-

lýsingu um að gera langtímasamning við Efnahagsbandalagið um fiskfriðunarmál. Slíkur samningur getur ekki komið til mála af okkar hálfu varðandi eina eða neina skerðingu á okkar lögsögusvæði, sem hér skiptir auðvitað öllu máli.

Þetta, sem ég hef sagt, gildir í rauninni einnig varðandi hina yfirlýsinguna, sem snertir það að gera samning um stjórnun á fiskveiðum, — við eigum að semja við þennan aðila um stjórnun á fiskveiðum. Ætlum við að heimila þeim hér einhverja íhlutun um það, hvernig við stöndum að því að stjórna okkar fiskveiðum? Hefur ekki alltaf verið meiningin að það væri okkar löggjafaratriði að ráða fram úr því á okkar lögsögusvæði? Eða er þetta kannske allt saman, eins og mér sýnist nú, miðað við þær upplýsingar sem ég hef getað aflað mér, — er þetta kannske allt saman eintómur hégómi og tilbúningur til þess að fela það sem hér liggur raunverulega á bak við? Á fyrri hlutinn í þeim samningi, sem nú er verið að tala um, að vera marklausar yfirlýsingar beggja um að menn stefni að fiskfriðun, menn stefni að því að fara vel með fiskstofna og nýta þá til hins besta eða eitthvað í þá áttina, — á það að vera eins og inngangurinn að öllu saman, síðan komi kjarninn og aðalatriðið, að það á að leyfa tilteknar veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi? En um það snýst allur leikurinn eins og við vitum.

Í þessari yfirlýsingu, sem ég hef gert hér að umtalsefni, er að vísu ekki sagt að það standi beinlínis til að gera samning um gagnkvæmar veiðiheimildir á fiskimiðum hvors aðila um sig. En það er sagt að það skuli einnig í komandi viðræðum fjalla um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir. Auðvitað var hinum erlenda sendimanni í þessu tilfelli nægjanlegt að fá það yfirlýst og opinbert, að um leið og ætti að gera samning um þennan fyrri hluta, sem ég hef minnst á, þá ætti einnig að fjalla um hitt.

Þá hlýt ég að spyrja einnig um það eftir alla könnunina sem fram hefur farið: Hvað er það sem hæstv. ríkisstj. meinar með gagnkvæmum fiskveiðiheimildum sem á að fjalla um? Hæstv. ríkisstj. hlýtur að vita eitthvað um það. Það er ómögulegt að þeir ráðh. og þeir embættismenn, sem hafa eytt mörgum dögum og mörgum kvöldum og setið í mörgum veislum með þessum sendimönnum, viti ekki hvert þeir eru að fara, þeir viti ekki enn hvað þeir vilja eða hvað á um að fjalla þegar næst verður komið saman. Hvað er það sem er verið að fjalla um varðandi gagnkvæmar fiskveiðiheimildir?

Jú, við vitum að það, sem fram hefur komið, er að fulltrúi Efnahagsbandalagsins býður fram heimildir handa okkur til þess að stunda síldveiðar í Norðursjó. Það fer ekkert á milli mála. Og það fer heldur vel á því, að við viljum fjalla um það mál á þeim grundvelli að í staðinn fyrir slíka heimild förum við að veita á móti ákveðnar fiskveiðiheimildir hér, einmitt þegar við erum nýbúnir að láta okkar sendimenn á fundinum í London leggja fram till. um að okkar stefnumál sé að loka Norðursjó, stöðva allar veiðar þar. Þegar við erum búnir að leggja það fram og hamra á því, að það sé okkar stefna af brýnni nauðsyn að stöðva síldveiðarnar í Norðursjó, þá á framhaldið að verða það, að auðvitað verðum við að gera eitthvað talsvert fyrir að fá að stunda þar veiðar. Sér er nú hver samkvæmnin í málflutningi! Við vitum að það væri rétt að stöðva um nokkurt bil allar síldveiðar í Norðursjó, eins og þar er komið. En við vitum líka, jafnvel þótt okkur eða öðrum verði boðið að veiða nokkurt magn þar, þá vitum við að slíkt tilboð er sáralítils virði og eins og nú er komið er vafasamt að íslensk útgerð mundi notfæra sér slíka heimild, — mjög vafasamt. Ég fyrir mitt leyti dreg mjög í efa að sá síldveiðifloti okkar, sem hefur notfært sér Norðursjávarveiðina til þessa, en er jafnframt sá floti sem fyrst og fremst getur nýtt sér sumar- og haustloðnuveiðarnar fyrir Norðurlandi, — ég dreg það mjög í efa að þeir verði margir sem stöðva loðnuveiðina til þess að notfæra sér veiðar í Norðursjó við þær aðstæður sem menn hafa þar við að búa nú. Auðvitað er þetta tilboð af hálfu Efnahagsbandalagsins sýndartilboð og hrein blekking og við getum ekki keypt þetta fyrir einn einasta eyri, ekki fyrir einn einasta fisk.

Hvað er það annað sem er verið að bjóða? Jú, það er látið að því liggja að Efnahagsbandalagið ráði fiskveiðilandhelginni við Grænland, og er það þó mjög vafasamt samkv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja, að hve miklu leyti Efnahagsbandalagið, a. m. k. eins og nú standa sakir, fer þar með nokkurt umboð. Skipta þar ekki miklu máli fullyrðingar þess sendimanns sem kom hingað, því að það liggja þar aðrar yfirlýsingar á móti. En gerum samt ráð fyrir því að Efnahagsbandalagið geti verslað með fiskimiðin við Grænland. Eins og hefur verið bent á áður í umr. á Alþ., þá vitum við það mætavel að fiskimiðin við Grænland eru í slíku ástandi nú, að við viljum ekkert fyrir þau gefa eins og þau eru í dag — ekkert. Það væri því alger fjarstæða af okkur að fara að kaupa aðgang að þeim miðum, eins og nú standa sakir, með því að hleypa einhverjum skipum inn á okkar mið, fyrir utan það, að það er auðvitað fyrir neðan allt velsæmi að gera kaupskap við Enfnahagsbandalag Evrópu, ýmsar auðugustu þjóðir í heiminum sem þar eru, veita þeim tiltekin friðindi í okkar landhelgi á kostnað grænlendinga. — Við ættum að standa að slíkum samningum að við gætum hirt eitthvað af því sem eftir kann að finnast á Grænlandsmiðum, tekið það frá grænlendingum sem þurfa virkilega á slíku að halda, til þess að við gætum fært hinum efnuðu þjóðum Efnahagsbandalagsins eitthvað af okkar fiski. Slíkt er auðvitað þannig að ég trúi ekki að það verði margir menn hér á hv. Alþ. sem styðji slíka stefnu þegar til á að taka. Það væri vitanlega með öllu ósæmilegt af okkur, og það yrði þá heldur lítið úr þeim aths. sem við höfum gert í sambandi við meðferðina á okkur áður fyrr, þegar nokkuð svipað stóð á fyrir okkur þegar við vorum í sambandinu við dani.

Nei, það er alveg augljóst mál að það, sem hér er á ferðinni, er það — og kemur okkur auðvitað ekkert á óvart — að fulltrúi Efnahagsbandalags Evrópu er hér á ferðinni og knýr á með það að komast með veiðiskip frá bandalagsþjóðum sínum inn á okkar fiskimið. Það er ástæðan fyrir ferð hans hingað. Það er ástæðan fyrir þeim umr. sem fram hafa farið. Þetta á vitanlega að viður-

kenna og láta alla íslensku þjóðina fá að fylgjast með. Alþ. á að ræða málið á þessum grundvelli, og hæstv. ríkisstj. á að skýra hér frá því hvað það er, sem þessir menn reyna að bjóða hér fram. Þó að þeir hafi ekki lagt fram formlegar till. um hve mörg tonn við megum veiða við Grænland og um hve mörg tonn við megum veiða í Norðursjó, þá eru tilboð þeirra um þetta. Og þó að ekki sé búið enn þá af hálfu íslendinga, a. m. k. ekki opinberlega, að tilnefna hvað eigi að veita Efnahagsbandalagsþjóðunum mikil réttindi í tonnum mælt til veiða hér við land, þó að þetta sé ekki búið, þá er búið að ræða um sjálft efni málsins, það vitum við.

Ég vil nú í framhaldi af því, sem ég hef sagt, óska eftir að hæstv. forsrh. gefi við þessar umr. hér yfirlýsingu um það, ég fer fram á að hann gefi hér yfirlýsingu um það, því að málið er komið það langt áleiðis að það er full ástæða til þess að óska eftir skýrri afstöðu hans í málinu, — hann gefi hér yfirlýsingu um það, að það verði ekki gerðir neinir samningar um veiðiheimildir handa útlendingum í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Við eigum kröfu á því að hæstv. ríkisstj. segi til um það nú á þessari stundu. Telur hún að þetta sé hægt, eða er hún á móti þessu? Það nær auðvitað engri átt að standa þannig að málinu, að um miðjan des. verði samningaviðræðum haldið áfram, gengið verði frá samningum rétt fyrir jól, þm. síðan sendir heim í mánaðar jólafrí og svo komi menn saman, eins og stundum áður, og standi frammi fyrir gerðum hlut: ráðh. eru búnir að samþykkja þetta, þeir eru búnir að skuldbinda sig. Hvað á maður að gera? segja stuðningsmenn stjórnarinnar. Er nú hægt að láta stjórnina falla á þessu? Ætli maður verði ekki að kingja þess?

Svona er vitanlega ekki hægt að standa að málum og allra síst máli eins og þessu. Því vænti ég þess, að hæstv. forsrh. treysti sér til að koma hér upp í ræðustólinn og lýsa því beinlínis yfir sem afstöðu ríkisstj. að veiðiheimildasamningar við útlendinga komi ekki til greina.

Í öðru lagi vil ég óska eftir því, að hæstv. forsrh. gefi hér einnig yfirlýsingu um það, að í framhaldi af þessum margumtöluðu könnunarviðræðum, sem átt hafa sér stað, verði málið nú lagt hér fyrir Alþ., umr. teknar upp um málið á eðlilegan hátt og stefna í þessu máli mörkuð hér á Alþ. Ég er sannfærður um að þjóðin öll mundi verða miklu rólegri en hún er í dag í sambandi við þetta mál ef það lægi fyrir að forsrh. hefði lýst því yfir, að í framhaldi af þeim viðræðum, sem nú hafa átt sér stað við erlenda aðila um þessi mál, verði málið tekið fyrir á Alþ. og stefnan í málinu verði mörkuð á Alþ., en það verði ekki gengið fram hjá Alþ. og hendur manna bundnar á þann hátt með einhvers konar samningagerð.

Ég vil einnig fara fram á það við hæstv. forsrh., að hann geti nú þegar lýst yfir það mikilli stefnumörkun í málinu, að hann fáist til þess að lýsa því hér yfir, að það verði ekki gerðir neinir samningar við útlendinga varðandi fiskveiðimál íslendinga sem bindi hendur Alþingis á nokkurn hátt varðandi fiskfriðunarmál og stjórn fiskveiða eða annað þess háttar, — verði umr. haldið áfram, þá sé það alveg ljóst að það geti ekki komið til greina að gera neina slíka samninga sem geti haft nokkur minnstu áhrif á það að binda hendur Alþ. sem hefur réttinn til þess að setja lög og reglur varðandi bæði fiskverndarmál og stjórn á fiskveiðum.

Þá hefði mér einnig þótt mjög vænt um ef hæstv. forsrh. hefði treyst sér til þess að gefa hér yfirlýsingu um það, að það væri hans stefna að við íslendingar gætum ekki, þótt okkur væri boðið, þá gætum við ekki þegið það með neinum hætti að taka við fiskveiðiheimildum okkur til handa á Grænlandsmiðum án þess að beint samþykki grænlendinga liggi þar fyrir. Það er mín skoðun, að komi til þess fyrr eða síðar að við íslendingar teljum rétt og nauðsynlegt að semja um einhver gagnkvæm réttindi við færeyinga og grænlendinga, þá eigi að taka stefnumarkandi ákvörðun um það og semja við slíka aðila beint og án allrar milligöngu Efnahagsbandalagsins, dana eða annarra slíkra. Vill nú ekki hæstv. forsrh. líka lýsa því yfir, að það sé hans skoðun eins og mín, að við getum ekki verið þekktir fyrir það að gera neina samninga eða þiggja neitt af hálfu Efnahagsbandalagsins, sem er á kostnað grænlendinga, í þessum efnum?

Ég vil vænta þess að hæstv. ríkisstj. hætti þeim leiðu vinnubrögðum sem hún hefur haft í þessu máli, að pukrast með málið, segja ýmist mjög villandi til um það, hvað hefur verið að gerast, eða halda alveg frá mönnum öllum upplýsingum sem skipta aðalmáli, en það tel ég mig geta sannað að ríkisstj. hefur gert í þessu tilfelli. Hún hefur ekki sagt frá því sem hér skiptir máli. Hún hefur látið það liggja í þagnargildi, við höfum ekki fengið upplýsingar um það. Enda ætla ég að það gefi nokkurn veginn auga leið, að erlendir samningamenn, sem hingað koma og eyða mörgum dögum til viðræðna við íslenska embættismenn og hæstv. ríkisstj., þeir láta ekki frá sér fara, rétt eftir að þeir koma frá viðræðunum, slíkt sem sendimaður Efnahagsbandalagsins hefur gert í þessu tilfelli, að hann t. d. telji það nokkurn veginn víst að samkomulag muni takast, nema á einhverju verulegu sé að byggja, enda ætti þá ríkisstj. að leiðrétta slíkar yfirlýsingar tafarlaust og bera þær til baka ef þær eru með öllu ósannar.

Eins og ég sagði áður, þá er hér um svo stórt og mikið mál að ræða að það er ómögulegt að þola að það verði gengið fram hjá Alþ. í málinu eða að því staðið þannig að raunverulega sé fyrst gengið frá öllum hnútum í samningum án þess að ræða málið á Alþ. og síðan verði Alþ. stillt upp frammi fyrir gerðum hlut. Fáist ekki skýrari yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. um stefnuna í þessu máli og um stefnumörkun í málinu né heldur um það að málið verði hér tekið fyrir til umr. á eðlilegan hátt, opið fyrir allri þjóðinni, þá verða gerðar hér ráðstafanir til þess að flytja till. um málið og heimta útvarpsumr. um þá till. og getur þá ríkisstj. ekki skotið sér undan því að málið verði tekið hér fyrir. Ég sé satt að segja ekki hvaða ástæður geta legið til þess að ríkisstj. reyni að halda fast við þá óvenjulegu vinnubragðaleið sem hér hefur verið valin.

Ég vil svo vænta þess, að hæstv. forsrh. verði við óskum mínum, sem ég hef sett hér fram, að gefa bæði Alþ. nánari skýrslu um það, sem fram hefur komið í málinu á þessum viðræðufundum, og yfirlýsingar í þá átt sem ég hef

óskað eftir, til þess að taka af allan vafa um það, hver sé afstaða hans og stefna ríkisstj. varðandi þýðingarmestu atriði málsins.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég tel ástæðulaust af hálfu hv. 2. þm. Austurl. að kvarta yfir því, að ekki fáist umr. um landhelgismálið hér á Alþ. Það eru ekki margar vikur síðan við ræddum hér samninginn við Breta, og í þeim umr. var allítarlega rætt um landhelgismálið. Það var í fyrsta lagi rætt um það, hvort þessi samningur hefði í sér fólgna viðurkenningu Breta á 200 mílna útfærslu okkar. Það var í öðru lagi fjallað um gildi fyrirvara Breta varðandi gildistíma tollaívilnana samkv. bókun 6. Og það var í þriðja lagi varið mjög löngum tíma í það að fjalla um, hvort rétt væri að taka upp viðræður við aðrar þjóðir um hvað skyldi við taka að samningstímabili loknu. Um þetta voru menn ekki á eitt sáttir að vísu. En engu að síður var um allt þetta rætt ítarlega, þannig að það hefur ekki verið farið fram hjá Alþ. Utanrmn. hefur verið skýrt frá viðræðunum, landhelgisnefndarfundur er boðaður á mánudaginn kemur og það er ekki ætlun ríkisstj. að ganga fram hjá Alþ. að einu eða neinu leyti.

Það kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að hér væri Alþingi óvirðing sýnd. Ég held að það sé mjög mikill misskilningur hjá hv. þm. og er viss um að hann viðurkennir það fyrir sjálfum sér þegar hann hugsar betur um málið.

Í þeirri sameiginlegu yfirlýsingu, sem gefin var út eftir síðustu viðræður við fulltrúa Efnahagsbandalagsins, er í fyrsta lagi talað um að Ísland og Efnahagsbandalag Evrópu hafi komið sér saman um að halda áfram viðræðum sín á milli er miði að samkomulagi til lengri tíma, þar sem kveðið verði á um samvinnu á sviði fiskverndar og stjórnunar á veiðum tiltekinna fiskstofna. Þarna er talað um viðræður er miði að samkomulagi um samvinnu á sviði fiskverndar og stjórnunar á veiðum tiltekinna fiskstofna. Ég hefði nú haldið það svo skýrt orðað að ekki þyrfti frekari skýringa við og veit að hv. 2. þm. Austurl. er svo vel heima í sjávarútvegsmálum og fiskveiðamálum að hann skilur þetta orðalag. Ég held að hvorki hann né aðrir þurfi að vera hræddir um það, að við munum í slíkum viðræðum afsala okkur einhverju sjálfsforræði um hvaða fiskverndunarleiðir við kjósum að fara innan okkar 200 mílna fiskveiðilögsögu. Ég hef í raun og veru litið þannig á málin, að enginn hv. alþm. léti sér detta í hug að nokkur þjóð mundi gera strangari kröfur til fiskverndar en við Íslendingar. Þar af leiðandi hefði ég haldið að það væri einföld ályktun að skilja tilgang slíkra viðræðna sem svo, að við værum að fá Efnahagsbandalagið eða ríki Efnahagsbandalagsins til þess að gera samsvarandi fiskverndunarkröfur innan sinnar fiskveiðilögsögu. Það er staðreynd að innan fiskveiðilögsögu Grænlands eru t. d. svokallaðir flökkufiskstofnar sem fara bæði um fiskveiðilögsögu Grænlands og Íslands. Íslenskir fiskifræðingar hafa opinberlega lýst áhyggjum sínum yfir því, að veiðar rússa og annarra þjóða reyndar líka við Grænland stofni karfastofninum í hættu, þannig að við getum búist við minni karfagengd hér á íslenskum fiskimiðum. Væri t. d. ekki ástæða fyrir okkur að ganga úr skugga um hvaða stjórnun á fiskveiðum Efnahagsbandalagið ætlar að hafa innan fiskveiðilögsögu sinna landa? Ég kem síðar að því, hvort Grænland telst til Efnahagsbandalagsins eða ekki að þessu leyti. Og væri ekki ástæða fyrir okkur Íslendinga t. d. að ganga úr skugga um það, hvort móðurskipum og verksmiðjuskipum verði heimilaðar veiðar innan fiskveiðilögsögu Efnahagsbandalagsríkjanna? Slík skip eru bæði að verki innan fiskveiðilögsögu Grænlands og innan fiskveiðilögsögu Bretlands og valda geig hjá fiskimönnum margra ríkja og geta haft áhrif á fiskgengd á Íslandsmiðum. Er ekki sjálfsagt að ganga úr skugga um það með viðræðum, hvernig Efnahagsbandalagsríkin ætla að haga þessum málum hjá sér, og ef við getum fengið samvinnu við þau um að þau taki samsvarandi fiskverndunarráðstafanir upp hjá sér eins og við teljum eðlilegar hjá okkur, er þá ekki ávinningur í því?

Sannleikurinn er sá, að ég taldi um svo sjálfsagðan hlut að ræða sem þessi þáttur fréttatilkynningarinnar fjallar um, að mér datt sannast að segja ekki í hug annað en allir hv. þm. væru sammála þessu.

Hvað snertir framhaldið, þá er sagt að í viðræðum, sem ráðgerðar eru seinna í næsta mánuði, verði einnig fjallað um hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir á fiskimiðum hvors samningsaðila um sig. Það er talað um hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir. Og til frekari takmörkunar er sagt: „í samræmi við stefnu beggja aðila á sviði fiskverndar“. Sannleikurinn er sá, að við vitum að bretar og Efnahagsbandalagið fyrir þess hönd hafa áhuga á að afla sér fiskveiðiheimilda innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Það er ekkert leyndarmál og hefur aldrei verið neitt leyndarmál. Spurningin er hvort við viljum veita slíkar heimildir. Við höfum engu lofað um það og sagt að við tækjum upp viðræður um slíka ósk á grundvelli gagnkvæmra veiðiheimilda.

Nú er það svo, að Efnahagsbandalagið hefur ekki mótað sína fiskveiðistefnu og við vitum þess vegna ekki hvað Efnahagsbandalagið býður. Við teljum það óþarfa bráðlæti að svara einu eða öðru fyrr en við sjáum og staðreynum hvað er í boði af hálfu gagnaðila. Við treystum okkur vel til þess að halda svo á hagsmunum Íslands að þeim sé borgið og að viðræðurnar leiði til samnings um veiðiheimildir nema Íslendingar fái það í staðinn sem þeir meta a. m. k. jafngilt og jafnmikilvægt og þeir e. t. v. láta í té. Um þetta hefur engin ákvörðun verið tekin og verður ekki tekin, enda ekki unnt að taka hana fyrr en vitað er hvað er í boði af hálfu gagnaðila.

Í máli hv. 2. þm. Austurl. kom fram enn á ný þessi minnimáttarkennd, að við Íslendingar eigum ekki að taka upp viðræður við aðrar þjóðir um það, sem þær hafa áhuga á, jafnvel þótt það sé vafasamt og mikið matsatriði hvað miklar líkur eru til þess að slíkar viðræður leiði til samkomulags. Um það skal ég ekkert segja á þessi stigi málsins. Málið er ekki upplýst af hálfu gagnaðila nægilega til þess. En við eigum að muna það, að oft viljum við Íslendingar óska eftir viðræðum við aðrar þjóðir um okkar eigin áhugamál og við viljum gjarnan fá tækifæri til

þess að lýsa þeim, jafnvel þótt litlar líkur séu á því að við fáum þeim framgengt. Það er nauðsynlegt, þegar hagsmunir rekast á eða deilur rísa, að þjóðir hafi manndóm, þroska og þor að ræða saman. Hitt er svo allt annað mál, hvort slíkar viðræður leiða til samkomulags eða ekki.

Það er fjarri lagi hjá hv. þm. að halda því fram að við viljum ganga fram hjá Alþ. Og ég vil a.m.k. ekki standa þannig að málum sem hann gerði í sinni sjútvrh.-tíð, þegar hann var í rauninni búinn að ganga frá samningi við Sovétríkin um samvinnu á sviði fiskirannsókna, að því er mér jafnvel skilst með þeim hætti að ganga fram hjá utanrrh. og fara fram hjá réttum starfsreglum á því sviði, hvað þá að Alþ. væri gert kunnugt um slíkar fyrirætlanir eða innihald samkomulagsins eða samkomulagsuppkastsins gert kunnugt hér. Það getur vel verið ástæða að gera slíkan samning eða samkomulag við Sovétríkin og er á milli Sovétríkjanna og Noregs. En ég segi þetta sem dæmi um það, að hv. þm. gerir meiri kröfur til annarra en sjálfs sín.

Ég átti að áliti hv. 2. þm. Austurl. að gefa margvíslegar yfirlýsingar. Ég vil segja um þá kröfu hv. 2. þm. Austurl., að honum getur ekki verið alvara að ég gefi slíkar yfirlýsingar. Ég hef þegar gefið yfirlýsingu um það, að á þessu stigi málsins er ekki unnt að segja hvort viðræður um samvinnu á sviði fiskverndar og stjórnunar á veiðum tiltekinna fiskstofna, viðræður um möguleika á slíku samkomulagi leiði til þess að samkomulag verði gert. Viðræðurnar einar leiða það í ljós. Það er hins vegar alveg sjálfsagt að gefa bæði utanrmn. og landhelgisnefnd skýrslur um slíkar viðræður eftir því sem þær fara fram.

Þá óskaði hv. 2. þm. Austurl. að í framhaldi af könnunarviðræðum verði málið tekið fyrir og stefna mörkuð hér á Alþ. Ég tel að í þessari yfirlýsingu minni um að samráð verði haft við utanrmn. og landhelgisnefnd felist það, að stefnan verði mörkuð innan veggja Alþingis.

Varðandi veiðiréttindi á Grænlandsmiðum vil ég aðeins láta þá skoðun í ljós, að veiðiréttindi á Grænlandsmiðum, samningsforræði hvað þau snertir, veltur væntanlega á þjóðarétti, á því hverjir fara með málefni grænlendinga. Við íslendingar getum haft okkar skoðanir á því, hver staða grænlendinga eigi að vera í heiminum, og meðal grænlendinga sjálfra skilst mér að sé ágreiningur að þessu leyti, ef marka má ummæli grænlensks stjórnmálamanns sem hér var á ferðinni nýlega. Það fer eftir því, hvernig þessu samningsforræði er varið á hverjum tíma, við hverja er að eiga. Að við getum ekki verið þekktir fyrir að þiggja veiðiréttindi úr hendi þess aðila, sem að þjóðarétti hefur samningsforræðið, get ég ekki fallist á vegna þess að við erum þá ekki að taka neitt frá grænlendingum, heldur er sennilega þar verið að bjóða fram veiðiréttindi sem ella mundu falla t.d. rússum eða öðrum þjóðum sem nú stunda veiðar á þessum miðum, ef og að því tilskildu að einhvers konar fiskverndarsjónarmiða sé gætt á Grænlandsmiðum, sem við skulum vona að Efnahagsbandalagið taki okkur til fyrirmyndar um.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa ræðu mína frekar, en vil þó aðeins, áður en ég lýk máli mínu, láta þá skoðun í ljós að nú um þessi mánaðamót muni það koma í ljós, að bresk fiskiskip hverfi af Íslandsmiðum samkv. samkomulaginu, sem gert var í Osló, og þar með sé staðfestur sá skilningur okkar, sem að samningsgerðinni stóðum og samninginn samþykktum hér á Alþ., að í samningnum fælist viðurkenning á 200 mílna útfærslu okkar. Upplýst er að annað atriðið, sem rætt var um og umdeildast var í sambandi við samninginn, þ.e.a.s. fyrirvari breta varðandi gildistíma tollaívilnana, hefur ekki borið á góma í þeim könnunarviðræðum sem hingað til hafa farið fram, og því munu þær tollaívilnanir halda gildu sínu. Hér er um tvö mjög mikilvæg atriði að ræða, og á þeim atriðum m.a. byggist það sem við höfum alltaf sagt, sem samþykktum Oslósamninginn, að við erum nú í þeirri stöðu að geta metið framvindu málsins og tekið ákvarðanir okkar á grundvelli okkar eigin hagsmuna að einu og öllu leyti. Þetta var loks staðfest í leiðara blaðs hv. 2. þm. Austurl. núna um daginn, og það er gott að skilningur stjórnarandstöðunnar hefur vaxið á gildi þess samkomulags sem þeir töldu vera óviðunandi þegar það var gert, á gildi þeirra viðræðna sem fóru á undan því samkomulagi og þeir töldu óráð að hefja. Eins og þær viðræður leiddu til ávinnings fyrir okkur, þá tel ég að þær viðræður, sem ráðgerðar eru seinni hluta des., geti aldrei orðið annað en okkur til ávinnings, hvort heldur þær leiða til samkomulags eða ekki. Við höfum þar tækifæri til að skýra okkar sjónarmið, aðstæður okkar og tíunda það skilmerkilega hvað við teljum nauðsynlegt að fá ef við veitum eitthvað, og ef við veitum ekki neitt, þá höfum við tækifæri til þess að gefa á því skýringu og rökstyðja það þannig að gagnaðilinn skilji.

Jónas Árnason: Herra forseti. Í deilunum við okkur Íslendinga um áframhaldandi fiskveiðiréttindi hér á miðum okkar hafa talsmenn bresku útgerðarinnar, bresku togaraeigendanna og berskra stjórnvalda jafnan hrópað hvað hæst um það, að við værum að níðast á breskum sjómönnum, breskum verkalýð, aðgerðir okkar bitnuðu harðast á þessu fólki, við værum að leiða atvinnuleysi og hörmungar yfir þúsundir þessa fólks. Og íslensk stjórnvöld hafa hvað eftir annað samið um áframhaldandi fiskveiðiréttindi til handa bretum, m.a. og ekki hvað síst með tilliti til þessa vanda, það skyldi ekki á okkur sannast að við værum að níðast á breskum verkalýð.

En sannleikurinn er sá, að í hvert sinn sem við höfum samið við breta, hvert sinn sem íslensk stjórnvöld hafa samið við breta um áframhaldandi veiðar, hafa þau verið að gera breskum verkalýð, breskri sjómannastétt og öðru því fólki, sem í fiski vinnur þar ytra, bjarnargreiða. Aftur á móti hefur sérhvert samkomulag um áframhaldandi veiðar hjálpað breska togaraauðvaldinu og breskum stjórnvöldum til þess að víkja sér undan vanda, mjög aðkallandi vanda, sem þessum aðilum hefur borið skylda til að leysa.

Á sjónvarpsfundi, sem ég tók þátt í núna fyrir

nokkrum dögum úti í London, gerðu fulltrúar þessa verkalýðs, 60 manns frá Grimsby og Hull, hríð að Austen Laing framkvæmdastjóra Breska togaraeigendasambandsins og þm. James Johnson frá Hull. Þessir fulltrúar bresks verkalýðs héldu því fram að umræddir aðilar, breska togaraútgerðin og bresk stjórnvöld, hefðu notað okkur íslendinga sem blóraböggul. Með því moldviðri, sem þeir hefðu þyrlað upp út af landhelgisstefnu okkar íslendinga, hefði þeim tekist að dylja þá staðreynd að þeir hefðu sjálfir brugðist þessu fólki. „Þið hafið sjálfir brugðist okkur," sögðu þessir fulltrúar verkalýðsins í Grimsby og Hull. „Og það er kominn tími til," sögðu þeir, „það er kominn tími til að horfast í augu við staðreyndir og gera eitthvað raunhæft til þess að leysa þann vanda, sem að okkur steðjar."

Auðvitað voru þarna líka nokkrir, því er ekki að neita, þarna voru líka nokkrir sem gerðu harða hríð að eina íslendingnum sem staddur var á þessum fundi. En það var aðeins framan af fundinum. Síðan var íslendingurinn ekki krafinn sagna um eitt né neitt. Íslendingurinn kom ekki lengur málinu við. Og þegar leið á fundinn, þá fannst honum eins og hann væri allt í einu kominn inn á heimili þar sem uppi voru grimmar fjölskylduerjur. Það var ekki sjónvarpað nema í hálftíma, en fundurinn stóð miklu lengur. Það var kominn svo mikill hiti í menn.

Hver er niðurstaðan af þessu?

Í fyrsta lagi: Ef íslensk stjórnvöld hefðu ekki æ ofan í æ látið undan kröfum breska togarauðvaldsins, líka eftir að allar aðstæður mæltu með því að við stöðvuðum fullkomlega veiðar breta hér uppi á Íslandsmiðum, — ef íslensk stjórnvöld hefðu ekki gert þetta æ ofan í æ, boðið breskum togaraeigendum og stjórnvöldum þetta skálkaskjól gagnvart þeim verkalýð sem þarna á hagsmuna að gæta, þá hefðu þessir aðilar ekki aftur og aftur komist upp með það, að slá á frest raunhæfum aðgerðum til að bæta úr vanda þessa fólks. M. ö. o.: vandi þessa verkalýðs væri ekki sá sem hann er í dag ef íslensk stjórnvöld hefðu ekki gert breska togaraauðvaldinu og breskum stjórnvöldum æ ofan í æ þann greiða að sjá þeim fyrir blekkingum til þess að veifa framan í þennan verkalýð. Með harðari og ákveðnari stefnu gagnvart breska togaraauðvaldinu og breskum stjórnvöldum, þ. e. með því að stöðva, þegar öll tækifæri leyfðu það, að fullu veiðar breskra togara hér á Íslandsmiðum, þá hefðu íslensk stjórnvöld getað verið búin að veita þeim breskum verkalýð, sem þarna á hlut að máli, ómetanlegan stuðning í baráttu hans fyrir þeirri skipan fiskveiðimála sem gæti tryggt honum til frambúðar það öryggi, efnahagslegt og atvinnulegt, sem hann gerir kröfur til.

Í öðru lagi er þetta ljóst núna: Bretum er það orðið fyllilega ljóst að þeir geta ekki haldið áfram veiðum sínum á Íslandsmiðum. Ef íslensk stjórnvöld gera samkomulag um eitthvert áframhald þessara veiða, þá verður það gert þrátt fyrir það að bretar hafa endanlega og fullkomlega viðurkennt ósigur sinn. En — ég segi: en — svo lengi gæti forsrh. okkar íslendinga velt frá sér óljósu orðalagi, svo lengi gæti hann veigrað sér við, komist hjá því að gefa skýrar yfirlýsingar eins og hann var krafinn um hér áðan, að vonir breta færu að glæðast á ný.

Á umræddum sjónvarpsfundi kom ótvírætt í ljós þessi afstaða fólksins. Stjórnandi fundarins spurði um álit þess á því, hvaða horfur væru á því að bretar fengju að veiða hér áfram eftir að núverandi samkomulag rennur út á morgun, annað kvöld, og allir sögðu: Það er vonlaust. — Þetta sögðu allir þessir óbreyttu fundarmenn sem þarna voru, fulltrúar alþýðu í Grimsby og Hull. Hins vegar virtist James Johnson gera sér einhverjar vonir enn þá og hann Austen Laing, framkvæmdastjóri Breska togaraeigendafélagsins. En báðir sögðu þeir þó, og þar voru þeir að verða við kröfu fundarmanna, að mestu skipti að koma nú nýrri skipan á bresku útgerðina, ná auðvitað fyrst og fremst fram kröfunni um einkarétt innan 50 mílnanna og snúa sér að því að veiða þá fiskstofna sem enn hafa ekki verið nýttir nema að litlu leyti. Og í þessu sambandi kom það fram hjá fulltrúa fisksöluhringsins Findus, sem þarna var staddur, að kolmuninn gæti að líkindum komið að miklu leyti í staðinn fyrir þorsk á breskum markaði. Ástandið gæti lagast stórlega og fljótlega ef menn tækju rækilega til hendinni. Og hann kvaðst geta huggað áheyrendur sína með því að sennilega mætti nota kolmunnann engu síður en þorskinn í þann þjóðarrétt breta sem sumir þar ytra virðast telja nauðsynlegan til þess að jafnvægi haldist í breskri þjóðarsál, þ. e. a. s. „fish and chips".

Og núna áðan frétti ég það í símtali frá Bretlandi, að á morgun kl. 3 hefst á Park Lane Hotel í London ráðstefna um fiskveiðimál. Aðstandendur þessarar ráðstefnu eru samtök útgerðarmanna og sjómanna og allra þeirra annarra aðila sem hér eiga hagsmuna að gæta. Og helsti hvatamaðurinn mun vera sá margfrægi Austen Laing og einhverjir hans nánir félagar. Þeir hafa sem sé loksins komist að þeirri niðurstöðu að nú verði því ekki lengur á frest skotið að gera eitthvað raunhæft í þessum málum. Að sjálfsögðu verður meginefni þessarar ráðstefnu sú krafa breta að fá einkarétt til fiskveiða innan 50 mílnanna og svo önnur átök þeirra við Efnahagsbandalagið út af fiskveiðimálum. Þó er ég ekki í neinum vafa um það, að Austen Laing og hans kumpánar munu reyna að fá samþykktar harðorðar ályktanir varðandi kröfur um áframhaldandi fiskveiðar hér uppi við Ísland. Sumir eru býsna seigir við að berja hausnum við steininn. Og þeim mun frekar mundu þeir hafa uppi slíka tilburði ef þeir teldu sig geta lagt þann skilning í fréttir um viðbrögð íslenskra stjórnvalda að hér væri einhver vilji til þess að láta nú enn þá einu sinni undan og leyfa einhverjum breskum klækjum að skarka hér áfram. Og því miður, eftir þær yfirlýsingar sem hér voru gefnar áðan — eða skort á yfirlýsingum skulum við segja, þá sýnist mér að Austen Laing geti farið að hugsa að það væri ómaksins vert að koma enn einu sinni með gömlu kröfuna.

En það mundi verða happadrýgst, það skal ég segja ykkur, það mundi verða happadrýgst fyrir breska sjómenn og þann breska verkalýð, sem hér á hlut að máli, að héðan frá Íslandi bærust þær fregnir að þessu væri lokið, að héðan bærust engar þær fréttir sem gætu ýtt undir breska togara-

auðvaldið að hefja nú enn einu sinni gamla söginn um það, að öll vandamál á þessu sviði væru okkur íslendingum að kenna. Þetta mundi verða öllum fyrir bestu. Og ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum gefa ekki íslensk stjórnvöld þá skýlausu yfirlýsingu sem leysir þennan vanda í eitt skipti fyrir öll? Hvers vegna taka ekki íslensk stjórnvöld af skarið, svo að framkvæmdastjóri breska togaraauðvaldsins og hans kumpánar sjái að allar ályktanir af því tagi, sem ég var að nefna, mundu vera vitagagnslausar, allir tilburðir í þá áttina vonlausir? Af hverju er ekki gefin skýlaus yfirlýsing um það, að hvimleið samskipti okkar við breska togaraauðvaldið séu á enda, að aldalangri rányrkju breskra fiskveiðiskipa á Íslandsmiðum verði að fullu og öllu lokið frá morgundeginum, 1. des., fullveldisdegi íslendinga, að telja.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Eftirleikur þeirra umr., sem síðast fóru fram hér í Reykjavík milli íslenskra stjórnvalda og fulltrúa Efnahagsbandalagsins, hefur verið næsta skrýtinn. Í blöðum ríkisstj. hér heima og ræðum, sem við höfum m.a. heyrt hér í dag, er fyrst og fremst talað um fiskvernd, sem er allt að því heilagt hugtak í hugum íslendinga, a.m.k. nú orðið, og það sé ómögulegt annað en að við ræðum við hvern sem vill við okkur tala um fiskvernd og reynum að koma ár okkar eins vel fyrir borð á því sviði og við getum.

En hinn aðilinn virðist líta allt öðruvísi á það, sem hefur gerst. Yfirlýsingar Gundelachs og ummæli Croslands eru fyrst og fremst um það, hvers vegna þeim hafi ekki tekist að ná samningum um frekari veiðar. Og blaðaskrif og vangaveltur í blöðum á meginlandinu og þá sérstaklega í Bretlandi snúast eingöngu um þetta. Þar er Gundelach gagnrýndur fyrir aumingjaskap, en þó gefið undir fótinn með að þetta muni e.t.v. ganga eitthvað betur hjá þeim um eða upp úr áramótum.

Nú skal ég ekkert segja um það, að íslenskir aðilar eða erlendir séu vísvitandi að mistúlka það sem gerðist. Það getur vel verið að báðir hafi rétt fyrir sér, það sem þeir tala um, hafi borið á góma. En a.m.k. liggur fyrir tilkynning þar sem talað er annars vegar um fiskvernd og hins vegar um hugsanlegar gagnkvæmar fiskveiðiheimildir. Og það veit hver einasti heilvita maður, að þetta mál snýst fyrst og fremst um fiskveiðiheimildir. Það sérkennilega og að mörgu leyti það ógeðslega við þessa þróun málsins er, að það læðist að manni sá sterki grunur að það eigi að nota fiskverndina til að blekkja okkur íslendinga til að veita fiskveiðiheimildir. Ég segi: Það læðist að okkur sá grunur. Hann styrkist við það að lesa vangaveltur og ummæli hinna erlendu aðila að þessu máli.

Nú er það svo, að það er gömul saga um verndun fiskstofnanna. Þegar fyrstu fundir til undirbúnings Hafréttarráðstefnunni hófust lögðu kanadamenn fram víðtækar og vel undirbúnar till. um að varðveita fiskstofnana, en vera ekkert að hugsa um landhelgi eða neitt slíkt, því að fiskurinn skildi ekki þessar landhelgislínur okkar. Þetta var kölluð tegundaleiðin og byggðist að verulegu leyti á því sem hæstv. forsrh. kallaði flökkufiskstofna. Þessi till. var rædd á undirbúningsfundum Hafréttarráðstefnunnar. En henni var hafnað. Hún var talin óframkvæmanleg. Ráðstefnan snerist inn á hina leiðina, útfærsluleiðina. Það varð almennt samkomulag um útfærsluleiðina, að hún væri framkvæmanleg og með henni ætti að ná verndunartakmarkinu vegna þess að það væru hagsmunir hvers strandríkis að vernda sína fiskstofna. Síðan færðist útfærsluhugtakið alla leið í 200 mílur. Þá er ekki orðið svo afskaplega mikið af nytjafiskum sem flakka á milli, að það sé stórkostlegt vandamál sem ekki má leysa ef hver hugsar vel um sína landhelgi.

Nú gerist það allt í einu eftir þá þróun, sem orðið hefur, með nokkurra ára millibili, — það eru 4—5 ár síðan kanadamenn voru með þessar hugmyndir og urðu að hverfa frá þeim, — að Gundelach kemur með þessar hugmyndir á ný. Menn heyra nú að ef Efnahagsbandalagið yrði svo indælt að vernda þorskstofninn við Grænland, þá væri eðlilegt vegna Grænlandsþorsksins, sem syndir upp að Vestur-Íslandi, að íslendingar borguðu fyrir það með því að lofa breskum togurum að veiða hér. Þessi hugmynd, sem er byggð á þessari gömlu tegundaleið kanadamanna sem var hafnað snemma í þróun þessa máls, er sýnilega nýtt bragð upphugsað til þess að reyna að finna einhverja leið til þess að ná samningum við íslendinga. Þessir menn gera sér grein fyrir því, að það muni verða erfitt að ganga beint framan að okkur og heimta framlengingu á bresku samningunum. Þess vegna er fundin upp þessi krókaleið, að reyna að nota fiskverndarhugtakið, fiskverndartilfinningarnar, til þess að lokka okkur til að veita Efnahagsbandalaginu veiðiheimildir eða réttara væri að segja: frekari veiðiheimildir en það þegar hefur í íslenskri landhelgi.

Það er sama hvernig á þetta er litið. Dettur nokkrum manni í hug að settur utanrrh. alls Efnahagsbandalagsins eigi að fara hverja ferðina á eftir annarri í einkaþotu sinni hingað til Íslands bara til að tala um það hvernig eigi að vernda þorskinn við Grænland? Nei, alls ekki. Menn af þessum stigum skipta sér ekki af málum nema þau séu viðkvæm milliríkjadeilumál. Þess vegna er óhugsandi annað en kjarninn í málinu sé að Efnahagsbandalagið ætli sér að reyna, ef þess er nokkur kostur, að fá íslensku ríkisstj. eða meiri hl. hennar hér á Alþ. til að samþykkja frekari veiðiheimildir fyrir bretа.

Nú er það svo, eins og ég sagði rétt áðan, að við höfum samninga við Efnahagsbandalagslönd. Efnahagsbandalagið hefur veiðiheimildir hér í a.m.k. eitt ár enn þá. Þar á ég við samningana við þjóðverja og belga, við skulum sleppa færeyingum. Ef bresku togararnir eru aðframkomnir út af því að þurfa að hætta núna 1. des. því semja þeir þá ekki við þjóðverjana innan bandalagsins? Eitt er víst, að þjóðverjar hefðu vel ráð á því ef þeir vildu. Og í öðru lagi ættu það ekki að vera mjög erfiðir samningar, af því að hverjir eiga flesta þýsku togarana? Meiri hlutinn af þýska togaraflotanum er í eigu Unilever, breskhollenska auðhringsins sem við þekkjum vel,

a. m. k. menn sem muna það þegar við þurftum að semja við þann hring ár eftir ár um sölu á lýsi. Þeir eru eigendur að meiri hlutanum af þýska togaraflotanum. Það voru til togarafyrirtæki í Þýskalandi sem voru eign landsmanna og samvinnuhreyfingarinnar, en þau hafa fyrir löngu gefist upp við þann rekstur.

Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að í opinberum skiptum íslenska lýðveldisins verðum við að fylgja gildandi rétti, jafnvel þó að hann sé okkur ógeðfelldur, þegar ekki verður hjá því komist að gera einhverjar aðgerðir. En viðhorf okkar til málsatvika geta verið nægileg til þess að við sleppum frekar slíku samkomulagi. Þegar við tölum um það sem ósköp eðlilegt mál að Efnahagsbandalagið í Brüssel geti úthlutað okkur auðlindum grænlendinga sem borgun fyrir það að breskir togarar fái að veiða hér áfram, þá er það ógeðfellt, að ekki sé meira sagt, og það minnir okkur óþægilega á þá tíð þegar síðasta einvaldsstjórnin danska samdi við Bretaveldi um þriggja mílna landhelgi við Ísland, samkomulag sem við vorum ekki spurðir um, en við máttum þó búa við í 50 ár. Mér finnst eðli þessa máls nokkurn veginn eins, og það situr síst á okkur að gerast aðilar að slíkum samningum fyrir þjóðir sem eru skemmra komnar en við í sinni frelsisbaráttu.

Hæstv. forsrh. talar mikið um að það sé ekki búið að móta fiskveiðistefnu Efnahagsbandalagsins og við vitum ekki hvað sé í boði. Vitum við það ekki? Ætli okkar útgerðarmenn og sjómenn viti ekki nokkurn veginn hvað er veitt við norðanverða Evrópu, hvaða fisk er um að ræða? Ætli það sé ekki fjöldi starfsmanna við útgerð í opinberum stofnunum, eins og í Fiskifélaginu og í rn., sem hafa nákvæmar skýrslur um það hvaða stofna er yfirleitt um að ræða? Ég tel að það sé allt að því barnalegt að láta eins og við vitum ekki hvað okkur verður boðið? Við vitum hvað er hugsanlegt að okkur verði boðið, og við þurfum því ekki að tala um þessi mál á þann hátt að þetta sé dularfullt atriði. Á hinn bóginn vitum við enn þá betur að við höfum ekkert sjálfir til að bjóða, og það er kjarni málsins.

Hæstv. forsrh. sagði að viðræðurnar mundu leiða í ljós hvort samið verði eða ekki. Í þessu orðalagi felst viðurkenning á því, að það sé mögulegt að það verði samið, og í opinberu tilkynningunni var bæði talað um fiskvernd og gagnkvæmar fiskveiðiheimildir. Í þessu orðalagi felst að ríkisstj. telur mögulegt að það verði samið um fiskveiðiheimildir. Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi. Úr því að forsrh. viðurkennir á bennan hátt að sá möguleiki sé fyrir hendi, vill hann þá hliðra sér hjá því að segja okkur hvaða fisk hann telur að við höfum til að semja um og veita öðrum.

Hæstv. ráðh. talar um að menn þurfi að vera óhræddir um að ræða við aðrar þjóðir og sýna manndóm, þroska og þor. En þegar menn semja eða standa í samningum við aðrar þjóðir um lífshagsmunamál, þá má líka segja að það þurfi manndóm, þroska og þor til að segja sinni eigin þjóð hvaða grundvallarstefnu ríkisstj. hefur varðandi þessa samninga. Ég skil vel að það er ekki hægt að segja fyrir fram hvert orð, sem fer á milli. En það hlýtur að styrkja samningsaðstöðu okkar ef það kemur opinberlega fram að við teljum okkur ekki hafa neitt að láta, og það er alveg eins gott að viðmælendur okkar fái að heyra það strax. Úr því að ríkisstj. telur að það fari eftir viðræðunum hvort samið verður eða ekki, þá hlýtur hún að hafa gert sér grein fyrir hvað það er sem hún getur hugsað sér að láta, af því að úr samningum verður ekki með öðru móti en því að báðir aðilar láti eitthvað af hendi rakna. Jafnvel þótt ráðh. hafi ekki kynnt sér hvað líklegt er eða í sumum tilfellum víst að Efnahagsbandalagið muni reyna að bjóða okkur, þá hlýtur hann að hafa gert sér grein fyrir hvað hann telur að við getum boðið því. Ég vil því ítreka þær áskoranir, sem fram hafa komið á hann um að segja þjóðinni a. m. k. viðhorf sitt hvað það snertir.

Ef dæma má af tali manna og því sem við heyrum, sem hér lifum og hrærumst, þá er ég sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti, ef ekki nálega öll íslenska þjóðin telur að við höfum ekkert að láta. Við stöndum nú þegar andspænis því að við eigum fiskiflota sem gæti afkastað miklu meiru en hann fær að afla, að við höfum fiskiðnað í landi sem gæti afkastað miklu meiru. Við stöndum þegar andspænis því að misskipting á þessum skipum á milli byggðarlaga er farin að verða alvarlegt vandamál. Og það hlýtur að vera á næsta leiti að íslensk stjórnvöld verða allt að því að skammta aflann á milli byggðanna. Ég get ekki séð að bróunin leiði til annars. Og þá er ekki von að menn séu hrifnir af loðnu tali um að það fari eftir viðræðunum hvort við látum útlendinga fá frekari fiskveiðiheimildir á næstunni en þeir hafa þegar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði áðan orðrétt: „Við treystum okkur til að halda svo á málum að hagsmunum Íslands sé borgið.“ Þar mun hann hafa mælt fyrir hönd ríkisstj. Ég hygg þá að mér sé óhætt að segja sem svo, og mæli þar fyrir munn flestra stjórnarandstæðinga hér á þinginu: Við treystum ykkur ekki til þess að halda svo á hagsmunum Íslands, og það stafar ekki af minnimáttarkennd, heldur af beiskri reynslu. Í því sambandi vil ég minnast þess hér, að fyrir um það bil ári tróðum við alþm. upp í bennan ræðustól dögum saman hver um annan þveran til þess að ræða um samninga sem ríkisstj. hafði þá gert uppkast að við vestur-þjóðverja með heimild heim til handa til þess að veiða 65 bús. tonn á fiskimiðum okkar. Eins og fyrri daginn og eins og við óttumst að nú kunni að verða, voru þær umr. að því leyti sýndarmennska, að ríkissti Framsóknar og Sjálfstfl. með sinn sterka þingmeirihluta hafði raunar þegar gengið frá þessum samningum endanlega, ákvörðunin tekin af ráðh., þingflokkarnir látnir samþykkja hana og málið síðan lagt fyrir Alþ. sem orðinn hlutur — enn eitt dæmi um það hvað sterkur þingmeirihl. getur myndast af slöppum karakterum.

Ekkert það, sem fram kom í umr. hér í Sþ. fyrir um það bil ári, megnaði að hagga þeirri ákvörðun ríkisstj. að semja við vestur-þjóðverja um heimild til að veiða 65 bús. tonn af fiski í tvö ár í fiskveiðilögsögu okkar. En það var býsna

margt, sem fram kom í þeim umr., sem gerði hv. þm. stjórnarflokkanna erfitt um vik að rétta upp höndina með samningum, því að heita má að hver einasti þm. Framsfl. hafi gerst persónulegur eiðrofi með þeirri handaupprettingu heima í héruðum sínum og vel margir þm. Sjálfstfl. að auki, sem allir höfðu unnið þess dýra eiða að útlendingunum yrði ekki hleypt inn í landhelgina okkar aftur. Hlutverk hæstv. ráðh. við þær umr. var fyrst og fremst að létta þm. sínum verknaðinn, að drepa gómi undir olnbogann á þeim til þess að hjálpa þeim við handaupprettinguna, og það var gert náttúrlega með nýjum svardögum hér á þinginu.

Og svo að við rifjum aðeins upp helstu rökin sem fram voru færð af hálfu ráðh. og annars forustuliðs stjórnarinnar við þessar umr., þá voru þau einna helst þessi: Samið skyldi við vestur-þjóðverja gagngert til þess að við gætum einbeitt okkur að því að verjast yfirgangi breta, en við þá yrði ekki samið. Með því að semja við vestur-þjóðverja um 65 þús. tonna afla, þar af 5 þús. tonn af þorski, yrði unnt að skerða svo veiðar bretanna með einbeitingu landhelgisgæslunnar að útlendingar næðu hér minna fiskmagni en ella. Ef samningurinn við vestur-þjóðverja leiddi ekki til þess að bókun nr. 6 varðandi tolla af íslenskum sjávarafurðum á Efnahagsbandalagssvæðinu yrði felld úr gildi fyrir aprílok, yrði vestur-þýski samningurinn tafarlaust felldur úr gildi. — Ég tel alveg bráðnauðsynlegt að rifja upp þessar umr., ummæli ráðh. þá og efndir.

Síðan, að þessum rökum fram færðum og loforðum gefnum, gengu þeir ráðh. maður undir manns hönd að því að andmæla því með stórum orðum að eftirfarandi samningur við breta væri forsenda fyrir því að þetta samkomulag væri gert við vestur-þjóðverjana, eins og haldið var fram af hálfu okkar stjórnarandstæðinga, að samningur við breta væri beinlínis forsenda fyrir því að þessi samningur yrði gerður við vestur-þjóðverjana, því að ella yrði bókun 6 ekki felld úr gildi. Hæstv. utanrrh., sem þetta mál mæddi öðrum fremur á, eins og að sjálfsögðu flest þau mál sem varða samskipti okkar við erlendar þjóðir, slík sem líka meðferð þeirra er af hálfu þessarar ríkisstj., hann staðhæfði þá í svari við beinni spurningu frá hv. 2. þm. Vestf., að víst yrði vestur-þýski samningurinn felldur úr gildi við aprílok ef bókun 6 yrði ekki felld niður, eins og ákveðið var í samningnum. Sami ráðh., hæstv. utanrrh., lýsti einnig yfir því ljósum orðum þegar gengið var hart eftir svörum, að ekki kæmi til mála að gerður yrði neins konar samningur við breta án þess að fyrst yrði fjallað um hann hér á Alþingi.

Þessi upprifjun er nauðsynleg nú til þess að skýra þann mun sem er á viðhorfum hæstv. ráðh., sem segjast treysta sér vel til þess að halda svo á málefnum að hagsmunum Íslands sé borgið, og sjónarmiðum okkar, sem treystum þeim ekki til þess. Upprifjunin er nauðsynleg nú, þegar fjallað er um viðræður þessara ráðh., hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh., sem því miður af einhverjum óútskýranlegum ástæðum sér ekki ástæðu til þess að vera viðstaddur þessar umr. í dag, þegar rætt er sem sagt um upphafið á viðræðunum við sendimanninn Finn Olav Gundelach hinn danska frá Efnahagsbandalaginu.

Sennilega þarf ekki langar orðræður til þess að útskýra fyrir ráðh. sjálfum hvernig á því stendur að fólk á dálítið erfitt með að trúa þeim til hlítar í öllu því, er lýtur að meðferð landhelgismálsins. En ef vera mætti að geðró hv. þm. stjórnarflokkanna þyldi slíkt, þá tel ég æskilegt að rifja upp fyrir þeim þær staðreyndir, að þýski samningurinn var ekki ógiltur 30. apríl þótt ákvæðið um niðurfellingu á bókun 6 væri svikið. Þýski samningurinn var látinn gilda áfram þangað til þing hafði verið sent heim. Þá var hlaupið til og samið við breta og Alþ. vitaskuld ekki kvatt saman til þess að fjalla um þann samning, eins og heitið hafði verið. Þeim samningi var fyrir um það bil mánuði hampað hér á hv. Alþ. sem lokasigri í landhelgisbaráttunni með ströngum svardögum um það, að alls ekki hefði verið neitt um það rætt á bak við tjöldin að víst skyldu bretar fá að halda áfram að veiða hér við land. Og einmitt á þessum dögum núna virðist manni vera að koma í ljós sveipaður feldi loðinna orða sannleikurinn í þessu máli. Réttara væri e. t. v. að orða það svo, að einmitt nú sé gerð tilraun til þess hér á hv. Alþ. að þvinga ráðh. til að segja frá viðræðum sem farið hafa fram hér í Reykjavík við þennan danska erindreka Efnahagsbandalagsins, Finn Olav Gundelach, sem sækir nú á um afsal fiskveiðiréttinda á Íslandsmiðum til bandalagsins í umboði breta og vestur-þjóðverja. Því trúir ekki einn einasti maður í þessum hóp, að Gundelach eða stjórn Efnahagsbandalagsins hafi áhuga á fiskfriðunarmálum. Því trúir enginn maður. Það sem stjórn Efnahagsbandalagsins hefur áhuga á og Finn Gundelach fyrir þess hönd er að ná fiski af Íslandsmiðum.

Ég veit ekki hvort átt getur sér stað að sá meiri hluti kjósenda, Sjálfstfl. og Framsfl., sem þessir flokkar munu þurfa á að halda í næstu kosningum til þess að halda meiri hluta í þessu landi, hvort þeir séu þannig búnir að gáfum að ráðh. geti búist við því að þeir trúi öðru eins og því, að Finn Gundelach komi hingað ferð eftir ferð til Íslands — þó ekki vilji ég fallast á að hann sé annar eins pótentáti og hv. síðasti ræðumaður hélt fram — til þess að ræða um fiskfriðun. Maðurinn veit ekki hvað fiskfriðun er.

Hver sem vill má geta sér til um það, hvers vegna hæstv. forsrh. átti ekki frumkvæði að þessum umr. sem hér fara fram í kvöld, hvers vegna hæstv. sjútvrh. heiðrar Alþ. á þessum degi með fjarveru sinni á meðan þetta mál er rætt. Ég geri ráð fyrir, að ekki verði komist hjá því að beina til hans orðum, og ætla þá, að hæstv. forsrh. muni geta svarað fyrir hann, a. m. k. grundvallarspurningum sem lúta að afskiptum hans og skoðunum á þessu máli.

En við skulum aðeins víkja að því, um hvað þessi fundur íslensku ráðh., sem síðastur var haldinn hér í Reykjavík með Gundelach þessum hinum danska, fjallaði.

Það var að sögn hæstv. forsrh. rætt um grundvöll fyrir því að fjallað yrði um gagnkvæm veiðiréttindi. Það var ekki fjallað á fundinum

beinlínis um fiskveiðiréttindi Efnahagsbandalagsins á Íslandsmiðum, segir ráðh., en það var fjallað um fiskvernd og skipulagsmál fiskveiða, það var fjallað um fiskvernd, þ. e. a. s. fiskifræðileg málefni. Hverjir ræddu um þau mál á þessum fundi við Gundelach? Það var hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson. Ég hygg að hann sé ekkert verr að sér í fiskifræði en gengur og gerist með alþm. Ég er næstum því viss um það. Sama hygg ég að gildi um hæstv. utanrrh., hann sé alveg eins vel að sér í fiskifræði og hver annar alþm. A. m. k. minnist ég þess ekki að hafa heyrt til hans eða lesið eftir hann neins konar yfirlýsingar opinberlega sem bendi til þess að hann sé neinn sérstakur bjáni á þessu sviði. Þriðji ráðh., hæstv. sjútvrh. Matthías Bjarnason, sem því miður er fjarverandi hér á þessu kvöldi, hefur lýst yfir því opinberlega, að hann taki ekki mark á „svörtu skýrslunni“ svonefndu og enn síður á „biksvörtu skýrslunni“, hann telji vinnubrögð íslenskra fiskifræðinga, sem liggja til grundvallar þeirri skýrslu, óvísindaleg og muni því hafa ráðleggingar þeirra að litlu. Þar með lýsir hann náttúrlega yfir þeirri skoðun sinni privat og persónulega fyrir sig, að hann hafi með einhverjum hætti öðlast meiri þekkingu á fiskifræði en íslenskir fiskifræðingar samanlagt. Sennilega er þetta skýringin á því, að enginn fiskifræðingur var viðstaddur þessar viðræður íslensku ráðh. við Finn Olav Gundelach, sérlegan erindreka Efnahagsbandalagsins um fiskfræðileg málefni og samstöðu Íslands og Efnahagsbandalagsins. Það finnst tæpast önnur skýring á þessu, en að þeirra hafi ekki verið þörf.

Nú kann svo að vera, þótt ógjarnan vilji ég trúa því, að þm. stjórnarflokkanna fáist til þess að trúa í blindni á yfirskilvitlega kunnáttu hæstv. sjútvrh. í fiskifræði. En af hálfu stjórnarandstæðinga hlýtur sú krafa að vera eðlileg, að hann eða í þessu tilfelli hæstv. forsrh. fyrir hans hönd geri hér og nú grein fyrir þeim heimildum sem sjútvrh. styðst við þegar hann misvirðir starf íslenskra fiskifræðinga á þennan hátt. Hefur hann fyrir sér álit annarra fiskifræðinga eða annarrar vísindastofnunar en Hafrannsóknastofnunarinnar, á þá lund að ástand fiskstofnanna við Ísland sé annars konar en íslensku fiskifræðingarnir telja? Fyrir liggur úrskurður Alþjóðahafrannsóknaráðsins sem setti til þess 12 fiskifræðinga, sem taldir eru vera hinir fremstu vísindamenn í heimi hver á sínu sviði, að kanna frumgögn, úrvinnslu og niðurstöður íslensku fiskifræðinganna, sem þessa skýrslu gerðu. Þeir, þessir 12 erlendu háttvirtu sérfræðingar, komust að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að setja út á eitt einasta atriði í vinnubrögðum íslensku fiskifræðinganna og niðurstaða þeirra varðandi ástand íslensku fiskstofnanna væri rétt. Ef nokkru skeikaði, þá mætti e. t. v. segja, að þar gætti fullmikillar bjartsýni. Varlegra hefði e. t. v. verið að reikna með því að ástandið á íslensku fiskstofnunum væri enn hættulegra en fram kemur í skýrslu íslensku fiskifræðinganna.

Nú vill svo vel til að forstjóri Alþjóðahafrannsóknaráðsins Hans van Lücke er einmitt staddur í Reykjavík í dag. Hann er hingað kominn til þess að undirbúa ráðstefnu á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins á næsta hausti þar sem saman munu vera komnir helstu þorskfiskafræðingar heimsins. Það væri ákaflega æskilegt ef hæstv. forsrh. vildi nú gauka því að hæstv. sjútvrh., að sjálfsagt væri að Lücke fengi til afnota þau vísindalegu gögn sem sjútvrh. hefur upp á það að skýrsla íslensku fiskifræðinganna, sem fremstu sérfræðingar Alþjóðahafrannsóknaráðsins hafa farið yfir og staðfest, upp á það að þessi skýrsla sé röng. Við eigum rétt á því að hæstv. forsrh. svari því afdráttarlaust hér, hvort hann og Matthías Bjarnason hafi fengið umsögn einhverra enn þá æðri og trúverðugri sérfræðinga og einhverrar enn þá betri sérfræðistofnunar en Alþjóðahafrannsóknaráðsins um þetta mál, — eða er hér aðeins um einhvers konar grun að ræða eða draumráðningu sem e. t. v. mætti þá færa undir dóm af öðrum heimi?

Ráðh., sem hér voru nafngreindir að framan, hafa sagt frá því í blöðum að þeir hafi m. a. rætt við Finn þennan Gundelach um ástand íslensku fiskstofnanna. Og nú spyr ég ráðh.: Hvort var þá heldur lögð til grundvallar í þeim umr. skýrsla íslensku fiskifræðinganna um ástand íslensku fiskstofnanna eða persónulegt álit hæstv. sjútvrh., sem er þeirrar skoðunar að ekki sé að marka skýrslu íslensku fiskifræðinganna? Hvaða upplýsingar voru lagðar til grundvallar í viðræðunum við Gundelach: skýrsla íslensku fiskifræðinganna, sem hæstv. sjútvrh. hefur lýst yfir að hann trúi ekki, hann treysti ekki og vilji ekki taka mark á, eða privat og persónulegar upplýsingar sjútvrh. og þá væntanlega forsrh.? Enn fremur er nauðsynlegt fyrir þm. stjórnarandstöðunnar að fá að vita hvaða upplýsingar Gundelach hafði fram að færa um ástand fiskstofnanna, frá hvaða aðilum þær voru komnar og þá e. t. v. hvort hann, Gundelach, grundi afstöðu sína á líkan hátt og sjútvrh. Íslands.

Um þessi atriði höfum við fengið það eitt að vita sem Finn Olav Gundelach, erindreki Efnahagsbandalagsins, segir ytra, að hann telji að lokaum viðræðunum við ísl. ráðh. að mjög góðar horfur séu á því og það sé nánast víst að bretar fái leyfi til að halda áfram fiskveiðum á Íslandsmiðum. Af þessum ummælum hans hljótum við að draga þær ályktanir, að hæstv. sjútvrh. eða forsrh. hafi veitt honum allt annars konar upplýsingar um ástand fiskstofnanna okkar en þær sem fiskifræðingarnir láta uppi. Það er greinilegt að Gundelach hefur fengið þær upplýsingar, að við séum aflögufærir um fisk af miðunum okkar, ellegar þá að öðrum kosti að honum hafi tekist að sannfæra ráðh. okkar um að við séum aflögufærir. Af þessum sökum hljótum við að óska afdráttarlausra upplýsinga af hálfu hæstv. forsrh. fyrir hönd sjútvrh. um það, hvaða vísindalegar upplýsingar sjútvrh. styðst við þegar hann ályktar að upplýsingar fiskifræðinganna okkar séu rangar. Enn fremur hljótum við að krefjast heimilda fyrir því eða upplýsinga um það, á hvaða ummælum íslensku ráðh. þessi sami Gundelach byggir þá skoðun sína að við munum veita bretum fiskveiðiheimildir innan 200 mílnanna. Komi það hins vegar í ljós að herra Gundelach hafi bara farið með fleipur í þessu máli, þá ætla ég að það væri rétt við hæfi að þess væri beiðst af honum að hann kæmi ekki aftur til Íslands fyrst um sinn. En nú hefur verið

boðað sem sagt til annars fundar í Reykjavík með Finn Olav Gundelach og kumpánum hans. Sá fundur á að verða eftir hálfan mánuð og samkv. upplýsingum ráðh. verður fjallað þar um gagnkvæm fiskveiðiréttindi Íslands og Efnahagsbandalagsins með meiru.

Hér hefur að öðru leyti af hálfu hæstv. forsrh. verið það haft uppi að samningaviðræðurnar, sem þegar hafa farið fram, séu lítils háttar og þær samningaviðræður, sem fram undan eru, séu raunar einnig aðeins til þess líklegar að styrkja stöðu okkar, raunar, að mér skildist, kannske umfram allt til þess að fræða Efnahagsbandalag Evrópu um nauðsyn fiskverndar og hafa göfgandi áhrif á það ágæta bandalag í þeim málum. Við skulum þá hugleiða lítils háttar þá samninga sem þessi ríkisstj. hefur áður gert um fiskafla okkar, á því ári sem liðið er síðan við stóðum í þessum sporum hér á hv. Alþ. og ræddum þýska samninginn, á 12 mánaða tímabili, — alla þessa samninga sem gerðir voru til þess að styrkja stöðu okkar í landhelgismálinu og styrkja aðstöðu þessarar þjóðar í lífsbaráttunni yfirleitt.

Á þessu ári hafa útlendingar tekið samkv. samningi samtals 160—170 þús. lestir af fiski af miðunum okkar. Þetta svarar til 2000 tonna afla á hvern einasta skuttogara í landinu eða afla sem við getum metið á 100—110 millj. kr. á hvert skip. Afleiðingin er að öðru leyti líka sú, að við hljótum, þ. e. a. s. þeir okkar sem trúa meira á visku fiskifræðinganna okkar en vísindamennsku sjútvrh., við hljótum að miða við það að ekki megi veiða, eins og fiskifræðingarnir segja, meira en 275 þús. lestir af þorski hér við land næstu tvö árin vegna þessarar útöku umfram allra brýnustu nauðsynjar okkar. Ef við leyfum okkur að reikna með því að þessum 160—170 þús. lestum af fiski, sem ríkisstj. afhenti útlendingum, hefði verið ráðstafað með öðrum hætti en þeim sem fellur að persónulegri skoðun, hugboði eða draumum sjútvrh., þá má telja sennilegt að við hefðum skilið helminginn af þessum fiski eftir í sjónum til viðhalds stofninum, en hinn helmingurinn hefði orðið okkur mikil stoð. Við hefðum samt fengið þarna afla sem samsvarað hefði 1000 tonnum á skip eða 55 millj. kr. á hvern skuttogara hjá okkur. Og einmitt þar, í þessum 80—85 þús. tonnum sem við hefðum tekið af þessum 160—170 þús. tonnum, þar liggur mismunurinn á milli taps og gróða á togaraflotanum okkar, góðrar og slæmrar afkomu áhafna, ágóða fyrir fiskiðjuverin okkar, mannsæmandi kaups handa starfsfólkinu í frystihúsunum og hagstæðrar gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar. Andvirði þessara 80—85 þús. tonna í erlendum gjaldeyri hefði orðið um 7 milljarðar kr., þannig að við hefðum haft 2 milljarða í hagstæðum greiðslujöfnuði í stað 5 milljarða í óhagstæðum greiðslujöfnuði ef þessi samningur hefði ekki verið gerður. Og nú ætla sem sagt þessir sömu vísu menn að setjast niður með Finn Gundelach eftir hálfan mánuð og semja við hann um gagnkvæm fiskveiðiréttindi Íslands og Efnahagsbandalagsins eftir að hafa frætt hann þannig um ástand íslensku fiskstofnanna að hann telur mjög sennilegt að við munum heimila bretum að halda áfram fiskveiðum við Ísland. Og það er að því komið að hugleiða lítils háttar hvað það er sem Efnahagsbandalagið getur boðið í skiptum fyrir þann fisk sem hæstv. sjútvrh. virðist telja að við séum aflögufærir af Íslandsmiðum og hæstv. forsrh. vill berlega alls ekki fortaka að við séum færir um.

Það hefur verið vikið áður hér að voninni í síldveiðum í Norðursjó. Ég man ekki betur en skrifstofustjóri sjútvrn., Þórður Ásgeirsson, sé nýlega kominn heim til Reykjavíkur af fundi Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar, sem áður var getið, þar sem hann lagði fram tillögu Íslands um algera friðun Norðursjávarsíldarinnar til þess að forða henni frá útrýmingu að áliti fiskifræðinga á næstu tveimur árum. Það varð ekki af umfjöllun um þá till., því að Norðaustur-Atlantshafsnefndin leystist upp vegna þess að Efnahagsbandalagið hefur lýst yfir því að það muni sjálft annast alla meðferð fiskverndunarmála á yfirráðasvæði þess á Norðursjónum. Þar var því engin friðun ákveðin, og má því segja að e. t. v. sé full þörf á því að íslenska ríkisstj. reyni að hafa dálítil áhrif á Efnahagsbandalagið á þessu sviði. Það getur vel verið að ekki hafi verið ákvörðuð friðun á Norðursjávarsíldinni beinlínis vegna þess að stjórn Efnahagsbandalagsins kunni þarna ekki til verka. En ætlar íslenska ríkisstj. — það er spurningin — ætlar íslenska ríkisstj. nú að bjóða fisk af okkar miðum í skiptum fyrir síld sem hún hefur sjálf lagt til að bannað verði að veiða til þess að koma í veg fyrir að stofninum verði útrýmt? Er það hugsanlegt að íslenska ríkisstj. ætli sér að skipta á tugum togarafarma af þorski af Íslandsmiðum fyrir síld sem henni er sjálfri kunnugt um að er ekki lengur eða er að hverfa á næstu missirum úr Norðursjónum? Ég tel það nokkurn galla á ræðu hæstv. forsrh. úr þessum ræðustól áðan, að hann skyldi ekki segja okkur frá einhverju því sem ríkisstj. hlýtur að vita um að eftir sé að slægjast innan 200 mílna lögsögu Efnahagsbandalagsins fyrirhugaðrar fyrir austan landið, sem hugsanlega gæti komið í staðinn fyrir þau réttindi sem Finn Gundelach og kumpánar sækjast eftir við Ísland.

Hvað Grænlandsmiðin áhrærir, þá get ég ekki stillt mig um að spyrja hæstv. forsrh. að því, af því að hann er allt öðru kunnur en að vera fantur, — að allt annars konar hugarfari og framkomu kunnur, — hvort honum finnist ekkert athugavert siðferðilega við þá hugsun að við mundum ekki taka frá grænlendingum þann fisk sem Efnahagsbandalagið mundi leyfa okkur að veiða undan Grænlandsströnd, vegna þess að ef við hirtum hann ekki, þá mundu einhverjir aðrir gera það, þá yrði einhverjum öðrum leyft að gera það. Er þetta ekki eitthvað í áttina við það að hirða lauslega geymdan hlut frá öðrum, vegna þess að sennilega mundi einhver annar gera það, sem kæmi á eftir ef maður gerði það ekki? Mér er fullljóst að þess háttar maður er hæstv. forsrh. ekki. En hann má ekki heldur ætla þjóð sinni, að hún gíni við slíkri afsökun.

Það eitt væri vissulega efni í sérstakar umr. ef við Íslendingar, minnugir, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal vakti athygli á, dönsku samninganna við breta 1901 og afleiðinga þeirra fyrir okkur, — ef við ætlum nú að gerast samsekir

um álíka framkomu af hálfu Efnahagsbandalagsins með dani í handarkrikanum við grænlendinga. Hitt er svo annað mál, eftir hverju væri að slægjast í skiptum á Grænlandsmiðum og Íslandsmiðum. Ég man ekki betur en ég læsi í málgagni sjálfs forsrh. í sept. nú í haust viðtal við Sigfús Schopka fiskifræðing sem þá var nýkominn heim úr rannsóknarleiðangri til Vestur-Grænlands. Fiskifræðingurinn sagði í þessu viðtali frá þeirri niðurstöðu leiðangursins, að enginn þorskur fyndist við Austur-Grænland í uppvexti. Ég læt það ekki einu sinni að mér hvarfla að ríkisstj. ætli að bjóða bretum og vestur-þjóðverjum að veiða engan þorsk við Ísland í skiptum fyrir rétt okkar til þess að veiða engan þorsk við Austur-Grænland. Kannske á að ræða um fiskverndun við Austur-Grænland. En jafnvel þó svo til tækist að það yrði sæmilegt rek af íslenskum þorskseiðum yfir þennan kalda sjó undir Austur-Grænlandi, eins og mér er sagt að fiskuppvöxtur þar fari fram, þá tæki það samt ein 7 ár að koma þarna upp veiðanlegu magni af fiski. Og gjarnan vildi ég að ekki yrði notuð þessi gamla biblíuaðferð Jakobs og Rutar í samningunum við Efnahagsbandalagið núna, við létum það bíða, þangað til þessi 7 ár væru liðin og eftir einhverju að slægjast, að fara að ágirnast þann þorsk undir Grænlandsströndum sem kannske verður þar eftir 7 ár. Og svo enn eitt: Hæstv. forsrh. vitnar í alþjóðarétt um það eða gefur það í skyn, að alþjóðalög heimili Efnahagsbandalaginu að fjalla um Grænlandsmið, enda mun Finn Olav Gundelach hafa tjáð íslensku ríkisstj. að hann hefði umboð til þess að semja við hana um Grænlandsmið. Ég trúði þessu ekki þegar ég heyrði það. Ég mundi ekki betur en gerð hefði verið sérstök bókun við inngöngu Danmerkur í Efnahagsbandalagið varðandi Grænland og hringdi þess vegna í danska utanrrn. núna eftir hádegið í dag og spurði hvernig staða Grænlands innan Efnahagsbandalagsins væri og fiskimiðanna við Grænland. Og ég fékk þau svör, að Grænland væri að vísu innan Efnahagsbandalagsins að forminu til, en með sérstakri yfirlýsingu um að efnahagslögsagan út frá ströndinni væri sérstakt fiskveiðisvæði utan samþykkta Efnahagsbandalagsins og væri ekki með í sameiginlegri fiskveiðilögsögu Efnahagsbandalagsins sem stjórn Efnahagsbandalagsins er nú að bjóða og fjalla um. Ég spurði þá hvort Finn Olav Gundelach erindreki Efnahagsbandalagsins hefði umboð til þess að semja um afnot annarra þjóða af þessum fiskimiðum við Grænland, og svarið var á þá lund, að það hefði hann eiginlega ekki því að hann yrði að bera hvað eina undir dönsku stjórnina sérstaklega, ekki undir stjórn Efnahagsbandalagsins, hvað eina það sem varðaði grænlensku fiskimiðin. En hann hefur aftur á móti umboð til þess að ræða málið við íslendinga, en ekki til þess að gera neins konar samninga.

Ég vildi náttúrlega óska þess, því takmörk vil ég setja fyrir því hvað íslenska ríkisstj. geri sæmd sína litla, — ég vildi óska þess að Gundelach hefði ekki ýkt umboð sitt í fleiri málum heldur en þessu og ekki platað ráðh. okkar nú þegar úr hófi fram. En það er ýmislegt óneitanlega í sambandi við Finn Olav Gundelach og hans Íslandsreisur sem á sér óþægileg fordæmi í sögum liðinna alda um samskipti okkar við þjóðir meginlandsins og lágþýskumælandi embættismenn sem urðu nafntogaðir í sögunni og það svo, að sum nöfn þeirra fengu íslenskar endingar og íslenskan hljóm. Og mér virðist einhvern veginn að upphafið á sendiferðum Gundeláka þessa til Íslands til viðræðu við íslensk yfirvöld bendi til þess, að afleiðingarnar geti orðið býsna afdrifaríkar og kunni að draga slæman dilk á eftir sér. Hvort hann getur heitið settur utanrrh. Efnahagsbandalagsins eða ekki, þá hefði ég nú talið hyggilegt af ráðh. okkar, ráðh. íslenska lýðveldisins, að gera svolítinn stigsmun á stöðu sinni og hans og passa sig a. m. k. á því, þegar þeir samþykktu sameiginlega yfirlýsingu með honum, að ganga úr skugga um það að hann mundi ekki strax á eftir birta aðra yfirlýsingu sína, privat og persónulega yfirlýsingu, sem gengur mun lengra og í aðra átt og segir í raun og veru nokkuð annað en það sem þeir geta sannað fyrir okkur að er satt og rétt, og fylgir henni svo eftir úti í löndum þar sem hann segir að niðurstaða viðræðnanna við íslensku ráðh. sé sú, að hann hafi ríka ástæðu til þess að ætla og allt að því vissu fyrir því, að þeir muni leyfa bretum veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu framvegis.

Við þessar umr. hljótum við að óska mjög eindregið eftir því, að það komi fram ljósum orðum af munni hæstv. ráðh. hvers konar þær upplýsingar séu sem Finn Olav Gundelach byggir á þá skoðun sína að álit fiskifræðinganna varðandi ástand fiskstofna okkar sé rangt, ella hljótum við að túlka þessa persónulegu skoðun hæstv. sjútvrh., að skýrsla fiskifræðinganna okkar sé röng þar sem kveðið er á um það í beinum tengslum við hana að við megum ekki veiða nema 275 þús. tonn af þorski á næstu árum, — ella hljótum við að líta svo til að þessa yfirlýsingu hans, þessa persónulegu skoðun hans beri að túlka raunverulega á þá lund að það sé sama hvert ástand fiskstofnanna sé, þeir muni samt halda áfram að þola sókn af hálfu breta og vestur-þjóðverja á miðin okkar, að hæstv. ráðh. viti raunverulega ekki neitt sem heimili þeim að draga í efa réttmæti skýrslu fiskifræðinganna, heldur hafi bara ákveðið þetta eitt, að taka ekki mark á henni til þess að geta heimilað bretum og þjóðverjum að spretta út úr nafla Efnahagsbandalagsins eina bununa enn og taka frá okkur fisk.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef látið það koma fram í þingflokki Sjálfstfl., að þó að ég sé stuðningsmaður ríkisstj., þá mun ég hafa allan fyrirvara á um afstöðu mína í sambandi við landhelgismálið þegar það kemur hér til umr. hugsanlega í sambandi við umræður um samninga við aðrar þjóðir. Ég vil láta þetta koma fram hér, því að ég tel að hér sé um að ræða það mikið og mikilvægt mál fyrir alla íslensku þjóðina að þm. verði að meta það hver fyrir sig hvaða afstöðu þeir hafa þegar til þess kemur að ræða hugsanlega samninga, ef til slíks kemur, og að hvorki flokksafstaða né afstaða til ríkisstj. eigi þar að koma til greina eða ráða afstöðu þm. í sambandi við þetta mál. Ég tel

að ef stjórnvöld og Alþ. eru með hugmyndir um að stíga skref um samninga, þá verði þm. allir að gera sér ljóst að við erum með því að marka stefnu sem við kannske eigum erfitt með að komast út úr síðar meir. Ég óttast að samningar nú mundu þýða að við værum bundnir langan tíma um endurnýjun þeirra samninga og aðstaða okkar til að komast út úr slíku yrði þá mun erfiðari heldur en nú er. Ég tel að við verðum að gera okkur alveg ljósa — ég vil segja þá gleðilegu staðreynd að við erum nú í þeirri aðstöðu að við getum einir, alveg án tillits til annarra, metið hvað okkur er hagkvæmast í sambandi við landhelgismálið og fiskveiðimál okkar.

Ég sagði hér, þegar verið var að ræða samningana við breta, staðfestingu á Oslóarsamkomulaginu, að ég teldi að þar hefðu íslendingar unnið stóran sigur þar sem þeir hefðu knúið breta til þess að viðurkenna rétt okkar til 200 mílna. Það var þá dregið nokkuð í efa af þm. stjórnarandstöðunnar, en nú hygg ég að það liggi alveg ljóst fyrir að þetta var og er staðreynd, að bretar hafa þegar viðurkennt þennan rétt okkar og þeir fari með skip sín út úr fiskveiðilögsögu íslendinga. Ég tel að þetta sé það mikilvægt að við hljótum að hafa það að leiðarljósi þegar eða ef við tökum upp viðræður við aðrar þjóðir um hugsanlegar aðgerðir í landhelgismálinu.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan að íslendingar mundu vera taldir sakleysingjar í sambandi við samninga um þessi mál, og hv. 5. þm. Vesturl. tók nokkuð undir þetta þegar hann hélt því fram að við með Oslóarsamkomulaginu hefðu látið undan kröfum breta. Ég tel að þessi ummæli þessara tveggja hv. þm. séu á mjög miklum misskilningi byggð. Það getur vel verið að þetta hafi nokkuð átt við þegar hv. 2. þm. Austurl. var sjútvrh. og gerði samninginn við breta 1973. Það getur vel verið að íslendingar hafi með þeim samningum aflað sér þess álits að þeir væru eftirgefanlegir og kannske sakleysingjar í samningum. Ég held að núv. ríkisstj. og þeir þm., sem hana styðja, hafi sýnt það mjög afdráttarlaust og ákveðið í sambandi við viðræður við breta og allar aðgerðir gagnvart þeim á síðasta vetri og með samkomulaginu í Osló að þessi ummæli geta ekki lengur átt við íslensk stjórnvöld eða íslenska alþm., því að það vita allir og það er viðurkennt, meira að segja viðurkennt af bretum, að Oslóarsamningarnir voru að telja verður hrein uppgjöf breta gagnvart hinni fámennu þjóð sem Ísland byggir. Má það teljast til afreka, að ekki fjölmennari þjóð en íslendingar eru, vopnlausir, eins og allir vita, nema með sinn litla varðskipaflota, skuli hafa tekist að knýja breta til undanhalds í landhelgismálinu, eins og átti sér stað með lausn deilunnar í Osló á s. l. vori.

Hér hafa verið rædd fiskverndunarmál og er mjög eðlilegt að þau blandist inn í þessar umr. Ég held að það komi engum hv. þm. til hugar og hafi aldrei komið til hugar annað en íslendingar mundu vera þar alveg fullkomlega sjálfráðir, enda höfum við byggt þá löggjöf upp sem nú gildir um verndun fiskimiða hér við land, að þar er sjútvrh. gefin heimild til þess að gera tilteknar og ákveðnar ráðstafanir hvar sem er í kringum landið og gagnvart öllum þeim fisktegundum sem talið er nauðsynlegt að þurfi verndunar eða friðunaraðgerða við. Ef í viðræðum þeim, sem staðið hafa undanfarið yfir við þjóðir Efnahagsbandalagsins, er að finna einhvern samvinnuvilja frá hendi fulltrúa Efnahagsbandalagsins um friðunarmál, þá er það ekki nema gott, og ég tel, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., að þeir geti sannarlega lært af íslendingum sem hafa óumdeilanlega haft nokkra forustu um verndun fiskstofnanna.

Þegar við nú að loknum þeim sigri, sem við höfum unnið í landhelgismálinu, hljótum að meta sjálfir hver framvinda þessara mála á að verða og nýting fiskimiðanna innan 200 mílnanna, þá hljótum við þar að hafa mjög mikið sjónarmið af ástandi fiskstofnanna. Við höfum þar bæði til leiðbeiningar skýrslu fiskifræðinga okkar og við höfum einnig þar til leiðbeiningar þá reynslu, sem við höfum fengið af fiskveiðum okkar á undanförnum árum, og hljótum því að mínum dómi að fara þar mjög varlega um nýtingu fiskstofnanna, jafnvel svo, að við hljótum að taka tillit til þess og skoða það hvort við getum sjálfir leyft okkur að taka eins mikinn hluta úr fiskstofnum hér í kringum landið eins og við höfum áður gert. Allt þetta kemur til athugunar, og hlýtur þá einnig að koma til athugunar sérstaklega hvort við höfum nokkra aðstöðu til þess að hleypa nokkrum aðilum inn á svæðið innan 200 mílna marka til fiskveiða.

Það hafa heyrst þær raddir, að menn kunni að vera nokkuð uggandi um að ef við neitum öllum samningum við aðrar þjóðir, lokum af fiskimiðin innan 200 mílna svæðisins og nýtum það einir, þá muni það geta haft áhrif á viðskipti okkar við aðrar þjóðir. Það má vel vera að á bak við þessa skoðun séu nokkur rök, og það má vel vera að við kunnum, ef við tækjum þessa afstöðu, að líða eitthvað fyrir það í bili. En ég hygg að þróun þessara mála verði sú, að við höfum lítið að óttast í því sambandi. Ef samdráttur verður í fiskveiðum breta, þjóðverja og annarra þeirra þjóða sem áður hafa stundað veiðar hér við land, þá getur það ekki leitt til annars en að fiskverð hækki á erlendum markaði og við fáum meira fyrir afurðir okkar heldur en við höfum fengið hingað til. Nú í morgun seldi einn íslenskur togari í Bretlandi fyrir langsamlega hæsta verð sem nokkurt skip hefur nokkurn tíma selt á breskum markaði, eða 160 tonn fyrir nær 100 þús. pund eða um 30 millj. kr. Ég hygg að við hljótum og megum taka mið af því að þannig muni þróunin verða, að ef við tökum þá afstöðu að útiloka aðrar þjóðir frá veiðum innan 200 mílnanna, þá muni það leiða til hærra markaðsverðs fyrir okkur, sem vissulega mundi koma íslenskri útgerð til góða og kannske verða nokkuð öruggur rekstrargrundvöllur fyrir bæði togaraflotann og bátaflotann í framtíðinni.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, var með nokkur frýjunarorð til þm. stjórnarliðsins áðan í ræðu sinni. Ég held að það sé ákaflega varasamt fyrir þm. Alþb. að vera með slík ummæli eins og hann lét falla í ræðu sinni gagnvart þm. núv. stjórnarliðs. Ég held að öllum hv.

þm. sé ljóst, sem hér áttu sæti á Alþ. 1973, að það er einn flokkur, einn stjórnmálaflokkur hér á landi, Alþb., sem á vissulega mjög ljóta forsögu í sambandi við landhelgismálið. Þegar málgagn hans hafði prédikað það mánuðum og kannske árum saman að enga samninga mætti gera, hvorki við breta né aðrar þjóðir, gekkst síðan sá flokkur fyrir því hér á Alþ. að samningar við breta voru hér lagðir fram 1973 og samþykktir þvert ofan í margar yfirlýsingar um að aldrei mætti semja um eitt eða neitt. Þegar nú er verið að deila á núv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar fyrir þá samninga, sem gerðir voru í Osló, og kannske að einhverju leyti fyrir þá samninga, sem gerðir voru við þjóðverja, þá hafa þm. Alþb. sannarlega ekki ástæðu til þess að vera með stóryrði eða gífuryrði. Auðvitað hefðu allir þm. kosið að þurfa ekki að gera samningana við þjóðverja. En það var mat þáv. stjórnvalda og stuðningsmanna ríkisstj. að það væri sterkust aðstaða fyrir íslendinga að þurfa ekki að slást við aðra en breta á miðunum hér. Hygg ég að það hafi sýnt sig, að þó að við hefðum gjarnan óskað eftir að þurfa ekki að semja við þjóðverja, þá hafi þessi afstaða verið rétt. Við vorum mun sterkari við að hafa breta eina að slást við á miðunum hér í kringum landið, og ég hygg að það einmitt hafi leitt til sigurs íslendinga í landhelgismálinu með Oslóarsamningunum að þessi aðstaða var fyrir hendi, að við aðeins höfðum þar eina þjóð að slást við.

Ég skal ekki fjölyrða frekar nú um þetta. Þetta mál á án efa eftir að koma hér til umr. síðar. En ég vildi láta þessa afstöðu mína koma fram og að ég tel alveg afdráttarlaust að þegar til einhverra aðgerða kemur í þessu máli, þá verði hver einasti þm., hvort sem hann er stuðningsmaður ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu, að meta það sjálfur hvað hann telur best fyrir þjóðarheildina, því að málið er allt of stórt til þess að einn eða annar verði bundinn af stuðningi við ríkisstjórn eða vilja sinnar flokksforustu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun ekki halda hér langa ræðu. Það er kominn sá tími dagsins sem venjulegum þingstörfum er lokið, og auk þess er ég í raun og sannleika á móti löngum ræðum utan dagskrár og mun reyna að halda mig við það, a. m. k. fyrir mitt leyti, að segja hér það, sem ég tel mig þurfa að segja, í sem allra stystu máli.

Ég vil byrja á því að staðfesta það, sem hér hefur verið rætt um og allir vita og ég hef oft áður sagt, að auðvitað hefur enginn gengið að því gruflandi að bretar vildu halda áfram veiðum á Íslandsmiðum eftir að samningurinn, sem gerður var í Osló 1. júní s. l., rennur út. Þetta mun ég hafa sagt þegar ég lagði þennan samning fyrir Alþ., og ég hef aldrei gengið að því gruflandi og enginn okkar, hygg ég. En sá stóri munur, sem nú er, síðan samningurinn í Osló var gerður, virðist mér vera sá, að nú er það algerlega á okkar valdi hvort við tökum þátt í samningaviðræðum í fyrsta lagi og í öðru lagi hvort við gerum nokkurn samning eða ekki, því að við höfum skýlausa viðurkenningu allra þjóða, sem hlut eiga að máli, fyrir því að 200 mílna fiskveiðilögsaga Íslands sé orðin staðreynd. Þetta tel ég það sem mest er virði í þessu máli og skipti raunar alveg sköpum.

Ég vonast til þess, að bæði hv. stjórnarandstæðingar og eins við, sem styðjum þessa ríkisstj., eigum kost á því að taka þetta mál fyrir með öðrum hætti en þeim að hafa hér sífelldar umr. utan dagskrár, oft á óeðlilegum tímum, þar sem þessu máli er troðið eins og hornreku inn á milli alls konar annarra og kannske að sumu leyti minni háttar mála. Og ég skal með mikilli ánægju taka þátt í þeim útvarpsumr. sem hv. 2. þm. Austurl. hefur boðað að hann muni gangast fyrir, ef mér verður treyst til þess af flokksbræðrum mínum. Það mun ekki standa á því.

Hv. 2. þm. Austurl. taldi að af Íslands hálfu hefðu verið allt of margir þátttakendur í þeim viðræðum sem fóru fram 12. og síðan 25. og 26. nóv. Um þetta er ég að mörgu leyti alveg sammála. En það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem við heyrum það, bæði hann og ég, að við höfum fjölmennt um of til funda við útlendinga. Ég minnist þess að hér voru í tíð okkar í fyrri stjórn allmikil blaðaskrif um það, hversu óviðeigandi og jafnvel niðurlægjandi það væri að við færum þrír ráðh. til viðræðna við þjóðverja á sínum tíma. Þetta er því ekkert nýtt. Við höfum fengið þessa gagnrýni fyrr, og ég tek hana ekkert nærri mér, sérstaklega þegar það er haft í huga að viðræðurnar fóru fram hér í Reykjavík og það kostaði ákaflega lítið fyrir ríkissjóð að taka þátt í þessum viðræðum.

Ég vil segja það út af yfirlýsingu Gundelachs, að hann hefur ekki ástæðu til þess frá okkur að gefa slíka yfirlýsingu. Það er haft eftir einhverjum erlendum mönnum, — ég hef ekki lesið þetta sjálfur, en ég heyrði þetta hér í umr., — að það væri rætt um 12 togara sem ættu að fá fiskveiðiheimildir hér í janúarbyrjun, skildist mér, að því er virtist í ótiltekinn tíma. Þetta kannast ég ekki við að hafi borið á góma. Það, sem farið hefur fram, eru, eins og segir í þeim skýrslum sem afhentar hafa verið utanrmn., könnunarviðræður um hvort það væri rétt að taka þátt í samningaviðræðum. Niðurstaðan varð sú, sem hér hefur verið vitnað til og hv. 2. þm. Austurl. las, við skyldum ræða við Efnahagsbandalag Evrópu um tvö atriði, um fiskvernd annars vegar og um hugsanlegar gagnkvæmar fiskveiðar innan lögsögu hvorir annarra í samræmi við þau fiskverndunarsjónarmið sem báðir aðilar vilja í heiðri halda. Ég held að þetta geti ekki komið neinum í opna skjöldu, því að ég minnist þess að 26. okt., þegar rætt var um samkomulag um veiðar breskra togara, öðru nafni samninginn sem gerður var í Osló, þá sagði t. d. hv. 2. þm. Austurl.: Hvað gerist í þessum málum eftir 1. des. n. k. eða rétt eftir einn mánuð, það er kjarni málsins. — Og síðar, þegar hann er að mótmæla því að hann hafi ekki viljað ganga til neinna viðræðna, þá segir hann, með leyfi forseta: „Það var auðvitað rangt og er rangt það sem við áttum að hafa haldið fram. Ég hef ekkert á móti því að við tölum við fulltrúa breta eða tölum við fulltrúa Efnahagsbandalagsins.“ Ég hygg að það hafi fleiri hv. stjórnarandstæðingar látið svipaða skoðun koma

fram, og ég tel hana alveg rétta og eðlilega. Það má hins vegar auðvitað alltaf draga það í efa af þeim og hverjum sem það vill, hvort við höldum þannig á málstað Íslands að hann sé ekki í bráðri hættu. Við vonumst til þess að við gerum það, og við trúum því að við höfum gert það. Þess vegna höfum við eða ég a. m. k. hreina samvisku í því efni. En ég get svo sem vel ímyndað mér að það séu aðrir hér inni sem treysta t. d. sjálfum sér miklu betur til þess að halda á okkar málum, og þeir verða náttúrlega að fá að hafa þá skoðun í friði fyrir mér.

Ég ætla svo að leyfa mér að segja það í sambandi við ástand fiskstofnanna, sem rætt var nokkuð í þeim umr., sem fram fóru þessa daga sem ég áður nefndi, og frá er greint í skýrslu þeirri sem ég áður nefndi að afhent var utanrmn.-mönnum í gær og verður afhent landhelgisnefndarmönnum eftir nokkra daga að þar er stuðst við skýrslur fiskifræðinga. Það er stuðst við skýrslur fiskifræðinga í lýsingu á ástandi fiskstofnanna. Og ég vil segja það, að í þeim viðræðum, sem fram undan eru og fram undan kunna að vera, verða fiskifræðingar hafðir með í ráðum. Það verður gert eins og verið hefur í öll þau skipti sem ég hef tekið þátt í viðræðum við útlendinga um fiskveiðar innan fiskkveiðilögsögu Íslands. (Gripið fram í.) Það var ekki rætt um það. Það voru ekki samningaviðræður. En á öllum þeim fundum, þar sem samningar hafa verið á dagskrá, hefur verið einn eða fleiri fiskifræðingar með í ráðum, og svo mun enn verða ef ég fæ einhverju ráðið.

Hv. 5. þm. Vesturl. er nýkominn úr reisu og ég efast ekki um að hann hafi gert okkar málstað þar mikið gagn. Ég hef ekki ástæðu til þess að ætla annað en svo sé. Hann sagði að það hefði verið efst á baugi á þessum tiltekna stað, Grimsby, held ég að það hafi verið, að það væri vonlaust að fá samninga við íslendinga eftir 1. jan. og það yrði að einbeita sér að því að koma skipulagi á breskar veiðar. Ber þetta vitni um, að bretar hafi loforð upp á vasann frá íslenskum ráðh. um að fiskveiðar skuli halda áfram? Ég held ekki. Ég held að það sé alveg augljós staðfesting á því að þeir hafa ekki slíkt loforð. Þess vegna segja þeir þetta. Þess vegna grípur um sig vonleysi. Og það er vitnað hér í Anthony Crosland, og það er eitt af því fáa, sem ég hef lesið í dag um þessi mál. En ég sé ekki betur en í þeim ummælum, sem eftir honum eru höfð í einu dagblaðanna hér, sé hann mjög svartsýnn á að það fáist framlenging á veiðum breta innan fiskveiðilögsögu okkar. Ég kann þá ekki að lesa mælt mál ef það stendur ekki í þessu viðtali.

Það eru nú flestir farnir sem hafa haldið hér ræður af stjórnarandstæðingum, þó ekki allir. Einn af þeim, sem er horfinn af fundi, er hv. 2. landsk. þm. Ég ætla þess vegna að spara mér að mestu að gera ræðu hans að umtalsefni. En eitt af því, sem ég hef hripað á blaðið hjá mér eftir honum, var það, hvort við mundum ætla okkur að borga fyrir fiskkvernd með fiskveiðiréttindum. Ég held að hann hafi sagt þetta. Þetta er alger fjarstæða. Fiskkvernd er beggja hagur að mínu mati. Það er verndin á þeim stofnum, sem ferðast á milli miðanna, sem við erum að hugsa um. Hitt er annað mál, hvort gagnkvæmar fiskveiðar eru hugsanlegar, og ég ætla að leyfa mér að vitna enn í það sem ég hef áður sagt hér á Alþ. Það var í umr. í hv. Nd. 20. okt. s. l. Þar sagði ég, með leyfi hæstv. forseta, efnislega á þá lund, að ég teldi að við yrðum að fara mjög varlega í þeim samningaviðræðum sem hugsanlega kynnu að vera fram undan, og það vil ég endurtaka hér.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., sem sýnir mér þann sóma að sitja hér enn þó áliðið sé orðið kvölds, rifjaði það upp sem ég hafði sagt hér í sambandi við fyrri samninga, og ætla ég vissulega ekki að deila við hann um það. Það er allt rétt sem hann vitnaði til minna orða, enda þau öll skjalfest og þýðir ekkert fyrir mig að mótmæla, jafnvel þótt ég vildi. En ég segi það sem mína bjargföstu trú, að þegar upp er staðið nú, þá höfum við leitt þetta landhelgismál allvel til lykta og ekki bara náttúrlega fyrir okkar stjórnkænsku, heldur einnig og ekkert síður fyrir þá þróun sem orðið hefur í fiskveiðimálum umhverfis okkur. Mér dettur ekki í hug að fara í neinn meting um það við nokkurn mann hverjum það sé að þakka að íslendingar eru þó komnir þangað sem þeir eru. Ég vil segja að þing og þjóð eigi þar mestan heiður af og ætla ekki að reyna að seilast til þess, að ég hafi átt þar einhvern sérstakan hlut að máli. Mér dettur ekki í hug að halda því fram. En það er nú einu sinni þannig, og það skal vera mín afsökun í þessu máli sem hv. þm. vitnaði til, að þegar þarf að meta stöðuna hverju sinni, þá geta aðstæður verið nokkuð breyttar frá því sem maður reiknaði með að þær mundu verða þegar einhver tiltekin ummæli hafa verið látin falla, og það verður að vera mín afsökun og hún dugar mér, hvað sem öðrum líður.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr., vegna þess að ég veit að hér þurfa nokkrir enn að komast að áður en fundi er slitið. Ég vil að lokum taka undir það með hv. 3. þm. Suðurl., að þm. taki sjálfstæða afstöðu til landhelgismálsins eins og ég held að þeir hljóti að gera í öllum öðrum málum líka.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Mér er ljóst að það er orðið allóliðið á fundartímann, og því verð ég að stytta mál mitt þó að hér hafi ýmislegt komið fram sem ég hefði haft löngun til að fá tíma til að ræða um.

Það eru þá fyrst nokkur atriði af þeim sem komu hér síðast fram hjá hæstv. utanrrh., aðeins stuttar aths. við það.

Hæstv. ráðh. minntist á að með samningunum, sem gerðir voru í Osló um veiðiheimildir handa bretum í 6 mánuði, hafi staðan í landhelgismálinu gerbreyst og eftir þá væri það sem sagt upp komið að við réðum því einir hvað gerðist í málinu. Ég er á því að eins og staðan er nú, þá sé þetta orðið, að við ráðum hér einir og eigum að fylgja því eftir. En ég er honum ekki sammála um að það hafi verið samningagerðin í Osló sem réð þessu, heldur hitt, eins og ég hef sagt áður, að hér var orðið um breytta stöðu að ræða sem Efnahagsbandalagið og bretar viðurkenndu, þar sem þeir urðu að taka upp viðurkenningarstefnu á 200 mílun-

um og þurftu að fylgja henni eftir sjálfir. Það var það sem breytti stöðunni okkur í hag.

Það var athyglisvert að hæstv. utanrrh. sagði hér að sendimaður Efnahagsbandalagsins, Gundelach, hefði ekki ástæðu til þess að gefa út þá yfirlýsingu sem hann hefur gefið. En mér fyndist að það hefði verið þörf á því að hann og ríkisstj. hefðu sagt þetta á réttum stað og réttum tíma, að hann væri hér að gefa, þessi erlendi sendimaður, yfirlýsingar út í bláinn, sem ekki styddust við neinn veruleika. En það var ekki gert. Í þessum efnum vil ég minna á að það er þetta sífellda, sem hér kom fram hjá hæstv. utanrrh. enn og hefur komið fram hjá honum oft áður í sambandi við þessar viðræður, að hér hafi bara farið fram könnun — ekki samningaviðræður, bara könnun.

Þegar ég minntist á fjölmenni íslendinganna sem tóku þátt í þessum viðræðum, þá var það ekki gagnrýni mín að hér væri kostað of miklu til, — það væru of margir menn og þetta hefði orðið of dýrt. Það datt mér ekki í hug, enda held ég að það hafi ekki verið ástæða til að skilja mál mitt þannig, heldur fyrst og fremst að það, svona margir, bæði ráðh. og aðrir, tóku þátt í þessum viðræðum sýndi að hér voru að fara fram raunverulegar samningaviðræður, en ekki þær innihaldslausu könnunarviðræður og hlustun sem menn voru alltaf að leggja áherslu á, enda er það alveg ljóst að ætlunin er að halda áfram þessum samningaviðræðum. Ég hef sem sagt vanist því að kalla samningaviðræður annað en það sem beinlínis endar í formlegum samningi. Þetta hefur leitt til þess, að nú stefna menn sem sagt að því að gera samninginn. Allar þær upplýsingar, sem ég hef fengið um það hvað fór fram á þessum viðræðufundum, sýna að menn voru hér að ræða um grundvallarefnisatriði málsins, undirbúa samninga, og af því þurfti auðvitað allan þennan her af mönnum.

Hæstv. ráðh. las hér aðeins upp hvað ég hefði sagt hér við tilteknar umr. varðandi þetta mál áður, þar sem ég hefði lagt áherslu á að ég gæti vel samþykkt fyrir mitt leyti að það yrði rætt við fulltrúa bæði Efnahagsbandalagsins og breta. En hann dró það undan í þessum upplestri sem ég lagði auðvitað höfuð áherslu á, eins og ég hef margsinnis sagt áður: Ég hef út af fyrir sig ekkert við það athuga að rætt sé við þá sem biðja um viðtal. En það, sem öllu máli skiptir, er að menn viti fyrir fram um hvað ætlað er að tala, hver er skoðun manns og stefna. Ég var að ganga eftir því, þegar ég sagði þetta, að það, sem skipti öllu máli, væri að það lægi fyrir hver væri stefna okkar almennt í málinu, við gætum rætt við þá og sagt þeim hreint út hver væri grundvallarafstaða okkar í málinu. Það var þetta stefnuleysi sem ég var að finna að og ekkert fékkst upp um. Og það er nákvæmlega það sama sem gerist enn í dag. Hér koma upp bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. segir hér enn: Við höfum ekkert loforð gefið þeim, við höfum ekki lofað þeim veiðum. — En hann sagði ekkert um það hver væri stefnan, að þeir ætluðu ekki að semja. Um það kemur ekkert sem er kjarni málsins, hver er afstaðan þegar þeir eru spurðir um hana, þá segja þeir ekki neitt. Og sem sagt, í umr. eins og þessum er ekki hægt að toga það fram með neinu móti hver er afstaðan, um hvað þeir ætla að semja, hvað þeir telja að komi til mála og hver er þeirra afstaða — ekkert, ekki neitt. Það er þetta sem er það voðalega í málinu. Hitt er, eins og ég segi, það er útúrsnúningur að við, sem heimtum skýra stefnu í málinu, séum svo ókurteisir að við viljum ekki opna fyrir mönnum sem banka upp á eða eitthvað þess háttar, að við viljum ekki tala við menn sem ávarpa okkur, eða eins og hæstv. forsrh. sagði hér, hann teldi það óþarfa bráðlæti að vera enn að gera kröfu um það að við höfum stefnu í málinu, að hann gæti lýst hér einhverju yfir varðandi sína stefnu. Sér er nú hvað, búið að ákveða það eftir allar þessar umr. um efnisatriði málsins að nú skuli gengið til samningagerðar, og samt fæst ekkert upp um það hver er skoðun ríkisstj., að hverju hún stefnir. Svo eru hann og aðrir hissa á því og tala um að það sé minnimáttarkennd okkar, sem ekki viljum bara trúa þeim fyrir því að halda áfram umr. við útlendinga um þetta mál, á sama tíma sem þeir fást ekki til þess að segja neitt til um það hver sé skoðun þeirra í málinu og að hverju þeir stefni.

Þetta er auðvitað vandinn í málinu, að maður stendur enn frammi fyrir þessu, að þeir tala um hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir, gera lítið úr öllum viðræðum sem fram hafa farið. En ég skal ekki fara langt út í það því að það er ekki tími til þess að rekja það, enda þykir það víst ekki viðeigandi, því að allt er hér stimplað með trúnaðartákninu, öll blöð um þessi mál. En ég vil samt rifja hér upp örfáar setningar, sem ég vænti að þessir hæstv. ráðh. kannist við, og spyrja þá hvort þeir treysti sér til að segja það, að þar sem þessar setningar standa skrifaðar, þá hafi ekki verið gert neitt annað en mætt á fundum og hlustað, það hafi engin tilboð komið fram og það hafi ekki verið rætt neitt um efnisatriði málsins. Kannast hæstv. ráðh. t. d. við þessa setningu? „Að auki“ — og það var auðvitað sá erlendi sendimaður sem sagði þetta — „að auki væri EBE reiðubúið til að veita íslendingum fiskveiðiréttindi fyrir síld í Norðursjó, þótt erfitt væri, og fleiri fisktegundir, þ. á m. á miðunum við Austur-Grænland. Á móti vildi EBE gjarnan fá veiðiréttindi í framtíðinni fyrir nokkur fiskiskip innan íslenskrar lögsögu.“ Ætli menn hafi ekki verið að ræða um kjarna málsins? Ætli menn hafi ekki verið að ræða um það, sem við viljum fá ákveðið, hver stefnan væri? Menn sátu ekki þarna alveg daufdumbir og hlustuðu. Ætli þið kannist ekki við setningu af þessu tagi, að meiningin með því, sem um var rætt, hafi verið að gera rammasamning, með því ætti EBE við það að mörkuð væri viss umgjörð, en tölur mætti setja inn síðar eftir aðstæðum? Eða setningu af þessu tagi: „Ákveða verður tímasetningu samningaviðræðna um langtímalausn á gagnkvæmnisgrundvelli, jafnvel þó að ekki verði samið um mikið aflamagn sé nauðsynlegt að gera einhverja samninga, Ísland hafi nokkurra hagsmuna að gæta við Grænland og megi ekki útiloka sig frá samningum þar“ — þetta megi líta á sem tilboð?

„Setja verður ramma og gefa til kynna óskir og fyrirætlanir svo að ekki komi til upplausnar eftir 1. jan.“ Þetta eru aðeins nokkur smásýnishorn.

Auðvitað vitum við að menn hafa verið alla þessa daga að ræða um gagnkvæmar veiðiheimildir, ákveðin tilboð á báða bóga. En það er rétt, eins og ég hef sagt hér áður, menn hafa ekki treyst sér til þess að tilnefna nákvæmlega hvað mörg tonn þeir megi taka af okkar miðum eða hvað skipin eigi að vera mörg. Það er ekki búið að lofa alveg ákveðnu. Þetta er rétt. En umr. hafa auðvitað verið um þetta, því að mennirnir hafa ekki verið með öllu aðgerðalausir. Það er af þessum ástæðum sem menn segja auðvitað: Það er kominn tími til þess og meira en það að ríkisstj. fáist til þess að segja hver er skoðun hennar í málinu. Hver er hennar stefna? Að hverju stefnir hún? Ætlar hún að hleypa erlendum flota inn á okkar mið aftur eða ekki? Og auðvitað verður að vekja athygli á því að hér koma fram ráðh. sem fást ekki enn til þess að svara þessu.

Ég skil því mætavel að einstakir þm. úr stjórnarliðinu, eins og hv. þm. Guðlaugur Gíslason, hann kemur hér upp og er dauðhræddur og segist vilja taka það fram að hann hafi allan fyrirvara á um það hvort hann samþykki það, sem þeir gera, eða ekki. Ég skil þetta mætavel. Og ég er næstum viss um að það eru fleiri en þessi hv. þm., þeir eru miklu fleiri sem styðja ríkisstj. sem eru dauðhræddir vegna þess að þeir fá engar upplýsingar um það að hverju menn stefna.

En það var sérstaklega eitt atriði, því að það er í rauninni ekki tími til þess að halda hér uppi löngum efnisumr. um þetta mál, — en það var sérstaklega eitt atriði sem gerði það að verkum að ég vildi fá að segja örfá orð í lok þessa fundar, af því að mér fannst það býsna táknrænt um vinnubrögð hæstv. ríkisstj. Það var þegar hæstv. forsrh. sagði í sínu annars alveg innihaldslausa svari, — því að hann svaraði engu af því, sem hann var beðinn um að svara, og gaf enga stefnumarkandi yfirlýsingu á einn eða neinn hátt, — en hann hafði eitt að segja varðandi svona samninga, að hann ætti síst von á því að það væri ástæða til þess fyrir mig að tala um að ekki ætti að semja við Efnahagsbandalagið eða aðrar þjóðir, sem hefði nánast verið búinn að undirbúa samninga á svipaðan hátt við rússa á sínum tíma. Þetta minnir mig á það, að um það leyti sem þeir voru að smokra í gegn vandræðasamningnum við vestur-þjóðverja, þá var prentað með stærsta letri í Morgunblaðinu að ég hefði alltaf viljað semja við vestur-þjóðverja um miklu meira og þá mætti vel semja um aðeins minna núna. Auðvitað var því þá logið til. Á sama hátt virðist vera tilgangurinn að reyna að búa til einhverja slíka sögu núna.

En hvað hefur gerst í þessu máli? Það er best að ég segi frá því. Það er rétt, rússar höfðu hvað eftir annað og Austur-Evrópuþjóðirnar óskað eftir því að fá samninga um landhelgismál eins og aðrir gerðu á þessum tíma. Og þeir höfðu óskað eftir því að gera við okkur almennan samning um fiskveiðimálefni, eins og þeir höfðu gert við Noreg, Kanada og ýmsa fleiri. Ég átti auðvitað aldrei viðræður við neinn rússa um þessi mál, — aldrei. Hins vegar var það að í eitt skipti þegar tveir af sendimönnum, annar frá Hafrannsóknastofnuninni og hinn frá sjútvrn., fóru á ákveðinn fund til Rómar og þar voru fulltrúar frá Sovétríkjunum, þá var í fullu samráði við mig og utanrrh. þeim heimilað að ræða við fulltrúa rússa sem óskuðu eftir að fá að setja fram sín sjónarmið um þessi mál. Þeir komu heim með blað sem aldrei var neitt gert meira með, þessar hugmyndir, og þær liggja í rn. Og af því að þær liggja í rn. og ég tók þær aldrei upp og enginn annar, þá er auðvitað ágætt að segja: Ja, sjáið þið til, hann ætlaði að semja við rússa. — Þetta heitir nú að spila nokkuð frílega með sannleikann. En ég legg áherslu á það að ég átti aldrei tal við einn einasta rússa um þessi mál, — aldrei. Þessi drög, sem þessir menn komu með heim af þessum fundi sem hugmyndir rússanna, sem ég man vel eftir að voru afskaplega almenns efnis og sögðu hvorki eitt eða neitt, með þau var aldrei gert neitt og aldrei tekið upp af minni hálfu á einn eða neinn hátt, svo að þetta er slúður af lakasta tagi. Hæstv. forsrh. ætti ekki að gera sig sekan um það að koma með fleipur af þessu tagi. Það er honum ekki sæmandi.

Ég skal svo ekki halda þessum umr. frekar áfram úr því sem komið er. Við stöndum frammi fyrir því varðandi það mál sem hér hefur verið til umr. að ríkisstj. fæst ekki til þess að segja neitt um það, hvað fyrir henni vakir. Hún talar bara almennt um að auðvitað hljóti það að vera okkar hagur að geta fengið þá í Efnahagsbandalaginu til þess að taka upp jafnmikla fiskfriðunarstefnu og við íslendingar rekum. Það var ekki að heyra á hæstv. forsrh. að neitt annað stæði til varðandi samning um fiskfriðunarmálin en bara einhliða að við ættum að fá þá inn á okkar stefnu og búið, þó að það sé talað um stjórnun á fiskveiðum beggja aðila og fiskfriðunarreglur af beggja hálfu.

Við stöndum þannig frammi fyrir því, að við fáum engar frambærilegar skýringar hvað þeir meina með slíkri samningagerð sem þessari, — engar, því að þetta eru ekki frambærilegar skýringar. Og við stöndum líka frammi fyrir því, að við fáum ekkert að vita hvað ríkisstj. hefur í huga varðandi gagnkvæmar veiðiheimildir sem útlendingarnir eru þegar farnir að tala um að þeir treysti á að þeir muni fá. Við fáum ekkert svar. Ég hygg því að einlægast væri í þessum efnum að flytja hér till. á Alþ. og knýja fram fljóta afgreiðslu á henni, m.a. með útvarpsumr., þar sem Alþ. fái að greiða atkv. beint um það, hvort við viljum veita útlendingum veiðiréttindi innan okkar fiskveiðilandhelgi eða ekki. Það er tiltölulega auðvelt að búa út svona till. og knýja það fram að hér verði að fara fram atkvgr. um þetta umbúða- og vafningalaust. Það er býsna fróðlegt fyrir þjóðina a.m.k. að sjá það, áður en gengið verður til næstu viðræðna við útlendingana, hvort hætta vofir yfir í þessum efnum eða

hvort hér er hægt að pína fram skýr svör um það að menn séu ekki til viðtals um slíka undanslátt-arsamninga eins og málin standa nú. Ég mun taka þetta til athugunar í sambandi við framhald þessa máls.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er að vísu rétt, sem fram hefur komið hjá öðrum stjórnarandstæðingum í þessari umr., að það hefur reynst ógerningur að fá fram skýr svör eða einarðar yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. En í þessu máli lærum við það af reynslunni að loðin viðbrögð og engin svör eru líka svör, vegna þess að þetta eru sömu viðbrögðin og voru undanfari þeirra samninga sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur gert við aðrar þjóðir. Og ég vil aðeins benda á það, að það er ekki að ástæðulausu sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason kvaddi sér hér hljóðs áðan, eftir að hæstv. forsrh. var búinn að tala. Ég ætti e.t.v. frekar að segja að hv. þm. hefði talið sig knúinn til að kveðja sér hér hljóðs eftir ræðu hæstv. forsrh., og í ræðu hv. þm. kom greinilega í ljós að hann ber kvíðboga fyrir þeim atburðum sem hann á von á á næstunni. Hæstv. forsrh. hafði sem sé ekki getað lægt ótta þessa flokksbróður síns, og segir það sitt hvað um hvað fram undan er, því að ekki dettur mér annað í hug en hv. þm. Guðlaugur Gíslason, stjórnarliði úr flokki forsrh., fari nær um hugsanir, sem þar eru hugsaðar, heldur en við stjórnarandstæðingar. En ræða hans áðan lýsti því, að það er ekki að ástæðulausu sem menn óttast að þessi „engin svör" hæstv. ríkisstj. séu í rauninni svör.

Aðeins eitt atriði í viðbót sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. áðan. Hv. 2. landsk. þm. orðaði þá fsp. til hans, sem margir hafa borið ótta yfir, hvort hugsanlegt væri að ríkisstj. hugleiddi þann möguleika að greiða fiskvernd með fiskveiðiheimildum. Hæstv. ráðh. tók svo til orða að hér væri um algera fjarstæðu að ræða, þetta kæmi ekki til mála. Ég skil þetta þá þannig — og það hljóta allir aðrir þm. að gera, að hér sé um að ræða yfirlýsingu af hálfu hæstv. ríkisstj. um að útilokað sé af Íslands hálfu að tilboð t.d. Efnahagsbandalagsríkja um fiskvernd eða ráðstafanir til fiskverndar á fiskstofnum sem ganga á Íslandsmið, slíkt tilboð verði af Íslands hálfu metið sem gild ástæða til að veita þessum þjóðum fiskveiðiheimildir. Ég tek þessi orð hæstv. ráðh. sem algera yfirlýsingu ríkisstj. um að þessi „kombinasjón", ef ég má komast svo að orði, sé algerlega útilokuð, og vona að hæstv. ráðh. verði sannspár í því efni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil láta það koma hér fram í tilefni af orðum hv. 5. þm. Norðurl. e. að sjútvrh. er bundinn við skyldustörf sem hann gat ekki hnikað til, tjáði fyrirspyrjanda það, að því er mér skilst, hv. 2. þm. Austurl., er taldi ekki ástæðu fyrir hann að breyta sínum fyrri áætlunum sem hann reyndar átti óhægt með og gat ekki.

Ég þarf þess vegna ekki heldur að taka svari hæstv. sjútvrh. varðandi ummæli hans um skýrslu fiskifræðinganna. Það er auðvitað afhökun og ýkjur á hans ummælum að segja að sjútvrh. hafi sagt að ekkert væri að marka skýrslu fiskifræðinga eða að skýrslan væri röng. Í þessu sambandi held ég að sé líka ástæða til að láta þá skoðun í ljós, að sérfræðingar eru auðvitað góðir og blessaðir, en það er engin ástæða til þess að þeir séu friðhelgir fyrir gagnrýni, og ég efast um að sérfræðingar óski eftir slíkri friðhelgi. Þeirra verk eru gagnrýniverð eins og verk annarra, og við stjórnmálamennirnir eigum alls ekki að afsala í hendur sérfræðinganna því valdi sem er innan veggja Alþingis. Við verðum að leggja sjálfstæðan dóm á verk sérfræðinganna, og um skýrslu fiskifræðinga vil ég segja það, að sjálfsagt er að hafa hana til hliðsjónar í öllum okkar gerðum. En við þurfum að taka ýmis önnur tillit, eins og t.d. félagsleg og efnahagsleg, sem geta valdið því, að frá þeirra leiðbeiningum og ráðum sé vikið.

Þá vek ég athygli á því, að hv. 5. þm. Norðurl. e. telur útlendinga hafa veitt hér 160—170 þús. tonn á árinu. Ég tel þetta býsna háa tölu, en hef ekki aðstöðu til þess að fara ofan í saumana varðandi þá tölu. Ég held að hann taki þá a.m.k. algerlega trúanlegar aflaskýrslur breta fyrri hluta árs, hvað þeir veiddu undir herskipavernd, og það er þá meira en hv. þm. vildi vera láta meðan á þeim veiðum stóð og bretar veiddu hér í skjóli herskipanna.

Þá vil ég aðeins víkja að ræðu hv. 2. þm. Austurl. Hann talar um stefnuleysi stjórnvalda. Ég vil algerlega mótmæla því að ríkisstj. hafi ekki fastmótaða stefnu í þessum málum. Við höfum gert þeirri stefnu skil, hæstv. utanrrh. og ég, og í raun kemur hún fram í sameiginlegri yfirlýsingu sem gefin var og við höfum hér skýrt. Það er annars vegar að við teljum rétt að halda áfram viðræðum til að kanna hvort samkomulag næst um samvinnu á sviði fiskverndar. Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Austurl. vék ekki einu orði að því efni og svari okkar varðandi nauðsyn þess að leggja áherslu á samkomulag um fiskvernd. Það er enn fremur stefna ríkisstj. að taka þátt í viðræðum um hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir á fiskimiðum hvors samningsaðila um sig í samræmi við stefnu beggja aðila á sviði fiskverndar.

Það hefur verið auglýst eftir því hér af hálfu hv. 2. landsk. þm., og ég hevrði ekki betur en einnig af hálfu hv. 2. þm. Austurl., að ég gæfi hér upplýsingar um hvað við hugsanlega gætum boðið bretum eða Efnahagsbandalaginu hvað veiðiréttindi snertir innan okkar fiskveiðilögsögu. Ég segi það hér og nú, að mér dettur það ekki í hug. Ég tel að þeir eigi að koma fyrst með tilboð sitt og við eigum þá að vega og meta hvers virði við teljum það og annaðhvort gera gagntilboð eða segja að við höfum ekki áhuga. Auðvitað eiga þeir að koma með sitt boð áður.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að hann hefði lítið fylgst með þessu máli, en las svo upp úr trúnaðarskýrslu frásögn af viðræðunum. Af þeim ummælum, sem hann las, er ekki hægt að draga neina ályktun að nein boð hafi borist okkur frá fulltrúa Efnahagsbandalagsins. Það hefur verið talað lauslega um hann möguleika að veita réttindi til síldveiða í Norðursjó og réttindi til fiskveiða við Grænland. En auðvitað er þetta ekki boð. Við verðum að fá skýrari afmörkun á því hvað meint er með slíkum veiðiréttindum, hvði

hvað snertir síldveiðarnar, hve miklar síldveiðar verða leyfðar í Norðursjó. Þótt íslenskir fiskifræðingar og stjórnvöld hafi tjáð sig fús að banna síldveiðar í Norðursjó vegna áhuga okkar á almennri fiskvernd, þá hef ég fyrir því orð íslenskra sjómanna sem stundað hafa síldveiðar í Norðursjó, að það séu síður en svo áberandi merki þess að síldin sé hverfandi. Ég skal engan dóm á þetta leggja. Ég segi aðeins hvað viðmælendur mínir hafa skýrt mér frá. Það kunna þess vegna að vera ákveðnir hagsmunir bundnir við þessar veiðar, en hve miklir vitum við ekki fyrr en okkur yrði tjáð ákveðið að eitthvað stæði til boða. Þá er að vega og meta það og sjá hvort það er einhvers virði.

Eins má segja um fiskveiðar við Grænland. Okkur hefur ekkert verið sagt, eftir því sem ég veit best um, hve mikið eða hvers konar fiskveiðar væri þarna um að ræða. Meðan fulltrúar Efnahagsbandalagsins, meðan fulltrúar viðsemjenda hafa ekki opnað málin meir, þá er algerlega ástæðulaust fyrir okkur að tjá okkur frekar um málið en ég og hæstv. utanrrh. höfum nú gert.

Ég held, sannast best að segja, að krafa þessara hv. þm., sem krefjast þess af mér að ég segi hvað við viljum bjóða, sýni best að þeim væri ekki trúandi fyrir samningsforræði Íslands í þessu máli eða öðrum, þeim væri ekki trúandi til að standa í viðræðum gagnvart öðrum þjóðum í þessum málum eða öðrum.

Sameinað þing, 27. fundur.

Þriðjudaginn 30. nóv., að loknum 26. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 16. fundur.

Fimmtudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 106). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl., þau brbl. hafa gegnt sínu hlutverki, tilefni það, sem þau áttu að þjóna, er ekki lengur fyrir hendi, en það er lagt hér fyrir hv. Alþ. af formlegum ástæðum og samkv. boði stjórnarskrárinnar, 28. gr. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 60). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eignarráð yfir landinu, frv. (þskj. 93). — Frh. 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Mér þykir hlýða, þegar dregur að lokum þessarar 1. umr. frv. okkar alþfl.-manna um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum, að fara ofurlítið á ný yfir gagnrök og aðfinnslur andmælenda frv.

Vík ég fyrst að þeim andmælum hv. þm. Steinþórs Gestssonar, að hann sjái ekki, þótt annað sé staðhæft í grg. frv., að frv. byggist á líkri hugsun og samþykkt 120 þjóða á Habitatfundinum í Vancouver í Kanada s. l. sumar varðandi landnot og yfirráð yfir þeim. Ég held að hver sem skoðar málið vel sjái betur. Rauði þráðurinn í tilvitnuðum greinum Habitatfundarins í grg. frv. er einmitt að eignarráð og yfirstjórn einstaklingsins skuli vera víkjandi fyrir eignarráðum og yfirstjórn samfélagsins þegar hagsmunir einstaklings og hagsmunir þjóðfélagsheildarinnar eða stórra hluta þjóðfélagsins rekast á. Þetta er og rauði þráðurinn í frv. okkar alþfl.-manna nú og var í þáltill. okkar um þessi efni undanfarin þing. Þar undirstrikum við sérstaklega vatnsaflið, jarðhitann, lóðir og lendur undir þéttbýli og veiðirétt í ám og vötnum. Þetta eru ekki verðmæti sem framtak einstaklingsins hefur skapað. Þetta eru ýmis gögn og gæði landsins sjálfs eða hafa orðið verðmæt af samfélagslegum sökum, þarf samfjármagn þjóðarinnar til að beisla og njóta eða þarf að setja undir stjórn samfélagsins í einni eða annarri mynd til að forðast óheppilegar afleiðingar mannlegs eðlis, svo sem eignar- og auragirndar.

Næst vil ég víkja að ræðu hv. þm. Jóns G. Sólness sem ræddi m. a. um það, að hann væri á móti þessu frv. okkar alþfl.-manna m. a. af tveim ástæðum: hann teldi að það bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarrétt og hann væri á móti því m. a. af því að það væri hindrun í vegi einstaklinga til að skapa verðmæti. Hvaða verðmæti? spyr ég. Er það sköpun verðmæta af hálfu jarðeiganda að jarðhiti finnst í landi hans og hann selur virkjunarréttinn fyrir of fjár til einhvers þéttbýlisstaðar í nágrenni sínu? Er það sköpun verðmæta að selja ofurverði vatnsafl sem talinn eigandi getur í engu nýtt sér nema fjármagn alþjóðar virki það og vinni? Er það sköpun verðmæta jarðeiganda að kauptún eða kaupstaður vaxi upp á landareign hans og hann stórhagnist síðan á sölu lóða og lendna? Er það sköpun verðmæta af hálfu eiganda þegar veiðijarðir fara í geipiverð vegna þess að það verður eftirsótt tómstundagaman að veiða lax eða silung? Ég segi nei. Um hitt getum við hv. þm. Jón G. Sólnes verið sammála, að það sé æskilegt að menn fái notið arðsemi vinnu sinnar, atorku, framtakssemi og hagkvæmni, og ég tel ekki að þetta frv., ef að lögum verður, hindri menn í slíku.

En víkjum þá að hinum andmælum hv. þm., að frv. gangi þvert á 67. gr. stjórnarskrárinnar hvað eignarrétt áhrærir. Ég bendi fyrst á að hér er yfirleitt gert ráð fyrir bótum í einhverri mynd fyrir öllum eignarhvörfum úr hendi einstaklingsins til alþjóðar. Svo er um land, veiði,

jarðhita ofan viss dýpis, hins vegar ekki afréttarlönd nema sönnuð eign einstaklings sé á, ekki vatnsafl, ekki jarðhita neðan viss dýpis né námur. Ég bendi á að þetta er yfirleitt eign sem ýmist hefur í hugum þjóðarinnar verið skoðuð sem almenningseign, svo sem afréttir, eða eign sem var nánast ekki til í hugum fólks þegar 67. gr. stjórnarskrárinnar var samin. Þetta finnst mér veigamikið atriði. Getur gamalsett lagagr. um eign endalaust náð yfir nýjar og nýjar eignir, ný og ný eignarverðmæti? Mér finnst slíkt a. m. k. afar hæpið.

Mér er það ljóst að hér eru á ýmsa lund sett fram ný sjónarmið um eignarráð. Ég er upp með mér af orðum hv. þm. Odds Ólafssonar, sem orðaði það svo að yrði þetta frv. að lögumum, þá yrði það mesti áfangasigur í átt til sósíalisma hér á landi. Það er áfangasigur í átt til jafnréttis. Slík orð úr munni eins virtasta manns þessarar hv. d. þykja mér athyglisverð, því að flokksofstækis hef ég aldrei kennt í munni hans, heldur sannsýni.

Mér fannst ræða hv. 2. þm. Vestf. ekki yfirveguð. Hann hóf mál sitt með því að staðhæfa að í frv. væri ráðist einvörðungu á landsyfirráð bænda. Samkv. 3. gr. frv. er einmitt tekið fram að bændum skuli frjálst að eiga jarðir til eigin búrekstrar meðan þeir kjósa það heldur en t d. erfðafestu. En í 11. gr. er hins vegar tekið fram að lóðir og lendur í þéttbýli skuli eign viðkomandi sveitarfélags. M. ö. o.: sé frv. lesið niður í kjölinn gerir það ráð fyrir bændum einum sem jarðeigendum fyrir utan ríki og sveitarfélög. Þá hafði hv. þm. áhyggjur af, að norðlendingum, vestlendingum, austlendingum og sunnlendingum yrði þungt í skauti að leita landyfirráða og landnota alltaf til skrifstofu í Reykjavík. En ég bendi á að í 2. gr. frv. er tekið þannig til orða: „Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, en það getur með sérstökum lögum veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum tiltekinn rétt til gagna og gæða lands og miða, enda fari það ekki í bága við hag almennings.“ Þarna er auðsjáanlega verið að benda á að yfirráð og við skulum segja úthlutun á jarðarafnotum geti verið í höndum t. d. sveitarfélaga hingað og þangað um land ef Alþ. sýnist að afhenda þeim það eða veita þeim þann umráðarétt með sérstökum lögum.

Þá fann hv. þm. frv. til foráttu að það mætti kaldhæðnislegt kalla að þar væri svo til ætlast að t. d. þeir vestfirðingar, sem á undanförnum árum hefðu orðið að ganga slyppir og snauðir af jörðum þar, skyldu nú bótalaust verða að láta þær í ríkiseign. Enn hefur hv. þm. lesið frv. illa. Í 4. gr. 2. málsgr., stendur einmitt: „Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis.“ M. ö. o.: vestlendingarnir, sem hafa orðið að yfirgefa jarðir sínar vegna afbýlis eða óbyggis undanfarið og ekkert fengið fyrir þær, gætu, ef þetta frv. yrði að lögum, fengið þessar eignir sínar bættar.

Annars hefur mig furðað á hve andmælendur mikla fyrir sér óhagræði bænda af frv. þessu ef að lögum verður. Í mínum huga mun meginhluti bænda hafa hag af því, en að vísu þeir fáu, sem annars kynnu að eiga kost á braskverði fyrir jarðir sínar, hljóta óhag. Hitt er meginmálið, að vatnsaflið, jarðhitinn, almenningar, þéttbýlislönd og veiðiréttur skuli alþjóðareign, að það, sem annars kynni að fara í braskverð í höndum einstaklinga af því að alþjóð þarf að nota það og njóta þess, það sé í eitt skipti fyrir öll lýst alþjóðareign. Þetta er megininntak frv. Við skulum ekki láta neina reykjarmekki villa okkur sýn um þetta, að hér er hagur alþjóðar settur ofar hag einstaklings: Og það er trú mín að meginþorra þjóðarinnar, þegar hann gjörhugsar málið, finnst að þetta séu rétt stefnumörk.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Fyrst og fremst vegna ræðu hv. 2. þm. Vestf. s. l. mánudag finn ég mig nú til knúinn að fjalla lítils háttar um mismuninn sem er á frv. alþfl.-manna hér í d. og frv. því sem við alþb.-menn höfum lagt hér fram um stjórnarskrárbreytingu varðandi eignarrétt á landinu.

Á ýmsa lund eru þessi frv. tvö samhljóða, en eigi að síður er á þeim í öðrum greinum grundvallarmunur. Fljótt á litið grunnhyggnum augum hv. 2. þm. Vestf. virðist honum þessi tvö frv. nokkurn veginn samkynja. Þannig fer gjarnan þeim sem slíkum augum lítur tvo fleti úr fjarska og sér glampa á þá, að hann hyggur hvort tveggja vera stöðuvötn, en þegar betur er að gáð kemur í ljós að annað er stöðuvatn, en hitt er sandbleyta. Hv. þm. þyrfti að temja sér að skyggnast miklu dýpra í málin. Meginmunurinn á þessum tveimur frv. er sá, að með frv.-flutningi um breyt. á stjórnarskrá varðandi eignarhald á landi fylgir einarður vilji til þess að stuðla að nauðsynlegum breytingum.

Frv. það til l., sem hér er nú til umr., er flutt af báðum hv. þm. Alþfl., er raunar með frumvarpssniði, en sá augljósi formgalli á, að það brýtur í bága við orðanna hljóðan í 67. gr. stjórnarskrárinnar. Því fer víðs fjarri að ég vilji halda því fram, að hv. flm. hagi málatilbúnaði sínum þannig með eins konar klókskap eða undirhyggju. En óneitanlega setur þessi annmarki nokkurn galla á mál þeirra sem eigi að síður er vissulega efnislega vert þinglegrar meðferðar.

Hv. þm. Helgi F. Seljan vakti athygli á því við umr. um frv. fyrr í vikunni að miklum breytingum hefði þetta þingmál Alþfl. tekið frá því að það sá fyrst dagsins ljós í mynd þáltill. fyrir fjórum þingum. Þetta er rétt. Hér hefur orðið veruleg breyting á. Tíminn er mikill græðari, svo sem menn vita, einkum ef sá, sem rispaðist, stillir sig um sinn að rífa ofan af sárinu. Ég hygg að frv. þeirra alþfl.-manna nú sé fyrir miskunn liðinna ára komið nokkurn veginn í það horf sem stefna flokks þeirra og viðhorf til íslenskra landnytja og landbúnaðarmála skipaði því strax í upphafi eða öllu heldur hefði skipað því strax í upphafi ef þetta mál hefði ekki á sínum tíma í sinni upprunalegu mynd dregist af tilviljun og óheppni í gegnum krapastíflur í ónefndri á norður í landi.

Í eðli sínu er frv. þetta þó, eins og ég sagði áður, í nokkrum grundvallaratriðum frábrugðið frv. okkar alþb.-manna um stjórnarskrárbreytingu, og sá mismunur ber náttúrlega keim af

þeim mismun sem er á flokkunum tveimur og viðhorfi þeirra til ýmissa meginmála, og þá náttúrlega fyrst og fremst ber þessi mismunur keim af þeim mun sem er á viðhorfum þessara tveggja flokka til mála sem lúta að vernd landsgæða og hag bænda, sem að okkar áliti á að fara saman og hlýtur að fara saman.

Ég hygg að hv. þm. Steinþór Gestsson hafi haft rétt fyrir sér þegar hann sagði við umr. á mánudag um frv. þetta að í löggjöf landsins fyndist hingað og þangað lagaákvæði sem nægja mundu til þess hvað orðanna hljóðan áhrærir að reisa skorður sem þörf er á t. d. við jarðabraski og tryggja almannanot af landsgæðum, þegar þjóðarþörf krefur, og tryggja ábúðarrétt, stemma stigu við landníðslu, rányrkju og landsspjöllum og flest hvað annað það sem frv. þetta miðar að á leið sinni til bóta. Í löggjöf okkar finnast einnig ákvæði um ýmiss konar almannanytjar á landi í einkaeign, bæði forn og ný. Enn þá eru í gildi ævaforn ákvæði í slíka átt, önnur hafa fyrir skemmstu verið úr lögum numin. Það er ekki ýkjalangt síðan í lögum var sá almannaréttur að taka fisk úr hvaða veiðivatni sem væri, væri hans neytt á bakkanum. Það er ekki ýkjalangt síðan það var í lögum að hver þegn landsins mátti leggja net eða nætur í landi annars manns, að því tilskildu að hann væri sannanlega ekki í vegi fyrir veiðarfærum landeiganda eða bónda og gyldi fjórðung í landsskuld. Enn eru ýmis ákvæði í lögum sem tryggja slíkan rétt hins almenna þegns, og í löggjöfinni getur að finna ýmis ákvæði sem vel má túlka á þann veg t. d., svo vikið sé að veiðiréttarmálunum, að sala stangarveiðileyfa í hendur útlendingum, þar sem innlendir menn eru sniðgegnir, sé lögbrot, og ýmis höft hafa verið sett við frjálsum ferðum þegnanna um lönd og lendur, hvort heldur þau eru í mynd hliðlausra gaddavírsgirðinga eða auglýsinga sem efalítið eru brot í sjálfu sér á ævafornum lýðréttindum íslendinga. En þar verða aftur á móti ekki sakfelldir þeir menn sem strengdu þennan gaddavír eða sömdu auglýsingarnar, heldur þeir sem hafa látið líða hjá af sinnuleysi eða dugleysi að endurskoða lagabókstaf þann er lýtur að eignarhaldi á landi, að endurskoða hann eftir því sem breyttir tímar krefjast.

Við skulum horfast í augu við þá staðreynd, að mikill meiri hluti landsmanna býr nú í kaupstöðum, bæjum eða þorpum við landleysi. Þar er nú komið saman það afl, það pólitíska afl, sem nægir langt umfram það sem til þarf að breyta allri íslenskri löggjöf. Þessi hópur þarfnast lands til annarra nytja en búskapar, lands til að ganga á, lands til að skoða og lands til að njóta með unaðssemdum þess. Hver einasti íslendingur á þess háttar hlut í gjörvöllu landinu sem hafinn er langt yfir eignarrétt einstaklings að þessu leyti. Það eru þau sérréttindi að vera íslendingur. Í staðinn er hann svo krafinn um ýmiss konar þegnskap við land sitt sem birtist í sköttum og skyldum sem menn inna af höndum með ákaflega misjafnlega glöðu geði, og fer þá nokkuð eftir því hvernig þeim hefur auðnast að njóta þessara hlunninda sem þeir eiga í landi sínu, hversu vel hefur verið að þeim búið til þess og hversu vel þeir læra að njóta þeirra.

Því má segja að með endurskoðun og umskrifun hinna ýmsu lagaákvæða, sem fjalla um eignarhald á landi og þegnrétt, til landsins, í líkingu við það sem kveðið er á um í þeim tveimur lagafrv. sem liggja nú fyrir þessari hv. d., einnig í frv. Alþfl. með þeim göllum sem á því eru, en fyrst og fremst í lagafrv. okkar alþb.-manna, sé aðeins stefnt að því að færa í skynsamlegt nútímahorf þá lagasetningu sem hæfði sennilega sæmilega því samfélagsformi sem nú er gengið fyrir ætternisstapa í tímans rás. Hér á ég ekki við neins konar fræðilega skilgreiningu á þjóðfélagi okkar, heldur aðeins þá staðreynd, að á þeim öldum, þegar þjóðin lifði nær öll á landbúnaði og hver maður átti beina eða óbeina eignaraðild að bújörð, þá voru réttindin til almenninga og öll lagaákvæði um gagnkvæm réttindi til lands og landsnytja raunar gagnkvæmur afnotaréttur nær allra landsmanna, þar sem einn hafði nokkuð að bjóða í staðinn fyrir það sem hann hlaut. Við þá breytingu, sem síðan hefur orðið á þessu samfélagi okkar, hvort sem mönnum er hún ljúf eða leið, að mikill meiri hluti fólks lifir nú af öðru en landbúnaði og hefur ekki þinglýst eignarhaldi á landi, hafa hin gagnkvæmu réttindi tekið á sig fullóhlutkennda mynd. Hin augljósa skynsemd fornra lagaákvæða hefur orðið að sögulegri skýringu — aðeins að sögulegri skýringu með lítilli naglfestu í félagslegri reynd samtímans.

Ég efast ekki um að hv. þm. Steinþór Gestsson gerir sér ljósa grein fyrir þörfinni sem er á því að endursmíða löggjöfina sem varðar eignar- og yfirráðarétt á landi, ekki síst með tilliti til hagsmuna bændastéttarinnar sjálfrar. Sú hætta vofir nefnilega yfir vegna hinna gjörbreyttu pólitísku valdahlutfalla að þessi breyting kunni að verða gerð án verulegs tillits til hagsmuna bændastéttarinnar, en að dómi okkar alþb.-manna kann líf þjóðar okkar að liggja við, að þannig verði einmitt á málunum haldið að þessar lagabreytingar verði gerðar með þeim hætti að staða bændastéttarinnar verði efld með þeim hætti, en hún ekki veikt með þeim hætti. Af þeim sökum teljum við nauðsynlegt að koma mynd á óskepi sem sett er saman úr ýmsum ósamstæðum brotum nú og við notast þegar kveðið er á um yfirráðarétt og eignarhald á landi, — komið verði á þessa lagasetningu þess háttar mynd sem samsvarar kröfum tímans núna og yrði að sjálfsögðu jafnt og ekki síður miðuð við hag bændastéttarinnar heldur en annarra stétta.

Og er ég þá enn kominn þar í máli mínu sem er ræða hv. 2. þm. Vestf. s. l. mánudag sem varð, eins og ég sagði áðan, þess valdandi að ég tek nú til máls, í stað þess, sem ég hafði ætlað mér, að geyma mér ræðuhöldin um eignarhald á landi uns frv. okkar alþb.-manna um stjórnarskrárbreytinguna kæmi til umr. En þar til annað kemur í ljós, — annað verra kemur í ljós, sem ég vona að ekki verði, — þá ætla ég að hv. þm. hafi fyrst og fremst tekið til máls um þetta frv. á mánudaginn var af óstýrilátri tjáningarþörf eða fremur til þess að láta ljós sitt skína en af því að hann hafi hugleitt vandamálið, sem hér er til umr., eða aflað sér fróðleiks um það fyrir utan eigið hugskot. Þetta

sakaði svo sem ekki. Hann kastaði sér drengilega út í umr., snöggt og fast, skaut svo sem eins og einar tvær kerlingar á yfirborðinu og liggur nú á hinum bakkanum, ekki votur til stórra lýta.

Það sem lýtur að einkaeignarrétti á Íslandi hefur verið til umfjöllunar hér á hv. Alþ. um áratugaskeið. Hér hafa verið samin frv. og þál.till., að því er ég hef spurt og lesið mér til um, löngu áður en nokkur þeirra hv. þm., sem eiga sæti í þessari d., kom inn fyrir gráa veggi þessa virðulega húss. Og sá stjórnmálaflokkur, sem hefur næst komist því að vandlega undirbúnu máli og með töluverðu starfi að afnema gersamlega einkarétt á öllu Íslandi, er einmitt stjórnmálaflokkur hv. 2. þm. Vestf.

Á árunum 1938 og 1939 töldu ýmsir af fremstu bændaleiðtogum Framsfl. í þingliðinu að málefnum landbúnaðarins væri sú hætta búin orðið af jarðabraski og að vandamál kynslóðaskiptanna, sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson kom ítarlega inn á í ræðu sinni á mánudaginn, — vandamál kynslóðaskiptanna hvað jarðnæði snertir væri orðið slíkt að þörf væri algerrar breytingar á þessu sviði.

Páll Zóphóníasson samdi árið 1939 lagafrv. þar sem kveðið var á um það, að allt Ísland milli fjalls og fjöru, hver einasti þverþumlungur lands með lóðum og lendum, í bæjum sem í sveit, skyldi vera þjóðareign, en réttur bænda til bújarða í staðinn tryggður með, ef svo má segja, járnbentum erfðafestulögum, þar sem bændur misstu einskis í við breytinguna nema réttarins til að selja land. Þetta frv. var að vísu aldrei lagt fram og komu þar til ýmsar ástæður, e.t.v. fyrst og fremst sú, að heimsstyrjöldin brast á með þeim djúpstæðu breytingum sem hildarleikurinn hafði á pólitískt líf á Íslandi, þó e.t.v. öllu fremur eða a.m.k. samtímis sú ástæða, að ónefnd pólitísk ætt á Íslandi með mikið fjárafl að baki hafði eignast margar hlunnindajarðir sem hún með ærnum tilkostnaði vildi gjarnan halda og hafði, þegar til kastanna kom, bolmagn til þess að vefjast nokkuð fyrir þessu máli. Og enn fleiri ástæður álíka lágu til þess að frv. þetta sá aldrei dagsins ljós. En til mun það vera enn þá í handriti í sinni upprunalegu mynd.

Ekki var það, eins og flokkurinn hét þá, Sameiningarflokkur alþýðu — sósíalistaflokkurinn, sem að þessu frv. stóð, og ekki heldur hinn gamli og veðurbarði Alþfl., það var Framsfl., og meginástæðurnar eru þær hinar sömu sem liggja að baki þessara tveggja frv. nú. Og þar sem ég kom nú að þröskuldinum sem varð í vegi fyrir þessu máli á sínum tíma, þar sem veiðiréttarmálin eru, þá er ég einnig kominn að þeim mismun á frv. tveimur, sem hér liggja frammi, sem mestu máli skiptir, því að í þessum mismun, viðhorfunum til veiðiréttarmálanna, speglast nefnilega sá grundvallarmunur, ef gjör er gáð, sem er á viðhorfum Alþfl. og Alþb. til íslensks landbúnaðar og bændastéttarinnar. Hv. 2. þm. Vestf. fann þá skýringu eina, að hér kæmi það fram á hvaða mið Alþfl. og Alþb. reru til atkvæðaveiða. Þetta er rangt og eins það sem veit að Alþfl. í þessu máli eins og Alþb. Í vitund hv. þm. er pólitíkin atkvæðaveiðar. Raunar þótt það komi ekki þessu máli við, heyri ég formann Framsóknarfélagsins í Mývatnssveit lýsa yfir því opinberlega á framboðsfundi í síðustu kosningum að að hans áliti væri pólitík ekkert annað en atkvæðaveiðar. Hefði hv. 2. þm. Vestf. verið viðstaddur, þá hefði hann efalítið hrópað: heyr, heyr! Ég svaraði því þá til, sem ég mun svara til nú, að pólitísk barátta væri svolítið annað, siðlitlir spraðabassar stunda að vísu atkvæðaveiðar í pólitíkinni af álíka hvötum og linfrómir fjármálamenn stunda brask undir yfirskini almennrar fésýslu. Siðgæðið á bak við þessi viðhorf er svona álíka.

E.t.v. er auðveldast að útskýra þann mikla mun, sem endurspeglast í afstöðu okkar alþb.-manna og alþfl.-manna til veiðiréttarins, með því að leggja í það fyrirtæki að flytja nokkurra klukkutíma ræðu um mismunandi viðhorf til því nær samhljóða yfirlýsingar þessara tveggja flokka um sósíalísk markmið. En það viðfangsefni verður að bíða annarrar tíðar og annars staðar. En til grundvallar þeim mismun liggja miklu merkilegri ástæður heldur en þær sem hv. 2. þm. Vestf. getur sér til um þegar hann nefnir orðið atkvæðaveiðar — miklu merkilegri ástæður, og enn segi ég það: jafnt af hálfu Alþfl. sem Alþb. Þar er á ferðinni fullkomin alvara.

Í stuttu máli, ef við víkjum að þeim ágreiningi sem endurspeglast í mismunandi viðhorfi til veiðiréttarins í þessum tveimur frv., þá kemur hér fram í þessu frv. að Alþfl. vill leysa það óþolandi ástand, — og ég tek undir það, geri það að mínum orðum, — það er óþolandi ástand sem nú ríkir, að íslendingar skuli sviptir óvefengjanlegum forgangsrétti til unaðssemda landsins með gögnum, gæðum og hlunnindum, þ.á m. og í þessu tilfelli og fyrst og fremst veiðiréttarins í ánum okkar með þeim hætti að þessi gögn séu höfð á alþjóðlegu uppboði með þeim hætti að erlendir auðmenn geti bolað okkur burt af árbökkunum með peningavaldi sínu. Þetta vandamál vill Alþfl. leysa með þeim hætti, að ríkið taki þennan rétt algerlega í sínar hendur og verði þá sennilega veiðiréttirinn og öll meðferð hans í höndum eins aðila í einhverju rn. eða einhverri sérstakri stofnun sem yrði þá sennilega staðsett í Reykjavík, og þó er það ekki liðst af frv. Alþfl. Við alþb.-menn viljum að veiðiréttirinn fylgi jörðunum svo sem verið hefur eða öllu heldur svo sem á að vera samkv. íslenskum lögum, sem hafa þó verið sniðgengin í vaxandi mæli, en er eigi að síður bundið í lögum.

Grundvallaratriðið, sem fyrir okkur vakir, er að árnar verði best varðveittar með friðsemi sinni og fiskigengd af þeim sem við árbakkann búa vetur og sumar og æskilegt að verndun þessara verðmæta, sem er svo auðvelt að spilla, verði tengd hagsmunum þeirra sem við þau búa. Hér má tilgreina þau rök, að vaxandi veiðisæld í íslenskum ám hin síðari ár sé afleiðing að verulegu leyti ræktunarstarfs sem unnið er af bændum og félögum þeirra að meginþætti, en einnig í samstarfi við áhugamenn um stangarveiði. Hér liggur og til grundvallar sú alvara á bak við þetta viðhorf okkar alþb.-manna, — sú alvara sem er í ákvæði því er greinir frá í okkar frv. um stjórnarskrárbreytinguna, að

bændum, sem það vilja, verði frjálst að eiga bújarðir sínar með gögnum og gæðum. Við erum tortryggnir á það, að veiðiréttarmálum alþýðu í þessu landi, neytendanna, yrði betur borgið með því að yfirstjórn veiðivatnanna yrði undir einum hatti, hvort sem það yrði nú í rn. í Reykjavík eða annars staðar. Í slíku felst hvorki trygging fyrir því, að veiðiárnar verði ekki skemmdar af völdum orkufrekra pólitíkusa, né því, að þær verði ekki settar í erlent brask. Þó er hitt þyngst á metunum, að við teljum að þar með yrðu veiðiárnar og veiðivötnin svipt umhyggju og natni og vörslu þeirra manna sem næst þeim sitja, og yrði varsla ánna og veiðivatnanna ekki tengd eðlilegum hagsmunum mannanna sem sitja hið næsta þeim, þá yrði jafnvel kölluð yfir þessi vötn ákveðin hætta af völdum mannanna sem þarna sitja. Reynslan hefur orðið sú erlendis, að þar sem yfirráð veiðivatnanna og eignarhald er í höndum ríkisins, þar hafa veiðiárnar verið skemmdar. Það má vísa til ástandsins í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sjálfu höfuðvígi einkaeignarréttarins. Þar er veiði í ám og vötnum ríkiseign. Þar hafa veiðiárnar verið eyðilagðar með þeim hætti að teknir hafa verið fram yfir af hálfu ríkisvaldsins hagsmunir þeirra aðila sem vildu nota árnar skefjalaust til raforkuframleiðslu eða sem skolpræsi. Þessi hefur reyndin orðið í velflestum þeim löndum þar sem eignarrétturinn og algjör yfirráðaréttur þessara gæða hefur verið í höndum fyrirhyggjulítils ríkisvalds sem hefur tekið fyrst og fremst mið af öðrum hagsmunum en hagsmunum þess fólks sem yndi gat haft af þessum gæðum.

Af hálfu okkar er til þess ætlast að veiðiréttur fylgi erfðafestuábúð ekki síður en ábúð *eignarjarða*. En þá er enn vissulega ólevst vandamálið sem ég drap á áðan, vandamálið á hinni síðustu tíð hinnar gróskumiklu brasknáttúru Íslandssögunnar, það vandamál sem leitt hefur til þess að erlendum auðmönnum hefur verið leyft að bola íslendingum burt frá þessum gæðum landsins, hvernig þeim hefur verið látið haldast uppi að gera við á íslendinga sem enn hafa þann dug í sér sem til þess þarf að vera utanhúss og reyna að njóta gæða þessa lands í blíðu og stríðu. Og að minni hyggju þarf að koma til löggjöf sem taki af allan vafa um það að íslendingar eigi að sitja fyrir veiðileyfum í íslenskum ám, að verð veiðileyfanna eigi að miðast við almenna kaupgetu í landinun og að tryggt verði, svo að eigi verði hjá því smogið, að íslendingar þurfi ekki að keppa við útlendinga með fjárframlögum um hau útivistargæði landsins sem hver og einn þeirra er í raun og veru til borinn. Ég hef verið að vænta þess að íslenskir bændur ættu sjálfir að því frumkvæðið að skipa veiðiréttarmálunum í slíkt horf. En dragist það úr hömlu, þá mun ég vissulega eiga hlut að því eftir getu að sett verði nauðsynleg löggjöf til þess að tryggja almennan þegnrétt okkar á þessu sviði. En ég er frómt frá sagt meira en uggandi um það hvernig þessi mál kynnu að skipast undir handleiðslu eins embættismanns. Ég er uggandi um það að hlutdeild hins einstaka þegns á þessu landi kynni að verða verr komin undir slíkum skrifstofuhatti jafnvel heldur en hún er nú í þessum tvístraða hópi bændanna. Ég hef fullkomna ástæðu til þess að ætla að veiðiréttareigendur og þó kannske fyrst og fremst bændur, því að ég vil gera dálítinn greinarmun á þessum tveimur hugtökum, — að bændur geri sér nú orðið ljósa grein fyrir því, að bæjarbúar, hinir landlausu bæjarbúar, muni ekki una þessu ástandi lengur. Ég hygg að þeir vinni nú að því, svo að við notum orðtak úr erlendri bók sem nokkuð hefur verið vitnað í á liðnum árum, — að þeir vinni nú að því að gera íslenskum veiðimönnum eða íslenskum almenningi þess háttar tilboð sem hægt er að ætlast til að hann sjái hag sinn í að þiggja varðandi þetta atriði, sem sagt að íslendingum verði tryggt það, að þeir þurfi ekki framvegis að keppa um þessi gæði við erlenda auðmenn, og þeim verði tryggt það, að þessi gæði verði föl íslendingum á verði sem markast af innlendum aðstæðum.

En hvað um það, ég hefði e.t.v. átt í þessu sambandi að fjalla um almennar búskaparnytjar lands á Íslandi og þá stöðu landbúnaðarins jafnframt og markmið hans og hagsmunamál bændastéttarinnar. Þegar við færum að fjalla um þau atriði út frá þessum grundvallarsjónarmiðum sem ég hef drepið á, þá kynnu efalítið að koma í ljós fleiri ágreiningsatriði sem skilja á milli okkar alþb.-manna og alþfl.-manna. Ég hygg að við alþb.-menn munum flestir vera þeirrar skoðunar að stuðla beri að því að búijörðum fjölgi, ekki að því að búin stækki og bændum fækki. Fjárhagslegur gróði einstakra bænda er ekki markmið að okkar mati í landbúnaði, heldur hitt, að þeir verði sem flestir, íslendingarnir sem búi framfærslubúi. Í vitund okkar er landbúnaður ekki fremur en önnur störf „bisness“ heldur bjargræðisvegur sem getur ekki aðeins og á ekki aðeins að veita þeim, sem við hann vinna, sæmilega framfærslu, heldur einnig þessi undarlegu gæði sem eru kölluð lífsfylling. Ég veit ekki í raun og veru hvort mig stoðar mikið að fara að reyna að útskýra fyrir hv. 2. þm. Vestf. þann mismun sem að minni hyggju er á þessu tvennu: „bisness“ og lífsfyllingu. Það má vel vera að hann geri sér eins ljósa grein fyrir þeim mismun og ég eða jafnvel enn þá greinilegri. Þó vil ég vekja athygli hans á því, að flokkur hans hefur öðrum fremur eignað sér forustuna fyrir því sem nefnt hefur verið stundum bróun landbúnaðarins á Íslandi síðustu áratugina, en stundum líka verið nefnt hnignunarskeið landbúnaðarins á Íslandi síðustu áratugina með versnandi félagslegri stöðu bóndans.

Og svo aðeins lítils háttar í lokin: Íslensk pólitík er e.t.v. á því plani sem raun ber vitni í dag vegna þess, að ónefndur stjórnmálaflokkur, sem hv. 2. þm. Vestf. styður, misskilur eðli hennar og telur að pólitísku hlutverki þess flokks verði best gegnt með einhvers konar spilamennsku, — einhvers konar spilamennsku sem birtist í ómerkilegu atkvæðasvsli, — að þessi flokkur hefur tekið afstöðu til meginmála, ekki vegna þjóðfélagslegs, pólitísks eða siðgæðilegs mats á gildi þeirra mála, heldur með tilliti til þess hvers konar völd afstaða til hinna einstöku mála, svo sem hersetumálsins, landhelgismálsins, ásælni erlendrar stóriðju í íslenska

orku, — hvers konar völd sú afstaða, sem flokkurinn tekur hverju sinni, getur fært mönnum hans. Ég held að þessi afstaða eigi sinn þátt í því að sívaxandi fjöldi fólks í þessu landi er farinn að líta á flokk þennan, að ég segi ekki eins og líknarbelg látinna hugsjóna, heldur kannske öllu fremur eins og belg mjög gljúprar pólitískrar sannfæringar.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af ummælum hv. 4. landsk. þm., Braga Sigurjónssonar, í ræðu hans áðan, þar sem hann tilgreindi þær ástæður sem honum fannst koma fram í máli mínu sem andstöðugrundvöllur við þetta frv. Ég minntist aldrei á ákveðna grein í stjórnarskránni, og ég þakka hv. þm. fyrir þá fræðslu sem fólst í ræðu hans þar sem hann miðlaði mér af sínum fróðleik. Hins vegar vakti ég athygli á því, að í tveimur greinum frv. eru ákvæði um tilhögun á endurgreiðslu fyrir þau verðmæti sem á að taka af þegnunum, frábrugðin þeirri venju og þeim skilningi sem ríkir og hefur ríkt meðal almennings um meðferð slíkra mála. Ég hefði nú álitið í sambandi við þessi mál, án þess að ég ætli að fara fram á það, að það hefði ekki verið úr vegi fyrir hv. þm., til þess að fá algerlega úr þessu skorið, að hann hefði óskað skýlauss úrskurðar forseta d. um það, hvert væri álit forseta um ákvæði frv. sem ég hef gert hér að umræðuefni.

Annað var það sem hv. þm. tiltók að hefði átt að vera grundvöllur að andstöðu minni við frv., að ég teldi að frv. sem slíkt stæði á móti sköpun einstaklinga á verðmætum. Ég kannast ekki við það að ég hafi viðhaft þau orð í máli mínu í sambandi við þetta frv. Það, sem ég gerði að umræðuefni, var að mínu mati sú hvimleiða venja svokallaðra vinstri manna hér á hinu háa Alþ. og í þessari d. að nota sem lítilsvirðingartákn um starfsemi þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem hafa að atvinnugrein að fást við fésýslu eða öflun fjármuna, — þá er það alltaf í máli þessara manna, sem ég var að lýsa hér, að velja slíkum starfsmönnum heitin braskarar, prangarar, mangarar, kaupahéðnar, sem allt er samkvæmt venjulegri málvenju lítillækkandi. Það var þetta sem ég var að átelja í máli mínu á mánudaginn var, því að ég taldi og það er mín skoðun að starfsemi þeirra manna, sem fást við verðmætasköpun og fjármunamyndun í þessu þjóðfélagi, sé engu síðri fyrir þjóðfélagsheildina heldur en ræktun, það megi líkja slíkri starfsemi við ræktun, og ég gerði nánari grein fyrir því.

Hins vegar eyddi ég nokkrum orðum um ákvæði 3. gr. þessa frv. sem sneri að ákvæðum um meðferð bújarða bænda. Hv. þm. talaði um að andstæðingar frv. hefðu áhyggjur af því að frv. mundi valda bændum óhagræði. Það er miklu meira en það að frv. valdi bændum óhagræði, það gengur alveg þvert á vilja og lífsskoðun meginhluta íslensku bændastéttarinnar, þá skoðun sem er almennt ríkjandi innan bændastéttarinnar í dag og hefur verið kynslóð fram af kynslóð. Það hefur alltaf verið draumur bóndans að vera eigandi sinnar bújarðar, að vera sjálfseignarbóndi. Það hefur verið hans takmark. Þetta er svo náið og skylt þjóðareðli íslenska bóndans og hans lífsskoðun, að ég held að það megi telja að það sé undantekning, tilheyri algerri undantekningu, að bændur vilji vera leiguliðar, hvort heldur það er hjá einstaklingum, stofnunum eða jafnvel ríkinu sjálfu. Og í máli mínu hér á mánudaginn var rifjaði ég upp einmitt til stuðnings þessari skoðun minni þær miklu deilur og þau miklu átök sem áttu sér stað á árunum þegar í gildi voru vissar hömlur í sambandi við greiðslu jarðræktarstyrks.

Hv. þm. gerði nokkra bragarbót núna í síðustu ræðu sinni, því að þá kom hann beint fram og gaf okkur alveg fulla yfirlýsingu hvað fælist í þessu frv., eða a. m. k. lagði ég þann skilning í það, þegar hann fór að vitna til ræðu hv. 2. þm. Reykn. þar sem hann hafði viðhaft þau orð að samþykkt þessa frv. mætti skoða sem mesta sigur í átt til sósíalisma á Íslandi. Þá vitum við það. Hv. þm. sagðist vera ákaflega stoltur yfir þessum ummælum. Þá vitum við það, hver er tilgangur með þessu frv. Þarna er talað beru máli. Þetta er leiðin til sósíalisma í okkar þjóðfélagi. Og þegar sósíalisminn er kominn, hvað er þá orðið af eignarréttinum og hvað er þá orðið af heimild einstaklingsins til eins eða annars? Ég hélt, að það lægi nokkuð ljóst fyrir hvert endanlegt stefnumark sósíalismans væri, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég hefði gjarnan kosið að hv. flm. hefði verið það hreinskilinn að hann hefði sett þessi orð í grg. þessa frv., að það væri álit hans að með samþykkt þess væri unninn einhver mesti sigur í átt til sósíalisma á Íslandi. Ég hefði gjarnan viljað láta það koma fram í þingfréttum útvarpsins, þannig að landslýður allur hefði getað fengið að heyra það á öldum ljósvakans hvað væri stefnumarkmið þessa frv. Ég vil aðeins láta það koma hér fram, að orð hv. þm. í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, voru ákaflega þörf áminning til mín og ég vona annarra þeirra hv. þm., sem eru á móti sósíalisma, að vera vel á verði. Ég ætla a. m. k. að vera það vel vakandi á verðinum, að ég ætla að greiða atkv. á móti því að þetta frv. komist til 2. umr. Ég mun greiða atkv. á móti því nú þegar við 1. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er ekkert að undra þó að menn ræði þetta frv. nokkuð. En furðulegra er að heyra það í röðum andstæðinga frv., að býsnast er yfir að efni þess hafi tekið breytingum, og það sé komið í frv.-form. Þetta er búið að vera þáltill. sem er búin að ganga hér á þingi í fjögur ár og ósköp eðlilegt að við tökum tillit til margra skoðana og umr. sem fram hafa farið um málið. Og það eru undarleg vinnubrögð þm. ef ekki á að hlusta á margvíslegar skoðanir og skoðanamyndun í landinu, heldur berja hausnum við steininn. Ja, þeir mega sitja lengi á þingi, sumir þm., ef þeir ætla að hafa þessa skoðun. Auðvitað taka menn afstöðu eftir sannfæringu sinni og móta hana. Hér er gerð ákveðin till. að setja þetta mál í frv.-form, og ég veit ekki betur en að frv. fari hér í n. til þess að verða rætt og taka breytingum eftir því sem til tekst. Og þetta frv. er auðvitað háð alveg sömu lögmálum og öll önnur frv. í því efni.

En ég ætla að byrja á því að svara síðasta

ræðumanni, einfaldlega af því að hann hefur fengist við peningamál áratugum saman. En nokkrir hafa fengist við jarðir líka áratugum saman.

Ég vil segja það sem landlaus maður hver er *munurinn á því fyrir mig að eiga jörð metna á* milljón eða eiga milljón í banka, síðan eru gerðar opinberar framkvæmdir með tugmilljóna og hundraða milljóna styrk, jörðin tífaldast, en á sama tíma er verðbólga og mín milljón verður ónýt. Má ég taka einfalt dæmi af heimili foreldra minna sem reistu sér íbúðarhús fyrir 50 árum. Eftir *ákveðinn árafjölda var útidyrahurð endurnýjuð* sem kostaði nákvæmlega það sama og húsið kostaði í upphafi. Er þetta það sem hv. síðasti ræðumaður vill? En á sama tíma get ég nefnt jarðir í Þingeyjarsýslu sem hafa tugfaldast og eru taldar í millj. kr. og tugum millj. kr. Ein vísa í Þingeyjarsýslu gengur, þar er þessi síðasta hending: „Allt er þetta Reykjahlíð.“ Já, allt er þetta Reykjahlíð. Hvað á Reykjahlíð mikið? Það væri gaman að sjá þá pappíra. En að sögn viturra manna á hún jafnmikið land og Árnessýsla er. Já, allt er þetta Reykjahlíð — og eigum við að halda því áfram?

Í útvarpinu um daginn var fróðlegt erindi eins af bestu vísindamönnum okkar, og erindið fjallaði um vatnið. Já, hvað verður nú um blessað vatnið? Jú, það fellur niður í Vatnajökul, það fer svo sína leið, — og hvar haldið þið að það komi upp? Jú, það kemur upp í Húsavík þar sem ég er fæddur og sleit barnsskónum og var fram yfir þrítugt. Þá er það búið að vera nokkur hundruð ár á leiðinni. Hver á vatnið? Reykjahlíð, ekki Húsavík. Reykjahlíð getur gert skörð í jarðskorpuna og hirt það samkv. þessari kenningu sem við erum *að reyna að berjast á móti.*

Það má líka segja frá öðrum dæmum hér á Reykjanesinu. Í ákveðnum holum kemur þar upp sjór að meiri hluta, en hann kemur upp heitur. Hver á sjóinn? Já, hver á sjóinn? Ég ætla ekki að nefna neinn eiganda. Ég tel bara að ég eigi minn þátt í sjónum og allir hv. þm., þó að ríkisvaldið hafi borað niður og fái hann upp heitan.

Þetta er vandamál, þetta er vandamál sem snýr að þjóðinni í dag.

Það var alveg rétt staðhæfing sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hefur verið aðalsmerki íslenska bóndans að vera bjargálna og vera *sjálfseignarbóndi.* Það getur hann verið áfram. En má ég minna á annan útvarpsþátt í nafni Búnaðarfélags Íslands fyrir helgina, á mánudaginn var, ef ég man rétt? Ungur maður var þar í viðtali við fréttamenn og ég gat ekki heyrt betur en það væri honum gersamlega ofviða að kaupa jörð og búa á jörðinni. Ég gat ekki heyrt betur. Eru málin í lagi? Ég vil spyrja andmælendur frv. að því: Eru málin í lagi? Þarf engra breytinga við?

Ég held nú að hinir ágætustu talsmenn landbúnaðarins hér í þessari d. *geri sér grein fyrir* því að málin séu ekki almennt í lagi. Er þetta mikið vandamál. Við flytjendur frv. gerum okkur grein fyrir að hér er mikið vandamál, og það er ósköp eðlilegt að menn skiptist á skoðunum um hvernig á að leysa þessi vandamál. En ég held að allir hljóti að viðurkenna þá staðreynd, að þróun þessara mála varðandi landbúnað, kaup og sölu á jörðum og verðmæti þeirra er ekki á réttri leið, ég segi: er ekki á réttri leið.

Má ég nefna annað dæmi, sem tengist heimabyggð síðasta ræðumanns, af jörð í Þingeyjarsýslu. Við jörðinni tóku tveir bræður, og þeir ákváðu að annar færi í burtu og það skyldi fara fram sala á jörðinni. Hún var 1200 þús. kr. Svo líða fram þrjú ár, þá kvænist sá sem eftir er. Konan er þar um nokkra stund, en þá verður hún óróleg og vill flytja burt. Þetta fréttir laxveiðifélag á Akureyri. Hvert var þá verð jarðarinnar skyndilega? Ekki 1200 þús., nei, þá fór það að tugfaldast. Ekki ætlaði laxveiðifélagið að fara að búa. Jörðin átti að fara í eyði, en það var möguleiki á laxveiðihlunnindum sem þeir væntu sér svo góðs af að þeir settu jörðina upp fyrir alla möguleika nokkurs manns að nýta hana. Er þetta sú þróun sem menn vilja? Ég segi bara: Þetta er hættuleg þróun. Þarna er ungur maður sem vill nýta jörðina og búa *á jörðinni og reyndar tókst að búa á jörðinni* í dag. En það er alger óvissa hver framvindan verður. Hinir tveir eigendurnir, sem voru, hafa skipt um. Nú er jörðin í eigu eins manns, og hann er í miklum vanda staddur hvernig hann á að fara með jörðina, því að ef hann selur jörðina fyrir þetta geipiháa verð, þá fer meiri hlutinn í skatta. Þess vegna var það mikið nauðsynjamál fyrir hann að fá mann til að búa á jörðinni, og málið leystist í bili, en ekki er séð hvernig framvindan verður. En þetta er ágæt búskaparjörð, og væri leitt til þess að vita í miðri Þingeyjarsýslu ef hún færi í eyði út af þessari ágætu hugsun út af fyrir sig að skapa sér sem besta laxveiði. Það er gott að eiga kost á góðri laxveiði, en ekki með þessari forsendu. Hafi menn betri lausn á þessum málum, þá komi þeir fram með hana, þá komi þeir fram með till. um það. Þessi þróun mála, eins og við flm. höfum verið að reyna að skýra og hefur oft komið fram á Alþ., er ekki á réttri leið. Ég vil þá a.m.k. heyra nákvæma og góða útskýringu á því að menn telji það rétt eins og stefnt hefur verið undanfarin ár.

Ég vil spyrja að öðru: Hvers vegna eru fleiri jarðir í eyði nú en verið hefur jafnvel nokkurn tíma á Íslandi eða a.m.k. um mjög langt tímabil? Það er komið svo í sveit hins margumræddu þm., 2. þm. Vestf., að visst byggðarlag þar á við stórkostleg vandræði að etja vegna þess hve margar jarðir hafa farið í auðn og ekki er í raun og veru hægt að gera þar ítölu. Sumir þessara manna hafa, *eins og hann gat réttilega*, orðið að yfirgefa jarðir sínar án þess að fá nokkuð í staðinn eða fá sáralítið í staðinn. Væri nú þetta frv. eða andi þess frv. í gildi, kæmu þessir menn ekki slyppir og snauðir eftir áratugabaráttu og það góða baráttu, það vil ég taka fram, margir hverjir örugglega. Þá kæmu þeir *ekki slyppir og snauðir.* Er slæmt að tryggja mönnum þetta eftir áratuga baráttu á erfiðum stað á landinu? Ég held varla. (Gripið fram í.) Ég trúi ekki að menn telji það slæmt. Það kostar almenning eitthvert framlag skipulega á ári hverju. En það er útilokað annað en horfast

í augu við þann vanda, sem hér er við að etja, og reyna að finna lausn á vandanum. Ég leita eftir betri till. en hér er gerð. Það er eðli frv. að fá mótun og rökstuðning með og móti — og gerið þið svo vel og komið með betri till. Það þýðir ekki að binda fyrir augun og kasta boltanum upp í loftið. Hann fellur fyrr eða síðar til jarðar. Það er staðreynd sem menn skulu muna. Það er staðreynd, eins og vatnsdropinn fellur til jarðar uppi í Vatnajökli og kemur upp á öðrum stað, þá í heitu formi.

Það hefur verið mikið rætt um veiðiréttinn hér og hversu viðkvæmur hann er, og það er rétt. En skynsamir voru fornmenn í gamla daga. Þeir voru ekkert blávatn, ef svo má til orða taka, vegna þess að í Grágás segir að lax skuli hafa möguleika á því að ganga upp. Og á einu umdeildasta svæði þessa lands, sem er í Árnessýslu, — og hefur verið sagt að öll veiðimál á Íslandi væru í lagi ef við gætum tekið Árnessýslu undan, — þá var réttur tryggður til þess að lax færi alllangt upp í land og er svo enn og blessunarlega vel. Sjávarbændur og bændur neðar við stóru fljótin auðvitað telja sig missa nokkuð af sínum eignarrétti. En hvers vegna? Vegna hagsmuna þeirra bænda, er ofar búa, og núna allra veiðimanna. Sama mætti segja um Laxamýrarbændur. Raunverulega gætu Laxamýrarbændur hirt svo til allan lax, sem kæmi í Laxá, með léttu móti. Hvert yrði þá verðmæti Laxár og alls þess mikla vatnasvæðis sem ofar er? Hvert yrði verðmætið? Þá hefði margt öðruvísi farið á Íslandi ef það hefði verið frjálst, svo að ég nefni nú engin sérstök dæmi sem snerta suma nokkuð. Nei, hér hafa menn orðið að viðurkenna staðreyndir, og það var þegar gert í Grágás. Það er svo gamalt. Menn hafa orðið að viðurkenna staðreyndir til þess að geta búið hér á Íslandi, en ekki berja hausnum við steininn. Það er t. d. skemmtileg hugarfarsbreyting hjá veiðiréttareigendum, að þegar ég ásamt nokkrum fleiri fyrir nokkrum árum taldi það rétta þróun að sala veiðileyfa færi fram í höndum Búnaðarfélags Íslands eða í sameiginlegri skrifstofu, svo að þessi markaður væri ekki braskmarkaður hingað og þangað, þá var það talið guðlasti næst að setja fram þessa skoðun. En það var á s. l. ári eða ári fyrr sem sömu menn eða menn í nafni sömu samtaka töldu þetta einu réttu þróunina úr því sem komið væri.

Hann minntist hér á það, hv. 5. þm. Norðurl. e., að þeir, er næst byggju ám, ættu að hafa hag af því að fara sem best með þær. Þetta er rétt svo langt sem það nær. En hvað skeður hér varðandi einn hóp útlendinga sem kom í ákveðna á úti á landi? Þeir komu með rækju sem beitu og þeir hirtu um 1½ tonn af laxi á stuttum tíma rétt framan við nefið á ábúendum, af því að þeir voru búnir að kaupa veiðiréttinn. Þeir sögðu: Þetta höfum við keypt, gerið þið svo vel, þetta eru okkar vinnubrögð. Þetta er ekki hægt. Áin hefur ekki jafnað sig enn þá. Mönnum getur því líka skjátlast þó að skarpir séu og búi rétt við hlunnindin. Sem betur fer eru flestir bændur svo vakandi að þeir gera sér grein fyrir því, að það er hollt og skynsamlegt að fara varlega með þennan mikla og dýrmæta rétt og gá að því að oftekin veiðibráð og veiðigræðgi hefnir sín síðar meir.

En það er athyglisvert, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. drap á, að jafnvel í Bandaríkjunum er veiðiréttur og eignarréttur yfir vötnum og ám í hendi ríkisins. En hann hefði mátt telja upp 10 önnur nálæg ríki með þessu sama, nákvæmlega þessu sama, sem næst okkur eru hér á jarðskorpunni. En það var ekki alveg rétt sem hann sagði um Bandaríkin, þó að sumt væri rétt, að vegna iðnvæðingarþróunar hafi sum veiðivötn og veiðiár skemmst. Það vill nefnilega svo til að ég sá í vor klukkutíma þátt um þróun veiðimála í Bandaríkjunum og þar var aðalmaðurinn oft nefndur Bing Crosby, söngvarinn frægi og veiðimaður. Það eru hvorki meira né minna en 21 millj. manna þar sem fást við veiðar og eru í þeirra veiðisamtökum, — 21 millj. manna. Þetta var frábært upplýsingastarf um veiðar í Bandaríkjunum og meðferð á ám og vötnum, og það skal viðurkennt og það er rétt, að m. a. vegna þrýstings frá veiðimannasamtökunum hefur hið opinbera gert gífurlegt átak til að vernda vötn og ár. Þetta gildir einnig í Kanada, að það er komið svo að gífurlega strangar reglur gilda þar um allt affall frá orkustöðvum og borgum svo að það renni ekki út í ár og vötn til spillingar. (StJ: Það veiddust 35 laxar í Bandaríkjunum í fyrra.) Veiddust 35, já, það þarf nú að segja öðrum en mér það eftir að vera búinn að sjá aðalskrárnar og upplýsingarnar þarna, að það hafi veiðst 35 laxar. (StJ: Ég var að tala um Atlantshafslaxinn.) Já, það þarf nú ekki að segja mér þetta, ég var í Kanada í vikuferð — (StJ: Ég sagði í Bandaríkjunum, það veiddust 35 Atlantshafslaxar þar.) Það þarf að segja öðrum en mér það, — ég endurtek: það þarf að segja öðrum en mér það. En það eru til mörg tímarit, stór og falleg, sem skýra frá veiði manna og möguleikum. Hins vegar voru Bandaríkjamenn svo skynsamir að þeir gerðu það fyrir áratugum, að þeir bönnuðu veiði með þeim hætti, bæði í netalagnir og stöng, að þeir settu ákveðið magn á hverri viku. Þetta var frjálst fyrir nokkrum tugum ára, en gekk út í öfgar, og síðan þetta skref var tekið hefur laxveiði almennt verið í mjög örum vexti. En viss vatnasvæði hafa tekið á sig stóran skaða, þar var einnig með Winnipegvatn. Við fengum upplýsingar um það, að það varð að stöðva alla veiði í Winnipegvatni fyrir nokkrum árum og 5000 fiskimenn misstu atvinnu með einni tilskipun vegna mengunar, — hvorki meira né minna en 5000 fiskimenn. Síðan var vatnagæði Winnipegvatns, sem er nærri 500 km frá vestur-fjöllunum, Klettafjöllunum, allt tekið til endurskoðunar eða yfirvegunar og settar í það gífurlegar upphæðir að varðveita vatnasvæðið og að bjarga því við aftur af hálfu ríkisins. Þetta er að takast, það er komin talsvert góð veiði aftur af margs konar fiski. Hér er mikið vandamál á ferðinni. En veiðiréttirnir er á hendi ríkisins og það var farið illa með hann mjög víða. Menn áttuðu sig ekki á því að jafnvel mengun vatns í svo gífurlegri fjarlægð kom fram í vatninu sjálfu á þessu mikla vatnasvæði sem Winnipegvatn myndast af, svo að hér er um mikið og stórt vandamál að ræða.

Hvernig á að leysa vandamál landbúnaðarins?

Það verða sjálfsagt margar skoðanir uppi um það. Við gerum hér ákveðna till. Menn geta valið á milli með hvaða hætti menn vilja búa, og það er mjög eðlilegt og rökrétt. En hitt vil ég undirstrika, að sú þróun, sem hefur átt sér stað undanfarna áratugi, er í þá átt að hún á eftir að enda með gífurlegu vandamáli fyrir þá sem vilja taka við í sinni fjölskyldu — og séu ættingjar margir enn meira vandamál. Þetta viðurkenna raunar allir. En ágreiningur er um að leysa þetta vandamál. Við teljum, flm. og Alþfl., að það sé ekki hægt að komast hjá því að ríkisvaldið komi til liðs við það fólk sem vill búa vegna breyttra aðstæðna og þeirrar þróunar, sem hefur átt sér stað undanfarið, og tilfærslu í þjóðfélaginu, eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. réttilega drap oft á í ræðu sinni. Hinn mikli fjöldi, sem er kominn hér á mölina, hlýtur að eiga, eins og hann orðaði það, einhvern rétt og jafnvel svo mikinn rétt að hann geti notið þessa ágæta lands. Annað er ekki sæmandi. Og það eru auðvitað breyttar aðstæður og breyttar forsendur fyrir þessari kröfu — fullkomlega réttmætu kröfu.

Hvað um þjóðargjöfina sem Alþingi ályktaði sameiginlega um á Alþingi 1974? Hvað um þjóðargjöfina? Á annan milljarð er sett til að græða upp landið, auðvitað að mestu leyti frá þéttbýlisfólkinu, hinu réttlausa og landlausa þéttbýlisfólki sem má hvergi stíga fæti á jörð. Ef við eigum að taka sumar tilkynningar alvarlega sem koma í útvarpi og blöðum, þá má maður ekki einu sinni ganga sér til hressingar jafnvel hér í nágrenni Reykjavíkur vegna ofríkistilkynninga sumra manna. Sem betur fer hlusta engir á þessar tilkynningar og menn fara út í fjallaloftið sér til heilsubótar og hressingar og ánægju. En samt sem áður telja menn sér sæmandi að gefa út svona tilskipanir.

Það er eitt dæmi sem ég vil nefna hér. Menn gerðu það að gamni sínu fyrir 6 árum að setja fisk í vatn uppi á fjöllum austan við Húsavík sem heitir Höskuldsvatn. Húsvíkingar höfðu haft ítölu í kringum þetta vatn svo langt sem nokkur maður vissi og bæði ég og 5. þm. Norðurl. e. leikið sér í kringum þetta vatn og vissum ekki að það væri nokkuð sérstakt í því til lífs í dag. Svo s. l. sumar fara menn að gá að hvort fiskurinn hafi gengið vel fram. Þá er þetta afbragðs fiskur og vatnið fullt af fiski. En þá kemur upp vandamál. Þá voru nefnilega ungir bændasynir þarna með áhuga á grúski sem fóru að leita í gömlum doðröntum. Hver skyldi nú eiga umhverfið kringum vatnið? Og nú eru hin hörðustu átök á milli húsvíkinga og tveggja annarra jarða og þykjast allir eiga landið og fiskinn sem í það var látinn, sem var fluttur þangað vegna áhuga ákveðinna einstaklinga, sérstaklega tveggja manna, til reynslu. Fram undan eru hörð átök í því efni. Þurfum við nú ekki löggjöf til að leysa svona mál fyrst einstaklingarnir bera ekki þroska til þess að leysa þau sjálfir? Ekki veit ég hvernig sýslumaður ætlar að úrskurða eignarrétt á þessum fiskum sem verða svona skyndilega eftirsóttir. En menn hafa sést þarna læðast kringum vatnið þegar lítið bar á og reyna að finna út í hvaða stefnu frá síðasta staur jarða sinna vatnið lægi, og verður fróðlegt að sjá hvernig lýkur er endanleg niðurstaða fæst, ef hú þá kemur öðruvísi en Alþ. grípi hér í taumana.

Sennilega eiga eftir að koma upp ýmiss konar svona vandamál, og okkur er ekki sæmandi annað en finna flöt á þessu vandamáli og fara um það réttum höndum og með réttum ákvörðunum.

Menn hafa sagt hér að eitt aðalatriðið í mótleik á móti þessu frv. væri það, að við tækjum ekki tillit til eignarréttar í stjórnarskránni. Ef svo er, þá má laga það í frv. Ég segi bara: ef svo er, þá má laga það og koma með ákvæði er tekur af allan vafa í því efni. En ég tel að svo sé ekki, alveg eins og ég held því fram að það hafi engin ríkisstj. og því síður Alþ. nokkurt val um það að rýra sparifé landsmanna á þessu ári um því sem næst 10 milljarða vegna stjórnleysis og heigulsháttar, — um hvorki meira né minna en 10 milljarða kr. Það er eignaupptaka sem á sér stað þegjandi og hljóðalaust, þó að í öðru formi sé.

Það getur vel verið að sumum finnist það óviðunandi að kalla þá menn, er vilja hafa ágóða af jörðum fyrir lítið starf og fyrstog fremst vegna atbeina hins opinbera, kalla þá menn braskara, eins og hér var orðað, og mangara. Mér er alveg sama hvað þessir menn eru kallaðir. Þeir ætla að fá stórar upphæðir án eigin tilverknaðar sérstaklega, fyrst og fremst vegna opinberra aðgerða og fjármagns úr ríkissjóði og fjármagns úr vasa almennings. Og móti þessu viljum við koma. Við viljum hefta þetta og við viljum hafa hér í lögum skýr ákvæði um að þetta eigi sér ekki stað. Mér er kunnugt um að viss bæjarfélög hér í nágrenni höfuðborgarinnar eru í gífurlegum vanda út af verðhækkunum á landi vegna opinberra aðgerða. Sú verðhækkun nemur mörg hundruð milljónum á tiltölulega takmörkuðu svæði. Kannske eru einhverjir menn svo efnaðir að þeir geti borgað næstum því hvaða verð sem vera skal fyrir að fá húslóð eða eitthvert afdrep. En almenningur í landinu er ekki svo efnaður. En það er fé almennings sem gerir lóðirnar svona verðmætar. Og á hann svo engan rétt? Á hann svo engan rétt, nema bara ánægjuna af að borga? Ég samþykki ekki að þetta geti verið rétt stefna. Hvað sem líður öllum átökum um heildarstefnur í landinu, þá er þessi stefna alröng og óverjandi með öllu á þessu herrans ári, hvað þá ef hún heldur áfram óbreytt, — gersamlega óverjandi með öllu, enda veit ég að fyrr eða síðar mun megintúlkun þessa frv. sigra. Spurningin er aðeins um það, hvaða ár það verður. Og ég er viss um að það á ekki langt í land að megintilgangur þessa frv. fái hljómgrunn hjá íslensku þjóðinni. Ég er alveg viss um það, af því að menn gera sér grein fyrir því að málin eru ekki í lagi og þróunin er á þann hátt og í þá átt að hún getur ekki haldið áfram öðruvísi en Alþ. grípi hér inn í til úrlausnar. Ég aðeins skora á andmælendur þessa frv. að koma með betri lausn á málinu. Auðvitað skulum við flm. hlusta á það vel og ræða það í bróðerni. En ég held að allir hljóti að verða sammála um það, að hér er vandi á ferðinni sem verður að leysa

fyrr eða síðar með löggjöf frá Alþingi. Annað er ekki viðunandi. Þetta er svo gífurlegt vandamál.

Umr. frestað.

Neðri deild, 16. fundur.

Fimmtudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 109 (sbr. 25)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum hefur gengið í gegnum hv. Ed. og verið samþ. þar með einni breytingu, þ. e. a. s. breytingu á 5. gr. frv., þar sem 4 millj. kr. er breytt í 5 millj.

Þetta frv. er samið af svokallaðri hegningarlaganefnd. Veigamestu breytingarnar, sem eru í þessu frv., varða sektaákvæði, sem fjallað er um í 4.—7. gr. frv., og enn fremur um rangan framburð, sem fjallað er um í 12.—15. gr. frv. Auk þess fjallar frv. um nokkrar minni háttar lagfæringar og breytingar sem ekki er ástæða til að fara mörgum orðum um, en ég vík aðeins að.

Í 50. gr. hegningarlaganna er kveðið á um hver skuli vera lágmarks- og hámarksupphæð sektar. Segir þar nú að ekki megi gera manni á hendur lægri sekt en 4 kr. og ekki hærri en 30 þús. kr. nema sérstök lagaheimild sé fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri. Þetta ákvæði hefur staðið óbreytt frá setningu hegningarlaganna 1940. En með lögum nr. 14 frá 1948 var mælt svo fyrir, að þar sem fésektir séu ákveðnar í lögum án tillits til núgildandi verðlags skuli lágmark þeirra og hámark breytast eftir vísitölu sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma. Þar sem ekki hefur verið um að ræða samfelldan útreikning á slíkri vísitölu kaupgjalds hefur dómstólum reynst örðugt að reikna út sektarfjárhæð í samræmi við þetta ákvæði. Er þess vegna lagt til að þessu hegningarlagaákvæði sé breytt og fellt niður það lágmark sem þar er ákveðið um sekt. Var í upphaflega frv. gert ráð fyrir því að hámarkið væri ákveðið 4 millj., en því hefur hv. Ed. breytt í 5 millj. og til þess liggja góðar og gildar ástæður, þar sem þetta 4 millj. kr. hámark var í raun og veru miðað við eldri útreikning og þess vegna eðlilegt að því væri breytt svo sem hv. Ed. hefur gert.

Þau sektarmörk, sem ákveðin eru í 50. gr. hegningarlaga, ákveða ekki einungis sektir, sem fjallað er um í hinum almennu hegningarlögum, heldur einnig sektir sem greindar eru í sérrefsilögum og ekki tilgreint hámark eða lágmark á í viðkomandi lögum. Þau sérrefsilög, sem kveða á um tiltekið sektarlágmark eða hámark, halda hins vegar gildi sínu, en það getur verið að sjálfsögðu að þörf sé á því að breyta sérstaklega slíkum ákvæðum, einkanlega í eldri lögum.

Auk þessa höfuðatriðis í 5. gr. um breyt. á 50. gr. hegningarlaga eru nokkur ákvæði um aðrar breyt. á sektarákvæðum hegningarlaga, svo sem á 49. gr., þar sem lagt er til að heimilað verði að dæma fésekt jafnframt refsivist þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinning með brotinu eða það hefur vakað fyrir honum. Þetta er nýmæli, og ég tel það til bóta.

Í 7. gr. þessa frv. er lagt til að staðfest verði sú dómvenja, sem myndast hefur, að sé maður sektaður fyrir háttsemi sem honum er ósaknæm, þá skuli vararefsing ekki ákveðin.

Í 12. gr. er svo annað meginatriðið í þessu frv., þar sem lagt er til að 142. gr. hegningarlaga verði breytt á þá lund að felld verði niður lágmarksrefsing, sem er 3 mánuðir, fyrir rangan framburð fyrir rétti eða stjórnvaldi sem heimild hefur til heitfestingar. Sömuleiðis er lagt til að felld verði niður 2. málsgr. sem fjallar um aukna refsingu við heitfestri skýrslu, en þar er kveðið á um allt að 8 ára fangelsi fyrir slíkt athæfi. Greinin er því aðeins um það að rangur framburður skuli varða refsingu og refsingin geti numið allt að 4 ára fangelsi.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 143., 145. og 148. gr., sem allar fjalla um rangan framburð, eru einungis gerðar til samræmis við breytingu sem lagt er til að gerð verði á 142. gr. Þau rök, sem færð eru fram fyrir þessari breytingu, eru þau, að þau séu í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum á samsvarandi refsiákvæðum laga þeirra landa.

Aðrar þær breyt., sem felast í þessu frv., eru minni háttar og þær eru raunar studdar sömu rökum og ég drap á síðast, að þær séu gerðar til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á refsilögum á Norðurlöndum. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þær sérstaklega. Það er gerð grein fyrir þeim í aths., og vísa ég til þeirra.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 28. fundur.

Föstudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Hér á hinu háa Alþ. gerðist s. l. þriðjudag einstæður atburður. Alþfl. hafði óskað umr. utan dagskrár um Kröflumálið svonefnda og fengið leyfi forseta fyrir slíkri umr. og samþykki viðkomandi ráðh. Formælandi bjó sig undir málflutning af nákvæmni með greinagóðri upplýsingasöfnun og hugðist rekja stærstu staðreyndir í stuttu máli í 10—15 mínútna ræðu sem ekki þykir löng ræða fyrir stóru máli. En þegar hann hóf mál sitt var honum tilkynnt að hann fengi aðeins 5 mínútna ræðustund, og man ég varla eða ekki til slíkrar takmörkunar við aðra þm. undir líkum kringumstæðum. Slegið var í bjöllu forseta strax og 5 mínútur voru liðnar. Fékk ræðumaður ekki frið til að ljúka ræðu sinni. Síðan svaraði ráðh. hringingarlaust, sem rétt var. Svo var umr. frestað þótt tveir þm. væru á mælendaskrá og fundi

frestað, en tilkynnt að innan 20 mínútna yrði fundi fram haldið og nýtt mál tekið fyrir utan dagskrár, hvað og var gert. Sá formælandi fékk að tala í 45 mínútur án þess að bjöllu forseta væri hringt og síðan hver ræðumaður af öðrum uns kvöldmatartími kom og þingfundi var slitið.

Ég fullyrði að svona vinnubrögð um meðferð mála utan dagskrár séu einsdæmi um mismunun og hlýt að víta þetta harðlega. Nú dettur mér ekki í hug að hinum drenglynda og ágæta alþingisforseta vorum hafi verið sjálfrátt. Hér hafa aðrir leitt hann á villigötur, og ástæðan blasir við. Ríkisstjórnarflokkarnir og Alþb. vilja alls ekki að svonefnd Kröflumál séu rædd á Alþingi, og ef þau eru rædd, þá reyna þeir að drepa þeim á dreif, og því tóku þeir sig saman um gagnráðin, taka fyrir annað deilumál svo hið fyrra sofnaði út af eða úr því yrði a. m. k. kominn gusturinn í frystiklefa biðarinnar. Þessi málameðferð leit í fljótu bragði ákaflega sakleysislega út. Hið nýja utandagskrármál, hugsanlegir samningar við EBE um veiðar innan íslenskrar lögsögu, brennur í huga þjóðarinnar og forsrh. ekki taltækur næstu daga vegna utanferðar. En þegar haft er í huga, að bæði utanrrh. og sjútvrh. sátu um kyrrt og engir samningafundir í þessari viku né komandi viku fyrirhugaðir, var augljóst að flýtisháttur inn stjórnaðist ekki af nauðsyninni einni saman. Orsökin var önnur, eins og ég hef sýnt, þótt ég viti að því verði kröftuglega mótmælt. Það sannar mál mitt að sjútvrh. var ekki gert aðvart um þetta utandagskrármál, svo skylt sem honum var málið, og var því ekki við umr.

En hvaða nauður rak þá og rekur til að taka Kröflumálið fyrir nú? Það er orðið upplýst leyndarmál, að innan Orkustofnunar ríkisins, jarðboranadeildar, sem falið var það verkefni að afla gufu til virkjunarinnar, eru mjög deildar skoðanir um hvort slíkt takist og a. m. k. alvarlegar horfur á að það takist ekki nema með óheyrilegum kostnaði. Þar er nánast hver höndin upp á móti annarri og menn vita ekki sitt rjúkandi ráð. Boraðar hafa verið 11 holur fyrir 1.3 milljarða kr., hver hola kostar rúmlega 100 millj. kr., en gufan, sem fengin er, mun í besta falli geta framleitt 8—10 mw. af raforku í hinni 70 mw. fyrirhuguðu stöð. Þetta táknar að gangi gufuöflun ekki betur hér eftir en hingað til þarf að bora 55—60 holur í viðbót eða fyrir um 6 milljarða kr. En þegar haft er í huga, að öll Kröfluvirkjun með byggingum og vélum, gufuöflun og línu til Akureyrar var áætlað að mundi kosta um 7 milljarða kr., sést, hver feikna viðbótarfjárhæð er hér í sjónmáli, og full ástæða til að Alþ. fylgist með hvaða leikur fer fram í sandkassanum í Hlíðardal.

Raforkan frá Kröfluvirkjun má ekki kosta hvað sem vera skal. Eftir gosið í Leirhnjúk í fyrravetur lögðu ýmsir varfærnir menn til, studdir áliti kunnra jarðfræðinga og jarðeðlisfræðinga, að beðið væri átekta um Kröfluvirkjun uns kyrrð kæmist þar á jörð. Hér á Alþ. lögðum við alþfl.-menn til að lögð yrði megináhersla á lúkningu byggðalínunnar norðlendingum til orkuaukningar, — en byggðalínan er ekki búin enn, — meðan beðið væri átekta við Kröflu og efnið í Kröflulínu tekið til að byggja línu frá Geithálsi í Hvalfjörð svo hægt yrði að veita 30—50 mw. orku norður. Ekki vildu ráðamenn hlusta á þessi rök, heldur var framkvæmdum við Kröflu haldið óhikað áfram þrátt fyrir aðvaranir náttúruaflanna.

Nýlega birtust í dagblöðum hér upplýsingar um stöðu borana við Kröflu eitthvað á þessa leið: Fyrsta hola, rannsóknarhola, sem lokið var 30. okt. 1974, einn km á dýpt, engin gufa náttúrlega. Önnur hola, lokið nokkru seinna sama ár, einn km á dýpt, engin gufa. En um þessar borunarholur gerði Orkustofnun þá skýrslu, að það væri líklegt að þarna mundi fást næg gufuorka. Ég tek þetta hér fram vegna þess að ráðh. talaði um að það hefðu farið þarna fram rannsóknir árum saman. Það getur vel verið að menn hafi eitthvað gengið um þetta svæði, en rannsóknir, sem því nafni geta nefnst, fóru ekki fram fyrr en með þessum tveimur borholum sem voru boraðar 1974. — Þriðja hola gaf góðar vonir, en dvínaði að gufuorku eftir Leirhnjúksgosið og er nú talin sundur að hluta, og menn hafa, eftir því sem ég veit best, algjörlega afskrifað hana. Fjórða hola fékk hið fræga nafn „Sjálfskaparvíti". Fimmta hola reyndist hafa skekkst, sumir segja fyrir skrið í jarðveginum, aðrir halda fyrir þrýsing frá jarðskjálftunum sem þarna hafa verið alltíðir. Sjötta hola er talin sæmileg, en ekki eins góð og vonast var. Sama er með sjöundu holu, og í henni hefur orðið vart við það sem kallað er skrið. Áttunda hola, hún mun vera algjörlega ónýt. Níunda hola, það var hætt við hana vegna leirslettunnar svokölluðu, og nú hefur orðið vart við skrið í henni og flestir kalla hana vonlausa. Tíunda holan mun í mælingu og algjörlega óviss. Í elleftu holu hefur líka orðið vart við þetta svokallaða skrið. En um þessi mál hefur m. a. Ísleifur Jónsson gert þessa athugasemd í Fréttabréfi Verkfræðingafélagsins, ég tek bara örfá orð hér upp: „Sé svæðið orðið lítið vatnsleiðandi af ummyndun og samþjöppun er til lítils að vinna að bora fleiri holur á þessu ummyndaða svæði. Það liggur nærri að álíta að þetta sé svona eftir að hola sjö brást eins og raun ber vitni." Hann er þarna að tala um skriðið, sem kallað er. Samkv. þessu má reikna með að þarna sé lítið vonarsvæði sem verið er að bora á, og enn er eldgosahættan og jarðskjálftahættan yfirvofandi.

Það er athyglisvert að nú vill enginn Kröflulilju kveðið hafa. Ráðh. segir: Alþ. tók ákvörðun um Kröfluvirkjun. — En ég minni á að það voru heimildarlög sem Alþ. samþ. um Kröfluvirkjun og einhver hlýtur að hafa tekið ákvörðun um að nota heimildina. Ráðh. segir líka að í Kröfluvirkjun hafi verið ráðist á grundvelli tillagna Orkustofnunar byggðra á árarannsóknum. Þetta hefur mér sýnst Orkustofnun ekki vilja kannast við, ekki það að hún hafi lagt til að virkjað væri, aðeins gefið hlutlausa skýrslu um ástand svæðisins. Kröflunefnd þvær hendur sínar: Ég átti bara að sjá um byggingu stöðvarhúss, vélakaup og uppsetningu, gufuöflunin er mér alveg óviðkomandi og náttúrlega lagning Kröflulínu. — Þetta minnir á þuluna í Litlu gulu hænunni. Ekki ég, sagði hundurinn á hlaðinu. Ekki ég, sagði kötturinn á stéttinni. Ekki ég, sagði öndin

á tjörninni. Eins segir Kröflunefnd: Ekki ber ég ábyrgðina, — ráðh.: Ekki ber ég ábyrgðina, — Orkustofnun: Ekki ber ég ábyrgðina. — Er þá þessi ágæta virkjun utan allrar ábyrgðar eða hvað? hlýtur margur að spyrja. Jarðvísindamönnum ber saman um að skjálftavirkni og jafnvel gosvirkni sé mjög vakandi á Kröflusvæðinu. Gufuleitarmenn viðurkenna að þeir viti raunar ekkert hvaða árangurs sé að vænta um gufuorku þar, hvort t. d. tæring verði ekki illviðráðanleg, hvort holur ónýtist ekki vegna skriðs eða hvort gufa úr þeim geti ekki ýmist komið eða farið vegna goss og skjálftavirkni eða verið ónothæf vegna efnisinnihalds.

Er nú ekki nauðsynlegt að Alþ. taki þessi mál til alvarlegrar umfjöllunar, leggi t. d. til að skipuð verði sérfræðinganefnd valinkunnra jarðvísindamanna og annarra, sem verulega reynslu hafa í þessum málum, til að gera ítarlega úttekt á málinu, eins og það stendur í dag, hvort nokkurt vit er í framhaldi þessara framkvæmda, slíkt ofboð fjármagns sem þær virðast ætla að kosta. Á grundvelli þeirrar skýrslu verður Alþ. síðan að endurmeta málið og taka ákvörðun hvað gera skuli.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 4. landsk. þm. sagði, að ég hefði beitt valdi mínu gegn því að þetta mál, sem hér er til umr. utan dagskrár, hefði hlotið eðlilega meðferð á síðasta fundi, þá andmæli ég því algjörlega. Í fyrsta lagi er það á valdi forseta hvort hann leyfir umr. utan dagskrár eða ekki, og í öðru lagi er það á valdi forseta hvað hann leyfir mönnum að tala lengi utan dagskrár. En þannig stóð á á þriðjudaginn, þegar þetta mál var til umr., að ég gat komið því að, þannig að fyrirspyrjandi gat komið meginmáli sínu á framfæri í sinni ágætu ræðu og hæstv. ráðh. tókst líka í stuttu máli að svara því sem svara þurfti. Ástæðan fyrir því, að það var barið í borðið þegar frummælandi, hv. 9. þm. Reykv., var búinn að tala í 5 mínútur, var eingöngu sú, að ég takmarkaði ræðutímann og tilkynnti þegar hann var búinn, en ráðh. var innan við 10 mínútur, þannig að hann þurfti ekki aðvörunar með þar af leiðandi. En það er venja í fyrirspurnum, sem bornar eru fram samkv. þingsköpum, að þá hefur fyrirspyrjandi 5 mínútur og hlutaðeigandi ráðh. 10 mínútur. Þannig ætla ég að þarna hafi ekki verið neinn óvenjulegur háttur á hafður, og ef hv. 4. landsk. þm. vill kynna sér þessi mál, þá bið ég hann að blaða í þingtíðindum tvö síðustu árin, því ég minnist þess að hv. 2. þm. Austurl. vítti mig einnig fyrir tveim árum fyrir sama hátt á í umr. utan dagskrár og hv. 4. landsk. þm. gerði nú, þannig að þarna er ekki um neitt einsdæmi að ræða.

Svo finnst mér það líka, að úr því að umr. var ekki lokið og nú fer fram framhaldsumr., þá sé hægt að koma þeim öðrum sjónarmiðum fram í þessu máli sem ekki komu fram á þeim stutta tíma sem þetta mál var til umr. á þriðjudag. Og enn fremur hefur hv. 4. landsk. þm. borið fram í fjöldamörgum liðum fyrirspurnir um Kröfluvirkjun og allt þar að lútandi, þannig að ég ætla að þessu máli verði gerð eigi minni skil en mörgum öðrum hér á hv. Alþ. Og á það vil ég minna, að margsinnis í fyrravetur var Kröfluvirkjun til umr. utan dagskrár, og ég held að því máli hafi ekki verið gerð lakari skil á Alþ. en ýmsum öðrum. En það vil ég taka fram í þessu sambandi einnig, að ég met landhelgismálið nokkuð á annan hátt en Kröfluvirkjun og hingað til hef ég ekki takmarkað umræðutíma þegar fjallað hefur verið um utanríkis- eða landhelgismál, og ég mun láta þá reglu áfram gilda.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í beinu framhaldi af því, sem hæstv. forseti ræddi um hér úr forsetastól, vil ég taka það fram, að við alþfl.-menn skiljum ósköp vel hans vanda. Þegar lítið lifir af þingi fram að jólum og menn óska eftir að koma með fyrirspurnir eða mál utan dagskrár, þá er erfitt fyrir hann að verða við þeim óskum og eðlilegt að hann reyni að sníða slíkum umr. eins þröngan stakk og hann getur. Ég vil einnig benda á það, að undir slíkum tilvikum höfum við alþfl.-menn ávallt virt forseta og höfum aldrei farið fram yfir þann tíma sem hæstv. forseti hefur heimilað okkur, og það gerði sá, sem hafði orð fyrir okkur í þessum umr., ekki heldur, heldur hélt sig við þær 5 mínútur sem honum voru úthlutaðar. En ég verð að benda hæstv. forseta á það, að sá sem einnig hafði óskað eftir umr. utan dagskrár þennan sama dag, hann fékk sömu beiðnina um takmörkun á ræðutíma og við. Sú beiðni var ekki virt, og við urðum ekki varir við það, alþfl.-menn, að hæstv. forseti hefði neitt við það að athuga. Og ég vil einnig taka það fram og kvaddi mér hljóðs sérstaklega til þess að geta þess, að þegar umr. voru hér fyrir tveimur dögum, þegar þingflokkur Alþfl. óskaði þess formlega við hæstv. forseta að Kröflumálið yrði tekið á dagskrá, þá leit ég ekki svo á að hér væri um að ræða beiðni um fyrirspurn til hæstv. ráðh., heldur beiðni um umr. um þetta mikilvæga mál.

Ég ætla ekki að fara í neinn meting um það, hvert málið er öðru stærra. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að hér er um að ræða mál sem er þannig vaxið að það hefur kostað hverja einustu meðalfjölskyldu í landinu 200 þús. kr. skuld við erlenda banka í erlendum gjaldeyri. Miðað við það að Kröfluvirkjun kosti uppkomin í kringum 10 milljarða, þá þýðir það einfaldlega að meðalstór íslensk fjölskylda er að taka á sig ábyrgð í erlendum bönkum á erlendu gjaldeyrisláni að upphæð 200 þús. kr. Og ef það er rétt, sem fram hefur komið í áliti ýmissa merkustu vísindamanna okkar, að þarna sé í hættu stefnt, þá er vissulega ástæða til þess af Alþ. að taka það til umr., og raunar er furðulegt að það skuli ekki hafa verið betur gert heldur en gert hefur verið á þessu þingi. En skýringin á því er e. t. v. sú, að þrír af fimm flokkum þingsins virðast hafa svarist í nokkurs konar fóstbræðralag þagnarinnar um þetta mál. Þeir vilja helst ekki ræða það, helst ekkert um það segja, helst þegja yfir því. Sú er e. t. v. skýringin á því hvernig stendur á því að erfitt er að fá þetta mál til umr. hér á hinu háa Alþ. Þó vil ég benda á það, að jafnvel helstu stuðningsblöð þessara þriggja flokka telja sig fara nærri um hvað þarna er að gerast, og þær alvarlegu og ískyggilegu frétt-

ir, sem birst hafa um horfur á Kröflusvæðinu undanfarna mánuði, hafa ekki síður birst í þeim blöðum heldur en öðrum blöðum, og viðvörunarorð, sem gefin hafa verið, hafa ekki síður verið gefin í þeim blöðum heldur en öðrum. Minni ég í því sambandi á fjölmarga leiðara í dagblaðinu Vísi, fyrrv. stuðningsblaði hæstv. iðnrh., sem hefur e. t. v. blaða mest látið í ljós áhyggjur sínar yfir þróun þessara mála.

Ég kvaddi mér hér hljóðs fyrir tveimur dögum fyrst og fremst til þess að gera tvennt: Í fyrsta lagi til þess að lýsa óánægju minni með það, hvaða hátt ætti að hafa á þessum umr. Í öðru lagi til þess að óska eftir því bæði við hæstv. forseta og hæstv. iðnrh. að umr. yrði haldið áfram þegar betri tími gæfist, og sá tími gefst ekki enn því við verðum að hverfa hér af fundi eftir tæpa klukkustund, — umr. verði haldið áfram og þá í þeim dúr að hæstv. ráðh. flytji Alþ. skýrslu um ástandið við Kröflu, um horfurnar í sambandi við gerð þeirrar virkjunar og um þá valmöguleika sem enn eru fyrir hendi um að halda áfram — eða bíða og sjá hvað úr ætli að verða. Og ég vil ítreka þessa ósk mína til hæstv. ráðh., að hann gefi Alþ. tæmandi skýrslu um þessi atriði. Hvort heldur menn vilja kalla það hvíta bók eða svarta skýrslu, það fer sjálfsagt eftir því hvaða skoðanir menn hafa á þessari virkjun, en ég óska eindregið eftir því við hæstv. ráðh. að hann flytji Alþ. slíka skýrslu byggða á nýjustu tiltækum upplýsingum þeirra sérfræðinga sem þarna hafa hagsmuna að gæta og vit og þekkingu á, og óska jafnframt eftir því við hæstv. forseta, að hann verði rýmilegur í tíma sínum við bæði hæstv. ráðh. og hv. alþm. þegar að því kemur að slík skýrsla verði flutt.

Hvort það væri rétt að ríkisstj. sjálf gæfi út þessa hvítu bók eða svörtu skýrslu eða iðnrh. sjálfur legg ég alveg á vald hæstv. ríkisstj. og ætla engin afskipti að hafa af þeirri ákvörðun hennar. Ég get þó ekki komist hjá því, fyrst ég er kominn í þennan ræðustól og væntanlega ekki ætlað að sæta 5 mínútna tímatakmörkun — eða er svo? (**Forseti:** Það hefur ekki verið tilkynnt.) — Þá ætla ég þó ekki að láta hjá líða að fara örfáum orðum um Kröfluvirkjun og málefni hennar, þó að ég ætli að láta frekari umr. bíða af minni hálfu í þeirri von að hæstv. iðnrh. verði við þeirri áskorun minni að flytja Alþ. skýrslu um þetta mál og ekki aðeins þinginu, heldur þjóðinni líka, sem veit ekki lengur hvaðan á sig stendur veðrið.

Það hefur komið fram m. a. á ráðstefnu, sem haldin mun hafa verið í Kaliforníu fyrir tveim árum eða svo og forráðamenn Kröfluvirkjunar fóru til, að það teldist lágmark, áður en ráðist yrði í jarðgufuvirkjun, að þær tilraunaholur, sem boraðar væru, væru látnar blása í 6 mánuði áður en hægt yrði að byrja mælingar og athuganir á virkjunarmöguleikum. Þetta hef ég eftir þeim íslensku sérfræðingum sem þessa ráðstefnu sátu. Ég bendi aðeins á að þessi athugun hefur ekki farið fram hér á landi.

Nýlega skrifaði einn þekktasti vísindamaður þjóðarinnar á þessu sviði grein í eitt dagblaða borgarinnar þar sem hann lýsti svipuðum virkjunarframkvæmdum sem ráðist hafði verið í í landinu Kenýa í Afríku. Hjá þessum vísindamanni í þessari grein kom það fram, að undirbúningsathuganir og rannsóknirnar á þessu jarðgufuvirkjunarsvæði í Kenýa hefðu staðið í 6 ár áður en endanlega var afráðið hvernig ætti að virkja, með hverjum hætti og hversu mikið.

Ég bendi enn fremur á að það virðist ekki enn liggja fyrir hvaða aðili það raunverulega er sem tók þá ákvörðun að hefja virkjun við Kröflu án þeirra undirbúningsathugana sem flestir íslenskir sérfræðingar og að ég ætla allir erlendir sérfræðingar eru sammála um að séu nauðsynlegar áður en í svona framkvæmdir er ráðist. Og ég vil enn fremur benda á það, hvernig að þessum málum öllum er staðið. Það er Orkustofnun sem á að sjá um útvegun orku og rannsóknir hennar. Henni á ekki að koma neitt annað við heldur en aðeins gufuöflunin sjálf. Síðan kemur annar aðili, Kröflunefnd, sem á að reisa mannvirki þarna og panta vélar. Síðan kemur þriðji aðili, Rafmagnsveitur ríkisins, sem á að sjá um að koma orku þeirri, sem væntanlega verður framleidd á Kröflusvæðinu, á markað. Síðan kemur fjórði aðili, sem enn er ekki fundinn, sem á að reka þessa aflstöð. Og það virðist vera að þessi fjögur höfuð á sama líkama hafi raunverulega ekkert samband sín á milli og enginn þeirra, hvorki einn né annar, beri ábyrgð á því hvernig líkaminn starfar. Þetta minnir einna mest á ævintýri sem ég las sem strákur, þar sem líffærin í Jóni Jónssyni voru að rífast um hvert væri öðru mikilvægara. Heilinn taldi sig mikilvægari maganum, maginn taldi sig mikilvægari fótunum o. s. frv., o. s. frv. Þetta ævintýri endaði þó vel, því að líffærin í Jóni Jónssyni samþykktu eftir langan umræðufund að sennilega væru þau háð hvert öðru talsvert mikið og Jóni Jónssyni ekki góð framtíð búin ef þau ætluðu að fara að starfa hvert í sínu lagi. En í sambandi við málefni Kröflu virðast þau líffæri, sem þar eiga að taka til starfa og eiga að halda málunum uppi, ekki einu sinni vera á sama líkama, hvað þá í kallfæri hvert við annað. Hæstv. iðnrh. situr við sitt heygarðshorn, Orkustofnun í sínu horni, Kröflunefnd í sínu horni, Rafmagnsveitur ríkisins í sínu horni, og svo bætist fimmta hornið við þar sem rekstrarðilinn á að vera, en þar er enginn enn því hann hefur ekki fundist. Og þessi horn eru ekki einu sinni í sama herbergi, þau eru ekki einu sinni í sama húsi, það er varla að þau séu í sama landsfjórðungi.

Það er með þetta eins og flest annað, að ef þetta gengur, sem allir þm. og þjóðin öll vonar, þá sjálfsagt verður ekki langt að leita þess sem telur sig bera ábyrgðina á öllu saman. Ef vel gengur þarf ekki að leita að þeim sem á að ýta á hnappinn og setja vélarnar í gang, halda tækifærisræðu við það tilefni og fá myndir af sér í blöðum. Þá verður ekki neinn í vandræðum með að benda á hver ábyrgur er, hver eigi að fá þakkirnar. En ef illa fer, hver er það þá sem stendur ábyrgur fyrir þjóðinni? Er það hæstv. iðnrh.? Er það hæstv. ríkisstj.? Er það Alþingi? Er það Kröflunefnd? Er það Orkustofnun? Eða Rafmagnsveitur ríkisins? Er það Norðurlandsvirkjun sem enn er ekki til? Að þessu hefur verið spurt og að þessu hlýt ég að spyrja, og ég

hlýt að vilja fá það hreinlega fram frá hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj., hver það er sem er ábyrgur fyrir þingi og þjóð fyrir framkvæmdunum við Kröflu. Hver á heiðurinn ef vel tekst og hver stendur ábyrgur ef illa tekst? Hver er það sem er ábyrgur fyrir því að hunsa eða taka ekki tillit til athugasemda og ummæla ýmissa helstu sérfræðinga okkar lands á þeim sviðum sem varða Kröfluvirkjun? Hver er það sem tekur þessar ákvarðanir? Hver er það sem axlar þá ábyrgð sem því fylgir? Um þetta viljum við fá skýr svör. Og ég fæ ekki séð annað en að íslenskir skattborgarar, sem standa ábyrgir fyrir þessum framkvæmdum og hafa axlað hver meðalfjölskylda um 200 þús. kr. í erlendum lántökum fyrir þessari framkvæmd eða mun axla það, að þeir vilji fá að vita hver það er sem leggur þessa byrði á þá, hver það er sem ábyrgðina ber.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, þessari stuttu ræðu sem hann flutti fyrir tveimur dögum, að það væri í raun réttri Alþingi sem ætti að axla þessa ábyrgð og þ. á m. væntanlega við fimm þm. Alþfl., vegna þess að Alþ. hefði samþ. heimildarlöggjöf um jarðgufuvirkjun við Kröflu. Eins og hv. 4. landsk. þm. benti á, þá er hér aðeins um heimildarlöggjöf að ræða, síðan tekur væntanlega ráðh. eða ríkisstj. öll ákvörðun um það, hvort og hvernig heimildinni skuli beitt. En ég vil benda hv. alþm. á annað í þessu sambandi, og það er að sú virkjun, sem verið er að byggja við Kröflu, á sér enga stoð í lögum vegna þess að heimildarlöggjöfin, sem Alþ. samþ., gerði ráð fyrir heimild til ríkisstj. eða annars aðila að reisa og reka jarðgufuaflsstöð við Kröflu eða austanvert. Námafjall með allt að 55 mw. afli. Sú virkjun, sem nú er verið að byggja við Kröflu, er ekki 55 mw. virkjun. Ástimplað afl hvorrar vélar um sig er 30 mw. Möguleg aflframleiðsla þeirra beggja er 70—72 mw. Mönnum finnst það kannske ekki stór keppur í sláturtíðinni þó það muni 15—20 mw. á þeirri virkjun, sem verið er að reisa, og þeirri virkjun, sem lög heimila að reist verði. En ég vil benda aðeins á að mismunurinn sem þarna er, hann er ekki minni en samanlagt virkjað vatnsafl í heilum landsfjórðungi. Ég er því ansi hræddur um að það þurfi að breyta þessum lögum talsvert enn til þess að geta varpað ábyrgðinni yfir á hið háa Alþingi.

Þá kom það einnig fram hér í fyrra, þegar umr. urðu um Kröfluvirkjun utan dagskrár, að ég lét í ljós talsverðan ótta um að verðlagið á rafmagni því, sem ætti að framleiða við Kröflu, yrði nokkru hærra en menn gengju út frá. Þessu mótmælti hæstv. iðnrh. mjög eindregið og var sífellt að klifa á því að verðið á raforkunni frá Kröflu yrði fyllilega samkeppnisfært við verð á innfluttum orkugjöfum eins og olíu. En nú ber svo við að nýlega hefur komið út á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins, áætlanadeildar, skýrsla um Norðurlandsvirkjun þar sem m. a. er spáð hvert heildsöluverð orku frá Kröfluvirkjun muni verða. Í þessari skýrslu, sem væntanlega er gefin út ekki aðeins með samþykki Framkvæmdastofnunarinnar, heldur einnig ríkisstjórnar Íslands, er gengið út frá því að heildsöluverð á raforku frá Kröflu geti numið talsvert á þrettándu krónu, og það er fjórum til sex sinnum meira en kostar að kynda hús eða kynda aflvélar með innfluttum orkugjöfum. Ef við erum að standa í því að virkja okkar ódýra vatnsafl, er þá ekki nokkuð hátt spenntur boginn ef niðurstaðan er sú að orkan, sem þessi raforkuver framleiða, sé fjórum til sex sinnum dýrari heldur en innflutt orka frá Arabalöndum? Hvar er þá allur auðurinn í íslensku vatnsföllunum og íslensku jarðgufunni, sem við höfum verið að státa af, ef við getum ekki staðið okkur betur en svo, að sú innlenda orka, sem við erum að reyna að framleiða í stað innfluttrar orku, sé fjórum til sex sinnum dýrari en innflutta orkan sem við erum að reyna að losa okkur við? Hvernig er eiginlega staðið að málum af íslenskum ráðamönnum ef þetta á að vera niðurstaðan, að það sé fjórum til sex sinnum dýrara að kaupa orkuna af okkur sjálfum heldur en að kaupa hana frá rússum eða arabískum olíufurstum? Er það þessi stefna sem á að ráða í sambandi við virkjunarmál á Íslandi, jarðgufu- og vatnsaflsvirkjanir, að við séum að reisa okkur hurðarás um öxl í erlendum skuldasöfnunum til þess að framleiða orku sem við gætum ekki selt nokkrum manni öðrum en okkur sjálfum nema á miklum undirboðum, þar eð hún er fjórum til sex sinnum dýrari heldur en innflutt orka í formi olíu og bensíns.

Sú gagnrýni, sem við alþfl.-menn höfum haldið uppi á Kröfluvirkjun, er ekki þannig til komin að við efumst um að norðlendingar og austfirðingar búi við raforkuskort og hafi lengi við raforkuskort búið. Okkur er fyllilega ljóst að það er og hefur verið mjög nauðsynlegt að auka orkuframleiðslu fyrir norðlendinga og austfirðinga. En fyrr má nú rota en dauðrota, vegna þess að hverju eru norðlendingar og austfirðingar bættari, hverju eru landsmenn allir bættari ef sú orkuöflun þýðir það í raun að raforkuverð á orkuveitusvæðinu þurfi að tvöfaldast frá því sem nú er til þess að hægt verði að standa undir kostnaði við framleiðsluna á þessari orku. Þetta er svipað læknisráð eins og ef maður, sem hefði lengi búið við hungur, væri tekinn inn á einhverja góðgerðarstofnun, settur við 12 manna matarborð, bornir fram réttir sem ætlaðir væru 12 manns, honum skipað að éta þá alla og síðan væri honum sendur reikningurinn á eftir. Þetta er læknisráðið sem verið er að beita núna til þess að lækna raforkuskortinn hjá norðlendingum og austfirðingum. Það er verið að færa þeim mjög dýrt rafmagn í miklu meira mæli heldur en þeir hafa þörf á og getu til þess að nota, og síðan eiga annaðhvort þeir eða landsmenn allir að borga brúsann. Vissulega mætti segja eftir 10—15 ár, þegar orkuþörfin á þessum landssvæðum hefur aukist mikið frá því sem hún er nú, þá geta kannske einhverjir staðið upp og sagt: já, sjáið þið nú til, núna er Kröfluorkan uppétin. Hvernig hefðum við staðið nú ef við hefðum ekki gert þetta eða hitt fyrir 10—15 árum? — En þetta mætti alveg eins segja um hungraða manninn sem ég var að taka dæmi af áðan. Hann er kannske settur niður við 12 manna matarborð í dag og skipað að éta fyrir 12 manns næstu árin. Eftir 15 ár, þegar maðurinn væri búinn að koma sér upp fjölskyldu og hrúga niður börnum, þá gæti einhver staðið upp og sagt: jæja, var ég nú ekki sannspár? Var nú ekki réttara að byrja

að gefa manninum ríflega fyrst til þess að hann hefði nóg þegar hann var búinn að hlaða niður börnum? — En það er þetta, slíkar og þvílíkar röksemdir, sem beitt er þegar verið er að reyna að leysa úr orkuþörf norðlendinga og austfirðinga.

Til þess enn frekar að árétta þetta sjónarmið vil ég skýra frá því, að nú fyrir fáum dögum kom rafmagnsveitustjóri ríkisins á fund fjvn. og gaf henni ýmsar upplýsingar um raforkumál. Þar kom m. a. fram að því er spáð hjá Rafmagnsveitum ríkisins að byggðalínan ein muni nægja norðlendingum og austfirðingum til þess að fullnægja öllum þeirra raforkuskorti, núverandi raforkuskorti og fyrirsjáanlegum raforkuskorti til ársins 1982. Í fimm ár til viðbótar þurfa norðlendingar og austfirðingar því ekki á annarri viðbótarorku að halda heldur en þeirri sem fæst með byggðalínunni einni. Í heil fimm ár á því að reka Króflufuvirkjun sem nokkurs konar varaaflstöð án þess að nokkur markaður sé fyrir orkuna frá þessari virkjun.

Hvað skyldi nú fyrirtækið kosta þegar búið er ekki aðeins að reisa virkjunina og línur til þess að flytja raforkuna frá henni, heldur einnig þegar búið er að reka þessa virkjun í fimm ár án þess að nokkur hafi þörf til þess að kaupa það rafmagn sem hún framleiðir? Ætli rekstrarhallinn á virkjuninni yfir það tímabil muni ekki nema álíka upphæð og hún kostar fullsmíðuð, og skyldi þá ekki vera farið að nálgast, komið jafnvel yfir 20 þús. milljónir sem þjóðin þyrfti í einu eða öðru formi að borga fyrir að hafa virkjun Króflu tilbúna árið 1982 til þess að geta sinnt þeim markaði sem þá fyrst byrjar að skapast á Norðurlandi og Austurlandi fyrir þessa virkjun? Þarna er því ekki aðeins verið að ræða um kostnaðinn við að byggja þessa virkjun, heldur einnig kostnaðinn við að reka hana í heil fimm ár án þess að nokkur þörf sé fyrir þá raforku sem þessi virkjun á að framleiða. Það má vel vera að þetta komi ekki fram *sem hreinn rekstrarhalli á virkjuninni sjálfri*, þetta komi ekki fram þannig að virkjunin framleiði orku í fimm ár án þess að nokkur kaupandi fáist. En þá kemur þetta bara niður á öðrum virkjunum á Norðurlandssvæðinu sem geta þá ekki selt þá orku sem þær framleiða.

Samkvæmt yfirlýsingu rafmagnsveitustjóra ríkisins er Krafla óþörf fram til 1982, engin not fyrir orkuna frá Króflu fyrr, heldur eftir það ár, eftir árið 1982. Ef fram til þess tíma verður um einhverja rafmagnssölu að ræða frá Króflu sem máli skiptir, þá bitnar það einfaldlega á raforkusölu annarra virkjana á Norðurlandi eða annarra virkjana á landinu sem gætu selt orku til Norðurlands, sem auðvitað mundu þá skila a. m. k. minni rekstrarafgangi eða rekstrarárði út úr því dæmi, þannig að það skiptir engu máli hvort heldur Króflufuvirkjun er rekin án þess að selja orku næstu fimm ár eða það bitnar á einhverjum öðrum virkjunum sem ella gætu selt meiri raforku. Niðurstaðan er sú, að það er þjóðin sem þarf að borga, og ef marka má þessar upplýsingar, þá þarf hún að borga ekki einfalt verð Króflufuvirkjunar, heldur tvöfalt, ef ekki þrefalt, áður en hún getur fengið að njóta einhvers hags af þessari virkjun.

Ég vil enn og aftur benda á að fram til þessa hefur Króflumálið verið slíkt feimnismál, bæði hér á Alþ. og í þeim stofnunum, ráðum og nefndum sem um þetta mál hafa fjallað, að það hefur varla verið hægt að fá nokkurn mann tengdan þessu fyrirtæki til þess að opna sig um það hvað þar er að gerast. En nú eru að verða miklar breytingar þar á. Nú eru sérfræðingarnir, sem mest hafa haft af þessu máli að segja, að opna sig meira með hverjum deginum sem líður. Þær fréttir, sem birst hafa af ástandinu við Króflu undanfarna daga og vikur, hafa allar byggst á umsögnum sérfræðinga. Það eru sérfræðingarnir, en ekki stjórnmálamennirnir, sem nú gagnrýna framkvæmdirnar við Króflu hvað harðast. Og hvers vegna? Vegna þess einfaldlega að þessir sérfræðingar eru orðnir hræddir við að stjórnmálamennirnir ætli að velta ábyrgðinni af Króflufuævintýrinu alfarið yfir á þá. Þess vegna þora þeir ekki að þegja lengur. Og hvað er það sem þeir hafa verið að segja við okkur t. d.? Forstöðumaður Jarðborana ríkisins, studdur áliti fundar Jarðfræðingafélagsins, hefur lýst því yfir að það sé skoðun jarðfræðinga að borsvæðið, dalurinn sem borað hefur verið í við Króflu sé þannig kominn, að það sé eins gott að gefa hann upp á bátinn og byrja á nýjan leik á allt öðru svæði, bora fyrst tilraunaholur og síðan væntanlega virkjunarholur. Og hvað þýðir þetta? Þetta þýðir einfaldlega það, að einn fremsti sérfræðingur okkar íslendinga í þessum málum lýsir yfir að það sé skoðun sín að íslenska ríkisvaldið, eða hver sem ræður af þessum fimm eða sex höfðum á Króflu, sé búið að henda 13—14 hundruð millj. kr. af fé þjóðarinnar ofan í botnlausa hít borholanna ellefu við Króflu, þær muni aldrei koma að gagni og fyrr hefði verið betra að flytja sig af þessum borstað og yfir á annan. Þetta er það álit sem ýmsir helstu sérfræðingar þjóðarinnar, sem þagað hafa til þessa, eru nú farnir að láta í ljós.

Í þessum málum er ég að sjálfsögðu eins og flestir þm. aðeins leikmaður. Það er þess vegna sem ég kemst ekki hjá því að óska eftir því við hæstv. ráðh. að hann láti ekki langan tíma líða áður en hann flytur annaðhvort á eigin vegum eða í nafni ríkisstj. Alþingi nákvæma skýrslu um ástandið við Króflu, horfurnar við Króflu og þá möguleika og þá kosti sem í boði eru, hvort heldur til að taka málið að nýju til skoðunar, fresta framkvæmdum, flytja borstaði nú eða halda áfram þrátt fyrir viðvaranir bæði guðs og manna.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af þeim umr., sem hér hafa verið og eru á vissan hátt kritík á stjórn mína á hv. Alþ. í umr. utan dagskrár og að þar sé gert upp á milli mála, þá vil ég rifja það upp hversu oft Króflufuvirkjun hefur komið til umr. nú á rúmu ári: 11. nóv. 1975, 2. des. 1975, 1. apríl 1976, 6. apríl 1976, 7. apríl 1976, 9. apríl 1976 og 30 nóv. 1976 og svo aftur 3. des. framhaldsumr. Ég ætla að ekkert mál að undanteknu landhelgismálinu hafi verið jafnoft rætt bæði með fsp. samkvæmt bingsköpum og einnig utan dagskrár og skýrslu hæstv. iðnrh. um Króflufuvirkjun og þau mál sem þar að lúta. Þann-

ig finnst mér að það hafi ekki verið beitt þarna neinni hlutdrægni í málinu. Ég endurtek það, að ég met utanríkismál og landhelgismál nokkuð á annan veg en innanlandsmál önnur, nema einhverjar sérstakar aðstæður kunni þar að liggja að baki. Og það er alveg rétt, ég óskaði eftir því við hv. 2. þm. Austurl. að hann stytti mál sitt, en hins vegar fór ég aldrei fram á það að hann væri vissan tíma, og ég ætla að hv. þm. hafi gert það. Það var líka vitað mál að hæstv. forsrh. var að fara utan og hafði einungis þennan tíma til að svara þeirri fsp. sem til hans var beint. Og ég vonast eftir því, að þessi dagur bæti nokkuð þann takmarkaða tíma sem var á þriðjudaginn við umr. þessar utan dagskrár.

Eyjólfur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr. sem hér hafa farið fram um meðferð fsp. minnar á þriðjudaginn var um Kröflu. Það verða þeir reyndari hér í þinginu að fjalla um, um fordæmin og hvort hér hafi verið staðið að á venjulegan máta eða óvenjulegan. Ég ætla ekki að meta það. Hins vegar kom mér nokkuð á óvart þegar þetta var ákveðið hvað skamman tíma ég fékk til þess að fjalla um þetta mál, því að eins og komið hefur fram í umr. í dag og reyndar áður, þá er Krafla það mikilvægt mál að þingið þarf að fjalla um það við og við og ekki síst nú þegar komið er að þeim tíma sem virkjunin átti að vera til og við sjáum hvernig ástandið er á þeim stað sem Kröfluvirkjun á að starfa á.

Í umr. utan dagskrár s.l. þriðjudag um ástandið við Kröfluvirkjun sagði ég frá því, að ég teldi nú orðið ljóst að ekki hefðu farið fram nægar undirbúningsrannsóknir á Kröflusvæðinu áður en framkvæmdir við virkjunina hófust. Hæstv. iðnrrh. svaraði þessari fullyrðingu minni með því að lesa upp úr skýrslu Orkustofnunar er gefin var út í ársbyrjun 1975. Kom fram í þeirri skýrslu m.a. að rannsóknir hafi farið fram á árunum 1970—1973 og á árinu 1974 og hafi verið boraðar tvær tilraunaholur, niðurstaða þessara borana og annarra rannsókna hafi leitt í ljós að Kröflusvæðið mundi standa undir 50—60 mw. gufuvirkjun og hugsanlegri stækkun síðar. Ég leyfi mér að halda því fram, og hef fyrir mér fullyrðingar vísindamanna um það, að hvergi í heiminum, þar sem gufuaflsvirkjanir hafa verið reistar, hafi farið fram jafntakmarkaðar rannsóknir áður en virkjunarframkvæmdir hófust. Það eitt að segja að rannsóknir hafi farið fram á þriggja ára tímabili segir ekkert um það hversu ítarlegar þær rannsóknir hafi verið. Ég hef hvergi getað fengið það staðfest af neinum vísindamanni að þessar rannsóknir hafi verið nægar. Ég held að ekki fáist betri staðfesting á því, hversu illa hefur hér verið staðið að undirbúningsrannsóknum, en með því að vitna til þess hvernig ástandið er á virkjunarsvæðinu þegar samkvæmt áætlunum átti að fara að sjást fyrir endann á fyrstu áætlunum um raforkuframleiðslu.

Til samanburðar við undirbúning Kröfluvirkjunar ætla ég að segja í nokkrum orðum frá undirbúningi að gufuaflsvirkjun í Kenýa, sem nokkrir aðilar hafa minnst á. Í Kenýa er jarðhitasvæði. Á þessu svæði voru boraðar tvær tilraunaborholur einhvern tíma á árunum fyrir 1960. Þessar holur voru um 900 m djúpar og bentu þær til þess að þarna undir væri jarðhiti yfir 200°C. Árið 1968 komst Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í spilið, en sjóðurinn styrkir þær jarðhitarannsóknir, og næstu 5 árin voru í Kenýa framkvæmdar yfirborðsrannsóknir með öllum þekktum jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum. Þessar rannsóknir leiddu síðan til þess, að hafist var handa um boranir á árinu 1973, og voru á næstu tveim árum boraðar 4 borholur, samtals um 4800 m djúpar, en dýpsta holan er 1600 m. Við þessar boranir starfaði íslenskur verkfræðingur, Ísleifur Jónsson forstöðumaður jarðboranadeildar Orkustofnunar, sem eftirlitsmaður fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Þegar leið að lokum borananna voru tveir jarðeðlisfræðingar, Stefán Arnórsson í Orkustofnun og Sveinbjörn Björnsson í Raunvísindastofnun Háskólans, kallaðir til Kenýa til að meta árangur og gera till. um frekari framkvæmdir. Á grundvelli þeirra athugana réðu Sameinuðu þjóðirnar til ráðuneytis verkfræðistofuna Virki í Reykjavík og sænska verktakafyrirtækið Sveko til að gera till. um framhaldið. Skýrsla þessara ráðunauta mun nú í þann veginn að koma út, og verður þá væntanlega tekin ákvörðun um 10 mw. aflstöð sem fullnægja mun aflþörf nálægra byggðarlaga. Næg gufa til þessarar virkjunar er fyrir hendi í boruðum borholum, en fyrr var ekki talið rétt að taka ákvörðun um virkjun og hefja hönnun.

Gangur málsins þar er því þessi: 1) Forrannsóknir, athugað hvort jarðhiti sé fyrir hendi. 2) Nákvæmar jarðeðlisfræðilegar rannsóknir. 3) Boranir og öflun gufu. 4) Ákvörðun um virkjun.

Það er stundum talað um Kenýa sem vanþróað land, en við teljumst vera í öðrum klassa en þeir á þeim vettvangi. Það er líka mjög athyglisvert að íslenskir verkfræðingar hafa mjög verið hafðir í ráðum við framangreindar rannsóknir í Kenýa. Hv. alþm. taka sínar ákvarðanir oft að því er virðist án ráðlegginga sérfræðinga og stundum þvert ofan í ráðleggingar þeirra, og ríkir þá sú stefna, eins og haft er eftir einum þingmanni, að aldrei hafi verið byggð svo vitlaus virkjun á Íslandi að hún borgaði sig ekki.

Hinn mikli hraði, sem hafður hefur verið á framkvæmdum við Kröfluvirkjun, hefur alltaf verið afsakaður með því að í árslok 1976 yrði framkvæmdum við virkjunina að vera lokið því þá yrði Orkustofnun tilbúin með orkuna. Síðar tók Orkustofnun þá áætlun sína til endurskoðunar og taldi enga tryggingu fyrir því að orka fyrir 30 mw. raforkuframleiðslu yrði tilbúin fyrir árslok 1976. En lýsingin á því ástandi, sem nú ríkir við Kröflu, ástandi borholanna, verður varla betur rakin en í Morgunblaðinu nú fyrir nokkrum dögum. Fyrirsögn þessarar greinar er svolítið merkileg því hún hljóðar á þessa leið: „Horft vonaraugum á holu 9.“ Undirfyrirsögn: „Hræðsluvíti hvarf þegar hola 3 var kæfð.“ Þarna er í stuttu máli sagt raunverulega frá því ástandi sem ríkir á þessu svæði. En það kemur meiri og ítarlegri frásögn í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Guðmundur Pálmason hjá Orkustofnun sagði,“ segir í Morgunblaðinu, „að segja mætti að það

gæti vissrar bjartsýni með holu 10, en hins vegar væri varasamt að segja nokkuð ákveðið í þessu efni fyrr en holan hefði verið mæld. Væri stefnt að því að mæla holuna eins fljótt og auðið væri eða strax upp úr helginni," — það er um síðustu helgi, — „en þegar væri kominn hár þrýstingur í holuna. Guðmundur kvað hins vegar einnig of snemmt að segja nokkuð um það í hvaða formi sú orka væri sem úr holunni fengist ef til kæmi. Hola 10 er skammt frá holu 4 eða Sjálfskaparvíti, eins og hún var nefnd eftir að hún reif allar lokur af sér, en áður en til þess kom hafði hún gefið af sér rennsli.

Þá hefur Morgunblaðið fregnað, að verulegar vonir séu bundnar við holu 11, en af hálfu Orkustofnunar er því svarað að of snemmt sé að spá nokkuð um árangurinn af þeirri holu. Ekkert verður átt við holu 5 að sinni, en eins og komið hefur fram hefur komið í ljós hlykkur á þeirri holu sem hefur í för með sér að ekki er hægt að koma borstöngum niður í hana. Fyrirstaða hefur einnig komið fram í holu 7, en hún blæs þó eftir sem áður og er ekki unnt að gera við holu í blæstri. Þarf því að kæfa holuna með því að dæla í hana köldu vatni, en því eru ýmis vandkvæði samfara og verður ekki gert nema að vel athuguðu máli, að því er Jakob Björnsson orkumálastjóri tjáði Morgunblaðinu. Líkur eru taldar á að einhver þau efnasambönd séu í holunum á þessu svæði er valda tæringu í fóðringum holanna.

Komið hefur gat á fóðringar í holu 3, sem að líkindum má rekja til framangreindrar ástæðu, en hola þessi var kæfð í fyrradag og er nú verið að kanna hvað gera megi til að gera við hana."

Þetta er sagt í Morgunblaðinu og meiri sorgarsaga af þessum framkvæmdum við Kröflu verður varla sögð hér á Alþ. En það er svolítið athyglisvert að íhaldspressan er mér besti bandamaðurinn þegar ég fer að rifja upp hvernig ástandið er við Kröfluvirkjun, og bendir þá margt til þess að farið sé að hitna í kolunum á stjórnarheimilinu þegar rætt er um Kröflu og að ástandið sé alvarlegra en hér er látið í veðri vaka í ræðum iðnrh. og fleiri.

Þannig stöndum við nú í árslok 1976, að virkjun með möguleika á 30 mw. framleiðslu er að verða tilbúin norður við Kröflu, vafalaust vel byggð af slíkum stöðvarhúsum að vera með japönskum túrbínum, keyptum án útboða til að hraða framkvæmdum, en enga orku til að færa langbreyttum norðlendingum.

Í öllum umr. um ástand Kröfluvirkjunarframkvæmdanna vitnar iðnrh. ætíð til Orkustofnunar um gang framkvæmda og segist ætíð hafa haft upplýsingar hennar að sínu leiðarljósi. Ekki skal ég draga það í efa að rétt sé.

Í svarræðu hæstv. iðnrh. s. l. þriðjudag segir m. a. um ástand innan Orkustofnunar þessa dagana. Um skýringu Ísleifs Jónssonar forstöðumanns jarðboranadeildar á orsökum litils gufumagns við Kröflu segir orðrétt í ræðu hæstv. iðnrh.:

„Það er rétt að það komi nú fram, að jarðfræðingar jarðhitadeildar í Orkustofnun eru í veigamiklum atriðum ósammála þeirri skoðun sem Ísleifur Jónsson forstöðumaður jarðboranadeildar setur fram. Þetta er ekki nýtt. Við höfum reynt það oft fyrr hversu ágætum sérfræðingum ber ekki saman um margt varðandi Kröflu. En ég vil taka það skýrt fram, eins og ég hef margsinnis gert áður, að varðandi framkvæmdir við Kröfluvirkjun hef ég talið eðlilegt að byggja fyrst og fremst á þeim skoðunum sem Orkustofnun sem slík lætur í ljós um þessi efni, og þegar ég tala um Orkustofnun, þá á ég við það sem yfirmenn hennar, er ábyrgð bera á umsögnum frá stofnuninni, láta frá sér fara, en það eru fyrst og fremst orkumálastjóri, sem er yfirmaður stofnunarinnar, og dr. Guðmundur Pálmason, sem er yfirmaður jarðhitadeildar."

Þarna er um að ræða tvo aðila: Í fyrsta lagi yfirmann jarðboranadeildar. Í ræðu iðnrh., er bent á sérstaklega að þessir menn séu ekki sammála um niðurstöðu eða skýringar hans á því ástandi sem er norður við Kröflu og þess vegna sé rétt að minnast á það að aðrir starfsmenn þessarar deildar hafi annað um málið að segja. En þegar kemur að yfirmönnum Orkustofnunar, þá er aðeins vitnað til yfirmannanna, en gefið fyllilega í skyn að þeir, sem undir þeim eru, séu ekki aldeilis sammála um allt það sem frá Orkustofnun kemur, sem sagt staðfestingu á því að innan Orkustofnunar eru vísindamenn ekki lengur sammála um — ef þeir hafa nokkurn tíma verið það — hvernig ástandið er og hvernig við því á að bregðast eða hvað er fram undan um framleiðslu raforku á Kröflusvæðinu í náinni framtíð.

Hæstv. iðnrh. vitnaði m. a. til forráðamanna Orkustofnunar. Hann sagði eftir þeim að varast bæri ótímabæra svartsýni og ótímabæra bjartsýni. Skv. þessum orðum er ástandið við Kröflu vægast sagt alvarlegt. Forstöðumenn Orkustofnunar, sem skv. orðum hæstv. iðnrh. sáu um ítarlegar rannsóknir á Kröflusvæðinu á árunum 1970—1973, láta það nú frá sér fara, þegar virkjunin á að vera fullbúin, að varast skuli ótímabæra bjartsýni. Ef ég skil orðin „ítarlegar rannsóknir" rétt, þá lít ég svo á að þegar niðurstöður þessara rannsókna lágu fyrir hafi það ekki verið neinum vafa undirorpið að við Kröflu væri heppilegast að reisa þessa virkjun því þar væri næg orka og þar mundi staðsetningu hennar vera best borgið. Var kannske ákvörðun staðsetningar þessarar virkjunar ákveðin af bjartsýni, en ekki nægum rannsóknum? Var kannske mikill þrýstingur stjórnmálamanna orsök þess að vísindamenn Orkustofnunar gáfu út tilkynningu um að Krafla væri heppilegur virkjunarstaður? Slíkar spurningar sækja á þegar velt er fyrir sér þeim orðum forstöðumanna Orkustofnunar að ekki skuli hafa ótímabæra bjartsýni þegar komið er að þeim tíma er virkjunin átti að vera tilbúin til orkuframleiðslu.

Hvað veldur því að staðan er orðin slík, að Orkustofnun lætur fara frá sér slíkar yfirlýsingar? Jú, þetta er staðfesting á því, að eftir margmilljarða fjárfestingu í Kröfluvirkjun á mjög skömmum tíma úr mjög aðþrengdum ríkissjóði er hún orkulaus og ekki ljóst hvenær eða hvernig sú orka fæst sem þarf til þess að raforkuframleiðsla geti hafist.

Ég á bágt með að trúa því, að þeir 53 þm., sem á þingi sitja og eru þm. þeirra þriggja flokka er fulltrúa eiga í Kröflunefnd og hafa

hingað til lagt blessun sína yfir þróun mála við Kröfluvirkjun með allt of langri þögn sinni, hafi ekkert um þessi mál að segja eins og nú er komið með þessar virkjunarframkvæmdir. Það er stundum talað um samtryggingu flokka. Ég hef ekki viljað samþykkja að slíkt væri algengt. En í þessu máli, í þeirri þögn sem um þetta mál ríkir á Alþ., verður ekki fram hjá því litið að um er að ræða samtryggingu þriggja flokka sem er óverjandi fyrir þjóðinni. Það er þó kafli út af fyrir sig að Alþb. með formann flokksins í Kröflunefnd hefur ekkert um það að segja þegar milljarðaframkvæmdir til raforkuframleiðslu fyrir hinar norðlensku byggðir eru að komast í strand vegna lélegs undirbúnings í upphafi, — flokkurinn sem þykist verja þá lægst launuðu í þessu landi sem eiga að bera skattbyrðarnar sem af þessu hljótast á næstu árum. Hvernig á að verja nýjar skattbyrðar á þrautpíndar láglaunastéttir þessa lands í framhaldi af illa undirbúnum virkjunarframkvæmdum við Kröflu?

Alþingi þarf að staldra við, þrátt fyrir að þrír stjórnmálaflokkar með 53 þm. að baki hafi lagt blessun sína yfir þessar framkvæmdir. Alþingi og þjóðin öll verður að fá vitneskju um það nú þegar hvort hægt er að halda þessum framkvæmdum áfram og hvað af þeim muni leiða.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í ræðu minni hér í Sþ. á þriðjudaginn gaf ég svör við því sem spurt var um þá, og í rauninni þarf þar ákaflega fáu við að bæta. En ég vil þó aðeins gera nokkrar aths. út af ræðum manna í dag.

Það er í fyrsta lagi út af upphafi ræðu hv. þm. Braga Sigurjónssonar þar sem hann fullyrðir að ég eða aðrir ráðh. hafi fengið hæstv. forseta Sþ. til þess að takmarka ræðu hv. þm. Eyjólfs Sigurðssonar. Ég tel þetta ómakleg ummæli í garð hæstv. forseta, að hann taki ekki sjálfur ákvarðanir í þessum efnum. Ég vil einnig taka það fram, að hitt er tilhæfulaust með öllu og aðeins heilaspuni. Hvorki ég né aðrir ráðh. í ríkisstj. í heild hafa borið fram nokkrar óskir um það að takmarka ræðutíma hv. þm.

Í sambandi við framkvæmdir og framkvæmdaaðila að Kröflu, þá er rétt að fara um það mál nokkrum orðum.

Í lögum um Kröfluvirkjun frá vorinu 1974 er gert ráð fyrir að fela framkvæmdir annaðhvort Norðurlandsvirkjun, ef hún verði þá tilbúin, eða öðrum aðila. Þáv. iðnrh., sem ákvað að nota heimild laganna, skipaði sérstaka framkvæmdanefnd fimm manna, og er sú n. starfandi enn óbreytt að öðru leyti en því, að skipt hefur verið um formann, en allir nefndarmenn eru þeir sömu. Ég vil líka taka skýrt fram, að vegna þess að sú stofnun, sem gert var ráð fyrir að við þessum framkvæmdum tæki eða sæi um þær, Norðurlandsvirkjun, er ekki tilbúin, þá hefur orðið að fela þetta öðrum aðilum. Kröflunefnd sér um framkvæmdir við byggingu stöðvarhúss og allan undirbúning þess og um kaup á vélum og öllum búnaði, Rafmagnsveitur ríkisins sjá um lagningu háspennulínanna milli Kröflu og Akureyrar og Orkustofnun sér um gufuöflun.

Ég vil taka skýrt fram, að það, sem Orkustofnun sér um og haft er fyrst og fremst samráð við hana um, er í fyrsta lagi undirbúningsrannsóknirnar, og vil ég þar vitna til þeirrar skýrslu sem ég rakti að nokkru um daginn og er frá því í febrúar 1975. Í öðru lagi hefur Orkustofnun gufuöflun, þ. e. a. s. boranir, með höndum, rannsóknir á borholum, hönnun og smíði gufuveitu. Í þriðja lagi hefur umsagnar hennar verið leitað varðandi umbrotin í jarðskorpunni á Kröflusvæðinu, rannsókn á þeim og hugsanleg áhrif þeirra á framkvæmdirnar, og jafnan hefur verið leitað með nokkuð reglubundnu millibili álits Orkustofnunar á því, hvort hún mæti ástandið þannig að ástæða væri til að fresta framkvæmdum. Um það hefur hún gefið umsagnir alltaf þegar ástæða hefur þótt til.

Í ræðu minni hér á þriðjudaginn komst ég svo að orði, að ég ætla, að um framkvæmdir við Kröfluvirkjun hefði jafnan verið haft samráð við Orkustofnun og farið sem mest eftir tillögum hennar. Ég vil taka það skýrt fram, ef þessi ummæli hafa e. t. v. valdið misskilningi, að í þessari ræðu var talað um undirbúningsrannsóknir og jarðboranir og að sjálfsögðu í þessu efni átt við þau atriði sem ég hef nú rakið að undir Orkustofnun heyra. Hins vegar er rétt að það komi skýrt fram, að Orkustofnun hefur ekki fjallað um ýmsa aðra framkvæmdaþætti Kröfluvirkjunar, þá sem eru á vegum Kröflunefndar, eins og smíði stöðvarhúss og kaup á vélum og annað þess háttar, og ekki heldur lagningu háspennulínunnar sem Rafmagnsveiturnar hafa með höndum.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson komst svo að orði, að hér væru þrjú eða fjögur höfuð og ekkert samband þar á milli. Þetta er rangt. Milli þessara þriggja framkvæmdaaðila er náið samstarf. Í ársbyrjun 1975 var ákveðið að koma á fót sérstöku samstarfsráði eða samstarfsnefnd þessara aðila. Í því eiga sæti ráðuneytisstjóri iðnrn., formaður Kröflunefndar, orkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri ríkisins. Þeir halda reglubundna fundi til að bera saman ráð sín, skýra hver öðrum frá, þannig að fullt samráð sé þar á milli, og hafa að sjálfsögðu með sér þá sérfræðinga sína sem þeir telja þörf á. Hér er því fullt samstarf á milli.

Það er að öðru leyti ekki ýkjamikil ástæða til að rekja það sem hér hefur fram komið, annað en það, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur eftir rafmagnsveitustjóra ríkisins, er algjörlega á misskilningi byggt. Ég fullyrði það þó að ég hafi ekki heyrt þessar umr. Það er útilokað að rafmagnsveitustjóri hafi viðhaft þau ummæli. Það getur ekki átt sér stað. Þetta er rangfært eða misskilið.

Það er svo annað sem hv. þm. fór inn á, verðið frá Kröfluvirkjun eða Norðurlandsvirkjun, sem allt var líka misskilið og úr samhengi slitið. Sú upphæð, 13 kr. heildsöluverð á rafmagni, ég veit ekki hvaðan hann hefur þá tölu. Hins vegar hefur áður komið fram tala sem hann og hans flokksmenn og samherjarnir, sem skrifa leiðara Vísis, hafa hvað eftir annað hampað. Það er að verðið frá Kröflu væri 9.25 kr. Hvernig er það verð fengið? Jú, það eru einhverjir sérfræðingar sem hafa sett upp ýmis hugsanleg dæmi og m. a. hvað heildsöluverðið

frá Krófluvirkjun yrði ef ætti að borga Krófluvirkjun niður að fullu á 7 árum og ef ekki seldist meira rafmagn en nú í dag. Útkoman úr þessu dæmi var að rafmagnið yrði 9.25 kr. Nú verð ég að láta í ljós þá skoðun mína, að ég skil ekki tilefnið hjá einhverjum sérfræðingum til að vera að reikna svona endemis dæmi sem ekki eru í neinum tengslum við veruleikann, að láta sér detta í hug að fara að reikna út að stórvirkjun eigi að borgast niður, allur hennar stofnkostnaður, á 7 árum og miða við það líka að rafmagnið seljist ekki eða a. m. k. ekki meira en það sem selt er í dag. Í rauninni þarf ekki að eyða orðum að slíku.

Það er eitt atriði sem ég vil minnast á að lokum, þegar Alþýðuflokksþm. og málgögn þeirra skrifa og tala eins og gert hefur verið að undanförnu: eintóm neikvæð gagnrýni, mest byggt á rangfærslum, misskilningi, ummæli slitin úr samhengi, vitnað í eitthvað sem einhver fréttamaður hefur teygt út úr einhverjum sérfræðingi einhvers staðar, svo er á þessu byggður allur málflutningurinn. Manni verður á að spyrja, og það er fullkomin ástæða til að krefjast svara af Alþfl. því nú hafa þrír þm. hans hér flutt sinn boðskap: Hvað vill Alþfl.? Jú, Alþfl. vill virkja Laxá, segir vafalaust hv. þm. Bragi Sigurjónsson. Það hefur ekki komist annað inn í hans huga heldur en Laxá. Hv. þm. virðist ekki enn hafa áttað sig á því, að fyrir þremur árum var af vinstri stjórninni gerður samningur við landeigendur á þessu svæði og Laxárvirkjun um það, að ekki skyldi, a. m. k. meðan sá samningur stendur óbreyttur, fara í frekari virkjun Laxár. Jú, það á að virkja Laxá, segir hv. þm. Bragi Sigurjónsson. Þetta er nú stundum kallað að berja höfðinu við steininn. Önnur aðferð er sú, að það eigi að leysa raforkuskort norðlendinga með byggðalínunni. Það er margsinnis búið að benda á að byggðalínan, þó að hún verði tengd til Akureyrar, getur ekki flutt nema 4 mw., sem er aðeins örlítill hluti upp í þann rafmagnsskort sem þarna er um að ræða. Til þess að byggðalínan geti flutt eitthvert rafmagn að ráði, t. d. 50—60 mw., þarf að koma ný háspennulína frá Geithálsi og upp í Borgarfjörð sem ekki verður tilbúin fyrr en eftir tvö ár. Það er alveg tómt mál að tala um að virkja Laxá, þegar búið er að semja um að stöðva framkvæmdir, og tómt mál að tala um að flytja rafmagn nú með byggðalínu sem getur ekki flutt það rafmagn, sem þarf, fyrr en eftir tvö ár.

Hvað vill þá Alþfl.? ef maður spyr enn. Þessar tvær leiðir eru svo út í hött að það þýðir ekkert að tala um þær í alvöru, að þar sé lausn á þessu máli nú. Jú, jú, það á að flytja rafmagn að sunnan, segja þeir. Fyrst og fremst þarf þá að ljúka háspennulínunni. Það er ekki hægt fyrr en eftir tvö ár. Hvað á að gera á meðan?

Leið Alþfl. er auðvitað skýr. Það er að brenna olíu, það er dísilkeyrsla næstu tvö ár, þó að það kosti mörg hundruð millj. á hverjum vetri og mundi á þessu tímabili vafalaust fara hátt á annan milljarð í gjaldeyrissóun með kaupum á dísilolíu. Það er ómögulegt að skilja málflutning þessara hv. þm. á annan veg en þennan. Stefna þeirra í orkumálum Norðurlands er þessi: Annars vegar á að brenna olíu og sóa í það dýrmætum gjaldeyri næstu tvo vetur. Hins vegar á að virkja eingöngu á Þjórsársvæðinu, undir rótum Heklu, leiða svo rafmagn þaðan um landið. Á sínum tíma þarf auðvitað að koma háspennulínu til Austurlands. Ég vona að það verði byrjað á henni á næsta ári.

Ég er fyrir mitt leyti algjörlega andvígur þessu tvennu sem hv. Alþfl. virðist boða. Það er ekki hægt að túlka málflutning hans á annan veg. Ég er andvígur því að allt landið eigi að fá raforku eingöngu frá stöðvum á Þjórsársvæðinu. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að dreifa veitunum bæði af öryggisástæðum og ýmsum öðrum ástæðum sem ég skal ekki rekja hér. M. a. tel ég brýna nauðsyn bera til að byggja stórar virkjanir utan Þjórsársvæðisins og utan hins eldvirka svæðis í landinu.

Ég hef margsinnis bent á að stefnt er að því að undirbúa svo virkjanir, að bæði Blönduvirkjun og Bessastaðaár- og Fljótsdalsvirkjun geti orðið tilbúnar sem allra fyrst. En hv. þm. vill stöðva Krófluvirkjun. Hann vill bara, þótt norðlendingur sé, halda áfram að virkja á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu og annað ekki. Þetta er einkennilegt byggðasjónarmið, en hann um það.

Varðandi hins vegar skýrslu um þetta mál, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er að lýsa eftir, þá hefur ekki staðið á mér að gefa skýrslu. Á síðasta þingi flutti ég ítarlega skýrslu um Krófluvirkjun. Það verður gert strax og það er tímabært.

Ég vil benda á það, að í opinberri tilkynningu frá Orkustofnun nú 1. des., í fyrradag, er sagt, svo ég lesi það orðrétt úr þeirri tilkynningu eða bréfi:

„Það er rétt að hafa í huga að boranir standa enn yfir og mælingar á þeim borholum, sem lokið er við, standa einnig yfir. Unnið verður áfram að rannsóknum og mælingum á borholunum eins og aðstæður frekast leyfa. Má vænta þess að staðan verði orðin skýrari í janúar. Jafnframt því sem haldið verður áfram rannsóknum á borholunum verður unnið að tillögugerð um boranir á næsta ári.“

Þegar þeir vísindamenn, sem að þessu vinna og mestan kunnugleika hafa á því, og Orkustofnunin sem slík láta í ljós að ekki sé hægt að fullyrða neitt um árangur af einstökum borholum fyrr en í jan., þá leyfa þessir hv. þm. sér að tala hér á Alþ. eins og þeir sitji með alla þekkingu á hverri einustu einni af þessum nýju vinnsluholum og tveimur rannsóknarholum sem boraðar hafa verið. Mér finnst þeir færast fullmikið í fang. En ég vil undirstrika það enn, að þegar þeir flytja næstu ræður sínar, þá væri æskilegt að eitthvað væri þar jákvætt, en ekki eingöngu neikvætt.

Umr. frestað.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 106). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Eignarráð á landinu, frv. (þskj. 93). — Frh. 1. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kom fram í umr. um þetta mál að Eimskipafélag Íslands hefði keypt jörð uppi í Borgarfirði og að þar væri hugmyndin að byggja sumarbústaði. Nú er það mér vitanlega ekkert alvarlegt mál þó sumarbústaðir séu byggðir, en hins vegar er að sjálfsögðu rétt, að hugleiða hver sé staða sveitarstjórnar viðkomandi svæðis.

Ég vil byrja á því að geta þess, að í gildi eru nú í dag tvenn lög sem hægt er að hagnýta sér vilji sveitarstjórn hafa áhrif á það, hvort bújarðir eru setnar eða hvort þær eru teknar undir annan rekstur. Þar eru í fyrsta lagi til lög um skipulag. Sveitarfélag getur samkv. lögum um skipulag beitt sér fyrir því að óheimilt sé að reisa á jörð öll önnur hús en þau sem koma að notum fyrir búskap. Sé þessum lögum beitt liggur alveg beint fyrir að ekki verður hægt að reisa sumarbústaði á viðkomandi landi. Jafnframt eru í gildi ábúðarlög. Þar segir svo — með leyfi hæstv. forseta — í 2. gr.:

„Hver sá, sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi jarðanefndar. Nú rækir jarðeigandi eigi þessa skyldu og ber þá sveitarstjórn að áminna hann um það og setja honum frest til næstu fardaga. Nú byggir hann eigi jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febr. næst eftir að fresturinn rann út, og skal þá sveitarstjórn í samráði við jarðanefnd ráðstafa jörðinni í 5 ár í senn á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir sveitarfélagið."

Þarna kemur það alveg berlega fram, að í íslenskum lögum eru til þær heimildir að hægt er að taka ákvörðun um það, þó að Eimskipafélag Íslands sé eigandi jarðarinnar, að hún verði notuð til búskapar ef einhver hefur áhuga til að búa á henni og er að bestu manna yfirsýn talinn hæfur til þess. Þetta taldi ég að þyrfti að koma hér fram alveg sérstaklega vegna þess að í ræðu hv. frummælanda kom það fram, að hann taldi að ekki væru nú í íslenskum lögum til þau ákvæði sem kæmu í veg fyrir að góðar jarðir færu úr byggð ef þær yrðu seldar t. d. til þéttbýlisins.

Ég get svo ekki látið hjá líða að benda á það, sem ég gat um í ræðu minni um þetta mál, að þeir, sem yfirgáfu byggðarlög sín á Hornströndum og við norðanvert Ísafjarðardjúp, fá engar bætur samkv. þeim lögum sem hér er lagt til að verði samþ. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis." Að sjálfsögðu eru þarna ekki þau mannvirki í ræktun eða húsum til eftir þennan tíma að þar sé um að ræða eignarbætur, þó að þær séu greiddar. Þess vegna er þetta frv. ákvörðun um að taka þetta land af þessum mönnum án bóta, ekki að taka það af bændum, því að þessir menn eru náttúrlega ekki lengur bændur.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. flutti hér langa og skemmtilega ræðu, að mér skildist mér einum til fróðleiks, og ég ætla ekki að eyða löngu máli í þá ræðu. Ég geri ráð fyrir að hann líti svo á, að ég meti hana jafngrunnhyggnum augum og hann taldi að ég liti þetta mál sem heild, og þess vegna ástæðulaust að gera sér neinar vonir um að orð af minni hálfu hafi áhrif á viðhorf hans í þeim efnum. Hitt vildi ég þó segja honum, að ég er ekki trúaður á þá kenningu, að seinni heimsstyrjöldin hafi raskað mjög tillöguflutningi framsóknarmanna um skipan eignarréttar yfir landi.

Hvort heimilt sé að nota líkingamál þegar rætt er um viðhorf eins og það sem Steinn Steinarr notaði: „Að sigra heiminn er eins og að spila á spil," læt ég ógert að svara, fagna því þó að það málfrelsi skuli vera til á Íslandi að mér vitanlega er ekkert sem bannar notkun slíks líkingamáls. Og hvað almennan veiðiskap snertir, þá var það einn hugsuður mikill við Genesaretvatn sem hélt því fram við fiskimann að hann ætti að veiða menn, en ekki fiska, og sá hinn sami hefur að mínu viti ekki verið sakfelldur fyrir það orðalag. Ég mælist til þess að hljóta ekki verri meðferð en þeir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. des. 1976.

Þar sem ég vegna annarra starfa mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vesturl., Skúli Alexandersson útvegsmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl."

Skúli Alexandersson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa í deildinni.

Sauðfjárbaðanir, frv. (þskj. 116). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 116 er frv. til l. um sauðfjárbaðanir. Frv. um þetta efni var lagt fram á Alþ. á s. l. vetri, en málið varð þá ekki útrætt. Frv. er því endurflutt með nokkrum breytingum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að meginefni til samið af mþn. Búnaðarþings vegna margra og ítrekaðra áskorana um breytingar á löggjöf um baðanir á sauðfé í þá átt að létta af böðunarskyldunni. Frv. gerir ráð fyrir því, að þetta verði gert á þann hátt, að ráðh. verði heimilt að veita undanþágu í tilteknum hólfum þar sem óþrif hafa ekki sést á fé um árabil.

Til þess að auka öryggi um að böðunarundanþágur verði ekki til þess að stuðla að óþrifum á sauðfé, er sett í frv. ákvæði um vottorðagjafir frá tilteknum opinberum og hálfopinberum starfsmönnum og meðmæli með undanþáguheimild. Þeir aðilar, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi sýslunefndir á viðkomandi svæði, yfirdýralæknir og héraðsdýralæknir. Meðmæli aðila allra þurfa að liggja fyrir til þess að hægt sé að veita þessa undanþágu. Þetta tel ég að eigi að vera nægileg trygging til þess að ekki verði farið með gáleysi að í þeim efnum. A. m. k. verður þá að verða allmikil breyting á ef svo ætti að vera.

Það ákvæði í frv., að ekki skuli að öllu jöfnu baða fyrr en fé er komið í hús, á að sporna við að óbaðað og baðað fé renni saman og um leið að minnka líkur á dreifingu óþrifa í sauðfé frá einum bæ til annars. Ákvæði í núgildandi lögum um sérsmölun vegna baðana er því fellt niður.

Meginbreytingin, sem í frv. felst, er undanþáguheimildin í 3. gr. sem ég vitnaði til áður. Verður hún að teljast réttmæt, því að hún á að geta sparað fjáreigendum fé og fyrirhöfn og þess má vænta að hún verði rík hvatning fjáreigendum á landssvæðum, sem ekki fá undanþágu frá böðunarskyldu, til þess að herða sóknina og útrýma óþrifum á fé sínu með öllu. Væri vel ef svo tækist til.

Við nánari yfirferð á frv. því, sem lagt var fyrir á s. l. þingi, og að fenginni reynslu er hér um nokkurn viðauka að ræða sem er að finna í frv. því sem er lagt fyrir Alþ. nú. Þær breyt., sem gerðar eru frá frv. á s. l. Alþ., eru í fyrsta lagi viðbót við 5. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta, skal strax tilkynna það eftirlitsmönnum og þeir öllum hlutaðeigandi baðstjórum. Auk þess skal ákvörðunin um tvíböðun lesin minnst tvisvar í Ríkisútvarpinu. Þótt nokkur hefð hafi skapast í sambandi við undirbúning að tvíböðun, þá hefur nokkuð á skort að bein fyrirmæli væru í lögum um tilkynningarskyldu varðandi hana. Þess vegna eru þessi ákvæði sett inn í frv. nú.

Annað atriði er í 6. gr., 3. mgr., svofellt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem um er að ræða tvo eða fleiri eftirlitsmenn í sama fjárskiptahólfi og hætta er á samgangi fjár í milli eftirlitssvæða skulu eftirlitsmenn hafa samstarf um skipulag baðana.“

Þetta ákvæði á að fyrirbyggja að kláði geti borist frá einu svæði til annars innan sama varnarhólfs vegna takmarkaðs samstarfs eftirlitsmanna sem einhver brögð munu vera að.

Þriðja breytingin frá frv. á s. l. vetri er í 7. gr. frv., kemur fram í 1. mgr. og er þessi:

„Skal sú útnefning fullbúin“ — þ. e. útnefning baðstjóra — „og tilkynnt baðstjórum eigi síðar en 20. okt. það ár sem baða skal.“

Einhver dæmi hafa verið um það, að baðstjórar hafi ekki verið skipaðir þegar þeirra var þörf. Með þessu ákvæði á að vera komið í veg fyrir það og þeir hafi tíma til að skipuleggja baðanir og þá í samræmi við nágrannabaðstjóra til þess að fyrirbyggja svo sem kostur er að samgangur baðaðs og óbaðaðs fjár geti átt sér stað.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta frv., enda skýrir það sig sjálft. Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 11, n. 117, 118, 124). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Allshn. Nd. hefur nú skilað frá sér áliti um þrjú frv., í fyrsta lagi frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins, í öðru lagi frv. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála og í þriðja lagi frv. til l. um breyt. á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. Ég leyfi mér — með leyfi forseta — að gera öll þessi þrjú frv. að umtalsefni í einu og tek þá þann kostinn sem n. valdi þegar hún útbjó nál. sín, en meginuppistaða nál. kemur fram á þskj. 117, og fjalla um þessi þrjú frv. að mestu eða öllu í einu, enda eru þau hvert öðru skylt og eru flutt í tengslum hvert við annað.

N. hefur haldið allmarga fundi út af þessum frv. Hún leitaði ekki skriflegra umsagna í þetta skipti, enda höfðu sömu frv. áður legið fyrir þessari n. Á síðasta þingi höfðu borist skriflegar umsagnir frá ýmsum aðilum, og þar sem frv. voru lítið breytt og að efnisinnihaldi þau sömu, þá þótti ekki ástæða til þess að leita eftir skriflegum umsögnum að nýju, en í stað þess heimsótti allshn. þrjú embætti, þ. e. a. s. embætti saksóknara ríkisins, sakadóms Reykjavíkur og lögreglustjórans í Reykjavík. Ég held að ég mæli fyrir munn allra nm., þegar ég fullyrði að n. hafi haft gagn af þessum heimsóknum. Þá hafa einstakir nm. kynnt sér ýmis skrif fræðimanna um þessi málefni, en um þau hefur verið fjallað víða meðal löglærðra manna í þeirra ritum og kennslubókum sem út hafa verið gefnar.

Ég tel að nauðsynlegt hafi verið fyrir allshn. að vanda nokkuð athugun sína á þessum frv. og nauðsynlegt hafi verið að n. gæfi sér góðan tíma til þess að átta sig á þeim breytingum

sem frv. fela í sér, þar sem hér er um að ræða í raun og veru byltingu í réttarfari og stigið mikilvægt spor frá núverandi skipan til nýrrar.

Það, sem skiptir meginmáli í þessum frv., er að gerð er tilraun til þess að færa réttarfarið á Íslandi úr svokölluðu rannsóknarréttarfari yfir í ákæruréttarfar, og það er gert með því að skilja að lögreglustjórn og dómsvald í opinberum málum. Þetta spor er ekki stigið að fullu, en þó eru þessi frv. mikilvæg að því leyti, að þau snerta þau embætti sem eru stærst og fjalla um langflest opinber mál sem talin eru varða við refsilög.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem till. eða frv. um breytingar í þessa átt, þ. e. a. s. í þá átt til aðskilnaðar, er flutt hér á Alþ. Er rakið í nál. hvernig allt frá 1948 hafa verið gerðar till. og tilraunir til þess að stíga þetta skref. Það er minnt á að strax á árinu 1948 hafi verið gerð till. um sérstakan rannsóknarstjóra, en sú till. náði ekki fram að ganga.

Mikilvægt skref var stigið á þessum vettvangi, þegar lög nr. 57 frá 1961 voru samþykkt og kváðu á um að ákæruvald skyldi falið saksóknara ríkisins, en áður hafði það verið í höndum dómsmrh.

1968 samþykkti Alþ. þál. sem fól ríkisstj. að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögreglan heyri framvegis undir lögreglustjóra. Í samræmi við þessa samþykkt var lagt fram stjfrv. á Alþ. 1969—1970 þar sem gert var ráð fyrir að rannsóknarstjóri, sem skipaður yrði, lyti stjórn lögreglustjórans í Reykjavík og stýrði lögregluranns óknum brotamála í Reykjavík. Þetta frv. náði ekki fram að ganga.

Og nú er enn lagt fram frv. sem gengur í sömu átt að því leyti til að skera á milli lögreglustjórnar og dómsvalds. En nú er farin sú leið að stofna embætti rannsóknarlögreglu ríkisins og það embætti lúti yfirstjórn dómsmrh. Eins og sjá má hafa ýmsar till. verið uppi og skiptar skoðanir um hvað gera skuli í þessum efnum, og nú þegar lagt er fram frv. að nýju, þá auðvitað vaknar sú spurning, bæði hér á þingi og utan þings, hvort þetta sé sú rétta leið. Af þessum sökum hafa vaknað ýmsar spurningar og n. hefur leitast við að kynna sér þau viðhorf sem ríkja og vega og meta allar aðstæður af þeirri réttsýni og samviskusemi sem nm. er gefin.

Fyrsta spurningin er sú, hvort yfirstjórnin skuli vera í höndum dómsmrh. Fram hafa komið, eftir að frv. var lagt fram í fyrra, mjög ákveðnar skoðanir hjá ýmsum málsmetandi lögfræðingum, svo og frá lagadeild Háskóla Íslands, að nýtt embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins skyldi ekki lúta yfirstjórn dómsmrh. Byggist sú skoðun aðallega á því, að það sé óeðlilegt að pólitískur ráðh. sé yfirmaður rannsóknarlögreglu, hún skuli vera óháð og sjálfstæð og ekki undir áhrifum pólitísks valds. Réttarfarsnefnd, sem samdi þetta frv., hefur lagt á það áherslu að ekki sé átt við að rannsóknarlögreglan lúti réttarfarslegri yfirstjórn ráðh., heldur sé átt við stjórnsýslulega yfirstjórn þegar þess er getið í 1. gr. frv. um rannsóknarlögreglu að embættið og embættismaðurinn skuli lúta yfirstjórn dómsmrh. Á því er líka vakin athygli, að slíkt orðalag og slík yfirstjórn sé í samræmi við ákvæði laga um lögreglustjóra, sbr. lög um það efni, nr. 74 frá 1972. Nm. voru á báðum áttum í þessu efni. Skoðanir um það, að varlega skyldi fara í að láta pólitíska ráðh. hafa réttarfarslega og algera yfirstjórn á rannsóknarlögreglu, áttu hljómgrunn í n. hjá einstökum mönnum þar, en með hliðsjón af þeim skýringum, sem réttarfarsnefnd gefur, og í samræmi við lög, sem í gildi eru, taldi n. ekki ástæðu til þess að gera hér breytingar á og samþykkir 1. gr. eins og hún er í frv.

Þá vaknaði sú spurning: Hvaða starfsumdæmi á rannsóknarlögregla ríkisins að hafa? Í frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins er gert ráð fyrir því í 3. gr., að rannsóknarlögregla ríkisins hafi með höndum rannsókn brotamála í Reykjavík. Nú sýnist manni í fljótu bragði að það sé eðlilegast, ef aðskilja á dómsvald og lögreglustjórn í þessu umdæmi, að lögreglustörf, rannsóknarlögreglustörf, heyri þá undir þann lögreglustjóra sem er nú þegar í þessu umdæmi. Á árunum 1917—1928 var lögreglustjórn, dómsvald og öll meðferð opinberra mála í höndum eins og sama embættisins, en með lögum frá 1939 var stofnað embætti sakadómara í Reykjavík og þá fékk sakadómur að sjálfsögðu meðferð opinberra mála. Því þótti eðlilegt að rannsóknarlögreglustörf flyttust yfir á það embætti. Þannig er rannsóknarlögreglan í Reykjavík til komin og hefur verið starfandi, en aðrar réttarfarslegar ástæður sýnast ekki hafa verið fyrir hendi. Að stofna nýtt embætti, sem einvörðungu á að sjá um rannsókn brotamála í Reykjavík, sýnist manni vera efnislega óþarfi þar sem fyrir hendi er eldra embætti í Reykjavík, lögreglustjórans. Allshn. skoðaði húsakynni lögreglustjórans í Reykjavík og sá þá að í þeim húsakynnum bíður heil hæð eftir slíkri rannsóknardeild. Önnur rök, sem mæla með þessari breytingu, eru þau líka, að tengsl almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu yrðu þá náin, rannsókn yrði samfelld frá frumrannsóknum til frekari rannsókna og góð samvinna tækist með þeim lögreglumönnum, sem rannsaka hvert sérstakt mál, og ekki yrði hætta á tvíverknaði, sem mun stundum koma fyrir í dag.

En frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins gerir ráð fyrir því í 4. gr., að hægt sé að fela þessu nýja embætti rannsóknarstörf eða rannsókn brotamála á öðrum stöðum víða um landið. N. lítur svo á, að þarna sé um mjög mikilvægt ákvæði að ræða og í raun muni það verða svo, að ef nýtt embætti sé stofnað, þá muni það hafa með höndum meira og minna öll rannsóknarstörf afbrotamála sem upp kunna að koma, hvort sem er í Reykjavík eða annars staðar. Þess vegna fellst allshn. á að það sé óeðlilegt að slíkt embætti heyri undir lögreglustjóra sem hefur með eitt sérstakt umdæmi að gera, eins og t. d. lögreglustjórann í Reykjavík, og er þeirrar skoðunar, að hér sé farin rétt leið, að rannsóknarlögregla ríkisins lúti annarri yfirstjórn heldur en einstakra lögreglustjóra. Það, sem styður þetta enn frekar, er að allshn. gerir till. um að starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins sé fært út og til viðbótar við Reykjavík séu

talin upp önnur umdæmi hér á þéttbýlissvæðinu. Það sýnast ekki nein sérstök rök hníga að því að sérstaklega skuli búa til rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir Reykjavík, þar sem byggð er hér öll samfelld. Brotamál geta auðvitað átt sér stað í Keflavík framin af reykvíkingum og svo aftur öfugt, og sýnist vera eðlilegt, ef ný stofnun er sett á laggirnar, að hún hafi þá með höndum rannsóknir allra þeirra mála sem upp koma á þessu svæði. Þess vegna hefur n. gert till. um að til viðbótar við Reykjavík sé í 3. gr. bætt orðunum: Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðakaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður og Kjósarsýsla. Upp komu í n. skoðanir um að eðlilegt væri að taka þá með Keflavík og Keflavíkurflugvöll, þ. e. a. s. Suðurnesin, undir verksvið rannsóknarlögreglu. Margt mælir með þessari tilhögun. Að vísu er byggðin á Suðurnesjum ekki samfelld við þéttbýlið hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, en það sýnist þó vera svo skammt í það að hægt sé að fella þetta allt undir rannsóknarlögreglu ríkisins. Af vissum tæknilegum ástæðum þótti eðlilegt að doka þó aðeins við með að taka þetta beinlínis inn í frv., og þess vegna er gert ráð fyrir því að dómsmrh. geti ákveðið að sama gildi um Keflavík og Keflavíkurflugvöll. Nú er auðvitað ætlun n. að hér sé með svæðið og byggðin í kringum Keflavík, enda heyrir hún undir embættið í Keflavík, og þar á ég við Grindavík og Njarðvíkur og Gullbringusýslu. Sennilega er nákvæmara að breyta frv. að þessu leyti til og laga frv. hvað þetta snertir. Er þá hægt að gera það milli umr. ef mönnum sýnist svo.

Þá er eitt atriði enn sem vaknar við athugun á þessum málum, og það er spurningin um verkaskiptingu milli rannsóknarlögreglu ríkisins og almennra lögreglustjóra. Í frv. er gert ráð fyrir því, samkv. 3. gr., að rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hafi með höndum rannsókn brotamála, stórra og smárra, með þeim undantekningum sem almenn lög gera ráð fyrir og upp eru talin í þessu frv. Í 6. gr. eru síðan örfáar undantekningar upp taldar. Þar er gengið mjög skammt og sýnast þær undantekningar einvörðungu miðast við málaflokka þar sem lögreglustjórar geta boðið aðilum sáttir, sektargreiðslur. Nm. í allshn. kom saman um að nauðsynlegt væri að rannsóknarlögregla ríkisins gæti sinnt raunverulegum rannsóknarmálum, að hún þyrfti ekki að taka við stóru og smáu og kaffæra sig í að vinna og gefa skýrslur, leiða vitni í málum sem raunverulega krefjast engrar rannsóknar. Til meðferðar kemur oft og tíðum mikill aragrúi slíkra smámála sem varða við hegningarlög eða eru refsiverð að öðru leyti, en eru mjög einföld í sniðum, smávægileg og skýr, og það er skoðun okkar að það sé eðlilegt og skynsamlegt að slík mál séu sem mest í höndum hinnar almennu lögreglu, hún sé fær um að afgreiða slík mál og þannig geti rannsóknarlögregla ríkisins mótað stefnu sína og verk sín þannig, að hún sinni fyrst og fremst stærri málum og afbrotamálum sem raunverulega krefjast einhverrar rannsóknar.

Hér var um að ræða, hvort við 6. gr. skyldi bæta einhverjum nýjum málaflokkum eða hvort ætti að breyta orðalagi frv. að þessu leyti og skipta upp málum, sem krefjast rannsóknar, í meiri háttar og minni háttar. Ég held að ég segi ekki of mikið þó að ég taki fram, að réttarfarsnefnd og ýmsir reyndir og fróðir menn í dómsstörfum höfðu skilning á þessu sjónarmiði, féllust á það og töldu það vera æskilegt, en þeir treystu sér ekki til þess að skilgreina hvað væru meiri háttar mál og hvað væru minni háttar mál, það væri ákaflega erfitt að finna skýrt og ákveðið orðalag sem kvæði á um verkaskiptingu eins og ég hef verið að lýsa henni. Þess vegna varð niðurstaðan í n. sú að gera ekki till. til breytinga á frv., en vísa til þess, að í 6. gr., 5. tl., er þess getið að ráðh. geti ákveðið að undir lögreglustjórann í Reykjavík geti fallið aðrir málaflokkar og um það geti ráðh. sett reglugerð. Og allshn. vill að við samningu þeirrar reglugerðar sé tekið tillit til þessa sjónarmiðs, þ. e. a. s. að verkaskiptingin verði á þá leið að meiri háttar mál fari í hendur rannsóknarlögreglu ríkisins, en minni háttar mál falli sem mest undir ekki aðeins lögreglustjórann í Reykjavík, heldur sem sagt alla lögreglustjóra, hvar sem þeir eru á landinu.

Í þessu sambandi er spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta 6. gr. þannig að hún nái ekki einvörðungu til lögreglustjórans í Reykjavík, og yrði þá að breyta sjálfsagt 7. gr. og hugsanlega 9. gr. einnig. N. tók þá almennu afstöðu við afgreiðslu þessa máls að reyna að breyta sem allra minnstu í þessum frv. Það var í samræmi við skoðanir réttarfarsnefndar og hæstv. ráðh. Þess vegna var ekki gerð breyt. á 6. gr. eða öðrum gr. sem fylgdu þá með, í þeirri trú að hugsanlegt væri að túlka 6. gr. rýmra heldur en hún raunverulega segir til um og að við framkvæmd þessara mála sé tekið tillit til þeirra breyt. sem gerð eru á 3. gr.

Ég leyfði mér sem formaður í allshn. að leggja fram við frv. brtt. og nál., enda þótt þetta væri ekki alveg uppgert í mínum huga, til þess að flýta afgreiðslu málsins Ég taldi að menn gætu þá athugað þetta milli umr. og gert á því breyt. ef það teldist nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum.

Aðrar till. um breyt. á frv. voru ekki gerðar, nema að því leyti sem tekur til gildistöku, þó það vakni margar spurningar og margt þurfi að athuga þegar slík stórvægileg breyting er gerð á réttarfari. Ég mun ekki orðlengja um frv. frekar, en hef minnst hér á þau aðalatriði sem mér finnst skipta máli.

Frv. til l. til breyt. á l. um meðferð opinberra mála var allbreytt frá því í fyrra þegar það kom aftur til meðferðar n. Þá hafði réttarfarsnefnd athugað þær umsagnir, sem allshn. höfðu borist á s. l. vetri, og tekið tillit til þeirra, einkum sem komu frá lagadeild Háskóla Íslands. Allshn. var mjög sátt við þær breyt. Meginþráðurinn í þeim var að taka meira tillit til sakborninga, og við teljum að þar sé stefnt í rétta átt. Breyt., sem n. leggur til að gerðar séu á þessu frv., þ. e. a. s. frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, eru aðallega minni háttar orðalagsbreytingar sem hafa ekki úrslitaáhrif, en er þó að mati okkar og annarra nauðsynlegt að það komi inn.

Varðandi gildistökuákvæðin hefur niðurstað-

an orðið sú, að orða það svo að lögin taki gildi nú þegar — og nú er ég að tala um frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins — og að þau komi að fullu til framkvæmda 1. júlí 1977. Þarna er ætlast til þess, að um leið og lögin hafa verið samþ. hér í þinginu og staðfest sé mögulegt að auglýsa eftir manni í hið nýja embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og hann geti hafist handa um að móta hið nýja embætti, aðstaða sé útbúin fyrir hann og að aðlögunartími sé veittur í hálft ár. Er talið af rn. að vel megi við una. N. hefur mikinn áhuga á því að þessi mál komist til framkvæmda sem fyrst, vill fyrir sitt leyti stuðla að því, og það er mikill misskilningur að hugur allshn. standi til einhvers annars. Það er vilji nm. og ég tel allra þingmanna að frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins og fylgifrv. þess komi til framkvæmda og komist í gildi sem allra fyrst.

Vakin hefur verið athygli á því, að með samþykkt á þessum frv. sé lokið hlutverki laga nr. 52 frá 1973, um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum. Réttarfarsnefnd, rn. og allshn. hafa ekki gert till. um að þessi lög séu felld niður, en einsýnt er að að því muni koma hið allra fyrsta þar sem verkefni þeirrar deildar munu væntanlega falla undir nýtt embætti rannsóknarlögreglu ríkisins.

Herra forseti. Ég þykist hafa gert grein fyrir nál. í öllum aðalatriðum, og stikla hér á mjög stóru. Hér er, eins og ég hef margtekið fram, um viðamikið mál að ræða sem hefur í för með sér verulega byltingu í réttarfari og nauðsynlegt hefur verið að skoða það mál vel og óhjákvæmilegt fyrir mig að gera nokkra grein fyrir þeim viðhorfum, sem upp komu í n., og þeim upplýsingum, sem við fengum þar.

Dómsmál hafa mjög verið í sviðsljósinu að undanförnu vegna mjög óvenjulegra afbrotamála. Þá hefur athyglin beinst að embættum m. a. saksóknara sakadómara og lögregluembættum og þau hafa legið undir ámæli fyrir að hafa verið seinvirk í störfum. Þar er um að kenna fyrst og fremst því, að ekki hefur verið búið nægilega vel að þessum embættum. Alþ. hefur ekki verið áhugasamt um þessi málefni, og almenningur hefur ekki leitt hugann mikið að þeim fyrr en þá núna á allra síðustu tímum. Þó að menn séu leiðir yfir því að upp koma afbrotamál og seint gangi að upplýsa þau, þá er það fagnaðarefni að almenningur gerir sér nú ljóst hversu mikilvægir dómstólarnir eru og lögregluyfirvöld og yfirleitt þeir aðilar sem eiga að halda uppi lögum og rétti í þessu landi.

Í viðtali n. við saksóknara ríkisins var nokkuð fjallað um hvernig stæði á seinagangi í meðferð rannsóknarmála. Hann benti þá á, — og ég tel rétt að það sé upplýst hér, — hann benti á að ekki væri fyrir hendi nægilegt starfslið hjá þessum embættum. Hann vakti athygli á því, að dómstólar gera mjög ríkar kröfur til sannana, þannig að það þarf að vinna mál mjög vel til þess að hægt sé að fylgja ákæru eftir. Réttarfarið á Íslandi hefur þrátt fyrir allt, þó að það hafi verið að stofni til rannsóknarréttarfar, þá hefur það verndað sakborninga og boðið verjendum þeirra margvíslega möguleika til þess að ýta málum á undan sér, fresta þeim og krefjast frekari gagna o. s. frv. Þá nefndi saksóknari að oft væri erfitt að safna saman framburðum vitna vegna strjálbýlis og fjarlægðar. Hann nefndi líka hversu illa þeir væru í stakk búnir til þess að endurskoða ýmis fjársvikamál vegna nauðsynjar á bókhaldsfróðum mönnum, oft væri erfitt fyrir opinber embætti að fá slíka menn í þjónustu sína, þeir fengju yfirleitt betur greitt fyrir vinnu sína annars staðar og hlypu ekki upp til handa og fóta þó að eftir aðstoð þeirra væri leitað í sambandi við erfið og flókin fjársvikamál.

Þessi atriði nefndi saksóknari sem ýmsar af þeim ástæðum sem yllu því að illa gengi að ýta málum áfram. Hins vegar vek ég athygli á því, að enda þótt úrbætur séu gerðar í dómsmálum, þá koma þær auðvitað ekki í veg fyrir afbrot. Ákærur, rannsóknir og dómar eru allt saman aðgerðir sem uppi eru hafðar eftir að verknaðurinn er framinn, og þó að lög og réttur séu óbeinlínis a. m. k. fyrirbyggjandi, þá er margt annað miklu meira aðkallandi fyrir þjóðfélagið að laga til þess að fyrirbyggja refsivert athæfi og afbrotamál.

Þessi frv. marka að mínu mati tímamót. Hér færist löggæsla og rannsóknir úr höndum dómara, og það hefur alla tíð verið augljós galli að einn og sami maður rannsakaði mál og dæmdi síðan í þeim. Hér er sem sagt stigið mjög merkilegt spor sem eykur réttaröryggi á Íslandi og gerir dómstólana óháða.

Alþingi verður að gera sér góða grein fyrir þessum breytingum, ekki aðeins á pappírnum, heldur hvaða áhrif það hefur á ýmsa þætti réttarfarsins. Sjálfstæð valdgreining í þjóðfélaginu milli dómsvalds, framkvæmdavalds og löggjafarvalds má þá ekki raskast, en það má ekki heldur ganga of langt í hina áttina. Þess vegna tel ég ekki óeðlilegt þó að Alþ. og n. þess verji nokkrum tíma til þess að athuga slík mál og átta sig vel á hvað verið er að gera.

Ég ítreka svo, herra forseti, að allshn. Nd. leggur til að þessi frv. verði samþ. með þeim breyt. sem hún hefur lagt hér fram. Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Einn þeirra hefur nú þegar gert það og mun sjálfsagt gera grein fyrir tillögum sínum.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Svo sem fram kom í máli hv. frsm., þá stendur allshn. öll sameiginlega að nál., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Í nál. allshn. um frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins er tekin fram sérstaða mín varðandi umdæmi rannsóknarlögreglu ríkisins, og ef ég má hafa sama hátt á og hv. frsm., að ræða þessi frv. í einu, þá hef ég einnig flutt brtt. við frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Allshn. leggur til að starfsumdæmi rannsóknarlögreglu ríkisins sé stækkað frá því sem ráð var fyrir gert í frv. eins og það lá fyrir, þar sem rannsóknarlögreglu ríkisins var ætlað að hafa með höndum lögregluannsóknir brotamála í Reykjavík, en lagt er til að þetta umdæmi stækki og nái til þéttbýlissvæðisins, til þeirra staða sem hv. frsm. las upp áðan.

Ágreiningur varð í n. milli mín og annarra nm. um það, hvort Keflavík og Keflavíkurflugvöllur skyldu skilyrðislaust fylgja þessu umdæmi. Meiri hl. leggur til að dómsmrh. ákveði hvenær Kefavík og Keflavíkurflugvöllur verði felld undir starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins. Ég tel rétt að Alþ. ákveði með samþykkt þessa frv. að Keflavík og Keflavíkurflugvöllur skuli skilyrðislaust vera umdæmi rannsóknarlögreglu ríkisins.

Í sjálfu sér er ánægjulegt að hæstv. dómsmrh. skuli fá þetta traust meiri hl. allshn. En ég held að málið snúist ekki um það. Ég held að við verðum að reyna að tryggja sanngjarna og réttláta meðferð mála, og með hliðsjón af því sem að undanförnu hefur gerst, þá hef ég ekki heyrt nein rök sem mæla með því að Keflavík og Keflavíkurflugvöllur séu undanskilin. Það vill svo til að stærstu málin, sem eru núna til meðferðar í dómsmálakerfinu, eiga rót sína að rekja til Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar, þar sem eru stórfelld smyglmál og stórfellt fíkniefnasmygl sem rekja má til Keflavíkurflugvallar. Ég held að enginn mæli því í mót að þetta séu meiri háttar afbrot sem mundu samkvæmt þessum frv. falla undir rannsóknarlögreglu ríkisins.

Einu rökin, sem ég hef heyrt gegn því að Keflavík og Keflavíkurflugvöllur séu tekin þarna með, eru þau, að það sé svo langt á milli Reykjavíkur og Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar. Við þessu get ég ekki annað sagt en að ég býst ekki við að reykvíkingar eða keflvíkingar mundu telja þetta langa vegalengd, og í öðru lagi: það, sem er ekki of langt fyrir smyglara, er varla of langt fyrir lögreglu. Ég legg því eindregið til að Alþ. taki af skarið og að Keflavík og Keflavíkurflugvöllur falli þarna inn í.

Önnur brtt. mín varðar frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Í frv., eins og það liggur fyrir nú, er í 14. gr. gert ráð fyrir því að dómara sé heimilt að skipa sökunaut réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum eða skilyrðum sem fyrir eru í 80. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

Það er rétt að taka fram, að þessi ákvæði í frv. eru komin inn að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands, en um þau segir svo í álitsgerð:

„Þegar frumrannsókn færist úr hendi dómara yfir til rannsóknarlögreglu getur hlutlaus dómari ekki haft sama eftirlit með henni og áður. Hætta er á því að staða sakbornings kunni við breytinguna að versna frá því sem nú er. Brtt. þeim, sem hér eru settar fram, er ætlað að rétta hlut sakbornings nokkuð að þessu leyti. Áþekk réttarvernd til handa sakborningi er fyrir hendi í nágrannalöndunum.“

Fulltrúar frá lagadeild Háskóla Íslands komu á fund allshn., og ég lét þá uppi þá skoðun mína, að ég teldi rétt að tryggja öryggi sakbornings enn betur en gert er í frv., að í stað þess að gefa dómara heimild til þess að skipa réttargæslumann skyldi honum gert það að skyldu ef sakborningur óskaði þess. Er það í samræmi við 80. gr. laganna eins og hún nú er.

Ég bendi á að til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins munu koma meiri háttar afbrotamál, mál sem ætla má að varði þungri refsingu og hygg ég að það sé í samræmi við skoðanir **okkar um réttarríki að sá, sem sakaður er um mjög alvarlegt misferli eða alvarleg brot, fái þá** mestu réttarvernd sem hugsanlegt er að veita honum. Ég vil enn fremur láta þess getið, að fulltrúar lagadeildar voru að því er best varð skilið hlynntir þessari breytingu minni og töldu ekkert henni til fyrirstöðu.

Það hefur heyrst að ef þetta verði lögleitt, þá geti hvaða kverúlantar sem er heimtað réttargæslumenn og þar með tafið dómsmál. Það kann vel að vera. En ég bendi á að kverúlantar eiga líka sinn rétt, og í öðru lagi er þetta sjónarmið ekki nægilega sterkt til að koma í veg fyrir að veita einstaklingi þá bestu réttarvernd sem við getum.

Að öðru leyti er ég fylgjandi þeim brtt. sem n. leggur fram, og um þær hefur ekki orðið ágreiningur í nefndinni.

Nú mætti ætla eftir allar þær umr., sem orðið hafa um frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins, að um leið og Alþ. væri búið að samþ. það væri þar með fundin töfralausnin á öllu því sem aflaga fer í þessu þjóðfélagi.

Umræður þær, sem orðið hafa um afbrotamál og um dómsmál, hafa að mínu viti verið allt of einhliða. Sá einhliða skilningur hefur verið lagður í málið, að um leið og þetta frv. verði samþ., þá verði öllum glæpamönnum smalað saman, þeim komið bak við lás og slá og þar með geti hinir, þessir heiðarlegu borgarar, farið að lifa áhættulausu og friðsömu lífi. Og helst mætti líka skilja af máli sumra manna, að með samþykkt þessa frv. yrðu glæpir úr sögunni.

Nú er mér mætavel ljóst að hver og einn, sem til máls hefur tekið um þessi mál utan þings eða innan, mundi mótmæla því að hann hefði svo einfaldan skilning á málinu, og ég efast ekki um að hann mundi segja það satt. En ég bendi á að þær umr., sem orðið hafa, þær áherslur, sem verið hafa á málflutningi manna, hafa snúist upp í áróður fyrir meiri lögreglu og sterkari lögreglu. Það hefur verið nánast einhliða krafa um það að hinir seku skuli nú hljóta réttláta refsingu. En með slíkum einhliða áróðri gleymist að þess þarf ekki síður að gæta að saklaus maður verði ekki sakfelldur. Það hefur verið gerð krafa á kröfu ofan, bæði hér á Alþ. og utan þess, að rannsóknarlögreglumenn hraði afgreiðslu mála. Látin hafa verið falla vanhugsuð ummæli um seinagang og vanmátt þeirra manna sem að þessum störfum vinna. Það hefur dunið í eyrum þeirra: Flýtið ykkur, flýtið ykkur. Og ég legg áherslu á að alþm. eiga hér sök ekki síður en fjölmiðlar og alþm. hafa ekki nægilega beitt áhrifum sínum til þess að umr. yrðu málefnalegri.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvernig það væri að vera í starfi rannsóknarlögreglumanns og reyna að gæta alls réttlætis í því andrúmslofti sem slíkar umr. skapa, — þegar sá einn mælikvarði virðist lagður á störf þeirra, hversu fljótir þeir eru að finna sakborninginn og koma honum bak við lás og slá. Þessir menn eru ekki nema mannlegir, og ef þeir fá ekki annan stuðning frá ábyrgum aðilum, þá er hætt við slysum.

Einhliða kröfur af þessu tagi eru ekki kröfur um réttlæti. Þær eru kröfur um lögregluríki. Þær byggjast á ofurtrú á lögreglu og fangelsum. Þær byggjast á þeirri trú: Því sterkari lögregla, því færri glæpir. Mælikvarðinn á réttlætið í þjóðfélaginu verður þá sá einn, hversu marga glæpamenn okkur tekst að handsama og því fleiri því betra. Þá fyndist kannske sumum að við byggjum við réttarríki. En hrædd er ég um að við séum þá komin fullnærri því að búa í lögregluríki, og lögregluríki hefur tilhneigingu til að skilgreina sjálft glæpi sína og styðst þá ekki endilega við landslög.

Annar þáttur umr., sem orðið hafa um þessa afbrotaöldu, er líka mjög athyglisverður. Alvarlegustu afbrot og óhamingja fjölda manns hefur orðið stjórnarflokkunum tilefni til að reyna að rífa hvor annan á hol. Afbrotaaldan hefur verið dregin niður í svað heimiliserja stjórnarflokka og stjórnmálaflokka. Það hefur verið reynt að gera þessi mál að þætti í kosningaslag. Ég ætla ekki að rekja þessi mál lið fyrir lið, enda kann ég það ekki utanbókar. En síðasta dæmið um þetta er það, að þrjú Morgunblöð í röð voru lögð undir að rifja upp mál sem búið var að bera dómsmrh. þeim sökum að hann bæri ábyrgð á sakir misferlis í starfi eða a. m. k. hlutdrægni í starfi. Í þessum greinum kom ekkert nýtt fram. Þetta var einungis upprifjun til að halda mönnum við efnið. Og svo hátt hafa þessar deilur risið, að ritari Framsfl. sá sig knúinn til þess að gefa yfirlýsingu um að ekki væru allir glæpamenn í Framsfl. Ég er með þessu ekki að verja Framsfl. í einu eða neinu. En ég tel að hann hafi tekið hér vitlaust á málum, en það er annað mál. Ég er að benda á að málflutningi af þessu tagi fylgir hættulegt ábyrgðarleysi. Og ég tek það fram að ég á hér við Alþfl. líka. Það virðist vísvitandi stefnt að því að gera eflingu lögreglu og eflingu dómsmálakerfisins að kosningamáli. Sá flokkur, sem getur af mestri leikni spilað á frumstæðustu réttlætiskennd almennings, hann ætlar sér flest atkvæðin við næstu kosningar.

Eina af afleiðingum þessarar ábyrgðarlausu herferðar, þessa ábyrgðarlausa málflutnings, þessarar kröfu um að finna sakamanninn hvað sem það kostar, mátti sjá í einu íhaldsblaðinu um daginn. Ungur maður hefur verið hnepptur í gæsluvarðhald, það er ekki enn búið að leggja fram ákæru á hendur honum, en fyrirsögnin á baksíðu þessa blaðs var innan gæsalappa: „Enn einn banamaður Geirfinns fundinn.“ Og blaðsölubörn kölluðu á torgum úti: „Morðinginn fundinn.“ Hér er verið að ýta undir brenglað siðgæðismat. Það er verið að dæma mann sekan áður en sekt er sönnuð. Það er verið að spila á tilfinningar hefnigirni, ekki réttlætis.

Hér á Alþ. er nú krafist meiri fjárveitingar til lögreglumála, og víst er ég þeirrar skoðunar að það sé rétt og sjálfsagt að bæta aðstöðu lögreglunnar. Ég er þeirrar skoðunar líka, að það sé rétt að athuga hvort ekki megi hagræða málum hennar betur, þannig að henni sé gert kleift að starfa án þess að ausa í hana miklu fé. Ég er fylgjandi því að þetta frv. verði samþ. En ég er einungis að biðja menn um að líta á þessi mál í stærra félagslegu samhengi.

Löggjafarvaldið ætti að líta í eigin barm. Erum við að stuðla að betra samfélagi, eða erum við að mata lögregluna á æ fleiri afbrotamönnum? Hvers konar leiðsögn fæst héðan, hvers konar siðgæðismat má greina innan þessara veggja?

Það hefur verið mikið rætt um uppeldismál. Ég las á s. l. sumri viðtal við móður eins ungs manns sem nú situr í gæsluvarðhaldi viðriðinn eitt mesta afbrotamál sem komið hefur upp á Íslandi á síðustu árum. Þetta var afskaplega einfalt, fábrotið viðtal. Það var ekki mikið um stór orð, en hún lýsti aðstæðum. Hún sá heimilinu farborða ein og börnin urðu að vera á götunni. Það, sem var átakanlegast í þessu viðtali, var afsökunartónninn hjá konunni. Hún ásakaði sjálfa sig fyrir að hafa þurft að vera úti á vinnustað til þess að sjá fyrir sér og sínum. Ég er ekkert hissa á þessu. Þetta er sá áróður sem gengið hefur áratugum saman, íhaldsáróðurinn. Það á hver að sjá um sig sjálfur. Uppeldi barna er ekki talið vandi samfélagsins. Mæður hafa ekki fengið neina uppörvun fyrir það að sjá börnum sínum farborða. Þær hafa verið ásakaðar fyrir að vera ekki heima á sínum heimilum. En síðan hefur enginn hirt um það á hverju þetta fólk ætti að lifa.

Það hefur verið rætt um áfengis- og fíkniefnanotkun, og sannarlega ætla ég mér ekki þá dul að skilgreina til neinnar hlítar af hverju það stafar. En ég bendi á að fíkniefnasmyglið að undanförnu er rakið til Keflavíkurflugvallar. Halda menn virkilega að það sé áratugum saman hægt að hafa hermannasamfélag í okkar litla þjóðfélagi án þess að þess sjái einhvers staðar stað?

Það hefur verið rætt um hlut fjölmiðla, en við veitum ekki fé til menningarlegrar dagskrár. Við byrjum sjónvarpsferil hér í samkeppni við amerískt hermannasjónvarp, og til þess að samkeppnin fái staðist þarf að hafa afskaplega svipaða dagskrá. Það eru keyptar amerískar ofbeldismyndir. Það eru sýndir þættir þar sem glæpir eru afþreying og hetjan er rannsóknarlöggan. Sér nokkur samband milli þessa og þeirra umr. sem hafa átt sér stað að undanförnu á Íslandi? Í stað þess að taka þessi mál föstum tökum stendur deilan nú um það, hvort við eigum að fá að sjá glæpinn í svart-hvítu eða í lit.

Það kom fram hjá hæstv. dómsmrh. í ræðu, að ein orsök þessarar glæpaöldu væri sú, að menn lifðu um efni fram. Þetta er náttúrlega engan veginn fullnægjandi skýring. Ég ætla ekki heldur að leggja út í það í þessari ræðu að reyna að finna orsakir þess eða kveða upp úr með hvort þetta er satt, né heldur ætla ég að ræða hér hverjir lifa um efni fram, þó ég hafi tilhneigingu til þess að benda á að svo sannarlega er það ekki láglaunafólkið á Íslandi sem lifir um efni fram. En hitt er annað, að peningahyggja gagnsýrir þetta þjóðfélag, og þessi peningahyggja nær að minni hyggju allt aftur til stríðsáranna. Þá misstu íslendingar þann siðferðilega grundvöll sem þeir stóðu á til þess að standa vörð um sjálfstæði og framtíð þessarar þjóðar. Svo til um leið og Ísland varð sjálfstætt lýðveldi var tilvera þessarar þjóðar sett undir forsjá hernaðarveldis, og þar með var þessi þjóð, sem

alltaf hafði státað af því að vera ekki hernaðarþjóð, tekin við hugmyndafræði hernaðarins. Skyldi þetta ekki hafa nein áhrif? Þeir, sem réðu landsmálum á þessum tíma, töldu sig ekki færa um að ráða fram úr þeim vanda sem því fylgir að vera forustumaður sjálfstæðrar þjóðar, og þess vegna þurfti að ala þjóðina upp í sama hugsunarhættinum. Þjóðin var svipt þeirri ábyrgð að standa vörð um og gæta ítrustu skilyrða tilveru sinnar. Og þegar það gerist, þegar ítrustu skilyrði tilverunnar eru ekki lengur lífsspursmál, ekki einu sinni umhugsunarefni, þá er þjóðin þar með svipt hinum siðferðilega grunni fyrir sjálfri tilveru sinni og þá skapast tómarúm sem verður að fylla, og það tómarúm hefur verið fyllt af peningahyggju. Í stað siðferðilegra markmiða fyrir þjóðarheill og þjóðarframtíð hefur verið haldið að þjóðinni lágkúrulegum hugmyndum um einkaneyslu og einstaklingshyggju, sem þýðir yfirleitt á máli sjálfstæðismanna eigingirni og ágirnd. Ég bendi á að afleiðing þessarar leiðsagnar þeirra stjórnmálamanna, sem mesta ábyrgð bera á þessu tímabili, er nú komin í ljós, þar sem í ríkisstj. Íslands sitja a. m. k. fjórir ráðherrar sem hafa lýst sig fylgjandi því að bandaríkjamenn standi hér undir opinberum framkvæmdum eða greiði leigu fyrir landið. Slíkir menn ættu ekki að vera undrandi á því þótt siðferðilegrar hnignunar og peningagræðgi gæti hjá einhverjum þegnum þessa lands.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við það að bæta sem hér hefur verið sagt um þetta mál. Ég hef ekki risið úr sæti mínu fyrr í umræðum í vetur til þess að fagna þessu frv. og þar af leiðandi ekki tafið það með ræðuhöldum hér.

Þetta mál er búið að hljóta sannarlega gagngera athugun í allshn. Nd., sjálfsagt milli 10 og 20 fundi bæði í fyrra og núna, ferðalög um bæinn og vettvangsrannsóknir ýmiss konar. Síðan hefur verið lagt fram langt og ítarlegt nál. og því fylgt úr hlaði með langri ræðu frsm. og á nú að vera gerð fullnægjandi grein fyrir málinu. En þrátt fyrir alla þessa vinnu sem í skoðun málsins hefur farið í n., þá verð ég að viðurkenna það, að mér finnst þetta frv. ekki hafa breyst verulega til bóta frá því að það kom hér á borðin okkar í fyrra. Ég held að þetta frv. hafi verið vel undirbúið frá hendi höfunda sinna, réttarfarsnefndar. Ég held að réttarfarsnefnd hafi fundið þarna nokkuð heppilegt form, — form sem væri nokkuð líklegt til þess að tryggja eðlilega starfshætti við rannsóknir mála og skapa nauðsynlegt aðhald án þess að „terrorísera“ þjóðfélagið með lögregluvaldi. Ég hef þó fallist á það að standa að brtt. við þetta annars ágæta frv. ásamt með öðrum nm. til þess m. a. að tefja ekki málið í n. Allir þeir, sem tóku til máls í fyrra og eins núna þegar þetta frv. var lagt fram, lýstu fögnuði yfir frv. og stuðningi við það. Hefði mátt ætla að það hefði siglt hraðari byr í gegnum hv. d., og þar sem nú er liðið mjög að jólum, þá vil ég nota þetta tækifæri til þess að eggja hv. Ed. lögeggjan að láta nú hendur standa fram úr ermum við afgreiðslu málsins, þannig að þetta mál nái fram að ganga áður en jólaleyfi hefst. Vafalaust er þetta ekki alfullkomið og þessi lagasetning, og það er sjálfsagt margt sem reynslan verður að skera úr um. Þetta er ekki endanleg frambúðarlagasetning og þar af leiðandi kemur hún vafalaust einhvern tíma til endurskoðunar.

Ég vil að lokum gera aths. við eitt orðskrípi sem er í þessu frv. og mér er tjáð að sé mjög notað í lagamáli. Það er orðið sökunautur, meira að segja í eignarfalli sökunauts. Ég held að þetta orð sé rangt myndað. Ég skil orð eins og rekkjunautur, því það tel ég vera rétt myndað, en sökunauts-nafnið er ekki endilega notað um þann samseka og ekki endilega um þann sem sannur er að því að hafa hagnast á sök eða saknæmu atferli, heldur er það í þessari lagasetningu notað um þann sem er borinn sökum og það finnst mér vera nokkuð annað en orðið gæti bent til í fljótu bragði. Á þessu vil ég vekja athygli.

Það væri freistandi að bæta nokkrum orðum við um hugleiðingar hv. þm. Svövu Jakobsdóttur um þann ósóma stjórnmálamanna og blaðaskúma að ætla að nota sér afbrotamál einhverra ógæfumanna sem pólitíska lyftistöng, en þá vil ég minna hana á, að farísear voru uppi fyrir 2000 árum og kann að vera að þeir séu það enn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að gerast hér langorður um dómsmál almennt. Ég held ég hafi talað þegar nokkuð langt mál um þau og auk þess eru ýmsir fjarstaddir sem mér mundi þykja hlýða að væru nærstaddir ef ætti að taka þau mál sérstaklega fyrir. Ég get þó ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um þau mál í tilefni af þeirri ræðu sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir flutti hér áðan. Staðreyndin er nefnilega sú, að þeir, sem gagnrýnt hafa ásigkomulag dómsmála og lögreglumála hér í þessu landi, hafa ekki verið að krefjast þess að refsingar væru hertar eða völd lögreglunnar aukin, heldur hins, að lögum, sem sett hafa verið hér á Alþ., m. a. með atkv. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, yrði framfylgt. Ef hv. þm. er þeirrar skoðunar, að ef lögum landsins sé framfylgt, þá sé á Íslandi lögregluríki, þá á hún auðvitað að berjast fyrir því að breyta þessum lögum. Ég er hræddur um að þarna sé um talsverðan misskilning hjá hv. þm. að ræða, sem hún auðvitað getur fengið leiðréttan, einfaldlega annaðhvort með viðræðum við þá menn, sem hafa gagnrýnt ástand dómsmála hér, eða með því að lesa ræður þeirra eða skrif.

Það, sem verið er að berjast fyrir, er að lögin í landinu taki jafnt til allra, hvort heldur maður er ríkur eða fátækur, flokksleysingi eða flokksbundinn í hinum eða þessum flokknum. Ég vil benda hv. þm. á það, sem ég trúi að beri hagsmuni láglaunafólks fyrir brjósti og vilji jafnrétti í þjóðfélaginu, að það getur líka verið þörf á að berjast fyrir því að menn séu jafnir fyrir lögunum. Og ég vil benda hv. þm. á það, að þegar dómstólakerfið er kannske 10 eða 15 ár að reka mál sem enginn botn fæst í, þá er sá málarekstur ekki gegn láglaunafólkinu. Það er ekki láglaunafólkið sem nýtur þeirra — eigum

við að segja: vafasömu hlunninda að mál manna skuli geta verið meira en áratug í meðferð hjá dómsmálakerfinu án þess að þeir þurfi að sæta réttmætum dómi fyrir unnin afbrot. Það er ekki láglaunafólkið sem við erum að snúa geiri okkar að í þessu sambandi. Ég vil einnig benda hv. þm. á að það hefur komið fram, m. a. hjá ríkissaksóknara, að ef afbrotamál, einkum og sér í lagi fjársvikamál, séu af ákveðinni stærð, þá hreinlega ráði dómskerfið ekki við að afgreiða þau mál út úr rannsókn, — verði að láta sér nægja, svo ég noti hans orðalag, að opna nokkra glugga, stinga höfðinu inn, líta á það svartnættismyrkur, sem þar er, og skella svo öllu í lás. (Gripið fram í.) Þetta er ekki til hagsbóta fyrir láglaunafólk, að ef fjárplógsmaður brýtur nægilega mikið af sér, þá sé ástandið þannig að hann þurfi ekki að sæta refsingu fyrir nema hluta af broti sínu. Og ég trúi því seint, ekki fyrr en ég tek á, að það sé meining Alþb., flokks þessa hv. þm., að slíkt ástand sé eðlilegt og þeir, sem leyfi sér að gagnrýna slíkt ástand, séu aðeins pólitískir upphlaupa- og ævintýramenn. Ég hefði frekar átt von á því, að hv. alþb.-menn — og trúi því að þeir geri það margir — stæðu við hliðina á okkur og berðust fyrir því að lögin verði jöfn fyrir alla og allir standi jafnir fyrir lögunum. Ég trúi því einnig, enda hefur þessi hv. þm. sýnt það þegar til hennar kasta hefur komið hér á Alþ. í slíkum málum, að hún sé reiðubúin til liðs við okkur í því, og ég held að þessi ræða hennar hér áðan hafi verið byggð á misskilningi.

Þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um það frv. sem hér er lagt fyrir. Ég var einn af þeim, sem hvöttu mjög til þess að frv. yrði afgr. á síðasta þingi, og ég ætla ekki að tefja framgang þess nú með því að halda langar ræður um þetta frv. Ég vil aðeins benda mönnum á það, að okkur hefur verið tjáð það í allshn. og ég sé enga ástæðu til þess að draga í efa að það sé rétt, að eitthvert erfiðasta verkefni löggjafarsamkomu eða í lagasetningu og lagasmíð sé að setja nýjar réttarfarsreglur, það sé raunar ógerningur að dæma um það fyrir fram hvernig til tekst, aðeins reynslan ein geti skorið endanlega úr um hver árangurinn verður. Það er gert ráð fyrir því, bæði af allshn. og af réttarfarsnefnd og af hæstv. dómsmrh. sjálfum, að þessi frv., frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins og meðferð opinberra mála og önnur fylgifrv. rannsóknarlögreglufrv., verði tekin til endurskoðunar að reynslutíma loknum. Hæstv. ráðh. og réttarfarsnefnd og þau embætti, sem um þessi mál eiga að fjalla, munu fylgjast með því, hver reynslan verður af þessum frv., og taka þau síðan til endurskoðunar að fenginni þeirri reynslu og til lagfæringar. Og ég a. m. k. vil trúa því, að allshn.-menn, sem sýnt hafa þessu máli mikinn áhuga, vilji fyrir sitt leyti standa vel í ístaðinu að þessu leytinu til, þeir muni sjálfir reyna að fylgjast eitthvað með því hvernig framgangur þessara mála verður.

Út af þessu, sem ég hef sagt, og einmitt vegna þess vil ég leggja áherslu á það, að þó að menn sjái e. t. v. smávægilega meinbugi á lögunum eins og frv. er nú, þá láti menn það ekki verða til þess að tefja endanlega afgreiðslu málsins, ekki síst þar sem liggur fyrir yfirlýsing þeirra, sem frv. hafa samið og það eiga að framkvæma, að hér sé um tilraunaverk að ræða sem reynslan verði látin dæma.

Þegar ég sagði það, bæði nú í vetur og í fyrravetur, að ég mundi stuðla að því að þessi frv. yrðu samþ. fljótt og vel, þá um leið undirgekkst ég að gera að mínu leyti ekki till. um verulegar breytingar á frv., nema ég væri sannfærður um það, og sannfærður um það m. a. með ráðleggingum og áliti þeirra manna, sem gerst eiga að vita, að þær breyt. mundu verða til bóta.

Af þeim erindum og umsögnum, sem allshn. hefur fengið um þetta frv., hefur verið ein umsögn sem ég get upplýst að ég var talsvert veikur fyrir að taka upp og beitti mér raunar fyrir í n. að yrði athugað sérstaklega, þó að niðurstaðan hafi orðið sú, að n. taldi ekki rétt að gera þá breyt., en það er ábending lagadeildar Háskóla Íslands um hvernig yfirstjórn þessarar stofnunar skuli vera hagað. Á fund n. komu prófessorar við lagadeild Háskólans með ákveðin tilmæli um breyt. á þessu frv., en þau tilmæli höfðu áður verið rædd í Lögfræðingafélagi Íslands og þeim verið þar a. m. k. ekki á móti mælt. Þeir bentu á, lagadeildarmenn, að eins og yfirstjórn lögreglumála væri nú háttað mætti raunar skipta lögreglunni í tvo hópa: annars vegar hina almennu lögreglu sem lýtur algjörri yfirstjórn dómsmrh. að því leyti til, að ráðh. hefur íhlutunarrétt um öll störf þeirrar lögreglu, hins vegar rannsóknarlögregluna sem lýtur yfirstjórn sakadómara í Reykjavík. En eins og menn vita er embætti sakadómara dómstóll, og pólitískur ráðh. hefur því ekki beina yfirstjórn yfir sakadómara að öðru leyti heldur en hreina „administrativa" yfirstjórn. Pólitískur ráðh. getur ekki fett fingur út í eitt eða neitt sem dómstóll gerir. Þar sem rannsóknarlögreglan var undir stjórn sakadómara gat dómsmrh. hver svo sem það er, — ég er ekki að telja það líklegra að einn ráðh. mundi gera þetta frekar en annar, — en dómsmrh. gat ekki haft nein afskipti af daglegum störfum rannsóknarlögreglunnar. Með þeirri breyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, liggur beinast við að álykta að þarna sé raunar verið að gera yfirstjórn rannsóknarlögreglunnar hliðstæða yfirstjórn almennu lögreglunnar þar eð rannsóknarlögreglustjóri ríkisins á að vera undir yfirstjórn dómsmrh. Þeir lagadeildarmenn óttuðust þetta ákvæði, bentu á að þarna væri verið að breyta til frá gildandi skipan og gæti verið hætta á að einhver dómsmrh., — alls ekki sá dómsmrh., sem nú situr, frekar en hver annar, — að einhver dómsmrh. kynni að líta svo á að með þessu hefði hann heimild til þess að skipta sér af daglegum störfum rannsóknarlögreglunnar, — heimild sem ráðh. hefur ekki nú. Lagadeildarmenn töldu eðlilegt að afstöðu rannsóknarlögreglustjóra ríkisins til dómsmrh. væri á svipaðan veg farið og afstöðu ríkissaksóknara til ráðh., þ. e. a. s. rannsóknarlögreglustjóri og rannsóknarlögreglan væru sjálfstæð embætti, sem aðeins lytu, ef má nota það orð, „administratívri" yfirstjórn dómsmrh. Og þeir lagadeildarmenn lögðu til við n. að þessi breyt. yrði gerð á 1. gr. frv.

Þetta var sérstaklega rætt við réttarfarsnefnd og fulltrúa dómsmrn. Þessir aðilar töldu að

þetta sjónarmið lagadeildar Háskólans væri út af fyrir sig alveg rétt. Hins vegar lýstu þeir því yfir, að þegar þeir sömdu þetta frv. hefðu þeir gengið út frá því sem gefnu að sú yfirstjórn, sem til er tekið í 1. frvgr. hver eigi að vera, ætti aðeins að vera, svo maður noti þetta erlenda orð aftur, „administrativ" yfirstjórn, þ. e. a. s. dómsmrh. væri að vísu yfirmaður rannsóknarlögreglunnar, en það vald hans ætti ekki að ná til dæmis í þá veru að hann gæti haft einhver afskipti af störfum rannsóknarlögreglunnar eða beitt einhverjum áhrifum við rannsóknarlögreglustjóra til þess að hann annaðhvort gerði eitthvað eða léti eitthvað ógert. Það er einnig einróma skoðun allshn. að þannig beri að skilja þetta ákvæði frv. Ég vil aðeins árétta þetta til þess að láta það koma skýrt fram í þingtíðindum að þetta er álit allshn., eins og hv. form. allshn. og frsm. tók fram í sinni ræðu, að þannig beri að skilja þetta ákvæði, þó að allshn. hafi ekki talið rétt að breyta frv. að till. lagadeildarmanna. Eftir að n. hafði rætt við þá aðila, sem sömdu frv., er það álit hennar allrar og álit þeirrar n., sem frv. samdi, að ákvæðin um yfirstjórn dómsmrh. yfir rannsóknarlögreglunni þýði aðeins almenna og takmarkaða yfirstjórn, en alls ekki það, að dómsmrh., hver sem hann verður, eigi nokkurn tíma að hafa heimild til þess að skipta sér beint af störfum rannsóknarlögreglu eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, hvorki til þess að segja honum fyrir verkum um hvaða mál hann eigi að rannsaka, hvernig hann eigi að rannsaka þau, hvenær hann eigi að rannsaka þau né hvað hann á að láta ógert. Ég vil sérstaklega taka þetta fram, m. a. til þess að skýra það að ég ber ekki fram brtt. í þá átt sem álit lagadeildar Háskólans gekk út á, en ætla að láta nægja að taka þetta sérstaklega fram, þar sem ég veit það og hef orð þeirra, sem fundi allshn. hafa setið, fyrir því, að þetta er þeirra skilningur á frv. Þetta er þeirra vilji þegar þeir leggja frv. fram að lokinni athugun og mæla með samþykkt með ákveðnum breytingum.

Aðeins örfá orð um þær brtt. sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir lagði fram og lýsti áðan.

Í fyrsta lagi er ákvæðið um að taka Keflavík og Keflavíkurflugvöll inn í umdæmi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Mér finnst þetta mjög rétt ábending og get út af fyrir sig fallist á hana. Hins vegar vil ég taka það fram, að þetta er einnig álit hæstv. dómsmrh. Allshn. hefur borist vitneskja um að hæstv. ráðh. vill hafa þetta svona og hyggst hafa þetta svona. Hann óskaði hins vegar sérstaklega eftir því við allshn. að hann fengi ásamt væntanlegum yfirmanni rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa nokkur áhrif á það hvenær þetta yrði gert, ekki vegna þess að hann ætlaði sér að draga þetta eða hefði ekki áhuga á því að gera þetta, heldur einfaldlega vegna þess að það er ætlast til að þessi ákvæði um rannsóknarlögregluna, þ. e. a. s. stofnsetning rannsóknarlögreglustjóraembættisins, komi til framkvæmda um mitt ár 1977, og þá getur vel farið svo, á þeim skamma tíma sem eftir er, svo maður tali nú ekki um það ef hv. Ed. gefur sér álíka góðan tíma til athugunar á málinu og þessi hv. d. hefur gert, — þá getur mjög vel farið svo að hið nýja embætti, rannsóknarlögregla ríkisins, sé þess ekki búin að taka einnig þetta svæði að sér á þeim tíma sem lögin gera ráð fyrir. Ég tel enga ástæðu til þess að trúa því ekki, að hæstv. dómsmrh. hafi fullan og einlægan áhuga á því að taka einnig Keflavík og Keflavíkurflugvöll undir rannsóknarlögreglu ríkisins eða inn í umdæmi hennar, og sé enga ástæðu til þess að neita eindreginni beiðni hans til allshn. um það, að hann og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins fái í sameiningu að ákveða hvenær þetta verður gert, ekki síst þegar hæstv. ráðh. er búinn að lýsa því til viðbótar yfir við n. að hann muni láta gera þessa breytingu eins fljótt og hann telji nokkurn möguleika á. Það er því ekki ágreiningur í allshn. um hvort þetta eigi að gera, hvort umdæmi rannsóknarlögreglustjóra eigi að ná til Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar, heldur er aðeins meiningarmunur um það, að allshn.-menn, að undanteknum hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, hafa viljað verða við þeirri ósk hæstv. dómsmrh. að hann og væntanlegur rannsóknarlögreglustjóri fengju að meta hvenær þetta væri unnt, hvenær tæknilega væri unnt að gera þetta. Þegar liggur fyrir loforð hæstv. ráðh. um að þetta verði gert hið fyrsta sem hann telur möguleika á.

Síðari till. hv. þm. lýtur að því að skylda dómstóla eða auka skyldur þeirra til að skipa sakborningi, réttargæslumann. Ég er sammála hv. þm. Páli Péturssyni um að þetta er ljótt orð: sökunautur, og við gerðum tilraun til þess að fá því breytt, en okkur var skýrt frá því að þá þyrfti ekki aðeins að breyta orðalagi í þessum lögum, heldur í öllum lögum þar sem þessi hugmynd kemur fyrir, svo sem í almennum hegningarlögum, og út í það lögðum við hreinlega ekki, m. a. til þess að tefja ekki málið frekar en orðið er. En sem sé, till. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur lýtur að því að aukin verði skylda dómstóla til þess að skipa sakborningi réttargæslumann við yfirheyrslur hjá lögreglu, annaðhvort rannsóknarlögreglu eða almennri lögreglu. Það er rétt hjá hv. þm., að lagadeildin lagði mikið upp úr því að þessi heimild yrði veitt. Lagadeildin lagði mikið upp úr því að dómara yrði heimilað að skipa sökunaut, eins og þeir segja, sakborningi, eins og ég vil kalla, réttargæslumann við yfirheyrslu hjá lögreglu, rannsóknarlögreglu eða almennri lögregu. Hins vegar er það ekki rétt, að lagadeild Háskólans hafi viljað ganga mjög langt í þessu efni, einfaldlega vegna þess að þarna er átt við að sakborningur geti, ef hann óskar þess, fengið skipaðan réttargæslumann til þess að vera við yfirheyrslur, ekki bara yfir sakborningi sjálfum, heldur öllum hugsanlegum vitnum sem viðkomandi lögregla teldi sér nauðsynlegt að yfirheyra í sambandi við viðkomandi mál. Og mér er fullkunnugt um það, að þeir lagadeildarmenn voru talsvert á báðum áttum um hversu rík skylda dómara ætti að vera í þessu efni.

Það er auðvitað ljóst, — ég held að það þurfi ekki neinn lagaspeking til að sjá það, heldur bara sæmilega heilbrigða skynsemi, — að það er mjög líklegt að í flestum, ef ekki öllum tilvikum, a. m. k. öllum tilvikum þar sem er um alvarleg afbrotamál að ræða, þá muni sakborningur óska þess að fá skipaðan réttargæslumann

til þess að hlýða á yfirheyrslur, ekki aðeins yfir sjálfum sér, heldur yfir öllum mögulegum vitnum, á fyrsta stigi málsins, þ. e. a. s. allt frá því að viðkomandi vitni er fyrst kallað fyrir. Það má líka ganga út frá því að t. d. ríkissaksóknari hafi oft á móti þessari ósk.

Þarna stangast sem sé á sjónarmið annars vegar — við getum sagt ákæruvaldsins, sem vill upplýsa mál án allt of mikilla vafninga og er kannske hætt við að gangi of langt í þeim sökum, og hins vegar sakbornings sem hugsanlega er sekur, en vill nota hvert tækifæri, sem honum býðst, til þess að drepa því máli á dreif. Og hver á að skera þarna úr? Það getur að sjálfsögðu enginn gert nema hinn hlutlausi dómari sem á að kveða upp dóminn og hefur ekki lengur rannsóknina í sínum höndum, er ekki lengur hluti af rannsóknar- eða ákæruvaldi. Það er hann sem verður að vega það og meta og kveða upp úrskurð um það, hvort krafa sakborningsins sé eðlileg og nauðsynleg, hvort eigi að verða við ósk hans um að veita honum þessa ákveðnu vernd eða hvort vera kunni að þessi ósk og þessi tilmæli spilli því að hið sanna og rétta komi fram.

Tillögur þeirra lagadeildarmanna voru á þá lund — ég hygg ég fari þar alveg rétt með — að þetta vald ætti að láta í hendur hins hlutlausa dómara, en mjög varasamt og vafasamt væri að kveða mjög strangt á í lögum um skyldu dómara í þessu tilviki, því að dómari mundi þá ganga frekar lengra en skemmra í því að veita sakborningi þennan rétt. Það má vel vera, — það er kannske rangt munað hjá mér, — það má vel vera að þeir lagadeildarmenn hafi getað fallist á að auka þessa skyldu nokkuð, en mig minnir þó að svo hafi ekki verið. Ég er út af fyrir sig ekkert á móti því að fá sakborningum þennan rétt. Mér finnst sjálfsagt að þeir geti leitað réttar síns í þessu sambandi. En ég vil mjög vara við því, að þarna sé verið að leggja þrýsting á annan hvorn veginn á hinn hlutlausa dómara sem á að vega og meta hvað er rétt og réttlátt í þessu sambandi, og kýs því heldur að halda mér við ákvæði frv. eftir þá breyt. sem á því var gerð að tilmælum lagadeildar Háskólans, ekki síst fyrir það að þeir lagadeildarmenn hafa fullyrt á fundi allshn. að þau ákvæði, sem sett hafa verið í frv. að þeirra beiðni, og eru í frv. nú, séu í samræmi við þau ákvæði sem gilda um þetta efni í helstu nágrannalöndum okkar, þar sem almennt er viðurkennt að réttaröryggi sé hvað mest og tryggast.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið rætt og reifað það ítarlega að það er ekki ástæða til að fara um það mörgum fleiri orðum. Þó vil ég vitna til þess sem ég hef áður sagt í þessu máli.

Ég undrast tvennt við þessa 2. umr. málsins: Í fyrsta lagi að hæstv. dómsmrh. skuli vera fjarverandi. Mér hefði fundist eðlilegt að hann hefði annaðhvort fylgst með umr. hér í sölum Alþ. eða þá að umr. hefði verið frestað ef hann getur ekki verið viðstaddur. Í öðru lagi undrast ég nokkuð ræðu hv. 5. landsk. þm. sem hún flutti hér áðan, frú Svövu Jakobsdóttur. Í allshn. verð ég að segja að hún hefur verið eins og ljós að því leyti, að hún hefur fylgst með málinu og reynt að kryfja það til mergjar og afla sér upplýsinga um þessa hluti. En þegar hún kemur hér í ræðustól við 2. umr. málsins setur allt í einu að henni hroll mikinn sem hún verður að veita útrás í pólitískum umr. á heldur lágu plani. En látum þetta lönd og leið.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið, en vil geta þess þó, að ég er ekki að öllu leyti ánægður með þetta frv., eins og ég hef gert grein fyrir áður. Það er sérstaklega að því er varðar samband hinnar almennu lögreglu og rannsóknarlögreglu. Ég vil taka það fram enn einu sinni, að í sjálfu sér er enginn eðlismunur á starfi hins almenna einkennisklædda lögreglumanns og rannsóknarlögreglumanns. Það er því rétt og eðlilegt, sem fram kemur í umsögn Landssambands lögreglumanna, að þeir eru nokkuð uggandi yfir þessari skiptingu lögreglu í tvo aðskilda starfshópa sem virðist eiga að halda áfram, þar sem hvor lýtur sinni yfirstjórn. Tel ég það síst til þess fallið að auka samstarfið innan löggæslunnar sem er þó svo afskaplega mikilvægt í þessum málum. Í raun og veru er lögreglan ein heild. Hitt er svo annað mál, að þar sem fólki fjölgar, þéttbýli myndast og þenst út og verkefni vaxa kemur eðlileg starfsskipting af sjálfu sér. Lögreglumaður, hvort heldur hann ber einkennisbúning eða klæðist borgaralegum fötum, sem kann skil á sínu hlutverki, þekkir umhverfi sitt, íbúa þess og aðstæður allar, er oft og einatt hinn ákjósanlegasti rannsóknarlögreglumaður. Þetta hafa mörg dæmi sýnt og sannað.

En þó að ég hafi gert nokkrar athugasemdir við þetta frv. og hafi eitt og annað við það að athuga, tel ég það þó horfa til þeirra endurbóta að rétt sé að veita því stuðning.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það hefur heldur betur komið við kaunin í hv. samnefndarmönnum, stjórnarsinnum og þm. Alþfl., að ég skyldi rifja upp málflutninginn sem þeir hafa tíðkað í þessum málum. Mér þykir vænt um að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur allt í einu orðað hér að áhugi hans með öllum þessum umr. væri það, að allir væru jafnir fyrir lögunum. Ég minnist þess ekki að ég hafi heyrt hann bera það fyrr. Mér hefur fundist Alþfl. hafa ummyndast í fimmhöfðaðan lögfræðing með ofurtrú á dómsvaldi til þess að bæta það þjóðfélag sem við lifum í, og þeir virðast nokkuð viðkvæmir fyrir því, þegar þeir eru minntir á að það kunni að vera aðrar úrbætur sem úrslitum ráða í þessu efni. En batnandi manni er best að lifa.

Ég kvaddi mér nú aðallega hljóðs vegna þeirra ummæla sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafði um brtt. mína við frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, þar sem ég legg til að heimild dómara til að skipa sakborningi réttargæslumann verði breytt í skyldu. Ég veit að það þjónar afskaplega litlum tilgangi að deila hér um fullyrðingar sem komið hafa fram munnlega á fundum. Þar stendur fullyrðing gegn fullyrðingu. Þó vil ég enn standa fast

við það sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Ég innti fulltrúa lagadeildar eftir því, hvort það væri ekki hugsanlega rétt að gera þetta að skyldu, og sá fulltrúi, sem svaraði mér, var Stefán Már Stefánsson. Hann sagði, eins og ég tók fram áðan, að það kæmi vel til greina að gera það, og ég vænti þess að þeir nm., sem hlýddu á svar hans, muni bera það að ég fer hér með rétt mál. Ég held að þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson athugar þetta frv. betur, sem við erum nú að afgr. frá okkur, þá hefur dómari þrátt fyrir brtt. mína full tök á málinu, á yfirheyrslum og öðru, því að í 15. gr. stendur að réttargæslumaður skuli vera viðstaddur yfirheyrslu þyki það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Þar með hefur dómarinn auðvitað fullt vald á því, hvernig framgangi málsins er háttað. Það er hans mat sem ræður því hvort réttargæslumaður er viðstaddur eða ekki. Og mér þykir leitt að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skuli ekki geta fylgt þessari brtt. minni, þar eð ég tel að hún muni koma helst til góða þeim sakborningum sem eru umkomulausir og þekkja ekki þær flækjur réttarkerfis sem þjálfaðir glæpamenn kunna á.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki miklu að bæta af minni hálfu við það sem fram kom í framsöguræðu minni. Við höfum heyrt hér að nm. hafa tjáð sig annars vegar á þá leið, að þeir hefðu talið æskilegt að frv. hefði verið látið haldast óbreytt frá því sem það var lagt fram, og hins vegar, að miklu meira hefði þurft að breyta í frv. til þess að þeir hefðu verið fullkomlega sáttir við það. Þetta sýnir aðeins að hér togast á sjónarmið sem eiga sér rætur og eiga sér hljómgrunn víðar heldur en hér meðal alþm. Ég held þess vegna að eftir atvikum hafi allshn. fundið réttu leiðina, þannig að menn geti verið sæmilega sáttir með frv., eins og reyndar kemur fram í því að viðkomandi nm. skrifa undir nál. og mæla með samþykkt frv. eins og það nú lítur út með breytingum allshn.

Það er rétt hjá þeim sem hafa hér látið í ljós þær skoðanir að mörgu megi betur hagræða í þessum málum en verið hefur fram að þessu. En n. tók þá afstöðu að reyna að breyta sem allra minnstu, og var það gert með tilliti til þess að nauðsyn væri af réttarfarsástæðum og vegna ástands í rannsóknarmálum yfirleitt að hraða afgreiðslu þessa frv. (Gripið fram í.) Ég kem aðeins að því á eftir.

Hins vegar vil ég aðeins segja það vegna ummæla Páls Péturssonar, að jafnvel þótt n. hefði engu breytt, hefði samþ. frv. hingað inn í þingið eins og það var lagt fram upphaflega, þá er sá tími, sem n. hefur gefið sér til að athuga þetta mál, fullkomlega réttmætur, og það er ekki mælikvarði um það, hvort n. hefur unnið vel að máli eða ekki, hversu margar brtt. hún leggur fram við viðkomandi mál. Og ég hygg að meðnm. mínir geti verið mér sammála um það, að þetta mál hefur fengið gaumgæfilega skoðun í nefndinni og við erum miklu fróðari um þetta mál heldur en áður eftir yfirferð okkar.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir leggur hér fram tvær brtt.: Annars vegar við frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi 3. gr., að bætt skuli inn Keflavík og Keflavíkurflugvelli. Hér er ekki um mikinn efniságreining að ræða, þar sem n. sem slík hefur gert að till. sinni að þessi tvö umdæmi verði tekin inn, þótt síðar verði, samkv. ákvörðun ráðh. Þetta er spurning um aðferð og hvenær þessi ákvörðun verði tekin. N. lagði til að ráðh. væri gefinn meiri umþóttunartími vegna þessara tveggja umdæma, m. a. vegna þess að Keflavíkurflugvöllur heyrir ekki undir dómsmrn., heldur utanrrn., svo að af ýmsum tæknilegum ástæðum er hugsanlegt að meiri tíma þurfi til að laga þessa breyt. að nýju kerfi. Af þessum ástæðum er till. n. svo orðuð sem á þskj. sést.

Varðandi hina till., sem er breyt. á frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, sem þau hafa fjallað lítillega um, hv. þm. Svava Jakobsdóttir og Sighvatur Björgvinsson, þá skal ég ekki fara að fullyrða hér úr ræðustól hvaða meiningar voru settar fram af hálfu þeirra sem við töluðum við. Ég man það ekki mjög glöggt. Ég get hins vegar staðfest að Stefán Már Stefánsson og þeir fulltrúar lagadeildarinnar létu orð falla í þá átt, að út af fyrir sig væri mögulegt að breyta í þá átt sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir er að tala um. En þeir bentu í leiðinni á ýmsa vankanta við það líka, m. a. það sem Sighvatur Björgvinsson hefur talað hér um, að það séu vissir erfiðleikar stundum á því að skylda dómara beinlínis til þess að skipa réttargæslumann, og svo líka hitt, að með því að skipa réttargæslumann er það kostnaður sem greiddur er af ríkissjóði. Þeir vöktu athygli á því, sem í lögum er, að hver sakborningur, hver sá sem er tekinn til yfirheyrslu af rannsóknarlögreglu eða dómurum, hann hefur auðvitað rétt til þess að ráða sér sjálfur sinn verjanda. Undir öllum kringumstæðum geta því viðkomandi aðilar kallað til lögfróða menn sér til aðstoðar og ráðuneytis. Að því leyti vernda lögin þann rétt manna. Og ég er þeirrar skoðunar að það sé farsælla að hafa lögin eins og n. hefur lagt til.

Mér þótti ræða hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, sem hún flutti hér áðan, að mörgu leyti fróðleg og athyglisverð. Að vísu þurfti sérstaka lagni af hennar hálfu til þess að koma litasjónvarpi og varnarliði og deilu milli stjórnarflokka inn í þessar umr. Ég mun að gefnu tilefni forðast að tala um Bandaríkin, svo að mér verði ekki legið á hálsi fyrir að taka upp hanskann fyrir þau einu sinni enn. En auðvitað er nauðsynlegt að setja þessi mál í félagslegt samhengi, og ég vék að því áðan í minni framsöguræðu, að enda þótt við gerum úrbætur í dómsmálum, þá leysir það ekki þann vanda og þau vandamál sem uppi eru í þjóðfélaginu hvað snertir afbrot og siðferðisbrest hjá fólki. Þar þarf að leita orsaka og lausna annars staðar en endilega með því að breyta fyrirkomulagi í dómskerfinu sem slíku.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir vék hér að peningahyggju og taldi hana vera eina helstu orsök þeirrar upplausnar sem ríkir í þjóðfélaginu. Það er sjálfsagt nokkuð til í því. En hvað er þá peningahyggja? Er ekki peningahyggjan afleiðing af nútímaþjóðfélagi? Hún er velferðin í þjóðfélaginu, hin auknu þægindi. Fólk hefur meiri fjárráð. Og ég get ímyndað mér að hver einasti

alþm., jafnvel Svava Jakobsdóttir líka, sé mér sammála um að við viljum ekki hverfa aftur til þess þjóðfélags sem áður ríkti, þegar velferðin og velmegunin var minni. Við lifum í velferðarþjóðfélagi, og það fylgja því bæði kostir og gallar. Gallarnir eru m. a. þeir, að fólk leggur meira upp úr veraldlegum verðmætum eins og peningum og þægindum í kringum sig, og við það verður í sjálfu sér ekki ráðið. Við sjáum einnig þegar hagsmunahópar í þessu þjóðfélagi hittast og koma saman á þing, sbr. ASÍ-þingið, þá er ekki mikið talað um siðferðið og bætur á því, heldur beinist athyglin auðvitað fyrst og fremst að kjaramálum og hinum veraldlegu gæðum.

Í sambandi við félagslegar lausnir og félagslegt samhengi, þá vil ég aðeins segja það sem mína skoðun, að ég tel að við ættum að líta til heimilanna og hlutverks þeirra. Við ættum að skoða vel fræðslumálin, uppeldismálin, skólamálin. Við eigum að stuðla að réttlátu réttarfari. Við eigum ekki að egna stétt gegn sétt eða ímynda okkur óvini og vonda menn í hverju horni, heldur eigum við að reyna að sætta fólk og auka félagsþroska þess og koma þjóðfélaginu, sérstaklega unga fólkinu í skilning um það, að það er enginn sem vill öðrum illt þegar allt kemur til alls. Við erum hér í litlu þjóðfélagi sem okkur þykir vænt um og viljum lifa í, og það er æskilegast og farsælast að við reynum að efla bróðerni og jákvæðan hugsunarhátt hjá fólkinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 12, n. 119, 120, 129). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 13, n. 121, 122).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 29. fundur.

Þriðjudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Geðdeild Landsspítalans, fsp. (þskj. 74). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 74 svo hljóðandi fyrirspurn til heilbrrh. um geðdeild Landsspítalans. Fyrirspurnin er í þremur liðum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað líður byggingu geðdeildar Landsspítalans?
2. Hve mörg sjúkrarúm fyrir geðsjúka skortir og hvenær verður hægt að taka sjúkrarúm væntanlegrar geðdeildar í notkun?
3. Hvenær áætlar ríkisstj. að geðdeildarbyggingunni verði lokið?“

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa fyrirspurn, er sú, að mér finnst ekki alveg ljóst af fjárlagafrv. hver ætlunin er í þessu efni nú, hvort fram er haldið á sömu braut og áður hafði verið mörkuð. Sú er þó raunar von mín, svo tryggilega sem ég taldi að brautin hefði verið mörkuð.

Ég hlýt að flytja skýringu fyrir þessu máli mínu, því að kannske virðist allóvenjulegt að stjórnarþm. sé að flytja þinglega fyrirspurn til ráðh. um áhugamál sín. En sannleikurinn er sá, að hér er um vandamál að ræða sem ég hef haft fyrir augum frá því að ég man eftir mér, ef svo má segja. Og alla tíð frá því að ég man eftir því fyrst í minni bernsku að hafa komið út fyrir heimili foreldra minna hef ég orðið þess vör, bæði meðal barna og fullorðinna, að það skortir mikið á skilning fólks gagnvart þeim erfiðleikum sem geðsjúkt fólk á við að etja. Í stuttu máli er hægt að segja, að þessi hópur fólks er í stanslausri vörn. Til viðbótar þeim erfiðleikum sem það á í vegna síns sjúkdóms, kvíða fyrir því að ná e. t. v. ekki fullum bata, — til viðbótar þessu kemur það, að stöðugur kvíði nagar vegna þess að viðkomandi verði e. t. v. ekki meðtekinn í samfélag venjulegs fólks, jafnvel þó hann nái fullum bata. Þessi hefur því miður oft orðið raunin á. Ég held þó, að mikið hafi lagast á þessu sviði, og hafði raunar fengið trú á því og treyst því, að stjórnmálamenn hefðu raunverulega opnað augun fyrir þessum vanda. Þeir strengdu þess heit að taka þessi málefni upp á arma sína. Það gera ekki aðrir, því að þetta fólk getur ekki myndað eigin þrýstihóp og nánustu vandamenn þess eiga í of miklum erfiðleikum til að þeir myndi þrýstihóp. Þess vegna á þessi hópur sjúklinga hvergi skjóls að vænta nema hjá stjórnmálamönnum, og skilningur stjórnmálamanna verður að byggjast á því að þeir átti sig á við hver vandamál er hér raunverulega að etja. Það þýðir ekkert að velta því fyrir sér hversu mörg atkvæði fylgi lausn þessara vandamála. Það er ekki víst að þau séu nein. Hins vegar er hér um mál að ræða sem stjórnmálamennirnir bera ábyrgð á hvort leyst verða eða ekki.

Fyrsti heilbrrh., sem raunverulega tók skarið af um að eitthvað verulegt skyldi gert á þessu sviði heilbrigðismála, var Jóhann Hafstein sem hér situr nú sem þm. Í yfirliti um sjúkrahúsbyggingar ríkisins 1965—1966 sagði, að ákveðið væri að koma fyrir sérstakri byggingu fyrir geðsjúkradeild á landsspítalalóðinni sem þá var verið að skipuleggja. Með þessari ákvörðun var í sjálfu sér brotið blað í sögu geðsjúkramála á Íslandi. Þessi ákvörðun sýndi að það átti að láta þessa tegund lækninga njóta jafnréttis á við aðrar lækningar. Hún sýndi að það var kominn skilningur fyrir því að hér var um verulegt og alvarlegt vandamál að ræða, hér var um grein læknisfræði að ræða sem læknar almennt urðu að fá góða fræðslu í til þess að geta sinnt sínum vandasömu störfum úti um allt land.

Í fréttatilkynningu um heilbrigðismál frá því í des. 1969 sagði að geðdeild við Landsspítalann væri fyrirhuguð næsta byggingarframkvæmd heilbrigðisstofnana á landsspítalalóðinni. Um þetta leyti komu, að ég held, öll stjórnmálasamtök í kjölfarið með ályktanir og yfirlýsingar um það,

að málefni geðsjúkra væru stærsti vandi sem við blasti á sviði heilbrigðismála og yrði að vinda bráðan bug að lausn þess vanda. Í ályktun landsfundar Sjálfstfl., sem ég man best eftir, var skýr og skorinorð yfirlýsing um það, að næsta stórframkvæmd á vegum ríkisspítalanna væri geðdeild Landsspítalans. Þá var í byggingu fæðingardeild Landsspítalans, og þá voru allir sammála um það, að að henni lokinni skyldi geðdeild Landsspítalans taka við. Vinstri stjórnin, sem ég hef nú yfirleitt ekki tilhneigingu til að tala hlýlega um, hafði vit á því að taka þetta málefni upp í sinn fræga stjórnarsáttmála, og þá var gerð áætlun um það og þessi bygging fullhönnuð. Áætlun var gerð um það, að hún skyldi reist í einu stóru átaki á þremur árum.

Ég verð að segja það hæstv. núv. landbrh. og hv. 3. þm. Reykv. til hróss, sem þá voru fjmrh. og heilbrrh., að þeir sýndu þessu máli einlægan stuðning og fjárveitingar fengust þannig að framkvæmdin gat hafist með þeim hraða sem ætlað var. Nú vitum við að miklir erfiðleikar steðjuðu að í fjármálum í fyrra. Þeir eru að vísu enn fyrir hendi, en ástæða er til að spyrja um það sem segir í þessu þskj. Ég mun ekki misnota þann tíma, sem ég hef hér, til að ræða þetta mál frekar, hygg raunar að þess sé ekki þörf á þessu stigi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sambandi við þessa fyrirspurn, sem einskorðast við málefni geðdeildar Landsspítalans, vil ég minna á að óskað hefur verið eftir skýrslu um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu með tilvitnun til 31. gr. þingskapa. Gert er ráð fyrir að þegar sú skýrsla liggur fyrir og hefur verið útbýtt, þá verði umr. um hana. Málefni geðdeildar verða að sjálfsögðu einn þáttur þeirra upplýsinga sem fram koma í þessari skýrslu sem nú er verið vinna á vegum rn., en tekur að sjálfsögðu verulegan tíma þar sem um svo fjölþætt verkefni er að ræða.

Hvað líður byggingu geðdeildar Landsspítalans sérstaklega, þá er því til að svara, að frá því að byggingarframkvæmdir hófust á árinu 1974 hefur byggingin gengið fram með eðlilegum hætti fram á mitt ár 1976 og í samræmi við framkvæmdasamninga þar að lútandi.

Till. heilbr.- og trmrn. um fjárveitingar til geðdeildar á fjárlögum yfirstandandi árs voru lækkaðar í meðferð Alþ. úr 188 millj. kr. í 78 millj. kr., og olli þessi lækkun því að ekki var hægt í byrjun þessa árs að gera ráð fyrir öðru en að byggingarframkvæmdir við geðdeild mundu stöðvast þegar lokið var þáv. samningsáfanga, en það var að gera húsið fokhelt og glerja það.

Þegar í ljós kom á s. l. vori að aðrar framkvæmdir sem byggingarstjórn á lóð Landsspítala hafði með höndum, mundu tefjast vegna seinkunar í sambandi við nýtt skipulag Reykjavíkurborgar og færslu Hringbrautar, þá óskaði byggingarstjórn eftir því við Háskóla Íslands að heimilt yrði að nota hluta af fé því, sem gert var ráð fyrir að færi til bygginga vegna Háskólans á landsspítalalóð á þessu ári, til þess að halda áfram framkvæmdum við geðdeild Landsspítalans, og var gert ráð fyrir að fá að láni um 50 millj. kr. í þessu skyni. Samþykki fékkst til þessarar ráðstöfunar fjárins með því skilyrði að það yrði endurgreitt af fjárveitingu ársins 1977, og var hafist handa á s. l. vori um að gera útboðslýsingar að áframhaldandi vinnu við geðdeild. En það verður að upplýsa, að þessi aðferð við fjárveitingar hefur gert það að verkum að það hönnunarstarf, sem upphaflega var gert vegna geðdeildar, hefur hvergi nærri komið að þeim notum, sem upphaflega var gert ráð fyrir, vegna þess að bjóða hefur orðið út miklu minni byggingaráfanga en fyrirhugað var. Vinna við gerð þessara útboðsgagna fór fram á s. l. sumri og var lokið, þannig að útboð fór fram nú í haust og voru tilboð opnuð 15. nóv.

Það er ekki hægt að svara því á þessu stigi máls hvenær byggingu geðdeildar verður lokið. Eins og fyrr sagði, þá voru till. rn. um fjárveitingar til geðdeildar skornar mjög verulega niður í meðförum Alþ. á síðasta ári, og ég varð ekki var við það að neinn tæki það upp með heilbrrn. að mótmæla þeim niðurskurði við afgreiðslu fjárlaga.

Í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþ., eru fjárframlög til byggingar geðdeildar skorin niður úr 185 millj. í 125 millj. kr. eða um 60 millj. Samkv. þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að búa undir tréverk 3/5 byggingarinnar og var upprunalega reiknað með að það mundi kosta 80 millj. kr., en nú þegar tilboð hafa verið opnuð hefur komið í ljós að lægsta tilboðið er 100 millj. kr. Það mun þýða að nálægt sanni muni vera að með verðbótum nemi það nálægt 125 millj. kr. þegar verkinu á að vera lokið á næsta ári, þannig að það, sem nú er í fjárlagafrv., nægir ekki lengra en þetta.

Ég hef lagt á það mikla áherslu, bæði við fjmrh., formann fjvn. og aðra þá sem fjalla um meðferð fjárlagafrv., að taka hér inn upphæð til viðbótar, allt að 55 millj. kr., til þess að undirbúa það að lokinni þessari vinnu að göngudeild geti tekið til starfa frá geðdeildinni í lok ársins 1977 og jafnframt 10 millj. kr. til þess að ganga frá lóð við geðdeildina.

Þm. geta reynt að gera sér grein fyrir því sjálfir hve það lengir byggingartíma geðdeildar ef till. rn. um fé til framkvæmda verða áfram lækkaðar á sama hátt og gert hefur verið.

Það skal upplýst að í lok okt. s. l. höfðu verið greiddar til geðdeildar rúmlega 260 millj. kr. Nákvæmar endanlegar áætlanir um hvað kostar á verðlagi dagsins í dag að ljúka geðdeildinni liggja ekki fyrir, en ætla má að sá kostnaður muni vera nálægt 750—800 millj. kr. Til þess að geðdeildin geti öll verið komin í not í árslok 1980 þyrfti að veita til hennar um 200 millj. kr. á ári næstu 4 ár. Auðvelt er að taka deildina í not í áföngum ef nægilegt fé er veitt til hennar, þannig að göngudeild hennar geti tekið til starfa í lok næsta árs og tvær sjúkradeildir á árinu 1978. Verði hins vegar haldið áfram þeirri stefnu, sem mörkuð var með fjárveitingum ársins í ár, koma sjúkradeildir ekki í gagnið fyrr en á árinu 1979 eða jafnvel á árinu 1980.

Fyrirspyrjandi spyr hve mörg sjúkrarúm vanti fyrir geðsjúka á Íslandi. Áður en bygging geðdeildar hófst fóru fram miklar umræður um þörf á sjúkrarými fyrir geðsjúka, og leyfi ég

mér í því sambandi að vitna til greinar sem Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri ritaði í Morgunblaðið í nóv. 1972, þar sem ítarlega var gerð grein fyrir stefnumörkun heilbrrn. í sambandi við vistunarrýmisþörf almennt m. a. fyrir geðsjúka. Þar var gert ráð fyrir því að 210 sjúkrarúm þyrfti fyrir 100 þús. íbúa vegna geðlækninga, 125 rúm á 100 þús. íbúa á hjúkrunarheimilum fyrir geðsjúka og 100 rúm fyrir 100 þús. íbúa á sérstökum geðveikistofnunum og drykkjumannahælum.

Um þessar tölur má að sjálfsögðu deila. Sumum finnst þær of lágar, öðrum of háar, og kemur þar margt til álita og einkum það, hve gongudeildarþjónusta er öflug og hve heimahjúkrun, heimilishjálp og stuðningur sveitarfélaga á sviði félagsmála er öflug.

Síðan hefur bæst við sérstök deild fyrir áfengissjúklinga í Vífilsstaðaspítala og verið gerðar skipulagsbreytingar í sambandi við áfengissjúklinga á Kleppsspítala. Þá hefur og fjölgað nokkuð því rými sem hefur verið til ráðstöfunar fyrir geðsjúklinga á Reykjalundi og í Ási í Hveragerði, og sérfræðingur í geðlækningum hefur tekið til starfa við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þessar aðgerðir hafa þó varla gert meir en að halda í horfinu frá því er var á árinu 1972, og geri ég ráð fyrir að meginniðurstaða í riti heilbr.- og trmrn. nr. 3 1973 sé nokkurn veginn óbreytt, en þar var gert ráð fyrir að skorti um 200 vistunarrými á geðsjúkrahúsum, um 140 vistunarrými á geðhjúkrunarheimilum og um 140 vistunarrými á sérstökum stofnunum fyrir geðveila og drykkjumenn. Enginn skyldi þó skilja orð mín svo að þessir sjúklingahópar fái enga þjónustu í dag. Ahrif þessa skorts fyrir þennan sérstaka hóp súklinga koma að sjálfsögðu fram í öllu sjúkrahúsakerfinu, og vil ég fyrst og fremst nefna þar slysadeild Borgarspítalans, lyflæknisdeildir sjúkrahúsanna í Reykjavík sem annast bráðar inntökuvaktir svo og allar langdvalarstofnanir, bæði hjúkrunardeildir og dvalarheimili fyrir aldraða. Með tilkomu hjúkrunardeildarinnar að Hátúni 10 var nokkuð bætt úr fyrir suma þessara sjúklinga.

Ég ætla að láta þessa umr. um geðdeild Landsspítalans nægja að sinni og vísa aftur til þess, að gera verður ráð fyrir því að almenn umr. um heilbrigðismál og framkvæmdir á sviði heilbrigðismála verði í Sþ. þegar skýrsla sú, er ég minntist á í byrjun máls míns, liggur fyrir.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hreyfir hér ákaflega mikilvægu máli. Það var ákveðið hér á Alþ. á sínum tíma að ráðast í byggingu geðdeildar og áætlanir um framkvæmdir voru við það miðaðar að geðdeildin yrði komin til starfa í ársbyrjun 1978. Nú hafa gerst þau alvarlegu umskipti á þessu ári, að til þessarar framkvæmdar hefur verið varið miklu minni fjármunum en nauðsynlegt var. Það var aðeins varið fjármunum til að gera húsið fokhelt, og aðgerðir til þess að fá lánsfé hjá Háskólanum hafa því miður strandað á eftirlitsstofnun fjmrn. sem hefur tafið allar framkvæmdir, þannig að það hefur ekki verið hægt að nota þetta lánsfé sem fékkst hjá Háskólanum.

Eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tók mjög skýrt fram í ræðu sinni er hér um að ræða sjúkdóm sem er mjög alvarlegur. Auk þess, sem hún sagði um það mál og ég tek alveg undir um eðli þessa sjúkdóms, þá er þessi sjúkdómur einnig ákaflega algengur. Sérfræðingar telja að ótrúlega há prósenta af fólki verði fyrir einhverjum geðveilum á lífsleiðinni, mismunandi miklum. En sem betur fer hefur þróunin orðið sú, að það er hægt að lækna slíkar geðveilur ef hægt er að taka þær fyrir á skipulegan hátt og nægilega snemma, þannig að það er mikið þjóðfélagslegt atriði einnig að reyna að bæta úr á þessu sviði svo sem unnt er, auk þess sem að sjálfsögðu verður að koma til umhyggja gagnvart því fólki sem verður fyrir slíkum sjúkdómi.

Eins og ég sagði áðan, þá var fyrirhugað að geðdeildin yrði fullbúin 1978. Nú talar hæstv. ráðh. um að hún geti orðið fullbúin í árslok 1980. En ég er ansi hræddur um að eins og fjárveitingum hefur verið háttað hingað til, þá dragist það allmikið fram yfir þetta. Það er borið við efnahagslegum örðugleikum í þjóðfélaginu. En ég vil benda á það, að þegar efnahagslegir örðugleikar eru, þá er ekki farið eins illa með peninga með nokkru öðru móti en því að festa þá í steinsteypu sem ekki er tekin í notkun. Einmitt á slíkum tímum verður að hraða framkvæmdum og hraða þeim svo að þær komist í gagnið. Við skulum muna ástandið eins og það var hér fyrir nokkrum áratugum, þegar Borgarspítalinn í Reykjavík var í byggingu í meira en áratug og á sama tíma framkvæmdir við Landsspítalann sem einnig drógust von úr viti. Slík vinnubrögð eru algjör óhæfa og þau eru mest óhæfa einmitt þegar erfiðleikar eru í efnahagsmálum.

Ég skal ræða þetta mál frekar þegar hin almenna umr. fer fram sem ég hef óskað eftir og hæstv. ráðumaður minntist á, en ég legg áherslu á það, að ég vænti þess að við afgreiðslu fjárlaga næsta árs verði tekin inn nægileg fjárhæð, ekki aðeins til að fullgera göngudeild, heldur einnig til þess að þarna geti komið á næsta ári fyrsta legudeildin.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það var sannarlega þörf að hreyfa þessu máli. Flestir þm. vita þessa sögu um aðdraganda þessa máls. Í fyrra kom framkvæmdanefnd um byggingaráætlun á landsspítalalóðinni á fund fjvn., og þeir lögðu á það gífurlega áherslu að upphafleg áætlun gæti staðist. Ég man eftir því að fyrrv. heilbrrh., Jóhann Hafstein, lagði á þetta áherslu á sínum tíma, þegar þetta mál var rætt mikið hér, og að allar þessar áætlanir gætu staðist. Svo kemur hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. og segir hér, ef ég hef tekið rétt eftir: „Ef till. til framkvæmda eru enn lækkaðar.“ Það er eins og Alþ. hafi lækkað og skorið niður fyrir rn. Ég held að það sé ekkert leyndarmál núna, að frá hendi rn. liggja fyrir till. til framkvæmda í sjúkrahúsmálum að fjárhæð rúmlega 1770 millj., en ég held ég megi segja það rétt að fjárlög gera ráð fyrir 928 millj. Það er hægt að kasta boltanum yfir á Alþ. og kenna slæmu árferði, en ég vil þó segja það, að það skal ekki standa á mér, kannske sumir segi að það sé létt verk,

en ég vil heldur geðdeildina áfram af fullum krafti en sjá minna til t. d. húss verslunarinnar í nærri því steinkasts fjarlægð frá þeim byggingum. Ef um er að ræða að ráðstafa fjármagni til að skapa minni þenslu í þjóðfélaginu, — að vísu er það „opinberi sektorinn", eins og sagt er í dag, sem um er að ræða, — en ef um það er að ræða að draga úr fjármagni í umferð, þá vel ég geðdeildina. Það er ekki hægt að kasta boltanum hér yfir á Alþ. og segja: Alþm. skera niður svona mikilvægt mál. — Ég vil aðeins vekja athygli á því, að ef það kemur í ljós að verulega er skorið niður í till. frá fjvn., þá hefur hún fengið um það bendingu annars staðar frá, og einhver samþ. fjárlagafrv. þegar það var lagt fram hér í upphafi Alþingis.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svör hans. Hann skýrði þá töf sem orðið hefði á síðasta ári, sem raunar er ekki eina töfin. Töfin er nú orðin meiri og hefði verið hægt að framkvæma meira og veita meira fé, ef samþ. hefði verið, á næsta ári þar á undan. En að því er varðaði þennan einkennilega gang á útboðsgerð og láni frá Háskóla Íslands, þá verð ég að segja og kemst ekki hjá því að geta þess hér, að þessar upplýsingar komu mér einkennilega fyrir sjónir. Sannleikurinn er sá, að þetta mál hefur velkst á milli aðila.

Hæstv. ráðh. sagði að byggingarnefnd eða framkvæmdanefndum byggingar á landsspítalalóð hefði sótt um þetta lán frá Háskólanum. Það veit ég að vísu ekki eða vissi ég ekki fyrr en nú. Hæstv. ráðh. sagði að Háskólinn hefði samþ. þetta lán. Það vissi ég ekki heldur fyrr en nú. Og hæstv. ráðh. sagði að það hefði verið hafist handa við útboðslýsinguna í maí s. l. Það vissi ég ekki heldur fyrr en nú. Það, sem ég hafði fengið upplýsingar um, var að útboðið hefði ekki verið undirbúið nægilega snemma vegna þess að það lægi ekki ljóst fyrir að peningarnir fengjust frá Háskólanum. Peningarnir fengust hins vegar ekki frá Háskólanum vegna þess að ekki lægi ljóst fyrir um útboðið. Þetta fannst mér í meira lagi óljóst og þess vegna var gott að fá þessar upplýsingar frá hæstv. ráðh. nú, að svona hefði málið verið, en það vekur út af fyrir sig til alvarlegrar umhugsunar.

Hæstv. ráðh. talaði um afgreiðslu Alþ. á fjárveitingu til þessa máls á s. l. ári og gat þess, að hann hefði ekki orðið var við það að neinn tæki undir mótmæli heilbrrn. gegn því að þessar fjárveitingar væru lægri en þær ættu að vera. Ef hæstv. ráðh. hefur ekki orðið var við þetta í fyrra, þá skal hann verða var við það nú.

Hæstv. ráðh. sagði að hann stæði að því að farið hefði verið fram á hækkun til fjvn. sem næmi 55 millj. kr. til þess að hægt væri að ljúka við að ganga frá 3/5 byggingarinnar undir tréverk og ljúka við göngudeild. Þetta er myndarlegur áfangi, rétt er það. En hafa menn hugleitt að hve miklu leyti þessi áfangi kemur geðsjúku fólki að gagni? Leysir fullbúin göngudeild vanda bráðsjúks geðveiks fólks í Reykjavík? Leysir fullbúin göngudeild vanda nokkurs geðveiks manns utan af landi, nema þá í báðum þessum tilvikum að sjúkrarúm fylgi? Það er nefnilega svo, að þótt fólk utan af landi eigi aðstandendur í Reykjavík, þá þýðir ekki að benda því á að geðveikur sjúklingur geti fengið inni hjá aðstandendum sínum á meðan hann fær meðferð á göngudeild í Reykjavík. Það taka engir aðstandendur geðveikt fólk inn á sig meðan þeir eru til læknismeðferðar. Þeir verða að fá sjúkrarúm. Mönnum dettur kannske í hug að það sé til ein stofnun hér í Reykjavík sem tekur veikt fólk utan af landi til gistingar á meðan það fær meðferð á göngudeildum. Það er sjúkrahótel Rauða kross Íslands. Sjúkrahótel Rauða kross Íslands tekur ekki geðsjúkt fólk. Þess vegna þarf sjúkrarúm. Göngudeildir þjóna ekki aðeins fyrirbyggjandi tilgangi. Þær þjóna ekki aðeins því hlutverki að veita meðferð svo þeir sem eru svo létt veikir að þeir geti verið heima hjá sér og fái e. t. v. heimahjúkrun. Göngudeildir þjóna líka þeim tilgangi að þeir, sem hafa verið veikir og þurft á sjúkrarúmum að halda, geti útskrifast fyrr og fengið eftirmeðferð á göngudeildinni. Til þess að fá eftirmeðferð þurfa menn að hafa fengið fyrirmeðferð, þ. e. a. s. menn þurfa að hafa fengið sjúkrarúm til afnota. Þess vegna er höfuðnauðsyn að sjúkradeild, þó lítil sé, svo sem eins og 15 rúm, sé opnuð um leið og göngudeild.

Það hefur verið gert samkomulag milli lækna um það, að sameiginleg afnot Landsspítalans almennt og geðdeildar skuli vera af ýmsu því rými í geðdeildinni sem kann að vera til ráðstöfunar þegar þess þarf ekki nauðsynlega með fyrir geðsjúka. Eins og málið horfir nú virðist göngudeild geðdeildar eiga fyrst og fremst að þjóna Landsspítalanum að öðru leyti. Það má vel vera að á því sé þörf. En þá verður að leysa bráðan vanda geðsjúks fólks. Og að því er varðar skýrslu hæstv. ráðh. um heilbrigðisframkvæmdir úti um land og vanda í heilbrigðismálum yfirleitt, þá afsakar það ekki drátt á þessu máli. Það er fyrir löngu búið að viðurkenna það af öllum stjórnmálaflokkum, að þessi vandi sé þess eðlis að það sé fullkomin hneisa að leysa hann ekki. Þetta er engan veginn pólitískt mál. Og kannske er vandinn ekki leystur vegna þess, að mönnum finnst fullkomin hneisa að tala um hann. Ef menn vilja ekki tala um hann er í sjálfu sér allt í góðu lagi, ef menn bara vilja hugsa um hann og skilja hann.

Til þess að ljúka geðdeild, sagði hæstv. ráðh., árið 1980 þyrfti um það bil 200 millj. á ári. Það var frétt í Morgunblaðinu í morgun þess efnis að horfur væru á því að geðdeild yrði ekki tilbúin, eins og þar sagði, fyrr en á árinu 1980. Mér kom þetta einkennilega fyrir sjónir, því að að betur athuguðu máli er þarna um misskilning að ræða. Það, sem verður tilbúið 1980, er helmingurinn af sjúkrarúmafjöldanum sem um er að ræða. Það eru 30 sjúkrarúm sem verða tilbúin 1980, önnur 30 og sjúkraþjálfunaraðstaða verður ekki tilbúin, ef svo heldur sem horfir, fyrr en 1982.

Ég hef ekki fleiri orð, hæstv. forseti, um þetta. Hæstv. heilbrrh. hefur þegar skírskotað til Alþ. um að standa að þessum fjárveitingum eins og þarf. Það skal ekki standa á mínum stuðningi, og það skal ekki standa á mínum mótmælum ef það verður ekki gert eins og hæstv. ráðh. hefur þegar kallað eftir.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hv. síðasti ræðumaður hefur fengið til liðs við sig tvo þm. sem stendur nú ekki á að koma til liðs við hann. En e. t. v. stendur á þeim þegar á að fara að afla tekna til þeirra útgjalda, sem samþ. eru, að standa þá með viðkomandi þm. Það getur vel verið að þm. varði ekkert um það þó að vanti tekjur, það eigi að borga það tekjulaust. (**Gripið fram í:** Var ekki hæstv. ráðh. að biðja um þessar úttektartillögur?) Ég hef orðið, hv. þm., en ekki þú. Það er þannig með sumt fólk, að það er svo einskorðað ef það sér eitthvert ákveðið verkefni. Þetta eru þeir dæmigerðu þrýstihópar sem sjá aðeins eitt verkefni í einu og allt eigi að snúast um það sem sá þrýstihópur leggur til.

Alþingi hefur sjálft samþ. og gengið frá löggjöf um heilbrigðisþjónustu. Þar segir að ákveðnir landshlutar, sem njóta ekki neinna sjúkrahúsa og mjög takmarkaðrar lækningaþjónustu, eigi að sitja fyrir um fjárveitingar. Ég veit ekki til þess að þessi hv. þm. hafi barist gegn þessu. Samt segir hann að þessa einu framkvæmd skuli taka fram fyrir allt: bara af því að ég er með henni. Þetta er skemmtilegur hugsunarháttur! Svo er ráðist hér að mönnum á jafnskemmtilegan hátt og þessi hv. þm. gerði áðan! Ég ætla að láta hv. þm. vita að á meðan ég er heilbrrh., þá ætla ég ekki að taka þessa einu deild fram yfir allt annað og segja öllu öðru að eiga sig, þvert ofan í þau lög sem Alþ. hefur samþ.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það kemur mér ekki alveg spánskt fyrir sjónir þó að hæstv. heilbrrh. verði fyrir einhverjum ádeilum úr hópi þm. Ég var því mjög kunnugur fyrr á árum að það vantaði fé og deilt var um að eitt og annað var ekki byggt. Ég ætla ekki að fara út í þetta. Hæstv. heilbrrh. hefur gert ráð fyrir nánari skýrslugerð um þetta mál og ekkert nema gott um það að segja. En í því sambandi vék hann aðeins að lóð Landsspítalans, og ég vildi að menn vissu það, að það var eitt af mínum síðustu verkum sem heilbrrh. að gera makaskiptasamning við Reykjavíkurborg, þáv. borgarstjóra, Geir Hallgrímsson, núv. forsrh., um stórkostlega stækkun á landsspítalalóðinni. Og við skulum ekki alveg láta það gleymast, að það gerir mögulegar margvíslegar byggingarframkvæmdir fram yfir það sem ella hefði verið. Ég tel það eitt af þýðingarmestu atriðum fyrir Landsspítalann um alla framtíð að þessi samningur var gerður. — Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. En ég vildi að inn í þetta kæmi að menn minntust þess að þessi samningur var gerður við Reykjavíkurborg og Landsspítalinn fékk þessa stóru lóð sem hann ekki átti áður.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég þarf þó a. m. k. að fá að bera af mér sakir. — Hæstv. heilbrrh. gat þess í sinni ræðu að sumt fólk væri svo einsýnt að það sæi ekki nema eitt mál sem það hefði áhuga á. Það er þá illa komið fyrir stærsta stjórnmálaflokknum, Sjálfstfl., ef einn af hæstv. ráðh. hans telur það um málefni, sem bæði landsfundur flokksins og margar aðrar stofnanir flokksins hafa gert ítrekaðar yfirlýsingar um að hafi forgang, að það sé einsýni af hálfu þm. að skírskota til slíks. Hæstv. ráðh. bætir því við, að hér sé um dæmigerðan þrýstihóp að ræða. Ég þakka hólið. Ég hef aldrei fyrr verið kölluð þrýstihópur og ef ég hef eitthvað svipuð áhrif og þrýstihópur hér á Alþ., þá veit ég að þessu máli er borgið. Þrýstihópar fara oft dálítið öðruvísi að. Ég vil í þessu máli nota þinglega aðferð, og það tel ég mig nú vera að gera og hafa fyllsta rétt til. Ég vil hins vegar ekki sitja undir því að mér sé brigslað um einsýni þegar ég bendi á hrópandi vanda sem menn hafa lengi horft á og flokkurinn minn og hæstv. ráðh. hefur gert um ítrekaðar yfirlýsingar að skuli hafa forgang, fyrir nú utan það, sem fram hefur komið í ræðum ýmissa manna utan þings og innan á ýmsum tímum, að það sé ekkert vit í öðru en að leggja áherslu á eina stórframkvæmd í einu. Það er ekki þar með sagt að allt annað sé látið sitja á hakanum. Það er ekki þar með sagt að heilbrigðismál ýmis úti um land séu látin sitja á hakanum. En ég bendi á það, hæstv. ráðh., að það er geðsjúkt fólk úti um land sem þarf á sjúkrarúmum í geðdeild Landsspítalans að halda mjög tilfinnanlega.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði, að þó að landsfundur flokks míns hafi gert slíka samþykkt, þá hefur þingflokkur flokks míns gert þá samþykkt sem hann hefur gert með því að greiða atkv. með lögum um heilbrigðisþjónustu, þar sem tiltekin svæði og tilteknar framkvæmdir eiga að njóta forgangs. Ég hef ekki á móti því, síður en svo, að það verði veitt hærri upphæð til heilbrigðismála eða til uppbyggingar heilbrigðisstofnana, eins og ég hef lagt til. Hitt verður svo að ráðast, að hver málaflokkur fyrir sig verður að slá af í þeim efnum.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Við fengum hér áðan dæmi um skapsmuni hæstv. heilbrrh. og þeir hafa oft orðið honum til trafala í störfum hans. Hann á ákaflega auðvelt með að reiðast, þessi hæstv. ráðh., og gefur þá stundum yfirlýsingar sem eru ekki í samræmi við verksvið hans. Ég vona sannarlega að þessir skapsmunir ráðh. verði ekki til þess að hann dragi úr nauðsynlegum og brýnum og sjálfsögðum framkvæmdum á þessu sviði.

Í sambandi við geðdeildina, þá fékk hann í hendur alveg fullunna áætlun frá fyrrv. ríkisstj. — alveg fullunna, og það var aðeins um það að ræða að útvega nægilega fjármuni til þess að koma henni í gagnið. Og eins og ég sagði áðan, þá skiptir það meginmáli með allar slíkar stofnanir að framkvæmdum sé flýtt eins og unnt er til þess að þær geti farið að hafa þau áhrif sem til er ætlast. Það hefur enginn gagn af steinsteypu sem hlaðið er upp, ef það er ekki hægt að nota hana.

Þetta er því miður ekki eina málið á sviði heilbrigðismála þar sem hæstv. núv. ráðh. hefur tafið þær áætlanir sem gerðar voru. Á sínum tíma voru gerðar fastar áætlanir um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ég sé ekki betur en að þannig hafi verið haldið á því máli að nú sé áætlað

að því verði lokið einhvern tíma í blámóðu framtíðarinnar, ákaflega langt í burtu. Og hæstv. ráðh. hefur gjörsamlega vanrækt að gera þá áætlun um uppbyggingu heilbrigðismála, sem ákveðin var í lögum, en hún er forsenda þess að Alþ. geti unnið skipulega og skynsamlega að þessum framkvæmdum.

Það er ekki rett sem hæstv. ráðh. sagði, að geðdeildin stangist á við það að þeir staðir á landinu, þar sem aðstæður eru erfiðastar, eigi að hafa forgang, því að geðdeildin hér er fyrir landið allt, og fólk, sem þarf á þeirri þjónustu að halda sem þar er veitt, er um allt land. Þessi vinnubrögð hæstv. ráðh. og þeir skapsmunir, sem komu fram hjá honum í umr., eru honum því miður til vanvirðu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að ég er nokkuð undrandi á þeim furoulegu umr., sem hér hafa orðið, og þeim árásum, sem hæstv. núv. heilbrrh. hefur orðið fyrir og það m. a. af fyrrv. hæstv. ráðh. þessara *mála, vegna þess að hann er í nákvæmlega sömu* sök og núv. ráðh. ef hann verður sakfelldur. Það hafa verið byggðar byggingar hér í Reykjavík og nágrenni sem gilda og þýða það sama fyrir allt land, og hann veit vel við hvað ég á þar. Þýðing þeirra er ekki minni þótt ég hins vegar taki heils hugar undir með hv. þm., frænku minni af Engeyjarætt sem við sáum hér í ræðustól áðan, frú Ragnhildi, sem hefur mikinn og verðugan áhuga á þessu mikla og þýðingarmikla máli. En er þetta ekki hjá okkur öllum að deila um keisarans skegg, ef við getum ekki komið okkur saman um að útvega peninga til þessara nauðsynlegu framkvæmda sem við öll hér erum sammála um að þurfi að framkvæma? Hver vill sleppa sínu? Hver vill benda á að taka af þessu til þess að gera hitt? Við getum staðið hér hvert framan í öðru heila daga og sagt: Þetta er nauðsynlegt. Þetta er nauðsynlegt. Og við skulum taka undir það, sem hv. þm., frú Ragnhildur, var að segja hér áðan, að þetta er með hinum nauðsynlegustu málum hér á Alþ. að mínu mati í sambandi við heilsuvernd og heilsugæslu. Við skulum þó a. m. k. reyna, — ég held mig fast við þessi orð, — við skulum þá reyna að ráða bót á þessu eftir þessar síðustu umr. Og ég *beini til fyrrv. ráðh. þessara mála, hv. þm.* Magnúsar Kjartanssonar, að hann var ekki kominn með nema bara grunninn og sökklana þegar hann skildi við. (Gripið fram í.) Áætlun, ætlarðu að koma þeim þar fyrir?

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. út af skiljanlegum áhyggjum hæstv. heilbrrh. um visst ákvæði í heilbrigðisþjónustulögunum vil ég benda á, að túlkun þess er sú, að það sjúka fólk sem verst er statt, hvar sem er á landinu, skuli eiga forgang um heilbrigðisþjónustuframkvæmdir. Þetta er geðsjúkt fólk hvar sem er á landinu. Þess vegna fara þessi lög ekki á neinn hátt í bág við þá stefnu sem Sjálfstfl. þegar hefur markað í heilbrigðismálum, og ég vildi rétt benda hæstv. ráðh. á þetta. Málið liggur því ekki þannig fyrir, að það sé um að velja annaðhvort að framfylgja heilbrigðisþjónustulögunum eða þá að standa að geðdeildarbyggingunni, heldur er ekki hægt að mínu mati að framfylgja þessu ákvæði í heilbrigðisþjónustulögunum nema byggja geðdeildina.

Rek gúmbjörgunarbáta, fsp. (þskj. 74). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mér skilst á fjölmiðlum að frá og með síðasta föstudegi teljist ég ekki til þrýstihópa. Hins vegar er ég hér að gera fyrirspurn um báta sem eru fylltir upp af þrýstilofti, og þessir bátar voru á dagskrá í fyrirspurnarformi seint á s. l. vori, en því miður of seint fram borið til þess að svar fengist. Vera má að nú sé svo einnig, vegna þess að mér er kunnugt um að þegar hefur verið hafist handa og það mjög verklega við að koma þessari rannsókn í framkvæmd og þar hafi komið margt forvitnilegt í ljós.

Ég vil taka það fram til þess að firra misskilningi, þegar ég ber fram þessa fyrirspurn til ráðh., að það var hvorki mitt álit þá né þeirra félaga minna, sem áhuga höfðu á málinu, að hreyfa því á neinn alvarlegan hátt meðan við vissum að þau skip, sem til staðar voru til rann*sóknanna, sem sagt skip Landhelgisgæslunnar*, stóðu í baráttu sinni. Kannske er það þess vegna sem þessi fyrirspurn er svona seint fram borin og kannske ástæðulaust að láta hana koma fram. En ég vænti þess samt sem áður að hæstv. dómsmrh. gæti gefið einhverja skýrslu til alþjóðar um þetta mál, þannig að fólk, sem hefur áhuga þar á, og það eru þá sérstaklega þeir sem við sjó búa, sjómenn á skipum okkar, þeir mættu verða nokkurs vísari, og ekki aðeins þeir, heldur sérstaklega þeir menn sem vinna að björgunarmálum sjómanna. Þar á ég sérstaklega við Slysavarnafélag Íslands og að sjálfsögðu við Land*helgisgæsluna sem er undir hans stjórn. Ég held* að það sé rétt að fyrirspurnin eigi heima hjá dómsmrh.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 74 er fyrirspurn frá hv. 8. þm. Reykv. sem var stíluð til dómsmrh., en hins vegar ber mér að svara sem samgrh. og skal ég gera það hér með.

Með bréfi, dags. 13. ágúst 1974, fól samgrn. rannsóknarnefnd sjóslysa forgöngu um rannsókn á reki gúmbáta o. fl., sbr. þál. frá 29. apríl 1974. Rannsóknarnefndin hóf þegar undirbúning þessa *máls í samstarfi við fulltrúa sem* Landhelgisgæslan, Siglingamálastofnunin, Hafrannsóknastofnunin og Landssíminn tilnefndu í þessu skyni. Í desembermánuði 1974 lagði n. fyrir rn. áætlun um framkvæmd rannsóknarinnar ásamt kostnaðartölum, ca. 8 millj. kr. Áætlun þessari var komið á framfæri við fjvn., en jafnframt bent á að 6 millj. væru vegna leigu á varðskipi og spurning væri hvort eða hvernig ætti að greiða slíka þjónustu. Í fjárlögum fyrir árið 1975 voru veittar 2 millj. kr. til nefndarinnar til þessara rannsókna, og hófst þegar útvegun þeirra

tækja, sem til slíkrar rannsóknar þarf, gúmbáta, neyðarsenda o. fl., jafnframt því sem leitað var eftir skipi til aðstoðar. Rn. hefur þrisvar sinnum á grundvelli afgreiðslu fjvn. óskað eftir skipi til rannsóknanna, en án árangurs. Ekkert fé var veitt í fjárlögum fyrir árið 1976 til þessa máls, en eftir munu standa 1163 þús. kr. af fjárveitingu 1975.

Í frv. til fjárlaga var gerð till. af hálfu samgrn. um fé til þessara rannsókna, en þrátt fyrir tilmæli rn. um fjárveitingu upp á 1.2 millj. kr. er hana ekki að finna í fjárlagafrv. Rn. hefur gert ítrekaðar tilraunir til að fá þessa fjárveitingu svo hægt sé að sinna málinu, og það hefur í samráði við Siglingamálastofnunina og sjóslysanefnd mótað hugmyndir til framkvæmda ef fjárveiting þessi fæst.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil enn mikillega biðja hæstv. ráðh. afsökunar þess efnis, að ég skyldi leyfa mér að telja að það teldist ekki til samgöngumála að reka á gúmbjörgunarbát, heldur að það tilheyrði þeim helstu aðilum sem fást við björgunarmál hér á landi, varðskipum okkar. Sýnir þetta kannske okkur hér á Alþ. á hverjum villigötum við erum, ef stærsti björgunarfélagsskapur okkar, sem er að mestu uppbyggður af sjálfboðaliðum, telst heyra undir eitt rn., virkasti kraftur til björgunarstarfseminnar á sjó telst til annars ráðh. eða hans málaflokks. Spurning er hvort þarna sé ekki verið á rangri braut.

Ég verð nú eftir þetta svar, vegna þess að ég þóttist hafa frétt um að eitt af skipum Landhelgisgæslunnar hefði farið til starfa við þetta, að lýsa vonbrigðum mínum með svar hæstv. samgrh. og að það þurfi að standa á því hvort það fáist leigumáli við Landhelgisgæsluna um skip til þessa. Nú veit ég vel að um margra mánaða skeið hefur verið hið heppilegasta skip liggjandi í Reykjavíkurhöfn sem hefði mátt fást til að framkvæma þessar rannsóknir, sem voru einmitt mjög nauðsynlegar strax nú á haustmánuðum og yfir vetrarmánuðina. Hefði jafnvel verið hægt að manna þetta skip sjálfboðaliðum, meðlimum sjóslysanefndar, sem buðust til þess nær allir, og jafnvel sjálfboðaliðum frá Slysavarnafélagi Íslands sem hafa ekki minni réttindi til skipstjórnar heldur en þeir sem hjá Landhelgisgæslunni starfa. Ég verð því miður að lýsa því yfir, að hér finnst mér illa að staðið eftir allan þann tíma frá því að landhelgisstríði lauk. Við vildum ekki vera að hreyfa þessu máli þá vegna skipastólsins sem við vissum að mundi verða kallaður til. En að sjálfsögðu eru fleiri sem þar geta til komið, svo sem hafrannsóknaskip okkar og jafnvel fleiri sem hafa boðist til þess af einstaklingum, ekki aðeins skipstjórum og útgerðarmönnum, heldur og enn fleiri aðilum erlendum sem hér hafa verið við land. En hins vegar vil ég leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þetta fátæklega svar hans.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hélt nú satt að segja að það hefði verið prentvilla bara, að fyrirspurninni var beint til dómsmrh. Skýringin á því, að þetta heyrir undir samgrh., er einfaldlega sú, að Siglingamálastofnunin heyrir undir hann og þetta mun vera verkefni hennar. En að sjálfsögðu hefur það verið svo, að það hafa einhverjar tilraunir farið fram með þessa báta af landhelgisgæsluskipum — eða ég veit ekki betur — og ég geri ekki ráð fyrir að það standi á samvinnu í því efni. — Þetta vildi ég aðeins taka fram, en þetta heyrir ekki undir dómsmrh. sem slíkt.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Í till. var getið um sjóslysanefnd svokallaða. Þar eiga aðild að Slysavarnafélag Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasamband Íslands, Landhelgisgæsla Íslands og fleiri aðilar, þannig að þetta getur á engan hátt fallið eingöngu undir samgrn. Og ég undirstrika enn, að rek gúmbjörgunarbáta getur ekki talist til samgöngumála á Íslandi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég hygg að það skipti ekki öllu máli undir hvaða rn. þessi þáttur heyrir. Aðalatriðið er að fá fjármagn til að framkvæma það sem framkvæma á. Samgrn. hefur leitað eftir því við Siglingamálastofnunina að reyna að framkvæma þetta atriði án aukafjárveitingar ef það tekst ekki að útvega fjárveitingu eins og leitað er eftir. Það mun verða haldið áfram, hvort sem mönnum finnst það skynsamlegt eða ekki að samgrn. fjalli um málið, og reynt að hrinda því í framkvæmd. En það mun reynast mjög erfitt ef ekki eru til fjármunir til þess að greiða þá þjónustu sem þarna verður að inna af hendi.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, fsp. (þskj. 78). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á undanförnum áratugum hafa völuflutningar á landi eflst mjög vegna bættra samgangna, stórvirkari tækja og sjaukinnar flutningaþarfar. Völuflutningar á landi eru nú orðin þjónustugrein, sem vex hröðum skrefum. Nú eru reknir skipulagsbundnir völuflutningar á milli Reykjavíkur og flestra staða á landinu og hafa flutningsaðilarnir reist völuafgreiðslur hér í Reykjavík og á ýmsum stöðum úti um land. Flutningastarfsemin er nú í allföstum skorðum og þótt ekki sé um sérleyfi að ræða á flutningaleiðunum, þá hafa sumir aðilarnir og fyrirtækin um árabil annast sömu flutningaleiðirnar, svo að þekking og reynsla flutningsaðilanna hefur varðveist í atvinnugreininni.

Þeir aðilar, sem annast skipulagsbundna völuflutninga, hafa myndað með sér landssamtök, er nefnist Landvari, landsfélag völubifreiðaeigenda á flutningaleiðum. Innan félagsins eru flestir þeir aðilar, sem annast völuflutninga á milli Reykjavíkur og heimabyggða sinna og innan þeirra. Þá eru í félaginu aðilar, sem annast reglubundna mjólkurflutninga í sveitum, þótt þeim fari töluvert fækkandi vegna breytinga á flutningsfyrirkomulaginu, þ. e. a. s. síðan var byrjað á tankvæðingunni.

Atvinnutæki aðila í Landvara eru vörubifreiðar, flutningabifreiðar, yfirleitt þriggja öxla, og er undirvagn bifreiðarinnar fluttur inn frá hinum ýmsu viðskiptalöndum, en síðan er byggt yfir bifreiðarnar hérlendis. Heildarverð hverrar bifreiðar tilbúinnar til notkunar er nú um 15 millj. kr. Hafa bifreiðarnar á síðustu þremur árum nær fjórfaldast í verði samfara almennum lánsfjárskorti, og er því svo komið nú að aðilum í Landvara er ofviða að endurnýja bifreiðar sínar nema til komi veruleg lánafyrirgreiðsla. Þörf á stofnlánum til kaupa á vöruflutningabifreiðum hefur raunar alltaf verið brýn, því engin lánastofnun hefur veitt lán beinlínis til kaupa á bifreiðum og með veði í þeim, heldur hafa kaupendur þurft að taka víxillán til skamms tíma og gegn veði í fasteignum sínum, en slík lán liggja ekki á lausu nú, eins og hv. þm. vita.

Vöruflutningar á landi eru svo snar þáttur í samgöngum landsmanna og veigamikil forsenda búsetu víða um land, að nauðsynlegt er að nú komi til lánsfyrirgreiðsla svo að þessi þjónustugrein stöðvist ekki.

Síðla árs 1973 gekk stjórn Landvara á fund a. m. k. tveggja ráðh. og bar fram ósk um að myndaður yrði sjóður til þess að leysa þetta verkefni af hendi. Buðust þeir til að bifreiðastjórarnir legðu í þennan sjóð 1% af brúttótekjum hvers félagsmanns. Hæstv. ráðh. tóku komumönnum vel, en ekkert gerðist í málum þeirra.

Síðan þetta gerðist hefur stjórn Landvara gengið oft á fund hinna ýmsu ráðh., alltaf verið vel tekið, en ekkert verið gert í málum þeirra þar til haustið 1975, að Framkvæmdastofnun ríkisins gekk í málið og útvegaði 40 millj. kr. til að greiða erlenda víxla sem bifreiðastjórarnir höfðu tekið í sambandi við bifreiðakaup, en höfðu enga möguleika til að greiða þá af eigin rammleik, enda voru upphæðir orðnar allt aðrar en þegar lánin voru tekin vegna gengisbreytinga. Þessi fyrirgreiðsla var gerð með a. m. k. vitund hæstv. ríkisstj., ef ekki með samþykki hennar.

S. l. vetur flutti samgn. hv. Ed. frv. að beiðni hæstv samgrh. um myndun Stofnlánasjóðs vörubifreiðastjóra á flutningaleiðum. Frv. þetta rann í gegnum hv. Ed., en þegar málið kom til umfjöllunar í hv. samgn. Nd. kom í ljós að formaður n. ásamt öðrum nm. var ófáanlegur til að mæla með samþykkt frv., og þegar á þá var gengið kom í ljós að það var hæstv. fjmrh. sem hafði tekið í spottann og vildi hindra framgang málsins. En þrátt fyrir þetta skiluðu fimm nm. nál. og mæltu með samþykkt frv. Hæstv. forseti d. tók málið ekki á dagskrá og dagaði frv. uppi. En 18. mars var samþ. þáltill. um svipað efni Að vísu náði hún yfir stærra svið: atvinnubifreiðar og stórvirkar vinnuvélar. En þar sem mál þetta þolir ekki lengri bið og þar sem ég tel að Landvaramenn hafi a. m. k. fengið vilyrði fyrir þessari sjóðsstofnun hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 78 til hæstv. fjmrh. þar sem hann hindraði málið í fyrra og er fsp. þannig, með leyfi forseta:

„Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að framfylgja þál. er samþ. var 18. mars s. l. um að komið verði á fót stofnlánasjóði vegna stórvirkra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla?“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eitt af því, sem tilheyrir samgöngumálum, er að greiða fyrir því að menn nái saman, hvort sem það er á þjóðvegum eða á annan hátt, og það hefur því fallið í minn hlut að svara fsp. er til annarra ráðh. hefur verið beint. Ég mun því svara fsp. á þskj. 78 frá hv. 3. þm Norðurl. e., en fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað hefur ríkisstj. gert til að framfylgja þál. er samþ. var 18. mars s. l. um að komið verði á fót stofnlánasjóði vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla?“

Svarið er á þessa leið:

Um svipað leyti og þáltill. sú, sem hér um ræðir, var samþ. á Alþ. var til athugunar í samgrn. erindi frá Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, þess efnis að ráðuneytið beitti sér fyrir samþykkt frv. til l. um Stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum er félagið hafði samið. Ætlun rn. var þá að láta athuga málið fyrir haustið á þeim breiða grundvelli sem þál. markar, en vegna mikils áhuga stjórnar Landvara á framgangi síns máls var hv. samgn. Ed. sent frv. og hún beðin að standa að flutningi þess. N. lagði frv. fram sem þskj. 644 á 104. fundi hv. Ed. miðvikudaginn 12. maí s. l. og er óþarft að rekja fyrir þingheimi frekari gang málsins hér, enda gerði hv. fyrirspyrjandi það.

Í samræmi við ákvörðun rn., sem áður var lýst, skal hér upplýst að rn. hefur nýverið leitað eftir tilnefningu í n. sem semja skal frv. til l. um stofnlánasjóð í samræmi við þál., og er að því stefnt að frv. verði lagt fyrir Alþ. það sem nú situr.

Ég vona að þessi orð mín svari spurningu hv. fyrirspyrjanda og séu fullnægjandi að því öðru leyti en því, að fjármagnið hef ég ekki í höndunum frekar nú en áður, fyrr en leitað verður eftir því.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli hér á þessu máli og þakka hæstv. ráðh. fyrir það, hvernig hann hefur nú tekið á þessari ályktun sem samþ. var hér í fyrra. Ég tek það aðeins fram í þessu sambandi, að við hv. þm. Páll Pétursson og Karvel Pálmason, sem stóðum að tillöguflutningnum sem hér hefur verið getið um, höfðum ekki síður aðra í huga en vörubifreiðastjórana. Það var minnst hér einnig á stórvirkar vinnuvélar sem þykja sjálfsagðar við öll meiri háttar verk og eru orðnar feikidýrar, við vorum einnig með eigendur þeirra í okkar till. um Stofnlánasjóð. En við vorum ekki síður og kannske ekki síst með þá aðila í huga sem eiga hinar stóru farþegabifreiðar á hinum ýmsu sérleyfisleiðum, þá aðila sem nú eru beinlínis víða að gefast upp vegna lánsskorts til endurnýjunar tækja sinna. Og ég vona sannarlega að sú n., sem fær þetta mál til umfjöllunar, taki ekki síður á vanda þessara manna því hann er ekki minni heldur en vörubifreiðastjóranna og þeirra sem eru með stórvirku vinnuvélarnar.

Þegar frv. kom í Ed. í fyrra um vörubifreiðarn-

ar eingöngu, hinar stóru vörubifreiðar, þá hafði ég ekkert þar á móti, en taldi það kannske eðlilegt sem fyrsta áfanga í átt við þá till. sem við höfðum þá þegar fengið samþ. Ég taldi reyndar að það frv. hefði verið óþarft á þessu stigi, að vera að slíta þá þar út úr, en hindraði það á engan hátt, enda væri ágætt ef eitthvað væri hægt að gera í þessa átt. En ég vil ítreka það, að það þarf að leysa vanda allra þessara aðila. Hér er um það dýr tæki að ræða að við getum ekki tekið einn flokk út úr af þessum aðilum.

Við þurfum að leysa vanda allra þeirra sem þarna eiga við mikil vandamál að stríða.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. eða samgrh. fyrir svar hans, þó að ég beindi ekki fsp. til hans af þeirri ástæðu að það voru aðrir sem hindruðu framgang málsins í fyrra. En þar sem hann hefur tekið að sér að svara þeim fsp. sem aðrir vilja ekki svara, þá er ég þakklátur þó fyrir svarið.

Þetta mál er mjög brýnt, og það er alveg rétt sem hv. þm. Helgi Seljan sagði, það eru fleiri sem búa við slík vandamál. En ég vil þó segja það, að þeir sem flytja inn stórvirkar vinnuvélar, hafa þó í mörgum tilvikum haft aðgang að lánasjóði sem bifreiðastjórarnir hafa ekki, og þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

En þetta mál er af ýmsum ástæðum orðið það brýnt að ekki má svo líða þessi vetur að það verði ekki leyst Ég hef verið að athuga ýmislegt í sambandi við þessi mál, vegna þess að við, sem erum fulltrúar landsbyggðarinnar, höfum oft verið að ræða um að það þyrfti að reyna að jafna lífsaðstöðu fólksins í landinu. En einmitt á þessar bifreiðar leggur ríkið í innkaupi yfir 72%. Mér er kunnugt um að margir af þessum bifreiðastjórum eru nú að gefast upp. Á þremur árum hafa hinar venjulegu vörubifreiðar, sem vinna t. d. hér í Reykjavík eða í bæjunum, fengið langtum meiri taxtahækkun heldur en þessir langferðabílar, þó að gjöldin af langferðabílunum vegna mælagjaldsins séu miklu hærri en þeirra sem eru í slíkri vinnu. Þeir hafa fengið 102% gjaldahækkun á þremur árum, þessir venjulegu, en hinir, langferðabílarnir, hafa fengið 176% hækkun. Ef ekki verður eitthvað liðkað um fyrir þessum mönnum nú, þá fullyrði ég að þeir gefast upp sumir á næstu mánuðum. Ég held að þar sem yfirleitt þungaflutningar út á land hafa færst yfir á bifreiðarnar og þetta er orðið lífsnauðsynlegt bæði fyrir atvinnurekstur úti um land og eins til þess að fá vörur héðan, þá væri mjög illa komið ef það yrði ekki fundin leið til að leysa þennan vanda. En ég vonast fastlega og treysti hæstv. samgrh. nú til að reka á eftir þessu máli þannig að þetta geti orðið að veruleika á þessu þingi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. að Framkvæmdasjóður Íslands greiddi fyrir vandamálum allmargra aðila sem áttu í vandræðum vegna endurnýjunar á stórvirkum tækjum á sviði samgöngumála. Þessi fyrirgreiðsla, sem raunar var gerð í samráði við og með aðstoð Seðlabankans að hluta til, en síðar verður þannig að Framkvæmdasjóður Íslands þarf að greiða þetta fé eða standa skil á þessu fé, 40 milljónum, — þessi fyrirgreiðsla var hugsuð þannig, að ef af sjóðsstofnun yrði á þessum vettvangi, þá yrði þetta fé, þessar 40 millj., lánað þeim sjóði til þess að greiða fyrir áframhaldandi fyrirgreiðslu á þessu sviði.

Ég álít að það sé ákaflega þýðingarmikið að hraða þessu máli, vegna þess að það er gert ráð fyrir því að þeir aðilar, sem reka þau tæki sem hér er um að ræða, hvort sem eru langferðabílar, þungavinnutæki eða önnur tæki, þeir greiði af höndum fjármagn í slíkan sjóð. Þess vegna er þýðingarmikið að hraða *málinu til* þess að sjóðsstofnunin geti orðið staðreynd sem allra fyrst og þannig safnist saman fjármagn á þessum vettvangi til þess að greiða fyrir endurnýjun og uppbyggingu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hefur komið fram er hér hreyft mjög svo stóru og mikilvægu máli. Það er nokkuð ljóst, að ég held, ef menn kynna sér þetta, að verði ekki bót á þessu ráðin nú þegar, þá er fjöldi aðila, sem nú sinnir hinum ýmsu mikilvægu þjónustufyrirgreiðslum í þessum málum, sem mun hætta og leggja niður þau störf sem eru a. m. k. úti á landsbyggðinni nauðsynleg og í sumum tilfellum grundvallaratriði fyrir því að hægt sé að búa sæmilega á þessum stöðum.

Mér kom það heldur á óvart þegar það upplýstist hér hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að það hefði verið komið í veg fyrir það, viljandi skildi ég þá, að frv. það, sem hér var til umr. á Alþ. í fyrravor, næði fram að ganga. Ég hélt að hér hefðu hreinlega orðið bara mistök og málið verið svæft. Það harma ég, þó ég vilji taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan, að það var bara eitt atriðið í þessu, þ. e. a. s. fyrir vörubifreiðastjórana. En ég tek mjög undir það, að það sé mjög áríðandi að taka inn í þessa lausn einnig vinnuvélaspursmálið og ekki síst þá aðila sem sinna því mjög svo mikilsverða hlutverki, fólksflutningum víða á landinu.

Ég þekki nokkur dæmi þess úr mínu kjördæmi að þeir aðilar, sem hafa haft þessi mál með höndum, eru bókstaflega að gefast upp. Og það liggur fyrir að verði ekki hér hlaupið undir bagga, þá verður sú raunin á að þessi þjónusta líður undir lok. Þessir aðilar hafa ekki fengið neina fyrirgreiðslu sambærilega við aðra til þess að sinna þessum verkefnum sínum, sem eru svo mjög nauðsynleg.

Ég vænti þess að hæstv. samgrh. sjái svo um að hæstv. samráðh. hans líðist ekki þennan veturinn að koma í veg fyrir að mál þetta nái fram að ganga, heldur að lausn verði á því fengin nú á þessu þingi og þessu brýna verkefni verði sínnt með þeim hætti sem upp hafa komið hugmyndir og till. um, að þetta mál verði afgreitt nú á þessu þingi.

Styrktarsjóður vangefinna, fsp. (þskj. 47). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 47 að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hver eru áform félmrn. um framtíðarskipan Styrktarsjóðs vangefinna: a) varðandi fjáröflun til sjóðsins; b) yfirstjórn hans með hugsanlegri aðild landssamtakanna Þroskahjálpar; c) verkefni sem sjóðnum yrðu falin í tengslum við hugsanlega eflingu hans?"

Stuttan formála skal hér hafa: Málefni þroskaheftra hafa verið í sviðsljósi að undanförnu og margir lagt þar hönd á plóg í áhugastarfi og kynningu þessa vanrækta samfélagsverkefnis. Aðalatriði er þó forganga hins opinbera þar sem hinir þroskaheftu hefðu forgang á þeim sviðum sem brýnust eru: á sviði menntunar og þjálfunar, á sviði félagslegrar þjónustu og atvinnulegra möguleika og eins hvað snertir heilsugæslu alla.

Framlag hins opinbera, samfélagsins, hefur verið mjög af vanefnum, þar sem löngu er vitað og viðurkennt að jafnrétti þessa fólks við okkur hin krefst mikilla fjármuna, umframfjármuna. E. t. v. hefur þetta framlag birst skýrast í Styrktarsjóði vangefinna sem hefur smám saman verið að missa æ meira af raungildi sínu í verðbólgunni þar sem hann var bundinn sem fastur tekjustofn. Lög runnu út á þessu ári, hinn fasti tekjustofn hvarf. Eins og hann var orðinn þá ber út af fyrir sig ekki að sakna hans. En þó að gosdrykkjagjaldið eða tekjustofninn hefði verið fjórfaldaður hefði enginn fundið sérlega til, en margt hefði mátt betur gera. Um endurnýjun af þessu tagi, þ. e. a. s. hins afmarkaða tekjustofns, lágu fyrir viss vilyrði í vor. Nú er þessum sjóði ætlað á fjárl. 40 millj. kr. framlag og hefur hækkað um 25% frá síðasta ári, en þá lækkaði það hins vegar að krónutölu um nær 2 millj. kr. Sjóðurinn sinnir engan veginn í dag brýnustu verkefnum og því er um fjáröflun spurt. Má einskis vænta í átt við þau vilyrði sem fyrir lágu í vor, eða er ákveðið að hinn markaði tekjustofn hverfi að fullu og hvað á þá að koma í hans stað?

Nauðsyn er, hvernig sem allt fer, að skipa sjóðnum ákveðna stjórn, þó að hann eigi að vera í vörslu félmrn. Nú hafa verið stofnuð landssamtökin Þroskahjálp, og fram á það mun farið að þau hafi þar ríkulega hönd í bagga hvað ráðstöfun snertir á þessu fé, og um það er því spurt.

Í síðasta lið er beint að því vikið að sjóðurinn verði efldur og sinni um leið fleiri verkefnum, svo sem ég veit að hæstv. félmrh. hefur haft ákveðin áform um. Öðru verður a. m. k. ekki trúað en að sú efling fáist fram fyrr en síðar.

Inn í þetta kemur félagsleg og atvinnuleg aðstaða og þar er fátt gert nema af sjálfboðaliðum. Sjóður, sem tilheyrir þessu rn., ætti að hafa þessi verkefni, auk þess eina verkefnis hingað til að standa fyrir byggingum eða standa undir kostnaði við byggingar.

Mér þykir hlýða að fá hér um nokkur svör til þess annars vegar að byggja á framhaldsbaráttu innan þeirra samtaka, sem ég starfa í, og eins til að fá þessi mál á hreint fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 7. landsk. þm., hreyfir hér mjög merku máli og er ekki að ófyrirsynju að fsp. hans eru fram bornar.

Styrktarsjóður vangefinna var stofnaður með lögum 1958 um aðstoð við vangefið fólk og tekjur sjóðsins voru frá upphafi gjald sem lagt hefur verið á gosdrykki og öl. Í fyrstu var þetta gjald 10 aurar á hverja flösku. Árið 1962 var gjaldið hækkað í 30 aura. Árið 1966 var það hækkað í 60 aura. Var þá jafnframt ákveðið að fjórðungur þess skyldi renna til Hjartaverndar.

Í stað laganna um aðstoð við vangefið fólk frá 1958 komu svo árið 1971 sérstök lög um vörugjald, en í 12. gr. þeirra laga voru Styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til loka júnímánaðar 1976, og var gjald þetta ákveðið í lögunum kr. 1.95 af hverjum lítra.

Á s. l. vetri, þegar að því leið að lög um þetta gjald rynnu út, óskuðu forráðamenn Styrktarfélags vangefinna eftir því að lögin yrðu framlengd og gjaldið hækkað verulega. Í bréfi til félmrh. segir m. a., að stjórn Styrktarfélags vangefinna fari þess á leit að lög um Styrktarsjóðinn verði framlengd um 5 ár með verulega hækkuðum tekjum á þeim tíma.

Félmrn. tók þetta mál til meðferðar og ræddi við forráðamenn Styrktarfélagsins, m. a. um það, hvað þeir hefðu í huga varðandi hækkun gjaldsins. Það kom í ljós að það, sem menn höfðu í huga, var að gjaldið, sem var fastbundið í lögunum frá 1971 kr. 1.95, yrði hækkað sem svaraði verðlagshækkunum á þessu tímabili. Könnun leiddi í ljós að gjaldið ætti að fjórfaldast til þess að hafa sama raungildi og árið 1971 þegar það var ákveðið. Í félmrn. var samið frv. um þetta efni í fyrravetur, að gjaldið yrði framlengt og að það yrði ákveðið 8 kr. á lítra í stað kr. 1.95. Með þessu hefðu sjóðnum verið tryggðar tekjur til þess að halda áfram ýmsum þeim framkvæmdum sem eru í gangi og bráðnauðsynlegar eru.

Þegar þetta frv. hafði verið samið var um það rætt við fjmrn., sem taldi að málið heyrði undir það rn. þar sem þetta væri ákveðið í lögum um vörugjald. Félmrn. sendi því frv. til fjmrn. til fyrirgreiðslu. En þetta frv. var því miður ekki lagt fyrir Alþ. á s. l. vori og þess vegna féll gjaldstofn sjóðsins niður 1. júlí 1976.

Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir næsta ár lagði fjmrn. til að þar sem lögin hefðu ekki verið framlengd, þá yrði veitt í fjárl. fyrir 1977 sú upphæð til styrktarfélags vangefinna sem hið umrædda gjald fjórfaldað mundi hafa gefið, en það voru 120 millj. kr. Í fjárlagafrv. var hins vegar ekki tekin inn sú upphæð, heldur 40 millj. Var það að vísu nokkur hækkun frá því sem er í ár, en aðeins þriðjungur þess sem gjaldið framlengt og hækkað mundi hafa gefið. Það er augljóst að þessi fjárveiting í frv. hrekkur skammt til að standa straum af þeim framkvæmdum sem nú eru á döfinni í þessum efnum.

Varðandi b-lið í fsp. hv. þm., um yfirstjórn sjóðsins og hugsanlega aðild landssamtakanna Þroskahjálpar, vil ég taka það fram, að styrkir úr Styrktarsjóði vangefinna hafa ávallt verið veittir í samráði við Styrktarfélag vangefinna. Nú hafa verið stofnuð landssamtökin Þroskahjálp, en að þeim standa 13 félög sem vinna að málefnum þroskaheftra í landinu. Hefur komið til tals að þessi nýju samtök verði umsagnaraðili um styrkveitingar og einnig að þau eigi aðild að yfirstjórn Styrktarsjóðsins. Hvort tveggja verður að sjálfsögðu tekið til vinsamlegrar athugunar, enda eðlilegt og sjálfsagt að þessi nýju samtök fái hér aðild að.

Varðandi 3. liðinn í fsp. hv. þm., um verkefni sem sjóðnum yrðu falin í tengslum við hugsanlega eflingu hans, þá er auðvitað ljóst að jafnvel þó lögin hefðu verið eða verði framlengd og gjaldið fjórfaldað, þá munu fjárráð Styrktarsjóðsins í rauninni ekki nægja til þess að standa straum af þeim framkvæmdum sem hafnar eru og nauðsynlegar eru.

Það er rétt til upplýsinga að skýra þingheimi frá því hvernig þessu fé, sem Styrktarsjóðurinn hefur fengið á undanförnum árum, hefur verið varið. Til ársloka 1975 hefur verið veitt úr sjóðnum sem hér segir.

Til Kópavogshælis 127 millj., til Sólheimahælis, Grímsnesi, 12 millj., til Styrktarfélags vangefinna 4.8 millj., til Skálatúnsheimilis 40 millj., Tjaldanesheimilis 10.5 millj., Sólborgar, Akureyri, 56 millj., Bjarkaráss, Reykjavík, 11 millj., til Egilsstaðaheimilis 400 þús. Samtals eru þetta um 263 millj. kr.

Af þeim framkvæmdum, sem nú eru á döfinni og eru fjármagnaðar af Styrktarsjóði vangefinna, eru þessar helstar: Kópavogshælið, vistheimilið Sólborg á Akureyri, Egilsstaðaheimilið og Tjaldanesheimilið.

Það er því ljóst að Styrktarsjóður vangefinna hefur gegnt miklu hlutverki í uppbyggingu stofnana fyrir vangefið fólk hér á landi, en mörg verkefni bíða úrlausnar. Er í þessu sambandi sjálfsagt að minnast þess fórnfúsa og ómetanlega starfs sem félög áhugamanna inna af hendi til að bæta hag vangefinna. Það var fyrir atbeina þeirra sem lög um aðstoð við vangefna voru sett árið 1958, en fyrir þann tíma höfðu ríki og sveitarfélög ekki sinnt málefnum þessa fólks að marki. Á síðustu árum hefur mikið áunnist í þessum efnum, en betur má ef duga skal. Það þarf að hraða svo sem kostur er byggingarframkvæmdum, sem hafnar eru, og gera áætlanir um aukna starfsemi sjóðsins.

Ég vil að lokum taka það fram, að mér virðist Alþ. eiga um tvo kosti að velja í sambandi við fjáröflun, annaðhvort að hækka stórlega, ég vil segja þrefalda þá fjárhæð, sem veitt er í fjárlagafrv. til þessara mála, eða að fara þá leið, sem ég teldi æskilegri, að flytja frv. um framlengingu þess gjalds, sem Styrktarsjóðurinn hefur áður notið, og þá miðað við að gjaldið verði 8 kr. á lítra í staðinn fyrir kr. 1.95 eins og verið hefur undanfarin ár.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að fagna efni ræðu hæstv. félmrh. um Styrktarsjóð vangefinna og fjármögnun þeirra verkefna sem á þessu sviði bíða úrlausnar. Mér fór sem fleirum, sem hafa sérstakan áhuga á þessum málum, að það olli mér miklum vonbrigðum að ekki skyldi fást framlengt tappagjaldið svokallaða, sem fellt var niður 1. júlí s. l., þrátt fyrir mjög ákveðna umsókn samtaka þroskaheftra um að halda því áfram og hækka það í samræmi við hækkað verðlag. Ég ætla ekki að hafa mörg orð hér um, en ég vil eindregið vænta þess að framfylgt verði lokaorðum hæstv. félmrh. um að vænlegasta leiðin til leiðréttingar hér verði að flytja frv. um að þetta fasta vörugjald verði tekið upp aftur í stað þess að leggja það í vald Alþ. og fjvn. árlega hve þessi upphæð skuli vera mikil.

Hæstv. ráðh. færði rök að því að þau verkefni, sem nú þegar eru hafin að því er varðar byggingu ýmissa stofnana í þágu vangefinna, hljóta auðvitað ekki nándar nærri nógan styrk með þessum 40 milljónum sem ætlaðar eru nú samkvæmt fjárlögum. Það kom fram að 120 millj. hefðu það átt að vera ef farið hefði verið nokkurn veginn að till. samtaka vangefinna, þannig að sýnt er að bæði heimilinu á Akureyri, Sólborg, Egilsstaðaheimilinu, Tjaldanesi og þeim öðrum stofnunum, sem þegar hafa framkvæmdir á döfinni, verður engan veginn sinnt að neinu gagni með þessari upphæð sem er gert ráð fyrir í fjárlagafrv.

Ég vil taka undir það, að áhugafólk hefur unnið hér ómetanlegt starf, og ég held að enda þótt ríki og sveitarfélög komi til með að sinna þessum málum meira en hefur verið, þá munum við ekki gera ráð fyrir því að áhugafólkið láti deigan síga. Það hefur jafnan verið svo, að þess konar mál hafa átt hvað bests stuðnings að vænta úr þeirri átt og svo verður áfram. En það er sýnt að þetta fólk þarf fjárhagslegan stuðning frá hinu opinbera til þess að koma verkefnum sínum í framkvæmd. Ég vil benda á að í tveimur landshlutum, í Vesturlandskjördæmi og á Vestfjörðum, eru engar stofnanir og engin úrræði enn skipulögð til þess að mæta þessum vandamálum. Þar bíða ásamt þeim verkefnum, sem þegar eru á döfinni annars staðar, mikil verkefni sem krefjast óhjákvæmilega mikilla fjármuna á næstu árum, og ég vænti þess að áframhaldandi starf áhugafólks megi nióta meiri skilnings og meiri fjárveitinga frá hinu opinbera en hingað til hefur verið.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég hef mikinn áhuga á því að sú leið verði valin að flytja frv. um áframhaldandi starfsemi Styrktarsjóðs vangefinna og hann verði efldur a. m. k. að því er svarar til verðrýrnunar peninga. Mér er vel ljóst að það urðu umskipti í málefnum þroskaheftra þegar Styrktarsjóður vangefinna tók til starfa, og þótt, eins og fram hefur komið hér fyrir nokkrum dögum, enn þá séu gevsimörg verkefni ónunnin og margt eigi eftir að gera, þá var barna gert stórátak meðan þessi sjóður var við lýði. Og þar sem við höfum nú í dag eins og oft áður hevrt um það hve mörg verkefni á sviði heilbrigðismála liggia fyrir og hve erfitt er að sinna þörfum allra, þá held ég að framgangur þessa málefnis yrði best tryggður með því að

Styrktarsjóður vangefinna fengi að starfa áfram og að landssamtök þroskaheftra fengju aðild að stjórn hans þannig að þau mundu nokkru mega ráða um það hvernig fjármunum hans yrði varið. Það hefur orðið, eins og sagt var hér nýlega, allmikil breyting á möguleikum þroskaheftra nú undanfarið, og ég lít svo á að með samþykkt grunnskólalaganna hafi í raun og verið brotið blað í framtíðarmöguleikum þessa fólks. Þegar þau lög koma til framkvæmda að fullu, þá verður það stór hópur af þessu fólki sem á að geta fengið þá sérkennslu, ýmist í sérdeildum eða við sérstakar aðstæður í venjulegum deildum sem þeim er mest þörf á. En þrátt fyrir að svo verði, þá verða enn þá margar þarfir, bæði á félagslegu og læknisfræðilegu sviði, sem þarf að uppfylla, og það held ég að verði best tryggt með því að þetta fólk hafi sérstakan sjóð sér til stuðnings vegna þess að svo margir verða um hinar almennu fjárveitingar á fjárlögum að keppa.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin og góðan vilja hans, sem ég vissi reyndar fyrir, í þessu máli, og þá vænti ég þess í framhaldi af svörum hans að við getum nú fram að fjárlagaafgreiðslu lagst rösklega á sveif um að fá þessa upphæð hækkaða verulega. Ég skildi orð hans þannig, að ekki yrði um það að ræða að flutt yrði stjfrv. um framlengingu þessa sjóðs, a. m. k. ekki að svo stöddu, og ég hlýt að harma það, því að mér er ljóst að það er í raun og veru eina leiðin sem við höfum til þess að fá verulegt fjármagn hér inn. Í sambandi við upphæðir við fjárlagaafgreiðsluna, þar sem hin mörgu verkefni kalla að, verður þetta ævinlega örðugra.

Mér er vel ljóst hve mikil andstaða er við hina mörkuðu tekjustofna. Það var mér því sannarlega gleðiefni í fjvn. nú um daginn að heyra hvern fjvn.-manna á fætur öðrum lýsa því yfir að sist skyldi þessi markaði tekjustofn lagður niður, og meira að segja fulltrúi hagsýslunnar tók undir og þá varð ég náttúrlega steinhissa. Ég held þess vegna að andstaðan við þetta út af fyrir sig sé ekki meiri en svo, að við ættum að geta komið þessu fram ef við vinnum þarna vel að.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að taka vel í tilmæli mín um það að Þroskahjálp verði umsagnaraðili eða jafnvel taki þátt í yfirstjórn þessa sjóðs. Ég álít það mjög til bóta, sérstaklega vegna þess að hér verður nú um verkefni að ræða sem spannar meir yfir landið allt en áður hefur verið.

Ég vil aðeins benda á til viðbótar að verkefni Styrktarsjóðsins án allrar útvíkkunar á verkum hans, þ. e. a. s. nauðsynlegrar útbreiðslu á starfi almennt, — þessi verkefni, sem hann hefur sinnt eingöngu, eru risavaxin og krefjast geysimikilla fjármuna. Lausleg úttekt hjá okkur félögum Þroskahjálpar, byggð á brýnustu verkum í byggingum sem ráðgerðar eru í dag, þó Vestfirðir séu þar undanskildir og Vesturland einnig, sýnir að hér er, miðað við núverandi verðlag, um 600 millj. kr. verk að ræða á næstu 5 árum, þ. e. um 120 millj. á ári, og er þó hvergi of í lagt, svo mikið er enn þá ógert. Svo að ég taki dæmi núna varðandi fjárlagaupphæðina eins og hún er núna, 40 millj., þá mun hún aðeins nægja til þess á næstu 5 árum að gera viðbygginguna við Sólborg á Akureyri sæmilega úr garði og ljúka fyrsta áfanga að heimili okkar austur á Egilsstöðum. Þessi fjárveiting okkar mun ekki nægja til meiri verka. Og svo kemur hér enn til viðbótar verkefni sem ég veit ekki hvar á að lenda, er komið út úr grunnskólakerfinu greinilega og er vanrækt, þar sem Öskjuhlíðarskólinn er. Hvaðan á þessi skóli að fá fjármagn og hvernig ætla menn að láta starfsemi hans halda áfram? Fyrir því er ekki gert ráð í fjárl. núna. Til hans er aðeins ætluð smáupphæð og annar áfanginn sem sagt hvergi í sjónmáli. Það þýðir að sú starfsemi, sem hefur farið þar fram nú að undanförnu, verður til miklu minna gagns en annars hefði verið, ef hægt hefði verið að halda áfram með annan áfanga og standa þannig að kennslumálum þessa fólks eins og þarf að gera. Og þá dettur manni það í hug, að ef þessi sjóður yrði efldur, þá kæmi vel til greina að taka einnig úr honum til þessa menntahlutverks, sem er kannske eitt það allra brýnasta sem við eigum eftir að leysa í þessum málum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er kunnugt að ýmsir eru andvígir þessum svokölluðu mörkuðu tekjustofnum, eins og þeim sem við ræðum um hér. Ég vil taka það alveg skýrt fram að ég er á gagnstæðri skoðun. Náttúrlega má færa mörg rök fyrir því frá sjónarmiði ríkissjóðs og opinberrar sýslu að æskilegra sé að hafa þá fáa eða enga, þessa mörkuðu tekjustofna. En ég þekki það ákaflega vel af reynslunni, að því er þannig farið um fjölmörg mannúðarmál, líknarmál og framfaramál, að það hefur ekki tekist að fá það fjármagn, sem væri viðunandi, til slíkra mála með fjárveitingum í fjárl., en hvað eftir annað hafa markaðir tekjustofnar bjargað málunum við. Einn þeirra er þessi. Ég verð að viðurkenna að mér er málið kannske nokkuð skylt, vegna þess að ég var einn flm. að frv. á Alþ. 1956 þegar þetta gjald, þessi markaði tekjustofn til Styrktarsjóðs vangefinna var ákveðinn. Við vorum 4 þm., einn úr hverjum flokki, sem fluttum þetta frv., sameinuðumst um það, og sá maður, sem lagði stærsta skerfinn til þess, var þá utan þings, hv. núv. 2. þm. Reykn., Oddur Ólafsson.

Ég vil líka ítreka það sem ég sagði áðan, að af þeim tveimur leiðum sem fyrir hendi eru, annars vegar að stórhækka framlagið í fjárl., hitt að lögfesta framlengingu þessa gjalds og hækkun, þá er ég fyrir mitt leyti hlynntari því að síðari leiðin verði farin.

Raforkumál á Austurlandi, fsp. (þskj. 63). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 63 fsp. til hæstv. iðnrh. um raforkumál á Austurlandi, en því er ekki að leyna að við austfirðingar höfum miklar áhyggjur af ástandi orkumála í fjórðungnum. Fsp. eru svo hljóðandi:

„1. Hvenær verður hægt að taka ákvörðun um virkjun Bessastaðaár og hvaða stærð virkjunar mundi verða hagstæðust?

2. Hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um lagningu háspennulínu frá Kröfluvirkjun til Austurlands?

3. Hvernig ætla Rafmagnsveitur ríkisins að tryggja Austurlandi nægjanlegt rafmagn í vetur?

4. Hvað líður framkvæmd þál. um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar?“

Varðandi 1. lið fsp. vil ég vísa til þess, að á fundi í Sþ. 9. mars s. l. svaraði hæstv. iðnrh. fsp. frá mér um virkjun Bessastaðaár og rannsóknir á Fljótsdalsvirkjun. Með hliðsjón af svari hæstv. ráðh. þá þykir mér nú tímabært að endurtaka fsp. mína og þá sérstaklega varðandi ákvörðunartöku um Bessastaðaárvirkjun. Ég hef fengið í hendur álitsgerð frá fyrirtækinu Hönnun hf., sem er verkfræðiskrifstofa hér í Reykjavík, sem heitir: Afl og orka, hugleiðingar um þróun orkumála á Íslandi næstu árin. Í þessari álitsgerð kemur fram á bls. 8 orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. mynd 1 þarf ný virkjun að taka til starfa í landinu síðla árs 1981 vegna hættu á aflskorti. Ef athugað er hvaða meiri háttar virkjanir gætu hafið orkuframleiðslu um þetta leyti er ljóst að aðeins tveir virkjunarvalkostir eru á því undirbúningsstigi að slíkt sé mögulegt. Hrauneyjarfossvirkjun er nú tilbúin til útboðs og gæti hafið orkuframleiðslu í árslok 1980. Fyrir liggur hönnunaráætlun um Bessastaðaárvirkjun og er áætlað að hún geti hafið vinnslu með fyrri 32 mw. aflvél og öðru miðlunarlóninu í árslok 1980. Í áætluninni er lagt til að virkjunin verði fullbúin í árslok 1983, og ef þörf krefur getur vinnsla seinni áfanga auðveldlega hafist mun fyrr.“

Ég leyfi mér að vísa til þessarar álitsgerðar sem er, eins og ég gat um áðan, hugleiðingar um þróun orkumála á Íslandi næstu árin.

2. liður fsp. fjallar um háspennulínu frá Kröfluvirkjun til Austurlands. Ég hef leitt hjá mér umr. um Kröfluvirkjun, en vonast til þess að virkjunin skili frá sér raforku eins og til er ætlast. Verði svo er ljóst að nokkur afgangsorka verður þar, a. m. k. um sinn. Við austfirðingar komum ekki auga á annan kost betri til að auka og tryggja Austurlandi raforku sem allra fyrst. Þess vegna höfum við þm. Austurlands allir verið fylgjandi því að háspennulína verði lögð frá Kröflu austur yfir hálendið og þetta verði gert sem fyrst. Að okkar dómi er nauðsynlegt að hefja línulögnina sumarið 1977 og ljúka henni árið 1978. Þess er vert að geta, að ef eitthvað færi úrskeiðis varðandi Kröfluvirkjunina sjálfa, þá er hér um að ræða raunverulega tengingu allar götur frá Suðvesturlandinu norður yfir heiðar, eftir Norðurlandi og til Austurlands, þannig að þar opnast möguleiki til raforkuflutnings til Austurlands ef Krafla skilar ekki þeim árangri sem vonir standa til.

Þriðji liður fsp. fjallar um það, hvernig eigi að tryggja Austurlandi næga raforku nú í vetur. Í stórum dráttum er ástandið þannig á Austurlandi að lágmarksafköst Lagarfossvirkjunar eru um 3 mw. og Grímsár um 1 mw. Dísil- og gasstöðvar á Austurlandi geta framleitt um það bil 8.6 mw. af afli. Þetta eru samtals 12.6 mw. Þörfin er hins vegar talin vera um 14.5 mw. Er því ljóst að á skortir um það bil 2 mw. til að fullnægja þörfinni í vetur. Hér er mikið í húfi, því að ljóst er að sjávariðnaðurinn, bæði rekstur fiskiðjuveranna og síldarverksmiðjanna, er í hættu ef ekki verður nægilegt rafmagn. Þá er og þess að geta, að talsvert mörg hús víðs vegar á Austfjörðum eru í byggingu og verða að fá rafmagn. Flest þeirra eru byggð án miðstöðvar og treysta alfarið á rafmagnið.

4. liðurinn í fsp. fjallar um framkvæmd þál. um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Þar er endurtekin fsp. frá því á síðasta Alþ. Þá gerði hæstv. ráðh. grein fyrir því hvað gerst hafði í þeim málum frá því að ályktunin var samþykkt og þar til í fyrravetur, og nú er ég að leyfa mér að gera fsp. um framhaldið.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, þá beindi hann til mín fsp. á síðasta þingi um svipað efni og nú er spurt og svaraði ég þeim fsp. allítarlega á Alþ. 9. mars. Að sumu leyti má vísa til þeirra svara.

Fyrsta spurningin er: „Hvenær verður hægt að taka ákvörðun um virkjun Bessastaðaár og hvaða stærð virkjunar mundi verða hagstæðust?“

Í svari mínu í marsmánuði var rætt um orkuvinnslugetu Bessastaðaárvirkjunar og er þar komist svo að orði m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaða þessara athugana er því sú, að með virkjun Bessastaðaár aukist verulega nýting þeirra rennslisvirkjana sem fyrir eru á Austurlandi, þ. e. Grímsár og Lagarfoss, og að æskilegt sé að uppsett afl í virkjuninni verði nokkru meira en upphaflega var ráð fyrir gert.

Jafnframt bendir þessi athugun til að virkjunin falli vel að samrekstri við aðrar virkjanir í landinu, þegar komist hefur á örugg tenging hennar við virkjanir á Norður- og Suðurlandi.“

Í lögum um Bessastaðaárvirkjun frá því í des. 1974 var gert ráð fyrir að afl hennar yrði allt að 32 mw. Þær athuganir, sem síðar hafa farið fram, hafa leitt í ljós að þar mætti byggja töluvert stærri virkjun, jafnvel með tvöföldu afli á við það sem gert var ráð fyrir haustið 1974. Er því bent á það af sérfræðingum sem undirbúið hafa þetta mál, að margt bendi til þess að hagkvæmust stærð virkjunar muni vera á bilinu 30—60 mw. og virkjunina megi byggja í tveimur eða fleiri áföngum og aðlaga þannig framkvæmdakostnað á hagkvæman hátt að aukinni afl- og orkueftirspurn. Síðan segir:

„Unnið er nú að áætlun um virkjunina og er ráðgert að sú áætlun verði tilbúin í þessum eða næsta mánuði“ — þ. e. a. s. mars eða apríl s. l. „Á grundvelli hennar verður væntanlega hægt að meta hvenær í virkjunina skuli ráðist og hvaða stærð endanlega verður valin.“

Nú liggja mál þannig fyrir að út af fyrir sig væri hægt nú eða á næstunni að taka ákvörðun um Bessastaðaárvirkjun sem slíka. Hins vegar hafa þeir sem fjallað hafa um þetta mál, bæði á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og enn fremur Orkustofnun, látið í ljós að æskilegra sé að taka

ekki endanlega ákvörðun um virkjun Bessastaðaár, þ. e. a. s. tímaáætlun og stærð hennar, nema í beinu samhengi við áfangaskiptingu Fljótsdalsvirkjunar. En eins og margsinnis hefur verið tekið fram er hugsanleg Fljótsdalsvirkjun mjög stór virkjun, talað hefur verið um 350 mw. eða nálægt þeirri stærð og þeir virkjunarmöguleikar hafa verið árum saman í athugun og undirbúningi. En eins og komið hefur fram frá byrjun er Bessastaðaárvirkjun hugsuð sem fyrsti áfangi eða frumáfangi í Fljótsdalsvirkjun. Það er sem sagt álit bæði Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins að æskilegt sé varðandi stærð Bessastaðaárvirkjunar og tímaáætlun að gerð sé nokkru nánari grein fyrir stærð og áfangaskiptingu Fljótsdalsvirkjunar vegna þess hve náið samhengi sé þar á milli.

Varðandi 2. spurningu hv. þm., hvort ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um lagningu háspennulínu frá Kröfluvirkjun til Austurlands, vil ég segja þetta:

Í tillögum Rafmagnsveitna ríkisins að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1977 er gert ráð fyrir lagningu 132 kw. línu frá Kröfluvirkjun að Eyrarteigi í Skriðdal og að þessum framkvæmdum sé skipt á tvö ár, þ. e. a. s. árin 1977 og 1978, og þá miðað við að lína og nauðsynleg aðveitustöð verði teknar í notkun haustið 1978. Rafmagnsveitur ríkisins áætla heildarkostnað við þessa framkvæmd 1376 millj. kr. sem mundu skiptast á þessi tvö ár. Rafmagnsveiturnar lögðu til að fé yrði veitt til þessara framkvæmda á þessum tveim árum, og var mælt með þeirri till. af hálfu iðnrn. Þessi fjárveiting eða réttara sagt lánsheimild er ekki í fjárlagafrv., en hefur nú að undanförnu verið rædd að nýju í sambandi við lánsfjáráætlun þá sem nú er í smíðum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé brýn nauðsyn að leggja þessa línu og hefja framkvæmdir við hana á næsta ári. Ég tel einnig að með þeirri framkvæmd sé verið að vinna verk sem er þjóðhagslega mjög hagkvæmt, því að þótt hér sé um stórar fjárfúlgur að ræða, þá er ljóst að þessi lína, þegar hún er fullgerð og tekin til starfa, mundi spara mjög mikið í erlendum gjaldeyri vegna þeirrar dísilkeyrslu sem ella er óhjákvæmileg á næstu árum á Austurlandi. Þetta mál stendur því svo, að það er ekki hægt að segja að ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um lagningu þessarar línu frá Kröfluvirkjun til Austurlands, en ég vil undirstrika að það er eindregin tillaga Rafmagnsveitna ríkisins, studd af iðnrn.

3. spurning: „Hvernig ætla Rafmagnsveitur ríkisins að tryggja Austurlandi nægjanlegt rafmagn í vetur?“

Samkv. upplýsingum Rafmagnsveitna ríkisins verður það ekki gert með öðru móti en aukinni raforkuframleiðslu með dísilvélum eins og nú er háttað rekstri vatnsaflsvirkjana á Austurlandi. Í þessu skyni verða fluttar til Austurlands þriár dísilvélar og er mér tjáð að afl þeirra sé samtals 1½ mw. Hv. fyrirspyrjandi minntist á að aflhörfin gæti orðið 2 mw. Er sjálfsagt að bera þær tölur saman og kanna hvort þessar fyrirætlanir Rafmagnsveitna ríkisins eru þá nægilegar eða hvort þarf hér einhverju að breyta eða við að auka.

4. liður fsp. er: „Hvað líður framkvæmd þál. um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar?“ Þá er því að svara, að Orkustofnun hefur þessar rannsóknir með höndum. Á þessu ári hefur lítið fé verið til ráðstöfunar í því efni, en till. Orkustofnunar eru þær, að á næsta ári, 1977, þyrfti að vinna að rannsóknum í Fljótsdal fyrir 135 millj. kr. Í fjárlagafrv. eru 36 millj. tiltækar í þessu skyni og vantar því 99 millj. annaðhvort í fjárl. eða á lánsfjáráætlun ef ætti að ná þessu marki Orkustofnunar sem hún telur mjög æskilegt að fáist til þess að vinna sómasamlega að framkvæmd þeirrar ályktunar sem Alþ. hefur samþykkt í þessu efni.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það var aðallega í sambandi við 1. lið þeirrar fsp., sem hér var rætt um, sem ég kvaddi mér hljóðs, en það snertir ákvörðun varðandi virkjunarframkvæmdir á Austurlandi.

Eins og hér kom fram er búið að standa nokkuð lengi á því að ákvörðun sé tekin í þessum efnum. Lög voru sett um Bessastaðaárvirkjun í árslok 1974 og síðan var í rauninni alltaf gefið í skyn að ákvörðun yrði tekin innan skamms um virkjunarframkvæmdir. Talsverðu fé var varið í ýmiss konar rannsóknir á rannsóknir ofan, sem kom meira og meira í ljós að voru ekki bara bundnar við þær virkjunarhugmyndir sem lög höfðu verið sett um, heldur allt annað. En nú hafa um alllangan tíma legið fyrir endurskoðaðar áætlanir um Bessastaðaárvirkjun þar sem sérfræðingar telja 64 mw. virkjun á þessum stað væri sérstaklega hagstæð fyrir raforkukerfið sem heild, og reyndar er nú bent á að það sé aðeins um tvo möguleika að ræða til þess að hafa til upp úr 1980 viðbótarafl fyrir raforkukerfi landsmanna í heild: Að ráðast í Hraunevjarfossvirkjun eða þá þessa virkjun í Bessastaðaá upp á 64 mw. Það er ekkert um það að villast að fyrir landskerfið væri þessi virkjun, sem gerð hefur verið allítarleg grein fyrir, mjög hagstæð vegna þess að þarna er um að ræða mikið afl sem hægt er að setja inn á kerfið. Er bent á að þessi virkjun sé sérstaklega hagstæð einmitt vegna Kröfluvirkjunar sem raunverulega er grunnaflsvirkjun og nýtist þá best að hægt sé að nota allt afl hennar stöðugt inn á kerfið, og þá þurfi einmitt á slíkri virkjun að halda eins og þeirri sem gerð hefur verið áætlun um í Bessastaðaá.

Nú heyri ég að hæstv. ráðh. segir eftir allan þann drátt sem orðið hefur á að taka ákvörðun í þessum efnum að enn vilji Orkustofnun bíða og kanna málið enn betur og athuga um það hvað Fljótsdalsvirkjun eigi að verða stór eða áfangar hennar eigi að verða stórir. En við höfum verið upplýstir um það, þm. af Austurlandi, að þessi virkjun upp á 64 mw. trufli ekki á einn eða neinn hátt síðari framkvæmdir í sambandi við Fljótsdalsvirkjun sem rætt hefur verið um, svo að ég get ekki séð að það sé nein ástæða til þess að bíða með ákvarðanir í þessum efnum af þessum ástæðum, hér sé bara um nýjan fyrirslátt raunverulega að ræða: bíða og bíða og taka enga ákvörðun.

Það er sýnilegt að það þarf hér á auknu afli að halda inn á raforkukerfið. Þarna er um hag-

stæða virkjun að ræða. Við erum allir sammála um það, þm. af Austurlandi, að sjálfsagt er að koma upp línunni frá Kröflu til Austurlands og tengja raforkukerfi Austurlands við meginraforkukerfi landsins. Það er algert undirstöðuatriði. En það þarf jafnhliða að taka ákvörðun um virkjunarframkvæmdir á Austurlandi, og ég vil nú vænta þess að hæstv. iðnrh., sem ég ætla að hafi fylgst allvel með þessum málum og iðulega hefur komið fram frá hans hálfu áhugi á því að reyna að greiða fram úr þessum vandræðamálum sem eru á Austurlandi varðandi raforkuframleiðsluna, skeri á þennan hnút, knýi það fram að fá ákvörðun um þessa virkjun, en þvæli þessu ekki lengur á undan sér eins og gert hefur verið.

Fyrirspyrjandi (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Eins og kom fram í þeim svörum, þá er sýnilegt að á milli þessara mála allra er ákveðið samhengi, og þess vegna setti ég fram þessar fsp. í einu lagi eins og þær birtast á þskj. 63. Ég álít að það sé ákaflega þýðingarmikið fyrir okkur austfirðinga að fá ákvörðun tekna um Bessastaðaárvirkjun. Ég er ekki að tala fyrir því, að það sé gert áður en nauðsynleg gögn liggja fyrir, og vil leggja áherslu á nauðsyn þess að menn taki ekki ákvarðanir í orkumálum, sem varða stórar fjárhæðir, fyrr en öll gögn og athuganir liggja fyrir, þannig að hægt sé að byggja á traustum grunni. En eigi að síður er málum svo háttað eystra, að ákvarðanir í þessum efnum þola ekki mikla bið. Austfirðingafjórðungur er fjarri öðrum fjórðungum, eins og kunnugt er, og öðrum orkuveitusvæðum. Ef fjórðungurinn þarf að byggja verulega á orku frá Suðvesturlandi, þá gefur auga leið að hætta er á truflunum á slíkum orkuflutningi. Þess vegna er ákaflega þýðingarmikið að teknar verði ákvarðanir um byggingu orkuvers á Austurlandi sem tryggi austfirðingum grunnafl úr fjórðungnum. Á annað er í raun og veru ekki að treysta til fulls þegar til lengdar lætur. Þess vegna leggjum við á það hina mestu áherslu, að ákvörðun um Bessastaðaárvirkjun verði tekin sem allra fyrst, til þess að menn viti hvar þeir standa í þessum málum og geti þá hagað sér í samræmi við það.

Ég geri mér góðar vonir um að línan frá Kröflu verði tekin inn á lánsfjáráætlun á þessu þingi og stefnt verði að því að hún verði tekin í notkun til Austurlands haustið 1978, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. að væri vel mögulegt. Ég vil fagna svari hans varðandi það atriði sérstaklega.

Um ástand orkumála eystra í vetur, þá er það vægast sagt mjög kritiskt. Það kom strax fram um daginn í fyrsta kuldakastinu að það urðu nokkrar truflanir á Lagarfljótsvirkjuninni sem leiddu til þess að stöðva varð vinnslu þýðingarmikilla undirstöðuatvinnufyrirtækja í fjórðungnum Og sýnilegt er, ef ekki verður úr bætt þegar kemur fram á loðnuvertíð og vetrarvertíð, að þá er hreinn háski á ferðinni ef ekki er nægilegt rafmagn til að tryggja stórvirkum atvinnutækjum á Austurlandi næga raforku til vinnslu. Það atriði treysti ég að Rafmagnsveiturnar og hæstv. ráðh. athugi nánar, hvað þarf til að tryggja nauðsynlega lágmarksorkuframleiðslu í vetur.

Varðandi þessi mál öll vil ég láta það koma fram aftur, en ég minntist á það í þingræðu í fyrra, að ég álít að það sé ekki hægt að búa við það til langframa að hið mikla þéttbýli hér á Suðvesturlandi verði alfarið og einvörðungu að treysta á raforkuframleiðslu frá Þjórsársvæðinu. Það geta gerst atburðir á þessu svæði sem valda því að rafmagnstruflanir verða verulegar um lengri eða styttri tíma eftir atvikum, og þarf ekki að ræða það nánar. Þess vegna er ákaflega þýðingarmikið að það séu aðrar leiðir fyrir hendi um raforkuflutning til þessa svæðis, og þess vegna álít ég að það þurfi í fullri alvöru að bera saman þá valkosti sem nú eru fyrir hendi, sem samkv. þessari álitsgerð, sem ég vitnaði til áðan, eru Hrauneyjarfossvirkjun og Bessastaðaárvirkjun, — bera saman þessa valkosti í fullri alvöru og þá einnig með tilliti til nauðsynjar á því, að það verði einhvers konar varaafl fyrir þéttbýlissvæðið á Suðvesturlandi ef jarðskjálftar, eldgos eða einhverjir þvílíkir atburðir gerast. Það er erfitt að gera sér í hugarlund hvað mundi gerast á þessu svæði ef hin miklu orkuver við Þjórsá og á því hættusvæði yrðu fyrir skakkaföllum. Og ég legg á það mikla áherslu að þessir valkostir verði athugaðir. Ég geri engar kröfur í því efni og við gerum það ekki, austfirðingar, aðrar heldur en þær, að það verði af fullum heiðarleika og sem fyrst gerður raunhæfur samanburður á hagkvæmni þess, hvaða valkost á að velja í fyrstu lotu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég hef margtekið það fram, bæði hér á Alþ. og annars staðar, að ég vil stefna að því að á næstu árum verði reistar stórvirkjanir ekki aðeins á Þjórsársvæðinu, heldur utan þess, og eru þá sérstaklega tveir möguleikar sem hafðir hafa verið í huga. Annar er Bessastaðaárvirkjun og hinn er Blönduvirkjun. Báðar þessar virkjanir hafa það m. a. til síns ágætis, fyrir utan að þær virðast vera hagkvæmar virkjanir, þá hafa þær einnig það sér til ágætis að vera utan hins eldvirka svæðis á landinu.

Ég held að við ættum ekki að setja málin þannig fram að sé um að ræða annaðhvort Hrauneyjarfossvirkjun, Bessastaðaárvirkjun eða Blönduvirkjun. Ég held að allar þessar virkjanir hljóti að koma. Það er að vísu spurning um röð þeirra. En ég vil aðeins í tilefni af því, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um drátt á þessu máli, taka það fram, að að sjálfsögðu hefði mér þótt ákaflega vænt um að geta tekið ákvörðun um það að ráðist yrði í Bessastaðaárvirkjun. Það eru nú tvö ár liðin síðan ég flutti frv. um hana og það var hér lögfest. En það sem ég vil benda aðeins á hér í umr. og vil undirstrika nú, það er álit Orkustofnunar, og það er rétt að ég lesi hér upp úr bréfi orkumálastjóra fyrir hönd Orkustofnunar einmitt í tilefni af þessari fsp. hv. þm. Þar segir orkumálastjóri m. a.:

„Í áætlunum um Bessastaðaárvirkjun hefur

verið reiknað með 64 mw. uppsettu afli endanlega í virkjuninni, þar af 32 mw. í fyrsta áfanga.“ Síðan segir hann: „Þetta er ljóst dæmi þess, hve nátengdar Bessastaðaárvirkjun og Fljótsdalsvirkjun eru. Ekki er unnt að fullnaðarhanna Bessastaðaárvirkjun og hrinda henni í framkvæmd fyrr en rannsókn Fljótsdalsvirkjunar er það vel á veg komin að ákvarða megi stærð hennar og áfangaskiptingu sæmilega vel. Stærð Bessastaðaárvirkjunar ræðst fremur af því en vinnslugetu hennar einnar sér.“

Það er auðvitað alltaf matsatriði og ákvörðunaratriði að hve miklu leyti Alþ. og ríkisstj. vilja fara í einu og öllu eftir áliti sérfræðinga og trúnaðarmanna, en ég tel skylt að láta þetta sjónarmið Orkustofnunar koma hér fram.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess sérstaklega að fagna öllu því, sem kom fram í svari hæstv. orkumálaráðh. við fsp. hv. þm. Tómasar Árnasonar. Í fyrsta lagi, að nú er á döfinni að taka ákvörðun um að leggja línu austur norðan frá Kröflu. Það er fyrsti kosturinn sem austfirðingar eygja til þess að tryggja orku í landsfjórðungnum. Ef, sem við væntum nú ekki, einhver misbrestur verður á um orkuvinnslu í Kröflu, þá er að því gætandi að byggðalína nær nú brátt og um þessi áramót austur að Kröflu og innan tveggja ára hefur verið lokið við að leggja háspennulínu frá Geithálsi og upp í Hvalfjörð og er þá hægt að flytja allmikla orku þar norður og þá austur ef svo vill verkast. Á meðan virðist verða að una við þann vélakost sem fluttur hefur verið austur, og úr brýnasta vanda hefur verið ráðið með því dísilafli sem nú hefur verið sett upp á einum þrem stöðum fyrir austan.

Enn fremur varðandi það sem fram kom um rannsóknir á Fljótsdalshéraði, það er ekki rétt, sem fram kom í máli hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að það lægi beint við nú að taka ákvörðun um virkjun Bessastaðaár, af því að hún ein út af fyrir sig, án tengsla við framhaldsvirkjun á Fljótsdalshéraði, er ekki hagkvæm. Hagkvæmni hennar byggist á framhaldsvirkjunum á Fljótsdalsheiði, og eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., þá yrði þar um að tefla frumáfanga Fljótsdalsvirkjunar. En öllu því, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., sé ég ástæðu til þess að lýsa ánægju minni yfir.

Fyrirspyrjandi (Tómas Árnason): Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég sagði áðan að við austfirðingar gerðum ekki kröfur í raforkumálum umfram það sem gefur svigrúm til þess að ljúka eðlilegum rannsóknum og undirbúningi virkjana. En ég vil leyfa mér í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði áðan um þessi mál, að óska eftir því að sá valkostur, sem Verkfræðistofan Hönnun gerir ráð fyrir í þeirri álitsgerð sem ég vitnaði til áðan í mínu máli, verði tekinn til athugunar af þar til bærum réttum aðilum og rannsókn fari fram á því, hvort sá kostur geti verið heppilegur þegar allar aðstæður eru athugaðar.

Greiðslufyrirkomulag úr Fiskveiðasjóði vegna smíða fiskiskipa, fsp. (þskj. 84). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég hef lagt fsp. fyrir hæstv. iðnrh. um greiðslufyrirkomulag úr Fiskveiðasjóði Íslands vegna nýsmíða, lenginga og yfirbygginga fiskiskipa. Fsp. er svo hljóðandi:

„1. Hvernig hefur greiðslum verið háttað úr Fiskveiðasjóði Íslands við áfangamat árin 1974, 1975 og það sem af er þessu ári vegna:

a) Nýsmíði skipa innanlands?

b) Lenginga og yfirbygginga skipa innanlands?

2. Hefur núverandi framkvæmd þessara mála tafið þau verkefni sem eru í gangi í íslenskum skipasmíðastöðvum?“

Svo sem kunnugt er gegna íslenskar skipasmíðastöðvar mjög veigamiklu hlutverki í atvinnuþróun þjóðarinnar. Í þeim fer fram auk nýsmíða mikilvæg þjónustustarfsemi fyrir sjávarútveg, — þjónustustarfsemi sem verður að vera fyrir hendi í landinu sjálfu. Hundruð manna vinna við þessa atvinnugrein víðs vegar um landið og með árunum hafa íslenskir járniðnaðarmenn öðlast mikla reynslu og þjálfun við viðgerðir og skipasmíðar. Á orði er haft að þessi iðngrein standist fyllilega erlenda samkeppni. En þrátt fyrir það hafa ætíð verið nokkur brögð að því, að leitað hefur verið til útlanda með viðgerðir á fiskiskipum sem unnt hefði verið að gera við hér innanlands. Hefur stundum verið borið við að íslenskar skipasmíðastöðvar hefðu ekki getað tekið að sér umrædd verkefni vegna skorts á fjármagni eða nauðsynlegri fyrirgreiðslu hjá innlendum lánastofnunum. En á sama tíma sem erlendar skipasmíðastöðvar hafa tekið að sér verkefni með greiðslufresti á grundvelli bankaábyrgða frá íslenskum ríkisbönkum hafa innlendu stöðvarnar ekki fengið nægileg verkefni eða hraði ekki verið sem skyldi á þeim verkefnum sem stöðvarnar hafa verið að fást við. Það er auðvitað hin mesta óhæfa ef þessum málum er þannig háttað sem ég gat um.

Íslenskar skipasmíðastöðvar verða að búa við bestu kjör hvað fjármagnsfyrirgreiðslu áhrærir. Þessa atvinnugrein ber að efla eftir því sem kostur er, og eiga opinberir fjárfestingarsjóðir þar sérstöku hlutverki að gegna. Með tilliti til þessa óska ég eftir að fá upplýsingar um hvernig Fiskveiðasjóður Íslands hefur rækt skyldur sínar við þessa þýðingarmiklu iðngrein sem hefur vaxið mikið á síðustu árum sérstaklega og á væntanlega eftir að vaxa enn meir og verða sú lyftistöng í atvinnuþróun þjóðarinnar sem sjávarútvegur sérstaklega og þjóðin öll bindur vonir við.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 6. landsk. þm. vil ég taka þetta fram í fyrsta lagi: Frá árinu 1969 hefur Fiskveiðasjóður veitt bráðabirgðalán vegna innlendrar nýsmíði fiskiskipa. Þau lán hafa verið greidd út í áföngum eftir því sem framkvæmdum miðaði. Þessi lán eru tryggð með 1. veðrétti í ný-

smíðinni og greiðast upp af andvirði stofnláns þegar nýsmíðinni er lokið.

Samkv. 9. gr. laga frá 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareiðningum við aðra banka eða sparisjóði ef svo stendur á að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innistæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

Bráðabirgðalán eða greiðslur við áfangamat hafa því farið fram eftir báðum þessum leiðum, sem hér var lýst, á því tímabili sem fsp. nær til, þ. e. 1974—1976.

Greiðslur bráðabirgðalána hafa ráðist af fjárhagsgetu sjóðsins. Samkv. upplýsingum Fiskveiðasjóðs hafa bráðabirgðalán vegna nýsmíða fiskiskipa innanlands verið þessar: 1974 71% af hverju áfangamati, 1. jan. til 20. nóv. 1975 71%, 20. nóv. til 31. des. 1975 35.5% af hverju áfangamati, en það, sem á vantaði 71%, var síðan greitt á fyrstu vikum ársins 1976, 1. jan. til 31. mars 1976 46% af hverju áfangamati, en það, sem á vantaði 71%, var síðan greitt í aprílbyrjun, 1. apríl til 31. júlí 1976 51%, það, sem á vantaði 71%, var greitt á næstu vikum, 1. ágúst 1976 til þessa dags 51% af hverju áfangamati.

Vegna lenginga og yfirbygginga hefur að öllum jafnaði ekki verið gert formlegt áfangamat og bráðabirgðafyrirgreiðsla til slíkra framkvæmda ráðist enn meir af fjárhagsgetu sjóðsins hverju sinni. Þó munu flestar eða allar framkvæmdir við lengingar og yfirbyggingar, sem hófust á árunum 1974 og 1975, hafa notið verulegrar bráðabirgðafyrirgreiðslu. Það eru 6—8 skip. Vegna lenginga og yfirbygginga, sem hafnar hafa verið á þessu ári, hefur sjóðurinn ekki getað veitt bráðabirgðafyrirgreiðslu. Bráðabirgðafyrirgreiðsla vegna lenginga og yfirbygginga hefur á þessu ári verið veitt af viðskiptabönkum, þar til verki hefur verið lokið og lánveiting Fiskveiðasjóðs kemur til greina.

Þá er 2. fsp. — Framkvæmd þessara mála á yfirstandandi ári og í lok síðasta árs hefur ekki verið viðunandi vegna fjárskorts Fiskveiðasjóðs, og því hefur framkvæmd verka tafist.

Ég vil taka það fram að lokum, að þegar innlendar skipasmíðastöðvar framleiða með fullum afköstum geta þær framleitt um helming af þeirri árlegu endurnýjun fiskiskipaflotans sem þörf er fyrir. Er gert ráð fyrir að árleg endurnýjun flotans þurfi að vera um 4000 brúttórúmlestir til þess að hann geti haldist í óbreyttri stærð, en framleiðslugeta stöðvanna mun vera nú liðlega 2000 lestir. Fjórar stöðvar geta smíðað skuttogara af stærðinni 400—500 tonn, en það er sú gerð skipa sem mest er spurt eftir nú.

Um þessi mál hef ég átt viðræður við forráðamenn Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og fór þess á leit að félagið léti rn. í té áætlanir um innlendar skipasmíðar næstu 5 ár. Niðurstöður og stefnumörkun ættu því bráðlega að liggja fyrir. En að því verður að vinna að efla afkastagetu stöðvanna og auka hlutdeild innlendrar skipasmíði í endurnýjun skipaflotans.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Í þeim kom m. a. fram að á þessu ári hefði Fiskveiðasjóður ekki getað veitt lán vegna yfirbygginga og lenginga á fiskiskipum eins og gert var á s. l. tveimur árum. Ég tel nauðsynlegt, að þessu sé kippt í lag þannig að sambærileg lánafyrirgreiðsla eigi sér stað vegna þessara verkefna á þessu ári eins og átti sér stað á árunum 1974 og 1975, og vænti þess, að hæstv. ráðh. muni beita sér fyrir því.

Lárus Jónsson: Herra forseti: Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér á hinu háa Alþ. og hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf við þessari fsp. Ég vil leggja á það áherslu, að það hefur verið allmikið vandamál fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar undanfarið, að það hefur orðið nokkur dráttur á greiðslu frá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði til nýsmíða í landinu. Þetta er staðreynd sem ég hygg að allir, sem um þessi mál fjalla og vita, geri sér ljósa. Það er rétt að leggja á það áherslu í þessu sambandi, að það er gífurleg ásókn á það bæði að fá gert við skip erlendis og að smíða skip erlendis af þeim sökum að það er talið hagkvæmara að fá lán með þeim hætti. Þetta er staðreynd sem ég held að sé rétt að vekja mjög athygli á. Ég sé ekki mun á því fyrir þjóðarbúið, að það séu tekin erlend lán til Fiskveiðasjóðs til þess að gera honum kleift að lána íslenskum skipasmíðastöðvum til að sinna þessum verkefnum, og á því, sem gjarnan er gert, að útgerðarmönnum er leyft að smíða eða gera við skip sín erlendis og fá erlend lán til þess sem Fiskveiðasjóður verður síðan að taka að sér að lengja og lána, eins og mönnum er kunnugt um.

Ég vil beina því til hæstv. iðnrh., að hann gefi gaum að þessu máli, og ég veit raunar, að hann hefur gert það, en ég treysti honum til þess að reyna að finna á þessu farsæla lausn. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að fram undan eru mjög mikil verkefni í skipasmíðaiðnaðinum. Við höfum keypt mikinn flota af skipum og framundan eru gífurleg verkefni til að halda þessum flota við, þ. e. a. s. gera við hann. Klössunarviðgerðir koma eftir nokkur ár og þá verður þessi iðnaður að verða þess megnugur að halda þessum myndarlega flota við

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég tel að það hafi verið mjög miður farið þegar stjórn Fiskveiðasjóðs ákvað á s. l. hausti að draga stórlega úr bráðabirgðaaðstoð við skipasmíðar í landinu, þar sem þessi lán voru allt í einu lækkuð úr 71% niður í 35½%, þó að nokkuð væri bætt úr síðar. Stjórn sjóðsins mun hafa talið sig til neydda vegna fjárskorts að taka þessa mjög svo alvarlegu ákvörðun sem, eins og ég tók fram áður, hefur orðið til skaða og tafið framkvæmd verka. Það verður að sjálfsögðu að reyna á næsta ári að tryggja Fiskveiðasjóði fjármagn sem nægi til að gera viðunandi skil að þessu leyti.

Ég tek mjög undir það sem fyrirspyrjandi og hv. 4. þm. Norðurl. e. sögðu áðan, að það getur auðvitað ekki gengið, það getur ekki staðist að menn leiti eftir smíði á skipum erlendis eða viðgerð á þeim erlendis vegna þess að þar fá menn góða fyrirgreiðslu til lána og engir erfiðleikar með það, en ef íslenskar skipasmíðastöðvar eða viðgerðarstöðvar eiga að annast málin, þá stendur oft á fjármagninu og þess vegna eru bæði nýsmíði og viðgerðir fluttar út. Þetta mál, sem hér er gerð fsp. um, nýsmíðin, er auðvitað nátengt viðgerðunum.

Ég gat þess áðan að ég hefði beðið Félag ísl. dráttarbrauta og skipasmiðja að gera 5 ára áætlun um nýsmíði skipa innanlands með það fyrir augum að fullnýta skipasmíðastöðvarnar, efla þær og auka og flytja sem mest, eftir því sem unnt væri, af skipasmíði til landsins. Viðgerðarstarfsemin er auðvitað ákaflega mikilvæg, og að tilhlutan iðnrn. hefur á undanförnum mánuðum verið gerð athugun á þörfum íslenska skipaflotans fyrir viðgerðarþjónustu og um leið athugun á getu innlendra viðgerðarstöðva til að anna þeim verkefnum, en þau munu fyrirsjáanlega aukast á næstu árum. Að þessari könnun vinna Iðnþróunarstofnun Islands, Landssamband iðnaðarmanna, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Samband málm- og skipasmiðja.

Ég vil í þessu sambandi taka fram að heildarkostnaður við viðgerðir, viðhald og breytingar á skipaflotanum nam á s. l. ári 6370 millj. kr. Af því voru viðgerðir erlendis 1770 millj., en innanlands 4600 millj. Nú er því töluverður meiri hluti af viðgerðum framkvæmdur innanlands, en hér er um miklar fjárhæðir að ræða sem notaðar eru erlendis og er sjálfsagt að stefna að því að draga sem allra mest úr því.

Það eru ýmis atriði sem þarf að vinna og stefna að í sambandi við þessi mál. Fyrsta meginatriðið er auðvitað að tryggja jafna fjárhagslega fyrirgreiðslu við framkvæmd verkefna innanlands og unnt er að fá hjá hinum erlendu skipasmíðastöðvum, hvort sem um er að ræða nýsmíði eða viðgerðir skipa. Það þarf að gera ýmislegt fleira. Það þarf að ljúka þessari áætlunargerð, bæði um þörf fyrir skipaviðgerðir hér næstu árin og getu innlendra viðgerðarstöðva til að sinna þessum verkefnum, en að þeirri áætlun er unnið eins og ég gat um. Það þarf markvissar aðgerðir til að bæta aðstöðu stöðvanna. Það þarf aukið samstarf milli samtaka viðgerðarstöðva og útgerðar í þeim tilgangi m. a. að tryggja hagkvæma nýtingu stöðvanna með því að dreifa reglubundnu viðhaldi sem jafnast yfir árið. Og það þarf beinar aðgerðir hjá viðgerðarstöðvunum sjálfum til að auka framleiðni þeirra, en tækniaðstoð á því sviði er einmitt nú að hefjast að tilstuðlan opinberra aðila í framhaldi af mjög mikilvægri tækniaðstoð til skipasmíðastöðvanna varðandi nýsmíði.

Vandi landshlutasamtakanna við að fjármagna rekstur fræðsluskrifstofa, fsp. (þskj. 84). — Frh. einnar umr.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að þessi fsp. skuli vera hér flutt og rædd, um leið og ég lýsi óánægju minni með svör hæstv. ráðh.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á að það eru nú liðin tvö ár síðan ég bar sams konar fsp. fram hér í Sþ. Hún var borin fram haustið 1974, svo dróst nokkuð lengi að hæstv. ráðh. sæi sér fært að svara fsp., en henni var svarað í Sþ. 25. febr. 1975. Þá tók hæstv. ráðh. það sérstaklega fram, að hann gerði sér ljóst að hér væri við mikinn vanda að etja og vart við því að búast að fræðsluumdæmin gætu tekið til starfa og starfað eðlilega nema sá vandi yrði leystur. Hann lýsti því yfir, hæstv. ráðh., þá, fyrir tveimur árum, að enn væri ekki búið að taka ákvörðun um það af hálfu ríkisstj. hvernig sá vandi yrði leystur, en einmitt þá væri á hans vegum og ríkisstj. verið að vinna að slíkri ákvarðanatöku. Síðan sagði hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi forseta: „Ég álít hins vegar að það væri ekki skynsamlegt að fresta því lengur en svo sem eins og fram um mitt ár“ — mitt ár 1975.

Það hafa sem sagt liðið tvö ár síðan þessari fsp. var svarað. Það hefur liðið hálft annað ár frá því að hæstv. ráðh. taldi sjálfur óhjákvæmilegt annað en fræðsluskrifstofurnar gætu tekið til starfa með eðlilegum hætti, en samt hefur ekkert gerst. Og ég vil ljúka þeim fáu orðum, sem ég get sagt í þessu máli tímans vegna, með því að benda hæstv. ráðh. á það, að fyrir tveimur árum taldi hann í svari við þessari fsp. minni að óleystur fjárhagsvandi vegna kostnaðarhluta sveitarfélaganna af rekstri fræðsluskrifstofa væri 23 millj. og 70 þús. Þessa tölu mætti örugglega í dag margfalda með tveimur, ef ekki þremur. Þetta er sá vandi sem hæstv. ráðh. sagði að væri til umr. í ríkisstj. að leysa fyrir tveimur árum og lofaði lausn á sem komin yrði um mitt sumar 1975, en ekki sést enn. Ég vil enn fremur vekja athygli hv. þm. á því, að svarið, sem hæstv. ráðh. gaf við fsp. um nákvæmlega sama efni sem flutt var tveimur árum síðar en þessi vandi kom til umr. hér á Alþ., var nákvæmlega hið sama í öllum efnisatriðum og hæstv. ráðh. svaraði sams konar fsp. fyrir tveimur árum. Það hefur sem sé hjá hæstv. ráðh. ekki gerst nokkur skapaður hrærandi hlutur í þessu máli í tvö ár.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er mikið hagsmunamál margra sveitarfélaga að eðlilegur rekstrargrundvöllur sé fundinn fyrir fræðsluskrifstofur og starfsemi fræðslustjóra. Þetta er vegna þess verkefnis, sem þeim skal falið samkv. lögum. Ég vil vekja athygli á því, að eins og nú er málum háttað verða sveitarfélögin bæði að leggja út fé og hafa allmikla skrifstofumennsku í sambandi við ýmsar aukagreiðslur til kennara og enn fremur greiðslu á launum stundakennara. Allt þetta veldur því, að á sveitarfélögin og þeirra skrifstofur hlaðast störf sem annars eru ætluð fræðsluskrifstofunum. Ég vil þess vegna leggja áherslu á það að það verður að finna varanlega lausn á þessu mikla vandamáli. Og enn fremur í sambandi við það, sem rætt var hér nú nýlega, þá má vekja athygli á því að fræðslustjórunum er ætlað að fylgjast

með því hvaða nemendur það séu í þeirra umdæmi sem ekki geti haft fullt gagn af venjulegri grunnskólastarfsemi og þurfi þess vegna að veita þeim sérfyrirgreiðslu. Þetta á við t. d. um þá sem eru sjóndaprir, þá sem eiga erfitt með að læra og þroskahefta á ýmsan hátt. Við það að fræðsluskrifstofurnar fái eðlilegan rekstrargrundvöll og fræðslustjórarnir geti þess vegna sinnt öllum þeim störfum sem þeir eiga að gera, þá mun einnig verða betra lag á þeim málum sem hér hafa verið rædd mikið nýlega varðandi þroskaheft börn og þeirra menntunaraðstöðu. Því vil ég leggja mikla áherslu á að reynt verði að finna góða lausn á rekstrarvanda fræðsluskrifstofa.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þessi fsp. gefur vissulega tilefni til umr. um fræðsluskrifstofurnar almennt, en á því er að sjálfsögðu ekki færi í fsp.-tíma á hv. Alþ. Ég vildi aðeins með örfáum orðum leggja áherslu á það, að fjárhagsvandi fræðsluskrifstofanna verði leystur, eins og aðrir hv. ræðumenn hafa lagt áherslu á. Það eru sjálfsagt ýmsar leiðir til, en mér sýnist þó einsýnt að fjárhagsvandi fræðsluskrifstofanna verði leystur með því að sveitarfélögunum eða landshlutasamtökunum verði fenginn tekjustofn, eins og reyndar gert var ráð fyrir þegar grunnskólalögin voru sett hér á hv. Alþ. á sínum tíma. Þá var að vísu gert ráð fyrir því að landshlutasamtökin yrðu lögfest sem ákveðnar stjórnsýslueiningar í okkar stjórnsýslukerfi, en svo varð ekki og verður sjálfsagt ekki, a. m. k. ekki í því formi sem þá var ætlað. En það breytir ekki þeirri staðreynd, að fræðsluskrifstofurnar eru teknar til starfa, skipað hefur verið í embætti allra fræðslustjóranna og það hefur örugglega sannast, að þessar fræðsluskrifstofur hafa gert sitt gagn og þær hafa sannað tilverurétt sinn svo að menn vilja ekki missa af þeim.

Ég hygg að einfaldast sé að breyta lögum um söluskatt og um leið lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Það hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga lagt til og einnig undirnefnd sú sem starfar á vegum samvinnunefndar um verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar er lagt til að Jöfnunarsjóður fái af söluskatti 8¼% í stað 8% eins og nú er. Ef sú lagabreyting fengist fram, þá held ég að fullyrða megi að þessi vandi væri leystur. Sjálfsagt mætti nefna fleiri leiðir, en ég sé ekki ástæðu til þess að gera það við þetta tækifæri. Ég legg aðeins áherslu á það, að sveitarfélögin geta ekki unað því að á þau séu lagðar byrðar og þeim lofað tekjustofni til þess að standa undir þeim, en svo sé ekki staðið við það. Og ég held að hæstv. ríkisstj. megi vita af þeim umr., sem hér hafa þegar farið fram, hver áhugi er á lausn þessa máls. Ég treysti því að hæstv. ríkisstj. finni lausn á þessu máli.

Ég bendi svo á í lokin að fjölmargar sveitarstjórnir hafa gert ályktanir um þetta mál nú á síðustu vikum og skorað á stjórnvöld að bregðast nú skjótt við og leysa þennan vanda. Það sama hafa aðalfundir landshlutasamtakanna gert.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég þakka svar ráðh. sem hann gaf við fsp. minni þegar hún var hér fram borin. Það fullnægir lausn hluta vandamálsins sem ég spurði um, þ. e. a. s. því sem tekur til ársins í ár. Hins vegar gaf það ekki til kynna hvað við tekur eftir 31. des., og eins og hér hefur verið minnst á, þá verður að finnast lausn á vandanum til frambúðar. Fræðsluskrifstofurnar hafa á skömmum tíma og ég vil segja við ófullkomnar aðstæður sannað ágæti sitt og það væri mikið spor aftur á bak ef yrði að leggja þær niður. En það er, eins og hér hefur verið tekið fram, ekki hægt fyrir landshlutasamtökin að standa undir þeim kostnaði, sem af þessu hlýst, án þess að fá á móti tekjustofn. Þess vegna er málið leyst á þann hátt sem gert er í ár, að ríkissjóður tekur að sér greiðslurnar. Hér hefur verið minnst á aðrar leiðir til þess að leysa þennan vanda, þ. e. a. s. að skapa landshlutasamtökunum tekjustofn til að geta að sínu leyti staðið undir þessum kostnaði.

Ég vil svo, herra forseti, ljúka máli mínu með því að vænta þess að fyrir afgreiðslu fjárlaga liggi ljóst fyrir hvaða leið ríkisstj. hyggst fara til að leysa þennan vanda. Ef ekkert liggur fyrir í því efni, þá get ég ekki látið fjárlagaafgreiðslu hjá líða án þess að láta reyna á það hver sé vilji þingsins í því efni að tryggja framtíð og rekstur fræðsluskrifstofanna á komandi árum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er synd að segja að þessi fsp. veki ekki menn til umhugsunar, og ég fagna því hvað hún hefur fengið jákvæðar undirtektir því að þarna er hreyft merkilegu máli. Það er búið að rekja það glögglega, að það er búið að skipa í öll fræðslustjóraembættin. Það er orðin staðreynd að þessar stofnanir eru orðnar til og reynslan af þeim hefur verið góð. Það er ánægja yfirleitt, held ég, úti á landi með þessa nýskipan mála sem leiðir af nýlega settum grunnskólalögum. Þarna er verið að flytja verkefni út úr rn. í Reykjavík og heim til fólksins sem að flestu leyti á að hafa nærtækari þekkingu á þeim vandamálum sem við er að stríða á hverjum stað, og þess vegna eru þessi verkefni betur komin heima fyrir.

Það er ekki óeðlilegt, að það var ætlast til í lögunum að greiða þennan kostnað að hluta úr ríkissjóði, sem væntanlega hefur átt að vera eins og mótframlag á móti því sem rn. gæti létt á sér við að færa þessa starfsemi út í skrifstofurnar, og ég fagna því svari ráðh. að kostnaðurinn verði allur greiddur 1976. En það er þó ekki alveg nóg. Það er skipanin í framtíðinni sem máli skiptir, og ég vonast eftir því að hæstv. ríkisstj. og sá þingmeirihl., sem að henni stendur, láti nú hendur standa fram úr ermum og tryggi framtíð þessara stofnana, því að eins og hefur komið fram í þessum umr., þá er annar fóturinn á fræðsluskrifstofunum, þ. e. a. s. sá fóturinn sem vissi að landshlutasamtökunum, ekki enn þá fullskapaður og staða hans nokkuð í lausu lofti, a. m. k. enn þá. Ég vil ekki spá um hve lengi það stendur.

Ég held að þetta mál sé byggðastefna og þarna hefur verið farið að ýmsu leyti skynsamlega í byggðastefnu. Þetta má ekki verða til útþenslu. Þessar skrifstofur mega ekki verða nein óskapleg bákn. En þetta geta verið hentug, mátulega stór stjórnsýsluapparöt sem verka vel á sínum vettvangi. Þetta er því byggðastefna í raun og nærtæk og auðveld byggðastefna og heppilegri en t. d. sá stofnanaflutningur sem stungið var upp á í mjög þykkri bók sem lá á borðunum hjá okkur hér í fyrravetur og sumir kölluðu Lönguvitleysu.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þegar grunnskólafrv. var til meðferðar Alþ. var ég einn þeirra sem gagnrýndu það frv. hvað harðast, m. a. vegna fyrirsjáanlegs mikils kostnaðarauka af framkvæmd laganna. Lítill póstur í þeim kostnaðarauka eru þær fræðsluskrifstofur sem hér eru til umr. Það má auðvitað um það deila og hefur kannske verið álitamál hvort þessar fræðsluskrifstofur hefðu átt að taka til starfa nú þegar eða hvort hefði mátt fresta því einhvert árabil. Um það skal ég ekki segja. Hitt er helmingi verra, að þegar þær eru orðnar að veruleika og búið að koma þeim á fót, þá sé ekki fram úr því séð hvernig eigi að standa straum af kostnaði við rekstur þeirra.

Ég get tekið undir margt sem hér hefur verið sagt, m. a. að starfsemi þeirra hefur, þar sem ég þekki til, líkað vel. Því er auðvitað mikil nauðsyn að forðast að um mikla útþenslu verði þar að ræða. En ég tel að úr því að búið er að koma þessum skrifstofum á fót og búið að ráða þeim starfsfólk að nokkru með skipan fræðslustjóranna, þá sé ákaflega neikvætt og erfitt spor að láta þær gefast upp af fjárskorti. Þess vegna held ég að það sé ekki um annað að tefla en það verði að kveða á í löggjöf um það, hvernig eigi að leysa þeirra mál til frambúðar, og láta ekki ríki og sveitarfélög vera að kasta því á milli sín eins og gerst hefur til þessa.

Þetta vildi ég láta hér koma fram. Og þó að hér sé að vissu leyti um að ræða óverulegan hlut í þeirri kostnaðaraukningu sem grunnskólalögin hafa í för með sér og ég tel að ekki dugi annað en að halda áfram, þá eru auðvitað margir póstar í þeim lögum sem frekar væri ráð að höggva í og draga eitthvað úr kostnaði við heldur en þennan.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ekki kemur mér það á óvart, svo svekktur sem ég veit að hv. þm. Páll Pétursson er undir núv. stjórnarfari, að hann reikni með því að í höndum hæstv. núv. ríkisstj. verði þær ágætu og vel rökstuddu till., sem við lögðum hér fram um stofnanaflutning, að hreinni lönguvitleysu. Það er víst mála sannast að svo muni verða.

Mér fannst á svörum hæstv. ráðh. fyrr við þessa umr. að þau væru nokkuð svipuð og í umr. í fyrra um þetta mál, þ. e. a. s. málefni fræðsluskrifstofanna mundu fá afgreiðslu innan tíðar. Þessi voru svör hans þá. Hæstv. ráðh. treysti á það. En það hefur ekkert gerst, og ég óttast að enn kunni svo að fara.

Ég vil aðeins koma hér inn á til undirstrikunar, hvers konar starf fræðsluskrifstofurnar annast, og leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt að fá slíkan anga af miklu valdi rn. heim í héruðin. En einnig í sambandi við það hef ég þær spurnir af starfi fræðslustjórans á Austurlandi, að ég þori að fullyrða að meginhluti verkefnis hans er beint á því sviði sem áður var alfarið inni í rn. og unnið þar að svo miklu leyti sem starfskraftar þar leyfðu. Fræðslustjórar fá starfsáætlanir skóla á vorin og úrskurða þar um alfarið. Þetta var áður algerlega unnið af rn. Þeir fá vinnureikninga, þeir fá vinnuskýrslur unnar vegna greiðslna frá ríkinu út frá stundakennslu og yfirvinnu kennara og úrskurða þar um einnig. Það gerði rn. áður, að svo miklu leyti sem því var það fært vegna starfskrafta. Að öðru leyti er hér að mestu um að ræða starf áþekkt námsstjórastarfi sem að fullu var greitt af ríkinu áður. Allt er þetta starf eins og það er í dag, en á e. t. v. og vonandi eftir að vaxa mikið og verða á öðrum sviðum einnig, en í dag er þetta starf miklu fremur á hreinu ríkissviði — á ráðuneytisplani beinu — og ætti því að vera eðlilegast að ríkið kæmi hér inn í að fullu þrátt fyrir ákvæði laganna eða sæi beinlínis fyrir tekjustofnum til sveitarfélaganna. Enn er sem sagt allt í lausu lofti og enn hefur ekkert verið hér að gert.

Ég ítreka það að aukin þjónusta úti á landsbyggðinni, hvort sem hún er upp úr einhverri lönguvitleysu eða úr lögum um grunnskóla, á ekki að vera annað en sjálfsagt samfélagsverkefni, ekki síst í menntamálum einmitt. Fræðsluskrifstofurnar hafa við slæmar aðstæður nú þegar að mínu viti sannað gildi sitt, og nú held ég að sé kominn tími til að tryggja þeim eðlilegan grundvöll til að starfa á. Ég treysti á hæstv. ráðh. að fylgja nú máli sínu betur eftir en gert mun hafa verið á síðasta vetri og knýja á það af fullum krafti að fræðsluskrifstofum verði tryggður eðlilegur grundvöllur því að annars lamast þær og koðna niður — ég segi: til mikils tjóns fyrir skólastarfið, alveg sérstaklega úti á landsbyggðinni.

Stefán Jónsson: Herra forseti: Það gerist nú harla títt í fyrirspurnatímum hér á Alþ. að stjórnarþm. beri fram mjög þýðingarmiklar fsp. um ýmis mál sem komin eru í óefni hjá núv. hæstv. ríkisstj. og ráðh. komi hér upp í ræðustól og lýsi yfir eldskýrum og óvefengjanlegum vilja sínum til þess að leysa þessi mál, en bera við vonsku ríkisstj. og aumingjaskap sem þeir sitja í, að þau mál nái ekki fram að ganga.

Okkur er kunnugt um það, þm. utan af landi, í fyrsta lagi, hversu vel fræðsluskrifstofurnar hafa reynst í skólakerfinu úti í dreifbýlinu, og hins vegar hitt, að þær hafa verið reknar með þeim hætti af hálfu hins opinbera að þar hafa hrúgast upp skuldir. Fræðslustjórarnir hafa setið undir ógnunum um lokun síma og yfir þeim hafa vofað reikningar vegna hitakostnaðar og vangoldinnar húsaleigu. Þeir hafa bókstaflega ekki getað sinnt þessu starfi eins og þeir gjarnan hefðu viljað sökum fjárskorts.

Ég get ekki tekið undir óskir tveggja hv. stjþm. úr Norðurl. v. um að þetta ágæta starf, sem unnið hefur verið af hálfu fræðsluskrifstofanna, verði ekki aukið eða — eins og þeir

orða það — komið verði í veg fyrir útþenslu, en með því mun vera átt við það að í herrans nafni megi ekki efla þetta ágæta starf ef því skyldi fylgja einhver aukinn kostnaður.

Ég get ekki með öllu tekið undir gagnrýni hv. þm. Sighvats Björgvinssonar á menntmrh. fyrir fræðilegan óbreytileika hans í svörum frá einu ári til annars. Þó hefði hæstv. ráðh. gjarnan mátt draga dám af afa allmargra kjósenda hans á Suðausturlandi sem þótti ekki nógu vel að sér í fræðunum þegar prestur húsvitjaði. Gamall maðurinn kunni ekkert gott fyrir sér og prestur kenndi eina ljóðlínu úr sálmi, svolátandi: „Sjá þar guðs lamb sem burt ber heimsins synd.“ Þegar prestur húsvitjaði aftur þar á Berufjarðarströndinni og gekk nú á karl um það hvort hann myndi þessa hendingu, þá sagði karl: „Sjá þá guðs veturgömlu kind sem burt ber heimsins synd.“ Prestur leiðrétti sóknarbarn sitt og sagði, að það væri nú raunar lamb sem hér var um að ræða. En þá sagði karl: „Hafi það verið lamb í fyrra, þá er það orðin veturgömul kind núna.“ Svar hæstv. ráðh. við ítrekaðri fsp. var nú tvævetla.

Eins og ég sagði fyrst, þá ætla ég að óhagganleikinn beri vott um fræðilegt „stabilitet“, ef svo má segja. En þess ber að gæta, að vandamálið, sem spurning hv. þm. Sighvats Björgvinssonar kviknaði af fyrir tveimur árum, hefur nú fengið vexti og vaxtavexti og hefur orðið miklu brýnna síðan, þar sem fræðsluskrifstofurnar munu hafa starfað þennan tíma undir handarjaðri hæstv. menntmrh., eru komnar í þrot og forstöðumenn þeirra sjá fram á þess háttar vandræði á næsta ári að ætla má að þeir taki nú þann kostinn til þess að halda uppi sæmd stofnana sinna að hafast ekkert að, þannig að þeir lendi ekki aftur í skammarskuldum, nema því aðeins að þeir fái tryggingu fyrir því að séð verði fyrir nauðsynlegu rekstrarfé.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það hafa orðið miklar umr. um þessa fsp., og ég þakka þann stuðning sem menn leggja hér fram í þessu málefni sem hér er rætt um.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og reyndar fleiri hv. þm. eru ekki sérstaklega lukkulegir með það, hvernig þokað hefur fram því máli að tryggja að greiðist hluti heimaaðila í kostnaði og rekstri fræðsluskrifstofanna. Ég er það ekki heldur. Hitt er svo annað mál, að fræðsluskrifstofurnar eru nú komnar á laggirnar að nafninu til. Þær byrjuðu að starfa, sumar árið 1975, og það er búið að skipa í öll embættin núna. Það hefur verið ákveðið að greiða allan kostnað á árunum 1975 og 1976 úr ríkissjóði. Mér finnst rétt í framhaldi af þessum umr. að rifja upp örfáa punkta í sambandi við þetta mál.

Það fer ekki á milli mála að þeir, sem njóta skulu þjónustu fræðsluskrifstofanna, telja hana mikilsverða. Það hefur komið hér fram í ræðum manna. Öll landshlutasamtökin með tölu hafa tekið undir þessa skoðun, og það yrði allt of langt mál að telja upp ályktanir þeirra, hvað þá heldur að greina efni þeirra sérstaklega. En ég vil minna á það, að á fulltrúafundum þessara samtaka mæta fulltrúar frá öllum sveitarfélögum svo að segja, svo að ætla má að þeir sýni nokkuð almennan vilja í þessu efni — almennan vilja fólksins. Samtök skólamanna, kennara og skólastjóra, og fræðsluráða o. s. frv. hafa mjög víða látið til sín heyra um þetta mál og alls staðar á einn veg og tekið í sama streng og landshlutasamtökin, sveitarstjórnirnar og einnig Samband ísl. sveitarfélaga. Þetta er alls staðar sama sagan. Svo þýðingarmiklar telja menn fræðsluskrifstofurnar vera, að t. d. Reykjanesumdæmi, þar sem eitt sveitarfélag hefur nokkra sérstöðu í þessum málum, þar hafa næstum öll önnur sveitarfélög og öll þau stærstu lýst stuðningi sínum við þetta mál með sérstökum ályktunum sem hafa borist til okkar í rn. og e. t. v. víðar.

Það er ekki enn þá fullráðið hversu þetta verður afgreitt um kostnaðarhluta sveitarfélaganna í rekstri fræðsluskrifstofanna. Ég hef vel getað hugsað mér það, að þessar skrifstofur yrðu, eins og skrifstofur Vegagerðarinnar, reknar eingöngu fyrir ríkisfé, en viðurkenni þó að í mínum huga er hitt aðgengilegra og sveitarstjórnarmennirnir virðast eindregið á þeirri skoðun að sveitarfélögin skuli standa að rekstri þeirra líkt og grunnskólalögin gera ráð fyrir, en vilja aðeins fá tekjur á móti, fá tekjustofn, aukna tekjustofna vegna þess kostnaðar. Það hafa komið fram formlegar tillögur í þessa stefnu, þær till. eru í athugun á vegum ríkisstj. nú og ég fæ niðurstöður frá þeim starfshópi alveg á næstunni. Ég vil taka það fram og árétta það, sem ég held að hafi komið fram í svari mínu um daginn, að ég tel að nú verði að finna lausn á þessu máli, ekki innan tveggja ára, heldur fyrir næstu áramót.

En svo aðeins þetta: Hvað er það þá sem sóst er eftir í starfi og þjónustu fræðsluskrifstofanna, sbr. þetta sem ég áðan sagði? Ég vil aðeins rifja þetta upp í lokin. Og þó, áður en ég svara þeirri spurningu beint, þá vil ég minna á að fræðsluskrifstofurnar munu alveg tvímælalaust draga úr annars óhjákvæmilegri aukningu í mannahaldi í menntmrn. og á þann hátt, eins og hér hefur verið lögð áhersla á af öðrum þm., stuðla að því að flytja störf og ákvarðanatöku úr höfuðstöðvunum hér syðra og út á landið. Það er alveg greinilegt að það léttir mikið á ýmsum deildum í menntmrn., t. d. fræðsludeild, fjármáladeild, byggingadeild, skólarannsóknadeild o. s. frv., sem hafa verið mjög svo áhlaðnar að undanförnu, að ég segi ekki meira. Störf fræðsluskrifstofanna hljóta að létta á þessum deildum og þannig koma í veg fyrir aukningu sem ella hefði verið óhjákvæmileg á starfseminni þar.

Svo eru það heimaaðilarnir. Menn hafa þegar reynt það, þrátt fyrir það að starfsemin hafi verið rekin við mikil vanefni og þess vegna ófullkomnari en ella hefði orðið, að fræðsluskrifstofurnar veita aukna þjónustu og miðla upplýsingum margs konar til þess fólks sem vinnur að skóla- og uppeldismálunum. Hér er um að ræða bæði kennslufræðileg atriði, starfshætti skólanna, námsskipan, áætlanagerð, úrskurði reikninga, eins og hér hefur aðeins verið drepið á, umsjón með einstökum vandamálum í sumum þáttum, eins og sérkennslumálunum. Sérstakur þáttur, sem oft er gagnrýndur

sér á parti, er ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta. Þar er um að ræða úti á landinu alveg nýja starfsemi, nýja þjónustu, sem ekki hefur verið þar til. En þessi þjónusta hefur verið til í þéttbýlinu. Hún hefur verið og er rekin í Reykjavík og raunar víðar, t. d. í Reykjanesumdæmi og enn víðar, og hefur þar verið kostuð af sveitarfélögunum því að þau hafa haft bolmagn til þess. Þarna er um að ræða atriði sem kostar fé, og þar hljóta fjárveitingar að ráða og einnig hitt, hvernig gengur að fá hæfa kunnáttumenn til starfa, þannig að þetta getur ekki komið í neinum risastökkum, heldur verður að þróast smátt og smátt. En í raun og veru er þarna aðeins um það að ræða, með því að sameina þetta í stór svæði, að fá möguleika til þess að láta í té þá þjónustu í dreifbýlinu sem þéttbýlið hefur nú þegar komið sér upp og notið um þó nokkurt skeið.

Fræðsluskrifstofurnar kosta auðvitað fjármuni. Það þekkjum við best sem um þetta erum að fjalla. En þær veita líka mikla þjónustu eins og hér hefur verið bent á. En svo kemur fleira á móti þeim fjármunum sem þarna verður fram að leggja því að að nokkru leyti hefur þessi starfsemi verið rekin áður. Það hafa starfað fræðsluskrifstofur hér syðra í þéttbýlinu og kostaðar af opinberum aðilum, þótt það hafi ekki verið af ríkinu á sama hátt og nú. Og það hafa verið starfandi námsstjórar, þótt það hafi ekki verið í öllum landshlutum. Þeim hefur verið greitt að fullu af ríkissjóði. Og síðan er það, sem ég nefndi áðan, að starfsemi þessara skrifstofa kemur tvímælalaust í veg fyrir óhjákvæmilega fjölgun hjá rn. Menn verða að hafa þetta í huga þegar verið er að ræða um þann kostnað sem þarna kemur til og mönnum finnst kannske fljótt á litið að sé meira nýr kostnaður heldur en hann er í raun og veru.

En svo enn til viðbótar út af þessum orðum um kostnað, þá er það mín skoðun, og ég held að hún sé alls ekki út í bláinn, að staðþekking fræðslustjóranna geti í sumum tilvikum leitt til hagræðingar og aukinnar hagkvæmni í rekstri og jafnvel til beins sparnaðar. Það er allt annað að vinna viss verk, t. d. í sambandi við áætlunargerð, fyrir menn sem þekkja staðhætti heldur en fyrir mann sem situr með allan bunkann á hnjánum hér suður í rn. og hefur aldrei komið á staðinn. Það er allt annað. Og ég vil skýra frá því hér og leggja áherslu á það sem þýðingarmikið atriði, að fræðslustjórarnir hafa í samráði við menntmrn. í upphafi lagt mjög mikla vinnu í að reyna að samræma athafnir og aðgerðir fræðslustjóranna allra og fá fullkomið samræmi í skoðunum og síðan athöfnum með fræðslustjórunum innbyrðis og fræðslustjórunum og rn. og þá ekki hvað síst með ýmis hagræðingar- og aðhaldsatriði í huga.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. En ég held nú, að þegar allt þetta er haft í huga, að það verði fleiri alþm. en þeir, sem hér hafa talað, og eru þeir orðnir óvenjulega margir um eina fsp., — þá held ég satt að segja að allir alþm. hljóti að verða sammála um að það beri að finna lausn á heimaframlaginu og þá helst í samræmi við óskir sveitarfélaganna og stuðla þannig að því að fræðsluskrifstofurnar geti eflst og aukið starfsemi sína, þá auðvitað eðlilega og innan skynsamlegra marka.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er fyrir löngu orðið mjög brýnt og þarf ekki að leita að einu eða neinu í því sambandi. Það þarf aðeins að vera fyrir hendi sá vilji hjá hæstv. ráðh. fjármála og menntamála að þeir geri sér alvarlega grein fyrir því, að núv. grunnskólalög verða ekki framkvæmd, svo að vel sé, nema þessi þáttur sé inni í þeirri framkvæmd. Þm. almennt vilja gjarnan biðjast undan því að þurfa að sitja uppi með innanríkisdeilur á Reykjanesi sem vandamál fyrir allt landið í þessu sambandi. Ég skora á ráðh. að vinda sér hið snarasta í að leysa þetta mál, áður en eitt ár líður enn með það ástand sem verið hefur.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég tek hér til máls til að leggja þunga áherslu á að þetta mál verði leyst. Ég vil kveða enn þá ákveðnar að orði heldur en hv. síðasti ræðumaður. Ég held að þetta sé grundvöllurinn í sjálfu sér undir þessari löggjöf, og ef þetta verður brotið niður, þá getum við varla vænst þess að þessi lög komist til framkvæmda á þann hátt sem stefnt var að. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég get tekið undir allt það sem hæstv. menntmrh. sagði áðan um þetta efni, og ég vonast til þess að það skipti ekki máli hvar í flokki menn standa. Þetta er löggjöf sem við erum búnir að samþykkja. Ef þetta verður brotið niður, þá er að mínu mati grundvöllurinn brostinn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hugsa að þessa dags verði lengi minnst í sögu Alþingis vegna þeirra umr. sem hér hafa átt sér stað, bæði að því er varðar allan þann misskilning sem átt hefur sér stað milli stjórnarliða, innbyrðis deilur hv. stjórnarþingmanna og hæstv. ráðh. samflokka og nú síðast yfirlýsingu eins af hv. stjórnarsinnum, 2. þm. Vestf., þess efnis, að það eina, sem skorti á að bót verði ráðin á þeim vanda sem hér er verið að ræða nú, sé að það vanti vilja hjá hæstv. menntmrh. og fjmrh. Það er það eina sem skortir, segir þessi hv. þm. — stjórnarsinni.

Nú vil ég a. m. k. taka hæstv. menntmrh. í forsvar fyrir það, að hann vantar ekki viljann til að kippa þessu í lag — ekki hans eigin vilja. Vel má vera að það sé hörð barátta hjá honum gagnvart hinum aðilanum sem ráða á með honum, en ég held að það verði á engan hátt sagt með réttu að hæstv. menntmrh. skorti vilja. Hann skortir kannske hörkuna til þess að halda þessu til streitu, og ég vona að sú brýning, sem hér hefur komið fram í dag til hæstv. ráðh., nægi til þess að hann sjái svo um að hér verði bót ráðin í þessu mikla vandamáli, sem verður til þess, ef áfram heldur sem horfir, að kippa gjörsamlega grundvellinum undan þessari starfsemi sem þegar er hafin úti á landsbyggðinni.

Ég vil aðeins til viðbótar þessu láta þá skoðun mína í ljós, að mér hefur alltaf fundist það undarleg tilfinning eða hugsun hjá ráðandi mönnum í þjóðfélaginu, að í hvert einasta skipti sem á að stofnsetja á vegum ríkisins, hvaða nafni sem það nefnist, stofnun úti á landi, utan Reykjavíkursvæðisins, þá verða alltaf heimaaðilar að borga svo og svo stóran hluta af því sjálfir. Allt, sem gert er hér á þessum hring, og heyrir undir það sama, er borgað beint úr ríkissjóði. En sveitarfélög í þessu tilfelli verða alltaf að borga svo og svo stóran hluta af kostnaði við stofnanir sem settar eru niður úti á landsbyggðinni. Þetta er að mínu viti óæskileg hugsun, óæskileg þróun, sem ætti að koma í veg fyrir hið allra fyrsta. Ég tek undir það með hæstv. menntmrh., sem hann sagði áðan: Auðvitað á ríkissjóður að borga allan þennan kostnað.

Sameinað þing, 30. fundur.

Þriðjudaginn 7. des., að loknum 29. fundi.

Litasjónvarp, þáltill. (þskj. 49). — Frh. einnar umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur fyrsta hluta þessarar umr., en ég hef kynnt mér nokkuð það sem fram fór og vil fara um þetta mál nokkrum orðum og jafnframt vil ég leyfa mér að nota tilefnið til þess að víkja að útvarpsrekstrinum almennt. Hugmyndir um árlegar skýrslur ráðh. eru nú kannske of umfangsmikið fyrirtæki, en öðru hvoru a. m. k. held ég sé þörf á því að ræða opinskátt og ítarlega einstök atriði í framkvæmd mála sem ríkisstj. fer með í umboði Alþingis.

Ég vil fyrst rifja það upp, að þegar ég kom til starfa í menntmrn. var fjárhagur Ríkisútvarpsins vægast sagt ekki góður. Bæði afnotagjöldum og auglýsingatöxtum hafði verið haldið mjög niðri, þannig að þessi gjöld höfðu dregist langt aftur úr t. d. þeim töxtum sem giltu fyrir auglýsingar í blöðum, og afnotagjöld útvarps og sjónvarps höfðu lækkað mjög mikið hlutfallslega í samanburði við áskriftargjöld dagblaðanna. Sett hafði verið n. til að gera úttekt á rekstri stofnunarinnar og till. um hagræðingu einstakra atriða. Sú n. skilaði ekki skýrslu fyrr en nokkru síðar, eða í maí 1975. Haustið 1974 og um áramótin 1974—1975 og fram eftir vetri skuldaði Ríkisútvarpið Landsbankanum mjög verulegar fjárhæðir óumsamið og svo ríkissjóði. Húsbyggingarsjóður fyrirtækisins lögákveðinn var um þessar mundir lánaður til rekstrarins og fyrirsjáanlegur var áframhaldandi hallarekstur ef ekki yrði að gert. Um fjárhagslega stöðu Ríkisútvarpsins og aðstöðu þess yfir höfuð að tala um þessar mundir er annars þetta að segja til viðbótar:

Ríkisútvarpið, hljóðvarp býr enn í leiguhúsnæði og möguleikar til bygginga, sem eitt sinn voru fyrir hendi, voru þá látnir fjúka út í veður og vind. Aðalsendistöð útvarpsins á Vatnsendahæð er orðin það gömul, að senn hlýtur að draga að því að endurnýja þurfi, svo að ekki sé kveðið fastar að orði — sem þó væri e. t. v. ástæða til — um ásigkomulag þessarar gömlu og góðu stöðvar. Fjölmargar tækninýjungar koma til sögu ár hvert, sem nauðsynlegt er, ef vel á að vera, að tileinka sér jafnharðan. Dreifikerfi útvarpsins hefur hvergi nærri verið komið í viðunandi horf. Á vissum svæðum á landinu eru útvarpsnot ófullnægjandi af þessum sökum, og dreifikerfi sjónvarpsins var byggt í skyndi og oft stuðst við ódýrar lausnir. Sums staðar settu heimamenn upp bráðabirgðastöðvar sem ekki hafa enn verið endurnýjaðar og sumar eru orðnar æði-hrörlegar nú, og á allmörgum stöðum á landinu sjá menn alls ekki sjónvarp, eins og kunnugt er og margsinnis hefur verið um rætt. Þá er enn þess að geta, sem einnig hefur verið hér til umr., að sjónvarps nýtur yfirleitt illa og mjög víða alls ekki á fiskimiðum umhverfis landið.

Eins og þessum málum var komið 1974, þá áleit ég að óhjákvæmilegt væri að ganga fyrst af öllu í það að rétta við fjárhag stofnunarinnar. Mér var ljóst að framkvæmdir af ýmsu tagi, þ. á m. viðhaldsframkvæmdir, voru í raun allt of litlar ár hvert miðað við þarfir. En ég áleit fyrsta skilyrðið til að unnt væri að standa sig með viðhald og endurbætur og nýbyggingar, það væri að rétta fjárhag stofnunarinnar við, án þess væri ekki að vænta að fjármagn fengist til nauðsynlegra framkvæmda.

Nú er kannske ekkert sem virðist sjálfsagðara fljótt á litið heldur en það, að þessi stofnun, sem tvímælalaust nær til allra landsmanna, búi við nægilegar tekjur, sæmilega afkomu. En þetta var nú ekki í raun og veru svona einfalt. Hækkun auglýsinga hlýtur auðvitað að takmarkast af því sem markaðurinn þolir. Og ég verð að segja það, að skilningur á nauðsyn þess að hækka auglýsingar útvarps og sjónvarps, já, ekki síður sjónvarpsins, var í fyrstu nokkuð takmarkaður hjá stofnuninni sjálfri. Menn óttuðust að allar verulegar hækkanir mundu bitna á markaðnum. En þetta hefur ekki reynst svo. Hækkun afnotagjaldanna sjálfra er einnig og ekki síður tölurvert viðkvæmt mál því fólki, sem á að greiða gjöldin. Það kveinkar sér að sjálfsögðu nokkuð við hækkunum. Fljótt á litið er það e. t. v. vorkunnarmál. En séu afnotagjöld útvarps og sjónvarps aftur á móti borin saman við annað verðlag í landinu, t. d. áskriftargjöld blaða, þá er sannarlega ekki yfir neinu að kvarta. En einnig er svo hitt, sem veldur tregðu að hækka mjög þessi gjöld, að þau hafa áhrif á vísitöluna og það hefur á öllum tímum verið erfiður biti fyrir ríkisstj. að standa að hækkunum þessara gjalda af þeim orsökum.

Í þessar hækkanir varð samt sem áður að ganga, eins og ástandið var orðið, og það hefur verið gert. Einstök atriði hafa hins vegar gripið hér inn í og í þá veru að rýra þessa tekjustofna útvarpsins og þá einkum sjónvarpsins. Þar sem sjónvarpsnot eru mjög takmörkuð vegna lélegrar myndar eða vegna truflana og stundum vegna bilana í sendistöðvum eða dreifikerfi var og er innheimtan erfið. Menn vilja ógjarnan borga fullt gjald fyrir lélega þjónustu. En það er hins vegar mjög miklum erfiðleikum bundið, eins og áður hefur verið minnst á hér, að gefa afslætti eða undanþágur undir þessum kringum-

stæðum. En ágreiningur um þetta hefur þó vissulega dregið nokkuð úr innheimtu og sums staðar valdið sárindum sem svo hefur verið reynt að auka á með blaðaskrifum og á annan hátt. Í annan stað hefur svo verið tekin upp undanþága afnotagjalds fyrir elli- og örorkulífeyrisþega undir tilteknum kringumstæðum. Þessi undanþága þýðir tekjuskerðingu hjá útvarpinu upp á tugi millj., eins og nú er orðið, — ég ætla á þessu ári upp undir 30 millj. kr. tekjuskerðingu. Framkvæmd þessarar undanþágu er ákaflega miklum erfiðleikum bundin. Mér sýnist satt að segja og hef sagt það áður að nú þegar á þetta hefur reynt, þegar nokkur reynsla er komin á notkun þessarar heimildar, að hana eigi að afnema og það verði þá að rétta hlut aldraðra og öryrkja með öðrum hætti. Það er að lögum ekkert athugavert við það að sá aldraði á heimilinu eigi sjónvarpstæki — ekki neitt. En það er náttúrlega ekki til þess ætlast. Ríkisútvarpið sjálft getur ekki haft neitt eftirlit með framkvæmd þessarar undanþágu eins og hún er framkvæmd, og ég álít að Ríkisútvarpið og aðrar hliðstæðar stofnanir ríkisins eigi ekki að vera framfærsluaðili, það sé eðlilegra að leysa framfærsluhliðina á annan hátt.

En ég árétta að það var ekki eins auðvelt og menn kynnu að halda í fljótu bragði að rétta fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins eins og hún var orðin. En þetta hefur nú tekist að því marki, að í dag hefur skuldin við Landsbankann verið þurrkuð út. Hún var sett á samning og hefur nú verið þurrkuð út og einnig skuld við ríkissjóð, og húsbyggingarsjóðurinn hefur verið réttur af að vissu marki.

Þegar ég sá fram á að þetta takmark var í náND, þá skipaði ég þriggja manna n. til þess að gera tímasetta áætlun um dreifingu sjónvarpsins og till. um tekjuöflun til þeirrar framkvæmdar. Hér má einnig minna á — og ég vil sérstaklega þakka till., hv. alþm. á síðasta þingi varðandi dreifingu sjónvarpsins. Sá tillöguflutningur var vissulega til uppörvunar. Mþn. hefur ihugað þessa og aðra þætti sjónvarpsmálsins, svo sem örbylgjusambandið, litasjónvarpið o. fl. Þessi n. hefur nú skilað fullfrágengnum tillögum sem ég hef nú í dag látið senda alþm. til upplýsingar um störf n. og um málið yfirleitt. Óháð þessari nefndarskipan hefur Ríkisútvarpið, stjórnendur þess og tæknimenn, svo og tæknideild Landssímans bæði fyrr og síðar leitast við að fylgjast með tækninýjungum sem allra best. Og að sjálfsögðu hafa þessir aðilar fylgst nákvæmlega með því sem fram fór í stöðva- og dreifikerfinu hér heima, hversu ásigkomulag þess hefur verið á hverjum tíma og hver nauðsyn er þar til endurnýjunar. Það gildir auðvitað bæði um útvarp og sjónvarp, um viðhald og einstaka þætti nýjunga eins og litasjónvarps, not gervihnatta o. s. frv. Á öllum þessum stigum hafa tæknimenn stofnana, sem um þessi mál fjalla, reynt að fylgjast sem best með. Og þessir tæknimenn hafa tvímælalaust unnið mikilsvert starf á þessu sviði sem vert er að þakka. Auk þess sem það er þýðingarmikið fyrir dagleg störf, þá verður það að sjálfsögðu mjög þýðingarmikið til undirbúnings þegar taka þarf pólitískar ákvarðanir um framkvæmdir og fjáröflun til þeirra framkvæmda.

Eins og að líkum lætur, hafa sérfræðingar Ríkisútvarpsins og stjórnendur þess oftlega farið utan á fundi og ráðstefnur til þess að kynna sér þróun mála og fylgjast sem best með hver á sínu sviði. Litasjónvarpsskýrsla sú, sem nokkuð hefur verið umrædd í blöðum og ekki var dreift til fjölmiðla né alþm. á sínum tíma, var m. a. byggð á upplýsingum sem fengist hafa á slíkum ferðalögum. Þessi skýrsla var fyrir nokkru afhent útvarpsráðsmönnum og alþm. geta og eins aðrir, sem áhuga hafa, fljótlega fengið hana til skoðunar. En skýrslan er unnin af starfsmönnum Ríkisútvarpsins, þeim Pétri Guðfinnssyni framkvæmdastjóra sjónvarps og Herði Frímannssyni verkfræðingi.

Með tilliti til þess, sem ég áðan greindi frá, hef ég flýtt mér hægt í þessu litasjónvarpsmáli að öðru leyti en því, að unnið hefur verið að öflun tæknilegra upplýsinga og frumáætlanir gerðar. Ég vildi fyrst sjá stofnunina rétta sæmilega við hvað reksturinn áhrærir og svo annað hitt, að verkefnin, sem bíða úrlausnar, eru svo brýn og svo umfangsmikil að óhjákvæmilegt er að velja og hafna og leggja verulega vinnu í undirbúning að ákvörðun hvað þetta snertir. Og það er auðvitað óhjákvæmilegt að tryggja tekjur til framkvæmda fyrir fram, þannig að unnt sé að vinna að þeim nokkuð skipulega og í samræmi við fyrir fram gerðar áætlanir. Í annan stað var það svo, að skyndileg tilkoma litasjónvarps hefði verið og er töluvert alvarlegt atriði fyrir gjaldeyrisstöðuna. Litasjónvarpstækin eru þrisvar sinnum dýrari en svarthvít tæki. Gjaldeyrisviðskiptin hafa ekki verið hagstæð, staðan hefur ekki verið góð og er það ekki enn, þó að ögn hafi nú rofað til.

Þessi till., sem hér liggur fyrir til umr., er um það að Alþ. skori á ríkisstj. að stuðla að því, að íslenska sjónvarpið geti hafið reglulega litaútsendingu, með því að samþykkja áætlun sjónvarpsins sem er í raun og veru aðeins skýrsla þessara tveggja manna, en eins og þar segir, — að samþykkja áætlun sjónvarpsins sem kveður á um hvernig að því skuli staðið í áföngum, gefa frjálsan innflutning á litasjónvarpstækjum og að ákveða að tolltekjum af innflutningi slíkra tækja skuli varið til endurbóta á tækjum og dreifikerfi sjónvarpsins.

Ég held nú satt að segja að Alþ. þurfi margs að gæta áður en það afgreiðir þessa till. Ég bendi t. d. á það, að sú áætlun sjónvarpsins, sem hér er talað um, er aðeins skýrsla tveggja starfsmanna þessarar stofnunar, eins og ég áðan sagði, — ég árétta það að sú áætlun er aðeins um viss áfangaskipti sem alls ekki eru tímasett í skýrslunni á nokkurn hátt, og svo áætlun um kostnað, en sú áætlun er mjög lausleg af eðlilegum ástæðum. Það gefur því heldur óljósa mynd af vilja Alþingis í þessu máli ef samþykkja ætti fyrsta lið þessarar till. eins og hann er orðaður.

Eins og ég sagði áðan, þá getur þessi skýrsla verið til afnota fyrir alþm. innan tíðar, þá sem áhuga hafa á því að sjá hana. En ég vil þó núna upplýsa það, að í skýrslunni er gengið út frá sjö áföngum.

Í 1. áfanga er lagt til að nokkur tæki verði keypt nú þegar til þess að fylgjast með og tryggja gæði útsendinga á myndsegulböndum í lit og til þess að geta sent út stillimynd í lit vegna viðgerðarþjónustu við sjónvarpstækjaeigendur. Þessi tæki eru síðan skilgreind nánar, og er talið í vetur, en þessi skýrsla var dags. 6. febr. 1976, þá var talið að þau mundu kosta 17.5 millj. kr. Hér er að því vikið að útsending í litum hafi verið liðlega 20% af heildardagskrá sjónvarpsins í jan. 1976. En mér er hins vegar sagt að núna sé litaútsendingin eitthvað örlítið meiri en þetta að öllum jafnaði, en ég hygg þó ekki yfir 25%.

Í 2. áfanga sjónvarpsskýrslunnar er svo lagt til að fengin verði tæki sem geri sjónvarpinu kleift að hefja litaútsendingar á fréttalestri, kynningarþulum, veðurfréttum, viðtölum, umræðuþáttum og öðrum einföldum upptökum í núverandi sjónvarpssal, og er áætlað, að þessi tæki kosti 32½ millj. kr, en þá væri hægt að hefja útsendingu á íslensku efni í lit. Eins og ég áðan sagði eru þessar hugmyndir ekki tímasettar nema aðeins 1. áfanginn, sem gert er ráð fyrir að ráðast í á næsta ári.

Í 3. áfanga er lagt til að keypt verði tæki sem geri mögulegt að taka upp stutta atburði utan sjónvarpshússins, þ. e. beranleg sjónvarpstökuvél og myndsegulbandstæki o. s. frv., og er það áætlað á 10 millj. kr.

Í 4. áfanga er svo lagt til að kaupa sjónvarpsupptökubifreið ásamt upptökuvélum. Kostnaðaráætlun um það er mjög lausleg, en 60—120 millj. kr. er skotið á, og það fer væntanlega nokkuð eftir því hversu dýr og vönduð tæki yrðu þá keypt.

Í 5. áfanga er lagt til að komið verði upp nýjum upptökusal fyrir sjónvarpið, sem eins og þar segir leysti af hólmi núverandi upptökusal sjónvarps og yrði hann þá tekinn til annarra nota. Segir þarna að eðlilegt væri að þessi salur yrði tilbúinn fljótlega eftir komu upptökubifreiðarinnar. Höfundar skýrslunnar segja að mjög erfitt sé að áætla kostnað við þessa byggingu, en sé miðað við að salnum fylgi ýmislegt annað húsnæði sem fylgja þyrfti í raun og veru, þá mætti ætla kostnað við þennan áfanga um 200 millj. kr.

Í 6. áfanga er svo hugmyndin að kaupa litaframköllunarvél o. fl. og kostnaður þá um 45 millj. kr., en þess þó jafnframt getið, að vel sé hugsanlegt að komast af með einfaldari og ódýrari tæki.

Og þá er loks 7. og síðasti áfanginn, en þar er um að ræða fleiri upptökuvélar og áætlað verð er 120 millj. kr. Höfundar skýrslunnar benda á visst hagræði í því að draga kaup á þessum dýru vélum með tilliti til þess, að nú er að þeirra dómi mjög ör þróun í gerð þessara véla og kynnu að koma til tækninýjungar sem gerðu þessa hluti viðráðanlega á þeim tíma sem verið væri að vinna að framkvæmd fyrri áfanga.

Þá er í skýrslunni rætt um þjálfun starfsmanna. Höfundar gera nokkra grein fyrir hvernig henni yrði haganlegast fyrir komið, en setja ekki upp sérstaka kostnaðaráætlun þar að lútandi. Þá rifja höfundar skýrslunnar það upp, að samkv. eldri áætlun frá Pósti og síma, þ. e. áætlun frá 1974, hafi þurft í árslok þá 660 millj. kr. til þess að gera skilyrði til sjónvarpsmóttöku viðunandi hjá nær öllum landsmönnum. Það er álit höfunda skýrslunnar að ekki muni miklu hvort allt dreifikerfið verði lithæft eða ekki þegar þurfi að gera það upp hvort sem er. Meginhluti endurbótanna á því sé nauðsynlegur hvort sem um er að ræða lithæft kerfi eða ekki.

Eins og sjá má af þessari mjög svo lauslegu kostnaðaráætlun sem ég hef nú rifjað hér upp, þá er um að ræða kostnað upp á mörg hundruð millj. kr., 500 millj. a. m. k., eins og þessu er stillt upp hér. En vitanlega hækka þessar tölur jafnt og þétt eins og aðrar kostnaðartölur.

Í grg. till. þeirrar, sem hér liggur fyrir til umr., er talað um að ríkisstj. hafi lagt bann við innflutningi litasjónvarpstækja. Þetta er nú ekki alls kostar rétt að orði komist. Litasjónvarpstækin voru á sínum tíma tekin út af frílista og síðan hefur þurft sérstakt leyfi og slík leyfi hafa verið veitt nokkrum sinnum. Ég held að það hafi verið flutt inn um upp undir 1000 tæki síðan þetta kom til, síðan litnum var sleppt lausum, þannig að það hefur ekki verið um beint bann að ræða á innflutningi þessara tækja. Hindranir þessar á frjálsum innflutningi litasjónvarpstækja eru auðvitað til komnar út af þeim gífurlegu gjaldeyrisörðugleikum sem verið hafa og ekki er enn séð fyrir endann á og voru hvað hrikalegastir þegar takmarkanirnar voru upp teknar. Hins vegar er þetta mál að sjálfsögðu til skoðunar og ég skal ekkert fullyrða um hvenær breyting verður á því gerð. Það er ekkert um það að villast að litasjónvarpstækin eru miklu dýrari í innflutningi heldur en svarthvít, þrisvar sinnum dýrari, eins og ég sagði áðan. Og það er sem sagt sá mismunur sem um er að tefla þegar rætt er um hindraðan eða óhindraðan innflutning á litasjónvarpstækjum. En þó er þess vitanlega að gæta, að það er enginn kominn til með að segja það, að sá gjaldeyrir, sem ekki færi í kaup á litasjónvarpstækjum vegna skömmtunar, færi þá ekki í einhver önnur gjaldeyriskaup, að hann sparaðist hreinlega. Hitt er sjálfsagt eins víst, að honum mundi að miklum hluta verða varið til kaupa á öðrum tækjum og öðrum hlutum áþekkum kannske. Þannig er margt afstætt í þessu máli, og þar á meðal held ég að endurnýjunarþörfin á sjónvarpstækjunum almennt sé kannske ekki alveg eins mikil og látið er í veðri vaka á stundum. Það er hins vegar mannlegt og skiljanlegt þó að ýmsir aðilar vilji gera úr henni heldur meira en minna.

Í 3. lið þáltill. er skorað á ríkisstj. að láta tolltekjur af innflutningi litasjónvarpstækja ganga til endurbóta á tækjum og dreifikerfi sjónvarpsins. Ég held að það þurfi nú kannske enga sérstaka þál. um þetta út af fyrir sig. Ég hygg, að þetta sé lík framkvæmd og nú á sér stað. Ég tel að það væri ekki ráðlegt að afgreiða þessa till. t. d. óbreytta og afgreiða hana þannig án tengsla við aðra þá þætti sem hljóta að koma til skoðunar þegar gera skal framkvæmdaáætlun fyrir Ríkisútvarpið. Ég held að það verði að

vega og meta þarfirnar á breiðum grundvelli og taka síðan ákvarðanir að slíku mati loknu.

Í áliti mþn. segir á bls. 14, — ég vil leyfa mér að vitna í það þó að ég að öðru leyti fari ekki langt út í að ræða þetta nál. sem þm. hafa fengið á borð til sín, — en þar eru dregnar saman niðurstöður og um leið till. mþn. í 7 tölul., sem ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa:

„1. Lokið verði við að koma sjónvarpi til allra notenda á landi á næstu 4 árum, 1977—1980, og hafin bygging endurvarpsstöðvar fyrir fiskimiðin árið 1979.

2. Ákveðin verði 5 ára framkvæmdaáætlun 1977—1981, sem auk þess að ná til ofangreindra atriða nái til annarra nauðsynlegra framkvæmda á sviði sjónvarps á tímabilinu.“ Hér undir fellur t. d. örbylgjusambandið og fyrstu framkvæmdir við litasjónvarp samkv. skýrslunni sem ég áðan rakti.

„3. Innflutningur litasjónvarps verði gefinn frjáls, afnotagjöld af litasjónvarpstækjum verði hærri en af svarthvítum tækjum.

4. Tolltekjur renni óskiptar til framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun.

5. Í afnotagjöldum verði gert ráð fyrir fjármagni til endurnýjunar dreifi- og útsendingarkerfisins meira en nú er gert.

6. Fjárvöntun verði mætt með lántökum sem endurgreiðist fyrir 1989. Á 5 árum framkvæmdaáætlunar er fjárvöntun áætluð 494 millj., tekjur til ársins 1989 eru hins vegar áætlaðar 875.3 millj. kr. hærri en þekkt framkvæmdaþörf á sama tímabili.

7. Allar tölur og áætlanir eru miðaðar við verðlag í nóv. 1976. Áætlanir verði endurskoðaðar í lok ársins 1977.“

Þetta eru niðurstöður mþn. Í till. hennar er sem sagt gert ráð fyrir því, að næstu 5 árin sé megináhersla lögð á sjálfa dreifingu sjónvarpsins, á atriði eins og endurnýjun bráðabirgðastöðvanna og skyld verkefni, örbylgjusamböndin í framhaldi af því sem nú er verið að gera, á nýjar sjónvarpsdreifistöðvar fyrir smærri hverfin sem enn eru sjónvarpslaus. Það er sem sagt gert ráð fyrir í þessum till. að láta þessi atriði hafa forgang, áður en fyrir alvöru er snúist við litasjónvarpinu. En þó er, eins og ég áðan sagði, einnig gert ráð fyrir því að sinna fyrstu og ódýrari áföngunum, þeim sem nefndir eru í litasjónvarpsskýrslunni, en hinar dýrari framkvæmdir allar við litasjónvarp kæmu ekki til fyrr en síðar. Þannig er í þessum till. mþn. reynt að fara bil beggja, flýta dreifingunni, en greiða einnig nokkuð fyrir tilkomu litanna.

Mér er alveg ljóst að það hlýtur að verða mjög mikill þrýstingur á um hröðun upptöku litasjónvarps, og ég tel alveg nauðsynlegt að marka nokkuð ákveðna stefnu að þessu leyti sem hægt væri síðan að framfylgja án þess að hnika þar miklu til — að marka slíka ákveðna stefnu fyrir fram. Mþn. gerir ráð fyrir því, að framkvæmdir berist uppi að verulegu leyti af tolltekjum, og gengur þá út frá því að innflutningur litasjónvarpstækja verði leyfður. Ég tel einnig, eins og fram hefur komið áður í máli mínu núna, að það muni verða gert í vaxandi mæli, enda er nú innflutningur almennt frjáls. En það breytir ekki þeirri skoðun minni, að ég álít, að takmörkunin til þessa hafi verið algerlega eðlileg og alveg sjálfsögð þegar hún var tekin upp, eins og allt var þá í pottinn búið.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að hvort sem innflutningur litasjónvarpstækja verður eitthvað heftur eða ekki, þá verður óhjákvæmilegur innflutningur á næstu árum á sjónvarpstækjum yfir höfuð að tala til þess að endurnýja eldri tæki. Það gerist hvort sem mönnum er það ljúft eða leitt, en í hvað ríkum mæli skal ég engu spá um og læt mér nægja að vísa til nál. hvað það snertir. Mér sýnast nú spár þeirra vera nokkuð varlegar. Ég held að þeir geri t. d. ráð fyrir innflutningi á 1800 litasjónvarpstækjum á fyrsta ári eftir að gefið væri frjálst, eins og þeir gera ráð fyrir, en síðan mundi nokkuð draga úr honum. En ég skal sem sagt ekkert um þá spádóma segja. En í þessu sambandi og í sambandi við þetta spjall um litasjónvarp eður ei, þá vil ég láta það koma fram hér, að í litasjónvarpsskýrslunni leggja þeir tæknimenn, sem hana unnu, áherslu á það, að litasjónvarp ryður sér til rúms með vaxandi hraða hvarvetna í veröldinni og fer að verða erfitt senn hvað líður að fá varahluti í svarthvítt sjónvarp og af þeim ástæðum telja þeir nauðsynlegt að þeir, sem nú endurnýja sjónvarpstæki sín, geti átt þess kost a. m. k. að kaupa litatæki með tilliti til framtíðarinnar. Þannig sem sagt mæla sumir með upptöku þessa blessaða litasjónvarps af tæknilegum ástæðum, aðrir gera það af öðrum ástæðum, löngun eftir litunum, áhuga á auknum gróða af dýrum innflutningi o. s. frv., o. s. frv. En alveg á sama hátt og ég held að hvað sem hver segir, þá verði innflutningur á einhvers konar sjónvarpstækjum mjög vaxandi á næstu árum vegna endurnýjunarþarfarinnar, þannig held ég að það verði ekki hjá því komist að horfast í augu við miklar og dýrar framkvæmdir til viðhalds og endurnýjunar og útfærslu á tækjabúnaði og dreifikerfi Ríkisútvarpsins sjálfs, bæði sjónvarps og útvarps. Þetta kemur líka fram í áliti mþn. sem gerir ákveðnar till. um tekjuöflun af innflutningstollum og hluta afnotagjalda.

En ég skal ekki fara nánar út í till. þessarar mþn. Ég vil bara við þetta tækifæri þakka n. fyrir röggsamlega afgreiðslu málsins. Hún var skipuð, að mig minnir, í júlí í sumar og hefur sem sagt skilað áliti nú. Þetta mál verður auðvitað allt skoðað nokkru nánar og sjálfsagt miklu nánar. Ég get hins vegar sagt það, að ég er í grundvallaratriðum alveg samþykkur þeim hugmyndum sem fram eru settar í þessu nál. Mun ég beita mér fyrir aðgerðum eftir að málið hefur verið skoðað nánar.

En þetta kostar allt mikla peninga, og ég vil leggja áherslu á það, að ég held að við hljótum, hvort sem okkur líkar betur eða verr, vegna þessara gífurlegu þarfa hjá Ríkisútvarpinu að gera allt í senn: að innheimta há afnotagjöld og halda auglýsingatöxtum í því hæsta sem við treystum okkur til. En hitt vil ég jafnframt leggja áherslu á, að við verðum einnig að skoða vandlega allan rekstur útvarpsins. Ég sé ekki betur en að það sé t. d. mjög skoðunarvert, þó að margt mæli því gegn, — þá sé það skoðunar-

vert hvort ekki ætti að stytta að einhverju marki útsendingartíma sjónvarps, t. d. með því að fækka sjónvarpsdögum. — Ég er ekkert að fullyrða hver niðurstaða yrði af slíkri athugun. — Og ég gæti líka vel trúað því, að það væri einnig tímabært að skoða vandlega í framhaldi af því, sem þegar hefur verið gert, hvort ekki megi koma við aukinni hagræðingu í starfsemi þessarar umfangsmiklu stofnunar og t. d. í starfsemi sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins, sem er nýrri deild, en hefur þó þegar fengið 10 ára reynslu.

Tillögur hagræðingarnefndar þeirrar, sem ég rétt vék að í upphafi þessa máls, hafa verið til umfjöllunar og þær hafa komið til framkvæmda að nokkru leyti, þó ekki stærstu atriðin í þeim till., sem eru breyting á innheimtu afnotagjalda. En þar sem sérstök fsp. hefur verið lögð fram varðandi þetta efni, þá skal ég ekki fjölyrða um það að sinni. Ég vil aðeins segja það út af till. um breytingu á innheimtu afnotagjaldanna, þeirri till. að innheimta gjöld til Ríkisútvarpsins eingöngu af þeim sem borga tekjuskatt, að mér líst ekki á það. Hins vegar tel ég að sjálfsögðu rétt og skylt að athuga vandlega allar hugmyndir sem fram koma til hagræðingar og meiri hagkvæmni.

Ég má kannske aðeins víkja að því, fyrst ég er farinn að ræða svona vítt og breitt um útvarpið í tilefni af þessari þáltill., sem hér er til umr., að útvarpið og þá ekki síður sjónvarpið er að dómi okkar flestra áhrifamesti fjölmiðillinn í landinu. Þetta ber okkur að nýta til hins ítrasta í menningarviðleitni fámennrar þjóðar með takmörkuð fjárráð. Nú veit ég það, að útvarpsráð og dagskrárfólkið vinnur eftir mætti að þessum málum og gerir margt stórvel og leggur sig fram í sínu starfi, og ber ekki að vanþakka það sem gert er. Ég veit líka að um þetta mál, um dagskrá útvarps og sjónvarps, er stöðug umræða, bæði innan stofnunarinnar og utan hennar líka. Mig langar sem dæmi um þær umr., sem fram fara utan stofnunarinnar, að rifja upp örfáa punkta sem ég hripaði hjá mér eftir spjalli um dagskrá sjónvarpsins fyrir nokkru. En þessir minnispunktar sýna nokkuð vel, finnst mér, hvernig velviljað fólk hugsar og talar um þessa hluti þegar það reynir að kryfja þá til mergjar.

Í þessu spjalli kom það m. a. fram að menn sögðu sem svo að dagskráin sætti oft gagnrýni og það væri kannske ekki að ástæðulausu, en oft væri hún líka illa rökstudd. Það væri t. d. æskilegt að fá samantekið hversu löngum tíma er varið til að sýna erlent efni í sjónvarpinu og hversu löngum tíma fyrir innlent. Jafnframt þyrfti að koma fram hversu mikið af hvoru fyrir sig er hreint skemmtiefni án takmarks og tilgangs, eins og þar stendur, og hvað getur talist hafa gildi til upplýsingar og fræðslu. Og menn töluðu um að það væri æskilegt að athuga alveg sérstaklega hvort ekki bæri að auka hlut hins innlenda efnis og þá með viðráðanlegum kostnaði. Og svo fóru menn að velta því fyrir sér hvað væri hægt að gera til þess að auka hlut innlenda efnisins án þess að til gífurlegs kostnaðar kæmi. Og þá voru m. a. nefnd þessi atriði: Örstuttir málvöndunarþættir þar sem jafnframt almennri málvöndun væri glímt við nýyrði yfir tækniorð og önnur hugtök sem eru að ryðja sér til rúms. Bókmenntakynning og upplestur úr völdum ritum með myndum og teikningum frá sögusviði og öðru sem snertir söguefni. Kynning námsgreina og atvinnuvega var nefnd. Sumt af þessu er sjónvarpið með. Kynning einstakra héraða, fagurra staða eða ferðaleiða með myndum og uppdráttum, — þetta er atriði sem sjónvarpið hefur tekið upp og spurning hvort þar er hægt að gera meira og kannske í öðru formi. Kynning á margvíslegu efni sem hverju mannsbarni er nauðsynlegt að kunna sem best skil á, t. d. hver skuli verða fyrstu viðbrögð þegar kviknað hefur í húsi. Og svo voru nefnd atriði eins og kynning á störfum ýmissa stofnana, bæði ríkisstofnana og stofnana í einkaeign, á sviði menningarmála, atvinnumála o. s. frv., o. s. frv., og var þá látin í ljós sú skoðun að slíkar stofnanir mundu láta í té ódýra og jafnvel ókeypis aðstoð á þessum vettvangi og að þessir þættir gætu orðið forvitnilegir og fróðlegir með tiltölulega litlum tilkostnaði. Og mér dettur nú í hug í þessu sambandi það sem ég gagnrýndi í sjónvarpsviðtali þegar ég var í þriðja skipti kvaddur í sérstakan þátt út af námslánum margumræddum, á sama tíma og ég hafði einu sinni eða aldrei verið kvaddur til að ræða önnur mál sem til meðferðar voru í rn. á sama tíma. Það væri mikilsvert að taka upp jákvæða kynningu á því sem verið er að gera viðs vegar í þjóðfélaginu og að gera hana aðlaðandi fyrir augu og eyru þeirra sem heima sitja. En þetta rifja ég upp sem dæmi um það, hvernig velviljað fólk ræðir þessi mál sín á milli þegar þau ber á góma almennt. (**Gripið fram í:** Hvaða velviljaða fólk?) Þetta er nú samantekið úr viðtölum við ýmsa kunningja mína, og ég held að það skipti ekki máli, enda hef ég ekki skrifað nein nöfn á þetta minnisblað. En ef hv. þm. hefur ekki náð því sem ég var að segja um þetta, þá get ég lánað honum blaðið á eftir. En sem sagt ekki meira um þetta almennt.

En út af dagskránni vil ég að lokum víkja að tveimur eða þremur sérstökum og afmörkuðum atriðum sem mér finnst að varði nýtingu þessara ríkisfjölmiðla í almannaþágu. Ég vil fyrst minnast á það atriði, að vaxandi tóbaks- og áfengisneysla — já, og reyndar neysla annarra fíkniefna, bæði hjá ungum og öldruðum, er vitanlega mikið áhyggjuefni. Og mér finnst eðlilegt að menn spyrji og án allrar áreitni þá: Flytur t. d. sjónvarpið nægilega eða eðlilega mikið efni sem til þess sé fallið að fræða um skaðsemi þessara efna, sem ég nefndi, og vekja athygli á kostum þess að lifa og starfa óháður þessum ávanaefnum? Og í annan stað: Er það kannske hugsanlegt að dagskrá t. d. sjónvarpsins, einstakir þættir hennar, séu til þess fallnir jafnvel að ýta undir neyslu tóbaks og áfengis? Hefur þetta verið ígrundað sérstaklega hjá þeim sem ráða efnisvali og gerð dagskrár? Og í annan stað langar mig að minna á það að ofbeldi, fjársvik og afbrot margvísleg hafa vaxið mjög að undanförnu hér á landi, að talið er, — og því miður er það víst enginn vafi — og þá er spurningin þessi, hvort það sé hugsanlegt að dagskrá sjónvarps eða einstakir þættir hennar séu sérstaklega til þess

fallnir að örva þessa þróun, t. d. ofbeldishneigð, — örva þessa þróun fremur en draga úr henni. Hvað um endalausar sýningar glæpa- og ofbeldisverka inni í hvers manns híbýlum? Er það ekki rétt sem fréttir herma — ég hef áreiðanlega heyrt það eða lesið einhvers staðar — að aðrar þjóðir setji upp rannsóknarnefndir og hugleiði mjög og igrundi áhrif slíkra sýninga í heimahúsum, sýnikennslu sem sumir kalla stundum þegar menn taka meira upp í sig? Og ef við lítum á málið frá hinni hliðinni. Er það hugsanlegt að sjónvarpið gæti með skipulögðum hætti veitt meiri stuðning en það nú gerir í baráttunni gegn þessari þróun? Þessar spurningar koma upp í hugann þegar farið er að ræða almennt þessi mál, en ég skal ekki fara lengra út í slík einstök atvik. Þetta var í raun og veru innskot því hér er verið að ræða um tæknilega og fjármálalega hlið þessara mála.

En ég vil svo aðeins segja það, að þessi till., sem hér er flutt, og fleiri till. varðandi Ríkisútvarpið bera vott um skilning alþm. á mikilvægi þessarar stofnunar. Mér ber vissulega að þakka þann áhuga og ég vænti þess og veit raunar að sú þn., sem þetta mál skoðar hér á Alþ., hún íhugar vandlega þessa till., bæði eina sér og þá ekki síður í tengslum við önnur þau verkefni sem úrlausnar bíða á vettvangi Ríkisútvarpsins. En sem sagt, hvaðeina sem gert verður — og sumt af því verður að gera — það kostar peninga og þeir peningar koma ekki af himnum ofan, þeir koma frá skattborgurunum í einu eða öðru formi. En ég hygg nú samt að þá þyki fleirum betur ef búið er sæmilega að útvarpi okkar og sjónvarpi þannig að stofnunin geti haldið uppi vandaðri dagskrá og komið henni til skila sómasamlega. Ég held að þá þyki fleirum betur heldur en þó að við höldum niðri afnotagjöldunum og annarri tekjuinnheimtu vegna þessa málefnis. En þetta verður að fylgjast að. Það þýðir ekkert að gera framkvæmdaáætlanir nema um leið sé gert ráð fyrir tekjuöflun.

Að lokum vil ég svo minna á það, að þessi till., sem hér er til umr., og svo litasjónvarpsskýrslan og sú skýrsla milliþn., sem ég var að greina frá hérna áðan og dreift hefur verið, þetta allt saman fjallar eingöngu um málefni sjónvarpsins. En eins og fram hefur komið í þeim orðum, sem ég hef hér mælt, þá er vissulega einnig í mörg horn að líta hjá útvarpinu með viðhald tækja, endurnýjun, nýjungar ýmiss konar og raunar aðstöðu alla. Það er nokkuð sem ekki þarf síður að taka til athugunar, og ég mun beita mér fyrir því að sérstök athugun fari fram á þeim þætti í starfsemi Ríkisútvarpsins nánast í beinu framhaldi af þeirri athugun sem þegar hefur verið gerð í milliþn. um sjónvarpið og dreifingu þess.

Stefán Jónsson: Herra forseti: Nú er raunar sá farinn héðan af þingi sem ég hafði ætlað mér að beina til máli mínu fyrst og fremst er ég kvaddi mér hljóðs hér öðru sinni um þáltill. þessa, þar sem var hv. þm. Halldór Blöndal sem lauk máli sínu með því, eftir að skorið hafði verið á umr., að lýsa yfir þeirra sannfæringu sinni, að ástæðan fyrir því, að við hv. þm. Jónas Árnason og ég værum andvígir þessari till. um litasjónvarp á Íslandi, væri hin sama eða samkynja og ástæðan fyrir því að við styddum skoðanakúgun í Austur-Evrópu. (Gripið fram í.) Aths. mínum við þessar hugrenningar þm. verð ég sennilega að fresta þangað til ég hitti hann á öðrum vettvangi en þessum. En athugasemd hans er að því leyti svaraverð hér nú í fjarveru Halldórs, að þessi aths. var að sumu leyti álíka vel grunduð og ýmislegt annað það sem sagt hefur verið í þessum umr. um litasjónvarp á Íslandi.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. ýmsar velviljaðar, skynsamlegar aths. hans í sambandi við þessa till. þegar hann ræddi um málefni Ríkisútvarpsins yfirleitt. Ég get tekið undir þá skoðun hans, að tímabært sé nú að marka stefnuna fyrir fram, eins og hann orðaði það, í þessum málum, en vil aðeins undirstrika að það er þá mjög mikils um vert að sú stefna, sem mörkuð verður, sé rétt. Ef hæstv. ráðh. ætlar að byggja gagngert á þeim upplýsingum, sem hann hefur fengið hjá forstöðumönnum sjónvarpsins sjálfs, eða upplýsingunum, sem hann hefur fengið frá tæknimönnum þeim sem á vegum þess hafa starfað, þá vildi ég gjarnan að leitað yrði nú álits annars aðila um sumar af þessum upplýsingum, svo sem hina sígildu staðhæfingu, sem hver étur upp eftir öðrum, að nú sé komið að því að endurnýja þurfi svo til öll sjónvarpstæki landsmanna af því að þau séu flest orðin 10 ára gömul. Ég hef spurt ágæta útvarpsvirkjameistara að þessu, hvort þetta sé virkilega svo, að endurnýja þurfi þessi tæki, þau séu að verða ónýt. Svarið hefur hljóðað á þá lund, að því sé víðs fjarri að þessi tæki séu að verða ónýt. Eftir u. þ. b. 10 ára skeið dofni flúor í svonefndri túbu í tækjunum og sé þá æskilegt að skipta um hana, en túbu þessa sé hægt að fá í tækin fyrir verð sem nemur tæplega fimmtungi af verði tækisins eða innan við 20 þús. kr. þegar verð á nýju sjónvarpstæki svarthvítu er í kringum 100 þús. kr. Og enn fleiri rök af þessu tagi, sem notuð hafa verið af hálfu þeirra, sem mest hvetja til þess að nú verði tekið upp litasjónvarp, munu vera álíka ábyggileg. Þar á meðal er staðhæfingin um það, að ógerlegt muni reynast að fá varahluti í þessi tæki. Einn af háttsettum starfsmönnum sjónvarpsins lét þau ummæli falla í sjónvarpinu sjálfu, — en vel að merkja: sjónvarpið sjálft hefur verið notað fyrst og fremst til þess að róa fyrir því, að hin nýja tækni verði tekin upp, — hann lét þau orð falla í sjónvarpinu, að nú væri svo komið að það væri, eins og hann orðaði það, einhver verksmiðja austur í Indlandi sem þeim væri vísað á að mundi halda áfram að framleiða varahluti í svarthvítu sjónvarpstækin. Það má vel vera að þeim hafi verið vísað á einhverja ónefnda verksmiðju í ónefndu fylki í Indlandi í þessu sambandi. Mér er aftur á móti kunnugt um það að verksmiðjur í Póllandi, í Rúmeníu og Tékkóslóvakíu halda áfram að framleiða eftir ítölskum og breskum patentum varahluti í þessi svarthvítu sjónvarpstæki og talið er að þessar verksmiðjur muni halda því áfram enn um sinn.

Það er róið ákaflega fast fyrir litasjónvarpi á Íslandi, og kostnaðaráætlanir, sem lagðar hafa verið fram, hafa borið keim af þessu kappi all-

mikið. Það er ljóst mál að miðað er að því að flytja inn, þó ekki sé miðað við fjölgun sjónvarpsnotenda á Íslandi, 52 þús. sjónvarpstæki — litsjónvarpstæki — um það er lýkur. Þessi tæki kosta nú, eftir því sem ég veit best, u. þ. b. 100 þús. kr. í gjaldeyri, þannig að hér yrði þá um að ræða í þann mund er lyki 5.2 milljarða í gjaldeyri. Þá eru eftir 2/3 hlutar af verði þessara tækja ógoldnir enn, þannig að þetta færi þá hátt í 16 milljarða, sú fjárfesting sem hér er um að ræða.

Ég átta mig ekki almennilega á því hvernig hæstv. ráðh. kemst að þeirri niðurstöðu að ætla megi að þorrinn allur af íslenskum fjölskyldum, sem situr nú uppi með svarthvít sjónvarpstæki, mundi leggja 250—300 þús. kr. í kaup á einhverjum öðrum gjaldeyrisvarningi ef ekki verða tiltæk litsjónvarpstæki í landinu til þess að skipta á gömlu tækjunum og þeim nýju. Ég hef grun um að í bili a. m. k. muni þessi kvartmilljón eða rúmlega það ekki liggja á lausu í skúffum íslendinga, heldur mætti ætla að sótt yrði þá á um það að fá peninga að láni til þessara kaupa og ekki sé rétt að reikna með því að þessir peningar færu rakleitt til kaupa á öðrum gjaldeyrisvarningi.

Okkur er ljóst hvernig ástatt er um gjaldeyrisstöðu þessarar þjóðar. Meðan hafðar eru uppi háværar raddir um það, að við getum ekki keypt inn til landsins ýmis gjaldeyrisframleiðslutæki vegna þess að okkur skorti gjaldeyri til þess, þá finnst mér fráleitt að taka nú ákvörðun um að byrja innflutning á litsjónvarpstækjum eins og horfir.

Ég innti ráðh. sérstaklega eftir því í ræðu hans, hverjir það væru sem komið hefðu fram með ýmsar athyglisverðar till., sem hann drap á í ræðu sinni, um mennilegt sjónvarpsefni, gott sjónvarpsefni, efni sem til þess væri fallið að auka gildi íslenska sjónvarpsins. Í stuttri ræðu minni við umr. um þessa þáltill. fyrr sagði ég frá því, sem ég veit að rannsókn, sem framkvæmd hefur verið bæði í Svíþjóð og Noregi, bendir til, að gildi — fræðslugildi, menntagildi — sjónvarpsdagskránna hefði ekki aukist við tilkomu litasjónvarps nema síður væri. Og ég er hæstv. ráðh. mjög svo samdóma í því, að meira sé upp úr því leggjandi að reynt verði að bæta dagskrárefni sjónvarpsins í svarthvítu heldur en hitt, að fara að gefa e. t. v. enn lélegri dagskrá sérstakan lit.

Á meðan við ræðum núna um möguleika á stórkostlegri fjárfestingu, meira en fimm milljörðum, í erlendum gjaldeyri og allt að því 16 milljörðum króna í heildarfjárfestingu í litasjónvarpi, þá búum við enn við þær aðstæður að útvarpið okkar gamla, hljóðvarpið, heyrist ekki á stórum landssvæðum og allra verst í kjördæmi hæstv. menntmrh. Ekki þarf ég að lýsa þessu fyrir honum, þetta þekkir hann allra manna best og hefur, ef mig minnir rétt, kvartað svo oft undan því að ég er alveg viss um að enginn annar þm. hefur gert það oftar en hann.

Við vorum á sínum tíma til neyddir, fyrst og fremst af utanaðkomandi aðilum og þar næst af eigin þegnum, mönnum lítilla sanda, að fara út í sjónvarpsrekstur á Íslandi fyrr en við vorum raunverulega í stakk til þess búnir. Ég hef grun um að flestir hefðu í hjarta sínu talið eðlilegt að við kæmum upp sæmilegu dreifikerfi fyrir útvarp áður en lagt væri út í sjónvarpsreksturinn. Síðan hefur verið drepið lauslega á dreifingarvandamál útvarps hér á landi. Það hefur verið drepið lauslega á þetta vandamál, en aldrei verið gert átak að ráði til þess að bæta úr þeim vandkvæðum. Enn síður má segja að það hafi verið tekið að gagni til þess að bæta aðstöðu starfsmanna útvarpsins. Ég man eftir því á afmælishátíð Ríkisútvarpsins 1970, sem haldin var á vegum starfsmannafélagsins, að þar kom þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, og sagði okkur þau gleðitíðindi að nú loksins ætti að byrja á því að reisa útvarpshús. Það hafði verið teiknað aldarfimmtungi áður útvarpshús, tvisvar hafði útvarpshús fengið úthlutað lóð í Reykjavík. Nú var það búið að fá úthlutað lóð í þriðja sinn í tilefni af afmælinu og nú var, að því er manni skildist, á döfinni að fá til mann að brýna skóflurnar fyrir fyrstu stunguna fyrir þessu útvarpshúsi. Þessari frétt fögnuðum við starfsmenn útvarpsins innilega. Því er ekki að neita að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hætti skömmu síðar að vera menntmrh. og tveir hafa gegnt því embætti síðan, en skóflustungan hefur ekki verið stungin enn. Og ég bið þm. að kynna sér lauslega þá aðstöðu sem starfsmenn útvarpsins mega búa við í starfi sínu á Skúlagötu 4, þar við sundin, og hugleiða lítils háttar hvernig búið er að gamla Gufuradíóinu, bæði hvað snertir fjárhag og tækni, áður en þeir taka nú ákvörðun um að greiða atkv. með þáltill. sem hér liggur fyrir.

Ég vildi líka gjarnan að þeir athuguðu með hæfilegri gagnrýni þær upplýsingar sem fyrir liggja um nauðsyn þess að koma á litasjónvarpi, leggja í þennan kostnað. Og svo vildi ég að þeir hugleiddu vendilega hvernig komið er efnahag sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins að öðru leyti til hins almenna rekstrar.

Ég minnist þess nú fyrir nokkrum dögum, svo ég nefni dæmi um fjárhag sjónvarpsins og þá sæmd sem stofnunin á bundna við fjárhaginn slíkan sem hann er, en ég las í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum smáklausu á forsíðu þar sem frá því er sagt, að dagskrárstjóri sjónvarpsins hefði farið ásamt tæknimanni til Sovétríkjanna til þess að skoða þar sjónvarpsefni. Fyrirsögn þessarar greinar var eitthvað á þá lund, að enn sem fyrr færist rússum ekki stórmannlega. Efni greinarinnar var á þá lund, að þeir hefðu verið sendir í þessa ferð peningalausir í því trausti að rússar mundu halda þeim uppi með dagpeninga og hótelkostnað og fæði á meðan þeir dveldust í Moskvu, en rússar hefðu bara hreint ekki vitað af þessu og það hefði ekki verið fyrr en á síðasta degi, eftir mjög miklar þrengingar, að því er manni skildist, allt að því sult, að þeir hefðu komist að því að sendimenn íslenska sjónvarpsins væru svona snauðir og hefðu farið í þessu góða trausti til Sovétríkjanna, að þeim yrði haldið þarna uppi ókeypis, og þá hefðu þeir haft þjón á hverjum fingri. En þá var það bara orðið of seint. Það var síðasta daginn. Það er kannske fullkomin ástæða til þess að spyrja að hve miklu leyti Ríkisútvarpið, sjónvarpsdeild,

þurfi að treysta á bónbjargir í starfsemi sinni. Sé svo að einhverju verulegu leyti, þá óska ég nú þess vegna almennrar sæmdar að það verði þá ríkisstj., sem verði kennt um, eða Alþ., en ekki rússum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel nokkra bót að því, að á borð okkar hefur borist þessi skýrsla sem hér var úthlutað og í máli hæstv. menntmrh. hafa komið fram upplýsingar um skýrslu sem tveir starfsmenn sjónvarpsins hafa unnið. Þá er hægt að ræða þessa þáltill. Ellerts B. Schram, því að einmitt tillgr. hljóðar upp á það að samþ. skýrslu sem við höfðum ekki séð, og ef við hefðum gert það, þá kynni að vera að við keyptum köttinn í sekknum, þannig að þessi till. er fædd fyrir tímann. Hér ræði ég um skýrslu þá sem Pétur Guðfinnsson og Hörður Frímannsson í sjónvarpinu hafa unnið. Álit milliþn., sem hér er komið á borðin okkar, er samið upp úr þeirri skýrslu.

Ég hef haft tækifæri til þess að skoða þessa skýrslu úr sjónvarpinu og það er sannarlega löng og ítarleg lýsing á áhuga a. m. k. tveggja sjónvarpsmanna, líklega allra starfsmanna sjónvarpsins, á því að nú verði sett á stofn raunverulegt litasjónvarp á Íslandi, og forsendan er gefin í þessari skýrslu, að flestöll tæki, ekki einasta sjónvarpstæki inni á heimilunum, heldur kannske enn þá fremur tækin í sjónvarpinu, séu á síðasta snúningi. Ef þessi forsenda stenst, þá er þetta náttúrlega alvarlegt mál, og ef menn trúa því virkilega að ástandið sé svona slæmt, þá ber að „skoða vandlega“, eins og hæstv. ráðh. sagði, hvort ekki sé rétt að haga málum á þá lund sem gert er ráð fyrir í þessari skýrslu þremenninganna. En ef þessi forsenda er ekki rétt, ef niðurstöður hennar eru rangar, þá hrynur náttúrlega hin skýrslan líka.

Ég er ekki dómbær á tæknileg atriði, eins og það hvort svo flókin apparöt annarra manna eins og sjónvarpstæki eða sjónvarpsútsendingarvélar eigi mikið eftir af endingartíma sínum. Vægast sagt þykir mér það nokkuð ósennilegt að allt sé að hrynja. Það er vafalaust skynsamlegt að endurnýja eitthvað af þessu og hafa þá auga með möguleika á litaútsendingum, en ég held að við eigum ekki að vera með neitt óðagot í málinu.

Það er verið að tala um fjáröflunarleið af þessum litasjónvörpum. En það er náttúrlega gjaldeyriseyðsla líka og þetta er geipileg fjárfesting. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því. Í sjö áföngum, sem getið er um í skýrslu sjónvarpsmannanna, eru settar fram tölur upp á 550 millj. bara í sjónvarpinu sjálfu, í endurnýjun tækjabúnaðar eða nýjum tækjum. Söluverð tækja í búð er annað en raunverulega er gengið út frá þarna í skýrslunni. Ég held að góðar tegundir af sjónvarpstækjum kosti um 350 þús. kr. í dag.

Það er verið að tala um að það sé heftur innflutningur á sjónvarpstækjum. En ég hef farið hér í örfáar búðir og spurt um litasjónvarpstæki af tegundum sem mér hefur verið kunnugt um að voru góð, og þau kosta 340—350 þús. stykkið, og það hefur ekki staðið neitt á því að útvega mér þau. Sums staðar hafa þau verið inni á lager og jafnvel útstillt. Þetta sýnir hvað verslunarþjónusta hér er reglulega góð.

Dreifing á sjónvarpsefni í lit er enn fremur nokkrum örðugleikum bundin og eitthvað dýrari. Endurbygging sjónvarpsdreifikerfisins kostar líka mikið fé, enn fremur menntun sjónvarpsmanna og endurbygging dreifikerfisins.

Flm. þessarar till., sem hér er til umr., hv. þm. Ellert B. Schram, og enn fremur skýrslugerðarmenn allir og hæstv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson, þeir hafa lagt áherslu á að þetta kunni að vera leiðin sem heppileg sé til þess að koma sjónvarpi út til þeirra sem ekki hafa sjónvarp enn þá. En ég trúi því varlega að þetta sé heppilegasta leiðin. Það hefur næstum ekkert verið gert til þess að koma sjónvarpi til nýrra notenda síðan 1973, það hafa einungis allir verið fremur jákvæðir, og ofan á þetta bætist það að dreifbýlisþm. og mjög vakandi fyrir málefninu er búinn að vera menntmrh. meira en hálft kjörtímabil, hæstv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Það er einungis búið að reisa á þessu tímabili eina 6 millj. kr. stöð í Álftafirði vestra. Það hafa verið svæðar till. á Alþ. frá allmörgum þm., m. a. frá öllum félögunum í milliþn., Steingrími Hermannssyni, Inga Tryggvasyni og Sverri Hermannssyni, þannig að verkefnaröð og tímasetning þeirra í skýrslunni gæti raskast líka Þeir, sem ekki hafa sjónvarp, hafa ekki fyrstir hag af litasjónvarpi. Þeir fyrstu, sem hafa hag af stofnsetningu litasjónvarps, eru náttúrlega kaupmennirnir, sem versla með litasjónvarpstækin. Verðlagsstjóri hefur sett upp verðlagsútreikning litasjónvarps að minni ósk, og kemur þar í ljós að af heildarsöluverði sjónvarpa út úr búð eru tolltekjurnar 23.44%. Það er sá hlutur sem færi til Ríkisútvarpsins. En hlutur verslunarinnar er 17.88% af heildarsöluverði sjónvarpstækianna, þannig að þetta er mjög mikið fjárhagsspursmál fyrir verslunina, að fá þarna 40—50—60 þús. kr. á hvert litasjónvarpstæki sem tekst að selja. Ég tek það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að vafalaust skila þessir verslunarmenn, eins og lög standa til, allir sínum 20% söluskatti til ríkisins af hverju einasta tæki. Þetta er hlutur verslunarinnar. En þessa tölu vantaði í ræðu hv. flm. Þessa tölu vantaði í skýrslu sjónvarpsmanna, í skýrslu þremenninganna og í ræðu hæstv. menntmrh. Hún hefur vafalaust ekki hvarflað að þeim þegar þeir voru að móta sína afstöðu og „skoða málið“. En þó kynni það að hafa aðstoðað einhverja aðra af þeim fjölmörgu í þjóðfélaginu sem „nú eru að pressa á menntmrh.“, eins og fram kom í ræðu hans, um það að láta litasjónvarp ná fram að ganga. Þetta er býsna sniðugur gangur mála við kynningu á litasjónvarpinu.

Auðvitað kemur litasjónvarp, en ég held að það liggi ekkert á því, og ég hef mikla vantrú á að þetta sé rétta leiðin til þess að koma sjónvarpi til allra landsmanna, eins og nafnið á skýrslu þremenninganna í milliþn. hv. þm. ber með sér. Ég held að þarna sé verið að seilast langt yfir skammt. A. m. k. er þetta fjárfrekari og seinlegri leið en sú, sem ég og nokkrir fleiri þm. höfum bent á, að marka sérstakan

tekjustofn — hluta af afnotagjöldum — til þess að koma sjónvarpi til allra landsmanna, og þá leið mun ég rökstyðja í umr. um till. okkar.

Það kemur auðvitað einhvern tíma að því að litasjónvarp verði að veruleika á Íslandi. En ég held að það liggi ekkert á að hraða sér. Þróunin er ör og framfarir í gerð þessara tækja og seinna eigum við kost á fullkomnari tækjum. Ég hygg að þessi fjárfesting verði gífurleg og fjármagninu verði betur varið til annarra hluta. Ég hef ekki trú á því, að féð sé svo laust í vösum manna og ekki geymt í banka eða arðbærum hlutum, að þá megi alveg eins ná því á annan hátt. Það er vafalaust gaman að horfa á sjónvarp í lit. En fólkið á þeim 400 sveitabæjum sem hefur ekki sjónvarp, óskar ekki endilega eftir litasjónvarpi. Því er alveg sama þó að því væri einungis gefinn kostur á að horfa á svarthvítt. Það hefur ekki bagað mig að horfa á svarthvítt, og ég er nærri feginn að manndráp eru ekki sýnd í litum. Það er þá helst þegar knattspyrnukappleikir eru sýndir að ég lendi í nokkrum vanda að greina sundur búningana, og ég tel að hinn litskrúðugi búningur KR-inga mundi sóma sér mjög vel í litasjónvarpi og ekki minna mann á sebrahesta.

Umr. frestað.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113). — 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði, sem ég hef ásamt hv. 1. þm. Vesturl. leyft mér að flytja á þskj. 113, er flutt að beiðni stjórnar Andakílsárvirkjunar og er nú frv flutt öðru sinni. Hliðstætt frv. var flutt hér á Alþ. í maímánuði 1975 *og náði af eðlilegum ástæðum ekki að verða* útrætt á því þingi og hlaut því ekki afgreiðslu.

Eigendur Andakílsárvirkjunar eru nú Akraneskaupstaður og Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Eins og ég mun síðar víkja að er fyrir hendi mikill áhugi fyrir því á Vesturlandi að Andakílsárvirkjun færi út starfssvið sitt þannig að það nái yfir allt Vesturlandskjördæmi og verði þá einnig Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla hér aðilar að. Fyrir þessu veit ég að er vilji hjá þeim eignaraðilum, sem nú eiga Andakílsárvirkjun, svo og öðrum á Vesturlandi.

Það hefur oft verið um það rætt að í framtíðarskipan orkumála hér í landinu beri að stefna að því að komið verði á landshlutaveitum, ýmist á vegum byggðarlaganna sjálfra með aðstoð ríkisins eða þá með sameign ríkis og sveitarfélaga. Þó hefur alltaf verið gengið út frá því, a. m. k. af flestum, að meiri hl. stjórnar slíkra orkuvera væri í höndum heimamanna. Segja má að nú sé að nokkru búið að marka þessa stefnu með samþykkt Alþ. á s. l. þingi þar sem um er að ræða heildarheimildarlög til að stofnsetja Orkubú Vestfjarða.

Undirbúningur að virkjun Kljáfoss í Hvítá má segja að hafi átt sér alllangan aðdraganda. Hann var hafinn á árunum 1963—1964 og þá gefið út virkjunarmat sem samið var af þeim Rögnvaldi Þorlákssyni verkfræðingi og Ásgeiri Sæmundssyni tæknifræðingi. Umræddar virkjunarrannsóknir, sem unnar voru af þessum mönnum, svo og allar aðrar virkjunarrannsóknir, sem síðar hafa verið gerðar varðandi þessa væntanlegu virkjun, hafa verið unnar að frumkvæði Andakílsárvirkjunar og á hennar kostnað. Virkjunarmat það, sem út var gefið 1964, bar það með sér að virkjun Hvítár við Kljáfoss væri hagstæð virkjun borin saman við aðra valkosti og með *tilliti til þess öryggis sem raforkuverið mundi* veita Vesturlandi.

Það er skoðun margra að enda þótt stórvirkjanir séu með tilliti til þess, að þær verði þegar í stað svo til fullnýttar, það ódýrasta sem við eigum völ á í orkuöflun, þá eigi aðrar virkjanir, þó minni séu, fullan rétt á sér með tilliti til aukins öryggis og þó sérstaklega þegar um jafnhagstæða virkjun er að ræða og væntanlega Kljáfossvirkjun.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að vatnsaflsstöðin verði allt að 13.5 mw. Er sú stærð ákveðin með tilliti til þess að þá fer minna land undir vatn vegna stíflugerðar en ella, ef raforkuverið væri miðað við t. d. 15 mw, *eins og möguleikar eru fyrir hendi með* aukinni stíflugerð.

Einn af aðalkostum Hvítár í Borgarfirði til raforkuvinnslu er talinn vera sá, hvað vatnsstreymið í ánni er mikið og jafnt. Eftir 24 ára rannsóknir hvað þetta snertir er orkuvinnslugetan talin vera um 88 gwst. í meðalári. Lægsta framstreymi á þessu 24 ára tímabili var árið 1963 og hefði orkuvinnslan það ár verið um 72 gwst. mælt við stöðvarvegg. Forgangsorka er hins vegar talin vera um 75 gwst.

Nýtt virkjunarmat hefur nú verið gert og þá miðað við verðlag og skráð gengi eins og það var í síðasta mánuði. Kemur þá í ljós, að í stað þess að það átti áður að kosta 1156 millj. kr., *í marsmánuði 1975, þarf upphæðin nú að vera* 1722 millj. kr. Er þá ekki frekar en áður talinn með kostnaður við tengingu orkuversins við orkuflutningskerfið í Borgarfirði, ekki greiðslu fyrir vatnsréttindi og vexti á byggingartíma. Að þessu meðtöldu verður heildarkostnaður virkjunarinnar 2 milljarðar 172 millj. kr. Sé reiknað með þessum kostnaði og orkuverið greiðist upp á 40 árum með jafnaðargreiðslum afborgana og vaxta og miðað við 8% vexti og 0.75% stofnkostnaðar í rekstri verður kostnaðarverð forgangsorkunnar kr. 2.65 á kwst., og má best af því sjá hvað hér er um hagstæða virkjun að ræða.

Svo sem kunnugt er er nú búið að leggja stofnlínu frá Andakílsárvirkjun til Snæfellsness og um Dali, þannig að í dag er allt Vesturlandskjördæmi samtengt innbyrðis og auk þess er það svo tengt Landsvirkjunarkerfinu yfir Hvalfjörð. Í þessum landshluta munu nú vera tæplega 15 þús. manns og þar af um ⅔ hlutar í þéttbýli. Á Vesturlandi eru nú 2 vatnsaflsstöðvar. Það er Andakílsárvirkjun, sem framleiðir um 35.9 gwst. og Rjúkandavirkjun við Ólafsvík, sem framleiðir 7.2 gwst á ári. Auk þessa voru framleiddar með dísilaflsstöðvum 7.7 gwst. á s. l. ári og keypt orka frá Landsvirkjun 41.6 gwst., eða

samtals orka á Vesturlandi 92.4 gwst. Að sjálfsögðu hefur nú sú breyting orðið á, eftir að stofnlínur hafa verið lagðar um allt Vesturland með samtengingu við Andakílsárvirkjun og Landsvirkjun, að raforka með dísilvélum má heita úr sögunni.

Svo sem kunnugt er standa nú yfir athuganir á hagnýtingu jarðvarma til hitaveituframkvæmda fyrir meiri hluta af þéttbýlisstöðum í Vesturlandskjördæmi. Í Borgarfirði sérstaklega er um verulegt magn af jarðvarma að ræða og fyrr eða síðar hlýtur til þess að koma að hann verði virkjaður fyrir byggðarlögin á Vesturlandi. Hvenær það verður er ekki unnt að segja um í dag. Kemur þar til m. a. mikil fjarlægð milli staða og þess vegna kostnaðarsamar leiðslur og framkvæmdir. En allt fyrir það er víst að þörfin fyrir aukna raforku er fyrir hendi og nú þegar á sér stað veruleg rafhitun til íbúðarhúsnæðis eða um 15 gwst.

Heildarraforkuöflun fyrir Vesturland var á árinu 1974 80.5 gwst., en 92 4 gwst. ári seinna eða 1975, eða 14.78% aukning aðeins á milli ára. Af þessu má glöggt sjá hvað eftirspurnin eftir raforku eykst ört hér á landi, og þessar tölur, sem ég hef nú nefnt, segja alls ekki alla söguna vegna þess að í fjölmörgum tilfellum, þar sem um það hefur verið að ræða að menn hafa óskað eftir raforku til húshitunar, hefur ekki verið unnt að verða við beiðninni vegna þess að ekki hefur verið fyrir hendi nauðsynlegur spennuútbúnaður eða raflínulagnir.

Það er svo annað mál, að eftir því sem almenningur verður háðari raforkunotkuninni aukast kröfurnar um aukið öryggi varðandi orkuafhendinguna. Þar gildir einu hvort um jarðvarma er að ræða eða ekki, vegna þess að í flestum tilfellum er jarðvarminn háður dælustöðvum sem ganga fyrir raforku. Það skiptir því meginmáli fyrir heildaröryggið að vatnsaflsstöðvarnar verði staðsettar sem víðast um landið eða á þeim stöðum þar sem um hagkvæmar virkjanir getur verið að ræða.

Með tilkomu Kljáfossvirkjunar þrefaldast vatnsorkuvinnslan á Vesturlandi, og með tilliti til þess að orkuverið er í miðju Borgarfjarðarhéraði eykur það mikið öryggi rafmagnsnotenda á svæðinu og minnkar orkutap í flutningi, en þar er einnig um mikil verðmæti að ræða.

Eins og ég hef áður vikið að, þá eru eigendur Andakílsárvirkjunar Akraneskaupstaður, Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. En ég vil taka það sérstaklega fram að meðal eigenda Andakílsárvirkjunar er algjör samstaða um það, að eignaraðild að væntanlegri Kljáfossvirkjun verði aukin þannig, að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla auk Dalasýslu verði meðeigendur orkuversins og þannig að því stefnt að öll grunnorkuvinnsla á Vesturlandi verði sameign íbúanna sem sjálfstæð Vesturlandsveita.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni, en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 101). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 101 flytjum við 4 þm. Alþb. frv. til l. um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins. Brtt. þessi er gerð við 67. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um eignarrétt.

Þegar þessi till. kom fram hér á Alþ. var gerð grein fyrir henni í blöðum stjórnarflokkanna á þann veg að hér væri um þjóðnýtingartillögu að ræða, hér væri um að ræða till. sem fæli í sér skerðingu á eignarrétti bænda. T. d. sagði Morgunblaðið 25. f. m. í fyrirsögn og í umsögn um þetta frv. okkar alþb.-manna: „eignarréttur bænda takmarkaður“ — og hélt því fram að hér væri um að ræða eignarskerðingarákvæði. Og sama gilti um fréttir Tímans af þessu máli. Hinn 26. f. m. er frá því skýrt að við höfum flutt þetta frv. og að það kveði á um eignarskerðingu bænda. Ég vil láta það koma hér strax fram að hér er um mjög villandi frásögn að ræða. Með þjóðnýtingu er að sjálfsögðu átt við það að eign færist úr einkaeign og yfir í ríkiseign. Við alþb.-menn erum að sjálfsögðu reiðubúnir að flytja ýmsar till. þess efnis, en þessi ákvæðna till. fjallar alls ekki um þetta viðfangsefni, hún fjallar um annað. Hér er fyrst og fremst reynt að festa í stjórnarskrá að það, sem verið hefur sameign þjóðarinnar, verði það áfram. Hér er því einungis verið að ákveða mörk eignarréttar, en það er ekki verið að flytja hér till. um beina þjóðnýtingu. Ástæðurnar fyrir þessum villandi málflutningi í frásögnum af þessu frv. mun e. t. v. að leita til þess, að á sama tíma hefur þm. Alþfl., hv. þm. Bragi Sigurjónsson, flutt hér í Ed. till. um eignarréttarmál og eitt stærsta atriði þeirrar till. snýst um eignarrétt bænda á jörðum sínum og sérstaklega um rétt þeirra til veiða í ám og vötnum. Þar er vissulega um þjóðnýtingu að ræða að vissu marki. En eins og ég hef sagt, þá er þetta frv. um annað efni. Hvað bændur snertir er þar gert ráð fyrir því að staða bænda sé ekki skert og þeir haldi þeim hlunnindum sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

Það er megineinkenni á þjóðlífi okkar íslendinga, að þjóðin er lítil, en landið er stórt. Hér á Íslandi eru íbúar aðeins um 2 á hvern km² lands, annars staðar í Evrópu eru lönd yfirleitt 7—100 sinnum þéttbýlli en hér á landi, og þarna er e. t. v. komin skýringin á því að eignarréttarákvæði eru óljósari hér en víðast annars staðar. Einnig var það svo að fram á þessa öld, að menn litu almennt svo á að land okkar væri ekki aðeins fámennt, heldur einnig fátækt og hrjóstrugt og hér væri ekki önnur umtalsverð auðæfi að finna en fiskinn í sjónum og grasið á grundunum. En í upphafi þessarar aldar gerbreytast viðhorf manna með stórkostlegum tækniframförum og þeim margfrægu vísindalegu uppgötvunum sem þá komu fram. Menn ráku sig þá á það, að þetta fátæka, fámenna og hrjóstruga land var uppfullt af ónotuðum orkulindum.

Frá því land byggðist hefur land á Íslandi skipst í þrennt: 1) í heimalönd, 2) í afréttarlönd og 3) í almenninga.

Fram á þessa öld hefur það verið óumdeilt í fyrsta lagi, að heimalönd væru háð eignarrétti

landeigenda og í þeim rétti fælust hinar almennu venjulegu heimildir eignarréttar, þ. e. a. s. réttur til hvers konar nýtingar landsins og réttur til sölu.

Í öðru lagi hefur verið litið svo á að á afréttum ættu menn einungis óbein eignarréttindi, þ. e. rétt til vissra sögulegra afnota, t. d. einkarétt til beitar og til veiða, og að þessi réttindi hafi getað fylgt ákveðnum jörðum eða ákveðnum hreppsfélögum, jafnvel fleiru en einu.

Í þriðja lagi er svo allt það svæði sem talið verður til miðbiks landsins og er í hringnum inn af afréttum landsins. Það hefur verið talið sameign allra landsmanna, — sameign sem enginn ætti öðrum frekar, hvorki beint né óbeint.

Orkulindir landsins eru að takmörkuðu leyti í heimalöndum, en mest í afréttum og almenningum, eins og síðar verður getið, og það er einmitt kjarni þessa máls.

Það gerist í upphafi þessarar aldar að það rennur upp fyrir mönnum þvílík verðmæti þjóðin á í landinu, og þá upphefst mikið kapphlaup um orkulindir landsins og þá fyrst og fremst um vatnsaflið. Hin nýja raforkutækni ýtti af stað öldu brasks og spakaupmennsku um land allt, og það gerðist á tiltölulega mjög skömmum tíma að flestir stærstu fossar landsins voru seldir í hendur erlendum auðfélögum. Kaupendurnir voru fyrst í stað hreinlega erlendir aðilar. En í kjölfar fyrstu löggjafar um þetta efni breyttist þetta á þann veg, að það urðu íslensk félög að nafninu til sem keyptu þessi fossaréttindi, en í reynd voru þetta erlend félög, eins og flestum var þá kunnugt um.

Haustið 1916 var sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu, Gísli Sveinsson, kosinn á þing. Það var fyrsta verk hans, þegar hann kom hér á hv. Alþ., að flytja svo hljóðandi þáltill.:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að gæta hagsmuna þjóðfélagsins og réttar landssjóðs til fossa og annarra verðmæta í almenningum landsins og í afréttum, þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfélaga, með því 1) að komast að ábyggilegri niðurstöðu um það, hve langt yfirráðaréttur sýslu og hreppsfélaga yfir afréttum nái samkvæmt þeim notum er tíðkast hafa frá fornu fari (svo sem upprekstur, beit, fjallagrös, rótargröftur, skógarhögg, veiði) og gefa síðan hlutaðeigendum það til vitundar, 2) að láta fara fram rifting á öllum samningum er sýslur eða hreppar kunna að hafa gert við einstaka menn eða félög og í bága koma við rétt landssjóðs."

Þannig var þáltill. Gísla Sveinssonar sem hann flutti í ársbyrjun 1917.

Aðaltilefni þessarar tillögugerðar Gísla Sveinssonar mun hafa verið salan á vatnsréttindum í Þjórsá og þverám hennar: Tungnaá, Fossá, Geldingaá og Köldukvísl, svo og í Þórisvatni, en kaupandi allra þessara vatnsréttinda var Fossafélagið Titan.

Gísli Sveinsson gerði sér grein fyrir því, að gífurleg hætta væri fylgjandi þeirri þróun sem hér var að eiga sér stað, að íslendingar ættu það á hættu að glata umráðarétti yfir flestum stærstu fossum sínum í hendur erlendum aðilum. En það var ekki einungis þess vegna sem hann flutti þessa till., heldur einnig vegna hins, að honum var það ljóst að í mjög mörgum tilvikum var afar hæpið að seljendur þessara réttinda ættu nokkurn rétt til þess selda.

Skömmu eftir að Gísli Sveinsson flutti þessa till., sem samþ. var hér á Alþ. samhljóða, gerðist það, að flutt var hér á Alþ. svonefnt Sogsfossafrv. sem fól það í sér að Fossafélagið Ísland, sem var að miklum meiri hluta eign erlendra aðila, fengi heimild til 99 ára til að reka Sogsvirkjun og til að reisa orkuflutningslínu til Reykjavíkur, en ríkið átti að fá innlausnarrétt til þessara eigna að 55 árum liðnum, þ. e. a. s. árið 1973. Fossafélagið átti að vera undanþegið tolli á öllu því er þurfti til byggingar fyrirtækisins og sama gilti um innflutt hráefni til hinnar orkufreku stóriðju sem átti að tengjast orkuverinu. Fossafélagið var einnig undanþegið öllum útflutningsgjöldum og reyndar öllum öðrum sköttum og tollum til landssjóðs en þó var því gert að greiða í landssjóð 10% árlegs nettóhagnaðar sem eftir stæði þegar búið væri að greiða hluthöfum 5% arð og leggja til hliðar fyrir afskriftum.

Ef þessi áform hefðu þá orðið að veruleika hefðu þessir erlendu aðilar hugsanlega haldið þessum einstæðu hlunnindum og þessum einstæðu skattfríðindum allt til ársins 1973. Það er af máli þessu að segja, að Heimastjórnarflokkurinn lagði allt kapp á að koma þessu máli fram, en forustumenn Sjálfstæðisflokksins gamla snerust hart á móti og þetta mál varð eitt mesta hitamál á þeim tíma hér á hv. Alþ. Framsóknarmennirnir voru lengi nokkuð tvístígandi, eins og stundum fyrr og síðar, en snerust að lokum til andstöðu og það réð úrslitum málsins. Lyktir málsins urðu sem sagt þær, að Sogsfossafrv. fékkst alls ekki afgreitt, en í þess stað var ákveðið að sett skyldi á stofn 5 manna n. til að gera allsherjarúttekt á fossamálunum.

Svo að farið sé fljótt yfir sögu, þá gerðist það næst í þessum málum að fossanefnd réð sér sem lögfræðilegan ráðunaut Einar Arnórsson þáv. prófessor og síðar hæstaréttardómara. Hann samdi ræki*lega álitsgerð um vatnsréttindi og komst að þeirri niðurstöðu að vatn væri ekki almennt undirorpið eignarrétti þeirra er land ætti undir því, landeigandi ætti að vísu sérstakan rétt til að nota vatn til heimilisþarfa, jarðræktar eða iðnaðar, en að öðru leyti væri öllum frjálst að nota vatnið endurgjaldslaust. Og það er skemmst af að segja, að á þessari niðurstöðu þessa merka lögfræðings byggði meiri hl. n.: Bjarni frá Vogi, Jón Þorláksson, forustumaður íhaldsmanna og síðar forustumaður Sjálfstfl., og Guðmundur Björnsson landlæknir, þá kenningu sína að orka í vatnsföllum landsins væri almenningseign. Minni hl. n., þeir Sveinn í Firði og Guðmundur Eggerz, aðhylltist hins vegar svonefnda séreignarstefnu. Aftur á móti voru allir nm. samþykkir því að flutt yrði þáltill. um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum og á afréttum. Sú till. var síðan flutt á þinginu 1919 og var skorað á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum og á afréttum eign ríkisins og gera, ef með þarf, ráðstafanir til þess að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða félaga er í bága kynnu að koma við þennan rétt þjóðfélagsins.

Þess ber að geta, að eftir að till. kom fram

flutti einn nm., Bjarni Jónsson frá Vogi, brtt. þess efnis, að í staðinn fyrir orðin „í afréttum“ kæmi „í afréttum þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfélaga.“ Niðurstaðan varð sú, að þegar Alþ. samþ. till. 27. sept. 1919 var einungis talað um vatnsorku í almenningum, en afréttir voru ekki nefndar. Það virðist sem sagt ekki hafa skapast full samstaða um málið á öðrum grundvelli. En þessi meðferð þingsins bendir eindregið til þess, að mjög margir hafi á þeim tíma, þ. á m. öll fossanefndin, talið sjálfsagt að slá þessu föstu einnig hvað viðvíkur afréttunum.

Eins og ég hef þegar tekið fram gilda ekki sömu reglur um eignarrétt annars vegar að heimalöndum og hins vegar að afréttum eða almenningum, og nú þegar ég tek mér fyrir hendur að lýsa gildandi rétti um þessi efni er rétt að víkja fyrst að eignarrétti að orku þar sem enginn vafi leikur á um, hver á landið.

Mér virðist að í raun og veru hafi aldrei verið endanlega skorið úr því hvort landeigandi telst beinlínis eigandi orkunnar í rennandi vatni eða hvort réttur hans er óbeinn og nær fyrst og fremst til skaðabóta vegna eignatjóns sem hann verður fyrir vegna virkjunarframkvæmda.

Eignarréttur að orku í rennandi vatni er sem sagt umdeilanlegur enn í dag, þó að það sé hins vegar ekki umdeilt í sjálfu sér að það land, sem þarf undir orkuver og verður að þjóðnýta og taka eignarnámi, það land verður að sjálfsögðu að bæta. Og það er óumdeilt að bændur, sem verða fyrir tjóni vegna þess að spennistöðvar eru reistar, háspennulínur eða önnur mannvirki á landi þeirra, þeir eiga rétt á bótum. Þeir eiga líka rétt á bótum ef beit á afréttarlandi rýrnar vegna orkuframkvæmda, veiði í vötnum eða ám spillist eða önnur almenn búskaparhlunnindi fara forgörðum. En á hinu er sem sagt mikill vafi, hvort þeir eiga sjálfa orkuna sem fólgin er í hinu rennandi vatni. Ef litið er til laga um þetta efni, þá segir í 2. gr. vatnalaganna: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“

Hér er sem sagt komið að fyrstu löggjöfinni þar sem gerð var tilraun til þess að skera úr um þetta atriði. Sú löggjöf var til afgreiðslu hér á Alþ. í allmörg ár, og það var ekki fyrr en á þinginu 1923 að hún fékkst samþ. Frv., sem þá var samþ., byggðist á áliti beggja nefndarhlutanna sem ég nefndi hér áðan og nefndir voru fossanefnd, og staðreyndin var sú, að ákvæði vatnalaganna þóttu nægilega tvíræð einmitt hvað eignarréttaraðildina snerti til þess að báðir aðilar gátu á þau fallist. Það var af þessum ástæðum að Sveinn í Firði, sem tilheyrði þeim hluta n. sem vildi að eignarréttur að orku fylgdi jörð, greiddi atkv. gegn samþykkt frv. En Jónas frá Hrifla, sem átti lokaorðið á Alþ. við afgreiðslu málsins, kallaði lögin „bastarð“ hvað þetta atriði snerti, en greiddi þó atkv. með þar sem hann taldi það óhjákvæmilegt. Þetta var sem sagt söguleg málamiðlun, og þessi sögulega málamiðlun byggðist fyrst og fremst á þessum 7 orðum sem ég gat um hér áðan: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“ Það var þessi endir setningarinnar sem var kjarninn í hinni sögulegu málamiðlun. Og þessi lög veita landeigendunum margvísleg réttindi yfir vatni, en sem sagt ekki meiri rétt en þar er sérstaklega tilgreindur. Og í þessum lögum var umráðamanni vatnsréttinda beinlínis bannað að virkja fallvatn, sem var yfir ákveðnu hámarki hvað afl snerti, nema með leyfi ráðh. Jafnframt var ráðh. heimilað að taka sérhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, lögnámi til að vinna úr því orku til almenningsþarfa og skyldi landeigandi aðeins eiga rétt til endurgjalds vegna tjóns sem hann biði af vatnstökunni eða vegna missis orkuvers eða orkuveitu sem hann hefði þegar byggt. Í þessari löggjöf fólst raunverulega engin viðurkenning á eignarrétti landeigandans til sjálfrar orkunnar.

Með orkulögunum, nr. 12 frá 1946, 1. gr., var ríkinu beinlínis áskilinn allur réttur til að reisa og reka raforkuver sem væru stærri en 100 hestöfl, en þá voru þessi fyrrnefndu ákvæði vatnalaganna felld úr gildi. Í núgildandi orkulögum segir: „Til að reisa og reka raforkuver stærri en 2000 kw. þarf leyfi Alþingis. Til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kw. þarf leyfi ráðh. raforkumála. Þá er heimilt að reisa og reka varastöð allt að 1000 kw. án sérstaks leyfis. Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.“

Ég vil halda því fram að þessu öllu athuguðu að umráðamaður vatnsréttinda eigi engan lögverndaðan rétt til endurgjalds fyrir orku sem fólgin er í vatnsfalli, a. m. k. ef vatnsaflið er yfir 0.2 mw. að stærð, vegna þess að hann ræður ekki yfir þessari orku lögum samkv. Eins og ég hef hér fram tekið, þá á hann rétt til bóta vegna tjóns sem hann sannanlega verður fyrir, en það er augljóst að réttur hans til orkunnar í vatninu getur ekki talist mikils virði.

Mjög svipuð sjónarmið gilda bersýnilega varðandi eignarrétt að jarðhita. Almenn regla um eignarrétt á jarðhita er nú í 9. og 10. gr. orkulaga frá 1967, þar sem segir að landeigendur hafi umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Ólafur Jóhannesson, þáv. prófessor, benti á það í ritgerð sem hann skrifaði 1957 að þrátt fyrir þetta ákvæði væri ekki þar með sagt hversu langt í jörð niður eignarráð landeiganda næðu almennt né heldur hversu djúpt í jörð hann mætti sækja jarðhita. Hann benti á að í íslenska löggjöf vanti hreinlega ákvæði um takmörk eignarráða landeigenda niður á við og af því verði alls ekki dregin sú ályktun að eignarréttinum séu engin takmörk sett.

Ólafur prófessor Lárusson segir í Eignarrétti, bls. 46, með leyfi forseta, eftir að hafa vitnað til þeirra lagaákvæða sem ég gat um hér áðan: „Með hliðsjón af þessum ákvæðum virðist almenna reglan vera sú að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau til þess að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum.“ Ég undirstrika: „sem heyra til venjulegrar hagnýtingar“. Í ritgerð sinni, sem ég gat um, ræðir Ólafur Jóhannes-

son um kenningu Ólafs Lárussonar og varpar fram þeirri spurningu hvort nýting jarðhita, sem sækja verður djúpt í jörðu, geti talist til venjulegrar hagnýtingar í þessu sambandi. Hann segir: „Þeirri spurningu verður ekki svarað með öruggri vissu, en líklega er þó rétt að svara *henni neitandi*. Virðist eðlilegra að skilja framangreinda reglu svo, að þar sé átt við venjulega hagnýtingu fasteigna yfirleitt, en auk þess mundi einkaeign á jarðhita í ótakmarkað dýpi leiða til ýmiss konar árekstra.“

Miðað við álit þessara fræðimanna virðist alls ekki líklegt að íslenskir dómstólar mundu *dæma landeiganda rétt til jarðhita niður á hvaða* dýpi sem er, jafnvel inn að miðpunkti jarðar, þótt ekki hafi verið enn settar reglur um þetta efni. Það er einmitt með stoð í þessum rökum að við þm. Alþb. flytjum hér till. um að eignarréttur á jarðhita fyrir neðan 100 m dýpi teljist almenningseign. Ég tel að íslenskir dómstólar mundu ekki telja þetta vera eignaupptöku. Þeir mundu komast að þeirri niðurstöðu, eins og þeir fræðimenn sem ég hef hér vitnað í, að þessi réttindi hefðu aldrei verið eign viðkomandi jarða og því væri samfélaginu rétt að setja þessar takmarkanir bótalaust.

Ég rek ekki frekar þessa hlið málsins, þ. e. a. s. þá sem snertir jarðhitann, og síst af öllu sé ég ástæðu til þess þar sem hér á Alþ. hafa nýverið og reyndar hvað eftir annað á undanförnum árum orðið miklar umr. um svonefnt háhitafrv. sem þm. Alþb. og þar á undan ráðh. Alþb. hafa flutt. En ég vil að sjálfsögðu vekja athygli á því, að í þessu ákvæði frv., sem við flytjum, er gengið nokkru lengra en gert er í háhitafrv., því að frv. um breyt. á orkulögum er málamiðlunartilraun. Það er tilraun til þess að ná samkomulagi um að allur háhiti í landinu verði gerður að sameign þjóðarinnar. En hitt er allt annað mál, að við alþb.-menn teljum miklu sjálfsagðara og eðlilegra að gengið sé lengra og að allur jarðhiti neðan við 100 m, hvort sem er á háhitasvæði eða lághitasvæði, verði talinn almenningseign.

Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli, að 90% af öllu varmaafli jarðhitasvæðanna er á svonefndum háhitasvæðum og því ljóst að háhitasvæðin eru langsamlega verðmætust. Það er því eðlilegt og rökrétt af okkar hálfu að leggja þyngsta áherslu á samþykkt frv. hvað snertir *háhitasvæðin*. Hins vegar er ljóst að orka lághitasvæðanna hefur í sér fólgin gífurleg verðmæti þótt um sé að ræða tiltölulega lítinn hluta af heildarorkunni. Lághitasvæði liggja víða nærri byggð og þau eru miklu hagkvæmari og hentugri til notkunar í hitaveitu vegna þess að lághitavatnið er þannig að samsetningu að það er *heppilegra til húsahitunar og má oft nota það* beint án forhitunar. Er því ljóst að hér er um gífurlega stórt hagsmunamál að ræða fyrir fjöldamörg byggðarlög og sjálfsagt að þessi verðmæti verði einnig talin almenningseign.

Ég sný mér því næst að þeim landssvæðum sem óvíst er um eignarhald á, — landssvæðum sem eru utan heimalanda, og það á að sjálfsögðu einkum við, eins og ég hef áður nefnt, um afréttir og almenninga. Ég nefndi hér háhitasvæðin áðan, en þau eru 27 talsins. Ég hef kannað hvernig háttað er eignarrétti á þessum háhitasvæðum, og mér telst til að 5 þeirra séu formleg eign ríkisins, 2 þeirra séu að hálfu leyti eign ríkisins, 3 þeirra séu að hálfu eign sveitarfélaga, um 1—2 er óvíst, en 15 liggja á afréttum og almenningum — 15 af 27. Af þessu sést að mikill meiri hluti þessarar orku er í afréttum og á almenningum, og það gildir reyndar um mörg stærstu svæðin, eins og Oskjusvæðið, Kverkfjallasvæðið og Torfajökulssvæðið.

Þetta nefni ég hér fyrst og fremst til að benda á hversu gífurlega miklir hagsmunir eru hér í húfi. Reyndar gildir nokkuð það sama um vatnsaflið. Flest stærstu fallvötn landsins, sem líklegt er að verði virkjuð á næstu áratugum, eru einmitt á landi sem telst annaðhvort afréttir eða almenningur. Þannig er t. d. virkjunarstaður Blöndu á afréttarlandi Auðkúlu í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu og fjölmargir bændur í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði eiga beitarrétt á þessu svæði þó þeir eigi vafalaust ekki eignarrétt á svæðinu. Jörðin Reykjahlíð í Mývatnssveit á afréttarland á vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum allt inn að Herðubreiðarlindum, en þar fyrir innan og inn að jöklum eru almenningar. Vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum er tvímælalaust eitt mesta vatnsorkusvæði *landsins og snertir þar að auki mjög virkjunar*áformin í Fljótsdal. Á þessu má sjá að eignarrétturinn að orku í afréttum og almenningum er gífurlega stórt hagsmunamál.

Áður en ég held lengra og tel önnur auðæfi sem hér koma til greina, þá er rétt að nefna niðurstöður dómstóla um það hver eigi afrétti *landsins* því um þetta atriði ríkir hinn mesti vafi. Ég vil í því sambandi benda á dóm Hæstaréttar árið 1955 bls. 108, þar sem fjallað var um eignarhald á landi á Landmannaafrétti. Undirréttur hafði komist að þeirri niðurstöðu að Landmannaafréttur væri háður eignarrétti Landmannahrepps og væri ekki almenningur. En Hæstiréttur komst einróma að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt á afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afrétti þessum. Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969, bls. 510, var fjallað um deilur skagfirðinga og eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétti. Undirréttur dæmdi skagfirðingum eignarrétt á afréttarlandinu í samræmi við afsal frá árinu 1464. En Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að hvorugur aðilinn, eins og sagði í dómi Hæstaréttar, með leyfi forseta, „hefði fært fram gögn fyrir fullkominni eignartöku að fornu eða nýju að landssvæði því sem um er að tefla í máli þessu.“ Og síðan bætir Hæstiréttur við þessum athyglisverðu orðum: „Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, *nægja eigi til að dæma* öðrum hvorum aðila eignarrétt til örælalandssvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðila í málinu teknar til greina.“ Þannig hljóðaði sem sagt þessi Salómonsdómur Hæstaréttar.

Þessu til viðbótar er rétt að benda á að í grg.

fyrir frv. til námulaga, sem samþ. var á Alþ. árið 1973, segir m. a. að ákvæði 1. gr. námulaga, nr. 50/1909, eins og segir orðrétt í grg. sem er samin af Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Gizuri Bergsteinssyni fyrrv. hæstaréttardómara og Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara, að ákvæði laganna séu „á þeim sjónarmiðum reist að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign". Sem sagt, sönnunarbyrðin hvílir algjörlega á þeim sem halda slíkum kröfum fram, og í langflestum tilvikum er ógerningur að færa sönnur að slíkum fullyrðingum.

Ég læt hér nægja að ræða um eignarréttinn að almenningum eða afréttum. Ég vil bara undirstrika það enn á ný í sambandi við till. okkar alþb.-manna, að með henni er ekki verið að þjóðnýta afrétti eða almenninga. Það er ekki verið að færa eignarréttinn úr hendi eins yfir á hendi annars aðila. Það er einungis verið að fá Alþ. og stjórnarskrárgjafa til þess að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll að þessi auðæfi, þessar lendur, sem hafa verið almenningseign, skuli vera það áfram.

Fyrir utan hinar miklu orkulindir á afréttum og í almenningum, sem ég hef hér minnst á, mætti kannske bæta við ýmsum öðrum auðæfum eða verðmætum sem ég sé þó ekki ástæðu til að fjölyrða hér um. Við vitum að óbyggðirnar eru þegar að verða eftirsóttar sem sumardvalarstaðir, þjóðinni fer mjög ört fjölgandi og sem betur fer fara tekjur landsmanna einnig vaxandi. Það er því alveg ljóst að líka frá þessu sjónarmiði séð mun mikilvægi óbyggðalandanna fara mjög ört vaxandi.

Sú till., sem við höfum hér flutt á þskj. 101, er þess efnis að öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljist sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi. Ég hef hér rökstutt þetta ákvæði og sé ekki ástæðu til að bæta þar miklu við. 2. mgr. er svo hljóðandi: „Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu." Þetta ákvæði er þess eðlis, að ekki er þörf að rökstyðja það frekar, svo sjálfsagt sem það er. Síðan kemur setning til viðbótar sem er í grófum dráttum samhljóða frvgr. sem við alþb.-menn höfum oft áður flutt hér á Alþ. og oft áður rökstutt og skal það ekki aftur gert, en hún er svo hljóðandi: „Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar." Og svo kemur lokasetning þar sem undirstrikað er það meginsjónarmið þessa frv., að staða bænda skuli ekki skert og þeir skuli halda þeim hlunnindum sem þeir hafa átt á liðnum öldum. Þar segir: „Með þeim takmörkunum, sem hér greinir," — það er verið að afmarka eignarrétt þeirra og því er rétt að taka þannig til orða, — „með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miðað að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum."

Herra forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að það væri einkenni þjóðlífs okkar að hér byggi lítil þjóð í stóru landi og ein afleiðing þess væri sú, að eignarréttur á landi væri hér óskýrari en víða annars staðar. Land á Íslandi er áreiðanlega með því ódýrasta sem þekkist nokkurs staðar í Evrópu. Hversu lengi það verður skal ósagt látið. En meðan svo er er einmitt gott tækifæri til þess að kveða skýrt á um það hvað sé í dag raunveruleg eign einstaklinga og hvað sé og hafi verið sameign þjóðarinnar. Við höfum verið furðu sinnulausir, við íslendingar, að ákvarða fasta og skýra stefnu í eignarréttarmálum. En nú er tvímælalaust mikil hætta á ferðum. Hættan er fólgin í því að einstaklingar sölsi undir sig eignir sem enginn einstaklingur hefur fram að þessu átt. Við verðum að tryggja hagsmuni þjóðarheildarinnar og það er þess vegna sem þessi till. er flutt.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. allshn.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hv. þd. með löngu máli nú þar sem ég hef áður mælt fyrir frv. sem gengur inn á þetta efni. En mér þykir hlýða, þó ég hafi áður lýst því yfir að ég fagnaði framkomu þessa frv., að endurtaka þau orð. Að meginefni tel ég að fari saman hugmyndir okkar alþfl.-manna og alþb.-manna, — að meginefni, segi ég og tek þar t. d. það sem sagt er í 1. mgr. 1. gr. þessa frv., að það er, má segja, nákvæmlega eins og við höfum verið að skilgreina þessi mál undanfarið, ýmist í þáltill. eða nú í frv.: Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu Íslands svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda eigi að vera sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi.

Ég vil líka taka undir þau orð sem hv. flm. mælti hér áðan, að það er brýn nauðsyn fyrir þjóðina að marka þessum málum ákveðið form þar sem við lifum í þjóðfélagi sem er sífellt að breytast og viðhorf eru sífellt að breytast til þessara eigna. Þau eru að verða eftirsóttari og eftirsóttari, og það er nauðsynlegt til þess að forðast deilur m. a. að marka þessum málum glögg mörk. Ég tel að hér skipti markmiðið meginmáli, ekki leiðirnar að markmiðinu, og því ætla ég ekki að hefja deilur um hvor leiðin sé heppilegri. Ég get vel hugsað mér að einmitt þessi leið, sem hér er nefnd, sé að sumu leyti hagkvæmari heldur en við alþfl.-menn höfum verið að nefna, en að meginefni stefna þessi frv. að sama takmarki.

Það er kannske rétt að taka fram, af því að ég koma því kannske ekki nógu vel til skila þegar

ég var að mæla fyrir frv. okkar alþfl.-manna, um muninn á 100 m dýpi eða 200 m dýpi varðandi jarðhita, að áður höfðum við einmitt í þáltill. þessi mörk, en þegar frv. okkar var endanlega samið, þá hafði ég í huga að kannske væri rétt að taka tillit til þess að tækni hefur fleygt fram, þannig að eigandi lands yfir jarðhita getur nú e. t. v. notfært sér án aðildar ríkisins jarðhita á 200 m dýpi þó hann gæti það ekki fyrir nokkrum árum. En þetta er ekkert atriði fyrir mér.

Hins vegar er einn töluverður munur á stefnumörkun þessa frv. og okkar alþfl.-manna og það er um veiðiréttinn. Ég viðurkenni að við höfum töluvert velt vöngum yfir veiðiréttinum. Hann tilheyrir tvímælalaust eða tilheyrði tvímælalaust jarðeigendum og var þá hér áður fyrr ekkert annað en hlunnindi. Nú tel ég að mál hafi breyst mjög mikið. Þetta er meira en hlunnindi, nú er veiðiréttur eftirsótt gæði, fyrst og fremst eftirsótt tómstundagaman, og þess vegna er mikilsvert hvernig yfir honum er ráðið. Ég benti á það í minni framsöguræðu og annarri ræðu, þegar ég talaði fyrir frv. okkar alþfl.-manna, að eitt meginmarkmið okkar með því að taka veiðiréttinn undan jörðunum sem eign og láta undir eign ríkisins sem síðar mætti vera í höndum sveitarfélaga, veiðifélaga eða jafnvel einstaklinga sem hefðu sýnt alveg framúrskarandi áhuga á fiskrækt, að það, sem fyrir mér vekti og okkur flm., væri að verjast því að veiðirétturinn gæti orðið braskvarningur í höndum jarðeigenda, og það er mergur málsins. Nú veit ég að það eru ugglaust fleiri leiðir til að því marki heldur en í frv. okkar alþfl.-manna og einhver hugvitssamur maður hér í þingdeildinni kynni kannske að koma með frv. í þá áttina og væri það ágætt.

Það, sem ég vildi sem sagt vekja athygli á að þessu sinni, er að í mínum augum er markmiðið megintilgangur, en ekki endilega leiðirnar, og markmiðið er að þessar umdeildu og eftirsóttu eignir, sem eru taldar upp og í okkar frv., þurfa að lýsast alþjóðareign, bæði til að koma í veg fyrir deilur og til þess að auðveldara verði að nota þær.

Ég ætla aðeins að víkja að því sem kom fram í umr. um frv. okkar alþfl.-manna, þó ég nennti þá ekki að gera athugasemd við það, að ábúðarlög, sem sett voru í fyrra, ættu að koma í veg fyrir ýmiss konar vandkvæði með jarðeignir sem ég hafði bent á í minni framsöguræðu, m. a. að góðar jarðir í þéttbýlum sveitum ættu ekki að fara í eyði vegna þess að margir væru eigendur að þeim og enginn fengist til að kaupa þær. Ég skal játa það, að það er rétt að ábúðarlögin reyna að koma í veg fyrir þetta, en ég hef þó séð að enn hefur það ekki tekist og ég gæti nefnt mörg dæmi einmitt úr minni gömlu heimasveit sem sýna þetta glögglega. Ég veit um afbragðsjörð, sauðfjárræktarjörð, að vísu á byggðarenda, en þangað er vegur og sími og allt sem fara gerir og skammt í næsta bæ — hún hefur ekki fengist keypt vegna þess að eigendur eru það margir, tíma ekki að láta jörðina og jörðin liggur í eyði. Ég veit líka um frægt dæmi, sem ég get ekki stillt mig um að endurtaka hér og ég hef sagt frá áður í Sþ., þegar seld var jörð sem óðalsjörð fyrir 150 þús. kr., lánaðar úr jarðeignasjóði 250 þús. til að kaupa jörðina fyrir. „Oðalseigandinn“ var 72 ára gamall þegar hann keypti jörðina, hafði aldrei gifst, átti engin börn, og nú er hann fluttur af jörðinni, jörðin stendur auð og í eyði, en er „óðalsjörð“ og hefur verið „óðalsjörð“ í tvö ár. Svona eigum við ekki að láta koma fyrir. Og þetta hefði ekki komið fyrir hefði verið búið að setja undir svona leka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 11, n. 117, 118, 124). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 118 og 124 teknar aftur til 3. umr.
3.—10. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 12, n. 119, 120, 129). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 120,1 (ný 10. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 120,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 120,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 129 tekin aftur til 3. umr.
14. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 120,4 (17. gr. falli niður) samþ. með 28 shlj. atkv.
18.—19. gr. (verða 17.—18. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 120,5 samþ. með 28 shlj. atkv.
20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
21.—30. gr. (verða 20.—29. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 120,6 (ný 31. gr., verður 30. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 13, n. 121, 122). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 122 (ný 6. gr.) samþ. með 29. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 60). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Á þskj. 60 er frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, eins og þar segir, 140%. Þetta frv. er áður kunnugt hv. þm., hefur verið flutt á nokkrum þingum að undanförnu, en ekki talin ástæða til að festa umræddan gjaldaviðauka, hins vegar leitað heimildar á hverju ári til að innheimta þessi ákveðnu gjöld með þeim gjaldaviðauka sem ég áður gat um. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Það er, eins og ég áður gat um, kunnugt hv. þm.

Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Innflutningur á olíuprömmum, frv. (þskj. 125). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Frv. á þskj. 125 er flutt vegna þess, svo sem kemur fram í grg. þess, að fyrirtækið Olíuverzlun Íslands hf. hefur nú um nokkurt skeið notað pramma til flutnings á efni vegna malbikunarframkvæmda víðs vegar um land. Vegna þess hvað gamall prammi þessi er orðinn hefur ekki verið unnt að skrá hann hér á landi, en slíkt er nauðsynlegt ef nota á hann til frambúðar, m. a. vegna ákvæða tollalaga. Með hliðsjón af notagildi prammans og vegna þeirrar hagkvæmni sem næst í jafnmikilvægum framkvæmdum og malbikun er sé slíkum flutningamálum beitt hefur ríkisstj. ákveðið að flytja frv. þetta sem hér liggur fyrir. Sem fordæmi má nefna allmörg lög um sama efni og nú síðast lög nr. 99/1961, um innflutning hvalveiðiskipa. En undanþága slík sem hér um ræðir, er ekki heimil skv. lögum nema með leyfi Siglingamálastofnunarinnar sem var ekki fyrir hendi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en legg til, virðulegi forseti, að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 86). — Frh. 1. umr.

Jóhann Hafstein: Virðulegi forseti. Við sitjum nú á 98. löggjafarþingi og erum að ræða hér framhaldsumr. um mál sem flutt var á 94. löggjafarþingi, ef ég man rétt, þó með nokkuð öðrum hætti, eins og fram hefur komið í umr. áður. Mér datt í hug við þær umr, sem fram fóru, að það værri kannske ástæða til að rifja svolítið upp þá stefnu, sem höfð hefur verið í iðnaðarmálum, vegna þess að fram kom í máli hæstv. iðnrh. að hann hefði tekið til athugunar frekari aðgerðir í þessu máli. Ég ætla að leyfa mér vona að till. hans komi í kjölfarið á þessu frv. sem ég hef frá upphafi talið heldur lítilfjörlegt, en ég skal ekki frekar að því víkja, enda var ekkert að efni þess vikið í umr. um málið og það sérstaklega gert að umtalsefni, heldur meira um flm. sjálfan. En þegar til þess er hugsað að í þinginu sitja nú ýmsir nýir þm., sem ekki voru þm. áður, þá er rétt að rifja upp ýmsar stefnur sem fylgt hefur verið í iðnaðarmálunum. Þess vegna datt mér í hug — ja, því ekki að segja nokkur orð um stefnuna í iðnaðarmálunum á viðreisnartímabilinu. Það gæti orðið til ábendingar um þær till., sem kæmu síðar fram, og einnig fyrir þá n., sem kynni að fá þær till. til meðferðar.

Þegar að því er vikið, þá er fyrst og fremst ástæða til þess að víkja að gengismálunum og þeirri leiðréttingu sem gerð var á gengisskráningunni 1960—1961. Þetta hefur stundum verið kallað gengisfellingin 1960, þáv. viðreisnarstjórnar, en auðvitað var þar alls ekki um það að ræða, heldur var þetta leiðrétting á mjög langvarandi og rangsnúnu ranglæti í gengisskráningarmálunum. Það voru svo mörg gengi hér þá, að ég held að engan veginn sé það raunverulega ljóst hversu mörg þau voru. Það voru sérstök útflutningsgengi og sérstök innflutningsgengi á þessum vörum og öðrum vörum og gjaldeyrisstaðan var með þeim ósköpum að efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. þá, Jónas Haralz, sagði m. a. eftirfarandi um þetta atriði:

„Gjaldeyrisstaða bankanna er svo slæm að þeir geta lent í alvarlegum vanskilum við erlenda banka, nema því aðeins að þeim sé gert mögulegt að minnka gjaldeyrisskuldir sínar að einhverju leyti. Það er því erfitt að sjá hvernig komist verður hjá því að verja einhverjum hluta af gjaldeyristekjum ársins eða einhverjum hluta hins erlenda lánsfjár til lækkunar gjaldeyrisskuldanna."

Það tókst að breyta þessum málum og gjörsamlega snúa við blaði frá því sem áður var, og lífskjör hafa ekki í annan tíma verið betri en á liðnum áratug viðreisnartímabilsins, þegar þjóðartekjur á mann jukust um 60% og kaupmáttur almennra launa um 75%.

En hví ekki næst að víkja örfáum orðum að stóriðjumálunum sem mikið hafa nú verið rædd, en það var einmitt árið 1960 sem var farið að hugsa mikið um möguleika á framkvæmd stóriðju hér á landi? Hinn 5. maí 1961 skipaði þáv. iðnrh. dr. Bjarni Benediktsson, stóriðjunefnd til þess að rannsaka málið, og fjórum árum síðar,

eða í ársbyrjun 1965, má segja að byrjað hafi undirbúningur þess að semja uppkast að samningi, hafnar- og lóðarsamningi og fleiri samn-Alusuisse ásamt fylgisamningum: rafmagnssamningi, hafnar- og lóðarsamningi og fleiri samningum og fylgiskjölum. En hvers vegna vildu menn stóriðju á Íslandi? Mætti fara um það nokkrum orðum. Fullyrðingar um slíka stóriðju eru sprottnar af nauðsyn þess að tryggja nógu mikinn vöxt í þjóðarbúskap okkar. Aðrar vestrænar þjóðir stefndu á þessum árum að 50% vexti á næsta áratug eða svo, en það samsvaraði um 4% aukningu að meðaltali á ári. Í þessu sambandi er þess að gæta, að hjá okkur er meiri fólksfjölgun en hjá þessum þjóðum, og ef litið er á framleiðsluaukningu í aðalatvinnugreinum okkar íslendinga, landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, á árunum 1955—1960, þá þóttu horfurnar ekki nógu efnilegar. Framleiðsluaukningin í landbúnaði hafði þá verið 4%, í sjávarútvegi um 4% og iðnaði til framleiðslu fyrir innlendan markað um 5% árlega. Þessar tölur taka miklum sveiflum, eins og ýmsum þm. er kunnugt um, vegna þess að sjávarútvegurinn er þess eðlis að það er erfitt að segja hvað verða vill á því sviði, og meðan síldarhlaupin voru hér, þá var náttúrlega miklu meiri aukning í sjávarútveginum. En svo kom að því að síldin hvarf og það var ekki alltaf blíða á þessum árum, því að framleiðsluverðmæti þjóðarinnar hröpuðu næstum því um helming vegna aflabrests, verðhruns og lokaðra markaða.

Stundum var á þessum tíma og hefur oft síðar verið kvartað um að það hafi ekki verið nógu skýr stefna í iðnaðarmálunum sérstaklega. En ég hef oft minnt á það áður og vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að fá að minna svolitið á þá stefnu sem ég gerði grein fyrir á fundi Félags ísl. iðnrekenda sem efnt var til 5. febr. 1966. Þar dró ég saman nokkuð þá stefnu sem fylgt hafði verið og fylgt var, og hún var í aðalatriðum þessi:

1. Stefnt er að því að ríkja megi jafnrétti milli aðalatvinnuvega landsmanna og jafnframt að því unnið að hagsmunir einstakrar atvinnugreinar séu ekki fyrir borð bornir ef það samrýmist hagsmunum almennings eða þjóðhagslegri framkvæmd.

2. Stefnt er að því að létta tollum af vélum og hráefnum iðnaðarins, samfara því að tollum sé almennt aflétt til þess að veita almenningi ódýrara og betra vöruval og draga með því úr dýrtíð í landinu. Séð verður til þess að iðnaðurinn í landinu njóti í þessu sambandi eðlilegs aðlögunartíma og ráðstafanir gerðar í lánamálum og á annan hátt til að gera honum auðveldara að tileinka sér ýmsa tækni og aukna hagræðingu og framleiðni til eflingar þessari atvinnugrein í frjálsari viðskiptum.

3. Haldið verði áfram að efla Iðnlánasjóð svo að iðnaðinum skapist viðunandi stofnlánaaðstaða, jafnframt því sem gert er ráð fyrir að aðstaða hans í bankakerfinu haldist til jafns við aðrar atvinnugreinar eins og þá var. Samtímis hefur verið sköpuð aðstaða til umbóta á sviði lánamála með lögum og reglugerð í samráði við bankana til að breyta lausaskuldum iðnaðarins í löng og hagkvæmari lán, en þess var þá mikil þörf.

4. Ríkisstj. hafði stuðlað að því að hefjast mættu í landinu nýjar atvinnugreinar á sviði iðnaðarins þar sem horfur væru á að verð og gæði stæðust erlenda samkeppni og þjóðhagslega mikilvægt að slíkar atvinnugreinar efldust, svo sem innlend stálskipasmíði, sem þá var til, samfara endurbyggingu gamalla og úreltra dráttarbrauta og eflingu fiskiðnaðar, m. a. með niðursuðu og niðurlagningu síldar til útflutnings.

5. Sett hafa verið lög á þessum tíma um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og þar með stórfelldar rannsóknir á sviði iðnaðarins á vegum tveggja stofnana: Í fyrsta lagi Rannsóknastofnunar iðnaðarins sem vinna á að rannsóknum til eflingar og hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu og rannsóknum vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu, rannsóknum á nýtingu náttúruauðlinda landsins í þágu iðnaðarins, veita nauðsynlega þjónustu og kynna niðurstöður rannsókna í vísinda- og fræðsluritum. Í öðru lagi Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins sem vinnur að endurbótum í byggingariðnaði og lækkun á kostnaði við mannvirkjagerð, hagnýtum jarðfræðirannsóknum og vatnsvirkjunarrannsóknum, kynnir niðurstöður rannsókna, veitir upplýsingar um byggingarfræðileg efni og aðstoð við eftirlit með byggingarefni og byggingaframkvæmdir. Báðar þessar rannsóknastofnanir — iðnaðarins og byggingariðnaðarins — eignuðust á þessu tímabili sérstakar og ágætar rannsóknastofur á Keldnaholti. Það er að vísu lagt til í þessu frv. að þeim verði báðum kálað, eins og ýmsu öðru sem gert var til framdráttar á þessu tímabili.

6. Stefnt sé að virkjun stórfljóta landsins, byggingu stórra orkuvera sem verði grundvöllur og orkugjafi fjölþættrar iðnvæðingar í landinu. Orkuver landsins séu eign íslendinga, en til þess að virkja megi í stórum stíl og undir lántökum verði risið á sem hagkvæmastan hátt, er tryggi ódýrari raforku, og til þess að styrkari stoðum sé rennt undir atvinnulíf landsmanna verði erlendu áhættufjármagni veitt aðild að stóriðju ef hagkvæmt þykir samkv. mati hverju sinni og landsmenn brestur fjárhagslegt bolmagn eða aðstöðu til framkvæmdanna.

7. Ríkisstj. hafði leitað og hún mundi leita samráðs og samvinnu við samtök iðnrekenda og iðnaðarmanna, Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, um hagsmunamál iðnaðarins og stefndi að því að efla samstarf þessara aðila við iðnrn. og þær stofnanir iðnaðarins sem undir það heyra, svo sem Rannsóknastofnun iðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Ég vil geta þess í framhaldi af þessari stefnuyfirlýsingu, sem gefin var fyrir hönd viðreisnarstjórnarinnar, að haldin var iðnþróunarráðstefna sjálfstæðismanna 2.—4. maí 1968 og þar voru m. a. samþykktar mjög athyglisverðar ályktanir sem ég vil mega leyfa mér að minnast á — með leyfi hæstv. forseta:

„1. Arðsemi og framleiðni verði ráðandi sjónarmið við fjárfestingu í atvinnuvegum og lagasetningu þeirra vegna, hvort heldur um eflingu eldri eða stofnun nýrra fyrirtækja eða atvinnugreina er að ræða.

2. Auka þarf skilning opinberra aðila og allrar þjóðarinnar á því að vel rekin og fjárhagslega

sterk fyrirtæki eru forsendur bættra lífskjara og framfara. Stefnt verði að stækkun rekstrareininga í hvers konar atvinnurekstri þegar sýnt þykir að slíkt stuðli að aukinni rekstrarhagkvæmni og samkeppnishæfni.

3. Aukin áhersla verði lögð á rannsóknir á orkulindum og náttúruauðæfum landsins svo og hagnýtar rannsóknir í þágu iðnaðar og fjárframlög til rannsóknastarfsemi tryggð.

4. Skipulega verði unnið að því að hagnýta erlent fjármagn og sérþekkingu til uppbyggingar nýrra og eldri iðngreina, enda verði gengið tryggilega frá samningum hverju sinni svo að íslenskum hagsmunum verði aldrei teflt í tvísýnu.

5. Rutt verði úr vegi hindrunum og fundnar leiðir til að örva þátttöku almennings í arðbærum atvinnurekstri.

6. Þess verði gætt, að Ísland einangrist ekki frá mikilvægum mörkuðum, og lagt kapp á að efla leit að mörkuðum erlendis fyrir íslenska iðnaðarframleiðslu."

Þannig hljóðaði þetta. Ég hygg að þessar tvær stefnuyfirlýsingar: ríkisstj. sjálfrar og svo ráðstefnu Sjálfstfl., hafi mjög fastlega mótað stefnu iðnaðarins á þessum tíma og þær mættu reyndar vel vera munaðar enn. Síðan voru ýmis atriði gerð í stjórnarframkvæmdum og löggjöf. M. a. var sett á stofn árin 1966 og 1967 hið svokallaða iðnþróunarráð, en það var bráðabirgðaráðstöfun, en hins vegar vann iðnþróunarráðið að margvíslegum umbótum á sviði iðnaðarins, eins og landsmönnum var þá kunnugt um.

4. febr. 1969 var gerð eftirfarandi samþykkt í ríkisstj., með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnað sé til samstarfsnefndar sem hafi það höfuðmarkmið að athuga möguleika til uppbyggingar á orkufrekum iðnaði og sé að því stefnt að gera sem fyrst áætlun sem taki til 10—20 ára. Er þá aðeins við það miðað að gera sér lauslega grein fyrir hugsanlegum ramma framkvæmda sem hlyti að vera mjög sveigjanlegur. Gengið er út frá því að hinn eiginlegi kjarni iðnaðarmöguleika þjóðarinnar sé í sambandi við nýtingu vatnsafls landsins og varmaorku."

Allt þetta stendur auðvitað í gildi enn í dag. Iðnlánasjóður var margefldur á þessu tímabili og margsinnis samþykkti Alþ. lög um að lausaskuldum iðnaðarins yrði breytt í löng og hagkvæm lán, eins og ég hef nokkuð vikið að. Svo má einnig í þessu sambandi minna á að á þessu tímabili varð til hinn norræni Iðnþróunarsjóður við inngöngu okkar í EFTA og hefur hann orðið iðnaðinum að mjög miklu liði. En þáltill. um aðild okkar að EFTA var samþ. 12. nóv. 1968. Þá var sett á stofn eða styrkt í fyrsta lagi útflutningsstarfsemi iðnaðarmannanna sjálfra og síðan sett á stofn Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Ég vil einnig leyfa mér að minna hér á að Guðmundur Magnússon prófessor vann að því á vegum iðnrn. að rita grg. um iðnþróun, tvo bæklinga, annan sem náði aðallega frá 1960—1970 og hinn frá 1970—1980 með spám um iðnaðinn á þessu tímabili. Þessi sérkunnáttumaður á þessu sviði, sem leyst hafði verk sitt af höndum í mjög náinni samvinnu við iðnrekendur, mér er ekki kunnugt um að hann hafi verið neitt til kallaður til þess að undirbúa frv. um þessi mál. En ég vil sérstaklega taka það fram, sem fram kemur í síðari bæklingnum, um iðnþróunaráform, þar segi ég, sem þá var iðnrh., m. a.:

„Ég tel mjög mikils virði framlag þessa sérfræðings sem hér hefur lagt hönd á plóginn af áhuga, dugnaði og þekkingu. Ég óska þess, að mistúlkað verði ekkert sem fram kemur í riti dr. Guðmundar Magnússonar. Það stefnir ekki að flokkspólitískum áhrifum, en hlutlausum upplýsingum til þess að auðvelda stefnumörkun þeim sem um þessi mikilvægu vandamál eiga að fjalla á næstunni."

Ég veit ekki hvort þeir menn, sem á næstunni tóku við, því að þessi bæklingur var gefinn út vorið 1971, hafa mikið kynnt sér hann eða farið eftir honum, en sjálfur sagði prófessor Guðmundur Magnússon í formála, með leyfi hæstv. forseta:

„Megintilgangur þessarar ritgerðar er að athuga hvaða áhrif framkvæmdir af tiltekinni stærðargráðu í iðnaði gætu haft á þjóðarbúskapinn, einkum útflutning, sveiflujöfnun og hagvöxt. Með þessu er ekki þar með sagt að þróunin kunni ekki að verða önnur í einstökum atriðum, því að ný tækifæri eru sífellt að skapast og innbyrðis afstaða valkosta að raskast a. m. k. í heimi mikilla breytinga og tækniframfara."

Þar hlýtur endanleg ákvörðun að verða Alþingis og mótast af almennum viðhorfum á hverjum tíma. Það er t. d. að sjá í þessum síðari bæklingi, á bls. 77, eftirfarandi, sem mig langar til að vitna til, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sviði stóriðju er vitað að stækkun álversins í Straumsvík úr 44 þús. tonnum í 77 þús. tonn verður væntanlega lokið 1972 og að ný orkufrek framleiðsla til útflutnings geti vart orðið fyrr en árið 1975. Ef gert er ráð fyrir að Sigölduvirkjun verði lokið á árinu 1975" — sem ekki var nú — „og virkjun við Hrauneyjarfoss árið 1979, þá eru uppi þessar hugmyndir ásamt því að orkan yrði notuð til tiltekinnar framleiðslu með tiltekinni tímasetningu."

Þá fæst sú niðurstaða sem greint er 1980 og er á þá leið að gert er ráð fyrir 50 þús. tonna málmbræðslu 70 þús. tonna álveri, 10 þús. tonna álsteypu, sjóefnaiðju; 250 þús. tonna saltverksmiðju, 24 þús. tonna magnesíumverksmiðju og fleira í þessu sambandi. Ég get ekki varist því, þó að margt hafi breyst á þessu tímabili í peningagildi, að minna á að heildarfjármunamyndunin árið 1970 var um 10 milljarða og áætlað var að Búrfellsvirkjun og álverið í Straumsvík mundu kosta um 9 milljarða á þágildandi verðlagi, 1970.

Margt var það fleira í þessum ritlingum, sem hefði verið gott til leiðbeiningar og er gott til leiðbeningar fyrir þá sem um þessi mál fjalla.

Mig langar svo aðeins til þess að nefna hér löggjöf frá viðreisnartímabilinu í sambandi við iðnaðinn sem sýnir hversu mikil þróun átti sér stað á þessu sviði einmitt á þessu tímabili.

1962 voru sett lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands. 1962 eru sett lög um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva sem þá var byrjað á.

1963 eru sett ný lög um Iðnlánasjóð að lokinni vandlegri endurskoðun og undirbúningi. Sú löggjöf markaði tímamót og varð upphaf að sterkum stofnlánasjóði. 1963 voru sett lög um Tækniskóla Íslands.

1964 voru sett lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og þeim síðan breytt í endanlegt horf árið 1966. Árið 1964 eru sett lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst, löng og hagkvæm lán.

1965 eru sett lög um Landsvirkjun og sama ár lög um Laxárvirkjun. 1965 eru sett lög um ráðstafanir til þess að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. 1965 eru aftur sett lög um heimild til handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. 1965 eru einnig sett lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem ég hef áður vikið að, en með þeim eru mjög efldar tvær rannsóknastofnanir í iðnaðinum: Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og Rannsóknastofnun iðnaðarins.

1966 voru sett ný lög um iðnfræðslu. 1966 er enn breyting á iðnlánasjóðslögum sem felur í sér stofnun hagræðingarlánadeildar og stóraukn-ar lánsheimildir. 1966, í árslok, er iðnlánasjóðslögunum enn breytt og þá heimilað skattfrelsi á skuldabréfum sem Iðnlánasjóður gefur út til fjáröflunar fyrir hagræðingarlánadeild. Lántökuheimildir sjóðsins eru jafnframt auknar, en ríkisstj. stóð að því að sjóðnum væri aflað lánsfjár frá Framkvæmdasjóði. 1966 eru sett lög um álbræðslu í Straumsvík og stóriðjan heldur innreið sína hér.

1967 eru sett ný orkulög. 1967 eru sett lög um breytingu á Iðnlánasjóði, stofnuð lánadeild veiðarfæraiðnaðar, en þá lá við að veiðarfæraiðnaður legðist með öllu niður hér á landi. Því var við bjargað, og sjálfur lagði ég mikla áherslu á það þá að við stefndum að því að byggja íslensk veiðiskip sjálfir og veiðarfæragerð yrði efld í landinu.

1968 eru sett ný lög um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 80% af kostnaðarverði þegar sérstaklega stendur á. Og 1968 eru sett lög um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð þar sem m. a. 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi skal varið til hagrannsókna í þágu iðnaðarins og aðgerða sem stuðla að hjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun. 1968 eru sett ný lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

1969 eru sett lög um aðgerðir í atvinnumálum, stofnaðar atvinnumálanefndir, en til iðnaðar var veittur verulegur hluti þess fjármagns sem atvinnumálanefnd ríkisins hafði til ráðstöfunar til atvinnuaukningar í landinu. En þessi lög voru afleiðing af þeim miklu erfiðleikum sem við urðum fyrir 1967 og 1968 og ég hef áður lítillega minnst á. 1969 voru sett lög um viðauka við lög frá 1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og ráðgerð tvöföldun á afköstum verksmiðjunnar. 1969 voru sett lög um Stjórnarráð Íslands, en þá var fyrst stofnað iðnrn. Iðnrh. hafði farið með þessi mál, en hins vegar ekkert iðnrn. verið til fram að þessum tíma. Svo var, eins og ég vék að, árið 1969 samþykkt þáltill. um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu.

1970 voru sett lög um norrænan Iðnþróunarsjóð sem er í tengslum við EFTA, og stofnframlag var 1230 millj. kr. sem þótti þá gevsimikil upphæð, en við íslendingar þurftum aðeins að leggja smáræði fram. 1970 eru sett lög um breyt. á l. um iðju og iðnað, og 1970 eru sett lög um breyt. á l. um ráðstafanir til að bæta úr fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Árið 1970 eru sett lög um lagagildi viðaukasamnings ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium, álverksmiðjan er stækkuð og framkvæmdahraði aukinn. 1970 eru sett lög um Útflutningslánasjóð og samkeppnislán, en hvort tveggja var iðnaðinum sérstaklega mikilvægt, bæði að til væri útflutningslánasjóður og samkeppnislánasjóður við innflutta iðn. 1970 eru sett lög um tryggingadeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Og 1970 eru sett lög um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt og þar voru heimilaðar auknar afskriftir sem iðnaðinum þóttu þá mjög mikils virði. 1970 eru sett lög um Lagarfossvirkjun.

1971 eru sett lög um Iðnþróunarstofnun sem með þessu frv. á að leggja niður. Og 1971 voru sett tvenn lög um tvær stórvirkjanir, 150—160 mw. orkuver hvort, í Tungnaá: við Sigöldu og Hrauneyjarfoss. Hér er um stórvirkjanir að ræða með álíka framleiðslugetu og fyrir var hjá Landsvirkjun þegar Búrfellsvirkjun var fullnýtt árið 1972 ásamt Sogsvirkjunum og annarri orku sem Landsvirkjun hafði þá yfir að ráða, svo að hér var ekki um neitt smáræði að ræða.

Ég skal nú, hæstv. forseti, ekki tefja tímann lengur, en ég vil að lokum leggja á það áherslu, að af hálfu viðreisnarstjórnarinnar var ævinlega lögð á það mjög mikil áhersla að í sambandi við iðnþróun landsmanna mun framvindan velta á einstaklingunum fyrst og fremst, framtaki þeirra, áræði og manngildi. En hins geta menn svo krafist með réttu, að hið opinbera láti ekki sitt eftir liggja og mismuni ekki einstökum atvinnugreinum. Það er einnig að mínum dómi rétt að það liggi fyrir hverju sinni ákveðin stefnumótun sem til viðmiðunar geti verið í athöfnum og ákvörðunum einstaklinga og fyrirtækja í daglegum rekstri og áætlunargerð þeirra.

Ég freistaðist nú til þess að rifja þetta upp, af því að ég álít að það sé rétt að það sé í minnum haft af þm. sem iðnaðinum var gert þá til eflingar, og satt er það, sem fram hefur komið hér, að iðnaðurinn verður sú atvinnugrein sem tekur við langmestum hluta af vinnuaflinu á komandi árum.

Fleiri orð skal ég svo ekki um þetta hafa og lýk hér með máli mínu.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Mér þótti dálítið undarlegt að hlýða á þessi eftirmæli um viðreisnarstjórnina. Þau eru nokkuð síðbúin, en hún andaðist fyrir 6 árum. Ég held að það sé ekki síður að gagnrýna eftirmæli og ég mun ekki gera það neitt sem heitir. En ég vil minna á að viðreisnarstefnan svokallaða leiddi yfir íslendinga mjög alvarlegt atvinnuleysi á árunum 1967—1968, svo alvarlegt atvinnuleysi að þúsundir manna urðu að flýja land. Sá atvinnuvegur, sem mest varð fyrir barðinu á þessari stefnu, var einmitt iðnaðurinn. Framleiðsla íslensks iðnaðar minnkaði á þessu tímabili sem bein afleiðing af verkum viðreisnarstjórnarinnar. Þetta varð til þess að menn voru mjög uggandi um aðild Íslands að EFTA, vegna þessarar reynslu, að sú aðild kynni að verða til

þess að iðnaður okkar stæðist hreinlega ekki, heldur yrði að engu ef hann yrði að heyja samkeppni við innfluttan iðnvarning á eðlilegum grundvelli. Ég held að þetta atriði sé í hugum ákaflega margra eftirmæli viðreisnarstjórnarinnar.

En það, sem ég ætlaði að ræða hér, voru ummæli hæstv. iðnrh. sem hann viðhafði þegar ég flutti framsögu fyrir frv. mínu um Iðntæknistofnun Íslands. Hæstv. ráðh. tók til máls á eftir framsöguræðu minni. Ég reyndi þar að tengja hugmyndir um Iðntæknistofnun við heildarþróun iðnaðarins og rifjaði upp ýmsa þætti, sem að var unnið, í samhengi við það mál og benti á að einmitt slík iðntæknistofnun, sem kæmi í stað þeirra þriggja stofnana sem hv. þm. Jóhann Hafstein minntist á áðan, væri alger forsenda þess að hér gæti orðið skynsamleg iðnþróun. Hv. þm. talaði um að ég vildi leggja þessar þrjár stofnanir niður. Ég held að það sé algert öfugmæli. Ég vil sameina þær í stofnun sem yrði miklu sterkari og virkari.

En hæstv. iðnrh. hóf mál sitt á því hér að tala um að ég hefði farið með níð um sig í framsöguræðu minni. (**Gripið fram í: Níð?**) Níð. (Gripið fram í.) Nei, í ræðu, sem hæstv. iðnrh. flutti þegar þetta mál var fyrst hér á dagskrá, sagði hann að ég hefði farið með níð um sig og mér komu þessi ummæli dálítið á óvart. Það fljúga að vísu oft undarleg orð á milli þm. hér, en hæstv. iðnrh. á að vita öðrum mönnum betur skil á níði, háði og öðru slíku því að hann samdi á sínum tíma doktorsritgerð um fjölmæli. Fjölmæli á sem kunnugt er við um orðalag af slíku tagi, níð og háð og skop og spott og hvað þetta nú heitir allt saman. Til þess að semja um það doktorsritgerð þurfti hann ekki aðeins að vita deili á lögfræðilegri hlið þessara orða, heldur einnig að hafa eðlilegan skilning á íslensku máli. Ég kannast ekki við að ég hafi farið með neitt níð um hæstv. ráðh. í ræðu minni, ég las hana yfir á eftir, þegar ég hafði hlýtt á þessi ummæli, og sannreyndi að þar var ekki að finna nokkurt orð sem hægt er að kalla níð. Hins vegar má segja að í ræðunni hafi komið fram háð, því að ég fór þar að þingsköpum og kallaði hæstv. iðnrh. jafnan hæstv., og ég notaði það orð oft í setningum sem í var gagnrýni. Ég er ansi hræddur um að það orð hafi þá verkað eins og Snorri Sturluson lýsti í Snorra-Eddu á sinni tíð, sem oflof er jafngilti háði. Ég segi fyrir mig: ég hef dálítið meira gaman af að nota orð á þann hátt að nota háð, en ekki níð. En það er erfitt fyrir hæstv. iðnrh. að gagnrýna þetta því að okkur þm. er fyrirlagt í þingsköpum að nefna iðnrh. og aðra ráðh. jafnan hæstv., þó við séum að gagnrýna þá, og það orð verkar þá einatt sem háð, en ekki sem hól. En til þess að leiðrétta þetta þarf hæstv. ráðh. að fá breytingu á þingsköpunum, en ekki kenna mér um þótt ég nýti þarna orð eins og fyrir er mælt í þingsköpum og þótt það verki þá eins og spott og spé.

Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðh. væri hér viðstaddur, herra forseti. (**Forseti:** Það skal kannað hvort hæstv. ráðh. er staddur í húsinu. — Hæstv. ráðh. er staddur í húsinu og honum hafa verið send boð um að ræðumaður óski viðveru hans.) (Gripið fram í.) Jahá, en ég ætla nú að tala við hæstv. iðnrh., en ekki við þig. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. hefur fengið þessi boð. Hefur hv. ræðumaður eitthvað fram að færa sem komið gæti að gagni án þess að ráðh. hlýði á, ef einhver bið verður á komu hans?) Ég ætlaði nú að gera aths. við ræðu hæstv. ráðh. og hefði gjarnan viljað að hann væri hér viðstaddur. En í eftirmælum sínum um viðreisnarstjórnina minntist hv. þm. Jóhann Hafstein m.a. á álbræðsluna í Straumsvík. Ég held að það sé orðið almennt viðurkennt af þjóðinni allri að þeir samningar, sem þar voru gerðir, hafi verið vanhugsaðir. Þar var samið um raforkuverð sem var mjög verulega undir framleiðslukostnaðarverði, og auðhringurinn hefur getað haldið þannig á málum sínum að hann hefur látið álbræðsluna sýna tap á hverju einasta ári til þess að þurfa ekki að standa skil á opinberum sköttum, nema eitt ár, þegar álbræðslan þurfti á því að halda að fá alþjóðlegt lán til starfsemi sinnar, þá var hún látin sýna ágóða.

Samningum við erlenda aðila er þannig varið, að það er algerlega nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að hafa vald á iðnframleiðslunni, bæði upphafi hennar og endi, en hringar eins og álhringurinn eru þannig skipulagðir að þeir ráða yfir framleiðsluferlinum öllum. Þeir eiga báxitnámurnar, þeir framleiða súrálið, síðan kemur álbræðslan og að lokum fullvinnsla. Það er á valdi hins erlenda auðhrings að ákveða hvar gróðinn kemur fram, og þetta hefur verið hagnýtt skipulega af Alusuisse. Við höfum orðið fyrir þessari reynslu, sem ég held að þjóðin öll viðurkenni. Þetta er víti til varnaðar fyrst og framst, mjög stórt mál, mjög annarlegt mál, og ég reyndi að leggja áherslu á það meðan ég gegndi störfum iðnrh. að sanna í verki að hægt væri að halda öðruvísi á þróun orkufreks iðnaðar á Íslandi og að það skipti öllu máli að við hefðum völdin í okkar eigin höndum, ekki aðeins að því er varðaði það fyrirtæki sem starfar á Íslandi, heldur einnig að því er varðar aðföng til slíkrar verksmiðju og sölu framleiðslu frá henni. Þetta er algert undirstöðuatriði að því er varðar orkufrekan iðnað og álbræðslan er okkur þar mikið víti til varnaðar. Samning af því tagi má aldrei framar gera, því að með því erum við að leggja okkur undir erlenda aðila og láta þá ráða yfir málum á þann hátt að við getum ekki haft á það nein teljandi áhrif. Þannig megum við ekki starfa að því að koma upp orkufrekum iðnaði á Íslandi, heldur verða það að vera íslensk fyrirtæki sem styrkja efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði okkar, sem álbræðslan gerir ekki.

Ég fagna því að hæstv. iðnrh. er kominn inn í þetta herbergi. Ég minntist á það í upphafi ræðu minnar, hæstv. iðnrh., að ég hefði átt erfitt með að skilja að iðnrh. notaði orðið níð um framsöguræðu mína, vegna þess að hæstv. iðnrh. er æðsti sérfræðingur íslendinga í fjölmæli og hefur doktorsnafnbót sem viðurkenningu um að hann viti meiri deili á þeim orðum og þeirri orðanotkun en aðrir íslenskir menn. Í ræðu minni var ekkert sem hægt er að kalla níð. Hins vegar benti ég á að ég hefði notað lýsingarorðið hæstvirtur í ýmsum gagnrýnum setningum og það

verkaði, eins og Snorri Sturluson rakti á sínum tíma, eins og oflof sem jafngildir háði, og ég skal ekki skorast undan því. En þar fylgdi ég fyrirmælum þingskapa. Þetta var nú ekki mikils háttar atriði.

En í ræðu sinni vék hæstv. iðnrh. að býsna mörgu. Hann minntist m. a. á það, að ég hefði lagt hér fram á þingi á sínum tíma skýrslu um nýtingu innlendra orkugjafa þegar olíuverðlag hafði hækkað mjög í heiminum. Þessi olíuverðhækkun varð að sjálfsögðu mikið áfall fyrir efnahag okkar, en hún varð einnig sönnunargagn um það, að við gætum nýtt innlenda orkugjafa í miklu ríkara mæli en við höfðum gert, það væri orðinn efnahagslegur grundvöllur til þess að gera það. Og ég reyndi að móta þá stefnu að á sem allra stystum tíma yrði gerð áætlun um að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu hvar sem hægt væri. Ég ræddi um þetta við Orkustofnun, og hún tjáði mér að hún væri sammála þessu sjónarmiði minu, en hún hefði ekki mannafla til að vinna að þessu verkefni eins og gera þyrfti ef semja ætti fullgilda áætlun og láta framkvæma hana á stuttum tíma. Hún lagði því til að ég leitaði til verkfræðifyrirtækis, og ég gerði það. Ég leitaði til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og frumskýrsla þessarar verkfræðistofu var lögð fram hér á Alþ. En hæstv. ráðh. sagði að það hefði alveg vantað stefnumörkun í þessu sambandi. Þarna kemur til annaðhvort fáfræði hæstv. ráðh. eða ósannsögli, því að þessu plaggi fylgdi þáltill. frá fyrrv. ríkisstj., og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa hana. Hún var svona.

„Alþingi ályktar eftirfarandi:

Gerð skal ítarleg framkvæmdaáætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Skal áætlunin miðuð við árlega áfanga og sem mestan framkvæmdahraða og fela í sér eftirtalin atriði:

1. Hitaveituframkvæmdir hvarvetna þar sem jarðvarmi er tiltækur og nýting hans talin hagkvæm. Verði miðað við að hitaveituframkvæmdum verði í meginatriðum lokið á árinu 1977.

2. Samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifingarkerfum, svo að landsmenn allir geti átt kost á nægri raforku. Ráðist verði í nýjar virkjanir, sem tryggi næga orkuframleiðslu, og auknar rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Verði að því stefnt að sem flestir þeirra, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum, geti nýtt raforku til húshitunar fyrir árslok 1981.

3. Fjármögnunarráðstafanir með innlendri fjáröflun og erlendum lántökum, svo að nægilegt fé verði jafnan tiltækt til þessara framkvæmda.

Framkvæmdaáætlun þessi skal lögð fyrir næsta þing.“

Þetta var ákaflega skýr stefnumörkun, og að þessu var unnið myndarlega af þessari verkfræðistofu sem ég bað um að vinna þetta verk. En það gerðist um leið og hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen tók við, að hann sagði þessari verkfræðistofu að hún skyldi hætta störfum sínum. Það hefur ekkert verið unnið að þessari áætlunargerð á þessu sviði síðan. (**Iðnrh.**: Það er ekki fótur fyrir þessu.) Ekki fótur fyrir þessu? Þetta er staðreynd, þetta er einföld staðreynd, að þessi verkfræðistofa hefur ekki haldið þessu verkefni áfram vegna þess að hæstv. ráðh. óskaði ekki eftir því.

Hæstv. ráðh. sagði með fyrirlitningartón að í þessari skýrslu hefði verið talið að hægt væri að nýta hitaorku til þess að hita upp 61% húsa í landinu, en nú væri það mat manna að hægt væri að nýta 80%, og mér virtust felast í þessu einhver ámæli í minn garð, að ég hefði ekki vitað nægilega um þetta. Nú er það þannig með mig að mér er ekki gefinn neinn sagnarandi. Ég var að lýsa niðurstöðum íslenskra sérfræðinga, þeirra sem best þekktu til, og ég reyni ekki að efla einhverja spádómsgáfu hið innra með mér, heldur reyni ég að styðja mál mitt með staðreyndum. Það hefur komið í ljós síðar, sem betur fer, að það eru horfur á því að hægt sé að nýta varmaorku víðar en þá var talið og að sjálfsögðu ber að gera það. Ég veit ekki hvort það verður raunsætt að gera það að því marki að hægt verði að hita 80% húsa með hitaorku. Ég geri ráð fyrir að allmargir staðir verði álitamál vegna þess að það þarf býsna miklar og dýrar stofnframkvæmdir til þess að koma hitaveitu á laggirnar og það getur verið álitamál hvort ekki er skynsamlegra að nota þar raforku. En þetta er atriði sem fram hefur komið við auknar rannsóknir og varla hægt að gagnrýna mig fyrir það að ég var ekki að nota brjóstvit mitt, heldur niðurstöður sérfræðinga.

En í sambandi við nýtingu innlendra orkugjafa, þá er samtenging allra orkuveitusæða á Íslandi ákaflega brýn nauðsyn. Það var mörkuð stefna í tíð fyrrv. ríkissti. að tengja þannig saman. Þegar vinstri stjórnin hætti störfum var búið að undirbúa svokallaða byggðalínu frá Suðurlandi til Norðurlands fullkomlega. Það var búið að kaupa efnivið til að hefja framkvæmdir þá um haustið. Það var ein fyrsta ákvörðun hæstv. ráðh. Gunnars Thoroddsens að hætta við þessa framkvæmd, láta efniviðinn liggja ónotaðan og hætta við þessa framkvæmd. Það var ein fyrsta ákvörðun hans að gera þetta. Og af þessu hafa hlotist býsna alvarlegir atburðir.

Ég vil minna á það að í sambandi við Kröfluvirkjun, sem samþ. var í tíð fyrrv. ríkisstj., var ákveðið að fara að framkvæmdum með verulegri gát. Talað var um að Kröfluvirkjun ætti ekki að koma í gagnið fyrr en 1978 til þess að hægt væri að framkvæma þar undirstöðurannsóknir. Slíkar undirstöðurannsóknir eru ákaflega mikilvægar að því er varðar jarðvarmaveitur, því að það verður að hanna vélbúnaðinn í samræmi við hitastig og eðli gufunnar, og til þess að fá fulla vitneskju um hvernig því væri háttað á Kröflusvæðinu þurfti að framkvæma boranir áður en vélar væru pantaðar. En þegar hæstv. iðnrh. hætti við að láta hefja lagningu línu norður hófst mikill áhugi hjá Kröflunefnd og ýmsum aðilum að flýta framkvæmdum við Kröflu og það var ráðist í að panta vélar áður en þessi vitneskja lá fyrir sem ég var að tala um. Ég tel þetta vera algerlega ábyrgðarlaus vinnubrögð og gagnrýni þau hér. Þetta er ekki tengt þeim jarðhræringum og eldvirkni sem komin er upp á svæðinu. Þetta er tengt vinnubrögðum, og þessi vinnubrögð hæstv. ráðh. voru algerlega ábyrgð-

arlaus. Ég vona sannarlega að þau valdi ekki tjóni, en þannig á ekki að vinna að málum og allra síst þegar við vorum að ráðast í stærstu varmaaflsvirkjun, eða aðra varmaaflsvirkjunina á Íslandi og þá einu stóru, því að við verðum vissulega að afla okkur reynslu á því sviði. Varmaaflsvirkjanir hafa þann stóra kost að það er hægt að ákveða stærð þeirra fullkomlega í samræmi við þarfir landsmanna hverju sinni. Það er ekki eins og í sambandi við fossa þar sem menn fá mikið magn af raforku á sama tíma án þess kannske að markaður sé tiltækur fyrir hana. Það er hægt að haga varmaaflsvirkjunum þannig að þær séu af þeirri stærð sem þarf á að halda hverju sinni, þannig að ég tel þessi vinnubrögð í sambandi við Kröflu hafa verið ákaflega vítaverð og ákaflega hættuleg, og ábyrgðin á því hvílir einvörðungu á hæstv. iðnrh. sjálfum. Ég hef heyrt í fjölmiðlum að hann hefur verið að skjóta sér mjög á bak við Orkustofnun. En ástæðan fyrir þessum vandkvæðum er sú, að hann hætti við að leggja stofnlínuna norður í land og gerði það að sínu fyrsta verki.

Ég rakti nokkuð í ræðu minni, þegar ég mælti fyrir þessu frv., störf sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna sem hingað voru kallaðir til að aðstoða við gerð iðnþróunaráætlunar og rakti þá hvernig ég hefði haldið á þeim málum: að setja á laggirnar n., sem ég hugsaði að yrði varanlegur þáttur í iðnrn. Það voru tveir menn á fullu kaupi og áttu að leggja á ráðin um heildaráætlun um þróun iðnaðar á grundvelli þeirra athugana sem hinir erlendu sérfræðingar og innlendir sérfræðingar höfðu gert fyrir okkur. Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni að þessi n. hefði verið lögð niður þegar hún hefði lokið störfum. Þetta er, eins og ég sagði áðan, annaðhvort fáfræði eða vísvitandi ósannindi. Ég rakti í framsöguræðu minni hvaða verkefni ég fól þessari stofnun. Þau verkefni voru í 7 liðum og ég rakti þá alla í ræðu minni. Og því fer fjarri að þessi n. hafi verið búin að vinna þau verk. Hún var aðeins búin að vinna eina grundvallarskýrslu og annað ekki. En hæstv. ráðh. lagði hana niður. Ég sagði að hann hefði lagt hana á hillur í iðnrn. og látið hana rykfalla eins og æðimörg plögg sem hafa verið unnin á undanförnum árum. Hann gerði grein fyrir því að hann hefði látið Iðnþróunarstofnun fá hana til sín og sagði í því sambandi að ég hefði staðið mjög illa að fjáröflun til þeirrar stofnunar, Iðnþróunarstofnunar, hann hefði heyrt það á forstöðumanni hennar að ég hefði staðið mjög illa að því. Mér þótti þetta dálítið undarlegt, því að ég hygg að ég hafi frekar haft orð á mér fyrir að ýta á eftir fjárveitingum til stofnana, sem undir mig heyrðu, heldur en hitt, og ég verð að segja það eins og er, að þau þrjú ár, sem ég var ráðh., sagði forstöðumaður Iðnþróunarstofnunarinnar mér aldrei að hann væri óánægður með þær fjárveitingar sem ég hefði gert till. um og náð hefðu fram að ganga. Hann orðaði það aldrei við mig. Hitt má vel vera, að þessi ágæti maður, sem hefur verið vonbiðill á lista Sjálfstfl. hér í Reykjavík í æðimörg ár, hafi talið að núv. hæstv. iðnrh. hefði gaman af að heyra einhver slík ummæli um mig. En hann kom því aldrei í verk að segja þetta við mig, og ég kannast ekki við að þetta ámæli eigi við rök að styðjast. En ráðh. fól sem sé þessari stofnun, Iðnþróunarstofnun, að fjalla um þessa iðnþróunaráætlun áfram. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð, því að ef gera á iðnþróunaráætlun verða að vera þátttakendur í henni frá iðnaðinum sjálfum, og í þeirri n., sem ég skipaði, voru tveir slíkir fulltrúar, núv. formaður Félags ísl. iðnrekenda og annar frá iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga. Í n. voru einnig opinberir fulltrúar, annars vegar frá Framkvæmdastofnun og hins vegar frá Seðlabankanum. Þessir fulltrúar voru allir látnir hætta störfum. En það liggur í hlutarins eðli að ekki er hægt að búa til iðnþróunaráætlun í einhverri innilokaðri stofnun þar sem einvörðungu starfa sérfræðingar. Það verður að semja slíka áætlun í náinni samvinnu við iðnaðinn sjálfan og í samvinnu við þær stjórnarstofnanir sem fjalla um fjármál, því að þarna er um að ræða mjög veigamikla fjárfestingu, enda er mér kunnugt um að það hefur ekkert verið unnið að þessu verkefni í þessari stofnun, — ekki neitt.

Hæstv. ráðh. minntist á það frv. sem ég flyt hér um Iðntæknistofnun, að ég hafi upphaflega óskað eftir því að iðnn. Nd. flytti frv., og hann spurði hvers vegna ég hefði gert þetta. Mér er ánægja að rifja það upp. Þetta frv. var flutt í ársbyrjun 1974. Vinstri stjórnin studdist sem kunnugt er við nauman þingmeirihl., en það gerðist í ársbyrjun 1974 að einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar, Bjarni Guðnason, lýsti yfir því að hann væri orðinn andvígur ríkisstj. Þá var komin upp sú staða hér á Alþ. að það var ekki um að ræða meiri hl. ríkisstj. í báðum deildum, og viðbrögð stjórnarandstæðinga, Sjálfstfl. og Alþfl., urðu þau, að þeir lýstu opinberlega yfir því að þeir mundu snúast gegn hverju einasta máli sem ríkisstj. flytti, alveg án tillits til þess hvort þeir væru sammála því eða ekki. (**Gripið fram í:** Þetta er slúður.) Þetta er rétt. Ég skal vitna í þingtíðindi ef hæstv. ráðh. óskar eftir því. Slík ummæli féllu hér í þinginu, að stjórnarandstaðan mundi fella öll mál, sem ríkisstj. flytti, hvort sem hún væri með þeim eða móti. (**GÞG:** Hver sagði þetta?) Þetta sögðu fulltrúar bæði Alþfl. eða Sjálfstfl. og gott ef hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði þetta ekki einu sinni sjálfur. (**GÞG:** Þetta eru hrein ósannindi.) Nei, ég skal fletta þessu upp í þingtíðindum og flytja það hér eins og það var sagt. Þetta er staðreynd, að þannig féllu orð hér á hinu háa Alþ., og einmitt þess vegna freistaði ég þess hvort þetta mál, sem ég vissi að var mikið áhugamál iðnaðarins á Íslandi, gæti fengið afgreiðslu ef það væri ekki flutt sem stjfrv., heldur af n. Ég var að reyna að kanna hvort alþm. væru fáanlegir til þess að fjalla málefnalega um slíkt mál, þó að hatrið á ríkisstj. sjálfri gerði það að verkum að þeir treystu sér ekki til þess að fjalla um stj.frv. á málefnalegan hátt. (**Iðnrh.** Var ekki ástæðan önnur, ágreiningur í ríkisstj.?) Ekki varð ég var við það. Ástæðan var þessi.

Það var, eins og menn muna, mikið rætt hér á Alþ. á sínum tíma, eins og ég minntist á áðan í þeim orðum sem ég beindi til hv. þm. Jóhanns Hafsteins, um álbræðsluna og um orkufrekan

iðnað í því sambandi. Ég markaði þá stefnu að ef íslendingum þætti ráðlegt að ráðast í orkufrekan iðnað, þá ættu íslendingar að eiga meiri hl. í slíkum fyrirtækjum og það yrði að velja þá grein orkufreks iðnaðar sem væri þannig að samstarfsaðilinn réði hvorki yfir hráefnum eða öðrum aðföngum til framleiðslunnar né yfir markaðnum á eftir. Þetta væri grundvallaratriði og að þessu yrði að standa í einu og öllu. Sjálfstfl. var andvígur þessari stefnu, og hæstv. iðnrh. hefur sýnt það í verki aftur og aftur. Þegar hann tók við viðræðunum við bandaríska auðhringinn Union Carbide um kísiljárnverksmiðju í Hvalfirði var það ein aðalósk hans að eignarhlutur íslendinga yrði lækkaður. Þetta hafði auðvitað þau áhrif á auðhringinn að hann gekk á lagið með að reyna að fá miklu hagstæðari kjör en hann hafði fallist á áður, og honum tókst að ná því fram vegna þess að hann fann *þennan veikleika hjá hæstv. ráðh.* Svo varð ekkert úr þessari framkvæmd, en hafnar viðræður í staðinn við norska auðhringinn Elkem. Mér er fullkunnugt um það að hæstv. ráðh. fór fram á það við Elkem í upphafi að Elkem ætti meiri hluta í þessu fyrirtæki. (**Iðnrh.**: Hver hefur sagt hv. þm. þetta?) Það hefur sagt maður sem veit deili á því. Ég skal ekki segja hver það var, því að ég veit að hæstv. ráðh. mundi þá beita hefndaraðgerðum gegn honum, en ég veit að þetta er staðreynd. (Gripið fram í.) Nei, þetta er staðreynd, þetta veit ég ákaflega vel um, að hæstv. ráðh. fór fram á þetta. En það strandaði á því að norðmenn hafa þá meginreglu að eiga sjálfir meiri hluta í öllum orkufrekum iðnfyrirtækjum í sínu landi og hafa lagt fyrir fyrirtæki norsk, sem eru starfandi á þessu sviði, að þau verði að hegða sér þannig í samvinnu við aðra, þannig að það var Elkem sem neitaði þessari ósk ráðh. Það var Elkem sem neitaði því. En að sjálfsögðu er samningsstaða af þessu tagi algerlega fráleit.

Hæstv. ráðh. er þeirrar skoðunar að hér eigi að rísa erlend iðnfyrirtæki í vaxandi mæli. Nú fyrir skömmu voru hér sendimenn frá svissneska auðhringnum Alusuisse, en við höfum þá reynslu af samstarfi við hann sem ég var að rekja áðan. Þessum viðræðum lauk með því að það var undirritað stefnuyfirlýsing af hæstv. iðnrh. og aðalforustumanni Alusuisse um sameiginlega stefnumörkun á næstu árum. Þessi stefnumörkun var í fjórum liðum.

Hún var um að stefna að því að bæta við nýjum kerskála í Straumsvík. Þetta hefur ekki verið lagt fyrir Alþ., en þetta er stefna hæstv. ráðh., enda þótt fyrir liggi sú reynsla sem ég var að lýsa áðan, að þarna er um að ræða iðnað af því tagi sem við getum ekki ráðið yfir vegna þess að samstarfsaðilinn ræður yfir öllu, bæði fyrir og eftir framleiðsluna á Íslandi.

Það var einnig undirritað að hæstv. ráðh. mundi standa að sameiginlegri könnun á orkuöflun og iðnframleiðslu á Austurlandi í sambandi við Alusuisse. Og það er sérstök ástæða til að vekja athygli á að þarna er rætt um könnun á orkuöflun. Það var þó meginregla þegar samið var við auðhringinn í upphafi að íslendingar ættu að ráða yfir orkuöfluninni gersamlega. En nú hefur núv. hæstv. iðnrh. fallið frá þessari stefnu. Hann hefur gert það í verki. Hann bauð fulltrúum frá auðhringnum að ferðast um Austfirði á síðasta ári til þess að sjá þessa staði með eigin augum og hann hefur látið þá fá hvers konar gögn um þessar framkvæmdir. Hann ætlast til þess að auðhringurinn standi að orkuöflunarfyrirtækjum einnig. Þetta er í samræmi við hugmyndir sem upp komu hjá auðhringnum fyrir allmörgum árum um að Alusuisse og íslendingar stofnuðu nýjan, alþjóðlegan auðhring. Þar áttu íslendingar að leggja fram vatnsorku sína, Alusuisse ætlaði að leggja fram námur sem auðhringurinn ræður yfir víða um heim, báxitnámur, og svo átti að koma til þriðji aðili eða fleiri aðilar og leggja til fjármagn. Þetta átti að verða nýr alþjóðlegur auðhringur. Og ég sé ekki betur af þessari undirskrift hæstv. ráðh. en hann sé inni á þessari fáránlegu hugmynd.

Í þessari yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. skrifaði undir, var einnig rætt m súrálsverksmiðju, að haldið yrði áfram könnun á því að koma upp súrálsverksmiðju á Íslandi. Og þar er um að ræða þetta sama. Það er hlekkur í keðju sem auðhringurinn ræður gersamlega yfir og við ráðum á engan hátt yfir, þannig að ef slíkum fyrirtækjum væri komið upp hér, þá yrðu það erlend fyrirtæki og þau mundu vafalaust gæta þess að þau yrðu látin sýna reikningslegt tap hér á Íslandi, svo að ekki þyrfti að borga eðlilega skatta og skyldur af.

Fjórða atriðið í þessari yfirlýsingu var mildileg ósk íslensku ríkisstj. eða hæstv. iðnrh. um að Alusuisse stæði við loforð sitt, sem þeir voru knúnir til að gefa í tíð fyrrv. stjórnar, að setja upp hreinsibúnað á álverið í Straumsvík, en það loforð hefur verið svikið og ástandið vegna þess er að verða hættulegra og hættulegra.

Undir þetta skrifaði hæstv. ráðh. aðeins fyrir mánuði. Þetta eru hugsjónir hans í sambandi við iðnþróun á Íslandi.

Ég vil benda á það að á milli hæstv. iðnrh. og mín er á þessu sviði um að ræða grundvallar*ágreining. Eins og ég rakti áðan tel ég að jafnvel* þó við ráðumst inn á svið orkufreks iðnaðar verði að fylgja þar algerlega þeirri meginreglu að íslendingar eigi meiri hluta í slíku fyrirtæki og að enginn annar aðili ráði yfir hvorki aðföngum né sölu á efninu. Þetta er grundvallaratriði, og á þennan hátt getum við byggt upp orkufrekan iðnað til að styrkja sjálfstæði okkar og styrkja efnahagslíf okkar. En ef við hleypum útlendingum inn á þetta svið, þá erum við að veikja efnahagslegt sjálfstæði okkar og leiða yfir okkur stórvægilega hættu.

Ég minntist áðan á að hæstv. iðnrh. lét í ljós við Elkem að hann vildi heldur að íslendingar ættu minni hl. í þessu fyrirtæki. Hæstv. iðnrh. hefur talað við fleiri fyrirtæki í Noregi. Hann hefur rætt við Norsk Hydro um að koma upp álveri við Eyjafjörð. Hæstv. ráðh. hefur að vísu ekki gert mikla grein fyrir þessu máli opinberlega og það virðist hafa komist á vitorð annarra fyrir slysni frekar en að hæstv. ráðh. hefði áhuga á því að gera grein fyrir stefnu sinni. En þarna er um að ræða sams konar fyrirbæri og ég hef verið að gagnrýna, álbræðslu, sem hentar ekki okkur íslendingum vegna þess að þar erum við aðeins hlekkur í keðju sem erlendir aðilar ráða

algerlega yfir, alveg án tillits til þess hvernig staðhættir eru þarna fyrir norðan og hvaða áhrif þetta mundi hafa á landbúnað, það er annað mál. (**Iðnrh.**: Þessar viðræður við Norsk Hydro hófust í tíð fyrrv. ríkisstj.) Nei, ekki á þessu sviði, því fer mjög fjarri. En þetta mótar allar aðgerðir hæstv. ráðh., að hann telur að erlendir aðilar eigi að byggja upp iðnað á Íslandi. Þetta mótar t.d. hugmyndir hans um ylver. Þar ræðir hann við hollenskt fyrirtæki um að hér ætti að koma upp þætti í keðju þar sem samstarfsaðilinn, hollenska fyrirtækið, ræður yfir aðdragandanum öllum og einnig sölunni, þannig að hinn erlendi aðili er þarna sá sem öllu ræður. Við erum aðeins hlekkur í keðju. (**Iðnrh.**: Það er bara sá misskilningur að ég hef aldrei rætt við þetta fyrirtæki á ævi minni.) Ja, einhver hefur rætt við það, því að þessar viðræður eru í gangi nú þegar. (**Iðnrh.**: Ylrækt heyrir undir landbrn., eins og þm. veit.) Ylrækt, ég veit að lög um stjórnarráðið eru ákaflega einkennileg og ýmsir iðnaðarþættir heyra undir önnur rn., en það ætti að vera verkefni hæstv. iðnrh., ef hann hefur nokkurn áhuga á sínum störfum, að fylgjast með iðnaðarframkvæmdum á Íslandi, jafnvel þótt þær heyri formlega undir annað rn. En þarna er um að ræða sömu hugsunina, að við eigum að leggja til hlekk í keðju sem erlendir aðilar ráða yfir. Þetta eru hugmyndir sem þarna eru uppi eins og á öðrum sviðum. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að ég tel að við eigum ákaflega stóra möguleika einmitt á sviði ylræktar, en ekki með þessu lagi. Það eru ríki í Mið- og Suður-Evrópu sem hafa það sem stóriðnað að framleiða grænmeti, tómata og annað slíkt og flytja þetta í flugvélum daglega til þjóða í Norður-Evrópu, til Norðurlanda, til Englands. Þetta gera t.a.m. tékkar og hafa ekki þær aðstæður sem við höfum með heita vatninu. Okkur bíða þarna mjög stór verkefni. En við þurfum ekki að gera þetta með því að láta erlendan aðila ráða yfir þessari framleiðslu. Við eigum að gera þetta sjálfir.

En einmitt í því hvernig staðið er að slíkum verkefnum birtist ákaflega stór grundvallarágreiningur. Þegar íslendingar tóku við stjórn landsins smátt og smátt í upphafi þessarar aldar var reynt að koma hér á kapítalisma, auk þess var að vísu virk hér mjög myndarleg samvinnuhreyfing og forustumenn hennar í upphafi voru menn sem aðhylltust sósialisma. En aðalstefnan var sú, að hér skyldi komið upp kapítalísku hagkerfi. Það kom í ljóst, einkanlega á kreppuárunum fyrir stríð, að þetta stóðst ekki. Kapítalisminn var þess ekki megnugur að tryggja eðlilega þjóðfélagshætti og framfarir á Íslandi og það varð hlutverk ríkisvaldsins og sveitarfélaga í vaxandi mæli að tryggja framkvæmdir á þessu sviði, enda er nú svo ástatt að nær ⅔ af öllu framleiðslukerfinu á Íslandi eru í höndum ríkis, sveitarfélaga og samvinnuhreyfingar. En innan Sjálfstfl. hafa ævinlega verið ofstækismenn sem hafa tekið hina kapítalísku hugsjón fram yfir augljósar þarfir íslendinga. Þetta verkaði þannig á þennan hóp manna, að þeir komust að þeirri niðurstöðu að íslendingar gætu ekki verið sjálfstæðir, þeir yrðu að verða hluti af stærri heild og það yrði að fela erlendum aðilum að byggja hér upp atvinnurekstur, því að íslenskir kapítalistar gætu það ekki. Þetta viðhorf hefur ákaflega oft komið fram frá Sjálfstfl. Það kom m.a. fram þegar bretar sóttu um inngöngu í Efnahagsbandalagið. Þá spratt upp mikill áhugi innan Sjálfstfl., að íslendingar ættu að gera slíkt hið sama og verða útkjálki eða útsker í þessu mikla bandalagi. Þá birtist í Morgunblaðinu, man ég var, yfirlýsing sem var undirrituð af fjölmörgum áhrifamiklum stofnunum þar sem lögð var áhersla á að þetta yrði gert og það átti að leysa vandamál Íslands með því að gera Ísland að hluta af þessu stóra bandalagi.

Ég man vel eftir grein sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins nokkrum árum seinna, eftir að Bjarni Benediktsson, sem þá var leiðtogi í Sjálfstfl., var látinn. Þessa grein skrifaði Matthías Johannessen ritstjóri Morgunblaðsins. Hún var alllöng. Hún var lýsing á Bjarna og í lokin lýsti hann samkvæmi eða samkomu sem var á heimili Bjarna einmitt um þetta leyti, þegar umr. voru uppi um að Ísland gengi í Efnahagsbandalagið og Morgunblaðið lét uppi skoðanir sínar á því. Matthías Johannessen greindi frá því í þessari grein, að á þessu samkvæmi á heimili hans hefði Bjarni risið upp og haft mjög þung orð um þetta viðhorf, þetta mætti ekki gerast, og hann vitnaði m.a. í baráttu föður síns og annarra manna fyrir því að Ísland yrði að vera sjálfstætt. Það var Bjarni Benediktsson sem kvað þessa hugsun niður hjá Sjálfstfl. þá.

Það er minna um slíkar raddir innan Sjálfstfl. núna. Það virðist vera keppikefli að reyna að tryggja kapítalisma á Íslandi, en láta sjálfstæðið í staðinn. Þarna er grundvallarágreiningurinn. Það er þess vegna sem hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen leggur til hliðar það sem verið var að vinna í tíð fyrrv. ríkisstj. að örri iðnþróun á Íslandi. En áhugi hans beinist allur að því að virkja í þágu útlendinga, að fá útlendinga til hvers konar framkvæmda á Íslandi. Og þetta er ákaflega alvarlegur grundvallarágreiningur. Ég vil sérstaklega beina þessu til hv. formanns Framsfl. sem þarna situr einnig, vegna þess að hann lýsti stuðningi við þá stefnu sem mótuð var í tíð fyrri ríkisstj., að iðnþróun á Íslandi yrði að vera íslensk, og ég vænti þess að Framsfl. haldi fast við þá skoðun sína, jafnvel þótt hæstv. iðnrh. sé að reyna að koma gagnstæðri stefnu á framfæri.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig furðaði satt að segja mjög á þeim ummælum hv. síðasta ræðumanns, að af hálfu andstæðinga fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi því verið lýst yfir að báv. stjórnarandstöðuflokkar mundu greiða atkv. á móti sérhverju máli sem sú ríkisstj. flytti, hvort sem það væri gott eða vont, hvort sem þeir væru í sjálfu sér fylgjandi því eða ekki. Ég svara hér auðvitað eingöngu fyrir minn flokk eða þingflokk Alþfl., og ég leyfi mér að fullyrða að á þeim þrem árum, sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar sat að völdum, hefur enginn þm. Alþfl. látið eitt orð, eina setningu falla í þá átt að hana megi skilja þannig að flokkurinn mundi greiða atkv. á móti sérhverju stjfrv., hvert sem

svo væri eðli þess. (MK: Ég var að tala um 1974.) Um 1974? (MK: Já, ég var að tala um árið 1974.) Ja, það gildir áreiðanlega það sama um það ár og öll þau ár sem stjórn Ólafs Jóhannessonar var við völd, að þannig hefur enginn þm. Alþfl. tekið til orða, að með nokkurri sanngirni eða skynsemi megi skilja þau á þann hátt sem hv. þm. vildi vera láta. Ég hefði gaman af að heyra þau ummæli lesin úr þingtíðindum eftir einhverjum þm. Alþfl. Það skiptir engu máli hvort átt er við árið 1974 eða allan valdatíma ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, svokallaðrar vinstri stjórnar. Því var þvert á móti lýst yfir af hálfu þingflokks Alþfl. þegar sú stjórn tók við völdum, að þingflokkur Alþfl. mundi láta málefni ráða í afstöðu sinni til þeirra mála sem sú ríkisstj. flytti, þó að hann væri kominn í stjórnarandstöðu eftir að hafa átt stjórnaraðild í 15 ár. Það var með því fyrsta sem sagt var í mikilvægum umr. hér á hinu háa Alþ. eftir að Alþfl. lenti í stjórnarandstöðu, að hann mundi að sjálfsögðu fylgja sérhverju því góðu máli sem sú ríkisstj., sem hann almennt var í andstöðu við, flytti, alveg án tillits til þess að það væri flutt af ríkisstj. og Alþfl. væri í stjórnarandstöðu. Ég skal styðja það tveimur dæmum til þess að lengja ekki mál mitt, að Alþfl. fór á þessum árum öllum, og hefur eflaust gert það 1974 líka, eftir þessari reglu.

Fyrra dæmið skal vera fyrsta stórmálið sem vinstri stjórnin svokallaða flutti á fyrsta þingi sínu, sem var frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Það mál taldi þáv. ríkisstj., sem Alþfl. var í andstöðu við — harðri andstöðu við, vera stórmál og það var stórmál. Þó að Alþfl. gagnrýndi einstök atriði í frv., fengi sumum atriðum breytt, en öðrum till. hans væri hafnað, þá greiddi þingflokkur Alþfl. atkv. með þessu frv. sem var stjfrv. Þetta er í reynd auðvitað í algerri andstöðu við ímynduð ummæli hv. þm. (Gripið fram í.) Þá skal hv. þm. nefna í síðari umr. við hvað hann á og segja það þá skýrt. (Gripið fram í.) Ja, við hvaða mál hann á. (MK: Ég á við árið 1974.) Það er nú satt að segja varla hægt að — jæja, ég skal ekki segja meira. Ég óska eftir því að þm. sýni sæmilega stillingu og láti menn í ræðustólnum fá frið til þess að tala.

Hitt dæmið, sem ég skal nefna um að Alþfl. hefur að engu leyti hegðað sér þannig sem hv. þm. vildi vera láta, er annað merkt stjfrv. frá þessum árum sem kom til afgreiðslu 1974, en það er frv. um grunnskóla. Það mál er enn þá skýrara dæmi um það hversu fjarri það er þingflokki Alþfl. að láta það ráða afstöðu sinni hvort ráðh., sem hann er í andstöðu við, flytur mál eða einhver annar. Þannig var mál með vexti að fyrrv. ríkisstj., Bjarna Benediktssonar, eða ég sem menntmrh. hennar hafði tvívegis flutt frv. til l. um grunnskóla, en þau frv. ekki náð fram að ganga. Eftirmaður minn í sæti menntmrh. flutti þegar á fyrsta þingi eftir að við vorum komnir í stjórnarandstöðu þetta frv. í miög lítið breyttri mynd. Það náði ekki fram að ganga, og þannig fór líka á næsta ári þeirrar hæstv. ríkisstj. Málið er síðan tekið upp til lokaafgreiðslu á síðustu þingdögum þriðja þings þeirrar hæstv. ríkisstj. Hæstv. þáv. menntmrh. lagði að sjálfsögðu mikla áherslu á að það mál næði fram að ganga. En í ljós var komin ástæðan fyrir því að málið hafði ekki náð fram að ganga á tveim þingum áður. Það átti ekki nægilegt fylgi innan stjórnarflokkanna sjálfra. Það var komið alveg skýrt og greinilega í ljós, að það var komið undir því hvort einhver hluti eða einhverjir menn úr stjórnarandstöðunni mundu vilja styðja frv., hvort það næði fram að ganga eða ekki. Þetta var á síðustu dögum síðasta þings fyrrv. ríkisstj. M. ö. o.: ef allir stjórnarandstæðingar hefðu greitt atkv. á móti frv. hefði það fallið. Þetta var alveg augljóst. Lokaafgreiðslan sýnir líka að þetta er rétt, það hefði fallið.

Nú kynni einhver að segja að það hefði verið sérstök freisting, í hita, í sérstökum hita málflutnings og baráttu á síðustu dögum þings þegar kosningar voru fyrirsjáanlegar, — að það hefði verið mikil freisting fyrir stjórnarandstöðuflokk að gera ríkisstj. þá svívirðu að láta mikið stjfrv. falla eftir næstum þriggja ára baráttu fyrir því. Sérstaklega kynni einhver að segja að það hefði verið sérstök freisting fyrir flokk fyrrv. menntmrh. að láta þáv. menntmrh. verða fyrir þeirri hneisu. (Gripið fram í.) Það er það sem ég er að segja, að við vorum, — má ég fá að ljúka þessari frásögn í friði? Það hefði kannske verið sérstök freisting fyrir flokk fyrrv. menntmrh. að gera eftirmanni hans þá hneisu, þá alveg sérstöku hneisu, að láta frv., sem hann hafði barist fyrir góðri baráttu næstum þrjú ár að næði fram að ganga, að láta það falla á atkv. sjálfra stjórnarsinnanna. Ef þingflokkur Alþfl. hefði setið hjá og frv. hefði fallið, því að Sjálfstfl. var á móti því næstum allur eins og málum var komið, í öllu falli hjáseta t. d. Alþfl. — ég tala eingöngu um hann — hefði dugað til þess að frv. hefði fallið. En ég sem formaður þingflokksins skaut á þessum hitadögum á fundi í þingflokki Alþfl. þar sem við ræddum málið. Ég lagði til við þingflokkinn að við gættum þess að vera allir viðstaddir atkvgr. þegar frv. kæmi til lokaafgreiðslu og greiddum atkv. með frv., sem við gerðum allir og vorum allir á einu máli um að gera. Það var m. ö. o. þingflokkur Alþfl. sem bjargaði þessu stjfrv. hæstv. fyrrv. menntmrh. og er stoltur af að hafa gert það. Það væri ekki orðið að lögum ef þingflokkur Alþfl. hefði fallið fyrir þeirri freistingu sem hv. fyrrv. ræðumaður er að skrökva upp á Alþfl. að hann hafi haft sem aðalreglu. Þetta er skýrt dæmi um hversu mikil fjarstæða þessi fullyrðing er. Ég tel, að Alþfl. hafi — má ég biðja forseta um að biðja hv. þm. um að stilla sig? (Forseti: Hv. þm. eru beðnir að stilla framítökum í hóf. Það hefur verið þingvenja að reyna að koma í veg fyrir framíköll, en þau mega alls ekki ná því marki að þau trufli mál þeirra, sem orðið hafa.) Ég þakka hæstv. forseta. Ég hef í raun og veru lokið við að segja það sem ég þurfti að segja. Það var að andmæla því að af hálfu Alþfl. hafi því nokkurn tíma verið lýst yfir að hann mundi greiða atkv. gegn málum af því að þau væru stjfrv. Þvert á móti var því marglýst yfir, hefur verið og mun verða áfram, að afstaða Alþfl. mun fara eftir því hvert málið er, alveg án tillits til þess hver flytur það, jafnvel þó að það sé stjórn sem hann almennt séð er í andstöðu við. Þannig hafa vinnubrögð þing-

flokks Alþfl. verið á þeim árum sem hann hefur verið í stjórnarandstöðu eða síðan 1971. Þau voru þannig 1972, 1973, 1974 og 1975 og verða það út árið 1976, það get ég fullvissað hv. fyrrv. ræðumann og alla aðra hv. þm. um, enda tel ég það vera einu afstöðuna sem sýni ábyrga stjórnmálaskoðun og ábyrga stjórnmálahegðun. Ég hef nefnt tvö stórmál til sönnunar því að þannig hefur þingflokkur Alþfl. hegðað sér hingað til, og þannig mun hann hegða sér áfram.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég skal segja aðeins örfá orð. Ég er hræddur um að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hafi ekki heyrt hvað ég sagði. Ég var að lýsa ástandinu sem upp kom hér á þingi 1974 eftir að einn af stuðningsmönnum ríkisstj., Bjarni Guðnason, sagði skilið við ríkisstj. Þá kom upp þessi staða á þingi og því var lýst yfir í ræðum að það yrði ekki fallist á stjfrv., vegna þess að þau voru þá háð því að stjórnarandstaðan aðstoðaði við að koma þeim í gegn. Heiftin gegn ríkisstj. var svo mikil að menn lýstu því yfir að þeir mundu snúast gegn málum, þótt þeir væru sammála þeim, til þess að koma ríkisstj. frá. Ég er ekki að lýsa þessu sem neinni almennri stefnu Alþfl. Ég er að lýsa þessu sem fyrirbæri sem kom upp árið 1974 þegar einn af stuðningsmönnum þáv. ríkisstj. hætti að styðja hana.

Jóhann Hafstein: Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að víkja neitt að því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði og gæti gefið honum tilefni til þess að halda hér aðra klukkutímaræðu eða eitthvað því um líkt. Ég vil aðeins leiðrétta það sem honum er jafngott og öðrum að gera sér grein fyrir. Hann sagði að viðreisnarstjórnin hefði stefnt að því að koma á atvinnuleysi. Það var hér atvinnuleysi, það er alveg rétt. En vegna hvers var atvinnuleysið? Vegna þess að það var allt að helmingurinn af útflutningsverðmæti þjóðarinnar sem féll ýmist í verði, seldist ekki á erlendum markaði eða veiddist ekki þar sem síldveiðin brást. En ég vil taka það fram, og það skulu vera mín lokaorð, að árið 1969 og í byrjun árs 1970 var búið að vinna bug algerlega á því atvinnuleysi. Það er einnig ranghermi að iðnaðurinn hafi verið að dragast saman, heldur mun hann á þeim árum hafa verið hvað mestur. A. m. k. man ég eftir 10—12% aukningu á framleiðslu iðnaðarins á þessu tímabili. — Ég skal svo ekki tefja tímann meir.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. nefndi margítrekað árið 1974 sem dæmi um ósæmilega hegðun Alþfl. hér á hinu háa Alþ., en það tel ég ósæmilega hegðun ef menn greiða atkv. gegn frv. eingöngu til þess að skaða ríkisstj., þó menn séu í sjálfu sér með þeim.

Ég er hér með lög um grunnskóla, einmitt annað dæmi sem ég nefndi. Þau eru samþ. hér, stendur á síðustu síðu laganna, samþ. á Alþ. 8. maí 1974, einmitt á því ári sem hv. þm. hefur alltaf verið að vitna til að Alþfl. hafi hagað sér ósæmilega. M. ö. o.: það er á þessu ári, rétt áður en hæstv. ríkisstj. fellur, nokkrum dögum áður en hún raunverulega fellur, sem Alþfl. greiðir atkv. með stjfrv. með þeim árangri að hann bjargar stjfrv. á árinu 1974.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 19. fundur.

Fimmtudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Vegalög, frv. (þskj. 71, n. 135, 136). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur haft til athugunar á nokkrum fundum frv. til l. um breyt. á vegalögum sem hér er til umr. Á fundi n. komu þeir Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri og Jón Rögnvaldsson yfirverkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins. N. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breyt. sem felast í till. hennar á þskj. 136.

Við 1. umr. málsins hér í d. ræddi hæstv. samgrh. ítarlega efni frv. og tel ég ekki ástæðu til að fara að ræða mikið um það í heild, en ég vil gera grein fyrir því hvað felst í brtt. nefndarinnar.

Í 1. lið till. er gert ráð fyrir því að aftan við 2. gr. frv. komi ákvæði um það, að við skiptingu fjárveitinga til væntanlegra þjóðbrauta á milli kjördæma skuli hafa hliðsjón af ástandi vega, notkun og lengd í hverju kjördæmi. Sú venja hefur skapast við meðferð vegáætlunar á Alþ. að fjvn. hefur gert till. um skiptingu fjár milli hraðbrauta annars vegar og þjóðbrauta og landsbrauta hins vegar og síðan ákveðið einhverja hlutfallsskiptingu á þjóðbrauta- og landsbrautafé milli kjördæma án þess að bak við þá ákvörðun hafi legið nákvæm athugun. Þegar núverandi hraðbrautir og þjóðbrautir hafa verið gerðar að stofnbrautum, en fjvn. mun gera till. um fjárveitingar til þeirra, verður svo breytileg milli kjördæma notkun, ástand og lengd annarra vega, sem verða í hinum nýja þjóðbrautaflokki, að einhver hlutfallsskipting á fjárveitingu til þeirra er fráleit nema einhver regla liggi þar á bak við. Það er auðvitað álitamál hvað þungt hvert einstakt þessara þriggja atriða: notkun, lengd og ástand, eigi að vega í slíkri skiptingu. En þegar búið er að ákveða það, þá ætti útreikningurinn ekki að þurfa að verða deilumál. Er þetta svipuð regla og notuð hefur verið við skiptingu sýsluvegafjár og hefur gefist vel.

Í 2. lið till. er lagt til að breyta 26. gr. vegalaganna þannig að í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skuli ¾ hlutar sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð til vegagerðar, í stað þess að þarna hefur verið um að ræða helming áður. Er þetta gert til þess að auka ekki enn á mismun þeirra þéttbýlisstaða sem annars vegar eru enn þá innan sýslufélaga og hins vegar þeirra sem eru orðnir að kaupstöðum. Þetta veldur að vísu nokkurri lækkun á tekjum sýsluvegasjóðs, þar sem samkvæmt reglum frv. er reiknað með að heildarframlag sveitarfélaga verði að lágmarki 123 millj., en að hámarki 143 millj. En eftir þessa breytingu yrði

lágmarksupphæðin 102 millj., en hámark 132, reiknað á sama hátt. Á móti kemur svo framlag ríkissjóðs sem nemur 2½ sinnum þessum upphæðum. Þrátt fyrir þessa lækkun taldi samgn. óhjákvæmilegt að leggja til að þessi breyt. verði gerð.

Þriðja atriði brtt. n. er að aftan við 37. gr. laganna bætist það, að skylt skuli að leita samráðs við vegamálastjóra áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu einkavega utan landareigna lögbýlis. Þó að þarna sé rætt um einkavegi sem viðkomandi aðilar kosta yfirleitt í upphafi, þá vill gjarnan fara svo að það er sótt eftir styrk til þessara vegaframkvæmda og úr fjallvegasjóði eða á einhvern annan hátt, þannig að kostnaður lendir á ríkinu að einhverju leyti. Það er því mjög mikilvægt út frá þessu sjónarmiði og reyndar skipulagssjónarmiði líka og landverndar að slík vegalagning, þó í upphafi séu aðeins ruddar brautir, sé sem skipulegast gerð, og þess vegna er nauðsynlegt að þetta sé gert í samráði við Vegagerðina.

Þetta eru þau atriði sem n. leggur til að breytt verði í frv., og sé ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr. að borist hefði ósk til þm. Reykn. um að koma því ákvæði inn í vegalög að settir yrðu fastir gjalddagar á greiðslu þéttbýlisvegafjár. Það hefur til þessa að sögn sveitarstjórnarmanna skort nokkuð á að greiðslur væru inntar af hendi í þessu efni af hálfu Vegagerðarinnar og sveitarfélögin átt inni stórfé á þeirra mælikvarða hjá Vegasjóði af þessum sökum.

Á s. l. ári, rétt í þinglokin, kom vegamálastjóri þáv. á fund þm. Reykn., raunar til að ræða annað atriði. Þá var á þetta minnst og kom greinilega fram þar að á þessu væri ekki nógu góð regla. Taldi Vegagerðin sig þá oft ekki fá fullnaðaruppgjör að sínu leyti, annars vegar við ríkissjóð og hins vegar að það skorti á að skilað væri inn skýrslum eða grg. um framkvæmdir af hálfu sveitarfélaganna. Ég hef hins vegar kynnt mér það að þau sveitarfélög, sem hafa skilað inn slíkum grg., hafa þrátt fyrir það ekki fengið sínar greiðslur inntar af hendi. Ég sé að hv. samgn. hefur ekki tekið neitt tillit til þessa og hv. frsm. gat þessa ekki í framsöguræðu sinni neitt frekar. Ég vil því, herra forseti, áskilja mér allan rétt til að kanna þetta mál betur og með tilliti til þess, að ef ástæða verður talin af minni hálfu, að leggja fram brtt. þar að lútandi við 3. umr. málsins.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það var aðeins ein athugasemd sem ég vildi koma hér á framfæri, sem ég gleymdi hér við 1. umr. Það er út af athugasemd við 2. gr. frv. sem er á bls. 7 í frv., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Að lokum skal tekið sérstaklega fram, að n. hefur með ofangreindri till. sinni um breyt. á 12. gr. gengið út frá því að við meðferð vegáætlunar á Alþ. fjalli fjvn. Alþingis í heild um skiptingu fjárveitinga til einstakra stofnbrauta og að ekki verði um þann vegflokk beitt hundraðshlutaskiptingu þeirri milli kjördæma, sem gilt hefur um þjóðbrautir og landsbrautir um nokkurt árabil.“

Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við það nefndarstarf sem ég tók þátt í varðandi þetta mál, að við töldum eðlilegt að fjvn., eins og hún á raunar að gera, tæki þetta í heild til athugunar eftir að búið væri að færa þjóðbrautirnar inn í stofnbrautirnar, og okkur datt vitanlega aldrei í hug, ekki einu sinni okkur sem höfum verið hvað frekastir í sambandi við það ranglæti sem okkur hefur verið sýnt í sambandi við hraðbrautirnar, — okkur datt auðvitað aldrei í hug að stofnbrautirnar færu nokkurn tíma inn í þá skiptingu sem nú gildir um þjóðbrautir og landsbrautir. En engu að síður kom það skýrt fram hjá okkur í þessari n., og ég vil taka það fram hér, að það ætti að taka mikið tillit til þess af fjvn. hvernig þessi skipting hefði verið milli kjördæma hvað þann hluta af stofnbrautunum snerti, sem áður hefði verið í þjóðbrautaflokknum og hefur nú verið færður alfarið í stofnbrautaflokkinn. Leit út fyrir á tímabili í n. að þetta yrði nokkurt deilumál í n., hvort við ættum að leggja eitthvað til um þetta eða ekki, gefa einhverja forskrift í þessu efni. Niðurstaðan varð sú, að við létum þetta liggja á milli hluta og eiga sig. En ég hlýt auðvitað að treysta því að þetta verði alls ekki til þess að hlutfall hinna einstöku kjördæma, sem verst eru settir í vegamálum, versni við þetta. Þvert á móti hef ég, eins og ég tók fram við 1. umr., vonast til þess að þarna gæti orðið um einhverja bót að ræða þegar við tækjum bæði hraðbrautirnar og þjóðbrautirnar inn í einu og reyndum að skipta því fé, sem í þann flokk færi, sameiginlega. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að þetta var töluvert rætt í n., hvaða forskrift ætti hér að hafa, og þessi málamiðlun var að lokum samþ. af okkur öllum nm. Svo verðum við auðvitað að treysta á það að fjvn. skipti þessu fé sem allra réttlátlegast og svo Alþ. á hverjum tíma.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 10. landsk. þm. að mér láðist að geta um þessa till. um ákvæði um endurgreiðslur á þéttbýlisvegafénu, en við ræddum það í n. og bárum þetta atriði undir vegamálastjóra og starfsmenn Vegagerðarinnar. Þeir skýrðu okkur frá því að þetta væri greitt samkv. reikningum eftir á og það hefur stundum viljað verða dráttur á því að þessir reikningar bærust. Það er vafalaust misjafnt hve sveitarfélög skila þeim fljótt, en þar sem þetta greiðist eftir á eftir reikningum, en ekki fyrirfram sem hlutfall af heildarfjárveitingunni, þá treystum við okkur ekki til þess að fara að setja inn í vegalögin einhver ákvæði um ákveðna gjalddaga. En ef það kæmi einhver ákveðin till. um það, þá mundi vafalaust vera hægt að athuga það.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir málflutning hv. 10. landsk. þm. þar sem hann benti réttilega á þau vandamál sem sveitarfélög hafa átt í við Vegagerð ríkisins þegar til innheimtu eða greiðslu úr Vegasjóði til sveitarfélaganna kemur. Hjá

Reykjavíkurborg var útlitið þannig að ekki leit út fyrir að Reykjavíkurborg fengi nokkurn skapaðan hlut af þeim 90 millj. kr. sem hún átti kröfu til að fá á þessu ári, en með aðstoð og sérstökum bréfaskriftum fjmrh. sjálfs greiddi Vegagerðin loksins helming af því sem henni bar að greiða til Reykjavíkurborgar á þessu ári, en 45 millj. af þessum 90 millj. koma ekki til greiðslu fyrr en næsta ár.

Ég tel að það sé ekki erfiðara að breyta í mánaðargreiðslur greiðslum úr Vegasjóði heldur en þegar breytt var í mánaðargreiðslur til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði, það eru hliðstæðir sjóðir hvað það snertir. Ég legg mikla áherslu á að þarna verði settar ákveðnar reglur þannig að greiðslur úr Vegasjóði komi til sveitarfélaga mánaðarlega. Það á ekki að vera erfiðara fyrir ríkið eða sjóði þess að standa í skilum heldur en einstaklingana.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 136,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 136,2 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 136,3 (ný gr. verður 9. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
8.—10. gr. (verða 10.—12. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 19. fundur.

Fimmtudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 86). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 11, 118, 124, 142). — 3. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að láta í ljós að ég er samþykkur þeim brtt. sem hv. allshn. hefur flutt við þetta frv. og liggja fyrir á þskj. 142. Þetta vil ég taka fram vegna þess að ég gat því miður ekki verið við alla 2. umr. málsins. Ég hlýddi þó að mestu a. m. k. á ræðu hv. frsm., en varð þá að víkja burt af sérstökum ástæðum. Ég tel þessar breyt. vera fremur til bóta heldur en hitt. Þær leggja áherslu á það sem í raun og veru hefði orðið í framkvæmdinni að minni áætlun vegna þess að gert er ráð fyrir í 4. gr. að rannsóknarlögreglustjóri geti að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan Reykjavíkur, en skuli tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um málið og þá þarf ekki að liggja fyrir nein ósk lögreglustjóra eða sakadómara. En auk þess getur hann gripið inn í mál skv. upphafi 4. gr. hvenær sem er skv. ósk þessara aðila. Þar sem ég felst þannig á þessar till. og tel þær út af fyrir sig heldur til bóta sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, en þakka n. fyrir afgreiðslu þess. Ég er að vísu ekki sammála að öllu leyti þeim hugleiðingum sem fram komu í framsöguræðu hv. frsm., en þar sem við erum sammála um niðurstöðuna skiptir ekki máli að fara út í þær, enda er það svo, eins og eðlilegt er, um skipan og stjórn þessara mála, að það er margt sem þar getur verið álitamál.

Ég má kannske til að spara tíma taka það fram varðandi brtt. þá sem liggur fyrir frá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur varðandi tiltekna grein í frv. um meðferð opinberra mála, að ég tel hana út af fyrir sig skiljanlega og hef ekki mikið við hana að athuga í sjálfu sér. En ég tel þó nægilegt að hafa það eins og það er í greininni nú, að það sé lagt á vald dómara hvort hann telur ástæðu til að verða við ósk um að skipa réttargæslumann við rannsókn hjá rannsóknarlögreglu. Ég tel að það bindi hendur hans um of með því að leggja skyldu á hann til þessa, jafnvel þó að það sé bundið vissum skilyrðum.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem fram kom í framsöguræðu minni þegar ég gerði grein fyrir nál. um þau frv. sem hér eru á dagskrá. Ég gat þess þá að eðlilegt væri að athuga milli umr. hvort ekki þyrfti að lagfæra nokkur ákvæði í frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins með hliðsjón af breyt. sem varð á 3. gr. frv., og í samræmi við þau ummæli hefur allshn. nú lagt fram nýtt þskj., nr. 142, þar sem gerðar eru breyt. á nokkrum greinum frv. Ég tel að þær þurfi ekki útskýringa við, þær eru allar nokkuð augljósar og skiljanlegar og eru, eins og fyrr segir, til frekari útlistunar á því meginatriði sem ákveðið er með 3. gr. um gildissvið og starfsumdæmi þau sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum.

Ég vil aðeins geta þess, að við afgreiðslu á þessum till. er nauðsynlegt að sjálfsögðu að taka til afgreiðslu 3. tölul. á þskj. 118 sem varðar breyt. á 10. gr. um gildistöku laganna, en það var ekki sett inn á hið nýja þskj.

ATKVGR.

Brtt. 118,1—2 teknar aftur.
Brtt. 124 felld með 17:9 atkv.
Brtt. 142,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 142,2—5 samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 118,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 140 (sbr. 12), 129, 146). — 3. umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég brtt. við 14. gr. frv. um það að heimild dómara til að skipa sökunaut réttargæslumann skyldi vera skylda hans. Þessa brtt.

tók ég aftur til 3. umr. En í ljósi þeirra umr. sem fram fóru þá hef ég ákveðið að taka till. á þskj. 129 endanlega til baka, en leyfa mér að flytja nýja í svolítið breyttu formi í þeirri von að samstaða náist um hana hér á þinginu. Hún er of seint fram komin, hæstv. forseti, og verð ég því að æskja þess að forseti leiti afbrigða. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómari skal skipa sökunaut réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, skv. ákvæðum 2. og 3. mgr. eftir því sem þau eiga við, nema það sé talið varhugavert vegna rannsóknar málsins."

Þetta síðasta er varnagli sem ég tel rétt að slá vegna efasemda sem komu fram í ræðum hv. þm. við 2. umr. sem töldu skyldu dómara hugsanlega geta orðið til þess að mál tefðust. Ég bendi á að þetta er viðbót við 80. gr. laga um meðferð opinberra mála og er því alls ekki um að ræða skilyrðislausa skyldu. Í 80. gr. eru talin upp þau skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til þess að sökunautur fái verjanda samkv. ósk og til þess að dómari skipi sökunaut réttargæslumann án óskar. Eftir því sem þessi ákvæði gætu átt við málsmeðferð hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, þá munu þau gilda. Það er því ekki rétt, sem kom hér fram við 2. umr., að þetta sé alveg skilyrðislaust og gæti þar með tafið málsmeðferð, og ég held að þessi viðbót mín, sem ég hef orðað svo: „nema það sé talið varhugavert vegna rannsóknar málsins", gefi þá dómara enn meira vald til þess að meta málin.

Ég legg áherslu á það sem segir í álitsgerð lagadeildar Háskóla Íslands, en ákvæðið eins og það er nú í frv. um heimild dómara til að skipa réttargæslumann er þaðan komin, en í álitsgerð lagadeildarinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar frumrannsókn færist úr hendi dómara yfir til rannsóknarlögreglu getur hlutlaus dómari ekki haft sama eftirlit með henni og áður. Hætta er á því að staða sakborninga kunni við breytinguna að versna frá því sem nú er. Brtt. þeim, sem hér eru settar fram, er ætlað að rétta hlut sakbornings nokkuð að þessu leyti. Áþekk réttarvernd til handa sakborningi er fyrir hendi í nágrannalöndunum."

Svo segir í álitsgerð lagadeildar. Ég hef kynnt mér norsku lögin um þetta og þar er skilyrðislaust kveðið á um skyldu dómara í þessum efnum og norðmenn ganga miklu lengra í réttarvernd en gert er hér á Íslandi og lengra en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég vil ennfremur láta þess getið hér til styrktar máli mínu að ég ræddi í gærkvöld við Steingrím Gaut Kristjánsson. Hann er einn þeirra þriggja, sem fjölluðu um frv. af hálfu lagadeildar, og einn þeirra þriggja, sem standa að þessari álitsgerð, og ég bar þessa till. mína undir hann og hann var henni skýlaust meðmæltur.

Þá vil ég enn fremur geta þess, að mér hefur borist óvæntur stuðningur frá Lögmannafélagi Íslands. Hv. alþm. hafa fengið á borðin bréf frá stjórn Lögmannafélagsins undirritað af varaformanni þess, Jóni Finnssyni, og ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa það bréf:

„Á stjórnarfundi Lögmannafélags Íslands hinn 8. þ.m. var einróma samþ. að skora á hv. Alþ. að samþ. brtt. Svövu Jakobsdóttur við 14. gr. frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974. Jafnframt því að taka undir rök lagadeildar Háskóla Íslands um nauðsyn þess að tryggja betur réttarstöðu sakbornings vegna fyrirhugaðrar breytingar á rannsókn sakamála telur stjórn Lögmannafélagsins einsýnt að brtt. Svövu við 14. gr. frv. horfi til meira réttaröryggis en 14. gr. frv. í núverandi mynd gerir. Með samþykkt brtt. mundi réttarstaða sakbornings verða svipuð við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu og við dómsrannsókn, en sömu rök eru fyrir nauðsyn þess að tryggja réttaröryggi sakbornings við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu og við rannsókn þess fyrir dómi."

Ég vil eindregið hvetja hv. alþm., áður en til þessarar atkvgr. kemur, að íhuga vandlega hvort það sé ekki skylda okkar að tryggja réttaröryggi einstaklingsins betur en gert er nú, a.m.k. eyða ekki miklu minna máli í réttaröryggi sakbornings heldur en í yfirbyggingu lögreglumála á Íslandi.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að taka það fram að mér líst miklu betur á þessa till. hv. flm. heldur en þá fyrri sem til baka var dregin. Ég tel að þarna hafi hún komið í veg fyrir það að hægt sé að skilja fyrri brtt. hennar á þann veg sem ég lýsti hér við 2. umr. málsins. Ég sé ekkert til fyrirstöðu að styðja þessa brtt. og mun greiða henni atkv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Hv. þm. Svava Jakobsdóttir hefur hér lokið við grg með nýrri brtt. við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála. Ég tel að þessi brtt. hv. þm. sé til bóta frá frv. eins og það liggur fyrir frá hv. allshn. Þó er ekki í þessari brtt. atriði sem mér finnst skipta nokkuð miklu máli, og það er það atriði að sakborningur eigi þess kost að hafa verjanda áður en til úrskurðar um gæsluvarðhald kemur. Af þeirri till., sem hér liggur fyrir, er ekki ljóst hvort sakborningur er nokkuð betur settur eða miklu betur settur en núverandi lög gera ráð fyrir skv. 1. og 2. tölulið 80. gr., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda:

1. Meðan hann sætir gæsluvarðhaldi.
2. Ef hann er sakaður um brot er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis, atvinnuréttinda o. s. frv."

Og 3. liður kveður enn nánar á um þetta. En hins vegar sýnist mér varðandi mann, sem handtekinn er og getur enga vörn sér veitt gagnvart lögreglu sem veitir honum aðför, tryggi þessi brtt. alls ekki rétt sakborningsins, þannig að ég vil leyfa mér að bera hér fram brtt. sem er nokkuð í sama anda, en að mínu mati gengur lengra til þess að tryggja rétt sakborningsins. Þessi brtt., sem ég hef í huga, mundi bætast aftan við 1. málsgr. 14. gr. frv., eins og það liggur fyrir nú, og hljóðar þannig:

„Sé þess kostur án sérstakra tafa eða erfiðleika skal verjandinn skipaður áður en dómarinn tekur

kröfu um gæsluvarðhald fyrir, þannig að koma megi vörn við."

Hér er farið hóflega í sakirnar, þannig að ef sýnt væri að þetta mundi valda óhæfilegri töf og óþægindum við upptöku máls, þá er hér í upphafi talað um að „sé þess kostur án sérstakra tafa eða erfiðleika." Þetta er að vísu lagt þarna undir mat hlutaðeigandi lögregluaðila, en ég hygg að þetta sé mikilvægt þeim manni sem er í þeirri stöðu að hann er e. t. v. alsaklaus tekinn fastur og án þess að hann komi nokkrum vörnum við færður í gæsluvarðhald. Ég vil benda á það að í almennum reglum, sem settar hafa verið af samtökunum Amnesty International sem við erum aðilar að, er skýrt tekið fram að því er varðar meðferð fanga um þetta atriði, og ég held að ég ætti að lesa upp grein í þessum grundvallarreglum um meðferð fanga sem þessi alþjóðlegu samtök hafa sett sér, þá held ég að ég lesi a. m. k. eina setningu eða eina málsgr. sem skýrir hvað fyrir þeim vakir. Ég veit að flestir skilja ensku svo ég hirði ekki um að þýða það, en les það á ensku, en í 92. af 93 greinum, sem fjalla um meðferð fanga, segir svo, með leyfi forseta:

„An untried prisoner shall be allowed to inform immediately his family of his detention and shall be given all reasonable possibilities for communicating with his family and friends and for receiving visits from them subject only to such restrictions and supervision as is necessary in the interest of the administrations of justice and of the security and good order of the institution."

Þetta er ákvæði sem ekki er til í íslenskum lögum, en ég tel í rauninni fullkomið mannréttindamál, að borgari, e. t. v. alsaklaus, sé ekki hnepptur í gæsluvarðhald án þess að hann fái nokkrum vörnum við komið frá lögfræðilegu sjónarmiði.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir vitnaði í norsk lög. Það er alveg rétt, norðmenn hafa annað viðhorf til þessa atriðis en íslensk löggjöf á þessu sviði, en eins og kunnugt er hafa núgildandi lög um meðferð opinberra mála á Íslandi, nr. 74 frá 1974, verið túlkuð þannig að sökunautur eigi ekki rétt til að fá verjanda fyrr en eftir að gæsluvarðhaldsúrskurður hefur verið kveðinn upp. En þarna er þessu atriði öðruvísi farið í norskri löggjöf á þessu sviði, og ég vil leyfa mér að vitna í norsk lög um þetta efni, í 100. gr., og þar verð ég enn að biðja hv. dm. að reyna á málakunnáttuna, því að þetta eru hálögfræðileg atriði sem óvíst er að ég kæmi fyrir á réttu lögfræðilegu máli á íslensku, en þessi 100. gr. í norsku lögunum um meðferð opinberra mála hljóðar svo:

„Videre skal sigtede ha forsvarer når det er avsagt kjennelse om bruk af varetektsfengsel. Kan det skje uten særlig ulempe eller tidspille skal forsvarer oppnævnes for fengslingsspörgsmålet pröves."

Þessi brtt., sem ég hef lagt hér fram, er í rauninni eða á að vera nokkurn veginn orðrétt þýðing á þessu norska ákvæði, en samkvæmt íslensku lögunum, 80. gr., er sökunaut, skipaður verjandi eftir þeim reglum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. sem ég hef þegar vitnað í.

Ég tel það í anda almennra mannréttinda að sá, sem gerð er krafa um að settur sé í gæsluvarðhald, fái að verja mál sitt eða fá það varið fyrir dómara með sama hætti og í öðru sakamáli, ef þess er kostur og ef ekki er talið að óþægindi eða jafnvel hætta fyrir gang málsins stafi af.

Eins og ég hef bent á hafa norðmenn annan hátt hér á en við, og reynsla þeirra bendir til þess að þessi tilhögun geti oft komið í veg fyrir að upp sé kveðinn úrskurður um varðhald. Verjandinn getur bent sökunaut á að hann skuli segja vitneskju sína, játa brot sitt, eða fram geta komið atriði sem valda því að grundvöllur fyrir gæsluvarðhaldsúrskurð er ekki fyrir hendi.

Ég hygg að í flestum tilfellum ætti þetta ekki að valda óþægilegri tímatöf, að skipa manni verjanda í dómsmeðferð um gæsluvarðhald. Samkvæmt íslenskum lögum hefur dómari 24 tíma nú til að kveða upp úrskurð frá því að mál kemur til hans. Sé verjandi skipaður strax ætti hann að geta tjáð sig um málið nægjanlega á þessum tíma.

Það má líka benda á að þessi tilhögun er líkleg til þess að fækka kærum til Hæstaréttar og þar með til þess að flýta rannsókn málsins. Ein af ástæðum fyrir kæru til Hæstaréttar er sú að verjandi hafi ekki fengið að tjá sig um sakaratriði fyrir sakadómi.

Ég hygg einnig, eftir því sem lögfróðir menn segja mér, að tilhögun þessi ætti ekki að hafa í för með sér útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð, því að hér er einungis gert ráð fyrir að réttargæslumaður sé skipaður fyrr í málinu heldur en nú tíðkast. Hins vegar getur þetta skipt mjög miklu máli fyrir sökunautinn eða sakborninginn sjálfan.

Mér er ljóst að þessi till. er seint fram komin og þarfnast afbrigða. Till hljóðar svo, og er ætlast til að hún komi inn í 14. gr. frv., — hún hljóðar svo:

„Sé þess kostur án sérstakra tafa eða erfiðleika skal verjandinn skipaður áður en dómarinn tekur kröfu um gæsluvarðhald fyrir, þannig að koma megi vörn að."

Eins og ég gat um í upphafi, þá tel ég að þessi brtt., eins og hún er orðuð frá minni hálfu, tryggi betur það atriði um rétt sakborningsins heldur en brtt. frá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, því að mér sýnist að þau atriði, sem hennar till. fjallar um, séu í rauninni þegar fyrir í 1. og 2. mgr. 80. gr. laganna, alla vega heimild og möguleiki til þess.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 151, sem var of seint fram komin, samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Það er út af brtt., sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir hafa gert hér grein fyrir, sem ég vildi segja nokkur orð. Mér sýnist lítið mál vera gert nokkuð flókið og blásið óþarflega mikið út og kannske einhver misskilningur hér á ferðinni.

Öll erum við sammála um að nauðsynlegt sé að rétta hlut sakborninga og vernda hann sem best. Þetta kemur og fram í frv. til l. um meðferð

opinberra mála, bæði því, sem lagt var fram í fyrra, og eins því sem var lagt fram á þessu þingi, og að því leyti voru mjög verulega og held ég að öllu leyti teknar til greina þær till. sem fram komu frá lagadeild Háskóla Íslands og höfðu þetta sjónarmið ríkt í huga.

Lög og ákvæði, sem fjalla um þessi atriði sem hér er verið að ræða um, eru lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974. Þar er aðallega vitnað í 80. gr. og ég held að það sé nú kominn tími til að þessi gr. sé lesin yfir svo að þingheimi sé ljóst hvað verið er að tala um. Í 80. gr. þessara laga segir í 1. mgr.:

„Nú er farið með mál samkvæmt 79. gr., og skal þá jafnan skipa verjanda.“ — Mál, sem hafa meðferð samkvæmt 79. gr., eru mál sem varða 8 ára fangelsi eða meira, eru sem sagt mál mjög alvarlegs eðlis, og þar fer ekki milli mála að skipa skal verjanda og er ekki um þetta deilt.

Síðan er 2. mgr. þessarar 80. gr. sem hljóðar svo:

„Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda:

1. Meðan hann sætir gæsluvarðhaldi.

2. Ef hann er sakaður um brot er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis, atvinnuréttinda o. s. frv.

3. Ef brot getur varðað 50 þús. kr. sekt eða tveggja mánaða refsivist eða hefur í för með sér upptöku eigna er verulegum verðmætum nema miðað við efnahag og ástæður sökunauts. Þó getur dómari skipað sökunaut verjanda þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt ef sérstaklega stendur á, svo sem ef vafaatriði eru í máli um lög eða staðreyndir, sbr. 2. mgr.“

Þetta er 2. mgr. 80. gr., sem hér hefur verið vitnað til. Síðan kemur 3. mgr.

„Án óska sökunauts skipar dómari honum réttargæslumann:

1. Hvarvetna þess er matsmenn eiga að staðfesta framburð eða matsgerð að sökunaut fjarstöddum. Dómari veitir réttargæslumanni kost á að kynna sér það allt, er staðfest skal, og annað, sem nauðsynlegt kann að vera til skilnings á því áður en staðfesting fer fram. Ber réttargæslumanni að gæta hagsmuna sökunauts við staðfestingu.

2. Dómari getur skipað sökunaut réttargæslumann í rannsókn máls ef sökunautur er að áliti dómara sérstaklega sljór eða skilningslítill eða haldinn annmörkum er torvelda skynjan hans, svo sem sjóndepru, málleysi eða heyrnarleysi, sökunautur er undir 18 ára aldri eða annars er honum svo farið eða framkoma hans fyrir dómi er slík, að dómari telji skipun réttargæslumanns heppilega.“

Þetta er 2. og 3. mgr. 80. gr. sem vísað er hér til, og eins og fram kemur í till. Svövu Jakobsdóttur er nú gert ráð fyrir að aftan við þessa mgr. í 80. gr. komi svo hljóðandi ný mgr.:

„Dómari skal skipa sökunaut réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. eftir því sem þau eiga við, nema það sé talið varhugavert vegna rannsóknar málsins.“

Nú hef ég verið að lesa hér upp lagaákvæði sem í gildi hafa verið og farið hefur verið eftir, og þar kemur fram að í nánast öllum tilvikum skal skipa verjanda réttargæslumann: 1) Eftir ósk sökunauts og 2) án óskar sökunauts. (Gripið fram í.) Nú er hér gripið fram í og sagt að munur sé á lögregluransókn og dómsrannsókn. Nú hefur þetta farið saman að því leyti til að sami aðili hefur haft þetta með höndum: rannsóknina og dóminn, þannig að þetta hefur ekki valdið neinum vandræðum fram að þessu. Þess vegna hefur verið farið eftir þessu. Nú á að skilja þarna sundur þannig að rannsóknin fari fram sérstaklega hjá öðrum aðila, og þess vegna hefur allshn. fallist á að setja nýtt ákvæði inn í gr. þar sem segir að heimilt sé að skipa réttargæslumann með hliðsjón af þessum tveim mgr. En í raun og veru er það túlkun mín og túlkun þeirra, sem með þessi mál fara, að 80. gr., eins og hún liggur fyrir í dag, fullnægi þessu hvað rannsóknina snertir. Ég get vitnað í það sem ég las upp áðan, þ. e. a. s. 2. tölul. 3. mgr., þar sem segir: „Dómari getur skipað sökunaut réttargæslumann í rannsókn máls ef sökunautur er að áliti dómara“ o. s. frv. Það er hafið yfir allan vafa að 80. gr. nær nánast yfir öll þau atriði sem til greina koma þegar rannsókn máls fer fram. Í 2. tölulið 1. mgr. segir: „Ef hann er sakaður um brot er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis eða atvinnuréttinda“ o. s. frv., og í 3. tölulið segir: „Ef brot getur varðar 50 þús. kr. sekt eða tveggja mánaða refsivist eða hefur í för með sér upptöku eigna“ o. s. frv. Þessir tveir töluliðir ná nánast yfir öll tilvik nema það allra minnsta. Mér var sagt í sakadómi í morgun að sennilega væri brot gegn hundahaldi það eina sem hugsanlegt væri að undanskilja, sem ekki heyrði beinlínis undir þetta.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að lagadeild Háskóla Íslands lagði til að þetta ákvæði hljóðaði eins og allshn. hefur lagt til, þ. e. a. s. í ákvæðinu stæði eftirfarandi: „Heimilt er að skipa réttargæslumann“ o. s. frv. Það er farið fullkomlega eftir áliti lagadeildarinnar hvað þetta snertir.

Ég vil líka vekja athygli á því, að samkvæmt till. Svövu Jakobsdóttur, sem eins og hæstv. ráðh. sagði er vel skiljanleg og er góðra gjalda verð út af fyrir sig, er gengið lengra en 80. gr. segir í dag, vegna þess að þar er getið þess að jafnan skuli skipa verjanda ef sökunautur óskar þess. (Gripið fram í.) Ég er hér með þskj. 146 og þar segir: „Dómari skal skipa sökunaut“ — þetta er í till. hv. þm. (Gripið fram í.) Nei, ég var að lesa upp úr 80. gr. Í 80. gr. segir: „Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda í eftirtöldum málum.“ En samkvæmt till. hv. þm. skal ekki einu sinni spyrja sökunaut eða sakborning að því hvort hann vilji verjanda eða ekki, heldur skal það bara gert. Og þá er spurningin: Hvaða aðstæður eru fyrir hendi þegar verjandi er skipaður? Þúsundir mála berast til sakadóms og lögreglustjóra á hverju ári, stærri og smærri mál eins og gengur. Menn eru kallaðir til yfirheyrslu út af einhverjum grunsemdum út af einhverjum

ákærum eða ábendingum. Málið þarf e. t. v. ekki að vera þess eðlis að það þurfi frekari rannsóknar við. Hins vegar er þarna hafin rannsókn um leið og viðkomandi aðili er kallaður til, og þá sýnist mér að ekki sé hægt að skilja till. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur öðruvísi en svo, að það skuli sjálfkrafa skipaður réttargæslumaður, hvers eðlis sem málið er og hvernig sem það er vaxið, strax í upphafi þess. (Gripið fram í.) Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum rannsókn brotamála samkvæmt 3. gr., óskilgreint, með þeim undantekningum sem upp eru taldar í 6. gr., eins og hv. þm. veit vel, og ég held að ekki sé skynsamlegt að gera þetta, að koma á þessari sjálfsögðu skyldu í lögum. Líka er það að undir vissum kringumstæðum hefur sökunautur eða sakborningur e. t. v. engan áhuga á því að fá verjanda. Í því sambandi vitna ég í 81. gr., ég held að það sé 3. mgr., þar sem segir:

„Nú vill sökunautur ekki að honum verði verjandi skipaður og skal það þá ekki gert nema dómara þyki allt að einu ástæða til þess. Sjálfum er sökunaut rétt að halda uppi vörn fyrir sig, svo er honum og rétt að ráða á sinn kostnað hvern þann löghæfan mann, sem dómari samþykkir, til að halda uppi vörn fyrir sig, hvort sem skylt er að skipa verjanda eða ekki.“

Strax þarna sýnast mér ákvæðin í lagabálknum stangast beinlínis á, og ég vek athygli á því að þó við viljum verja rétt sakborninga sem allra mest, þá megum við ekki ganga of langt. Ef rannsókn er í gangi og viðkomandi aðili er ekki hnepptur í gæsluvarðhald, þá er hann frjáls ferða sinna, þá hefur hann alla möguleika á því að kalla til lögfróðan mann, ráða sér verjanda eða hafa uppi allar aðrar þær varnir sem mögulegar eru. Ef hins vegar hann er hnepptur í gæsluvarðhald, þá er það skylda dómara samkvæmt lögum að vekja athygli hans á því að hann eigi rétt á að skipaður sé réttargæslumaður, og það er í öllum tilfellum gert. Ég hugsa að enginn efist um það að því ákvæði sé framfylgt.

Af þessum ástæðum, sem ég hef nú rakið, get ég ekki fyrir mitt leyti, — og nú tala ég ekki lengur fyrir hönd n., heldur fyrir mig prívat og persónulega, — þá get ég ekki fallist á þær brtt. sem fram hafa verið bornar af hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur og Svövu Jakobsdóttur og legg til að brtt. allshn. verði samþ.

Ég hef satt að segja ekki haft tíma til að skoða brtt. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur. Ég skal alveg viðurkenna það, að mér finnst margt í hennar máli svo og hv. þm. Svövu Jakobsdóttur sem til athugunar sé. En við erum búin í allshn. að margræða þetta mál og höfum komist að ákveðinni niðurstöðu sem við leggjum hér til. Það er meira og minna í samræmi við það sem réttarfarsnefnd hefur lagt til, sem lagadeild Háskólans hefur lagt til, sem rn. hefur mælt með, sem fulltrúar saksóknara hafa mælt með, og ég held að það sé ekki skynsamlegt í málaflokki sem þessum að gera skyndilega á síðustu stundu breyt. eins og hér er lagt til af hálfu hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, sem þingheimur hefur ekki einu sinni séð, sem hugsanlega gæti stangast á við mörg önnur ákvæði í þessum lagabálki. T. d. er 9. kafli laga um meðferð opinberra mála upp á 8 eða 9 gr. sem fjalla einvörðungu um gæsluvarðhald og aðra gæslu á sökunaut, og satt að segja hef ég enga aðstöðu til að átta mig á því hvort þessar brtt. falla að þessum greinum sem hér eru í þessum lögum. En ég hef þegar bent á að mér sýnist þær stangast á við þau ákvæði sem ég hef nú þegar getað kynnt mér.

Ég minni á að nú er starfandi réttarfarsnefnd sem raunverulega hefur það að aðalverkefni að endurskoða lög um meðferð opinberra mála. Þessi n. komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri og tímabært að taka sérstaklega út úr kafla um rannsóknarlögreglu ríkisins og leggja til að sérstök lög yrðu sett um það atriði, og það hefur nú verið gert. En mér skilst að réttarfarsnefnd sé með meðferð opinberra mála áfram í athugun. Það er alveg ljóst mál að mörgum ákvæðum þar þarf að breyta með hliðsjón af nýjum aðstæðum, þó ekki væri nema vegna þess að lögin krefjast alls kyns breytinga miðað við ný skilyrði og nýjar aðstæður í nútímaþjóðfélagi. Sumar greinarnar eru mjög óljósar og illa orðaðar, eins og t. d. ég álít að 80. gr. sé, hún sé alls ekki nægilega vel orðuð. Ég lít svo á að þessi atriði, sem hér er verið að benda á og fram koma í n. og í brtt., verði og eigi að skoðast af réttarfarsnefnd og koma þá frá henni, hennar skoðun á þeim, um leið og hún leggur fram till. sínar um breyt. á þessum lögum í heild sinni.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það er alveg rétt hjá hv. 11. þm. Reykv., að það er kannske hæpið í jafnviðkvæmu og viðurhlutamiklu máli og þessu að kasta inn hér á síðustu stundu brtt. Ég vil lýsa því yfir frá minni hjálfu að mér er það ekkert kappsmál að fá þessa brtt. mína samþ. Þetta er fyrst og fremst viðleitni til að koma á framfæri þessari hugmynd, og ég vil enn vekja athygli á því að brtt. mín beinist að mjög afmörkuðu atriði. Þar, sem hv. þm. Ellert B. Schram sagði hér áðan, það snertir í rauninni alls ekki efni minnar till., það snertir fyrst og fremst brtt. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, og ég tek alveg undir hans rök í því. Mér finnst brtt. Svövu Jakobsdóttir allt að því stangast á við 81. gr. Hún gerir í rauninni ráð fyrir að sakborningi sé nauðugum viljugum skipaður réttargæslumaður.

Hv. þm. Ellert B. Schram benti á umsagnir margra merkra aðila um þetta mál, en ég verð að segja það, að ég legg ekki hvað minnst upp úr áliti Lögmannafélags Íslands sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir vitnaði til, ag hún sagði að Lögmannafélagið hefði verið hliðhollt hennar till. Ég endurtek það.

Ég ætla ekki að hafa hér fleiri orð um. Ég tel ósköp eðlilegt að hv. dm. séu ekki reiðubúnir að samþ. sérstaklega till. mína sem er alveg ný af nálinni, en hugsanlega gæti hún komið til athugunar í meðförum málsins í Ed. eða hjá þeirri n. sem vinnur að endurskoðun þessara mála í heild. En hugmyndin, ef hún er á annað borð þess virði að hún sé íhuguð má auðvitað ekki kasta fyrir róða af tímaskorti einum. Tíminn mun leiða í ljós hvort hún fær

byr, þessi hugmynd um að manni sé gert heimilt að verja sig áður en hann er tekinn í gæsluvarðhald, og það er mergurinn málsins. Mín till. gengur út á það að ekki sé hægt að taka borgara e. t. v. alsaklausan og hneppa hann í gæsluvarðhald og loka hann inni frá fjölskyldu sinni og heimili án þess að honum gefist kostur á að fá lögfræðilega aðstoð sér til varnar áður en til innilokunar kemur.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég held nú að brtt. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur sé í raun og veru á misskilningi byggð. Ég er ekki frá því að þar hafi gætt misskilnings í umr., þannig að menn blandi nokkuð saman rannsókn utan réttar, lögregluannsókn, og svo aftur rannsókn fyrir dómi. Gæsluvarðhald getur aldrei átt sér stað nema samkvæmt dómsúrskurði, og samkvæmt lagaákvæði því, sem nú er í lögunum um meðferð opinberra mála, á að skipa réttargæslumann þegar gæsluvarðhaldi er beitt. Ég held því að í þessari brtt. felist í raun og veru alls ekkert nýtt eða annað en það sem er þegar fyrir í lagagreininni. Af orðum hv. flm. mátti hins vegar ráða það að e. t. v. hefði hún annað í huga, þ. e. a. s. handtöku. En það er auðvitað allt, allt annað og auðvitað er óframkvæmanlegt að skipa manni réttargæslumann áður en hann er handtekinn. Það er auðvitað lögreglunnar að handtaka mann þegar hún telur ástæðu til, eftir atvikum eftir skipun dómara náttúrlega. En sú regla er svo í réttarfarslögum og reyndar í stjórnarskránni, að hvern mann, sem tekinn er fastur, skal leiða fyrir dómara svo fljótt sem kostur er eða innan sólarhrings. Þá kveður dómari upp dómsúrskurð um það hvort hann er settur í gæsluvarðhald. Ég held því að þetta sé á nokkrum misskilningi byggt. Það er á misskilningi byggt ef hv. þm. hefur verið að tala um handtöku. En e. t. v. hef ég misskilið þm. að því leyti til og þm. hefur verið að tala um gæsluvarðhald, og þá er það þegar fyrir hendi í lagagr. og þarf ekki þessa grein.

En hins vegar er nú gert ráð fyrir því að rannsókn fari í auknum mæli fram hjá rannsóknarlögreglu. Þess vegna er það ákvæði sett sem er í 14. gr. frv., og því bætti réttarfarsnefnd inn nú í sumar vegna ábendinga sem komið höfðu frá lagadeild Háskólans. Segir í aths. við frv. um 14. og 15. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þessar greinar voru ekki í fyrra frv. Þær eru í samræmi við till. lagadeildar Háskóla Íslands, en um þær segir svo í álitsgerð hennar:

„Þegar frumrannsókn færist úr hendi dómara yfir til rannsóknarlögreglu getur hlutlaus dómari ekki haft sama eftirlit með henni og áður. Hætta er á því að staða sakbornings kunni við breytinguna að versna frá því sem nú er. Brtt. þeim, sem hér eru settar fram, er ætlað að rétta hlut sakbornings nokkuð að þessu leyti. Áþekk réttarvernd til handa sakborningi er fyrir hendi í nágrannalöndunum.“ “

Þetta segir lagadeild Háskólans. Þetta eru hennar till. sem teknar eru upp að þessu leyti, og ég held að það sé ekki hægt að segja a. m. k. að réttur sökunauts verði minni en hann er samkv. núgildandi lögum, því að eftir þessu frv. er það lagt á vald hlutlauss dómara hvort hann telur ástæðu til þess að skipa sökunaut verjanda. Eins og ég sagði áðan, þá finnst mér að út af fyrir sig mætti hugsa sér að hafa þetta í því formi sem gert er ráð fyrir í brtt. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. En mér finnst þó fyrir mitt leyti of langt gengið að setja inn í lögin að hann skuli, heldur sé réttara að leggja það á vald dómara og hann meti hvort ástæða er til þess hverju sinni.

Það er svo rétt, sem hv. þm. Ellert Schram sagði áðan, að upphaflega voru í þessu frv. eingöngu þær breyt. á réttarfarslögunum sem alveg óhjákvæmilega þótti leiða af þeirri skipulagsbreytingu sem um var að ræða. Þegar réttarfarsnefndin tók þetta svo til endurnýjaðrar athugunar í sumar, þá gerði hún nokkrar fleiri brtt., þ. á m. þessa sem nú er verið að tala um. En eftir sem áður er það svo, eins og hann gerði grein fyrir, að réttarfarsnefndin fæst við heildarendurskoðun laga um meðferð opinberra mála. Ég held að það sé ekki rétt að samþykkja þessar brtt. á síðasta stigi hér, það hefði verið betra að þær hefðu fengið nánari athugun í allshn., og ég verð að leggja á móti samþykkt beggja þessara tillagna.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er sjálfsagt ekki mitt að deila við dómarann, hæstv. dómsmrh., um þessi mál. Ég finn vissulega til fáfræði minnar þegar ég stend andspænis honum sem andmælanda hér. Mér er þó nær að ætla að hafi ég misskilið eitthvað hér, þá hafi e. t. v. hæstv. dómsmrh. misskilið mig líka. Það, sem ég á við með þessari till., er ekki að hugsanlega sé þessu ákvæði, sem ég er að fara fram á að komi inn í lögin, ekki fullnægt samkv. lögunum sjálfum. En staðreyndin er sú, að lögin hafa verið túlkuð þannig hingað til, og þar hef ég fyrir mér orð starfandi lögmanna, — þau hafa verið túlkuð þannig að manni, sem handtekinn er og settur í gæsluvarðhald, er óheimilt að fá sér verjanda. Þannig eru lögin í praxís, og það er þetta sem brtt. mín á að laga. Honum er alls ekki heimilt að kveðja neinn sér til aðstoðar áður en til gæsluvarðhaldsúrskurðar kemur. Það er fyrst eftir að búið er að dæma manninn og loka hann inni í gæsluvarðhaldi sem hann fær sinn verjanda. Og ég hygg að ef hægt er að rangtúlka íslensk lög með þessu móti og framkvæma lögin þannig, þá sé vissulega tímabært að reyna að lagfæra það ákvæði. Og það er það sem þessi brtt. mín leitast við að gera.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Ég held að það sé almennt mat manna, sem til þekkja, að lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974, gangi mjög langt í því að gæta réttar sakbornings og virða hann. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt. Lögin eru samin í anda mannúðarstefnu í þessum málum og það er ekki nema gott eitt um það að segja. Þeir, sem lenda í þessu, sakborningarnir, eru menn eins og við og ber að sjálfsögðu að gæta réttar þeirra á allan hátt.

En þeirrar skoðunar hefur líka gætt að lögin gengju jafnvel nokkuð langt og stundum óþarflega langt í þessu efni. Við megum ekki gleyma því, að hlutverk lögreglumanns og dómara er þó

fyrst og fremst að leiða hið sanna og rétta í ljós, að leita sannleikans í hverju máli. Og satt að segja er það þá fyrst, þegar búið er að leggja spilin á borðið, sakborningur er búinn að segja satt og rétt frá öllu, sem hægt er að fara reglulega að styðja hans mál og gæta þeirra reglna sem settar eru honum til verndar í lögunum. Ég held að menn megi dálitið gæta sín í þessu efni. Það er hægt að ganga of langt í þessum efnum eins og svo mörgu öðru. Það verkar t.d. óneitanlega dálítið einkennilega stundum þegar sakborningur er tekinn fyrir rétt eða yfirheyrður af lögreglumanni, að þá skuli það vera eitt af því fyrsta, sem lögreglumaður eða dómari verður að gera, að benda mannnium á að hann þurfi ekki að svara spurningum. Ég held þess vegna að ég verði að taka undir orð hæstv. dómsmrh., að þessar till., sem nú hafa verið ræddar hér í dag, séu að sumu leyti á misskilningi byggðar og óeðlilegar, og án þess að hafa um þær fleiri orð held ég að mitt mat sé á þá lund, að ég verði að telja till. þessara hv. þingkvenna, sem hér hafa komið fram óþarfar.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr., en ég get ekki sætt mig við niðurlagsorð hv. síðasta ræðumanns. Ég held að ég hafi ekki tekið verr eftir en hann þegar hæstv. dómsmrh. talaði. Hæstv. dómsmrh. viðhafði aldrei þau orð um mína till. að hún væri á misskilningi byggð eða óeðlileg. Þvert á móti sagði hann að hún væri skiljanleg.

ATKVGR.

Brtt. 146 felld með 14:11 atkv.
— 151 felld með 15:7 atkv.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 141 (sbr. 13)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 128). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Hæstv. forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Eyjólfi Sigurðssyni og Magnúsi T. Ólafssyni leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um framleiðsluráð landbúnaðarins. 1. gr. frv., efnisatriði þess, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við bráðabirgðaákvæði komi ný mgr., svo hljóðandi:

Þó er Mjólkursamsölunni skylt að reka áfram a.m.k. 10 mjólkurbúðir í Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum, þar sem þörfin er mest, næstu 5 ár eða til 1. febr. 1982, svo fremi að nægilega margar afgreiðslustúlkur, sem nú eru ráðnar, óska að starfa áfram."

Svo sem hv. alþm. muna var í fyrravor gerð breyting á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins og í þessari lagabreytingu fólst m.a. það að einkaréttur Mjólkursamsölunnar og mjólkurbúa til smásölu mjólkurvarnings var afnuminn. Það er rétt að það komi skýrt fram vegna misskilnings sem orðið hefur vart utan þings a.m.k., að með þessum lögum var Mjólkursamsölunni engan veginn meinað að reka mjólkurbúðir sínar áfram. Hins vegar var vitað að Mjólkursamsalan og Kaupmannasamtökin höfðu gert með sér sérstakan samning um að kaupmenn keyptu verslanir samsölunnar eða tækju að sér mjólkursöluna í verslunum sínum.

Það var auðvitað vitað að slík gerbreyting á mjólkursölumálum mundi valda umtalsverðri röskun, og til þess að auðvelda þá breytingu var umþóttunartími veittur með bráðabirgðaákvæði. Það bráðabirgðaákvæði hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Breytingar þær, sem felast í 3.—8. gr. frá eldri ákvæðum, skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. febr. 1977. Tímabil það, sem líður frá samþykkt laganna, skulu aðilar nota til að koma sér saman um ýmis framkvæmdaatriði sem ekki er búið að ganga frá, svo sem yfirfærslu eigna, ráðningu starfsfólks, fyrirkomulag á afhendingu og móttöku mjólkur og greiðslu á andvirði varanna og önnur slík atriði sem nauðsynlegt er að semja um."

Frv. okkar gengur út á það að frvgr. bætist við þetta bráðabirgðaákvæði.

Hér var, eins og hv. þm. muna, veittur 8 mánaða umþóttunartími. Það var fyrirsjáanlegt að heil starfsstétt yrði lögð niður ef Mjólkursamsalan sæi sér ekki fært að halda áfram mjólkursölu. Hér var um það að ræða að 165 konur, sem starfað höfðu hjá Mjólkursamsölunni, mundu missa atvinnu sína. Höfðu sumar þeirra starfað mjög lengi hjá Mjólkursamsölunni. Því miður hefur verkafólk og launafólk enga tryggingu í lögum fyrir atvinnuöryggi þegar svona hlutir gerast. Í þessu tilfelli lá hins vegar fyrir yfirlýsing frá Kaupmannasamtökunum um að afgreiðslustúlkur mjólkurbúða Samsölunnar skyldu hafa forgang til vinnu við þau störf sem þær gætu tekið við í verslunum þeirra ef þær kærðu sig um. Frsm. minni hl. landbn., hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, átaldi það harðlega í umr. á Alþ. í fyrravor, þegar þessi lög voru samþykkt, að ekki skyldi betur gengið frá þessum málum þessarar starfsstéttar. En það kom fram í máli hans sú von, að Mjólkursamsalan mundi ekki ganga svo harkalega fram í að leggja niður búðir sínar að hún gætti ekki hagsmuna þessa starfsfólks og þeirra neytenda sem breytingin mundi bitna hvað harðast á. Mjólkursamsalan hafði ekkert samráð haft við starfsfólk sitt eða það stéttarfélag, sem í hlut á, þegar hún ákvað þessa breytingu, enda þótt fyrirsjáanlegt væri að þarna mundi verða um stórfelldan atvinnumissi að ræða og umtalsverða röskun á lífi þessa fólks. Þessi vinnubrögð ber að átelja.

Nú er komið í ljós að til stórvandræða horfir með atvinnuöryggi fjölmargra þessara kvenna því að Mjólkursamsalan virðist leggja allt kapp á að leggja búðir sínar niður fyrir 1. febr. Ollum konunum, sem hjá Mjólkursamsölunni starfa,

hefur verið sagt upp störfum nú, en um 120 þeirra eru enn óráðnar í önnur störf. Líðlega þriðjungur þessara kvenna munu vera fullorðnar, og þarf ekki að tíunda það hér hversu erfitt er fyrir fullorðnar konur að fá vinnu eða ganga að nýjum störfum. Þá þarf vart að minna á að fjöldi þessara kvenna eru einu fyrirvinnur síns heimilis og það er ekki hægt að slæva samviskuna með því að vísa til einhverrar fyrirvinnu sem ekki er til.

Að dómi flm. þessa frv. hefur umþóttunartíminn verið of skammur til þess að ganga frá málum þessarar starfsstéttar svo að sómasamlegt megi teljast. Þróun mála frá samþykkt laganna tel ég að hafi sannað þetta ótvírætt. Það er líka skoðun flm. að Mjólkursamsalan eigi siðferðilegum skyldum að gegna við það starfsfólk sem unnið hefur á hennar vegum árum saman. Mjólkursamsalan á því að mati okkar að taka þátt í að leysa þann vanda sem nú steðjar að. Við teljum rétt og sanngjarnt að lengja umþóttunartímann vegna ráðningar starfsfólksins og viljum þess vegna skylda Mjólkursamsöluna til að reka a. m. k. 10 mjólkurbúðir áfram næstu 5 árin, meðan nægilega margar starfsstúlkur, sem nú eru ráðnar, óska eftir að vinna áfram. Við gerum okkur ljóst að þetta leysir engan veginn vanda allra þeirra kvenna sem í hlut eiga, en væntanlega þá þeirra sem breytingin bitnar hvað harðast á.

Við teljum töluna 10 mjög sanngjarna og hófsama, og þótt einhverjir kunni að segja að það sé harkalegt að skylda Mjólkursamsöluna til þess að reka búðir áfram, þá bendum við á að hér er ekki um að ræða skilyrðislausa skuldbindingu. Skuldbindingin er háð því að þær konur, sem nú eru, vilji starfa áfram, og frv. felur því engan veginn í sér að Mjólkursamsalan sé skyldug til þess að ráða nýtt starfsfólk enda þótt þetta 5 ára tímabil sé ekki liðið. Hins vegar mundu a. m. k. 20 og jafnvel fleiri, allt upp í 30 konur þá starfa þessi 5 ár eða fá a. m. k. lengri frest til þess að ráða sínum málum ef þetta frv. yrði samþ., miðað er við að tvær konur séu að jafnaði í hverri búð eða jafnvel 3 í sumum. Þá teljum við einnig að hag neytenda verði betur borgið með lengri umþóttunartíma, enda kemur það fram í frvgr. að þessar búðir skuli vera þar sem þörfin er mest.

Ég vil geta þess, að á vegum heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar hefur starfað n. til þess að fylgjast með þessum málum og reyna að fylgjast með því hvernig mjólkursölu í Reykjavík verði háttað eftir þessa breytingu. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, munu nú um 12 verslanir Samsölunnar í Reykjavík vera seldar. Þá eru æðimargar eftir. Og tíminn líður óðfluga. Það er ekki nema hálfur annar mánuður til 1. febr., og ef Mjólkursamsalan ætlar að leggja niður allar sínar búðir 1. febr. og engin trygging fyrir því hverjir taki við þessum verslunum sem óseldar eru, þá verður mjög alvarleg eyða í mörgum hverfum í Reykjavík hvað snertir mjólkursöluna.

Mér er kunnugt um að það hafa komið í ljós ýmiss konar vandkvæði við þessa yfirfærslu mjólkursölunnar. Það kostar mikið fé að búa verslanir þeim tækjum sem þarf til þess að uppfylla kröfur um hollustu í mjólkursölu, og það eru margir kaupmenn vanbúnir að leggja út í þau útgjöld og því mikil óvissa ríkjandi í þessum málum. Má segja að vegna neytenda einnig sé nauðsynlegt að Alþ. taki þessi mál föstum tökum nú þegar. Ég legg áherslu á það, að fresturinn rennur út 1. febr. Þing fer bráðum í jólafrí og situr ekki meginhluta janúarmánaðar. Ég vil því leyfa mér að beina þeim tilmælum til þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún taki rösklega til hendi til þess að þessi mál leysist farsællega. Ég legg áhreslu á að það er skylda alþm. þegar þeir sjá fram á að umþóttunartíminn var of skammur, — það var hlutur sem var ekki svo auðvelt að sjá fyrir, en nú stöndum við frammi fyrir því að sá umþóttunartími, sem veittur var, var of skammur, og þegar ein afleiðingin er sú, að 120 konur missa atvinnu og sjá ekki fram á annað margar hverjar en atvinnuleysisstyrk, þá ber Alþ. beinlínis skylda til að taka í taumana.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Jafnframt því sem ég tek undir rök hv. 5. landsk. þm., 1. flm. þessa frv., fyrir því máli sem við flytjum hér sameiginlega, og sérstaklega undir allt það sem hv. þm. sagði um þá óvissu sem ríkir um kjör verulegs hóps starfsfólks í mjólkurbúðum, þá vil ég bæta við sér í lagi nokkrum orðum um þá hlið málsins sem snýr að neytendum almennt.

Því var haldið fram við undirbúning þessa máls og það kom fram við afgreiðslu þess hér á Alþ., að ýmsir báru kvíðboga fyrir að sú breyting, sem hér var fyrirhuguð, sérstaklega á jafnskömmum tíma og gert var ráð fyrir að hún gengi yfir, mundi verða til þess að stórlega skertist þjónusta við neytendur á því svæði sem Mjólkursamsalan hefur séð um mjólkurverslunarrekstur fyrir. Það mun vera allra mál að a. m. k. á síðari áratugum hefur dreifing mjólkur og mjólkurvara í Reykjavík og á öðrum þeim stöðum, sem Mjólkursamsalan hefur annast, verið einn af myndarlegustu þáttum í vörudreifingu á þýðingarmiklum neysluvörum. Þar hafa orðið verulegar framfarir, þar hefur verið gætt hreinlætis og hagsýni í rekstri og ekki síst hefur þar valist mjög hæft starfsfólk sem með löngu starfi hefur unnið sér ált og vinsældir hver starfshópur í sínu hverfi. Þetta held ég að allir Reykvíkingar a. m. k. geti borið um að sé almenn reynsla hér í borginni. Að sjálfsögðu hafa þessar verslanir verið misjafnlega arðbærar fyrir Mjólkursamsöluna. Það liggur í hlutarins eðli að ekki hafa allar jafnmikla aðsókn eða veltu. En með því að reka þessar verslanir á þann hátt sem gert hefur verið hefur mjólkurdreifingu og mjólkursölubörfum verið sinnt á mjög vel fullnægjandi hátt og á mjög myndarlegan hátt, a. m. k. síðustu áratugi. Fyrr meir voru kannske starfshættir dálítið frumstæðari, eins og þeir muna sem þá þurftu á því að halda að versla við önnur og frumstæðari tækniskilyrði.

Nú kemur það í ljós, eins og spáð var, að það er mjög misjafnt hversu kaupmenn eru fúsir

að taka að sér þær mjólkurverslanir sem Samsalan hefur rekið. Og þegar aðeins 6 vikur eru til þess tíma sem ætlaður var til þess að umskiptin frá mjólkurbúðarekstri Samsölunnar til kaupmannarekstrar yrðu algerlega, þá kemur það í ljós að fjölda verslana er óráðstafað og að óbreyttri framkvæmd þeirra fyrirætlana, sem uppi voru, liggur það fyrir að víða mun mjólkurbúðum verða lokað eftir hálfan annan mánuð ef ekkert gerist frekar í málinu. Það, sem gerist þá, er að mjólkurbúðum, jafnvel svo að tugum skiptir, verður lokað, starfsfólkið, sem þar hefur verið, missir atvinnuna og neytendur á þeim svæðum, í þeim hverfum, sem sótt hafa mjólkurvörur í þessar verslanir, eiga þar ekkert athvarf lengur, verða að sækja um lengri veg með meiri fyrirhöfn. Og þessi breyting á að gerast um miðjan vetur, þegar færð er gjarnan eins og hún getur verst verið hér í borg. En þar við bætist að þær mjólkurbúðir, sem munu þykja einna ófýsilegastar fyrir kaupmenn, þær sem minnsta veltu hafa og líklegar eru til að skila minnstum ábata, eru mjög margar í þeim hverfum borgarinnar þar sem fólk er elst, það þekkja allir, sem kunnugir eru búsetu í Reykjavík, að í eldri hverfum borgarinnar hefur þróunin orðið sú, að íbúahópurinn eldist jafnt og þétt og í stórum hverfum er þar að mjög stórum hluta fólk sem komið er yfir miðjan aldur og háaldrað. Einmitt í hverfunum, þar sem þetta fólk býr helst, virðist nú eiga að loka mjólkurverslununum og gera þessu fólki að sækja þessa þýðingarmiklu verslun um miklu lengri veg en það hefur þurft hingað til. Allir vita hve erfitt það getur verið fyrir fólk á þessu aldursskeiði að taka upp nýja hætti og sækja sínar nauðþurftir á aðra staði en það hefur gert kannske um marga áratugi. En þar við bætist — og á það vil ég leggja áherslu — sú óhjákvæmilega aukna slysahætta sem hlýtur að skapast þegar nokkur þúsund aldraðra gangandi vegfarenda bætast við umferð, því að leiðirnar, sem þetta fólk þarf að sækja mjólkina sína á hverjum degi, geta tvöfaldast eða þrefaldast, og einmitt þessu fólki er hættara en nokkrum öðrum í umferðinni nema kannske kornabörnum, sérstaklega þegar það þarf að leggja leiðir sínar um slóðir sem eru ekki tamar frá fyrri ævi. Því vil ég leggja áherslu á að hér er alls ekki eingöngu um að ræða mál þeirra á annað hundrað kvenna sem sjá nú fram á atvinnumissi og öryggisleysi, og er það þó nógu alvarlegt, — hér er um að ræða mál sem varðar mjög stóran hóp neytenda á öllu sölusvæði Mjólkursamsölunnar. Og ég sé ekki nokkra aðra leið út úr þessu máli, að lengja þetta breytingaskeið og gera það auðveldara í meðförum, en að ákveðnar verslanir verði reknar áfram þar sem annars kæmu meiri og minni eyður í sölukerfið ef svo færi að einungis verslanir, sem gengju út til kaupmanna á þessum stutta breytingatíma, yrðu reknar eftir 1. febrúar.

Ég vil aðeins víkja að einu atriði sem komið hefur fram í umr. um þetta mál og hefur verið fært fram sem ástæða fyrir því hversu erfiðlega ýmsum af afgreiðslukonum úr mjólkurbúðum gangi að fá starf hjá kaupmönnum, sem sé að einhverjir kaupmenn skirrist við að ráða afgreiðslufólk með langan starfstíma sem kæmi því í efri kauptaxta vegna langrar reynslu og þjálfunar. Ég hef heyrt þessu haldið fram, en mér finnst þetta svo fáránlegt sjónarmið að ég held að þeir, sem slá slíku fram, ættu við eitthvað annað að fást en verslun, ef það er sjónarmið þeirra að best sé að hafa óvant fólk bara af því að það þurfi að borga því heldur lægra kaup en vönu fólki og starfshæfara. Þetta er svo fáránlegt sjónarmið að við umhugsun hljóta þeir, sem kannske hafa slegið því fram, að sjá að þar eru þeir ekki aðeins að óvirða reynslu fólks, þeir eru einnig að vinna gegn eigin hag.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég neyðist nú til þess að segja hér örfá orð til þess að upplýsa atriði sem ekki hafa komið fram í þessum umr. Mér kom í hug, þegar hv. þm. Svava Jakobsdóttir var að tala hér áðan, saga af sambýlisfólki fyrir norðan. Svoleiðis var að þar höfðu búið saman hjón um langan aldur, en ekki verið nógu gott á milli þeirra. Og svo var karlinn að deyja og þá kemur konan. Konunni rann blóðið til skyldunnar og segir við hann: „Eigum við nú ekki að sættast áður en þú deyrð?“ „Of seint, Gunna,“ sagði karlinn. Því miður, þá óttast ég að hér sé eins komið, að ég verði að hafa uppi þetta leiðinlega tilsvar karlsins í þessu efni.

Þetta mál hefur átt sér langan aðdraganda. Það þýðir ekkert annað en viðurkenna það, að það hefur staðið herferð gegn mjólkurbúðunum í Reykjavík, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, um langan aldur. Ég man eftir tillöguflutningi á Alþ., og hér eru inni staddir sumir þeir sem fyrstir hófu máls á þessu hér í þingsölum, að taka mjólkursöluna af bændasamtökunum. Í Morgunblaðið var skrifað ár og síð um nauðsyn þess að láta kaupmenn versla með mjólkina. Neytendasamtökin munu hafa gert um þetta samþykktir, áreiðanlega Húsmæðrafélag Reykjavíkur, og fleiri aðila mætti telja. Stefán Björnsson framkvæmdastjóri Mjólkursamsölunnar hefur margoft tekið það fram, að það var hans mat að Mjólkursamsalan hefði verið sett hjá við úthlutun lóða í Breiðholti. Þegar hverfi voru að byggjast hér fyrr meir, þá voru Mjólkursamsölunni ævinlega fengnar góðar verslunarlóðir. Þeir fengu eina góða í Breiðholti. En nú kann það að vera matsatriði hvað kappsamlega hafi verið eftir þeim sótt. Verslunarhættir hafa tekið mjög miklum breytingum, og kaupmönnum var miklu þægilegra að versla með mjólk á hentugan hátt og fullnægjandi fyrir neytandann heldur en var í gamla daga. En ég var persónulega engan veginn hrifinn af þessari þróun. Ég sem bóndi kom auga á mikilvægi þess að bændur hefðu möguleika á því að dreifa vöru sinni og þyrftu ekki undir aðra að sækja með það. Ég var því andvígur í huga mínum að afhenda þennan rétt, m. a. vegna þess að við verðákvörðun og ákvörðun á dreifingarkostnaði kom það hvað eftir annað fyrir að Kaupmannasamtökin töldu sig ekki fá nóg fyrir að dreifa vörunni. En þá var alltaf þessi leið opin, að fara með fleiri vörur í mjólkurbúðirnar. Og ég held, að samvinnufélagsskapurinn hafi sannað ágæti sitt í verslunarháttum og hafi verið óskynsamlegt að leggja þessar búðir niður. En þær urðu auðvitað að vera ekki einasta í elstu

hverfunum, heldur líka þar sem fólkið var. En eins og segir í vísunni: „Þegar mest ég þurfti við, þá voru flestir hvergi.“ Þessar raddir, sem nú heyrast, heyrðust ekki í fyrravetur, því miður. Þá kom engin samþykkt, svo ég muni eftir, frá Húsmæðrafélagi Reykjavíkur að halda í mjólkurbúðirnar og ekki fyrr en seint og um síðir frá Neytendasamtökunum. Ég tek það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að þessu sjónarmiði um atvinnuspursmál kvenna í mjólkurbúðunum var haldið hér ágætlega á lofti í þingsalnum, en það var bara gert of seint. Það var ekki gert fyrr en málið var búið að taka þessa stefnu, sem ég út af fyrir sig, eins og ég sagði áðan, var ekki hrifinn af. Þessi alda reis of seint og þess vegna er komið sem komið er.

Við litum svo á, sem réttum upp höndina með breytingu á framleiðsluráðslögunum í fyrra, að hlutur þessara kvenna ætti að vera tryggður með því að yfirlýsing lá fyrir frá Kaupmannasamtökunum um að afgreiðslustúlkur mjólkurbúða Samsölunnar skyldu hafa forgang til vinnu við þau störf sem þær gætu tekið við í verslunum þeirra ef þær kærðu sig um. Okkur var kunnugt um þetta. Annað virðist hafa komið á daginn, eða a. m. k. eru ýmsir kvíðandi því að Kaupmannasamtökin komi ekki til með að standa við þessi gefnu fyrirheit. En það er þá við þau að sakast, en ekki við Mjólkursamsöluna, finnst mér.

Það er svo mál út af fyrir sig, að annaðhvort er náttúrlega fyrir Mjólkursamsöluna að versla með mjólk í smásölu eða gera það ekki, og mér finnst varla hægt að krefjast þess að hún fari að gera þetta sem einhverja atvinnubótavinnu, enda leggja flutningsmenn áherslu á að þeir líta ekki þannig á. En samt sem áður held ég að það atriði standi að einhverju leyti undir þessum tillöguflutningi. Ég veit ekki hvort það er mögulegt að koma þessu ákvæði í framkvæmd, og það er áreiðanlega ekki hægt nema með því móti að mjólkin hækki í verði, því að vitaskuld verður Mjólkursamsalan að fá uppborinn hann kostnað sem af þessu verður. Það yrði auðvitað verslað í lökustu búðunum. Sumar mjólkurbúðirnar voru leigubúðir. Það er búið að segja þeim upp. Aðrar er búið að selja. Það er ekki hægt að rifta kaupum. Það er kannske hægt að fá eitthvað af leigubúðunum til leigu aftur, ég þekki það ekki. En þetta hlyti alla vega að koma fram í meiri dreifingarkostnaði á mjólk og satt að segja eru landbúnaðarvörur nógu dýrar. Það er nógu erfitt að kaupa hær, þannig að það eru fleiri hliðar á þessu máli. En ég legg áherslu á það, að ég held að það megi til með að reyna að finna lausn á atvinnuspursmáli þessara kvenna. Ég legg mjög hunga áherslu á það. En það er ekki, held ég, við Mjólkursamsöluna að fást í því efni, heldur miklu fremur við Kaupmannasamtökin. En meginatriðið er náttúrlega að lausn finnist.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að undanfari þeirrar breytingar, sem gerð var á framleiðsluráðslögunum í fyrra, var mjög langur áróður sem hafði verið rekinn hér af tilteknum öflum fyrir því að kaupmenn fengju í hendur alla mjólkursölu, sérstaklega hér á samsölusvæðinu og reyndar víðar um landið. Ég segi eins og hann, að ég var alltaf mjög tortrygginn á að þetta væri rétta leiðin og að mjólkursölunni væri nokkru betur borgið hjá kaupmönnunum heldur en með þeim hætti að Samsalan hefði hana áfram.

Nú var það, sem gert var í fyrra með breytingu á lögunum sem miklar umr. urðu um á hv. Alþ. þá, einvörðungu að taka einkaleyfið til smásöluverslunar á mjólk úr höndum Samsölunnar og mjólkurbúa í landinu, — aðeins það að taka þetta einkaleyfi, en lögin banna engan veginn að Samsalan eða önnur mjólkurbú í landinu reki áfram smásöluverslun. Það er rétt að það sé undirstrikað rækilega.

Sú staða málanna, sem upp er komin og í ljós kom þegar breytingarnar á framleiðsluráðslögunum voru ræddar hér í þingi í fyrra, er ekki afleiðing sjálfrar breytingarinnar. Þegar þessi breyting er gerð er þegar yfir helmingur mjólkursölunnar hér í Reykjavík ekki í höndum Samsölunnar, heldur þegar kominn í hendur kaupmannanna. Það, sem gerir að Samsalan leggur niður sínar búðir, er sérstakur samningur sem Samsalan og samtök kaupmanna gera með sér þar sem Kaupmannasamtökin skuldbinda sig til að kaupa eða yfirtaka allar búðir Samsölunnar. Þetta er út af fyrir sig engin sérstök afleiðing að þeirri breytingu sem gerð var í fyrra, heldur samningur á milli tveggja aðila. Það er þess vegna ekki rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að segja að hér sé ekki við Samsöluna að sakast að einu eða neinu leyti. Það er ekki rétt. Hér eiga áreiðanlega þessir aðilar báðir hlut að máli, bæði Samsalan og Kaupmannasamtökin.

Ég stóð hér í æðimiklum umr. í fyrravetur þegar þessar breyt. voru gerðar og dró þá fram öll þau atriði sem síðar hafa sérstaklega verið sett á dagskrá. Varðandi þennan hluta af breytingum laganna, — það voru önnur og kannske ekki síður stórmál sem fólust í þeirri breytingu sem gerð var á framleiðsluráðslögunum s. l. vetur, — en varðandi þennan þátt breytinganna lagði ég höfuðáherslu á aðallega þrennt:

Í fyrsta lagi lagði ég áherslu á örvggislevsi starfsfólksins og þá vanvirðu að það skuli hreinlega geta átt sér stað að jafnstórt fyrirtæki og Samsalan er og Kaupmannasamtökin skuli geta gert með sér samning sem breyti svo gjörsamlega öllum kjörum þess fólks, sem starfað hafði hjá Samsölunni, um 160 afgreiðslustúlkna, eins og gert var ráð fyrir með þeim samningi sem bessi samtök höfðu gert sín í milli. Starfsfólkið er ekki að neinu spurt, ekki það minnsta, fær engin áhrif að hafa á jafnafdrifaríkar ákvarðanir um eigin hag og hér er um að ræða. Þetta var það fyrsta og það sem blasti náttúrlega við öllum og felur í sér ákaflega mikið ranglæti gagnvart ekki bara þessu fólki, sem þarna var um að ræða, heldur snúa málin svona að verkafólki yfirleitt þegar eitthvað svipað er á ferðinni.

Í öðru lagi lagði ég ríka áherslu á, að þessi breyting og það að leggja niður allar samsölubúðirnar mundi tvímælalaust skapa verri þjónustu við neytendur. Ég tek þar mjög undir það sem hv. þm. Magnús Torfi Ólafsson sagði hér áðan. Ég hafði raunar uppi sömu rök, að sér-

staklega eldri hverfin og það fólk, sem ekki sækir stóru kjörbúðirnar, hefur ekki aðstöðu til þess, — þjónustan við þetta fólk mundi áreiðanlega versna til mikilla muna, og svo einnig hitt, sem að neytendunum snýr, að þetta mundi áreiðanlega hafa í för með sér hærra verð á mjólkinni þegar kaupmennirnir væru orðnir einráðir og þegar frá liði mundi það valda hærra verði á mjólk.

Og svo í þriðja lagi — og það er kannske ekki það sísta — að heilbrigðisaðstæður allar og tillit til heilbrigðisþjónustu í þessu efni mundi tvímælalaust verða a. m. k. fyrsta kastið mun lakara en áður hafði verið. Þar studdist ég alveg sérstaklega við álit sem borgarlæknir hafði þá látið í té, þar sem hann bókstaflega sýndi fram á, að einmitt heilbrigðishlið þessara mála mundi verða lakari með þessum skiptum. Ég benti svo hins vegar sjálfur á dæmi sem ég þekkti, þar sem þetta var í raun og veru fyrir neðan allar hellur, einmitt þessi hlið málsins.

Það kom í ljós þegar landbn. þessarar deildar var að rannsaka þessi mál, að það væri hreinlega ekki tæknilega hægt að tæknivæða búðir kaupmannanna á þeim tíma sem ætlaður var til þeirra framkvæmda sem lögin gerðu ráð fyrir, og þess vegna var umþóttunartíminn lengdur um nokkra mánuði, þ. e. a. s. til 1. febr. n. k. En ég hygg að það sé bara af þessum einum ástæðum enn of skammur tími.

Þetta vildi ég benda á hér og endurtaka. Það voru bæði á nóttu og degi í fyrra hér miklar umr. um þessi mál, og þá virtist það ekki hafa mikið bergmál út í borgina. En það hefur hins vegar komið núna á síðustu mánuðum og vikum allmikið á kreik einmitt af hálfu bæði neytenda og starfsfólksins í mjólkurbúðunum.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að það væri of seint að taka þessi mál fólksins í búðunum fyrir núna. Málið lá nákvæmlega eins fyrir hv. alþm. í fyrravetur, þegar lögin voru sett. Þá var bent á öll þessi atriði og það rækilega, en þeim var ekki sinnt. Það var ekki gert of seint. Það var gert um leið og það var ljóst hvernig ætti að standa að þessum málum af hálfu Samsölunnar og samtaka kaupmannanna.

Ég skal ekki lengja umr. hér með því að endurtaka það sem er margbúið að segja í þessu efni. En ég legg áherslu á að einmitt sú leið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, verði farin og að það verði gert í tæka tíð, að málinu verði borgið áður en þingið fer í jólafrí.

Stefán Valgeirsson: Forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., var rætt mikið á s. l. þingi, eins og fram hefur komið hér í umr. Ég lýsti þá yfir því, að í sjálfu sér væri ég alveg á móti þessari breytingu, ég hefði alltaf talið að þessari dreifingu væri langbest komið í höndum Mjólkursamsölunnar, þ. e. a. s. í höndum bændanna sjálfra. En því miður hefur þróunin orðið þannig á þessu sölusvæði á undanförnum árum, að Mjólkursamsalan hefur ekki fengið lóðir á hinum ýmsu stöðum í borginni, og var komið þannig að meira en helmingur af mjólkurmagninu, þegar þetta frv. var til umr., var seldur í búðum sem Mjólkursamsalan hafði ekki yfir að ráða. Af þessari ástæðu voru sölusamtök bændanna búin þá þegar að tapa málinu.

Þegar var verið að ræða þetta mál og við, sem eigum sæti í hv. landbn. þessarar d., kölluðum bæði kaupmenn og forstöðumenn Mjólkursamsölunnar á okkar fund, þá kom í ljós, sem við vissum að vísu áður, að það yrði ekki haldið áfram á þessari braut eins og málin stóðu. Mér er þá farið að förlast og búinn að tapa minni, ef ég man það ekki rétt, að þá lágu fyrir yfirlýsingar um það að kaupmenn mundu reyna að sjá starfsstúlkunum fyrir atvinnu, að vísu sögðu þeir: eftir því sem við verður komið. En eftir þeim upplýsingum, sem mér fannst liggja fyrir hér frá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, horfir mjög illa í þessu máli. En ég vil benda á það í þessu sambandi, að í dag er 9. des. og nú er komið að því að fara fjalla um afgreiðslu fjárlaga, þannig að í raun og veru er tíminn allur hlaupinn frá okkur til þess að athuga þetta mál og í sjálfu sér er þetta frv. það seint fram borið að það eru engir möguleikar á því að koma því fram fyrir frestun eða fyrir jólafrí, eins og nú horfir.

Ég er að vísu ekki svo kunnugur að ég vilji fullyrða það, að það muni vera einsdæmi að svona fyrirtæki væri skyldað til að hafa opnar búðir. Ég held að það sé ekki til nema þar sem er um einkaleyfi að ræða. Ég held að það væri verið að brjóta blað í íslenskri löggjöf ef þetta væri gert. Ég vil líka benda á það, að það er undir Samsölunni komið hvort hún rekur áfram búðir eða ekki. Hún hefur fullt leyfi til að gera það. Þess vegna er það líka spurning hvort þetta sé í sjálfu sér löggjafaratriði. En ég er ekki lögfræðingur og ég slæ þessu fram til athugunar, en ég hygg að þetta muni vera þannig.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli. Ég get t. d. tekið undir allt það sem hv. þm. Magnús Torfi Ólafsson sagði um þetta mál áðan. Ég held ég geti gert ræðu hans að minni þannig lagað. En það eru bara fleiri hliðar á málinu.

Á s. l. verðlagsári vantaði 1.80 kr. til þess að bændur fengju sitt grundvallarverð. Það er upplýst að það er baggi af þessum búðum. Það er upplýst. Það eru aðrir sem eru búnir að fá alla bestu staðina. Þróunin hefur verið þessi. Er hægt að setja það í lög — lögfesta það — að bændur skuli reka búðir hér, skyldaðir til þess, þannig að þeir fjarlægist enn að ná því verði sem áætlað er að þeir þurfi til þess að ná kaupi viðmiðunarstéttanna sem þeir hafa aldrei náð. Ég viðurkenni, að þetta er erfitt mál, og ég viðurkenni, að það sé mjög illt ef starfsstúlkur í mjólkurbúðunum missi atvinnu vegna þessara breytinga, og þarf að athuga hvað er hægt að gera í því máli. Ég sem formaður landbn. mun strax halda fund í landbn. og kalla þessa aðila fyrir n. og athuga hvernig hefur verið staðið að þessum samningum. Það mun ég gera ef þetta frv. kemst til landbn. En það þarf að athuga þessi mál vel og hau atriði sem ég minntist hér á áðan. Ég sé ekki nokkurn möguleika á því að bændur séu skyldaðir til þess að hafa opnar búðir sem standa ekki undir sínum rekstri. Það verður þá að finna einhverja aðra leið. Hvers vegna ætti að skylda þá til þess? Væri ekki eðli-

legra að það væru einhverjir aðrir, sem önnuðust þá þjónustu, heldur en bændurnir.

Út af því, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði hér áðan, vil ég bara segja það, að það var út af allt öðru atriði sem við deildum, heldur en um þetta atriði, því við vorum í sjálfu sér sammála um að það væri ekkert að gera annað en að stíga þetta skref. Og ég man ekki betur en hv. þm. Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson væru tilbúnir að styðja frv. ef þar hefði ekkert verið annað en þessi kafli um mjólkursöluna. Það var ekki vegna þess að þeim væri ekki ljóst að þessi breyting hefði sína ókosti, en þeir litu á það eins og ég, að málið væri tapað og það væri ekki um annað að gera heldur en að stíga þetta skref.

Ég verð svo að endingu að segja það, að ég harma að þetta skyldi þurfa að þróast svona. En út af fyrir sig gleðst ég aftur yfir því að það skuli þó hafa opnast augu fólks, — bara of seint — fyrir því hvernig þessi sölusamtök eru byggð upp, hvernig þau hafa í gegnum árin þróast og þjónað bæði bændunum og neytendunum. Þegar var verið að ráðast á þetta og rífa þetta niður, þá því miður opnuðust ekki augu neytendanna nógu snemma til þess að standa við hlið bænda til þess að þetta yrði ekki rifið niður eins og nú er orðið, því miður.

Ég skal ekki svo hafa þessi orð fleiri. Ég vil bara endurtaka það, að því miður held ég að þetta mál sé orðið of seint á ferðinni, þó að menn væru allir af vilja gerðir til þess að koma þessu máli fram. En ég vil líka benda á og endurtaka það, sem ég sagði áðan: Það verður að huga að því hverjir eigi að bera þennan kostnað. Það er ekki hægt að varpa þessu á bændastéttina.

Ellert B. Schram: Hæstv. forseti. Ég gengst við því með nokkru stolti að hafa átt þátt í því að brjóta niður það einokunarfyrirkomulag og það ranglæti sem ríkti í sölu mjólkur og mjólkurvara hér í mjög langan tíma.

Í þeirri viðleitni minni og margra annarra til þess að koma þarna á betra og frjálsara skipulagi var það einkum tvennt sem var efst í mínum huga. Það var í fyrsta lagi að eyða þeirri mismunun og því ranglæti sem ríkti með því að láta áfram gilda lög sem gerðu framleiðendum kleift að ákveða að þessi búð, þessi verslun skyldi fá að selja mjólkurvörur, en önnur ekki. Í þessum ákvörðunum var óneitanlega verulegt ranglæti ríkjandi, og það var fyrst og fremst, að ég held, úti á landi sem það var mjög áberandi. Tvær mjög sambærilegar verslanir sitt hvorum megin á horninu seldu matvörur, önnur fékk að selja mjólk, en hin ekki. Auðvitað hafði þetta mjög veruleg og varanleg áhrif á alla þjónustu og rekstur þessara verslana. Hitt atriðið var sjónarmið neytenda. Það var skoðun mín og er enn að það að hafa meira frjálsræði í sölu mjólkur væri í þágu neytenda. Nútímaverslanir, sem hafa risið upp í hverfum Reykjavíkur og öllum byggðarlögum á Íslandi, hafa allar möguleika til að selja þessa vöru eins og allar aðrar matvörur, og það var í þágu þeirra, sem við þessar verslanir skiptu, neytendanna, að gefa þeim möguleika á að kaupa mjólkurvöruna í þessum ákveðnu verslunum í staðinn fyrir að þurfa að fara sérstaklega í aðrar verslanir, mjólkurbúðir þar sem mjólkin eingöngu fékkst keypt.

Með breytingu á framleiðsluráðslögunum þá var einkasalan afnumin. En ég vil leggja sérstaka áherslu á það í þessum umr., að það er hvergi í þessum lögum ákvæði að finna sem bannar mjólkursamlögum að selja mjólk. Og það er hárrétt, sem fram kemur hjá síðasta hv. ræðumanni, að Mjólkursamsalan á þessu svæði hefur fullt leyfi til þess að selja mjólkurvörur. Það er ekki eitt einasta ákvæði í lögum sem bannar Mjólkursamsölunni eða yfirleitt öðrum aðilum að selja mjólk, svo framarlega sem skilyrðum heilbrigðisyfirvalda er fullnægt. Enda var það aldrei tilgangurinn hjá mér og ég hygg ekki hjá neinum öðrum, sem beittu sér fyrir þessum breytingum, að frjálsræði mundi þýða það að Mjólkursamsalan mundi algjörlega fella niður þessa þjónustu. Aukið frjálsræði í verslun þýðir auðvitað það, að öllum er mögulegt að versla með þá vöru sem þeir kjósa sér.

Ég vek athygli á því, að það er afstaða Mjólkursamsölunnar einnar, ákvörðun hennar að hætta rekstri mjólkurbúða, og það er að henni sem við þurfum að beina spjótum okkar ef við viljum gera breytingar á þeim ákvörðunum eða því ástandi sem nú er ríkjandi eða er í uppsiglingu.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir að Mjólkursamsalan reki áfram 10 mjólkurbúðir í Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum næstu 5 árin. Það er til þess að afgreiðslustúlkur haldi vinnu sinni. Það er forsenda þessa frv. Um leið og ég hef fullan skilning og fulla samúð með atvinnumálum þeirra sem hjá Mjólkursamsölunni hafa starfað, þá vil ég leggja á það áherslu, eins og hv. þm. Magni Torfi Ólafsson gerði, að hér hlýtur líka að ráða miklu sjónarmið neytenda. Og í mínum huga er það aðalatriðið. Mjólkurbúðirnar eru ekki atvinnubótavinna, og ég veit að þeir, sem hafa starfað í þeim og hjá Mjólkursamsölunni vinna, vilja ekki láta líta á starf sitt og þessar búðir sem atvinnubótavinnu. Aðalatriðið hlýtur því að vera nú sem áður að mjólk sé seld þar sem þess er þörf, sem best þjónusta fyrir neytendur, og þá gefur það auga leið að atvinna hlýst af því eftir atvikum.

Hv. þm. Magnús Torfi Ólafsson, um leið og hann lagði áherslu á sjónarmið neytenda, gerði mikið úr því að mjólkurbúðum mundi fækka og erfiðleikar væru aðallega fyrir gamalt fólk og í eldri hverfum borgarinnar að nálgast mjólkurvörurnar. Ég dreg þetta mjög í efa. Og ég hef fengið haldgóðar upplýsingar um það hvað snertir Reykjavík a. m. k. að mjólkursölustöðum muni fjölga, en ekki fækka við þessa breytingu. Það verða fleiri staðir, sem mjólk er seld á, eftir þessa breytingu heldur en fyrir hana.

Hvað snertir eldri hverfin þá hef ég líka fengið upplýsingar um það að í öllum tilfellum sé búið að leysa þau vandamál sem menn óttuðust um tíma, hugsanlega kannske með einni undantekningu enn þá. En hvað sem úr verður að þessu leyti, þá get ég ekki betur séð en Mjólkursamsalan geti og eigi að halda áfram verslunum ef það er í þágu neytendanna. Og til þess að auka

sölu á þessum afurðum bænda á hún að halda verslunum áfram. Ég t. d. skil ekki ef það vakir fyrir Mjólkursamsölunni að leggja niður myndarlega mjólkursölubúð á Laugavegi 164. Af hverju má ekki hafa þessa búð opna, t. d. eins og Osta- og smjörsalan rekur myndarlega búð á Snorrabraut. Ég hafði alltaf skilið það svo að bændur eða framleiðendur legðu einmitt áherslu á að halda vissum búðum opnum til þess að veita kaupmönnunum aðhald. Bent hefur verið á það hér í umr. í fyrra og hittiðfyrra og áður hér á þingi, að möguleiki væri á því fyrir kaupmenn að loka sínum verslunum og hætta að selja mjólkurvöruna og setja skilyrði eða einhverja afarkosti gagnvart framleiðendum. Þá væri gott fyrir bændur að geta sagt: Við höfum okkar eigin búðir opnar. Beinið viðskiptunum þangað. — Mér finnst að þetta eigi enn þá að ráða nokkru, ekki vegna þess að ég óttist að kaupmenn setji slík skilyrði, heldur bara til að halda mönnum við efnið og sýna viss fordæmi og veita ákveðna þjónustu. Og mér finnst ekkert vera því til fyrirstöðu að Mjólkursamsalan reki ákveðnar verslanir áfram um einhvern tíma.

Satt að segja kom mér það á óvart að samkomulagið, sem kaupmenn og Mjólkursamsalan gerðu, skyldi kveða á um það að mjólkurbúðum skyldi lokað og þær lagðar niður á einhverjum ákveðnum tíma. Mig minnir að það hafi verið um áramótin fyrst og svo aftur núna 1. febr. (Gripið fram í.) Já 1. nóv. og 1. febr. Þetta hefði að mínu mati mátt gerast í áföngum um lengri tíma, og að því leyti hnígur það í sömu átt og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Varðandi atvinnumál starfsstúlkna hjá Mjólkursamsölunni, þá, eins og ég sagði áðan, hef ég samúð og skilning á því vandamáli. Ég hef aflað mér upplýsinga um það að Kaupmannasamtökin hafa sett upp vinnumiðlun, eins og samkomulagið gerði ráð fyrir. En það hefur satt að segja verið ákaflega lítið leitað til þeirrar vinnumiðlunar, sáralítið verið spurt um vinnu og kaupmenn lítið beðnir um að útvega starfsstúlkum Mjólkursamsölunnar vinnu í staðinn fyrir þá sem þær mundu missa. Fullyrt er að viðleitni sé af hálfu Kaupmannasamtakanna til þess að bregðast þarna við og útvega þessa atvinnu, og í dag a. m. k. er ástandið á vinnumarkaðinum og í verslunum þannig, að það er full þörf á þessum starfskrafti. Hins vegar skiljum við það öll, að það koma upp ýmis tilvik, persónuleg tilvik, sem valda því að erfiðleikum er bundið fyrir titekna starfsstúlku að færa sig um set milli hverfa eða jafnvel milli bæja, og það þarf víst átak til þess að flytja sig frá einum vinnustað í annan. Ég hef hins vegar þá trú að það megi leysa með góðum vilja, og ég fullyrði að sá vilji er fyrir hendi hjá kaupmönnum, a. m. k. hér í Reykjavík.

Ég á eftir að geta þess í þessum umr., að borgarstjórn Reykjavíkur hefur haft áhyggjur af þróun mála og sett af stað viðræðunefnd af hálfu borgarstjórnar við Mjólkursamsöluna um lausn á þessu vandamáli og ég bind vonir við það.

Ég legg áherslu á það, sem fram hefur komið fyrr í tali mínu, að Mjólkursamsölunni hefur ekki verið bannað að dreifa sinni eigin vöru. Það er ekki búið að taka af Mjólkursamsölunni neinn rétt. Með ráðstöfunum og sölu á ýmsum fasteignum, sem Mjólkursalan hefur átt hér í bænum og þurft að leigja, sparast mikið fé fyrir Mjólkursamsöluna, og mér finnst það ekki vera í of mikið ráðist fyrir hana, fyrir framleiðendur, þó að nokkrum búðum sé haldið opnum áfram, jafnvel þó að líkur séu á því til að byrja með að eitthvert tap sé á þeim. Það hefur verið tap á mörgum búðum hjá Mjólkursamsölunni um langan tíma, en hefur unnist upp með öðrum arðbærum búðum. Það hefur verið tap og það hefur verið mikið fé sem hefur legið í þeim fasteignum sem Mjólkursamsalan hefur átt hér á höfuðborgarsvæðinu.

Herra forseti. Ég lýk svo máli mínu með því að árétta enn einu sinni að ég hygg að það hafi verið stigið gæfuspor með því að gefa mjólkursöluna frjálsa, að auka frjálsræði í rekstri á þessum vettvangi eins og annars staðar, og að það verði til farsældar fyrir framleiðendur og fyrir neytendur þegar til lengdar lætur. Þau vandamál, sem upp hafa komið núna hvað snertir starfsstúlkur og mjög örfá undantekningartilfelli varðandi búðir og þjónustu í ákveðnum hverfum, má leysa með góðum skilningi og með því að menn tali saman.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Því miður var ég ekki viðstaddur þegar mælt var fyrir þessu frv. og heyrði ekki a. m. k. tvær fyrstu ræður sem um það voru fluttar. Ég vil þó segja hér örfá orð, m. a. vegna þeirra umræðna, sem fram fóru um þetta mál á síðasta Alþ., og undirbúnings þess í n. og einnig nokkurra ummæla sem hér hafa fallið.

Mál þetta á sér, eins og þegar hefur verið rakið, alllangan aðdraganda. Það á ekki einvörðungu þann aðdraganda að það hafi verið haldið uppi áróðri til þess að ná þessari breytingu fram, heldur einnig þann, að ásamt því að hv. þm. Ellert Schram hefur flutt frv. um þetta efni hér á Alþ., þá skipaði hæstv. landbrh. Halldór E. Sigurðsson n. til að fjalla um þetta efni og sú n. skilaði á sínum tíma samhljóða áliti sem lagabreytingin, sem gerð var í fyrra, var reist á. Í þessari n. voru fulltrúar frá Mjólkursamsölunni, Framleiðsluráði landbúnaðarins, samtökum kaupmanna og e. t. v. fleirum. En því miður hefur mér ekki unnist tími til að afla mér þeirra gagna sem um þetta mál lágu fyrir hjá landbn. Nd. Alþ. á síðasta ári.

Í þessari n. tókst það samkomulag sem hér hefur verið rætt um, samkomulag á milli Mjólkursamsölunnar annars vegar og samtaka kaupmanna hins vegar, um það að ef þessi breyting yrði lögfest, þá skyldi um leið fara fram nokkur yfirfærsla á eignum, þ. e. að kaupmenn mundu væntanlega kaupa eitthvað af búðum Mjólkursamsölunnar, enn fremur að kaupmenn skyldu eftir föngum tryggja að a. m. k. verulegum hluta starfsfólks mjólkurbúðanna störf, eftir því sem möguleikar væru til. Nú er mér alls ókunnugt um hvernig framkvæmd þessa samkomulags miðar áfram. En eins og rakið hefur verið var ákveðinn umhóttunartími til 1. febr. n. k. til þess að undirbúa þær tæknilegu og sumpart at-

vinnulegu breytingar sem þetta hefði í för með sér. Þessi umþóttunartími var í fyrstu ákveðinn til 1. nóv. s. l., en við athugun málsins kom í ljós að það var of skammur tími og með fullu samkomulagi aðila var þessi frestur lengdur til 1. febr. n. k. Ég hygg að ef þá hefðu komið fram rökstuddar raddir eða óskir um að frestur inn yrði lengri, þá hefði verið orðið við slíkum óskum. Ég minnist þess ekki að slíkar óskir kæmu þá fram.

Þessi mál stóðu þannig á síðasta ári og raunar fyrr, á árinu 1974, þegar þessi stjórnskipaða n. var að störfum, að annaðhvort varð að hrökkva eða stökkva með þessa breytingu. Annaðhvort varð að tryggja það að Mjólkursamsalan hér á Reykjavíkursvæðinu og mjólkursamlögin annars staðar á landinu hefðu smásöludreifinguna í sínum höndum áfram eða að láta almennar verslanir, sem uppfylltu tiltekin skilyrði, taka við. Á það ber að líta, að Mjólkursamsalan hefði að öðrum kosti orðið að leggja í verulegan kostnað við að endurbæta mjólkurbúðir sem margar hverjar voru orðnar þannig búnar að þær svöruðu naumast kröfum tímans. Enn fremur var svo komið, eins og lýst hefur verið, að verulegur hluti af mjólkurmagninu var þegar til sölumeðferðar kaupmanna, og það var gjarnan á þeim svæðum þar sem hagkvæmast var að reka slíka verslun.

Það var ljóst að ekki var um það að tefla fyrir Mjólkursamsöluna að hún gæti haldið rekstri áfram í sama horfi, að reka þessar gömlu búðir með því fyrirkomulagi sem á þeim var, þar sem þær voru elstar og bjuggu við þrengstan húsakost og annað þess háttar. Hún varð að koma þeim í nýtískulegra horf, og fylgdi því að sjálfsögðu mikill aukinn kostnaður. Jafnframt þessu var það vitaskuld aukinn baggi fyrir Mjólkursamsöluna og þá um leið var það baggi, sem lenti beint á herðum bænda, að halda uppi mjólkurdreifingunni á þeim svæðum þar sem viðskipti voru minnst.

Að þessu athuguðu og mörgu öðru, þ. á m. að svo virtist þá sem almennur áhugi a. m. k. fólks um þetta svæði væri fyrir því að þessi breyting kæmist fram, þá var það ráð tekið að þessi fyrirkomulagsbreyting á smásöluverslun með mjólk var lögfest. Ég skal ekkert fullyrða um það og hef ekki kynnt mér hvort sá tími, sem enn er til stefnu, dugir til þess að komist verði yfir tæknilega og suma aðra erfiðleika við þessa breytingu. En það var til þess ætlast að hann væri nægjanlega langur til þess að það gæti orðið.

Nú er hér fram komið frv. sem kveður á um að Mjólkursamsölunni skuli, þrátt fyrir þá breytingu sem gerð var á síðasta Alþ., gert skylt að starfrækja 10 mjólkurbúðir í Reykjavík og á öðrum þéttbýlisstöðum næstu 5 árin, og í frvgr. segir: svo fremi nægilega margar afgreiðslustúlkur, sem nú eru ráðnar, óska að starfa áfram. Grg. þessa frv. miðar öll í þá átt að bæta þarna úr vanda sem upp er kominn í sambandi við starfsfólk mjólkurbúðanna, að það geti áfram starfað í þessum búðum eða hluti þessa fólks næstu 5 árin.

Nú skal ég ekki gera lítið úr vanda þessara starfsstúlkna. Það er vitað að þær hafa margar hverjar árum saman unnið í þessum mjólkurbúðum. Þær hafa sérhæft sig við þessi störf. Þær eiga vafalaust í nokkrum erfiðleikum sumar hverjar að fá æskilega vinnu á öðrum starfsvettvangi. Þarna geta að sjálfsögðu komið upp vandamál sem öllum voru ljós þegar þessi breyting var gerð, enda sagði hv. þm. Eðvarð Sigurðsson í ræðu sinni áðan að ekkert hefði í raun og veru breyst síðan þetta frv. var til meðferðar á Alþ. á síðasta ári. Málið lá nákvæmlega eins fyrir hv. Alþ. í fyrra, sagði hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, svo að þetta þarf ekki að koma neinum á óvart.

Ég vil treysta því og ég tel að ástæða sé til þess að fylgja því nokkuð eftir af hálfu starfsstúlkna að kaupmenn tóku upp í það samkomulag, sem gert var við undirbúning þessarar lagabreytingar, að tryggja starfsstúlkunum, eftir því sem föng væru á, vinnu á svipuðum vettvangi. Ég vænti þess að það megi takast með sem bestum hætti. Hins vegar fæ ég vart séð, — *það er þá breytt frá því sem ég hef vanist* í okkar þjóðfélagi, — að unnt sé með löggjöf að skylda atvinnurekanda til þess að halda atvinnurekstri sínum áfram til þess eins að starfsfólkið geti haft vinnu. Það eru þá nýmæli í löggjöf, eftir því sem ég veit til. Ég vil leggja á það áherslu, sem fram kom í máli hv. 3. þm. Norðurl. e., að því mundi væntanlega fylgja að Mjólkursamsölunni yrði gert skylt að reka þær búðir sem óhagstæðast er að reka. Það mundi enn auka á að dreifingarkostnaður mjólkur, sem vanmetinn er í verðlagsgrundvelli búvara, mundi vaxa og bagginn, sem lagður yrði á herðar bænda, enn þyngjast af þessum sökum. Í annan stað tel ég ákaflega hæpið að raska nú með nýrri löggjöf þeirri skipulagsbreytingu sem lögfest var í fyrra og byggð var á samkomulagi þeirra aðila sem hér eiga mest í húfi. Það fer sjaldan vel að höggva þannig á samkomulag aðila aðeins einu ári eftir að samkomulagið hefur verið lögfest.

Ég vildi láta þetta sjónarmið mitt koma hér fram. Enginn skal skilja það svo að með því sé ég að gera lítið úr vanda sem tiltekinn hópur starfsfólks á barna fyrir höndum. Það er vandi sem aðrir aðilar eiga að leysa heldur en Mjólkursamsalan hér í Reykjavík eða mjólkursamlögin og mjólkurbúin annars staðar á landinu. Því hefur enda verið lýst hér af hv. síðasta ræðumanni að m. a. borgarstjórn Reykjavíkur hefur tekið þetta mál upp til þess að leita að leiðum til að leysa vanda þess fólks sem ef til vill verður útundan þegar kaupmenn hafa ráðið hluta af því til starfa, svo sem samkomulagið kveður á um.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætlaði að ræða svolítið við hv. þm. Ellert B. Schram, en því miður er hann nú farinn úr hingsalnum. Hann komst þannig að orði, að þetta hefði verið mikið réttlætismál, að brjóta niður einkasölurétt Samsölunnar eða bænda í þessu efni. Frá hans sjónarmiði geri ég ráð fyrir að þetta sé framför. En ég held að þess sjáist nú merki að menn eru að brevta um skoðun á þessu máli. Ég held að það séu fleiri og fleiri að sjá að þetta er ekki spor í framfaraátt. Og það má mikið vera ef það kemur ekki í ljós á næstu mánuðum eða

árum að dreifingarkostnaðurinn muni ekki lækka við þessa breytingu, heldur hið gagnstæða, og er ekki verið að hugsa um neytendurna ef þessi skoðun mín reynist rétt.

Hv. þm. ræddi um að það hefði komið fram mikið óréttlæti einhvers staðar utan þessa svæðis í sambandi við að það hafi verið tvær verslanir á einum stað, önnur hefði fengið að selja mjólk, en hin ekki. Ég veit vel um hvaða staður þetta er. En ég er ekki viss um að hv. þm. hafi verið eins kunnugur málavöxtum og ég í þessu efni, og væri hann eins kunnugur þeim, þá hefði hann ekki haft þessi orð hér. Sá verslunarstaður, sem þarna er átt við, er Ólafsfjörður, og það er kaupfélagið í Ólafsfirði sem rekur þessa litlu mjólkurvinnslustöð sem fær ekki nema nokkur hundruð þús. lítra á ári og hefur ekki tekið neitt fyrir söluna á mjólkinni til þess að geta fengið mjólk í kaupstaðinn. Þannig hefur það orðið óbeint til þess að halda uppi verðinu til bændanna.

Þessi breyting hefur í för með sér að það hlýtur að þurfa að greiða meira verðjöfnunargjald t. d. til staðar eins og Ólafsfjarðar eftir þessa breytingu.

Þó að ég hafi ekki trú á því að þetta frv. geti orðið að lögum í tæka tíð, þá hef ég þó trú á því að það verði til þess að þetta mál verði athugað, því að ég mun beita mér fyrir því að kalla aðila fyrir hv. landbn. og sjá hvernig sakir standa og vita hvort aðilar hafa þegar staðið við samninga, láta þá sem sagt gefa skýrslu um málið, og þá er frv. þetta flutt til nokkurs gagns.

Ég vil svo að endingu bara endurtaka það og beina til hv. flm.: Er það réttmætt að það séu bændur sem reki þessar búðir? Það er gefið mál að þetta verða búðirnar sem kaupmennirnir vilja síst. Þeir munu gleypa við þeim búðum sem er einhver hagnaðarvon að reka því að til þess mun leikurinn gerður. Er það rétt að það séu bændurnir sem standi undir því tapi? Er þá ekki réttara að það sé t. d. Reykjavíkurborg eða einhverjir aðrir aðilar sem sjá fyrir slíkri þjónustu? Þetta er sjálfsagt að athuga, og ég fagna því að borgarstjórn Reykjavíkur hefur þegar haft afskipti af málinu. Vonandi fær það þann endi sem farsælastur er, þ. e. a. s. að fleiri búðir verði reknar en nú lítur út fyrir, því að það er mikið atriði bæði fyrir bændur og neytendur að það sé lag á dreifingu þessara nauðsynlegu nevsluvara, og ég vona að sem flestar af starfsstúlkunum fái vinnu við sitt hæfi.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni ummæli hans um að hann muni kalla rétta aðila til viðtals og vænti þess að það gerist þá mjög fljótlega. Að öðru leyti vildi ég segja það, að ég held að það þjóni ákaflega litlum tilgangi að rekja hér forsögu þeirrar lagabreytingar sem var gerð í fyrravor. Ég held að það drepi málinu á dreif, því að frv. gengur engan veginn í þá átt að breyta skuli efni laganna. Frv. gengur út á það að umþóttunartíminn sé lengdur með þeim hætti sem þar greinir frá og í því skyni að rétta hlut starfsfólks og neytenda. Ég tók svo eftir að hv. þm. Pálmi Jónsson — hann heyrir víst ekki til mín — hann léti þau ummæli falla í ræðu sinni, að það hefðu ekki komið fram í vor neinar rökstuddar óskir um að þessi frestur eða umþóttunartími yrði framlengdur. Í tilefni af þessum ummælum langar mig til þess að minna hér á umsögn borgarlæknis sem var send n., þar sem hann fer raunar ekki fram á að fresturinn verði lengdur vegna breytinganna, heldur gengur hann enn þá lengra og fer fram á að Mjólkursamsalan haldi áfram rekstri verslana sinna. Ég ætla að lesa þá klausu sem að þessu lýtur, með leyfi hæstv. forseta. Borgarlæknir segir í niðurlagi sinnar umsagnar:

„Er það því eindregin ósk mín að hv. þingnefnd afgreiði ekki fyrirliggjandi frv. án þess að tryggt verði með einhverjum hætti að sem flestir núv. mjólkurútsölustaðir Mjólkursamsölunnar verði reknir áfram sem slíkir, því ella væri hætta á að notaður yrði sá þrýstingur, sem áður getur um af hálfu kaupmanna, og leiddi það til þess að veruleg afturför ætti sér stað í sambandi við þær miklu úrbætur sem átt hafa sér stað á undanförnum árum varðandi geymslu og hreinlætisaðstöðu á útsölustöðum þeirrar viðkvæmu vöru sem mjólk og mjólkurafurðir eru."

Hér fer borgarlæknir þess eindregið á leit við landbn. að hún samþ. ekki frv. nema tryggt sé að Mjólkursamsalan reki sem flestar búðir sínar áfram. Á þetta var ekki hlustað. Og með hliðsjón af þessari umsögn er ekki hægt að koma hér og halda því fram að það hafi ekki komið fram neinar rökstuddar óskir um lengri frest eða segja að þetta frv. sé ótímabært. Ég tel mig hafa nægilega miklar upplýsingar í höndum um að þessi frestur, sem veittur var í vor, sé alls ekki nægilegur til þeirra hluta sem hann var ætlaður til, og ég tel að það sé skylda Alþ. að horfast í augu við það og taka sínar ákvarðanir eftir því.

Þeir hv. þm., sem hafa komið hér og sagt að tíminn væri of skammur til þess að samþ. þetta frv., held ég að séu að reyna að losa sig undan ábyrgð, því tíminn til að samþ. þetta frv. er alls ekki hlaupinn frá okkur. Ég viðurkenni að hann er skammur, enda tók ég það fram í framsöguræðu minni, en hann er ekki hlaupinn frá okkur. Til þess að samþ. það þarf ekki annað en vilja alþm. Hins vegar er sýnt að sá frestur, sem var ætlaður vegna breytinganna, er hlaupinn frá okkur án þess að hafa náð tilgangi sínum. Á þetta vil ég leggja áherslu. Ég minni einnig á það að félag afgreiðslustúlkna í mjólkurbúðum sendi umsögn þar sem þær bentu á að þær mundu missa atvinnu sína. Ég er með þá umsögn hér einnig í höndum, og klausa úr þeirri umsögn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á Reykjavíkursvæðinu, þ. e. Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, munu nú starfa um 165 stúlkur í búðum Mjólkursamsölunnar. Auk þess starfa nokkrar stúlkur við mjólkursölur í kaupstöðum og bæjum úti á landi. Margar þessar konur hafa starfað mjög lengi, a. m. k. við Mjólkursamsöluna. Við bendum á að þegar búðir Samsölunnar verða lagðar niður munu flestar þessar konur missa atvinnu sína og margar þeirra munu eiga erfitt með að fá störf við sitt hæfi. Fyrir okkur

er þetta mjög alvarlegur hlutur.“ Undir þessa umsögn skrifar formaður félagsins, Hallveig Einarsdóttir.

Í minum huga eru það engin rök þó sagt sé að það hafi kannske aldrei verið gert áður að skylda fyrirtæki til þess að halda áfram starfi. Ég er ekki það fróð í þingsögunni að ég viti hvort þetta er rétt eða ekki. En ég bendi á að Mjólkursamsalan á siðferðilegum skyldum að gegna við það starfsfólk sem unnið hefur á hennar vegum árum saman. Ef menn leggja þann skilning í orðið atvinnubótavinna að við með því reynum að tryggja siðferðilega skyldu fyrritækis, þá verð ég líka að fara að fletta því orði upp í orðabók, þá hef ég ekki skilið orðið atvinnubótavinna. Það er ekki hægt að leggja einhliða skyldur á Kaupmannasamtökin, enda höfðu þau þann fyrirvara að kaupmenn mundu láta þessar konur hafa forgang ef þær gætu gengið í störf. Mér er ekki nægilega vel kunnugt um hvernig það hefur gengið fyrir sig, en ég veit að 120 stúlkur eru nú óráðnar í önnur störf og hafa fengið uppsagnarbréf frá Mjólkursamsölunni. Og ég mótmæli því að Mjólkursamsalan beri hér enga ábyrgð.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson og raunar Pálmi Jónsson líka töluðu um að þetta mundi íþyngja bændum, að þeir mundu missa einhvers í af tekjum. Kannske hafa þeir rétt fyrir sér í því, ég veit það ekki. Mér virtist það meira vera ágiskun hjá þeim en full sannfæring, og ég held að það væri raunar rangt að stilla málinu upp þannig, hvort við vildum heldur að bændur misstu einhverjar tekjur eða hvort afgreiðslustúlkur misstu allar sínar tekjur. Ég held að það sé rangt að stilla dæminu upp þannig, því ég held að Mjólkursamsalan eigi þarna skyldum að gegna, og ég bendi á að það var Mjólkursamsalan sem lagði allt kapp á það sjálf að leggja niður búðir sínar. Og það held ég að hafi komið mörgum þm. á óvart. A. m. k. kom það mér mjög á óvart að henni skyldi vera það svo mikið kappsmál að fyrirsjáanlegt er að mörg hverfi í Reykjavík verða algjörlega mjólkurbúðalaus 1. febr.

Í ljósi þess, sem ég hef sagt, treysti ég því að hv. þm. láti ekki stjórnast af einhverri trú á því að tíminn sé hlaupinn frá okkur. Ég treysti því að það verði allt kapp lagt á það að ráða fram úr þessu vandamáli.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hv. þm. Ellert B. Schram talaði um að menn ættu að beina spjótum sínum að Mjólkursamsölunni, það væri réttmætast að beina spjótum að því fyrirtæki. Ég kann ekki við þetta orðalag og vil helst ekki vera að eggja menn til gáleysislegrar meðferðar á vopnum. En ef ætti að beina spjóti að einhverjum, þá væri það auðvitað að hv. þm. Ellert B. Schram sjálfum sem fyrstur manna byrjaði þennan söng hér á Alþ., að svipta Mjólkursamsöluna einkarétti. Og málgagn hans tók undir þennan söng. Hann reyndar endurómaði sönginn úr málgagninu, því að þeir voru byrjaðir að skrifa um þetta í Velvakanda áður en Ellert fæddist. Þessi slagur er búinn að vera langur, og það er ekkert gaman fyrir okkur bændur að þurfa að viðurkenna það að hann skyldi tapast, vegna þess að það kostaði geysiharða baráttu fyrir bændasamtökin að komast yfir mjólkurmarkaðinn hér í Reykjavík. Það var vafalaust mesta og harðasta verslunarstríð sem háð hefur verið á Íslandi, þegar bændur náðu í sínar hendur mjólkursölunni og komu skipulagi á mjólkursölumálin í Reykjavík. Og þá var hv. þm. Ellert B. Schram annaðhvort í móðurkviði eða nýfæddur þegar sú kollhríð stóð. En nú er þetta búið og gert, og oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Það er kannske fyrst og fremst Ellert B. Schram sem er persónugervingur þeirra afla sem loka mjólkurbúðunum.

Það er ekki formandi held ég, að halda opnum mjólkurbúðunum bara út á sölustöðvunina. Kaupmannasamtökin gætu verið að kaupa þessar búðir m. a. til þess að koma Mjólkursamsölunni út af markaðnum.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir segir að tíminn sé ekki hlaupinn frá okkur. En við skulum bara rifja upp hvernig málin standa í dag. Ég hef aflað mér tölulegra upplýsinga um hvernig þessi mál standa. Búðir á öllu svæðinu, þ. e. a. s. í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, voru 59. Aðrar búðir annars staðar á landinu voru 7. Mjólkurbúðir á vegum Mjólkursamsölunnar voru sem sagt 66. Af 66 búðum voru í leiguhúsnæði 13 búðir, og þessum leigusamningum hefur auðvitað verið sagt upp og vafalaust búið að ráðstafa húsnæðinu. Þá eru eftir 53 búðir sem voru í eigin húsnæði. Nú er búið að gera samninga um 33 af þessum 53 búðum við Kaupmannasamtökin sem sérstaklega er getið um í þessari grg. að tóku þá jafnframt að sér að láta þessar afgreiðslustúlkur hafa forgang um störf. Þá eru sem sagt 20 eftir. 4 af þessum búðum hafa verið seldar öðrum aðilum sem standa utan Kaupmannasamtakanna. Þá eru 16 eftir. 9 af þessum 16 búðum, sem eru ófrágengnar, eru utan Reykjavíkur. 2 þeirra eru í Vestmannaeyjum, ein í Hafnarfirði, ein í Ólafsvík, ein í Stykkishólmi, 2 á Akranesi, ein í Keflavík og ein í Kópavogi. Síðan eru 7 búðir eftir og það er kannske fróðlegt fyrir fólk að frétta hvaða búðum er óráðstafað. Það er búð á Langholtsvegi 174, það er ekki búið að ráðstafa henni. Það er búð í Blönduhlíð 2, það er búð á Brekkulæk 1, Freyjugötu 27, Hrísateig 19, Mávahlíð 25 og Laugarásvegi 1. Þessar upplýsingar hef ég eftir Guðlaugi Björgvinssyni, sem er fulltrúi — gegnir nú embætti Stefáns Björnssonar samsölustjóra, en hann og Jón Þorsteinsson fyrrv. alþm. hafa unnið að þessari ráðstöfun á búðunum. Af þessum 7 búðum sagði Guðlaugur þessi mér að 2 hefðu verið með nokkuð mikla sölu: búðirnar á Langholtsvegi 174 og Brekkulæk 1, hinar búðirnar allar hefðu verið langt fyrir neðan meðallag með sölu.

Það væri kannske möguleiki að halda þessum búðum áfram án þess að brjóta gerða samninga — ég fullyrði það ekki — eða skylda Mjólkursamsöluna til þess að koma upp nýjum búðum einhvers staðar annars staðar. En mér finnst að það sé annaðhvort fyrir Mjólkursamsöluna að selja mikla mjólk eða ekki. Því miður held ég að við verðum að horfast í augu við það. Ég viðurkenni fullkomlega rök hv. þm. sem hér hafa

talað í málinu, Svövu Jakobsdóttur og Magnúsar Torfa og þó sérstaklega rök Eðvarðs Sigurðssonar, þar sem hann benti á að þessi breyting hlyti að hafa í för með sér fyrr en síðar verri þjónustu og hærra verð, þegar kaupmenn væru orðnir einráðir með mjólkurdreifinguna. En gallinn er bara þessi, að skjaldborgin var of seint slegin um Mjólkursamsöluna. Ég vil ljúka orðum mínum á því að heita á verkafólk, hvar sem er á landinu, að slá skjaldborg um samvinnufélög sín og gera það áður en það er orðið of seint.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Án þess að ég ætli að lengja þessar umr. mjög úr því sem komið er, langar mig til að vekja athygli á því, að ég fæ ekki betur skilið en allir, sem til máls hafa tekið um frv. á þskj. 128, hafi lokið upp um það einum munni að þar sé á ferðinni mál sem vissulega sé ástæða til að huga að í alvöru og það þoli ekki bið. En ég vil alveg víkja því frá okkur flm. þessa frv., sem mér fannst gæta nokkuð í máli sumra ræðumanna, að hér sé sérstaklega verið að veitast að hagsmunum bænda og sölusamtaka þeirra. Þar sem frv. gerir ráð fyrir kvöðum á Mjólkursamsöluna í Reykjavík, þá er það eðli málsins samkvæmt að til hennar hljóta menn að snúa sér a.m.k. í fyrstu umferð þegar um það er að ræða að reyna að afstýra því að sú breyting, sem er að ganga yfir, valdi meiri óþægindum og meira tjóni, vil ég segja, en óhjákvæmilegt er. Það hefur ekki aðeins á skort í þessu máli að neytendur í bæjunum hafi þekkt sinn vitjunartíma, — og vil ég þó ekkert draga úr því að þeir hefðu mátt láta heyra í sér fyrr og skeleggar en þeir gerðu, — það hefur líka gerst að fulltrúar bænda hafa smátt og smátt látið undan þeirri ásókn sem að því hefur beinst að brjóta niður fyrirkomulag sem komið var á fót eftir mikil átök og ég er sannfærður um að var, meðan það hélst, bæði bændum og neytendum til hagsbóta. Það fer ekki milli mála að a.m.k. sumir aðilar í stjórn sölusamtaka bænda tóku allt of lint á móti þegar reynt var að setja þeim stólinn fyrir dyrnar, t.d. með því að borgarstjórn Reykjavíkur beitti valdi sínu til þess að útiloka samsöluna frá lóðum, eðlilegri lóðaúthlutun. Það hefði vafalaust verið hægt að hnekkja slíkum rangindum hefði hraustlega verið á móti tekið og leitað stuðnings almenningsálits. En það, sem nú er að gerast, er því miður, vil ég segja, að upp er að koma staða sem á eftir að skaða bæði bændur og neytendur. Og það er mikill vandi að halda svo á málum úr því sem komið er að þessi skaði verði sem allra minnstur. Atriðið, sem hreyft er í frv. á þskj. 128, er aðeins eitt af þeim sem um er að ræða.

En sérstaklega tók ég til máls til að láta í ljós ánægju mína með þau ummæli hv. 3. þm. Norðurl. e. að hann muni í landbn. beita sér fyrir að þetta mál verði tekið þar til skjótrar athugunar. Ég efast ekki um góðan vilja hans í þessu máli og tel að eftir því sem aðstæður leyfa sé málið komið á rekspöl eftir þær undirtektir sem það hefur fengið á þessum fundi.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Efri deild, 20. fundur.

Föstudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 147). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það til l. um tollskrá o.fl., sem hér er til 1. umr., markar að mörgu leyti tímamót í íslenskri tollasögu. Ber þar fyrst og fremst til að með frv. er stigið síðasta stóra skrefið í þeirri aðlögun að breyttri verslunar- og viðskiptastefnu sem mörkuð var þegar Ísland gekk til fríverslunarsamstarfs við Vestur-Evrópu í ársbyrjun 1970 sem ætlað var að ryðja braut fyrir fjölbreyttara atvinnu- og efnahagslífi á Íslandi.

Frv. þetta er samið af embættismönnum í tolladeild fjmrn. Drögin að þeim breytingum, sem frv. felur í sér, eiga sér tvær rætur: Í fyrsta lagi skuldbindingar Íslands, sem gengið var í þegar aðild að EFTA var ráðin. Í öðru lagi óskir og kröfur talsmanna iðnaðarins sem EFTA-aðildin snertir mest. Frv. hefur síðan verið rætt síðustu daga og vikur við þá fulltrúa atvinnulífsins sem helst hafa hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Frv. er þannig fram sett, að það sýnir í fyrsta lagi núgildandi tolla og í öðru lagi tollbreytingar frá 1. jan. 1977 til 1. jan. 1980.

Ekki er úr vegi, þar sem hér er um veigamiklar tollalagabreytingar að ræða, að rifjaðir séu upp stuttlega helstu áfangar í þróun íslenskrar tollalöggjafar frá upphafi.

Þær vörur, sem aðflutningsgjöld voru fyrst lögð á, voru alls konar vín, brennivín og „þess háttar", eins og þar segir, tilbúið úr áfengum drykkjum. Frv. til tilskipunar um þetta efni var samþykkt á Alþ. 1871. Áfengistollurinn var síðan hækkaður nokkrum sinnum og tollar lagðir á nokkrar aðrar vörur, en afar varlega var farið í sakirnar allt fram yfir heimsstyrjöldina.

Með tollalögum fyrir Ísland frá árinu 1901 voru fyrstu heildartollalögin sett. Álagning tolla var þó enn takmörkuð við örfáar vörutegundir. Með lögum frá 1912 um vörutoll er í fyrsta sinn lagður á almennur vörumagnstollur. Þessi fyrsti almenni tollur var síðan hækkaður nokkrum sinnum og stóð svo til ársins 1926, en þá var með l. nr. 47 1926, um verðtoll, í fyrsta sinn lagður á verðtollur.

Vörutollar, almennir og sérstakir, voru síðan innheimtir hlið við hlið eftir ýmsum lögum þar til sett voru lög um tollskrá nr. 62 30. des. 1939. Tollskrá þessi var samin eftir alþjóðlegu frv. er Þjóðabandalagið hafði lagt fram 1928, en frv. þetta varð til í framhaldi af alþjóðlegri ráðstefnu um fjármál og viðskipti sem haldin var í Genf í maímánuði 1927.

Tollskráin frá 1939 var mikil framför frá tollalögum sem áður giltu. Með lögum þessum var sérstök tollskrá í lög tekin og dregin saman í eina heild öll hin dreifðu ákvæði tollalöggjafarinnar um aðflutningsgjöld sem í gildi voru. Báru flestar vörur samkvæmt henni bæði vörumagns- og verðtoll.

En brátt knúði fjárþörf ríkissjóðs á að nýju. Voru því aðflutningsgjöld á árunum 1947—1960 innheimt með álagi og tekin upp ýmis ný innflutningsgjöld af innfluttum vörum. Af ráðstöf-

unum þessum leiddi að aðflutningsgjöld í heild af ýmsum vörum voru orðin geigvænlega há og buðu heim ólöglegum innflutningi, og samræmi það í tollálagningu, sem náðist með tollskrárlögunum frá 1939, var gersamlega farið út um þufur og tollákvæðin voru orðin allt of margbrotin og erfið í framkvæmd.

Í árslok 1959 var skipuð n. til að endurskoða öll gildandi lög um aðflutningsgjöld og semja frv. að nýrri tollskrá eftir hinni alþjóðlegu tollskrárfyrirmynd, Brüssel-skránni svonefndu, en frv. þetta varð að lögum nr. 7 1963, um tollskrá o. fl. Með þessari tollskrá voru enn á ný dregin saman í eina heild hin ýmsu dreifðu ákvæði löggjafarinnar, tollar á mjög mörgum vörum lækkaðir stórlega og miklu meira samræmi en áður komið á tolla af skyldum vörum og vörum til sams konar eða svipaðrar notkunar. Með lögfestingu hinnar nýju tollskrár var einnig að öðru leyti stigið stórt framfaraspor.

Eftir síðari heimsstyrjöldina hófst á ný alþjóðleg samvinna í mörgum greinum, þ. á m. um tollamál. Arangur þeirrar samvinnu var m. a. sá, að 15. des. 1950 var í Brüssel undirrituð samþykkt um vöruflokkun í tollskrá. Með þeirri samþykkt var stefnt að því að tollskrár hinna ýmsu landa skyldu samræmdar að formi til og samin var tollskrárfyrirmynd sem nefnd var Brüssel-skráin. Var talið að yfir 50 þjóðir hefðu komið þeirri tollskrá á hjá sér árið 1963, þ. á m. öll lönd Vestur-Evrópu, en nú munu um 130 þjóðir byggja tollalöggjöf sína á Brüssel-skránni.

Á tímabilinu 1963—1970 var tollskránni breytt á hverju ári og ávallt til lækkunar á aðflutningsgjöldum. Með l. nr. 3 15. febr. 1968 voru tollar m. a. lækkaðir á ýmsum vörum í samræmi við skuldbindingar sem leiddi af niðurstöðum hinna svonefndu Kennedy-viðræðna á vegum GATT, þ. e. hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti. Nefna má og breyt. á tollskrárlögum sem gerð var með l. nr. 80 31. des. 1968, þegar leiðréttingar voru gerðar á gildandi lögum vegna breytinga, sem orðið höfðu á Brüssel-tollskránni, og lögfest voru ákvæði um eðlisverðsskýrgreiningu verðmætis vara samkvæmt alþjóðlegu samkomulagi sem Ísland fylgir í reynd.

Eins og fyrr er að vikið verða straumhvörf í þróun íslenskrar tollalöggjafar frá og með ársbyrjun 1970 vegna aðildar Íslands að EFTA og síðar fríverslunarsamnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem kom í kjölfar þess að Danmörk og Bretland gengu úr EFTA og gerðust aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Þótt skammt sé liðið er ekki úr vegi að rifja upp helstu ákvæði EFTA-samningsins, án þess þó að farið sé nánar út í forsendur aðildarinnar eða rædd þau markmið sem að var stefnt með aðildinni, enda er hv. alþm. fullkunnugt um þá hlið málsins.

Svo var um samið að aðildarlönd EFTA, þ. e. Danmörk, Svíþjóð, Finnland, Noregur, Bretland, Sviss, Austurríki og Portúgal, skyldu þegar frá byrjun eða 1. mars 1970 fella niður tolla við innflutning til viðkomandi landa á íslenskum iðnvarningi og nokkrum þýðingarmiklum sjávarafurðum sem EFTA-samkomulagið tók til. Jafnframt var í sambandi við aðildina samið um við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum að þær veittu sérstakar viðskiptaívilnanir til handa íslendingum hvað snerti útflutning á dilkakjöti. Auk þess var stofnaður svokallaður Norrænn iðnþróunarsjóður sem Norðurlöndin fjármögnuðu til eflingar íslenskum útflutningsiðnaði.

Þannig hefur útflutningur íslenskra vara notið fulls tollfrelsis í EFTA-löndunum frá ársbyrjun 1970, og samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu munu íslenskar vörur njóta tollfrelsis í aðildarríkjum bandalagsins frá og með 1. júlí 1977, líkt og útflutningur annarra EFTA-land til Efnahagsbandalagsins, en EFTA-löndin gerðu hliðstæða fríverslunarsamninga við Efnahagsbandalagið í kjölfar úrsagnar breta og dana úr EFTA og íslendingar gerðu, og tóku allir þessir samningar gildi hinn 1. apríl 1973. Frá og með miðju næsta ári verður því komin á full fríverslun með iðnaðarvörur milli 16 ríkja Vestur-Evrópu og einnig að því er okkur snertir tollfrjáls aðgangur fyrir flestar þýðingarmestu sjávarafurðir okkar á þessum mörkuðum.

Á móti þessum tollaívilnunum íslenskum útflutningi til handa skuldbundu íslendingar sig til að fella á ákveðnu árabili, þ. e. árunum 1970—1980, að fullu niður tolla á innflutningi iðnaðarvara frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins sem jafnframt eru framleiddar hér á landi. Svo að dæmi sé tekið falla þannig niður tollar á fatnaði ýmiss konar við innflutning frá EFTA eða Efnahagsbandalagslöndunum, en hins vegar ekki á bifreiðum þar sem þær eru ekki framleiddar hér á landi.

Á það skal þó bent að gefnu tilefni að vörusvið fríverslunarsamninganna, eins og það snýr að innflutningi til Íslands, er í stórum dráttum takmarkað við iðnaðarvörur í tollskrárköflunum 25—99, en tekur, svo dæmi sé tekið, ekki til landbúnaðarvara. Því er þetta ítrekað hér að við mat á nauðsynlegum lagfæringum á tollakjörum íslenskra atvinnuvega í kjölfar EFTA-samkomulagsins hefur reynst nauðsynlegt til að fírra ríkissjóð sem mestu tolltekjutapi að gera skýran greinarmun á þeim atvinnu- og framleiðslugreinum annars vegar, sem EFTA-samkomulagið og síðar Efnahagsbandalagssamningurinn hafa bein samkeppnisáhrif á vegna minnkandi tollverndar innlendrar framleiðslu, og hins vegar þeirra, sem engin breyting af þessu tagi hefur orðið á, svo sem í mjólkuriðnaði og fiskiðnaði. Hafa orðin samkeppnisiðnaður og verndarvöruiðnaður verið notuð um þær greinar sem orðið hafa fyrir aukinni samkeppni enda þótt þau séu engan veginn nógu nákvæm til að ná fram fyrrgreindri aðgreiningu.

Svo nánar sé vikið að lækkunum tolla við innflutning frá EFTA- og Efnahagsbandalagsríkjunum, var svo um samið að tollar á verndarvörum yrðu lækkaðir um 30% í ársbyrjun 1970, en yrðu síðan óbreyttir fram til ársins 1974, er þeir voru lækkaðir um 10% af þeim grunntolli er í gildi var í ársbyrjun 1970, og síðan áframhaldandi um 10% árlega fram til ársins 1980 er tollvernd íslensks verndarvöruiðnaðar verður afnumin.

Af samningsákvæðum þeim, sem hér hefur verið lýst, leiddi að nauðsynlegt reyndist að gera verulegar breytingar á tollum á aðföngum ís-

lensks verndarvöruiðnaðar. Hafa þær breytingar verið gerðar í áföngum, fyrst með breytingum í tollskrárlögum frá 1970, þá 1974, og með þessu frv. eru enn frekari breytingar ráðgerðar. Þannig voru árið 1970 tollar á hráefni til iðnaðar almennt lækkaðir úr 50% og tollar á vélum lækkaðir í 7%. Árið 1974 voru tollar af vélum að fullu felldir niður, tollar af hráefnum lækkaðir um helming frá því sem þeir höfðu verið í árslok 1973, en þeir síðan að fullu felldir niður í byrjun þessa árs. Má því segja að frá þessum tíma hafi íslenskur verndarvöruiðnaður í stórum dráttum búið við tollfrelsi á beinum hráefnum og vélum til framleiðslu sinnar. Þessi almenna regla hefur þó ekki verið án undantekninga og er með þessu frv. stefnt að lausn þeirra vandamála sem eftir voru skilin á því tollalækkunartímabili sem hér hefur verið lýst.

Áður en vikið er að helstu breytingum, sem frv. þetta felur í sér, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um hlut tolltekna hins opinbera sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, en þá er ekki tekið tillit til markaðra skatta á innflutningi til sérþarfa.

Hlutur tolltekna frá árinu 1969 til ársins 1976 hefur lækkað úr 31.9% í 18.9% á þessu tímabili, og samkvæmt árlegum áætlunartölum fjárlagafrv. 1977 og fyrirhuguðum lækkunum samkvæmt þessu frv. mun þetta hlutfall lækka í 15.5% á árinu 1977, 13.9% 1978, 12.6% 1979 og 11.2% árið 1980.

Þegar litið er nánar á tölur um hlut tolltekna í heildarríkissjóðstekjum er það athugunarefni, að þrátt fyrir þessa hlutfallslegu lækkun hefur íslenska tollkerfið enn sérstöðu í samanburði við önnur lönd í Vestur-Evrópu þar sem tolltekjur eru yfirleitt ekki hærri en 1—3% af ríkissjóðstekjum viðkomandi landa. Er þá enn athugunarefni hvort og að hvaða leyti þessi sérstaða valdi því að íslenskum verndarvöruiðnaði séu búin önnur og verri skilyrði hvað snertir gjöld á ýmiss konar aðföngum en keppinautum innan þeirra fríverslunarsvæða sem Ísland tengist.

Fyrst verður fyrir að tollar á öðrum fjárfestingarvörum en vélum og tækjum hafa yfirleitt ekki lækkað og eru almennt á bilinu 18—35%. Auk þessara háu gjalda er lagður 20% söluskattur á flestar vörur, en sambærilegan skatt fá erlendir samkeppnisaðilar endurgreiddan í virðisaukaskattkerfi viðkomandi landa. Þá greiðist þessi missiri 18% vörugjald af ýmsum fjárfestingarvörum sem ekki er lagt á í nágrannalöndunum. M. a. með hliðsjón af þessum þætti í samanburði á gjöldum innlends verndarvöruiðnaðar annars vegar og erlendra samkeppnisaðila hins vegar gerir frv. ráð fyrir því að tollur á helstu fjárfestingarvörum verði lækkaður í áföngum frá og með ársbyrjun 1978 til ársbyrjunar 1980.

En önnur sjónarmið hafa jafnframt ýtt undir þá stefnubreytingu um tolla á fjárfestingarvörum sem frv. felur í sér. Má nefna að Alþ. hefur oft á undanförnum árum látið í ljós vilja til lækkunar byggingarkostnaðar. Þessi breyting gengur eins langt og við verður komið á þessu stigi til móts við þær óskir. Hún mun að öðru jöfnu jafnt koma húsbyggjendum sem atvinnurekstrinum til góða í lægra efnisverði til húsbygginga. Það er viðbótarröksemd fyrir þessari lækkun tolla á fjárfestingarvörum að á undanförnum árum hefur aukist verulega innflutningur á einingahúsum alls konar svo og stálgrindahúsum. Smíði innlendra húsa úr strengjasteypu og smíði innlendra einingahúsa á í samkeppni við þennan innflutning sem er á leiðinni að verða tollfrjáls samkvæmt EFTA-reglunum.

Eins og ég hef hér lýst í stórum dráttum, er meginstefna þessa frv. að í lok þessa tollalækkunartímabils, sem frv. spannar yfir, þ. e. a. s. 1980, verði álögur á aðföng íslensks samkeppnisiðnaðar að mestu horfnar. Að því er varðar verksmiðjuiðnað hverfa þessar álögur nær alveg frá og með 1977, að öðru leyti en tekur til bygginga, en ýmsar aðrar veigamiklar álögur er ráðgert að hverfi smám saman á tímabilinu.

Ég vil í framhaldi af þessum almenna inngangi fara nokkrum orðum um helstu ákvæði frv. þess sem hér er til umr. og skipta helstu breytingum frv. frá gildandi lögum í 9 flokka sem ég mun nú gera grein fyrir lið fyrir lið.

Í fyrsta lagi felur frv. í sér samningsbundnar tollalækkanir á verndarvörum frá löndum EFTA og EBE, en samkvæmt innflutningstölum frá miðju ári 1970 til ársins 1976 nam innflutningur verndarvara alls 17.1 milljarði króna af heildarinnflutningi um 73.4 milljarða króna eða 23.2%. Þar af nam innflutningur frá EFTA- og Efnahagsbandalagslöndum 14.9 milljörðum, en 2.2 milljörðum frá löndum utan EFTA og Efnahagsbandalagsins. Tolltekjur ríkissjóðs af þessum innflutningi námu á sama tímabili um 2½ milljarði kr. og þar af 2 milljörðum kr. frá EFTA og Efnahagsbandalaginu. Ríkissjóður verður af þessum tekjum á næstu árum, og sýnir frv. hvernig tollar af innflutningi frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins munu fara lækkandi stig af stigi á þessu tímabili, sbr. fylgiskjal I með frv. Séu fyrrgreindar tölur um tekjutap ríkissjóðs af þessum innflutningi færðar yfir á tekjugrunn fjárlagafrv. 1977, má ætla að það nemi samtals um 2.3 milljörðum kr. á næstu 4 árum.

Nokkur frávik er að finna í frv. frá þeim tollalækkunarferli sem um var samið við inngöngu í EFTA, og ber þar helst til að samningsbundnum tollalækkunum á nokkrum verndarvörum er hraðað vegna eindreginna tilmæla samtaka iðnaðarins. Vörur þær, sem hér um ræðir, fengu á sínum tíma sérstakan E-toll, en þar sem þær eru íslenskum iðnaði mun mikilvægari sem hráefni en sem verndarvara og innlend framleiðsla þeirra er mjög takmörkuð eru tollar af vörum þessum felldir niður að fullu frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins frá 1. jan. 1977.

Annar þáttur endurskoðunar gildandi tollskrárlaga, sem frv. þetta nær til, er lækkun tolla á verndarvörum innfluttum frá löndum utan EFTA og Efnahagsbandalagsins. Til að koma í veg fyrir óeðlilegan tollamun á innflutningi frá þessum löndum annars vegar og EFTA- og Efnahagsbandalagslöndunum hins vegar er gert ráð fyrir að tollar verði einnig lækkaðir á vörum frá þessum löndum. Er nánari útlistun á tollalækkunum þessum að finna í grg. með frv. Rétt þykir þó að taka fram í þessu sambandi til að forðast misskilning, sem nokkurs hefur gætt, að samningarnir við EFTA og Efnahags-

bandalagið byggjast á því að samningsaðilar veiti hver öðrum gagnkvæm tollfríðindi. Getur því ekki orðið um að ræða að innflutningur frá löndum utan Vestur-Evrópu njóti almennt sömu tollkjara við innflutning til Íslands og innflutningur frá EFTA og Efnahagsbandalaginu nema samið verði um gagnkvæm tollfríðindi við viðkomandi aðila á grundvelli GATT-samkomulagsins um fríverslunarsvæði. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs samkvæmt þessum þætti muni nema um 90 millj. kr. á ári fram til 1980.

Þriðji þáttur endurskoðunar gildandi tollskrár beinist að lækkun tolla á þeim vélum, hráefnum og rekstrarvörum til iðnaðar sem gjöld höfðu en ekki verið lækkuð af. Má segja að af þessum þremur tegundum aðfanga sé rekstrarvöruþátturinn hvað mikilvægastur, því að í langflestum tilvikum höfðu gjöld þegar verið felld niður að fullu af vélum og hráefnum. Má gera ráð fyrir að lækkun tolla á rekstrarvörum einum sér, þ. e. a. s. á ýmsum vörum til tækninota og verkfæra ýmiss konar, nemi um 170 millj. kr. á næstu 4 árum. Koma lækkanir þessar til framkvæmda á mislöngum tíma, en leitast var við að þær lækkanir, sem mikilvægastar virtust, kæmu að fullu til framkvæmda strax frá næstu áramótum.

Fjórði þáttur endurskoðunar beinist að lækkun tolla af fjárfestingarvörum og hef ég þegar vikið nokkuð að þeim þætti. Gert er ráð fyrir að lækkanir þessar komi til framkvæmda í áföngum og þá í fyrsta sinn hinn 1. jan. 1978. Í grófum dráttum má segja að tollalækkun þessi taki til vöruflokka eins og byggingarplatna ýmiss konar, furu, þakjárns, einangrunarplatna og -efnis, steypustyrktarjárns, pípna og pípuhluta, raflagnaefnis ýmiss konar, auk lækkana á vélum, vélarhlutum og varahlutum almennt, sem þó að mestu leyti er notað í iðnaði og öðrum atvinnurekstri. Gert er ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum, þegar allar lækkanirnar eru komnar til framkvæmda, nemi um 1 milljarði 150 millj. kr. á grundvelli fjárl. 1977.

Fimmti þáttur endurskoðunar beinist að lækkun hæstu fjáröflunartolla. Í tollskrárlögum þeim, er tóku gildi í ársbyrjun 1974, voru tollar á fjölmörgum vörum, sem báru 100% tolla, lækkaðir í 80%. Var litið á þessa breytingu sem fyrsta skrefið í átt til lækkunar fjáröflunartolla almennt, og lýstu ýmsir alþm. fylgi við slíka lækkun í umr. um málið hér á Alþ. Um almennan rökstuðning fyrir nauðsyn þess að lækka fjáröflunartolla vísa ég til athugasemda frv. um það efni sem tvímælalaust á erindi inn í umr. um framtíðarskipan þessara mála.

Af tekjuöflunarsjónarmiðum þótti ekki fært á þessu stigi að lækka almenna fjáröflunartolla meira en svo að þeir tollar, sem eru enn 100%, verði lækkaðir í 80% svo og allir 90% tollar, að undanskildum tollum af bifreiðum. Ég tel að nauðsyn beri til að gera enn frekara átak í þessu efni enda þótt ekki þyki fært í þessu frv. að tímasetja hugsanlegar lækkanir af því tagi.

Sjötti þáttur endurskoðunarinnar miðar að því að allir magntollar, að undanskildum magntollum á olíum í 27. kafla tollskrárinnar, verði felldir niður. Yfirleitt hafa þessir tollar numið óverulegum fjárhæðum og þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir því að í þeirra stað verði lagður á verðtollur, nema á kartöflur, þar sem í stað 20 kr. magntolls pr. 100 kg komi 4% verðtollur. Er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu tekna af þessari breytingu og því fyrst og fremst um formbreytingu að ræða.

Þá er komið að mjög veigamikilli breytingu sem í frv. felst frá gildandi lögum enda þótt ekki hafi sú breyting ein sér neina tekjubreytingu í för með sér. Er hér átt við þær verulegu textabreytingar sem lagt er til að gera á íslensku tollskránni vegna breytinga sem gerðar hafa verið á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins í Brüssel sem Ísland er aðili að og íslenska tollskráin er byggð á, eins og fyrr er að vikið. Með þeim breytingum, sem hér um ræðir, fæst mun nánari sundurliðun á innflutningi til landsins sem í mörgum tilvikum getur haft hagnýtt gildi jafnt fyrir opinbera aðila sem innflytjendur og framleiðendur. Breytingar þessar munu þó vafalaust fyrst í stað valda innflytjendum og tollstarfsmönnum nokkrum erfiðleikum, en eru hins vegar ugglaust til mikilla bóta. Þessu til viðbótar hafa borist beiðnir frá ýmsum samtökum atvinnulífsins hér í landi um enn nánari sundurgreiningu innflutnings eftir tollskrárnúmerum, og hefur í frv. verið reynt að koma til móts við þær óskir eins og frekast hefur verið unnt.

Fyrst hér er minnst á hið alþjóðlega samstarf á sviði tollamála fyrir milligöngu Tollasamvinnuráðsins má geta þess, að þetta samstarf nær ekki einungis til samvinnu og samræmingar á sviði tollskrárlöggjafar, heldur til samræmingar á öðrum sviðum tolltæknilegs eðlis, svo sem á sviði verðmætisákvarðana og ýmiss konar framkvæmdaatriða, auk samstarfs til að vinna gegn alvarlegum brotum á tollalögum, svo sem ólögmætum viðskiptum með áfengi, ávana- og fíkniefni o. fl. Hefur fjmrn. upp á síðkastið lagt áherslu á virka þátttöku af Íslands hálfu í þessu samstarfi og mun því verða haldið áfram næstu árin.

Tveimur þáttum endurskoðunarinnar hefur ekki verið gerð grein fyrir, en það eru breytingar á 2. og 3. gr. gildandi tollskrárlaga um heimildir rn. til lækkunar eða niðurfellingar aðflutningsgjalda og hins vegar breytingar á ýmsum framkvæmdaatriðum tollalöggjafarinnar í 4.—38. gr. frv. Fer ég ekki nánar út í þau atriði hér, enda er ítarlega gerð grein fyrir breytingum þessum í aths. við frv.

Auk þeirra breytinga, sem nú hefur verið lýst, hafa verið gerðar einstakar breytingar aðrar, og má þar m. a. nefna lækkun tolla á vörubifreiðum undir 3 tonnum úr 40% í 30% til samræmis við gjöld af vörubifreiðum yfir 3 tonn, hækkun tolla á jeppabifreiðum úr 40% í 90%, en á móti er gert ráð fyrir lækkun innflutningsgjalds af jeppabifreiðum úr 90% í 50%. Er með þessari breytingu endanlega búið að samræma gjöld af þessari tegund bifreiða við gjöld af almennum fólksbifreiðum sem lengi hefur sýnst nauðsynlegt og eðlilegt. Þá má nefna lækkun tolla á hárkollum úr 100% í 35%, enda er um mjög smyglnæma vöru að ræða þar sem hinn hái tollur hefur fyrirbyggt eðlilega verslunarhætti með vöru þessa hér innanlands. Áður höfðu af sömu ástæðu m. a. verið lækkuð gjöld

á úrum, sjónaukum, myndavélum, ilmvötnum, en það var gert með tollskrárbreytingu frá 1974.

Ljóst má vera af því, sem hefur verið sagt í ræðu þessari, að frv. þetta miðar fyrst og fremst að því að ná jöfnun í samkeppnisaðstöðu innlends verndarvöruiðnaðar við erlendan áður en tollvernd hans lýkur í ársbyrjun 1980. Til viðbótar þeim leiðréttingum, sem í frv. þessu felast og ganga í fyrrgreinda átt, vil ég minna á heimildarákvæði í fjárlagafrv. fyrir árið 1977 þess efnis að fella megi niður að fullu sölugjald eða söluskatt af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar. Það ákvæði er sett inn í fjárlagafrv. í beinum tengslum við samningu þessa frv. og verður að skoða þá lækkun sem hluta af ívilnandi aðgerðum ríkisstj. sem að er stefnt iðnaðinum til handa. Sú lækkun er talin nema um 150 millj. kr. á ársgrundvelli 1977.

Ljóst er að breytingar þær, sem í frv. þessu felast, eru ærið umfangsmiklar og ættu, eins og fyrr var getið, að jafna verulega samkeppnisstöðu innlends verndarvöruiðnaðar sé litið á tollahlið málsins sérstaklega. Ef hins vegar á að jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar við erlendan til fulls og láta hann að auki njóta staðarverndar sem verið getur veruleg í ýmsum greinum sem framleiða fyrir innlendan markað, sýnist óhjákvæmilegt að taka upp virðisaukaskattkerfi hér á landi eða söluskattskerfi með virðisaukasniði.

Þrátt fyrir þær breytingar og lagfæringar, sem í frv. felast og miða að bættri samkeppnisaðstöðu innlends iðnaðar, fer ekki hjá því að íslensk tollalöggjöf, sem um langan tíma hefur mótast af háum tollum, verður vart lagfærð á skömmum tíma svo ekki verði einstök vandamál óleyst. Sérstaklega á þetta við þegar aðföng ákveðinnar iðngreinar eru jöfnum höndum til almennra nota eins og dæmi eru um. Til þess að unnt sé að leiðrétta alvarlegt misræmi af þessu tagi er í 3. gr. frv. tekið upp víðtækt heimildarákvæði þess efnis að fella megi niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum í verndarvöruiðnaði. Mun fjmrn. verða að meta hverju sinni beiðni um beitingu umrædds heimildarákvæðis á grundvelli mikilvægis hvers máls svo og út frá sjónarmiðum öruggrar tollskrárframkvæmdar og samkeppnisstöðu viðkomandi framleiðslu.

Í grg. frv. er að finna tölulegt yfirlit yfir áætlað tekjutap sem tollalækkanir frv. munu valda ríkissjóði á þeim 4 árum sem hér um ræðir. Ljóst er að hér er um verulega lækkun að ræða eða samtals um 4 milljarða 400 millj. kr. og þar af koma 900 millj. kr. til framkvæmda strax á næsta ári, sem er um 300 millj. kr. meira en fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, gerir ráð fyrir. Það dylst sjálfsagt engum að ríkissjóður verði með einhverjum hætti að draga úr útgjöldum eða bæta upp þann tekjumissi sem hér um ræðir, og mun það mál koma til kasta þingsins þegar þar að kemur, en ekkert hefur að svo stöddu verið ákveðið í þeim efnum.

Á árinu 1975 var sú ósk borin fram af samtökum iðnaðarins, að leitað yrði eftir því við EFTA og Efnahagsbandalagið að fá almenna framlengingu á aðlögunartíma að því er snertir tollalækkun á verndarvörum. Ríkisstj. taldi ekki rök vera fyrir almennri framlengingu aðlögunartímans, en hins vegar kæmi til álita að óska eftir undanþágum fyrir einstakar iðngreinar er stæðu höllum fæti í samkeppninni. Í þessu skyni var að undirlagi ríkisstj. hafin athugun á vegum Þjóðhagsstofnunar á áhrifum fríverslunarsamninga á innlendan verndarvöruiðnað og mun skýrsla stofnunarinnar væntanleg á næstunni, ef hún liggur þá ekki fyrir nú þegar. Gefst þá tækifæri til athugunar á því, hvort sérstakra undanþága er þörf fyrir einstakar greinar verndarvöruiðnaðarins

Í þessu sambandi vil ég leggja ríka áherslu á það, að samþykkt þessa frv. snertir engan veginn hugleiðingar um þetta efni því að umsamdar tollalækkanir kom til framkvæmda frá ársbyrjun, hvort sem þetta frv. er þá afgreitt eða ekki, vegna skuldbindinga okkar í fríverslunarsamningunum. Dragist samþykkt þessa frv. fram yfir áramót hefur það eingöngu í för með sér að þær ívilnanir iðnaðinum til handa, sem í því felst, frestuðust til mikils óhagræðis fyrir iðnaðinn, samtímis því að samkeppnisaðstaða hans yrði lakari frá næstu áramótum vegna áðurnefndra umsaminna tollalækkana á verndarvörum við EFTA og Efnahagsbandalagið.

Ég geri mér grein fyrir að frv. þetta er lagt fram í allra síðasta lagi til þess að hægt sé að afgreiða málið fyrir jólaleyfi þm. Sá dráttur, sem orðið hefur á framlagningu frv., stafar fyrst og fremst af mikilli undirbúningsvinnu sem tekur að sjálfsögðu mikinn tíma. Ég vil hins vegar eindregið fara þess á leit við hv. Alþ. að mál þetta fáist afgreitt frá Alþ. fyrir áramót því að að mínu mati skapar frestun á afgreiðslu frv. mikil vandamál og afgreiðsla þess er mjög brýn vegna hagsmuna iðnaðarins. Ég mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að embættismenn fjmrn. verði þm. og þn. til upplýsinga varðandi mál þetta til þess að afgreiðsla þess geti orðið með sem allra liðlegustum hætti.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert hér grein fyrir nýju frv. til l. um tollskrá o. fl. Tollamál eru ekki oft á ferðinni hér á Alþ. Nú munu vera bráðum 3 ár liðin síðan tollalög voru seinast afgreidd frá Alþ., og það er nú svo, að þegar tollalög eru á annað borð opnuð, þá er í mörg horn að líta og margs að gæta, eins og sjá má á þessu frv. Það er mjög umfangsmikið og margbætt og smáatriðakennt og er að sjálfsögðu fráleitt að Alþ. gefi sér ekki góðan tíma til þess að yfirfara svo stórt og mikið mál og gera það eins vel úr garði og hægt er. Ég verð því að harma það hversu seint þetta frv. er á ferðinni og nú skuli vera ætlunin að afgreiða þetta mikla mál á aðeins rúmri viku í gegnum 6 umr. í báðum d. þingsins, þegar aðeins eru eftir 9 þingdagar eða þar um bil — 8—9 þingdagar.

Þetta er ekkert smámál, sem hér er á ferðinni. Frv. ásamt grg. eru 253 síður og ekkert einfalt mál að brjótast í gegnum þennan doðrant allan á skömmum tíma. En ég heyri það á hæstv. fjmrh. að hann telur óhjákvæmilegt að þetta mál fái

afgreiðslu fyrir jól, og sé ég í sjálfu sér ekki ástæðu til að standa gegn því. Við munum að sjálfsögðu reyna að greiða fyrir því að þetta mál hljóti afgreiðslu fyrir jól ef það er talin brýn nauðsyn, en ég verð hins vegar að átelja það mjög að frv. skuli hafa komið svo seint fram.

Þetta frv. skiptist í allmarga þætti. Hér er um að ræða að verið er að lækka tolla á innflutningi frá aðildarlöndum EFTA og Efnahagsbandalagsins í samræmi við samninga sem við höfum gert við þessi bandalög. Í öðru lagi er um að ræða lækkun á tollum á hráefni, vélum, rekstrarvörum og ýmsum fjárfestingarvörum til iðnaðarins. Þessar lækkanir eiga sér ýmsar skýringar, sumar vel grundaðar, aðrar hæpnar.

Ég tel að það sé sjálfsagt nauðsynjamál að lækkaðir séu tollar á hráefni og rekstrarvörum til iðnaðarins, og ég tel að við hefðum fyrir löngu átt að fara í gegnum tollskrána og lagfæra hana til þess að íslenskur iðnaður byggi örugglega við laga tolla hvað snertir einmitt þær vörur sem hann notar í framleiðslu sinni. En ég tel hins vegar að ýmsar aðrar lækkanir á tollum, sem felast í þessu frv., séu ekki jafnréttlætanlegar. Enginn vafi er á því að íslenskur iðnaður á mjög undir högg að sækja og hann er vanbúinn að mæta stórfelldum tollalækkunum. Það er augljós staðreynd að allur iðnaður rís upphaflega sem heimaiðnaður og það er fyrst þegar iðnaðurinn hefur skotið einhverjum rótum að hann fer að víkka áhrifasvæði sitt og ná mörkuðum í öðrum löndum. Allur iðnaður í nálægum löndum hefur upphaflega risið upp í skjóli tollverndar og svo verður að sjálfsögðu einnig að vera hér á Íslandi. Við íslendingar erum tvímælalaust langt á eftir öðrum þjóðum í uppbyggingu iðnaðar. Því veldur að sjálfsögðu fámennið og það hvað heimamarkaðurinn er lítill. Af þessari ástæðu vorum við Alþb.-menn andvígir aðild Íslands að EFTA. Við viðurkenndum þörf íslensks iðnaðar fyrir greiðari aðgang að stórum markaði, en við bentum á það, að þegar opnaðar væru dyr milli íslensks markaðar og evrópsks markaðar með lækkun tollanna, þá yrði þar að sjálfsögðu um flóð að ræða í tvær áttir, og þótt ljóst væri að íslenskar vörur ættu í kjölfar EFTA-aðildar greiðari aðgang að erlendum mörkuðum, þá mundi hið sama gilda um erlendar vörur. Hætta væri fyrir hendi að innlendum iðnaði yrði drekkt með innflutningi erlends varnings sem framleiddur væri með meiri tækni og minni tilkostnaði.

Því miður voru íslenskir iðnrekendur á sínum tíma furðulega glámskyggnir í þessum efnum og trúðu því að þeir mundu auðveldlega ráða við hina stórauknu samkeppni sem fylgja mundi í kjölfar aðildar okkar að EFTA. En nú í seinni tíð eru þeir farnir að átta sig á því að þeir voru vanbúnir að mæta hinni stórauknu samkeppni og hafa því mjög óskað eftir því að aðlögunartími þeirra að tollfrjálsum markaði yrði lengdur. Ég er þeirrar skoðunar að þessar tollalækkanir, sem fylgja í kjölfar aðildar okkar að EFTA og Efnahagsbandalaginu, séu alls ekki tímabærar. Ég tel að innlendur iðnaður þurfi lengri aðlögunartíma, og ég tel að það hefði verið full ástæða til þess að krefjast þess að sá aðlögunartími, sem tilgreindur er í samningi okkar við EFTA annars vegar og Efnahagsbandalagið hins vegar, yrði endurskoðaður. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort virkilega hafi ekki verið eftir því leitað að aðlögunartíminn yrði lengdur.

Ég vil benda á það, að við gerðum breytingar á tollskrárlögum árið 1974 seinast og lækkuðum þá tolla á vörum frá Efnahagsbandalagi Evrópu, en Efnahagsbandalagið frestaði hins vegar gildistöku þeirra tollalækkana fyrir sitt leyti í tæp tvö ár. Mér hefði fundist fullkomlega eðlilegt að tekið væri tillit til þess að svo dróst að tollalækkanir ættu sér stað af hálfu Efnahagsbandalagsins á tímabilinu frá 1974—1976. Ég bendi einnig á það, að í grg. þessa frv. kemur fram að í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir tekjuöflun vegna þess tekjumissis, sem ríkissjóður verður fyrir, nema að takmörkuðu leyti. Þar vantar 450 millj. upp á. Og þar sem hér er um að ræða nokkurn veginn sömu upphæð og nemur lækkun tollanna á vörum frá EFTA og Efnahagsbandalaginu, þá finnst mér að mörgu leyti liggja beinast við að sú tollalækkun, sem af samningum okkar við Efnahagsbandalagið og EFTA leiðir, kæmi ekki nú til framkvæmda, enda hefur bersýnilega ekki verið séð fyrir tekjuöflun til að fylla það skarð. Í grg. frv. er gefið í skyn, að nýir skattar verði á lagðir til þess að fylla þetta skarð, og tekið er svo til orða að um sé að ræða almenna skoðun á tekjuöflun ríkisins sem nú fari fram og eigi að leysa þetta vandamál þegar þar að kemur. Þetta er að vísu nokkuð loðið orðalag, en verður ekki skilið á annan veg en þann, að um verði að ræða aukna skattheimtu væntanlega í formi óbeinna skatta, vegna þessara tollalækkana.

Ég vil leyfa mér í öðru lagi að spyrja hæstv. fjmrh. hreint út hvað fyrirhugað sé í þeim efnum. Hvernig hyggst hann afla ríkissjóði þeirra tekna sem þarna vantar til þess að endar nái saman? Er með þessum orðum verið að gefa í skyn að eftir áramótin fái þjóðin að horfa upp á nýja skattheimtu í einhverju nýju formi, t. d. hækkuðum söttum — eða hvað er hann með í huga?

Ég vil að lokum segja það eitt, að ég er ekki reiðubúinn til þess að fylgja þessu frv. óbreyttu. Ég tel að verulegur hluti af þeim tollalækkunum, sem þar er gerð grein fyrir og tillaga er gerð um, eigi fyllsta rétt á sér og þá fyrst og fremst tollalækkanir sem byggjast á lækkun tolla á hráefni, vélum og fjárfestingarvörum til iðnaðarins. Það er um helmingur af tollalækkununum á árinu 1977. En ég dreg það mjög í efa að tollalækkanir, sem stafa af samningum okkar við EFTA og Efnahagsbandalagið, séu tímabærar og tel því eðlilegast að þeim verði frestað um sinn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lagt hér fram stórmál og gefið lítinn tíma, eins og oft vill verða, til athugunar. Hann gat um það í lok ræðu sinnar að umsamdar breytingar, sem þurfa að eiga sér stað samkv. samningum við Efnahagsbandalagið og EFTA, muni taka gildi um áramótin hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki, aftur á móti gæti það komið sér mjög illa fyrir íslenskan iðnað ef það frv. til l., sem hér liggur frammi

um breytingu á tollskránni, nær ekki fram að ganga fyrir áramót. Eg vona að það verði engin fyrirstaða á að svo megi verða, en ég legg á það áherslu, eins og hv. síðasti ræðumaður, að það eru slæm vinnubrögð að gefa þm. ekki meiri tíma til athugunar á slíku stórmáli sem hér er til umfjöllunar.

Hæstv. ráðh. gat um það, að upphaflega hafi verið farið mjög varlega í álagningu tolla, og ég harma það að sú tíð er um garð gengin. Eins og tollafrv. þetta ber með sér, þótt það sé til bóta, þá er auðséð að löngu er liðin sú tíð sem varlega er farið í tollanir á innfluttum vörum almennt. Eg hefði viljað sjá í þessu frv., sem nú liggur fyrir, breytingar eins og t. d. samræmingu á tannlækningatækjum við sælgætisgerðarvélar sem þegar eru tollfrjálsar. Eg hefði viljað sjá tollalækkun á efni til tannlækninga og mörgum öðrum lækningavörum. Eg hef flutt á sérstöku þskj., nr. 83, frv. til l. um breyt. á l, um tollskrá, en þar er um að ræða samtollun.

Eg vil á þessu stigi að það komi hér fram, að ég áskil mér rétt til þess að bera fram brtt. við þetta embættismannafrv. Að sjálfsögðu fagna ég öllum breytingum sem eru íslenskum iðnaði til hagsbóta, en tel að fella eigi niður samtímis tolla af vélabúnaði til fiskiðnaðar sem hlýtur að teljast til samkeppnisiðnaðar. Eg áskil mér fyrrgreindan rétt og óska eftir að fá þann tíma sem ég þarf til að hafa samband við þá aðila sem ég tel nauðsynlegt að hafa samband við til að athuga þetta frv. gaumgæfilega. Eg mun reyna að tefja það ekki, en vona að ég verði ekki þvingaður með bolabrögðum til að vinna hraðar en ég treysti mér til við að gera þessu máli sæmileg skil. Þeir aðilar, sem ég mun hafa samráð við mér til upplýsinga, eru að sjálfsögðu aðilar iðnaðarins, sjávarútvegsins og Verslunarráð Íslands.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. vék að því tollskrárfrv., sem hér er til umr., og lýsti þeirri skoðun sinni að hann vildi hafa sértollalækkanir á ýmsum þeim málaflokkum sem hann taldi þar upp, og hann vék að því að hann teldi enn fremur að lækka bæri tolla á öðrum iðnaði en þeim sem hér er sérstaklega gert. Eg vil aðeins benda á það, og kem þá að því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. vék að í sinni ræðu, að þegar um slíkt tekjutap fyrir ríkissjóð er að ræða eins og í tollalækkunum, þá hljótum við að gera okkur grein fyrir því með hvaða hætti á að mæta því, og ég sagði í frumræðu minni orðrétt, með leyfi forseta:

„Það dylst sjálfsagt engum að ríkissjóður verður með einhverjum hætti að draga úr útgjöldum eða bæta sér upp þann tekjumissi sem hér um ræðir, og mun það mál koma til kasta þingsins þegar þar að kemur, en ekkert hefur að svo stöddu verið ákveðið í þeim efnum."

Tillögum um frekari tollalækkanir hlýtur þess vegna að fylgja till. um það, með hvaða hætti á að mæta þeim, hvar og þá hvernig dregið skuli úr útgjöldum eða þá hvort það skuli gert með annarri tekjuöflun til ríkissjóðs. Eg orða þetta eins og ég gerði í minni ræðu einfaldlega vegna þess að það er ekki áformuð sérstök tekjuöflun í þessu sambandi, þ. e. a. s. vegna þess tekjutaps sem ríkissjóður verður fyrir á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að við afgreiðslu fjárlagafrv. verði tekið tillit til þess tekjutaps, og það gerist að sjálfsögðu ekki með öðrum hætti en haga útgjöldum ríkissjóðs þannig að stefnt verði að hallalausum fjárl. afgreiddum frá Alþingi.

Varðandi síðari spurningu hv. 5. þm. Norðurl. v., þá hefur það komið fram að hæstv. viðskrh. gerði á fundi Fríverslunarbandalagsins grein fyrir því, að til greina gæti komið með einstakar vörutegundir að það yrði leitað undanþágu frá samningsákvæðum þeirra vegna, ef það sýndi sig við athugun hér heima að ástæða þætti til þess. Þetta hefur komið fram í frásögn af ræðu hans á fundi í EFTA.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 152). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta um rannsóknarlögreglu hefur verið afgreitt við þrjár umr. í hv. Nd., með nokkrum breytingum að vísu. Frv. var lagt fram á Alþ. s. l. vetur, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Þetta frv. er samið af n. sem ég skipaði í okt. 1972 til þess að endurskoða dómstólakerfi landsins á héraðsdómsstiginu og gera till. um hvernig breyta mætti reglum um málsmeðferð í héraði til að afgreiðsla mála yrði hraðari. Í þessa n., voru skipaðir menn sem hafa mjög fjölbreytta reynslu á þessu sviði, en í n. hafa átt sæti Björn Fr. Björnsson sýslumaður, sem ég hygg að sé elsti starfandi sýslumaður í embætti hér á landi nú og var auk þess formaður Dómarafélagsins eða sýslumannafélagsins þegar n. var skipuð. Það er í öðru lagi Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti í Kópavogi, sem hefur að baki mjög langa reynslu við embættisstörf í einum stærsta kaupstað landsins, en hafði auk þess áður starfað í dómsmrn. Það er í þriðja lagi Björn Sveinbjörnsson hæstaréttardómari, sem er formaður n., en hann á að baki langa reynslu bæði í dómarastörfum og sem lögmaður og svo nú sem hæstaréttardómari. Og í fjórða lagi er það Þór Vilhjálmsson, sem skipaður var hæstaréttardómari í fyrra, en hafði áður að baki alllanga reynslu í dómarastörfum við borgardóminn hér í Reykjavík, en hafði auk þess gegnt dósentsembætti og prófessorsembætti um allmörg ár og kennslugrein hans var einmitt fyrst og fremst réttarfar.

Nefnd þessi hefur unnið mikið undirbúningsstarf að hinu umfangsmikla verkefni, og var lagt fram á síðasta Alþ. til þess að sýna það frv. um lögréttu og frv. um breytingar á einkamálalögunum. Eg geri ráð fyrir því að þau frv. verði innan tíðar lögð fram hér á hv. Alþ. Þar er

fjallað um endurbætur á dómstólakerfi landsins á héraðsdómsstiginu, og það er þess eðlis að ég býst við að það geti orðið skiptar skoðanir um það, og það er engan veginn eins einfalt mál og þetta sem hér liggur fyrir. Ég skal ekki ræða það frekar í þessu sambandi. En í þessu frv. er aðeins fjallað um afmarkaðan þátt málsmeðferðar í opinberum málum. Það efni taldi n. svo skýrt afmarkað að unnt væri að ljúka meðferð þess málefnis fyrr með því að greina það frá öðrum verkefnum sem n. hefur unnið að og vinnur að.

Það má segja að nú hafi verið rætt allmikið um þessi mál, bæði um þetta frv. og um dómsmálalöggæslu almennt, og ég skal ekki fara út í umr. um það hér, en vil aðeins stuttlega gera grein fyrir því, hverjir eru höfuðefnisþættir þessa frv.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að sett verði á stofn sérstök stofnun, rannsóknarlögregla ríkisins, undir stjórn rannsóknarlögreglustjóra og í rannsóknarlögreglu ríkisins verði starfsmenn, sem sérstaklega séu sérhæfðir til þess að rannsaka ýmsar tegundir brota.

Það er ekki vafi á því, að með stofnun slíkrar sérstakrar rannsóknarlögreglu ríkisins skapast betri möguleikar en áður á því að beina sérhæfðum starfskröftum að meðferð þeirra mála, sérstaklega í Reykjavík og annars staðar á landinu, og þá skiptir ekki síst máli að hinir færustu menn, jafnvel í sérgreindum verkefnum, gætu þegar á frumstigi rannsóknar verið til taks, bæði til sjálfstæðrar rannsóknar á vandasömum málum og til stuðnings starfsfélögum við önnur lögreglustjóraembætti.

Annað höfuðefnisatriði þessa frv. er það, að rannsóknarlögreglunni er ætlað að taka til landsins alls án tillits til umdæmaskiptingar, en nú er rannsóknarlögregla, þar sem hún er, eins og t. d. hér í Reykjavík og annars staðar, bundin við ákveðin umdæmi. Það er ekki heppilegt. Það er heppilegra að rannsóknarlögregla geti haft með höndum rannsóknir þó í ýmsum lögsagnarumdæmum sé, af því að mörgum brotum er svo háttað að inn í þau fléttast verknaðir sem hafa e. t. v. verið framdir víðar en í einu lögsagnarumdæmi og enn fremur geta fleiri menn, sem eru hver í sínu lögsagnarumdæmi, komið þar við sögu. Þess vegna er rannsóknarlögreglan ekki staðbundin með sama hætti og önnur löggæsla. Þetta kemur fram í 3. og 4. gr. 3. gr. var breytt nokkuð í hv. Nd. og með þeirri breytingu undirstrikað þetta, sem ég hef lagt áherslu á, að rannsóknarlögreglan á ekki að vera bundin við eitt einstakt lögsagnarumdæmi. Eftir þá breytingu, sem gerð var á 3. gr. í Nd., segir:

„Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns6knir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkv. ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna. Með sama hætti skal rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsóknir brotamála í Keflavík, Grindavík, Njarðvíkum, Gullbringusýslu og Keflavíkurflugvelli þegar dómsmrh. ákveður."

Í upphaflega frv. var þarna aðeins nefnd Reykjavík, þannig að þetta hefur verið fært út þar sem rannsóknarlögreglan beinlínis hefur með höndum rannsóknir. En auk þess er það 4. gr. sem tekur af öll tvímæli um það, að rannsóknarlögreglunni er ætlað að starfa hvar sem er á landinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknarlögregla ríkisins skal veita lögreglustjórum og sakadómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn brotamála þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er á landinu þegar hann telur þess þörf. Loks getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan þeirra umdæma sem talin er í 3. gr., en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð."

Bæði ríkissaksóknari og rannsóknarlögreglustjóri geta átt frumkvæði að því að taka mál til rannsóknar hvar sem er á landinu, og þeir geta líka gert það samkv. beiðni viðkomandi héraðsdómara og lögreglustjóra og veitt þá aðstoð við rannsóknina.

Ég tel þetta breytingu sem er til mikilla bóta. En þrátt fyrir það þó að þannig sé sett upp sérstök stofnun, rannsóknarlögregla, þá er gert ráð fyrir því að það þurfi að starfa eftir sem áður sérstakir rannsóknarlögreglumenn hjá báðum embættum og við þau embætti hafi þeir með höndum sérstaka málaflokka, eins og greint er í 6. gr., þar sem þeim deildum rannsóknarlögreglu, sem heyra þannig undir viðkomandi lögreglustjóra, er ætlað að rannsaka umferðarslys og brot á umferðarlögum, í öðru lagi brot á lögreglusamþykktum, í þriðja lagi brot á áfengislögum önnur en þau er varða ólögmætan innflutning áfengis, í fjórða lagi brot á tilkynningum um aðseturskipti og í fimmta lagi aðra þá málaflokka sem ákveðið kann að verða í reglugerð að fela þessum lögreglustjórum. En það getur vel verið að reynslan sýni að það geti verið heppilegt að bæta við fleiri málefnaflokkum sem þeim sé falið að rannsaka, og auðvitað er ætlunin sú, að það verði fyrst og fremst meiri háttar afbrot sem rannsóknarlögregla ríkisins fæst við að rannsaka.

Þriðja meginatriðið í þessu frv. er svo það, að það á sér stað, ef það verður að lögum, aðskilnaður milli lögreglu og dómsvalds, en eins og menn vita er það hér í Reykjavík svo, að rannsóknarlögreglan heyrir undir sakadóm eða yfirsakadómara hér í Reykjavík, en hér er gert ráð fyrir að rannsóknarlögregla heyri undir þennan sérstaka embættismann, rannsóknarlögreglustjóra, og skilið sé þannig á milli lögregluranns6knar og svo aftur dómarastarfa. Með þessu er stigið mjög markvert spor í þá átt að skilja að dómsvald og rannsóknarstjórn í opinberum málum og með því enn stigið spor í átt frá hinu forna rannsóknarréttarfari til ákæruréttarfars, eins og það er kallað. Þótt dómarar utan Reykjavíkur yrðu áfram stjórnendur lögreglumanna, eða utan þessara umdæma sem nú eru talin upp í 3. gr., þá mundi þátttaka rannsóknarlögreglu ríkisins í meðferð hinna veigameiri málsrannsókna einnig þar stuðla að því að dómararnir stæðu nokkru

meira en nú er utan við rannsóknarstjórnina. Mönnum hefur lengi verið það ljóst í sjálfu sér, að æskileg væri breyting á réttarfarinu í þessa átt, og hafa komið fram till. áður á Alþ. um það efni, en þær hafa ekki náð fram að ganga.

Ég tel að með þessu frv. sé stigið verulegt skref í átt til þess að bæta rannsóknir í opinberum málum. Þarf ekki að fjölyrða um það hér, að afbrotum ymiss konar hefur farið mjög fjölgandi á undanförnum árum. Liggja að nokkru leyti til þess auglýsar ástæður og hafa komið til alveg nýjar afbrotategundir, eins og menn vita. Þar eru t. d. fíkniefnamálin sem eru ástæða ýmissa afbrota. Morg afbrot eru framin undir áhrifum slíkra efna eða í sambandi við neyslu þeirra. Þá er það og, svo sem alkunnugt er, að ónotleg áfengisnautn á sinn þátt í ýmsum brotum hér. Það hefur líka átt sér stað að komið hefur til sögu ymiss konar misferli í viðskiptum sem áður voru óþekkt hér á landi, eins og t. d. í sambandi við tekka, sem var a. m. k. ákaflega sjaldgæft, en er nú því miður of títt. Þá hefur það auðvitað gerst á síðustu árum, að Ísland hefur færst í þjóðbraut og það hefur sín áhrif að ýmsu leyti, t. d. í sambandi við brot á innflutningslöggjöf, smygl og annað því um líkt. Það liggja þannig margar ástæður og fleiri en þær, sem ég hef hér drepið á, til þeirrar afbrotaöldu sem risið hefur og sumir vilja kalla svo og víst má með rétti nefna því nafni, sérstaklega að því er varðar hin alvarlegri brot.

Auðvitað hafa brot verið framin hér á Íslandi og það alvarleg og gróf afbrot á öllum öldum. En það er hægt að segja að þetta hafi farið ískyggilega í vöxt á undanförnum árum. Það var heppilegt að við skyldum vera að nokkru leyti búnir undir þá miklu fíkniefnaöldu sem hér hefur risið, vegna þess að það var settur á stofn sérstakur dómstóll, fíkniefnadómstóll, og rannsóknardeild í sambandi við hann sem var tekin til starfa áður en þessi mál komust á það stig sem þau virðast hafa náð allra síðustu árin. Ég hygg að starfsemi hans á þessu sviði hafi verið ómetanleg og eigi eftir að sýna sig að hafa gert mikið gagn, og vonandi tekst að vinna bug á því óláni.

En hvort sem menn dvelja lengur eða skemur við að rekja þær ástæður sem liggja til grundvallar því að afbrot eru framin, þá verða menn að horfast í augu við þá staðreynd að þau eiga sér stað og brotum hefur farið fjölgandi, og við því verður að snúast með viðeigandi hætti. Það verður auðvitað að gera þær ráðstafanir sem hægt er til þess að reyna að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað, og auðvitað er aðalatriðið að beita slíkum fyrirbyggjandi ástæðum að ekki séu fyrir hendi orsakirnar sem valda því í mörgum tilfellum að menn fremja afbrot. En enn fremur verður að gæta þess að beitt sé viðeigandi aðgerðum til að upplýsa um brot, sem framin eru, og beitt viðeigandi úrræðum til að mæta þeim, refsiúrræðum. Og það er auðvitað svo, að refsiframkvæmd og réttarfar verður jafnan að laga sig nokkuð eftir aðstæðum, þannig að það getur verið ástæða til að snúast við með strangari hætti en almennt er þegar slíkar afbrotaöldur rísa eins og hér hefur átt sér stað.

Nú hefur löggæsla og dómstólar sætt nokkurri gagnrýni fyrir það að þeir aðilar væru ekki nógu skjótvirkir og e. t. v. stundum líka ekki nogu harðhentir í þessum efnum, beittu ekki nogu ströngum úrræðum, dæmdu ekki nógu strangt og annað því um líkt, það væri of mikill seinagangur á málum hjá þeim. Sjálfsagt getur slík gagnrýni átt við ýmis rök að styðjast í ýmsum tilfellum. En það vil ég undirstrika og það vona ég að allir séu sammála um, að hér eigi að vera réttarríki, en ekki lögregluríki. Þar sem lögregluríki er gengur skjótar að rannsaka mál, en hér er takmarkið að upplýsa hið sanna í hverju máli og girða fyrir það að saklaus maður verði dæmdur sekur. Þess vegna er óhjákvæmilegt að rannsóknir brotamála og það að upplýsa mál taki æðilangan tíma, og í það má ekki horfa. Ég hygg að sannleikurinn sé sá, að athugun mundi leiða í ljós að flest brotamál upplýsast hér að lokum. Auðvitað getur líka verið spurning um það, í hve ríkum mæli á að beita refsiúrræðum til varnar. Auðvitað eru allir sammála um að það er óhjákvæmilegt í mjög mörgum tilfellum, en hitt geta verið skiptar skoðanir um, hversu langt á að ganga í því efni.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að æðrast neitt í þessum efnum þó að þessi afbrotaalda gangi nú yfir. Við henni verður að snúast, eins og ég hef áður sagt, með ýmsum hætti. Það er fyrst og fremst þörf á því að athuga þær þjóðfélagslegu aðstæður sem liggja til grundvallar því, að afbrot eru framin, og reyna að nema þær brott. Í öðru lagi verður að byggja upp löggæsluna og dómstólakerfið þannig að lögum verði komið yfir þá sem sekir reynast. Í sambandi við það má ekki horfa í kostnað, en það hefur löngum verið svo að hv. alþm. hafa haft meiri áhuga á fjárveitingum til annarra mála en þessara.

En það vil ég svo segja, að þó að mikið hafi verið sagt og margt verið skrafað um afbrotaöldu, þá vil ég eindregið vara við því að menn láti það leiða sig út í eitthvert galdrabrennuhugarfar. Það hugarfar þekkja menn úr sögunni hér á landi og vita til hvers það leiddi. Það ríður á miklu að menn haldi jafnvægi sínu og stillingu þó að sitthvað gangi á í þessum málum og margt gerist sem er hörmulegt.

Þetta mál hefur hlotið mjög gaumgæfilega athugun í hv. Nd. Það var, eins og ég hef áður sagt, lagt fyrir d. snemma í fyrravetur. Hún sendi það þá ýmsum aðilum til umsagnar, og hún fékk umsagnir þeirra. Í sumar var málið svo aftur lagt fyrir hina svokölluðu réttarfarsnefnd, sem ég nefndi í upphafi, ásamt þeim umsögnum sem borist höfðu, og fór hún þá yfir það og taldi raunar ekki ástæðu til að gera breytingar á þessu frv. um rannsóknarlögreglu. Frv. var svo lagt fyrir Nd. í byrjun þessa þings, og allshn. þar hefur athugað málið mjög rækilega síðan, kynnt sér það með ýmsum hætti og hefur, eins og ég sagði áðan, gert nokkrar breytingar sem náðu samþykki í Nd. og ég tel til bóta. Þar er fyrst og fremst um að ræða breytinguna á 3. gr. Með skírskotun til þessa vil ég mega vonast til þess að hv. Ed. og sú n., sem fær málið hér til meðferðar, geti fallist á að haga afgreiðslu þess svo að það fái fullnaðarafgreiðslu fyrir jólahlé, því að ég tel nauðsynlegt að þessi

lög geti öðlast gildi um áramót, en síðan tekur undirbúningur þess að koma þeim í framkvæmd nokkurn tíma og er gert ráð fyrir að miðað sé þar við 1. júní.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 140 (sbr. 12)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er fylgifrv. með því frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins sem ég mælti fyrir áðan. Þegar þetta frv. var lagt fyrir Alþ. í fyrra voru aðeins teknar upp í það þær breytingar sem óhjákvæmilega leiddi af þeirri skipulagsbreytingu að sett er á fót rannsóknarlögregla. Í þeim umsögnum, sem þá voru fengnar frá ýmsum aðilum, komu fram ábendingar um nokkrar aðrar breytingar sem æskilegt væri að gera. Réttarfarsnefndin fór yfir frv. í sumar og umsagnirnar, eins og ég drap á áðan, og hún tók sitt hvað til greina sem hafði komið fram í þeim umsögnum og gerði nokkrar breytingar á þessu frv. Og það voru gerðar nokkrar breytingar á því einnig við meðferðina í hv. Nd., en engar sérlega veigamiklar breytingar. Ég vænti þess að þetta frv. með þeim aths., sem því fylgja, skýri sig sjálft og ég þurfi ekki að hafa um það í sjálfu sér fleiri orð. Ég legg til að það sæti sömu meðferð og það höfuðmál sem það fylgir, því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn. Og alveg nákvæmlega sama gildir um það mál sem er á dagskránni nr. 5, um skipan dómsvalds í héraði, að það er fylgifiskur rannsóknarlögreglufrv. og felur aðeins í sér nauðsynlega breytingu sem leiðir af því. Sé ég ekki ástæðu til að mæla sérstaklega fyrir því hér á eftir, en legg til að það sæti sömu meðferð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 141 (sbr. 13)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Föstudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 128). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár þó að mér sé ljóst að það sé orðið þröngt um starfstíma hér á Alþ. og því er það ekki meining mín að efna til langra eða mikilla umr. utan dagskrár. En ástæðurnar til þess, að ég hef gert þetta, eru að í gærkvöld komu fréttir í útvarpinu varðandi landhelgismálið sem voru á þá lund að ég tel alveg óhjákvæmilegt að kalla eftir ákveðnum skýringum hér á hv. Alþ. frá ríkisstj. í sambandi við þá frétt.

Frá því var skýrt í fréttaskeyti frá fréttastofu Reuters að sá samningamaður Efnahagsbandalagsins, sem hér hefur verið tvisvar til þess að ræða við ríkisstj. um fiskveiðimál, Gundelach, hafi skýrt frá því á blaðamannafundi að hann teldi miklar líkur til þess að samningar verði gerðir fyrir áramót, — samningar sem hann nefndi bráðabirgðasamninga um veiðiheimildir breta í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Sagt er að hann hafi sagt að hann gerði sér vonir um að leyfið yrði miðað við a. m. k. 12 skip sem fengju leyfi til þess að veiða stöðugt á miðunum. Einnig var skýrt frá því, að hann hefði tilgreint að hann teldi að Efnahagsbandalagið gæti boðið íslendingum 30 þús. tonna fiskafla af fiskimiðum bandalagsþjóðanna.

Mér sýnist að frétt þessi sé í slíku ósamræmi við það, sem fram hefur komið í frásögn íslenskra ráðh. um viðtal við þennan samningamann, að það kalli á skýringu.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að þeir ráðh. okkar, sem áttu viðtöl við þennan sendimann Efnahagsbandalagsins, hafa skýrt frá því að þeir hafi algjörlega neitað að fallast á allt sem héti bráðabirgðasamkomulag varðandi veiðar breta hér við land. Eigi að síður segir þessi sendimaður nú við opinbera fréttastofu að hann telji miklar líkur á því að það takist að ná bráðabirgðasamkomulagi um veiðar breta hér við land. Sé gengið út frá því, sem ég vil ganga út frá, að ráðh. skýri hér rétt frá og dragi ekkert undan varðandi þennan lið, þá er augljóst mál að sendimaður Efnahagsbandalagsins er að fara hér með staðlausa stafi sem ber að mótmæla ef hann er þegar búinn að fá skýr svör við því að bráðabirgðasamningur um veiðiheimildir breta komi ekki til greina.

Þá hafa íslenskir ráðh. einnig skýrt frá því hér á Alþ. m. a. að í þeim könnunarviðræðum, sem fram hafa farið, hafi ekkert verið rætt um skipafjölda eða aflamagn. Sem sagt því hefur algjörlega verið neitað að umr. hafi komist á það stig. En eigi að síður levfir þessi erlendi samningamaður sér að tala opinberlega um það að hann hafi sterkar líkur fyrir því að samningar muni takast um veiðiheimildir fyrir a. m. k. 12 skip sem fái þá að veiða stöðugt á miðunum, borið saman við 24 skip áður. Ef þessi erlendi sendimaður segir þetta gjörsamlega út í bláinn og án þess að hafa nokkuð fyrir sínu máli, þá ber vitanlega einnig að bera þetta til baka, mótmæla þessu harðlega og segja að hann hafi enga ástæðu til þess að halda slíku fram sem þessu.

Það verður líka að teljast alveg furðulegt að ráðh. okkar skýra frá því að í þessum könnun-

arviðræðum hafi ekkert boð komið fram af hálfu Efnahagsbandalagsins, ekkert efnislegt boð um veiðiheimildir eða magn sem okkur stæði til boða á fiskimiðum bandalagsþjóðanna, en þá birtir hann hins vegar tilkynningu um það erlendis að bandalagið vilji bjóða okkur 30 þús. tonna fiskafla af sínum miðum.

Hér skakkar svo miklu á því sem okkur hefur verið sagt hvað hafi farið á milli íslenskra ráðamanna og þessa erlenda sendimanns að það kallar á skýringu, eins og ég hef sagt, og ég óska eftir því að hæstv. forsrh. geri hér grein fyrir því hvernig getur í þessu legið. Einnig óska ég eftir því að hann fallist á að gera ráðstafanir til að mótmæla því sem fram hefur komið hjá Gundelach erlendis varðandi þessi mál, — hann geri ráðstafanir til að bera þetta til baka sé þetta rangt, neita þessu formlega sem staðlausum stöfum. Hitt verð ég að segja, að mér sýnist að það sé með fádæmum ef erlendur sendimaður, sem kemur hingað til að ræða við íslensk stjórnvöld um mál eins og það sem hér er um að ræða, fer af fundi þeirra hér og lætur opinberlega hafa eftir sér það sem greint er frá í fréttastofufregnum um þetta efni án þess að hann hafi nokkra minnstu ástæðu til þess. Það ætti þá a.m.k. af okkar hálfu ekki að vera mikill vandi að afgreiða þann mann þegar hann kemur enn einu sinni til fundar við okkur. En ef hann hefur haft einhverja ástæðu til þess að tala um málið á þann hátt, sem hann hefur gert, vegna viðtala sinna hér, formlegra eða óformlegra, þá á það líka að koma hér fram.

Það, sem ég tel að skipti hér öllu máli, er að ríkisstj. fáist til að tala skýrt um þetta mál, hún þurfi ekki að nota neitt rósamál sem megi síðan þýða á marga vegu. Það teldi ég að hún gæti m.a. gert af þessu tilefni með því að gera aths. erlendis við það sem haft er eftir þessum erlenda samningamanni, þannig að það verði þá ekki misskilið sem frá íslensku ríkisstj. kemur í þessum efnum. En auk þessa, sem ég hef nefnt, þá sýnir það, sem þarna hefur verið að gerast, að það er rétt, sem ég og fleiri hafa hér sagt af hálfu stjórnarandstöðunnar, að það er knýjandi nauðsyn að hæstv. ríkisstj. birti stefnu sína í þessu máli, að hún láti koma fram hver stefna hennar er. Annars má búast við því að fregnir af þessu tagi haldi áfram og þá vitanlega tilheyrandi óróleiki hér um allt land, því það má ríkisstj. vita, að þeir verða æðimargir hér í okkar landi sem ekki vilja fallast á að gera nýjan veiðiheimildasamning við breta eða við Efnahagsbandalagið.

Ég lofaði því að eyða hér ekki löngu máli og skal standa við það. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. geri hér grein fyrir því af hálfu ríkisstj. hvernig stendur á þeim mikla mismun sem kemur fram í frásögn hins erlenda sendimanns og því, sem þjóðinni og okkur hér á Alþ. hefur verið sagt af okkar trúnaðarmönnum um þessar viðræður, og að hann lýsi því yfir, að hann sé fús til að bera þetta til baka, það sem rangt er þarna sagt. Ég vænti þess líka, að hann vilji nú að athuguðu máli fallast á kröfu okkar um það að gera stefnu ríkisstj. skýra og opinbera, svo það þurfi ekki að koma til slíkra missagna aftur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég tek undir þau ummæli hv. síðasta ræðumanns, að nauðsynlegt er að hæstv. ríkisstj. gefi á því skýringu, hvernig á því kunni að standa að samningamaður Efnahagsbandalagsins, sem hér var tvisvar a.m.k., hefur látið sér um munn fara þau ummæli sem fréttastofur hafa eftir honum og auðvitað er ekki víst að séu rétt eftir höfð, en þau hafa engu að síður verið höfð eftir erlendis og hér heima, og þá er nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir því hvernig á slíku stendur. Ég vil í því sambandi bæta því við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það ættu að vera hæg heimatökin vegna þess að hæstv. utanrrh. er einmitt staddur í Brüssel og ætti því að geta rætt þar við Gundelach sjálfan hvað hann raunverulega hefur sagt og hvernig á því stendur að jafnfurðulegar fregnir og nú hefur átt sér stað berast utan úr heimi um þær viðræður sem hér fóru fram.

En fyrst á annað borð eru hafnar umr. utan dagskrár hér í hv. Nd. um málefni ríkisstj. og vinnubrögð hennar get ég ekki látið hjá líða að vekja með örfáum orðum athygli á því sem undarlegt er hér innan þings í veigamiklum atriðum varðandi störf og stefnu hæstv. ríkisstj. Ég vek athygli á því að í dag er 10. des. Ég hef áreiðanlega heimild fyrir því að störfum fjvn. er ekki svo langt komið 10. des. að stjórnarflokkafulltrúarnir í n. hafi tilbúnar till. sínar undir 2. umr. fjárl. Ég hef að vísu ekki gáð að því, en ég efast um að þetta hafi gerst áður, að 10. des. sé kominn án þess að ríkisstj. hafi markað stefnu sína varðandi fjárlagagerð næsta árs. Ég vek í öðru lagi athygli á því, að í gær var útbýtt hér á hinu háa Alþ. frv. um nýja tollskrá sem tvímælalaust verður talið veigamesta frv. sem fyrir Alþ. hefur verið lagt, að fjárlagafrv. einu undanteknu. Það er lagt fram 9. des. Fyrsti fundur fjh.- og viðskn. Alþ. um málið var haldinn kl. 9 í morgun og það er á dagskrá Ed. í dag. Því fer auðvitað fjarri að fjh.- og viðskn. gæti nema rétt lokið byrjunarumr. um málið. Og nú er manni sagt, — ég vildi gjarnan fá það staðfest af hálfu hæstv. ríkisstj., — að það sé tilætlunin að þetta frv. verði afgr. á 9—10 dögum hér á hinu háa Alþ. Þetta er frv. sem verið hefur mánuðum saman í samningu og er í sjálfu sér mjög vandlega unnið. Stefna þess er tvímælalaust rétt, það stefnir í rétta átt, en málið er mjög flókið og það er vægast sagt að sýna Alþ. lítilsvirðingu að ætla því aðeins 9—10 daga til þess að fjalla um jafnveigamikið mál og hér er um að ræða, sem þó er vitað að búið er að ræða við t.d. iðnrekendur og fleiri atvinnurekendur úti í bæ í marga mánuði. Við þá, sem frv. snertir, er rætt um málið, en Alþ. er sýnd sú lítilsvirðing að því er fleygt framan í alþm. 9—10 dögum áður en Alþ. á að ljúka.

Í þriðja og síðasta lagi vil ég leyfa mér að nefna meðferð skattamálanna. Því var lýst yfir í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. þegar hún tók við völdum að hún mundi leggja fram þá þegar á því þingi frv. til nýrra skattalaga. Nú er þetta þriðja þingið sem háð er síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og enn hefur ekkert frv. til nýrra skattalaga séð dagsins ljós. Fyrir

u. þ. b. tveimur árum fór hæstv. fjmrh. þess á leit við þingflokkana að þeir tilnefndu fulltrúa í n. til þess að fjalla ásamt embættismönnum og fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna um gerð nýrra skattalaga. Sú n. hefur haldið tvo fundi. Ég er fulltrúi flokks míns í n. og hef tvívegis verið boðaður á fund í n. í tvö ár. Þetta eru svo einstök vinnubrögð að engu tali tekur, og enginn veit á þessum degi hvort nýtt frv. til skattalaga verður sýnt á þinginu eða ekki. Engum dettur í hug að það verði afgr. fyrir jólaleyfi. En verður það sýnt eða ekki, og er virkilega meiningin að afgr. fjárl. án þess að þingheimur hafi nokkra hugmynd um það hvaða hugmyndir ríkisstj. geri sér um það hver skuli vera tekjuöflun í formi tekjuskatts á árinu 1977?

Það er nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. gefi þingheimi upplýsingar um þessi þrjú atriði sem ég hef hér gert að umtalsefni. Háttalag hæstv. ríkisstj. í garð Alþ. sem slíks er þannig, að það verður næstum að telja það til einsdæma. A. m. k. er það engan veginn með því móti að við það verði unað. Það er því ekki aðeins að því er snertir fréttaburð af viðræðum ríkisstj. við erlenda sendimenn sem vinnubrögðum hefur verið áfátt. Þeim er einnig stórlega áfátt gagnvart hinu háa Alþingi.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. og hv. 9. þm. Reykv. hafa óskað eftir því að ég gæfi hér skýringu og gerði grein fyrir ummælum Finns Olavs Gundelachs. Ég verð strax að segja eins og er, að mér er það algjörlega um megn vegna þess að ég eða ríkisstj. ber ekki ábyrgð á þeim ummælum. Þau eru algjörlega á hans ábyrgð og það verður að krefja hann sjálfan skýringa á þeim. Aðrar skýringar af hálfu íslensku ríkisstj. er ekki um að ræða en þær sem ráðh. hafa gefið hér í umr. sem nýlega hafa farið fram um viðræðurnar við fulltrúa Efnahagsbandalagsins og framhald þeirra. Það er í raun og veru til of mikils ætlast að ég geti gefið skýringu á þessum ummælum, og ég held, að hv. þm. hljóti að skilja það.

Ég hef haft símasamband við hæstv. utanrrh. og hann gerir ráð fyrir því að hitta Finn Olav Gundelach í kvöldverðarboði, að vísu ásamt fleira fólki, og hann mun áreiðanlega í fyrsta lagi ganga úr skugga um hvort þessi ummæli séu rétt eftir höfð og í öðru lagi mótmæla þeim ef svo er.

Ég vil taka það fram að við höfum orðið fyrir því fyrr að ummæli slík sem þessi, bæði erlendra manna og innlendra, eru afbökuð af fjölmiðlum og fréttamönnum, svo að út af fyrir sig megum við ekki taka þau of alvarlega. Það skiptir ekki höfuðmáli hvað þessi maður segir erlendis. Það, sem skiptir höfuðmáli, er hvaða niðurstaða verður af þeim viðræðum sem gerð var grein fyrir með fréttatilkynningu eftir síðustu könnunarviðræðurnar hér í Reykjavík að mundu fara fram fyrir jól.

Það, sem fram kemur í þessum fréttum af ummæli Finns Gundelachs, er alger nýlunda fyrir mér og þess vegna er ekkert meira um þau að segja af minni hálfu en ég hef sagt áður í umr. um þessi mál.

En það er rétt að það komi hér fram, að í samræmi við niðurstöðu á könnunarfundum í Reykjavík var samþ. að viðræður yrðu fyrir jól, og það er búist við því að léð verði máls á að þær viðræður fari fram í Brüssel 16.—17. des. undir forustu sendiherra okkar þar, Tómasar Tómassonar, en að öðru leyti hefur ekkert verið ákveðið um það hverjir taki þátt í þeim viðræðum af okkar hálfu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að dvelja frekar við þessi ummæli Gundelachs, en vil þó aðeins vitna í frétt Morgunblaðsins um þetta mál, hvað sjútvrh. og utanrrh. segja um þessi ummæli, með leyfi forseta: „Í fyrsta lagi hefur engin ákvörðun verið tekin um viðræður enn sem komið er,“ — og það er alveg rétt, vegna þess að það er fyrst nú í dag sem í samtali við utanrrh. var léð máls á þessum dagsetningum og þeirri tilhögun viðræðnanna sem ég gat um, — „og í öðru lagi,“ segir sjútvrh. „tel ég að fulltrúar Efnahagsbandalagsins geti á engan hátt sagt hvers konar samkomulagi þeir geti komist að um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Efnahagsbandalagsins og Íslendinga eða með hvaða hætti.“ Einar Ágústsson utanrrh. sagði skv. frásögn blaðsins, efnislega samhljóða því sem hann hefur sagt hér á hv. Alþ., þegar Morgunblaðið bar undir hann þau ummæli Finn Olav Gundelachs að bandalagið mundi ekki geta farið yfir 30 þús. tonna aflakvóta til handa Íslendingum í skiptum fyrir veiðiheimildir aðildarríkja bandalagsins innan 200 mílnanna við Ísland, — eftir hæstv. utanrrh. er haft: „Í þeim könnunarviðræðum, sem fram hafa farið, hafa engin bein tilboð komið fram um hugsanlegt aflamagn okkar á miðum Efnahagsbandalagsins. Þar var allt mjög óljóst og því get ég ekki skilið hvernig þessi tala um 30 þús. tonn er til komin.“

Það hefur verið sagt áður í sambandi við þessar viðræður, að við Íslendingar gætum ekki tekið afstöðu til málsins fyrr en við vissum hvað Efnahagsbandalagið hefði að bjóða. Efnahagsbandalagið hefur ekkert boð lagt fram og hafi það nú tilboð tilbúið um 30 þús. tonn, þá vitum við ekki um hvaða fisktegundir er hér að ræða eða á hvaða svæðum veiðiheimildir mundu verða veittar. Það er ekki fyrr en við sjáum slíkt tilboð að við getum metið það og vegið og gert upp huga okkar um það, hvort það er þess virði að því sé sinnt eða ekki.

Þegar auglýst er eftir stefnu íslenskra stjórnvalda, þá er þetta stefna íslensku ríkisstj., að fá fram tilboð Efnahagsbandalagsins eða réttara sagt að gefa Efnahagsbandalaginu kost á að leggja fram tilboð og að því fram komnu að vega það og meta og taka síðan ákvörðun um hvort úr samningum verður eða ekki. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og hefur verið sagt hér ítrekað. Það, sem okkur greinir á, ríkisstj. annars vegar og stjórnarandstöðuna hins vegar í þessu máli, að því er mér skilst, er það, að stjórnarandstaðan vill ekki gefa Efnahagsbandalaginu kost á að leggja fram tilboð sitt. Ríkisstj. vill gefa Efnahagsbandalaginu kost á að leggja fram tilboð sitt. Í því er ekki fólgin nein skuldbinding til Efnahagsbandalagsins um það að við það verði samið eða með hvaða hætti samið

verður. Ég held að þetta sé alveg skýrt um afstöðu ríkisstj. að þessu leyti.

Hv. 9. þm. Reykv. ræddi nokkuð þingstörfin og taladi í fyrsta lagi um að afgreiðsla fjárlagafrv. væri seinna á ferðinni en áður. Ég er ekki svo kunnugur þingstörfum að ég hafi dagsetningar tiltækar, en mér er nær að halda að þetta sé með ósköp svipuðum hætti nú og oft hefur verið. Því miður er afgreiðsla fjárlagafrv. of seint á ferðinni. Ég get verið alveg sammála hv. þm. um það, og það virðist vera svo, að þótt góður ásetningur sé um að breyta til og hafa fyrra fallið á afgreiðslu mála, þá æxlast hlutirnir gjarnan þannig að síðustu dagar þings fyrir jól eru allt of miklir annríkisdagar. Ég held að þetta hafi verið reynslan, hvaða ríkisstj. sem hefur farið með völd. Auðvitað eru lausnir ýmissa vandamála tímafrekari en ella þegar um erfiða stöðu er að ræða, eins og verið hefur í efnahagsmálum landsmanna og fjármálum ríkisins. Þrátt fyrir það að staða okkar sé verri en oftast áður, þótt nokkrar batahorfur séu nú sem betur fer, þá er fjárlagafrv. ekki seinna á ferðinni en verið hefur oftast nær. Ég býst við því að fjvn. gangi frá till. sínum fyrir 2. umr. fjárlaga núna fyrir eða um helgina og því ætti 2. umr. að geta farið fram fljótlega eftir helgina, eftir því sem ég veit best.

Í öðru lagi ræddi hv. þm. um að frv. um nýja tollskrá hefði verið lagt fram á Alþ. í gær og væri til 1. umr. í fyrri d. nú í dag, og það er alveg rétt. Hér er líka um mál að ræða sem er of seint á ferðinni. Ég tel sjálfsagt að samráð verði haft við formenn þingflokkanna um hvernig afgreiðslu slíks máls yrði háttað og hvað þm. treysti sér til að hraða afgreiðslu þessa máls. Auðvitað væri æskilegast að fá afgreiðslu þess tryggða fyrir hátíðar. Ef það er ekki hægt, þá verðum við að finna einhvern samkomulagsgrundvöll um annað.

Í þriðja lagi gerði hv. þm. að umræðuefni meðferð skattamála. Skattalagafrv. hefur lengi verið í undirbúningi. Það er von mín að það verði sýnt nú fyrir hátíðar. Ég skal þó ekki endanlega fullyrða það og vil gjarnan hafa samráð við formenn þingflokka ásamt með hæstv. fjmrh., hvort réttara væri að hafa sérstakt samráð við fulltrúa flokkanna um skattamál áður. En ég held þó að það saki ekkert út af fyrir sig að sýna frv. og gefa sér síðan góðan tíma í þinghléi og þegar þing kemur saman aftur til að fjalla um það.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki í fyrsta skipti nú sem fregnir berast utan úr heimi um það, hvern gang landhelgismálið virðist hafa. Því miður virðist það vera orðin föst regla að fregnir af gangi þess máls í höndum hæstv. ríkisstj. komi yfirleitt fyrst af erlendri grund. Þetta höfum við mörg dæmi um hér á undanförnum mánuðum, og þetta er því ekkert nýtt. Og í allt of mörgum tilfellum hafa þessar fregnir erlendis frá haft við rök að styðjast, hversu margar yfirlýsingar sem hæstv. ráðh. hafa gefið hér. Þetta er því ekkert nýtt, að við fáum fregnir með þeim hætti sem hér hefur gerst að því er þetta varðar.

Hæstv. forsrh. sagði að það væri sér um megn að svara fyrir þessi ummæli. Það má vera að það sé honum um megn. En hvernig væri nú að hæstv. ráðh., hæstv. ríkisstj, núna eftir að þetta gerist ítrekað, að fregnir með þessum hætti berast, sendi opinberlega frá sér mótmæli gegn vinnubrögðum af þessu tagi hjá aðilum, sem hæstv. ríkisstj. er í viðtölum, ef ekki samningum við um landhelgismálið? Hversu lengi ætlar hæstv. ríkisstj. að líða þessum aðilum það, að þeir séu með alls konar yfirlýsingar af gangi mála og fyrirhuguðum viðræðum, ef allar þær yfirlýsingar þessara aðila eru úr lausu lofti gripnar, enginn fótur fyrir þeim? Ég held að það væri tími til kominn að hæstv. ráðh. gefi út skorinorða yfirlýsingu um að öll slík tilmæli séu úr lausu lofti gripin og þau skuli að engu höfð, ef þetta er svo.

Það er varla nema tvennt til í þessu dæmi. Annaðhvort fer sendimaður Efnahagsbandalagsins, sem hér var í viðræðum við hæstv. ríkisstj. eða forsvarsmenn hennar nú fyrir stuttu, — annaðhvort fer hann með algjör ósannindi í þessu máli eða hæstv. ráðh. hafa gefið villandi upplýsingar. Ég held að það liggi í augum uppi að vart sé nema tvennt til í þessu dæmi Og ef hæstv. ráðh. fást ekki til þess að gefa út ótvíræða yfirlýsingu um það til fjölmiðla, ekki bara hér, heldur og erlendis, ekki síst þeirra fréttastofnana sem ummæli þessi eru höfð eftir, þá er það lágmarkskrafa, hafi hæstv. ráðh. sagt íslensku þjóðinni rétt frá, að þeir gefi út opinbera tilkynningu um að þessar fregnir, sem nú berast af gangi mála varðandi landhelgismálið, séu algjörlega ósannar. Meðan þeir gera það ekki er vart hægt við öðru að búast en að það sé ályktað sem svo að þeir hafi ekki sagt allan sannleikann í þessu máli.

En hæstv. forsrh. sagði að það skipti ekki höfuðmáli þó að yfirlýsingar birtust af þessu tagi, þó algjörlega ósannar væru, það skipti ekki höfuðmáli um gang eða niðurstöðu málsins Það skiptir sem sé ekki höfuðmáli á hvern hátt er rangtúlkað af erlendum aðilum, þeim aðilum sem íslensk stjórnvöld eiga í samningamakki við, — það skiptir ekki höfuðmáli hvernig þessir erlendu aðilar halda á málinu og hversu villandi upplýsingar þeir gefa.

Ég efast um að það séu margir sem eru sammála hæstv. forsrh. um þetta, að það skipti ekki máli hvort rétt eða rangt sé skýrt frá því sem er að gerast í málinu. En ég heyrði ekki betur en hæstv. forsrh. í lok sinnar ræðu segði það ótvírætt, að hæstv. ríkisstj hefði léð máls á viðrwðum við EBE 16. og 17. des. Ég bið hæstv. forsrh. að leiðrétta það hér á eftir ef ég hef tekið skakkt eftir, en ég tók það svo, að hæstv. ríkisstj. væri búin að ljá máls á viðræðum við EBE 16. og 17. des. Það er nýtt fyrir mér í málinu. Ég hef ekki heyrt þá yfirlýsingu af hálfu hæstv. ríkisstj. fyrr, að hún hafi léð máls á viðræðum þessa tilteknu daga.

En það, sem mér fannst kannske verst í sambandi við ræðu hæstv. forsrh., var að hann talaði í þeim dúr í sambandi við að fá tilboð frá EBE, að það var ómögulegt, hversu velviljaður sem maður væri hæstv. ríkisstj., að skilja það á annan veg en þann, að ráðh. hygðust semja við EBE

um veiðiheimildir, fyrst og fremst til handa bretum. Hann sagði eitthvað á þá leið, að hæstv. ríkisstj. biði eftir því að fá tilboð frá Efnahagsbandalaginu og síðan vega það og meta. Þetta verður ekki skilið á annan hátt en þann, að hæstv. ríkisstj. sé með hugmyndir um að semja við Efnahagsbandalagið um veiðiheimildir bretum til handa. (Gripið fram í.) Ja, ég tók þessi orð hæstv. forsrh. á þann veg. Ef ég hef misskilið, þá óska ég eindregið eftir því að hæstv. forsrh. gefi þá yfirlýsingu hér og nú úr ræðustól að hæstv. ríkisstj. ætli ekki að semja. Ef þetta er misskilningur hjá mér, þá ætti honum að vera létt verk að gefa slíka yfirlýsingu. Ef hún kemur ekki í þessum umr., ótvírætt yfirlýsing um það að hæstv. ríkisstj. ætli sér ekki að semja við Efnahagsbandalagið, þá skil ég þessi ummæli hæstv. forsrh. á þann veg að ráðh. séu með hugmyndir um að semja. Og það er auðvitað sá ótti sem fyrst og fremst er í hugum íslendinga, að það sé verið, ef ekki þegar búið að gera einhvers konar samkomulag varðandi veiðiheimildir bretum til handa.

Ég ítreka það, að ef það samkv. því sem hæstv. forsrh. segir hér er rétt, að ummæli sendimanns EBE varðandi málið séu algjörlega röng, þá ætti hæstv. ríkisstj. að fylgja því eftir á þann veg að gefa út opinberlega tilkynningu um að slíkt sé algjörlega úr lausu lofti gripið og hafi ekki við nein rök að styðjast. Það ætti ekki að verða mjög kostnaðarsamt eða taka mikinn tíma hæstv. ráðh. frá öðrum störfum.

Ég vil segja fáein orð í sambandi við það sem hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, kom hér inn á og hæstv. forsrh. varðandi þingstörfin. Það eru a. m. k. fimm stórmál sem gefnar hafa verið út yfirlýsingar um að eigi að afgr. fyrir þinghlé nú fyrir jól. Það eru a. m. k. fimm mál. Það eru skattamálin og að sjálfsögðu fjárlögin, í tengslum við fjárlögin, eftir því sem boðað hefur verið, breyting á lögum um sjúkratryggingar. Það frv. hefur mér vitanlega ekki sést enn á borði þm. og er komið að því að fram fari 2. umr. um fjárlög. Það er lánsfjáráætlun sem hæstv. fjmrh. boðaði í fjárlagaræðu sinni að mundi sjást um miðjan nóvember. Það hefur ekki sést enn á borðum þm. Það er vegáætlunin sem samkv. fjálglegum yfirlýsingum hæstv. samgrh. átti að afgr. fyrir áramót. Og síðast tollskráin. Öllum þessum málum hefur verið yfirlýst að ætti að ljúka hér fyrir þinghlé, og ég tek undir þá gagnrýni sem komið hefur fram um það að meðferð mála með þeim hætti, sem hér er greinilega fyrirhugað að eigi að verða, slík meðferð nær ekki nokkurri átt. Það er ekki farið að sjást enn frv. sem á að afgr. samhliða fjárlögum fyrir árið 1977, og er þó ekki nema um það bil ein vika þar til þinghlé verður gert. Það er fyllsta ástæða til þess að benda á þetta og gagnrýna, og undir það tek ég.

Ég efast mjög um að það hafi áður, a. m. k. það sem ég þekki til, verið jafnmikið af stórmálum sem eftir hefur verið að afgr. á jafnstuttum tíma og nú er til stefnu, ef á annað borð á að afgr málin fyrir þinghlé. Það væri því vissulega ástæða til þess að spyrjast um það hvort nýjar upplýsingar lægju fyrir að því er þetta varðar, hvort eitthvað af þessum stórmálum hafi nú þegar verið ákveðið að afgr. eða ekki fyrir þinghlé. Ef afgr. á þau öll, þá skil ég ekki hvernig í ósköpunum hæstv. ríkisstj. ætlast til þess af þm. að þeir geti annað því með skikkanlegum hætti að afgr. öll þessi stórmál á einni viku. Það er því ekki að ástæðulausu að hér er á þetta bent og vakin athygli á því hvernig vinnubrögðum hefur verið háttað og hvernig er fyrirhugað að öllu óbreyttu að haga vinnubrögðum þar til þinghlé verður gert.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Yfirlýsingar þær, sem Gundelach hefur gefið í Brüssel og þrír íslenskir ráðh. hafa gefið leiða fram svo algjörar mótsagnir að það er ekki að undra þótt fólk sé hissa. Mönnum finnst ótrúlegt að ráðh. okkar segi okkur vísvitandi ósatt og það berum við ekki á þá, en mönnum finnst líka ótrúlegt að jafnreyndur maður í svo mikilli ábyrgðarstöðu sem Gundelach skuli tala svo ógætilega ef rétt er eftir honum haft og hann telur að þetta sé hans mat á því sem muni koma. Að vísu sækja bretar mjög að honum og gagnrýna hann, en engu að síður er þetta þrautreyndur maður sem ætti að standast slíkt.

Hæstv. forsrh. benti á þann möguleika að rangt væri farið með ummæli Gundelachs. Fréttirnar eru að vísu þess eðlis, að mér þykir ótrúlegt að breskir blaðamenn, sem mikið hafa spurt og skrifað um fiskveiðimál, hafi ekki farið rétt með aðalatriði eins og skipafjölda og tonnatölu, eða eitthvað nálægt því, a. m. k. að þeir hafi ekki farið að búa til tölur ef engar hafa verið nefndar. En þó að frétt Reuters, svo við tökum hana eina, sé ekki algjörlega rétt, þá væri ástæða til þess fyrir íslensku ríkisstj. að kalla í fréttaritara Reuters hér og mótmæla fréttinni, því að það er ráðlegt að senda sannleikann af stað, jafnvel þó máltækið segi að honum gangi illa að elta lygina uppi. Ég tel því að ef blaðaþjónusta ríkisstj. er í lagi, þá hefðu íslensku ráðh. átt að mótmæla á þennan hátt og að þau mótmæli kæmu þá frá Reuter til þeirra sömu bresku blaða sem hafa birt þessar fréttir.

Ekki þykir mér augljóst, að skrif þessi öll, fréttir og yfirlýsingar, hvort sem sagt er satt frá þeim eða ekki, staðfesta það sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram frá upphafi í þessu máli, að kjarni þess eru veiðiheimildir, en ekki friðunaraðgerðir. Málið snýst um veiðiheimildir fyrir breta eftir 1. jan. Má því segja að í túlkun þess hér heima hafi verið gerð nokkur tilraun til að gefa því aðra mynd en það sem mestu máli skiptir með því að tala svo mikið um friðunaraðgerðirnar sem gert hefur verið.

Hæstv. forsrh. hélt því fram að stjórnarandstaðan vildi ekki gefa Efnahagsbandalaginu kost á að leggja fram tilboð. Þetta er alls ekki rétt. Stjórnarandstaðan hefur ekki mótmælt því á nokkurn hátt. En hún hefur krafist þess aftur og aftur að ríkisstj. léti í ljós ákveðna skoðun á tilteknum atriðum, þ. e. veiðiheimildum þegar í stað. Nú veit ég ekki hvaða hugmyndir hæstv. ráðh. hafa um viðræður ríkja yfirleitt, en ég hygg að það muni algengara að annar hvor eða báðir aðilar gangi til viðræðna um deilumál eftir að hafa lýst yfir ákveðinni stefnu í ákveðnum mál-

um. Deilumál skapast af því að aðilarnir hafa ákveðna stefnu. Ég held að það sé langt frá því að vera raunhæf hugmynd um hvernig milliríkjaviðskipti eiga sér stað, að tveir englar eða fleiri setjist saman við borð og enginn hafi ákveðið neitt og allir syngi hallelúja, árangurinn fari eftir því hvað gerist við borðið. Það má taka hvaða samningaviðræður í heiminum sem er — það er nóg af þeim — og ég er sannfærður um að það muni koma í ljós að aðilar við samningaborðið hafa fyrir fram ákveðna stefnu varðandi ákveðin meginatriði. Hitt er svo annað mál, að sáttasemjarar reyna að finna millileiðir. En það er engin dauðasynd þó að íslendingar hafi einhverja stefnu varðandi það hvort þeir geti í dag látið einhvern hluta af hugsanlegum afla hér til útlendinga áfram, umfram það sem þegar hefur verið samið um. Það er því alls ekki ráðleg samningaaðferð sem hæstv. forsrh. temur sér, vegna þess að það styrkir alla aðstöðu, ef þarf að setjast niður og tala við þessa menn, ef menn hafa lýst yfir að þeir hafi ákveðna fyrir fram gerða og mótaða stefnu. Ég skil ekki að hæstv. ráðh. skuli ímynda sér að íslenska þjóðin sé samþykk því að breskum togurum verði enn eftir 25 ára umbóttunartíma veittar frekari veiðiheimildir. Bindindismaður fer í veislu. Hann veit ekki hvað honum verður boðið. En hann veit hvað hann þiggur ekki. Það er þetta sem við erum að biðja hæstv. ríkissti. um að taka sem fordæmi. Segið íslensku þjóðinni og segið andstæðingum okkar eða viðsemjendum, að veiðiheimildir fái þeir ekki, og talið þið svo við þá um fiskverndarmál eins lengi og þið viljið. Það liggur ekkert á í þeim efnum.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Það voru nokkrar athugasemdir sem ég vildi gera í sambandi við það sem hæstv. forsrh. sagði.

Mér datt aldrei í hug að halda þannig á mínu máli, að ég ætlaðist til þess að hann bæri ábyrgð á því sem sendimaður Efnahagsbandalagsins hefur sagt í þessum efnum. En það var hitt, sem ég fór fram á, að hann mótmælti því að það gæti verið rétt, sem haft er eftir þessum erlenda sendimanni, og að hann kæmi því á framfæri erlendis að hér væri rangt farið með staðreyndir. En mér fannst fara eins og fyrri daginn hjá hæstv. forsrh. varðandi þetta mál, að hann vildi skjóta sér undan að verða við þessu. Hann vildi helst ekkert segja um efnisatriði þess sem haft er eftir Finn Gundelach. En þegar þetta er haft eftir þessum sendimanni — ekki einu sinni, heldur æ ofan í æ og það af viðurkenndum og þekktum erlendum fréttastofum, þá er ekki hægt að láta eins og maður hafi ekkert heyrt.

Ég tel að okkar samningamenn, okkar ráðh. séu furðulega litilbægir ef þeir sætta sig við þau vinnubrögð, að sá aðili, sem þeir eru að ræða við um mál eins og þetta, láti hafa eftir sér slíkt sem hér hefur verið rakið. Okkar samningamenn verða að gæta sæmdar sinnar. Þeir verða að reyna að halda virðingu því annars verður hreinlega troðið á þeim af yfirgangssömum samningamönnum. Það er ekkert um það að villast að þessi framkoma hins erlenda sendimanns er furðulega ósvífin, nema þá, eins og hér hefur komið fram, að eitthvað hafi verið dregið undan í skýrslum ráðh. okkar, sem rætt hafa þessi mál, og okkur hafi ekki verið skýrt frá nema hálfum sannleika.

Ég verð að segja það, að það er líka orðið verulega óþægilegt í máli eins og þessu hvað það kemur oft fyrir að við fáum fréttir af gangi mála erlendis frá og einnig hvað það fer oft á þá lund að fréttirnar erlendis frá reynast vera sannleikurinn sjálfur. Þó að það skipti ekki mjög miklu máli, þá vil ég benda á það, að hér var margendurtekið af ráðh. okkar, bæði í sjónvarpsþætti fyrir stuttu og í umr. á Alþ., að það væri alveg rangt að það væri búið að ákveða nokkrar framhaldsviðræður og það úti í Brüssel, staðurinn væri ekki ákveðinn, tíminn væri ekki ákveðinn, heldur væri aðeins rætt um það að viðræðunum yrði haldið áfram. Eftir að ráðh. okkar eru búnir að margendurtaka þetta og neita þessu og það gengur svo langt að sjútvrh. heldur meira að segja áfram að neita þessu í viðtali sínu við Morgunblaðið, eflaust seint í gærkvöldi, þá kemur forsrh. nú og verður að staðfesta að þetta, sem útlendingarnir voru búnir að þrástagast á áður, sé rétt, umr. eigi að fara fram í Brüssel og umr. eigi að fara þar fram 16. og 17. des. Þetta reynist allt vera rétt. Eða hafa þessir erlendu viðsemjendur okkar slíkt vald, að þó að ekkert sé búið að ákveða hér, þá geti þeir ákveðið hlutina fyrir fram og látið það alltaf reynast vera rétt sem þeir segja fyrir fram?

Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. sagði að það hefði verið fyrst nú í dag sem léð hefði verið máls á þessu, að fundurinn færi fram í Brüssel 16. og 17. des., og ég skildi ummæli hans þannig, að sá fundur yrði undir forsæti sendiherra okkar í Brüssel. Það táknar þá væntanlega það, að það eigi ekki að senda ráðh okkar út til þátttöku í þessum viðræðum, því að illa trúi ég því að utanrrh. okkar og sjútvrh. eigi að sitja þar á fundi til framhaldsumr. um þetta mál og vera þar undir stjórn og forsæti sendiherra okkar í Brüssel. Það virðist því vera að þessar viðræður eigi að fara fram á allt öðrum grundvelli en þær hafa verið hér heima, og er það mál út af fyrir sig.

En það er eins og jafnan áður, að hæstv. forsrh. heldur sig mjög skýrt við það að við megum ekki taka ákveðna stefnu í þessu máli. Við megum ekki gera það upp við okkur hvert sé viðhorf okkar í grundvallaratriðum, t. d. varðandi gagnkvæmar veiðiheimildir. Við megum ekkert gefa upp um þetta fyrr en við erum búnir að gefa Efnahagsbandalaginu kost á að leggja fram till. sínar, tilboð sitt um þetta mál. Ég tek undir það sem hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, sagði um þetta. Þetta er auðvitað alveg fráleit afsökun hjá hæstv. ríkissti. Þetta er alveg óvenjulegt. Það liggur jafnan fyrir, þegar aðilar ganga að samningaborði eða hefja viðræður, hver sé meginstefna beirra, a. m. k. í öllum stærri og viðameiri málum sem umr. hefjast um. Að það sé eitthvert höfuðatriði að geta

sagt: Ég hef ekki gert það upp við mig, ég veit ekkert hver mín afstaða verður, ég skil ekkert og veit ekkert fyrr en ég er búinn að heyra hvað hinn aðilinn segir, — það er auðvitað alveg fráleitt að stilla málum svona. Ef þeir byðu okkur t. d. aðgang að fiskimiðunum við Austur-Grænland og aðgang að síldveiðunum í Norðursjó og nefndu í því tilfelli 30 þús. tonn, eins og nú er fram komið, þeir byðu okkur slík réttindi gegn því að fá að hafa hér stöðugt að veiðum á miðunum hjá okkur 12 skip í staðinn fyrir 24 áður, hver er þá skoðun okkar? Viljum við ræða málið á þessum grundvelli? Teljum við fært að gera samning á þessum grundvelli? Auðvitað er það rétt, sem hefur komið hér fram í umr. áður, að við vitum að það er alveg sama hvað einhver Gundelach talar um mörg þús. tonn á miðunum við Grænland, við mundum aldrei ná þeim þús. tonna. Það er ekkert um það að ræða. Og við vitum líka að við gætum ekki heldur náð því síldarmagni í Norðursjó sem við höfum náð, í kringum 12 þús. tonnum, nema hverfa frá öðrum veiðum á sama tíma, — veiðum sem við eigum möguleika á hér heima hjá okkur eins og nú er komið.

Ég álít að ríkisstj. eigi að móta þessa stefnu og hún eigi að koma fram, og þá kannske hættir þessi erlendi sendimaður að senda frá sér slíkar tilkynningar eins og hann gerir um algjörlega óraunhæfa og fjarstæðukennda hluti.

Ég geri samt sem áður ráð fyrir því að hæstv. ríkisstj. hugleiði það sem hér hefur verið bent á í þessum efnum, að hún átti sig á því hve alvarlegt málið er. Það er alveg ábyggilegt og henni er óhætt að trúa því, að hún hefur ekki stuðning þjóðarinnar til þess að fara að semja eins og nú er ástatt. Hún hefur ekki stuðning þjóðarinnar til þess að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir á þeim grundvelli sem getur legið fyrir, því við vitum hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Ég held því að það væri best fyrir hæstv. ríkisstj. að gera upp hug sinn strax, segja hreint til í málinu, eins og við höfum farið fram á, og bera til baka það sem sem rangt hefur verið sagt frá varðandi þessar umr. og gera hinum erlenda aðila ljóst að hverju við getum a. m. k. ekki gengið varðandi höfuðatriði þessa máls. Það er sem sagt von mín að ríkisstj. taki það til alvarlegrar athugunar sem henni hefur verið bent á hér enn einu sinni í þessu máli.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Þau hafa vakið mikla undrun hjá okkur íslendingum, þau ummæli sem höfð eru eftir Finn Olaf Gundelach um þær viðræður sem hafa farið fram á milli hans og íslenskra ráðh. Það kom fram í tali hæstv. forsrh. áðan að það væru fyrirhugaðar einhverjar viðræður í Brüssel núna 16.—17. þ. m. Ég verð að segja það, að ég tel að það sé ekki hægt að fara til þessara viðrwðna öðruvísi en að Gundelach beri til baka þau ummæli sem eftir honum hafa verið höfð. Ég tel að þessi framkoma þessa sendimanns sé á þann veg, að það sé eina rétta svarið við slíku að íslenska ríkisstj. fari ekki eða láti ekki fara til fundar öðruvísi en að þessi ummæli séu a. m. k. borin til baka.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Vegna þess að ég tók þátt af hálfu þingflokks Framsfl. í þeim viðræðum sem fóru hér fram við fulltrúa Efnahagsbandalagsins, þá finnst mér rétt að ég segi nokkur orð í þessum umr.

Ég vil láta það koma fyrst fram, að ég hef orðið ákaflega undrandi vegna þeirra ummæla sem hafa verið höfð eftir aðalsamningamanni Efnahagsbandalagsins, að það væru væntanlegir samningar milli Íslands og þess alveg á næstunni og það svo snemma að breskir togarar mundu fá að nýju veiðiheimildir innan íslensku fiskveiðilögsögunnar eftir 1. jan. Í þeim viðræðum, sem ég var viðstaddur, þá fullyrði ég að ekki hafi komið neitt fram sem hafi gefið hinum danska fulltrúa Efnahagsbandalagsins ástæðu til þess að halda því fram sem hann virðist hafa gert. Mitt mat á þeim umr. var í raun og veru allt annað en hans — alveg gagnstætt. Mér fannst að það, sem kæmi fram í þessum umr., væri yfirleitt á þann veg að það væru engar líkur á neins konar samkomulagi milli okkar og Efnahagsbandalagsins fyrir áramót og ekki í náinni framtíð. Ástæðan fyrir þessu er m. a. sú, að aðilar eru ekki undir það búnir að ganga frá samningum að svo stöddu. Hvorugur aðili hefur t. d. enn þá fullmótað stefnu sína varðandi fiskverndunarmál. Efnahagsbandalagið hefur í raun og veru enga stefnu mótað enn í þeim málum, ekki komið sér saman um neina stefnu. Um okkur er það að segja, að við höfum talið nauðsynlegt að það yrði komið á vissri fiskvernd, vissri vernd á fiskstofnum við Grænland, þar sem slík vernd mundi snerta okkur verulega. En við höfum ekki enn þá neinar fiskifræðilega mótaðar tillögur um það, hvernig þessu skuli fyrir komið. Það eigum við eftir að láta okkar sérfræðinga vinna. Þess vegna hefur það verið mitt mat, að það hlyti að taka verulegan tíma að ná samkomulagi milli okkar og Efnahagsbandalagsins um þetta atriði sem yrði að sjálfsögðu höfuðatriði samninganna. Og varðandi gagnkvæm fiskveiðiréttindi, þá lítur dæmið þannig út, að samkv. þeim samningum, sem við höfum gert við vestur-þjóðverja og belgíumenn, þá fá þeir rétt til að veiða hér 66 þús. tonn á næsta ári, eða frá 1. des. í ár og til 1. des. næsta árs. Það hefur enn þá ekki komið fram af hálfu Efnahagsbandalagsins hvað það væri reiðubúið til að láta þarna á móti.

Í þeim lausafréttum, sem voru hafðar eftir Gundelach í gær, talaði hann um það að Efnahagsbandalagið væri reiðubúið til að láta af hendi veiðiheimildir til okkar sem næmi 30 þús. tonnum. Það er ekki nema helmingurinn af því sem þjóðir Efnahagsbandalagsins fá að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu á næsta ári, svo að það liggur í augum uppi að á þeim grundvelli eru allar frekari veiðiheimildir til þess útilokaðar.

Ég tel að þessi mál hafi verið á því stigi, að það hefði átt að forðast yfirlýsingar af beggja hálfu um það hvað í vændum væri og síst af öllu að gefa slíkar yfirlýsingar eins og fulltrúi Efnahagsbandalagsins hefur gert, sem mér virðist alveg stríða á móti því sem kom fram í þessum viðræðum. Fyrst þetta hefur verið gert af hans hálfu, þá finnst mér rétt af því að ég tók

þátt í þessum viðræðum að sú skoðun mín komi hér fram sem ég sagði frá áðan. Mitt mat á þessum viðræðum er að það séu engar horfur á neins konar samkomulagi í þessum mánuði og það hljóti að taka verulegan tíma að ná samkomulagi, ef það þá næst.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég tók þátt í viðræðunum við Efnahagsbandalagið fyrir hönd Sjálfstfl. á svipaðan hátt og hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, gerði, og ég get tekið undir þau orð hans, að ummæli Finns Olavs Gundelachs komu mér mjög á óvart.

Hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir því, að fulltrúi Efnahagsbandalagsins í viðræðunum við Íslendinga hefur gefið einhliða yfirlýsingu varðandi stöðu þessa máls eins og hann virðist vilja hafa hana. Af hálfu íslenskra stjórnvalda þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Hinn erlendi sendimaður hefur greinilega látið óskhyggjuna ráða gjörðum sínum. Það liggur skýrt fyrir að Íslendingar hafa full yfirráð yfir 200 sjómílna fiskveiðilögsögu umhverfis landið og það er á okkar valdi hvernig við hagnýtum fiskimiðin innan þessa svæðis. Er það vissulega mesti og besti árangur í þessum málum frá upphafi, vil ég segja. Það vill oft gleymast í umr. hér þegar hv. alþm. ræða um þessi mál, að það hefur vissulega unnist glæsilegur sigur við það að koma bretum út úr 200 sjómílna fiskveiðilögsögunni. Er það miklu betri og meiri árangur heldur en margur trúði á að næðist svona fljótt, þegar þessi barátta hófst fyrir rúmlega einu ári.

En það, sem mér finnst einkennandi og eiginlega til skammar fyrir hv. Alþ., er þegar hv. þm., sem eru stjórnarandstæðingar, geta ekki einu sinni látið sig hafa það að viðurkenna það sem vel hefur áunnist í þessu mikilvæga máli, og það sem verra er, þegar þessir sömu hv. þm. snúa beinlínis út úr og fara ranglega með ummæli þm. hér í þessum umr.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði að hæstv. ráðh. hafi gefið út villandi upplýsingar. Annaðhvort hefur hv. þm. greinilega ekki hlustað á orð hæstv. forsrh. áðan eða ekki viljað heyra það sem sagt var. Það er einnig til skammar hvernig sumir hv. þm. umgangast töluð orð og sannleikann hér á Alþ. Það er ekki hlustað á það sem sagt er, orð og ummæli eru rangsnúin og það sem verra er, bjóðkjörnir fulltrúar sýna ábyrgðarleysi og halda vísvitandi fram skoðunum sem þeir vita sjálfir að þeir geta aldrei staðið við og hafa jafnvel, án þess að nánar skuli farið út í það, haft önnur ummæli utan þingsala í hópi vina sinna erlendis heldur en þeir viðurkenna svo hér fyrir framan þjóðina að þeir raunverulega hafi haft. Ég held að sumir hv. þm. ættu að tala sjaldnar og minna, en standa betur við það sem þeir segja innan þings sem utan. Sem sagt, þeir ættu að revna að vera sannir og heiðarlegir menn, en ekki flugmælskir og ómerkilegir stjórnmálamenn. Íslendingar gera kröfur til þess, að forustumenn þjóðarinnar séu heiðarlegir og geri ætíð það sem þjóðinni er fyrir bestu í víðtækustu merkingu þess orðs. Ég endurtek: og geri ætíð það sem er þjóðinni fyrir bestu í víðtækustu merkingu þess orðs.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf., gaf í skyn, að eitthvað kynni að hafa verið dregið undan í sambandi við viðræðurnar. Ég tók þátt í þessum viðræðum og hef lesið fundargerðir þeirra. Það er ekkert dregið undan í fundargerðunum varðandi það hvað fram fór í viðræðunum. Hv. þm. hefur fengið þessar skýrslur og veit því vel að allar aðdróttanir, sem hníga í aðra átt, eru úr lausu lofti gripnar. Ég veit að hv. þm. er mér sammála um það að athuguðu máli.

Ég vek athygli á því, að í væntanlegum viðræðum í Brüssel verða hvorki ráðh. né þm. sem hafa tekið þátt í viðræðum við Efnahagsbandalagið til þessa. Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Embættismannaviðræður sem þessar hafa þess vegna allt annað gildi og allt annað vægi heldur en fyrri viðræður. Mér finnst það vel koma til greina, eins og fram kom hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að engar viðræður færu fram á næstunni ef svona er staðið að málum af hálfu Efnahagsbandalagsins og talsmanna þess.

Ríkisstj. og núv. stjórnarflokkar hafa stuðning og traust þjóðarinnar í þessu máli, að það voru þessir aðilar, en ekki stjórnarandstaðan, sem tryggði Íslendingum 200 sjómílna fiskveiðilögsögu. Þetta er söguleg staðreynd sem þarf ekki að hafa mörg orð um.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði áðan að ég hefði lýst því yfir að hæstv. ráðh. hefðu gefið villandi yfirlýsingar. Man ekki hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson eftir fleiri en einu og fleiri en tveimur dæmum þess eðlis, að yfirlýsingar, sem fram hafa verið bornar af erlendum aðilum á erlendri grund varðandi landhelgismálið og hæstv. ráðh. hér hafa lýst ósannar, hafa þegar á reyndi komið fram í raunveruleikanum sem réttar? Og hvað kallast þetta? Man hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ekki eftir neinu slíku tilfelli? Ef svo væri ekki, sem ég veit að ekki er, þá væri ástæða til þess að rifja það upp fyrir hv. þm.

Þá sagði hv. þm. að menn hefðu talað og töluðu, að mér skildist, yfirleitt á annan veg hér innan veggja Alþ. heldur en utan dyra. (Gripið fram í.) Já, ég vildi gjarnan óska eftir því við hv. þm., — hann talaði ekkert um suma, — að hann nefndi nöfnin, hverjir það eru. A. m. k. kannast ég ekki við það að ég hafi talað á annan hátt við aðila erlendis. Hv. þm. getur fullvissað sig um, vegna þess að ég hef ekkert farið út úr landinu á þessum tíma. Ég óska því mjög gjarnan eftir því að hv. þm. tali ekki þetta rósamál, hann nefni þau nöfn sem hér er um að ræða.

Hér hafa komið upp þrír hv. þm. sem stvðja ríkissti. Tveir af þessum hv. þm. hafa tekið þátt í samningaviðræðum á öllum stigum í tíð núv. hæstv. ríkissti. varðandi landhelgismálið, þ. e. a. s. hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Þeir hafa báðir lýst undrun sinni yfir þessum ummælum sendimanns EBE. Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði beinlínis að sér fyndist að það ætti ekki að fara til viðræðna í Brüssel við EBE, nema því aðeins að áður hefðu þessi ummæli verið tekin til baka.

Og þetta er auðvitað hárrétt. Bæði hv. þm. Þórarinn Þórarinsson og Guðmundur H. Garðarsson tóku undir þetta, og ég vænti þess að hæstv. forsrh., hversu mikið tillit sem hann hyggst taka til málflutnings stjórnarandstæðinga, taki þó a. m. k. eitthvert tillit til ummæla þessara hv. þm. sem eru stuðningsmenn ríkisstj. og taki af öll tvímæli um það, að þessi erlendi sendiboði hafi hér farið með algerlega rangt mál.

Eg tok eftir því að hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, sagði að sér fyndist að báðir aðilar ættu að forðast yfirlýsingar af öllu tagi um það sem í vændum væri. Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Það þýðir í raun og veru að það á að halda öllum fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. leyndum þangað til þær einn góðan veðurdag dynja á landslýð sem afgreitt mál. Þetta er boðskapurinn. Vel má vera að frá þessu hafi verið gengið í viðræðum þessara aðila við fulltrúa Efnahagsbandalagsins hér fyrir nokkrum dögum og það sé þess vegna sem þessum hv. þm., Þórarni Þórarinssyni og Guðmundi H. Garðarssyni, komi illa þessar yfirlýsingar sendimanns EBE, ef það hefur verið frá því gengið að það ætti að forðast allar yfirlýsingar um það sem í vændum væri. En ég vona að afstaða þessara hv. þm. sé ekki af þessu tagi.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson sagði að það lægi ljóst fyrir að sínu mati, að hvorki Efnahagsbandalagið né við Íslendingar værum reiðubúnir til þess að gera samninga fyrir áramót eða jafnvel í náinni framtíð, ekki heldur, að því er mér skildist á hans tali, í sambandi við fiskveiðar. Hann sagði a. m. k. að þeir væru ekki reiðubúnir til þess enn, það væri ekki farið að vinna það mál nægilega enn til þess að þeir væru til þess reiðubúnir. Ef ég man rétt, þá var það í sameiginlegri yfirlýsingu fulltrúa ríkisstj. hér og sendimanns EBE orðað á þann veg, að það væri um það talað að ganga frá samningum um friðunarmálin um miðjan des.

Og í áframhaldi af því, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði hér áðan, að það væri vitað að hvorki ráðh. né neinir þm. yrðu í væntanlegri sendinefnd til Brüssel: Hvað á þá að fara að semja um? Á þar að semja um fiskfriðunina eingöngu í höndum embættismanna í Brüssel, eða hvað á að gera þar? Ég held að það sé nauðsynlegt að menn, hv. þm. og þjóðin öll, fari að fá um það ótvíræðar yfirlýsingar á hvern hátt hæstv. ríkisstj. ætlar sér að halda á málinu. Það eru engin vinnubrögð að standa þannig að þessu máli né öðrum stórmálum að hafa ekki ákveðna stefnu í máli þegar farið er til viðræðna, hvort sem það eru erlendir aðilar eða aðrir. Það er augljóst mál, að það verður að hafa einhverja ákveðna stefnu til þess að hægt sé að ræða um þá stefnu. Ef hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið hvaða stefnu hún ætlar að hafa, þá á hún að segja það. Ef hún hefur ekki ákveðið það enn, þá er hún ekki reiðubúin til þess að fara í neinar viðræður. Númer eitt er að hæstv. ríkisstj. komi sér niður á þá stefnu sem hún ætlar sér að hafa.

Ég fagna því sérstaklega að hér hafa í dag gerst þeir atburðir, að þrír hv. þm. stjórnarliðsins eru nú komnir á sömu skoðun og við stjórnarandstæðingar, þó að vissulega skuli viðurkennt að þeir eru ekki eins ákveðnir í henni. Þeir eru kannske hálfreikandi enn, en fyrsta skrefið er stigið. Þeir telja a. m. k. að áður en nokkrar frekari framhaldsviðræður eigi sér stað við EBE, þá eigi alveg ákveðið að gera kröfu til þess að ummæli af því tagi, sem hér hafa verið rædd í dag frá sendiboða EBE, verði dregin til baka og lýst ómerk. Og ég vænti þess, eins og ég sagði áðan, að hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. taki a. m. k. eitthvert tillit til þessara okkar væntanlegu stuðningsmanna í sambandi við landhelgismálið.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður hélt því fram að ég hefði komist svo að orði, að það væri rangt að gefa yfirlýsingar um það sem í vændum væri, og þetta væri sprottið af því að það væri eitthvað sem ég vildi láta fela. Það er mesti misskilningur hjá honum. Hins vegar álít ég að það séu eðlileg vinnubrögð, meðan samningaviðræður standa yfir, að menn séu ekki að gefa miklar yfirlýsingar og síst af öllu yfirlýsingar sem a. m. k. að dómi hins aðilans stangast á við staðreyndir. Og þó að það hafi verið skoðun mín, eins og ég lýsti hér áðan, að ekki tækjust samningar í einu eða öðru formi í þessum mánuði, og þess vegna væri það algerlega útilokað sem samningamaður EBE hefði sagt, að breskir togarar mundu hefja hér veiðar eftir áramótin, þá hef ég ekki talið rétt af mér að gefa upplýsingar um það fyrr en komin er fram yfirlýsing frá samningamanni Efnahagsbandalagsins. Ég hefði ekki farið að gefa þá yfirlýsingu að fyrra bragði og ekki talið það rétt gagnvart samningsaðilanum.

Í slíkum viðræðum eins og þessum verða menn að fylgja vissum kurteisisreglum. Það getur kannske komið manni stundum vel að gefa svona hátíðlegar yfirlýsingar sem ganga í augun á almenningi. En það er hins vegar ekki víst að það sé til bóta fyrir framgang málsins eða þeirrar stefnu sem aðilar vinna að. Þess vegna er það mitt mat, að meðan viðræður standa yfir, þá eigi menn sem mest að spara sér slíkar yfirlýsingar, því að þær gera bara málinu ógagn.

Ég er ekki að segja að þessar yfirlýsingar, sem samningamaður Efnahagsbandalagsins hefur gefið, breyti nokkru um niðurstöðuna. En ef slíkar yfirlýsingar sem þessi gætu haft nokkur áhrif, þá geta þær að sjálfsögðu átt þátt í að spilla fyrir að samkomulag náist, og þess vegna er ég alveg undrandi yfir því, hvers vegna þessi maður, sem er talinn mjög reyndur samningamaður, hefur haldið þannig á málum. Það kann að vera, að hann telji þetta rétta „taktik“ gagnvart bretum. Við vitum að á fundi, sem Efnahagsbandalagið heldur 14. þ. m., á að ræða um það, sennilega til þrautar, hvort Írland og Bretland eigi að fá sérstaka einkalögsögu innan 50 mílnanna. Það kann að vera að hann álíti að það geti dregið eitthvað úr þessari kröfu breta ef þeim væri gefin von um að fá einhver fiskveiðiréttindi innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Ég vil aðeins segja í tilefni af því, eða réttara sagt: ég vil vara breta við því að treysta nokkuð á slíkt og fara að slá eitthvað af sínum kröfum

um 50 mílna einkalögsögu vegna þess að þessi samningamaður gefi þeim von um að þeir fái einhver veiðiréttindi hjá okkur. Það væri ákaflega mikill misskilningur hjá bretum ef þeir færu eitthvað að slaka á sínum kröfum eða óskum um 50 mílna einkalögsögu vegna þessara fyrirheita sem samningamaður Efnahagsbandalagsins hefur gefið þeim.

Það var alveg rétt, sem hv. síðasti ræðumaður hafði eftir mér, að ég tel að af beggja hálfu sé skammt komið hvernig væntanlegt samkomulag okkar og Efnahagsbandalagsins um fiskfriðunarmál ætti að vera. Ég vil rifja það upp í þessu sambandi, að báðir þeir viðræðufundir, sem fram hafa farið að þessu, hafa fyrst og fremst verið könnunarviðræður sem hafa beinst að því hvort það væru einhver atriði í fiskveiðimálum sem þessir aðilar hefðu að semja um og hvort það væri ástæða til að hefja formlegar viðræður eða ekki. Þessar könnunarviðræður leiddu til þess, að það var álitið rétt að hefja formlegar viðræður um samning sem fjallaði um fiskverndarmál og þessir aðilar kæmu sér saman um. En eins og margsinnis hefur komið fram, bæði hér og annars staðar, þá á Efnahagsbandalagið enn þá eftir að móta sína fiskveiðistefnu og ekki síst í sambandi við Grænland. Það gildir eins um okkur, að við höfum áhuga á því að fá fram vissa fiskvernd á miðunum við Grænland vegna þorsksins og karfans sem gengur mikið á okkar mið. En við eigum eftir að láta fiskifræðinga ganga frá því, hverjar óskir okkar eru í þessum efnum og hvernig við eigum að haga þessum málum. Það er af þessum ástæðum sem ég dreg þá ályktun, sem kom fram hér áðan, að viðræður um þessi mál milli okkar og Efnahagsbandalagsins hljóti að dragast nokkuð mikið á langinn. Þetta eru flókin og vandasöm mál, sem hér er um að ræða, og að sumu leyti alveg nýjung, vegna þess að áður hefur fiskverndin byggst að því að það væru stofnarnir, sem margar þjóðir taka þátt í, sem fjölluðu um slíkar ráðstafanir. Nú er gert ráð fyrir að þetta verði gert með samningum milli tveggja aðila, og það breytir náttúrlega viðhorfinu geysilega mikið, auk þess sem þessi mál eru enn til athugunar og í þróun á Hafréttarráðstefnunni, hvernig þeim verði fyrir komið. Þess vegna geri ég fastlega ráð fyrir því, að það hljóti að taka verulegan tíma að ná samkomulagi við Efnahagsbandalagið um þessi mál.

Um hitt atriðið, gagnkvæm fiskveiðiréttindi, þá gildir það að Efnahagsbandalagið hafi okkur eitthvað að bjóða. Það hefur ekki komið fram í þessum könnunarviðræðum að það hafi neitt sérstakt að bjóða. Það er haft eftir Gundelach í fréttum í gær, að þeir geti boðið okkur 30 þús. tonn. Þeir fá að veiða 66 þús. tonn á þessu ári og sjá náttúrlega allir að það geta ekki orðið gagnkvæmir fiskveiðiréttarsamningar á þeim grundvelli. Þar þarf eitthvað annað og meira að koma til.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þessar umr. hafa nú dregist mjög á langinn og ég vil nú eindregið mælast til þess, að menn stytti mjög mál sitt.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég vonaðist til þess að mega segja hér nokkur orð eins og aðrir og ekki síst með tilliti til þess, að ég hef ekki tekið til máls fyrr á þessu þingi. En hins vegar eins og ævinlega skal ég sýna sanngirni og reyna að stytta mitt mál eftir því sem framast er kostur.

Þessar umr. hófust vegna þess að enn einu sinni höfum við heyrt fréttir frá útlöndum þess efnis að varasendimaður Efnahagsbandalagsins, Finn Olav Gundelach, hefur látið hafa eftir sér að samningar við íslendinga séu í nánd. Hann hefur meira að segja tekið það fram í hverju þeir eigi að vera fólgnir. Hann hefur nefnt skipafjölda o. fl. Hins vegar stendur það fyrir framan okkur hvað íslenskir ráðh. hafa sagt. Þvert ofan í orð Gundelachs, sem segir að bráðabirgðasamningar séu líklegir um áramótin, fullyrða íslenskir ráðh. að engir samningar hafi verið nefndir og komi ekki til greina að svo stöddu. Gundelach hefur margsinnis látið hafa eftir sér, að mjög miklar líkur séu á því, að bretar fái að veiða hér áfram með 12 skipum, á sama tíma og íslenskir ráðh. fullyrða það hér í fjölmiðlum landsins að alls ekki hafi verið minnst á nokkurn skipafjölda. Íslenskir ráðh. hafa einnig tekið það fram, að alls ekki hafi verið talað um aflamagn, sama daginn og herra Gundelach nefnir að þeir geti boðið okkur 30 þús. tonna veiði á miðum Efnahagsbandalagsins. Þarna ber svo mikið á milli að það er ekki hægt að segja annað en að annað sé hvítt og hitt svart. Annar aðilinn segir satt og hinn lýgur. Nú höfum við gert því skóna að íslenskir ráðh. segi satt, og ég vona að þeir segi satt. En — ef þeir segja satt — þá lýgur Gundelach, það er augljóst mál. Hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu að herra Finn Olav Gundelach bæri ábyrgð á orðum sínum sjálfur. Var út af fyrir sig ánægjulegt að fá að vita það. En eftir að hafa borið saman ummæli sannorðra íslenskra ráðh. og ummæli sendimanns Efnahagsbandalagsins fer ég að leyfa mér að efast um, að hann geti verið ábyrgur orða sinna.

Ef það er rétt að íslenskir ráðh. segi satt og Gundelach segi ósatt, þá tel ég með öllu ófært að setjast aftur að samningaborði með slíkum manni. Við eigum í fyrsta lagi að mótmæla þessum fréttaburði, og ég er út af fyrir sig ánægður með að okkar ágæti hæstv. utanrrh., Einar Ágústsson, eigi von á því að hitta margnefndan Finn Olav Gundelach í kvöldverðarboði nú í kvöld og geti þá sett rækilega ofan í við þennan sendimann danskan frá Efnahagsbandalaginu.

Þar sem ég lofaði að vera stuttorður vil ég aðeins geta þess, að ég var heldur ánægður yfir að heyra orð hv. þm. Þórarins Þórarinssonar þegar hann talaði fyrst og dró fram þá staðreynd, sem við vissulega þekkjum öll, að ríki frá Efnahagsbandalaginu hafa nú þegar heimild til að veiða á næsta ári 66 þús. tonn af fiski á íslenskum miðum, en Gundelach geti hins vegar ekki boðið okkur — og hafi sagt það í útlöndum — meira en 30 þús. tonn. Þá skulum við aðeins athuga það, að þessi 30 þús. tonn, sem Gundelach hugsanlega getur boðið, eru líklegast síld að mestu leyti, og þó er það vafasamt vegna þess hvernig ástand síldarinnar er í Norðursjó.

Og ef það er ekki síld, þá er það annaðhvort bara hreinn hugarburður eða örsmár karfi sem er afar lítils virði. En þessi 66 þús. tonn, sem hinir veiða hér, eru a. m. k. að verðmæti til ekki minna en 100 þús. tonna virði af síld á sama markaði. Þess vegna þurfa þeir að bjóða okkur verulega miklu meira til þess að um nokkra gagnkvæma samninga geti orðið að ræða. Þess vegna er ljóst af þessum tölum einum, þótt ekki kæmi annað til, að þeir hafa ekkert okkur að bjóða, og af þeim ástæðum getur ekki orðið um gagnkvæmar veiðiheimildir að ræða. Allt slíkt tal er hreinlega út í hött. Það sjá menn fyrir framan sig og því verður ekki neitað.

Að lokum vil ég segja það, að ég er dálítið undrandi á því að hér skuli vera þrástagast á hlut eins og gagnkvæmum samningum um fiskverndarmál við þessa menn. Það tal allt saman er afar lítilsvirði að mínum dómi. En ég vil leggja áherslu á það, að ríkisstj. Íslands ber skylda til að mótmæla þessum fullyrðingum Gundelachs og neita að taka þátt í nokkrum viðræðum við slíka menn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu marki. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þingstörf í vetur hafa tafist allóþyrmilega við málaþras utan dagskrár. Nú er ég ekki að gefa það í skyn að landhelgismálið sé ekki þannig vaxið að um það hljóti að verða umr. þegar það á annað borð ber á góma, svo mikið meginmál sem hér er annars vegar. Hins vegar er það áberandi í öllum þessum utandagskrárumr. hve sömu hlutirnir eru oft sagðir hvað eftir annað án þess að leggja nokkuð nýtt til mála, að ég ekki tali um til lausnar þessu stóra máli.

Mér fannst síðast þegar landhelgismálið var hér til umr. utan dagskrár, — það var daginn áður en bretar héldu burt af miðunum með sín fiskiskip, það var í sjálfu sér mikill fagnaðardagur, — ég gat varla orða bundist þá hversu fáir fundu hvöt hjá sér til þess að þakka og gleðjast yfir þeim árangri sem við vorum að ná einmitt þennan dag. Ég fór ekki fram á í huga mínum neinn þakkaróð til núv. ríkisstj. þó að hún óumdeilanlega hafi unnið lokasigurinn. En þarna vorum við að ná loksins árangri eftir ára- og aldabaráttu og þess vegna ærin ástæða til þess að láta nokkurn fögnuð í ljós.

Ég held líka að hv. stjórnarandstæðingar séu óþarflega hræddir og kvíðnir í dag, enda þótt hv. sendimaður EBE — Efnahagsbandalagsins — gefi út einkennilegar yfirlýsingar sem kunna að byggjast á því að hann hafi dreymt eitthvað sérlega vel nóttina áður, eða þá að hér sé annars vegar um heldur lítinn heiðarleika af manni í hans stöðu að ræða, nema hvort tveggja sé.

Ég held að málið liggi þannig nú, eins og bent hefur verið á, að við höfum öll trompin á hendinni. Við þurfum engu að kvíða. Okkar fulltrúar, íslenska ríkisstj. hefur gefið út yfirlýsingar sem eiga að nægja okkur. Hæstv. forsrh. lét svo um mælt nú á þessum fundi að við hefðum gefið Efnahagsbandalaginu kost á að gera tilboð án þess að í því fælist nokkurt vilyrði frá okkar hálfu um að samið yrði við þá um eitt eða neitt. Þetta eru ummæli sem ég vil taka mark á og treysta, og þetta er afstaða okkar æðsta forustumanns, í forsæti ríkisstj., sem á að tryggja okkur að við þurfum ekki að eyða tveimur tímum í þras um þetta mál. Báðir þeir þm., sem af hálfu stjórnarflokkanna hafa setið viðræðufundi með Efnahagsbandalaginu, gefa einnig ástæðu til bjartsýni.

Ummæli Gundelachs koma öllum á óvart, og ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá fleiri en einum ræðumanni, að mér persónulega finnst full ástæða til þess að þessi ummæli Gundelachs séu borin til baka, að við krefjumst þess. Enda þótt þau séu reist á fölskum forsendum, þá geta þau gert okkur ógagn í fjölmiðlum úti um heim. Ég er einnig á því að við eigum ekkert að flýta okkur og því síður að láta pressa okkur til að flýta okkur til samninga um eitt eða neitt. Þetta eru það stór mál að við skulum láta bretann og Efnahagsbandalagið bíða á meðan við hugsum okkar gang vel.

Því hefur einnig verið lýst yfir af okkar ráðamönnum að fiskveiðiréttindi á móti fiskvernd komi ekki til greina. Þetta er atriði sem mér fannst ekki óeðlilegt að skapaði nokkurn kvíða og jafnvel tortryggni. Ég er ein í þeirra hópi sem telja að fiskveiðiréttindi séu eitt og fiskvernd annað. En þar fyrir vil ég ekki fallast með öllu á orð hv. þm. Benedikts Gröndals sem gerði, að mér fannst, heldur lítið úr fiskverndinni. Okkur liggur ekkert á, sagði hann, að tala um hana. Við skulum afgreiða fiskveiðiréttindin, síðan liggur okkur ekkert á að tala um fiskverndina. — Þarna held ég að sé mikill misskilningur á ferðinni. Fiskverndarmálin eru meginmál sem við þurfum að ganga eftir að séu leyst, svo að okkar fiskveiðimál í framtíðinni bíði ekki skaða af.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. En ég vil segja það sem mína persónulegu skoðun, að hversu vel sem við skiljum erfiðleika breta, sérstaklega bretanna, — ég tek breta sér á parti því að þeir eiga þarna stærstra hagsmuna að gæta og hjá þeim eru erfiðleikarnir mestir, — hversu gjarnan sem við vildum skilja þessa erfiðleika og veita þeim einhver réttindi til einhverra fiskveiða í okkar 200 mílna landhelgi, þá er mér ómögulegt að sjá að við getum það með nokkru móti, að okkur sé stætt á að láta nokkuð af okkar þorski, okkar fiski af hendi við aðrar þjóðir, eins og málum er komið nú. Við þurfum að gera átak ásamt öðrum fiskveiðiþjóðum til að draga úr ofveiði stofnanna og við þurfum að vinna að endurreisn þeirra. Ef svo vel færi að sú fiskvernd bæri þann árangur að aukin sókn í þorsk og aðra fiskstofna væri leyfileg, gott og vel, þá skal ekki standa á okkur að opna dyrnar aftur. En núna, á sama tíma og við næstum daglega neitum íslenskum byggðarlögum um kaup á nýjum fiskiskipum, þá er mér óskiljanlegt að við teljum okkur hafa nokkuð aflögu til annarra þjóða.

Það var sagt hér í upphafi þessarar utandagskrárumr. að mörg stór mál biðu úrlausnar. Það var deilt á seinagang ríkisstj. að leggja fram

mikilvæg mál. Og vissulega er það slæmt í sjálfu sér að þurfa í pressu undir jólafrí að afgreiða þau mál sem hér var bent á: vegáætlun, skattamál o. fl. Ég ætla ekki að fara út í það frekar, en aðeins benda á, að þegar heill þingfundur er tekinn í utandagskrármál, þá er það náttúrlega síst af öllu til þess fallið að eitthvað verði aflögu af tíma þm. til að snúa sér að stóru málunum sem úrlausnar þurfa með. (**Gripið fram í:** Það er ekkert af þeim á dagskrá.) Mér dettur í hug og það hefur raunar oft hvarflað að mér hér í þingsölum lítil vísa þegar málalengt hefur verið mikið hér utan dagskrár:

Sumir mala og mala
minnst þó hafi að segja.
Menn, sem mikið tala,
mættu stundum þegja.

Efri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Vegalög, frv. (þskj. 148 (sbr. 71), 149). — 3. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að fyrirspurn frá hv. 5. þm. Norðurl. v. sem kom hér fram við 1. umr. um frv. í sambandi við regluna um að vegirnir næðu til kauptúna og þá miðað við kortið. Ég hef nú borið mig saman við vegagerðarmenn og þeir hafa sagt að þetta þýddi það, að heimilt væri að færa þetta út frekar en hér er gert ráð fyrir, og man ég eftir að um Skagaströnd var spurt í því sambandi og er gert ráð fyrir að þessi stofnbrautaregla nái þangað. Eitthvert annað kauptún var nú — (RA: Það var Borgarfjörður eystri.) Það var Borgarfjörður eystri sem var það sama um að segja, að þetta kort er ekki tæmandi og skoðun þeirra, sem höfðu samið málið, var sú, að það væri ekki hugsun þeirra að útiloka þessa staði þó þetta væri þannig.

Út af brtt. á þskj. 149, þar sem er talað um útborganir vegna þéttbýlisvega og um mánaðarlega greiðslu í þessu sambandi, þá langar mig til þess að skýra frá því í fyrsta lagi, að hér er um reglugerðarákvæði að ræða í sambandi við núgildandi lög. Var það talið heppilegra til þess að Vegagerðin gæti fylgst með hvað framkvæmt yrði og fé ekki notað á annan veg. Og hinn nýi vegamálastjóri hefur óskað eindregið eftir því að þetta reglugerðarákvæði yrði þá frekar endurskoðað heldur en það væri bundið í löggjöf, þar sem þá yrði að vera túlkunaratriði hvað eftirlitið gæti verið mikið og ýmisleg vinna í sambandi við reikninga. Ég vil því leyfa mér að fara fram á það við hv. flm. að þeir falli frá þessari breytingu, af því að það er líka nauðsynlegt að hraða málinu, en vil hins vegar geta þess, að ég mun í samráði við Vegagerð ríkisins óska eftir því að reglugerðarákvæðið verði endurskoðað til þess að tryggja betur þá greiðslu, sem þarna fer fram, heldur en menn telja að núna sé gert, þó að nú sé reynt að gera það eins og tök eru á. En þá ætti að vera auðvelt að koma því hvoru tveggja saman, að halda eftirlitinu fullkomlega og tefja ekki fyrir þeim sem í framkvæmdum standa. Ég vil mjög mælast til þessa, ekki síst þar sem vegamálastjóri okkar er nú nýtekinn við störfum og hefur mjög eindregið óskað eftir að þetta verði gert.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Brtt. sú, sem ráðh. gerði að umræðuefni, er flutt vegna seinagangs í greiðslum frá Vegagerð ríkisins til sveitarfélaganna. Á árinu 1976 er gert ráð fyrir því að framlag samkv. 1. mgr. 32. gr. vegalaga til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum verði um 220 millj. kr. eða meira. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, mun lítið sem ekkert hafa verið greitt af þessu framlagi hinn 1. nóv. 1976 og engin vissa er fyrir greiðslu á þessu framlagi fyrir n. k. áramót. Á undanförnum árum hafa sveitarfélögin yfirleitt fengið greidd 30—50% af framlaginu á ári hverju. Sveitarfélög verða að geta treyst því að þessi framlög skili sér á reikningsárinu eftir því sem tekjur til vegamála innheimtast. Eðlilegast virðist að Vegagerðin semji áætlun um mánaðargreiðslur í samræmi við skil á heildartekjum vegamála eða greiðist samkv. framlögðum reikningi innan 15 daga, eins og brtt. segir til um, frá framvísun reikninga. Sveitarfélögin reikna með greiðslum þessum frá Vegagerðinni og byggja fjárhagsáætlanir sínar á reglulegum greiðslum frá Vegasjóði. Komi þessar greiðslur ekki á reikningsárinu reglulega raskar það framkvæmdum eða framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna.

Því vildum við undirstrika og ítreka að sveitarfélögunum verði tryggt og þau geti treyst því að þessi framlög skili sér reglulega á reikningsárinu, en verði ekki notað til þarfa Vegagerðarinnar eins og um sjálfsafgreiðslu sé þar að ræða og þá á kostnað sveitarfélaganna. En nú hefur ráðh. óskað eftir því að við flm. tökum brtt. okkar til baka. Okkur er ljúft að verða við þeirri ósk, og treystum við því að ráðh. hafi þá í hyggju að leysa þessi mál á annan hátt, með breytingu á reglugerð.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég hef engu við það að bæta sem 1. flm. brtt. sagði. Ég er sammála því að verða við ósk hæstv. samgrh. í þessu efni, í trausti þess að hann tryggi það, sem þarna er farið fram á, með reglugerðarbreytingu. Ég treysti því að svo verði, og þá er tilganginum náð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Viðbótarsamningur milli Íslands og Norðurlanda um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 139). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mæli hér með örfáum orðum fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. Frv. fjallar um það, að Alþ. heimili ríkisstj. að fullgilda þann samning sem ég nefndi hér áðan og undirritaður var í Stokkhólmi 21. júlí 1976 og er prentaður sem fylgiskjal á þskj. 139.

Þessu frv. fylgja svofelldar athugasemdir frá rn.:

„Árið 1972 var undirritaður samningur milli Norðurlandaþjóðanna um aðstoð í skattamálum. Veitti Alþingi ríkisstj. heimild til að fullgilda þann samning með lögum nr. 111 31. des. 1972. Var síðan gengið frá fullgildingu samningsins og tók hann gildi þann 1. jan. 1973.

Aðstoð sú, sem í samningnum felst, er einkum tvenns konar: Annars vegar gagnkvæm aðstoð við rannsókn skattamála og skipti á upplýsingum og hins vegar gagnkvæm aðstoð við innheimtu skatta. Á þeim tíma, sem liðinn er frá gildistöku samningsins, hefur nokkur reynsla fengist af ákvæðum hans og í ljósi þeirrar reynslu hafa sérfræðinganefndir unnið að gerð viðbótarsamnings. Náðist samkomulag milli þeirra um viðbótarsamning á þessu ári og er

hann birtur á fylgiskjali með lagafrv. þessu. Breyt. þær, sem í viðbótarsamningnum felast, varða allar gagnkvæma aðstoð við rannsókn og öflun upplýsinga. Mikilvægasta breyt. er fólgin í 3. gr. viðbótarsamningsins, en þar er gert ráð fyrir að fulltrúar skattyfirvalda í einu ríki geti fengið leyfi til að vera viðstaddir rannsókn í skattamálum í öðru aðildarríki.

Mun viðbótarsamningurinn væntanlega geta auðveldað skattaeftirlit."

Að öðru leyti vísa ég til samningsins sem prentaður er sem fylgiskjal, eins og áður sagði, og leyfi mér að lokinni þessari umr. að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Iðnþróunarstofnun Austurlands, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 104 flyt ég frv. um Iðnþróunarstofnun Austurlands. Efni frv. er það, að sett verði á fót Iðnþróunarstofnun Austurlands sem hafi það hlutverk að vinna að eflingu iðnaðar á Austurlandi. Nánar er verkefnið skilgreint í 2. gr. frv., en þar segir m. a. að þessi stofnun skuli hafa forgöngu um að koma á fót nýjum iðnfyrirtækjum á Austurlandi og efla þau sem eru fyrir og enn fremur að koma á sem hagkvæmustu sölufyrirkomulagi á iðnaðarframleiðslu fjórðungsins og í þriðja lagi að veita fjárhagslegan stuðning og fyrirgreiðslu til stofnunar nýrra iðnfyrirtækja þar sem sérstaklega verði leitast við að koma upp samrekstri nokkurra byggðarlaga um iðnaðarframleiðslu.

Gert er ráð fyrir að sérstök 5 manna stjórn verði fyrir þessari Iðnþróunarstofnun og að ríkisstj. eða iðnrh. tilnefni þar tvo stjórnarmenn, en samtök sveitarstjórnarmanna í fjórðungnum tilnefni 3 af stjórnarmönnum. Og þá er gert ráð fyrir því að ríkissjóður leggi þessari stofnun sem stofnfé eða óafturkræft framlag 20 millj. kr. á ári í þrjú ár og að sveitarfélögin á Austurlandi leggi fram hálft framlag á móti þessu framlagi sem einnig verði skoðað sem stofnframlag. Þetta er sem sagt aðalefni þessa frv.

Í grg. með frv. er nokkuð vikið að því vandamáli sem hér er í rauninni verið að fjalla um, en það er hvernig eigi að leysa þann vanda að efla iðnað úti á landsbyggðinni umfram það sem verið hefur. Það gefur auga leið, að það er á margan hátt mjög erfitt að koma upp nokkrum teljandi iðnrekstri þar sem framleiðsluumdæmið er lítið eða fámennt og þar sem aðalmarkaður fyrir framleiðsluna er í mörgum tilfellum langt í burtu og þá auðvitað á aðalþéttbýlissvæði landsins. Þá koma upp þeir erfiðleikar sem standa í sambandi við fámennið úti á landi og svo fjarlægðina frá höfuðborgarsvæðinu. Það er hins vegar enginn vafi á því, að það er mikil þörf á því að reyna að finna einhverjar færar leiðir til þess að landsbyggðin geti orðið með í iðnaðaruppbyggingu í landinu.

Ég geri mér að vísu fyllilega grein fyrir því, að það mun verða svo um langan tíma, að aðalverkefni margra byggðarlaga úti á landi, sérstaklega við sjávarsíðuna, verður bundið við sjávarútvegsstörf í einu eða öðru formi, og aðalverkefni byggðarlaganna uppi í landinu verður auðvitað bundið mjög við landbúnaðarstörf eða úrvinnslu úr landbúnaðarafurðum. En þó að þetta verði um langan tíma aðalstörfin á þessum svæðum, þá er enginn vafi á því að það er þýðingarmikið að finna ráð til þess að á þessum stöðum geti einnig vaxið upp nokkur iðnaður umfram þann brýnasta þjónustuiðnað sem þarna er fyrir hendi og hlýtur jafnan að vera á þessum stöðum.

Í þessu sambandi koma upp hugmyndir um það, hvort ekki sé hægt að vinna að því að koma á samstarfi í iðnaðarframleiðslu á milli byggðarlaga. Þetta er nokkuð þekkt erlendis frá. Við þekkjum það, að t. d. í Noregi hefur verið unnið á þessum grundvelli allmikið, þar sem tekist hefur að koma upp myndarlegri iðnaðarframleiðslu með þeim hætti að unnið er að sömu framleiðslu á mörgum stöðum þar sem menn skipta nokkuð með sér verkefnum í framleiðslunni, og á þann hátt geta lítil byggðarlög eða tiltölulega fámenn byggðarlög notið sín miklu betur en ella, náð miklu meiri árangri. En það þarf nokkurt átak til að koma þessu fram, og um það fjallar í rauninni þetta frv. varðandi Austurland.

Það, sem mér sýnist helst til ráða í þessum efnum, er að komið verði á fót í fjórðungnum stofnun sem taki að sér að reyna að ráða fram úr þessum málum og sé eðlilegt að ríkið leggi þarna fram nokkurt stofnfé ásamt heimamönnum og taki þannig að sér nokkra forustu í því að skipuleggja þessa starfsemi. Á þann hátt væri hægt að hjálpa til að fá leiðbeinendur í sambandi við framleiðslu af þessu tagi inn í fjórðungana og þannig væri hægt að ná betri tökum á markaðsmálum og sölumálum, það væri hægt að skipuleggja þau á annan hátt ef upp gæti komið ein stofnun sem hefði með þessi mál nokkuð sameiginlega að gera.

Í rauninni er það þetta sem hefur gerst hjá okkur í myndarlegasta iðnaði okkar hér í landinu, sem er fiskiðnaður okkar. Þegar litið er á þann iðnað, þá vitum við að það eru í kringum 100 frystihús rekin í landinu, dreifð næstum á jafnmörga staði á landinu. En þessi framleiðsla kemur saman í sameiginlegum samtökum, sem nú eru aðallega tvenn, og í gegnum þær miðstöðvar, sem þarna eru myndaðar, hefur tekist að skapa þessari framleiðslu slíka forustu að það hefur tekist að gera þetta að eins konar margþættu framleiðslukerfi eins stórs fyrirtækis. Það er einmitt þetta sem ég held að þurfi að gerast ef á að koma til einhver teljandi iðnaður úti á landsbyggðinni.

Þó að þetta frv. sé miðað við það að reyna að leysa þetta mál á Austurlandi, þá gefur auga

leið að það yrði farin svipuð leið í öðrum fjórðungum landsins ef þetta þætti tiltækilegt eða heppnaðist, það sem hér er bent á. Ég tel hins vegar eðlilegt að hafist sé handa aðeins á einum stað í þessa átt í byrjun og séð hvernig gengur.

Það er enginn vafi á því, að þetta verkefni þarf að leysa hér á landi. Það má ekki fara svo að nær allur iðnaður, sem eflaust á eftir að vaxa hér upp og verða miklu þýðingarmeiri í framleiðslulífi landsmanna en hann er í dag, verði svo að segja óhjákvæmilega að vaxa upp hér í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu eða í mesta lagi nokkuð á Akureyrarsvæðinu. Ég held að það sé byggðaþróuninni í landinu allri alveg nauðsynlegt að landsbyggðin almennt geti orðið hér nokkur þátttakandi í. En þá reynir ábyggilega á að skipuleggja þann iðnað frá byrjun, m. a. á þennan hátt sem hér er bent á, að reyna að koma á samvinnu nokkurra byggðarlaga um tiltekna framleiðslu, þar sem einn staðurinn gæti unnið að þessum þætti framleiðslunnar, annar að öðrum þætti, sá þriðji kannske unnið að því að setja þessa framleiðsluþætti saman í eitt og sá fjórði ynni hins vegar aðallega að markaðsöflun og sölumálum. Ég efast ekkert um það, að miðað við þær umr. sem hér hafa oft farið fram, bæði um byggðamál hér á Alþ. og stefnuna í þeim málum, eins og þær miklu umr. sem hafa átt sér stað, bæði hér á Alþ. og fara nú fram annars staðar í okkar landi varðandi iðnþróun og eflingu iðnaðar, þá er hér tekið á einum þætti þessara mála sem ábyggilega er þörf á að reyna að finna rétta lausn á.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál við 1. umr. Það er ekki þörf á því. En ég vil vænta þess að sú n., sem fær þetta mál til fyrirgreiðslu, hv. iðnn., taki það til gaumgæfilegrar athugunar og veiti því fyrirgreiðslu, ef henni líst á þá hugmynd sem frv. fjallar um, og hún líti á þetta mál með þeim augum að hér er ekki einvörðungu verið að fjalla um þetta mál sem sérmál Austurlands, heldur er hér verið að fjalla um þetta mál með það í huga hvernig eigi að taka á þessu verkefni almennt séð fyrir alla landsbyggðina. Ef n. sýnist ástæða til þess að gera hér nokkrar breytingar á, þá er það auðsótt af minni hálfu. Ég tel að hér sé aðalatriðið að reyna að finna lausn á þessu vandamáli, hvernig hægt sé að standa að því að efla á raunhæfan hátt iðnaðarrekstur úti í fámenninu og úti á landsbyggðinni.

Ég vil aðeins minna á það, að mörg dæmi eru um það, að góðar hugmyndir hafi komið frá mönnum úti á landi, í fámennum byggðarlögum um iðnaðarframleiðslu. Þeir hafa unnið talsvert að því að undirbúa slíkan rekstur. En svo hefur jafnan farið á þann veg að sannað hefur verið af þeim, sem hafa haft málið til athugunar á síðara stigi, að út af fyrir sig væri hugmyndin góð, en það væri bara miklu betra að hafa fyrirtækið í Reykjavík af því að þá væri um miklu handhægari rekstur þar að ræða og þyrfti hvorki að flytja hráefni eins langt til framleiðslustaðar né heldur framleiðsluvörurnar jafnlangt á markað aftur. Þetta hefur sem sagt ævinlega orðið til þess að torvelda það að landsbyggðin gæti tekið þann þátt í iðnþróuninni sem hún þarf að gera. Ég held, eins og ég hef sagt, að það sé hægt að finna lausn á þessum málum m. a. eftir þessari samstarfsleið sem er þekkt víða erlendis frá.

Hæstv. forseti. Ég legg svo til að að lokinni umr. verði þessu frv. vísað til iðnn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og kemur fram í ítarlegri grg. sem fylgir frv. þessu, er nokkuð langt um liðið síðan ég flutti þáltill. þess efnis að Alþingi ákvæði að gera ráðstafanir til þess með samþykkt sinni að hægt væri að fylgjast með daglegum ferðum íslenskra fiskiskipa. Þetta var gert að gefnu tilefni, þegar vélskipið Stuðlaberg fórst hér við Suðvesturland og enginn maður vissi um það, hvorki aðstandendur né aðrir, í nokkra daga að þar hefði slys orðið. Með þessu skipi fórust 11 menn. Það, sem kom út úr þessari till., var að það var skipuð n. að sjálfsögðu sem vann mikið starf, verð ég að segja. Og ekki aðeins það, þáv. sjútvrh., Eggert G. Þorsteinsson, setti reglugerð hvar hann gat um að til starfa skyldi tekið við svokallaða tilkynningarskyldu íslenskra skipa. Ég hef talið persónulega að eftir þá löngu reynslu, sem er komin á þetta mál, sé orðið tímabært að setja og binda í lögum ákvæði um þessa starfsemi, og því er það að ég flyt þetta frv. með nokkrum breytingum frá reglugerð þeirri sem þáv. hæstv. sjútvrh., Eggert G. Þorsteinsson, setti. En segja má að með litlum breytingum séu fyrstu sex gr. þessa frv. teknar beint úr reglugerð þeirri sem hann setti.

Ég tel að það sé komin sú reynsla á þessa starfsemi frá því að reglugerðin var sett, að við getum, hv. alþm., sett í lög ákvæði þess efnis sem koma fram í frv. þessu. Ég vil líka undirstrika að það, sem verið er að gera með þessu frv., er að styrkja og undirstrika stjórnun Slysavarnafélags Íslands á þessum málum. Ég veit og það er rétt, sem kemur fram í grg. þessa frv., að starfsemi tilkynningarskyldunnar undir stjórn Slysavarnafélags Íslands hefur þegar margsannað gildi sitt, og eins og ég tók fram áðan er nú reynslu- og þróunartími liðinn frá því að þessi starfsemi hóf sitt starf, og því tel ég að það sé orðið tímabært að setja í lög ákvæði um starfsemi þessa.

Um leið og ég segi í þessu frv., að það sé verið að ákvarða og staðfesta starfsemi Slysavarnafélagsins, er ég að leggja til líka að ákveðnar reglur verði settar um greiðslu til að standa undir þessari þýðingarmiklu starfsemi, — greiðslu sem að vísu hefur komið frá Alþ., fjárveitingavaldinu, á hverju ári og hefur farið hækkandi. En ég vil að í þessum lögum verði það ákvæði að hæstv. sjútvrh. ákveði um hvert það gjald eigi að vera sem útgerðir eigi að greiða fyrir þá þjónustu sem þær fá frá Landssíma Ís-

lands, en ekki hæstv. samgrh. eða ráðh. Pósts og síma, vegna þess að ég tel að það sé sjútvrh. sem hafi besta vitund um það hvað er hægt að leggja á þessa útgerð. Og við skulum ekki gleyma því, að meðan við erum með þessa menn sem t. d. stunda fiskveiðar hér við land með mestu slysa- og dauðatölu í starfi sínu, þá finnst mér persónulega að það sé ekki of í lagt þótt almenningur í landinu greiði nokkuð til þess að halda uppi þessu öryggi fyrir þessa menn.

Í þessa grg. tók ég upp orðrétt þýðingarmikinn kafla frá Slysavarnafélagi Íslands, úr síðustu skýrslu þess, þar sem m. a. er kveðið á um það, hvað það hafi bætt við sig í þessari starfsemi og líka hvað þetta þýði fyrir ekki aðeins sjómennina sjálfa, heldur og fyrir aðstandendur þeirra. En það er að verða æ tíðara að það sé leitað til þessarar starfsemi Slysavarnafélagsins frá aðstandendum sem vilja komast að því hvar skip er statt og hvernig gengur. Er eitthvað að? Ég held að þegar þeir, sem vilja kynnast þessu, skoða þetta eins og vera ber, þá verði það ekki peningamagnið sem verði til þess að menn verði á móti þessu frv. Það má vera að einhverju sé áfátt í orðalagi þeirra greina sem koma fram í lok frv., en ég tel hins vegar að við verðum menn að meiri hér á Alþ. ef við samþykkjum þetta frv., þó með einhverjum breytingum **yrði.**

Ég tók það fram að 1.—6. gr. eru að mestu sniðnar eftir þeirri reglugerð sem þáv. sjútvrh., Eggert G. Þorsteinsson, setti. En til viðbótar er í 7. gr. verið að staðfesta skyldu Landssíma Íslands til fullkominnar þjónustu á því sviði sem þessu ríkisfyrirtæki er ætlað, öryggisþjónustu. Og síðari mgr. er m. a. fram komin vegna ályktunar á síðasta sjómannasambandsþingi, en þar kom fram auk áskorunar um lagasetningu um tilkynningarskylduna að mikið skorti á hlustunar- og sendiaðstöðu við Norðausturland, sunnanverða Vestfirði og Breiðafjörð.

8. gr. er til að staðfesta hinn stjórnunarlega rétt Slysavarnafélags Íslands, en á þennan félagsskap var ekki minnst í reglugerðinni frá 1968 þótt félagið hafi alltaf síðan haft með stjórnun þess að gera.

Með samþykkt 9. gr., ef af verður hér á Alþ., er ákveðið að lögbinda ákveðið gjald til Landssíma Íslands sem nú þegar er ákveðið með samkomulagi. Með frv. er sjútvrh. falið að ákveða greiðslur þessar, m. a. til þess að ekki verði um ofborganir að ræða. Því er þeim, sem gott vit hafa á hag útgerðarinnar, sett þessi ákvörðun í hendur, enda verður ekki hægt að telja eftir framlag af almannafé, eins og ég hef þegar getið um, til öryggismála þessarar stéttar sem á langmesta slysa- og dauðatíðni í starfi hér á landi.

Í 10. gr. frv. er getið um sektarákvæði vegna vanrækslu við tilkynningarskylduna. Því miður verður það að segjast, að vegna trassaháttar og kæruleysis nokkurra skipstjórnarmanna verður að taka þetta fram. Þeir verða að gera sér grein fyrir því að því fylgir mikill kostnaður að hefja leit að skipi sem álíta verður að hafi hlekkst á þegar þeir láta hjá líða að tilkynna staðsetningu skipsins. Þegar bæði flugvélar, fjöldi skipa og leitarflokkar fara af stað eingöngu vegna trassaháttar, þá finnst mér sjálfsagt að þeim mönnum, sem eru staðnir að því ítrekað að brjóta þær reglur sem settar eru á því sviði, eigi hiklaust að refsa með sektum.

Í 11. gr., sem er ný frá því að reglugerðin var sett á sínum tíma, hef ég lagt til að Slysavarnafélag Íslands fái nokkuð fyrir sinn hugsanlega kostnað: ljós-, hita- og ræstingarkostnað og skrifstofuvinnu, að ég tali ekki um símakostnað sem reiknaður er að fullu af þeim hinum dýru aðilum, það fái til sín sektarfé og þá, ef eitthvað vantar á, komi það frá ríkissjóði, eins og verið hefur fram til þessa. Það er hlálegt að vera að borga frá vinstri hendi til hinnar hægri þegar við erum að glíma við þetta vandamál, sem er öryggi okkar sjómanna.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér, þegar þessari umr. lýkur, að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og til hv. sjútvn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég get vel skilið það, að hv. 8. þm. Reykv. kæri sig ekki um að vísa málum til samgrh. sem sjávarútveg varða, því að hann er það mikill sjómaður að hann kann skil á því hvað ég er fjarri þeim hæfileikum. Hins vegar er það svo í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., að það hefur verið unnið að því í samgrn. að endurskoða þessi lög og ýmsa þætti málsins. Nú er ég ekki undir það búinn að greina frá þeirri vinnu hér við þessa umr. En til þess að tefja ekki málið fyrir hv. þm., sem ég hef enga löngun til, þá tel ég eðlilegt að segja frá þessu, en mun hins vegar láta koma málinu á framfæri við sjútvn., sem vafalaust fær frv. til meðferðar fremur en samgn., og þá verði það athugað í samráði við hv. flutningsmann hvernig sameina má þessi sjónarmið og vinna hér að endurbótum eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég vildi sem sagt segja frá því, að í samgrn. er verið að vinna að þessari athugun, og við skulum svo sjá hvernig með málið verður farið þegar það fer úr þessari hv. deild.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir hans góðu undirtektir við málið. Að vísu hefur hann fengist nokkuð við útgerð á síðari árum, þ. á m. á Akraborg og öðrum slíkum skipum. En ef hann hann svona í þetta mál, þá veit ég að þeir félagar, hann og sjútvrh. hæstv., reyna að koma sér saman um að koma þessu í þann farveg sem ég veit að ég er ekki einn um, heldur sjómannasamtökin almennt í landinu biðja og óska, að þetta verði gert á þann veg sem reynt er að fara í þessu frv. Ég geri mér fulla grein fyrir að þeir tveir muni sjálfsagt hafa eitthvað við frv. að athuga og gera þá breytingar á því og gera t. t. v. ágreining sín á milli um það, hvort það eigi að vera í þessu herberginu eða hinu í Arnarhvoli. En ég veit alla vega að ef þeir ferðast með Akraborginni eina ferð, þá munu þeir finna lausn á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 13. des., að loknum 21. fundi.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 60 n. 145). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka. Þetta frv. er komið frá Ed. og er á þskj. 60. N. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., en það fjallar um innheimtu tiltekinna gjalda á árinu 1977 með sömu viðaukum og á undanförnum árum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka innkaupsverð á vörum o. fl., þáltill. (þskj. 105). — Ein umr.

Flm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 105 flyt ég ásamt þremur öðrum þm. Alþb. till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka innkaupsverð á vörum o. fl. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nd. Alþ. ályktar að kjósa 5 manna rannsóknarnefnd samkv. ákvæðum í 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni n. séu:

1. Að rannsaka hvort innkaup á vörum til landsins séu með eðlilegum hætti og í samræmi við þjóðarhagsmuni eða hvort brögð séu að því að vörur séu keyptar til landsins á óhagkvæmu verði sem leiði til hærra vöruverðs í landinu en ætti að vera.
2. Að rannsaka sérstaklega áhrif umboðslauna í vöruverði, gjaldeyrisskil á umboðslaunum og hversu öruggt eftirlit sé nú með gjaldeyrisnotkun til vörukaupa.

N. rannsaki aðra þætti þeirra mála, sem hér um ræðir, eftir því sem henni þykir ástæða til.

Hún skal í störfum sínum hafa fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum, einstaklingum og fyrirtækjum, eftir því sem nauðsynlegt reynist.

N. skili skýrslu til Alþingis um rannsóknir sínar eigi síðar en 2 mánuðum eftir að ályktun þessi er gerð.

Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Þetta er sú till. til þál. sem við flytjum hér, og sérstakt tilefni þessarar till. eru mjög athyglisverðar upplýsingar sem fram komu nýlega við samanburð á vöruverði hér og í London. Þessar upplýsingar komu fram í sjónvarpsþætti og voru byggðar á athugunum sem Verðlagsskrifstofan hafði gert.

Frumkvæði verðlagsstjóra í þessum málum er að mínu viti mjög þakkarvert, einmitt til þess að upplýsa almenning um hvernig málum sem þessum er raunverulega háttað. Og þetta mætti gjarnan vera til fyrirmyndar ýmsum öðrum embættismönnum.

Þessi athugun leiddi í ljós að gífurlegur verðmunur er á algengum neysluvörum hér á landi og í London, og kom fram að verð væri jafnvel þrisvar til fjórum sinnum hærra hér en er í London. Ég ætla að rifja upp þau dæmi sem tekin voru. Það er nokkuð umliðið síðan þessi þáttur var og rétt að minnast á höfuðatriðin og þá alveg sérstaklega hvernig verðmyndun er hér, samanborið við hvernig hún er á þessum stað sem tekinn er til samanburðar, þ. e. a. s. í London.

Það eru aðallega tvö dæmi sem um er að ræða. Í öðru tilvikinu er um að ræða innkaupsverð í Englandi, og ég vil leggja áherslu á að þetta innkaupsverð í Englandi er beint frá framleiðanda, en ekki frá heildsölu, þ. e. a. s. það er fullkominn samanburður og jafn samanburður af því að íslenskir heildsalar kaupa vöruna af nákvæmlega sama aðila og þeir bresku gera. Í dæminu, sem tekið var, var innkaupsverð heildsala hér í Reykjavík á tiltekinni vöru 45 kr., sem hann greiddi fyrir þessa vöru, en heildsalar í London greiddu 38 kr. fyrir sömu vöru. Mismunurinn á þessu er 7 kr. eða 18.4% sem íslenski heildsalinn kaupir vöruna hærra verði en sá breski frá sama framleiðanda. Síðan koma ýmsir liðir sem mynda útsöluverð í verslunum hér í Reykjavík og í London. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í þetta allt saman, en munurinn, sem verður þegar varan er komin í verslun annars vegar hér í Reykjavík og hins vegar í London, var í þessu tilviki, að útsöluverð í London var 49 kr., svipað og innkaupsverð íslenska heildsalans á þessari vöru í London, en útsöluverðið í Reykjavík er hins vegar 207 kr. á þessari vöru. Útsöluverðið hér í Reykjavík borið saman við London er þá rúmlega fjórfalt hærra. Af eðlilegum ástæðum hlýtur það að vera eitthvað hærra, en þessi gífurlegi munur er auðvitað allrar athygli verður.

Í hinu dæminu, sem tekið var, var innkaupsverðið í London hjá íslenska heildsalanum 47 kr., en 39 kr. hjá þeim breska, og ég vil ítreka að hér er ekki um innkaup frá heildsölu að ræða, heldur beint frá framleiðanda, þannig að báðir standa jafnt að vígi. Þarna er munurinn á innkaupsverðinu á þessum hlut 8 kr. eða 20.5% hærra hjá hinum íslenska en þeim breska. Útsöluverð þessarar vöru var í London 50 kr. eða lítið eitt hærra en innkaupsverð íslenska heildsalans á vörunni og útsöluverðið hér 141 kr. eða tæplega þrefalt hærra en útsöluverðið í verslunum í London.

Ég held að það sé aðallega þrennt í þessari verðmyndun og þessum gífurlega verðmismun sem sérstaka athygli vekur. Það er þá í fyrsta lagi mismunur á innkaupsverðinu frá framleiðandanum, í öðru lagi álagning í heildsölu og smásölu hér annars vegar og hins vegar í London og svo í þriðja lagi þáttur ríkissjóðs í þessari verðmyndun.

Í fyrra dæminu, sem ég nefndi, er heildsöluálagningin á þessari vöru, sem íslenski heildsalinn kaupir á 45 kr. í Bretlandi, 14 kr., en 3 kr. í Bretlandi á sömu vöru. Þarna er um nærri

fimmföldun að ræða. Smásöluálagningin hér er 48 kr., en aðeins 8 kr. í London, og þarna er um að ræða sexföldun á smásöluálagningunni í krónutölu. Það hlýtur að vera augljóst að hér er um ákaflega þýðingarmikið atriði að ræða. Í hinu dæminu er þetta ákaflega svipað. Ég ætla ekki út af fyrir sig að fara að sundurliða það, en dæmin eru mjög svipuð í báðum tilvikunum, nokkurn veginn þau sömu.

En síðan kemur þriðji þátturinn í þessu og það er þáttur ríkissjóðs, þ. e. a. s. aðflutningsgjöld, tollar, vörugjald og svo söluskatturinn. Í fyrra tilvikinu, vörunni sem kostaði í innkaupsverði 45 kr. sem ísl. heildsalinn greiðir fyrir vöruna frá framleiðandanum í Bretlandi, þar er þessi þáttur ríkissjóðs í verðmynduninni 88 kr. Hann er enginn í breska dæminu, varan er algjörlega tollfrjáls. Þau gjöld, sem ríkissjóður tekur af þessari vöru, eru nærri tvöfalt útsöluverð sömu vöru úr verslun í London. Í hinu dæminu er þetta ákaflega svipað, mjög svipað, og þarf ekki að rekja það frekar.

Þessir þrír þættir, sem ég hef rakið, sýna mjög glögglega hvernig verðmyndun þessarar vöru er og að við búum hér, samanborið við neytendur í London, við ákaflega ójöfn kjör í þessu efni. Og ég vil undirstrika að hér er ekki um neinn lúxusvarning að ræða, heldur neysluvörur, matvörur. Að vísu má vera að í öðru dæminu sé um býsna háan tollflokk að ræða, en hvað um það, hér er sem sagt um matvörur að ræða.

Það hafa ýmsar skýringar verið gefnar á þessum mikla mismun. Sumar þeirra liggja í augum uppi, svo sem þáttur ríkissjóðs sem ég hef hér nefnt, þ. e. a. s. þetta sjálfvirka skattheimtukerfi ríkissjóðs af nauðsynjavörum almennings. Sú trygging, sem ríkissjóður hefur í þessum efnum, er svo vel niður njörfuð eða svo tryggð, að hér er ekki aðeins um það að ræða að þessir skattar fylgi verðlaginu, heldur er þessi aðferð skattheimtunnar af nauðsynjavörum stór þáttur í mögnun verðbólgunnar. Og þetta gerist á sama tíma og ríkissti. telur sig vera í harðri baráttu gegn verðbólgunni. Máske er þetta ein aðferðin En það er athyglisvert að ríkissjóður tryggir sig á þennan hátt, á sama tíma og verðtrygging kaupgjalds hefur verið afnumin með lögum frá Alþ. Þó að tekist hafi í litlum mæli í síðustu samningum að endurheimta verðtryggingu á kaupi, þá er ákaflega fjarri því að um sama öryggi fyrir launafólk sé að ræða og ríkissjóð í þessu efni, enda er ekki nokkur vafi á að einmitt þetta tvennt, þessi geysilega skattheimta annars vegar og hins vegar að laununum er haldið niðri og það með lagaaðgerðum, á sinn stóra þátt í því að Ísland er nú orðið eitt mesta láglaunasvæði í Evrópu.

Aðrar skýringar á þessum geysilega verðmismun hér og í London, — ja, ég vil aðeins segja að þær eru misjafnlega haldlausar, og ég ætla ekki að fara nánar inn á þær brautir.

Í þeim umr., sem fram hafa farið og fram fóru í sambandi við þennan sjónvarpsþátt, kom berlega fram og meira að segja frá innflytjendum sjálfum hreinlega, að áhugi þeirra kynni að vera heldur lítill til að kaupa inn vörur á lágu verði því að álagning hér væri í prósentum og því hærra sem innflutningsverðið væri því meira fengju þeir í eigin vasa. Nákvæmlega hið sama blasir við hvað ríkissjóð snertir. Það skyldi þó ekki vera að áhuginn væri ekki heldur allt of mikill þar til þess að kaupa vörur inn á sem hagkvæmustu verði.

Ég tel að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða og þetta verði að rannsaka betur. Í sambandi við þetta er líka rétt að taka það fram, og þarf ekki að hafa mörg orð um það, að kaupmannastéttin telur að þær aðferðir, sem nú eru hafðar við verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, séu forkastanlegar og eigi ekki að vera og það eigi að afnema a. m. k. að miklu leyti verðlagsákvarðanirnar, þ. e. a. s. halda kannske einhverju verðlagseftirliti, en gefa álagninguna frjálsa. Það er fróðlegt að einmitt í þessum sama sjónvarpsþætti kom fram dæmi þar sem álagningin er frjáls. Það var tekið dæmi af leikföngum. Það má vera að álagning sé þar hærri en væri hægt að reikna með að hún yrði ef öll álagning væri frjáls. En í þessum vöruflokki kom í ljós að álagningin er ekki nálægt 30%, eins og hún er í þeim dæmum sem ég hér nefndi, heldur 130% — heildsölu- og smásöluálagning. Þannig er málum háttað þegar álagningin er frjáls. Nú mætti kannske í þessu efni, vegna þess að jól eru nú í nánd, láta sér detta í hug hvort þessi fæðingarhátíð frelsarans eða hátíð barnanna og hvaðeina sem hún er nú kölluð, hvort hún muni ekki fyrst og fremst vera orðin gróðahátíð kaupmannastéttarinnar.

Annar þáttur till. okkar er um að rannsaka sérstaklega áhrif umboðslauna í vöruverði, gjaldeyrisskil á umboðslaunum og hversu örugg eftirlit sé nú með gjaldeyrisnotkun til vörukaupa. Um það vil ég aðeins segja að það hefur lengi legið hér í landi mjög magnaður orðrómur um að ekki væri allt með felldu varðandi umboðslaun af innflutningi og gjaldeyrisskil af umboðslaunum. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fullyrða mikið um sannleiksgildi þessa orðróms, en minna mætti kannske á máltækið sem segir að sjaldan ljúgi almannarómur. En aðeins vildi ég leggja mjög ríka áherslu á að þessi þáttur verði ekki síður kannaður til hlítar heldur en þeir þættir sem ég hef hér áður minnst á.

Það mál, sem hér er hreyft, varðar allan almenning mjög mikið og þá ekki hvað síst í því gífurlega dýrtíðar- og verðbólguflóði sem í okkar landi er. Og almenningur á mjög ríka kröfu á að máli sem þessu verði fylgt eftir með ítrustu rannsókn. Því leggjum við flm. til að málið verði rannsakað af nefnd þm. sem hafi fullt vald til að taka skýrslur af opinberum aðilum og öðrum sem málið geta upplýst.

Ég legg svo til, herra forseti, að að loknum umr. núna verði umr. frestað og till. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti Við höfum, fjórir þm. Alþb., leyft okkur að bera fram þáltill. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka innkaupsverð á vörum o. fl Ástæðan til þess, að við komum nú með slíka till., er m. a. sú auk nefnds sjónvarpsþáttar, að fjölmargir íslending-

ar hafa haft aðstöðu til þess að bera saman verð á almennum neysluvörum hérlendis og erlendis og niðurstaðan af þeim samanburði hefur löngum verið íslenskum neytendum afar óhagstæð. Aðferðin, sem við leggjum til að notuð verði til að komast til botns í þessu máli, er, eins og ég nefndi, að skipa rannsóknarnefnd samkv. þessari tilgreindu grein í stjórnarskránni sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta. Í 39. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

„Hvor þd. getur skipað n. innandeildarþm. til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þd. getur veitt n. þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Það fer ekki á milli mála að þar sem verð neysluvöru í landinu skiptir alla landsmenn mjög miklu máli, þá er, þó ekki sé annað nefnt, full ástæða til þess að slík n. sé skipuð og í þeim tilgangi að svara m. a. eftirtöldum spurningum: hvort innkaup til landsins séu með eðlilegum hætti, hvort innkaupin séu í samræmi við þjóðarhagsmuni, hvort það geti verið hugsanlegt að vörur séu keyptar óhagkvæmara verði en nauðsynlegt er og hverjar ástæður geti legið til þess, hvort áhrif umboðslauna í vöruverði séu með eðlilegum hætti, hvort gjaldeyrisskil séu skv. reglum og hversu öruggt eftirlit sé með gjaldeyrisnotkun til vörukaupa.

Það er ævinlega dálítil spurning, þegar till. kemur um að setja á stofn n. þm. til að rannsaka ákveðin mál, í hvaða tilfellum það sé réttlætanlegt. Með tilvísun til þess, sem síðasti hv. ræðumaður sagði, þá nefndi hann þar til mjög mörg atriði sem bókstaflega sýna fram á að þó oft sé nauðsyn að skipa slíka n., þá sé það ekki síst í þessu efni, því það varðar almenning sannarlega mjög miklu hvort verð á vörum hér sé með eðlilegum hætti eða ekki. Okkur sýnist að ægileg verðbólga og feiknadýrtíð sé í landinu þó ekki bætist það ofan á að vörur séu keyptar á miklu hærra verði erlendis heldur en nauðsynlegt er, og sá mismunur á svo vissulega eftir að margfaldast í íslenska verðmyndunarkerfinu.

Það hefur komið fram í sjónvarpsbætti, eins og hér hefur verið nefnt, þar sem rætt var við verðlagsstjóra, nefndi hann sem ástæðu nr. eitt og ævinlega fyrstu ástæðuna til þess að skýra út verðmuninn, að íslenskir heildsalar hafi síst ástæðu til þess að halda innkaupsverði niðri vegna þess að með því séu þeir að lækka sína þóknun sem miðast við prósenttölu af verði vörunnar. Prósentuálagningin veldur því bókstaflega að kaupmennirnir hagnast hreinlega á því að kaupa sem vitlausast inn.

Ég ætla ekki að rekja hér aftur þau dæmi, sem síðasti hv. ræðumaður nefndi áðan, og ekki heldur þau dæmi, sem ég hef aflað mér, því þar er sama sagan sögð í öllum tilfellum og jafnvel miklu verri en hann gat hér um. Sannleikurinn er sá, að í allmörgum vöruflokkum kemur í ljós að innkaupsverð íslenskra heildsala í Bretlandi er svipað og jafnvel hærra en smásöluverð sömu vara í London.

Það var nefnt í áðurnefndum sjónvarpsbætti, að verðlagsstjóri vissi um það að verðmismunur til íslenskra heildsala í London og til breskra heildsala getur verið allt að 60% af innkaupsverði. Þessi munur er svo hrikalegur að full ástæða er til þess að kanna hvort hann geti verið eðlilegur. Það er ekki rétt á þessu stigi málsins að koma með neinar fullyrðingar um það fyrir fram, að þeir menn, sem flytja inn vörur til landsins, séu sekir. En tilgangur till. er að komast til botns í málinu, finna hið rétta, og ég get ekki séð að það geti verið neinum til skaða að sannleikurinn komi í ljós.

Það kom einnig í ljós, að þar sem ekki var um bundna álagningu að ræða, þá gátu heildsalarnir keypt með mjög sambærilegu verði sumar vörur í Bretlandi, ef ekki sama og jafnvel betra heldur en breskir heildsalar, eins og t. d. á sér stað um leikföng. En þar er hins vegar álagningin geysihá, um og yfir 100%.

Ég legg áherslu á það, að almenningur hlióti að eiga heimtingu á að fá þessi mál rannsökuð ofan í kjölinn. Og ég vil enn taka fram, að ég vil ekki vera með neinar fullyrðingar um, að hér sé óheiðarlega að staðið, fyrr en málið hefur verið kannað. Það er kunnugt að almenningur ber ekki of mikið traust til þessara aðila, ósköp einfaldlega vegna þess að engar fullnægjandi skýringar hafa verið gefnar á þessu mismunandi innkaupsverði, auk þess sem engar óyggjandi upplýsingar hafa nokkru sinni legið fyrir um hvernig farið er með umboðslaun í þessum efnum, hvort umboðslaunanum sé bætt við vöruinnkaupsverðið erlendis og þessi munur síðan margfaldist, eins og ég gat um áðan.

Það er fullrar athygli vert, að eftir að þessi mál voru itarlega rædd í sjónvarpinu, þá hafa heildsalar látið í sér heyra. Sannleikurinn er sá, að þó að menn hafi hlustað gaumgæfilega á skýringar þeirra, þá voru þær ákaflega yfirborðskenndar og varla nægilegar til þess að skýra málið. Í Dagblaðinu var skömmu eftir þáttinn fjallað um þetta málefni hannig, að greinarhöfundur var búinn að reikna kostnað íslenska heildsalans í Bretlandi frá því að hann kaupir vöruna og þangað til hann er kominn með hana til skips, þ. e. a. s. við að flytja vöruna þar á milli, og sá kostnaður var orðinn jafnvel meiri en sem nam útsöluverði í Bretlandi. Ég er ansi hræddur um að fáir hafi trúað þeirri útleggingu heildsalanna, vegna þess að þá hlytu breskir smásalar að stunda þessa atvinnu sína mest sér til gamans, en ekki til þess að hagnast á henni.

Í stuttu máli er hægt að segja það, að tilgangur þessarar þáltill. er fyrst og fremst sá, að hafin verði rannsókn í þessum efnum, hvernig staðið getur á margnefndum verðmun á vörum og hvort það geti átt sér stað að keypt sé vísvitandi fyrir hærra verð erlendis, svo álagningin verði hærri í krónutölu fyrir þá sem vöruna selja hér á landi.

Við íslendingar þurfum að flytja gífurlega mikið inn. Sennilega þurfum við að flytja meira inn af okkar nevsluvörum heldur en nokkur önnur þjóð þarf að gera. Ef sleppt er fiski og landbúnaðarafurðum, þá þurfum við að kaupa hér mikið af grænmeti, allan kornmat o. s. frv. Þess vegna væri hörmulegt ef það væri staðreynd að íslenskir neytendur þyrftu að greiða miklu hærra verð en ella fyrir sínar daglegu neysluvörur vegna klaufalegra eða óheiðarlegra viðskiptahátta.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það liggur hér fyrir Sþ. fsp. varðandi verðlagsmál og varðandi sérstaklega könnun verðlagsstjóra á verðmyndun frá hv. varaþm. Eyjólfi Sigurðssyni, en röðin hefur ekki enn komið að þessari fsp. Hún hefur þess vegna ekki verið tekin hér til meðferðar. Ég hef í sjálfu sér kosið að svara þeirri fsp. áður en þessi þáltill. er rædd hér og áður en ég tek þátt í umr. um hana, en ég vil þó aðeins segja hér örfá orð í tilefni af þessari till. um skipun rannsóknarnefndar til að kanna þau málefni sem þar er um fjallað.

Það er vissulega ekki ofmælt að það málefni, sem þarna er um fjallað, verðmyndun, er málefni sem varðar allan almenning og þess vegna ástæða til þess að hann fylgist vel með í þeim efnum. Væri jafnvel ástæða til þess að almenningur almennt fylgdist enn meir með því en hann gerir í raun og veru hvernig verðlagi er háttað, hefði meira verðskyn og sýndi það í reynd. En því miður hefur hingað til farið of lítið fyrir því að neytendur létu sig nægilega skipta þennan þátt, hvert verðlagið væri, og sjálfsagt væri það að mörgu leyti besta verðlagseftirlitið sem hægt væri að hugsa sér, það væri neytendurnir sjálfir ef þeir fylgdust nógu vel með í þessum efnum og væru nógu vakandi.

Ég tel þá nýbreytni, sem tekin hefur verið upp af hálfu verðlagsstofnunarinnar, að kynna sér einmitt þennan þátt í verðlaginu, verðmyndunina, mjög mikilsverða. Þar er um nýbreytni að ræða, og ég álít þann þátt í raun og veru miklu mikilvægari heldur en sumt af því sem Verðlagsskrifstofan hefur stundum verið að fást við En það, sem ég vil leggja áherslu á, er að sú könnun, sem hefur átt sér stað af hálfu verðlagsstjóra og samanburður á verðlagi í Bretlandi og hér, er aðeins fyrsta skref, fyrsta sporið sem þarf að stíga í þessum efnum. Og ég held að það sé einnig rétt að fara mjög varlega í því að draga of miklar ályktanir af þeirri könnun út af fyrir sig. Það þarf ýmislegt fleira að athuga til þess að traustur grundvöllur verði fenginn fyrir samanburði. Það er auðvitað ljóst af þessari athugun að þarna er um mikinn verðmun að ræða, en það geta verið á honum ýmsar skýringar. Sumar nefndi hv. flm. og sumar munu hafa komið fram í sjónvarpsþætti sem verðlagsstjóri var í, að ég hygg, en ég sá því miður ekki og veit ekki hvað þar hefur farið fram. En það er engan veginn víst að þær skýringar, sem enn hafa komið fram í þessu efni, séu fullnægjandi Þess vegna þarf og er ætlunin og er farið að vinna að því að halda þessari rannsókn áfram. Og þá þarf að gera það þannig ekki hvað síst, að það sé leitað t. d. til nágrannalandanna, við skulum segja Norðurlandanna, og safnað þar upplýsingum um verð á hliðstæðum vörum fluttum frá t. d. Bretlandi og þeim sem keyptar voru inn til Íslands og fluttar hingað. Þegar slíkur samanburður liggur fyrir og tillit er svo tekið til ýmissa atriða sem óhjákvæmilega verður að taka tillit til, til kostnaðar m. a., þá fyrst væri fenginn grundvöllur undir nokkurn veginn traustar ályktanir.

Svo að ég svari því sem ég ætlaði að svara fsp., þá er sem sagt ákveðið að þessari könnun verður haldið áfram. Verðlagsstjóri hefur þegar tekið upp samstarf við Norðurlöndin í því efni, og það hefur verið stofnað til samvinnu um þessi efni þar, sem á að létta þessa könnun og þennan samanburð. Og ég geri mér vonir um að þegar upplýsingar hafa fengist um þau efni, þá geti verið frekar hægt að draga ályktanir sem á má byggja um þessi efni. En ég vil enn undirstrika það, að það er ekki rétt að mínu mati að alhæfa um of ályktanir af þessari einu könnun, af þeim verðsamanburði sem fór þarna fram varðandi eitt land. Það þarf fleira að koma til.

Eins og ég sagði áðan, þá sá ég ekki þennan sjónvarpsþátt og get því ekki dæmt um staðhæfingu hv. þm. Garðars Sigurðssonar um að verðlagsstjóri hefði fyrst og fremst gefið þá skýringu eða alltaf komið með þá skýringu að um prósentuálagningu væri að ræða og þess vegna hefðu innflytjendur ekki hvöt til að kaupa inn ódýrt, heldur hið gagnstæða, hvort þessi staðhæfing sé rétt eða ekki. Ég er hissa á því ef hann hefur lagt á þetta atriði mjög mikla áherslu. En hvað um það, í því sambandi vil ég taka fram að það er nú heimild til þess í lögum um verðlag að láta þá njóta þess, sem gera hagstæðari innkaup, og leyfa þeim hærri álagningu en ella. Þess eru dæmi að það hafi verið gert. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að beita þeirri heimild í enn ríkari mæli og miklu ríkari mæli en gert hefur verið, því að það er ekki hægt að segja að henni hafi verið beitt í ríkum mæli, og skapa aðilum þannig einmitt hvöt til þess að gera sem hagstæðust innkaup.

Ég er ekki sérstaklega trúaður á að þetta sé nein algild skýring á því að verðlag sé nú hátt að innflytjendur freistist til þess að kaupa inn dýrara vegna þess að álagningin er í mörgum tilfellum, þar sem um hámarksverð er að ræða, hundraðshlutaálagning. Ég held að innflytjendur séu það margir að samkeppni á milli þeirra á ýmsum sviðum sé a. m. k. þó nokkur, og m. a. höfum við Samband íslenskra samvinnufélaga sem stóran innflytjanda, og ég vil alls ekki ætla fyrirsvarsmönnum slíkra almannasamtaka það, að þeir fari að kaupa inn dýrar en ella til þess að fá hærri álagningu. Ég skal ekki vera með neinar fullyrðingar um að þetta geti ekki átt sér stað í einhverjum tilvikum, en ég held að það sé hæpið að segja að þetta sé almenn skýring á því að verðlag sé hátt eða að þetta fyrirkomulag á álagningu freisti manna til þess að gera óhagstæð innkaup. Það held ég að sé vafasamt að fullyrða almennt. En eins og ég sagði, þá er að mínum dómi ástæða til þess að beita í mun ríkari mæli en gert hefur verið því heimildarákvæði að leyfa þeim hærri álagningu sem gera sýnilega hagstæð innkaup, láta ekki eitt yfir alla ganga í því efni, hvernig sem innkaupunum er háttað. Og það verður kannað.

Auðvitað er einn þátturinn í þessari könnun á verðmyndun, sem þarf að fara fram, umboðslaun. Það þarf að athuga nánar hvernig þeim þætti er háttað.

Ég er nú að ljúka máli mínu. Ég vil þó að lokum segja þetta viðvíkjandi þessari till. sem hér liggur fyrir um skipun rannsóknarnefndar, að þessi könnun, sem hún gerir ráð fyrir, er einmitt í gangi, hún er framkvæmd af verðlags-

stofnuninni. Ég tel að Verðlagsskrifstofan, sé henni séð fyrir nægum og hæfum starfskröftum, en óskir um það hafa verið settar fram, að það væri bætt við starfslið hennar, þá sé hún betur í stakk búin til þess að framkvæma slíka könnun heldur en þingmannanefnd. Þó að ég vilji auðvitað ekki gera lítið úr hv. alþm., þá held ég að slík þingmannanefnd mundi óneitanlega verða — og ekki er það að lasta — að styðjast við einmitt kannanir og athuganir sem verðlagsstofnunin hefur látið fram fara.

En ég vil svo leggja líka áherslu á það, að hvað sem verður um verðlagseftirlit, þá er einmitt gert ráð fyrir því í þeim frumvarpsdrögum, sem unnið hefur verið að, að þessi háttur haldi áfram og hans eigi að gæta í starfsemi Verðlagsskrifstofunnar, þ. e. að fylgjast með sjálfri verðmynduninni og grípa inn í ef þar á sér stað eitthvað óeðlilegt að hennar dómi.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, að ég álít að í sjálfu sér sé Verðlagsskrifstofan eða verðlagsstofnunin eða hvað sem þið viljið kalla hana hæfari en þingmannanefnd til þess að inna þetta hlutverk af hendi, og hún hefur þegar fengið sambönd og hefur þegar tekið upp samvinnu við aðila í öðrum löndum varðandi þetta efni.

Það er margs að gæta þegar svona samanburð á að gera á verði. Hv. flm. drap t. d. á hluta ríkissjóðs, hvað hann tekur þarna í fjáröflunartollum. Það má vel vera að þessi dæmi, sem nefnd voru, séu neysluvörur. En jafnvel á neysluvörum eru nú mjög misháir tollar og að ég best veit á sumum neysluvörum alls engir tollar, þannig að þessu er dálítið misjafnt háttað. Þetta þarf líka að taka inn í dæmið og bera saman, ef athugað er hvernig útkoman er í öðrum löndum, hvort ríkið tekur með hliðstæðum hætti tekjur af þessum varningi þar.

Það má endalaust deila um það, með hverjum hætti ríkið á að afla sér tekna. En þeir, sem gera kröfur til þess að ríkið sinni ýmsum samfélagslegum þörfum og leysi ýmis samfélagsleg vandamál, þeir hljóta líka að játa það, að almannavaldið, ríkisvaldið verði að hafa einhverja möguleika til að afla sér tekna, og þá getur þetta verið ein leiðin og er leiðin sem víða er farin, að ég held, og hefur verið farin hér lengi. Spurningin er hvort það kemur betur við að þeirra tekna sé aflað með einhverju öðru móti en gjöldum á að vísu kannske neysluvörur, en þó neysluvörur sem sumir neita sér um, en aðrir nota meira af.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa þessi orð fleiri, en vildi aðeins benda á þetta, að ég tel að það sé eðlilegt að sú n., sem fær þessar till. til athugunar, kanni þær ábendingar sem ég hef sett fram, hvort þessi könnun sé ekki betur komin hjá Verðlagsskrifstofu, sem þegar hefur hafið slíka könnun, kannske ekki rétt að kalla það rannsókn, heldur en hjá þingmannanefnd.

Ellert B. Schram: Hæstv. forseti. Þessi till., sem hér er á dagskrá, mun vera sprottin í tilefni af sjónvarpsþætti sem fór fram fyrir nokkru í framhaldi af ferð verðlagsstjóra til London. Nú má segja að það sé ekki óeðlilegt þó að verðlagsyfirvöld á Íslandi finni það út að verðmismunur sé á vörum í London og á Íslandi, því sannleikurinn er sá að þessa dagana, þessar vikurnar streymir fólk úr öllum eða flestum þjóðlöndum Evrópu til þessarar borgar til þess að gera ódýr og hagkvæm innkaup. Hins vegar er það rétt, að í þessum sjónvarpsþætti var upplýst að innkaupsverð íslenskra heildsala væri undir vissum kringumstæðum hærra en innkaupsverð þarlendra heildsala. Og í framhaldi af þessum upplýsingum hefur ekki staðið á alls kyns yfirlýsingum, m. a. hér í þingsölum, um að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, séu beinlínis að stela fé eða svindla mjög gróflega. En ég skal taka það fram, að mér fannst þær ræður, sem voru haldnar hér af hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni og hv. þm. Garðari Sigurðssyni, vera í öllum aðalatriðum mjög málefnalegar og þeir fóru varlega í allar yfirlýsingar eða aðdróttanir.

Í þessum sjónvarpsþætti og reyndar síðar hafa verið gefnar ýmsar skýringar á þessum mismun. Nú hefur þetta mál ekki verið fullkannað enn þá. Verðlagsstjóri hefur upplýst að hann sé að vinna að rannsókn á þessu máli. En skýringarnar voru m. a. í þá átt, að þegar um veruleg innkaup væri að ræða, þá væri gefinn magnafsláttur, hann væri ekki yfirleitt fyrir hendi þegar íslendingar keyptu inn vörur frá þessu landi, eins væri um að ræða sérstakt gjald vegna flutnings og umbúða o. s. frv., og mér fannst satt að segja að í vissum atriðum a. m. k. væri þessi munur með hliðsjón af öllum þessum atriðum furðu lítill. Hitt er annað mál, að það voru nefnd þarna dæmi um að munurinn væri allt að 60%, og ég skal í sjálfu sér ekki verja það. En á því eru sjálfsagt einhverjar skýringar líka.

Í þessum umr. hefur verið bent á, að kerfið eða fyrirkomulagið, lögin hvettu menn ekki til að gera hagkvæm innkaup, vegna þess að álagningin væri lögð á innkaupsverðið í prósentum og það væri því hagur innflytjandans, seljandans að hafa innkaupsverðið sem hæst. Nú fellst ég að vísu ekki á þetta. Ég held að það séu ákaflega fá dæmi þess að menn beinlínis geri í því að kaupa dýrt inn, vegna þess að auðvitað hlýtur það að vera hagur þeirra, sem selja hér á íslenskum markaði, að selja vöruna þannig að hún sé söluhæf, hún sé samkeppnishæf í verði, og það hlýtur að ráða innkaupum manna. Ég held að svo sé í öllum meganatriðum. Hins vegar má vera að þegar um er að ræða einokun eða vöru sem situr ein að markaðnum hér á Íslandi, þá falli menn kannske í þessa freistingu. Um það veit ég ekki. En það breytir hins vegar ekki því, að það er rétt að þetta fyrirkomulag getur haft í för með sér þessa freistingu. En þetta er bara ekkert nýtt. Verslunarmenn og þeir aðilar, sem hér hafa besta bekkingu á, hafa margsinnis bent á að það þyrfti einmitt að breyta verðlagslögunum, af því að þau væru þannig úr garði gerð að freisting væri til þess að kaupa dýrt inn vegna þess að álagningin væri í prósentum af innkaupsverðinu.

Hér hefur verið af þeim aðilum, sem nú er verið að saka um — ja, ekki kannske óheiðarleg viðskipti, en allt að því, bent á einmitt þetta atriði hvað eftir annað. En þrátt fyrir það hafa menn ekki viljað hlusta á þessar raddir og ekki

verið fáanlegir til þess að breyta löggjöfinni. Ég tel því að það sé ekki við verslunarmenn að sakast ef þessi staðreynd blasir við, að álagningin er lögð á innkaupsverðið í prósentum, heldur sé við löggjafann, okkur sjálfa að eiga í þessu tilfelli.

Í þessu sambandi vil ég líka vekja athygli á því, sem fram hefur komið í þessum umr. að í reglum varðandi álagningu og um þóknun er beinlínis neitað að taka það til greina ef ekki er greidd þóknun vegna kaupa á ákveðnum vörum. Í reglugerð, sem lýtur að þessu, segir m. a., með leyfi forseta:

„Bæði sölu- og innkaupsþóknanir skulu meðtaldar í eðlisverðinu. Er því ekki heimilt að leyfa frádrátt frá vörureikningsfjárhæðinni vegna sölulauna sem í henni kann að vera reiknað með til umboðsmanns sem komið hefur viðskiptunum í kring. Nemi fjárhæð sú, sem tilgreind er á vörureikningi, söluverði til kaupanda að frádreginni slíkri þóknun, annaðhvort þannig, að frádrátturinn sé sýndur eða gerður nettóreikningur, skal skýrt frá þóknuninni og hún talin með í eðlisverðinu án tillits til þess hvort kaupandinn á að standa seljandanum skil á henni eða greiða hana umboðsmanni beint."

M. ö. o.: það virðist ekki skipta máli hvort kaupandinn getur komist að þeim samningum, að þóknun sé ekki greidd, eða hann undir vissum kringumstæðum vilji ekki taka við henni, hann verður samt að gera grein fyrir því að barna sé um einhverja ákveðna þóknun að ræða. Hún er reiknuð inn í verðið og veltur síðan áfram í þeirri álagningu og þeim gjöldum sem síðan eru sett á upphaflegt verð, innkaupsverð. Þetta atriði og mörg fleiri ættu að fullvissa menn um að hér þarf að gera margvíslegar breytingar, þannig að verðlagslöggjöfin hafi meira svigrúm og hún stuðli að hagkvæmari innkaupum og lægra verði í útsölu.

Ég tel að þessar umr. hafi sannað fyrst og fremst eitt. Þær hafa sannað að álagningin er ekki aðalástæðan fyrir háu verði á íslenskum markaði. Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson benti réttilega á að alls kyns opinber gjöld, sem leggjast á vöruna frá því hún er upphaflega keypt og þangað til hún er seld til neytandans eru miklum mun hærri heldur en álagningin sjálf, hvað þá sjálft innkaupsverðið. Hann nefndi hér eitt dæmi um það að þegar álagningin var 44 kr., þá voru opinber gjöld 84 kr. af þessari sömu vöru eða 100% meira. Auðvitað eru það þessi gjöld, tollar og aðflutningsgjöld, vörugjald, söluskattur, sem hleypa vöruverði upp hér á Íslandi og gera það að verkum að það er allt of hátt, og það er auðvitað til skaða fyrir neytandann, fyrir allan almenning á Íslandi. Ég held að það ætti að beina athyglinni líka að þessum atriðum, en ekki sífellt að ásaka menn um að taka of háa álagningu eða núa þeim um nasir að þeir kaupi óbeiðarlega inn.

Ef eitthvað mætti draga úr hinum opinberu gjöldum af brýnustu nauðsynjavörum, þá eykst að sjálfsögðu kaupmátturinn og kjararýrnun verður minni og að því leyti væri hægt að koma til móts við vandamál launþega og reyndar allra neytenda á Íslandi.

Eins og hæstv. viðskrh. benti á, fer nú fram athugun á þessum málum og þeim skyldum hjá verðlagsstjóra og Seðlabanka Íslands. Mér sýnist verðlagsstjóri vera mjög röggsamur, duglegur og vakandi í sínu starfi. Hann hefur notið trausts hjá mönnum fyrir heiðarleika, og ég tel að hann sé fullfær um að framkvæma þá rannsókn sem þessi till. gerir ráð fyrir. Eins og hér hefur komið fram, stendur sú rannsókn nú yfir, og er eðlilegt að átta sig á öllum þeim atriðum, sem verðlagsstjóri telur eðlilegt að inn í þessa athugun séu tekin, og síðan verði þær niðurstöður lagðar fyrir alþm. og ríkisstj. og við ættum þá að geta gert okkar breytingar í samræmi við þær niðurstöður. Ég tel það vera skynsamlegri vinnubrögð. Við erum þeir aðilar sem getum breytt lögum.

Ég er þeirrar skoðunar að verðlagslöggjöfin sé ákaflega vitlaus í dag Og ég fagna því ef menn geta lagt fram upplýsingar, staðreyndir, um þessi mál eins og þau eru í dag, þannig að við getum dregið réttar ályktanir og gert breytingar á löggjöfinni í samræmi við það. Ég held að í þessu tilliti fari saman hagsmunir verslunarinnar, þeirra sem stunda bæði innflutning og smásölu, og svo hins vegar neytenda og alls almennings.

Ég má til með í þessum umr. að minna á till. sem ég ásamt tveim öðrum hv. þm. hef flutt á hv. Alþ., sem kveður á um að stofnuð sé rannsókna- og upplýsingastofnun verslunarinnar. Ég held að þessar umr. og þessi till. undirstriki að slík stofnun er mjög tímabær. Menn rekur í rogastans, þegar þeir fá upplýsingar eins og fram komu í sjónvarpsþættinum um daginn, og rjúka upp til handa og fóta. En þessar upplýsingar eru ekki nýjar. Þetta hefur alltaf legið fyrir Mönnum þarf ekki að koma þetta á óvart. En það er vegna þess að samgangur hefur verið lítill og verslunin hefur ekki alltaf haft aðstöðu til að upplýsa þessi mál. Hún hefur um langan tíma verið að reyna að vekja menn upp og vekja athygli á því að verðlagslöggjöfin sé ekki hagkvæm og það þurfi að breyta henni, en hún hefur talað fyrir daufum eyrum. Ef fyrir hendi er stofnun sem getur veitt þessar upplýsingar jafnóðum, bæði fjölmiðlum, Alþ. og neytendum, þá þurfa menn ekki að vera mjög hissa þegar það kemur í ljós einn vetrardag árið 1976 að ríkið tekur allt að 100% meira en álagningunni nemur á ákveðnum vörutegundum. Ég hvet því þm. til þess að samb. þá till., sem reyndar er ekki hér á dagskrá nú, en tengist mjög inn í þetta mál. Raunar má það furðulegt teljast, að á sama tíma sem rannsóknastofnanir atvinnuveganna eru fyrir hendi, þá skuli verslunin vera afskipt í þeim málum. Við það verður ekki unað lengur og það er heppilegast fyrir alla að á því verði breyting.

Ég tek undir það, að við skulum reyna að komast hjá klaufalegum og óbeiðarlegum viðskiptaháttum. En við skulum beina athyglinni víðar en að versluninni sjálfri Við skulum beina athyglinni að löggjöfinni, og það er okkar hlutverk að breyta henni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 31. fundur.

Þriðjudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Söfnun og úrvinnsla íslenskra þjóðfræða, þáltill. (þskj. 126). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipan raforkumála, þáltill. (þskj. 130). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum, þáltill. (þskj. 131). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landhelgismál, þáltill. (þskj. 133). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna, þáltill. (þskj. 134). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskikort, þáltill. (þskj. 137). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Byggingu dómhúss, þáltill. (þskj. 143). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Upplýsinga- og rannsóknarstofnun verslunarinnar, þáltill. (þskj. 144). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Mér þykir miður að þurfa að eyða dýrmætum tíma Alþ. í þessu annríki í dag í umr. utan dagskrár, en ég finn mig til þess knúna af sérstöku tilefni. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér hér orðið, og ég skal vera stuttorð. En tilefnið er fregnir í fjölmiðlum nú fyrir helgina um það, að Seðlabanki Íslands hafi stofnað sjóð af hagnaði þeim er varð af sölu sérstakrar þjóðhátíðarmyntar í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974. Nemur sá hagnaður samkvæmt fréttinni 337 millj. kr., en þar af skulu 300 millj. renna til sjóðsins er verja skal til varðveislu og verndar á verðmætum lands og menningar.

Hinn 10. des. fyrir tveim árum bar ég fram hér á Alþ. fsp. til hæstv. viðskrh., svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Er sölu þjóðhátíðarmyntar lokið?

2. Hve mikill ágóði hefur orðið af sölunni?

3. Verður ráðstöfun þess fjár lögð fyrir Alþingi?“

Það var fyrst og fremst þriðji og síðasti liður fsp. sem mér lék sérstaklega hugur á að fá svarað. Í stuttri grg. og umr. um fsp. tók ég fram, að ég væri ekki haldin neinni tortryggni um að umræddum ágóða af sölu þjóðhátíðarmyntarinnar yrði vel og skynsamlega varið, en taldi óeðlilegt að Seðlabankinn ráðstafaði svo stórri fjárupphæð utan við fjárlög Alþingis. Vitna ég í því sambandi til 41. gr. stjórnarskrárinnar. Taldi ég ástæðu til þess að Alþ. væri vel á verði gegn því að valdamiklar stofnanir seildust inn á verksvið þess og gerðust ríki í ríkinu. Þá minnti ég jafnframt á að árið 1968 voru sett sérstök lög eða bráðabirgðaákvæði aftan við lög um gjaldmiðil Íslands vegna útgáfu á minnispeningi um Jón Sigurðsson. Var ríkissjóði heimilað með þessu bráðabirgðaákvæði að leggja 50% álag á nafnverð og skyldi hagnaðinum varið til framkvæmda á fæðingarstað Jóns forseta á Hrafnseyri. Ég spurði þá og spyr enn, hvort ekki sé ástæða til að fara eins að nú, þ. e. að binda með lögum og ákvörðun Alþ. ráðstöfun á þeim miklu fjármunum sem hér er um að ræða.

Hæstv. viðskrh. svaraði þessari fsp. heldur stuttur í spuna og taldi hana óþarfa og las síðan sem svar við fsp. bréf frá Seðlabankanum. En 3. lið fsp. minnar var svarað í niðurlagi bréfsins á eftirfarandi hátt, orðrétt upp úr Alþingistíðindum, með leyfi forseta:

„Í upphafi árs, þegar ákvarðanirnar voru teknar um útgáfu þjóðhátíðarmyntarinnar, skýrði bankastjórn Seðlabankans ríkisstj. frá því, að þegar endanlegt uppgjör lægi fyrir mundi bankinn gera till. um ráðstöfun fjárins en jafnframt óska þess að ríkisstj. og Alþ. tækju lokaákvörðun um hana. Mun því málið koma til kasta Alþ. þegar þar að kemur.“

Undir þetta skrifa Davíð Ólafsson, Sigurður Örn Einarsson.

Í þessu bréfi frá Seðlabankanum kemur það skýrt og greinilega fram, að málið skuli koma til ákvörðunar á Alþ. Áréttaði hæstv. viðskrh. þetta meginatriði síðar í umr. Mætti því ætla að málið hefði þar með verið klappað og klárt og engra athugasemda þörf nú. En það kemur hins vegar harla einkennilega og óþægilega fyrir, að í fréttum af þessum hátíðlega atburði s. l. föstudag, er vfirstjórn Seðlabankans afhenti forsrh. þjóðhátíðarsjóðinn, er hvergi minnst einu orði á Alþ. Ákvörðun um ráðstöfun fjárins, hlutverki hins nýstofnaða sjóðs virðist slegið á fast. Talað er að vísu í öðru orðinu um till. Seðlabankans sem þó hljóma fremur sem fyrirmæli. Eða hefði verið ástæða til þess að efna til veglegrar móttöku að viðstöddum sjálfum forseta lýðveldisins, ríkisstj. og öðru stórmenni, ef þarna hefði aðeins verið um að ræða afhendingu fjárupphæðar sem Alþ. og ríkisstj. mundu hugsanlega vilja

verja með einhverjum öðrum hætti en yfirstjórn Seðlabankans hefur þegar ákveðið? Hið sama má segja um skipan sjóðsstjórnar sem Seðlabankinn hefur ákveðið að skuli skipuð 3 mönnum: fulltrúa ríkisstj., Háskóla Íslands og Seðlabankans. Sumir kynnu að telja fullt eins eðlilegt að fulltrúi t. d. frá Menningarsjóði eða Þjóðminjasafni kæmi þar fremur til greina en fulltrúi frá Seðlabankanum.

Með þessu er ég ekki að gefa í skyn að Alþ. gæti ekki fellt sig við hugmyndir Seðlabankans um að verja þessum sjóði til varðveislu og verndar á verðmætum lands og menningar með þeim hætti sem þegar virðist ákveðinn. Það yrði að koma í ljós. Mér fyrir mitt leyti finnst hugmyndin í þjóðlegum og menningarlegum anda og um leið í anda þjóðhátíðarársins. Ég hef þó frá upphafi talið að þessum fjármunum yrði hvað best varið til að hrinda að stað byggingu þjóðarbókhlöðu sem tryggði sómasamlega varðveislu á blöðum okkar og bókum, þ. á m. handritasafni Landsbókasafnsins, einu mesta dýrmæti þjóðarinnar sem komið er að stofni til frá Jóni Sigurðssyni, og þá jafnframt til þess að bæta aðstöðu Þjóðskjalasafnsins þar sem haugar af mikilvægum þjóðlegum fróðleik liggja undir skemmdum. Ég hlýt að minna á það í þessu sambandi að í apríl 1970 var samþ. á Alþ. svo hljóðandi þáltill. frá ríkisstj. Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist þjóðarbókhlaða er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.“

Þessi till. var samþ. á Alþ. með 51:1 atkv. Það er sorglegt að þessi þál., sem afgreidd var frá Alþ. árið 1970, virðist hafa gleymst. Í Byggingarsjóði þjóðarbókhlöðu eru nú einar 35 millj. Þetta er raunasaga. Það er engu líkara en að söguþjóðin og Alþ. hafi gleymt bókunum sínum.

Herra forseti. Ég leyfi mér hér að lokum að beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh. eða annarra ráðh. í ríkisstj. hvort hæstv. ríkisstj. hyggist innan tíðar leggja fram á Alþ. lagafrv. eða þáltill. um varðveislu og notkun þessa þjóðhátíðarfjár, þannig að Alþ. gefist með eðlilegum hætti kostur á að koma þar fram óskum sínum og áhrifum. Hér er annars vegar grundvallaratriði að því er varðar störf og hlutverk Alþ. sem verður að vera á hreinu. Tilgangur minn með þessari fsp. er sá einn að fá úr því skorið, hvort svo sé hér og hvort réttur Alþ. til ákvörðunar í þessu máli sé þar með tryggður.

Ég vek sérstaka athygli á því, að í 1. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir að bankinn sé eign ríkisins. Ætti það að taka af öll tvímæli um að það er Alþ. og engin stofnun önnur sem hér hefur ákvörðunarréttinn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er mikill og leiður misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda að ég hafi verið eitthvað stuttur í spuna við hana þegar ég svaraði henni. Ég las aðeins upp bréf frá Seðlabanka Íslands, og hún vitnaði réttilega í þetta bréf nú. Þar segir í niðurlagi bréfsins:

„Í upphafi árs, þegar ákvarðanir voru teknar um útgáfu þjóðhátíðarmyntarinnar, skýrði bankastjórn Seðlabanka Íslands ríkisstjórn frá því, að þegar endanlegt uppgjör lægi fyrir mundi bankinn gera till. um ráðstöfun fjárins, en jafnframt óska þess að ríkisstjórn og Alþ. tækju lokaákvörðun um hana. Mun því málið koma til kasta Alþ. þegar þar að kemur.“

Það má svara þessu líka án þess að vera stuttur í spuna, en gagnorður eins og vera á í fsp., með því að segja að þessi fyrirætlun, sem þarna kemur fram, er óbreytt. Það, sem gerst hefur, er ekki annað en það, að Seðlabankinn hefur gert till. um ráðstöfun þess fjár sem hann afhenti fyrirsvarsmanni eiganda þess, ríkisstj. og ríkisstj. mun síðan taka það til athugunar hvort að hún vill fallast á þessar till. En þær till., sem hún fellst á og gerir, munu koma til kasta Alþ. í einu eða öðru formi, eins og hv. fyrirspyrjandi drap á.

Þessar hugmyndir, sem voru lagðar fram í bréfi Seðlabankans s. l. föstudag, eru ekki nýjar. Þær tillögur eða hugmyndir eru a. m. k. í öllum aðalatriðum þær sömu sem voru settar fram af hálfu Seðlabankans í bréfi til ríkisstj. á sínum tíma, og bankamálaráðherra mun líka þá hafa fengið samsvarandi bréf, að ég ætla, um það. Þær till. kynnti ég bæði í ríkisstj. og í þjóðhátíðarnefnd, ef ég man rétt. Um þetta munu vera fyrir hendi gögn í forsrn. Og það var ekki gerð athugasemd af hálfu neins, svo ég muni, þá við þessar till., enda skildist mér að hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir hefði út af fyrir sig engar athugasemdir að gera við þessar hugmyndir, heldur væri það formið eitt og að hjá henni leyndist vafi og hún drægi þá ályktun, af því að þetta hefði aðeins verið afhent ríkisstjórn án þess að Alþ. væri nefnt, að málið ætti ekki að koma til kasta Alþ. En sem sagt, ég endurtek það sem ég sagði, að það er óbreytt fyrirætlun ríkisstj., málið kemur til kasta Alþingis.

Umr. frestað.

Fjárlög 1977, frv. (þskj. 1, n. 163 og 164, 127, 154, 162, 165). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur allt frá þingbyrjun haft til athugunar frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 og rætt málið samtals á 38 fundum.

Svo sem undanfarin ár hefur undirnefnd fjvn., sem skipuð er einum fulltrúa frá hverium þingflokki sem sæti á í n., starfað nokkuð á milli þinga og kynnt sér ýmsa hætti í ríkisbúskapnum. Hefur það vissulega komið sér vel við endanlega afgreiðslu fjárlagafrv. að slík athugun hafi átt sér stað og þá farið ofan í rekstur einstakra ríkisstofnana. Ég tel að þessi störf n. mætti auka verulega og með þeim skapast betri skilningur á milli fjárveitingavaldsins, ef svo má að orði komast, og þeirra fulltrúa sem eru í forsvari fyrir ríkisstofnanirnar og að sjálfsögðu finnst oftast að þeir beri of lítið úr býtum þegar því fjármagni er skipt sem til ráðstöfunar er hverju sinni þegar fjárlög eru afgreidd.

Að öðru leyti má segja að vinnubrögð fjvn. hafi verið með sama hætti og áður, þannig að nm. hafa skipt með sér verkum og unnið í undirnefndum að sérstakri athugun vissra málaflokka. Þessi vinnubrögð hefur alþm. verið kunnugt um og hafa þeir yfirleitt komið á framfæri sínum áhugamálum við undirnefndarmenn, eftir því sem um málefni hefur verið að ræða.

Þá hefur n. sem fyrr átt góða samvinnu við hagsýslustjóra og starfsmenn í fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn., og hefur það komið n. að óneitanlegu gagni við afgreiðslu málsins.

Samnm. minum vil ég þakka sérstaklega fyrir gott samstarf í n. og gegnir þar einu máli um fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna sem samherja. Allir hafa jafnan verið reiðubúnir að leggja sig fram til að auðvelda nefndarstörfin og leysa úr miklum vanda sem oft hefur verið fyrir hendi þegar takmörkuðu fjármagni skal skipta í marga staði til aðkallandi verkefna.

Enda þótt fjvn. hafi ekki orðið á eitt sátt um heildarstefnu varðandi afgreiðslu fjárlagafrv. og skili því tveim nál., þá er það svo að brtt., sem n. flytur á þskj. 162, eru fluttar af n. sameiginlega, en minni hl. tekur fram að hann hefur óbundnar hendur um afstöðu til einstakra till., sem fram kunna að verða bornar, og áskilur sér einnig rétt til að flytja frekari brtt.

Þegar gerður er samanburður á fjárlagafrv. fyrir árið 1977 og fjárlög yfirstandandi árs verður að hafa í huga að við samningu fjárlagafrv. fyrir árið 1977 eru breyttar forsendur.

Það hefur lengst af verið venja að byggja grundvöll og afgreiðslu fjárlaga á verðlagi og gildandi kauptaxta sem verið hefur í desembermánuði þegar fjárlög hafa verið afgreidd. Nú er það hins vegar svo, að í gildi eru kaupsamningar fram á mitt næsta ár, — kaupsamningar sem fela í sér nokkra kauphækkun á næsta árí. Þá eru einnig önnur ákvæði kaupsamninganna sem fela í sér viðbótarhækkun ef verðlagsvísitala fer yfir ákveðin mörk eða svokallað rautt strik. Þetta ákvæði samningsins hefur þegar haft nokkur áhrif til hækkunar og er sýnt að um frekari breytingar verður að ræða til hækkunar á samningstímabilinu. Sá munur, sem í gildandi kaupsamningum felst til viðbótar desemberverðlagi og kauplagi, mun vera um 4700 millj. kr. og er þá ekki tekið tillit til áhrifa af rauða strikinu. En í því sambandi er um verulegar upphæðir að ræða varðandi tekjur og gjöld ríkissjóðs og því nauðsynlegt að sá þáttur fjárlagadæmisins sé kannaður áður en fjárlög verða afgreidd.

Forstöðumenn Þjóðhagsstofnunar komu nú nýlega á fund n. og skýrðu frá því að stofnunin væri nú með þessi mál í endurskoðun, og er þess að vænta að niðurstöður hvað það snertir geti legið fyrir um miðja þessa viku eða áður en endanleg afgreiðsla fjárlaga fer fram. Hvaða áhrif til hækkunar þessar verðlags- og kauplagsbreytingar koma til með að hafa á fjárlagagerðina verður ekki sagt um að svo stöddu, en þó má telja víst að hér sé um verulegar upphæðir að ræða sem koma til með að hækka bæði tekju- og gjaldabálk fjárlagafrv.

Svo sem kunnugt er kemur fram í athugasemdum við fjárlagafrv. að nú um næstu áramót tekur gildi fimmti áfangi tollalækkunar samkvæmt aðildarsamningi við Fríverslunarbandalagið og viðskiptasamningi við Efnahagsbandalagið. Tolltekjutap vegna þessara samninga er í frv. metið á 600 millj. kr. og var þá ekki gert ráð fyrir öðrum tollabreytingum. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að ganga lengra í lækkun tolla og þá sérstaklega vegna iðnaðarins. Hefur frv. þess efnis þegar verið lagt fram á Alþ. og er gert ráð fyrir að það verði afgreitt fyrir þingfrestun nú fyrir jól. Þar er gert ráð fyrir því að þessi umrædda tollalækkun muni nema um 350 millj. kr. og að niðurfelling söluskatts á umræddum vöruflokkum muni nema um 150 millj., eða samtals 500 millj. kr. Þessar staðreyndir verður að sjálfsögðu að taka með í reikninginn áður en frv. verður afgreitt við 3. umr.

Eins og brtt. n. bera með sér er þar um nokkrar upphæðir að ræða sem vanáætlaðar höfðu verið eða ríkisstj. hafði ekki að fullu tekið afstöðu til hver fjárupphæð skyldi vera, eins og t. d. útgerðarstyrkurinn til stærri togaranna. Þá hefur n. ekki séð sér annað fært í sumum tilfellum en að hækka lítið eitt fjárveitingu til fjárfestingarliða eða framkvæmda, og kem ég að því nánar síðar.

Þrátt fyrir þessar ákvarðanir, sem þegar hafa verið teknar mun fjvn. stefna að því að miða till. sínar við það að fjárlög fyrir árið 1977 verði afgreidd greiðsluhallalaus. Í því sambandi verður að horfast í augu við það, að ekki verður unnt að verða við ýmsum beiðnum um fjárframlög til margvíslegra mála sem tvímælalaust er brýnt að leysa, en verður ekki komist hjá að fresta um sinn til þess að fjárlagaboginn bresti ekki og afstýrt verði að sá efnahagsbati, sem virðist eiga sér stað á yfirstandandi ári, renni út í sandinn.

Það er álit meiri hl. fjvn. að veita verði sterkt aðhald í útgjaldaáformum ríkissjóðs. Með margvíslegum efnahagsráðstöfunum ríkisstj. og ekki síst í aðhaldi í útgjaldaáformum ríkissjóðs við fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár hefur tekist að ná verulegum árangri í glímunni við efnahagsvandann. Þannig eru nú horfur á að takist að koma viðskiptahallanum við útlönd niður í 4% af þjóðarframleiðslunni á yfirstandandi ári, en hann var 12% af þjóðarframleiðslunni árið 1974. Þá er þess vænst að nú muni nást greiðslujöfnuður hjá ríkissjóði á yfirstandandi ári, og er það öfugt við það sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Þessi þróun hefur vafalaust átt sinn þátt í því að minnka verðbólguna úr á milli 50 og 60% á árinu 1974 niður fyrir 30% á yfirstandandi ári. Þó að árangurinn sé engan veginn nægilega góður í glímunni við verðbólguna, þá er þó hér stefnt í rétta átt, og það, sem athyglisverðast má teljast í þessu sambandi, er að þessi umtalsverði árangur hefur náðst samtímis því að verulegar framkvæmdir hafa átt sér stað um land allt, full atvinna verið tryggð fyrir alla vinnufæra menn.

Ég geri mér fyllilega ljóst að ýmsum finnst mikið á vanta að framkvæmdir hins opinbera haldist í hendur við aukinn tilkostnað og verðbólgu. En ef svo væri má öllum vera ljóst í

hvert öngþveiti væri stefnt með efnahagslíf þjóðarinnar, ekki aðeins ríkissjóðs, heldur einnig þjóðarinnar allrar.

Það er oft um það rætt að draga þurfi úr rekstri hins opinbera og þá sé allur vandi leystur. Í þessu sambandi vantar þó oftast að menn nefni ákveðnar stöður eða stofnanir sem leggja mætti niður eða draga saman seglin í rekstrinum. Ég held að allflestar ríkisstofnanir eigi það sammerkt, að forstöðumenn þeirra telja sig illa haldna af því fjármagni sem þeim er í té látið. Þetta er ofur skiljanlegt því að síaukin og ný tækni býður svo mikla möguleika til hvers konar rannsókna og framkvæmda að þar getur verið um óstöðvandi eftirspurn fjármagns að ræða.

En hvað sem segja má um útþenslu í ríkiskerfinu er að mínu áliti einn alvarlegur ágalli sem allt of oft hefur átt sér stað í hinum opinbera rekstri, en það er þegar forstöðumenn ríkisstofnana leyfa sér að virða að vettugi ákvarðanir Alþ. og fjárlög og fara sínu fram um mannaráðningar og eyðslu, burt séð frá því hvað fjárlög heimila. Kom þetta glögglega í ljós á s. l. ári þegar fjmrn. lét gera starfsmannaskrá yfir ráðna starfsmenn í ríkiskerfinu. Svo sem alþm. er kunnugt leiddi þessi könnun í ljós að nokkuð á annað hundrað starfsmenn voru í fullu starfi við ýmsar ríkisstofnanir án þess að heimild væri fyrir hendi til ráðningar. Í fjárlögum yfirstandandi árs var ákveðin upphæð til ráðstöfunar í því skyni að mæta launagreiðslum til þeirra manna sem að dómi fjvn. væri óhjákvæmilegt að fastráða til starfa, en að öðru leyti skyldi því fast fylgt eftir að viðkomandi, sem ekki væri fyrir hendi fjárveiting til þess að mæta kostnaði, skyldi sagt upp og starfið lagt niður.

Ég vil nota þetta tækifæri og undirstrika að ég tel, að strangari aðhaldsaðgerðir og breytt vinnubrögð í fjmrn. í þessum efnum, að fylgjast betur með útstreyminu úr ríkiskassanum, eigi sinn þátt í bættri afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Með þeirri fjárlagagerð, sem nú er unnið að, á þann hátt að gert er ráð fyrir auknum kostnaði, sem þekktur er, fram á mitt næsta ár, ætti að vera auðveldara fyrir alla aðila að gera greiðsluáætlanir og um leið að fylgjast með að greiðslur úr ríkissjóði séu eðlilegar og í samræmi við fjárlög.

Svo sem áður hefur fjvn. við athugun sína á fjárlagafrv. átt viðtöl við fjölmarga aðila, forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana, forsvarsmenn sveitarfélaga og aðra sem komið hafa með erindi til n. vegna margvíslegra málefna sem öll eiga það sammerkt að farið er fram á fjárveitingar í einu eða öðru formi. N. hefur eftir föngum reynt að kynna sér öll þau málefni sem henni hafa borist, en því miður er það svo, að enda þótt vakin hafi verið athygli á því að hafi menn málefni, sem ætlast er til að tekið sé tillit til við afgreiðslu fjárlaga, þá þurfi þau að berast viðkomandi rn. eigi síðar en um mitt sumar, þá er reynslan hins vegar sú, að erindi eru að berast n. allt fram á síðasta dag fyrir afgreiðslu fjárlagafrv., og er þá ekki við því að búast að n. vinnist tími til að lesa slík erindi hvað þá að taka þau til afgreiðslu.

Hjá n. liggja enn nokkur erindi sem hún mun taka til nánari athugunar á milli umr., en auk þess eru vissir málaflokkar sem bíða afgreiðslu af n. hálfu til 3. umr. Er þar um að ræða m. a. endanlega afgreiðslu fjárveitinga til ríkisspítalanna, bæði gjaldfærðan stofnkostnað og rekstur. Þá bíða einnig till. um skiptingu á fé Íþróttasjóðs, till. um sjóvarnargarða, ferjubryggjur, fjárveiting til fiskleitar o. fl. Þá eru enn óafgreiddar till. um Orkusjóð og ýmsar framkvæmdir sem tengdar eru lánsfjáráætlun, en þess er vænst, að lánsfjáráætlun verði lögð fyrir Alþ. einhvern næsta dag eða í tæka tíð til þess að unnt sé að afgr. mál sem henni eru tengd.

Ég mun nú í stuttu máli gera grein fyrir þeim brtt., sem fjvn. hefur leyft sér að flytja á þskj. 162.

Koma þar fyrst brtt. við æðstu stjórn ríkisins, Þar er lagt til að liðurinn sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka hækki um 3½ millj. kr. Hér er raunverulega um launalið að ræða og er hækkunin í samræmi við það.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, þar er lagt til að fjárveiting hækki um 300 þús. kr., en það er vegna líffræðirannsóknar í Þingvallavatni, en sú rannsókn stendur nú yfir og verður kostuð til jafns af ríkissjóði og af Landsvirkjun.

Þá koma næst brtt. varðandi menntmrn. Er þar fyrst lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld lækki um 10 millj. kr., en það er vegna tilfærslu á sérlið sem verður nr. 998 í fjárlögunum: Ýmsir styrkir, og kem ég að því síðar.

Lagt er til að til Háskóla Íslands hækki launaliður um 2 millj. kr., sem eru laun eins dósents í matvælaefnafræði, en á það var af hendi Háskólans lögð mikil áhersla að stofnsetja umrædda kennslugrein.

Til Náttúrufræðistofnunar Íslands er till. um fjárveitingu að upphæð 433 þús. kr., en það er vegna kaupa á vegghillum fyrir safngripi sem stofnunin hafði fest kaup á.

Menntaskólinn við Tjörnina, — það er nú raunverulega Vogaskóli, — þar er till. um 16 millj. kr. hækkun á gjaldfærðum stofnkostnaði, en þá upphæð vantar á fjárveitinguna svo að staðið verði við samninga við Reykjavíkurborg um greiðslu á andvirði Vogaskóla.

Til Menntaskólans á Ísafirði er till. um hækkun fjárveitinga. Það er gjaldfærður stofnkostnaður. Er sú hækkun aðallega vegna vanáætlunar til húsakaupa fyrir kennara, en einnig til frekari hönnunar og kaupa á brunavarnartækjum fyrir heimavist skólans.

Þá kemur næst till. um fjárveitingu til Kennaraháskóla Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður. Er þar lagt til að fjárveiting verði 25 millj. kr. og er þá ætlað að unnt verði að hefja byrjunarframkvæmdir á nýbyggingu við skólann.

Til Íþróttakennaraskóla Íslands er lagt til að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 millj. kr. og er sú upphæð ætluð til hönnunar á byggingarframkvæmdum.

Vélskóli Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður, er lagt til að hækki um 4 millj., en það er til kaupa á tækjum fyrir skólann, aðallega til kaupa á rennibekkjum.

Iðnskólar almennt, þar hækkar liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður um 2½ millj. Um skipt-

ingu á heildarupphæðinni vísast til þess sem fram kemur á sérstökum lista.

Fiskvinnsluskólinn, þar er till. um 2 millj. kr. hækkun fjárveitingar og er upphæðin ætluð til tækjakaupa.

Til Leiklistarskólans er lagt til að launaliður hækki um 2 millj. kr. Er það talið nauðsynlegt til þess að unnt sé að taka inn nýja nemendur á næsta hausti sem annars væri ekki unnt.

Sjómannaskólahúsið, þar er lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 2 millj. 842 þús. kr. Er það vegna vanáætlunar í frv. En einnig er lagt til að til viðhalds hækki fjárveiting um 2 millj. og verður þá samtals varið 18 millj. kr. til viðhalds á sjómannaskólahúsinu. *Hér er um mikið verkefni að ræða og gerir* fjvn. ráð fyrir að nauðsynlegar umbætur á þessu húsi verði teknar í áföngum og þannig skipt niður á nokkur ár.

Til Fjölbrautaskóla Suðurnesja hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 3 millj., og launaliður um 10 millj. Er hér um leiðréttingu að ræða vegna vanáætlunar í frv. Þá er lagt til að inn sé tekinn nýr liður: — til Skálholtsskóla 6 millj. kr. Er hér um byggingarstyrk að ræða, en til rekstrar skólans er hins vegar enginn styrkur.

Til byggingar grunnskóla hækkar liðurinn um 32 millj. og 70 þús. og verður þá samtals 1 milljarður 312 millj. 70 þús. kr. til byggingar grunnskóla og skólastjórabústaða. Um skiptingu á upphæðinni vísast til þess sem fram kemur á sérstökum lista.

Þá er lagt til að fjárveiting til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn hækki um 40 millj. kr. og verði samtals 45 millj. Heildarupphæðin skiptist þannig að 25 millj. skal verja til byggingarframkvæmda við Öskjuhlíðarskóla, 15 millj. kr. vegna byggingar álmu við Hlíðaskólann í Reykjavík og 5 millj. eru hönnunarkostnaður.

Dagvistunarheimili, þar er lagt til að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 25 millj. 700 þús. kr. Um skiptingu á heildarfjárveitingu vísast til þess sem fram kemur á sérstökum lista, en um þennan framkvæmdalið má segja að sjálfsögðu eins og um fleiri liði í frv., að þá hefði þurft að hækka meira því hér er vissulega um mikið verkefni að ræða, en því miður sá n. sér ekki fært að auka fjárveitinguna um meira en hér er lagt til.

Til Félagsstofnunar stúdenta er till. um hækkun sem nemur 3.4 millj. kr. og er það fyrst og fremst ætlað til hækkunar á liðnum til viðhalds á stúdentagörðunum.

Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis hækkar liðurinn um 300 þús. kr., til Myndlistarskólans í Reykjavík um 300 þús. og inn kemur nýr liður, til Myndlistarskólans á Akureyri 100 þús. kr.

Þá er næst brtt. við liðinn til jöfnunar námskostnaðar í skólum. Lagt er til, að fjárveiting hækki um 20 millj. og verður þessi liður þá samtals 170 millj. kr.

Til Bréfaskólans er till. um 500 þús. kr. hækkun.

Til Landsbókasafnsins hækkar launaliður um 480 þús. kr., en það er vegna launa hálfs starfsmanns við skrásetningu handrita.

Þjóðminjasafn Íslands kemur næst, en þar er lagt til að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 600 þús. kr., sem er m. a. vegna Sjóminjasafnsins í Hafnarfirði, en fjárveiting til þess hefur verið á hendi Þjóðminjasafnsins. Þá var einnig lagt til, að liðurinn yfirfærslur til sveitarfélaga hækki um 1200 þús. kr. og verður sá liður þá samtals 8.2 millj. Með þessari hækkun ætti að vera unnt að koma á móti óskum nýrra aðila sem erindi hafa sent til n., en n. hefur ekki séð ástæðu til að taka inn í fjárlagafrv. nýja liði.

Lagt er til að fjárveiting til Menningarsjóðs hækki um 1 millj. 346 þús. kr. og verður þá heildarframlag til sjóðsins á fjárlögum 21 millj. kr. Liðurinn Listir, framlög: Lagt er til að inn komi nýr liður: til Leikfélags Akureyrar 5 millj., *en fjárveiting til leikfélagsins var áður af óskiptum* fjárlagalið til leiklistarstarfsemi. Þessi breyting er nú gerð samkv. ósk Bandalags ísl. leikfélaga og Leikfélags Akureyrar. Til Bandalagsins hækkar hins vegar styrkurinn raunverulega um 1.3 millj. kr. Þá er lagt til, að fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur hækki um 1.5 millj. Til Rithöfundasambands Íslands er till. um 100 þús. kr. hækkun.

Þá eru nokkrar brtt. við liðinn til æskulýðsstarfsemi. Kemur þar fyrst till. um hækkun til UMFÍ, 4 millj., til Bandalags ísl. skáta 600 þús. og nýr liður: til Bandalags skáta vegna framkvæmda við Úlfljótsvatn 600 þús. kr. Til Íslenskra ungtemplara er lagt til að fjárveiting hækki um 675 þús. kr., og til KFUM og KFUK hækkar starfsstyrkur um 300 þús., en það er vegna starfseminnar í Vatnaskógi.

Til Íþróttafélags fatlaðra er till. um 150 þús. kr. hækkun.

Þá er lagt til að inn komi nýr liður, sem verður 998 og nefnist Ýmsir styrkir, að upphæð 10 millj. kr. Þessi þáttur var, eins og ég gat um áðan, undir liðnum annar rekstrarkostnaður á aðalskrifstofu menntmrn. Fjvn. telur að það sé rétt að hafa þennan lið sérskilinn frá aðalskrifstofunni og þá ákveðinn að upphæð, enda er það svo að til fjvn. berast ýmsar beiðnir sem tvímælalaust falla undir þennan lið og gæti því n. í vissum tilfellum lagt til að viðkomandi fái styrk af þessum fjárlagalið. Hliðstæð afgreiðsla á sér stað varðandi ýmis erindi sem ekki er talin ástæða til að taka inn í fjárlög sem sjálfstæða fjárlagaliði.

Þá er næst liðurinn 999: Ýmislegt á vegum menntmrn., en þar er um ýmsa styrki að ræða. Lagt er til að fjárveitingar hækki sem hér segir: til Matthíasarsafnsins á Akureyri um 20 þús., til Sædýrasafnsins í Hafnarfirði um 1.5 millj. kr., til Íslenska stærðfræðifélagsins um 100 þús., til Skáksambands Íslands um 300 þús. kr. og til alþjóðaskákmóta um 350 þús. kr., til Bandalags ísl. skáta vegna hjálparsveita um 350 þús. kr., til blindrastarfsemi um 150 þús., til Kvenfélagasambands Íslands 500 þús., til Zontaklúbbsins á Akureyri vegna Nonnahúss 25 þús. kr., til Landakotsskóla 700 þús. kr., til Hlíðardalsskóla 800 þús. Þá kemur nýr liður: til húss Guðmund-

ar Böðvarssonar 200 þús. kr. Til þjóðháttakvikmynda er lagt til að liðurinn hækki um 200 þús. kr. og er þar m. a. haft í huga að veita Slysavarnafélagi Íslands nokkurn styrk til kvikmyndagerðar. Liðurinn sem nefnist Gjöf Jóns Sigurðssonar er lagt til að hækki um 800 þús. kr., en það er með tilliti til þess að upphæðin jafnist á við það sem nemur launum dósents við Háskóla Íslands. Þá kemur undir þessum lið nýr liður: Til eyðingar vargfugla 500 þús. kr.

Að lokum er brtt. varðandi þetta rn. Lagt til að styrkur til Norræna félagsins hækki um 200 þús. kr.

Þá koma næst brtt. varðandi landbrn.

Til Búnaðarfélags Íslands er lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr.

Til Landnáms ríkisins er lagt til að liðurinn til skipulagningar hækki um 600 þús. Er það vegna svokallaðrar Hólsfjallaáætlunar.

Þá er lagt til að liðurinn til grænfóðurverksmiðju hækki um 20 millj. Skiptist sú upphæð til jafns á milli verksmiðjanna í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu.

Til sauðfjárveikivarna er lagt til að liðurinn til viðhalds hækki um 1352 þús. kr.

Liðurinn fyrirhleðslur er lagt til að hækki um 6 millj. 60 þús. kr. og vísast til sérstaks lista um skiptingu á heildarfjárupphæðinni.

Til landþurrkunar er till. um 425 þús. kr. hækkun og vísast einnig til sérstaks lista um skiptingu á þeirri upphæð.

Liðurinn til búfjárræktar er lagt til að hækki um 2 millj. kr., en það eru launagreiðslur vegna tveggja nýrra frjótækna samkv. búfjárræktarlögum.

Til Norræna búfræðifélagsins er till. um 73 þús. kr. hækkun, og til Félagssamtakanna Landverndar hækkar fjárveiting um 150 þús.

Til Garðyrkjuskólans á Reykjum er lagt til, að launaliður hækki um 600 þús. kr., en það er til að standast kostnað af hálfum starfsmanni til skrifstofustarfa.

Næst koma brtt. við fjárlagafrv. sem varða sjútvrn.

Þar er fyrst lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld á aðalskrifstofu hækki um 2 millj. kr.

Til Fiskifélags Íslands hækkar launaliður um 1.8 millj. vegna ráðningar nýs starfsmanns í tæknideild. Einnig hækkar liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður um 500 þús. kr., en það er vegna tækjakaupa.

Til Hafrannsóknastofnunar er lagt til að fjárveiting hækki um 50 millj. 197 þús. kr. Er það vegna vanáætlunar á launagreiðslum til skipverja á rannsóknarskipunum.

Til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er lagt til að fjárveiting hækki um 1.8 millj. kr. Það eru laun eins tæknifræðings við stofnunina.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, þar er lagt til að launaliður hækki um 2.5 millj. og liðurinn önnur rekstrargjöld um 1.4 millj. kr. Er það vegna vanáætlunar á húsaleigu, en þessi stofnun flutti í nýtt húsnæði á yfirstandandi ári. Varðandi launaliðinn, þá er hann aðallega vegna veikindaforfalla og vinnu við rækjueftirlit o. fl.

Þá er lagt til að liðurinn Veiðieftirlit hækki um 5 millj. kr. og verður hann samtals 31 millj. 734 þús. kr.

Til hinna svokölluðu stóru togara er lagt til að inn sé tekinn nýr liður sem er rekstrarstyrkur til þessara skipa, en þau hafa átt við mjög erfiðan rekstrargrundvöll að búa. Er það till. um 94 millj. kr.

Þá er till. um að fjárveiting vegna ársfundar Alþjóða hafrannsóknaráðsins hækki um 500 þús. kr. Gert mun vera ráð fyrir að þessi fundur verði hér á Íslandi á næsta ári.

Varðandi þetta rn. er a.m.k. ein brtt. enn óafgreidd, en það er vegna væntanlegra fiskileitar á yfirstandandi ári. Hefur verið fyrir forgöngu hæstv. sjútvrh. haldið uppi mjög þýðingarmiklum þætti í fiskileit, sem að vísu hefur kostað allmikið fé, en óhætt er að segja að þar hafi verið um verulega góðan árangur að ræða. Árangur af þessu starfi er m.a. þær loðnuveiðar sem nú að undanförnu hafa verið stundaðar úti fyrir Norðvesturlandi með góðum árangri, og einnig má minna á kolmunnaveiðar og spærlingsveiðar sem einnig hafa gefið nokkuð góða raun. Þá má einnig minna á djúprækjuna, en þar er um mjög verðmætan fiskstofn að ræða sem við íslendingar höfum svo til ekkert nýtt allt til þessa. Það gefur auga leið að með útfærslu landhelginnar í 200 sjómílur verðum við íslendingar sjálfir að hafa frumkvæðið í að nýta þá fiskstofna sem á landgrunninu eru, og ekki mun af veita að dreifa fiskiskipaflotanum til veiða á sem flestum fiskstofnum til þess að dregið verði úr óhóflegri sókn í þá fiskstofna sem talið er að séu í hvað mestri hættu. Hvað hér þarf miklu fjármagni til að kosta mun liggja fyrir við 3. umr. málsins.

Næst koma till. sem varða dóms- og kirkjumrn.

Er þar fyrst till. um fjárveitingu til byggingar húsnæðis fyrir tvær sýsluskrifstofur: til Borgarness 20 millj. kr. og til Eskifjarðar 15 millj. kr.

Þá er lagt til að launaliður við Almannavarnir hækki um 1.5 millj., en það er til ráðningar á nýjum starfsmanni.

Liðurinn Sjómælingar, kortagerð, þar er lagt til að launaliður hækki um 1.3 millj. vegna ráðningar á nýjum starfsmanni.

Þá er í huga að gera nokkurt átak í byggingu ríkisfangelsis. Lagt er til að sá liður hækki um 70 millj. kr. og verður hann samtals 100 millj. Hér er um mál að ræða sem ekki er talið unnt að slá öllu lengur á frest.

Við kirkjumrn. eru eftirfarandi brtt. varðandi þjóðkirkjuna: Liðurinn yfirstjórn hækkar um 700 þús. Er það vegna hálfs starfs við skrifstofustörf. Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar hækkar liðurinn um 1.5 millj., en það er fjárveiting vegna tónskólans sem söngmálastjóri þjóðkirkjunnar stendur fyrir. Liðurinn æskulýðsstörf hækkar um 1.5 millj. Er það samkv. heimild í lögum og þar er gert ráð fyrir æskulýðsfulltrúa á Norðurlandi. Til bygginga á prestssetrum hækkar liðurinn um 3 millj. kr. og til Skálholtsstaðar um 1 millj.

Loks er lagt til að fjárveiting til Kirkjubyggingasjóðs hækki um 2.5 millj. Heildarfjárveiting til Kirkjubyggingasjóðs verður þá 12 millj. kr. Lengst af hefur Kirkjubyggingasjóður haft litlar fjárveitingar og sjóðurinn því lítils megnugur til þess að standa við bakið á þeim sem í kirkju-

byggingar verða að ráðast. Samkv. lögum hefur sjóðurinn ekki heimild til þess að lána út fé sitt og taka fyrir það eðlileg vaxtagjöld. Þessu þarf að breyta, enda væri það mikils virði fyrir þá söfnuði, sem í kirkjubyggingar verða að ráðast, að geta átt aðgang að hagstæðum lánum, þótt ekki séu þau með öllu vaxtalaus.

Þá koma brtt. sem varða félmrn.

Er þar fyrst nýr liður vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu að upphæð 40 millj. kr. Hér er ekki gert ráð fyrir að tjónið verði að fullu bætt og þá gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingu á næsta ári.

Til Félagsmálaskóla alþýðu hækkar liðurinn um 300 þús. og til Iðnnemasambands Íslands um 150 þús. kr.

Liðurinn 999 við iðnrn., ýmis framlög, er lagt til að breytist sem hér segir: Það er lagt til að fjárveiting til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra hækki um 450 þús. kr. og að byggingarstyrkur til sömu aðila hækki um 3 millj. og verður hann þá samtals 5 millj. Þá er lagt til að fjárveiting til Neytendasamtakanna hækki um 300 þús. kr., til sjómannastofa um 450 þús. og til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra um 100 þús. kr.

Þá koma brtt. varðandi heilbrrn.

Kemur fyrst till. um að launaliður við landlæknisembættið hækki um 2.5 millj., en það er vegna ráðningar aðstoðarmanns landlæknis við embættið. Þá er enn fremur lagt til að við Heilbrigðiseftirlit ríkisins hækki launaliður um 1.5 millj. kr. og er það vegna ráðningar á nýjum starfsmanni.

Þá kemur nýr liður: Til kaupa á Landakotsspítala 70 millj. kr. Svo sem kunnugt er hefur nýverið verið gerður kaupsamningur við eigendur spítalans og er þetta fyrsta greiðslan samkv. þeim kaupsamningi.

Þá kemur annar nýr liður: Námslán til læknastúdenta að upphæð 3 millj. kr.

Liðurinn til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva o. fl. er lagt til að hækki um 26.5 millj. kr., en við bætist nýr liður vegna röntgentækja 40 millj. og er það vegna sjúkrahússins á Akureyri og Borgarspítalans í Reykjavík. Um skiptingu á heildarupphæðinni vísast að öðru leyti til sérstaks lista á þskj.

Til sjúkrahússins í Stykkishólmi er till. um 4.5 millj. kr. hækkun og verður sá liður 5 millj. kr. Er það byrjunarframlag til að skapa heilsugæsluaðstöðu við sjúkrahúsið.

Lagt er til, að liðurinn héraðslæknir og heilsugæslustöðvar hækki, þ. e. liðurinn önnur rekstrargjöld, um 4 millj. kr.

Næst koma ýmis heilbrigðismál, nr. 399. Þar er lagt til að fjárveiting til Hjartaverndar hækki um 3 millj. kr. og enn fremur að inn verði tekinn nýr liður: Háþrýstirannsóknir að upphæð 5 millj., en með því er gert ráð fyrir að unnt verði að koma á göngudeild hjá Hjartavernd fyrir sjúklinga sem eru með háan blóðþrýsting.

Þá er till. um 1 millj. kr. til manneldisráðs, en það er einnig nýr liður. Liðurinn sjúkraflug er lagt til að hækki um 2.3 millj. kr. og verður samtals 5 millj. 800 þús. Þá koma tveir nýir liðir: til félags astmasjúklinga 300 þús. og til félags exemsjúklinga 300 þús. Liðurinn tækniaðstoð við sveitarfélög er lagt til að hækki um 1 millj. og verður hann þá samtals 4 millj. kr. Vegna reglugerðar um iðjumengun er lagt til að fjárveiting hækki um 1 millj. Við námsferðir héraðslækna og embættislækna er till. um 688 þús. kr. hækkun.

Loks er svo lagt til að fjárveiting til Gæsluvistarsjóðs hækki um 10 millj. kr. og er þá gert ráð fyrir að till. frá heilbrrn. um skiptingu á heildarupphæðinni hafi borist fjvn. fyrir 3. umr.

Næst koma till. sem varða fjmrn. Þar er lagt til að liðurinn fasteignamat hækki í heild um 7 millj. 43 þús. kr. Sundurgreinist það þannig, að gjöld hækka um 15 millj. 673 þús. kr., en tekjuliður hækkar hins vegar um 8 millj. 630 þús. kr. Af þessu leiðir að launaliður við fasteignamatið hækkar um 12 millj. kr. og eru það laun 9 nýrra starfsmanna sem vinna störf sín aðallega utan höfuðborgarsvæðisins, en jafnframt þessu eru svo lögð niður störf svonefndra millimatsmanna, en þeir voru 450 talsins.

Vegna lífeyrissjóðs starfsmanna stjórnmálaflokkanna er tekinn upp nýr liður að upphæð 6.5 millj. kr. Er þetta í samræmi við lög um umræddan lífeyrissjóð, en hluti af þessari upphæð er frá eldri tíma.

Þá koma brtt. sem varða samgrn. Það er lagt til að liðurinn til einstaklinga og samtaka hækki um 460 þús. kr. Hér er um að ræða fjárveitingu sem skipt er á milli þeirra aðila sem halda uppi þjónustu að vetrarlagi við ferðamenn og þá sérstaklega á erfiðum samgönguleiðum, en þessari upphæð hefur fjvn. jafnan skipt og tilkynnt Vegagerðinni ákvörðun sína þar um.

Liðurinn vitamál er lagt til að hækki um 866 þús. kr. og er þar um launagreiðslur að ræða sem voru vanáætlaðar.

Þá er lagt til að fjárveiting til hafnarframkvæmda og lendingarbóta hækki um 81 millj. 600 þús. kr. Um skiptingu á heildarupphæðinni, sem er 931 millj. 600 þús., vísast til þess sem fram kemur á sérstökum lista. Svo sem kunnugt er mun nú vera gerð fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir og eru þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, framkvæmdir fyrsta árs þeirra framkvæmda. Væntanlega verður áætlunin lögð fram síðar á þessu þingi.

Lagt er til að liðurinn önnur rekstrargjöld við sjóslysanefnd hækki um 1200 þús. kr. Í nál. kemur fram að þessari upphæð sé ætlað að standa undir kostnaði við rannsókn á reki gúmbáta, en svo er ekki. Hér er um misritun að ræða. Upphæðinni á að verja til rannsókna ótiltekið. Nefndin er m. a. að gera rannsóknir á notkun vissrar málningar á þilfar fiskiskipa í því skyni að draga úr slysahættu vegna hálku. Til rannsóknar á reki gúmbáta var á sínum tíma veitt fjárveiting að öðru leyti en því, að ráðgert var að Landhelgisgæslan léti nefndinni í té skip til athugananna. Af skiljanlegum ástæðum varð því ekki komið við á yfirstandandi ári þar sem öll skip Landhelgisgæslunnar voru störfum hlaðin við gæslustörf. Nú hefur hins vegar skipast veður í lofti í þeim efnum og skv. upplýsingum, sem ég fékk hjá forstjóra Landhelgisgæslunnar, er nú ekkert því til fyrirstöðu að gæslan aðstoði við þessa rannsókn. Tjáði Pétur Sigurðsson forstjóri Landhelgisgæslunnar mér

að þeir hefðu nú nýlega gert fyrstu athugun í þessu skyni og hefðu nú möguleika á að láta frekari aðstoð í té í þessum efnum. Verður því að vona að þessu máli sé borgið, enda er þar um nokkra fjárupphæð að ræða sem enn er óráðstafað.

Þá kemur liðurinn flugmálastjórn. Þar er lagt til að fjárveiting hækki um 3.1 millj. og skiptist þannig, að 2.6 millj. eru vegna vanáætlunar á rekstrarútgjöldum og 500 þús. kr. eru styrkur til áhugamannafélaga á sviði flugmála. Að öðru leyti bíður frekari afgreiðsla á þessum lið til 3. umr., en þar er um að ræða skiptingu á fé til framkvæmda og tækjakaupa.

Loks er lagt til að fjárveiting til Veðurstofu hækki um 1 millj., en það er vegna hafísrannsókna.

Þá koma brtt. sem varða iðnrn.

Þar er fyrst till. um 8 millj. kr. fjárveitingu til að ljúka verkefnum sem unnið hefur verið að í samvinnu við Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Til Rannsóknastofnunar iðnaðarins hækkar launaliður um 1.5 millj. kr. Er það vegna ráðningar á tæknifræðingi. Til viðhalds er um hækkun að ræða sem nemur 250 þús. kr., og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 millj. 150 þús. kr., en það er vegna tækjakaupa.

Liðurinn til Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins er lagt til að hækki um 2 millj. 420 þús. og er það vegna ráðningar á tveimur nýjum starfsmönnum.

Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði, þar er lagt til að launaliður hækki um 400 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 150 þús. Heildarfjárveiting til eftirmenntunar í iðju og iðnaði verður þá 7 millj. kr. og skiptist þannig, að til eftirmenntunar í rafiðnaði koma 4.5 millj. kr. og eftirmenntunar í málmiðnaði 2.5 millj. kr.

Framlag til útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er lagt til að hækki um 1.5 millj. og verður þá heildarfjárveiting 15 millj.

Lagt er til að framlag til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga hækki um 6 millj. og nýr liður: ullar- og skinnaverkefni, verði tekinn upp, að upphæð 5 millj. kr.

Til iðnkynningar hækkar liðurinn um 2.5 millj.

Þá er loks lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld við Rafmagnsefitrlit ríkisins hækki um 2 millj. kr. Með því er ætlað að Rafmagnseftirlitið í samvinnu við Öryggiseftirlit ríkisins taki til sérstakrar athugunar og rannsóknar öryggisbúnað allan við næturhitunargeyma sem í notkun munu vera víða úti um land. Er skemmst að minnast hins mikla tjóns sem nýverið átti sér stað á Akranesi þegar stórt íbúðarhús svo til eyðilagðist, en það var af völdum sprengingar sem átti sér stað þegar næturhitunargeymir sprakk.

Herra forseti. Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir þeim brtt., sem fjvn. flytur við þessa umr. um frv. til fjárl. fyrir árið 1977. Eins og ég hef áður að vikið bíða ýmis erindi og málefni afgreiðslu nefndarinnar og till. til 3. umr. En verði þessar brtt. n., sem ég hef nú lýst, samþ., þá valda þær auknum útgjöldum sem nemur samtals að upphæð 907 millj. 225 þús. kr. Af þessu leiðir að á greiðsluyfirliti ríkissjóðs verða gjöld umfram tekjur 18 millj. 591 þús. kr., en halli á lánahreyfingum er eftir sem áður óbreyttur, 752 millj. 146 þús. kr. og því gjöld umfram tekjur 770 millj. 737 þús. kr. Svo sem ég hefi áður tekið fram, mun meiri hl. fjvn. miða afgreiðslu sína á fjárlagafrv. við það að fjárl. verði afgr. greiðsluhallalaus.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Að jafnaði hafa fulltrúar minni hl. fjvn. talið ástæðu til að fara nokkrum orðum um störf n. að afgreiðslu fjárlagafrv. Vegna þess með hve miklum endemum var staðið að afgreiðslu mála í fyrra urðu um hana meiri umr. en endranær. Af ýmsum orsökum væri e. t. v. ástæða til að taka upp þráðinn nú vegna þess að enn er margt að athuga við störf n. Tíminn vill nýtast illa. Of langur tími fer til að hlusta á aðila sem koma á fundi n. ár eftir ár, t. d. til að biðja um hærri styrk til félagssamtaka, en of lítill tími gefst síðan til raunhæfra umr. innan n. um einstök erindi og málefni og jafnvel hin veigamestu. Ég vil þó ekki kenna núv. meiri hl. n. um þessi atriði. Þetta er sama vandamálið, hverjir sem fara með stjórnina, þótt misjafnlega takist til einstök ár.

Við í minni hl. fjvn. höfum ekki nema allt hið besta að segja um samskiptin við þá sem skipa meiri hl. n., og ég vil fyrir hönd okkar stjórnarandstæðinga í fjvn. flytja samstarfsnefndarmönnum okkar þakkir fyrir samstarfið og þá sérstaklega formanni n., Jóni Árnasyni, fyrir sanngirni og réttsýni í okkar garð í öllum hans störfum.

Reynslan hin síðari ár sýnir að þótt allir nm. leggi sig fram til að greiða fyrir störfum í n., þá endist tíminn frá þingsetningu illa og of lengi dregst að unnt sé að hefja afgreiðslu erinda og of litlum tíma er unnt að verja til að kryfja mál til mergjar eða yfirleitt ræða einstök erindi. Áður gafst þó tími til þess að lesa öll erindi frá orði til orðs. Nú í haust hefur verið látið nægja í nær öllum tilvikum að geta einungis um efni þeirra í örfáum orðum, en erindin hafa að sjálfsögðu verið nm. tiltæk og í því sambandi vil ég lýsa ánægju minni yfir því að fjvn. hefur fengið mjög hæfan starfsmann sem ætlast er til að verði fastur starfsmaður n. og fjárlaga- og hagsýslustofnunar allt árið. Störf hans í haust lofa mjög góðu.

Þegar haft er í huga í hvert horf hefur sótt um afgreiðslu mála í fjvn. og hvernig að er kreppt varðandi afgreiðsluna, þá verður sannleikurinn réttast orðaður með því að segja að n. hefur upp á síðkastið í raun engan veginn verið tilbúin til að leggja fjárlagafrv. fyrir til 2. umr. þegar hún neyðist hreinlega til þess vegna þess að komið er fast að jólum. Ég árétta enn þá skoðun, sem ég hef áður látið í ljós, að úr þessu verði naumast bætt með öðrum hætti en þeim, að verulegur hluti viðtala, a. m. k. við embættismenn í ríkiskerfinu, fari fram áður en þing kemur saman, á hálfum mánuði til þremur vikum áður en þing hefst. Þetta á að vera unnt enda þótt fjárlagafrv. hafi þá ekki verið lagt fram og var reynt í nokkrum mæli 1974 vegna þess að þing hófst þá ekki fyrr en 29. okt. Þetta

gafst vel og bjargaði því að mínu mati að þá var unnt að afgr. fjárl. fyrir jól.

Enn hefur ekki verið lögð fram endurskoðuð tekjuáætlun sem byggð væri á nýrri upplýsingum um þjóðhagshorfur en fyrir lágu þegar fjárlagafrv. var samið. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar lögðu s. l. laugardag fram gögn um horfur 1977 og framvindu 1976, en að sjálfsögðu hefur nm. ekki gefist tími til að kanna þessi gögn sem skyldi, og þar sem ekki er ljóst á þessu stigi hver er skv. nýrri þjóðhagsspá áætluð staða ríkissjóðs á næsta ári mun minni hl. fjvn. ekki á þessu stigi málsins flytja brtt. við frv.

Milli 2. og 3. umr. verður nú mjög skammur tími til afgreiðslu þeirra mörgu mikilvægu mála og málaflokka sem óafgreidd eru, enda þótt ekki fari jafnhrapalega og í fyrra þegar einungis tveir starfsdagar voru milli umr. Þeir gætu orðið þrír nú ef 3. umr. fer fram fyrir helgi, en ella fjórir til fimm. En mörg mjög veigamikil mál bíða ákvörðunar n. milli 2. og 3. umr. Fyrir fáum árum hefðu þetta verið talin óhugsandi vinnubrögð og óhæf aðstaða fyrir nm.

Annar þáttur þessa máls, hvernig staðið er að afgreiðslu fjárlaga nú, er sá, að varðandi veigamikla þætti fjárlagafrv. hefur fjvn. við störf sín fyrir afgreiðslu málsins til 2. umr. engin þau gögn séð sem boðað var í grg. frv. að yrðu lögð fyrir Alþ. í haust.

Í grg. með fjárlagafrv. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Lánsfjáráætlun 1977 verður lögð fram á Alþ. fyrir eða um miðjan nóv.“ — og hæstv. forsrh. áréttaði þetta í stefnuræðu. Þarna er ekki verið að slá neina varnagla: Lánsfjáráætlunin verður lögð fyrir Alþ. fyrir eða um miðjan nóv. Þegar fjvn. var að ljúka störfum fyrir 2. umr. vegna þess að sá tími, sem hún hafði til starfa, var liðinn, bólaði enn ekkert á lánsfjáráætluninni og hún hefur ekki enn séð dagsins ljós.

Starfsmannaskrá á skv. lögum að fylgja fjárlagafrv. Það var látið undir höfuð leggjast, en hæstv. fjmrh. hét því í fjárlagaræðu sinni að hún yrði afhent þm. eftir u. þ. b. vikutíma þar frá. Það hafa reynst æðimargir dagar í vikunni hjá hæstv. ráðh., því að efndirnar eru þær að starfsmannaskráin er enn ekki komin fram.

Eins og okkur er í fersku minni gafst hæstv. ríkisstj. upp á því í vor að afgr. vegáætlun til 4 ára eins og lög gera ráð fyrir. Hagur Vegasjóðs var í slíku óefni að einungis tókst að berja saman bráðabirgðaáætlun fyrir árið í ár og þá með þeim hætti að taka fé af sérstöku skuldabréfaláni til Norður- og Austurvegar og lána það til almennrar vegagerðar. Slæmt er að hafa ekki áætlun til 4 ára, en verra er að byrja nýtt ár án þess að hafa nokkra vegáætlun fyrir það ár. Þess vegna voru settar fram heitstrengingar í grg. fjárlagafrv. varðandi þetta mál. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir afgreiðslu vegáætlunar samtímis afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977, og mun samgrh. leggja hana fram í nóv. n. k.“

Þarna er kveðið skýrt að orði eins og um lánsfjáráætlunina: Vegáætlunin lögð fram í nóv. og afgr. með fjárl. En það er sama sagan um efndirnar. Vegáætlun var ekki lögð fram í nóv. og hún hefur ekki verið lögð fram enn.

Í grg. með fjárlagafrv. segir að frv. að nýjum tollskrárlögum í samræmi við áætlanir um tolltekjur í fjárlagafrv. verði lagt fram fljótlega eftir þingbyrjun. Það frv. var lagt fram fyrir nokkrum dögum, líklega um viku af desember. Fjvn.-mönnum gefst tæpast nokkur tími til að fylgjast með eða hafa áhrif á afgreiðslu þess. En hvað um það, þetta frv. hefur þó verið lagt fram og verður afgr.

Í fjárlagafrv. er greint frá þeirri breytingu á uppsetningu væntanlegra fjárlaga, að áætlaður kostnaður af ríkisspítölum er færður í A-hluta fjárlagafrv. og reiknað með að ríkið kosti þessar stofnanir að öllu leyti. Þessu fylgir breyting á skiptingu kostnaðar af sjúkratryggingum, og jafnframt er óljóst hvað hæstv. ríkisstj. ætlar sér með innheimtu sjúkratryggingagjalds og hvernig ákvörðun um hlut sveitarfélaga í því efni fléttast inn í breytta skipan á greiðslu kostnaðar af sjúkratryggingum. Jafnframt er í grg. fjárlagafrv. boðað að endurskoðaðar verði reglur um þátttöku hins opinbera í kostnaði af hinum ýmsu þáttum heilbrigðisþjónustunnar, trúlega í þá átt að þeir, sem á slíkri þjónustu þurfa að halda, greiði hana sjálfir í ríkara mæli en nú. Engar nánari skýringar eru gefnar á þessum efnisatriðum. En enn eitt fyrirheitið er sett fram í grg. fjárlagafrv., svo hljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en endanleg afgreiðsla fjárlagafrv. fer fram mun heilbr.- og trmrn. leggja fram till. um nauðsynlegar breytingar á tryggingalöggjöf sem tryggi fyrirhugaða nýskipan.“

Þessar till. hafa enn ekki verið lagðar fram, og ég veit ekki hvort nokkrar viðræður hafa farið fram við forsvarsmenn sveitarfélaga í landinu um þessi mál, en þau varða sveitarfélögin miklu. Fjvn. hefur enn ekki fengið nokkrar minnstu upplýsingar um þessi efni. N. hefur því enga aðstöðu haft til þess að kanna kosti eða galla fyrirhugaðrar breytingar. Breytingar hafa verið gerðar í fjárlagafrv., og enginn, sem á að afgr. frv., virðist vita neitt meira. Þm. vita ekkert um þetta, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins ekkert, tryggingaráð ekkert. Það hefur einungis verið ákveðið með uppsetningu fjárlagafrv. að breyt. skuli gerðar, og eftir fáa daga er ætlunin að slá föstum þeim breyt. sem enginn virðist vita hverjar í rauninni verða eða hvernig þær t. d. samrýmast hagsmunum hinna ýmsu sveitarfélaga í landinu. Það kemur t. d. fram í grg. fjárlagafrv., að miðað við fyrirhugaðar breytingar muni sveitarfélög eftirleiðis bera um fjórðung sjúkrakostnaðar annars staðar en á ríkisspítölum. Enginn veit hvaða áhrif þetta hefur innbyrðis milli sveitarfélaga sem hafa mismunandi aðstöðu til að leggja sjúklinga inn á ríkisspítala, en samkv. þessum áætlunum mun það ekki kosta sveitarfélögin neitt að hafa sína sjúklinga á ríkisspítölum, en fjórðung daggjalds að vista þá á öðrum sjúkrastofnunum. Aðstaða sveitarfélaga til að koma sjúklingum inn á ríkisspítala er að sjálfsögðu mjög mismunandi, en ætlunin er að fella niður kostnað sveitarfélaganna, ef ríkisspítalar eiga í hlut, eins og ég áðan sagði, en hækka hlut sveitarfélaganna ef sjúklingar eru lagðir inn á aðrar sjúkrastofnanir.

Þetta eru að sjálfsögðu fráleit og fordæman-

leg vinnubrögð, að ætla að afgr. mikilsverð mál með því að byrja á því að slá niðurstöðunni fastri og kanna síðan rök og forsendur þegar ákvörðunin er þegar tekin með afgreiðslu fjárlaga á þann veg sem hér er lagt til.

Á sama hátt á, eins og ég áðan nefndi, að afgr. málefni vegasjóðs án þess að vegáætlun fyrir næsta ár hafi verið sýnd, rædd eða afgr. á Alþ. Það er auðvitað hlutverk ríkisstj. að standa þannig að framlagningu mála með skipulögðum vinnubrögðum að viðunandi sé fyrir þm., hver svo sem afstaða þeirra er til till. ríkisstj. En þannig hefur verið staðið að undirbúningi varðandi hin veigamestu frv. og áætlanir sem tengjast afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, að með öllu er óviðunandi. Allt sýnir þetta hver seinagangur og ráðleysi ríkir í starfsháttum hæstv. ríkisstjórnar. Yfirlýsingar eru gefnar í tíma og ótíma um hvernig að málum verði staðið, en ekkert stenst. Akveðnir þættir fjárlagagerðar eru byggðir á ákvörðunum um breyt. á tilteknum lögum, en frv. um þær breyt. hafa ekki séð dagsins ljós þegar fjvn. er að ljúka störfum. Áætlanir, sem fjárlagagerð á að miðast við í tilteknum atriðum, fyrirfinnast ekki heldur. Yfirlýsingar í grg. reynast einskis virði, yfirlýsingar ráðh. markleysa.

Tökum t. d. yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Hann lýsti því yfir við afgreiðslu fjárlaga 1974 að fyrir þá fjárlagaafgreiðslu yrði lokið setningu nýrra laga um námslán og námsstyrki. Þau lög voru ekki sett 1974, ekki 1975, heldur 26. febr. 1976.

Eins og ég áðan greindi lýsir hæstv. ráðh. yfir því í grg. fjárlagafrv. að lánsfjáráætlun verði lögð fram fyrir eða um miðjan nóv. Hún hefur enn ekki sést. Hann lýsti því einnig yfir í fjárlagaræðu að starfsmannaskrá, sem á lögum samkv. að fylgja fjárlagafrv., yrði afhent þm. eftir um það bil vikutíma. Hún hefur orðið löng vikan sú. Um ný skattalög sagði hæstv. fjmrh. við 3. umr. fjárlaga 1974 að starfshópar mundu skila ákveðnum niðurstöðum, till. eða valkostum á vorþingi 1975, þannig að unnt yrði að taka afstöðu til nýrra skattalaga í flestum eða öllum greinum á þinginu 1974—1975 eða á þinginu 1975—1976. Slíkar hugmyndir um breyt. á skattalögum voru loks sendar þingflokkunum sem trúnaðarmál s. l. vor, vorið 1976, og tekið fram að ætlunin væri að leggja þær fram á Alþ. fyrir þinglok í vor. Það var ekki gert. Nýjar og verulega breyttar till. voru sendar þingfl. nú í haust, en sagt er að þeim hafi nú verið umturnað í herbúðum stjórnarflokkanna.

Í grg. fjárlagafrv. segir hæstv. fjmrh., að fyrir afgreiðslu fjárlaga verði flutt frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt, og í fjárlagaræðu sagði hæstv. ráðh. að að því væri stefnt, að nýtt frv. yrði lagt fyrir Alþ. á næstunni. Þetta var 28. okt. Hæstv. ráðh. greindi frá innihaldi frv. í einstökum atriðum. Hvað eftir stendur í þeim efnum eftir að stjórnarflokkarnir hafa velt málinu á milli sín í allt haust er ekki vitað, en frv. sést ekki og hæpið hvað ákvæði þess gætu gilt um skattlagningu á næsta ári. Það er því æði-óljóst við hvað á að miða í fjárlögum næsta árs varðandi heildarupphæð tekjuskatts og eignarskatts.

Í fjárlagaræðu í fyrra sagði hæstv. ráðh. að tekinn yrði upp sá háttur að láta stjórnarfrv. fylgja útreikninga og mat á þeim útgjöldum sem stjórnarfrv. hefðu í för með sér, bæði í bráð og lengd, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það. Ekkert bólar á efndum á þessu sviði fremur en öðrum, og ég hef reynslu af því að ekki er einu sinni til neins að spyrja um þennan kostnað varðandi stjórnarfrv. sem lögð eru fram. Svörin fást ekki.

Allar þessar ónákvæmu og marklausu yfirlýsingar hæstv. ráðh. setja mark sitt á fjárlagaafgreiðsluna og hindra að hún geti farið fram með þeim hætti sem eðlilegt er.

Í sambandi við allar yfirlýsingar hæstv. ráðh., sem aldrei standast, vil ég ráðleggja honum og reyndar fleiri ráðh. að hafa í huga það sem haft er fyrir satt um varphænurnar. Þær, sem helst er eitthvert gagn í, gagga ekki fyrr en þær eru búnar að verpa.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um hver vinnubrögð eru viðhöfð við afgreiðslu fjárlaga nú. Það þyrfti vissulega að vera á ýmsan hátt betur staðið að málum og er þá ekki allt, sem svo háttar um, nýtilkomið eða bundið þeim meiri hl. sem nú ræður málum, heldur vandamál sem lengi hefur verið við að etja þar sem er tímaskortur við afgreiðslu svo fjölþætts verkefnis sem fjárlagagerð er. Það er áreiðanlega sameiginlegur áhugi allra nm. að finna ráð til þess að bæta þar úr með breyttum starfsháttum. En fráleit frammistaða hæstv. ríkisstj. varðandi lagasetningar og áætlanagerð, sem fjárlagafrv. á að byggjast á, setur sérstakt mark á afgreiðslu fjárlaga nú og er með þeim hætti að óviðunandi er. Þetta finna jafnt þeir meirihlutamenn sem við hinir.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. ræddi ég allítarlega um frv. í heild og þróunina í ríkisfjármálum í tíð núv. ríkisstj. og ég mun því ekki eyða miklum tíma í að endurtaka það nú. Miðað við þær brtt., sem fjvn. hefur lagt fram fyrir 2. umr., hækka áætluð útgjöld ríkissjóðs frá núgildandi fjárlögum úr 58 800 millj. kr. í ríflega 84 þús. millj. á næsta ári. Þess ber þá að geta að í áætluðum útgjöldum næsta árs er reiknað með umsömdum launahækkunum sem koma til framkvæmda á næsta ári, en sá útgjaldaþáttur nemur 1555 millj. kr. í A-hluta fjárlaga. Nú hefur á hinn bóginn orðið umfram grundvöll fjárlagafrv. hækkun launa á þessu ári vegna svokallaðs rauðs striks í kjarasamningum og má ætla að viðbótarútgjöld af þeim sökum á næsta ári nemi um 1300 millj. kr. Þessi liður er ekki í frv. eða í brtt., sem lagðar hafa verið fram svo að í samanburði milli ára vantar um 250 millj. kr. á að þessir tveir þættir jafnist út. Olíugjald var ekki í útgjaldahlið á þessu ári, en er áætlað 1600 millj. kr. á næsta ári. Að öllu þessu athuguðu má ætla, að eins og mál standa í dag, en margir mikilsverðir málaflokkar eru óafgreiddir í n., verði hækkun útgjalda ríkissjóðs á næsta ári miðað við núgildandi fjárlög nálega 40%. Þessi útgjaldahækkun verður að sjálfsögðu sótt í vasa skattþegna. En áætlað er á hinn bóginn að launahækkanir í ár verði 30%.

Almenn verðlagshækkun á þessu ári verður 30—32%. Hækkun launa nálega 30%, en útgjöld ríkissjóðs eiga að aukast um nálega 40%. Þetta

segir sína sögu. Heildarmyndin er því þessi: Útgjöld ríkissjóðs aukast umfram verðlags- og launahækkanir, og það eru rekstrargjöldin sem hafa þanist út, en framkvæmdaliðirnir rýrnað að raungildi. Þetta hefur verið einkenni fjárlaga hægri stjórnarinnar og það fjárlagafrv., sem hér er til umr., er þar ekki undantekning þar sem liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar í frv. um 58.2% þegar almennt verðlag hækkar um nálega 30%.

Útfærsla rekstrarliða í tíð núv. ríkisstj. hefur verið svo langt umfram almennar verðlagshækkanir á sama tíma að liðurinn önnur rekstrargjöld væri 4000 millj. kr. lægri í fjárlagafrv. **nú ef þessi liður hefði einungis** hækkað til jafns við almennt verðlag í landinu síðan 1974 þegar hægristjórnin tók við völdum. Vaxtagjöld í A- og B-hluta fjárlaga hækka um 3809 millj. kr. á einu ári eða um 83.4%. Þegar stóraukin skattheimta ríkisins hverfur þannig í útþenslu rekstrargjaldanna er hlutur verklegra framkvæmda, einkum þeirra sem mestu skipta sveitarfélögin í landinu, að sama skapi rýrður. Þetta er sú heildarmynd sem við blasir þegar hæstv. ríkisstj. er að afgreiða þriðju fjárlög sín.

Ljóst er að það stórfellda stjórnunarslys, sem rekstur ríkissjóðs var á árinu 1975, markar afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977. Sá skuldaslóði, sem ríkissjóður dregst með vegna þeirrar stórfelldu vanhæfni sem sýnd var við stjórn fjármála ríkisins á árinu 1975, hafði margþættar afleiðingar. Afleiðingarnar af rekstrarhalla sem nam 7500 millj. kr. á því ári, sem svarar til 10 þús. millj. kr. nú, urðu stórfelld skuldasöfnun, stóraukin vaxtagjöld og meiri verðbólga innanlands en ytri aðstæður gáfu tilefni til, þar sem verðhækkanir á innflutningsvörum námu á árinu 1975 einungis 5% í erlendri mynt og voru 7 sinnum minni en á árinu 1974. En vísitala framfærslukostnaðar hækkaði þrátt fyrir það um hvorki meira né minna en 43.5% frá nóv. 1974 til nóv. 1975 og vísitala vöru og þjónustu um 46.1%.

Stórfelld skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum á árinu 1975 og óhemjulegur viðskiptahalli hefur þær afleiðingar að með síauknum skattheimturáðstöfunum ríkissjóðs til að hafa upp í hallarekstur inn frá árinu 1975 er haldið fyrir almenningi þeim kjarabótum sem batnandi ytri aðstæður gefa sérstakt tilefni til að komið verði í hlut launafólks eftir stöðuga kjaraskerðingu í tíð núv. ríkisstjórnar.

Það er aðeins í einu atriði sem nokkuð jákvætt hefur hlotist af því stórfellda slysi sem stjórnunin á ríkissjóði var á árinu 1975. Svo gríðarlegur yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabankanum sem þá átti sér stað er að sjálfsögðu óþekkt fyrirbæri hjá þjóðum sem teljast komnar til vits og ára í stjórnun efnahagsmála. Þessi frammistaða kallaði á það að jafnt Seðlabankinn sem erlendir lánardrottnar, sem borguðu brúsann, hlutu að krefjast þess að hæstv. fjmrh. vissi a. m. k. hvað skuldasöfnun ríkissjóðs liði, en allt árið 1975 óð hann í villu og svima um stöðu ríkissjóðs, eins og áður hefur verið rakið hér á hv. Alþingi, þar sem beinlínis hefur verið vitnað til staðhæfinga hans sjálfs um áætlaða stöðu ríkissjóðs, fyrst við setningu brbl. um vörugjald, síðan í grg. fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1976, þá í fjárlagaræðu, síðan við framlagningu frv. um vörugjald í des. í fyrra, þá í sérstakri fréttatilkynningu frá fjmrn. og síðast við framlagningu ríkisreiknings þegar raunveruleikinn blasti við. Allan þann tíma voru hugmyndir hæstv. ráðh. um stöðuna að breytast. Hann henti engar reiður á því hvað var að gerast. Hugmyndirnar breyttust frá hallalausum rekstri við setningu brbl. um vörugjald í júlí og í 7500 millj. kr. raunverulegan halla loks þegar reikningarnir lágu fyrir. Þessi ósköp hafa sem betur fer leitt til þess að eftir kröfu lánardrottna hafa nú verið gerðar ráðstafanir til að auðvelda hæstv. ráðh. að fylgjast með hvað ríkissjóði líður og að hafa einhverja stjórn á hlutunum. Það er þakkarvert. En þessi reynsla var æðidýru verði keypt. Það dýra verð er almenningur enn að greiða og er ætlað að greiða á næsta ári þegar hæstv. ríkisstjórn ætlar augsýnilega að haga svo málum að sá efnahagsbati, sem felst þjóðinni í skaut vegna hækkandi afurðaverðs og batnandi viðskiptakjara, verði ekki til þess að bæta hinn stórskerta kaupmátt launa, heldur fari til greiðslu skakkafallanna af ríkisfjármálaslysinu mikla 1975.

Það ráðslag, sem þá var viðhaft, er sá myllusteinn sem ríkisstj. hefur hengt um háls launafólks í landinu og er snar þáttur í síauknum skattheimtukröfum ríkisstj., samtímis því að framlög til samfélagslegra framkvæmda og þjónustu dragast saman að raungildi og lífeyrir gamalmenna og öryrkja rýrnar að kaupmætti.

Þrátt fyrir að ytri aðstæður yrðu betri á þessu ári en gert var ráð fyrir við afgreiðslu núgildandi fjárlaga fór svo s. l. vor, að horfur voru á rekstrarhalla ríkissjóðs á þessu ári, og enn var gripað til þess að hækka neysluskatta. Vörugjald, sem var 10%, var í maí hækkað í 18% og skyldi sú hækkun gilda allt árið enda þótt í fjárlögum væri tekjuöflun miðuð við að gjaldið lækkaði í 6% hinn 1. sept. Þessi aukna skattheimta og þær auknu tekjur, sem ættu að fást vegna betri ytri aðstæðna en gert var ráð fyrir, duga væntanlega til þess að rekstur ríkissjóðs verði hallalaus á þessu ári. Vonandi verður meira að marka áætlanir í þessu efni nú en í fyrra þótt e. t. v. sé þess ekki að vænta að þessi tekjuauki dugi til þess að skila þeim rekstrarafgangi sem núgildandi fjárlög gera ráð fyrir og átti að verja til þess að grynna aðeins á skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann.

Neysluskattar hafa hækkað svo í tíð núv. ríkisstj. að samkvæmt því fjárlagafrv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir því að skattar af innflutningi og af seldum vörum og þjónustu og vörugjaldi verði á næsta ári 45 000 millj. kr. hærri en í fjárlögum fyrir árið 1974. Þessi gjöld verða á næsta ári sem nemur 200 þús. kr. hærri á hvert mannsbarn í landinu en á fjárlögum 1974.

Þessi gífurlega skattheimta með neyslusköttum, sem bitnar þyngst á barnafjölskyldum og lífeyrisþegum, samtímis því sem gróðafyrirtækin sleppa við skatta, er ein höfuðástæðan fyrir sirýrnandi kaupmætti launatekna. Á sama tíma eru nær 500 fyrirtæki í Reykjavík tekjuskattslaus með öllu þótt velta þeirra hafi á s. l. ári numið 40 000 millj. kr.

Það hefur komið fram að undanförnu að innkaupsverð innfluttrar vöru er í sumum tilvikum hærra en útsöluverð í smásölu þar sem varan er keypt. Ofan á slíkt verð koma neysluskattar ríkissjóðs, 18% vörugjald og síðan heildsöluálagning ofan á vörugjaldið, síðan smásöluálagning ofan á vörugjaldið og heildsöluálagninguna og að lokum 20% söluskattur ofan á allt saman. Það er því ekki að undra þótt kaupmáttur almennra launa sé ekki beysinn, enda er það svo að af þeim gögnum, sem fjvn. fékk hjá Þjóðhagsstofnun s. l. laugardag, sést að þrátt fyrir krónutöluhækkun kaups hefur kaupmáttur kauptaxta verkafólks og iðnaðarmanna lækkað um 14.4% á árinu 1975 og lækkað enn um 4.3% til viðbótar á árinu 1976.

Stjórnarflokkarnir hafa jafnan haldið þeirri skoðun á lofti að nota hafi þurft stjórnunartímabil þeirra til að leiðrétta einhverja ógnarkaupmáttaraukningu launa frá kjarasamningum vorið 1974. En staðreyndin er sú, og sú niðurstaða sést af gögnum Þjóðhagsstofnunar að þótt sleppt væri að miða við kauphækkunina vorið 1974 og borin saman þróun kaupmáttar kauptaxta verkafólks og iðnaðarmanna frá 1973 og þróun þjóðartekna á mann samtímis, þá vantar á árinu 1976 12% upp á að kaupmátturinn hafi fylgt breytingum á þjóðartekjum á mann frá árinu 1973. En einmitt þjóðartekjur á mann eru sá mælikvarði sem stjórnmálaflokkar, sem hallir eru undir atvinnurekendur, vilja helst nota þar sem þeir neita að viðurkenna möguleikana á því að breyta tekjuskiptingunni sjálfri launþegum í hag. Það eru hins vegar aðrir aðilar í þjóðfélaginu sem hafa ekki hlotið svo skertan hlut á síðustu árum. Í gögnum Þjóðhagsstofnunar kemur nefnilega fram að hagur heildverslunar er sagður svipaður í ár og á árunum 1973 og 1974 Ef kaupmáttur launataxta verkafólks og iðnaðarmanna ætti á sama hátt nú að vera svipaður og hann var að meðaltali 1973 og 1974 þyrfti hann að hækka um tæplega 20%. Svo mjög hefur dregið í sundur með heildsölum og verkafólki í tíð hægri stjórnarinnar, og er þess þó getið í grg. frá Þjóðhagsstofnun að hagur heildverslunarinnar hafi verið enn betri 1975, en á því ári lækkaði kaupmáttur launa verkafólks um 14.4%.

Aukning neysluskatta í tíð núv. ríkisstj. í þeim mæli að innflutningsgjöld, skattar af seldum vörum og þjónustu og vörugjald verða á næsta ári 45 þús. millj. kr. hærri en á þessu ári, er einn aðalgrundvöllur kaupmáttarskerðingarinnar. Þessari miklu aukningu neysluskatta hefur þó ekki verið varið til þess að auka samfélagslegar framkvæmdir eða bæta kjör lífeyrisþega. Hún hefur farið til að mæta stórauknum rekstrarkostnaði, en rekstrargjöldin hafa hækkað langt umfram almennar verðlagsbreytingar, eins og ég áður hef greint.

Það hefur áður verið tekist á um þá stefnu að sækja fé með sköttum, annars vegar til að bæta hag ellilífeyrisþega og öryrkja og hins vegar til að viðhalda byggð og framleiðslu á stöðum sem fá ekki rönd við reist ef gróðahvötin ein eru látin vera leiðarljósið í þjóðfélaginu. En sú stefna er ekki stefna núv. hæstv. ríkisstj. Fjárveitingar, sem mestu varða sveitarfélög úti á landi, fjárveitingarnar til að tryggja viðgang byggðarlaga og íbúum þeirra þjónustu á við aðra landsmenn, hafa markvisst verið skornar niður að raungildi síðan hægri stjórn tók við völdum. Raungildi tryggingabóta rýrnar þrátt fyrir stóraukna skattheimtu. Ellilífeyrisþegar fá fyrst og fremst kveðjur frá ríkisstj. í síhækkandi verði brýnustu matvæla. Þá síðustu er verið að senda þessu fólki nú síðustu dagana fyrir jól.

Niðurgreiðslur vöruverðs hækka í fjárlagafrv. aðeins um 2.7% þegar tekjur ríkissjóðs aukast á næstu fjárlögum líklega um riflega 40%. Á sama tíma hækka útflutningsbætur um 102%. 1800 millj. kr. verður varið til að fá þegna ríkustu þjóða heims til að kaupa íslenskar landbúnaðarvörur sem ellilífeyrisþegar og barnafjölskyldur hafa ekki orðið efni á að kaupa. Niðurgreiðslur, sem lækka vöruverð í landinu og bamla þannig gegn verðbólgu og koma mest barnafjölskyldum og elli- og örorkulífeyrisþegum að notum, eiga aðeins að hækka um 134 millj. kr., en útflutningsbætur um 910 millj. kr. Skattheimta er aukin þrátt fyrir bættar ytri aðstæður. Skattstofnarnir eru sjálfir auknir með 18% vörugjaldi sem á að vera í gildi allt næsta ár, en var þó aðeins 10% fjórðung þess árs sem nú er að líða. Gengið er látið síga þótt verðlag útflutnings verði á þessu ári 17—18% hærra en í fyrra í erlendri mynt. Er að undra þótt ríkissti. gangi illa að kveða niður verðbólguna? Hún er stöðugt að blása í hana lífi.

Og mitt í þessari aukningu skattheimtu hefur Framsfl. stutt hæstv. forsrh. í þeirri stefnu hans að draga úr samneyslu, að skera s. l. tvö ár verulega niður allar þær samfélagslegu framkvæmdir sem mestu varða byggðarlögin úti á landi. Og Framsfl. styður hæstv. forsrh. dyggilega við að viðhalda þeim niðurskurði við afgreiðslu fjárlaga nú, enda þótt á næsta ári dragi verulega úr fjárþörf vegna raforkuframkvæmda og allar ytri aðstæður og efnahagsþorfur séu nú betri en að undanförnu. Tekjur í fjárlagafrv. munu að öllum líkindum hækka, eins og ég áðan sagði, um tæp 40%. Heildarhækkun fjárveitinga til verklegra framkvæmda í A- og B-hluta nemur 5%, hækkar úr um það bil 19 milljörðum kr. í um það bil 20 milljarða kr. Framkvæmdakostnaður við rafvirkjanir og veitur lækkar um 1700 millj. kr. En þrátt fyrir þetta gleypir rekstrarútfærslan svo algjörlega tekjuaukann að fyrri niðurskurði er enn haldið. Kenning hæstv. forsrh. um minnkun samneyslunnar skal útfærð til hins ítrasta, og ekki stendur á Framsfl. að yfirgefa byggðastefnuna.

Á stjórnartíma hægri stjórnarinnar, þegar ríkt hefur stefna minnkandi samneyslu, niðurskurður verklegra framkvæmda og félagslegrar þjónustu, hefur blaðist upp sívaxandi vandi fyrir aðila sem þurfa á að halda þjónustu og starfsemi sem byggist á fjárveitingum frá ríkinu. Þetta hefur verið að gerast hvarvetna í landinu, varðandi hafnamál, skólamál, sjúkrahúsamál, flugvallarmál, málefni þróttasamtaka og dagvistunarheimila, og svo mætti lengi telja. Þó að ég minnist hér fáum orðum á nokkra þessara málaflokka á ég von á því að fulltrúar minni hl fjvn., sem störfuðu að málum í undirnefndum, ræði þau mál frekar hér á eftir, og þeir, sem flutt hafa

brtt. til lausnar á vanda einstakra stofnana og byggðarlaga, munu fjalla um málefni þeirra.

S. l. tvö ár hefur verið þannig staðið að fjárveitingum til skólabygginga að á grunnskólastigi hefur ekki verið veitt fé til einnar einustu nýrrar byggingar þannig að framkvæmdir gætu hafist. Slíkri stefnu er útilokað að halda áfram lengur hversu mikið sem ráðandi ríkisstj. er á móti samneyslu. En afgreiðslan nú er þó ekki frábrugðin þeim fyrri að því leyti, að nú er þannig staðið að málum að þótt framlög til nýrra framkvæmda séu sett á pappírinn, þá eru upphæðirnar hafðar svo lágar að vonlaust er a. m. k. um margar þeirra að fjárveiting dugi til þess að unnt sé að gera verksamninga um framkvæmdir. Og til þess að ná þessum fjárhæðum, sem í ýmsum tilvikum eru sýndarfjárveitingar, eru fjárveitingar til framkvæmda, sem áður eru hafnar, skornar svo niður að þær eru leiknar á sama hátt og í óefni lendir um áframhald framkvæmda. Það er sama hvar litið er í skólamálunum, niðurskurðarstefnan mun valda vaxandi vanda við fjárlagagerð og ýmis sveitarfélög lenda í algjörum ógöngum ef ekki verður hér á stefnubreyting.

Við afgreiðslu fjárlaga í fyrra var gert ráð fyrir að fellt yrði úr lögum ákvæði um að ríkissjóður styrkti byggingu dagvistunarheimila. Sú upphæð, sem veitt var, var ætluð til þess að greiða áfallnar skuldbindingar eða hluta þeirra, en ekkert ætlað til nýrra framkvæmda. Þessi tala, sem byggðist á því að engar nýjar skuldbindingar kæmu til, var lögð til grundvallar nú og hækkuð lítillega í meðferð fjvn., en eftir sem áður er hún alls ófullnægjandi til þess að mæta þeirri þörf sem þegar er fyrir hendi. Til þess að framlögin væru greidd samkvæmt lögum á 4 árum þyrfti fjárveitingin að vera um það bil tvöfalt hærri.

Það var samstaða í fjvn. á árunum 1973 og 1974 að gera sérstakt átak í fjárveitingum til Íþróttasjóðs til þess að koma málum íþróttamannvirkja í viðunandi horf, en þá hafði hlaðist upp skuldahali ríkissjóðs við Íþróttasjóð. Þá var fjárveitingum á þann veg hagað að skuldirnar voru greiddar sérstaklega og þá miðað við að þær yrðu greiddar á 4 árum og fjárveitingar til nýrra mannvirkja miðaðar við 4 ára greiðslutíma.

Eftir ríflega tveggja ára valdatíma hægri stjórnarinnar eru málefni Íþróttasjóðs verr komin en nokkru sinni fyrr. Eftir síðustu fjárlagaafgreiðslu var skuldahalinn kominn upp í ríflega 130 millj. kr., og miðað við þá fjárhæð, sem ætlunin mun að veita til Íþróttasjóðs á næsta ári, vex skuldasúpan upp í nær 200 millj. kr. Þessi niðurstaða þýðir að mannvirki, sem fyrst voru samþykkt í fjárlögum fyrir árið 1973, fá 60% fjárþarfarinnar, þau, sem voru samþ. 1974, 50%, þau, sem voru samþ. í fjárlögum fyrir 1975, 40%, þau, sem voru samþ. 1976 20%, og þau mannvirki, sem kæmu í fjárlög í fyrsta sinn nú, fengju einungis 10% fjárþarfar. Þótt öllum nýjum mannvirkjum yrði sleppt, engin tekin í fárlög, þá dygði þessi upphæð, 130 millj. kr., einungis fyrir 43.5% af fjárþörf vegna þeirra íþróttamannvirkja sem þegar hafa fengið fjárveitingar á fjárlögum.

Hér eins og á fleiri sviðum þýða ákvarðanirnar um minnkaða samneyslu fyrst og fremst það, að vandanum er velt yfir á framtíðina.

Eins og ég minntist á áðan, fór svo um afgreiðslu vegáætlunar í vor að stjórnarflokkarnir treystu sér ekki til að fara að lögum og afgreiða vegáætlun til fjögurra ára. Þannig höfðu þeir komið hag Vegasjóðs á tveimur árum. Bráðabirgðavegáætlun hefur verið í gildi fyrir árið í ár, og þrátt fyrir fyrirheit í grg. fjárlagafrv. um að till. að nýrri vegáætlun yrði lögð fram í nóv. og afgreidd samtímis fjárlögum, þá er frammistaða stjórnarflokkanna slík að fjárlög verða afgreidd nú án vegáætlunar og engin vegáætlun verður í gildi einhvern hluta af næsta ári.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að gjaldfallinn stofnkostnaður vegagerðar hækki einungis um 586 millj. kr. frá árinu í ár og minnki þannig jafnvel að raungildi, en í vor þótti ekki vogandi að sýna slíka upphæð aftur á næsta ári. Á sama tíma og framlag til vegaframkvæmda minnkar að raungildi til viðbótar þeim stórfellda niðurskurði sem þegar hefur verið framkvæmdur í vegamálum í tíð núv. ríkisstj. eykur ríkissjóður sífellt tekjur sínar af söluskatti af bensíni og bifreiðum. Af hverri verðhækkun á bensíni fer fimmtungur beint í ríkissjóð sem söluskattur. Söluskattstekjur ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum munu hækka um 400 millj. kr. á næsta ári og nema í heild nær 2800 millj. kr., en það er hærri upphæð en nemur föstum tekjustofnum Vegasjóðs í ár.

Þegar hinar sérstöku hafnarframkvæmdir í kjölfar eldgossins í Vestmannaeyjum fóru fram í Þorlákshöfn, Höfn í Hornafirði og Grindavík kom fram á hafnamálaráðstefnum og öðrum vettvangi að margir sveitarstjórnarmenn úti á landsbyggðinni töldu að verið væri að mismuna íbúum landsins verulega með þessum ráðstöfunum, aðrar hafnir hlytu að dragast stórlega aftur úr. Staðreyndin var reyndar sú, að almennar fjárveitingar til hafnarframkvæmda — fjárveitingar umfram þessar sérstöku framkvæmdir — héldust í fullu raungildi og ríflega það.

Fjárveitingar til almennra hafnarframkvæmda annarra námu t. d. 444 milli. kr. á fjárlögum 1974. Sú upphæð mundi jafngilda 1140 milli. kr. á fjárlögum næsta ár, miðað við kostnaðarbreytinguna frá okt. 1973 til okt. 1976. Samkvæmt framlögðum brtt. er fjárveiting til allra fiskiskipahafna sveitarfélaga áætluð 930 milli. kr. á næsta ári, en 1974 var til almennra hafnarframkvæmda veitt upphæð sem jafngilti í dag 1140 milli. kr. Þessu til viðbótar voru veittar til hinna sérstöku hafnarframkvæmda vegna gossins í Vestmannaeyjum upphæðir sem svarar til nálega 1050 milli. kr. á núgildandi verðlagi, eða samtals á árinu 1974 til fiskiskipahafna upphæð sem svarar til um 2190 millj. kr. við afgreiðslu fjárlaga nú.

Sveitarstjórnarmenn, sem töldu að þessar sérstöku hafnarframkvæmdir vegna gossins í Vestmannaeyjum yrðu til þess að mismuna sveitarfélögunum verulega um hafnaraðstöðu og yrðu

til þess að draga úr framkvæmdum við aðrar fiskiskipahafnir, voru fullvissaðir um að ætlunin væri að fjárveitingar í svipuðum mæli og þeim, sem varið var til hinna sérstöku hafnarframkvæmda, mundu haldast áfram í fjárlögum og þá koma sérstaklega til góða þeim aðilum sem nytu ekki góðs af hafnarframkvæmdum á suðurströndinni.

Nú er þessum sérstöku hafnarframkvæmdum lokið, en efndirnar á fyrirheitunum eru þær, að ekki aðeins jafngildi þeirra fjárhæða, sem fóru til hinna sérstöku hafnarframkvæmda, eru teknar út úr fjárveitingum til fiskiskipahafna, heldur skortir verulega á að fjárveiting á næsta ári jafngildi þeirri fjárhæð sem árið 1974 var veitt til annarra hafna sveitarfélaga en þeirra sem unnið var við vegna gossins í Vestmannaeyjum. Þar vantar um 210 millj. kr. upp á. Talan þyrfti að hækka um 22.5% einungis til þess að jafngilda fjárveitingunni 1974 til almennra hafnarframkvæmda, að frátöldum hinum sérstöku framkvæmdum í Grindavík, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn. Til þess að jafngilda fjárveitingu til allra fiskiskipahafna 1974, að meðtöldum hinum sérstöku framkvæmdum, þyrfti fjárveitingin nú að hækka um 112% frá þeim till. sem nú liggja fyrir um fjárveitingar á fjárlögum næsta árs.

Þessi niðurstaða veldur sveitarstjórnarmönnum um land allt áreiðanlega miklum vonbrigðum. En hún er í samræmi við hina ríkjandi stjórnarstefnu: minni samfélagslegar framkvæmdir, en aukin skattheimta til að greiða 4000 millj. kr. í almenn rekstrarútgjöld umfram verðlagshækkanir frá 1974 og til að greiða ríflega 3000 millj. kr. vaxtahækkun á einu ári, milli áranna 1976 og 1977.

Hæstv. dómsmrh., formaður Framsfl., myndaði ríkisstjórn fyrir hæstv. forsrh., formann Sjálfstfl., og hæstv. forsrh. hefur sannarlega tekið að sér að ráða stefnunni og hún áréttuð við hverja fjárlagaafgreiðslu. Af hálfu áköfustu hægri manna í Sjálfstfl. hafa kröfurnar verið þær í ræðu og riti að það eigi að vera markmið stjórnarstefnunnar að skera niður þátt ríkisins í verklegum framkvæmdum og þjónustu til þess að draga úr þeirri hættu að gróðamyndunin í þjóðfélaginu sé í einhverjum mæli tekin til þess að jafna aðstöðu þegnanna hvarvetna í landinu að því er varðar lífskjör, atvinnuöryggi og þjónustu.

Þetta er hin alkunna stefna hægri flokka. Fyrir gagnstæðri stefnu hafa vinstri flokkarnir barist. Þeir stefna að því að beitt sé samfélagslegum aðgerðum til þess að tryggja jöfnun á aðstöðu í landinu, tryggja að enginn troðist undir í samkeppninni innan þess þjóðfélags gróðahyggjunnar sem við búum í. Þeirra stefna er að tryggja að byggðarfélög fái reist rönd við þeim áhrifum gróðastefnunnar að fjármagnið sækir þangað sem það fær umráðamönnum þess mestan ágóðann, án tillits til þarfa þeirra sem skapa verðmætin með vinnu sinni.

Það þarf engan að undra að Sjálfstfl., sem þegið hefur stjórnarforustuna úr hendi Framsfl., skuli nú knýja á um framgang stefnu sinnar: stefnu minnkandi samneyslu og forgangs gróðans. Hitt kann að koma einhverjum, sem stutt hefur Framsfl. til þessa, á óvart, hversu liðtækur og þægur hann er Sjálfstfl. við að koma fram þeirri stefnubreytingu, sem orðið hefur í þessum efnum síðan hægri stjórnin tók við völdum. Nú er niðurskurður framkvæmda og þjónustu, minnkun samneyslu ekki afsökuð með árferði og ytri aðstæðum. Stefnan er óbreytt þrátt fyrir efnahagsbata. Það staðfestir rækilega það, sem minni hl. fjvn. sagði í nál. í fyrra, með leyfi hæstv. forseta:

„Það fer ekki á milli mála hverjir ráða ferðinni. Víst er að þeir aðilar í Sjálfstfl. og Framsfl., sem best ná saman um þá hægri stefnu sem nú er fylgt, miða engan veginn við það að hér verði einungis um tímabundin úrræði að ræða, heldur varanlegar aðgerðir meðan hægri stjórnin hefur völdin."

Fjárlagaafgreiðslan nú er í fullu samræmi við þessa staðhæfingu. Enn árétta forustumenn Sjálfstfl., sem ráða stjórnarstefnunni, nauðsynina á því að ekki verði slakað á kröfunni um minnkandi samneyslu þótt betur ári nú en undanfarið skeið stjórnartímabilsins. Enn skal gróðinn verndaður. Enn skal almenningur sligaður með neysluskattum og óbærilegu vöruverði miðað við launakjör. Enn skulu um 500 fyrirtæki í Reykjavík á sama tíma komast hjá því að greiða eina einustu krónu í tekjuskatt enda þótt þau velti 40 000 millj. kr. á síðasta ári eða jafngildi árstekna ríflega 33 þús. einstaklinga með 100 þús. kr. mánaðatekjur. Friðhelgi gróðans skal sitja í fyrirrúmi, en tekjur til að standa undir stórfelldri útþenslu rekstrargjalda ríkissjóðs eru fengnar með sívaxandi neysluskattum á almenning. Enn skulu samfélagslegar framkvæmdir vera í lágmarki til að tryggja forgang einkafjármagnsins.

Stefna ríkisstj. og vanhæfni í stjórnun ríkisfjármála hefur komið í veg fyrir að úr verðbólgu dræg í samræmi við breyttar ytri aðstæður. Stefna ríkisstj. hefur valdið verulegri rýrnun lífskjara almennings. Þótt miðað sé við kaupmátt launa árið 1973, áður en launahækkanirnar urðu vorið 1974, vantar um 12% upp á að kaupmáttur kauptaxta verkafólks og iðnaðarmanna hafi fylgt breytingum á þjóðartekjum á mann á sama tímabili. Það er stefna ráðamanna ríkisstj. að efnahagslegur ábati vegna breytinga á ytri aðstæðum á þessu ári og sem spáð er á hinu næsta skuli ekki eða í sem allra minnstum mæli koma fram í bættum kjörum launafólks. Hann skal þess í stað fara til þess að greiða þá skuldasöfnun ríkissjóðs, sem leitt hefur af misheppnaðri fjármálastjórn, og til þess að auka hlut hinna tekjuskattslausu fyrirtækja í landinu. Það er þó ljóst að launafólk, sem hefur orðið að sæta kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. í ríflega tvö ár, mun ekki sætta sig við þau lífskjör sem skömmtuð eru. Hvarvetna í landinu ólgar nú og sýður í kjaramálum, og launafólk mun ekki lengur sætta sig við að bera áfram allar byrðarnar, en sú hagsbót, sem nú hlýst af bættum viðskiptakjörum, renni í útþenslu rekstrarútgjalda ríkissjóðs eða til hinnar skattlausu gróðastéttar í landinu. Það er því óraunhæft með öllu að miða afgreiðslu fjárlaga við það að áfram-

hald geti orðið á kjaraskerðingarstefnu ríkisstj., eins og nú er verið að gera.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir orð frsm. minni hl. fjvn. og færa samnm. minum, þá ekki hvað síst formanni fjvn., kærar þakkir fyrir samstarfið og taka jafnframt undir þær góðu óskir sem talsmaður okkar minnihlutamanna hafði í frammi við hinn nýja starfsmann fjvn. sem ráðinn hefur verið. En þó ég sé ánægður með þetta, þá er ekki þar með sagt að ég sé ánægður með annað hjá meiri hl. fjvn.

Eins og fram kemur í nál. minni hl. fjvn. er í raun réttri lítið hægt um fjárlagafrv. að segja í heild sinni þótt nú sé komið að 2. umr. um það, þar eð sú mynd, sem enn má sjá af fjárlagagerðinni, er hvorki heil né hálf. Engar till. liggja enn fyrir um afgreiðslu veigamikilla málaflokka, svo sem eins og málefni ríkisspítalanna, um héraðsskóla, um rafmagns- og orkumál, um málefni Pósts og síma, svo nokkuð sé nefnt. Þá hefur enn enginn heldur séð tangur eða tetur af lánsfjáráætlun ríkisstj. þótt því hafi verið heitið í aths. frv. að hún yrði lögð fram um miðjan nóvembermánuð s. l.

Um annan aðalþátt fjárlaganna, tekjuhlið þeirra, er enn allt í óvissu. Lagt hefur verið fram frv. um breyt. á tollalögum sem felur í sér talsverða breytingu á tolltekjum ríkissjóðs. Í aths. með því frv. er þess getið að með þeim breyt., sem þar er gert ráð fyrir, sé áætlað að tekjutap ríkissjóðs þegar á næsta ári frá tekjuáætlun fjárlagafrv. muni nema 450 millj. kr. Í sömu aths. með sama frv. er þess sérstaklega getið að sjá þurfi ríkissjóði fyrir auknum tekjum til að mæta þessu tekjutapi, en ekkert um það sagt hvernig það skuli gert. Samkvæmt þessu er því nú þegar fyrirsjáanlegur verulegur greiðsluhalli hjá ríkissjóði, eins og frv. lítur nú út, þegar tekið hefur verið tillit til þess að tollskrárfrv. nýja verði samþ., og ekkert hefur vitnast um hvernig þessum greiðsluhalla eigi að mæta. Á að mæta þessu tekjutapi með því að hækka söluskatt enn frekar, með því að hækka tekjuskatt enn frekar fram yfir það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, með því að hækka vörugjaldi enn frekar en gert hefur verið? Um þetta er ekkert sagt, hvorki við okkur fjvn.-menn, í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., í ræðu hv. formanns fjvn. hér áðan né heldur í aths. með frv. að nýrri tollskrá. Um þetta er ekkert vitað.

Annar af helstu tekjustofnum ríkissjóðs eru beinu skattarnir og þá ekki hvað síst tekjuskattur einstaklinga og félaga. Í fjárlagaræðu sinni boðaði hæstv. fjmrh. að samfara afgreiðslu fjárlaga nú yrðu afgreidd ný tekjuskattslög, og í framhaldi af þessari yfirlýsingu var sett n. þm. með aðild stjórnarandstöðunnar til þess að fjalla um till. þar um. Þegar þetta er mælt, aðeins nokkrum dögum áður en fjárlög eiga að koma til endanlegrar afgreiðslu á Alþ., hefur enn ekkert bólað á þessu frv. Engar efndir hafa enn orðið á loforðunum frá í haust, frekar en efndir hafi orðið á loforðunum um framlagningu lánsfjáráætlunar og ákvæðum laga um framlagningu starfsmannaskrár ríkisins. Og það sem meira er, enn hafa engir afgreiðslufundir verið haldnir í skattalaganefnd þeirri sem stjórnarandstaðan á fulltrúa í og átti einmitt að fjalla um hugmyndir ríkisstj. um breyt. á tekjuskattslögunum. Tvívegis hefur hæstv. ríkisstj. sent fulltrúum stjórnarandstöðunnar í þessari n. lauslegar hugmyndir, ekki sjálfrar sín, heldur ákveðins embættismanns, um hvernig þessari endurskoðun ætti að haga, en fulltrúum stjórnarandstöðunnar í þessari n. hefur ekkert tækifæri verið gefið til þess að láta í ljós skoðanir sínar á þessum hugmyndum né heldur til þess að hlýða á skoðanir stjórnarliða.

Eftir því sem næst verður komist hafa stjórnarflokkarnir enn ekki gert upp hug sinn til þessarar endrskoðunar tekjuskattslaganna, enga heildarstefnu getað mótað. Einu fregnirnar, sem farið hafa af þessum málum hér í sölum Alþ., eru þær, að háværar deilur séu uppi í þingflokkum stjórnarliða, bæði milli þingflokka og einstakra stjórnarsinna, um þær hugmyndir sem fram hafa verið lagðar, og menn þar skipst á um að hafna megindráttum ýmissa framkominna hugmynda, m. a. sumum þeim hugmyndum sem sjálfur hæstv. fjmrh. hefur sett fram sem sínar í ræðum hér á Alþ. og boðað að mundu verða inntak þessarar skattalagabreytingar. Þetta mun vera ástæða þess að nú fyrir nokkrum dögum fékkst hæstv. forsrh. alls ekki til þess að gefa nein afdráttarlaus fyrirheit um að stjórnarfrv. um breyt. á tekjuskattslögunum yrði sýnt á Alþ. fyrir jól. Ríkisstj. hefur sem sé ekki getað mótað sér stefnu í þessu máli frekar en öðrum og stendur nú við 2. umr. fjárlaga frammi fyrir Alþ. stefnu- og skoðanalaus, ber að því að hafa ekki getað efnt þau fyrirheit um afgreiðslu mála sem hún gaf Alþ. á fyrstu starfsdögum þingsins í haust og hefur þráfaldlega endurtekið síðan.

Þannig hefur sjálf undirstaða fjárlagagerðarinnar, öflun teknanna, enn ekki verið fundin, og þegar jafnframt er litið til þess að veigamiklum málaflokkum hefur enn að engu verið sinnt, vegáætlunin er óframkomin og lánsfjáráætlun hefur ekki séð dagsins ljós, þá er ljóst að sú afgreiðsla, sem hér á að fara fram, er út í hött. Slík afgreiðsla hlýtur að vera ómerk eins og þau fjárl. verða ómark sem þannig á að afgreiða, og er það raunar í fullu samræmi við afgreiðslumáta hæstv. ríkisstj. á fjárlögum áranna 1975 og 1976, en eins og menn muna liðu í báðum þeim tilvikum ekki nema fáir mánuðir þar til sjálf ríkisstj. neyddist til þess að lýsa því yfir að nýsamþykkt fjárlög væru í raun réttri ekki þess pappírs virði sem þau voru skráð á.

En jafnvel þótt af þessum ástæðum sé harla tilgangslítið að ræða einstök atriði fjárlagafrv. eða frv. í heild fremur en gert er í nál. minni hl. fjvn., þá kemur þó fram í hvaða átt viðleitni ríkisstj. beinist við fjárlagagerð nú. Það dylst engum en það er afturhaldsstjórn sem situr við stjórnvöl þjóðarskútunnar, og það kemur fram í viðleitni ríkisstj. til fjárlagagerðar með sama hætti og í öðrum stjórnsýslutilburðum þessarar hæstv. ríkisstj. Í fjárlagafrv. koma þessi afturhaldssjónarmið fram einkum með þrennum hætti: Í fyrsta lagi á þann veg, að mjög er dregið úr fjárveitingum til félagslegrar samhjálpar og til málaflokka svo sem eins og tryggingamála, heilbrigðismála og menntamála, sem eru í raun

réttri tæki til tekju- og aðstöðujöfnunar. Í öðru lagi með þeim hætti, að skattbyrði er þyngd án þess að nokkur merki sjáist um að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að bæta úr því alvarlega misrétti sem ríkir í þessum málum og felst m.a. í því, að tekjuskatturinn er orðinn svo til einvörðungu launamannaskattur, með þeim afleiðingum að hækkun hans kemur fyrst og fremst niður á venjulegu launafólki. Í þriðja lagi birtist svo ásýnd íhaldsstjórnar í fjárlagagerðinni á þann veg, hvernig sú ríkisstj. í öllum aðgerðum sínum vinnur beinlínis gegn verkalýðshreyfingu í kjarabaráttu og ónýtir allan árangur frjálsrar samningsgerðar verkalýðshreyfingarinnar.

Þrátt fyrir miklar fórnir og harða kjarabaráttu undanfainna ára leiðir þessi stjórnarstefna til þess að launafólkið glatar ekki aðeins öllum ávinningi af frjálsri samningagerð, heldur mjög verulegum hluta til viðbótar. Þetta kemur m.a. glögglega fram ef litið er á nýjustu áætlanir um þróun verðlags og kaupgjalds á árinu 1976 sem Þjóðhagsstofnunin lét frá sér fara 7. des. s.l. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar um afkomu yfirstandandi árs kemur fram að ytri aðstæður okkar íslendinga hafa orðið okkur miklum mun hagstæðari en nokkur þorði að vona í upphafi ársins og langt fram eftir ári. Heildarframleiðsla sjávarafurða er þannig talin aukast um 4—5% frá fyrra ári. Verðmætisaukning útfluttra sjávarafurða mun verða miklum mun meiri en magnaukningin. Þannig var útflutningsverð sjávarafurða í nóvembermánuði s.l. um 52% hærra að meðaltali en á árinu 1975, og að meðaltali yfir árið nemur verðhækkun útfluttra sjávarafurða um 35%. Sömu eða svipaða sögu er að segja af öðrum útflutningi. Á árinu 1976 er ráð fyrir því gert að útflutningurinn aukist um tæplega 7% frá árinu áður, og er þá átt við heildarútflutning, og meðalverðhækkun útflutningsframleiðslunnar verði um 33%. Þannig hefur árið 1976 reynst okkur hagkvæmara hvað þessar ytri aðstæður varðar en ráð var fyrir gert. Skyldu menn því ætla að svigrúm hefði gefist til þess að bæta launþegum upp stöðugt rýrnandi tekjur, og það svigrúm var vissulega fyrir hendi ef ekki hefðu komið til hvort tveggja: aðgerðir og aðgerðarleysi hæstv. ríkisstj. — aðgerðarleysi þar sem aðgerða var þörf, t.d. á sviði stjórnunar, og aðgerða, svo sem eins og beinna kauplækkunaraðgerða á öðrum sviðum í stað þess að reyna að styðja að traustum kaupmætti launa. Í upphafi ársins 1976 var svo komið að kaupmáttur kauptaxta hafði að meðaltali rýrnað um 3% frá árinu áður, og mætti ætla af framansögðu að samfara ört hækkandi útflutningstekjum á yfirstandandi ári hefði a.m.k. átt að vera unnt að bæta launafólki þessa kauprýrnun upp á árinu, og það hefði sjálfsagt verið gert ef vinveittari ríkisstjórn hefði setið að völdum. En því fer fjarri að svo hafi orðið. Þvert á móti áætlar Þjóðhagsstofnunin að á árinu 1976 hafi kaupmáttur kauptaxta haldið áfram að rýrna og verði að meðaltali á þessu ári um það bil 4% minni en hann var í fyrra. Þannig hefur verið haldið á málum af þeim sem með völdin fara, að þrátt fyrir ákvæði frjálsra kjarasamninga um nokkrar kauphækkanir verkafólki til handa og þrátt fyrir mun meiri bæði magn- og verðmætisaukningu útflutningsframleiðslu en bjartsýnustu menn þorðu að vona, þá er það staðreynd að á yfirstandandi ári hefur kaupmáttur kauptaxta verkafólks enn haldið áfram að rýrna, og þótt menn hafi reynt að bæta sér það upp á árinu með því að vinna meiri eftir-, nætur- og helgidagavinnu en árið áður og lagt með því á sig meira erfiði en þekkist í nokkru nálægu landi, þá hefur sú vinnuþrælkun ekki heldur nægt til þess að vinna gegn kaupskerðingarráðstöfunum ríkisstj., því nýjustu spár segja að þrátt fyrir þessar auknu atvinnutekjur vegna aukinnar eftir-, nætur- og helgidagavinnu verði kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna um 1% minni í ár en hann var að meðaltali í fyrra.

Að sjálfsögðu munu ríkisstjórnarflokkarnir hafa uppi margs konar afsakanir fyrir þessari þróun, m.a. þá viðbáru, sem stöðugt hefur klingt í eyrum okkar íslendinga á undanförnum árum þegar þessi mál hafa verið á dagskrá, að við þessa þróun verði ekki ráðið þar eð verðbólgan, meginkjaraskerðingarvaldurinn, sé af erlendum rótum runnin og eigi sé unnt fyrir íslensk stjórnvöld að hafa nema mjög takmarkaða stjórn þar á. En þessi viðbára er röng, og hún er meira röng nú en oftast áður. Hækkun framfærsluvísitölu á árinu 1976 nemur að vísu 32—33% samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, en í athugasemdum stofnunarinnar segir einnig orðrétt, með leyfi forseta: „Í ár á verðhækkun innflutnings hins vegar fremur litinn þátt í heildarverðhækkuninni.“ Hækkun framfærsluvísitölunnar, verðbólguskriðan, er að áliti Þjóðhagsstofnunarinnar sjálfrar sem sé mestmegnis af innlendum rótum runnin. Verðbólgan er að meginhluta til heimasmíðuð, kaupmáttarrýrnunin afleiðing af innlendum ákvörðunum, en ekki innflutt vandamál. Og þetta veit hver og einn launþegi. Einhvers staðar stendur að heimskt er heimaalið barn og það er nú svo að flest fólk á Íslandi hefur einhvern tíma getað veitt sér það að fara til annarra landa — og hvað sér fólk þar? Það kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að þótt það fari í heimsókn til landa þar sem greitt tímakaup er allt að tvöfalt hærra en hér á Íslandi, þá eru brýnustu lífsnauðsynjar þar, svo sem matvara, tvöfalt til þrefalt ódýrari heldur en hér. Þetta veit hver einasti maður, hver einasta húsmóðir í þessu landi, og þetta álit er staðfest af Þjóðhagsstofnuninni vegna þess að verðbólgan — með hennar orðum — er fyrst og fremst af innlendum rótum runnin. Það er hin mikla verðhækkun á allra brýnustu lífsnauðsynjum, eins og t.d. matvöru, sem hefur verið að sprengja utan af sér öll bönd.

Ekki veit ég hvort nokkur íslendingur gerir sér enn vonir um að hæstv. ríkisstjórn muni eiga eftir að taka sig á og bæta launþegum eitthvað upp þær kjaraskerðingar sem hér hafa verið raktar. En hafi einhver slíkur fyrirfundist, þá hlýtur sá hinn sami að verða fyrir miklum vonbrigðum ef hann athugar þær forsendur í kauplagsmálum sem núv. fjárlagagerð hæstv. ríkisstj. er reist á. Þrátt fyrir háværar kröfur Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og annarra launþegasamtaka um kjarabætur, þar sem glögglega kemur fram að þolinmæði launafólks er þrotin og vinnandi fólk

vill ekki lengur sætta sig við þann hlut sem hæstv. ríkisstj. hefur búið því, þá gerist ríkisstj. nú svo djörf í athugasemdum og forsendum fjárlagafrv. að boða það að engar kauphækkanir verði leyfðar á næsta ári umfram það sem þegar hefur verið samið um af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna. Á þessari forsendu er núverandi fjárlagagerð reist. Það er beinlínis gengið út frá því að almennar kaupbreytingar á næsta ári, þar með taldar greiðslur vísitölubóta, verði ekki meiri en ákveðið er í gildandi samningum opinberra starfsmanna. Þessi yfirlýsing ríkisstj. sem fjárlagagerðin er byggð á, er, eins og nú er málum komið, ekki framrétt hönd, heldur krepptur hnefi, því að þetta er hótun til allra þeirra launþega sem standa í kjarabaráttu á komandi ári — hótun: Hingað og ekki lengra. Við munum leyfa ykkur að fá kauphækkun til að samsvara því sem opinberir starfsmenn hafa þegar samið um, meira fáið þið ekki. Á þessari yfirlýsingu er fjárlagagerð hæstv. *ríkisstj. reist.*

Hvað þýðir þetta sýnishorn af örlæti og hjartagæsku fhaldsstjórnarinnar? Það merkir að í besta falli gætu launþegar átt von á rösklega 3% kaupmáttaraukningu heildartekna á næsta ári og þá því aðeins að tekjur þeirra af aukavinnu verði a. m. k. ekki lægri hlutfallslega en í ár, þ. e. a. s. með því móti að menn vinni eins og orkan framast leyfir. Og þá hefur ekki heldur verið tekið tillit til ráðgerðrar aukningar á skattbyrði sem boðuð er í fjárlagafrv. og ég mun koma að síðar. Það á sem sé ekki einu sinni að skila aftur því sem kaupmátturinn rýrnaði um á yfirstandandi ári og það þótt því sé spáð að þjóðartekjur muni aukast um 3% á árinu 1977, útflutningsverðmæti sjávarafurða verði að meðaltali 11% hærra á næsta ári heldur en það hefur verið í ár, álframleiðsla aukist um 10—11% og heimsmarkaðsverð á áli hækki um 12%, mikil gróska, eins og orðrétt er sagt, verði í útflutningi annarrar iðnaðarvöru og gjaldeyrisverðmæti útflutningsframleiðslunnar hækki í heild um a. m. k. 13%.

Að fengnum þessum forsendum gerir núv. hæstv. ríkisstj. fjárl. sem reist eru á þeirri forsendu að launþegar eigi á næsta ári aðeins að fá í sinn hlut mjög óverulegar kjarabætur sem ekki einu sinni nægja til að bæta þeim upp kjaraskerðingu yfirstandandi árs. Þessi hótun, því að þetta er hótun um að allar frekari kauphækkanir verði teknar með valdboði af launastéttum þessa lands, er ekki aðeins móðgun við verkafólk og verkalýðshreyfingu, heldur einnig til vitnis um heimskulega blindu hinna ráðandi afla í þessu landi sem nú standa augliti til auglitis við verkalýðshreyfingu, sem er að búa sig *til sóknarstyrjaldar, og gera sér ekki grein fyrir* því að með slíkri framkomu er ríkisstj. sjálf að safna glóðum elds að höfði sér. En e. t. v. er til þess ætlast af hæstv. ríkisstj. að þetta eigi ekki að taka alvarlegar en annað í fjárlögum hennar, þetta sé líka ómark eins og fjárlögin eru ómark. En hugurinn á bak við leynir sér ekki. Það dylst engum hver viðleitnin er.

Eitt af því, sem forustuflokkur núv. ríkisstj., Sjálfstfl., hefur í ályktunum á landsfundum og flokksráðstefnum hvað oftast gagnrýnt, hefur verið það sem hann nefnir útþenslu ríkisbáknsins. Flokkurinn hefur í þessum orðum og ályktunum boðað sparnað í rekstri, samdrátt í opinberum framkvæmdum og nauðsyn á því að skattar verði lækkaðir til þess að fólk fái frekar að vera sjálfs sín ráðandi, eins og það er látið heita. Eitt eru orð og annað gerðir, og það er að sjálfsögðu af gerðunum sem dæma á ríkisstjórnir og *þingmeirihluta. Staðreyndin er nefnilega sú,* að aðeins á einu þessara sviða hefur nokkuð þokað í átt Sjálfstæðisstefnunnar, en það er í sambandi við samdrátt á opinberum framkvæmdum í fjárlögum. Við 1. umr. fjárlaga nefndi ég nokkrar tölur þar um sem ég ætla ekki að endurtaka nú, en þær *sýndu fram á það,* sem raunar er í augu stingandi, að í tíð núv. ríkisstj. hefur sá hluti fjárveitinga á fjárlögum, sem varið er til framkvæmda sem skilja eiga eitthvað eftir sig, stöðugt farið minnkandi hlutfallslega þar sem aftur á móti rekstrarútgjöld ríkissjóðs *og ríkisstofnana hafa farið hraðvaxandi. Þó ber* þess að sjálfsögðu að geta, að fjárlög eru ekki lengur einhlítur mælikvarði á framkvæmdafjárveitingar þar sem í sívaxandi mæli hefur verið farið út á þá braut að vinna að slíkum sérstökum framkvæmdum utan fjárlaga og þá fyrst og fremst fyrir erlent lánsfé, og er sá *málaflokkur* raunar sérstakur kafli út af fyrir sig þar sem landsmenn hafa t. d. verið látnir hlaða upp gengistryggðum skuldum hjá erlendum lánastofnunum, m. a. til þess að kosta framkvæmdaræv*intýri* eins og við Kröflu þar sem verið er *að virkja upp á von og óvon eða öllu heldur* misjafnlega mikla óvon, með þeim afleiðingum að þó að allt fari á besta hugsanlegan veg, þá benda allar líkur til þess að hvorki sé unnt að afla markaðar fyrir raforkuna né heldur að bjóða hana á samkeppnisfæru verði í stað innfluttra *orkugjafa nema með miklum álögum á landsmenn.* Á sama tíma og þannig er staðið að framkvæmdum til sérstakra verkefna utan fjárlaga eru hin hefðbundnu framkvæmdaverkefni, sem á fjárlögum eru, svo gróflega vanrækt að sú vanræksla stendur atvinnulífi og atvinnumöguleikum landsmanna *breinlega fyrir þrifum.* Má þar t. d. nefna ástand fiskihafna víðs vegar um land og hvernig núv. hæstv. ríkisstj. hefur með öllu vanrækt uppbyggingu þeirra.

Ástandið í hafnarmálum margra útgerðarstaða, sem standa raunar undir gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, er nú svo komið að þau fiskiskip, sem þar eiga að leggja upp afla og eru eign heimamanna, geta vart eða ekki athafnað sig. Á hverju ári verða mjög veruleg tjón á fiskiskipum í höfnum vegna ófullnægjandi aðstöðu. Jafnvel verkefni, sem mundu borga sig upp á skömmum tíma, eru látin sitja á hakanum. Meðan verið er að gera tilraunir út og suður að litt eða ekki athuguðu máli fyrir þúsundir milljóna í erlendu lánsfé er hinum hefðbundnu atvinnuvegum ekki sinnt þó að fyrir liggi að þær framkvæmdir, sem þar yrði ráðist í, mundu endurgreiða sig á fáum árum. Eitt slíkt erindi liggur nú fyrir hæstv. ríkisstj.: beiðni eins af stærstu útgerðarstöðum þessa lands um tiltölulega litla fjárhagsaðstoð sem mundi skila sér aftur inn í þjóðarbúið á einu

til tveimur árum. Þetta erindi hefur enn enga afgreiðslu fengið og mun því miður líklega enga afgreiðslu fá.

En á sama tíma og þetta er gert er hæstv. ríkisstj. að leika sér með fé landsmanna norður við Kröflu og gerir sér svo lítið fyrir og sækir einhvern Nasreddin út fyrir landssteinana til þess að prédika yfir landsmönnum hvernig eigi að selja íslenska raforku til útlanda með viðkomu í gervihnöttum eða jafnvel á sjálfu tunglinu. Bræðurnir frá Bakka reyndu að bera ljós í hús sín í fötu. Nú þykja fötur heldur ómerkileg ílát á vorum dögum. Nú vill hæstv. ríkisstj. ausa ljósi með gervihnöttum og bjóða útlendingum. Og þetta heita víst á hennar máli framfarir. Á sama tíma og íslenskir ráðamenn íklæðast þessu Bakkabræðragervi er heilum landshlutum settur stóllinn fyrir dyrnar með uppbyggingu atvinnulífs. Sveitarfélög stynja undan skuldabyrðum vegna hafnarframkvæmda og geta af þeim sökum ekki veitt íbúum sínum neina þá þjónustu sem á þéttbýlissvæðunum er talin sjálfsögð og eðlileg.

Því var heitið, a. m. k. voru menn látnir standa í þeirri trú, að þegar sérstökum framkvæmdum vegna landshafna væri lokið — og þeim átti að vera lokið á árinu 1977 — yrði álíka mikið fé og til þeirra hefur verið varið veitt til framkvæmda í öðrum höfnum sem um langt árabil hafa beðið álengdar. Í samræmi við þetta voru fjárlagatillögur Hafnamálastofnunarinnar gerðar svo og beiðnir sveitarfélaga. En ekkert af þessum fyrirheitum hefur gengið eftir. Framkvæmdir við landshafnir eiga að vísu að lækka úr 460 millj. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs og niður í röskar 100 millj., en aðrar hafnir hafa ekki fengið að njóta þessarar tilfærslu, eins og þó var látið í veðri vaka. Þvert á móti voru till. Hafnamálastofnunarinnar, sem miðuðust við slíkar tilfærslur, skornar niður, og eins og fram var tekið af frsm. minni hl. fjvn. áðan vantar nú 112% upp á það að framkvæmdafé til hafnamála 1977 samsvari framkvæmdafé til hafnamála 1976. Gagnvart þessari stöðu er fyllilega orðið tímabært að taka í notkun heimild hafnalaga um 90% greiðsluþátttöku ríkissjóðs, a. m. k. varðandi þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til þess að afstýra tjóni eða til þess að nýta þau atvinnutæki sem til eru á viðkomandi stöðum, og þá að mínu viti að verða eitthvert mikilvægasta baráttumál þm. þeirra staða sem byggja allt sitt á sjávarfangi.

Ég minntist áðan með nokkrum orðum á þá staðreynd, að þrátt fyrir mörg orð forustuflokks núv. ríkisstj. um að nauðsynlegt væri að draga úr skattaálögum hafa aðgerðir þeirrar ríkisstj., sem þessi flokkur veitir forustu, beinst í þveröfuga átt. Sá mælikvarði, sem Þjóðhagsstofnunin telur hentugastan til að meta umsvif hins opinbera í þjóðarbúskapnum, eru skattekjur hins opinbera sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Sé þetta hlutfall reiknað út kemur í ljós að þveröfugt við boðaða stefnu forustuflokks ríkisstj., hins ötula málsvara einkaframtaksins og að eigin sögn hins áhugasama andstæðings útbenslu ríkiskerfisins, þá hafa skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu aldrei verið meiri en í valdatíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Á árunum 1950—1954 voru heildarskatttekjurnar 23.4% af vergri þjóðarframleiðslu þeirra ára. Á árum vinstri stjórnarinnar 1971—1974 nam hlutfall heildarskatttekna af vergri þjóðarframleiðslu að meðaltali 31.8%. Á árinu 1975, fyrsta heila valdaári núv. ríkisstj., hafði hlutfall þetta hækkað úr 31.8% upp í 34.8%. Í ár er áætlað að hlutfallið hækki enn og komist upp í 36.1%. Og á næsta ári er enn áætlað að þetta skattahlutfall verði a. m. k. 36.1%. Þannig hafa skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, sá mælikvarði sem Þjóðhagsstofnunin telur hinn réttasta til þess að meta umsvif hins opinbera í þjóðarbúskapnum, aldrei verið meiri en nú og hafa þessi umsvif aukist um 4.3% í valdatíð svokallaðrar frjálshyggjustjórnar, ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Ætli þetta komi ekki ýmsum málsvörum einkaframtaksins og stuðningsmönnum þessarar hæstv. ríkisstj. nokkuð á óvart? A. m. k. hygg ég, að þetta komi hv. þm. Albert Guðmundssyni nokkuð á óvart, en hann er í raun réttri víst ekki lengur nema með hálfan fótinn inni í stjórnarherbúðunum og varla það.

Vissulega mætti segja, að við alþfl.-menn og aðrir vinstri menn þyrftum ekki að kvarta yfir þessu þar sem það væri ekki okkar stefna að draga úr umsvifum hins opinbera. Það má vera rétt út af fyrir sig að sú er ekki okkar stefna, heldur stefna Sjálfstfl., a. m. k. ef marka má orð hans, en ekki gerðir. En það er hvorki stefna okkar né annarra að hið opinbera hafi umsvif umsvifanna vegna, heldur hitt, að þau umsvif séu með ákveðnum hætti og þau auknu umsvif, sem af hækkun skattbyrðar hefur leitt, eru fyrst og fremst fólgin í gífurlega auknum rekstrarútgjöldum hins opinbera, eins og gerst kemur fram í fjárlögum núv. hæstv. ríkisstj. frá upphafi, ásamt með vanhugsuðum fjárfrekum framkvæmdum. En jafnframt á sér stað samdráttur í fjárframlögum til félagslegra málefna og samfélagslegra þarfa.

Það eru vissulega engin ný tíðindi fyrir launafólk að skattaálögur hafi farið vaxandi í tíð núv. ríkisstj. Söluskattur hefur verið hækkaður. Nýr tekjustofn, vörugjald, hefur verið fundinn upp, og hefur það ekki aðeins leitt til aukinna skatttekna fyrir ríkissjóð, heldur einnig til aukinna tekna heildsala og smásala þar sem hæstv. ríkisstj. hefur heimilað verslunarálagningu á vörugjaldið. En það eru ekki aðeins óbeinu skattarnir sem farið hafa hlutfallslega hækkandi í tíð núv. hæstv. ríkisstj., heldur einnig beinu skattarnir. Þetta kemur t. d. ljóslega fram í ritinu Úr þjóðarbúskapnum sem Þjóðhagsstofnun gaf út 7. des. s. l., en þar segir að beinir skattar hafi á s. l. ári hækkað meira en nam hækkun brúttótekna, þrátt fyrir það að launþegar hafi almennt aukið mjög við sig yfirvinnu á s. l. ári og þar með borið úr býtum hlutfallslega meiri launatekjur en á árinu þar á undan þótt kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi minnkað, eins og áður sagði. Og í fjárlagafrv., eins og það er nú úr garði gert, er stefnt að enn aukinni skattbyrði fram yfir þetta, — aukinni skattbyrði bæði beinna og óbeinna skatta. Þannig er til þess ætlast að 18% vörugjaldið standi út allt næsta ár þar sem það var hins vegar aðeins

innheimt svo hátt hluta yfirstandandi árs. Sú fjárhæð, sem tollar eiga að lækka um samkv. tollskrárfrv. nýja, á ekki heldur að koma skattborgurum til góða, heldur er ráð fyrir því gert í aths. frv., eins og ég sagði áðan, að þess fjár verði aflað með öðrum hætti, annarri skatthеimtu, þótt ekki sé sagt hverri. Og verði ekki breyting til hækkunar gerð á skattvísitölu frá því, sem hún er áætluð í fjárlagafrv., mun skattbyrði beinna skatta einnig hækka. Í frv. er lagt til að skattvísitalan árið 1977 verði hækkuð um 26.5% miðað við skattvísitölu yfirstandandi árs, og merkir það að gert er ráð fyrir hækkun heildartekna skattgreiðenda um 26.5% á yfirstandandi ári, ef gengið væri út frá því að óbreyttri skattbyrði verði haldið. En nú munu atvinnutekjur samkv. nýjustu skrám Þjóðhagsstofnunarinnar á yfirstandandi ári ekki hækka um 26.5%, heldur um 32—33%, vegna mikillar aukningar á eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu.

Þegar tekið er tillit til þessa og höfð hliðsjón af hækkun skattvísitölunnar, eins og lagt er til að hún verði í frv. frá hendi hæstv. ríkisstj., merkir það að á næsta ári á að taka hærri hlut hlutfallslega af atvinnutekjum manna til ríkisins með tekjuskattsheimtu en gert var á síðasta ári. Er áætlað að sá hluti atvinnutekna, sem þannig er ráðgert að taka í tekjusköttum umfram það sem gera ætti ef skattvísitalan væri látin fylgja hækkun atvinnutekna muni nema um 200 millj. kr. Það á sem sé samkv. fjárlagafrv., eins og það er orðað, að auka skattbyrði launafólksins, sem greiðir tekjuskatta, um hvorki meira né minna en 200 millj. kr. á næsta ári hlutfallslega. Nú er vitað að tekjuskatturinn er fyrst og fremst launamannaskattur. Mörg stærstu fyrirtæki landsmanna borga engan tekjuskatt og hartnær helmingur þeirra eða um 45% þeirra einstaklinga, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, borga engan tekjuskatt heldur. Því er hér um að ræða, ef þessar fyrirætlanir ná fram að ganga, eina byrðina enn ofan á allar hinar sem á að leggja á bök almenns launafólks í landinu.

Í ljósi alls þessa er beinlínis um að ræða vítavert hneyksli þegar ríkisstj. heykist á því að efna það loforð sitt að afgr. jafnhliða fjárlögum ný tekjuskattslög í þeim anda að jafna skattbyrðunum réttlátlegar niður en nú er gert. Við alþfl.-menn höfum nú á þremur þingum lagt fram till. okkar um ítarlegar kerfisbreytingar í skattamálum í því skyni að gera skatthеimtuna réttláta og einfalda. Á sama tíma hefur hæstv. ríkisstj. ekkert haft til málanna að leggja og hefur ekki enn. Hún viðurkennir að skattakerfið og þá sérstaklega tekjuskattskerfið sé óréttlátt og þarfnist umbóta, en hún getur ekki komið sér saman um hvað gera skal. Það eina, sem hún hefur náð samstöðu um, er að innleiða nýja skattstofna og hækka þá eldri, eins og varðandi vörugjaldið og hækkun söluskattsins. En á sama tíma og þetta hefur gerst, skattbyrði beinna og óbeinna skatta verið að þyngjast, hefur ríkissjóður jafnframt varið minna og minna fé til þess að jafna tekjur og aðstöðu þjóðfélagsþegnanna, t. d. með tekjutilfærslu á sviði tryggingamála og með niðurgreiðslum á vöruverði innanlands. Á sama tíma og heildarskatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu hafa hækkað frá meðaltali áranna 1960—1964 úr 27.4 í 36.1% á yfirstandandi ári hafa bætur lífeyristrygginga og niðurgreiðslur vegnar á sömu vog lækkað úr 7.1% í 5.8%, og er spáð að þær muni enn fara lækkandi á árinu 1977, enda er aðbúnaður lífeyrisþega orðinn okkur til hreinnar vanvirðu og lífeyrir sá, sem þeim er ætlaður, nægir ekki lengur til sómasamlegs fæðis og klæða, hvað þá til annarra þeirra þarfa sem taldar eru frumþarfir í nútímaþjóðfélagi.

Sömu sögu er að segja af öðrum skyldum málaflokkum, svo sem heilbrigðismálum, en þar er, eins og lýst var hér áðan, vandi sjúkratryggingakerfisins enn óleystur og verður ekki betur séð en ríkisstj. hugsi sér að leysa hann a. m. k. að hluta til á kostnað hinna sjúku með því að auka enn hlutdeild þeirra í lyfjakostnaði og kostnaði við sérfræðiþjónustu. Sama mynd blasir einnig við ef litið er til menntamála, en skóla- og fræðslumál eru mikilvæg tæki til tekju- og aðstöðujöfnunar. Fyrir nokkrum árum, þegar Alþfl. lét af stjórn menntamála, hafði stjórn hans á þeim málaflokki borið þann árangur að útgjöld til menntamála í hlutfalli af þjóðarframleiðslu höfðu aukist svo, að Ísland var í slíkum samanburði við önnur vestræn lönd komið úr hinum neðstu sætum í hin allra efstu. En síðan Alþfl. lét af stjórn þessa málaflokks höfum við í þessum samanburði stöðugt verið á niðurleið og verðum enn.

Þannig má halda áfram að telja upp einn félagslegan þáttinn á fætur öðrum þar sem ekki hefur aðeins verið um að ræða stöðnun, heldur hreina og beina afturför, og heldur því enn áfram í þeim fjárlögum, sem nú á að afgreiða. Ekki skortir þó að hæstv. ríkisstj. hafi haft talsvert fé handa á milli til að ráðstafa eins og henni hefur sýnst best. Auk þeirra hlutfallslega stórauknu skatttekna, sem áður voru raktar, hafa síðustu tvær ríkisstj. verið allsendis ófeimnar við að sækja sér innlend og erlend lán, og þá ekki aðeins lán til framkvæmda, þarfra og óþarfra, heldur til hreinnar eyðslu, hrein neyslulán. Þannig hefur ríkissjóður hlaðið upp skuldum á reikningi sínum í Seðlabankanum með þeim afleiðingum að áhöld eru orðin um hver í raun réttri stjórni ríkisfjármálunum, ríkisstj. og þingmeirihl. hennar eða bankastjórn Seðlabanka Íslands. Þá hefur verið leitað til þjóðarinnar sjálfrar með hverju útboðinu á fætur öðru á verðtryggðum ríkisskuldabréfum og happdrættislánabréfum þar sem hið opinbera hefur sótt sér fé gegn allt að 55—60% raunvöxtum á ári, og má nú svo heita að ríkissjóður Íslands sé orðinn stórskuldugur við hvert einasta mannsbarn á landinu eða svo til. Þá hefur óspart verið gengið í allar erlendar lánastofnanir sem fengist hafa til að lána landi voru fé. Svo ákaft hefur verið í þessar lánastofnanir sótt að á undangengnum tveim árum hafa erlendar lántökur verið tvöfalt meiri en á árum vinstri stjórnarinnar, og var þó talið á sínum tíma að hún hefði sett það met í óráðsíu sem seint yrði slegið. En það hefur sem sé verið slegið nú og ekki einu sinni, heldur tvíslegið. Er nú svo komið að jafnvel þótt verðlag á útflutningsafurðum okkar hafi

hækkað mjög mikið og mjög óvænt á því ári sem nú er að líða, mun greiðslubyrði af erlendum skuldum nema 17% af útflutningstekjum okkar í ár og hefur aldrei verið meiri. Er talið að jafnvel þótt verulega dragi úr erlendum lántökum á næstunni muni greiðslubyrðin í hlutfalli af útflutningstekjum enn halda áfram að vaxa og stefni í það að fimmta eða jafnvel fjórða hver króna, sem við Íslendingar fáum í tekjur af útflutningi okkar, muni fara beint til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum skuldum, og það jafnvel þótt útflutningstekjur okkar haldi áfram að vaxa hér eftir í líku hlutfalli og hingað til. Má þá nærri geta hver staðan verður ef svo skyldi takast til, sem við að sjálfsögðu vonum allir að ekki gerist, en höfum þó sára og bitra reynslu af að getur gerst fyrirvaralaust, að verðlag á útflutningsafurðum okkar falli á erlendum mörkuðum eða sjávarafli, undirstaða efnahagslífs okkar, dragist verulega saman.

Boginn hefur í þessum lántökum innanlands og utan verið spenntur meira en nokkur skynsemi er í, og afleiðingin getur orðið sú, að við hreinlega glötum efnahagslegu sjálfsforræði, eins og orðið hefur hlutskipti ýmissa annarra smáþjóða sem ekki hafa kunnað fótum sínum forráð. Þar sem svo mikið er í veði og í ljósi þeirra viðvarana, sem komið hafa frá okkar helstu sérfræðingum á sviði fiskveiða um ásigkomulag þeirrar auðlindar sem er grundvöllur alls efnahagslífs þjóðarinnar, er sú áhætta, sem tekin er með slíkri stjórnarstefnu, svo glórulaust ábyrgðarleysi að engin orð ná þar yfir. Innkomið erlent lánsfé mun þannig á þessu ári nema um 20 000 millj. kr. og afborganir af slíkum lánum munu hækka úr 6.7 milljörðum kr. á árinu 1975 í 8.4 milljarða kr. nú, og þó lausafjáráætlun sú, sem lofað var að leggja fram um miðjan s. l. mánuð, sé enn ekki komin fram er þó vitað að áfram á að halda á þessari sömu braut og bæta ofan á skuldabaggann upphæð sem að öllum líkindum verður ekki minni á næsta ári en 10—11 þús. millj. kr. í erlendum gjaldeyri.

Á þessum forsendum, sem ég hef hér lýst, er fjárlagagerð hæstv. ríkisstj. reist. Hér byggja menn ekki á sandi, heldur á kviksandi, og við þessar aðstæður er fjárlagafrv. tekið til 2. umr., ekki einu sinni hálfkarað, með alla tekjuhlið óvissa, með stóra og þýðingarmikla málaflokka óafgreidda, með allar hliðarráðstafanir og öll fylgifrv. og fylgimál óséð, með alla enda lausa. Við slíkar aðstæður er gersamlega marklaust og út í hött að ræða einstakar afgreiðslur fjvn. eða fara út í tölulegan samanburð á einstökum efnisþáttum sem hvorki eru hráir né soðnir, enda hef ég ekki gert það hér, heldur einskorðað mig við að ræða þá stefnu og þá viðleitni, sem þrátt fyrir allt má marka á vettlingatökum ráðlausrar og dáðlausrar ríkisstj., svo og það kviksyndi sem ríkisstj. reisir á stefnu sína og störf, gerð fjárlaga sem annað. Vissulega er það meira en eðlilegt að stjórnarandstaða spyrji sig hvort hún eigi á annað borð nokkurn þátt að taka í afgreiðslu slíkra mála eða slíkri afgreiðslu mála. Við höfum litla trú á því að á þeim skamma tíma, sem fram undan er, muni ríkisstj. efna þau loforð sem hún hefur þegar gefið um hvaða hátt hún muni hafa á afgreiðslu fjárlaga, hvað þá að hún sé í stakkinn búin til að gera annað og meira sem gera þarf. En þrátt fyrir það höfum við alþfl.-menn tekið þá ákvörðun að taka þátt í afgreiðslu við þessa umr., m. a. með tillöguflutningi um nokkur einstök málefni, þótt við gerum okkur fyllilega ljóst að sá tillöguflutningur sé alls ekki tæmandi og muni ekki heldur geta áorkað því að breyta fjárlagafrv. í heild eða stefnunni, sem með því er mörkuð, mjög til betri vegar.

Við alþfl.-menn munum hins vegar taka þessa afstöðu okkar til nýrrar skoðunar fyrir 3. umr. fjárlaga í ljósi þess sem þá kann að vera fram komið eða fram komið ekki, og þá ekki aðeins hvað þá fjárlagaliði varðar sem ófrágengnir eru nú við 2. umr., heldur einnig hvað líður þeim fylgimálum, svo sem eins og lánsfjáráætlun og till. um breyt. á skattalögum, sem ríkisstj. hét á sínum tíma að leggja fram og afgr. samhliða afgreiðslu fjárlaga, en enginn hefur enn séð tangur eða tetur af. Það fer eftir því hvernig hæstv. ríkisstj. og hv. þingmeirihl. hér á Alþ. stendur að þessum málum á næstu fáu dögum, sem eftir eru af starfstímabili þingsins fyrir jól, hvort við alþfl.-menn munum á annað borð nokkurn þátt taka í afgreiðslu þess fjárlagafrv. sem með þessum ósköpum er lagt fram.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hefur nokkuð borið á því að undanförnu að málgögn hæstv. ríkisstj. hafa látið í það skína að ríkisstj. hafi tekist tiltölulega vel upp í baráttunni gegn verðbólgu. Þetta hefur mátt sjá í málgögnum hæstv. ríkisstj., og eftir því mætti ætla að stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. væru tiltölulega ánægðir með árangurinn. Það er fróðlegt að glugga aðeins í skýrslur um þetta efni. Það liggur fyrir skýrsla um hækkun neysluvöruverðlags á síðustu 12 mánuðum, þ. e. a. s. frá ágúst 1975 til ágúst 1976, og þetta á við um OECD-löndin og þar kemur í ljós að verðbólguvöxtur hefur minnkað í þessum löndum um 40%, en á sama tíma hefur hann minnkað um 26% hér á landi.

Þá hefur einnig verið látið að því liggja að nokkuð öruggur bati hefði átt sér stað í viðskiptajöfnuði. Hallinn á árinu 1975 var um 20 milljarða kr., og menn eru að gera sér vonir um að hann verði um 8—10 milljörðum minni á árinu 1976.

Það er eðlilegt, þegar slíku er velt upp, að menn spyrji hverjar séu ástæður fyrir slíku, að menn eru bjartsýnni í spám nú heldur en verið hefur að undanförnu, og menn spyrja í áframhaldi af því: Er hér um að ræða bata vegna stefnu hæstv. ríkisstj. í peninga- og efnahagsmálum eða eru það utanaðkomandi áhrif sem hafa orðið þess valdandi að hér hefur orðið breyting á?

Í fyrsta lagi er það ljóst, að viðskiptakjör hafa batnað. Innflutningur skipa hefur minnkað um 2400 millj., innflutningur hráefnis til álvers hefur minnkað um tæplega 3 milljarða og útflutningur á eldri birgðum hefur aukist til júlíloka um rösklega 4 milljarða kr. Sem sagt, þessir þrír liðir: minnkandi innflutningur skipa, batnandi viðskiptakjör og vegna betri markaða varðandi álútflutning, þá nema þessir þrír liðir sam-

tals nokkuð svipaðri upphæð, þ. e. a. s. röskum 9 milljörðum kr., og talið er að viðskiptajöfnuður batni á árinu 1976. Það er því á engan hátt hægt að segja að þann bata, sem orðið hefur að þessu leyti, sé á nokkurn hátt hægt að rekja til stjórnvisku hæstv. ríkisstj. varðandi fjármál og efnahagsstefnu.

Í fyrrahaust, þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1976 var til umr. hér á Alþ., voru í grg. með því frv. boðaðar breytingar á lögum og reglum sem tryggja áttu verulega útgjaldalækkun á árinu 1976 miðað við það sem ella hefði orðið, og með því átti að gera kleift að framkvæma umtalsverða skattalækkun með niðurfellingu vörugjalds. Þetta voru að sjálfsögðu fögur fyrirheit og kærkomnar yfirlýsingar af hálfu hæstv. ríkisstj. með frv. til fjárlaga fyrir árið 1976 um að stefnt skyldi að því að fella niður hið illræmda vörugjald sem hæstv. ríkisstj. setti á. En það fór samt svo að það var ekki um það að ræða við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1976 að vörugjaldið væri í áföngum fellt niður, heldur var ljóst að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að ekki einungis að halda því vörugjaldi, sem fyrir var, heldur varð staðreyndin sú að það var hækkað úr 12% í 18%, eins og öllum er kunnugt.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1977, sem hér er til umr., er jafnstaðfastlega gert ráð fyrir því að 18% vörugjald haldist út árið eins og gert var ráð fyrir því að fella það niður í fjárlagafrv. fyrir árið 1976. Engu skal um það spáð hvort mál fara eins eða á svipaðan veg nú og þá gerðist, þ. e. a. s. þá var gefið fyrirheit um niðurfellingu gjaldsins, en efndirnar urðu þær að það var látið óbreytt standa og síðar hækkað. Nú eru gefin fyrirheit um að það skuli standa óbreytt 18%. Vonandi snýst þetta við þannig að það verði í reynd svo að hæstv. ríkisstj. sjái að sér og aflétti þessari mjög svo ranglátu skattheimtu sem hér er um að ræða.

Það þarf væntanlega ekki að rifja það upp hér hversu hv. þm. Sjálfstfl. sem stjórnarandstæðingar í tíð fyrrv. ríkisstj. gerðu harða hríð að þeirri stjórn, fyrst og fremst vegna þess að hún var að þeirra mati talin skattheimtustjórn hin versta og talin nýta alla færa möguleika til skattpíningar, eins og hv. þm. Sjálfstfl. orðuðu það oft og iðulega sem stjórnarandstæðingar. Það er því fróðlegt, þegar þessir hv. þm. Sjálfstfl. og nú Framsfl. eru búnir að halda um stjórnvölinn frá kosningum 1974, að íhuga aðeins hver hefur orðið þróun mála í sambandi við skattálagningu til ríkissjóðs, annars vegar miðað við árið 1974, þ. e. a. s. síðasta ár fyrrv. ríkisstj., og hins vegar árið 1976, þ. e. a. s. annað fjárlagaár hæstv. núv. ríkisstj. Ef þetta er skoðað, þá kemur í ljós að skattstofnar fjárlaga frá árinu 1974 til ársins 1976 hafa hækkað allríflega. Innflutningsgjöld hafa t. d. hækkað úr 8500 millj. í 15 500 millj. kr. Söluskattur hefur hækkað í skattheimtu til ríkissjóðs úr 7300 millj. í 23 300 millj. eða um 16 milljarða kr. á þessu tveggja ára tímabili. Tekjuskattur einstaklinga hefur hækkað úr 5800 millj. í 7200 millj. eða um 1400 millj. En tekjuskattur félaga hefur aðeins hækkað úr 922 millj. í 1070 millj. eða einungis um 148 millj. kr. Hækkun á skattstofnum fjárlaga annars vegar ársins 1974, síðasta árs vinstri stjórnarinnar, og hins vegar ársins 1976 hafa því hækkað um samtals 24 milljarða 400 millj. kr. á tveim árum. Þetta er allríflega hækkun, og ef litið er til þess sem sagt var af hálfu núv. stjórnarsinna, fyrst og fremst sjálfstæðisþm., í tíð fyrrv. ríkisstj., að hafi sú stjórn verið skattpíningarstjórn, hvaða heiti nær þá yfir það sem gerst hefur í valdatíð núv. ríkisstj. þann tiltölulega stutta tíma sem hún hefur þó setið að völdum?

Hér er nú til umr. þriðja fjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj. Í gegnum öll frv. og fjárlög núv. ríkisstj. hefur það gengið sem rauður þráður að fjárlög hafa hækkað langt umfram verðlags- og launahækkanir. Rekstrargjöld hafa farið sívaxandi og hækkað miklum mun meira en almennar verðlagshækkanir hafa gefið tilefni til, Raungildi framlaga til samfélagsins og framkvæmda á vegum ríkissjóðs og sveitarfélaga hefur stórlega minnkað. Og ef litið er á fjárlagafrv. fyrir árið 1977, þá er engu líkara en kjörorð hæstv. ríkisstj. sé að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977 skuli skattar af innflutningi og seldum vörum og þjónustu og vörugjaldi a. m. k. vera 45 000 millj. kr. hærri en á síðustu fjárlögum fyrrv. ríkisstj. Þetta liggur ljóst fyrir ef skoðaðar eru þessar tölur, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1977 blasir þessi mynd við: 45 000 millj. kr. meiri skattheimta að þessu leyti heldur en var fyrir tveim árum, í tíð fyrrv. ríkisstj.

Það hefur komið hér fram, og raunar þarf ekki að endurtaka það, að nú við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1977 eru svo margir þættir varðandi fjárlagagerðina óvissir að í raun og veru er sáralitla mynd hægt að gefa sér í sambandi við það hver reyndin verður við lokaafgreiðslu fjárlaga við 3. umr. Ég held að það sé rétt, sem fram kemur í upphafi nál. frá minni hl. fjvn., að afgreiðsla frv. í fjvn. til 2. umr., sem átti sér stað s. l. laugardag, hafi fyrst og fremst að forsendum til verið hversu skammur tími er þar til þinghlé verður gert nú fyrir jól, — ekki það að vinnan við endanlega gerð fjárlaga fyrir árið 1977 hafi verið komin á það stig að í raun og veru væri hægt að skila málum hér til 2. umr., heldur fyrst og fremst tímahrak. Er þetta því miður ekki í fyrsta skipti sem slíkt á sér stað. Það er engu líkara en núv. hv. stjórnarliðar ætli að fara að nota sem aðalreglu það sem gerðist á síðasta Alþ. þegar allt var í óefni komið varðandi afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1976.

Eins og einnig hefur komið fram, eru fjöldamargir málaflokkar sem eru óafgreiddir nú við 2. umr. fjárlagafrv. Þar er um að ræða tekjuáætlun, málefni Pósts og síma, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkusjóðs, héraðsskóla, Íþróttasjóðs, eftirlaunagreiðslur og skiptingu fjárveitinga til flugmála, ferjubryggjur og sjóvarnargarðar, auk þess lánsfjáráætlun, skattamálin, og svo mætti lengi telja. Í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1977 er tekið fram að lánsfjáráætlun fyrir árið 1977 muni verða lögð fram fyrir eða um miðjan nóv., í síðasta lagi um miðjan nóv. Nú er komið fram í miðjan des. og enn hefur ekkert sést af þessu plaggi frá hæstv. ríkisstj. Hið sama má segja um skattamálin. Í fjárlagaræðu sinni gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir því að hann mundi

leggja tiltölulega fljótlega fram hér á Alþ. frv. til l. um breyt. á tekjuskattslögum, þannig að hægt væri að afgr. þann málaflokk áður en jólaleyfi þm. hæfist. Enn hefur ekkert sést af þessu. Það kemur raunar ekki á óvart því að í fjárlagaræðu fyrir einu ári, við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1976, hafði hæstv. fjmrh. sömu orð að því er þetta varðar. Og þetta var endurtekið í umr. á Alþ. vorið 1976. Þá átti að liggja fyrir hv. Alþ. frv. til l. um breyt. á tekjuskattslögunum. Ekkert af þessu hefur gerst, og það er útséð um það nú að a.m.k. verða ekki afgr. ný tekjuskattslög áður en Alþ. fer í jólaleyfi.

Einn er sá þáttur sem gerð er grein fyrir í grg. fjárlagafrv. og víkur að heilbrigðisþjónustunni, en í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1977 segir um það mál m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hyggst koma breyttri skipan á fjármál og skiptingu kostnaðar af sjúkratryggingum sem hafi það meginmarkmið að samhæfa betur stjórnaraðild og fjárhagslega ábyrgð á heilbrigðisþjónustu í landinu. Í þessu frv. hefur verið stigið það skerf að áætlaður kostnaður af ríkisspítölunum er færður í A-hluta fjárlaga og er þá reiknað með því að ríkið kosti stofnanir þessar að öllu leyti. Hins vegar hefur í B-hluta verið reiknað með því að sveitarfélögin greiði hluta sinn af heildarkostnaði sjúkratrygginga samkv. gildandi reglum og jafnframt verði 1200 millj. kr. af kostnaðinum bornar af fjáröflun sem samsvari núv. 1% sjúkratryggingagjaldi af útsvarsstofni. Í frv. er ekki tekin afstaða til þess hvort þessi fjáröflun verði á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, enda hlýtur sú ákvörðun að bíða niðurstöðu viðræðna sem áformaðar eru um fjárhagslegt skipulag sjúkratrygginganna og skiptingu kostnaðar af þeim milli ríkis og sveitarfélaga. Þá virðist einnig brýnt í þessu sambandi að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í kostnaði af hinum ýmsu þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Áður en endanleg afgreiðsla fjárlagafrv. fer fram mun heilbr.- og trmrh. leggja fram till. um nauðsynlegar breytingar á tryggingalöggjöf sem tryggi fyrirhugaða nýskipan.“

Áður en endanleg afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1977 fer fram, — hér er nú verið að ræða þetta frv. við 2. umr. og ljóst er að það er aðeins ein vika eftir af starfstíma Alþ. áður en endanlega verður gengið frá fjárlögum fyrir árið 1977, og enn hefur ekkert sést af því sem hér er boðað í grg. með fjárlagafrv. Það liggur því í augum uppi að það er vart hægt að neinu marki að gera sér í raun og veru grein fyrir því með hverjum hætti hæstv. ríkisstj. ætlar sér að standa að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977 þegar svo margir eru óvissuþættir, stórir málaflokkar margir eru óleystir og liggja nú hjá fjvn. — og líklega fremur að segja hæstv. ríkisstj. til skoðunar, án þess að nokkur vissa sé fyrir því fengin á hvern hátt þetta á að leysast. Það er ljóst að nú í annað skiptið verður staðið þannig að afgreiðslu fjárlaga að óviðunandi verður að teljast. Þar er ekki um að sakast við fjvn. að mínu mati. Hér er fyrst og fremst hægt að sakast við hæstv. ríkisstj. því að það er hennar ákvörðun sem stendur á. Það liggja ekki fyrir neinar ákvarðanir varðandi þessa stóru málaflokka, hvernig með þá skuli farið.

Það væri freistandi að fara hér út í það að fjalla um ýmsa af þeim málaflokkum sem þegar hafa verið afgr. í fjvn. og ýmsir þeirra eru að sjálfsögðu mikilvægir fyrir framgang mála á árinu 1977. Ég skal þó reyna að vera ekki um of langorður í sambandi við það, en ég get þó ekki stillt mig um að fara hér um þá nokkrum orðum.

Það hefur nú svo til algjörlega hjaðnað allt tal hv. stjórnarþm. um stóreflda byggðastefnu í tíð núv. ríkisstj. Lengi vel eftir að núv. ríkisstj. var mynduð mátti bæði heyra og lesa fjálglegar yfirlýsingar stjórnarliða um stóreflda byggðastefnu undir handarjaðri hæstv. ríkisstj. Nú hafa þessar raddir gjörsamlega þagnað og skrif hafa nú síðustu vikur og mánuði vart sést af hálfu stjórnarliða um ágæti þessarar miklu byggðastefnu sem sett var á stefnuskrá hæstv. ríkisstj. Það hefur í raun og veru verið brotið blað varðandi uppbyggingu í atvinnulífi, félags- og menningarmálum og alhliða uppbyggingu frá því sem var í tíð fyrrv. ríkisstj. Það væri hægt að nefna ótalmörg dæmi þessu til rökstuðnings. Ég skal aðeins minna hér á nokkur.

Það liggur t.d. fyrir að með ákvörðun meiri hl. fjvn. núna við afgreiðslu fjárlagafrv. til 2. umr., eins og n. hefur afgr. það frá sér, ef við tökum heilbrigðismálin, þá tæki það 15 ár, miðað við hlutfallslegar fjárveitingar eins og nú er gert ráð fyrir, að ljúka þeim framkvæmdum sem þegar hefur verið byrjað á varðandi heilbrigðisþjónustuna, hvað þá ef inn ætti að taka nýjar framkvæmdir frá því sem nú er. 15 ár tæki að ljúka þeim framkvæmdum, sem nú hefur verið hleypt af stað og eru í gangi. Ég hygg að ýmsir verði orðnir langeygðir að þeim tíma liðnum ef engin breyting á sér stað að því er þennan málaflokk varðar og fjárveitingar til hans.

Það er ekki heldur óglæsileg frammistaða hæstv. ríkisstjórnar varðandi dagvistunarheimilin! Það liggur fyrir samkv. upplýsingum frá menntmrn. að til þess að fullnægja þeirri þörf, sem nú er varðandi þann málaflokk, þarf um 240 millj. kr. í fjárveitingum á fjárlögum ársins 1977. Í frv., þegar það var lagt fram, voru 85 millj. kr. ætlaðar til þessa. Nú er sú tala við afgreiðslu til 2. umr. 110 millj. kr. og engar líkur á því, að ég tel, ef haldið verður fast við þá stefnu af hálfu meiri hl. sem nú er uppi, að hækkun fáist á þeim lið, — 110 millj. kr. upp í þörfina sem er 240 millj.

Svona mætti halda áfram að fara yfir hvern málaflokkinn á fætur öðrum og sýna fram á hvernig ástatt er eftir rúmlega tveggja ára valdatíð núv. hæstv. ríkisstj.: og hæstv. fjmrh. sem var að ganga í salinn.

Einn er sá málaflokkur sem virðist ætla að verða gjörsamlega út undan hjá hæstv. ríkisstj. og meiri hl., en það er íþróttastarfsemin í landinu. Það var búið í tíð fyrrv. ríkisstj. að ganga þannig frá þeim málum að á árunum 1973 og 1974 var búið að ganga frá samkomulagi við sveitarfélögin um að það yrði slétt borð varðandi greiðslur ríkissjóðs á þeim hala sem hafði myndast í tíð þeirrar ríkisstj. sem sat til ársins 1971. En dæmið lítur þannig út eftir tveggja ára setu núv. hæstv. ríkisstj., að við síðustu fjárlagaafgreiðslu var skuldahalinn aftur orðinn 132

millj. rúmar, — skuldahalinn af hálfu ríkissjóðs við Íþróttasjóð. Og miðað við þá afgreiðslu sem allt útlit er fyrir að verði á fjárlögum ársins 1977, þá mun skuldahalinn verða kominn upp í 198 millj. kr. rúmar á árinu 1977, og þá er ekki gert ráð fyrir að taka eina einustu nýja framkvæmd inn, miðað við það, — ekki eina einustu nýja framkvæmd. Þetta er sá skilningur sem hæstv. ríkisstj. sýnir þessum málaflokki, þ. e. a. s. íþróttastarfseminni í landinu, og þykir mér og líklega fleirum þeim hafa lítið á unnist, þeim hv. þm. Sjálfstfl. sem lengi hafa verið í fararbroddi innan íþróttahreyfingarinnar í landinu. Þeim hefur lítið orðið ágengt innan síns flokks í sambandi við betri stuðning við íþróttastarfsemina í landinu heldur en verið hefur. Ég harma að svo skuli vera á málum haldið, því að ég held að engum dyljist að það er full þörf á því að sýna meiri skilning og meiri stuðning við íþróttastarfsemina heldur en verið hefur.

Þá kem ég að þeim málaflokknum sem kannske hvað oftast hefur verið til umr. hér, en það er í sambandi við hafnamálin. Það var látið í það skína af hæstv. samgrh. að þegar lokið væri þeim stórframkvæmdum í hafnamálum, sem staðið hafa yfir annars vegar í Þorlákshöfn og hins vegar í Grindavík að undanförnu og látnar hafa verið í hundruð millj. kr. í þær framkvæmdir, þá var látið í það skína að að þeim loknum mundi verða tekið til við að greiða frekar fyrir fiskihöfnum víðs vegar í kringum landið í auknum fjárveitingum þeim til handa. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1977, þegar það var lagt fram, var gert ráð fyrir 850 millj. kr. til þessa málaflokks, — 850 millj. til allra fiskihafna í landinu á árinu 1977. Þessi tala hefur nú hækkað í meðförum fjvn. upp í 930 millj. kr. En á sama tíma og á að setja rúmar 900 millj. í allar fiskihafnir á landinu ætlar hæstv. ríkisstj. að setja 450 millj. í eina höfn, að vísu að mati hæstv. ríkisstj. mikilvæga, höfnina á Grundartanga í Hvalfirði, — 450 millj. í þá höfn eina á móti 900 millj. til allra fiskihafna í landinu. Þetta er rausnarskapur hæstv. ríkisstj. Þetta eru efndirnar á þeim loforðum sem hæstv. samgrh. hefur gefið um að stórauka hlutdeild fiskihafnanna í landinu í fjárveitingum þegar lokið væri þeim stórframkvæmdum sem nú hefur verið unnið að annars vegar í Þorlákshöfn og hins vegar í Grindavík.

Það hefur verið sagt að undanförnu að hæstv. samgrh. færi nú mun tíðar í bestu fötin heldur en áður gerðist, og þegar menn tala um bestu fötin, þá er átt við loforðabuxurnar, eins og menn kalla það. Ekki alls fyrir löngu var hæstv. samgrh. við vígsluathöfn í Þorlákshöfn. Það var verið að fagna unnum sigri þar í sambandi við hafnarframkvæmdir sem hafa kostað mikið í fjárframlögum. En hæstv. ráðh. þótti ekki nóg að gert þar. Hann mun hafa gefið loforð um að á árinu 1977 mundi verða bætt þarna við um 150 millj. kr. vegna grjótgarðs sem á þyrfti að halda til varnar hinum nýju hafnarmannvirkjum. Það væri að sjálfsögðu ekkert við þetta að athuga ef aðrir aðilar sætu við eitthvað svipað borð í sambandi við fjármögnun á framkvæmdum eins og hefur verið gert í sambandi við Þorlákshöfn og Grindavík og eins og virðist vera ætlunin að gera. Það er því miður orðið allt of títt að einstakir ráðh. í hæstv. ríkisstj. gefi loforð og gefi fyrirheit um svo og svo stórar fjárveitingar, svo og svo stórar gjafir í ýmsar áttir sem Alþ. virðist svo standa frammi fyrir sem orðnum hlut eftir þeirra loforð.

Það er alveg augljóst mál, og það veit ég að hæstv. ríkisstj. er mjög kunnugt, að staða hafnarsjóðanna í landinu er með þeim hætti að það er gjörsamlega vonlaust að láta þessi mál ganga svona áfram eins og gert hefur verið. Og það verður að teljast furðulegt að ekki skuli fást meira fjármagn til framkvæmda í fiskihöfnunum heldur en raun ber vitni, þegar það virðist liggja á lausu að hægt er að eyða hundruðum, ef ekki þús. millj. kr. í eina og eina höfn sem þó er í sumum tilvikum ekki hægt að flokka undir útflutningsframleiðsluna eða skili arði sambærilega við það sem fiskihafnirnar gera. Hér verður að verða á breyting fyrr en síðar, og það er ljóst að haldi áfram sem horfir í þessum efnum, þá verður ekki langt að bíða þess að ekki bara hafnarsjóðir, heldur a. m. k. margir sveitarsjóðir verða gjaldþrota vegna hinna gífurlegu skuldabyrða sem þeir bera vegna mjög svo dýrra hafnarframkvæmda í fiskihöfnum landsins.

Það er rétt að minna á það hér, að með setningu nýrra hafnalaga á árinu 1974 var ráð fyrir því gert að auka hlutdeild ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum úr 75% upp í 90% á þeim stöðum sem verst væru settir í sambandi við hafnarframkvæmdir — dýrar hafnarframkvæmdir. Þetta hefur ekki komið til framkvæmda, því miður, og er þar ekki einungis um að sakast við núv. hæstv. ríkisstj. Það var einnig um að sakast við fyrrv. ríkisstj. í þeim efnum og þá fyrst og fremst hæstv. samgrh. núv., þáv. fjmrh., sem neitaði að fara þessa leið þrátt fyrir það sem er í hafnalögum frá árinu 1974.

Þá vil ég aðeins nefna flugmálin. Það var mikið rætt um það við fjárlagaafgreiðsluna fyrir ári, þegar verið var að afgr. fjárlög fyrir árið 1976, hvernig í raun og veru væri staðið að fjármögnun framkvæmda í flugi. Eins og mál standa í þeim málaflokki nú við 2. umr. fjárlaga, þá er gert ráð fyrir, að mig minnir, 375 millj. kr., 300 millj. + 75 millj. í lántöku, ef ég man rétt, þannig að við skulum telja fjárhæðir til framkvæmda í flugmálum, þ. e. a. s. beina fjárveitingu á fjárlögum og heimild til lántöku, 375 millj. kr.

Það liggur fyrir nú og lá raunar fyrir alveg ljóst við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1976 að það er stórkostlegt hættuástand í sambandi við flugmálin. Það er víðast hvar svo úti á landsbyggðinni að lágmarksöryggisþjónustu og öryggisbúnaði er ekki sinnt, lágmarksöryggisbúnaður er ekki fyrir hendi á hinum ýmsu flugvöllum hringinn í kringum landið. Það er því allsendis óverjandi að ekki skuli fást meira fjármagn en 370 millj. kr. til framkvæmda varðandi flugmál, þ. e. a. s. varðandi flugvelli, varðandi öryggismál öll í sambandi við flug, þegar það liggur fyrir að ástandið er með þeim hætti eins og lýst hefur verið, og er kannske nærtækast þá að vitna í blaðaviðtal sem átt var við flugmálastjóra í dagblaðinu Tímanum um það leyti sem verið var að ganga frá fjárlögum fyrir árið 1976. Þar

er lýst algjöru hættuástandi í sambandi við flugmálin. Og það má kannske ekki nefna það hér, en það skal þó gert, að það er einkennilegt að hugsa til þess, að á sama tíma og neitað er um lífsnauðsynlegar fjárveitingar til þess að efla öryggisþjónustu í flugi, þá virðist vera á sama tíma hægt að fjölga flugvélum í landinu fyrir a. m. k. 1 milljarð, og á ég þar við flugvélakaup af hálfu Landhelgisgæslunnar. Það er stefnt, að því er virðist, leynt og ljóst að því að stórauka flugflotann á sama tíma og neitað er um brýnustu öryggisþjónustu að því er varðar þennan flota. Þetta er að mínu viti öfugþróun. Það á ekki beinlínis að stefna að því að auka flugflotann, nema þá því aðeins að hægt sé að sinna því brýna verkefni sem öryggisþjónustan krefst. Ég er ekki að segja þetta hér eða vitna til þessa í sambandi við Landhelgisgæsluna vegna þess að ég sé í raun og veru andvígur slíku, en mér finnst þetta stangast á. Ef til er fjármagn til þess að kaupa flugvélar fyrir næstum því milljarð, þá hlýtur þess að verða krafist að það sé hægt að láta meira en 300 millj. í framkvæmdir allar varðandi flugmál, eins og öryggisþjónustunni er nú háttað í þeim málaflokki.

Það hefur verið sagt hér og það vil ég endurtaka, að hækkun fjárlaga í tíð núv. ríkisstj. stafar fyrst og fremst af útþenslu í rekstri ríkiskerfisins sjálfs. Það sýnir t. d. að í grg. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 58% á sama tíma og almennar verðlagshækkanir eru ekki nema 30%, þannig að höfuðorsök svo gífurlegrar hækkunar sem er á fjárl. milli ára er útþensla í ríkisrekstrinum sjálfum, en á sama hátt samdráttur í öllum framkvæmdum og samfélagslegum fjárveitingum af hálfu ríkissjóðs.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram fyrir árið 1977 var það 24 milljörðum kr. hærra en fjárl. ársins 1976. Líklegt er nú við 2. umr. að í meðförum fjvn. hafi þetta hækkað um 900 millj. til 1 milljarð, þannig að eins og dæmið stendur í dag er fjárlagafrv. við 2. umr. að öllum líkindum 25 milljörðum kr. hærra fjárl. ársins 1976. Þetta er yfir 41% hækkun milli ára. Og enn er vitað að stórkostlegar fjárfúlgur eiga eftir að koma inn til hækkunar um það er lýkur, þannig að það er augljóst mál að hér verður mun meiri hækkun milli ára en eins og dæmið lítur út í dag.

Ég hjó eftir því í ræðu formanns fjvn., hv. þm. Jóns Árnasonar, hér í dag, að hann vék að því nokkrum orðum hvernig ýmis ríkisfyrirtæki leyfðu sér að haga starfsemi sinni, annars vegar í sambandi við ákveðnar fjárveitingar til ákveðinna framkvæmda og hins vegar hvernig þau höguðu sér í framkvæmdavali. Ég tek mjög undir þetta. Það nær að mínu viti ekki nokkurri átt að sumum ríkisstofnununum skuli líðast það ár eftir ár að sniðganga fjárveitingavaldið á þann hátt sem þær hafa gert á undanförnum árum. Nægir í þessu sambandi að nefna Póst- og símamálastjórnina. Það hefur skeð núna tvö ár í röð að hún hefur virt að vettugi, ákveðnar fjárveitingar til ákveðinna framkvæmda, — sniðgengið þær og veitt fjármuni í aðrar framkvæmdir sem embættismannakerfið eða a. m. k. einhver angi í því hefur talið sér betur henta eða talið meiri þörf á þannig að hér er virt að vettugi ákvörðunarvald fjárevitingarvaldsins og embættismannakerfið grípur inn í og framkvæmir að eigin geðþótta. Þetta ber að víta og þetta á Alþ. ekki að líða, að þannig sé á málum haldið. Það væri hægt að nefna fleiri dæmi um þetta, en því skal sleppt að sinni. En ég tek mjög undir þau orð formanns fjvn. að Alþ. á ekki að líða slíka meðferð á fjárveitingum sem það hefur sjálft ákveðið til hinna einstöku framkvæmda. Það á að fylgja því eftir að ríkisfyrirtækin framkvæmi á þann veg sem fjárveitingavaldið og Alþ. hefur ákvarðað um.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. Ég ítreka það, að það er varla hægt, eins og mál nú standa við 2. umr. fjárlaga, að gera sér nokkra grein fyrir heildarmyndinni sem kemur til með að verða við endanlega afgreiðslu, vegna þess hversu margir og stórir málaflokkar eru óafgreiddir og margir endar eru lausir í fjárlagadæminu fyrir árið 1977. Og ég tek undir það sem frsm. minni hl. fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, sagði hér áðan: Það er óraunhæft með öllu að afgr. fjárl. fyrir árið 1977 grundvölluð á áframhaldandi kjaraskerðingarstefnu núv. ríkisstj.

Ég vil svo að lokum aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir brtt. sem ég flyt hér ásamt þeim hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Braga Sigurjónssyni, en sú brtt. er við liðinn til jöfnunar á námskostnaði. Í brtt. fjvn. er gert ráð fyrir 170 millj. kr. í þennan lið, en brtt. okkar þremenninganna er um að í stað 170 millj. kr. komi 205 millj., en það er sú tala sem til þarf til þess að dæmið standi nokkuð svipað og það gerði árið 1974. En þá er að sjálfsögðu ekki tekið tillit til raunverulegrar jöfnunar á námskostnaði, eins og upphaflega var gert ráð fyrir og stefnt að með þessum lið. Það er sem sagt okkar till. að það verði haldið í við það sem var á árinu 1974, og til þess að það verði gert þarf þessi upphæð að vera 205 millj. kr. Það skal viðurkennt að milli áranna 1975 og 1976 helst þetta nokkuð í hendur, þessi upphæð miðað við vísitöluhækkun. En þá ber þess að geta, að það var herfilega með þennan lið farið við fjárlagaafgreiðslu á s. l. hausti fyrir árið 1976, og fyrir árið 1975 raunar líka, þannig að þó að betur sé að staðið af hálfu meiri hl. nú heldur en var gert þá, þá var illa með þetta farið á árunum 1975 og 1976 og þarf hér betur að gera til þess að halda því sem var fyrir árið 1974. Og það er tilgangurinn með okkar till. að ekki sé verra ástand í þessum málum á árinu 1977 heldur en var við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1974.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. á þskj. 165 með hv. þm. Helga F. Seljan. Þar er um að ræða þrjár till. sem allar eru um heilbrigðismál.

Fyrsta till. er um það, að fjárveiting til sjúkrahússins í Neskaupstað verði hækkuð frá því sem meiri hl. fjvn. leggur til, úr 52 millj. í 60 millj. kr. Eins og kunnugt er, þá er sjúkrahúsbyggingin, sem stendur yfir í Neskaupstað, ein af fjórum sjúkrahúsabyggingum sem nú er unnið að í landinu sem teljast undir hinar meiri

háttar framkvæmdir eða þar sem heilbrn. hafði gert till. um að varið yrði til framkvæmdanna á næsta ári 100 millj. kr. eða meira. Þessi fjögur sjúkrahús eru sjúkrahúsið á Ísafirði, en rn. hafði lagt til að leggja til þess 140 millj. kr., sjúkrahúsið á Akureyri, þar lagði rn. til að verja 180 millj. kr., til sjúkrahúsbyggingarinnar í Neskaupstað 100 millj. kr. og til sjúkrahússins á Selfossi 110 millj. kr. Þetta eru stærstu framkvæmdirnar sem í gangi eru af þeim sem flokkast undir þessar framkvæmdir. Nú fór það svo að við athugun hagsýslunnar á þessum till. þótti henni ekki fært að samþ. svona háar fjárveitingar og skar því þessar fjárveitingar allar nokkuð niður frá till. rn. Síðan hefur fjvn. fjallað um þessar till., sem þarna lágu fyrir bæði frá hálfu rn. og frá hálfu hagsýslunnar, og þá gerist það að meiri hl. fjvn. leggur til að skera niður fjarveitingar til aðeins eins af þessum húsum frá því sem hagsýslan hafði skorið þetta niður. Fjvn. leggur til að hækka fjárveitinguna til Ísafjarðarhússins um 15 millj. kr. frá því sem hagsýslan hafði gert till. um og um 30 millj. kr. til Akureyrarhússins frá því sem hagsýslan hafði lagt til, en leggur til að til Selfosssjúkrahússins verði varið sömu fjárhæð og hagsýslan hafði lagt til, eða 74 millj. kr. Hins vegar leggur meiri hl. fjvn. til að skera niður fjárveitinguna til hússins í Neskaupstað, þar sem ég hygg að ástandið í fjárhagsmálum hafi verið verst því þegar hafa verið gerðir samningar við verktaka sem vinna nú við byggingu hússins, og má segja að mikill meiri hluti af þessari fjárveitingu sé þegar bundinn með samningum sem gerðir hafa verið. Verði þessi fjárveiting skorin niður á þennan hátt, þá er mjög hætt við því að svo fari að verkið verði stöðvað á miðju næsta ári, það verði sem sagt ekki samþykkt að fara í nýjan áfanga í húsinu. Enn er byggingin ekki að neinu leyti komin í gagnið þó húsið sé fullsteypt, en verið er að vinna inni í húsinu. Ég hef því lagt til og við hv. þm. Helgi F. Seljan að fjárveitingin til þessarar framkvæmdar verði 60 millj. kr., eins og hagsýslan hafði lagt til, en þá er búið að skera till. heilbrrn. niður um 40 millj. kr.

Þetta er alveg einstakt af hálfu fjvn. og hefur einna helst verið skýrt með því að hún hafi fallist á að taka upp till. rn. um fjárveitingu til heilsugæslustöðvar á Seyðisfirði sem hafði verið lofað af hálfu rn. En það sýnist harla einkennilegt að það skuli eiga að skera í rauninni bundna fjárveitingu til stórframkvæmdar í Neskaupstað til þess að hægt sé að standa við minni háttar loforð sem seyðfirðingum hafði verið gefið. Það væri auðvitað alveg einstakt ef þannig væri staðið að málum við stórframkvæmd, sem er í gangi og gerður hefur verið samningur um við rn. hvernig staðið skuli að, að fjárveitingar yrðu skornar þar svo mikið niður að verkið stöðvaðist, eins og lítur helst út fyrir. Ég vil nú vænta þess að fjvn. taki þessa till. sína til endurskoðunar, vegna þess, að hér er ekki farið fram á annað en það að till. hagsýslunnar verði fylgt og þar var þó um stórlega niðurskornar till. að ræða, eins og ég hef bent á.

Í öðru lagi leggjum við til að tekinn verði upp nýr liður í till. um fjárveitingar: til heilsugæslustöðvar á Fáskrúðsfirði, að varið verði 5 millj. kr. sem byrjunarframlagi til byggingar heilsugæslustöðvar á Fáskrúðsfirði. Á þessum stað er öll aðstaða þannig að það er orðin knýjandi nauðsyn á því að hefjast handa um framkvæmdir í þessum efnum. Heimamenn hafa undirbúið í alllangan tíma og hafa fengið loforð, eftir því sem ég veit best, frá heilbrrn. um að þeir fái heimild til þess að byrja á þessu verki, enda leggur heilbrrn. til í sínum till. að fé verði lagt fram í þessu skyni, 15 millj. kr. En hagsýslan hafði ekki séð sér fært að samþ. þessar till. rn. og skar þetta niður með öllu. Við leggjum hins vegar til að þarna verði varið 5 millj. kr. í byrjunarframkvæmdir.

Þá leggjum við í þriðja lagi til að tekinn verði upp 2 millj. kr. fjárveiting til læknisbústaðar á Fáskrúðsfirði, en þar er um framhaldsframkvæmd að ræða. Það er beinlínis unnið að þessu verki og óhjákvæmilegt að ljúka því verki sem þar hefur verið unnið að. Fjárveitingar hafa verið til þessa verks á síðustu fjárl., en nú er þetta fellt niður með öllu sem við sjáum ekki að sé frambærilegt á neinn hátt, og því höfum við lagt fram þessa tillögu.

Ég geri ráð fyrir að við tökum þessar till. aftur til 3. umr. þó að þær séu fluttar nú, í von um að fjvn. athugi þessi mál betur en hún hefur gert, því að það er full sanngirni að þessar till. séu samþ. Hér er ekki farið fram á mikið með hliðsjón af því hvernig ástatt er og með hliðsjón af því hvað rn. leggur til að gert verði varðandi allar þessar framkvæmdir sem ég hef rætt um.

Aðrar till. hef ég ekki flutt og mun ekki tala fyrir öðrum till. að sinni. Um afgreiðslu málsins mun ég ekki ræða hér. Það mætti segja margt um það hvernig staðið er að fjárlagaafgreiðslu að þessu sinni, en það hefur þegar verið gert fyrir hönd okkar í stjórnarandstöðunni og það mjög skilmerkilega. Ég skal því ekki tefja hér tímann og fara út í neinar almennar umr. um það, en vildi hér fyrst og fremst tala fyrir þessum þremur brtt. sem ég er fyrsti flm. að.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Á þskj. 127 flyt ég brtt. við fjárlagafrv. Ég flutti þær fljótlega eftir að 1. umr. um fjárlagafrv. hafði farið fram hér og meðan málið var enn til meðferðar í fjvn. Ástæðan til þess að ég hafði þennan hátt á er sú, að ég geri hér till. um æðiháar upphæðir, næstum því 2 600 millj. kr., og mér er kunnugt um þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Meðferðin eftir 1. umr. um fjárl. í fjvn. er aðalmeðferðin og hún markar stefnuna og eftir að búið er að taka ákvörðun um hana er mjög erfitt að koma fram breytingum sem máli skipta. Það er hægt að koma fram minni háttar breyt., en ekki jafnstórum breyt. og þarna eru gerðar till. um.

Aðalbrtt. mín er sú að lífeyristryggingar almannatrygginga, sá liður verði hækkaður um 20%. Það eru 2 milljarðar 334 millj. Þetta er allhá upphæð, en engu að síður er þetta ekki hærri upphæð en svo, að ég hygg að hún muni varla hrökkva til þess að bæta upp þá skerðingu á lífskjörum sem aldrað fólk og öryrkjar hafa orðið fyrir á undanförnum tveimur árum.

Almannatryggingakerfið er ein mikilvægasta framkvæmd sem hefur verið gerð á Íslandi á þessari öld, að mínu mati. Það er stundum í hátíðlegu tali rætt um velferðarríki, og ég held að mælikvarðinn á velferðarríki sé hvernig þar er búið að öldruðu fólki, öryrkjum og börnum. Við höfum lært okkar kerfi af öðrum Norðurlandaþjóðum, en við höfum lengi verið miklir eftirbátar þeirra um framkvæmdina.

Þegar almannatryggingakerfið var lögfest hér á Íslandi var það stórviðburður. En því miður varð þróunin sú æðilengi eftir það að stuðningur almannatryggingakerfisins við aldrað fólk og öryrkja var miklu minni en ástæða var til og ég er kunnugur þessum málum annars staðar á Norðurlöndum. Ég þekki t. a. m. persónulega aldrað fólk og öryrkja í Danmörku, og ég held að það sé nærri því víst að lífeyrir þessa fólks í Danmörku sé að kaupmætti tvöfalt hærri en hér á Íslandi. Auk þess kemur til margvísleg önnur félagsleg fyrirgreiðsla. T. a. m. er tekið tillit til húsnæðiskostnaðar aldraðs fólks og öryrkja. Ef hann fer yfir ákveðið mark kemur þar einnig til stuðningur frá almannatryggingakerfinu. Einnig nýtur aldrað fólk og öryrkjar mikillar fyrirgreiðslu í sambandi við ferðalög. Það fær að ferðast á mjög lágu verði, ekki aðeins með strætisvögnum, heldur einnig með járnbrautum og ferjum sem eru í ríkiseigu í Danmörku, og margvísleg önnur fyrirgreiðsla er þar einnig í sambandi við síma, hljóðvarp og sjónvarp, þannig að þarna erum við mjög aftarlega, finnst mér.

Það tókst í tíð fyrrv. ríkisstj. að lyfta þessum hópum allverulega, þannig að kjör þessa fólks tóku að nálgast það, sem þau voru annars staðar á Norðurlöndum. En því miður hefur þróunin orðið sú að þetta hefur sigið aftur og er komið upp ástand sem ég tel íslensku þjóðfélagi algjörlega til vanvirðu.

Það hefur tíðkast mikið núna um þessar mundir á Íslandi að meta alla hluti til peninga, að leggja peningamælikvarða á allt. Við skulum minnast þess að fólkið, sem nú fær ellilífeyri á Íslandi, er aldamótakynslóðin. Það er fólkið sem fæddist um síðustu aldamót, árin fyrir og eftir aldamótin. Þetta er það fólk sem hefur unnið það afrek að lyfta Íslandi úr einhverju versta fátæktarbæli í Evrópu upp í þjóðfélag sem er með einhverjar hæstu meðalþjóðartekjur á mann. Þetta fólk var ekki með peningasjónarmið þegar það vann þetta afrek. Það þorði að nota orð eins og ættjarðarást. Það var ekkert feimnisorð þá. En það er þetta fólk sem hefur lyft þessu þjóðfélagi upp í það sem það er núna, og ef peningasjónarmiðinu væri beitt gæti þetta fólk gert æðimikinn reikning til okkar sem nú lifum. Það gerir ekki þennan reikning því það á enn þá til þennan aldamótahugsunarhátt sem ég minntist á áðan. En það er skylda okkar, sem núna erum á miðjum aldri eða yngri, að láta þetta fólk njóta þess stórvirkis sem það hefur gert á Íslandi.

Ég tel þetta ástand, eins og það er orðið núna aftur, íslensku þjóðfélagi til algjörrar vanvirðu. Það eru engin rök fyrir því að aldrað fólk og öryrkjar eigi að geta dregið fram lífið á rúmlega 40 þús. kr. á mánuði. Mér þætti ákaflega fróðlegt ef einhver vildi leggja fram dæmi um það hvernig hægt er að draga fram lífið á slíku, enda hefur ákaflega stór hópur aldraðs fólks haft samband við mig, hringt í mig og sagt, að það hafi getað komist af á tíma fyrrv. ríkisstj., en nú geti það það ekki lengur, það verði að leita til ástvina sinna eða vina til þess að geta dregið fram lífið hreinlega, og ég endurtek, ég tel þetta vera þjóðfélagi okkar til algerrar vanvirðu. Það eru engin rök fyrir því að leysa efnahagsvandamál, sem upp kunna að hafa komið, á kostnað þessara þjóðfélagshópa. Það er okkur öllum til vanbirðu að gera það.

Þessi upphæð, sem ég nefndi áðan, 2 miljarðar 334 millj., kann að virðast allhá, og ég er fús til þess að aðstoða við tekjuöflun til þess að mæta henni. En tekjuhlið fjárlaga er ekki til umræðu að þessu sinni og ég hef ekki borið fram neina formlega till. um það, en ég er mjög fús til samvinnu um það. Það eru margar matarholur til í okkar þjóðfélagi. Ég minnist þess til að mynda að fyrir nokkrum árum, þegar frændþjóðir okkar á Norðurlöndum voru að breyta um frá söluskatti í virðisaukaskatt, að þá voru birtar rannsóknir, sem gerðar höfðu verið í Danmörku, Svíþjóð og Noregi á því hve miklu af söluskatti væri stolið undan, kæmi aldrei í ríkissjóð þó að það væri innheimt, og mat manna var það, að þessi upphæð væri hvorki meira né minna en milli 10 og 20%. Ég hygg að hærri prósentan eigi við hér á Íslandi vegna þess að hér er mikill fjöldi atvinnurekenda með smárekstur, eins konar vasabókhald, þar sem þeir geta hagrætt hlutunum að vild sinni. En þarna er um ákaflega stórar fjárhæðir að ræða. Söluskatturinn á Íslandi er nú kominn upp í 20% og heildarupphæðin er 33 milljarðar. 10% er 3.3 milljarðar, 20% er nærri 7 milljarðar. Þetta er miklu hærri upphæð en sú sem ég geri hér till. um.

Við ræddum hér fyrir nokkrum dögum um dæmi sem verðlagsstjóri hefur dregið fram í dagsljósið um það hvernig innflytjendur hegða sér í sambandi við innkaup á varningi frá útlöndum. Þetta er ekkert nýtt fyrirbæri á Íslandi. Um þetta hefur alltaf verið vitað. Það er saga sem er næstum því eins gömul og íslenska þjóðin. Meðan við vorum dönsk nýlenda voru það einokunarkaupmennirnir dönsku sem aðallega höfðu af okkur fjármuni, og sú þróun hefur því miður haldið áfram. Ef fast væri tekið á þessum málum, þá hygg ég að þar mætti auðveldlega finna ærið marga milljarða til þess að standa undir hlutum eins og lífeyri til aldraðs fólks og öryrkja. Við sáum í sumar skattskrá sem bar með sér að auðug fyrirtæki og auðmenn losna við að borga eðlileg gjöld til opinberra aðila. Ef tekið væri á þessu máli væri einnig hægt að finna verulegar fjárveitingar til að standa undir eðlilegum lífskjörum aldraðs fólks og öryrkja á Íslandi. Ég nefni þessi þrjú dæmi. En ég er reiðubúinn til þess að starfa með fjvn. eða hæstv. fjmrh. til þess að finna tekjustofn á móti þeirri aukningu á lífeyri aldraðs fólks og öryrkja sem ég geri till. um.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta nú. En mér er þetta ákaflega mikið alvörumál, að íslenskt þjóðfélag má ekki sökkva niður í það fen

að láta aldrað fólk og öryrkja búa við miklu rýrari kost en almenning í landinu. Okkur er ekki sæmandi að hafa slíkt þjóðfélag.

Önnur till. á þessu þskj. fjallar um framlag til Geðdeildar við Landsspítalann í Reykjavík. Á fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir, var gert ráð fyrir 125 millj. kr. til framkvæmda við Geðdeild. Ég geri till. um að fjárveitingin verði 380 millj. Það var meðan ég gegndi störfum heilbrrh. að gengið var frá framkvæmdaáætlun um byggingu Geðdeildar og þá gerðar alveg ákveðnar áætlanir og miðað við að byggingin yrði fullgerð í ársbyrjun 1978. Þetta hefur því miður verið tafið mjög stórlega, ekki síst á þessu ári. Það er talið að miðað við núverandi verðlag, sem því miður endist víst ekki nema skamma stund, vanti um 760 millj. á að hægt sé að fullgera Geðdeildina. Ég geri hér till. um helming þeirrar upphæðar og er þá miðað við að Geðdeildin geti verið tilbúin í árslok 1978 og þyrfti ekki tefjast þá nema í eitt ár eða svo. En miðað við þær till., sem rn. hefur komið með fram í sambandi við fjárlög, þá virðist mér að það muni taka ein 6 ár að fullgera Geðdeildina. Mun ég taka þetta sem dæmi um þá kenningu hæstv. forsrh. að nú eigum við að stefna að því að draga úr samneyslu og auka einkaneyslu. Ég hef áður vikið að þessari kenningu hér á þingi, vegna þess að ég tel hana vera stórhættulega. Það er einmitt stefna sem leiðir að vaxandi mismunun í okkar þjóðfélagi og leiðir til þess að erfiðleikar bitni á þeim sem síst skyldi. En með þessu framferði, að draga opinberar byggingar á þennan hátt, að safna peningum í steinsteypu sem ekki kemur að neinu gagni, þá er ekki verið einu sinni að framkvæma þessa stefnu hæstv. forsrh. Það er aðeins verið að fara mjög illa með peninga. Það er ekki hægt að fara fíflalegar með peninga en að festa þá í steinsteypu sem kemur ekki að neinu gagni. Við verðum að vera menn til þess að hraða öllum slíkum byggingum eftir því sem kostur er, þannig að þær komi til nota. Á meðan þær koma ekki til nota er verið að binda fjármuni sem munu ekki skila neinum þjóðfélagslegum arði. Og við skulum minnast þess, að það er enginn sjúklingahópur á Íslandi sem á eins erfitt og geðsjúkt fólk. Þar vantar mörg hundruð legurými. Ef ég man rétt gerði Tómas Helgason grein fyrir því, að hann teldi vanta nærri 600 legurými. Þarna er um að ræða sjúklinga sem yfirleitt er hægt að hjálpa ef þeir koma til meðferðar nægilega snemma. En ef þeir koma ekki til meðferðar nægilega snemma, þá koma upp veruleg vandamál, þá geta þessir sjúklingar orðið að búa við sjúkdóm sinn alla ævi og þeir geta leiðst út á alls konar vandræðagötur, drykkjuskap og annað slíkt, sem oft fylgir einmitt geðveilusjúkdómum. Kostnaður, sem af slíku hlýst, er vissulega atriði sem menn eiga að hugsa um líka, þeir sem vilja reikna allt til peninga.

Ég nefni hér og flyt till. einvörðungu um Geðdeildina, en það er æðimargt annað á sviði heilbrigðismála sem ástæða hefði verið til að flytja till. um. Í tíð fyrrv. stjórnar var m. a gerð áætlun um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og var við það miðað að hægt yrði að ljúka þeirri miklu framkvæmd á árinu 1983. Þegar ég gerði grein fyrir því þá hér á þingi risu upp ýmsir þm. Sjálfstfl. og gagnrýndu mig harðlega fyrir of daufar framkvæmdir. Ég sé, — að sá þm., sem talaði einna mest um það, brosir framan í hæstv. fjmrh. En mér sýnist að fjárveitingar til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri séu nú þannig að það verði ekki fullgert fyrr en á næstu öld, og þetta er, eins og ég sagði áðan, herfileg meðferð á fjármunum, fyrir utan þann andlega hluta sem skiptir náttúrlega langmestu máli. Við verðum að hafa vit á því að raða framkvæmdum og hraða þeim eins og við getum, annars erum við að sóa peningum í tóma vitleysu.

Á þskj. 165 er till., sem ég er borinn fyrir. Hún er um framlag til byggingar sundlaugar við Grensásdeild Borgarspítalans í Reykjavík. Þetta eru mistök. Ég hef óskað eftir því að þessi till. verði tekin til baka a. m. k. við þessa umr. Ég geri þetta vegna þess að ég er alveg sannfærður um að hv. fjvn. muni afgr. þetta mál á jákvæðan hátt. Í þingbyrjun fluttum við 4. þm. úr jafnmörgum flokkum, ásamt mér hv. þm. Jóhann Hafstein, hæstv. ráðh. Einar Ágústsson og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, þáltill. um þessa framkvæmd. Henni var vísað til fjvn. Og mér er kunnugt um að starfsmenn Reykjavíkurborgar og borgarráð hafa fjallað um málið og komið sér niður á endanlega till. sem kostnaður við mun vera um 120 millj. kr. Þegar málið var rætt hér við 1. umr. fékk það ákaflega góðar undirtektir. Fyrir utan okkur flm. tóku þar til máls Albert Guðmundsson og Gylfi Þ. Gíslason, hv. þm., ef ég man rétt, og einnig hæstv. heilbrrh., og undirtektir þeirra voru allar mjög jákvæðar. Ég tel ekki nokkra minnstu ástæðu til að efast um að hv. fjvn. muni sinna þessu máli og flytja um það till. af sinni hálfu. Ég dreg það alls ekki í efa. Þess vegna er þessi till. mín komin inn fyrir mistök, eins og ég sagði, og verður dregin til baka.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Á þskj. 165 hef ég leyft mér að flytja brtt. við fjárlög þess efnis, að fjárframlög til stofnkostnaðar dagvistunarheimila hækki úr 110 millj. 700 þús. kr. upp í 176 millj. Það hefur komið fram í máli hv. þm. Geirs Gunnarssonar og Karvels Pálmasonar að fjárveiting til dagvistunarheimila er alls ónóg, og meira að segja formaður fjvn., hv. þm. Jón Árnason, tók það fram um þessa hækkun fjvn., sem hún hefur nú gert till. um við 2. umr., að hún væri engan veginn fullnægjandi. Það er því augljóst að með þessari hækkun, sem fjvn. leggur til, er ekki verið að sýna þessum málaflokki neinn sérstakan sóma, heldur er hækkunin flutt í þeirri veiku von að firra ríkisstj. og meiri hl. Alþ. gagnrýni vegna ámælisverðrar vanrækslu í þessum málum síðan ríkisstj. tók við völdum. Hér er nefnilega um svo brýnt hagsmunamál að ræða fyrir sveitarstjórnir og allan almenning að hin smánarlega tala 85 millj. hlaut að breytast.

Á fjárlögum þessa árs var fjárveiting 64 millj., en fjárþörf tæpar 165 millj. ef átti að vera hægt að sinna nýjum umsóknum. Afleiðing af þessari smánarlegu fjárveitingu ársins í ár, þessum 64 millj., var sú að engum nýjum dagvistunarheimilum var bætt inn á fjárlög. Hér var auðséð að

stefnt var vísvitandi að því að ríkið kippti að sér hendi með framlög til stofnkostnaðar, alveg á sama átt og það gerði með lagabreytingum um rekstrarkostnað dagvistunarheimila á síðasta ári. Fjárveitingin í ár var sem sagt upphafið af endalokunum. Það átti að svelta þennan málaflokk alveg til þess að sönnuðust orð íhaldsins, að lögin frá 1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila væru dragbítur á framkvæmdir. Með þessu móti átti að sanna réttmæti þeirrar íhaldsstefnu að þessi mál væru best komin hjá sveitarfélögum einvörðungu, enda þótt vitað sé að sveitarfélögin hafi ekki nægilegt fé til að sinna þessum málum sem skyldi. Upphæðin, sem var upphaflega í fjárlögum fyrir árið 1977, þessar 85 millj. gerðu ekki betur en svo að framlagið héldi raungildi sínu, en vitað var að hin raunverulega þörf var áætluð 230—240 millj. Er því till. fjvn. nú um 10 millj. ekki nema helmingur af því sem þarf til þessa málaflokks.

Menntmrn. hefur hins vegar sett fram till. um 176 millj. kr. sem algjört lágmark, í þeirri von að geta bjargað þessum málum, og það er sú till., sem ég hef tekið upp. Með þessu móti, ef veittar væru 176 millj. til þessa málaflokks á næsta ári, væri hægt að veita öllum umsóknaraðilum einhverja úrlausn, þó þær upphæðir væru vitanlega allt of lágar. Til dæmis um misræmið á fjárveitingu og þörf get ég nefnt að framlag til Reykjavíkurborgar einnar þyrfti að vera 67.3 millj. miðað við 4 ára greiðsluáætlun. Með till. fjvn. um 110 millj. er hér auðvitað verið að mynda skuldahala hjá ríkissjóði upp á 120 millj. kr.

Ég legg áherslu á að þessi till. mín verði samþ. Ég fullyrði að stefna ríkisstj. í þessum málum veldur algjöru neyðarástandi, — neyðarástandi sem á eftir að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir fleiri en eina kynslóð í landinu. Um mikilvægi þessa málaflokks og það ástand, sem nú ríkir í þjóðfélaginu vegna stefnu ríkisstj., ætla ég ekki að fjölyrða að sinni. Það gefst tími til þess væntanlega nú alveg á næstunni.

Á sama þskj. flyt ég ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni till. um að framlag til Félagsstofnunar stúdenta verði hækkað úr 11 millj. upp í 20 millj. og legg áherslu á að hér er um algjört lágmark að ræða til þessarar stofnunar. 11 millj. eru allsendis ófullnægjandi, og miðað við þörf og þau rök, sem stjórn Félagsstofnunar stúdenta hefur fært fram við fjvn., er þessi hækkun aðeins til að sýnast. Ef fjárveitingin yrði 20 millj. mundi framlag ríkisins a. m. k. halda raungildi sínu miðað við árin 1969—1974 og er þó alls ekki tekið tillit til fjölgunar stúdenta í þessari tölu. Stjórnin metur sjálf fjárþörf stofnunarinnar 37 millj., og ég vænti þess að hv. þm. sjái að till. mín er mjög hófleg og raunsæ.

Fjárveitingar Alþ. til Félagsstofnunar stúdenta héldu nokkurn veginn raungildi sínu á árunum 1969—1974, en síðustu tvö árin, síðan núv. ríkisstj. tók við, horfir mjög til óheilla, því að á þessum tveim árum lækkar raungildi fjárveitingarinnar til Félagsstofnunar um næstum helming. Þessi þróun svo og sú staðreynd að stúdentum hefur fjölgað mjög hefur gert það að verkum að framlag stúdenta sjálfra til Félagsstofnunarinnar fer ört hækkandi, ekki aðeins í krónutölu, heldur einnig að raungildi. Með stórskertu framlagi ríkissjóðs er þá verið að auka til muna byrðar námsmanna sjálfra. Hér ætlar ríkisstj. auðsjáanlega að láta kné fylgja kviði. Eftir að hafa sett hinar alræmdu reglur um úthlutun námslána á nú einnig að stórskerða félagslega þjónustu.

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð og var sett á fót með lögum 1968. Hlutverk Félagsstofnunarinnar er að annast ýmiss konar þjónustu við stúdenta og starfsfólk Háskólans, svo sem stúdentagarða, mötuneyti, bóksölu o. fl. Í lögunum er m. a. gert ráð fyrir að stofnunin njóti fjárframlaga úr ríkissjóði til rekstrar og framkvæmda. Var gert ráð fyrir því þegar lögin voru samþ. að framlag ríkisins færi hækkandi með árunum.

Eitt af því, sem Félagsstofnunin rekur, svo sem ég hef áður sagt, er matstofa. Ég vil leyfa mér að lesa hér úr erindi Félagsstofnunar um þann kafla sem að matstofunni lýtur. Þetta erindi var sent menntmrn. með fjárveitingarbeiðninni eða með rökstuðningi fjárveitingarbeiðnar. Í þessu erindi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sá háttur í rekstri Félagsstofnunar, sem hefur verið hvað erfiðastur á undanförnum árum, er matstofa stúdenta sem er til húsa í stúdentaheimilinu við Hringbraut. Haustið 1975 voru gerðar miklar breytingar á rekstri matstofunnar til þess að reyna að bæta fjárhagsafkomu hennar. Þessar breytingar voru alls ekki sársaukalausar m. a. vegna þess að nauðsynlegt var að segja starfsfólki upp, draga úr þjónustu og hækka matarverð svo mjög að aðsókn að matstofunni dróst verulega saman fyrir bragðið. Þetta þarf raunar ekki að koma á óvart ef þess er gætt að viðskiptavinir matstofunnar þurfa að standa undir nær öllum rekstrarkostnaði hennar, þ. e. bæði launum starfsfólks, rafmagni og hita og hráefniskostnaði. Mun það harla fátítt í landinu að menn geti leyft sér að kosta svo miklu til daglegs fæðis til lengdar. Skal hér til að mynda minnt á tvo hópa sem báðir eiga kost á að kaupa daglegt fæði á vegum ríkisins. Eru það annars vegar ýmsir opinberir starfsmenn sem búa við mötuneyti þar sem þeir greiða aðeins hráefniskostnað, en ríkið leggur til bæði starfslið og annan fastakostnað, svo sem rafmagn og hita. Hins vegar skal bent á nemendur heimavistarskóla víða um land sem kaupa fæði á svipuðum kjörum. Eðlilegt er að þeir aðilar, sem eiga kost á að nota sér þjónustu stúdentamatstofunnar, þ. e. stúdentar og háskólakennarar, beri kjör sín saman við þessa hópa og geti ekki unað því að búa við svo skarðan hlut sem rann þar vitni. Á þessum málum fæst því engin viðhlítandi lausn fyrir en ríkisvaldið fer að styrkja matstofu stúdenta á sama hátt og mötuneyti opinberra starfsmanna og mötuneyti íslenskra skóla."

Svo segir í erindi stjórnar Félagsstofnunar. Hér er ekki verið að fara fram á það að ríkisvaldið styrki matstofuna í þeim mæli sem það styrkir mötuneyti annarra skóla eða mötuneyti opinberra starfsmanna þó það væri sannarlega eðlileg krafa. Hér er verið að fara fram á það

að fjárveitingar til þessa nauðsynlega rekstrar verði auknar til þess hóps manna sem hefur mjög litla möguleika á því að vinna sér inn tekjur nema hluta ársins og veitir sannarlega ekki af að útgjöld til nauðþurfta verði sem allra minnst.

Ég fæ ekki séð annað en fjvn. gæti fallist á þessa till. mína, nema það sé skýlaus stefna ríkisstj. að níðast á námsmönnum á öllum sviðum. Hækkunin, sem fjvn. leggur til, er aðeins 3.4 millj. og er sú upphæð m.a., svo sem segir í grg., ætluð til viðhalds stúdentagarðanna. Það veitir sannarlega ekki af aukinni fjárveitingu til viðhalds stúdentagarðanna því að bæði borgarlæknir og umsjónarmaður eldvarna hafa krafist endurbóta og lagfæringa á stúdentagörðunum, bæði þeim nýja og gamla, ef um áframhaldandi heimavistar- og hótelrekstur eigi að vera að ræða. Svo alvarlega horfir með húsnæði eða byggingar garðanna. Verður því ekki komist hjá því að verja fé til viðgerða og viðhalds. Hins vegar geri ég fastlega ráð fyrir því að stjórn Félagsstofnunar telji heldur vanmetið hjá fjvn., því hún áætlar að lágmarksbörf til viðgerðar sé 10 millj. Þá eru eftir nauðsynleg framlög til matstofu sem stjórnin áætlar að séu 12 millj., og síðan má nefna rekstur skrifstofunnar sem stjórnin áætlar 10 millj. Af þessu má sjá að það er allsendis óverjandi að ekki skuli fást meira fé en fjvn. leggur til, og hv. þm. sjá vonandi að till. mín er algjört lágmark.

Þriðja brtt. mín við fjárlögin er einnig á bskj. 165 og ég flyt hana ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni. Við leggjum til að framlag til Jafnréttisráðs hækki úr 2.5 millj. upp í 3 millj. 700 þús. kr. Jafnréttisráð gerði sjálft till. um þessa tölu, 3 millj. 700 þús., og telur að þar hafi verið um algjört lágmark að ræða. Sundurliðun Jafnréttisráðs sýnir einnig að megnið af þessari fjárveitingu, sem fjvn. leggur til, mundi varla gera betur en standa undir launum og þá eru eftir mikilvægar rannsóknir sem Jafnréttisráð hefur í gangi, stofnkostnaður og ýmislegt fleira. Jafnréttisráð er tiltölulega ný stofnun og var ákveðið með lögum að það skyldi hafa framkvæmdastjóra og skrifstofu. Það var ákveðið með lögum s. l. vor. Með þessu framlagi, sem fjvn. leggur til, mundi það þýða að Jafnréttisráð gæti ekki haft nema hálfan starfsmann sem hingað til, en reynslan sýnir að þörf er á því að hafa skrifstofu opna allan daginn. Ráðið hefur að vísu skrifstofuherbergi, en til marks um aðbúnaðinn get ég skýrt frá því að það á ekki einu sinni ritvél.

Ég legg áherslu á að Jafnréttisráð á samkv. lögum að gera rannsóknir og athuganir og fylgjast með þjóðfélagsbróuninni í jafnréttismálum. Og ef þetta ráð eða skrifstofa þess á að hafa nokkur tök á því að gegna hlutverki sínu og valda þeim umskiptum í þjóðfélaginu sem Alþ. ætlaðist til þegar það samþ. upphaflega lög um Jafnlaunaráð, þá verður að hækka fjárveitingu til ráðsins.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég fer þess á leit við hið ágæta Alþ. að það auki hlut sinn í námsflokkaviðgangi svo fullorðnum veitist til ánægju og eflingar að auka sitt landnám á viðáttum þekkingar. Þó ég mæli svo mér til gamans og öðrum líklega lítið, sem fáir eru hér, þá vildi ég vekja athygli á þeirri hógværu brtt. sem ég hef flutt hér við fjárlögin. Fræðsla fullorðinna hefur á síðustu árum unnið sér land, þó ekki kannske innan skólakerfis landsmanna, heldur hefur aukist aðsókn að námsflokkum þar sem þeir hafa verið starfræktir. Ég get t.d. getið þess að á Akureyri hafa verið skráðir um 500 manns í námsflokka Akureyrar s.l. ár, og ég hygg að þar hafi verið fleiri skráðir í haust. Auk þess var tekin upp eða stóð til að yrði tekin upp námsflokkakennsla í Hrafnagilsskóla fyrir fram-eyfirðinga.

Ef við gengjum út frá því að í námsflokkum alls á landinu væru um 3000 manns, sem ég hygg að sé frekar van en of í lagt, þá ætlast hið háa Alþ. ekki til að það sé lagt til þeirra stofnana, eins og hér liggur fyrir, í fjárlögum nema um 400 kr. á mann. Og ég fer nú ekki fram á meira en að það verði hækkað í 1000, þ.e.a.s. þetta væri eins og tvenn léleg kennaralaun sem væru lögð fram af hálfu ríkisins í þessum tilgangi.

Annars ætla ég ekki að tala langt mál fyrir þessu. Ég veit að allir þm. skilja þörfina og vita vandann. Og loks vil ég geta þess til samanburðar, að á fjárhagsáætlun Akureyrarkaupstaðar voru s.l. ár teknar 2 millj. kr. til námsflokka Akureyrar. Hér hefur hið háa Alþ. ekki tekið upp nema 1.2 millj. til námsflokka alls á landinu, þ.e.a.s. ríkið ætlar sér varla að vera hálfdrættingur við Akureyrarbæ. Ég vil vænta þess, að svo hógvær brtt. sem hér er fram lögð finni náð fyrir augum alþm. og hún verði samþ.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þegar hefur við þessa umr. verið gerð svo ítarleg grein fyrir meginátiti okkar alþb.-manna varðandi fjárlagaafgreiðsluna nú og heildarstefnuna í fjármálum og efnahagsmálum af hv. þm. Geir Gunnarssyni að þar er í engu þörf við að bæta.

Nokkrar almennar hugleiðingar um virkni og áhrif fjvn. hljóta hér að nokkru inn í að koma fyrir nýliða, og skal þá skýrt fram tekið að ekki er þar við meiri hl fjvn. að sakast um vinnubrögð og markviss áhrif á fjárlagagerð, heldur ræður þar mestu um hver áhrif stjórnvalda og stefna þeirra eru hverju sinni, og inn í það fléttast svo um leið hin mikla og sívaxandi sjálfvirkni fjölmargra fjárlagaliða. Ég vík hér aðeins að starfi undirnefnda í skólamálum, athugasemdum varðandi meðferð á fjárveitingum til flugmála og geri að síðustu stuttlega grein fyrir þeim tveim eða þrem brtt., sem ég stend að. En fyrst nokkur almenn orð.

Ég hlýt að taka undir þakkir þeirra, sem hér hafa talað frá hálfu minni hl. fjvn., þakkir til samnm. okkar og þó alveg sérstaklega til formanns fjvn. Þar tek ég heils hugar undir, því það samstarf hefur í alla staði verið ágætt þó leiðir hafi skilið í ýmsum málum.

Stutt vera í fjvn. hefur sannað mér tvennt að minu viti: Allt of lítil áhrif fjvn. sem heildar á fjárveitingar, nema þá hvað skiptingu snertir. Stjórnvöld og embættismenn sníða n. vægast sagt bröngan stakk í störfum öllum. Starf n. fer æ meira og meira í átt til umsjónar- og skiptingarnefndar einhvers konar en nafnið bend-

ir í raun og veru til, — þetta ágæta nafn sem felur nokkuð mikið í sér: fjárveitinganefnd, þ. e. a. s. nefnd með raunhæft sjálfstæði í fjárveitingum, ekki aðeins til smærri liða, heldur og til stærri málaflokka, þó ég viti að stjórnarstefna og stjórnvöld hverju sinni hljóti ætíð að vera mestu ráðandi. Ég held að hér sigi ætíð í nokkra ógæfuátt, því dvínandi áhrif n. í raun eru til ills miðað við stöðu hennar áður og raunar miðað við almennt álit fólksins í landinu á áhrifamætti nefndarinnar og valdsvið hennar, sem ljóst er að fólk almennt vill að sé nokkurt og það ólíkt meira en nú hefur reynst. Þetta verður ljóst bæði í viðtölum við n. og eins viðhorfum ýmissa opinberra aðila, svo sem sveitarstjórna o. fl. Þeir aðilar vilja almennt á það trúa að vald n. sé ólíkt meira en það í raun er. Og hitt er svo ljóst, að þrátt fyrir mikla sanngirni formanns n., sem ber að virða og meta, hlýtur víða svo að fara að minnihlutamönnum þyki sem vera sín í n. sé í mörgu til lítils og þá ekki hvað síst í þeim málum sem sköpum skipta, t. d. í ýmsum þeim samneysluþáttum sem hljóta ætíð að vera efst á baugi hjá félagshyggjumönnum. Hér er það ekki meiri hl. fjvn., sem ferðinni ræður eða í vegi stendur, heldur ríkisstj. sem með niðurskurðarstefnu sinni markar brautina alveg sérstaklega í þeim opinberu framkvæmdum sem landsbyggðin byggir öðru fremur á: heilsugæslu, menntakerfi, samgöngum og félagslegri þjónustu, svo helstu þættir séu nefndir. Þegar á því leikur vafi fram á síðustu stund og á móti því virðist vera barist af stjórnvöldum að t. d. rúmar 30 millj. fáist til viðbótar í allar grunnskólabyggingar landsins þrátt fyrir hina geysilegu fjárþörf sem þar er, 26 millj. kr. upphæð til allra heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, að ekki sé nú talað um fáeina milljónatugi í dagvistarheimili, eitt brýnasta samfélagsverkefni okkar sem þar að auki er sem fjárfesting arðbært í besta lagi fyrir hagvaxtarbú framleiðslunnar eða svo er okkur sagt, þá stöndum við andspænis margfaldri þessari upphæð allri í höfn uppi á Grundartanga, af því að hún á að þjóna hvoru tveggja: hagsmunum erlends auðhrings, en þó framar öllu öðru sem liður í því að snúa atvinnuþróun á Íslandi við frá innlendri framleiðslu eigin hráefna, þegar þar er nú bjartara fram undan en áður, inn á braut erlendrar stóriðju sem fyrst og síðast beinist að fjárhagslegu ósjálfstæði okkar. Við þessari ágætu höfn þarna uppi á Grundartanga, sem gleypir nokkur hundruð milljóna, er hið einfalda svar: Þetta er ekkert atriði. Til þess verkefnis á að taka lán. — Og manni skilst svo sem á þeim góðu mönnum, sem þau orð hafa, að þetta lán eigi aldrei að borga, það skipti engu máli. (**Gripið fram í:** Fundið fé.) Ja, enda fundið fé að þeirra dómi. Það er þó vissulega rétt.

En Grundartanginn er nú kannske ekki eina dæmið þó að það sé mér einna mestur þyrnir í augum. Víða hleðst utan á í okkar ríkiskerfi þar sem með öllu virðist óþarft við að bæta, og eins og hv. þm. Geir Gunnarsson hefur með ljósum dæmum og skýrum rökum sýnt fram á hafa rekstrarútgiöld ýmiss konar, vaxtahækkanir af völdum óráðsíuskulda og fleiri liðir ýmsir bólgnað út og margfaldast á meðan þeir samneysluþættir, sem ég minnti á áðan og hafa afgerandi þýðingu fyrir landsbyggðina, hafa glatað svo mjög raungildi sínu sem raun ber vitni og hvarvetna sér stað. Það er óþarft að fara um það fleiri orðum, en hann fjallaði í skýru máli sínu fyrr í dag.

Ég starfaði í undirnefnd skólamála, og ljúft er mér og skylt að þakka samstarfið þar, einkum við formanninn, hv. þm. Steinþór Gestsson, sem gerði flest sem honum var unnt til að menn gætu orðið sáttir. Vitanlega verða menn ekki á eitt sáttir um svo viðamikla afgreiðslu og margliðaða, og því get ég lýst yfir, að ánægður er ég ekki, því fer fjarri en þar er vitanlega aðalatriðið að upphæðin, sem til skipta kemur, er allt of lág. Þegar svo naumt er skammtað að ekki er einu sinni ætlað fé til þeirra framkvæmda sem þegar eru í gangi og eiga lögum samkvæmt að taka ákveðinn árafjölda, þá gefur auga leið að enginn vegur er að koma nýjum brýnum framkvæmdum að nema á einn veg, þ. e. að skerða þær fjárveitingar til fyrri framkvæmda sem eru þó nær óhjákvæmilegar, m. a. vegna áfangaskipta. Og þó sú leið hafi verið valin til þess að hleypa nýjum framkvæmdum af stað, þá er þar eins um svo takmarkaðar fjárhæðir að ræða að um það hlýtur að ríkja mikill vafi með flestar þeirra, hvort fjárveiting nægi til byrjunarframkvæmda. Ég lýsi því yfir að ég var út af fyrir sig samþykkur þeirri leið sem valin var, annað var hreinlega ekki hægt vegna fjölmargra framkvæmda sem beðið hafa í stöðvun síðustu tveggja ára. En auðvitað orkar þetta mjög tvímælis þegar fjárhæðin til skipta er 1300 millj. á móti nær 1900 millj. kr. fjárþörf sem rn. taldi að væri brýnt að til þessa verkefnis færi, og var þó hvergi nærri allt tekið með inn í það dæmi sem átt hefði að taka.

Þegar við erum nú að feta fyrstu sporin á grundvelli nýrra laga um grunnskóla, þá er vægast sagt ömurlegt að svo skuli vera staðið að framkvæmdaþættinum sem byggingar allar snertir. En hér er um samræmda stefnu stjórnvalda að ræða sem birtist þó hvergi á nöturlegri hátt en í dagvistarheimilunum og framlögum til þeirra sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir gerði hér grein fyrir svo rækilega áðan að ég þarf ekki að fjölyrða þar um frekar. En varðandi afgreiðslu undirnefndar skólamála, þá var þar eitt atriði sem ég rak mig á sem mér þykir sérstök ástæða til að minnast á, og það er Reykjavík annars vegar og landsbyggðin hins vegar, án hins minnsta metings þar á milli. Ég hygg að Reykjavík sé ekkert of sæl af sinni hlut í grunnskólum ef við tökum þá alveg út af fyrir sig. En þar var sá reginmunur á og víðast úti á landsbyggðinni að allt var njörvað niður með samningum, sem hvergi mátti við hræra, milli Reykjavíkurborgar og menntmrn Endirinn varð svo sá að þarna var hreyft við lítillega í lokin, ég segi: þakka beri formanni þessarar undirnefndar, hv. þm. Steinþóri Gestssyni. En það var vissulega ekki skemmtilegt að horfa á þessar njörvuðu upphæðir sem ekki mátti skera niður um krónu, vil ég segja, á meðan við þurftum svo að hamast við að skera niður fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmdaþátta úti á landi, sumpart til að geta verið innan ramma

fjárlaga og sumpart, eins og ég sagði áðan og það skal viðurkennt, til þess að geta hleypt nýjum verkum af stað, — verkum sem óhjákvæmilega biðu. Til viðbótar þessu kemur svo það að Reykjavíkurdæmið er margslungið. Inn í það koma hreinir framhaldsskólaþættir vegna alls konar samninga milli rn. og Reykjavíkurborgar og í grunnskólaframkvæmdum eru þannig yfir 200 millj. til Reykjavíkur í verkefni sem ekkert eiga skylt við grunnskólastigið. Þetta er illþolandi og má ekki svo til ganga lengur. Reyndar var ákveðið í undirnefndinni, og ég hygg að þannig verði niðurstaða fjvn. í heild einnig, að unnið skyldi að breytingunum hér á fyrir næstu fjárlagagerð, og á það verður að treysta. En aðalatriðið er þó frá mínum sjónarhóli að allir sitji hér við sama borð, hafi sama rétt, að Reykjavík eða hvaða annar staður sem er á landinu, hvaða kjördæmi sem er, skulum við segja, hafi ekki neinn forgang þegar sest er að skiptingu fjárins og að skera þar niður. Þar eiga og mega engir samningar koma í veg fyrir eðlilegan jöfnuð.

Ég skal taka skýrt fram hér og nú, að einn skóla hér á þessu Reykjavíkursvæði hef ég borið sérstaklega fyrir brjósti, enda er hann eins og er fyrir landið allt og alfarið kostaður af ríkinu. Þetta er Öskjuhlíðarskólinn. Eitt mesta gleðiefni mitt úr þessu starfi öllu er að það skyldi nást fram m. a. fyrir ötula forgöngu formanns undirnefndar að sá skóli fengi sinn skerf til eðlilegs áframhalds og réttrar þróunar á menntabraut þessa vanrækta fólks.

Ég vildi aðeins víkja hér að flugmálunum og taka undir það sem hér hefur áður verið sagt um það hve fjárveitingar til þeirra mála eru allt of lágar og alveg sérstaklega þegar litið er til þess hve þýðing flugsins í samgöngum okkar er orðin gífurleg. Einhvern tíma verður við sem sagt að viðurkenna það hve snar og mikilvægur þáttur flugið er orðið í öllum okkar samgöngum. Við verðum einhvern tíma að fara að setja hlutina í rétt samhengi og viðurkenna hina miklu og brýnu þörf, sem við höfum fyrir þennan samgönguþátt, og þá um leið að tryggja öryggi í þessum málum sem allra mest, og þar tek ég undir hina hvössu ádrepu sem kom hér fram frá hv. þm. Karvel Pálmasyni áðan varðandi hina vægast sagt óviðunandi öryggisþjónustu við vegar um land.

Þegar við ræddum um flugmálin kom upp sú athugasemd við eitt atriði flugmálanna hvort ríkið ætti skilyrðislaust að fjármagna flugstöðvabyggingar. Ég held að þarna sé mikil spurning um hvort það séu ekki aðrir aðilar sem eiga að fjármagna þessar byggingar á aðalflugvöllum okkar, hvort flugfélögin sjálf eigi ekki hreinlega að gera þetta. Ég held að þetta sé röng stefna að mínu viti, að ríkið sjái hér um, það sé Flugfélagið sem eigi að eiga og reka þessar byggingar og þar með auðvitað greiða stofnkostnað við þær. Ég held að afkoma þessa félags sé svo ágæt og skattlevsi þess með þeim endemum einnig að það hljóti að geta staðið við það ef þeir njóta sömu hlunninda og þeir hafa gert.

Annað atriði í þessu sambandi vildi ég nefna og það er hin furðulega og óvenjulega meðferð fjárlagatalna sem er hjá þessari ágætu stofnun. Ég veit ekki betur en víðast hvar, þó þess séu reyndar önnur slæm dæmi einnig, — að víðast hvar séu þær fjárveitingar, sem á blað komast í fjárlögum, geymdar og taldar geymdar í þau verkefni sem þær eru ætlaðar til á fjárlögum hverju sinni. Þessu er öfugt farið í sambandi við flugmálin. Þar eru fjárveitingar ekki taldar geymdar hjá viðkomandi og fjárfest í allt öðrum þáttum en fjárveitingar segja til um, og flugmálayfirvöld virðast hafa þarna furðufrjálsar hendur. Það er kannske nokkuð gróft dæmi að taka dæmið um Egilsstaðaflugvöll vegna þess að þar hefur ríkt nokkur vafi hvað ætti að gera með þann flugvöll, hvort ætti að flytja hann á nýjan stað eða hvort ætti að endurbyggja hann á þeim stað sem hann er nú. En ég get ekki stillt mig um að benda á það, að 1974 og 1975 var veitt til þessa flugvallar samtals 58.5 millj. kr. á fjárlögum. Fjármögnunin varð hins vegar 7.5 milljónir. Samkvæmt þessu ætti Egilsstaðaflugvöllur að eiga inni geymda frá þessum árum 51 millj. kr. Ekki er fullljóst um árið í ár, fjármögnunin mun þó vera innan við fjárveitinguna, en þó nær en áður. Hér þarf að mínu viti að verða á mikil breyting og sama regla að gilda um fjárveitingar í þessum efnum og hjá öðrum stofnunum, þannig að þær fjárveitingar, sem við sjáum í fjárlögunum, séu látnar renna til þeirra framkvæmda sem þar er ætlað, ef þær eru ekki geymdar til viðkomandi verkefnis. Það mun hafa verið ákveðið í fjvn. að skrifa flugmálastjóra bréf og krefjast hér sömu aðferða og annars staðar gilda um þetta í kerfinu. Því ber að fagna. En það þarf líka að koma fram hvernig með síðustu ár verður farið, svo hrikalegur munur sem þar er á fjárveitingum og fjárfestingum. Þar verða bæði viðkomandi ráðh. og fjvn. úr að skera.

Ég hef flutt hér ásamt hv. þm. Braga Sigurjónssyni, Magnúsi T. Ólafssyni og Stefáni Jónssyni litla brtt. um nýjan lið: til Alþýðuleikhússins á Akureyri 1500 þús. Ég vil fara um þessa till. nokkrum orðum.

Hér er um mjög merkilegt framtak að ræða, svo ekki sé meira sagt. Einu sinni var kostuð um landið starfsemi sem kallaðist, að mig minnir: List um landið. Sumt af því, sem þar var flutt, var allvel gert, sumt miður. Sums staðar var hreinlega kastað til höndum og var eins og verið væri að fá einhverja uppgjafamenn hér syðra til þess að bæta þeim upp vonbrigði sin á listamannsferlinum. En þetta leikhús hefur gert tvennt sem er mjög merkilegt. Það hefur flutt frumsamin íslensk leikverk og í öðru lagi hafa þau verið frumsýnd úti á landi og það hefur verið ferðast um landið með þessi verk. Alþýðuleikhúsið hefur sem sé farið inn á það hlutverk sem blessuðu Þjóðleikhúsinu okkar með 260 milljónirnar er ætlað að rækja, en það vanrækir eins rækilega og kostur er.

Ég vil taka það fram að undirtektir við þetta leikhús úti á landi hafa verið frábærar, og ég sé það einnig hjá gagnrýnendum hér að þeir þykja hér fullkomlega samkeppnishæfir við aðra í þessum efnum.

Menn álitu e. t. v. að úr liðnum leiklistarstarfsemi gæti Alþýðuleikhúsið fengið eitthvert fram-

lag. Ég hlýt að fagna því að þetta framlag hefur verið hækkað um 50%, enda staðið í stað í tvö s. l. ár að mestu. En þegar lögin eru skoðuð, — og ég bar það alveg sérstaklega undir fyrrv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, sem er þessu máli mjög kunnugur frá úthlutun á þessu fé, — þá er útilokað að Alþýðuleikhúsið fái styrk úr þessari fjárveitingu. Ef menn vildu svo sniðganga lögin og gera vel við Alþýðuleikhúsið engu að síður, þá yrði útkoman sú fyrir áhugafélögin í landinu í heild að það yrði lítið úr hækkuninni til þeirra, því að staðreyndin yrði þá auðvitað sú, ef Alþýðuleikhúsið yrði tekið þarna inn, að vegna verkefna og sýningafjölda samkvæmt reglunum um úthlutun mundi það hljóta að fá a. m. k. helming af þeirri hækkun sem lögð hefur verið til nú af fjvn.

Alþýðuleikhúsið verður því að mínu viti að komast á sérlið. Ég trúi því ekki, að pólitiskt ofstæki í garð róttækra listamanna með skapandi hugverk ráði enn hér, og veit raunar, að margir úr liði núv. stjórnarflokka vilja sannarlega hér að styðja.

En úr því að ég minntist á leiklistarstarfsemina, þá vil ég aðeins til upplýsingar um það, hve skammt 50% hækkunin hrekkur, upplýsa að úthlutun er nú nýlega lokið og sú raunalega staða kom upp að sama krónutala var veitt til verkefna áhugafélaganna nú og s.l. ár. Menn hafa, held ég, aldrei athugað það á hverju lögin um leikstarfsemi áhugamanna byggjast. Þau byggjast á því að þau veiti leikfélögunum styrk sem nægi til leikstjórakostnaðar. Þannig voru þau upp byggð og þannig voru þau kynnt. Þannig var sú meginregla sem fyrrv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, lagði til grundvallar þegar þessi lög urðu til á sínum tíma. Núverandi styrkir nægja nú til helmings í besta falli, en fara allt niður í þriðjung af leikstjórakostnaði. Sama gróska og vöxtur þýddi þá smávægilega lagfæringu næst sem þó ber að meta ef þessi upphæð verður óskert. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að sýna þörfina á því að frv. til leiklistarlaga, sem nú liggur fyrir Alþ., nái fram að ganga, svo að fast skipulag megi komast hér á og viðunandi fyrirgreiðsla fáist við þessa oft merkustu menningarstarfsemina í mörgum byggðarlögum.

En umfram allt: Alþýðuleikhúsið má ekki verða þögn og fyrirlitningu að bráð hér á þingi. Ég held að landsbyggðarmenn ættu alveg sérstaklega að sameinast um leiðréttingu þessu leikhúsi til handa.

Ég hef einnig á þskj. 165 borið fram litla till. um hækkun á framlagi til Skriðuklausturs vegna viðbótarmanns sem þangað er þegar kominn í góðri trú, manns sem ætlað er að stunda tilraunir þar á búinu og allir, sem til þekkja, viðurkenna að sé til þess einkar vel fær. Ég veit að þessi till. átti og á góðan hljómgrunn innan meiri hl. fjvn., en þó ekki nægilega til þess að fram næðist, a. m. k. ekki ennþá. Ég var að vísu upplýstur um það, eftir að þessi till. kom fram, að vel kynni að verða á þessu leiðrétting, og ég verð þá að trúa því og mun draga þessa till. til baka til 3. umr. að sjálfsögðu. Það er upplýst í þessu sambandi að sú stofnun hér syðra, sem hefur með yfirstjórn að gera varðandi öll þessi mál og þar með yfirumsjón með tilraunabúunum, hafi á síðustu árum mjög aukið við starfslið sitt hér syðra. En nú þegar á að bæta við einum manni beint á vettvangi hins raunverulega starfs, þá kemur stöðvunin á. Og mér er tjáð að það sé fordæmið sem menn óttast. Ég er nú ekki alveg með á því og skil ekki hvaða voði væri í því ef á tilraunabúinu sjálfu færu nú að koma rannsóknaraðilar, færir starfskraftar og góðir, í stað þess að bæta enn frekar við mönnum við skrifborðið hér uppi á Keldnaholti. Hér er röng stefna á ferð, og ég leyfi mér að vitna í orð eins þekktasta sérfræðings okkar eystra í þessum málum orðum mínum til halds og trausts. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sannleikurinn er sá, að starfsemin á tilraunastöðvunum hefur að mestu leyti staðið í stað í fleiri áratugi. Á hverri tilraunastöð er tilraunastjóri sem einn ber ábyrgð á tilraununum og hefur yfirleitt ekki sérmenntaða menn með sér. Auk þess að sjá um tilraunirnar eiga þeir svo að stjórna búrekstri sem verður í flestum tilfellum þeirra aðalstarf, en tilraunirnar sitja á hakanum.

Síðari árin hefur verið safnað miklu af sérmenntuðum mönnum á ýmsum sviðum landbúnaðarins á Keldnaholti. Til að störf þessara manna njóti sín þarf tilraunastörf, því að tilraunirnar eru grundvöllurinn undir fræðistörfum á flestum sviðum. Að mínu viti er því efling tilraunastarfseminnar á tilraunastöðvunum mjög nauðsynleg fyrir landbúnaðinn, en hún hefur verið vanrækt því að mest menntuðu sérfræðingarnir hafa lítið leitað þangað, en meira leitað eftir að koma sér fyrir við skrifborð."

Þetta voru orð þess manns sem ég met mest í þessum málum eystra hjá okkur varðandi þennan lið.

Áður hefur verið mælt hér fyrir brtt. frá okkur hv. þm. Lúðvík Jósepssyni út af Fáskrúðsfjarðarmálinu. Ég vil aðeins benda á það í því sambandi, að framlag bæði til heilsugæslustöðvar og eins til lúkningar læknisbústaðar á Búðum, báðir þessir liðir eru þess eðlis að þar er ekki um nýja liði að ræða. Báðir voru nefnilega á fjárl. síðasta árs. Ég hlýt að trúa því að a. m. k. annar þessara liða, sá sem er þegar í fullum gangi, þ. e. a. s. læknisbústaðurinn, nái fram að ganga. Ég hef reyndar um það vilyrði að þetta mál verði tekið til endurskoðunar, og ég trúi sérstaklega á góðan vilja hv. þm. Lárusar Jónssonar, sem er formaður undirnefndar í þessum málum, til þess að hér verði úrbætur á, því að það er full ástæða til þess að þeir fáskrúðsfirðingar verði ekki alveg út undan nú eftir að hafa þó verið gefið grænt ljós í sambandi við hvorn tveggja þessara liða á síðasta ári.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Margt er enn ógert í störfum fjvn., eins og hér hefur verið bent á, og eiginlega illmögulegt að sjá hvernig því á að ljúka í tæka tíð svo að a. m. k. við landsbyggðarmenn komumst sæmilega heim fyrir jólin. Suma þætti ræði ég því ekki hér, jafnvel þá þætti sem ég vildi gjarnan vekja sérstaka athygli á, einkum af þeim ástæðum að ég vænti þar leiðréttingar á. Þar nefni ég alveg sérstaklega Styrktarsjóð vangefinna sem ég hef um nokkra vissu að á fáist fjárveiting afgreiðsla nú næstu daga og að sá sjóður verði allt að þrefaldaður, svo sem full þörf er á.

Aðeins í lokin vildi ég svo taka sérstaklega undir till. sem ég hef verið meðflm. að hér áður, a. m. k. tvisvar, um hækkun á jöfnun námskostnaðar, sem er á þskj. 165, frá þeim hv. þm. Karvel Pálmasyni, Skúla Alexanderssyni og Braga Sigurjónssyni. Ég viðurkenni það að á þessu hefur fengist nokkur leiðrétting í meðförum fjvn. En á það ber að leggja ríka áherslu að sú leiðrétting, sem þar hefur fengist, er aðeins til þess að mæta hækkun framfærsluvísitölu frá í fyrra, en ekki til þess að bæta upp stórfellda skerðingu frá árinu 1975 og eins á þessu ári, hvað þá að fara nokkuð í áttina eftir anda laganna um algera jöfnun námskostnaðar. Það skulu mín lokaorð nú að leggja áherslu á nauðsyn framgangs þessa máls og treysta því og trúa að á þessu fáist frekari leiðrétting, að við förum nú að feta okkur eitthvað í áttina til þess að hér verði raunverulegum jöfnuði náð, en ekki verði aðeins um nokkurn hluta bóta að ræða eins og verið hefur hingað til.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki tala hér langt mál, heldur aðeins gera stutta grein fyrir nokkrum brtt. sem ég ber fram, og drepa lítillega auk þess á brtt. sem ég flyt ásamt öðrum. Ég hlýt að lýsa yfir söknuði mínum vegna fjarveru hæstv. fjmrh. úr þessum sal. Kannske er þar bættur skaðinn ef ætla má að hann hafi hlýtt ráðum hv. þm. Geirs Gunnarssonar og sest við að lesa fræði Jóakims frænda í Andeby um hagfræði þeirrar þjóðar.

Ég ætla að víkja hér fyrst að brtt., sem ég er meðflm. að, og þá fyrst að till. sem ég flyt hér ásamt Ragnari Arnalds um hækkun á fjárveitingum til grænfóðurverksmiðja á Norðurlandi, þ. e. a. s. veitingu 20 millj. til grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði og annarrar 20 millj. til grænfóðurverksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og svo loks 29.5 millj. til annarra framkvæmda. Ég vil í sambandi við þessar till. rifja upp fyrir hv. þm. þær upplýsingar sem fram komu hér á Alþ. í fyrravetur, að grænfóðurverksmiðjur þær, sem hér um ræðir, teljast verða munu tvöfalt arðgæfari heldur en þörungaverksmiðjan við Breiðafjörð var talin mundu verða á meðan henni var ætlað að skila 12% arði af kapítali sem í hana var lagt. Samkv. þeirri reynslu, sem fengist hefur af þessu tæknisundri íslenskra verkfræðinga og hagfræðinga í raun, munu nú þessar grænfóðurverksmiðjur sennilega verða allt að því 600% arðgæfari. Ég legg áherslu á það atriði að reisa mætti báðar þessar arðgæfu grænfóðurverksmiðjur fyrir þá upphæð sem nú er beðið um til þess að greiða með tapið á þörungaverksmiðjunni á einu ári. Ég tel æskilegt að hv. þm. taki nú þegar raunverulega að hugleiða þessi mál í beinum tengslum við frétt sem við heyrðum í Ríkisútvarpinu í kvöld um að hæstv. ríkisstj. væri nú þegar búin að semja við Elkem Spigerverket í Noregi að hv. Alþ. fornspurðu og væri að undirrita samning við Elkem Spigerverket um mesta tækniundur á Grundartanga í Hvalfirði. Hv. alþm. má vera enn í fersku minni með hvílíkri reisn, visku og náð núv. ríkisstj. þvingaði sinn sterka þingmeirihl. hér til þess að samþykkja álíka samning, sem hér var fjallað um lengi og af mikilli hörku, við bandaríska auðhringinn Union Carbide á sínum tíma, og ekki væri til of mikils mælst við hv. alþm. að þeir gerðu til þess nokkra tilraun að rifja það upp hvernig sá samningur reyndist. En reynslan af honum var óneitanlega frumhvati þess samnings sem ríkisstj. hefur nú gert við Elkem Spigerverket, og í þeim samningi byggt á starfi, þekkingu og heiðarleika sömu sérfræðinganna og undirrituðu samninginn við Union Carbide. Að svo mæltu náttúrlega óska ég hv. stjórnarþm. til hamingju með þá virðingu sem ríkisstj. auðsýnir þeim nú öðru sinni með þessu skefjalausu trausti á vitsmunum þeirra.

Næst ætla ég að víkja lauslega að brtt. sem ég stend að ásamt Skúla Alexanderssyni og Lúðvík Jósepssyni um 20 millj. kr. fjárveitingu til þess að draga úr þeim mismun sem nú er á upphitunarkostnaði þeirra skóla, sem hitaðir eru upp með olíukyndingu, og þeirra, sem hitaðir eru upp með jarðvarma. Það má vera öllum hv. alþm. ljóst hversu mun þyngri baggi upphitun skólahúsnæðisins með olíu úti á landi er sveitarfélögunum nú en var í hittiðfyrra og jafnvel í fyrra, og þykir höfuðnauðsyn á því að ríkið hlaupi hér undir bagga.

Þriðja brtt., sem ég er aðili að ásamt fleirum, er sú sem hv. þm. Helgi Seljan gerði grein fyrir áðan, og ég nýt þess heiðurs að fá að flytja ásamt honum, Braga Sigurjónssyni og Magnúsi T. Ólafssyni, um 1500 þús. kr. fjárveitingu til Alþýðuleikhússins á Akureyri. Ég mun ekki fara um þessa till. mjög mörgum orðum, en vil nota tækifærið til þess að róa hv. stjórnarþm. suma hverja í því tilliti, að þó að Alþýðuleikhúsið kalli sig pólitískt leikhús, þá hefur það sem slíkt ekki gengið í neinn sérstakan flokk. Hugmyndin á bak við nafngiftina Alþýðuleikhús stendur í engu sambandi — alls engu sambandi — við Alþfl. eða Alþb., ekki einu sinni það, heldur er hugmyndin sú sama sem liggur t. d. að baki norska Folketeaters. Viðfangsefni þessa leikhúss hafa verið, eins og áður var sagt, innlend leikrit sem hafa þjóðfélagslega þýðingu, þ. e. a. s. pólitíska þýðingu, snerta mannlífið í samtíð okkar, snerta í snilldarlegum flutningi samvisku okkar og vekja okkur til umhugsunar. Á þann hátt má e. t. v. segja að starfsemi Alþýðuleikhússins á Akureyri geti orðið hættuleg íslensku íhaldi. En ég ítreka það, að sem slíkt er hér ekki um að ræða flokkspólitískt fyrirbæri og leikhúsið hefur þegar sýnt í starfi sínu að það hefur hlutverki að gegna.

Þá kem ég að tveimur brtt., sem ég flyt hér einn. Hin fyrri er um 6 millj. kr. fjárveitingu til sundlaugar í Mývatnssveit. Ég hef tekið þetta sérstaka mál út úr til þess að fá að reyna á það. Þetta er að vissu leyti táknrænt dæmi er varðar þörf þessarar fjallabyggðar á Íslandi, vel til þess fallið að láta á það reyna hvernig komið er í raun og veru afstöðu Framsfl. til byggðamála á Íslandi.

Í annan stað flyt ég hér brtt. sem miða að hækkun á framlögum til Ólafsfjarðarhafnar úr 31.7 millj. kr. í 60 millj. kr., miða að nýjum lið, nýju framlagi, 20 millj. kr., til hafnargerðar á Kópaskeri, og hækkun á framlagi til hafnargerðar á Þórshöfn úr 11.3 millj. í 20 millj. kr.

Enn vil ég tengja þessar till. um samtals 100 millj. kr. fjárveitingu til fiskihafna á Norðurlandi við fréttina, sem ég gat áðan, um þá virðingu sem ríkisstj. hefur sýnt hv. Alþ. með því að fara á bak við það og semja við Elkem Spigerverket um málmblendiverksmiðju uppi í Hvalfirði með því fororði að seinna, eftir að þessi samningur hefur verið undirritaður nú, verði málið lagt fyrir Alþingi. Hér er nefnilega aðeins farið fram á að veittur verði tæpur fjórði partur til þessara nauðsynlegu hafnarframkvæmda á Norðausturlandi af því fé sem fyrirhugað er að leggja í hafnargerð fyrir Elkem Spigerverket uppi í Hvalfirði. Við skulum nú segja sem svo að arðsemisútreikningar verkfræðinganna, sem reiknuðu út arðsemi þörungaverksmiðjunnar við Breiðafjörð og reikna út arðsemi fyrirhugaðrar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, standist betur að þessu sinni heldur en við þörungaverksmiðjuna. Við skulum segja sem svo að útreiknuð arðsemi þessa kompanís með alþjóðlegum auðhring, sem hefur lögheimili í Noregi, væri álíka og útreiknuð arðsemi í félagsskapnum með Union Carbide. Þá þarf tvo togarafarma af þorski til Ólafsfjarðar til þess að vega upp á móti þeirri arðsemi miðað við útflutningsverðmæti.

Síðari hluta nóvembermánaðar og í desemberbyrjun hafa Ólafsfjarðartogararnir orðið að bíða nokkra daga í þrígang í fjarðarmynninu til þess að fært væri í höfnina, og ég efast ekki um að Ólafsfjarðarsjómenn yrðu býsna fljótir að auka verðmæti úr sjávarfangi á borð við það, sem okkur er búið í arðsemi af Grundartangahöfninni, ef hafnaraðstaða þar yrði bætt.

Ykkur er, hv. þm., kunnugt um það með hvaða hætti kópaskersbúar eða norður-þingeyingar stefna nú að því að byggja upp útgerð á fengsæl mið frá Kópaskeri, en þar vantar hafnaraðstöðu, enn fremur hitt, hvílík vandkvæði eru á útgerð frá Þórshöfn vegna þess hversu höfnin þar er þröng og getur verið erfið.

Ég geri ráð fyrir því að svo kunni að fara að ég beri fram fleiri brtt. við fjárlagafrv. á morgun, og gefst þá efalitið tækifæri til þess að víkja nokkrum hógværum orðum að þeim heiðarleika og þeirri visku sem býr að baki stefnu ríkisstj. í fjármálum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mér þykir hlýða að fara nokkrum orðum um till., sem ég flyt hér við 2. umr. fjárl., og fylgja þeim úr hlaði. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um fjárlagafrv. ríkisstj. eins og það virðist ætla að verða nú eftir 2. umr. fjárl. Ég er andvígur samdráttarstefnu ríkisstj., þeirri samdráttarstefnu sem hún hefur iðkað hvað opinberar framkvæmdir snertir. Ég tel að niðurskurður, sem felst í því að fjárveitingar til margháttaðra nauðsynjamála hækka lítið sem ekkert frá ári til árs þrátt fyrir einhverja mestu verðbólgu Íslandssögunnar, — ég tel, að slíkur niðurskurður sé óréttlætanlegur með öllu, og þarf ekki að fara frekari orðum um það mál. Ég tel líka að ríkisstj. eigi auðvelt með að afla meira fjár í ríkiskassann en hún gerir, m. a. með því að breyta skattalögum í viðunandi horf, og við alþb.-menn höfum einmitt flutt till. þess efnis ár eftir ár. Ég sé því ekki heldur ástæðu til þess að fjölyrða um tekjur þær sem gætu komið á móti þeim útgjaldatill. sem ég leyfi mér að flytja. Það mætti vafalaust fá milli 5 og 10 þús. millj. kr. í auknar tekjur fyrir ríkissjóð ef skattalögum væri breytt, og er það að sjálfsögðu margfalt, margfalt hærri upphæð en sú sem felst í brtt. okkar stjórnarandstæðinga.

Það kveður sýknt og heilagt við, þegar rætt er um fjárlög ríkisstj., að skera verði niður opinberar framkvæmdir til þess að sporna gegn verðbólgunni og til þess að koma í veg fyrir þenslu í efnahagslífinu, eins og það er kallað. Ég ætla ekki heldur hér að fjölyrða um þessa hlið málanna. En ég vil rétt aðeins leyfa mér að spyrja hvort menn telji fremur verðbólguhvetjandi ef 10 stórfyrirtæki í Reykjavík eru ekki látin borga 50 millj. kr. í tekjuskatt sem þeim bæri að greiða ef eitthvert réttlæti ríkti í skattalöggjöfinni, þessu fé sé haldið eftir og því síðan eytt í einkafjárfestingu eigendanna, eða þá hitt, að þessar 50 millj. séu teknar í ríkiskassann og þeim varið til byggingar sjúkrahúsa úti um land. Hvor stefnan er frekar verðbólguhvetjandi eða fallin til þess að auka þenslu í þjóðfélagi? Ég er hræddur um að það þurfi býsna laginn hagfræðing til þess að finna út að það sé verulegur munur á þessum tveimur leiðum. Ef einhver munur er hvað verðbólguáhrif snertir eða hvað snertir óhagstæðari viðskiptajöfnuð, þá er ég sannfærður um að það gildir áreiðanlega frekar í því tilvikinu að stórfyrirtækin haldi þessu fé eftir og fái að eyða því að sinni vild. Í báðum tilvikum er að sjálfsögðu um eyðslu fjármuna að ræða. Aðalmunurinn er í því fólginn hvað fyrir þá fæst. Ég tel að stefna fjárl. sé andfélagsleg, hún sé andmenningarleg, eins og reyndar við mátti búast af íhaldsstjórn. Ég er andvígur niðurskurðarstefnu fjárl., andvígur þeirri stefnu í skattamálum sem fjárl. eru byggð á, og ég hika því ekki við að flytja hér nokkrar till. um brýn málefni sem fela í sér hækkun fjárlaga. Ég vil nú gera grein fyrir þessum tillögum.

Í fyrsta lagi flyt ég hér ofurlitla till. sem snertir Sinfóníuhljómsveitina og er á þskj. 181. Tillögugerð þessi byggist á erindi Tónskáldafélags Íslands sem sent hefur verið bæði menntmn. Ed. og Nd. og fjvn., en hefur ekki verið sinnt. Í bréfi Tónskáldafélagsins segir m. a. að í Sinfóníuhljómsveitinni sé fjöldi tónlistarmanna fastráðinn, og svo segir þar, með leyfi forseta:

„Þessir menn hafa lært hljóðfæraleik og geta séð sér farborða með því að leika á hljóðfæri sitt. Hljóðfæraleikarar eru túlkandi eða endurskapandi listamenn sem hafa það að ævistarfi að flytja gamla tónlist, a. m. k. að langmestu leyti. Sinfóníuhljómsveitin og opinberir aðilar gera næstum ekkert til þess að ný íslensk tónlist verði til. Hinir skapandi tónlistarmenn eru nær algerlega settir hjá. Ungur maður, sem leggur stund á selló- eða trompetleik, getur átt í vændum atvinnu við list sína og tiltölulega örugga afkomu við hljóðfæraleik. En leggi hann fyrir sig tónsmíðar verður hann að sjá fyrir sér og sínum með öðru en tónsmíðum. Og eftirfarandi spurning vaknar: Hví er ekki hægt að hafa einn skapandi listamann á launum við

Sinfóníuhljómsveitina úr því að unnt er að hafa nokkra tugi túlkandi listamenn þar starfandi? Munurinn á kjörum tónskálda og hljóðfæraleikara sést best af því að laun eina tónskáldsins, sem Alþ. hefur veitt heiðurslaun listamanna, eru ekki helmingur af launum eins hljóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveitinni."

Bréf þetta eru allmiklu lengra en hér hefur verið lesið, en ég held að þessi kafli úr bréfinu gefi fulla innsýn inn í þá hugsun sem að baki þessari tillögugerð felst. Á seinasta aðalfundi Tónskáldafélags Íslands mun hafa verið gerð eftirfarandi samþykkt:

„Aðalfundur Tónskáldafélags Íslands, haldinn 15. febr. 1975, skorar á Alþ. að stofna hið fyrsta stöðu fyrir tónskáld við Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hafi það starf að semja verk fyrir hljómsveitina. Staðan verði veitt til eins árs í senn."

Í bréfinu segir einnig að fyrirkomulag hugmyndarinnar gæti verið á þessa leið, að n. tilnefnd af Tónskáldafélagi Íslands, stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands og starfsmannafélagi hljómsveitarinnar tæki ákvörðun um það eftir umsóknum hvaða tónskáld hlyti þessa stöðu til eins árs í senn. Ekki mætti ráða tónskáld til lengri tíma í einu nema í sérstökum tilfellum. Sama tónskáldi yrði ekki veitt staða þessi oftar en á 7 ára millibili. Tónskáldinu yrði skylt að skila í lok ráðningartímabils verki fyrir hljómsveitina eða hóps innan hennar. Tónskáldið fengi sömu laun og konsertmeistari.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir þessari till. Ég tel að Tónskáldafélag Íslands geri hér fullnægjandi grein fyrir henni með þessum orðum sem ég hef greint frá, og ég geri það því að till. minni að í liðinn, sem snertir Sinfóníuhljómsveitina, komi staða tónskálds við Sinfóníuhljómsveit Íslands veitt til hálfs eða eins árs í senn, 2 millj. kr.

Í öðru lagi flyt ég nokkrar till. sem snerta skólabyggingar á Norðurl. v. Ég er ekki að halda því fram að Norðurl. v. sé kjördæmi sem fari illa út úr fjárveitingaskiptingu til skólamála í landinu ef miðað er við önnur kjördæmi. En ég tel hins vegar að það hafi átt sér stað fráleitur niðurskurður á fjárveitingum til skólamála almennt í landinu á undanförnum tveimur árum. Ég hef ekki haft aðstöðu til að yfirfara það dæmi í heild hvar þörfin er mest, en læt mér hér nægja að benda á nokkra staði og gera till. um nokkra staði sem ég tel að nauðsynlega þurfi úrbóta við.

Í fyrsta lagi eru það skólastaðirnir Skagaströnd og Haganeshreppur, þ. e. a. s. skólastaðurinn í Fljótum. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir því, að þessir staðir fái 3 millj. í fjárl. Í báðum tilvikum er um að ræða skólastaði sem hafa fengið á undanförnum árum smáslettur á fjárl. sem hafa verið mátulega smáar til þess að engum hefur dottið í hug að hefja neinar framkvæmdir. Ég óttast að í þessu tilviki sé einnig um að ræða fjárveitingar sem séu meira til að sýnast. Ég rökstyð þessa fullyrðingu mína m. a. með því, að í till. menntmrn. til fjvn. er gert ráð fyrir að Haganeshreppur fái 15 millj. til að fara af stað með sína skólabyggingu og Skagaströnd fái 12.5 millj. Það eru þær upphæðir sem menntmrn. þersýnilega telur nauðsynlegar til þess að sá skriður komist á þessar skólabyggingar sem þörf er á. Sé hins vegar um að ræða mjög smávaxnar fjárveitingar er hætta á því að það sama verði upp á teningnum á þessu ári og mörg undanfarin ár, — ég tek það fram: mörg undanfarin ár, — að veitt er smáupphæð til skólabyggingarinnar sem kemur ekki að neinum notum og er ekki gerð tilraun til að nota vegna þess að hún nýtist ekki. Ég vil í þessu sambandi vekja á því athygli að ég hef í tvö undanfarin ár flutt till. um fjárframlög til þessara tveggja skólabygginga, en þær hafa í báðri skiptin verið felldar.

Í þriðja lagi flyt ég till. sem snertir skólann í Varmahlíð í Skagafirði. Í ábendingum menntmrn. til fjvn. er frá því greint að fjárveitingaþörf til þessa skóla sé 32 millj. á árinu 1977 og ég geri hér till. um þessa upphæð í staðinn fyrir þær 23 millj. sem till. er gerð um af hálfu hv. fjvn. Ég óttast það og veit það reyndar, vegna þess að ég þekki mjög vel til þessa staðar og þessa skóla, að framkvæmdir munu stöðvast við það uppbyggingarstarf sem þarna fer fram ef ekki fæst meiri fjárveiting en hér er um að ræða, því að hún mun nokkurn veginn öll renna upp í skuldir, upp í það sem þegar hefur verið unnið og er í skuld úti um hvippinn og hvappinn.

Í þriðja lagi geri ég hér till. um nokkur menntamál á Norðurl. v. Þar er í fyrsta lagi um að ræða fjárveitingu til safnahúss á Sauðárkróki 300 þús., til safnahúss á Blönduósi 300 þús. og til Héraðsskjalasafns skagfirðinga 200 þús.

Varðandi safnahúsin er rétt að vekja á því athygli að þau hafa verið í fjárl. í fjöldamörg undanfarin ár, en einhver niðurskurðarmeistarinn hefur nú brugðið hnífnum á þessar fjárveitingar og skorið þær algerlega út. Og það eru reyndar ekki bara þessi tvö safnahús sem hafa horfið út úr fjárlagafrv., heldur gildir hið sama um nokkur önnur hús.

Nú skal það tekið fram að ríkissjóður hefur ekki byggt þessi hús. Ríkissjóður hefur aðeins látið lítils háttar framlag á hverju ári til þessara bygginga, en að langmestu leyti hefur verið staðið undir kostnaði við byggingu þeirra af viðkomandi sveitarfélögum og sýslufélögum. Enn er margt ógert í sambandi við þessi hús, og tel ég því einsýnt að þessum fjárveitingum verði haldið áfram, ekki eru þær stórar, 300 þús. kr. í hvoru tilviki.

Hv. fjvn. hefur borist styrkbeiðni frá Héraðsskjalasafni skagfirðinga þar sem farið er fram á að veittar verði 200 þús. kr. til söfnunar og skrásetningar ljósmynda. Í allítarlegri og langri grg., sem fylgir þessari umsókn og undirrituð er af Kristmundi Bjarnasyni f. h. stjórnar Héraðsskjalasafnsins, er gerð grein fyrir því gagnmerka starfi sem fram hefur farið á Sauðárkróki við söfnun gamalla mynda, og án þess að ég fari að rekja hér efni þessa bréfs, þá vil ég leyfa mér að fullyrða að hér sé um sjálfsagt nauðsynjamál og merkilegt nauðsynjamál að ræða og ég vildi eindregið mælast til þess að hv. alþm. veittu þessu máli liðsinni.

Í fjórða lagi flyt ég ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni till. sem snerta grænfóðurverksmiðjur í Skagafirði og í Suður-Þingeyjarsýslu. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þessar verksmiðjur eru einhver arðbærustu fyrirtæki sem unnt er að reisa hér á landi og vafalaust ólíkt skynsamlegri fjárfesting heldur en þau stóriðjufyrirtæki sem nú eru mest í tísku, þ. á m. það stóriðjufyrirtæki sem nú á að reisa í Hvalfirði, á Grundartanga. Þar við bætist að hér er um að ræða sérstakt nauðsynjamál fyrir landbúnaðinn og hér er um að ræða verksmiðjur sem ætlunin er að noti jarðhita fyrst og fremst, en á það skal bent að þær verksmiðjur, sem fyrir eru í landinu, nota ekki jarðhita, heldur olíu. Þetta eru því fyrstu verksmiðjurnar sem verða staðsettar þannig að þær gætu notað jarðhita, og hér er því um merkilega nýjung að ræða í atvinnuháttum íslendinga.

Ég vil minna á það að fyrir einu ári fluttum við hv. þm. Stefán Jónsson sams konar till. sem einnig snertu verksmiðjur í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þá voru upphæðirnar, sem við nefndum, 15 millj. sem mátti heita lágmark þess sem til þurfti þá til að koma þessum framkvæmdum af stað. Þessar till. voru þá felldar og engin fjárveiting fékkst til þessara nauðsynjamála. En síðan hefur verið gerð svo hörð hríð að forustumönnum landbúnaðarmála, þ. á m. hæstv. landbrh., að koma þessu máli fram, að ríkisstj. sér nú sóma sinn í því að veita 10 millj. kr. til hvorrar verksmiðju í þessu frv. Ég tel hins vegar að þar sé um algerlega ófullnægjandi fjárveitingu að ræða. Það er því till. okkar, miðað við það að við gerðum till. um 15 millj. í fyrra í hvora verksmiðju, að nú verði veittar 20 millj. í hvora verksmiðju.

Í fimmta lagi flyt ég till. um fjárveitingar til nokkurra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á Norðurl. v. Ég nefndi það áðan að ég sæi ekki ástæðu til að kvarta yfir fjárveitingum til skólamála á Norðurl. v. ef einungis væri miðað við það hvað önnur kjördæmi fá og ekki væri tekið tillit til þarfarinnar. En ég get ekki sagt það sama um fjárveitingar til sjúkrahúsmála. Ég tel, að fjárveitingar til sjúkrahúsmála á Norðurl. v. séu óeðlilega lágar, og gæti auðveldlega fært sönnur á þá fullyrðingu. Ég vil hins vegar láta þess getið að svo hefur verið oft á undanförnum árum og hefur oft verið yfir því kvartað. En það er að sjálfsögðu engin afsökun fyrir því að enn skuli fara svo að algerlega ófullnægjandi fjárveitingar fást til sjúkrahúsmála á Norðurl. v.

Hér er um að ræða í fyrsta lagi sjúkrahús á Blönduósi og Sauðárkróki, en á báðum þessum stöðum er ætlunin að byggja heilsugæslustöðvar. Ég vil minna á það hér að það er ekki í fyrsta sinn að um þetta mál er fjallað hér á Alþ., heilsugæslustöðvar á þessum stöðum, því að þessar stöðvar hafa um marga ára skeið fengið fjárveitingar í fjárl. án þess að nokkuð væri framkvæmt fyrir þessar fjárveitingar, vegna þess að þær hafa ávallt verið of lágar. Ég tel að þær fjárveitingar, sem nú eru áætlaðar í fjárl., séu enn of lágar til þess að þær megi gagnast sem skyldi. Ég er ekkert viss um það að t. d. 22 millj. til heilsugæslustöðvar á Blönduósi nýtist nokkuð betur en þær 10 millj. sem veittar voru til þessarar heilsugæslustöðvar, ekki í fyrra, heldur í hittiðfyrra, en voru ekki notaðar þá, heldur skornar niður og notaðar í eitthvað allt annað. Ég get rétt ímyndað mér að sami leikurinn eigi að gerast nú í fimmta skipti í röð, því að það er fjórum sinnum áður búið að veita fjárveitingar til þessara heilsugæslustöðva án þess að nokkur skriður kæmist á framkvæmdir, þar af tvívegis 10 millj. til hvors staðar. Ég tel að það beri því brýna þörf til að þessar fjárveitingar verði hækkaðar upp í það sem rn. gerði till. um, en það voru 36 millj. í hvoru tilviki.

Sama gildir um heilsugæslustöð á Hvammstanga. Hverjum dettur í hug að það sé annað en að sýnast að fjvn. kemur hér með till. um 2 millj. til heilsugæslustöðvar á Hvammstanga? Það verður áreiðanlega lítið gert við þá fjárveitingu annað en halda áfram að teikna eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Það gildir það sama um þessa heilsugæslustöð, að hún hefur verið til umr. í mörg ár án þess að nokkurn tíma fengist skriður á það mál.

Fjórða læknamiðstöðin í þessu kjördæmi er Siglufjörður og þeir, sem til þekkja, vita að þar er að skapast hið mesta vandræðaástand vegna þess að húsnæði vantar fyrir læknana á staðnum. Það er gerð till. í fjárl. um 5 millj. til læknisbústaðar á Siglufirði og ég tel að það sé ófullnægjandi, enda mun till. rn. hafa verið um 10 millj. Ég vil því gera hér till. um að sú fjárveiting verði veitt.

Loks er ég hér með till. um að Hofsósi, sem er einn af þeim mörgu stöðum á landinu, sem eru algerlega læknislausir, og verður að leita í heilsugæslustöð klukkutímaleið að vetrarlagi, verði veitt fjárveiting til þess að bæta læknamóttöku á staðnum, eins og unnið hefur verið að á undanförnum árum. Samkv. þeim upplýsingum, sem við alþm. höfum fengið, mun sá kostnaður vera kominn upp í 4—5 millj., og óskað er eftir því að tvær millj. verði á fjárl. veittar til þessa verks. Ég tel sjálfsagt og óhjákvæmilegt að við því verði orðið, enda lágmark að aðstaða þess staðar, sem svo illa er farið með, — hann hefur nú verið sviptur lækni sínum og íbúar þaðan verða að leita langan veg, oft í erfiðum vetrarferðum, til læknis, — að þeirra aðstaða hvað sjúkraferð snertir á staðnum sjálfum verði bætt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 167, 169, 174, 175, 176, 179, 181, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 176 flyt ég nokkrar brtt. ásamt öðrum, þær eru merktar I og II á þessu þskj., og vil ég þá fyrst byrja á II sem ég flyt með hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni og Karvel Pálmasyni. Sameiginlegt með öllum þessum till. er að þær varða starf verkalýðshreyfingarinnar.

Ég vil þá fyrst geta till. sem er nr. 5 á II. Það er hækkun á framlagi til Félagsmálaskóla alþýðu. Félagsmálaskóli alþýðu hóf starf sitt í byrjun ársins 1975. Hlutverk skólans er að

mennta trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar. Starfsemi verkalýðsfélaganna hefur á síðari árum gerst æ fjölþættari og starfsemi þeirra hefur farið inn á ýmis ný svið sem þarf að mörgu leyti, má segja, sérmenntunar við. Í þessu efni má kannske ekki síst minna á að öll samningagerð er nú með öðrum hætti en var fyrr á árum og á þar ekki hvað sístan þátt ríkisvaldið sjálft, ríkisstj., sem leggur á borð samningsaðila alls konar hagfræðilega útreikninga og hvers konar töflur og tölvísi þegar við samningaborð er sest. Það gefur auga leið að menn þurfa að fá þjálfun í því að fást við slík störf. En þegar athugað er það fjármagn, sem varið er til mennta- og skólakerfisins í landinu, þá blasir við sú staðreynd að fólkið í verkalýðshreyfingunni, sem hefur komið þessum skóla upp með ærnum kostnaði, verður að standa eitt undir öllum kostnaði, — þetta sama fólk sem ég vildi segja að stendur að verulegu leyti undir menntunarkostnaðinum í landinu. Fé til þessa skóla var veitt í fyrsta sinn á fjárl. yfirstandandi árs, 1 millj. kr. Þessi upphæð er nú af fjvn. hækkuð um 300 þús. Till. okkar er um að hækka þessa 1 millj. í 2 millj. Það er nú allt sem fram á er farið. Ég vil geta þess að þessar 2 millj. eru aðeins lítill hluti upp í kostnað byggingarframkvæmda sem nú standa yfir í Ölfusborgum vegna Félagsmálaskólans. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um Félagsmálaskólann, en ég vil leyfa mér að segja það, að það er hrein svívirða ef þessi skóli er ekki af ríkissjóði styrktur betur en nú er gert ráð fyrir.

Aðrar till. undir þessum tölul., þ. e. a. s. till. nr. 2, 3 og 4, eru um hækkun á framlagi vegna byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna úr 8 millj. í 10.4 millj., til Alþýðusambandsins vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu úr 3 millj. í 3.3 millj. og til Alþýðusambandsins vegna alþýðuorlofs hækkun úr 950 þús. í 1250 þús. Hér er aðeins um það að ræða að hækka þessa liði örlítið til samræmis þeirri hækkun sem orðið hefur á verðlagi frá því að þessir liðir voru ákveðnir í fjárl. yfirstandandi árs. Aðrar breytingar eru ekki varðandi þessa liði. Það gefur auga leið og ég vil alveg sérstaklega í þessu sambandi leggja áherslu á till. um hækkun til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna. Fyrir liggur núna að verkalýðshreyfingin á Vestfjörðum, sem ekki hefur enn þá byggt sín orlofshús, er nú að leggja í stórframkvæmdir, tugmilljónaframkvæmdir, á þessu sviði. Á Austfjörðum verður einnig í vor lagt í viðbótarframkvæmdir og þar er einnig um tugmilljónaframkvæmdir að ræða. Og eins er um þá aðra staði sem þegar hafa verið byggðir upp, að þar standa fyrir dyrum einnig nýbyggingar. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum hve nauðsynlegt er að einmitt þessar orlofsbúðir verkalýðshreyfingarinnar verði efldar. Það er langsamlega ódýrasti og ég vil segja allra besti háttur sem venjulegt alþýðufólk hefur til þess að njóta sumarleyfa.

Undir þessum sama tölul. eru einnig tveir nýir liðir sem ekki hafa verið í fjárl. áður. Annar er til Norræna verkalýðsskólans í Genf, framlag upp á 300 þús. kr. Þessi skóli er rekinn af alþýðusamböndunum á öllum Norðurlöndunum. Alþýðusamband Íslands hefur tekið nokkurn þátt í rekstri skólans, en hefur ekki fjármagn til að gera það svo að sómasamlegt sé. Ég vil einnig taka það fram að þessi skóli er ekki aðeins rekinn af verkalýðs- eða alþýðusamböndunum á Norðurlöndunum, heldur leggja ríkisstj. allra Norðurlandanna verulegt fjármagn til þessa skóla nema ríkisstj. Íslands. Það var, held ég, eitt árið, ég man nú ekki nákvæmlega hvenær það var, þegar Hannibal Valdimarsson var félmrh., þá var nokkur styrkur veittur til skólans, en hann hefur síðan fallið niður. Þessi skóli hefur verið sóttur hingað til og af miklum vanefnum af Alþýðusambandinu af 8 mönnum, og þeir, sem þangað hafa farið, róma mjög hve gott þeir hafa haft af dvölinni þar. Ég legg áherslu á að þessi liður verði nú tekinn inn á fjárlög aftur. Hér er um smávægilega upphæð að ræða, meira kannske til þess að geta sagt að ríkisstj. Íslands eða ríkissjóður Íslands sé með í þessu starfi sem fram fer á vegum verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum í Genf.

Hinn nýi liðurinn, sem um er að ræða, er 200 þús. kr. styrkur til Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar. Sögusafni eða vísi að Sögusafni verkalýðshreyfingarinnar hafa Alþýðusambandið og Menningar- og fræðslusamband alþýðu reynt að koma upp. Það er nú þegar kominn nokkur vísir að þessu safni. En þetta er mikið starf og þarf töluverða fjármuni til þess að hægt sé að sinna þessu starfi eins og vert er. Það er enginn efi á því að þegar er mikill skaði skeður að þetta starf skuli ekki hafa verið hafið fyrr. Það eru áreiðanlega mörg verðmæti þegar farin forgörðum, bæði í rituðum heimildum og kannske ekki síður í minni þeirra sem voru með á frumskeiði verkalýðshreyfingarinnar, en þeir eru nú sem óðast að týna tölunni. En áreiðanlega væri það mjög verðmætt ef við hefðum fjármuni til þess að hefja þetta starf, og um þá fjárhæð, sem hér er um að ræða, 200 þús., má kannske segja það sama og varðandi Verkalýðsskólann í Genf, að hér er nánast um það að ræða að setja þessa liði á blað.

Till., sem er undir I, flyt ég ásamt Guðmundi H. Garðarssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Karvel Pálmasyni. Sú till. varðar Listasafn Alþýðusambands Íslands og er um 2 millj. sem stofnkostnað við Listasafnið. Ég vænti þess að öllum hv. þm. sé kunnugt um þetta Listasafn, en stofn þess er hin stórhöfðinglega gjöf Ragnars Jónssonar sem hann gaf Alþýðusambandinu og tileinkaði erfiðismönnum í landinu, geysiverðmætt málverkasafn. Þetta safn hefur síðan verið aukið nokkuð. En því háir æðimikið að það er ekki í góðum húsakynnum, en nú stendur til og er raunar þegar komið nokkuð á veg að Listasafnið fái húsakynni í því húsi við Grensásveg sem Alþýðusambandið er nú að eignast og flytur bækistöðvar sínar til, vonandi innan ekki langs tíma, og meiningin er að Listasafnið fái eina hæð í því húsi, efstu hæðina, til afnota, og þar væri um mjög góða aðstöðu að ræða. Verkalýðsfélögin, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu, eru nú að bindast samtökum um að fjármagna þessa hæð fyrir Listasafnið. Hér er um fjármuni að ræða sennilega eitthvað á bilinu 50—60 millj. Það, sem fram á er farið hér, eru aðeins 2 millj., og má

segja að það er nánast til þess að veita ríkissjóði þann heiður að vera þátttakandi í því að koma húsakynnum yfir þetta safn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessar till. Ég hef þegar gert grein fyrir þeim. En eins og í pottinn er búið við 2. umr. fjárl. núna, þá mun ég taka til baka til 3. umr. veigamestu till. á þessu þskj., þ. á m. þá till. sem ég gat nú um síðast, um Listasafnið, till. um Sögusafnið og byggingu orlofsheimili og einnig framlagið til Félagsmálaskólans og til Norræna verkalýðsskólans í Genf. Ég vænti þess að hv. fjvn. sjái sér fært að verða við þessum till. Hér er um smámuni eina að ræða í öllum þeim stóru upphæðum sem fjárl. eru nú orðin, en það, sem er sameiginlegt þessum till., er að ríkið sjái sóma sinn í því að koma meira til móts við það menningarstarf sem innt er af hendi í verkalýðshreyfingunni en nú er.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja við þessa umr. þrjár smávægilegar brtt., — brtt. þar sem er a. m. k. í tveim tilvikum nánast um bráðnauðsynlegar leiðréttingar að ræða, viðbót við framlög sem fyrir eru í öllum tilfellum og upphæðir smáar.

Á þskj. 176, merkt III, er till. varðandi Sjúkrahús Vestmannaeyja. Í brtt. frá fjvn. er lagt til að til þessa verkefnis verði varið 20 millj. kr. í skuldagreiðslu. Það er nefnt skuldagreiðsla vegna þess að ríkið skuldar Vestmannaeyjakaupstað allmiklar upphæðir. Samkv. nákvæmum upplýsingum, sem ég hef nú í dag fengið frá bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum, Páli Zóphóníassyni, mun ríkissjóður skulda Vestmannaeyjakaupstað 114 millj. kr. til sjúkrahússins sem er stærsta sjúkrahús á Suðurlandi, rekið með miklum myndarskap, enda búið ágætum tækjum, en fyrst og fremst hefur framúrskarandi starfsliði á að skipa þar sem valinn maður er í hverju rúmi. Til þessa sjúkrahúss er aðeins varið 20 millj. kr. í þessari till. fjvn. Ef við ættum að bera þetta saman við fjárveitingar til sjúkrahúsa á sambærilegum og minni stöðum í landinu, þá er um allt aðrar tölur að ræða heldur en varðandi Vestmannaeyjar og er óþarfi að fara yfir þann lista hér úr ræðustóli vegna þess að hv. þm. hafa hann allir á sínum borðum. Og mér er nánast óskiljanlegt hvernig á því getur staðið að hv. fjvn. getur leyft sér að koma með slíka upphæð þegar aðrir fá margfalt meira. T. d. er Akranes með 41 millj., Búðardalur með 25, Patreksfjörður með 30, Ísafjörður með 100, Sauðárkrókur með 28, Dalvík með 30, Akureyri með 130, og svo mætti lengur telja, Neskaupstaður 52, og er það síst of mikið, Keflavík með 37 o. s. frv., o. s. frv., en 20 millj. til þessa sjúkrahúss, sem er eitt myndarlegasta sjúkrahús landsins, deildaskipt og skipað sérfræðingum í hverri grein.

Þessi skuld ríkisins við bæinn er þannig til komin að eftir gosið var álitið eitt mesta nauðsynjaverk, sem unnt var að vinna á staðnum, að flýta framkvæmdum við sjúkrahúsið þannig að bæjaryfirvöld gætu boðið vestmanneyingum mannsæmandi heilsugæslu- og sjúkraaðstöðu. Og ég er alveg sannfærður um það að ef þetta hefði ekki verið gert, þá hefðum við ekki fengið fólkið út til Vestmannaeyja jafnhratt og raun varð á, ósköp einfaldlega vegna þess að fólkið gerði kröfu til þess, þar sem það átti að koma til Eyja eins og ástandið var þá, að það hefði möguleika til sæmilegrar heilsugæslu. Þess vegna er það að til þessarar skuldar, 114 millj. kr., er aðallega stofnað á árinu 1974 og að nokkru árið 1975. Og hver maður getur séð hvert er verðgildi þessara króna, sem standa í skuldinni, og hvernig þær hverfa óðum í því verðbólgubáli sem nú geisar.

Ég get nefnt til skýringar að væri hér um skólabyggingu að ræða og þær reglur, sem þar gilda, notaðar, þá væri þessi upphæð núna orðin meira en 300 millj. En ef farið væri eftir því, sem hv. fjvn. leggur til, þá tæki það með þessu framlagi, 20 millj. framlagi á ári, 6 ár að greiða þessa skuld, og er þá hætt við að síðustu greiðslurnar yrðu nokkuð lítils virði.

Ég get ekki skilið hvernig stendur á því að svo hefur verið unnið að málunum og til þess ætlast að Vestmannaeyjakaupstaður, svo illa sem hann er kominn fjárhagslega af alkunnum ástæðum sem ekki þarf að endurtaka, geti haft efni á því að lána ríkissjóði þungar krónur og fá eftir langan tíma smáar og fáar krónur í staðinn.

Í þessari till. hef ég leyft mér að leggja til að í stað 20 millj. komi 60 millj., og sjá allir hv. þm. að þar er ekki farið fram á ósanngjarna upphæð, — sannarlega ekki. Ef tekið væri aftur mið af reglunni sem gildir um skóla, þá væri þarna um ⅓ hluta af raunverulegu verðgildi að ræða og tæplega það. Svo gamla skuld verður að greiða hraðar í verðbólguástandi heldur en ef verðbólgan væri minni en raun ber vitni, og ég tel að ekki verði undan því vikist að greiða þessa skuld á tveimur árum. Sé það gert á lengri tíma, þá er bókstaflega verið að hafa stórfé af Vestmannaeyjakaupstað, og er það illt verk ef miðað er við það hvílík nauðsyn var á því að flýta þessu verki, því að án þess hefði uppbygging kaupstaðarins dregist úr hömlu.

Herra forseti. Á þskj. 181, merkt II, hef ég leyft mér að leggja til að auka nokkuð það framlag, sem frá ríki hefur komið til Vatnsveitu Vestmannaeyja allmörg undanfarin ár, úr 7.5 millj. í 15. Það kann að vera að þegar menn heyra talað um 100% hækkun á þessari tölu, þyki þeim að nokkuð sé of í lagt. En það er alls ekki, ósköp einfaldlega vegna þess að þessi upphæð, 7.5 millj., var ekki ákveðin á síðasta ári, heldur fyrir mörgum árum. Ef ætti að reikna það og bera saman hvers virði þessi upphæð, 7.5 millj., væri nú að raungildi, miðað við það ár sem hún kom fyrst, þá hefði hún a. m. k. sjö- eða áttfaldast.

Vatnsveita Vestmannaeyja er svo sannarlega öðruvísi vatnsveita heldur en gerist annars staðar hér á landi og þó víðar væri leitað og er líklega eitt allra stærsta verkefni sem eitt sveitarfélag hefur ráðist í miðað við fólksfjölda og væri nú, ef allt væri reiknað á núverandi krónum, svo léttar sem þær eru nú orðnar, talið í milljörðum, en ekki hundruðum millj. Það var hugsað í upphafi þannig að smátt og smátt gæti ríkið lagt þessu fyrirtæki til fé með árlegum fjárframlögum, þannig að þegar upp væri staðið hefði ríkið lagt fram allt að 50%

af stofnkostnaði við höfuðleiðslur úr landi. En nú stendur þetta dæmi þannig að bærinn hefur lagt fram 206 millj. í þessu skyni, en ríkið aðeins 57, þannig að sýnilegt er að þar hefur ríkið dregist aftur úr, og er það eðlilegt vegna þess að upphæðin hefur verið óbreytt frá byrjun. Ég tel að þarna sé fyrst og fremst um leiðréttingu að ræða, kannske of seint fram komna, hefði átt að athugast miklu fyrr. En betra er seint en aldrei, og ég hygg að það verði ekki talin ósanngjörn krafa að fara fram á þessa hækkun nú, eins og verðbólgan er þessa stundina. Það er langt frá því að þessi till. beri nokkurn keim af óvæginni kröfugerð, heldur miklu fremur svip ábyrgrar fjárumsóknar þar sem er leitast við að leiðrétta og færa til núgildandi verðlags framlag sem ákveðið var fyrir mörgum árum, eins og ég sagði áður.

Ég held að það skaði ekki að geta þess, að það er mál manna, sem til þekkja, að hefði þessi framkvæmd, Vatnsveitan í Vestmannaeyjum, ekki verið komin til kaupstaðarins fyrir eldgos, þá sé mjög hæpið að um uppbyggingu Vestmannaeyja hefði getað orðið að ræða nema þá á miklu lengri tíma en raun varð á. Ég er sannfærður um að ef hv. alþm. hugsa um þessa till. rólega og af sanngirni og þótt kröfurnar séu margar og margvíslegar og fjárl. kannske nægilega há, þá sé þarna um slíkt nauðsynjamál að ræða að ég er viss um að þessi till. gæti fengið þann stuðning sem til þarf.

Þriðja till., sem ég hef leyft mér að leggja hér fram, varðar heilsugæslustöð á Hvolsvelli í Rangárvallasýslu. Þannig var að þegar núgildandi lög um heilsugæslustöðvar, sjúkrahúsbyggingar og annað voru sett, að mig minnir á árinu 1972, þá var í upphafi gert ráð fyrir því að heilsugæslustöð af þeirri gerð, sem kölluð hefur verið H-2, ætti að rísa á Hvolsvelli og þjóna í Rangárvallasýslu sem höfuðmiðstöð lækninga og heilsugæslu. En svo hefur nú farið að ekki hefur verið ráðist í þessar framkvæmdir, og nú síðustu árin vitum við hvernig þetta hefur verið, að það hafa fremur verið veittir fjármunir til verkefna sem þegar hafa verið komin eitthvað áleiðis, en þau fremur látin sitja á hakanum sem ekki hefur verið byrjað á. Þeir, sem hafa lent í þessu, hafa þess vegna orðið mörgum árum á eftir og raunar dregist úr hömlu að koma af stað nauðsynlegum framkvæmdum í svo sjálfsagðri þjónustu sem þarna er um að ræða. Þeir hafa sem sagt aldrei fengið að byrja. Fyrst er gert ráð fyrir byrjunarfjárframlagi sem er 2 millj., og heitir það hönnun sem á að framkvæma fyrir þessa peninga. Sannleikurinn er sá, að ekki þarf að vanda sig mjög við að hanna slíkt verkefni vegna þess að þarna er um staðlaða byggingu að ræða, — byggingu sem er eins á þessum stað og á mörgum öðrum. Sama teikningin er notuð og sama fyrirkomulag alls staðar, þannig að það þarf ekki að myndast við að setja hér 2 millj. í hönnun á því sem þegar er hannað og meira að segja þegar byggt á mörgum stöðum. En ég vil vekja athygli á því að nú er aðeins gert ráð fyrir því að á Hvolsvelli komi heilsugæslustöð af minni gerð.

Ástandið er nú þannig í þessu læknishéraði, Stórólfshvolslæknishéraði, að ekki er vansalaust að láta þetta dragast lengur. Aðstaða læknis og lækna á svæðinu er allsendis ófullnægjandi, þannig að hér er eins og raunar víðar um nauðsynjamál að ræða. Ég vil — og ekki að ástæðulausu má vera — enn minna á það, að þarna var gert ráð fyrir í upphafi að yrði heilsugæslustöð fyrir svæðið. Ég hef leyft mér þess vegna að leggja til að í stað 2 millj. kr. komi 12 millj. fjárveiting til þess að þeir á Hvolsvelli geti farið af stað og komið byggingunni vel áleiðis á næsta ári, þannig að síðla árs 1978 geti þessi læknamiðstöð og heilsugæslustöð tekið til starfa og það auðvitað mörgum árum seinna en upphaflega var ætlað og allt of seint, því miður. En ég treysti því, þegar þessi till. kemur til meðferðar hv. Alþ., að menn verði ekki of fast handjárnaðir og leyfi sér að greiða svo ágætri till. atkv. sitt.

Herra forseti. Ég hef nú í nokkrum orðum gert grein fyrir þeim þrem brtt., sem ég hef nú þegar komið fram með, og gert grein fyrir því að hér er ekki um háar tölur að ræða. Í sambandi við sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum er um réttlætismál að ræða. Þar er um það að ræða að létta svolitið af Vestmannaeyjakaupstað sem hefur lánað ríkissjóði sem ætti ekki að leyfa sér að skulda svo litlu sveitarfélagi svo háar upphæðir í svo langan tíma á meðan óðaverðbólgan geisar. Í öðru tilfellinu gerði ég grein fyrir fjárþörf Vatnsveitu Vestmannaeyja. Þar var að mínum dómi um leiðréttingu að ræða þar sem gert er ráð fyrir því að tala, sem ákveðin var fyrir næstum áratug, 7.5 millj., breytist nú í 15. Ekki er nú krafist stærri hluta. En samt sem áður geri ég ráð fyrir að hv. þm. stjórnarliðsins kunni að segja að við í minni hl. á hv. Alþ. komum nú sífellt með hækkunartill. á hækkunartill ofan. Í því sambandi vil ég segja það, að standi það eitthvað í hv. alþm. að greiða vinsamlega atkv. þessum þremur smávægilegu brtt., en bráðnauðsynlegu samt, þá er ég tilbúinn að koma með lækkunartill. Ég er tilbúinn að koma með lækkunartill. sem nema hærri upphæð en allar þessar þrjár till. samanlagðar gera ráð fyrir.

Herra forseti. Um þessar till. sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar að þessu sinni. En ég get ekki svo lokið máli mínu í kvöld að ég víki ekki örfáum orðum að því sem hér hefur verið sagt varðandi flugmálin í landinu. Mér er málið býsna skylt vegna þess að mér hefur verið nú um allmörg undanfarin ár falið það að ýmsu leyti óskemmtilega verkefni að skipta allt of litlum fjárveitingum til geysimikils verkefnis og margbreytilegra hluta í flugmálum um land allt. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið lengi og ekkert legið á henni, að þessi þáttur samgöngumála á Íslandi hefur verið vanmetinn, til flugmálanna hafi komið allt of lítill hluti af því fjármagni sem til samgöngumála hefur farið í heild. Ef menn kynna sér þetta mál, þá sjá þeir það sjálfir, þannig að það þarf ekki að hafa uppi um það langar tölur. Ég vil aðeins nefna það, að til framkvæmda í flugmálum á s. l. ári komu aðeins 250 millj. kr. — 252, svo að það sé ná-

kvæmt, og hafði hækkað í krónutölu á hverju ári um dálitlar upphæðir sem aldrei náðu því þó að fylgja verðbólgunni, þannig að raungildi þeirra fjármuna, sem til þessara framkvæmda fóru, fór síminnkandi og svo er enn. En sannleikurinn er sá, að ástandið í þessum efnum er afar slæmt og ekki síst hvað þau málefni varðar er snerta öryggi flugsins, flugleiðsögukerfi, þau tæki sem þarf að nota til þess að koma flugvélunum að flugvöllunum við misjöfn veðurskilyrði sem vissulega eru hér norður við Dumbshaf. Núna hafði hæstv. ríkisstj. — fjármálavaldið — áætlað til þessara hluta 300 millj. kr., en starfsmenn flugmálastjórnar höfðu sett saman lista um fjárveitingar sem þeir álitu nauðsynlegar og það bráðnauðsynlegar langflestar, höfðu víða skorið af, víða fellt niður, og gátu eytt miklu meiri peningum, en þessi listi, sem sendur var fjármálayfirvöldum, var upp á 1136 millj. kr. Það var ekki rýrt um helming, það var skorið niður í 300, það var deilt með 4. Ég ætla ekki að fara að tala hérna um það, sem hv. þm. Karvel Pálmason nefndi í umr. í dag, að til kostnaðar við flug Landhelgisgæslu var varið gífurlega stórum upphæðum, — upphæðum sem samsvara, þegar allt kemur saman, fjögurra ára fjárveitingu til allra flugmála í landinu, allra flugvalla, allra öryggistækja, allra ljósa, allra vita, þannig að þarna er ákaflega misjafnlega með fé farið. Ég er ekki að segja að Landhelgisgæslan þurfi ekki að hafa þau tæki í höndunum sem duga til þess að fylgjast með erlendum veiðiþjófum og innlendum. En ég er ekki viss um að það þurfi að standa að því á þennan hátt. Ég er ekki viss um að það þurfi að kaupa sérsmíðaða vél úr kassanum í Hollandi fyrir margfalt meira verð en var hægt að fá fyrir sams konar flugvél. Ég er heldur ekkert viss um að það hafi þurft tvær svona stórar flugvélar.

Það var skipuð n. sérfróðra manna til þess að kanna hvers konar tæki væru heppilegust í þessu skyni. Það var ópólitísk n., spesialistar í hverri grein. Þeir komust að allt öðrum niðurstöðum. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að það mátti kaupa miklu minni vél en gert var. Samt var sú vél með þeim alfullkomnustu af þeirri stærð sem til er, vél af gerðinni Beachcraft King Air, sem er sannarlega góð flugvél, og væsir ekki um nokkurn þann mann sem í henni þarf að dvelja þótt í nokkrar klukkustundir sé. En þeir hefðu alls ekki þurft að vera mjög lengi í þeirri vél í senn. Við höfum 200 mílna landhelgi, það er rétt. En ætli fiskimiðin okkar séu nú út að 200 mílum? Ætli megnið af þeim sé ekki miklu nær? En það hefði auðvitað verið hægt að hafa stóra flugvél til þess að gæta ytra svæðisins, og hún er til, hún flýgur enn, hafa síðan til þess að gæta innra svæðisins minni vél sem hefði getað lent með stuttum fyrirvara næstum hvar sem er á landinu. Þarna mátti spara fé, ég vil leyfa mér að segja það, hefði verið farið eftir því sem þessir sérfræðingar sögðu, og þó það hefði alls ekki verið talað við neina sérfræðinga, heldur bara þm. spurðir. En það kom fram í ræðu þess hæstv. ráðh., sem þessi mál hafði á sinni könnu, og hefur margsinnis komið fram í hans máli hér, að hann treystir þm. ekki til neins. Ég vissi þetta. Það vissu þetta fleiri. Þarna mátti spara.

Herra forseti. Ég kom í ræðustólinn auðvitað fyrst og fremst til þess að mæla fyrir mínum smávægilegu brtt., en eins og ég sagði áðan, mátti til með að víkja ofurlítið að þessum málaflokki. Um þau mál öll mætti tala miklu lengra mál og vafalaust betra. En ég vil bara vekja athygli á því og ekki síst þeirra, sem mikið þurfa að fljúga, og biðja þm. að athuga það alvarlega, að það getur verið hættulegt, stórhættulegt að vanrækja þennan málaflokk úr hófi. Ég ætla ekki að nefna afleiðingar þess ef eitthvað kynni að fara úrskeiðis í þessum efnum. Það er eins gott að vera ekki með neinar hryllingssögur hér, menn geta bara hugsað það sjálfir ef vilji og geta er fyrir hendi. Ég vil samt ítreka það, að þeir hv. þm., sem kunna að hafa áhrif á fjárveitingar, t. d. á næsta ári, þeir íhugi þessa hluti, geri þennan hlut samgöngumálanna stærri en er, íhugi þá í alvöru. Og ég vonast til þess að gaumur verði gefinn þeirri áætlun, sem stjórnskipuð n. hefur nýlega lokið við og mun verða lögð fram nú allra næstu daga, — n. sem hafði fengið það verkefni að gera 5 ára áætlun — sem víða hefur reynst vel — um flugmál og útbúnað á flugvöllum á Íslandi, — n. undir forsæti ekki ómerkari manns en Guðmundar G. Þórarinssonar og í þeirri n. eru ekki aðeins pólitíkusar, heldur líka sérfræðingar, þeir sem best eru menntaðir í þessum efnum í landinu. Þessi n. kemst að þeirri niðurstöðu að á næstu 5 árum þurfi til þessa verkefnis 5 000 millj. kr., — það er kannske ekki stórt í augum sumra eða eyrum sumra kannske réttara sagt, — en það þurfi 5 þús. millj., sem sagt, að á hverju ári sé nauðsynlegt, ef vel skal vinna og rétt, að leggja sem svarar 1000 millj. kr í þennan málaflokk á ári hverju, ef miðað er við núgildandi verðlag. En núna höfum við getað með ýtni, vil ég leyfa mér að segja, og talsverðri vinnu getað pínt þessa upphæð upp í 376 millj., þ. e. a. s. aðeins þriðjunginn af því sem þessi stjórnskipaða n. hefur komist að raun um að sé nauðsynlegt.

Herra forseti. Ég vænti þess að brtt. mínar, hinar þrjár, ekki stórar í sniðum að vísu, en koma sér vel þar sem þær eiga heima, fái jákvæða afgreiðslu, og auk þess óska ég eftir því einu sinni enn að hv. alþm. íhugi flugmálin líka og í fullri alvöru.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 184, sem var of seint fram komin, samþ. með 33:1 atkv.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég kem nú hingað upp til þess að mæla nokkur orð með brtt. sem ég hef flutt við fjárl. ásamt öðrum hv. þm. En í upphafi máls míns vil ég lýsa undrun minni og mótmæla þeim vinnubrögðum sem átt hafa sér stað í sambandi við meðferð samnings við Elkem Spigerverket.

Stefán Jónsson upplýsti það hér áðan, að í fréttum Ríkisútvarpsins í kvöld hefði verið haft

eftir fréttastofu Reuters að íslenska ríkisstj. hefði þegar samþykkt eða undirskrifað þessa samninga, og eins og við vitum hafa þessir samningar ekki enn verið lagðir fyrir Alþ. Ég er reyndar ekki mjög kunnugur þingsögunni, en ég held eða mér finnst einhvern veginn að þetta hljóti að vera og séu ný vinnubrögð í sambandi við jafnstórt mál og þetta.

Ofan á þetta bætist svo það, að við alþb.-menn erum að frétta það núna og heyra frá meðþm. okkar að þessu frv. hafi verið dreift hér til stjórnarþm. og alþfl.-þm. í fyrradag eða gærkvöld. Við alþb.-menn höfum ekki séð þetta frv. enn þá. Hvers lags vinnubrögð eru þetta og hvað er verið að dylja fyrir okkur? Er verið að reyna að dylja þetta fyrir okkur fram yfir þessa umr., þannig að við gætum ekki tekið þetta mál til einhverrar umr. hér? Hvers lags vinnubrögð eru þetta? Hvað er verið að fela? Og mér er spurn líka: Hvað er verið að gera með því að undirskrifa þessa samninga áður en Alþ. fær tækifæri til að ræða þá? Er þar verið að handjárna stjórnarþm., þetta mikla, stóra, föngulega lið, þennan stóra meiri hl. sem hæstv. ríkisstj. hefur að baki sér? Ja, maður hlýtur að álykta að eitthvað sé þannig að þetta mál megi ekki fá þinglega meðferð áður en það er undirritað. Er kannske óttast að það kæmu aðrar raddir úr Vesturlandi ef þetta mál væri borið undir aðila þar heima núna, þó að sumir aðilar þar hafi verið tilbúnir að samþykkja það á síðasta ári? Er kannske hætt við því að þeir akurnesingar, sem fóru til Noregs og voru að skoða slíkar verksmiðjur sem þessar, mundu kannske láta eitthvað heyra frá sér til Alþ. um hvernig uppákoma það var sem þeir skoðuðu þar?

Ég vil undirstrika það að ég mótmæli þessum vinnubrögðum, bæði því, að þegar skuli hafa verið undirritaður þessi samningur, og einnig því, að þingskjölum skuli hafa verið útbýtt til sumra eða nokkurs hluta þm. og ákveðinn hluti þm. og það eingöngu alþb.-menn skildir eftir og fá ekki þessi plögg í hendur. Það væri vitaskuld freistandi að ræða þetta mál svolítið meira. Það væri eðlilegt að þetta mál væri rætt hér allvel, en ég verð þó að sleppa því að sinni.

Ég sagðist hafa komið hingað upp til þess að fylgja eftir þremur brtt. sem ég stend að ásamt fleirum. Ég hef flutt eina brtt. sem beint tilheyrir Vesturlandi, þó að þar þjóðist vissulega að flytja margar fleiri brtt., og langar mig í upphafi aðeins að ræða um það.

Ég sakna strax þess að í till. fjvn. skuli ekki vera króna í íþróttahús á Hellissandi. Ég sakna þess einnig að það skuli ekki vera króna til endurbyggingar skólastjórabústaðar. En bæði þessi mál taldi ég og veit ekki annað en hafi verið undirbúin og send beiðni til fjvn. Ég hef því miður ekki í höndum gögn um beiðnir sveitarfélaga á Vesturlandi önnur en beiðnir Akraneskaupstaðar og Borgarness. Ég sé þó í hendi mér að fjárveitingar til byggðarlaganna á Snæfellsnesi hafa að meira og minna leyti verið skornar niður og þar ekki komið það sem við höfum búist við og þörf er á. Ég sé t. d. að til Ólafsvíkur eru aðeins 6 millj. til skóla, en þar er ábyggilega mikil þörf á því að fá fulla fjárveitingu til þess að hægt sé að hefja framkvæmdir. En ég tel að sú upphæð, 6 millj., sé til engra hluta nothæf nema til svokallaðra undirbúningsstarfa, og harma ég það að þar hafi ekki verið meira lagt til.

Eins og ég segi, þá hef ég ekki aðstöðu beinlínis til þess að ræða um fjárveitingar til þorpanna á Snæfellsnesi, en mig langar aðeins til þess að benda hér á nokkur atriði í sambandi við beiðnir Akraneskaupstaðar og Borgarness.

Það hefur löngum verið, sjálfsagt alltaf, fyrsti liður í beiðnum Akraneskaupstaðar um fjárveitingar til sjúkrahússins. Sjúkrahús Akraness er sjúkrahús Vesturlands og sjálfsagt þjónar það fleiri íslendingum heldur en vestlendingum, og þeir á Akranesi hafa staðið sig mjög vel í því að byggja þetta upp og þjónusta sjúkrahússins á Akranesi verið að öllu leyti til mjög mikillar fyrirmyndar. Akraneskaupstaður fer fram á það að ríkissjóður veiti á fjárl. í ár 122 millj. Það, sem kemur fram í till. fjvn. að veitt skuli til sjúkrahússins á Akranesi, er 41 millj. En ógreitt er til Akraneskaupstaðar vegna framkvæmda ársins í ár 23 millj., þannig að raunveruleg fjárveiting til Akranessjúkrahússins er tæpar 20 millj. vegna framkvæmda ársins 1977. Ég harma vitaskuld að það skuli ekki hafa verið hægt að vera með stærri hlut þarna, en ég veit að þarna hefur verið unnið að eins og hægt var, og efa ég ekki að formaður fjvn. hafi gert þá hluti sem mögulegir voru til að koma þessari fjárveitingu eins hátt og hægt er. En við vestlendingar hörmum það allir að þarna skuli ekki vera um stærri upphæð að ræða.

Ég held að ég verði nú að hlaupa yfir næstu atriði og vil nefna næst íþróttahús. Á Akranesi er verið að byggja mjög myndarlegt íþróttahús og vangreiddur hluti ríkissjóðs vegna fyrri framkvæmda og vegna framkvæmda ársins í ár er 17 millj. Fjvn. leggur til að veittar verði til íþróttahússins 11 millj. þannig að það vantar 6 millj. upp á að akurnesingar fái greiðslur sínar frá fyrri árum. Þetta er — ja, ég vil nærri því segja ámælisvert, vegna þess að akurnesingar þurfa á góðu húsi til íþrótta að halda og hafa verið sérstaklega duglegir við að koma þessu húsi upp.

Því miður eru það ekki eingöngu akurnesingar sem lenda í því að hlutur þeirra gagnvart íþróttahúsi sé skorinn niður. Nákvæmlega sama skeður í Borgarnesi. Þar er útkoman sú, að um þessi áramót mun skuld ríkissjóðs við Borgarnessveitarfélagið vera 37 millj. Það, sem fjvn. leggur til að veitt verði í ár, eru 12 millj., þannig að Borgarneshreppur á þá inni hjá ríkissjóði 25 millj. Það er byrjað á þessu húsi, á íþróttahúsinu í Borgarnesi, 1973, þannig að í ár ætti raunverulega að vera síðasta fjárveitingarár til hússins, og skil ég ekki hvernig ríkisstj. ætlar að geta raunverulega sagt við borgnesinga: Meiri peninga fáið þið ekki frá okkur.

Í sambandi við hafnirnar í Vesturl. er það svo, að kannske gætum við sagt að sumu leyti þarna vestra að það sé nú ekki svo afleitt. Ég veit þó ekki hvað akurnesingar segja, ég kann ekki alveg að meta það, en þeir fá nú ekki helminginn af fjárveitingarbeiðni sinni. Og ég geri ráð fyrir

því að sama sé uppi um hafnirnar vestur á Snæfellsnesi, að öllum finnist þeim þessar fjárveitingar litlar. En ein höfn er sem er algerlega strikað yfir og fær ekki krónu, og það er Borgarneshöfn, þrátt fyrir það að um Borgarneshöfn muni fara líkast til næstmest vörumagn af höfnum á Vesturlandi, komi næst á eftir Akranesi. Ég get ekki að því gert að mér finnst einhvern veginn sú lykt af þessu í sambandi við það að veita ekki fé til framkvæmda við Borgarneshöfn, m.a. vegna þess að höfnin liggur undir stórskemmdum og má búast við því, ef gerir allvont vestanveður, að þar geti orðið stórskemmdir, og heimamenn eru mjög hræddir um að svo geti orðið, svo hefur reyndar þegar átt sér stað, — að það sé sú lykt af þessari afgreiðslu í sambandi við Borgarneshöfn að það sé verið að hugsa um að það mætti vel fara svo að það mætti bara leggja Borgarneshöfn niður. Hæstv. ríkisstj. stendur fyrir því að leggja 450 millj. í hugsanlegt ævintýri við Grundartanga — og gæti ekki verið að hún sé að hugsa um að púkka Borgarnesi saman við Grundartanga og nota Grundartangahöfn fyrir Borgarnes? Ég segi fyrir mitt leyti: Ánægja okkar, sem erum fyrir vestan Hvítá, minnkar nú svolitið við tilkomu Hvítárbrúar, ef ætti að nota hana til að réttlæta það að Borgarneshöfn yrði lögð niður og þar lokað fyrir eðlilega þróun um víðáttuminga og annað sem þar gæti átt sér stað.

Það mætti náttúrlega lengi halda svona áfram, og ekki efa ég að ef væru tekin fyrir önnur kjördæmi á svipaðan máta og þetta, væri það nákvæmlega sama dæmið. Dæmið er vitaskuld það, að alls staðar er dregið úr hinum sameiginlegu framkvæmdum þegnanna, samneyslan er dregin til baka eins mikið og hægt er og minnkandi framkvæmdir úti um landsbyggðina á alla vegu.

Ég held að ég snúi þá að því að ræða þær till. sem ég hef staðið að.

Í fyrsta lagi vil ég þá nefna þá till., sem ég stend að með hv. þm. Karvel Pálmasyni og Braga Sigurjónssyni, um hækkun á framlagi til jöfnunar á námskostnaði. Þessir hv. þm. hafa nú rætt þessa till., þannig að ég vil aðeins leggja áherslu á það, að þetta atriði, að kostnaður sé sem jafnastur til aðstöðu til náms, nauðsyn þess skilja vitaskuld allir. Fyrir okkur landsbyggðarmenn og landsbyggðarunglinga má ekki aðeins það verða okkur til trafala, að þarna sé aukinn kostnaður, að það bætist við þá erfiðleika að þurfa að fara í burtu og vera fjarri heimilum sínum yfir námstímann að námskostnaður sé að mörgu leyti hærri. Ég vænti þess að hv. þm. sjái ástæðu til að standa að þessari brtt. okkar, ef hv. fjvn. gerir það ekki á milli umr. að laga þetta til.

Ég hef svo ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni og Lúðvík Jósepssyni flutt till. um að draga úr þeim mismun sem nú er á hitunarkostnaði fyrir skóla sem hitaðir eru með olíukyndingu, borið saman við þá skóla sem hitaðir eru með jarðvarma, og til þessa verði veittar 20 millj., menntmrn. setji reglur um skiptingu fjárins. Svo sem hv. þm. er kunnugt hefur það verið og er eitt af höfuðbaráttumálum Sjálfstfl. að sögn þeirra sjálfstæðismanna að auka frelsi sveitarfélaga. Aðferðin til að koma þessu frelsi í framkvæmd hefur verið sú að draga úr þátttöku ríkisins í ýmsum þáttum kostnaðar, sem sameiginlega var greiddur af ríki og sveitarfélögum, og skilja sveitarfélagið eftir án nýrra tekjustofna. Stundum hefur þessi frelsisöflun til handa sveitarfélögunum tekist það vel, að ekki hefur aðeins komið frelsi til þess að greiða allt, heldur hefur einnig fengist frelsi til þess að koma á slíkri mismunun milli sveitarfélaga um greiðslu ákveðinna kostnaðarliða að sveitarstjórnir kvarta undan frelsinu. Till. sú, sem ég flyt hér á þskj. 179 ásamt þeim Stefáni Jónssyni og Lúðvík Jósepssyni, er flutt með það fyrir augum að freista þess að fá hv. Alþ. til að leiðrétta þann mismun sem á sér stað í sambandi við hitakostnað skólahúsnæðis. Alþ. hefur viðurkennt og gert nokkrar úrbætur í sambandi við mismun hitakostnaðar íbúðarhúsnæðis. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að reynt verði einnig að lagfæra þann mismun sem á sér stað í sambandi við upphitun skólahúsnæðis. Þátttaka ríkissjóðs er ekki lengur fyrir hendi til að jafna hitunarkostnað skóla, og engar reglur eru þar að lútandi í sambandi við hvernig það ætti að vera ef einhverjir fjármunir eru settir til þessa. Þess vegna leggjum við til að menntmrn. verði falið að búa til reglur sem eðlilegar þættu til að úthluta þessu fé. Það þarf ekki að hafa að mínu viti miklu fleiri orð um þessi mál. Það vita allir hve þarna er gífurlegur mismunur á milli þeirra sveitarfélaga, sem hafa aðstöðu til þess að hita skóla sína með jarðvarma, og þeirra, sem verða að hita skóla sína með olíu, og það hlýtur að vera réttlætiskrafa að þessu verði kippt í lag.

Svo flyt ég till. ásamt með Benedikt Gröndal um það að Tónlistarfélagi Neshrepps verði veittur byggingarstyrkur að upphæð 400 þús. kr. Forsaga þessa máls er sú, að vorið 1974 tók fólk sig til á Hellissandi, Rifi og Gufuskálum eða á þeim stað, sem einu nafni er nefndur Neshreppur utan Ennis, undir Jökli, að stofna tónlistarfélag. Þeir drifu í því að útvega kennara sem var kominn með haustnóttum og hóf starf við barnaskólann og síðan frjálst starf og kenndi tónlist þar vestra. Kom fljótt í ljós að ýmsir annmarkar voru á því að koma þessum kennara fyrir, og veturinn 1974—1975 var það oft þannig að þessi kennari og nemendur hans urðu að vera allar götur þar til á miðnætti við lærdóm og kennslu. Tónlistarfélagið var bó ekki af baki dottið og hugði á áframhaldandi starf Tónlistarskólans, og var enn á ný ráðinn kennari haustið 1975, en yfir sumarið, meðan ekki var verið að hugsa beint um kennsluna, var ekki mjög mikið hugað að því að það þyrfti að bæta kennsluaðstöðuna og kennsluhúsnæðið. En þegar átti til að taka og setja skólann haustið 1975 lá það beint fyrir að nær óframkvæmanlegt var að koma starfi skólans óðruvísi við en á svipuðum tímum og áður, þ.e.a.s. að skólinn gengi fram undir miðnætti, nema einhvers staðar fengist sérstakt húsnæði fyrir þessa kennslu eða starfsemi.

Við vorum það heppin í Neshreppi utan Ennis að til forustu í Tónlistarfélaginu okkar höfðu valist konur, mjög duglegar, bjartsýnar, sem

tóku sér fyrir hendur, þegar svo var komið að það virtist vera útilokað að hægt væri að reka skólann, að skipuleggja sitt lið og kunningjana í kringum sig og byggja yfir skólann. Þessar konur eða forusta Tónlistarfélagsins stóð fyrir því í októbermánuði 1975 að byggja heila kennslustofu við skólann okkar heima að fengnu leyfi hreppsnefndar til þess að tengja hitakerfi og rafmagnskerfi úr skólanum inn í þessa stofu. Það var gert á einum mánuði, og eftir þennan mánuð flytur skólinn þar inn og hefur starfað þar síðan. Og ekki nóg með það að skólinn og hin frjálsa starfsemi, sem á sér stað í sambandi við tónlistarkennsluna fyrir vestan, starfi þar, heldur er þessi stofa jafnframt kennslustofa undir tónlistarstarfsemi grunnskólans.

Tónlistarfélagið bjóst nú við að eftir slík vinnubrögð heima í héraði mundi lítið þurfa annað en að skrifa hv. fjvn. í fyrra og biðja um þátttöku ríkisins í þessum málum. Og þær tóku sig til og skrifuðu. En því miður, einhvern veginn datt þetta bréf upp fyrir. Bjartsýni þeirra datt nú ekkert upp fyrir fyrir það. Fyrst ekki komu peningar á fjárl., þá réðust þær á bankastjóra og einhvern veginn höfðu þær það af milli hátíðanna í fyrra að slá bankastjóra Landsbankans þannig við að hann bjargaði fjármálunum yfir á árið 1976, því sem þær höfðu vonast til að fá frá Alþ. Þær hlóðu á sig víxlum og hafa þannig bjargað þessum málum til þessa dags. Þegar leið að haustdögum í haust, — ég sé að þær hafa skrifað fjvn. Alþingis 16. nóv., — þá er enn með bjartsýni reynt að knýja á dyr Alþ. og fjvn. og beðið um styrk til þessarar framkvæmdar. Það mátti náttúrlega búast við því að það að byggja heila skólastofu hlyti að kosta þó nokkuð mikið og þarna hlyti að vera þó nokkur upphæð. Jú, viti menn, þær leggja hér fram kostnaðarreikning yfir bygginguna og segja að hún hafi kostað 2.3 millj. Eðlilegt hefði verið að þá hefði nú Tónlistarfélagið farið fram á að fá 1 millj. 150 þús. Nei, nei, þær eru það hógværar að þær segja: „En þar sem ýmsir aðilar styrktu framkvæmd þessa með peningagjöfum og sjálfboðaliðavinnu, sem metin hefur verið að upphæð 700 þús., telst beinn kostnaður vera 1.6 millj. Við leyfum okkur að fara fram á helming þeirrar upphæðar, 800 þús. kr.“ Ég set helming þeirrar upphæðar til að vita hvort ekki er hægt að koma því í gegn, og eftir að fjvn. er búin að setja þetta í ruslakörfu og ágætir þm. okkar hafa gleymt að koma þessu áfram, þá vænti ég nú þess að menn skilji þá baráttu, sem þessar ágætu konur hafa staðið í, og þær fái helminginn af því sem þær hafa beðið um. Ég veit ekki hvort á að nefna það, en eðlilegast og skemmtilegast væri ef þær fréttu það að sú hefði lausn Alþ. orðið á þessu máli, — það er verst að formaður fjvn. er farinn, — að fjvn. hækkaði þessa brtt. mína upp í 800 þús. og sýndi þessum ágætu konum þarna vestur á Snæfellsnesi, að Alþ. eða fjárveitingavaldið tæki rösklega undir þegar eins er að unnið og þær hafa gert í sambandi við þetta mál þarna hjá okkur heima í Neshreppi utan Ennis.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 32. fundur.

Miðvikudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1977, frv. (þskj. 1, n. 163 og 164, 127, 154, 162, 165, 167, 169, 174, 175, 176, 179, 181, 184). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. með þeim tölubreytingum, sem verða kunna við atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 44 shlj. atkv.

2. gr. með þeim tölubreytingum, sem verða kunna við atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 42 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 162,1—6 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 165,I tekin aftur.
— 162,7—11 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 154,1 tekin aftur.
— 162,12 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 154,2 kom ekki til atkv.
— 154,3—4 felld með 27:13 atkv.
— 162,13 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 162,14 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 154,5 kom ekki til atkv.
— 174,1 tekin aftur.
— 162,15 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 167,I tekin aftur.
— 162,16 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 154,6 felld með 37:15 atkv.
— 162,17—18 samþ. með 56 atkv.
— 175,I felld með 36:15 atkv.
— 167,II felld með 35:13 atkv.
— 162,19 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 162,20 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 169,I felld með 37:16 atkv.
— 165,II felld með 37:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GÞG, HFS, JÁH, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, AG, BGr, EÖS, BrS, GS.

nei: GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, ÓÞÞ, StG, SvH, VH, ÞK, ÞS, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, ÁB.

5 þm. (GilsG, PS, TÁ, ÞÞ, AJ) fjarstaddir.

Brtt. 162,21 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 162,22 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 165,III felld með 36:17 atkv.
— 162,23—25 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 165,IV felld með 35:18 atkv.
— 162,26—27 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 165,V felld með 35:17 atkv.
— 179 felld með 38:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GeirG, GÞG, HFS, JÁH, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EÖS, BrS.

nei: EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, ÓÞÞ, StG, SvH, VH, ÞK, ÞS, AG, EÁ, EBS, ÁB.

5 þm. (GilsG, PS, TÁ, ÞÞ, AJ) fjarstaddir.

Brtt. 162,28—30 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 174,2 tekin aftur.
— 181,I felld með 35:14 atkv.
— 162,31 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 165,VI felld með 36:17 atkv.
— 162,32—35 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 154,7 felld með 34:15 atkv.
— 174,3 tekin aftur.
— 162,36 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 176,I tekin aftur.
— 162,37 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 154,8 felld með 34:18 atkv.
— 162.38—41 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 167,III tekin aftur.
— 162,42—48 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 174,4 tekin aftur.
— 162,49—55 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 175,I.2 tekin aftur.
— 162,56—60 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 176,II.1 tekin aftur.
— 154,9 felld með 35:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GÞG, HFS, JÁH, SkA, KP, LJós, MK, MÓ.

nei: OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, ÓÞÞ, StG, SvH, VH, ÞK, ÞS, AG, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÅ, HES, IT, IngJ, JóhH, JHelg, JónÅ, JGS, LárJ, MB, MÁM, ÅB.

EÅ, IG greiddu ekki atkv.
6 þm. (PS, TÁ, ÞÞ, AJ, GilsG, JSk) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég er ekki við því búinn að greiða atkv. með þessari till., hef ekki áttað mig á hvort þessi tala er eðlileg. Hitt held ég, að sú tala, sem í frv. er, sé kannske líka nokkuð óviss og óljós og mætti vera hærri að mínum dómi. En með tilliti til þess að ég hef ekki enn þá gert hug minn upp um það, hvort eðlilegt sé að samþykkja svo háa tölu sem þarna er gert ráð fyrir, þá ætla ég að sitja hjá við þessa atkvgr.

Brtt. 162.61 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 165,VII tekin aftur.
— 162.62—64 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 175.II felld með 33:13 atkv.
— 162.65—84 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 169.II felld með 34:14 atkv.
— 162.85—92 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 181.II tekin aftur.
— 165.VIII tekin aftur.
— 176.II.2 tekin aftur.
— 176.II.3—4 felld með 31:18 atkv.
— 176.II.5 tekin aftur.
— 162.93—94 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 176.II.6 tekin aftur.
— 169.III felld með 36:17 atkv.
— 162.95 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 174,5 tekin aftur.
— 162,96—99 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 127,1.a felld með 37:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GÞG, HFS, JÁH, SkA, KP, LJós.

nei: MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, ÓÞÞ, StG, SvH, VH, ÞK, ÞS, AG, EÅ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÅ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÅ, JHelg, JGS, LárJ, ÅB.

6 þm. (PS, TÁ, ÞÞ, AJ, GilsG, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 162,100—101 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 127,1.b felld með 38:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, SkA, LJós, MK, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, BrS, GS, GeirG, GÞG, HFS.

nei: IT, IngJ, IG, JóhH, JónÅ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, ÓÞÞ, StG, SvH, VH, ÞK, ÞS, AG, EÅ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÅ, HES, ÅB.

KP greiddi ekki atkv.
6 þm. (MÓ, PS, TÁ, ÞÞ, AJ, GilsG) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þessi till. stuðlar að framkvæmd mikils nauðsynjamáls. Ég geri mér grein fyrir því að á þessu stigi mála mundi þrýstihópur eins og ég teljast háþrýstihópur ef ég freistaðist til þess að greiða atkv. með þessari till. Ég tel hins vegar raunhæfara að láta reyna á það til þrautar hvort ekki næst samkomulag milli umr. um það að ganga svo frá þessum málum að í næsta útboðsáfanga fáist því framgengt að unnið verði í einum áfanga að göngudeild og sjúkradeild fyrir geðsjúka á geðdeild Landsspítalans. Þess vegna tel ég raunhæft að segja nei við þessari till.

Brtt. 162,102—103 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 174.6 tekin aftur.
— 175.III felld með 36:13 atkv.
— 165.IX tekin aftur.
— 176.III tekin aftur.
— 184 felld með 36:13 atkv.
— 162.104—122 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 167,IV felld með 36:12 atkv.
— 162,123—138 samþ. með 52 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 127 kom ekki til atkv.
5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil reyna að verða við þeirri ósk forseta að verða stuttorður. En tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs hér utan dagskrár í dag, er það að í fréttum íslenska Ríkisútvarpsins í gærkvöld var flutt sú frétt að íslenska ríkisstj. hefði samið við Elkem Spigerverket um byggingu og rekstur málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, sem sagt, það hefði þegar verið gengið frá samningum við það auðfyrirtæki um byggingu og rekstur þess fyrirtækis í samstarfi eða sameign við íslensku ríkisstj. Þetta er ekki í fyrsta skipti að fréttir um stórviðburði koma að utan. Það er ekki

verið að tilkynna íslendingum hluti sem þessa, þó þeir hafi gerst fyrir nokkrum dögum. Það kemur sem sagt í ljós að nú fyrir nokkrum mínútum var verið að leggja fram frv. um samningana við þetta auðfyrirtæki hér fyrir okkur þm. og að þessi undirritun hefur átt sér stað 8. þ. m. og í dag er 15. des.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. hvaða nauður hefur rekið ríkisstj. til þess að ganga þannig frá málum við Elkem Spigerverket að Alþ. standi nú fyrir gerðum hlut. Samkv. þessari frétt og samkv. því frv., sem nú hefur verið lagt fyrir okkur þm., hafa verið gerðir samningar milli íslensku ríkisstj. og þessa auðhrings um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju í Hvalfirði án þess að Alþ. hafi verið gefið tækifæri til þess að ræða málið. Sjálfsagt verður þessu plaggi fengið lagalegt gildi með samþykkt eftir á, en það er raunverulega búið að binda hendur þm. með því að ganga frá öllum hlutum fyrirfram. Þessi aðferð, að reyna að þrýsta hlutum í gegn eða gera þá fyrir fram, er svo sem ekkert ný. Umr. við Union Carbide var þrýst hér í gegnum þingið á þeirri forsendu að á ferðinni væru ameríkanar sem þyrftu að flýta sér og mættu ekki stansa hér lengi og það þyrfti að hafa málið tilbúið þegar þeir kæmu hér við.

Ýmsar spurningar hljóta að vakna hvernig stendur á því að svona er á hlutum haldið m. a.: Er ríkisstj. hrædd við sinn stóra þingmeirihluta, að hann haldi ekki nema það sé búið að binda hendur hans fyrir fram? Eru þeir hræddir við að svipað gerist og virðist hafa gerst við Eyjafjörð, að þm., þegar þeir höfðu tíma og aðstöðu til þess að athuga málin, þá voru þeir ekki tilbúnir að hanga aftan í slíkri aðgerð sem að byggja álverksmiðju við Eyjafjörð, en eftir því sem mér skilst eru flestir þm. eyfirðinga ekki hlynntir því máli.

Nú getur það líka verið að hæstv. ríkisstj. vilji sem minnstar umr. um þetta mál vegna þess að allstór hópur nábúa þessarar verksmiðju, þ. e. a. s. verkamenn frá Akranesi, hafa farið út til Noregs og skoðað svipaðar verksmiðjur og byggja á þarna, að hún sé hrædd um að það komi upp upplýsingar um hvað eigi að fara að gera þarna í nágrenni Akraness og hvað eigi að fara að bjóða akurnesingum og öðrum íslendingum, við hvaða aðstöðu eigi þar að bjóða þeim að vinna.

Getur það verið að hún sé líka hrædd við það að bændur og búalið í umhverfi verksmiðjunnar séu í auknum mæli að verða andsnúið þessu fyrirtæki? Eða eru ráðh. kannske hræddir við að umr. skapist um það að skrýtin hafi orðið fyrstu skrefin við framkvæmdir Grundartangaverksmiðjunnar? Hafa þeir kannske vitað um það að það eftir annað í útvarpinu nú í hádeginu var auglýst nauðungaruppboð á eignum fyrirtækis þess sem stóð fyrir framkvæmdum á Grundartanga á s. l. ári, og kannske hræddir við að fólk geri sér grein fyrir því að till. og umr. og trú manna á því, að þetta fyrirtæki boði nokkuð gott og sýni rekstrarlegan hagnað, hafi kannske eitthvað hallast og skekkst þegar litið er til rekstrar hörungaverksmiðju, þar sem aðalsérfræðingar ríkisstj. hafa staðið að og þar átti að vera stórgróðafyrirtæki, að þarna sé að koma eitthvað svipað upp á teninginn.

Ég lofaði hæstv. forseta því að vera ekki hér langorður. Það hefði þó verið rétt að eyða svolitlum tíma til þess að ræða þetta mál miklu frekar, ekki síst vegna þess hvernig á þessu máli er haldið. En ég vil einnig nota tækifærið til þess að mótmæla þeirri aðferð sem notuð hefur verið til að kynna þetta frv. Þm. stjórnarflokkanna og Alþfl. var sent þetta frv. fyrir tveimur dögum. Nú fyrir nokkrum mínútum var verið að leggja það á borð okkar Alþb.-þm. og þm. Samtakanna. Hvers lags vinnubrögð eru þetta? Hverju er verið að leyna? Af hverju máttum við ekki sjá þetta? Getur það verið vegna þess að það mátti ekki ræða þetta mál áður en þm. færu heim í jólafrí? Átti að reyna að þrengja þannig að hlutum, að það væri útilokað að málið væri tekið hér til einhverrar umr. áður en við færum heim? Mér virðist allt benda til þess. Og ég vil endurtaka það, að ég mótmæli mjög eindregið þeirri aðferð sem hefur verið höfð í þessu máli, að því skuli hafa verið haldið leyndu fyrir þm. svo lengi, allt frá 8. þ. m., að þessir samningar hafa verið gerðir, og ég mótmæli því að Alþ. skuli réttir þessir samningar undirritaðir og frágengnir af ráðh. Og ég endurtek og spyr: Hvaða nauður hefur rekið til þess að þannig er á málum haldið?

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur kvatt sér hljóðs og ég vil mælast til þess við hv. þm. að hann verði mjög stuttorður því að hér er til umr., að mér skilst, mál sem þegar hefur verið lagt fram á Alþ. og ég sé ekki ástæðu til þess að ræða mál utan dagskrár sem þegar hefur verið lagt fyrir þingið og kemur til umræðu innan tíðar. Þess vegna vil ég biðja hv. þm. að vera mjög stuttorðan.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er ekki fyrst og fremst verið að ræða mál sem lagt hafði verið fyrir þingið, heldur meðferð þess. Enn einu sinni hefur nefnilega hæstv. ríkisstj. aukið á sæmd Alþ. með því að láta hv. alþm. frétta af því í útvarpi eftir erlendum heimildum, eftir erlendum fréttastofum, að hún hafi samið við útlendinga um málefni sem varða fjárhag þessarar þjóðar og fullveldi ákaflega mikið. Að vísu var tekið fram í útvarpsfréttinni að samningurinn tæki ekki gildi fyrr en Alþ. hefði staðfest hann. Hv. alþm. eiga að vita hvað þetta þýðir, að fyrir Alþ. hefur verið lagður samningur undirritaður af ríkisstj. Og það var gert kunnugt hér í Sþ. í gærkvöld að iðnrh. hefði gert sérstakt úrtak af alþm., privat og persónulega fyrir sig, í sambandi við þetta mál, þm. Sjálfstfl., þm. Framsfl. og þm. Alþfl. hefðu fengið boðsent heim til sín frv. ríkisstj. kvöldið áður, frv. sem fiallar um samninginn við auðhringinn Elkem Spigerverket, prentað frv. með ánældu spjaldi frá iðnrn. með kærri kveðju til þessara þm. Þm. Alþb. og þm. SF voru settir hjá í þessari kynningu, þ. e. a. s. þeir alþm. sem greiddu á sínum tíma atkv. gegn samningnum við Union Carbide, — samningnum sem þegar til kastanna kom var þess háttar að við-

semjandinn, ameríski auðhringurinn, greiddi 800 millj. kr. til þess að losna út.

Hæstv. iðnrh. var spurður hér áðan og ég ítreka þessa spurningu: Hvaða orsakir lágu til þess, að þm. Alþb. og SF voru settir hjá við kynningu þessa nýja frv.? Nú er hæstv. iðnrh. kunnugt að í þeim hópi eru einmitt þeir þm. sem lögðu af mörkum talsverða vinnu við að kynna sér samninginn við Union Carbide á sínum tíma og öfluðu sér dálítillar þekkingar á málinu með þeirri vinnu, sem sjá má m. a. af því að sú staðhæfing okkar alþb.-manna, að samningurinn við Union Carbide mundi aðeins leiða til ófarnaðar, sannaðist þegar á næsta missiri. Spurningin er sem sagt þessi: Er ástæðan fyrir því, að þessi hópur alþm. er nú sniðgenginn, beinlínis sú, að hæstv. iðnrh. vilji koma handjárnunum frægu á hv. þm. stjórnarflokkanna og fylgifiska þeirra í þessu máli, þm. Alþfl., áður en þm. Alþb. og SF fengju tækifæri til þess að lesa frv. og koma gagnrýni sinni á framfæri, — frv. það sem dreift var á borð þm. hér í Sþ. fyrir nokkrum mínútum?

Þessi vinnubrögð hæstv. iðnrh. eru forkastanleg. Vitaskuld hefur ríkisstj. bolmagn til þess og rétt, sem bolmagnið veitir henni, til þess að fjalla um þetta mál. Því miður auðnaðist ekki hv. Alþ. að móta annars konar stefnu við afgreiðslu Carbide-málsins á sínum tíma. En ríkisstj. hefur ekki heimild til þess að fjalla um Grundartangamálið með þeim hætti sem hér hefur verið gert, á þeirri forsendu að einungis sé verið að skipta um nafn á viðsemjanda Íslenska járnblendifélagsins, vegna þess að forsendurnar fyrir þeim samningi, sem samþykktur var hér á Alþ. á sínum tíma við Union Carbide, eru allar brostnar.

Í þskj., sem ég verð að biðja hv. alþm. að grafa nú upp úr þing sínum og lesa aftur, og í prentuðum þingræðum talsmanna ríkisstj. við afgreiðslu málmblendimálsins kemur nefnilega í ljós að rökin, sem færð voru fram fyrir samningnum við Union Carbide, — rökin sem þingmeirihlutinn féllst á, voru í aðalatriðum þessi: Union Carbide hefði til að bera yfirburða þekkingu, „know-how“, við framleiðslu á sérstökum gæðaflokki af kísiljárni. Union Carbide hefði yfir að ráða sérstökum einkaleyfum til framleiðslunnar. Union Carbide hefði sérstaka markaðsaðstöðu. Union Carbide hefði þróað sérstaklega fullkomna tækni til hreinsunar á úrgangsefnum frá verksmiðjunni og reyk. Markaðsaðstaða Union Carbide, þekking á framleiðslu og einkaleyfi voru metin til 4 millj. dollara framlags í hlutafé. Í þingræðum forsvarsmanna fyrir þessum samningi er m. a. tekið fram hversu langt þessi ameríski auðhringur taki norðmönnum. Ræðumaður eftir ræðumann kemur fram og undirstrikar það hversu langt ameríski auðhringurinn, sem sveik í þessu máli síðast, standi norðmönnum framar í framleiðslutækni og hreinsitækni. Þar á meðal voru forsendurnar fyrir samþykkt þessa samnings.

Til réttlætingar samningnum var forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins, svo sem þjóð má vera minnugt, sendur til Ameríku með Instamatic myndavél til þess að taka af því ljósmyndir — litmyndir — hversu dásamlega vel Union Carbide tækist að hreinsa andrúmsloftið í verksmiðjum sínum og kringum þær. Ljósmynd af þessu tagi, tekin af forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins, var sýnd í iðnn. Ed. þegar fjallað var um þetta mál þar. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins greindi þá einnig frá því hvað heilsugæsla starfsfólks í verksmiðjum Union Carbide væri miklu fullkomnari en vitað væri um í öðrum málmblendiverksmiðjum.

Forsendurnar fyrir Carbide-samningnum fræga voru allar tengdar yfirburðatækni, markaðsaðstöðu og þekkingu þessa bandaríska fyrirtækis, — forsendur sem við alþb.-menn tókum ekki gildar, en forsendur sem aðrir alþm., sem greiddu þessum samningi atkv., tóku gildar. Og nú er lagt hér fram frv. þar sem gert er ráð fyrir því að lögin, sem heimiluðu samkomulagið við Union Carbide sem stjórnarflokkarnir héldu fram og forsvarsmenn þessarar málmblendiverksmiðju að tæki öllum öðrum málmblendiverksmiðjum í heimi fram, að þær forsendur verði látnar gilda við gerð samnings við Elkem Spigerverket í Noregi.

Svo riftaði náttúrlega Union Carbide samningnum, og okkur er ljóst að ástæðurnar fyrir riftuninni, þrátt fyrir það að sú riftun kostaði ameríska auðhringinn 800 millj. kr., voru þær að efnahagslegar forsendur fyrirtækisins voru brostnar að dómi bandarískamanna, að efnahagslegar forsendur málmblendifélags íslendinga — íslensku ríkisstj. — og Union Carbide voru brostnar. Og þó að mig reki minni til þess að við alþb.-menn hrósuðum ekki beinlínis Union Carbide við umr. um þetta mál, þá hygg ég að við höfum allir verið sammála um, samdóma um að sennilega hafi stjórnendur Union Carbide dálítið vit á fjármálum.

Allar forsendur fyrir stofnun íslenska málmblendifélagsins með samningi þeim við Union Carbide, sem samþykktur var á Alþ., eru brostnar. Við afgreiðslu þessa samnings við Union Carbide á sínum tíma var Alþ. stillt upp gagnvart orðnum hlut. Enn er Alþ. stillt upp gagnvart orðnum hlut, en nú er gengið fetinu framar. Það er búið að undirrita samninginn við erlenda auðhringinn áður en frv. er lagt fram á Alþ., 8 dögum áður en frv. er lagt fram á Alþ. er búið að undirrita samninginn. Í fyrra sinnið var þó ekki búið að gera meira en að ráða forstjóra, Union Carbide-mann frá Noregi, fyrir íslenska málmblendifélagið í kompaníi við Union Carbide, áður en málið hafði verið afgreitt á Alþ., búið að grafa nokkrar djúpar jarðholur uppi á Grundartanga og drepa þar eitt hross. En þessar gryfjur, sem þeir málmblendimenn sjálfir grafa, forðuðust menn nú með þeim hætti að vera búnir að undirrita þennan samning við Elkem Spigerverket áður en málið kemur til afgreiðslu á Alþingi.

Hér hefur verið unnið svo ólýðræðislega og óþingræðislega að málinu sem hugsast getur. Alþ. átt heimtingu á því að fá að fylgjast með málinu og fjalla um grundvallaratriði þess á meðan viðræðurnar fóru fram við Elkem Spigerverket. Við höfum ekki fengið að fjalla um þetta mál. Lagafrv. ríkisstj., sem lýtur að samstarfi við

Elkem Spigerverket, er lagt fram nú í dag til staðfestingar, umfjöllunar, rökræðna um samning sem þegar er búið að gera.

Við þm. Alþb. og þm. SF, sem gagnrýndum á sínum tíma frv. um samninginn við Union Carbide, börðumst gegn þeirri lagasmíð hér á Alþ., — við höfum ekki fengið að skoða þetta frv. fyrr en núna í dag meðan stóð á atkvgr. um fjárlög. Aðeins hv. þm. Sjálfstfl., hv. þm. Framsfl. og svo vitaskuld hv. þm. Alþfl. fengu þetta frv. boðsent heim til sín í fyrrakvöld. Við eigum heimtingu á skýlausum svörum við því, hvers vegna þm. Alþb. og Samtakanna voru settir hjá er frv. þetta var boðsent heim til þm. í fyrrakvöld með kærri kveðju frá iðnrn.

Stundum er það haft á orði á tungu okkar, þegar einhver vex skyndilega af verkum sínum, að hann hafi bætt alin við hæð sína. Hæstv. iðnrh. hefur unnið þannig að þessum samningi við Elkem Spigerverket og kórónaði nú verkið síðustu dagana með þess háttar óþingræðislegu og ólýðræðislegu laumuspili að sönnu væri nær að segja að hann hefði tekið alin af spönn virðingar sinnar í þessu máli.

Hv. stjórnarþm. og Alþfl.-þm. eru gjafir gefnar, þegar svona greinarmunur er gerður á þeim sem samþykktu samninginn við Union Carbide fyrir hálfu öðru ári, — samninginn sem útlendi auðhringurinn sveik eins og hendi væri veifað, guði sé lof, — samþykktu sem sagt þennan samning og lagafrv., sem honum fylgdi, án þess að nenna að kynna sér hann áður eða hafa manndóm til þess að ljá eyru þeirri gagnrýni sem borin var fram á hann ellegar þá manndóm til þess að draga heiðarlegar ályktanir af þeirri gagnrýni sem þeir hlustuðu á. Þessum þm. eru gjafir gefnar, þegar er gerður slíkur greinarmunur sem nú er gerður á þeim og þm. Alþb. og SF sem greiddu atkv. gegn þessum samningi, ásamt hv. þm. ríkisstj., Jóni Sólnes, sem skar sig einn úr. Í þeim greinarmun, sem hæstv. iðnrh. gerir nú á hv. þm. stjórnarflokkanna og Alþfl. í þessu máli og þeim hv. þm. sem stóðu gegn hinum fyrirhugaða samningi við ameríska auðhringinn, felst dálitið sérstæð traustsyfirlýsing, sem mætti kannske þýða á þá lund að ekki þurfi að óttast það að hv. þm. Sjálfstfl. og hv. þm. Framsfl. og hv. þm. Alþfl. hafi tekið sinna- eða karakterskiptum að neinu ráði síðan, þeim sé treystandi til þess að samþykkja fyrirvaralítið hvað sem er. En það tel ég óþolandi, að við fáum ekki nú skýr svör við því, hvers vegna fjallað hefur verið um þetta mál eins og gert hefur verið af hálfu hæstv. iðnrh., þ. á m. svör við því, hvers vegna þm. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. var boðsent þetta frv. heim til sín í fyrrakvöld, en öðrum þm. ekki. Og væri þá e. t. v. við hæfi að við fengjum af munni hæstv. iðnrh., sem er doktor í lögum, nýja skilgreiningu á hlutverki Alþingis.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég bjóst við því, þegar þessir tveir hv. þm. kvöddu sér hljóðs utan dagskrár, að þeir bæru fram til mín einhverjar fsp., skýrar fsp., en það er erfitt að festa hendur á því hvað það er sem þeir óska svara við. Helst er ádeila þeirra í því fólgin að leynd hafi verið yfir þessu máli, að gengið hafi verið fram hjá Alþ. og Alþ. látið standa frammi fyrir gerðum hlut, eins og annar hv. þm. komst að orði. Allt er þetta byggt á hinum mesta misskilningi.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að frv. hefur verið útbýtt nú á Alþ. og ætlunin er að það verði tekið til 1. umr. síðar í þessari viku. Að því er stefnt að reyna að taka það til 1. umr. á föstudaginn kemur, og hafa því hv. þm. sæmilegan tíma til þess að kynna sér frv. áður en það kemur til 1. umr. Ætlunin er að reyna að koma málinu til hv. iðnn. áður en þinghlé verður, en síðan verði ekki meira í málinu gert, en iðnn. reyni að nota tímann í þinghléi til þess að kynna sér málið og ræða það og þegar menn koma saman aftur til þings eftir nýár verði málið tekið til framhaldsumr. og afgreiðslu. Hér er því á engan hátt óeðlilega farið að, heldur þvert á móti ætlaður rúmur tími til afgreiðslu málsins.

Hv. þm. virðast misskilja þetta mál mjög þegar þeir segja að Alþ. standi frammi fyrir gerðum hlut, það sé búið að gera þennan samning. Í 23. gr. samningsins, sem prentaður er með frv., á bls. 36, stendur svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Samningur þessi skal öðlast gildi þann dag, þegar ríkisstj. og ES hafa undirritað hann og Alþ. hefur samþykkt heimildarlögin að nýju.“ Ekkert í þessum samningi tekur gildi fyrr en Alþ. hefur á eðlilegan og löglegan hátt samþykkt frv. Þessi fyrirvari er svo skýr að um það ætti í rauninni ekki að þurfa frekar að ræða.

Varðandi gang málsins að öðru leyti, þá þarf ekki að rekja það hér, verður rakið nánar síðar í umr., að það fyrirtæki, sem ætlað var að reisti þessa verksmiðju í félagi við íslendinga, bandaríska fyrirtækið Union Carbide, hætti við þátttöku sína þegar til kom, og tók nokkurn tíma að ná niðurstöðu í því vandasama uppgjörsmáli. En því lauk þannig eftir miklar umr. og nokkra fyrirhöfn að það fyrirtæki féllst á að greiða verulegar bætur til íslendinga fyrir að það hætti þátttöku sinni, og eru þær bætur þannig að íslendingar sleppa alveg skaðlausir fjárhagslega frá þeim viðskiptum. Þegar ljóst var að þetta fyrirtæki vildi draga sig í hlé var talið rétt að kanna hvort annað fyrirtæki vildi ganga þar inn í, og það varð norska fyrirtækið Elkem Spigerverket sem varð fyrir valinu og umr. við það fyrirtæki hafnar í aprílmánuði s. l., eins og rakið er greinilega í grg. þessa frv. Þetta er traust fyrirtæki sem nýtur mikils álits, bæði í sínu heimalandi og annars staðar, og hefur mikla reynslu í framleiðslu þeirri sem hér er um að ræða. Þessar samningaviðræður hafa nú leitt til þess samnings sem lagður er fyrir Alþ. til samþykktar. Þessar viðræður hafa tekið öllu lengri tíma en hefði þurft til þess út af fyrir sig að ná samkomulagi milli okkar og þeirra, vegna þess að menn vildu reyna að tryggja, áður en gengið yrði frá samningum, fjárhagslegan grundvöll fyrirtækisins og lánsútvegun. En þeir hlutir höfðu ekki verið tryggðir áður en samþykktur var samningurinn við Union Carbide. Nú liggur það fyrir að hinn nýi fjárfestingarbanki Norðurlanda mun lána verulegan hluta stofnkostnaðar með hagkvæmum kjörum sem

báðir aðilar hafa fallist á að væru viðunandi og bankinn fyrir sitt leyti samþykkt. Þá er ekkert lengur því til fyrirstöðu að málið verði lagt fram til endanlegrar samþykktar.

Við slíka samningagerð eins og þessa, sem staðið hefur yfir síðan í aprílmánuði á s. l. vori, ætla ég, að í rauninni detti engum manni í hug, ekki heldur þeim tveim þm. sem töluðu hér utan dagskrár, að gera ráð fyrir því að þeir eða fulltrúar Alþb. yrðu kvaddir í samninganefnd til að vinna að þeim samningum, — þm. sem hafa leynt og ljóst á þingi og annars staðar barist gegn þessari verksmiðju og lýst sig algerlega andvíga málinu. Ef þetta, sem þeir tala um, leynd málsins, felur í sér kröfu um það eða ádeilu réttara sagt fyrir að þeir hafi ekki verið kvaddir í samninganefndina, þá er það slík fjarstæða að ég er undrandi á því. Ég held að það hefði hvorki orðið til þess að greiða fyrir málinu né heldur þeim sjálfum til neinnar ánægju þó að Stefán Jónsson eða Skúli Alexandersson hefði verið beðinn um að taka sæti í þessari samninganefnd. Ég held sannast sagna að það hefði ekki verið neinum aðila til góðs.

Það var ósköp eðlilegt að þeir, sem að þessu máli hafa staðið og bera ábyrgð á framkvæmd þess, stæðu að þessari samningagerð. Það er fjarri öllu lagi að staðhæfa að hér hafi verið nokkru leynt. Síðan þessar viðræður hófust við Elkem Spigerverket í aprílmánuði hefur alltaf annað veifið verið skýrt frá því hvernig þeim viðræðum miðaði áfram. Varðandi undirskrift undir samninginn, sem birtur er með þessu frv. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, var það fyrir réttri viku, miðvikudaginn 8. des., sem sú undirskrift fór fram, þegar samningsgrundvöllurinn lá fyrir og samþykki Fjárfestingarbankans um lánveitingu, og sama dag, 8. des., skýrði stjórnarformaður Járnblendifélagsins frá þessu í útvarpi í fréttatíma. Í fréttum kl. 19 8 des. þessa árs átti fréttastofan viðræður við dr. Gunnar Sigurðsson þar sem hann skýrði frá því að nú séu samningaviðræðurnar komnar á lokastig eða lokið og að málið verði lagt fyrir Alþ. í næstu viku, eins og gert hefur verið í dag. Því fer fjarri að nokkur leynd hafi verið yfir þessu máli.

Hitt er annað mál, að það gerist oft þegar mál eru í undirbúningi og áður en frv. er formlega lagt fyrir Alþ., að þm. ríkisstj.-flokkanna er sent frv. til þess að eiga þess kost að kynna sér það áður en það er lagt formlega fyrir. Þetta var gert nú á mánudaginn. Og ég taldi rétt að hv. þm. Alþfl., sem höfðu verið stuðningsmenn málsins og greitt atkv. með því, gagnstætt þm. Alþb., fengju frv. einnig til athugunar. Í rauninni skiptir þetta harla litlu máli. Hins vegar brýst fram hjá hv. þm. einhver afbrýði yfir því að þeir hafi verið settir skör lægra en þm. Alþfl. En það stafar einfaldlega af því að þm. Alþfl. hafa stutt þetta mál.

Ég vil líka taka það fram að í rauninni hefði verið unnt að ganga frá samningum við Elkem Spigerverket á grundvelli gildandi laga, vegna þess að lög um járnblendiverksmiðjuna heimila að semja við Union Carbide eða annan aðila. Út af fyrir sig hefði kannske ekki verið þörf á því að fá lagaheimild til þess nú. Ég hef hins vegar frá upphafi talið sjálfsagt að málið kæmi til Alþ. til endanlegs samþykkis, eins og nú hefur verið gert. Þess vegna hefur verið samið nýtt frv. sem að grundvelli til er samhljóða hinum fyrri lögum, en hins vegar er bætt inn í frv. ýmsum fyllri ákvæðum til frekari skýringar, því að það kom fram, bæði í viðræðum við Union Carbide, eftir að lögin voru samþ. í fyrra, og eins nú í samningunum við Elkem Spigerverket, að það væri æskilegt að taka inn í lögin nú ýmis ákvæði sem gengið hafði verið út frá áður, en ekki voru sett í lögin. Eins og komið verður að þegar gerð verður grein fyrir málinu, hafa nokkrar breytingar gerst, m. a. að því er raforkusamninginn snertir, þannig að í heild sinni gefur hann okkur sömu tekjur eða svipaðar tekjur að áliti Landsvirkjunar og fyrri samningur, en greiðslutilhögun og verði í byrjun samningstímabils og síðar hefur verið nokkuð vikið til.

Ég skal ekki fara frekar út í efni málsins nú, en aðeins taka það fram, að eftir að svo fór um hið bandaríska fyrirtæki Union Carbide, sem iðnrh. Alþb. hafði valið sér til samfélags í þessu máli, þá vænti ég þess að hinn nýi félagi, sem núv. ríkisstj. hefur valið sér til samfylgdar og samfélags í þessu efni, þetta norska fyrirtæki, reynist traustara en hitt reyndist, sem iðnrh. Alþb. hafði valið.

Umr. frestað.

Efri deild, 22. fundur.

Miðvikudaginn 15. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 157). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta er venjubundið frv. sem lagt er fram á hverju Alþ. Er með þessu frv. lagt til að 18 menn þar greindir öðlist ríkisborgararétt. Þeir, sem teknir eru upp í frv., munu fullnægja skilyrðum þeim sem sett hafa verið áður af allshn. beggja þd. Umsækjandi nr. 6, segir í aths., fullnægir þó ekki að fullu skilyrðum um dvalartíma, en er ríkisfangslaus og nánustu ættingjar hér á landi og íslenskir ríkisborgarar.

Ég geri ráð fyrir að það verði hagað meðferð á þessu frv. eins og áður, n. beggja þd. starfi saman að athugun á málinu og bætt verði inn í frv. þeim sem á því tímabili, sem líður frá því að það er lagt fram og þangað til það verður afgr., fullnægja þessum skilyrðum, svo sem venja hefur verið til. Umsóknir, sem berast og eru þess háttar, verða að sjálfsögðu sendar Alþingi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 161). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 frá 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, er flutt í tengslum við breytt fasteignamat sem leiðir af gildistöku laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna. Í samræmi við 26. gr. þeirra laga hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikning fasteignamats frá síðasta viðmiðunartíma þess, þ. e. a. s. frá verðlagi áranna 1969—1970, en þá fór síðast fram aðalmat fasteigna, eins og kunnugt er. Samkv. ákvörðunum n. verður framreikningsstuðull fasteignamatsins 5.5, en í fáeinum sveitarfélögum verður hann ekki nema 5 og í öðrum sveitarfélögum fer framreikningsstuðullinn upp í 6.5.

Þetta nýja og framreiknaða fasteignamat mun í samræmi við till. yfirfasteignamatsnefndar taka gildi hinn 31. des., eins og fram hefur komið í fréttatilkynningu frá fjmrn. Þar sem fasteignamat er samkv. ýmsum lögum viðmiðunargrundvöllur margs konar gjaldtöku til ríkis og sveitarfélaga fer ekki hjá því að endurskoða þurfi ákvæði þeirra laga. Þessi gjöld eru yfirleitt ákveðin sem viss prósenta af fasteignamatsverði, þannig að með 5.5—6-földun á fasteignamati að meðaltali er augljóst að þessi gjöld munu hækka stórkostlega að óbreyttum lögum.

Þau lög, þar sem fasteignamatsverð hefur áhrif á gjaldtöku opinberra aðila, eru þrenn á vegum fjmrn.: Í fyrsta lagi lög nr. 68 1971 með síðari breytingum um tekju- og eignarskatt, í öðru lagi lög 75 1921, um stimpilgjald með síðari breytingum, og í þriðja lagi lög nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs. Samkv. þeim lögum hefur fasteignamat áhrif á töku skiptagjalds, sbr. 7.—9. gr. þeirra, og þinglýsingargjalds af eignarheimildum fyrir fasteign, sbr. 16. gr. laganna.

Á vegum félmrn. eru tvenn lög þar sem fasteignamatsverð hefur áhrif á gjaldtöku. Það eru lög nr. 8/1972 með síðari breytingum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem matið hefur áhrif á fasteignaskatta samkv. 3. gr. laganna, og í öðru lagi lög nr. 30/1971, um erfðafjárskatt með síðari breytingum. Samkv. 12. gr. þeirra laga er fasteignamatsverð alltaf viðmiðunargrundvöllur þess gjalds, sbr. hins vegar þinglýsingargjald ásamt stimpilgjaldi þar sem raunverulegt söluverð er viðmiðun ef það er gefið upp í skjali, en fasteignamat að öðrum kosti.

Meginbreytingin, sem lagt er til með frv. þessu að verði gerð frá gildandi lögum, kemur fram í 2. gr. frv., en þar er um að ræða þinglýsingargjald af skiölum er varða fasteignir. Samkv. núgildandi lögum er lágmarksgjald þinglýsingar af öllum slíkum skiölum 2000 kr. og síðan 150 kr. fyrir hver 100 þús. sem verðhæð skjalsins fer þar fram yfir. Með frv. er lagt til að sú upphæð lækki um helming, þ. e. a. s. úr 150 kr. í 75 kr. Við stefnumörkun á fjárhæð þess gjalds var haft í huga að frá því að nýtt fasteignamat tók gildi í árslok 1971 hafa þessi gjöld verið svo að segja óbreytt í krónutölu ef frá er talin óveruleg breyting á lágmarksgjaldi sem gerð var á þessu tímabili. Þessi tekjustofn ríkissjóðs hefur því stöðugt verið að rýrna, og með hliðsjón af því, að með þinglýsingu eru menn að kaupa sér vernd ríkisvaldsins fyrir eignarréttindum sínum, tel ég eðlilegt að þessi gjöld hækki nokkuð í krónutölu til samræmis við breytt verðgildi peninga. Sú hækkun í krónutölu, sem þarna er lögð til, er þó ekki meiri en svo, að hún nær ekki hækkun á verðgildi þess gjalds sem menn greiddu fyrir þinglýsingu þessara skjala árið 1972, þ. e. fyrst eftir gildistöku núgildandi fasteignamats.

Sem örlítið dæmi um, hvernig þetta kemur út, má nefna hvaða gjöld menn greiddu fyrir þinglýsingu afsals af fasteign í þessu tilviki íbúð í blokk, á árinu 1972 og hvað menn greiða ef þetta frv. verður að lögum. Af slíkri eign, sem er að fasteignamati 1200 þús. kr., greiddi kaupandi samtals í stimpilgjöld og þinglýsingargjöld á árinu 1972 rúmlega 8 þús. kr. Vegna minni háttar leiðréttingar á byrjunargjaldi greiðir hann nú rúmlega 9 þús. kr. Ef sú fjárhæð, sem hann greiddi samanlagt í þessi gjöld á árinu 1972, væri færð til núvirðis, eins og reyndar var gert á s. l. ári með önnur gjöld samkv. þessum lögum, þá ætti kaupandi slíkrar eignar að greiða rúmlega 34 þús. kr. vegna stimplunar og þinglýsingar afsalsins. Ef hins vegar það frv. til l. um breyt. á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, sem hér er mælt fyrir, og samhljóða frv. um breyt. á stimpillögum verða samþ. þarf hann að greiða rúmlega 25 þús. í þessi gjöld, sem samkv. framansögðu nær ekki rýrnun á verðgildi þessara gjalda eins og þau voru ákveðin við gildistöku núgildandi fasteignamats.

Aðrar breyt., sem lagt er til að gerðar verði með frv. þessu, eru þýðingarlitlar og þarfnast ekki nánari skýringar. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 160). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það frv. til l., sem hér liggur fyrir til umr., um breyt. á l. nr. 75/1921, um stimpilgjald, er flutt í tengslum við hækkað fasteignamat, eins og það frv. sem ég mælti fyrir áðan, um breyt. á lögunum um aukatekjur ríkissjóðs. Þessi tvö frv. fylgjast að vegna breytinga á fasteignamatinu, og varðandi þetta frv. um breyt. á lögunum um stimpilgjald get ég vísað til þeirra almennu athugasemda sem raktar voru áðan um frv. til l. um breyt. á lögunum um aukatekjur ríkissjóðs. Varðandi það, hve mikil þessi hækkun stimpilgjalds verður í einstökum tilvikum, vísast einnig til þess sem var sagt áður. Að öðru leyti þarfnast þetta frv. ekki skýringa.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 58, n. 155, 64). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt. N. mælir með því að frv. verði samþ., en Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds rita undir nál. með fyrirvara.

N. tók sérstaklega til athugunar brtt. frá þeim Braga Sigurjónssyni og Jóni Árm. Héðinssyni sem var þess efnis, að undanþegin gjaldskyldu verði laun eða þóknanir fyrir störf fólks sem er 67 ára og eldra og líkamlega fatlaðra, vangefinna og þroskaheftra, svo að metið sé til 60% örorku eða meira af Tryggingastofnun ríkisins.

Það er ljóst að atvinnumál aldraðra og fatlaðra eru vandamál, og það var hugmynd flm. þessarar brtt. að með því að ekki yrði lagður launaskattur á laun þessa fólks mundi það stuðla að því að fólk þetta héldi fremur vinnu sinni. Meiri hl. n. taldi, að slíkt mundi ekki gera þann mun sem æskilegt væri, og taldi að slíkt ákvæði hefði lítil sem engin áhrif hér á.

Ég vil að lokum ítreka það að lagt er til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var lagt fyrir deildina.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. á þskj. 155 skrifa ég undir með fyrirvara, en það stafar af því að við höfum, tveir þm. Alþfl. hér í hv. d., flutt brtt. er felur það í sér að ekki verði borgaður launaskattur af fólki sem er 67 ára eða eldra eða líkamlega fatlað og metið til örorku allt að 60% eða meira af Tryggingastofnun ríkisins. Þar sem þessi hópur manna hefði ekki sömu möguleika til að tryggja sér vinnu og margir aðrir, en eilítið álag eins og launaskatturinn er á atvinnu fólks, þó það sé ekki beint á launin, þá eru það útgjöld, þá töldum við að það væri nokkur hvöt fyrir atvinnuveitanda að hafa þetta fólk áfram í vinnu, ef að þrengdi, með því að þurfa ekki að borga kvöð af þessu fólki. Þetta hefur átt sér stað í öðrum löndum á Norðurlöndunum, og því miður veit ég um tilfelli þar sem fólk verr sett hefur orðið að víkja fyrr en æskilegt hefði verið úr vinnu. Hér er um sáralítið mál að ræða fyrir ríkissjóð í heild, en nokkuð persónulegt fyrir tiltölulega fáa einstaklinga á þessu aldursskeiði.

Það kom fram á fundinum að það kynni að vera nokkurt vandamál að gera greinarmun á þessu. En það er ekki svo, því að þegar maður gerir skil á launaskatti, eins og einhverjir fleiri en ég hafa þurft að gera undanfarið, þá erum við þegar beðnir um sundurliðun á launaskatti og hvers vegna hann komi fram með mismunandi hætti. Sú mótbára fær því ekki staðist, ef hv. þm. vilja kynna sér seðilinn sem við erum látnir fylla út. Þetta er í sjálfu sér ekkert vandamál, enda á launabókhald allra manna að vera á hreinu og það kostar aðeins eina frádráttartölu ef allt er í lagi, svo að sú mótbára, að hér sé um aukna skriffinnsku að ræða, fær ekki staðist. Hér er um lítils háttar sanngirnismál að ræða sem ég vona að hv. þm. vilji líta á.

Að öðru leyti erum við sammála um að launaskatturinn haldi áfram eins og verið hefur. Honum er ráðstafað á heilbrigðan og eðlilegan hátt og þetta er orðið gamalt í þjóðfélaginu og ekki nein tök á að fara að hrófla við þessum skatti út af fyrir sig. En þetta kann að vera viðkvæmt mál fyrir fáa einstaklinga sem standa verr að vígi atvinnulega séð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 64 felld með 10:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 152, n. 171). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur rætt frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins á tveimur fundum. Frv. kom til Ed. Alþ. 9. des. og eins og hv. þm. er kunnugt hefur þetta mál lengi verið til skoðunar hjá hv. Nd. Alþ. og allshn. Nd.

Það er talið mikils vert að það takist að afgr. þetta frv. á þessu ári. Það er öllum ljóst að allshn. Ed. hafði ekki mikinn tíma til að skoða málið ef takast ætti að afgr. það nú fyrir jólin. N. kynnti sér eftir föngum þau gögn, sem frv. fylgdu frá Nd., og nm. urðu sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Það kom fram í umr. í n., að ýmsum nm. sýndist að eðlilegt gæti verið eftir atvikum að einstök atriði í sambandi við lagasetningu þessa yrðu athuguð seinna eða lögin yrðu athuguð áður en langt líður með tilliti til hugsanlegra breytinga að fenginni reynslu, og þótti nm. rétt að þær hugmyndir, sem þeir höfðu um hugsanlegar breytingar, yrðu þá teknar til skoðunar við endurskoðun frv. þegar nokkur reynsla verður komin á það og eðlilegt þykir að taka það til skoðunar.

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja hér efni þessa frv., hv. dm. er það meira og minna kunnugt, og mun ég ekki orðlengja frekar hér um.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. mjög vel fyrir hve vel hún hefur brugðist við tilmælum mínum um afgreiðslu á þessu máli. Mér er það ljóst og mér var það ljóst þegar ég lagði málið fyrir í þessari d., að það var skammur tími fyrir n. og d. til þess að fjalla um málið ef átti að auðnast að koma því fram fyrir áramót, og ég er sem sagt mjög þakklátur n. fyrir að hún hefur getað fallist á að afgr. málið, þó að það sé laukrétt, sem kom fram hjá frsm., að þess er tæplega að vænta að n. hafi getað á þessum tíma grandskoðað þetta frv. og þau fylgifrv. sem því fylgja. Á hinn bóginn er þess að gæta, að þetta frv. hefur hlotið gaumgæfilega athugun í Nd. og gögn þau, sem Nd. aflaði, fylgdu með. Ég vona að hv. allshn. þessarar d. hafi getað byggt á þeim gögnum og hefur auðvitað orðið að gera það í þessu tilfelli. En ég tek algjörlega undir það sem fram kemur í þessu nál., að þetta eru auðvitað ekki eðlileg og æskileg vinnubrögð. Það

verður að vera og á auðvitað að vera meira jafnvægi á milli deilda, þannig að fyrri d., sem mál fær til meðferðar, taki ekki allan tímann til athugunar á því, heldur geti athugun farið fram í báðum d. með svipuðum hætti. Það eru rök *deildaskiptingarinnar, sem hún byggist í* raun og veru á, að sú athugun fari fram, en síðari d. láti a. m. k. ekki að jafnaði nægja athugun fyrri deildar.

En ég vil enn undirstrika að ég er n. þó í þessu tilfelli þakklátur fyrir að hún hefur getað fellt sig við það að afgr. málið með svo skjótum hætti. Þetta er mál sem mikið er búið að ræða um og menn hafa ugglaust sett sig inn í talsvert, a. m. k. almennt.

Þetta frv., sem hér er til umr., er um stjórnskipulag og starfslið rannsóknarlögreglu, að nokkru leyti um starfshætti hennar, en þó getur það ekki orðið nema að litlu leyti í þessu frv. Aftur á móti koma til fylgifrv. og þau lög sem gilda um sjálfa rannsóknarstarfshættina. Þetta er fyrst og fremst um skipulag og stjórn á þessari stofnun sem gert er ráð fyrir að sett sé upp eða réttara sagt skilin frá þeirri stofnun sem hún hefur lotið hingað til, sakadómi Reykjavíkur. Það er kannske ekki alveg bókstaflega rétt að tala um nýja stofnun, af því að auðvitað er þessi stofnun þegar til sem rannsóknarlögregla *hjá sakadómi Reykjavíkur.*

Það er að sjálfsögðu svo, að þegar kveðið er á um stjórn og skipulag slíkrar stofnunar, þá geta verið mörg álitamál. Það er ekkert óeðlilegt þó að mönnum geti sýnst sitt hvað. En hér hafa ekki komið fram brtt. Þetta skipulag hefur verið ákveðið af svokallaðri réttarfarsnefnd, að vísu með nokkrum breyt. í hv. Nd., þannig að ég hygg að það sé sett upp að mjög vel athuguðu máli. Ég held að það sé ekki of mikið sagt. En auðvitað er það svo í þessu tilfelli sem öðrum, að það verður að athuga hver reynslan verður af þessu, og er sjálfsagt að breyta því sem reynslan sýnir að ekki gefst eins og vonir stóðu til, ef menn sjá það í framkvæmdinni að eitthvað megi betur fara, og er auðvitað ekkert við því að segja þó það komi á daginn. Það er ekkert óeðlilegt við það þó að einhverjar breyt. kunni að þurfa að gera á frv. sem þessu. En ég tel að með þessu sé stigið stórt spor í rétta átt og vona það að það skipulag, sem þarna er sett upp, sé í aðalatriðum rétt og verði til þess að styrkja löggæsluna og réttarkerfið.

Hins vegar er það svo að þessi svokallaða réttarfarsnefnd hefur áfram til athugunar, skoðunar og endurskoðunar öll lögin um meðferð opinberra mála og þar með um sjálfa starfshættina við þetta. Hún hefur gert þær breytingar á lögunum um meðferð opinberra mála sem koma hér til umr. á eftir í frv. því, sem þessu frv. fylgir, og taldar voru óhjákvæmilegar afleiðingar af þessu frv., svo og nokkrar fleiri breytingar sem hún gerði samkv. ábendingum, sérstaklega lagadeildar Háskólans. En að öðru leyti hefur hún ekki farið út í heildarendurskoðun á þeim efnislegu reglum sem um þetta fjalla í lögunum um meðferð opinberra mála, en þar eru líka ákvæði um rannsókn utan réttar, um rannsókn fyrir lögreglu. En það er verkefni sem n. hefur og mun halda áfram að sinna og rækja.

Það er mikið búið að tala um þá afbrotaöldu sem hér hefur gengið yfir, og það er ekki nokkur vafi á því að það þarf að snúast gegn henni með fullkominni alvöru. Ég tel að það hafi verið gert og ýmislegt verið einmitt gert nú, bæði með *auknum fjárveitingum og öðru, sem á að stuðla* að því að hægt sé að sinna þessum málum betur en unnt hefur verið. Ég vona og ég þykist sjá þess nokkur merki að það sé hægt að sjá fyrir endann á ýmsum þeim alvarlegu brotamálum, sem hér hafa komið upp á síðustu mánuðum og árum, og takist að leysa þau. Og fyrsta skilyrðið til þess er auðvitað að fyrir hendi sé starfhæf og vel menntuð rannsóknarlögregla sem hefur yfir að ráða þeim tækjum sem þykja nauðsynleg í því efni. En hitt skiptir líka máli og mjög miklu máli, að hún hafi stuðning og njóti atbeina fjölmiðla, vegna þess að þeir eru orðnir áhrifamiklir aðilar, og að hún hafi almenningsálitið í landinu með sér í því að taka duglega á móti þessari afbrotaöldu og kæfa hana. Það vona ég að okkur takist á næstu árum, þó að hitt sé víst, að með þessari rannsóknarlögregluu verður ekki komið í veg fyrir það í eitt skipti fyrir öll að afbrot verði framin. Auðvitað á það sér alltaf stað í þessu þjóðfélagi eins og öðrum, það verða alltaf einhverjir einstaklingar sem fremja afbrot.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég var til kvaddur í önnum Geirs Gunnarssonar, sem er í fjvn., að sitja fundi allshn. Ed. er hún fjallaði um frv. það er hér um ræðir. En svo vill til að reynsla mín og ég hygg nokkurra þm. annarra af önnum þingsins þessa dagana fyrir jól virðist stangast allmjög á við álit sumra ráðh., a. m. k. þess ráðh. sem lýsti því yfir í Sþ. nú fyrir stundu, að nógur tími gæfist þm. til þess að lesa nú og kynna sér frv., — viðamikið frv. sem lagt hefur verið fram í Nd. og á að taka til umr. og afgreiðslu til nefndar fyrir jól.

Í allshn. var fjallað um þetta frv., eins og hv. frsm. allshn. greindi frá, eftir því sem tími gafst til, en hvergi nærri að minu viti eins og þurft hefði, enda kemur það fram í grg. n. Ég tel að sökin á því lendi tæpast á allshn. Nd., heldur hafi hér verið um verkstjórnaratriði að ræða. Ekki ber að lasta það þótt allshn. Nd. hafi tekið sér langan tíma til þess að fjalla ítarlega um þetta merkilega frv. Sökin á því, að Ed. fékk frv. ekki fyrr til meðferðar, hlýtur að liggja á einhverjum öðrum, hér hafi eins og svo oft áður brostið verkstjórn af hálfu þeirra sem eiga að leggja málin fyrir Alþ. og stjórna vinnubrögðum alþm.

Ég get ekki réttlætt vinnubrögðin, þessi skjótu og flaustursleg vinnubrögð í allshn. Ed., með því að við í þessari d. getum tekið svo mikið mark á góðum vinnubrögðum allshn. Nd. Á hinu hlýt ég að taka mark, sem hæstv. dómsmrh. hefur sagt um þörf þess að fá frv. þetta nú samþ. sem lög. Þau rök tek ég gild.

Í fjarveru Geirs Gunnarssonar, sem á sæti í allshn., eins og ég sagði áðan, en hefur ekki tóm vegna anna í fjvn. til þess að fjalla um þetta mál í allshn. af því að alþm. hafa miklu meira að gera þessa daga fyrir jól en hæstv.

iðnrh. taldi í Sþ. áðan, — í fjarveru hans hlýt ég að gera grein fyrir því, að við munum bera fram við 3. umr. till. Svövu Jakobsdóttur, sem hún flutti í allshn. Nd. varðandi réttarvörslu gæsluvarðhaldsfanga. Ég hefði raunar gjarnan viljað að hæstv. dómsmrh. gerði grein fyrir afstöðu sinni til þessarar till., þar sem mér virðist að ekki skakki öðru en því, að í till. Svövu er gert ráð fyrir því að skipan þessarar réttargæslu sé skylda þegar svo beri til að ekki tefjist af því meðferð málsins, en í frv. er gert ráð fyrir því, að það sé á valdi dómsmrh. eða dómara hvort slík réttargæsla fæst. Það kom fram á fundum allshn., að enda þótt menn sæju fram á að e. t. v. gæti till. Svövu, ef að lögum yrði, leitt til þess undir vissum kringumstæðum og við gefnar aðstæður, þegar um óprúttna menn væri að ræða og harðfylgna réttargæslumenn þeirra, að mál yrðu erfiðari í meðförum, en aftur á móti og á hinn bóginn kom fram það álit, að hætta gæti verið það mikil á því að óvarlega væri farið að því að hneppa menn í gæsluvarðhald að þarna þyrfti að gjalda varhug við. Ég er einn af þeim sem óttast að þarna geti heill og hamingja þegnanna verið að veði, einkum og sér í lagi ef það ætti okkar að bíða að fá refsiglaðari dómsmrh. heldur en þann sem við nú höfum, sem ýmsir kannske óska sér, en ég bið guð að forða okkur frá. Við munum af þeim sökum bera þessa till. Svövu fram hér í d. En gjarnan vildi ég að hæstv. dómsmrh. gæti notað til þess nokkrar mínútur að gera grein fyrir afstöðu sinni til þessarar till. í áheyrn okkar áður en að því kemur.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við tilmælum hv. þm. Stefáns Jónssonar og láta í té álit mitt á brtt. þeirri sem Svava Jakobsdóttir flutti í Nd. Þess er þó að geta að hún er ekki varðandi það frv. sem er hér til meðferðar, en þessi mál eru nú rædd að meira eða minna leyti í samhengi, heldur varðar hún frv. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála. En ég vil í því sambandi einmitt undirstrika það sem ég sagði áðan, að það er alveg ljóst að þar er ekki um endanlegar brtt. réttarfarsnefndar að ræða, heldur má vænta þess að hún taki öll lögin um meðferð opinberra mála til rækilegrar endurskoðunar, og þær tillögur koma á sínum tíma. En ég greiddi atkv. gegn þessari brtt. Svövu Jakobsdóttur, ekki af því að ég telji ýkjamikinn mun á því hvort hún er samþ. eða samþ. er sú till. sem nú er í frv. En sú till. er komin í frv. skv. till. lagadeildar Háskólans, var sett inn eftir ábendingum þaðan, og þeim þótti réttur manns, sem væri í rannsókn, nægilega tryggður með þeim ákvæðum, að það væri lagt á vald dómara að meta hvort þörf væri á því að skipa honum réttargæslumann eða ekki. Í brtt. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur var þetta orðað sem skylda, en þó með þeim fyrirvara að í framkvæmdinni býst ég ekki við að á þessu yrði í sjálfu sér mikill munur, hvort orðalagið sem væri. (Gripið fram í.) Þegar t. d. svo er komið að um gæsluvarðhald er að ræða, þá er það alltaf dómari sem úrskurðar, en það, sem þessi grein á við, er um rannsókn fyrir rannsóknarlögreglumanni, að eftir atvikum eigi að beita þeim ákvæðum í 80. gr. laga um meðferð opinberra mála við þá utanréttarrannsókn. En það er lagt alveg á vald dómara að ákveða hvort þörf sé á því, en ekki bara farið eftir óskum hlutaðeigandi, enda gæti verið að það væri erfitt að fullnægja því og gæti verið til að tefja ef það væri alltaf hlaupið eftir duttlungum í því efni. En það, sem ég legg áherslu á, er að þessi litla breyt., sem ég tel ekki á neinn hátt lítils háttar, á hvorn veginn sem hún er, haggar ekkert við þessu frv. sem hér er um að ræða, og það er aðalatriðið fyrir mér að fá það í gegn, þannig að það geti komist í gildi. En þó að t. d. frv. um meðferð opinberra mála, sem er að vísu fylgifiskur þessa frv., þyrfti vegna samþykktar á breyt. hér að fara til Nd., þá er þar ekki neinn stórkostlegur skaði skeður. En auðvitað vil ég samt mæla með því að fá þetta óbreytt eins og það er, sem sé að láta þetta standa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 140 (sbr. 12), n. 172). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála og leggur til að það verði samþ. eins og það kemur frá Nd., en þó áskilja einstakir nm. sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—30. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 141 (sbr. 13), n. 173). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Það er það sama um þetta frv. að segja og þau tvö frv., sem hér hafa verið til meðferðar næst á undan þessu, að allshn. hefur rætt þetta frv. á fundum sínum og mælir með því að það verði samþ., með þeim fyrirvara þó að einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 177). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Samkvæmt gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga skal leggja fasteignaskatt á allar

fasteignir sem metnar eru í fasteignamati. Skattur þessi skal miðast við fasteignamatið og vera ½% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa, en 1% af öðrum fasteignum. Þennan fasteignaskatt er hverju sveitarfélagi skylt að leggja á, en auk þess er sveitarstjórn heimilt að innheimta álag á fasteignaskatt, en álagið má þó ekki vera hærra en 50%. Þetta er sem sagt heimild, en skylda að leggja hið umrædda ½% eða 1% á.

Nú er í lögum svo ákveðið að þar til nýtt fasteignamat hafi tekið gildi skuli ráðh. heimilt að ákveða fyrir 15. nóv. ár hvert að gjöld næsta árs, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati, megi breytast í hlutfalli við breytingu byggingarvísitölu. Sú heimild hefur verið notuð undanfarin ár, þannig að með þeirri ákvörðun, sem tekin var og auglýst 15. nóv. s.l. um milli 23 og 24% hækkun, mundi sú hækkun að óbreyttum lögum á næsta ári vera aðalmatið að viðbættu 236% álagi. En þó að þessi tala sé notuð í frv. vil ég taka það skýrt fram að hér er um það að ræða að fasteignamat og fasteignaskattar mundu hækka um rúm 23% á næsta ári.

Nú voru á síðasta þingi samþykkt lög um skráningu og mat fasteigna og er í þeim gert ráð fyrir að nýtt fasteignamat skuli taka gildi 1. des. 1976. Í tilkynningu frá fjmrn. 3. des. var tilkynnt að þetta nýja matsverð fasteigna skuli taka gildi frá og með 31. des. n.k. Einnig er tekið fram í þessari auglýsingu fjmrn. að yfirfasteignamatsnefnd hafi ákveðið svokallaðan framreikningsstuðul fyrir matsverð fasteigna 5½, en í tilkynningu eða bréfi frá yfirfasteignamatsnefnd kemur þó fram, eins og raunar er einnig nefnt í auglýsingu fjmrn., að hækkunin verður nokkru meiri í einstökum sveitarfélögum heldur en þessi almenna hækkun matsins. Ef ekkert væri að gert mundu fasteignaskattar hækka mjög verulega á næsta ári vegna þessa nýja fasteignamats og sveitarstjórnir, sem ekki óskuðu eftir slíkri hækkun, fengju ekki við það ráðið þar sem þeim er skylt að leggja á þessa ákveðnu hundraðstölu af fasteignamati. Af þessum ástæðum er frv. flutt sem hér liggur fyrir, og er aðalefni þess að fasteignaskattar skuli á næsta ári ekki verða hærri en þeir hefðu orðið samkv. gildandi mati fasteigna. Það þýðir að fasteignagjöld skuli ekki hækka um meira en rúm 23% á næsta ári frá því sem verið hefur á þessu ári.

Svo er annað ákvæði einnig í þessu frv., í 1. gr., sem leiðir af breytingu á framkvæmd fasteignamats. Í þeim lögum, sem giltu þangað til lögin voru sett á s.l. vori, lögum um fasteignamat frá 1963, var svo ákveðið að fasteign skyldi tekin í mat þegar hún væri fullgerð. M.ö.o.: fasteignaskatt mátti þá ekki leggja á fasteign fyrr en hún var fullgerð, þá fyrst fór fasteignamatið fram. Með hinum nýju lögum verður breyting á þessu, og samkv. bréfi, sem formaður yfirfasteignamatsnefndar hefur ritað félmrn., er gert ráð fyrir því að mannvirki í byggingu verði að jafnaði metin einu sinni á ári, miðað við ásigkomulag þeirra þá. Þetta þýðir að nú má búast við því að hús í smíðum verði metin fasteignamati og þegar það fasteignamat liggur fyrir, þá er um leið orðið samkvæmt tekjustofnalögunum skylt að leggja fasteignaskatt á þá eign. Þetta gæti leitt af sér fyrir t.d. ungt fólk, sem er að koma upp yfir sig íbúð, tryggja sér íbúð með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði, að þegar það er í miðjum klíðum, húsið kannske fokhelt eða eitthvað lengra komið, þá er fasteignin metin og fasteignaskattur lagður á húsið ofan á öll þau önnur útgjöld sem þau þurfa að standa undir. 1. gr. þessa frv. miðar að því að koma í veg fyrir slíkt. Með henni er ákveðið að eigi skuli þó heimilt að leggja fasteignaskatt á fasteignir fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar. Er þetta í samræmi við túlkun og fyrri framkvæmd.

Ég vænti þess að þetta frv. fái góðar undirtektir hér, og það er nauðsynlegt að það fái afgreiðslu á Alþ. nú áður en þinghlé hefst.

Ég vil taka það fram að vafalaust eru margir sveitarstjórnarmenn þeirrar skoðunar að sveitarstjórnir ættu að hafa rýmri heimildir til að leggja á fasteignaskatta en mundi vera samkvæmt þessu frv. Um það eru vafalaust mjög skiptar skoðanir meðal sveitarstjórna. En ég tel að sú n., sem fjallar um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga í sambandi við það, verði að taka þau mál í heild til meðferðar og tillögugerðar, en ekki sé ástæða til að rýmka slíkar heimildir nú.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 170). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Verðjöfnunargjald af raforku hefur verið alllengi í gildi og hefur því verið varið til þess að standa undir eða draga úr halla Rafmagnsveitna ríkisins, en gjaldið rennur um Orkusjóð til framkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins.

Á árunum 1973—1974 var ákveðið af páv. ríkisstj. að breyta því verðjöfnunargjaldi, sem áður hafði verið, breyta því í skatt á smásölu, þ.e.a.s. við útsölu rafmagns frá rafveitunum, og hækka það þannig að það gæfi verulega auknar tekjur.

Í fjárlögum fyrir árið 1974 var gert ráð fyrir þessu nýja hækkaða gjaldi. Það átti þá að skila 440 millj. kr. Úr því varð ekki að frv. um það efni yrði lögfest fyrr en haustið 1974. Varð það til þess að Orkusjóður eða Rafmagnsveiturnar fengu ekki nema lítinn hluta af þessum áætluðu tekjum á því ári. Þetta gjald hefur síðan verið framlengt frá ári til árs. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að það skili um 700 millj. kr., og í fjárlagafrv. fyrir 1977 er áætlað að það skili 725 millj. kr. Núgildandi lög gilda aðeins til ársloka 1976, og efni þessa frv. er að verðjöfnunargjaldið skuli einnig gilda fyrir árið 1977.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og til iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 15. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Símaafnot aldraðs fólks, þáltill. (þskj. 166). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegalög, frv. (þskj. 148 (sbr. 71)). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 71 er frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 frá 14. júlí 1975, og er hér um nokkuð verulegar breytingar að ræða á þeim lögum. Meginmál þeirrar breyt., sem um ræðir í þessu frv., er flokkun veganna.

Horfið er frá því ákvæði að flokka vegi í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. Hins vegar er nú horfið að því að gera hringveginn að einum heildarvegi og mun heita stofnbraut og jafnframt þeir aðalvegir sem út frá hringveginum ganga, eins og til Vestfjarða og á Austfjörðum, Snæfellsnesi og víðar, þar sem nauðsyn ber til að ná til þéttbýlisstaða og þar sem um mikla umferð er að ræða. Slíkir vegir tilheyra stofnbrautum.

Í öðru lagi eru svo þjóðbrautir, en það eru nokkurn veginn svipaðir vegir og áður voru landsbrautir, en þjóðbrautirnar og hraðbrautirnar eru sameinaðar í stofnbrautunum.

Þriðja atriðið, sem er veigamikið í þessu frv., eru sýsluvegirnir. Aukin er fjárveiting til þeirra frá því sem áður hefur verið, og er þetta miðað við það að nauðsyn ber til að efla fjárveitingu til sýsluvega þar sem um er að ræða mjólkurflutninga í tankbílum heim að hverjum bæ eða svo að segja þar sem mjólkurframleiðsla er og flutningur skólabarna, daglegur akstur heim á bæina og til skólastaðanna.

Með þessum breyt., sem hér eru gerðar till. um, á að vera auðveldara að fást við vegáætlun og skiptingu þeirra fjárveitinga sem fara til vegamála og þessi mál verða framkvæmanlegri en þau hafa verið tvö síðustu árin vegna þess hvernig flokkunin var.

Þetta frv. var samið af n. sem Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri var formaður fyrir, en með honum voru í n. fyrrv. vegamálastjóri, Sigurður heitinn Jóhannsson, og alþm. Ásgeir Bjarnason, Helgi F. Seljan, Lárus Jónsson, Magnús T. Ólafsson og Sighvatur Björgvinsson. Var stefnt að því með því að taka þm. úr hverjum stjórnmálaflokki að þá næðist samstaða um þetta mál og það hefur tekist. Þetta frv. var lagt fram í hv. Ed. 10. nóv. og varð alger samstaða um þetta mál þar.

Ég vil geta þess vegna þeirra korta, sem hér eru og sýna hvert stofnbrautirnar geta náð, að þau eru ekki alveg tæmandi, eins og t.d. um veginn út á Skagaströnd, sem tilheyra mundi stofnbrautum, og Borgarfjörð eystra, sem eru staðir sem ég man eftir í bili að hefur verið spurt um hvað ætti að gera með.

Þar sem nauðsyn ber til að hraða þessu máli og afgr. það nú fyrir þinghlé vegna þess að í raun og veru er ekki hægt að ganga frá því að semja vegáætlun nema hún sé í samræmi við þessi lög og hún hefur dregist m.a. af þeim ástæðum, eða það er aðalástæðan, þá treysti ég þessari hv. d. til þess að hafa snör handtök á afgreiðslu þessa máls og afgr. það nú fyrir jólahlé. Ég mun því ekki hafa hér fleiri orð í framsögu fyrir þessu frv. Ég gerði grein fyrir því, þegar ég kynnti það í hv. Ed., og vísa til þess, auk þess sem með frv. er mjög góð grg. og hv. þm. búnir að hafa það lengi að ég veit að þeir eru búnir að kynna sér það mjög vel.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 24 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 178). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Gildandi lög um Bjargráðasjóð eru nr. 51 frá 1972. Í þeim segir að Bjargráðasjóður sé sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaga og Stéttarsambands bænda. Um hlutverk sjóðsins segir að hlutverk hinnar almennu deildar, en hann skiptist í tvær deildir, sé að veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, svo sem óveðurs, flóða og vatnavaxta, skriðufalla, snjóflóða, jarðskjálfta og eldgosa. En í 9. gr. segir að hlutverk búnaðardeildar sé að veita einstaklingum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón vegna búfjárdauða af völdum sjúkdóma eða af slysum, þegar gáleysi eigenda verður eigi um kennt, til fóðurkaupa vegna grasbrests, af völdum kulda, kals eða óþurrka, til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár, að bæta uppskerubrest á garðávöxtum, að veita fjárhagsaðstoð vegna verulegs afurðatjóns á sauðfé og nautgripum. Þetta er um hlutverk þessara tveggja deilda sjóðsins, hinnar almennu deildar og búnaðardeildar.

Um tekjur Bjargráðasjóðs segir að sveitarfélög skuli greiða sem nemur 50 kr. gjaldi fyrir hvern íbúa sveitarfélags, enn fremur skuli greiða 0.25% af söluvörum landbúnaðarins, og í þriðja lagi á ríkissjóður að greiða framlag sem nemur samanlögðum framlögum skv. þessum tveimur liðum, þ. e. a. s. framlagi sveitarfélaga og gjaldinu af söluvörum landbúnaðarins.

Það var orðið ljóst fyrir nokkru og í rauninni glöggt á síðasta ári að lög um Bjargráðasjóð þyrftu endurskoðunar við. Í fyrsta lagi mundi hann vera fjárvana til þess að hlaupa undir bagga ef einhver alvarleg tíðindi gerðust, eins og í rauninni hafa síðan gerst í sambandi við óþurrkana á s. l. sumri, og í öðru lagi þótti rétt að endurskoða tiltekin ákvæði vegna tilkomu Viðlagatryggingar. Það var því 8. sept. í fyrra sem ég fól stjórn Bjargráðasjóðs að endurskoða lög sjóðsins og eins og segir í bréfinu: „sér-

staklega með tilliti til setningar laga um Viðlagatryggingu Íslands.“ En jafnframt var lögð á það áhersla að efla fjárhagsstöðu sjóðsins.

Þetta frv. er árangur af þessari könnun stjórnar Bjargráðasjóðs og tillögugerð hennar. Með frv. er lagt til að framlag sveitarfélaga, sem hefur verið óbreytt nú um nokkurra ára skeið í krónutölu, hækki úr 50 kr. upp í 150 kr., í öðru lagi að framlag búvöruframleiðenda hækki úr 0.25% í 0.35%. Mótframlög ríkissjóðs hækka svo sjálfkrafa af þessum ástæðum.

Þessar breytingar mundu gera það að verkum að tekjur Bjargráðasjóðs tvöfölduðust, en á þessu ári eru þær áætlaðar 70—80 millj. kr. Á árinu 1977 yrðu því tekjur sjóðsins, ef þetta frv. yrði samþ., 140—160 millj. kr. að óbreyttum aðstæðum, þ. e. a. s. að viðbættum tekjum sem kunna að stafa af fólksfjölgun og hækkuðu búvöruverði ef til kemur.

Stjórn sjóðsins segir í grg. sinni að vegna gífurlegra tjóna, sem hlotist hafa af völdum óþurrkanna í sumar, er ljóst að til sjóðsins verður leitað á komandi hausti — þetta bréf er skrifað í sumar — og vetri um fyrirgreiðslu, auk fyrirgreiðslubeiðna vegna annarra tjóna. Þarf þá hvort tveggja að koma til, bráðabirgðafyrirgreiðsla í formi láns til sjóðsins og efling hans, eins og gert er ráð fyrir í þessum till.

Þá eru varðandi ákvæðin um almennu deildina gerðar nokkrar breytingar með hliðsjón af lögum um Viðlagatryggingu, og í megindráttum má segja að með þessu nýja orðalagi skuli hin almenna deild Bjargráðasjóðs taka þar við sem viðlagatryggingu þrýtur.

Ég ætla að þetta mál þurfi ekki frekari skýringa við, en vil leggja til að frv. verði vísað til hv. félmn. Ég tel mjög mikilvægt að þetta frv. verði lögfest nú áður en þinghlé verður svo það geti tekið gildi 1. jan. n.k., eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil því biðja n. um að hraða afgreiðslu þess eftir föngum.

Ég vænti þess að málið hljóti góðar undirtektir og geti náð samþykki Alþingis í tæka tíð.

Gunnlaugur Finnsson: Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að fagna því að fram er komið frv. til breyt. á l. um Bjargráðasjóð. Mér finnst eðlilegt að minna aðeins á það, um leið og mælt er fyrir þessu frv., að við setningu laga um viðlagatryggingu vorið 1975 urðu hér uppi allmiklar umr. um það að nokkurt bil væri á milli þeirra fjármuna sem tryggðir yrðu í Bjargráðasjóði annars vegar og í Viðlagasjóði hins vegar. Viðlagatryggingin kom í kjölfarið á hamförunum í Vestmannaeyjum, og mönnum varð þá ljóst að það þurfti að safna fjármagni til að standast slík áföll. Í leit að tekjustofnum fyrir slíka tryggingu var helst að því hallast að um viðbótartryggingu yrði að ræða við brunatryggingar, en það hafði vissulega þá annmarka, svo sem margsinnis hefur verið minnt á, að fjölmörg mannvirki heyra ekki undir viðlagatrygginguna. Þar má nefna t. d. öll hafnarmannvirki á Íslandi, allar vatnsveitur, holræsi, hitaveitur, allar brýr og alla vegi, raforkuver, þau sem ekki eru brunatryggð sérstaklega, og svo mætti lengi telja. En bara af þessari upptalningu má sjá að hér er um stórkostlegustu mannvirki á Íslandi að ræða.

Ég geri mér grein fyrir því að Bjargráðasjóður getur ekki orðið tryggingasjóður að fullu til þess að bæta skaða sem yrði í náttúruhamförum á þessum mannvirkjum. En ég tel að það sé rétt að hv. þm. geri sér grein fyrir því að það eru þó enn þá í landinu mjög mikil verðmæti, sem eru ótryggð, og að við búum við það áfram að ríkissjóður verður að vera reiðubúinn hverju sinni, ríkisstj. og Alþ., að taka við slíkum áföllum. Við höfum fengið dæmi um þetta frá Kópaskeri varðandi það sem gerðist þar á liðnu ári. Við sjáum á því, sem fylgir frv., að hér er ekki um geysimiklar upphæðir að ræða. Hlutur sveitarfélaganna er þrefaldaður og það mun vera heldur minna en verðlagsbreytingar hafa orðið frá árinu 1970 til dagsins í dag. Þess vegna er ástæða til þess að leiða hugann að því, hvort ekki væri rétt að framlagi sveitarfélaganna fylgdi sú kvöð að þau hækkuðu með breyttu verðlagi þannig að það þyrfti ekki að brjóta upp lögin með vissu millibili, helst árlega, til að leiðrétta þær greiðslur. Mér sýnist, miðað við þær greiðslur sem hafa átt sér stað að undanförnu, að hlutur sveitarfélaganna hafi verið 11 millj. kr. á yfirstandandi ári, 50 kr. á mann í 220 þús. manna þjóðfélagi, og muni þá fara upp í 33 millj. þegar frv. hefur öðlast lagagildi, sem ég vænti að verði. Og það er nokkurt ósamræmi varðandi verðtrygginguna.

Ég vil vekja athygli á því að iðgjald til Viðlagatryggingarinnar er verðtryggt, vegna þess að tryggingafélög hækka alltaf brunabótamatið, og í þeirri deild Bjargráðasjóðsins, sem kölluð er búnaðardeild, eru framlögin raunar líka verðtryggð, því þar er um að ræða prósentu af verðlagi. Þá er það aðeins þessi hluti bjargráðasjóðstryggingarinnar sem er óverðtryggður. Ég minnist á það hér af því að mér finnst rétt að það atriði yrði skoðað betur. En sérstaklega vildi ég leggja áherslu á það, að ég lít svo á að með setningu laganna nú og þar sem ekki hefur verið enn hreyft við endurskoðun á viðlagatryggingunni, svo sem talað var um við lagasetninguna 1975, að með því hafi í rauninni verið mörkuð sú stefna að dýrustu mannvirkin í landinu verði ótryggð og á ábyrgð ríkissjóðs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Innflutningur á olíuprömmum, frv. (þskj. 125, n. 153). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál og er álit n. á þskj. 153. Í máli hæstv. samgrh. og í grg. með frv. koma fram helstu ástæður fyrir flutningi þess og sé ég ekki ástæðu til að bæta þar neinu við, en n. mælir einróma með því að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 109 (sbr. 25), n. 156). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í hv. Ed. og allshn. þessarar d. mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir frá Ed. Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu, en það er liður í endurskoðun almennra hegningarlaga sem hegningarlaganefnd vinnur nú að, og hefur sú n. samið þetta frv. Ég tel ástæðulaust að vera að gera frekari grein fyrir efni frv., það var gert í framsögu hæstv. ráðh., og endurtek aðeins að allshn. er sammála um að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 131, n. 158, 159, 180). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Félmn. Nd. hefur fjallað um þetta frv. Það er samið með tilliti til þeirrar breytingar sem var gerð í fyrra á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hefur gengið í gegnum Ed. Þegar frv. kom til Nd. höfðu komið fram ábendingar, bæði frá menntmrh. sem og frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, og n. tók tillit til ábendinga, sem þar komu fram, og hefur þess vegna lagt fram brtt. á sérstöku þskj., 159. Þessar breyt. eru þó ekki efnislegar, heldur fyrst og fremst til að skýra frekar aðskilnað á þátttöku ríkisins vegna stofnkostnaðar dagheimilanna og vegna rekstrar dagheimilanna og eru þess vegna eingöngu leiðréttingar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta frekari orð, en undir nál. rita með fyrirvara þeir Magnús T. Ólafsson og Eðvarð Sigurðsson. Sá fyrirvari er ekki þess eðlis að þeir leggi á móti þeirri breyt, sem hér er gert ráð fyrir, efnislega séð, ef verkefnaskiptingin verður áfram sem er orðin staðreynd, en þeir gera fyrirvara vegna þess að þeir voru á móti þessari verkefnaskiptingu í fyrra og eru það í sjálfu sér enn, en sem sagt ef hún á sér stað telja þeir eðlilegt að þessar leiðréttingar verði gerðar. Ellert B. Schram hefur einnig fyrirvara og mun eflaust skýra hann hér sjálfur. Ég sé að komnar eru fram brtt. við frv. þar sem gert er ráð fyrir að stíga skrefið til baka aftur, en um það fjalla ég ekki að svo komnu máli.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Eins og frsm. n. gat um hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Það er ekki vegna þess að ég sé ekki samþykkur þeim efnisbreytingum, sem gerðar eru núna á þessum lögum, né heldur vegna þess að ég sé andvígur þeirri verkefnaskiptingu sem upp var tekin milli ríkis og sveitarfélaga við byggingu og rekstur dagvistarheimila. Fyrirvarinn var vegna þeirra ákvæða sem samþ. voru með breyt. á þessum lögum frá 1973 og fram koma í 11. og 12. gr. laganna og þessa frv. sem hér liggur fyrir. Þar var ákveðið að rn. gæti með reglugerð sett skilyrði um húsakost dagvistarheimila, stærðareiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfsliðs hverrar deildar og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð. Vitaskuld er nauðsynlegt að einhver ákvæði séu um þessi atriði, en ég tel að þær reglur og þau ákvæði, sem um þau hafa verið sett, séu allt of stíf og hafi leitt til þess að við höfum farið nokkuð aftur á bak frekar en fram á við í þessum málum.

Í því sambandi leyfi ég mér að vekja athygli á upplýsingum sem koma fram í ársskýrslu Sumargjafar sem hefur rekið dagheimili og leikskóla í Reykjavík, — ársskýrslu sem er yfir árið 1975, — en þar koma m. a. fram þær upplýsingar að í framhaldi af þeim reglum, sem settar voru skv. lögunum 1973 og komu til framkvæmda á árunum 1975 og 1976, hefur börnum fækkað á dagheimilum og leikskólum í Reykjavík. Þessi fækkun nemur um 100 börnum á viðkomandi skólum og heimilum, og ég tel að það sé ákaflega vafasamt að á sama tíma sem þörfin fyrir dagvistunarheimili eykst dag frá degi og biðlistar vaxa jafnt og þétt um pláss á þessum heimilum, þá skuli settar slíkar reglur að það dragi úr möguleikum þessarar stofnunar til þess að taka við börnum.

Ég hefði því talið eðlilegt að um leið og gerðar eru breytingar á þessum lögum nú, þá hefðu þessi ákvæði, sem hér um ræðir, verið endurskoðuð og reglurnar rýmkaðar svo að það húsnæði og þær stofnanir, sem fyrir hendi eru í dag, gætu áfram tekið a. m. k. jafnmörg börn og þau gerðu fyrir breytinguna, þannig að að því leyti væri ekki dregið úr þeim fjölda sem þessar stofnanir geta tekið á móti.

Ég fer ekki nánar út í þetta, virðulegi forseti, þó full ástæða væri til þess að gefa hér margvíslegar upplýsingar sem fram koma í fróðlegri skýrslu Sumargjafar um ástandið í þessum málum. Þar kemur í ljós að biðlistar lengjast dag frá degi og biðin getur verið alllöng hjá fólki sem þarf augljóslega mjög á því að halda að koma börnum sínum fyrir um stundarsakir á slíkum dagheimilum og leikskólum. Það er því að mínu mati ákaflega óæskilegt að löggjöfin beinlínis stuðli að frekari erfiðleikum með því að setja svo stífar reglur sem hér um ræðir.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég flyt á þskj. 180 brtt. við frv. það sem hér er til umr. Brtt. mínar hníga að því að færa dagvistunarmál aftur í sama horf og var í tíð vinstri stjórnar, þ. e. a. s. ég legg til að ríkið taki á ný þátt í rekstrarkostnaði dagvistunarheimila. Ég legg til að ríkið greiði allt að 30% rekstrarkostnaðar til dagheimila og skóladagheimila og allt að 20% til leikskóla.

Það var eitt af loforðum vinstri stjórnar, það var tekið fram í málefnasamningi vinstri stjórnar, að ríkið tæki að sér hlutdeild í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, og það loforð efndi vinstri stjórnin dyggilega.

Með lögunum, sem sett voru 1973, voru Íslendingar komnir í fremstu röð Norðurlandaþjóða

bæði um fjármögnun þessara mála og ekki síður um viðhorf til þessa mikilvæga menningarþáttar.

Ég vil fara sérstökum orðum um viðhorf til þessa málaflokks, vegna þess að ég tel sannarlega ekki vanþörf á því eins og málum er nú komið í tíð hæstv. ríkisstj. Ég vænti þess að hv. þm. Framsfl., sem hafa verið fylgjandi bæði skoðunum Alþb. og nú á síðustu tveim árum íhaldsins, vegi og meti og reyni að íhuga hvorum megin þeir vilji nú endanlega standa þegar þeir fá tækifæri til að greiða atkv. um mína till.

Um viðhorf til þessara mála segir svo í grg. frá 1973, þegar þessi lög voru sett, með leyfi hæstv. forseta:

„Áhersla er lögð á uppeldisskyldu dagvistunarheimila, en það sjónarmið, að dagvistunarheimili séu neyðarúrræði vegna barna sem búa við óheppilegar félagslegar aðstæður er nú úrelt orðið. Í samræmi við það sjónarmið telur n. rétt að mótuð verði sú framtíðarstefna að öll börn innan skólaaldurs eigi kost á að njóta dvalar hluta úr degi eða daglangt á dagvistunarheimilum um eitthvert skeið sé þess óskað. Þetta skal vera óháð því hvort báðir foreldrar vinna utan heimilis eða aðeins annað þeirra. Þetta sjónarmið er í fullu samræmi við þá stefnu sem nágrannaþjóðir okkar hafa mótað. Í þessari afstöðu felst engan veginn sú skoðun að dagvistunarheimili skuli koma í stað uppeldis á heimilum, öllu fremur hið gagnstæða. Vel búin og vel rekin dagvistunarheimili, þar sem börnin njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum, veita foreldrum ómetanlega aðstoð við uppeldi barna sinna í nútímaþjóðfélagi. Eigi öll börn kost á því að dveljast á dagvistunarheimilum skapast meira jafnræði með þeim innbyrðis og þau standa jafnari að vígi en ella er að því kemur að þau standa andspænis kröfum skólaskyldunáms."

Þannig var stefnan mótuð árið 1973. Í samræmi við það horfðist vinstri stjórninni augu við að nauðsynlegt var að veita stórauknu fjármagni til þessara mála, miklu meira en gert hafði verið. Fram til ársins 1973 voru málefni dagvistunarheimila í höndum sveitarfélaga eða áhugafélaga og sveitarfélaga í sameiningu, og yfirleitt hafði þróunin í gegnum árin verið sú, að sveitarfélögin höfðu tekið að sér þennan málaflokk í æ ríkara mæli vegna þess að áhugafélög réðu ekki við þau. Þannig var málum komið 1973. Þá voru langir biðlistar og til vandræða horfði fyrir fjölda barna. Afleiðingarnar voru þær að litið var á dagvistarheimili sem neyðarúrræði vegna barna er byggju við óheppilegar félagslegar aðstæður.

Ég vil geta þess hér, að þetta viðhorf var alls ekki ríkjandi hér í Reykjavíkurborg þegar Sumargjöf hóf starfsemi sína fyrst fyrir mörgum áratugum. Þá leitaðist Sumargjöf við að fá á barnaheimilin, eins og þau voru kölluð þá, börn vel bjargálna eða efnaðra foreldra til þess einmitt að koma í veg fyrir að litið yrði á barnaheimilin sem neyðarúrræði eða ölmusu fyrir þá sem verr voru settir í þjóðfélaginu. Síðan tók, eins og við vitum, að síga á ógæfuhlið. Eftir því sem þjóðin varð efnaðri, því minna taldi hún sig geta varið til uppeldismála. Og þá var svo komið í Reykjavík og er raunar enn að þeir einir fá inni á dagvistunarheimilum sem eru á framfæri námsmanna eða ef það er einstætt foreldri sem stendur að uppeldi barnsins og svo ef sérstaklega bágbornar ástæður eru fyrir hendi.

Fram til ársins 1974 eða þar til lögin komust í framkvæmd, lög vinstri stjórnarinnar, voru framlög ákveðin hverju sinni á fjárlögum eftir umsóknum. Þetta voru smáupphæðir sem var deilt milli aðila. En þegar lögin 1973 komu til framkvæmda var sem losnaði stífla. Sveitarfélögin sáu þarna leið fram úr sínum vanda og umsóknir tóku að streyma inn til menntmrn. um styrk til byggingar og rekstrar. Þegar verið var að undirbúa lögin frá 1973 var engin heildarskráning til á vegum opinberra aðila um þessi mál. En það má fullyrða að í a. m. k. 10 kaupstöðum hafi verið dagheimili sem störfuðu sum allt árið og önnur part af ári, og þeim hefur farið ört fjölgandi á þessum fáu árum, svo sem hv. þm. vita eftir fjárlagaafgreiðsluna. Sveitarfélög víða um land hafa keppst við að koma upp þessum heimilum til þess að verða við kröfum foreldra um að vel sé séð fyrir börnum þeirra meðan þau eru við framleiðslustörf.

Þegar dagheimilin voru svipt rekstrarkostnaði með lögum í fyrra kom óhugur í marga. Eins og hv. þm. muna hafði stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga alls ekki samþykkt þá breytingu og var ekki ánægð með hana, og það var vitað mál að þessi breyting mundi hafa í för með sér mikinn afturkipp. Það er mjög hætt við því að sveitarfélög muni freistast til að draga úr framkvæmdum og telji sig ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að sinna þessum málaflokki sem skyldi. Ber sérstaklega að harma að slík afturhaldsstefna skyldi vera tekin upp einmitt á sama tíma og allir vita að þjóðfélagshættir eru svo breyttir að nú er svo komið að um 60% giftra kvenna vinnur utan heimilis. Við vitum að biðraðir lengjast. Við vitum að einkagæsla barna verður æ tíðari. Við vitum að hún er mjög dýr og erfitt við að eiga nema fyrir hátekjufólk. Þó skal þess getið hér, að borgarfulltrúi Alþb. fékk samþ. till. í borgarstjórn þess efnis að einkagæsla skyldi greidd niður hjá Reykjavíkurborg að nokkru, og ber vissulega að fagna því. En það er ekki nema lítill hluti fólks sem á gæslu þarf að halda sem nýtur þessara hlunninda.

Hv. síðasti ræðumaður vék að skýrslu Sumargjafar. Þar er, eins og hann tók fram, margar merkilegar upplýsingar að finna. Þar er m. a. tafla þar sem aðstandendur barna eru greindir eftir starfsheiti. Þar kemur fram að langflestir þeirra, sem eiga börn á dagheimilum, eru skrifstofufólk og verkafólk. Hvor hópurinn um sig er 15.23% af heildarfjölda. Þar næst kemur afgreiðslufólk með 9.21% af heildarfjöldanum, því næst kennarar með 6.51%. Ég legg áherslu á að hér er eingöngu um forgangshópa Reykjavíkurborgar að ræða og þar af leiðandi sýnir þetta ekki hversu mikil þörfin er, og það er vitað að biðlistarnir sýna það ekki heldur, vegna þess að þeir, sem vita að þeir muni hvort eð er ekki koma til greina, láta ekki setja börn sín á biðlista. Þetta sýnir að það er lágtekjufólk og millitekjufólk sem á þarna aðgang, og því ber í sjálfu sér að fagna. En spurningin er hversu mörgum

í sams konar sporum er þarna bægt frá. Mér virðist þessi tafla sýna að sá hópur muni vera stór, auk þess sem þetta sýnir að það koma ekki aðrir til greina.

Stefna vinstri stjórnar í þessum málum nær ekki fram að ganga einfaldlega sakir þess að málinu hefur verið haldið í fjárhagslegu svelti í tíð þessarar ríkisstj., í fjárhagslegu svelti varðandi stofnkostnað og ríkisþátttöku í rekstrarkostnaði algjörlega hafnað. Hins vegar má greina nokkuð hvaða fólk það er sem er á biðlistum við leikskólana, því þar er ekki um forgangshóp að ræða. Og það er nokkuð fróðlegt að sjá hvaða starfsstéttir það eru sem þar bíða. Ef ég tek mæður, þá eru húsmæður þar í langmestum meiri hl. eða 46.02%. Þar næst kemur hópur sem er skilgreindur sem svo hjá Sumargjöf, með leyfi hæstv. forseta: „Iðnaðar- og sérhæfð þjónustustörf, störf sem krefjast skammmenntunar.“ Það eru 27.13%. Feður eru líka flestir úr þeim hópi sem ég las upp áðan. Það er þetta fólk sem er langfjölmennast á biðlistum hjá leikskólanum, og það hefði sannarlega verið fróðlegt að fá fleiri kannanir sem sýndu hvaða starfsstéttir óskuðu eftir dagvistunarheimilum.

Ég held að þetta sýni, svo ekki verði um villst, að við erum komin enn fjær því nú en árið 1973 að dagvistarheimili standi opin öllum börnum er þess óska, sem var þó skýrt mörkuð stefna og sú eina stefna sem sæmir menningarþjóð sem vill láta sig uppeldismál einhverju varða. Það er skoðun mín að eina leiðin til þess að bjarga þessum málum við sé að fara aftur til þess fyrirkomulags er vinstri stjórnin tók upp. Það sýndi sig þann skamma tíma er þau lög voru í gildi að þau voru til mikils bóta. Þau voru mikill aflgjafi fyrir sveitarfélög til þess að sinna þessum málaflokki og þar með til mikilla hagsbóta fyrir allan almenning. Ég vil sérstaklega skora á þingmenn Framsfl., sem stóðu að þessu á sínum tíma, að fylgja mér í þessu máli.

Þetta, að dagheimilin yrðu opin öllum börnum, hefur lengi verið stefna Alþb. Það má segja að áratugum saman hafi flokkurinn flutt till. í borgarstjórn og hér á þingi um að ríkið tæki þessi mál að sér, og ég hygg að þann tíma, er vinstri stjórn var við völd, hafi sannast að stefna Alþb. var rétt.

Ég vil minna á að meðal mýmargra samþykkta, sem ganga í þá átt að aftur verði horfið til þess að ríkið taki þátt í rekstrarkostnaði, er samþykkt sem gerð var á ráðstefnu um kjör láglaunakvenna 16. maí 1976. Að þeirri ráðstefnu stóðu mýmörg verkakvennafélög, og í ályktun frá þessari ráðstefnu stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðstefnan fordæmir þá breytingu sem gerð var á lögunum um þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri dagvistunarstofnana, að fella niður hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði stofnannanna, og telur það stórt skref aftur á bak. Ráðstefnan telur að varanleg lausn á uppbyggingu nægilega margra dagvistunarstofnana fáist ekki nema ríki og sveitarfélög stofni þau og reki eins og aðrar uppeldisstofnanir, eins og skóla þjóðfélagsins, og öll börn geti átt aðgang að þeim. Enn fremur telur ráðstefnan æskilegt að stéttarfélögin beiti sér fyrir því að tekið verði inn í kjarasamninga þeirra að atvinnurekendur greiði ákveðið gjald í byggingarsjóð dagvistunarstofnana til að flýta fyrir framkvæmdum.“ Þetta síðasta í ályktuninni les ég hér til þess að undirstrika að hér er tekið undir frv. það sem ég flutti í fyrra um lánasjóð dagvistarstofnana, þar sem gert var ráð fyrir að atvinnurekendum væri gert skylt að greiða smávegis gjald til þessara mála, eins og raunar þeir gera sumir hverjir nú þegar vegna þess að ella fengju þeir ekki vinnuafl. Þessari leið, sem ég benti á í fyrra, var hafnað hér af meiri hl. Nd. og vísað til ríkisstj., sem var náttúrlega það sama og að fella frv.

Hv. þm. Ellert B. Schram talaði hér um reglugerðarákvæði sem hefði haft í för með sér fækkun á rýmum. Ég vil geta þess að hér er um að ræða fækkun á einstökum heimilum. Það er alveg rétt að það var sett reglugerð, en sú reglugerð var sett í beinum tengslum við lögin frá 1973 sem gerðu ráð fyrir því að dagheimilin yrðu ekki geymslustaðir, heldur hollar uppeldisstofnanir, en vegna vanrækslu m. a. viðreisnarstjórnar hafði verið hlaðið of mörgum börnum á heimilin til stórskaða fyrir börnin og fóstrurnar. Og ég fæ ekki betur skilið en hv. þm. Ellert B. Schram sé að óska eftir því ástandi aftur. (**Gripið fram í:** Já.) Hann svarar já. Hann er að óska eftir því að barnaheimilin verði geymslustaðir fyrir börn þar sem á að hrúga þeim saman. Reglugerðin, sem sett var, var í fullu samræmi við lögin sem gerðu ráð fyrir miklu fjármagni. Og vinstri stjórnin stóð við það loforð. Ef núv. ríkisstj. hefði ekki svo að segja um leið og hún tók við tekið fyrir allt fjármagn til þessara heimila, þá hefði Reykjavíkurborg getað haft við og þá hefði ekki komið að sök þó að þurft hefði að fækka um nokkur rými. Fækkunin var eingöngu gerð af mannúðarástæðum. Hún var gerð með velgengni barnanna og fóstranna í huga, og hún var byggð á reynslu starfsfólksins á dagheimilunum. Reglugerðarákvæðin komu alls ekki til framkvæmda strax. Þau komu til framkvæmda í áföngum með það í huga að fjármagn yrði veitt til þessara mála, en það var ekki gert. Það þýðir því alls ekki fyrir stuðningsmenn þessarar ríkisstj. að koma hér nú og harma að börnum skyldi vera fækkað á heimilunum.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég hef raunar ekki miklu við að bæta í þessari umr. Ég vildi þó aðeins nefna, að það, sem kom fram í máli hv. þm. Ellerts B. Schram, 11. þm. Reykv., kom til umr. í n. En ég hygg að hann sé á sama máli og við, sem að nál. stöndum, að hér sé um að ræða mál sem ekki á heima í lagasetningu, heldur í reglugerðarákvæðum frá viðkomandi rn. Alveg á sama hátt eins og skólamannvirki eru hönnuð, þar eru sett ákveðin norm, á sama hátt hlýtur þetta að vera hlutverk rn., að ákveða fjölda barna á hverja einingu flatarmáls, og ég geri mér grein fyrir því og vek athygli á því að hér er um mjög vandasamt mat að ræða: annars vegar að fjöldi sé ekki þrúgandi, þannig að börn séu frjáls þar sem þau eiga að dvelja, en ekki að geymast, og geti sinnt sínum hugaðarefnum, hins vegar að við sníðum

okkur stakk eftir vexti á þann veg að við reisum ekki íburðarmiklar hallir yfir þessa starfsemi, heldur reynum að hafa þær eins ódýrar og unnt er, en þó svo vel úr garði gerðar að þær nái tilgangi sínum.

Í annan stað vil ég segja það, að ég er ekki alveg sammála hv. þm. Svövu Jakobsdóttur um það að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafi verið andvíg þessari breytingu eða a.m.k. ekki samþ. hana. Það, sem ég hef heyrt frá stjórn Sambandsins um þetta atriði, er að hún hefur óskað eftir skýrari tekjuskiptingu og verkefnaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og eitt af þeim verkefnum, sem þar ættu að hafa forgang, væri einmitt rekstur dagvistunarstofnana. Og mér fannst að skilja mætti af máli hennar að með því að leggja niður ríkisstyrkinn væri dregið mjög úr fjárveitingum til dagvistunar í heild. Hér er hreinlega um mat að ræða á því hvort ríkið greiðir þetta eða hvort það eru sveitarfélögin sem greiða það. Að sjálfsögðu er sveitarfélögunum falin ábyrgð. Sveitarfélögin fengu tekjur á móti, en samkvæmt núgildandi lögum eru þau ekki skyldug til þess að sinna þessu verkefni. Það er rétt að hafa þetta í huga. En ef við lítum á þróunina, þá er hún sú, að sveitarfélögin hafa í auknum mæli sinnt þessum verkefnum, og ég hygg að sú verði þróunin áfram. Ég skal viðurkenna að fjármagn er af skornum skammti. Það var uppi sú stefna í fyrra að málefnið yrði að öllu leyti fært yfir til sveitarfélaganna, en ég taldi eðlilegt á þessu stigi að ríkið héldi áfram að vera hvetjandi aðili fyrir sveitarfélögin eða einstök samtök að reisa dagvistarstofnanir. Og enda þótt ég geri ráð fyrir því að flestir harmi það að ekki er meira fjármagn til skipta, þá verð ég þó að vekja athygli á því, að málaflokkar hafa ákaflega misjafnt vægi, og miðað við lagasetninguna 1973, sem kemur til framkvæmda með fjárveitingum 1974 upp á 40 millj. til stofnkostnaðar, hefur þessi málaflokkur þó það breyst á þessum árum frá 1974 til 1977, miðað við það sem nú hefur verið samþykkt í fjárlagagerð, að þetta fjármagn hefur þó aukist um 175% frá 1974, þ.e.a.s. hækkað í 110 millj. Að vísu var mjög lítil hreyfing á milli áranna 1975 og 1976, en tæp 70% hækkun er þó á þessu framlagi milli áranna 1976 og 1977 miðað við það sem nú er áformað. (**Gripið fram í:** Er hv. þm. að tala um stofnkostnaðinn?) Um stofnkostnaðinn, eingöngu um stofnkostnaðinn, en ekki rekstrarkostnaðinn. Rekstrarkostnaðurinn er alveg sér á báti, þar hefur þetta verkefni verið fært yfir til sveitarfélaganna og það að fallast á þessa yfirfærslu er á engan hátt hægt að túlka sem fráhvarf frá þeirri stefnu að mínu mati sem mörkuð var af vinstri stjórninni.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. — Ég vil fyrst segja það almennt, að ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegast að sveitarfélög hafi það alfarið í sínum höndum að taka ákvarðanir um hvaða dagvistunarstofnanir og leikskóla skuli reisa og hvenær og þá með tilliti til þeirra þarfa sem fyrir hendi eru hverju sinni í viðkomandi sveitarfélagi. Þau eru best til þess fallin að taka þær ákvarðanir. Ég er því eindregið fylgjandi þeirri stefnu að þessi verkefni séu færð yfir á sveitarfélögin og jafnframt standi þau skil á stofn- og rekstrarkostnaði að mestu eða öllu leyti. Það er hins vegar verkefni okkar að veita sveitarfélögunum tekjur til að standa undir þessum kostnaði. Má vera að það spor hafi ekki verið stigið nægilega rösklega enn, en að því er stefnt og að því er unnið að svo megi verða.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir spurðist fyrir um það, hvort ég væri hlynntur því að aftur yrði farið til sama fyrirkomulags og var áður. Ég rakti það hér áðan, að það væri mín skoðun, og skal staðfesta það enn hér. Hins vegar er það hennar fullyrðing, en ekki mín, að halda því fram að þessir staðir hafi verið geymslustaðir. Til þess að útskýra þetta aðeins nánar, hversu fjarstæðukennt er að halda því fram að heimilin hér í Reykjavík hafi verið geymslustaðir, skal ég aðeins nefna hér nokkrar staðreyndir, nokkrar tölur í því sambandi.

Með breytingum, sem urðu samkv. lögunum frá 1973, fækkaði rýmum á dagheimilum í Reykjavík sem hér segir: Í Bakkaborg var fækkað um 3 börn, í Efrihlíð var fækkað um 2 börn, í Hagaborg um 7 börn, í Hamraborg um 4 börn, í Laufásborg um 10 börn, í Laugaborg um 3 börn, í Selásborg um 1 barn, í Steinahlíð um 2 börn, í Sunnuborg um 3 börn. Ég held að það geti varla talist neinn geymslustaður enda þótt fjölgað yrði aftur börnum á þessum heimilum sem þessum tölum nemur. Ég held hins vegar að þær reglur, sem hafa verið samþ. og farið eftir, hafi verið allt of stífar og það hafi verið óskynsamlegt að gera Sumargjöf og þessum heimilum skylt að fækka börnum um 1 og 2 börn, eins og hér segir. Og þó að aftur yrði breytt í gamla horfið, þá yrði ekki um neina geymslustaði að ræða og myndi ekki ráða neinum úrslitum um rekstur þessara ákveðnu staða.

Ég vil svo að lokum aðeins segja frá því, að í Svíþjóð, sem menn hafa nú gjarnan til fyrirmyndar og sjálfsagt er komin einna lengst í þessari félagslegu samhjálp, eru settar reglur, eins og vitaskuld þurfa að vera. En svíarnir veita 10—15% frávik og fara að þessu marki upp fyrir staðla sem settir eru um rými á dagheimilum og leikskólum. Og ég held að við íslendingar séum ekkert of góðir til þess að gera það líka, ekki síst með tilliti til þess ástands sem ríkir í þessum málum. Það á sér margar orsakir og að sjálfsögðu ekki hægt að segja að það sé sök viðkomandi ríkisstj. hvernig ástandið er.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund miklu lengur. Það eru örfá atriði sem mig langar að víkja að.

Mig langar að leiðrétta hér eitt atriði, sem hv. þm. Gunnlaugur Finnsson kom inn á, eða rétt aðeins að skýra mitt mál, vegna þess að ég hef lent í því einu sinni áður að það var vefengt sem ég sagði einmitt um þetta atriði. Ég hafði ekki allt skrifað áðan, en ég lét þau orð falla að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefði ekki samþykkt frv. um verkefnaskiptinguna í þeirri mynd sem hún lá fyrir. Það held ég að hafi svo oft komið fram á þingi að verði ekki vefengt. Það var líka viðurkennt að tekjustofnar voru ekki nægilegir. Sveitarfélögunum voru reiknað-

ar 120 millj. til dagvistarmála án þess þó að nokkur trygging fengist fyrir því að þær rynnu til þess málaflokks. Úr því er að sjálfsögðu bætt með þessu frv. sem hér liggur fyrir, og síst ætla ég að vanþakka það.

Í öðru lagi vildi ég benda hv. þm. Ellert B. Schram á það, að þegar rætt er um byggingar eða innri gerð dagvistarheimila, þá vil ég gera mikinn greinarmun á því rými, sem ætlað er börnum, og á byggingunni að öðru leyti. Ég held að það sé ekki rétt að fjölga börnum umfram það sem færustu sérfræðingar og reynt starfsfólk telur eðlilegt með tilliti til heilsu bæði barnanna og starfsfólksins. Hinu er ég fyllilega samþykk, að það verði reynt að finna leiðir til þess að gera byggingarnar ódýrari. Það held ég væri miklu réttari leið heldur en að hverfa aftur til þess tíma er of mörg börn voru á hverju heimili. Og ég held eða ég man ekki til þess að ég hafi nú viðhaft þau orð um þau barnaheimili Sumargjafar, sem hér eru í Reykjavík, að þau hafi verið geymslustaðir. En þau verða það náttúrlega ef á að fara að reyna að fækka á biðlistunum með því að troða inn í þau fleiri börnum en fyrir eru. En á hitt vil ég leggja áherslu og um það er mér mjög vel kunnugt, að ástandið að þessu leyti var víða úti á landi miklu, miklu verra og tæpast viðunandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 33. fundur.

Miðvikudaginn 15. des., kl. 8 síðdegis.

Landhelgismál, þáltill. (þskj. 133). — Ein umr. (útvarpsumr.).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan skiptist í tvær umferðir, þannig að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur, 15 mínútur í hvorri eða 20 mínútur í fyrri en 10 í síðari. Röð flokkanna verður þessi: Í fyrri umferð: Alþb., Framsfl., Alþfl., Sjálfstfl. og SF. Í síðari umferð Framsfl., Alþfl., Sjálfstfl., SF og Alþb.

Ræðumenn verða þessir: Af hálfu Alþb. tala Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., í báðum umferðum. Af hálfu Framsfl. tala Einar Ágústsson utanrrh. í fyrri umferð og Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. tala Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm., í fyrri umferð og Jón Ármann Héðinsson, 1. landsk. þm., í síðari umferð. Af hálfu Sjálfstfl. talar Matthías Bjarnason sjútvrh. í fyrri umferð og Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm., í síðari umferð. Af hálfu SF talar Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., í fyrri umferð og Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., í síðari umferð.

Hefst nú umr. og tekur 1. flm., Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., til máls og talar af hálfu Alþb.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. — Till. sú til ályktunar Alþingis, sem hér liggur fyrir til umr., er stutt og skýr. Hún er þannig:

„Vegna þeirrar vitneskju, sem fyrir liggur um veika stöðu helstu fiskstofna við landið, lýsir Alþingi yfir því, að nýir samningar um veiðiheimildir útlendinga í fiskveiðilandhelgi Íslands komi ekki til greina.“

Flm. till. eru þrír. Ég fyrir hönd Alþb., Benedikt Gröndal fyrir hönd Alþfl. og Karvel Pálmason fyrir hönd SF.

Ástæður til þess, að till. er flutt, eru fyrst og fremst þær, að ríkisstj. stendur í samningamakki við Efnahagsbandalag Evrópu um svonefndar gagnkvæmar fiskveiðiheimildir. Til þess að skýra mál þetta betur verður ekki hjá því komist að rekja með nokkrum dæmum það sem opinberlega hefur komið fram um þessi samningamál að undanförnu.

Í stefnuræðu forsrh., sem flutt var í upphafi þings í haust, vék hann að samningaviðræðum við Efnahagsbandalagið um gagnkvæm fiskveiðiréttindi og lagði áherslu á að í þeim efnum mættu ekki skammtímasjónarmið ráða afstöðu okkar, heldur langtímahagsmunir. Þessi ummæli forsrh. voru ekki fullkomlega skýr. Þó virtist ekki um að villast að hann stefndi að samningum við Efnahagsbandalagið um gagnkvæm veiðiréttindi til langs tíma, þ. e. a. s. að við veittum þjóðum Efnahagsbandalagsins heimild til veiða í okkar landhelgi gegn því að okkar skip fengju að veiða í landhelgi þeirra.

Mál þetta átti eftir að skýrast. 15. okt. birti Morgunblaðið viðtal við Matthías Bjarnason sjútvrh. í tilefni af ársafmæli útfærslunnar í 200 mílur. Í því viðtali segir Matthías orðrétt:

„Enn fremur vil ég benda á að það er mikil nauðsyn fyrir okkur að halda opnum samningaleiðum. Við þurfum og getum þurft í ríkum mæli að leita á fiskimið annarra þjóða.“ Og enn er haft orðrétt eftir Matthíasi: „Ef Efnahagsbandalagið býður okkur gagnkvæm fiskveiðiréttindi í íslenskri fiskveiðilögsögu eigum við að mínum dómi að skoða það og í því ljósi hvað er hagkvæmast fyrir okkur.“

Ég bið menn að taka vel eftir þessum orðréttu tilvitnunum í hátíðarviðtali Morgunblaðsins við sjútvrh. 15. okt. Þar segir hann að við þurfum í ríkum mæli að leita á fiskimið annarra þjóða og því þurfum við að halda samningaleiðum opnum. Og hann segir að ef Efnahagsbandalagið bjóði okkur gagnkvæm fiskveiðiréttindi í íslenskri fiskveiðilögsögu, þá eigum við að skoða það. Orðalagið er að vísu furðulegt um að Efnahagsbandalagið bjóði okkur gagnkvæman rétt í okkar lögsögu. En meining ráðh. fer þó ekki á milli mála.

Morgunblaðið varð auðvitað hrifið af þessum afdráttarlausu yfirlýsingum Matthíasar um samninga við Efnahagsbandalagið, enda birti það daginn eftir í leiðara þessar sömu tilvitnanir úr viðtali Matthíasar sem ég hef hér dregið fram.

Síðan þessar yfirlýsingar forsrh. og sjútvrh. komu fram um samninga, sem byggðir væru á gagnkvæmum fiskveiðiréttindum, hafa fyrirætlanir í þessa sömu átt margsinnis verið endurteknar á Alþ. og í blöðum af hálfu ríkissti., og síðan hafa formlegar viðræður við fulltrúa Efnahagsbandalagsins hafist um hugsanlega samninga á þessum grundvelli. Á Alþ. höfum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar krafið ríkisstj. um

svör við því, hvað hún meini með þessum gagnkvæmu fiskveiðiréttindum og að hvaða marki hún stefni í raun og veru. Við höfum spurt: Getur það verið að ríkisstj. telji mögulegt að semja um nýjar veiðiheimildir útlendinga í okkar landhelgi þrátt fyrir þær upplýsingar sem fyrir liggja um ástand helstu fiskstofna hér við land? Við höfum líka spurt og spyrjum enn: Dettur ríkisstj. í hug að heimila breskum togurum veiðar á þorski og ýsu hér við land gegn því að íslensk skip fái að veiða síld í Norðursjó? Veit ríkisstj. ekki hvernig komið er síldarstofninum í Norðursjó? Hefur hún gleymt því að fulltrúar Íslands hafa nýlega lagt til á fundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar í London að öll síldveiði í Norðursjó verði stöðvuð vegna ofveiði? Ætlar ríkisstj. að gera þann tillöguflutning hlægilegan með því að kaupa okkur rétt til síldveiða í Norðursjó með því að senda í staðinn breska togara á ofveiddan íslenskan þorskstofn? Þvílík þversögn og fjarstæða!

Við höfum líka spurt ríkisstj. hvað fyrir henni vaki með viðræðum við Efnahagsbandalagið um fiskimiðin við Austur-Grænland. Þar eru nú því sem næst dauð fiskimið. Er ríkisstj. að hugsa um að fórna okkar fiskimiðum í skiptum fyrir slík mið? Og við spyrjum: Getur það verið að ríkisstj Íslands sé á því siðferðisstigi að henni detti í hug að gera kaupskap við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskimið grænlendinga? Það yrði okkur íslendingum til ævarandi skammar ef við semdum um fjárhagsleg hlunnindi handa ríkustu þjóðum heims á kostnað einnar þeirra fátækustu. Um fiskimiðin við Grænland eigum við íslendingar aldrei að semja við neina nema grænlendinga.

Spurningum okkar um þessi samningamál hefur ríkisstj. litlu svarað. Viðbrögð hennar, þegar málið hefur verið rætt, hafa verið svipuð og þess manns sem veit upp á sig skömm. Hún hefur farið undan í flæmingi og svarað út í hött. Hún afsakar viðræður sínar við fulltrúa Efnahagsbandalagsins með því að hún vilji sýna kurteisi og tala við menn, og hún telur óviðeigandi að mæta til funda með mótaða og yfirlýsta stefnu, en rétt sé að hlýða á mál manna og gera upp stefnuna síðar.

En hvað er það sem verið hefur að gerast á fundum ríkisstj. og Efnahagsbandalagsins um þessi mál? Tveir formlegir viðræðufundir hafa verið haldnir í Reykjavík, annar 12. og 13. nóv. og hinn 25. og 26. nóv. Um þessa fundi vill ríkissti. sem minnst ræða. Hún segir að nánast hafi ekkert gerst á þessum fundum, hér hafi aðeins verið um könnunarviðræður að ræða, ekkert tilboð hafi komið fram og hún hafi því engu lofað, en skipst hafi verið á skoðunum.

Viðræðufundir þessir hafa sannarlega ekki borið á sér nein einkenni minni háttar ábreifinga eða könnunar. Einn af ráðh. hins mikla Efnahagsbandalags hefur komið hingað í einkaflugvél og haft með sér ráðunauta, og af Íslands hálfu hafa tekið þátt í viðræðunum tveir ráðh. og auk þeirra tveir albm. og 8 embættismenn, eða 12 manna hópur. Auk þess hefur svo forsrh. sjálfur einnig rætt við hinn danska Efnahagsbandalagsráðh.

Að loknum síðari viðræðufundinum var gefin út sameiginleg yfirlýsing aðila þar sem m. a. segir að á viðræðufundi, sem verði haldinn fyrir jól, sé stefnt að samkomulagi til langs tíma um fiskverndar- og fiskstjórnunarmál, en jafnframt verði fjallað um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Ljóst er af þessari yfirlýsingu að viðræðuaðilar telja sig geta náð samkomulagi um fiskverndarmál og stjórn á fiskveiðum. Slík yfirlýsing er að vísu furðuleg þegar þess er gætt, að enginn fiskifræðingur tók þátt í viðræðunum, og þegar það einnig er haft í huga, að það er Alþingi íslendinga eitt sem getur sett reglur um stjórnun fiskveiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

En jafnhliða hinni sameiginlegu yfirlýsingu, sem aðilar gáfu, birti svo sendimaður Efnahagsbandalagsins aðra yfirlýsingu þar sem hann lagði áherslu á að hann hefði fulla trú á að á næsta samningafundi, sem haldinn yrði fyrir jól, mundi nást samkomulag „sem hindraði skyndilegan samdrátt fiskveiða hvors aðilans um sig á fiskimiðum hins," eins og orðrétt var haft eftir þessum sendimanni. Með þessari yfirlýsingu lýsti Finn Olav Gundelach, ráðh. Efnahagsbandalagsins, yfir því, að hann teldi að samningar tækjust fyrir jól um veiðirétt breta í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Yfirlýsing hans verður ekki misskilin Og undir lestri þessarar yfirlýsingar sátu þeir Matthías Bjarnason sjútvrh. og Einar Ágústsson utanrrh. og gerðu enga aths. Þegar Gundelach síðan kom til Bretlands endurtók hann þetta og undirstrikaði enn á ný bjartsýni sína um lausn á vandamálum breta.

Síðan hafa margar fullyrðingar borist erlendis frá um væntanlega samninga við íslendinga. Ýmist bera fréttastofur aðila í Brüssel fyrir upplýsingunum eða sjálfan Gundelach. Íslensk stjórnvöld eru hins vegar snöpuleg og vilja sem minnst um málið tala.

Hér skiptir ekki neinu meginmáli, hvort einstakar fréttir, sem erlendar heimsbekktar fréttastofur eins og Reuter hafa eftir Gundelach, eru nákvæmlega réttar eða ekki. Það, sem máli skiptir, er að þessi Gundelach hefur hér á landi í áheyrn íslenskra ráðh lýst yfir að hann trúi því að samningar takist í þessum mánuði um veiðiheimildir breta í okkar landhelgi.

Þó að reynt hafi verið að halda leyndu því sem fram hefur farið á viðræðufundunum með Finn Olav Gundelach, þá liggja fyrir mikilvægar staðreyndir sem hægt er að sanna með fundargerðum frá viðræðufundunum. Ljóst er að á fundunum hefur verið rætt um í fyrsta lagi samning til langs tíma, í öðru lagi um rammasamning sem fylla mætti út í með tölum um fjölda skipa og aflamagn síðar, í þriðja lagi um veiðirétt íslendinga við Grænland og í Norðursjó og í fjórða lagi um veiðirétt erlendra skipa eða skipa frá Efnahagsbandalagslöndum í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Samningamaður Efnahagsbandalagsins sagði berum orðum að hér væri um tilboð að ræða af hans hálfu, en þó án þess að nefna fjölda skipa og án þess að nefna fiskmagn. Hann sagði líka berum orðum í þessum viðræðum að „setja yrði ramma og gefa til kynna fyrirætlanir svo að ekki komi til upplausnar eftir 1. jan." Hvað átti Gundelach við

með því að tala um að komið gæti til upplausnar 1. jan.? Var hann að ræða um veiðistöðvun breskra togara í aðeins einn mánuð, eins og breski utanrrh. Crosland hefur gert, þar sem hann sagði að stöðvun veiðanna við Ísland í einn mánuð væri að vísu slæm fyrir breska togaraútgerð, en þó betri en nýtt þorskastríð.

Kjarni þessa máls, sem hér er rætt um, er þessi: Fyrir liggur að Efnahagsbandalagið sækir á okkur um undanþágur til veiða í íslenskri landhelgi fyrir breska togara. Að þessu sinni liggur leið breta til veiða á okkar mið í gegnum Efnahagsbandalagið og í gegnum svonefnda gagnkvæmissamninga. Nú sækja bretar á og íslenska ríkisstj. veit varla hvað hún á að gera. Hún er hikandi, hún er hrædd, hún leitar fyrir sér og reynir alls konar undanbrögð.

Landsmönnum er ekki sagður nema hálfur sannleikurinn af því sem fram hefur farið. Reynt er að vefja málið í fjas um fiskverndarsamninga og um stjórn á veiðum, þó að allir viti að Efnahagsbandalagið geti hvorki samið við okkur né aðra um slík mál þar sem það hefur ekki sjálft gert upp stefnu sína í fiskveiðimálum. Allt tal um gagnkvæm fiskveiðiréttindi, eins og nú er ástatt, er á sama hátt fjas og fjarstæða.

Ástand fiskstofnanna við Ísland er þannig að um ekkert er að semja við aðra. Fiskifræðingar leggja til að ekki verði veitt meira af þorski á næsta ári en 275 þús. tonn. Það er jafnmikið og við íslendingar veiðum sjálfir í ár. Við höfum ekki heldur eftir neinu að slægjast í Norðursjó, eins og sakir standa, og Norðursjávarskipum okkar munum við beita til loðnuveiða á þeim tíma sem veiðin þar fer fyrst og fremst fram. Og miðin við Austur-Grænland gefa ekkert. Þetta vita allir íslenskir sjómenn og þetta verður íslenska ríkisstj. einnig að gera sér ljóst.

Því miður virðist ríkisstj ekki skilja alvöru þessa máls til fullnustu. Margt bendir til að hún sé komin lengra í makkinu við Efnahagsbandalagið en flestir hafa þó viljað trúa. Það síðasta, sem til þess bendir, er sú staðreynd að í nýlega fram lagðri spá Þjóðhagsstofnunar um áætlaðar fiskveiðar íslendinga á næsta ári gerir hún ráð fyrir aðeins 250 þús. tonna þorskafla, og er þá augljóst að hún reiknar með að einhverjir aðrir en íslendingar veiði a. m. k. 25 þús. tonn af þorski, því að fiskifræðingar hafa talið óhætt að veiða 275 þús. tonn. Engin skýring getur verið til á þessari áætlun önnur en sú, að reiknað sé með veiðum breta sem nemur minnst 25 þús. tonnum af þorski. Hætturnar á nýjum undansláttarsamningum eru því vissulega miklar.

Þegar rætt er um það alvarlega mál, hvort nú eigi að semja um nýjar veiðiheimildir útlendinga eða neita öllum slíkum beiðnum, þá grípa einstakir ráðh. giarnan til þess ráðs að hefja umr. um allt aðra þætti landhelgismálsins en um er verið að ræða. Nú er t. d uppáhaldsumræðuefni þeirra að tala um sigursamningana frá Osló á s. l. sumri og um sigur þeirra í baráttunni fyrir 200 mílum. Umr. af þessu tagi sýna aðeins veikan málstað.

Samningarnir í Osló voru engir sigursamningar. Þeir veittu bretum leyfi til veiða hér við land í 6 mánuði, og það sem þó var enn þá verra, þeir fólu í sér framlengingu í 1½ ár á samningunum við vestur-þjóðverja. Þar var um 90 þús. tonna fiskafla að ræða. Samningurinn við vestur-þjóðverja var að réttu fallinn úr gildi vegna vanefnda af þeirra hálfu. Samningarnir í Osló s. l. sumar voru bretum nauðsynlegir, eins og þeir hafa líka opinberlega viðurkennt. Bretar höfðu þá lýst yfir fylgi við 200 mílna stefnuna og börðust orðið harðri baráttu í Efnahagsbandalaginu fyrir útfærslu í 200 mílur. Þeir gátu því ekki haldið stríðinu við okkur áfram, eins og komið var.

Og hver er svo sigurinn sem felst í samningunum frá Osló? Bretar fóru út úr landhelgi okkar 1. des., en einum mánuði síðar eða 1. jan. gengur í gildi 200 mílna landhelgi Efnahagsbandalagsríkjanna og þar með einnig breta. Hefði enginn samningur verið gerður í Osló hefðu breskir togarar því í síðasta lagi farið út fyrir 200 mílna mörkin 1. jan. í stað 1. des. En líklegra er þó að þeir hefðu gefist upp miklu fyrr.

Nú, þegar á okkur er sótt um nýjar veiðiheimildir, skulum við minnast þess, að enginn árangur hefur náðst í margra ára landhelgisbaráttu okkar nema með stefnufestu og einarðri framkomu og aldrei án þess að við værum reiðubúnir til þess að leggja nokkuð á okkur.

Það kostaði t. d. fall ríkisstj. og myndun vinstri stjórnar árið 1956 að fá það fram að lofað væri að færa fiskveiðimörkin út í 12 mílur. Og þá tók það nærri tvö ár að knýja það fram í þeirri stjórn að staðið yrði við loforðið um útfærsluna. Þá var mér hótað brottrekstri úr ríkisstj. vegna þess að ég hótaði að birta reglugerðina um 12 mílur án formlegs samþykkis allrar ríkisstj. ef með þyrfti.

Það kostaði líka fall viðreisnarstjórnarinnar árið 1971 og myndun nýrrar vinstri stjórnar að knýja það fram að landhelgin yrði stækkuð í 50 mílur. Eftir þá stækkun náði landhelgin yfir 97% allra fiskimiða við landið.

Þegar baráttan um 50 mílurnar stóð sem hæst lögðu forustumenn Sjálfstfl til að skjóta málinu undir úrskurð Alþjóðadómstólsins, sem þó hafði dæmt bretum og þjóðverjum rétt til veiða hér við land. Þá tilkynnti Morgunblaðið líka í leiðara að deilan um 50 mílurnar væri töpuð og best væri að undirbúa málið á nýjan leik.

Lög um heimild til útfærslunnar í 200 mílur voru sett af vinstri stjórninni, en ekki núv. ríkisstj. Og í hennar tíð var 200 mílna stefnan mörkuð af Íslands hálfu á erlendum vettvangi. Um 200 mílurnar hefur því aldrei staðið nein deila á milli flokka hér á landi. En viðurkenningin á þeim fylgdi í kjölfar alþjóðlegrar þróunar í hafréttarmálum.

Það, sem nú skiptir máli, er að við látum ekki veikgeðja ríkisstj. og ósjálfstæða semja af okkur neinn rétt. Bresku togararnir eru farnir út úr okkar landhelgi og þeir mega ekki sleppa inn í hana aftur eftir neinum krókaleiðum eða undir neinum fölskum forsendum. Það er nógu slæmt að þurfa að sitja uppi með þýska togara í nærri heilt ár enn vegna þeirra glapræðissamn-

inga sem gerðir voru við vestur-þjóðverja, þó að ekki bætist við þá breskir togarar eða skip annarra Efnahagsbandalagsríkja.

Við, sem flytjum þessa ályktunartill., leggjum áherslu á að hún hljóti fullnaðarafgreiðslu fyrir jólaleyfi. Það á að liggja fyrir svart á hvítu hver er afstaða einstakra þm. til þessa máls. Það væri óþingræðislegt og ólýðræðislegt ef ríkisstj. beitti sér gegn því að atkv. yrðu greidd um till fyrir jól. Það er von mín að meiri hluti þm. samþykki till. og taki þannig af allan vafa í þessu alvarlega máli, en láti ekki ríkisstj. beygja sig til undanhalds fyrir kröfum Efnahagsbandalagsins.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. — Till. sú, sem hér liggur fyrir til umr., fjallar um það að vegna veikrar stöðu helstu fiskstofnanna við Ísland skuli Alþ. lýsa því yfir við útlendinga að eigi verði neinir nýir fiskveiðisamnnigar um veiðiheimildir í fiskveiðilandhelgi Íslands gerðir. Tilefnið er að sjálfsögðu, samkv. því sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, það að nokkrar könnunarviðræður hafa farið fram við Efnahagsbandalagið um fiskvernd og gagnkvæm fiskveiðiréttindi og aðrar viðræður standa fyrir dyrum. Og það er auðvitað ágætt að tala um afla útlendinga í tillgr., en ræða svo einungis um Efnahagsbandalag Evrópu.

Þetta jafngildir auðvitað í reynd því, að við eigum að segja við Efnahagsbandalagið að við höfum ekkert við það að tala, því að það er ekkert samhengi í því að segja annars vegar: Ég hef ekkert við þig að tala — og svo hins vegar: Nú skulum við setjast niður og spjalla saman. — Slíkt væri auðvitað argasti leikaraskapur sem ekki er orðum að eyðandi. Þó er það þetta sem a. m. k. sumir flm. till. hafa lagt til, a. m. k. þeir sem sagt hafa það bæði hér á þingi og annars staðar að auðvitað sé ekkert á móti því að tala við þessa menn, eins og svo oft er komist að orði hér, og alveg sjálfsagt að sýna fyllstu kurteisi.

Ríkisstj. hefur ekki farið að með þessum hætti og hefur ekki trú á því að hann muni leiða til velfarnaðar. Efnahagsbandalagið fór fram á könnunarviðræður við okkur skömmu áður en Oslóarsamkomulagið svonefnda féll úr gildi og öllum veiðum breta innan 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar lauk.

Í Oslósarsamkomulaginu voru þrjú atriði sem einkum voru vefengd af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, sem sé þau í fyrsta lagi að bókun nr. 6 mundi falla úr gildi um leið og samningurinn við breta rynni út, í öðru lagi að í 10. gr. marknefnds samnings væri ekki um neina viðurkenningu á 200 mílum okkar að ræða og í þriðja lagi að bretarnir mundu ekki hætta veiðum 1. des. s. l. og lítið væri að marka yfirlýsingar þeirra um þetta efni.

Við, sem tókum þátt í þessari samningagerð, héldum því fram að öll þessi atriði mundu standast, og reynslan hefur ótvírætt sýnt að það álit var rétt. Á hinn bóginn hef ég aldrei haldið því fram, enda aldrei dottið það í hug, að þar með væri allur áhugi Efnahagsbandalagsmanna fyrir fiskveiðum á Íslandsmiðum úr sögunni fyrir fullt og allt, enda var skýrt tekið fram í Osló að eftir 1. des. s. l. mundi Efnahagsbandalagið fara með fiskveiðimálefni allra bandalagsríkjanna. Og það var einmitt þess vegna sem fundirnir voru haldnir hér í Reykjavík 12. og 25. og 26. nóv. s. l., og niðurstaða þeirra varð, svo sem kunnugt er, sú að gefin var út sameiginleg yfirlýsing, svofelld:

„Ísland og Efnahagsbandalag Evrópu hafa komið sér saman um að halda áfram viðræðum sín á milli er miði að samkomulagi til lengri tíma, þar sem kveðið verði á um samvinnu á sviði fiskiverndar og stjórnunar á veiðum tiltekinna fiskstofna. Í viðræðum þessum verði einnig fjallað um hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir á fiskimiðum hvors samningsaðila um sig í samræmi við stefnu beggja aðila á sviði fiskverndar. Viðræðurnar munu hefjast fyrir jól."

Í framhaldi af þessu hefur síðan verið ákveðið að samtöl fari fram í Brüssel undir forustu sendiherra okkar þar, Tómasar Tómassonar, en honum til aðstoðar verða embættismenn, þ. á m. einn fiskifræðingur, dr. Jakob Magnússon. Nánar tiltekið fara þessar viðræður fram á morgun og föstudag. Þess vegna skil ég hreinlega ekki fréttaflutning eins og þann sem hafður er frammi í einu dagblaðanna í dag, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. neituðu að nokkrar viðræður mundu fara fram í des. Sama daginn og Einar Ágústsson sór þær viðræður af sér í viðtali við Morgunblaðið sendi stjórnarráðið út tilkynningu um að viðræðurnar mundu fara fram 16. og 17. þ. m."

Hvað er nú hið rétta í þessu? Í fyrsta lagi segir í fréttatilkynningunni, sem ég las áðan og birt var 26. nóv., að viðræður muni fara fram fyrir jól. Eru þá jólin ekki lengur í desembermánuði samkv. tímatali þeirra Þjóðviljamanna? Er kannske búið að ákveða að fresta þeim, eins og samkvæmt alþekktri fyrirmynd helstu hugmyndafræðinga flokksins? Þetta er eina skýringin sem ég get fundið á þessu. En jafnvel þótt svo væri, þá er á fleira að líta. Í viðtali við Morgunblaðið 11. þ. m. er eftir mér haft orðrétt, með leyfi forseta:

„Hins vegar höfum við komið okkur saman um að hafa fund í Brüssel 16. og 17. des. undir forustu Tómasar Tómassonar sendiherra með aðstoð fiskifræðinga að heiman til þess að fara yfir þá möguleika sem kunna að vera á gagnkvæmum veiðiheimildum."

Við þetta er svo aðeins því að bæta, að tilkynning utanrrn. var fyrst gefin út í gær, þ. e. 14. þ. m., þannig að eitt rekur sig hér á annars horn, og ef annar fréttaflutningur er eftir þessu, þá býð ég ekki í hann.

En blaðið segir meira í dag, sem sé þetta:

„Hver trúir því að blaðamenn ljúgi upp tölum um skipafjölda og veiðimagn án þess að hafa hið minnsta fyrir sér í þeim efnum. Því trúir enginn," segir blaðið að lokum.

En er það alveg víst að enginn trúi slíku um einhverja blaðamenn, innlenda eða erlenda, sem t. d. halda því fram að íslenskir ráðh. hafi svarið fyrir allar viðræður í des. þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem ég áðan vitnaði til? Ég get látið öðrum eftir að dæma um þetta.

Annað og meira en ég áður greindi höfum við ekki gert í þessu máli, og allt það moldviðri, sem reynt hefur verið að þyrla upp í kringum þetta, er mér algerlega óskiljanlegt. Og þó er kannske ein skýring sem má hugsa sér, og hún er sú, að hv. stjórnarandstæðingar séu að koma því inn hjá þjóðinni að við, sem þessi mál hafa aðallega mætt á, séum svo varhugaverðir í þessum efnum að við sitjum á svikráðum við land og lýð, séum landráðamenn og ætlum ekki einungis að selja frumburðarréttinn, eins og maður er nú orðinn vanur að heyra, heldur ætlum við nú að gefa hann, láta útlendinga hafa hann fyrir bókstaflega ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut, nema kannske þá eins og eina veislu úti í Brüssel eða einhvers staðar annars staðar þar sem góð veitingahús er að finna.

Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, var að tala hér áðan um siðferðisbrest okkar og það er auðvitað vel við hæfi, sér í lagi þegar haft er í huga að hann telur svo sem engu máli skipta hvort rétt er haft eftir blaðamönnum eða ekki.

Nei, góðir áheyrendur, þessu er ekki þannig varið. Á næsta fundi ætlum við aðeins að taka við og hlusta á hugmyndir Efnahagsbandalagsmanna um þau tvö atriði sem sameiginlega yfirlýsingin fjallar um. Við munum hvorki ákveða stað né stund fyrir nýjan fund. Við munum ekkert aðhafast fyrr en Alþ. kemur saman að nýju eftir jólahlé, þannig að það verður hv. Alþ. sjálft sem ákveður það hvort einhver samningur verður gerður og þá hvernig, ef svo skyldi til takast að íslendingar sæju sér hag í einhvers konar samningsgerð. Og ég trúi ekki öðru en því, að Alþ. treysti sér til þess að axla þessa byrði, og ber engan kvíðboga fyrir því, að innan þessara veggja sé ekki nægilega mikil yfirsýn yfir fiskveiðimál til þess að tryggt verði að engin vitleysa verði gerð. Ég trúi ekki heldur öðru en því að sameiginleg stefna okkar og Efnahagsbandalagsins í fiskverndunarmálum muni gott af sér leiða fyrir báða aðila ef vel tekst til.

Ég skal fúslega viðurkenna að ég hef ekki nærri eins mikið vit á fiskimálum og þeir menn vafalaust hafa sem hér tala digrum karlarómi svona annan hvern dag að meðaltali um þau efni. En svo mikið þykist ég vita, að fiskurinn t. d. við Grænland er ekki markaður eins og lömb á fjalli, og það hlýtur því einnig að vera okkar hagur eins og grænlendinga sjálfra að þar verði komið á skynsamlegri fiskvernd sem engir eru líklegri til að móta eða hafa áhrif á en einmitt okkar eigin fiskifræðingar sem margir hverjir hafa mikla reynslu í þeim efnum. Eigum við að hafna þeim möguleika að hafa áhrif í þessu efni? Ég segi afdráttarlaust nei.

Hins vegar er ég alveg sammála því, að við eigum að fara okkur hægt í þessum málum öllum eins og sakir standa nú, og ég skal rifja upp nokkur þeirra atriða sem þessu valda.

Þar er þá fyrst til máls að taka að Efnahagsbandalagið hefur enn sem komið er enga fastmótaða stefnu í fiskveiðimálum sínum, eins og hv. 2. þm. Austurl. benti réttilega á. Síðast í fyrradag var gerð tilraun í þessa átt, en hún mistókst fyrir þær sakir að ágreiningur var milli breta og íra annars vegar og hinna sjö hins vegar. Því er ljóst að erfitt verður fyrir bandalagið að ákveða hvað hægt er að láta í gagnkvæmum skiptum meðan svona er ástatt.

Í öðru lagi er vert að nefna það, að Efnahagsbandalagið stendur ekki aðeins í viðræðum við okkur íslendinga um þessar mundir. Einmitt þessa dagana er verið að ræða við norðmenn um gagnkvæm fiskveiðiréttindi þeirra og gengur þar hvorki né rekur samkv. nýjustu fréttum. Þá standa fyrir dyrum viðræður bandalagsins við rússa, en þeir hafa sem kunnugt er stóraukið veiðar sínar við Bretlandsstrendur, aðallega á makríl, og ég fann mig knúinn til þess á síðasta NATO-ráðherrafundi að lýsa alveg sérstakri samúð með bretum vegna veiða rússneskra skipa innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu breta og bandalagsins. Fleiri viðræður standa fyrir dyrum hjá þeim, sem mér er að vísu ekki fullkunnugt um, en get þó nefnt bæði viðræður við Kanada og Bandaríkin og e. t. v. einhverja fleiri.

Meðan öll þessi mál eru í jafnmikilli deiglu og ég hef hér reynt að lýsa í stuttu máli, er vitanlega engin ástæða fyrir okkur, nema síður sé, að fara að ganga fram fyrir skjöldu og ríða á vaðið með samningsgerð. Það breytir þó ekki þeirri skoðun minni, að rétt sé að kanna ýmis atriði og að sama skapi sé óviturlegt að skella hurðum svo fast að engin leið verði að opna þær á ný, hversu mjög sem manni kynni síðar að vera þörf á því að komast inn úr kuldanum.

Enn er þó auðvitað ótalið það sem mestu máli skiptir, en það er ástand fiskstofnanna. Það er ekki ætlun mín og ekki heldur á mínu færi að draga í efa þá fullyrðingu, sem í þáltill. þeirra þremenninga greinir, að þar sé eða geti a. m. k. verið um hættuástand að ræða. Þess vegna ber okkur að sjálfsögðu að fara að öllu með gát. Og ég get vel endurtekið það, sem ég sagði í sjónvarpsþætti um daginn, að eins og nú er ástatt um fiskstofna okkar, og ekki aðeins hjá okkur, heldur hjá Efnahagsbandalaginu líka, þá tel ég næsta litlar líkur á að til gagnkvæmra fiskveiðisamninga komi í bráð. En mín von er sú, að með skynsamlegri verndun og nýtingu miðanna þurfi sá dagur eigi að vera ýkjalangt undan, að það verði beggja hagur að gera gagnkvæma fiskveiðisamninga, og þess vegna beri ekki að skella öllu í lás.

Það virðist vera býsna útbreiddur misskilningur að mér eða okkur hinum, sem helst hafa farið með fiskveiðimál fyrir okkar hönd, hafi alveg láðst að minnast á það einu orði að í gildi væru tveir samningar við aðildarlönd bandalagsins, þ. e. a. s. vestur-þjóðverja og belga, og að við ættum þar með inneign hjá þeim, og alltaf af og til eru einhverjir að finna að þessum meintu mistökum okkar. Ég get upplýst bæði þessa menn og aðra um það, að þessu hefur ekki verið gleymt og þetta verður einmitt eitt af þeim atriðum sem rædd verða á morgun og föstudag, þannig að þessi ótti er ástæðulaus.

Mig langar að rifja það hér upp með nokkrum orðum hvað áunnist hefur í landhelgismálinu undanfarin 5 ár.

Þegar ég og hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, þáv. hæstv. sjútvrh., fórum fyrst til London til þess að ræða um útfærsluna í 50 mílur, í júlí 1971, þá voru þær tölur sem lagðar voru til grundvallar, eitthvað nálægt þessu, ef ég man

rétt: bretar 207 þús. tonn, þjóðverjar 130, færeyingar eitthvað yfir 20, belgar 12 og aðrir minna. Þetta telst mér vera um 370 þús. tonn og mest af þessu þorskur, viðkvæmasta fisktegundin. Nú eftir rúmlega 5 ár stendur lessið þannig, að þeir samningar, sem í gildi eru, eru þessir: þjóðverjar 60 þús. tonn, færeyingar 17, belgar 6500 og aðrir minna. Samtals eru þetta um 95 þús. tonn og þar af aðeins um 15 þús. tonn af þorski. Þegar þessir samningar eru svo skoðaðir enn betur kemur í ljós að þýski samningurinn gildir til 28. nóv. 1977 eða í tæpt ár, en öllum hinum má segja upp með 6 mánaða fyrirvara. Og nú er landhelgin ekki lengur 12 mílur, eins og hún var þegar við Lúðvík fórum fyrst til London, nú er hún 200 mílur. Nú er heldur enginn samningur sem kveður svo á um að við skulum sækja um útfærsluleyfi til vitringanna í Haag. Nú erum við einráðir, nú ráðum við sjálfir.

Þessu höfum við náð á 5 árum með samstilltu átaki þjóðarinnar, hagstæðri þróun hafréttarmála og hæfum sérfræðingum í alþjóðarétti. Og ég verð að gera hér þá barnalegu játningu, að ég hef haft mjög mikla ánægju af því að starfa að þessum málum með mörgum góðum og áhugasömum samstarfsmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum. Þess vegna sárnar mér það — og kannske of mikið — þegar mér eru borin óheilindi á brýn í þessu lífshagsmunamáli íslendinga. En það mætti kannske leyfa sér að vona að ég misskilji þessa menn, sem till. flytja, og tillöguflutningurinn og það sé máske umhyggjan ein fyrir velferð lands og þjóðar sem þarna liggi að baki. Ég vona að svo sé. Og ef hún — umhyggjan ein — stjórnar gerðum þeirra, þá er vel, því að öll hljótum við að óska þess að besti kosturinn fyrir Ísland verði fyrir valinu. En flas hefur hingað til ekki verið talið til fagnaðar. Þess vegna skulum við flýta okkur hægt og athuga okkar gang. Við höfum tíma til þess núna. Við ráðum sjálf okkar málum í fyrsta skipti í mörg hundruð ár. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. — Um till. þá, sem hér er til umr. og lýst hefur verið af 1. flm. hennar, Lúðvík Jósepssyni, í ræðu hans hér áðan, þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum. Efni till. er ljóst, tilgangur hennar skýr og afdráttarlaus. Markmið hennar er að sú ákveðna stefna verði mótuð af Alþingi íslendinga að eins og nú er ástatt um helstu fiskstofna á Íslandsmiðum komi nýir samningar um veiðiheimildir fyrir útlendinga í fiskveiðilögsögu okkar alls ekki til mála. Flm. till. telja fyllilega tímabært og raunar algerlega óhjákvæmilegt að Alþ. marki slíka stefnu sem allra fyrst, m. a. vegna þess að nágrannar okkar og samkeppnisaðilar eru nú í þann veginn að setja sér stefnu í fiskveiðimálum. Efnahagsbandalag Evrópu leggur t. d. þunga áherslu á að ljúka slíkri stefnumótun af sinni hálfu fyrir jól, og við þær kringumstæður eiga þeir ekki að fara í neinar grafgötur með hver sé vilji okkar í fiskveiði- og landhelgismálum okkar sjálfra.

Við þurfum að taka okkar afdráttarlausu ákvarðanir a. m. k. ekki síðar en þeir. Öll óvissa, sem ríkja mun um þá afstöðu okkar verði látið hjá líða að taka hana, mun aðeins hafa í för með sér aukna erfiðleika og meiri áhættu fyrir okkur sjálfa. Að hika undir slíkum kringumstæðum getur verið hið sama og að tapa. Að tvístíga nú og slá úr og í, eins og hæstv. ríkisstj. gerir, verður án nokkurs vafa túlkað sem veikleikamerki, og engum getum þarf að leiða að því að erlendir viðmælendur okkar, svo sem eins og Efnahagsbandalagslöndin, munu þá beita öllum tiltækum ráðum til að reyna að knésetja okkur.

Staðan í landhelgismálinu og ástand fiskstofna hafa svo oft og svo mjög verið rædd að ástæðulaust ætti að vera að rökstyðja hvers vegna sú stefnumótun, sem felst í þáltill. þessari, er ekki aðeins nauðsynleg, heldur alveg óhjákvæmileg. Þær röksemdir þekkir hvert mannsbarn í landi voru, og allar nýjar upplýsingar, sem fram hafa komið, eru þessum röksemdum til enn frekari stuðnings. Þannig hefur Þjóðhagsstofnunin nú nýverið sent frá sér spá um afkomu þjóðarbúsins á árinu 1976 og áætlun um horfurnar á næsta ári. Á þessari áætlun er t. d. fjárlagagerð ríkisstj. reist, og þar er gengið út frá því að óráðlegt sé að miða útflutningsframleiðslu næsta árs við meiri þorskafla íslendinga en 240—260 þús. tonn. Þorskafli okkar á yfirstandandi ári er talinn nema 270—275 þús. tonnum, þannig að gert er ráð fyrir því að þorskafli okkar þurfi á næsta ári að dragast saman um 30 þús. tonn eða þar um bil. Er þá a. m. k. að því er best verður séð ekki gert ráð fyrir því að neinar nýjar veiðiheimildir verði veittar erlendum fiskiskipum. Á því, að við fáum einir að halda þessum takmarkaða þorskafla, byggja Alþ. og ríkisstj. fjárlagagerð sína fyrir næsta ár. Á því eru reistar vonir manna um að eitthvað taki að rofa til í efnahagsvanda þjóðarbúsins. Verði samið um nýjar veiðiheimildir, t. d. breskum togurum til handa, verður það ekki gert nema með því að rýra þann þorskafla sem sjálf ríkisstj. viðurkennir í forsendum fjárlagagerðar sinnar að framast sé óhætt að taka á næsta ári, og þar með eru vonir okkar um batnandi stöðu þjóðarbúsins foknar út í veður og vind.

Þetta vitum við öll, og það er þess vegna sem félagssamtök sjómanna, samtök útvegsmanna, heildarsamtök launþega, sveitarstjórnir víða um land og fjölmörg önnur stærri og smærri félög og starfshópar, sem sé flestar þær stofnanir og öll þau frjálsu félagasamtök sem mál þetta varðar, hafa lýst þeirri ákveðnu skoðun sinni að frekari samningar við útlendinga um veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilögsögu komi ekki til greina eins og sakir standa. Eftir stendur aðeins einn sem enga skoðun hefur enn tjáð í þessu máli, sjálft Alþingi íslendinga, sem á þó að standa í fylgingarbrjósti þjóðarinnar og þá ekki hvað síst í sjálfstæðisbaráttu eins og landhelgisbaráttan er. Alþ. hefur enn ekki gert upp hug sinn í þessu máli.

Þess er nú freistað með flutningi þessarar þáltill. að fá úr því skorið hver skoðun Alþ. sé. Verði till. samþykkt geta landsmenn varpað öndinni léttar, því að þá vita þeir hug forsjármanna þjóðarinnar. Fáist till. ekki afgreidd

eða verði gerð tilraun til að fresta þeirri afgreiðslu, t. d. með því að vísa till. til n., þaðan sem hún eigi ekki afturkvæmt, þá hafa landsmenn séð sinn versta grun rætast, því að slík afgreiðsla er ígildi þess að ríkisstj. og þingmeirihl. hennar greiði atkv. gegn till., jafngildi yfirlýsingar um að ríkisstj. Íslands vísi á bug viðvörunum fiskifræðinga, sjómanna og útvegsmanna, eins og hæstv. sjútvrh. hefur raunar þegar gert með dæmalausum ummælum sínum á opinberum vettvangi, og sé reiðubúin að íhuga frekari samninga við erlenda aðila um veiðar á Íslandsmiðum.

Það er alkunna að erfiðara getur verið að halda sigri og fylgja honum eftir en að vinna hann. Við íslendingar höfum nú unnið svo til fullan sigur í landhelgisbaráttu okkar. En samt sem áður megum við ekki slaka á aðgæslu og einbeitni því að við höfum enn ekki gætt þessa sigurs og enn ekki notfært okkur hann. Örlög okkar geta enn orðið þau hin sömu og greint er frá í Gamla testamentinu að æ ofan í æ hafi orðið hlutskipti hinnar fornu Ísraelsþjóðar, að á sjöunda deginum glataði hún öllu því sem unnist hafði hina sex.

Menn skyldu ætla að till. eins og sú, sem við stjórnarandstæðingar höfum flutt um landhelgismálið og er tilefni þessara útvarpsumr., ætti að vera með öllu þarflaus eins og málum er nú háttað, enda mun fáum hafa dottið það í hug í haust, um það leiti er þing kom saman, að þörf gæti orðið á slíkum tillöguflutningi. Sigurinn blasti þá við alger og endanlegur. En ýmislegt það hefur gerst að undanförnu í landhelgismálinu sem komið hefur okkur stjórnarandstæðingum og landsmönnum öllum í opna skjöldu, vakið með okkur ugg og ótta um að ríkisstj. Íslands sé ekki að fullu treystandi, hún sé hikandi og ráðvillt í landhelgismálinu og um endanlega afstöðu hennar til óska erlendra þjóða um frekari fiskveiðiheimildir geti brugðið til beggja vona.

Fregnir bárust í haust frá höfuðstöðvum Efnahagsbandalags Evrópu um að viðræður væru ráðgerðar við íslendinga um fiskveiðimál í nóvembermánuði. Hæstv. utanrrh. bar þessar fregnir til baka og sagðist ekkert við slíkt kannast. Hinar erlendu heimildir reyndust hins vegar réttar því að fundurinn var haldinn og viðræður eru hafnar. Ríkisstj. hefur lýst því yfir að aðeins hafi verið rætt um verndunarmál í þessum viðræðum. Fregnir erlendis frá, m. a. nú í kvöld, segja hins vegar aðra sögu og af þeim er a. m. k. ljóst að meginerindi hinna erlendu fulltrúa við okkur er að semja um áframhaldandi fiskveiðar til langs tíma þótt þeir hafi nú þegar fengið heimildir til að veiða hér tvöfalt meira aflamagn en þeir telja sig geta boðið okkur í skiptum. En það, sem þó hefur vakið mestan óhug okkar, er sú furðulega yfirlýsing hæstv. sjútvrh., Matthíasar Bjarnasonar, að hann taki ekki allt of mikið mark á áliti fiskifræðinga um ástand fiskstofna við Ísland, en það álit hefur verið meginbungi röksemda okkar í landhelgisbaráttunni. Fyrir hvern er þessi dæmalausa yfirlýsing ávinningur í þeim viðræðum sem nú fara fram, viðmælendur okkar eða okkur sjálfa? Hvaða vopn gegn okkur geta samningamenn Efnahagsbandalagsins fengið beittara en orð sjálfs íslenska sjútvrh. um að vísindaleg niðurstaða íslenskra fiskifræðinga af athugunum þeirra á ástandi fiskstofna á Íslandsmiðum sé ekki marktæk? Þegar svona er komið málum er ekki um annað að ræða en að knýja Alþ. til þess að marka sér ákveðna stefnu í landhelgismálinu, — stefnu þar sem skýrt og skorinort er kveðið á um að þótt við séum fúsir til þess að ræða við aðrar þjóðir um verndunarmál fiskstofna komi samningar um frekari veiðiheimildir á Íslandsmiðum ekki til greina, eins og nú standa sakir. Þessa stefnu verður að marka nú, áður en Alþ. fer í jólaleyfi, og tala ég þar af biturri reynslu því að við höfum þráfaldlega orðið fyrir því, þm., að tækifærið hefur verið notað í þinghléum til þess að gera samninga um veiðiheimildir við önnur ríki án þess að þm., hvort heldur stjórnar eða stjórnarandstöðu, hafi getað komið neinum vörnum við. Í ljósi þessarar reynslu vil ég mæla þau ákveðnu varnarorð, ekki síst til þeirra stjórnarþm., sem ég veit að eru andvígir samningum um frekari veiðiheimildir, að tefla ekki í þá tvísýnu að láta þessa till. vera óafgreidda þegar þeir halda heim í jólaleyfi, því að það getur gerst og hefur gerst að þegar þeir koma aftur standi þeir frammi fyrir gerðum hlut og neyðist til þess að gerast ábyrgir fyrir aðgerðum sem eru í andstöðu við samvisku þeirra og sannfæringu.

Alþ. hefur rætt stöðuna í þessu máli oft. Öll rök eru þegar komin fram. Frekari umr. og athuganir eru óþarfar. Alþingi er reiðubúið nú til þess að taka afstöðu til efnis þessarar þáltill., aðeins ef viljan vantar ekki. Formaður sænska Alþfl., stjórnmálaskörungurinn Olof Palme, sagði eitt sinn: „Pólitík, það er að vilja.“ Með þáltill. þessari reynum við að skapa Alþingi íslendinga vilja í máli sem ræður algerum úrslitum um alla framtíð þessarar þjóðar. Ef Alþ. afgreiðir ekki slíka till., þá er það vegna þess að þá skortir þessa stofnun þor, þá flýr hún undan því að hafa skoðun, þá víkur hún sér undan því að hafa pólitíska forustu fyrir þjóðinni.

Sérhver íslenskur stjórnmálamaður, sem vill standa undir nafni, hlýtur að vera búinn að mynda sér skoðun á því hvað gera eigi í landhelgismálinu og á þess vegna að vera reiðubúinn til að afgreiða þáltill. þá, sem hér liggur frammi, án frekari umsvifa, greiða atkv. með henni eða móti. Í því máli geta menn ekki haft nema tvær gagnstæðar skoðanir, annaðhvort þá, sem felst í till., að semja ekki um frekari veiðiheimildir, eða menn eru á öndverðri skoðun. Báðar þessar skoðanir eiga vissulega rétt á sér því að í þeim báðum kemur fram ákveðinn vilji. Það eina, sem ekki á rétt á sér í þessu sambandi, er að hafa enga skoðun, er að hafa engan vilja, er að vilja í hvorugan fótinn stíga. Alþm., sem ekki er reiðubúinn nú til þess að tjá skoðun sína afdráttarlaust og lætur þá vöntun á pólitískum vilja, það skoðanalevsi koma fram í því að fresta afgreiðslu þessa máls, hann dæmir sjálfan sig til þess hlutskiptis sem hlýtur að vera hlutskipti skoðanalausra stjórnmálamanna, að enda sem

verkfæri í annarra höndum. Þótt ég sé stjórnarandstæðingur, þá kýs ég ekki einu sinni hörðustu andstæðingum mínum slíkt hlutskipti. En það er ekki á mínu valdi hvert þeirra hlutskipti verður, heldur þeirra sjálfra með því hvaða afgreiðslu þeir ætla að hafa á till. þeirri sem hér hefur verið lögð fram.

Eins og staða landhelgismálsins er nú er vilji allt sem þarf. Eiga þm. þann vilja til? Eru þeir reiðubúnir til að skýra þjóð sinni og erlendum viðmælendum frá hver sá vilji er, eða vill Alþingi íslendinga taka þá áhættu að láta senda sig heim í jólafrí eins og viljalaust verkfæri, stefnu- og skoðanalaust í því máli sem nú er verið að tefla um við hörðustu andstæðinga okkar frá upphafi landhelgisbaráttunnar og til þessa dags? Úr því viljum við fá skorið og úr því verður skorið með þeim hætti hvernig meiri hl. Alþingis bregst við þeirri þáltill., sem hér er flutt, og óskum okkar um að hún verði afgreidd tafarlaust. — Góða nótt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Góðir íslendingar. — Þýðingarmesta ákvörðun, sem íslensk stjórnvöld hafa tekið nú um margra ára skeið, er vafalaust útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Þessi stefnumörkun íslendinga vakti mikla athygli víða um heim og þó sérstaklega meðal fjölmargra þjóða á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og stóðu strandríki heims með okkur í þessu máli. Þessi ákvörðun íslendinga var ekki tekin til þess að storka öðrum þjóðum, heldur af brýnni nauðsyn vegna þess hversu nærri var gengið helstu fiskstofnum okkar á Íslandsmiðum. Hún var gerð í þeim tilgangi að tryggja framtíð þjóðarinnar, tryggja yfirráð íslensku þjóðarinnar yfir fiskveiðilandhelgi sinni. Hún er gerð í því skyni að nýta auðlindir hafsins fyrir íslensku þjóðina eina.

Hitt var okkur öllum ljóst, að það voru miklir erfiðleikar fram undan. Ákveðnar þjóðir risu öndverðar gegn þessum áformum okkar, — þjóðir sem ekki hafa viljað viðurkenna rétt strandríkja til einhliða útfærslu. Þar voru bretar og vestur-þjóðverjar fremstir í flokki sem kærðu okkur fyrir alþjóðadómstóli þegar við færðum út í 50 mílur. Nú er svo komið að þessar þjóðir og önnur ríki Efnahagsbandalagsins eru búin að lýsa yfir útfærslu fiskveiðilögsögu sinnar frá 1. jan. n. k. í 200 mílur. Engin alþjóðasamþykkt liggur nú sem fyrr að baki slíkum ákvörðunum. Nú eru þær ekki lögleysa. Þannig hafa þessar þjóðir og fleiri fetað í fótspor okkar íslendinga og fært út fiskveiðilögsögu sína eins og við höfum verið að gera. Við höfum verið í fararbroddi meðal þjóða heims í þessum efnum. Við höfum verið með þeim fyrstu að skilja nauðsyn þess að vernda fiskimiðin í kringum okkur, og nú sjáum við að aðrar þjóðir eru farnar að skilja þá baráttu sem við höfum á því að landgrunnslögin voru sett á árinu 1948, en allar okkar aðgerðir í landhelgismálinu hafa verið byggðar á þeim lögum.

Sjálfstfl. markaði þá ákveðnu stefnu á miðju ári 1973 að berjast fyrir því að fiskveiðilögsagan verði færð út í 200 mílur. Það má segja að flestir íslendingar hafi tekið þessari ákvörðun flokksins vel. En þó voru til einstaka menn sem litu á hana öðrum augum. Einn af þeim mönnum, sem voru ekki alls kostar ánægðir með þessa stefnumörkun, var þm. sem talaði hér fyrstur í kvöld, 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson. Hann sagði í samtali við blað sitt, Þjóðviljann, 1. sept. 1973, orðrétt:

„Hitt er allt annað mál, hvort við íslendingar tökum okkur 200 mílna landhelgi einhvern tíma í framtíðinni þegar slíkt er heimilt samkv. breyttum alþjóðalögum eða að aflokinni Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna."

Haldið þið að það hafi verið skynsamlegt að bíða eftir að Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna lyki störfum og taka þá ákvörðun um útfærslu í 200 mílur, eins og Lúðvík Jósepsson vildi? Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefur ekki lokið störfum sínum enn þá. Eftir hans kokkabókum frá 1973 átti ekki að færa út í 200 mílur. Við værum enn þá með 50 mílur, ef hann hefði fengið að ráða.

Var 2. flm. þessarar till., sem nú er hér til umr., eitthvað jákvæðari í afstöðu sinni? Þegar núv. ríkisstj. tók ákvörðun um útfærsluna í 200 mílur sagði hann að nú ætti að færa landhelgina upp á miðjan Grænlandsjökul. Hann tók ekki ákvörðun um 200 mílna fiskveiðilögsögu alvarlegar en svo að hann hafði hana í flimtingum. Þetta var Benedikt Gröndal, hinn skeleggi leiðtogi Alþfl. Hann tók svona á málunum.

Þessi till. til þál., sem flutt er af þessum tveimur áðurnefndu þm. ásamt þriðja þm., er um að Alþ. lýsi því yfir að nýir samningar um veiðiheimildir útlendinga í fiskveiðilandhelgi Íslands komi ekki til greina. Og till. er flutt vegna þeirrar vitneskju sem fyrir liggur um veika stöðu helstu fiskstofna við landið. Eru þessir flm. till. núna fyrst að vita um veika stöðu helstu fiskstofna við landið? Á árinu 1972 lágu upplýsingar fyrir um þessa veiku stöðu fiskstofna við landið. Hvað gerðist þá? Það gerðist að haldið var áfram að bæta við fiskiskipastól íslendinga af fullum krafti. Keypt voru skip viðstöðulaust eins og hver vildi. Hvað gerðist frekar eftir að þessi skýrsla lá fyrir 1972? Lúðvík Jósepsson, þáv. sjútvrh., sagði þá að ekki kæmu til greina neinir samningar við erlend ríki. Hvað gerðist rúmum tveimur mánuðum eftir þessa yfirlýsingu hans? Þá var gerður samningur við breta um að leyfa þeim að veiða 260 þús. smálestir af fiski á tveimur árum eða næstum því eins mikið og nú er lagt til að ársaflinn af þorski verði á næsta ári. Allir flm. þessarar till., allir þrír með tölu, greiddu atkv. með því að veita bretum þessar veiðiheimildir. Hvaða skýringu geta þessir menn gefið á framferði sínu og frammistöðu? Hvaða afsakanir hafa þeir fram að færa? Vilja þeir ekki skýra frá því hvað réð gerðum þeirra þá? Með þeim samningum var aðeins verið að ná vopnahléi við breta sem beittu þá herskipaíhlutun á fiskimiðunum við Ísland, sem þá eins og síðar var alvörumál og nauðsynlegt að fórna einhverju fyrir friðinn. En bretar viðurkenndu engin réttindi Íslendingum til handa með þessum samningi.

Hvað gerist svo á s. l. vori þegar samningarnir eru gerðir í Osló? Þá viðurkenna bretar 200 mílna fiskveiðilögsögu íslendinga og samið

er um stórfellda skerðingu á veiðum breskra togara til 6 mánaða, miðað við sömu mánuði árið á undan, sem nemur um 30 þús. tonnum minni afla. Hvað gerðu þessir menn þá? Þeir mótmæltu þessum samningum. Og þegar þeir voru til umr. og afgreiðslu á Alþ. fyrir nokkru greiddur þeir allir þrír atkv. á móti samningi þar sem breska ríkisstj. viðurkennir einhliða rétt íslendinga til stjórnar á fiskveiðilandhelgi Íslands, samningi til 6 mánaða sem hafði í för með sér 30 þús. tonna minni afla en þeir höfðu náð í óleyfi. Það er eitthvað, sem þessir menn hafa af að státa! Hefði kannske verið skynsamlegra af Alþ. að lýsa yfir áður, að samningar kæmu ekki til greina, og bretar haldið áfram veiðum togara sinna undir herskipavernd og tekið 30 þús. tonnum meira af fullnýttum eða ofnýttum fiskimiðum umhverfis landið? Það hefði verið stefna í lagi.

Það er sannanlegt mál að framferði þessara þm. er fyrir neðan allar hellur. Og nú flytja þeir till. um það að íslendingar tali ekki við fulltrúa Efnahagsbandalagsins sem er bandalag 9 þjóða með um 220 millj. íbúa. Mikið yrði staða Íslands sterk á sviði alþjóðamála ef þannig væri á málum haldið! Hvílík hræsni og derringur er í þessum mönnum?

Ríkisstj. Íslands hefur haldið af festu á landhelgismálinu frá því að reglugerðin var gefin út um útfærsluna. Hún hefur ekki látið tilfinningahita hlaupa með sig í gönur. Hún hefur ekki látið óhappamenn segja sér fyrir verkum. Hún hefur ekki legið hundflöt fyrir erlendu valdi. Hún hefur neitað ósanngjörnum kröfum um veiðar innan fiskveiðilandhelgi og hún mun enn fara að á líkan hátt. Hún mun ræða við allar þjóðir sem þess óska. Hún mun ekki láta segja við sig að hún neiti viðræðum við þjóðir um vandamál sem við er að glíma hverju sinni. Það var haldið áfram viðræðum við breta lengst af eða þangað til þeir sendu herskip inn í íslenska fiskveiðilandhelgi, og það var ekki fyrr en herskipin fóru út að viðræður voru teknar upp að nýju. Þeim viðræðum lauk með fullum sigri íslendinga, óvefengjanlegum sigri íslendinga, viðurkenningu breta á 200 mílna yfirráðarétti íslendinga sjálfra yfir fiskveiðilögsögu sinni. Það hefur nú verið staðfest með því að breskir togarar hafa yfirgefið Íslandsmið frá 1. þ. m. að telja.

Í fyrsta skipti í næstum 6 aldir eru nú engin bresk fiskiskip í íslenskri fiskveiðilögsögu. Einhvern tíma hefðu íslenskir stúdentar fagnað slíkum málalokum. En 1. des. var ekki á þau minnst í útvarpsdagskrá hátíðarhalda þeirra, en í þess stað var hellt úr skálum reiðinnar yfir landslýð og allt tætt niður sem gert hefur verið í þjóðfélaginu. Það eru róttæku öflin sem þarna ráða ferðinni. Þetta er lið sem Benedikt Gröndal og Lúðvík Jósepsson óska að fái yfirtökin í þjóðfélaginu.

Það hefur einnig verið staðfest að tollasamningurinn við Efnahagsbandalagið hefur komið til framkvæmda. Hvert atriði, sem við sögðum eftir að Oslóarsamningurinn var gerður, hefur verið staðfest.

Nú hefur Efnahagsbandalagið óskað viðræðna við íslendinga um fiskverndarmál og hugsanlega um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir. Í þessum könnunarviðræðum, sem farið hafa fram, höfum við sagt þessum viðmælendum frá ástandi fiskstofnanna, efnahagsstöðu þjóðarinnar og ekkert dregið undan. Í þessum könnunarviðræðum höfum við látið í ljós áhyggjur út af því á hvern hátt á að nýta fiskveiðilandhelgina við Grænland þegar útfærsla þar hefur átt sér stað. Við höfum fyrst og fremst áhuga á því að þar verði ekki um ofveiði að ræða eins og verið hefur á undanförnum árum. Ég tel rétt að leita samninga um fiskvernd, hafandi í huga að jafnvel sumar tegundir fiska eru alþjóðlegir flökkufiskar sem þarf að vernda. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna Austur-Grænland, en nú er nokkurn veginn ljóst að Efnahagsbandalagið verður samningsaðili um fiskveiðilögsögu Grænlands. Ég fagna því ef þar verður beitt hörðum friðunaraðgerðum og grænlendingar verði þar látnir njóta forgangs um allar veiðar, eins og þeir óvefengjanlega eiga allan rétt á.

Við höfum verulegra hagsmuna að gæta á þessum slóðum, einkum við Austur-Grænland, vegna samgangs fiskstofna milli fiskveiðilögsögu landanna og hugsanlegrar stóraukinnar sóknar á miðin og að miðlínu. Það er því hagsmunamál okkar íslendinga að þeir aðalfiskstofnar sem veiddir eru við Grænland, séu ekki ofveiddir, og á ég þá fyrst og fremst við þorskveiðar, karfaveiðar, rækjuveiðar og grálúðuveiðar. Við megum ekki gleyma þeirri gengdarlausu rányrkju sem þarna hefur átt sér stað á undanförnum árum, einkum á smákarfa, og nú á s. l. sumri var honum mokað upp í stærri stíl en áður og 14 fljótandi verksmiðjur unnu þessa veiði í gúanó. Við leggjum því ríka áherslu á að Efnahagsbandalagið geti fallist á svipaðar aðgerðir og við erum að gera innan okkar eigin fiskveiðilögsögu. Þá á ég fyrst og fremst við stærð möskva, lágmarksstærðir fisks, friðunarsvæði til verndar ungfiski og síðast en ekki síst aflakvóta á einstakar fisktegundir. Þetta er okkar sameiginlega áhugamál: friðunaraðgerðir til fiskverndar á þessu hafsvæði öllu.

Þá kem ég að því sem lýtur að hugsanlegum gagnkvæmum fiskveiðiréttindum. Þar liggur ekkert fyrir, bókstaflega ekki neitt, svo það er engin ástæða til að vera með nokkra hræðslu eða getgátur um hvað muni gerast. Efnahagsbandalagið hefur ekki mótað til fulls eigin fiskveiðistefnu. Þar hefur hver höndin verið uppi á móti annarri. Fyrst og fremst verða þessar þjóðir að ná samningum sín á milli um samræmda stefnu innan væntanlegrar fiskveiðilögsögu Efnahagsbandalagsríkjanna. Í öðru lagi verða þær að ná samningum við nágranna sína. Þá á ég vitaskuld fyrst og fremst við norðmenn sem jafnhliða færa nú út í 200 mílur, sem við íslendingar fögnum. Við þurfum einnig að fá að vita hver verður stefna Efnahagsbandalagsins gagnvart Austur-Evrópuþjóðunum. Þegar þetta liggur fyrir og ef Efnahagsbandalagið gerir tilboð til okkar íslendinga um fiskveiðiréttindi innan fiskveiðilögsögu sinnar, þá verðum við að skoða það boð og vega og meta hvað þjónar best íslenskum þjóðarhagsmunum í nútíð og framtíð.

Við höfum einir réttinn til þess að stjórna fiskveiðum innan 200 mílna fiskveiðilögsögu okk-

ar. Þann rétt munum við ekki afsala okkur, hvorki til Efnahagsbandalagsins né annarra ríkja. Þannig munum við standa að málum. Við látum ekki úrtölumenn eins og þá, sem flytja þessa þáltill., marka stefnu fyrir okkur. Þeir eru búnir að fara svo margar veltur á undanförnum mánuðum og hafa farið svo villir vegar í því hvað málefnum Íslands er fyrir bestu, að við getum ekki tekið tillit til þeirra í þessum efnum. Ef þeir ætlast til þess að tillit verði tekið til þeirra, þá verða þeir að breya til og taka upp ábyrga stefnu í stað hentistefnu. Það er ekki stórmannlegt að leika á tilfinningastrengi almennings í vandasamasta stórmáli þjóðarinnar í þeim tilgangi að spilla fyrir sambúð við önnur ríki. Við verðum að gera okkar besta til að halda friðsamlegu og eðlilegu samstarfi við önnur ríki.

Núv. ríkisstj. er ákveðin í að eiga viðræður á þessum grundvelli við Efnahagsbandalagið. En hún hefur ekki tekið ákvörðun um að það verði samið við Efnahagsbandalagið, hvorki um eitt né annað. Það verður ekki gert nema leggja málin fyrir fram fyrir Alþ. Þess vegna er þessi þáltill. með öllu óþörf og virðist aðeins flutt í þeim eina tilgangi að kynda eld að glóðum sundrungar í þjóðfélaginu.

Ég skal lofa því, að erlendum verksmiðjutogurum verði aldrei leyft að hafa hér áhafnaskipti, eins og gert var í tíð fyrrv. sjútvrh. til þess að trufla þá sem minnst við eyðileggingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Það væri fróðlegt að fá skýringu á því frá fulltrúum Alþfl. hvað valdi þeirri kúvendingu þess flokks í samskiptum við erlendar þjóðir að flytja sérstaka þáltill. með kommúnistum um að Alþ. lýsi yfir að ekki verði talað við aðrar þjóðir. Það er sérstök ástæða að geta þess að þær þjóðir, sem leita hvað ákafast eftir veiðiheimildum hér, eru undir stjórn krata, eins og bretar og vestur-þjóðverjar. Vill Alþfl. að samskipti ríkisstj. Íslands við ríkisstj. þessara landa verði að engu? Það er eftirtektarvert að forustumenn Alþfl. sleppa engu tækifæri til að hitta þessa flokksbræður sína og sitja með þeim ráðstefnur og þing. Hafa þeir á þessum ráðstefnum talað máli Íslands, og hvaða áhrif hefur sá málflutningur haft á menn eins og Callaghan og Helmut Smidt kanslara Vestur-Þýskalands? Eða hefur hann engin áhrif haft, og ætla íslensku krataforingjarnir að halda samt áfram samskiptum við þá í nafni bræðralags lýðræðisjafnaðarmanna.

Að lokum þetta: Frumskilyrði þess að geta haft fulla stjórnun á fiskveiðum við Ísland var að fá viðurkenningu annarra þjóða á 200 mílna fiskveiðilögsögunni. Það hefur nú tekist og hefur hlutdeild íslendinga sjálfra í öllum botnfiskafla á Íslandsmiðum aukist verulega. Fram til ársins 1969 tóku útlendingar um og yfir 50% af öllum botnfiskafla á Íslandsmiðum, á árinu 1972 nam hlutdeild okkar aðeins 55%, en á s. l. ári náði hún 68.7%. Á þessu ári hefur orðið enn þá betri árangur, því nú er nokkurn veginn séð að hlutdeild okkar í heildarbotnfisksaflanum mun verða um 74% og í þorskveiðunum einum mun hlutdeild okkar nema 80.2%. Á næsta ári mun verða veruleg þróun í þessa sömu átt. Þannig hefur verið haldið á landhelgismálinu af festu og skynsemi. — Ég þakka áheyrnina og óska öllum landsmönnum gleðilegrar jólahátíðar. Góða nótt.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. — Þessir dimmu desemberdagar eru í rauninni sigurdagar fyrir íslendinga. Um leið og mánuðurinn rann upp héldu breskir togarar allir með tölu á brott úr 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Með því var staðfest endanlega og ótvírætt að íslenska þjóðin ræður ein yfir fiskimiðunum umhverfis landið og hefur tök á að hagnýta þau í sína þágu í bráð og lengd eins vel og ábatasamlega og henni gefst forsjálni og þekking til.

Samtímis er orðið lýðum ljóst að stefnan, sem íslendingar mörkuðu fyrir þrem áratugum, að strandríki skuli ráða fiskimiðum á breiðu belti fyrir landi, stjórna þar veiðum og kveða á um nýtingu og vernd hvers konar lífvera, er að hljóta viðurkenningu á heimsmælikvarða. Á fyrsta fjórðungi komandi árs munu öll önnur ríki, sem land eiga að nyrsta hluta Atlantshafs og hafa auðug fiskimið fyrir ströndum, fara að dæmi okkar íslendinga og færa fiskveiðilögsögu sína út í 200 mílur, sem sé Noregur, Kanada, Bandaríkin og þau 9 ríki sem mynda Efnahagsbandalag Evrópu.

Einmitt í þessari viku er svo smiðshöggið rekið á sigur þeirrar stefnu að ákveða fiskveiðilögsöguna 200 mílur. Þau tvö fiskveiðistórveldi, sem lengst og harðast hafa streist á móti 200 mílna reglunni vegna þess að þau taka mikinn meiri hluta af afla sínum á fjarlægum miðum, sem koma undir lögsögu annarra ríkja við útfærsluna, játuðu algjöran ósigur sinn og gáfust gjörsamlega upp. Þetta eru Japan og Sovétríkin sem hafa séð þann kost vænstan að venda sínu kvæði í kross og ganga í 200 mílna hópinn, taka sér sömu fiskveiðilögsögu og þau höfðu áður reynt að varna af fremsta megni að önnur strandríki hlytu.

Ástæða er fyrir íslendinga að samfagna hver öðrum hversu gæfusamlega hefur til tekist þegar miðað er við þá andstöðu eða tómlæti sem við hefur verið að etja á alþjóðavettvangi gagnvart okkar málstað. Tómlætið lét smátt og smátt undan þrautseigju og leikni talsmanna okkar á alþjóðavettvangi þar sem fengist hefur verið við fiskveiða- og hafréttarmál. Andstaðan í grimmustu mynd, beiting flotavalds til að halda uppi ólöglegum veiðum erlendra skipa innan íslenskrar lögsögu, stóð allt fram á s. l. sumar. Umskiptin hvað okkur snertir hafa því orðið alger á einu missiri. Fyrir 6 mánuðum vofði sú hætta yfir hvern dag, að varðskip okkar yrðu sigld í kaf í ójafnri viðureign við breskar freigátur. Nú bregður svo við að breskir togarar eru farnir af Íslandsmiðum eftir fimm alda samfellda sókn breskra skipa á þær fiskislóðir, og á þessari öld varð sóknin svo áköf að lífsbjörg okkar í sjónum var stórkostleg hætta búin.

Enn búum við að eftirköstum ofveiði og rányrkju, og því er mikill vandi á höndum að nýta unninn sigur svo að til varanlegra heilla horfi. Svo nærri er gengið stofnum helstu nytjafiska að setja verður bæði óbeinar og beinar hömlur

á sókn okkar eigin sjómanna, og þurfa því sannarlega að vera *ríkar ástæður fyrir hendi til* að léð sé máls á því að hleypa fiskiskipum frá öðrum löndum á miðin sem við ráðum nú óumdeilanlega einir.

Þjóðin getur fagnað sigri í landhelgismálinu af óblandinni ánægju vegna þess að um meginstefnu og afdrifaríkustu ákvarðanir útfærsluáfanga höfum við borið gæfu til að standa saman. Hins vegar hefur menn greint á um ýmis framkvæmdaatriði, bæði friðunaraðgerðir gagnvart okkar eigin fiskiskipum og þó sér í lagi um veiðiheimildir til handa erlendum skipum í fiskveiðilögsögunni, og svo er enn. En það er eindregin skoðun mín að á þessum tímamótum sé *rangt og varhugavert að einblína* svo á úrlausnarefni, sem að ber á líðandi stund, að menn láti hjá líða að taka eftir sjálfum tímamótunum, sjáist yfir, að gerbreyting er orðin, láti undir höfuð leggjast að meta þá möguleika, sem nú blasa við, og móta stefnu til að hagnýta þá rækilega til langframa.

Skoðun mín er sú, að ástand þorskstofnsins á Íslandsmiðum sé slíkt að ekki sé gerlegt að semja við Efnahagsbandalagið um frekari veiðiheimildir bretum til handa. Jafnsannfærður er ég um hitt, að rétt var að taka boði framkvæmdastjórnar bandalagsins um viðræður um fiskveiðimál. Þótt ofveiddur þorskstofn á Íslandsmiðum girði fyrir að við séum færir um að leysa vanda fiskveiðibæja Bretlands fyrir Efnahagsbandalagið, jafnvel þótt við værum allir af vilja gerðir, eiga fulltrúar Íslands ýmislegt annað vantalað við fulltrúa frá Brüssel, einmitt núna, þegar þessi volduga efnahags- og viðskiptasamsteypa allra stærstu þjóða Vestur-Evrópu og nokkurra af þeim smærri hyggst fara að dæmi okkar og taka sér 200 mílna fiskveiðilögsögu. Beinharðir hagsmunir okkar krefjast þess að ekkert tækifæri sé látið ónotað til að fylgjast með því sem fram fer í Efnahagsbandalaginu, einmitt nú þegar stefnumótun þess í fiskveiðimálum er í deiglunni.

Ljóst er að hér eftir ráða fimm aðilar yfir svo að segja öllum fiskimiðunum við Norður-Atlantshaf, þeim auðugustu í heimi. Miðin skiptast milli Íslands, Noregs, Kanada, Bandaríkjanna og Efnahagsbandalagsins. Af þessum fiskveiðiveldum Norður-Atlantshafs hefur Ísland þá sérstöðu að fiskveiðarnar eru meginatvinnuvegur þjóðarinnar og afkoma þeirra ræður úrslitum um hag hennar. Ekki þarf því mikla umhugsun til að sjá að við þessar nýju aðstæður hljóta íslendingar að kosta kapps að afla sér vitneskju um fyrirætlanir og athafnir hinna fiskveiðiveldanna fjögurra. Eitt dæmi nægir til að sýna fram á þetta. Segjum svo að eitthvert hinna fiskveiðiveldanna taki þá ákvörðun að láta fiskverndarsjónarmið lönd og leið, en reyni að gera sér fiskimiðin að féþúfu á meðan stofnarnir endast. Slík rányrkja mundi a. m. k. fyrst í stað valda auknu framboði og verðlækkun á sjávarafurðum á öllum fiskmörkuðum okkar og kæmi verðfallið miklu harðar niður á íslendingum en nokkurri þjóð annarri. Íslensk stjórnvöld, sem létu slíkt koma sér að óvörum, hefðu vissulega brugðist skyldu sinni. Við þetta bætist svo að Efnahagsbandalagsríkin hafa tekið þá stefnu að skáka til hliðar þeim aðila sem annast hefur margháttað samstarf fiskveiðiríkja austan við okkur, Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni. Þetta gera þau í því skyni að sniðganga Austur-Evrópuríkin sem eru fullgildir aðilar að n., en Efnahagsbandalagsríkin ætla nú að bægja af miðunum sem falla undir 200 mílna lögsögu þeirra sjálfra. Norðaustur-Atlantshafsnefndin hefur haft ráðgefandi vald um fjölmörg þýðingarmestu atriði fiskveiða, veiðiaðferðir, veiðarfæri, veiðisvæði og annað, auk þess sem upplýsingaskipti af hálfu embættismanna og fiskifræðinga aðildarríkjanna hafa farið þar fram. Full þörf er fyrir íslendinga að afla sér sem nánastrar vitneskju um, hvað Efnahagsbandalagið ætlar að ganga langt í að *gera n. óvirka, og móta síðan íslenska afstöðu* til þess hvert hlutverk sé eðlilegt að n. hafi, eins og nú er komið málum, og hvort vinna beri að því að koma á nýrri stofnun til að taka við því milliríkjahlutverki sem ekki yrði lengur á vegum nefndarinnar. Sama getur einnig orðið uppi á teningnum hvað varðar Norðvestur-Atlantshafsnefndina, nema þar eru það Kanada og Bandaríkin sem vilja losna við veiðiskip Austur-Evrópuríkja og reyndar fleiri landa af sínum miðum og kynnu því að vilja leika þá nefnd svipað og Efnahagsbandalagið fer með Austur-Atlantshafsnefndina.

Útfærslu Efnahagsbandalagsríkjanna í 200 mílur ber brátt að vegna þess að hún er afleiðing þróunar sem bandalagsríkjunum hefur verið þvert um geð flestum, og þess vegna hafa hvorki einstök bandalagsríki né bandalagið í heild mótað sér stefnu í ýmsum þýðingarmiklum atriðum sem til álita koma við slíka ráðstöfun. Þarf ekki að minna á annað en deiluna sem uppi er um það, hver stór einkalögsaga hvers ríkis skuli vera gagnvart öðrum bandalagsríkjum. Stjórnir Bretlands og Írlands halda því fast fram að fá 50 mílna einkalögsögu fyrir sína fiskimenn, og getur svo farið að þetta mál verði óútkljáð um áramót, þannig að bandalagsríkin færi út fiskveiðilögsöguna sitt í hverju lagi og með mismunandi móti. Auðsýnir hagsmunir Íslands eru þeir, að breskir fiskimenn fái sem stærsta einkalögsögu, því þá dregur eitthvað úr ásókn bresku útgerðarinnar í veiðiheimildir hér við land. Væri því mjög misráðið að veita Efnahagsbandalaginu nokkurn ádrátt um aðgang bretum til handa að íslnesku fiskveiðilögsögunni meðan þetta mál er óútkljáð, jafnvel þótt aðrar aðstæður gerðu það ekki eins óráðlegt og ég hef áður lýst.

Þegjandi kemur þorskur í ála, segir máltækið. Göngur þorsksins sem annarra nytjafiska stjórnast ekki af markalínum á landakortum dregnum eftir fjarlægð frá ströndum, heldur af sjávarhita, straumum hafsins, efnasamsetningu sjávar og þeim átuskilyrðum sem ákvarðast af þessum eiginleikum hinnar votu heimsálfu. Reik þorsksins milli miða er hvergi jafnmikið né jafnrækilega kannað hér við land og milli miðanna við suðvestanvert landið annars vegar og Grænland hins vegar. Þar á ofan eru karfamið beggja vegna miðlínunnar sem skilja mun að fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands. Efnahagsbandalagið kveðst ætla að telja sér fiskveiðilögsögu Grænlands, þótt svo virðist sem enn sé ófrágengið að ýmsu leyti hvernig með skuli farið, eins og um

svo margt annað í útfærsluaðgerðum og væntanlegri fiskveiðistefnu bandalagsins.

Það fer ekki á milli mála að helsti snertipunktur fiskveiðihagsmuna Íslands og Efnahagsbandalagsins er í Grænlandshafi og er mun þýðingarmeiri fyrir íslendinga en aðgangur að síldarmiðunum í Norðursjó og við Skotland. En í þessu efni er margs að gæta, þó ekki þess sem helst hefur verið á orði haft, sem sé að það væri ósæmilegt að ræða við Efnahagsbandalagið um fiskveiðimál þar sem lögsögur Íslands og Grænlands mætast, af því að grænlendingar eigi skilið sjálfstæði eða heimastjórn a. m. k. Á slíkar mótbárur er ekki hlustandi, hreinlega vegna þess að hvorki þorskur né karfi og það af síður loðna akta hið minnsta stjórnréttarstöðu Grænlands, heldur synda um Grænlandshafið eins og þeim hentar. Eða dettur nokkrum í hug að hafa það á móti hugsanlegum síldveiðum íslenskra skipa í væntanlegri stækkaðri fiskveiðilögsögu Skotlands að þeir hafi samúð með skosku sjálfstæðishreyfingunni? Stjórnréttarstaða Grænlands er staðreynd, hvort sem mönnum finnst hún réttlát eða ekki, og staðreyndir er hollast að viðurkenna. Við það bætist að enginn aðili er finnanlegur sem vill og getur tekið að sér að gæta 200 mílna lögsögu við Grænland annar en Efnahagsbandalagið, nema þá ef vera skyldu Bandaríkin. Vilja kannske þeir íslendingar, sem mest tala nú um þörf grænlendinga á að nytja sín fiskimið sjálfir, frekar fá bandaríska flotadeild hér vestan við okkur en evrópska?

Fyrsta verk þeirra varðskipa, sem send verða í stækkuðu lögsöguna við Grænland, líklega dönsk skip, sem sjóður Efnahagsbandalagsins kostar, verður að stökkva sovésku verksmiðjuskipunum af uppvaxtarslóðum karfans rétt utan við íslensku línuna, þar sem þau hafa mokað upp ungkarfanum, eins og íslenskir fiskifræðingar lýstu í sumar eftir rannsóknarferð á miðin. Slíkar friðunaraðgerðir hafa mikla þýðingu fyrir karfaafla íslenskra skipa síðar meir, hvort sem okkur líkar betur eða verr staða Grænlands í danska ríkinu. Sama máli gegnir um hvert einasta atriði fiskveiðistefnunnar sem framfylgt verður á miðum fyrir Austur-Grænlandi. Jafnvel þótt íslenskir sjómenn sæktust ekki eftir einum einasta ugga vestan við miðlínu við Grænland í bráð og lengd ber íslenskum stjórnvöldum á öllum tímum skylda til að láta sig varða fiskveiðistefnuna á miðum sem skiptast milli lögsögu Íslands og annars lands sem svo vill til að heitir Grænland og býr við danska stjórn. En mergurinn málsins er sá hvað Grænlandsmið varðar, að þótt afli íslenskra skipa vestan miðlínu verði ekki nema 10—11 þús. tonn á þessu ári er alls engum vafa undirorpið að þau ár og jafnvel þær áraraðir eiga eftir að koma síðar, eins og verið hefur áður, að þorskurinn leggst fjær Íslandi og nær Grænlandi í svo stórum stíl að það getur ráðið úrslitum um fiskafla okkar hvort íslensk skip hafa aðgang að Grænlandsmiðum eða ekki. Því er ekkert vit í öðru en gera ráð fyrir þeim möguleika að íslenskir hagsmunir geti krafist samningsgerðar við Efnahagsbandalagið um gagnkvæm fiskveiðiréttindi síðar meir. Það væri sama skammsýnin að loka augum fyrir þeim möguleika og það væri að rjúka til að veita nú breskum togurum veiðiheimild sem yrði fyrst og fremst til þess að framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins veittist auðveldara að þrengja einkalögsögu breskra fiskimanna á heimamiðum þeirra, svo aðeins sé litið á pólitísku afleiðingarnar.

Okkur liggur nefnilega ekki skapaðan hlut á. Undir það get ég tekið hjá hæstv. utanrrh. Mál hafa þróast svo að hér eftir getum við valið og hafnað í öllu sem fiskveiðilögsögu snertir án þess að taka mið af nokkru öðru en eigin hagsmunum á hverjum tíma. Sigur okkar er endanlegur. En þeim mun heilladrýgri verður hann sem við gefum okkur betra tóm til að marka stefnu í samræmi við nýjar aðstæður, nýja og bætta möguleika á hagsæld í landi og engan nábúakryt framar á sjónum. — Þakkir þeim sem hlýddu.

Þórarinn Þórarinsson: Góðir áheyrendur. — Það hefur gerst næstum mánaðarlega og stundum vikulega síðan núv. ríkisstj. kom til valda, að stjórnarandstæðingar hafa risið upp með miklu írafári og borið á hana að nú væri hún að svíkja í landhelgismálinu. Þessi svikabrigsl hafa nú gengið aftur einu sinni enn í sambandi við viðræðurnar við Efnahagsbandalagið, og mun ég víkja nánar að þeim síðar í ræðu minni. Áður mun ég víkja að því hvernig fyrri svikabrigsl stjórnarandstöðunnar hafa samrýmst veruleikanum. Ef einhver fótur hefði verið fyrir þeim ætti engin útfærsla fiskveiðilögsögunnar að hafa átt sér stað í tíð núv. ríkisstj. og krökkt af útlendum veiðiskipum á fiskimiðunum við landið. En er þetta myndin sem blasir við í dag? Sannarlega ekki.

Staðreyndirnar, sem blasa við í dag, eru í fyrsta lagi þær, að ríkisstj. varð fyrst allra ríkisstjórna við norðanvert Atlantshaf til að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 mílur. Margar aðrar ríkisstjórnir í þessum hluta heims börðust þá gegn 200 mílum, t. d. allar ríkisstjórnir í löndum Efnahagsbandalagsins og ríkisstjórn Sovétríkjanna. Nú hafa þær hins vegar talið skynsamlegast að fylgja í fótspor íslendinga. Eru það svik af hálfu núv. ríkisstj. að hafa þannig haft forustu um stórfelldustu stækkun fiskveiðilögsögunnar á Norður-Atlantshafi?

Aðrar staðreyndir blasa einnig við síst veigaminni. Með Oslóarsamningnum á síðasta ári voru íslendingum tryggð full og endanleg yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu frá 1. des. s. l. Eru það svik að hafa þannig tryggt þjóðinni full yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu? Hvað skyldu þeir vera margir sem eru sammála öfgafullum talsmönnum stjórnarandstöðunnar um að þetta séu svik?

Framsóknarmenn geta sannarlega verið stoltir af þátttöku ráðh. sinna í þessum síðasta þætti landhelgisbaráttunnar. Það hvíldi á herðum Einars Ágústssonar utanrrh. að hafa forustu fyrir íslendingum í hinum mörgu viðræðum við fulltrúa erlendra ríkja sem fóru fram um þessi mál. Hinn prúðmannlegi, glöggi og sannfærandi málflutningur Einars Ágústssonar hlaut ekki aðeins aðdáun íslensku sendinefndarmannanna, heldur engu síður útlendinganna sem tóku þátt

í viðræðunum. Það var sannarlega ánægjulegt að taka þátt í viðræðum undir slíkri forustu.

En þótt verkefni Einars Ágústssonar væri vandasamt, þá var hlutverk Olafs Jóhannessonar þó enn erfiðara. Það hvíldi á herðum hans sem dómsmrh. að stjórna landhelgisgæslunni í viðureigninni við hið breska ofurefli og að vera viðbúinn jafnt á nóttu sem degi að taka hinar örlagarikustu ákvarðanir. Ég held að nú, þegar þessir atburðir eru að baki, sjáum við betur hversu vandasamt þetta starf var og dómarnir verði þeir, að hér hafi farsællega verið haldið á málum. Landhelgisgæslan stuðlaði mjög að sigrinum í landhelgisdeilunni sem vannst endanlega með Oslóarsamningnum. Dómsmrh. átti vissulega góðan þátt í þessum árangri hennar.

Þetta er hins vegar ekki í fyrsta sinn sem Framsfl. hefur átt öðrum flokkum stærri hlut í sigrunum í landhelgisbaráttunni. Hann er líka sá flokkurinn sem hefur komið þar mest við sögu, því að hann einn hefur átt sæti í öllum þeim fjórum ríkisstj. sem hafa fært út fiskveiðilögsöguna.

Fyrsta stóra sporið í landhelgisbaráttunni var stigið fyrir 30 árum, haustið 1946, þegar Hermann Jónasson og Skúli Guðmundsson lögðu fram á Alþ. till. til þál. um uppsögn breska samningsins frá 1901, en meðan hann var í gildi gat engin útfærsla á fiskveiðilögsögunni átt sér stað. Samkomulag náðist ekki þá um uppsögnina, en henni ók fylgi og þrem árum seinna var samningnum sagt upp. Eftir það var hægt að fara að hefjast handa um útfærslu fiskveiðilögsögunnar.

Ráðist var í fyrstu útfærsluna 1952 þegar samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. fór með völd undir forustu Steingríms Steinþórssonar. Þá var sú mikla breyting gerð að grunnlína var miðuð við ystu nes og tanga, en áður hafði hún fylgt strandlengjunni. Jafnframt var fiskveiðilögsagan færð í 4 mílur úr 3. Það var geysilegur ávinningur að friða þannig firði og flóa fyrir veiðum útlendinga, enda urðu bretar svo reiðir að þeir lögðu löndunarbann á íslensk fiskiskip. Það varð íslendingum verulegt efnahagslegt áfall, en þeir létu þó ekki undan síga. Svo fór líka að bretar gáfust upp eftir nokkur missiri.

Í næstu útfærslu var svo ráðist af ríkisstjórn Hermanns Jónassonar 1958, þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 12 mílur. Sú stjórn var studd af Framsfl., Alþb. og Alþfl. Þetta var mikið átak og djarft á þeim tíma, því að þróun hafréttarmála var enn skammt á veg komin. Bretar hófu í tilefni af þessari útfærslu fyrsta þorskastríðið. En svo fór að lokum að flest ríki fylgdu í slóð Íslands og færðu fiskveiðilögsöguna út í 12 mílur. Þannig gerðust íslendingar forustuþjóð á vettvangi hafréttarmála.

Eftir útfærsluna 1958 komu 12 mögur ár er ekkert var aðhafst varðandi stækkun fiskveiðilögsögunnar, enda höfðu íslendingar bundið hendur sínar með landhelgissamningnum 1961. Ekkert markvert gerðist því í þessum málum fyrr en haustið 1970 þegar Framsfl. og Alþb. hófu viðræður um sameiginlega stefnu í landhelgismálinu í kosningunum 1971. Síðar hóf Framsfl. einnig viðræður við Samtök frjálslyndra og vinstri manna. Fyrir milligöngu Framsfl. náðist samkomulag um það milli þessara þriggja flokka að þeir mundu færa fiskveiðilögsöguna út í 50 mílur ef þeir sigruðu í kosningunum 1971. Þeir sigruðu í kosningunum og mynduðu ríkisstj. undir forustu Ólafs Jóhannessonar sem strax hóf að undirbúa útfærsluna. Á þingi 1972 náðist fyrir milligöngu Framsfl. samkomulag milli allra flokka í utanrmn. Alþ. um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur sem tæki gildi 1. sept. 1972. Hér var í reynd stigið stærsta skrefið í landhelgisbaráttunni þar sem allir helstu nytjafiskar við Ísland eru aðallega innan 50 mílna markanna. Enn hófu bretar þorskastríð og beittu nú enn meiri hörku en 1958. Þessi deila leystist með samningi sem Ólafur Jóhannesson gerði við breska forsrh. haustið 1973. Þessi deila íslendinga og breta vakti mikla athygli á alþjóðavettvangi og átti ríkan þátt í því að hraða þróun hafréttarmála.

Í fjórðu og síðustu útfærsluna var svo ráðist af núv. ríkisstj. þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 200 mílur haustið 1975, og er áður rakið hvaða árangur það hefur borið.

Eins og hér hefur verið rakið hefur forustan í landhelgismálunum mjög hvílt á forustumönnum Framsfl. þar sem hann einn hefur líka átt sæti í öllum þeim ríkisstjórnum sem við útfærslu hafa fengist. Oft hefur það orðið hlutverk Framsfl. í þessum ríkisstjórnum að gæta þess að ekki væri rasað um ráð fram. Þannig má minnast þess að vorið 1958 beið Hermann Jónasson með lausnarbeiðni þáv. vinstristjórnar í heilan sólarhring meðan verið var að þvinga Alþb. til að falla frá ógætilegum vinnubrögðum. Á svipaðan hátt varð Ólafur Jóhannesson að beita hörðu til þess að fá Alþb. til að fallast á landhelgissamninginn 1973. Því er ekki heldur að leyna, að stundum virðist Sjálfstfl. hafa verið fúsari til samninga en samrýmst hefur sjónarmiðum Framsfl. Það hefur þannig orðið hlutverk Framsfl. að vinna að því að farinn yrði farsæll meðalvegur. Það er því ekki hallað á neinn þótt sagt sé að hann eigi drýgstan þátt í þeim sigrum sem unnist hafa í landhelgisbaráttunni.

Ég vík þá að þeim viðræðum sem íslendingar hafa átt undanfarið við Efnahagsbandalagið og verið hafa könnunarviðræður um það hvort stefna eigi að samningi milli þessara aðila um fiskvernd og hvort möguleiki sé fyrir hendi til gagnkvæmra fiskveiðiréttinda.

Niðurstaða könnunarviðræðnanna varð sú, að rétt væri að stefna að samningi til langs tíma um fiskvernd og stjórn á fiskstofnum. Hér er lögð til grundvallar 52. gr. í 2. kafla frv. þess að hafréttarlögum sem Hafréttaráðstefnan hefur fjallað um undanfarið og verður sennilega samþ. á næstu ráðstefnu. Enginn ágreiningur hefur verið um þessa gr., en í henni segir að þegar fiskstofnar haldi sig á mörkum fiskveiðilögsögu tveggja ríkja eða fleiri skuli þau semja beint um verndun þeirra eða fjalla um það í svæðasamtökum. Eins og ástatt er, þegar Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin virðist vera að lognast út af, er tvímælalaust betra fyrir íslendinga að leysa slík mál með tvíhliða samningum við viðkomandi ríki en sækja þau á vettvangi svæðastofnana þar sem mörg ríki eiga

sæti sem eru þessum málum raunverulega óviðkomandi.

Á mörkum fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands halda sig ýmsir fiskstofnar, m. a. grálúðan og loðnan, og virðist a. m. k. athugandi að samið sé um það á milli okkar og Efnahagsbandalagsins að þessir fiskstofnar verði ekki ofveiddir öðru hvorum megin við mörkin. Þá hafa íslendingar mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við það að þorskstofninn og karfastofninn við Grænland séu ekki ofveiddir, því að þessir stofnar ganga oft á Íslandsmið og er ofveiði þeirra augljóst tjón fyrir íslendinga ekki síður en grænlendinga. Þessir fiskstofnar eru ofveiddir nú. Það er sameiginlegt hagsmunamál íslendinga og grænlendinga að þeirri ofveiði verði hætt. Samkvæmt væntanlegum hafréttarlögum eiga íslendingar ótvírætt rétt til að fara þess á leit að Efnahagsbandalagið sjái um, meðan það annast þessi mál fyrir Grænland, að þessir fiskstofnar verði ekki ofveiddir.

Þetta eru höfuðrökin fyrir því að ríkisstj. hefur talið rétt að hefja formlegar viðræður við Efnahagsbandalagið um fiskverndarsamning til langs tíma. Hitt er hins vegar satt best að segja, að það er enn hvergi nærri fullmótað af hálfu okkar eða Efnahagsbandalagsins hvernig slíkum samningi verði háttað, og hlýtur það fyrst og fremst að verða verkefni fiskifræðinga að fjalla um það. Mér segir svo hugur um að slík samningagerð muni taka verulegan tíma.

Það, sem hér hefur verið rakið, fjallar um fiskverndunina. Næst er að víkja að þeim þætti viðræðnanna sem fjallar um gagnkvæm fiskveiðiréttindi.

Nú er þannig ástatt að Efnahagsbandalagsríki hafa fiskveiðisamninga við Ísland sem veita þeim rétt til að veiða rúmlega 66 þús. tonn á tímabilinu 1. des. 1976 til 1. des. 1977. Það er ekki nema eðlilegt að íslendingar vilji fá að vita hvort Efnahagsbandalagið hefur eitthvað að bjóða til að mæta þessu. Enn hefur ekki komið neitt tilboð frá Efnahagsbandalaginu sem gæti mætt framangreindu aflamagni, og þá því síður að það geti gert kröfur um viðbótarundanþágur fyrir breta. Það eru því engar horfur á að gerðir verði samningar við Efnahagsbandalagið um gagnkvæm fiskveiðiréttindi í náinni framtíð. Þetta virðast líka samningamenn gera sér ljóst, og því virðast þeir hafa farið að fitla við þá hugmynd að gerður verði bráðabirgðasamningur sem heimili ákveðinni tölu breskra togara að veiða hér næstu mánuðina án þess að nokkuð sérstakt komi á móti frá Efnahagsbandalaginu. Frá sjónarmiði ráðamanna Efnahagsbandalagsins virðist þetta eiga að vera eins konar framlenging á umþóttunartíma breta. Þessar hugmyndir Efnahagsbandalagsins hafa ekki komið fram í hinum formlegu viðræðum, en af ýmsum ummælum Finns Olavs Gundelachs og erlendum blaðaummælum virðist mega ráða að þeirra gæti verið að vænta. Jafnframt hefur Gundelach látið í ljós bjartsýni um framgang þeirra. Ég veit þó ekki til þess að neinn íslenskur ráðamaður hafi léð máls á þeim eða að þær hafa verið fluttar við þá. Öll bjartsýni Gundelachs er því byggð á sandi.

Í tilefni af þessu finnst mér rétt að skýra frá því, að það hefur verið rætt í þingflokki Framsfl. hvernig bregðast skuli við ef slíkar till. um bráðabirgðasamning koma fram. Hefur slík málaleitun, ef til kæmi, engar undirtektir fengið þar. Bretar hafa þegar fengið þriggja ára umþóttunartíma og hafa því fengið rúman tíma til að breyta til. Aðalatriðið er þó það, að ástand þorskstofnsins leyfir ekki frekari undanþágur. Það má vel skilja að bretum fellur þetta ekki vel. En íslendingar gera þetta einfaldlega af illri nauðsyn, og það hljóta bretar að skilja við nánari athugun.

Það, sem nú hefur verið rakið, sýnir ljóslega að öll svikabrigsl stjórnarandstöðunnar í sambandi við viðræðurnar við Efnahagsbandalagið eru byggð á sandi, eins og öll fyrri svikabrigsl þeirra í sambandi við núv. ríkisstj. og landhelgismálið.

Ég skal fúslega viðurkenna að núv. ríkisstj. hefur ekki tekist eins vel á ýmsum sviðum og æskilegast hefði verið og er að því leyti ekkert frábrugðin öðrum ríkisstjórnum. En þetta gildir ekki um landhelgismálið. Ég er sannfærður um að sá verður dómur seinni tíma, að núv. ríkisstj. hafi tekist eins vel í landhelgismálinu og frekast var kostur, enda skilur hún þar eftir þau verk sem alltaf munu lifa og bera henni gott vitni.

Mér finnst till. sú, sem hér liggur fyrir, það veigamikil að rétt sé að hún fái athugun í n. Ég geri það því að till. minni, ef ekki kemur till. um það frá flutningsmönnum, að henni verði vísað til utanrmn. og verði umr. frestað. En sem formaður n. lofa ég að sjá um að hún fái þar skjóta afgreiðslu svo að hægt verði að fullnægja þeim óskum flutningsmanna að afgreiða hana fyrir þingfrestun.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. — Það mátti heyra á orðum hæstv. sjútvrh. að hann hafði ekki lagt vinnu í að lesa þá till. sem hér er til umr., og vil ég því þrátt fyrir orð 1. flm. till. lesa till. yfir, en hún er þannig:

„Vegna þeirrar vitneskju, sem fyrir liggur um veika stöðu helstu fiskstofna við landið, lýsir Alþ. yfir því, að nýir samningar um veiðiheimildir útlendinga í fiskveiðilandhelgi Íslands komi ekki til greina."

Þannig er till. Það segir ekki stafkrókur í till. að við viljum ekki tala við neina menn, og þess vegna var það algjör útúrsnúningur hjá hæstv. sjútvrh. og sýnir rökþrot af hans hálfu.

Það er athyglisvert að heyra það þegar þeir stjórnarliðar fara að tala um það innbyrðis hvaða þættir séu stærstir í landhelgismálinu og einn segir 50 mílur, síðasti ræðumaður 200 mílur, og svo fara menn að rekja söguna og hver að hæla sínu sem mest.

Þetta er óþarfi. Þetta er mál allrar þjóðarinnar og hefur verið það og verður það alltaf. Þess vegna er þessi till. nauðsynleg til þess að það komi fram að við höfum unnið fullnaðarsigur og ætlum að halda honum.

En hæstv. sjútvrh. hefur undanfarið átt erfitt og orðið að gefa yfirlýsingar um að hann tæki ekki tillit til eins eða neins, hvort sem það væri sett fram af vísindamönnum eða ákveðnum

hópum, hann réði hér ráðum einn. Hefur jafnvel þessi rödd hans heyrst hér á hv. Alþingi.

En ég vil spyrja hvers vegna við þurfum að ræða stöðuna í landhelgismálinu nú eftir að við höfum komið bresku veiðiþjófunum, þessum gömlu óvinum okkar, út fyrir 200 mílurnar. Væri ekki miklu ánægjulegra að öll þjóðin stæði nú saman og fagnaði þessum sigri þar sem baráttu hennar sem heildar hefur borið þann árangur að þessi erkióvinur okkar er nú horfinn af Íslandsmiðum? Hví kemur upp sú spurning, nokkrum dögum eftir að bretinn hefur hypjað sig burt, að við skulum þurfa að ræða hugsanlega samninga við breta eða Efnahagsbandalagið fyrir þeirra hönd um veiðar aftur að nýju innan 200 mílna markanna? Satt að segja hélt ég að slíkt mundi ekki hvarfla að nokkrum manni, hvar sem hann er staddur á landinu, í hvaða stjórnmálaflokki sem hann er og hvaða lífsskoðun sem hann hefur, að við léðum máls á því að einhver minnsti möguleiki væri á veiðum fyrir breta á næstu árum hér við land eftir að þessari löngu baráttu er lokið með algjörum sigri okkar. Sá sigur hefur unnist á undanförnum áratugum vegna traustrar og styrkrar samstöðu þjóðarinnar allrar þó að stundum hafi verið skoðanaskipti um málsmeðferð. Það hefur verið og er aðalsmerki okkar íslendinga að samstaðan hefur verið heilsteypt og órjúfandi **að ná þessu marki og að hafa yfirráðin í okkar** hendi. Hví í ósköpunum þarf að vera að ræða um hugsanlega innkomu breta nú nokkrum dögum eftir að þessu langþráða markmiði er náð, **að koma þeim í burt? Ég hélt að það væri fyrir fullt og allt.**

En þessar umr. hér í kvöld fara fram að gefnu tilefni. Þegar till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um takmarkaðar veiðar breskra togara samkvæmt þeim samningi, sem gerður var í Osló 1. júní s. l. var til umr. reyndust hæstv. ráðh., þeir er til máls tóku, ófáanlegir til þess að lýsa því yfir að samkomulag yrði ekki gert við breta að nýju. Talað var um að nauðsynlegt væri að hlýða á hvað Efnahagsbandalagið hefði að bjóða, og það hefur komið hér fram í kvöld, og við yrðum að bíða um nokkurn tíma meðan þeir mótuðu fiskveiðistefnu sína, — hún er ekki enn til, — þar sem hún væri ekki enn fullmótuð, en væri til meðferðar í Brüssel hjá embættisbákninu þar. Við yrðum að ljá máls á viðræðum við þessa háu herra og gætum ekki gefið út neinar yfirlýsingar af okkar hálfu um það að hér yrðu ekki fyrir hendi neinir möguleikar til fiskveiða fyrir breta né aðrar Efnahagsbandalagsþjóðir á næstu árum.

Þessi afstaða hæstv. ráðh, en þeir voru forsrh., sjútvrh. og utanrrh., kom mér og ég held flestöllum íslendingum á óvart. Við viljum fá það enn einu sinni fram, ef mögulegt er, hver er **afstaða ríkisstj. í þessu máli. Það er ekki farið** fram á meira. En við fáum ekki skýrari svör. Það virðist ekki vera hægt.

Hæstv. utanrrh. hefur sagt nú nýlega á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur að hann væri alls ekki trúaður á að gagnkvæmisréttarsamningar, eins og það er orðað, mundu nást. Og nú fyrir skömmu í sjónvarpsviðræðum sagði hann einnig — eða hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði þessi orð í lok umr., með leyfi forseta: „Væri nú ekki gaman í lokin að fá skýlaus svör?“ Þá svaraði hæstv. utanrrh.: „Það er alveg guðvelkomið að endurtaka það í þriðja sinn í þessum þætti, að ég tel mjög ólíklegt að það sé þannig ástand fiskstofna bæði hjá okkur og Efnahagsbandalagi Evrópu að til gagnkvæmra fiskveiðihlunninda geti komið í náinni framtíð.“ „Ég tel mjög ólíklegt,“ — —því má ekki segja þetta berum orðum? Þá svarar Lúðvík Jósepsson: „Þetta er gott, Einar. Ég er viss um að ef við fengjum bara einn þátt enn mundum við segja algjört nei.“ — Nú stendur yfir þessi viðbótarþáttur í málinu, og nú viljum við fá nei og þjóðin vill fá skýr svör, að ekki sé möguleiki á neinum fiskveiðisamningum við Efnahagsbandalagið, hvorki við breta né aðrar þjóðir, í náinni framtíð.

Þessir hæstv. ráðh. verða að hlusta á fólkið í landinu. Það er út í hött þegar launþegasamtök, þegar samtök útvegsmanna, þegar Fiskiþing og fleiri aðilar gera ályktanir, allir í þá átt að alls ekki sé möguleiki á samningum um næstu framtíð, að hlusta ekki á þessa aðila. Ber mönnum ekki að íhuga þessar ályktanir sem hníga allar í sömu átt? Hvað um álit fiskifræðinga okkar? Trúa menn ekki því sem þeir segja? Hver getur vefengt niðurstöður þeirra hér á hv. Alþ.? Hver hefur það vald að hann geti sagt: Þetta er álit sem er ekki byggt á nægilegum rökum og ég tek sáralítið tillit til? Ég tel engan mann hafa vald né rétt til að tala þannig. Og eðli málsins samkv. er ekki unnt að taka þá áhættu, sem felst í ofveiði á þorski, meiri en þegar hefur átt sér stað. Það er svo mikið í húfi fyrir efnahagslíf íslendinga að ekki er leyfilegt fyrir nokkurn mann eða nokkra ríkisstj. að haga sókn okkar með þeim hætti að við eigum **von á því eða á hættu að ganga um of á stofninn.** Þá er hreinn voði fyrir dyrum. Allar aðvaranir fiskifræðinga okkar í þessu efni ber að taka alvarlega og hlusta gaumgæfilega á.

Þess vegna knýjum við á það í stjórnarandstöðunni að fá skýr svör um hugsanlega samninga. Þess vegna fara þessar umr. fram nú. Þjóðin bíður eftir því að fá hrein svör, skýlausar yfirlýsingar í þessu efni, ekki neitt óákveðið orðalag. Það má tala við fulltrúa Efnahagsbandalagsins ef það er talið kurteisi og nauðsynlegt. En það á að tilkynna þeim í þessum viðræðum, sem fram undan eru, að við getum ekkert af hendi látið um óákveðinn tíma af fiskstofnum okkar og þá fyrst og fremst af þorski, ýsu, ufsa og einnig fleiri tegundum. Þetta á að liggja á hreinu frá okkar hálfu.

Það hefur komið fram að við þurfum að hlusta á fiskverndunarsjónarmið frá hendi Efnahagsbandalagsins, þar sem þær þjóðir eru orðnar nágrannar okkar nú og við kunnum að hafa hagsmuni af síldveiðum í Norðursjó, karfaveiðum við Grænland, hugsanlega rækju- og jafnvel loðnuveiðum. Þessi atriði eiga að vera það mikilvæg að það réttlæti viðræður við þessa háu herra. Ég hef talið og reyndar flestir að við þyrftum heldur að kenna þessum mönnum fiskverndunarsjónarmið og túlka fyrir þeim gildi þeirra en að við mundum sækja eitthvað til

þeirra í því efni. Síldveiðar í Norðursjó verða á næstu árum sáralitlar, ef þá nokkrar, samkvæmt kröfum margra erlendra hagsmunaaðila í þessu efni. Karfaveiðar við Grænland eru því miður sama og engar og loðnuveiðar sáralitlar eða engar. Það er einnig forkastanlegt ef íslendingar ætla að fara að semja við Efnahagsbandalagið um réttindi í landhelgi grænlendinga handa okkur. Hafa menn gleymt eigin sögu? Ég teldi það sérstakt hneyksli ef við færum að semja við fulltrúa Efnahagsbandalagsins um veiðirétt í lögsögu við Grænland. Slíkt má ekki henda nokkurn íslenskan aðila.

Í sjálfu sér á ekki að þurfa langar umr. um þetta mál, það liggur svo ljóst fyrir sem verða má. Það hníga öll rök að því, hvernig sem við lítum á málið, að við getum ekki boðið neinni þjóð fiskveiðiréttindi innan 200 mílna um óákveðinn tíma. Því er engin ástæða til funda um gagnkvæmisréttarsamninga. Við getum tilkynnt þetta á einarðlegan og kurteislegan hátt: Við erum til viðræðna um fiskverndunarsjónarmið ef þær hafa eitthvað fram að færa um þau mál í væntanlegri fiskveiðistefnu sinni, Efnahagsbandalagsþjóðirnar. Hingað til hefur ekkert verið til þeirra að sækja í þeim efnum. En við íslendingar höfum verið veitendur í þessu skyni.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því nú í þessum landhelgisumr., að hver þjóðin af annarri tilkynnir nú ákvörðun hjá sér um útfærslu í 200 mílur. Japanar og rússar eru nú seinastir þjóða með yfirlýsingar um 200 mílurnar. En þeir hafa þumbast á móti 200 mílunum á Hafréttarráðstefnu undanfarin mörg ár. Þannig er það nú svo ljóst sem verða má að 200 mílna fiskveiðilögsaga er orðin að staðreynd mjög víða í heiminum. Sjálf Efnahagsbandalagslöndin taka nú 200 mílur innan skamms, eða 1. jan. n. k. Þessu til viðbótar vil ég minna á þá staðreynd, að enn stendur óhaggað í texta um fiskveiðar í plaggi því sem er á Hafréttarráðstefnunni, að strandríkið hafi fullan og óskoraðan rétt til að ákveða leyfilegt veiðimagn og gera allar tilheyrandi ráðstafanir um verndun fiskstofna á sínu umráðasvæði. Því liggur ljóst fyrir að við njótum fulls stuðnings við stefnu okkar í texta þeim er liggur fyrir Hafréttarráðstefnunni. Allur undansláttur nú með einhver gagnkvæmisréttarsjónarmið í huga er því fullkomlega óþarfur.

Herra forseti. Má ég í lokin minna á þá bjartsýni sem nú ríkir í röðum útvegsmanna, þar sem fjöldi aðila um allt land hefur nú hug á auknu átaki við endurnýjun togara og báta sem allra fyrst. Endurnýjun á veiðileyfum til einhverra þjóða, hvort sem það eru bretar eða aukin réttindi til annarra, kemur í veg fyrir að þetta átak eigi sér stað sem allra fyrst. Það er okkur lífsnauðsyn að hagnýta fiskstofna okkar sem allra best og að eðlileg og skipulögð endurnýjun flotans eigi sér stað. Við flytjum þessa till. til þess að fá það fram, hver vilji Alþ. er í þessu efni, og fá það hreint fram sagt, eins og ég drap á hér áður, í áheyrn alþjóðar að viljayfirlýsing liggi fyrir um það að ekki verði samið við neinar þjóðir um aukin fiskveiðiréttindi um óákveðinn tíma. — Þökk þeim er hlýddu. Góða nótt.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. — Í fyrradag var skýrt frá því í fréttum að þann dag hefðu 11 erlend veiðiskip verið á Íslandsmiðum, en á sama tíma fyrir 5 árum hefðu erlend veiðiskip verið 116 talsins. Hugsanlegt er að þessi frétt hafi farið fram hjá mörgum landsmönnum, en hér er um svo einstæðan atburð að ræða að ekki er hægt að láta undir höfuð leggjast að halda þeirri staðreynd á lofti að íslendingar eru eftir áratuga baráttu búnir að hreinsa erlend veiðiskip svo til algjörlega út úr íslenskri fiskveiðilögsögu.

Með rökum gegn vopnum höfum við unnið sigur og virðingu þjóða. Það er söguleg staðreynd að á grundvelli stefnumörkunar núv. ríkisstj. með þar af leiðandi aðgerðum hefur tekist að tryggja íslendingum full yfirráð yfir fiskimiðunum umhverfis landið. Staðfesting þessa fólst m. a. í hinum svonefnda Oslóarsamningi er Ísland og Bretland gerðu með sér 1. júní s. l., er hafði það í för með sér að bresk fiskiskip hurfu af íslenskum fiskimiðum 1. des. 1976. Höfðu Englendingar þá stundað veiðar hér við land í svo til samfellt 560 ár.

1. des. er því sem fyrr merkisdagur í sögu þjóðarinnar, sigurdagur eins og 1918, er fullveldi Íslands var viðurkennt.

En 200 mílna fiskveiðilögsaga hér við land hefur ekki aðeins merkilega þýðingu fyrir sögu Íslands, heldur einnig fyrir heimsbyggðina. Íslendingar, hin fámenna þjóð norður á hjara veraldar, tóku fyrstir Evrópuþjóða af skarið um nauðsyn 200 sjómílna fiskveiðilögsögu og höguðu framkvæmdum samkvæmt því. Ef íslendingar hefðu ekki haft þetta frumkvæði væri enn verið að kasta fiskréttarmálunum og afstöðunni um 200 mílna fiskveiðilögsögu á milli manna á hafréttarráðstefnum Sameinuðu þjóðanna einu sinni eða tvisvar á ári. Nú hefur það skeð í kjölfar aðgerða íslendinga að hver þjóð af annarri og ríkjasambönd eru einhliða að taka upp 200 sjómílna fiskveiðilögsögu: Noregur 1. jan. 1977, Efnahagsbandalagið 1. jan. 1977, Bandaríkin 1. mars 1977, og Sovétríkin hafa tilkynnt ákvörðun þessa efnis. Allar eru þessar þjóðir einu og hálfu ári á eftir íslendingum í framkvæmd þessara mála, því eins og alþjóð man gaf Matthías Bjarnason sjútvrh. út reglugerð um 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland 15. júlí 1975 og kom hún til framkvæmda 15. okt. sama ár.

Það er eftirtektarvert hve Sjálfstfl. og forustumenn hans hafa komið mikið við sögu í landhelgismálum þjóðarinnar, og það er einnig vert að benda á það hversu góður árangur næst jafnan í þessum málum þegar tveir stærstu flokkar þjóðarinnar, Framsfl. og Sjálfstfl., taka höndum saman til sóknar í landhelgismálum.

Þegar barátta liðinna ára er vegin og metin og horft er til framtíðarinnar er hollt að minnast þess með hvaða hætti þróun þessara mála hefur verið, hverjir hafa markað stefnuna og lagt grundvöllinn að hinum miklu sigrum og tryggt að settu marki yrði náð, því það er auðvitað aðalatriðið. Þeir, sem þannig vinna, hljóta helst að hafa traust þjóðarinnar.

Fyrsta skrefið var stigið árið 1944 við myndun nýsköpunarstjórnarinnar undir forsæti Ólafs

Thors, þáv. formanns Sjálfstfl. Meðal helstu stefnumála þeirrar stjórnar var að vinna að rýmkun fiskveiðilandhelginnar og friðun á þýðingarmiklum uppeldisstöðvum fisks. Framkvæmd þessarar stefnumörkunar krafðist mikils undirbúnings. Til þess að vanda hið besta til þessa verks réð Ólafur Thors árið 1946 ungan þjóðréttarfræðing í utanrrn. Var það Hans G. Andersen, núv. ambassador Íslands í Bandaríkjunum. Hafði hann kynnt sér landhelgismál sérstaklega. Í samræmi við till. Hans G. Andersens voru sett lög sem staðfest voru hinn 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Var þetta grundvallarlöggjöf sem allar síðari ráðstafanir íslendinga í fiskveiðilögsögumálum hafa byggst á.

Í framhaldi af þessari löggjöf var samningi við Bretland frá 1901 sagt upp síðari hluta árs 1949.

Næsti stórviðburður verður árið 1952 er Ólafur Thors, þáv. sjútvrh. í stjórn Steingríms Steinþórssonar, gaf út reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland. Voru grunnlínur dregnar hvarvetna til friðunar flóum og fjörðum og 4 mílna landhelgi ákveðin frá þeim grunnlínum.

Við þennan atburð hinn 15. maí 1952 urðu straumhvörf í landhelgismálum íslendinga. Stefnan var mörkuð og vísað á leiðina til frekari aðgerða eftir því sem þarfir og heill þjóðarinnar krefðust.

Síðan fóru vinstri ríkisstj. troðnar slóðir með 12 mílna útfærslunni 1958 og 50 mílunum 1972. En vinstri stjórninni tókst ekki að skapa frið um 12 mílna útfærsluna árið 1958. Það er ekki fyrr en árið 1961 sem viðreisnarstjórninni tekst að fá viðurkenningu breta á þessari útfærslu og og þremur árum síðar eru þeir komnir út fyrir 12 mílurnar. Sama sagan endurtekur sig við 50 mílna útfærsluna 1972. Vinstri stjórninni tókst ekki að skapa frið við þá útfærslu né tryggja viðurkenningu á henni. Bráðabirgðasamninginn frá 1973 skildu Breta sem vopnahléssamning er fæli ekki í sér viðurkenningu. Og ekki tókst að fá vestur-þjóðverja til að beygja sig fyrir einhliða rétti íslendinga til fiskimiðanna fyrr en núv. ríkisstj. gekk í málið. Vesturþýski samningurinn frá því í nóv. 1975 felur í sér ótvíræða viðurkenningu á þessum rétti. Með þeim samningi var brautin rudd og eftirleikurinn við breta gerður auðveldari.

Enn kemur það í hlut Sjálfstfl. í góðu samstarfi við Framsfl. að taka forustu í þessu mesta máli þjóðarinnar og leiða það til lykta á farsælan hátt landi og þjóð til sæmdar. Eitt aðalatriðið í stefnuskrá ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, sem mynduð var sumarið 1974, var að færa fiskveiðilögsögu Íslands út í 200 mílur árið 1975. Áður, eða í ágúst 1973, hafði Sjálfstfl. markað þessa stefnu. Sem fyrr er frá greint kom það í hlut Matthíasar Bjarnasonar sjútvrh. að framkvæma hana. Við mikla erfiðleika var að stríða út á við. Flestar voldugustu þjóðir heims voru ekki búnar að gera upp hug sinn til fiskveiðilögsögumála árið 1975 og sumar voru jafnvel fjandsamlegar. Hófust nú lokaátökin við þær þjóðir sem fjandsamlegastar voru. Reyndust bretar sérstaklega erfiðir. En fyrir harðfylgi og þrautseigju ríkisstj. og þjóðarinnar í heild tókst bæði að fá þá og vestur-þjóðverja til að viðurkenna samningsrétt og yfirráð íslendinga yfir fiskimiðunum innan 200 mílna. Aðrar þjóðir, eins og norðmenn, veittu íslendingum beinan stuðning. Sovétríkin stóðu álengdar, en Bandaríkin veittu íslendingum stuðning á bak við tjöldin á síðustu stigum hinna illvígu átaka við breta.

1. júní 1976 var sigurinn unninn með samningnum í Osló. Baráttan um fiskimiðin við landið íslendingum til handa hófst á fyrsta ári lýðveldisins undir forustu þáv. formanns Sjálfstfl., og henni lyktaði með endanlegum sigri rúmlega 30 árum síðar undir forustu núv. formanns Sjálfstfl., Geirs Hallgrímssonar. Er þessi sigur unninn í sameiginlegu átaki með Framsfl., og á utanrrh., Einar Ágústsson, mikinn og giftudrjúgan þátt í hinni farsælu lausn.

Sögulega merkilegt atriði í harðri baráttu þjóðarinnar fyrir stækkun íslenskrar fiskveiðilögsögu er að núv. ríkisstj. réðst í mestu og erfiðustu útfærsluna úr 50 mílum í 200 mílur og tókst að tryggja frið um hana og fulla viðurkenningu eftir eins árs harðvítuga baráttu.

200 mílna fiskveiðilögsagan kallar á nýtt stöðumat í utanríkisstefnu íslendinga og samskiptum við aðrar þjóðir. Við höfum nú náð mikilsverðum árangri í deilum við aðrar þjóðir. Stefna Íslands hefur sigrað í fiskveiðilögsögumálum. Áfram verður haldið og lögð áhersla á víðtækar friðunarráðstafanir fiskstofna og að veiðar lúti vísindalegri stjórn. Lífsspursmál er að styrkja helstu fiskstofna að nýju, en að mati fiskifræðinga er ástand þeirra engan veginn sem skyldi. Hagsmunir Íslands og annarra ríkja, er liggja að Atlantshafi, fara saman í þeim efnum að byggja upp og viðhalda fiskstofnum í Norður-Atlantshafi. Inn í það blandast óhjákvæmilega spursmálið um veiðiþol og nýtingu. Um þessi mál og önnur skyld hljóta að fara fram viðræður milli þeirra þjóða, er hagsmuna eiga að gæta. Íslendingar komast ekki hjá því, að taka þátt í slíkum viðræðum. En það er að sjálfsögðu á valdi okkar íslendinga einna að ákveða hvort eða með hvaða hætti til greina komi að heimila öðrum þjóðum fiskveiðar innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu í framtíðinni. Í þeim efnum virðist ekki vera um mikið svigrúm að ræða til samninga. En í öllum viðræðum við erlendar þjóðir í þessum efnum sem öðrum verður að sýna tilhlýðilegt raunsæi í mati á stöðu og hagsmunum þjóðarinnar í víðtækum skilningi. Það lýsir miklu ábyrgðarleysi, fyrir utan það að vera ómerkileg einföldun á stöðu Íslands gagnvart umheiminum, að segja að við aðrar þjóðir höfum við ekkert að ræða um. Frjálst og fullvalda ríki verður að eiga friðsamleg samskipti við aðrar þjóðir á grundvelli gagnkvæmra samninga um hin ólíkustu mál. Hagsmunir þjóða nú á tímum eru svo samofnir og fjölbreytilegir að raunverulega verður ekkert eitt atriði einangrað út af fyrir sig og leyst með þeim hætti. Líta verður á gildi fleiri þátta, er þýðingu hafa, og meta stöðuna í heild og taka ákvarðanir samkv. því.

Í aldir hafa íslendingar verið í sterkum tengsl-

um við Norðurlöndin og Vestur-Evrópu. Rökrétt afleiðing þessa hefur verið sú að þjóðlíf á Íslandi hefur mótast af hinum nánu samskiptum við þessar þjóðir í hagrænu, menningarlegu, félagslegu og stjórnmálalegu tilliti. Hefur það reynst íslendingum hagstætt frá því að við fengum stjórn á eigin málum. Það hefur verið og er því enn vilji íslensku þjóðarinnar að eiga hagkvæm samskipti við Evrópuþjóðir. Þess vegna verður á hverjum tíma að gera ráðstafanir og samninga við þessar þjóðir sem aðra eftir því sem við á með alhliða hagsmuni og lífshamingju íslendinga í huga. Viðræður Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu sem og aðrar þjóðir hljóta að grundvallast á þessu markmiði. — Ég þakka áheyrnina.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. — Hér er til umr. í kvöld till. til þál. um landhelgismál þar sem gert er ráð fyrir að vegna þeirrar vitneskju, sem fyrir liggur um veika stöðu helstu fiskstofna við landið, lýsi Alþingi yfir því, að nýir samningar um veiðiheimildir útlendinga í fiskveiðilandhelgi Íslands komi ekki til greina. Ástæðan fyrir flutningi þessarar þáltill. er sú, að átt hafa sér stað að undanförnu svonefndar könnunarviðræður milli fulltrúa ríkisstj. og fulltrúa Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál og fyrir liggur að framhaldsviðræður munu eiga sér stað 16. og 17. des. n. k., þ. e. a. s. á morgun og föstudag.

Í fréttum Ríkisútvarpsins í kvöld var frá því greint að fulltrúar Efnahagsbandalags Evrópu mundu á þessum fundum á morgun og föstudag leggja höfuðáherslu á gagnkvæm veiðiréttindi til langs tíma. Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar lýst því yfir að fulltrúar hennar á þessum viðræðufundum muni aðeins ræða fiskverndarmál. Hér stangast enn einu sinni á fullyrðingar þessara tveggja aðila sem til viðræðu eru að fara.

Mikil áhersla hefur verið á það lögð af hálfu hæstv. ríkisstj. að hér væri aðeins um að ræða könnunarviðræður, en ekki samningaviðræður. Það vakti athygli að í fyrstu tveim atrennum þessara könnunarviðræðna tóku þátt tveir hæstv. ráðh., tveir alþm. og átta embættismenn auk sjálfs forsrh. hæstv. Að þessum tveim fundum loknum var svo gefin út yfirlýsing þess efnis að aðilar væru sammála um að efna til formlegra samningaviðræðna um langtímasamning á milli aðila sem varðaði fiskverndarmál og stjórnun á fiskveiðum. Síðan er í yfirlýsingu þessari tekið fram að síðar muni fjallað um hugsanlegar gagnkvæmar veiðiheimildir á fiskimiðum hvors aðila um sig, og það er greinilega á þessu stigi sem fulltrúar Efnahagsbandalags Evrópu telja þann fund sem fyrirhugað er að verði á morgun og föstudag, þ. e. a. s. til að ræða fyrst og fremst um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Fulltrúi Efnahagsbandalagsins, Gundelach, sem hingað kom til þessara viðræðna, gaf svo út sérstaka tilkynningu og lagði þar á það áherslu að hann teldi alveg víst að samkomulag mundi nást sem a. m. k. tryggði að þjóðir Efnahagsbandalagsins þyrftu ekki að hætta snögglega veiðum sínum hér við land. Og síðan hafa verið að berast stöðugar fréttir og yfirlýsingar frá þessum sendimanni Efnahagsbandalagsins, svo sem að hann væri viss um að samningar yrðu gerðir fyrir jól sem tryggðu bretum áframhaldandi veiðar hér og nú fyrir nokkrum dögum frétt um að bretar mundu fá leyfi fyrir 12 togara til veiða hér við land.

Allar þessar yfirlýsingar og fréttir, sem sendimaður Efnahagsbandalagsins dælir út til fjölmiðla eru á allt annan veg en það sem hæstv. ráðh. hafa sagt íslensku þjóðinni. Þeir hafa svarið og sárt við lagt að ekkert hafi gerst á þeim fundum sem haldnir hafa verið, annað en það að þeir hafi hlustað og aftur hlustað á það sem sendimaðurinn hafði fram að færa. Og enn sagði hæstv. utanrrh. hér í kvöld: Við munum aðeins taka við og hlusta á fulltrúa Efnahagsbandalags Evrópu, við gerum ekkert.

Hafa menn heyrt þetta áður? Minnast menn nokkurra slíkra yfirlýsinga áður en þýski samningurinn var gerður eða Oslóarsamkomulagið var gert? Já, vissulega minnast menn slíkra yfirlýsinga rétt í þann mund að þessir samningar voru frágengnir.

Nú er það að vísu ekkert nýtt fyrir okkur íslendinga að fá fréttir erlendis frá um það sem er að gerast í landhelgismálinu. Það hefur verið föst regla hjá hæstv. núv. ríkisstj. í öllu því samningamakki, sem hún hefur staðið að í landhelgismálinu, að fullyrða hér heima fyrir að ekkert væri að gerast og að allar yfirlýsingar og fréttir erlendis frá væru ósannar. Reynslan hefur þó sýnt að allt of oft hefur það reynst rétt sem haldið hefur verið fram af hinum erlendu aðilum.

Öll meðferð landhelgismálsins í höndum hæstv. ríkisstj., sem að málsmeðferð lýtur, hefur því vægast sagt verið býsna einkennileg. Það er einkennandi varðandi málsmeðferð hæstv. ríkisstj. að svo til alltaf hefur orðið að knýja fram umr. um málið hér á Alþ. og þá utan dagskrár. Öðruvísi hefur málið ekki fengist rætt. Og þó að tekist hafi að knýja fram umr. hér með þeim hætti, þá virðist því miður útilokað að fá fram hjá hæstv. ríkisstj. hvaða stefnu hún ætlar að hafa í þessum viðræðum. Ríkisstj. hvikst aldrei neitt vera að gera nema hlusta á útlendingana. En síðan stöndum við frammi fyrir því einn góðan veðurdag að samningar hafa verið gerðir, sbr. Oslóarsamningana á s. l. vori. Þá kappkostaði hæstv. ríkisstj. að senda Alþ. heim svo hún gæti snúið sér að samningsgerð um veiðiheimildir þretum til handa.

Þannig virðir hæstv. ríkissti. Alþingi að vettugi og leynir þjóðina því í lengstu lög hvað er í raun og veru að gerast í málinu. Þm. stjórnarliðsins er þannig stillt upp við vegg, flokksfjötrunum smeygt á þá og þeir þannig knúðir til þess að samb. gerðir ríkisstj. burt séð frá eigin skoðun eða sannfæringu um málið. Það er til marks um vinnubrögðin að stjórnarliðar hér á hv. Alþ. rétt náðu að staðfesta Oslóarsamkomulagið áður en samningurinn féll úr gildi. Sá samningur var búinn að gilda í 5 mánuði eða nær allt samningstímabilið þegar Alþ. fékk hann til umfjöllunar. Slík málsmeðferð er auðvitað fyrir neðan allar hellur og ekki sæmandi að sniðganga þannig löggjafarsamkomuna. Hér var því

óþingræðislega og ólýðræðislega að málum staðið og slíku ber harðlega að mótmæla.

Ég held að fróðlegt væri fyrir ykkur, hlustendur góðir, að rifja upp með nokkrum orðum hvernig hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar hefur staðið að meðferð landhelgismálsins. Hæstv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, sagði hér áðan: Sjálfstfl. markaði þá stefnu 1973 að landhelgin yrði færð út í 200 mílur. Hver var stefna Sjálfstfl. í landhelgismálinu þegar hann sat í viðreisnarstjórninni veturinn 1970—1971? Því hefði hæstv. sjútvrh. einnig átt að greina frá. En stefna Sjálfstfl. var þá sú að vera andvígur því að færa landhelgina út í 50 mílur.

Allir muna hinar fjálglegu yfirlýsingar hæstv. sjútvrh., stuttu eftir að hann tók við embætti, um það að enginn samningur yrði gerður við neina þjóð um veiðiheimildir innan landhelginnar nema því aðeins að bókun 6 kæmi til fullra framkvæmda. Þrátt fyrir þessar yfirlýsingar var samið við vestur-þjóðverja án þess að bókun 6 kæmi til framkvæmda. Vestur-þjóðverjar fengu að veiða hér við land í 5 mánuði án þess að tollfríðindin kæmu til framkvæmda.

Röksemdir hæstv. ríkisstj. fyrir samningnum við vestur-þjóðverja voru fyrst og fremst þær, að þar með gætum við einbeitt okkur að baráttunni við breta eina. Þann tíma, sem vestur-þýski samningurinn var í gildi án þess að bókun 6 kæmi til framkvæmda, notaði ríkisstj. til þess að undirbúa jarðveginn fyrir samninga við breta. Við stjórnarandstæðingar héldum því fram að samningurinn við þjóðverja væri grundvöllurinn að því að samið yrði við breta. Þetta var augljóst, því að einungis með því að semja við breta kom bókun 6 til framkvæmda, því þeir einir neituðu tollfríðindum samkv. EBE-samningnum nema því aðeins að þeir fengju veiðiheimildir hér við land. Þetta kom á daginn, því fljótlega eftir að þýski samningurinn var gerður lét ríkisstj. málgögn sín fara að undirbúa jarðveginn fyrir samningana við breta með því að koma á framfæri heim boðskap að vonlaust væri að fá tollfríðindin fram nema því aðeins að hafa breta góða. Þessum boðskap var síðan skipulega haldið að þjóðinni allt þar til Oslóarsamningurinn var gerður.

Það kom glöggt fram í umr. á Alþ. í nóv. 1975, þegar þýski samningurinn var til umr., að margir stuðningsmanna ríkisstj. voru andvígir þeim samningi og lýstu því óspart yfir, en féllu fyrir þeirri lævísu blekkingu að með samningnum væri verið að einbeita sér einvörðungu að bretum. Og á tímabilinu frá því í nóv. 1975 þar til í maí 1976 hafði ríkisstj. og þó sér í lagi hv. 4. þm. Revkv., Þórarinn Þórarinsson, sem er guðfaðir ríkisstj. og helsti pólitíski sérfræðingur hennar í landhelgismálinu ásamt hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, tekist að halda þannig á málum og róa liðið svo, að þeir töldu óhætt að semja við breta, en töldu þó vissara að senda þm heim áður og levfa heim að jafna sig enn frekar á sjötta mánuð áður en heim væri ætlað að rétta upp höndina með samningnum við breta sem þeir höfðu marglýst yfir að þeir væru andvígir. Þannig tókst hæstv. ríkisstj., Þórarni og Guðmundi að leiða stjórnarhjörðina sem blind væri frá því að vera andvíg öllum samningum í okt. 1975 til þess að samþ. alla samninga í júní 1976. Þannig voru þm. stjórnarliðsins á þessu tímabili leiddir sem ómálga börn frá því að gera það, sem þeir vildu og töldu rétt, til þess að gera það, sem þeir vildu ekki og töldu rangt. Hér eiga enn við orð Biblíunnar sem segja: Hið góða, sem ég vil gera, það geri ég ekki, en hið vonda, sem ég vil ekki, það geri ég.

Þetta er í stuttu máli saga og gjörðir hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsliðs hér á Alþ. í landhelgismálinu. En hvað er fram undan? Það er augljóst mál að fulltrúi Efnahagsbandalags Evrópu er hér á ferðinni einungis til þess að knýja á með það að koma veiðiskipum frá bandalagsþjóðum Efnahagsbandalagsins inn á okkar fiskimið. Það er ástæðan fyrir ferðum hans hingað. Það er ástæðan fyrir þeim umr. sem fram hafa farið. Þetta á hæstv. ríkisstj. að viðurkenna og segja þjóðinni sannleikann, en ekki eilífar vífilengjur og villandi upplýsingar.

Ljóst er að fiskifræðingar okkar telja óvarlegt, að veiða meira en 275 þús. lestir af þorski á Íslandsmiðum á næsta ári eða svo til sama aflamagn og við veiðum sjálfir í ár. Af þessu er ljóst að það er ekki neitt til að láta í té. Það er ekki af neinu að taka. Þrátt fyrir þetta virðist hæstv. ríkisstj. enn vera að fikta við þann möguleika að gera samning við Efnahagsbandalagið um heimildir bretum til handa til veiða hér við land, og af ummælum hæstv. ráðh. og vinnubrögðum þeirra verður ekki annað séð, því miður, en að þeim sé fyllsta alvara með að semja, en þora ekki að segja það.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í umr. hér á Alþ. fyrir nokkrum dögum, að nú væri þess beðið að Efnahagsbandalagið legði fram tilboð sem síðan yrði vegið og metið hvort aðgengilegt væri. Þetta endurtók hv. þm. Þórarinn Þórarinsson hér í kvöld, þetta endurtók hæstv. utanrrh. hér í kvöld, og þetta sagði enn fremur hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson rétt áðan. Þessi orð forsrh. verða ekki skilin á annan veg en hann, að það eigi að semja ef hagstætt tilboð komi að mati hæstv. ríkisstj., og við vitum hvað það þýðir.

Ástæðan fyrir flutningi þessarar þáltill. er fyrst og fremst ótti við það að enn einu sinni ætli hæstv. ríkisstj. að bregðast og falla flöt fyrir ágangi og ásælni hinna erlendu vina. Það er skýlaus krafa að ríkisstj. hætti þeim hráskinnaleik í meðferð landhelgismálsins sem hún hefur leikið. Ríkisstj. hefur ekki enn fengist til þess að gera hreint fyrir dyrum og lýsa yfir hver stefna hennar sé í málinu, hafi hún þá einhveria stefnu. Þess verður að krefiast að hæstv. ríkisstj. geri hreint fyrir sínum dyrum og segi þjóðinni hvað hún ætlar sér. Fáist ekki skýr svör frá hæstv. ríkisstj. um það hvort hún ætlar sér að semja og þá á hvern veg er augljóst að hæstv. ríkisstj. þorir ekki að segja sannleikann og ætlar að halda áfram hráskinnaleiknum og leynimakkinu eins og verið hefur.

Eftir því verður vissulega tekið hvort hæstv. ríkisstj. tekst enn einu sinni með óþingræðislegum vinnubrögðum að villa svo um fyrir stuðningsliði sínu hér á Alþ. að það verði lokkað eða

leitt í enn eina gildruna og hlekkjað til fylgis við það sjónarmið áhrifaafla innan ríkisstj. að það beri að semja við Efnahagsbandalagið um veiðiheimildir bretum til handa innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Enginn vafi er á því að áhrifaöfl innan Sjálfstfl. vinna að því bak við tjöldin að samningar verði gerðir, og leiðari Morgunblaðsins s. l. sunnudag ber þess glöggt vitni að nú skal hert á áróðri fyrir samningsgerð við Efnahagsbandalagið. Og þið hafið í kvöld, hlustendur góðir, heyrt tal hæstv. ráðh. Það er allt með sama marki brennt og áður: Engin hrein svör um það hvað ríkisstj. ætlar sér í málinu. Enn er þjóðin leynd því ráðabruggi sem hæstv. ríkisstj. lifir og hrærist í varðandi samninga, og er það í samræmi við þá stefnu hennar, að forðast beri allar yfirlýsingar um það sem í vændum sé, best sé að þjóðin fái ekkert að vita fyrr en allt sé klappað og klárt og frá öllu gengið. Spurningin er hvað alþm. ætla lengi að líða það að svo freklega sé gengið fram hjá Alþ. í þessu máli eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert.

Að öllum líkindum verður lagst á þá till., sem hér er til umr., og hún ekki afgr., Alþ. sent heim, þannig að ríkisstj. hafi fritt spil fram í lok janúar n. k. til að ganga svo frá málum að engum vörnum verði við komið. En það segir líka sína sögu ef hæstv. ríkisstj. þorir ekki að láta ganga til atkv. um þessa till. Af hálfu okkar flm. mun ekki verða lagt til að henni verði vísað til n., heldur verði hún borin undir atkv. strax að umr. lokinni. Þið skuluð, góðir hlustendur, taka eftir því hver viðbrögð verða hjá hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsliði hér á Alþ. Þið heyrðuð viðbrögðin áðan hjá hv. 4. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni, sem er reiðubúinn með till. upp á vasann um að leggja til að till. sé vísað til n. Af því getið þið sjálf fengið vitneskju um hvað er að gerast og hvað undir býr. Fari svo að hæstv. ríkisstj. knýi það hér fram í krafti síns meiri hl. að till. verði vísað til n. og ekki afgr. fyrir þinghlé, þá er það ótvírætt svar um það að hún þorir ekki að leggja málið í hendur Alþ. nú og telur sig þurfa lengri tíma til að handjárna stjórnarliðið undir ægivald flokksagans. Þinghléið á því að nota til þeirrar iðju, svo þokkaleg sem hún þá er eða hitt þó heldur.

Þessi till. er fram borin með það fyrir augum að Alþ. fái að tjá sig um málið áður en samningar verða gerðir. Komi hæstv. ríkisstj. í veg fyrir að sá tilgangur þessarar þáltill. náist, þá vinnur hún illt verk.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. — Góða nótt.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að lítið var að græða á ræðum hæstv. ráðh. og annarra talsmanna ríkisstj. um það mál sem hér er til umr., þ. e. a. s. um það hvort nú eigi að semja við Efnahagsbandalag Evrópu um gagnkvæm fiskveiðiréttindi eða ekki.

Ég ætla á þeim örfáu mínútum, sem ég hef hér til umráða, að víkja að nokkru af því sem kom hér fram hjá talsmönnum ríkisstj.

Hvað sögðu utanrrh. og sjútvrh. um þessa meginspurningu? Þeir hafa báðir gefið yfirlýsingu um að þeir vilji ræða við Efnahagsbandalagið um gagnkvæman veiðirétt, þ. e. a. s. að veita útlendingum rétt til veiða í okkar fiskveiðilandhelgi gegn því að við fáum að veiða í þeirra landhelgi. Um þetta atriði vildu þessir háu herrar ekkert ræða í þessum umr. En það er einmitt þetta sem spurt er um í dag: Hvað meina þessir hæstv. ráðh. með yfirlýsingum sínum um þennan gagnkvæma fiskveiðirétt? Það er það sem þjóðin vill fá að vita.

Hæstv. utanrrh. segir að við leggjum til með okkar till. að ekki verði rætt við fulltrúa annarra þjóða. Slíkt er auðvitað hreint út í hött. Þetta sama sagði hæstv. sjútvrh, að við vildum ekki ræða við aðrar þjóðir. Því hefur verið marglýst yfir hér á Alþ. í umr. um þetta mál að um það atriði að mæta til samningaviðræðna og ræða við erlenda fulltrúa stendur ekki deila. Deilan stendur um hitt, hver sé stefna okkar í þeim viðræðum sem eiga að fara fram. Viljum við fallast á gagnkvæman veiðirétt eða viljum við það ekki? Það er þetta sem við heimtum að fá svar við. En það er þetta sem ráðh. vilja ekki svara. Það er þetta sem formaður utanrmn., Þórarinn Þórarinsson, fæst ekki heldur til að svara. Hitt er auðvitað útúrsnúningur, að það sé einhver ókurteisi í samningaviðræðum við útlendinga að mæta til viðræðna við þá með stefnu í því máli sem ræða á um. Sannleikurinn er sá, að ég hygg að nær allir, sem standa í samningaviðræðum, hafi áður en þeir mæta til viðræðna gert upp við sig hver þeirra stefna á að vera. En hér er það flokkað undir kurteisi að koma að samningaborðinu um jafnalvarlegt mál eins og hér er um að ræða vitandi ekki neitt, hafandi ekkert að segja, þykjast ætla að hlusta, en vera þó að ræða um þessa gagnkvæmu veiðiréttindasamninga sem þeir hafa gefið yfirlýsingar um.

Þórarinn Þórarinsson, formaður þingfl. Framsfl., sagði að við í stjórnarandstöðunni værum með sífelld svikabrigsl á hendur ríkisstj. Þetta er mesti misskilningur. Frá okkar hálfu hafa ekki komið fram nein svikabrigsl. Ég hef tilfært ummæli þeirra sjálfra um það að hverju þeir stefna. Hvað sagði utanrrh., flokksbróðir hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, þegar hann ræddi um þetta mál nýlega á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur? Blað ritstjórans, Tíminn, segir að ráðh. hafi sagt: „Engir samningar við Efnahagsbandalagið“ — það var auðvitað stórt prentað í blaðinu, en svo stóð undir: „nema um gagnkvæm veiðiréttindi.“ Já, nema um gagnkvæm veiðiréttindi. Er óeðlilegt að um það sé spurt: Hver eru þessi gagnkvæmu réttindi sem hér er verið að tala um? Að hverju er stefnt?

Hæstv. sjútvrh. reyndi einnig að drepa málinu á dreif eins og jafnan áður, víkja sér undan því, sem um var spurt, og ræða það, sem till. fjallar um. Þess í stað þuldi hann hér gamlan lestur um að ég hefði verið á móti útfærslunni í 200 mílur. Hann las hér upp örlítinn kafla úr viðtali við mig varðandi þetta mál þegar átökin um 50 mílurnar voru sem mestar í septembermánuði 1973. Það er e. t. v. fróðlegt að heyra næstu setningar á eftir sem hæstv. ráðh. vildi

ekki lesa upp, en voru í þessu vitali við mig. Þar segir orðrétt: „Ég tel að við íslendingar höfum þegar skipað okkur svo greinilega, að ekki verði um villst, á bekk með þeim þjóðum sem lengst vilja ganga í landhelgismálinu. Ég tel þó að sjálfsögðu vel koma til mála að Alþ. samþ. yfirlýsingu um afstöðu okkar til 200 mílna landhelginnar og að 50 mílurnar séu aðeins áfangi á þeirri leið. En ég legg enn og aftur áherslu á það, að 50 mílurnar eru verkefni dagsins.“

Þannig lá málið fyrir. Ég var að leggja áherslu á það að við stæðum í miðri baráttunni fyrir 50 mílunum sem blað hæstv. sjútvrh., Matthíasar Bjarnasonar, sagði að væri tapað stríð við breta þá og vildi gefast upp. Ég benti á að það dygði lítið að gefa út yfirlýsingu um að færa út í 200 mílur og fylgja því ekki eftir á annan veg en þann að heimila síðan öllum að veiða upp að 12 mílum eftir sem áður, eins og framkvæmdin var nú. Það, sem máli skipti þá, var að halda út í átökunum um 50 mílurnar sem voru áfangi á *brautinni til 200 mílna*. Um þá *meginstefnu* var aldrei neinn ágreiningur.

Það, sem fyrir liggur að mínum dómi að loknum þessum umr. nú, er að enn standa málin þannig að fulltrúar ríkisstj. fást ekki til þess að skýra frá því hver þeirra stefna er varðandi þennan gagnkvæma veiðirétt. En þeir ætla eigi að síður að halda áfram samningaviðræðum við þann sem er að reyna að þrýsta sér inn í okkar landhelgi. Þeir vilja ekki svara því enn hvort þeir geti hugsað sér að hleypa breskum togurum inn í okkar landhelgi aftur gegn því, að okkar skip fái að veiða síld í Norðursjó, eða gegn því, að okkar skip fái að fara yfir miðlínuna við Grænland. Um þetta fást þeir ekki til að tala. En þeir vilja ganga til samningaviðræðna við erlenda aðila um þessi mál stefnulaust. Þegar menn hafa í huga söguna sem hefur verið að gerast í okkar landhelgismáli, þá er eðlilegt að menn séu óttaslegnir þegar svona er haldið á málum. Það þýðir auðvitað lítið fyrir fulltrúa Framsfl. hér, Þórarin Þórarinsson, að reyna að hughreysta menn með því að þeir geti treyst Framsfl., hann hafi alltaf sýnt örugga forustu í landhelgismálinu, hann hafi reynt að dempa nokkuð niður kröfur alþb.-manna og sósíalista þegar þeir hafi heimtað of mikið, en hann hafi líka reynt að koma í veg fyrir að Sjálfstfl. sviki. Þetta var það sem hv. þm. sagði. En landsmenn muna að Framsfl. samþ. undansláttarsamninginn við vestur-þjóðverja, — samninginn sem við verðum að súpa seyðið af enn, þann samning sem tryggir þeim veiðirétt í íslenskri fiskveiðilandhelgi í næstum heilt ár eftir að vestur-þjóðverjar hafa sjálfir tekið sér 200 mílna landhelgi. Landsmenn muna það líka að Framsfl., sjálfur Þórarinn Þórarinsson, stóð að því að bjóða bretum veiðiheimildasamning til tveggja ára. Þeir fengu bara ekki að koma því í gegn. Ef sá samningur hefði náð fram að ganga, þá hefðu bretar fullan veiðirétt í íslenskri landhelgi í dag og fram eftir næsta ári. Menn vita það af fenginni reynslu að það er valt að trúa á festu Framsfl. í þessu máli frekar en ýmsum öðrum.

Nei, hér er vissulega um alvarlegt mál að ræða og það er eðlilegt að þess sé krafist að ríkisstj. segi hreint til um það hver hennar stefna er. Tími minn er nú búinn. Við ykkur, góðir hlustendur, vil ég segja að lokum: Það er ykkar skylda allra að fylgjast vel með framvindu landhelgismálsins. Það er ykkar skylda að veita Alþ. og ríkisstj. aðhald í því máli. Ef þið látið alþm. og ráðh. skilja að landhelgismálið sé ykkur slíkt mál málanna að það muni ráða úrslitum um afstöðu ykkar til manna og flokka, þá getið þið bjargað landhelgismálinu. En ef ykkur tekst ekki að láta þá skilja þessi sannindi, þá er líka landhelgismálið í hættu. Nú þarf krafa ykkar, allra landsmanna, að vera þessi: Engir nýir samningar um veiðiheimildir útlendinga í íslenskri fiskveiðilandhelgi. 200 mílurnar eiga að vera fyrir okkur eina. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 23. fundur.

Fimmtudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Launaskattur, frv. (þskj. 58). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 152). — 3. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er komið frá Nd. þar sem það *fékk allvandlega umfjöllun*. Hið *sama* verður ekki sagt um umfjöllun Ed. á þessu frv., því að það virðist ætla að renna hér í gegn án nokkurra umr. svo heitið geti og án þess að það fái neina raunverulega skoðun í n., að því er mér sýndist á þeim hraða sem var á afgreiðslu n. Satt best að segja var ég nokkuð óviðbúinn því að frv. rynni svo hratt í gegnum d., og það vildi svo til að ég var hvorki viðstaddur 1. eða 2. umr. málsins og átti þess því ekki kost að gera neinar aths. við frv. Má því segja að aths. mínar séu nokkuð seint fram komnar, og misvirði ég það ekki við d. þó að ekki verði mikið tillit tekið til þeirra aths. við afgreiðslu málsins úr því sem komið er. Ég vil hins vegar ekki láta hjá líða að láta í ljós skoðun mína á þessu máli úr því að það er hér á ferð og er nú til afgreiðslu.

Ég vil almennt lýsa því yfir að ég tel að frv. horfi í rétta átt og að það sé fengur að því fyrir dómsmálakerfið í landinu að það verði samþykkt. Ég tel að ástand dómsmála hér á Faxaflóasvæðinu þurfi hiklaust talsverðrar endurskipulagningar við, það hefur ekki breyst nægilega í takt við tímann, og ég tel að þær breytingar, sem felast í þessu frv., séu þó a. m. k. spor í rétta átt. Það er að sjálfsögðu fráleitt að Sel-

tjarnarnes, svo að ég nefni dæmi, sé í öðru lögsagnarumdæmi en Reykjavík, og það er í öðru lagi fráleitt hversu illa er búið að dómskerfinu á þessu svæði og væri auðvitað brýn þörf á að stokka þetta kerfi upp og þá ekki hvað síst að koma yfir það hentugu húsnæði.

Í sambandi við þetta mál, sem hér er að hljóta afgreiðslu, vil ég láta í ljós þá skoðun mína að ég hef ekki verið sannfærður um að þörf væri á því að hér yrði um sjálfstætt, sérstakt embætti að ræða. Mér hefur virst að ekki væri óeðlilegt að þetta embætti félli undir saksóknaraembættið, og ég hefði talið að í því gæti verið fólgin dálítil hagræðing að haga málum á þann veg. Ég tek eftir því, að í grg. með frv. segir m. a. á bls. 3, með leyfi forseta:

„Árið 1948 var lagt fyrir Alþ. frv. um meðferð opinberra mála sem þeir Einar Arnórsson dr. juris og hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson höfðu samið. Frv. gerði ráð fyrir að opinber ákærandi, saksóknari ríkisins, færi með ákæruvaldið, sem á þeim tíma var í höndum dómsmrh. Í frv. var einnig ákvæði um að sérstakur embættismaður, er lyti saksóknara ríkisins og nefndur var rannsóknarstjóri, skyldi taka við yfirstjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík í stað sakadómara. Hann skyldi og stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu þegar saksóknari teldi þess þörf. Þá átti rannsóknarstjóri að vera sækjandi í héraðsdómi í þeim opinberu málum sem þar sættu sókn og vörn eftir málshöfðun."

Nú er það flestum kunnugt, sem kynnt hafa sér þessi mál, að þetta frv. náði ekki fram að ganga og gangur málsins varð með nokkuð öðrum hætti. Talsvert löngu seinna var komið á fót embætti saksóknara og ákæruvaldið flutt úr höndum dómsmrh. til þess embættis án þess að þessi breyting, sem hér var reiknað með, væri gerð á skipan rannsóknarlögreglu. Ég tel persónulega að nú, þegar það spor var stigið loksins að koma sérstakri skipan á rannsóknarlögreglu ríkisins, hefði verið heppilegra margra hluta vegna að það embætti hefði fallið undir embætti saksóknara ríkisins og yfirstjórn hans. Ég er viss um að því hefði fylgt minni kostnaður og ég held að sú skipan mála hefði verið til hagræðingar.

Ég vildi láta þessa skoðun mína koma hér fram enda þótt ég geri ekki tilraun til þess á úrslitastigi málsins að gera breytingu á frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 203).

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 140 (sbr. 12)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 204).

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 141 (sbr. 13)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 205).

Neðri deild, 24. fundur.

Fimmtudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Innflutningur á olíupramma, frv. (þskj. 125). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 109 (sbr. 25)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 206).

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 60). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 207).

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 31, n. 158, 159, 180). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 180,1 felld með 22:7 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 180,2 felld með 20:6 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 159,1 (ný 6. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 159,2 (ný 9. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
16.—19. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 112, n. 182 og 185). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta frv. til athugunar. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. n. og er nál. á þskj. 185.

Efni þessa frv. hefur verið rakið hér í hv. þd. og ég þarf því ekki að fara mörgum orðum um það. Það er þess efnis að 1% gjaldið, sem lagt var á söluskattsstofn og var notað til þess að greiða niður olíukostnað vegna húshitunar og að hluta til í Orkusjóð til að flýta hitaveituframkvæmdum, það er gert ráð fyrir að þetta gjald fari nú í ríkissjóð eða fari í gegnum fjvn. til þessara sömu verkefna.

Í öðru lagi nefni ég svo það, að fjh.- og viðskn. leggur til breytingu á 2. gr. frv., þess efnis að lög nr. 9 frá 27. febr. 1976 falli úr gildi, en í aths. með frv., eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir að samhliða því yrði lagt fram sérstakt frv. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana. En frá því hefur verið fallið, og eins og ég sagði áðan mun fjvn. gera um þetta till. og Alþ. síðan ákveða hvernig með þetta söluskattsstig verði farið. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að 600 millj. kr. verði varið til að greiða niður olíuna, en 1000 millj. fari í Orkusjóð vegna hitaveituframkvæmdanna.

Það er í sjálfu sér ekki tilefni til þess að vera að gera þetta atriði að umræðuefni við afgreiðslu þessa frv. En ég vil þó nefna það, að á fund n. kom fulltrúi frá Þjóðhagsstofnuninni, Hallgrímur Snorrason, og veitti n. nokkrar upplýsingar um kostnað við upphitun húsa. Ég skal greina frá því hér með örfáum orðum hverjar breytingar hafa orðið á þeim málum frá því á síðasta ári begar lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða voru sett.

Gert er ráð fyrir að frá miðju ári 1976 fjölgi fólki, sem býr við hitaveitu, um 9 þús., þ. e. a. s. frá miðju ári 1976 til jafnlengdar 1977. Samkv. því yrðu um 127 700 manns sem byggiu við hitaveitu eða um 58% þjóðarinnar, 22 500 við rafmagnskyndingu og um 70 þús. við olíukyndingu, en voru 78 þús. í fyrra.

Áætlaður kostnaður í des. 1976 við upphitun eins rúmmetra íbúðarhúsnæðis er sem hér segir: Við hitaveitu 107.50 kr. eða 33.1% af olíukostnaði, rafmagn 163.30 kr. eða 50.3% og olía 324.60 kr.

Eins og ég sagði áðan, þá er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. að 600 millj. kr. verði varið til að greiða niður olíuna, en samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunarinnar gefur söluskattsstigið meira en barna er áætlað. Það er áætlað 1600 millj. í fjárlagafrv., en líkur á að það muni verða nær 1700 millj. Ef 700 millj. kr. yrði varið til að greiða niður olíuna, þá mundi það þýða um 10 600 kr. á mann, en var 9500 kr. samkv. gildandi lögum. Ef það hækkaði í 10 600, þá er það svipað og sú hækkun sem orðið hefur á olíuverði, en það er um 12%.

Ég sé ekki ástæðu til, hæstv. forseti, að fara um þetta fleiri orðum. Ég vildi koma þessum upplýsingum hér á framfæri þótt þær eigi kannske fremur heima við afgreiðslu fjárl. En við erum nú um leið að fella úr gildi lög sem ég vitnaði hér til, nr. 9 frá 27. febr. 1976, og þótti mér þess vegna rétt að gefa þessar upplýsingar. En meiri hl. n. leggur til, að þetta frv. verði samþ. með þeirri brtt. við 2. gr. frv. sem er á þskj. 185.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Forseti. Á þskj. 182 hef ég gefið út sérstakt nál. um afgreiðslu þessa máls í fjh.- og viðskn. og legg þar gegn því að þetta frv. verði samþ. Í rauninni er það svo, að þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, varðar aðeins þann þátt þessa máls að taka ákvörðun um hvort halda á áfram því skipulagi sem verið hefur með olíugjald, þ. e. a. s. að innheimta 1% af söluskattsstofni í ákveðnu skyni og verja því eftir þar til settum reglum sem ákveðnar eru á Alþ. og í ákveðnu skyni, eða hvort hverfa eigi að því að taka þennan tekjustofn og leggja hann í ríkissjóð og láta það síðan á vald fjvn. og síðan auðvitað Alþ. á eftir að ákveða um það, hvort eitthvað af þessum tekjustofni, sem þannig er kominn til ríkisins, verður látinn renna í því skyni sem upphaflega var ætlað með þeim lögum sem hér er nú verið að leggja til að fella úr gildi.

Í rauninni er það svo, að frv., eins og það liggur hér fyrir, snýst um þetta. Auðvitað er hægt út af fyrir sig með því að láta þennan tekjustofn renna í ríkissjóð að ráðstafa tekjustofninum á sama hátt á eftir við afgreiðslu fjárl. Það er hægt. En ef horfið yrði frá þessu formi sem verið hefur, þá verður að takast á um það mál hverju sinni við fjárlagaafgreiðslu og það eftir að þetta er orðið að föstum tekjustofni ríkisins. Ég er sem sagt andvígur þessari breytingu. Ég tel að á meðan þetta gjald er innheimt, þá eigi að verja því til þess sem upphaflega var gert ráð fyrir og er ákveðið í lögum. Ef ekki þykir lengur ástæða til þess að verja gjaldinu á þann hátt sem upphaflega var áformað, þá á að minum dómi að fella þennan gjaldstofn niður.

Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að hér væri í rauninni á ferðinni sá árátta hjá þeim, sem fara með fjármál ríkisins, líklega óhætt að segja á hverjum tíma, að stökkva í sífellu á alla tekjustofna sem þeir sjá, hirða þá fyrr eða síðar í ríkissjóð, þar gildi einu máli um það hvort menn koma sér saman um að leggja á neyðargjald vegna goss eða jarðskjálfta eða snjóflóða, þegar slík gjöld eru lögð á í alveg ákveðnum tilgangi og innheimt á einhverju tímabili samkv. þessari fyrirætlun. Þegar örlítill tími er liðinn kemur viðkomandi fjmrh. og fjármálayfirvöld landsins, stökkva á gjaldstofninn, hirða hann og setja hann í ríkissjóð. Þetta er auðvitað alveg forkastanleg aðferð og verður líklega til þess að menn þora aldrei hér eftir að vera með því að leggja á svona markaða tekjustofna til eins eða neins. Hitt gefur svo auðvitað alveg auga leið, að þegar ríkissjóður er búinn að innbyrða svona tekjustofna og farið er að afgreiða fjárlög einu sinni eða tvisvar á grundvelli beirra tekjustofna, þá er hægara sagt en gert að ætla að hverfa frá þeim síðar.

Ég er því alveg á móti þessari skipulagsbreyt-

ingu sem hér er á ferðinni, af þessum ástæðum sem ég hef greint. En auk þess er svo ágreiningur uppi um það nú, eins og hefur reyndar komið fram á undanförnum árum einnig, hversu réttmætt sé að verja þessu gjaldi, sem innheimt hefur verið, til þess að lækka kyndingarkostnað þeirra sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu. Á s. l. ári, en árið í þessu tilfelli mun hafa verið miðað við febrúarlok, þ. e. a. s. að gildandi lög um þetta áttu að gilda til febrúarloka nú á næsta ári, þá var við það miðað að greiða á hvern íbúa yfir árið 9500 kr. til lækkunar á þessum kyndingarkostnaði. Þar var um nokkra hækkun að ræða frá því sem hafði verið árið áður, en þó engan veginn að mínum dómi nægilega til þess að mæta hækkandi kostnaði við kyndinguna með þessum hætti. Og eins og kom fram nú hjá hv. frsm. meiri hl. er nú talað um að ef þessi greiðsla væri hækkuð úr 9500 kr. í ca. 10 600 kr. eða þar um bil, þá mundi það jafngilda þeirri olíuverðshækkun sem þegar er orðin og menn hafa búið við. En allar líkur benda nú til þess að olía eigi eftir að hækka í verði enn á næstunni, svo að aðeins til þess að mæta hækkun á olíuverði þyrfti auðvitað styrkurinn á hvern íbúa að hækka talsvert meira en sem þessu nemur, úr 9500 upp í 10 600 kr., — bara til þess að mæta hækkandi verðlagi á olíu. En hitt er þó aðalatriðið að mínum dómi, að þessi greiðsla hefur allan þennan tíma verið allt of lítil. Þeir, sem hafa búið við það að þurfa að hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu og hafa ekki átt annars kost, hafa tvímælalaust búið við útgjöld í sambandi við upphitun íbúðarhúsa sinna, þeir hafa tvímælalaust búið við upphitunarkostnað sem hefur verið 4—5 sinnum hærri en er t. d. á hitaveitusvæðinu hér suðvestanlands. Það er enginn vafi á því og hefur verið sýnt fram á það af ýmsum aðilum, sem hafa gert athuganir á þessu, fleirum en Þjóðhagsstofnun, að almennt séð mun kyndingarkostnaður þeirra, sem verða að hita upp hús sín með olíukyndingu, vera 4—5 sinnum hærri en hjá þeim sem geta notið hitaveitunnar hérna suðvestanlands. Því er það að þessi styrkur, sem þarna hefur verið greiddur, hefur verið allt of lítill til að jafna þarna mismun. Og þegar svo stendur á að gjaldið er miklum mun hærra en greitt er í þessu skyni, m. ö. o. það er lagt á gjald til þess að jafna þennan mismun, en því er ekki varið nema að nokkrum hluta í þessu skyni, en mikill meiri hluti gjaldsins rennur til annars, þá er vitanlega ástæða til þess að endurskoða þessa upphæð sem greidd er í sérstakan olíustyrk.

Ég hygg eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, en eru mjög takmarkaðar að þessu sinni, að það megi reikna með því að gjaldið sem heild, eitt prósentustig, muni nema í kringum 1700 millj. kr. á næsta ári, — það eru upplýsingar sem við höfum fengið frá Þjóðhagsstofnun, — eða sem sagt nokkru meira en gert er ráð fyrir í grg. þessa frv. þar sem talað er um 1600 millj. kr. Ég hygg líka að það sé líklegt að greiðslur á olíustyrk, ef greiðslan væri hækkuð upp í það sem frsm. meiri hl. minntist hér á, þ. e. a. s. upp í 10 600 kr. á íbúa í staðinn fyrir 9500, þá mundu þessar greiðslur í olíustyrk nema í kringum 700 millj kr. yfir árið, því að reiknað er með því að þeir, sem ætla að njóta þessa styrks á næsta ári, séu í kringum 70 þús. íbúar eða kannske aðeins undir þeirri tölu, en þó mjög nærri henni. Það er því alveg ljóst að hér er verið að leggja á gjald í ákveðnu skyni sem nema mun 1700 millj. kr., en verið að ræða um að verja af því í kringum 700 millj., en taka síðan í ríkissjóð í kringum 1000 millj. eða mun stærri hluta.

Nú höfum við í fjh.- og viðskn. ekki fengið neinar fullnægjandi upplýsingar um það á þessu stigi hvernig hefur verið varið því fé af þessu olíugjaldi sem hefur runnið til Orkusjóðs. Orkusjóður mun hafa fengið á þessu líðandi ári í kringum 600 millj. kr. eða á milli 550 og 600 millj. kr. af þessu gjaldi, en nú er verið að ræða um að hann fái á komandi ári í kringum 1000 millj. kr. Það er þó enginn vafi á því, að miklum meiri hluta af þessari fjárhæð, sem rennur til Orkusjóðs, er varið til almennra ráðstafana á vegum Orkusjóðs, þ. e. a. s. til borana eftir heitu vatni og til jarðhitarannsókna. En auðvitað átti að kosta útgjöld Orkusjóðs í þessum efnum af öðrum aðilum, af ríkissjóði, eða þá í sambandi við lántökur eða þá að þeir greiddu það sem voru að ráðast hér í hitaveituframkvæmdir. En nú er þessi leið valin, að taka verulegan hluta af þeim gjaldstofni sem ætlað var að rynni til þeirra sem standa höllum fæti í þessum efnum. Nú á að taka þetta gjald, þó að það hafi verið lagt á þeirra vegna, og færa það yfir til annarra sem búa í þessum efnum við miklu betri skilyrði og eiga vitanlega að fá fjármagn til sinna framkvæmda með allt öðrum hætti.

Ég bendi á það í mínu nál., að svo er komið að það eru allar líkur til þess að þeir aðilar í landinu, sem eiga að njóta olíustyrksins, sem talið er að muni vera í kringum 70 þús., greiði af olíugjaldinu, vegna þess að það er lagt á alla landsmenn jafnt, þetta olíugjald, sem 1 prósentustig á söluskattsstofn, — þeir muni greiða í kringum 550 millj. kr. af heildargjaldinu, en hugsanlegt er að þeir fái hins vegar af þessu gjaldi í kringum 600 millj. kr. eftir því sem nú er áætlað. Ég hef sagt það og segi það enn: Hér er auðvitað um hreinan skrípaleik að ræða og rangfærslu, að tala um að þetta gjald sé lagt á vegna þessara aðila. Þeir fá í rauninni ekkert út úr þessu sem teljandi er. Þeir borga álíka mikið og þeir eiga að fá í sambandi við verðlækkun á olíu. Hér er því orðið um að ræða hreina tekjuöflun fyrir ríkissjóð, bara undir fölsku yfirskini. Ég álít að eins og ástatt er í þessum efnum ætti að halda áfram því fyrirkomulagi sem verið hefur, lögin um þennan sérstaka olíustyrk eigi að standa áfram, en það eigi hins vegar að verja miklum mun meira af þessum tekjustofni til þeirra sem verða að hita áfram hús sín upp með olíukyndingu.

Ég hafði hugsað mér að leggja fram brtt. um olíustyrkinn sjálfan, þegar að því máli kæmi við afgreiðslu eða við endurnýjun laganna sem áttu að falla úr gildi í febrúarlok, og koma því þá á framfæri að ég legði til að í staðinn fyrir 9500 kr., sem í gildi hafa verið, yrði greidd miklum mun hærri fjárhæð, allt að því helmingi hærri fjárhæð á hvern aðila en verið hefur. En það verður ekki hægt ef þetta nær fram að ganga

sem ríkisstj. beitir sér fyrir í þessu tilfelli. En hins vegar gefst væntanlega tækifæri til þess að flytja till. um hvað olíustyrkurinn eigi að verða mikill á íbúa á næsta ári þegar till. fjvn. um þetta mál liggja fyrir, ef hún fær þetta mál nú í hendur til afgreiðslu samkv. þessari lagabreytingu sem hér er verið að ræða um.

Þá vil ég einnig benda mönnum á það, að hér er um alveg sérstakt vandamál að ræða fyrir vissa íbúa í landinu. Þeir, sem sérstaklega falla undir þetta, eru svo að segja allir íbúar Austurlands. Þar er ekki verið að ráðast í hitaveituframkvæmdir neins staðar vegna þess að þar eru ekki skilyrði til slíks, og þar er alveg fyrirsjáanlegt að menn verða að hita áfram hús sín með olíukyndingu. Þetta á jafnt við það fólk, sem býr í sveitum, og hitt, sem býr við sjávarsíðu. Það eru sem sagt svo til allir í þessum landshluta. Ég býst við að það sé nokkurn veginn víst að á Vestfjörðum sé mikill meiri hluti íbúanna bundinn við þessa hitunaraðferð á húsum sínum. Þar eru þó einhverjir möguleikar fram undan í sambandi við hitaveitur. En það verða þá ekki nema aðeins þeir sem búa í nánd við þessa möguleika sem geta fært sér þá í nyt við upphitun sinna húsa, en mikill meiri hluti íbúanna þar er bundinn við að nota þessa hitunaraðferð.

Það má einnig segja að langflestir þeirra, sem búa í sveitum landsins, verði að hita upp hús sín með því að kaupa hina dýru olíu. Þeir eiga auðvitað einhverjir kost á því að færa sig yfir í rafmagnshitun, en um það mun vera þröngt og víðast hvar mun því verða neitað, eins og ástatt er úti á landsbyggðinni, að selja mönnum raforku til upphitunar. Almenna reglan þar er sú að t. d. Rafmagnsveitur ríkisins samþykkja ekki rafhitun í húsum þar sem áður hefur verið notuð olíuupphitun. Aðeins í þeim tilfellum, þar sem er verið að byggja ný hús, hefur tekist, að vísu eftir hörkubaráttu, að fá það í gegn að menn geti fengið rafhitun húsa sinna. En þeir landsmenn hins vegar, sem búa við langbest skilyrði í þessum efnum, eru þeir sem búa hér á Reykjavíkur- eða höfuðborgarsvæðinu. Það eru þeir, sem búa í Reykjavík og byggðarlögunum hér í kring, þar með talið í Hafnarfirði og Kópavogi og Garðahreppi, en allir þessir staðir eiga að fá heitt vatn til upphitunar húsa sinna á sama verði og gilt hefur og gildir í Reykjavík eða því lægsta sem sagt sem yfirleitt þekkist á landinu. Það er auðvitað ekki nokkur vafi á því, að hér er um alveg gífurlegan mismun að ræða, og ég verð að segja það, að ég furða mig á því að þeir aðilar, sem telja sig sérstaklega fulltrúa fólksins úti á landi, eins og t. d. þm. Framsfl. gera yfirleitt, þeir skuli treysta sér til þess að taka tekjustofn, sem lagður var á í þessu skyni fyrir þetta fólk sem býr við þessa aðstöðu, og færa yfir til hitaveituframkvæmda hjá hinum sem búa við miklu betri kjör í þessum efnum. Það er sjálfsagt að greiða fyrir hitaveituframkvæmdum með því að ríkið takist á hendur ríkisábyrgð á lántökum og veita sérstaka fyrirgreiðslu við erlendar lántökur til slíkra framkvæmda og um fjáröflun, eins og gert hefur verið í því skyni. Það var sjálfsagt og er sjálfsagt, af því að það hefur líka efnahagslega þýðingu fyrir þjóðarbúið í heild þegar litið er til lengri tíma. En hitt er ekki sanngirnismál, að ætla að taka takmarkað fé, sem átti að renna til þeirra sem versta höfðu aðstöðuna, taka það fé til þess að leysa þetta vandamál. Það er ósanngirnismál.

En þetta hefur nú farið svona, að t. d. Framsfl. hefur látið reka sig áfram í þessa átt stig af stigi og alltaf verið að klípa af þessu fé sem hefur átt að renna til þess fólks í landinu sem búið hefur við þessa aðstöðu sem ég hef hér verið að ræða um. En Framsfl. um það. Hann þarf ekki að halda að þessu máli verði gleymt þegar þetta verður gert upp við það fólk sem hér á hlut að máli. En ég verð að segja það, að mig undrar að nú skuli vera komin fram till. um að hirða þetta gjald, eins og það leggur sig, í ríkissjóð með síðan fullkominni óvissu um það hvernig þessu gjaldi verði ráðstafað á hverjum tíma.

Það eru vitanlega alveg haldlaus rök í þessum efnum að tala um það að út af fyrir sig séu hitaveituframkvæmdir góðar. Auðvitað eru þær góðar. Það hefði auðvitað mátt taka þetta gjald og verja því til margra annarra hluta í landinu sem líka voru góðir. Það mátti færa þetta gjald með ýmsum hætti yfir til Reykjavíkursvæðisins til margra góðra mála. En spurningin var bara þessi: hvort það er nokkur sanngirni í því að beita sér fyrir því að leggja þetta gjald á, eins og gert var, og standa að þessari gjaldheimtu og snúa blaðinu við á þann hátt að verja peningunum á þann hátt sem hér er verið að leggja til.

Ég vil aðeins segja um það atriði sem kom fram í framsögu af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn., að það þyrfti að hækka þann olíustyrk, sem nú er, um ca. 12% til þess að mæta hækkun á olíuverði, að þessi viðmiðun er gersamlega út í bláinn. Hún segir ekki nokkurn skapaðan hlut. Hún segir í rauninni ekki annað en það, að menn vilji halda því fram að sá styrkur, sem áður gilti í þessum efnum, hafi verið nógu hár og menn þurfi því ekkert að breyta honum. Þegar menn viðurkenna að styrkurinn var allt of lágur, þá dugir ekki aðeins að hækka styrkinn sem nemur þeirri olíuverðshækkun sem fyrir liggur, ekki heldur þó að tekið sé tillit til þeirrar olíuverðshækkunar sem menn búast við. Það á vitanlega að breyta styrkupphæðinni til þess að draga úr þeim mikla kostnaðarmun sem hér er um að ræða.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég þykist hafa gert hér grein fyrir afstöðu minni. Ég er algerlega á móti þessu frv., tel að hér sé verið að fara inn á ranga braut, hér sé um mikla ósanngirni að ræða gagnvart þeim aðilum sem búa við þá erfiðu aðstöðu að verða að hita upp hús sín með olíukyndingu. Ég tel að áður hafi reyndar verið búið að ganga allt of langt á þeirri braut að klípa af þessum gjaldstofni til almennra orkuframkvæmda sem áttu að fjármagnast á annan hátt. En nú þykir mér þó bitið höfuðið af skömminni með því að ætla sér að gera það sem felst í þessu frv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Áður en lengra er haldið í þeim umr., sem hér

fara fram, vil ég láta það koma fram hér til upplýsinga, að gert er ráð fyrir því að olíustyrkurinn, sem í fjárlagafrv. er áætlaður 600 millj. kr., verði 700 millj. kr. Ég mun beita mér fyrir því við fjvn. nú við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. að þeirri tölu verði breytt og úthlutun styrkjanna verði með sama hætti og á síðasta ári.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er nú fyrst ástæða til þess að þakka hv. þm. Lúðvík Jósepssyni fyrir umhyggju þá sem hann ber fyrir Framsfl. (Gripið fram í.) Ég tek það bókstaflega sem hann segir, af því að ég þekki hann.

Ég get alveg fallist á það að framsóknarmenn megi gjarnan kallast fulltrúar fólks úti á landi. En hitt vil ég í leiðinni minna hann á, að Framsfl. á nú jafnmarga kjörna fulltrúa hér í Reykjavík og Alþb. Framsfl. á líka jafnmarga fulltrúa kjörna í Reykjaneskjördæmi og Alþb. Þetta er rétt að hafa líka í huga.

Viðvíkjandi þessu máli annars vil ég segja það, að mér fannst hv. þm. Lúðvík Jósepsson leggja fullmikla áherslu á öryggi þessa tekjustofns í úthlutun. Það hefur í raun og veru aldrei verið neitt öryggi bundið við þetta, vegna þess að lögin, sem bæði hafa ákveðið tekjustofninn og úthlutunina, hafa alltaf verið samþykkt til eins árs í senn, svo að það hefur alltaf verið komið undir vilja Alþ. á hverju ári hvernig það hefur viljað haga þessu máli. Nú má að vísu segja að sú breyting sé gerð — það er alveg rétt — að tekjustofninn sé fastákveðinn til lengri tíma. Úthlutunin er eftir sem áður komin undir vilja Alþ. á hverju ári og fer eftir fjárl. En áður hafði Alþ. það í sinni hendi, ef það hefði viljað og ef það hefði verið skoðun þess að fella niður bæði tekjuöflunina og úthlutunina. Brtt. meiri hl. gengur út á að fella þau niður frá áramótum, þau áttu að falla niður, eins og hv. þm. sagði við lok febrúarmánaðar. Það var, eins og kom fram í aths. með þessu frv., upphaflega ætlunin að flytja annað frv. um úthlutunina sem hefði þá verið eins konar framlenging á þeim ákvæðum laganna sem nú gilda, sem fjalla um úthlutunina, og það hefði sennilega eðli málsins samkv. ekki getað gilt nema til eins árs eins og áður. En að athuguðu máli þótti eðlilegra að setja ákvæði um það í fjárlög, þar sem tekjustofnarnir koma inn í þau, setja þá líka þar ákvæði um ráðstöfun fjárins frá ári til árs eins og gert hefur verið.

Það er alveg rétt, að ef miðað er við að það sé tryggt að hægt sé að veita bæði einstaklingum og rafmagnsveitum sams konar greiðslur og s. l. ár, þá mun væntanlega þurfa upp undir 700 millj. til þess. Það er sú áætlun, sem viðskrn. hefur gert. En sú fjárhæð leyfir naumast hækkun frá því sem verið hefur til einstaklings eða rafmagnsveitu. Þetta eru staðreyndir sem rétt er að menn hafi í huga og verða að hafa í huga við afgreiðslu fjárl. því að þar er þessu ráðstafað.

Það er alveg laukrétt, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson tók fram, að það hefur orðið hækkun á olíunni og þetta þyrfti að vera hærra í krónutölu en það var í fyrra ef það ætti að hafa sama gildi. En það verða þá þm. að gera upp í sambandi við afgreiðslu fjárl. og verja þá lægri fjárhæð til þeirra annarra þarfa sem gert er ráð fyrir að þessu gjaldi sé varið til. Það er rétt að þetta hefur verið markaður tekjustofn til markaðra útgjalda, má segja. En það er líka gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. og verður væntanlega kveðið skýrar á um það í því og örugglegar, að þessu fé sé varið til ákveðinna þarfa, fyrst til niðurgreiðslna þeirra, sem þurfa að búa við olíukyndingu, og annars vegar til Orkusjóðs, afganginum í raun og veru til Orkusjóðs. Það er ekki gert ráð fyrir því að þetta fé renni beint til ríkissjóðs, heldur í Orkusjóð til ákveðinna þarfa. Og þar er áreiðanlega um þarfir að fjalla sem fólkið úti á landi, jafnvel á Austfjörðum líka, hefur mikinn áhuga á. Ég hygg að það fari vænn skammtur af þessari fjárhæð til jarðborana og jarðhitaleitar, og það vill nú svo til að víðs vegar um landið er mjög mikill áhugi á því að fá slíka jarðhitaleit framkvæmda. Og það er ekki óeðlilegt, vegna þess að reynslan hefur sýnt að menn hafa fundið jarðhita með þeirri kunnáttu, sem þeir hafa nú, og tækjum þá finna menn og hafa fundið jarðhita á ýmsum stöðum þar sem menn reiknuðu alls ekki með því áður. Og það er afskaplega eðlilegt að menn hafi mikinn áhuga á því að láta kanna þetta, því að það er auðvitað ekki um það deilt að þetta er mikið hagræði fyrir menn, ekki aðeins kostnaðarlega, heldur og að ýmsu öðru leyti, að fá varmaveitur þar sem því verður við komið. En þar sem jarðhiti hefur nú fundist og er fyrir hendi er reynt að ráðast í hitaveitur og auðvitað eru vanefni víða fyrir hendi í sambandi við það, og það er rétt að úr þeirri þörf hefur verið reynt að bæta með lántökum og byggja þessar hitaveitur upp á þeim grundvelli, og það er út af fyrir sig góð framkvæmd vegna þess að þær borga sig. En það þarf þó að hafa fjármagn fyrir hendi og útvega lánsfjármagn til þess. Ég hygg að vænum hluta af þeim afgangi, sem verður af þessu 1% þegar tekið hefur verið frá til þess sem ég hef minnst á, verði einmitt varið í þessu skyni, lána til stofnkostnaðar við hitaveitur.

Ég skil vel umhyggju hv. þm. fyrir því fólki sem verður að búa við olíukyndingu. Það er alveg rétt, að það á í erfiðleikum, og það er ekki deilt um það, að aðstaða þess er erfiðari að þessu leyti til, að það býr við dýrari kyndingu, dýrari hitun húsa. En ég held að það sé líka nokkurs virði fyrir það fólk að fá að eygja von um að það geti þó hugsanlega fengið hitaveitu síðar, a. m. k. verði einskis látið ófreistað í því skyni að kanna hvort ekki sé fyrir hendi jarðhiti þar í grennd sem möguleiki sé á að beisla. Og við vitum að það eru fjölmargar hugmyndir á leiðinni um framkvæmdir í þessu efni, sjálfsagt það miklar að það verður erfitt og kannske óframkvæmanlegt að fullnægja öllum þeim óskum í einu vetfangi. En það er hér eins og oft endranær, að menn verða að velja og hafna, velja á milli þess hvort þeir vilja ýta undir þessar framkvæmdir með þessum hætti, sem hér er nú gert ráð fyrir, eða meta hitt meir að reyna að bæta að fullu þann mismun sem er á hitunarkostnaðinum.

Þó að hitunarkostnaður þeirra, sem búa við olíukyndingu, sé ekki bættur að fullu almennt séð, þá er þar þó um að ræða umtalsverðan styrk sem þeir fá. Ég hygg líka að það leiði af úthlutunarreglunum, þar sem styrknum er úthlutað eftir fjölskyldustærð, að þeir sem maður verður almennt að ætla að eigi við erfiðasta aðstöðu að búa, það séu fá tilvik þar sem þeir fái ekki verulegar greiðslur af þessu fé.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram af því að mér fannst hv. þm. Lúðvík Jósepsson ekki taka nægilegt tillit til þessara hliða á málinu, ef ég má segja svo, en undirstrika enn á ný að það er ekkert nýtt nú, úthlutunin hefur alltaf þurft hingað til að ákveðast frá einu ári til annars. Auðvitað getur hann og aðrir hv. þm. komið að sínum brtt. um þetta efni í sambandi við fjárl., alveg eins og hann hefði getað gert í sambandi við venjulegt lagafrv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. lýsti ég yfir andstöðu við frv. Ég skal með fáeinum orðum gera hv. dm. grein fyrir því á hverju sú andstaða byggist.

Þegar lögin um olíuskattinn svonefnda voru samþykkt á sínum tíma, þ. e. a. s. þegar ákveðið var að leggja eitt söluskattsstig á söluskattsstofninn í því skyni að bæta þeim, sem nota olíu til húsahitunar, verðhækkun olíunnar, þá var Alþfl. samþykkur þeirri lagasetningu og féllst á hana. Það var vegna þess að við töldum eðlileg og réttlát rök liggja til þess að hin mikla verðhækkun ætti ekki að bitna á þeim einum, sem nota olíuna, heldur væri baggi sem binda ætti þjóðarheildinni, og þess vegna væri eðlilegt og réttlátt að gera það með þeim hætti að bæta við einu söluskattsstigi sem nota skyldi í tilteknu skyni samkv. sérstökum lögum. Hliðstætt hafði, svo sem kunnugt er, verið farið að þegar náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum og Neskaupstað skullu yfir. Þar var talið vera um þjóðarógæfu að ræða og það væri skylda þjóðarheildarinnar að bera það tjón sem þessar náttúruhamfarir ollu. Þar var um tvö söluskattsstig að ræða.

Auðvitað hefði verið eðlilegast þegar öllum greiðslum vegna tjónanna í Vestmannaeyjum og Neskaupstað var lokið, að þá hefði söluskatturinn aftur verið lækkaður um þessi tvö stig sem á höfðu verið lögð vegna þeirra. Það var ekki gert. Ríkið tók hins vegar tekjurnar af þessum söluskattsstigum til sinna þarfa, lét söluskattinn haldast óbreyttan þó að öllum greiðslum væri lokið. Það, sem hér er um að ræða, er í raun og veru alveg hliðstætt, að því þó frátöldu að olíuhækkunin helst enn. Þess vegna er ég í sjálfu sér ekki á móti því að áfram sé innheimt eitt söluskattsstig til þess að standa straum af því þjóðhagslega óhagræði sem af hinu háa olíuverði hlýst. En ég tel að áfram eigi að gera það með sama hætti og í upphafi var ráðgert og hefur verið gert síðan, þ. e. a. s. að þessu eina söluskattsstigi sé ráðstafað með sérstökum lögum. Þau mættu gjarnan vera ótímabundin mín vegna. Ég get fallist á þau rök, að það sé ekki eðlilegt að framlengja slík lög frá ári til árs. En ég tel að álagningin og ráðstöfunin eigi að vera bundin í sérstökum lögum, en ekki verða einn af ótalmörgum liðum almennra fjárlaga. Með því er einmitt verið að gefa í skyn að það verði endurtekið, sem gerðist með þau tvö stig sem á voru lögð vegna Vestmannaeyjahamfaranna og Norðfjarðarhamfaranna, að þegar greiðslum er lokið vegna þess, sem upphaflega var orsök þess að söluskattsstigin voru á lögð, þá verði tekjurnar að almennum ríkissjóðstekjum. Það tel ég vera algerlega óeðlilegt. Hættan á því, að slíkt eigi sér stað, vex við það að sérstök lög um söluskattsstigið og ráðstöfunina séu afnumin, en tekjuöflunin og ráðstöfun teknanna hins vegar gerð að einum af mörgum liðum fjárlaga. Þess vegna tel ég þessa lagasetningu vera óheilbrigða. Hún eykur hættuna á því að þegar einhvern tíma kemur að því, sem vonandi gerist, að ekki verður lengur þörf á sérstökum ráðstöfunum vegna óeðlilega hás olíuverðs, þá verði þetta einfaldlega að almennum tekjum ríkissjóðs, m. ö. o.: þá yrði ekki hugleitt hvort hægt væri að komast af án þess að heimta inn þetta söluskattsstig, þ. e. a. s. hvort ekki yrði hægt að lækka söluskattinn, heldur hverfa tekjurnar af þessu söluskattsstigi eins og öðrum eftirlitslaust og umræðulítið í hið almenna gímald ríkissjóðs sem venjulega á við fjárhagserfiðleika að etja.

Andstaða mín gegn þessu frv. byggist sem sagt ekki á því að ekki sé nauðsynlegt að halda áfram að létta byrði þeirra sem verða að bera óeðlilegar byrðar vegna hás olíuverðs. Þvert á móti er of skammt gengið í því að rétta hlut þeirra sem verða að standa undir óeðlilega háu olíuverði. Það er of skammt gengið í þá átt að létta byrðar þeirra. Andstaðan byggist ekki á því að viðurkenna ekki þessar staðreyndir, heldur á hinu, að meðan slíks er þörf, meðan eitt söluskattsstig er innheimt vegna óeðlilega hás olíuverðs, þá á að innheimta það og ráðstafa því samkv. sérstökum lögum, en ekki hafa þetta sem einn lið í stóru og flóknu fjárlagafrv. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þetta frv. er enn ein sönnunin fyrir því hvernig hv. þm. Framsfl. hér á Alþ. hafa látið hrekja sig stig af stigi frá því að styðja góð málefni og nauðsynleg fyrir það fólk, sem verst er sett, fyrst og fremst úti á landsbyggðinni. Ég var satt að segja að velta því fyrir mér og hef verið nokkurn tíma hver væri í raun og veru ástæðan fyrir því að svo væri komið fyrir Framsfl. En hæstv. viðskrh. kom í raun og veru með ástæðuna fyrir því, hvers vegna svona hefði farið, í ræðu sinni áðan. Ástæðan er sem sagt sú, að nú á Framsfl. orðið jafnmarga fulltrúa í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi og Alþb. Þess vegna verður hann að draga í land við stuðning sinn við íbúa úti á landsbyggðinni, eins og í Austurlandskjördæmi, kjördæminu á Vestfjörðum og víðar, til þess að þóknast betur kjósendum sínum hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er ástæðan fyrir því að Framsfl. hefur látið hrekjast á þennan hátt frá þeim stuðningi, sem hann þó veitti byggðastefnunni, til þess að gera það sem hann núna gerir, að styðja miklum mun frekar sjónarmið kjósendanna hér á þéttbýlissvæðinu. Þetta var það sem hæstv. viðskrh., formaður Framsfl., færði

fram sem rök fyrir því hversu illa þm. Framsfl. stæðu á verði fyrir hagsmunum dreifbýlisfólksins. Þetta er skýringin, og hún kemur fram einmitt frá formanni Framsfl., hæstv. viðskrh., og vænti ég að menn dragi þá skýringu ekki í efa þegar hún er mælt fram af hans munni.

Það er alveg ljóst að fulltrúar Framsfl. hér á Alþ. eru fallnir frá þeirri grundvallarforsendu, sem þeir stóðu að á sínum tíma þegar olíugjaldið var sett á, þegar ákveðið var að taka 1% af söluskattsstofni til þess að verja til niðurgreiðslu á olíu vegna þess hversu gífurleg hækkun hafði átt sér stað á olíu og hversu sú hækkun kom óþyrmilega illa við mikinn fjölda fólks víðs vegar á landinu utan höfuðborgarsvæðisins, vegna þess að það þurfti að kynda sitt íbúðarhúsnæði með olíu. Þetta frv. er breyting varðandi þetta grundvallaratriði, og frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum hefur alltaf verið að þokast í þá átt að minnka það hlutfall sem væri greitt í olíustyrk til þess fólks sem fyrst og fremst þarf þess með.

Það var ekkert deilumál, þegar þetta gjald var sett 1974, að því ætti öllu að verja til niðurgreiðslu á olíu. Til tekjuöflunarinnar var stofnað með það fyrir augum og tekjurnar af gjaldstofninum átti að nota til þess einvörðungu. Sú breyting hefur á þessu tímabili átt sér stað, að nú er tiltölulega lítill hluti af því, sem þetta 1% gjald gefur, sem varið er til þess grundvallaratriðis sem því var ætlað, þ. e. a. s. niðurgreiðslu á olíu til húshitunar. Það er gert ráð fyrir að af þeim 1600—1700 millj., sem talið er að þetta 1% muni gefa á árinu 1977, verði varið 600—700 millj. til niðurgreiðslu á olíu til húsakyndingar, og það liggur fyrir að þeir, sem búa við þær kringumstæður að þurfa að kynda hús sín með olíu, borga 500—550 millj. a. m. k. af þessu gjaldi, en eiga að fá til baka — við skulum segja 600—700 millj. Þetta er sú lyftistöng sem núv. hæstv. ríkisstj. ætlar að hafa í frammi við það fólk sem þarf að borga 20—25 þús. kr. að meðaltali á mánuði vegna kyndingar síns íbúðarhúsnæðis með olíu. Og það er staðreynd, sem ekki hefur verið mælt á móti, að það er 4—5 sinnum dýrara fyrir þetta fólk að kynda sitt íbúðarhúsnæði heldur en það fólk sem nýtur þeirra hlunninda að búa við upphitun með jarðvarma.

Það er alveg ljóst, að það var ekki gert ráð fyrir því í upphafi og hefur aldrei verið gert af þeim, sem settu þetta gjald, að þetta yrði fastur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Hér er því um grundvallarbreytingu að ræða frá því sem upphaflega var ætlað. Og þó að menn hér tali um, eins og hæstv. viðskrh., að stór hluti af þessu fari til jarðborana, þá er það út af fyrir sig rétt. En þá eiga menn bara að horfast í augu við það og breyta löggjöfinni, ef þeir telja að það fari of mikið í þessar niðurgreiðslur á olíunni og setja það í önnur verkefni, en ekki vera með þennan hráskinnaleik sem hér er leikinn. Það er auðvitað hægt að finna miklu fleiri málaflokka sem er vangert við af hálfu hæstv. ríkisstj. heldur en í sambandi við jarðhitaleit, jarðboranir og í sambandi við orku. En ef menn eru á þeirri skoðun að það eigi ekki að setja meira en 600—700 millj. í niðurgreiðslu á olíu til húsahitunar, þá eiga menn að breyta til samræmis við það.

Hér var sagt, held ég, áðan af hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., að gert væri ráð fyrir að fjvn. skipti þessu fé. Mér er ekki kunnugt um að það liggi neins staðar fyrir að fjvn. eigi að skipta þeim 1000 millj. sem fara eiga í Orkusjóð. Það er svo margt og hefur verið svo margt bæði í núv. fjárlagafrv. og fyrrv. fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. sem ekki hefur staðist. Það höfum við dæmin um. Það er því full ástæða til þess að efast, a. m. k. þangað til fullkomlega hefur verið gengið frá þessum hlut sem öðrum. Mér skilst að þessar 1000 millj. eigi að renna í Orkusjóð, þannig að orkuráð að mínu viti kemur líklegast til með að skipta fjárveitingum í framkvæmdaliði í orkumálum, jafnt þessum hluta, sem þarna er um að ræða, 1000 millj., eins og öðrum þeim fjármunum sem varið er fyrir Orkusjóð. Það færi betur að þetta reyndist ekki rétt sem ég er um að tala. En fari svo að það verði, þá eigi að síður stendur það eftir að hér eru teknar 1000—1100 millj. af þessu fé, sem átti að verja til niðurgreiðslu á olíu, og það sett í önnur verkefni, að vísu verkefni sem skal viðurkennt að eru mjög nauðsynleg, en verkefni þó sem ætti að fjármagna með öðrum hætti. Hér er verið að láta fólk borga söluskattsstig í þeirri trú að það fái það endurgreitt vegna hins gífurlega kostnaðar við olíukyndinguna, en síðan er stór hluti af þessu gjaldi tekinn til annarra verkefna.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að hér er um að ræða breytingu sem er andstæð því grundvallarsjónarmiði sem uppi var og var haft í huga þegar lögin um olíustyrkinn voru afgreidd. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að þessi styrkur hefur í raun og veru frá upphafi verið allt of lágur miðað við þann gífurlega þunga sem hvílir á íbúðaeigendum sem þurfa að kynda hús sín með olíu. En um þverbak keyrir þó þegar fara á með hlutina á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir. En það er bara eitt af mörgum dæmum þess, hversu núv. hæstv. ríkisstj. hefur snúið við blaðinu í stuðningnum við það fólk, sem verst er sett á ótalmörgum sviðum, og stígur nú skrefið frekar og hraðar en áður í þá átt að gera betur við þá, sem betur mega sín og betur eru settir, á kostnað hinna, sem verst eru settir.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta, en ég vil að lokum aðeins segja það, að ég er algerlega andvígur þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil nú í upphafi lýsa yfir furðu minni og andúð um leið á þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður í frammi í þá átt að gera þetta mál einungis að atkvæðamáli og þar með tilefni til að koma höggi á pólitíska andstæðinga. Ég vil ekki líta á þetta mál sem slíkt, þó að það megi segja e. t. v. að öll mál, sem við erum að fjalla um hér á Alþ., séu atkvæðamál. Mergurinn málsins er auðvitað sá, að til þessa svokallaða olíustyrks var stofnað upphaflega til þess að koma til liðs við það fólk í landinu sem stórhækkað olíuverð gerði svo til ókleift að hita upp sín hús með

skaplegum kostnaði. Hitt vil ég segja einnig, að hvort þetta frv., sem hér liggur frammi til umr., verður samþ. eða ekki, skiptir í rauninni ekki meginmáli, heldur það, hvort fjármagnið verður veitt eftir öðrum leiðum til þess að létta undir hitunarkostnaðinn hjá fólki sem kyndir hús sín með olíu.

Ég get vel tekið undir þau rök hæstv. viðskrh., að með þessum lögum, sem hafa verið sett til eins árs í senn, er svo sem ekkert 100% öryggi fengið. Það má alveg eins fella þau lög niður og þá stöndum við í sömu sporum og fyrr. En hins vegar vil ég segja það, að þegar markaður tekjustofn er felldur niður og málið afgreitt inn í fjárl. hvers árs, þá vill reyndin verða sú að hið upphaflega málefni gleymist og það verði látið fara eftir fjárhag ríkisins hverju sinni við afgreiðslu fjárl. hvort mikið eða lítið er veitt til málefnisins sem um er að ræða. Ég held að við hljótum að viðurkenna það, að með því að verja 600 og jafnvel þó það yrðu 700 millj. kr. til niðurgreiðslu á olíukostnaði, þá segir það ekki alla söguna eins og hún sýnist liggja fyrir, því að að sjálfsögðu greiða allir jafnt hinn almenna söluskatt, og það er staðreynd, að ef við miðum við 70 þús. manns sem þurfa enn að hita upp hús sín með olíu, þá nemur það fast að þriðjungi söluskattsstigsins, þ. e. 500—600 millj. Hinn raunverulegi styrkur til þessa fólks er því sáralítill, hann gæti hlaupið á einum 100 millj.

Það er talað um að eins og horfi nú muni olíustyrkur á einstakling hækka úr 9500 kr. upp í 10600 kr. Það er að vísu nokkur hækkun. En við skulum setja dæmið þannig upp, að það sé tvennt eða þrennt í heimili, aldrað fólk sem er kannske orðið tekjuminna en almennt gerist, og það fengi sem olíustyrk um 30 þús., — við skulum gera ráð fyrir þremur í heimili, 30 þús. kr. yfir árið. Þetta nemur e. t. v. 1½ mánuði í olíuniðurgreiðslu. Hina 10—11 mánuðina þurfa þessir húseigendur að greiða olíuna fullu verði.

Ég minntist hér á aldrað fólk, og ég tel að við þurfum ekki hvað síst að hafa það þarna í huga. Víða úti um landsbyggðina, eins og hér raunar líka, býr aldrað fólk kannske í stærra húsnæði en það þarf með. En það þarf alla vega að hita upp sitt húsnæði og þegar þessi kostnaður er um 20 þús. kr. á mánuði fyrir meðalstórt húsnæði, — hann fer hærra, hann fer allt í 30 þús., ég veit persónulega dæmi um það, — þá er þetta orðin allt að því óbærileg byrði fyrir fjölda fólks sem við þetta þarf að búa. Þess vegna hefði ég haldið að þetta hlutfall milli olíugreiðslna og aftur framlags í Orkusjóðinn þyrfti að hækka. Mér er alveg sama um hvort það gengur í gegnum fjárlög eða hvort það gengur í gegnum sérstök lög. Ég tel það gilda einu.

Ég vil að sjálfsögðu einnig taka undir þau rök, að framlag í Orkusjóð, sem gengur til þess að leita að jarðhita og virkja jarðhita úti um landið, það eru peningar sem er vel varið og þessu fólki, sem nú býr við þennan mikla kostnað, óvefengjanlega til góða. En við skulum um leið gera okkur grein fyrir að þessi hitaveituvæðing úti um land, þar sem jafnvel jarðhiti er fyrir hendi, tekur sinn tíma. Hún tekur í mörgum tilfellum, að ég hygg, 5—10 ár, og á meðan á þessu tímabundna ástandi stendur tel ég skylt að koma til móts við þetta fólk með því að lækka olíukostnaðinn meira en hefur verið gert og margfalt meira en stefnt er að nú.

Ég vil líka minna á það meginatriði, sem nú blasir við, að það er gengið út frá því sem vísu að olía muni enn hækka um 10—15%. Þar með sé ég ekki annað en að sá olíustyrkur, sem horfur eru á að nú eigi að greiða, minnki frá því sem nú er, og það er hlutur sem ég get engan veginn sætt mig við né fallist á.

Nú hefur það komið fram hér að fjvn. hefur þetta mál til meðferðar og inni í fjárlagafrv. eru 600 millj. sem eiga að ganga til olíuniðurgreiðslna, en 1000 millj. til Orkusjóðs. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að þessar 600 millj. yrðu hækkaðar í 700 millj. Það bætir að vísu nokkuð, og það ber einnig að taka tillit til þess að á næsta ári verða um 8000 færri en á s. l. ári sem koma til með að njóta þessa styrks, þannig að meira ætti að koma á hvern einstakling. Engu að síður er það alveg ljóst, að eins og nú horfir er ekki stefnt að nógu miklum jöfnuði í þessum efnum. Það er í rauninni ótímabært að tala um jöfnuð hér því að mismunurinn er svo feikilegur. Það hefur verið staðhæft og það er rétt, það er 4—5 sinnum hærri hitunarkostnaður hjá fólki með olíukyndingu heldur en hinum, sem njóta hagkvæmustu hitaveitukjara, og þar kemur auðvitað fyrst og fremst inn Reykjavík sem á orðið rótgróið hitaveitufyrirtæki, þannig að verðið hér á höfuðborgarsvæðinu er langsamlega lægst. Frá hitaveitum úti um land, sem enn eru að standa undir stofnkostnaði og hafa lagt mikla fjármuni til stofnframkvæmda, þar er auðvitað hitakostnaðurinn eitthvað hærri.

Ég held sem sagt að það sé ekki aðalatriði hvort þetta lagafrv. verður samþ. eða ekki. En ég vil láta enn í ljós ugg minn, sem er á rökum reistur og á reynslunni, að þegar markaður tekjustofn er felldur niður og settur undir almenna fjárlagafgreiðslu, þá þýðir það að jafnaði að málinu er verr sinnt en áður. Ég get í þessu sambandi minnt á tappagjaldið okkar til vangefinna. Hefði það verið framlengt sem markaður tekjustofn, þá hefði það þýtt fjórum sinnum hærri fjárupphæð í þágu vangefinna heldur en nú er gert ráð fyrir í fjárl. Þetta er staðreynd. En ég er bjartsýn um það mál, því að ég vona að sá markaði tekjustofn verði framlengdur og verði tekinn upp aftur í sérstakri löggjöf.

Ég vil vænta þess að nú fyrir 3. umr. verði þetta mál tekið til endurskoðunar. Ef við ætlum að hafa þetta olíugjald meira en sýndarmennsku eina, þá gætum við unað við það að 1000 millj. rynnu til olíuniðurgreiðslna og hinar 600—700 millj. til Orkusjóðs. Veit ég vel að Orkusjóður hefur mörgum verkefnum að sinna sem við öll bindum miklar vonir við. En með tilliti til hinnar feiknalegu fjármögnunar sem á sér stað í orkumálum, þá fæ ég ekki séð að þessar 300—400 millj. þyrftu að vera teknar frá þessu verkefni við jarðhitaleit og jarðboranir úti á landi enda þótt við fengjum hér stærri hlutdeild af þessum 1600—1700 millj. heldur en nú er gert ráð fyrir. Ég mun því við afgreiðslu fjárl. við 3. umr. taka afstöðu eftir því hver verður meðferð fjvn. á þessu máli.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég get nú stytt mál mitt vegna þess að frá því að ég bað um orðið hefur hæstv. viðskrh. komið inn á ýmis efnisatriði í ræðu hv. 2. þm. Austurl. sem mig langaði til að gera aths. við, en ég get sleppt.

Ég vil þó segja það og get varla leitt það hjá mér varðandi brýningar hv. 2. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Vesturl. á málefnaafstöðu okkar dreifbýlisþm. í Framsfl., að ég vildi gjarnan benda þeim á að lesa þær umr., sem hafa farið fram hér á Alþ. á a. m. k. tveimur síðustu þingum, og reynt að meta það hvort deilur um jöfnun á ýmsum kostnaði eru flokkspólitískar deilur eða ekki. Og ef þær eru flokkspólitískar, í hvaða flokkum þeir finna þá harðasta andstöðu við málefni dreifbýlisins. Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti og ég er ekki hræddur við að leggja það undir dóm og hvetja til að það verði lesið. Og ég segi þetta fyrst og fremst vegna túlkunar hv. 5. þm. Vesturl. á þeim orðum sem viðskrh. hafði hér áðan.

Ég veit að hér er um að ræða mjög mikið mat, annars vegar að meta það, hvort við eigum að hverfa frá Olíusjóðnum sem sérstökum sjóði og fella hlutverk hans undir fjárlög ríkisins, og mat á því, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, hvort við náum þeim tilgangi sem var upphaflega með lögunum um Olíusjóðinn, og hvort það er réttlætanlegt að gera þetta vegna einföldunar, hreinlega vegna einföldunar. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að enda þótt lagasetning verði að eiga sér stað árlega í því formi sem verið hefur hingað til, þá er ekki tekist á um þetta mál endilega núna við setningu fjárl. Það var tekist á um þetta mál við setningu laganna í fyrra og eflaust í hittiðfyrra líka, en þó sérstaklega í fyrra.

Staðan hefur breyst. Það er rétt sem fram hefur komið hér, að upphaflega var Olíusjóðnum ætlað jöfnunarhlutverk fyrst og fremst, en ekki að vera frekari þáttur í uppbyggingu á sviði hitaveitumála og jarðborana vítt um landið. En hvers vegna kemur þessi staða upp? Síðan fyrstu lögin voru sett hafa farið fram mjög veigamiklar framkvæmdir, fyrst og fremst hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, í Kópavogi, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Og þá kemur spurningin: Eigum við þá áfram að nota Olíusjóðinn allan til að greiða niður olíu úti um landið og þá í auknum mæli, eða eigum við að verja honum til orkuframkvæmda til að flýta hitaveituframkvæmdum? Og þá verðum við að gæta að því að við verðum að reka það sem ég vil kalla skynsamlega pólitík. Við verðum að gæta að því að greiða ekki olíu það mikið niður að hitunarkostnaður íbúða með olíu verði minni en t. d. með rafmagni. Ég man ekki betur en í fyrra væri munurinn ekki mjög mikill. En hins vegar kemur stórt stökk þaðan og að hitunarkostnaði þess húsnæðis sem hitað er með jarðvarma. Þess vegna, þegar þetta hlutfall er ákveðið, þarf að líta í ýmsar áttir. Það þarf að sjálfsögðu að huga að hækkuðu verði olíunnar annars vegar, en þó að fara ekki svo hátt upp með niðurgreiðslurnar að þær verði ekki hvetjandi eftir sem áður að virkja bæði jarðvarma og raforku vegna húshitunar.

Ég vil sérstaklega taka undir það, að aðstöðumunurinn við að kynda með olíu og nota aðra orkugjafa er geysilega mikill. Það mun koma fram í þeim athugunum, sem Hagstofan hefur gert varðandi framfærslukostnað úti um landsbyggðina, að hitunarkostnaðurinn er sá þátturinn þar sem langmestu munar í framfærslukostnaði.

Það var drepið á það hér áðan af hæstv. viðskrh., að með þessari breytingu yrði markað í fjárl. hvernig þessu fjármagni yrði varið. Það verður gert varðandi orkuþáttinn. En hitt sýnist mér varðandi niðurgreiðslu á olíu eða kyndingarkostnaði með olíu, að þar þurfi annaðhvort að setja í fjárl. sjálf ákvæði um það hvernig olía verði greidd niður eða þá að setja um það sérstaka reglugerð, því að í lögunum verður enginn stafur til um það eftir að lögin frá 28. febr. 1976 eru úr gildi fallin. Og ég vil sérstaklega benda á það hér, að mér finnst ástæða til þess að þetta atriði verði vel skoðað.

Ég fyrir mitt leyti var ekki sammála því hvernig ráðstafað var niðurgreiðslunni á olíunni þegar það var gert í eina tíð, en samkomulag mun ekki hafa náðst um aðra leið. Ég held að þarna sé viðfangsefni sem eigi að ákvarða í reglugerð. Það er ekki víst, að það verði eina rétta leiðin að greiða niður ákveðna upphæð á hvern íbúa sem býr í slíku húsnæði. Ég tel ástæðu til að skoða betur hvort ekki er rétt að greiða niður sem prósentu af þeirri olíu sem keypt er til húshitunar, ef það finnst leið til að koma í veg fyrir misnotkun á kaupum til þessara þarfa. En ég met það svo í dag, að þetta hafi ekki verið skoðað til enda eða kannað til hlítar.

Það fer ekkert á milli mála að með útfærslu á nýjum hugmyndum um fjarhitakerfi í kaupstöðum og kauptúnum kann líka svo að fara að það verði ódýrara að kynda með svartolíu frá fjarhitastöðvum en jafnvel að nota rafmagn. Ég tel að þetta atriði þurfi líka að koma inn í dæmið. Og ég skal bæta einu við sem ég tel að þurfi að líta sérstaklega á. Við vitum að það er eingöngu vegna íbúðarhúsnæðis sem olía er greidd niður. Aðstaða sveitarfélaga, sem reka skóla, er feikilega misjöfn, og ég tel að það sé á það lítandi og raunar sanngirnismál að inn í slíka reglugerð verði tekin upp einhver jöfnun á milli sveitarfélaga varðandi hitun á opinberu húsnæði, svo sem skólabyggingum. En eftir að þessi leið hefur verið mörkuð, að taka þetta eina söluskattsstig inn í fjárlög og deila því svo út aftur, þá vil ég sérstaklega leggja áherslu á það, að ég tel að við þurfum að endurskoða úthlutunarreglurnar.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa þetta mál mitt lengra. En ég vil þó aðeins víkja að þeirri hugmynd sem fram hefur komið hér, gagnrýni á að taka slíkan tekjustofn, eitt söluskattsstig, sem upphaflega er ákveðið til vissra nota, og fella það inn í fjárlög, taka það inn í hina almennu eyðslu ríkisins, skulum við segja, eða eyðslu og framkvæmdir. Mér sýnist málið standa þannig að við eigum þarna á milli að velja: að nýta þennan tekjustofn eða draga saman í framkvæmdum, því að það er miklum mun erfiðara fyrir okkur að skera niður rekstrarkostnað

ríkisins en að hægja ferðina í framkvæmdunum. Mitt mat er það að þetta komi niður á framkvæmdunum. Og ég vil vekja athygli á því sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl., þar sem hann sagði að við værum að færa tekjustofninn yfir til þeirra sem heita vatnið hafa. Þetta er alls ekki rétt. Þeir þurfa ekki að hafa áhyggjur. Það eru þeir sem í dag hafa ekki heitt vatn, en eiga von í heitu vatni. Og ef við gætum sæst á hvert hlutfallið yrði milli þess hluta söluskattsstigsins, sem fer til niðurgreiðslu á olíu, og þess, sem fer til almennra framkvæmda, þá á sviði orkumála, þeirra flýtiverkefna vegna jarðborana og hitaveitna, þá tel ég rétt að nýta þennan tekjustofn og gefa þessum framkvæmdum sérstakan forgang.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs þegar hv. þm. Karvel Pálmason var að ræða hér um það, að þetta mál hefði ekki legið fyrir fjvn. og hann vissi ekkert um það hvort fjvn. mundi fjalla um skiptinguna á þessu olíugjaldi þegar það er komið núna inn í söluskattsstofninn. Hann ætti allra manna best að vita það að þetta hefur verið inni í fjárlagafrv., bæði teknamegin og gjaldamegin, og að sjálfsögðu fjallar fjvn. um allt fjárlagafrv. eins og það kemur fyrir. Hv. þm. er það vanur vinnubrögðum fjvn. að hann ætti að vita þetta, og enn þá er hann áheyrnarfulltrúi. Þetta er sem sagt staðreynd, að auðvitað verður fjvn. um þetta að fjalla.

Aftur á móti var það svo á þessu ári, að þá fóru nokkur hundruð millj., 600 millj., að mig minnir, í Orkusjóð. Vegna þess að það var ekki tekið í gegnum fjárlög, þá fjallaði Alþ. einmitt ekki um skiptinguna á því fé. Það var orkuráð, sem gerði það. Með þeim hætti, sem á var hafður, fjallaði Alþ. sem sagt ekki um skiptinguna á þessu fé nema að mjög litlu leyti, þ. e. a. s. að því leyti sem það rann til fólks sem olíustyrkur.

Ég á bágt með að skilja þá menn sem telja að fyrri hátturinn, að Alþ. hafði minni afskipti af þessu máli, sé betri kosturinn fyrir Alþ., að Alþ. ákvarðaði með lögum að það skyldi ganga svo og svo mikið fé til olíustyrkja, en síðan ekki sögu meir. Með þessum hætti, sem tekinn er upp núna, ákveður Alþ. að það skuli ganga tiltekin fjárhæð til olíustyrkja, síðan svona mikið fé e. t. v. til að flýta hitaveituframkvæmdum, svona mikið fé til þess að annast jarðhitaleit og svona mikið fé til þess að styrkja dreifiveitur í sveitum. Er ekki æskilegri vinnumáti fyrir hv. Alþ. að gera þetta einmitt svona, en láta ekki stofnanir úti í bæ ráðstafa þessu eftir því sem þeim þóknast, hversu góðar sem þær annars eru og hæfar að gegna hlutverki sínu? Ég fæ ómögulega skilið að fyrir Alþ. sé þetta verri háttur upp að taka heldur en sá sem frá er horfið.

Það kom fram í máli hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, hv. 2. þm. Austurl., að Orkusjóðshlutinn, sem ætlað er að verði eitthvað um 1000 millj., komi ekki íbúum sumra landshluta neitt að gagni, og menn hafa verið að velta hér fyrir sér hver borgar olíugjaldið og í hvers þágu olíugjaldið er. Við skulum aðeins velta þessu máli fyrir okkur örlítið á gleggri hátt en hefur verið gert í þessum umr. Fá þeir, sem búa við hitaveitu, olíugjaldið? Kemur það þeim að notum á einhvern hátt? Fá þeir, sem búa við rafhitun, olíugjaldið? Kemur það þeim til góða á einhvern hátt? Nei, það kemur þeim ekki til góða. Hverjum kemur það þá að gagni, allt saman eins og það leggur sig, 1700 millj. kr. Auðvitað þeim sem búa við olíukyndingu. Við getum verið sammála um að það kemur þeim misjafnt að gagni, en það kemur þeim einum að gagni. Það er verið að vinna á þennan hátt með svonefnt olíugjald: Í fyrsta lagi rennur það í formi styrks beint til þeirra sem búa við olíukyndingu. Í öðru lagi er verið að hraða framkvæmdum til þess að nýta innlenda orkugjafa til þess að þeir geti fengið hitaveitu sem búa við olíuupphitun. Þess vegna er alveg sama hvers konar reikningskúnstum menn beita hér í því skyni að sýna fram á að olíugjaldið komi ekki nema 100 millj. til þeirra sem kynda hús sín með olíu, eða eitthvað slíkt. Þetta er algerlega út í bláinn, ef menn nota kvarnirnar sem menn hafa í kollinum. Þannig er þetta augljóslega.

Ég vildi aðeins upplýsa, fyrst ég er kominn hér, að svo framarlega sem þessu kerfi verður ekki breytt, þá verður raðað niður í till. fjvn. til hv. Alþ. hvernig þessu olíugjaldi skuli varið. Í fyrsta lagi kemur till. um það, hvaða fjárhæð skuli láta í olíustyrki beint. Í öðru lagi kemur till. um það, hverju verði varið til jarðhitaleitar, hverju verði varið til þess að styrkja dreifikerfi í sveitum o. s. frv., hvaða upphæðum eigi að verja til þessara þátta. Ég vil taka fram í sambandi við það, að það er varið gífurlegum fjárhæðum til jarðhitaleitar úti um land beinlínis í því skyni að það sé hægt á skynsamlegan hátt að stefna að því að kynda öll hús landsmanna upp með innlendum orkugjöfum. Við eigum auðvitað ekki að stefna að því að hita hús upp með raforku þar sem hægt er að ná í jarðhita og hann er ódýrari en raforkan. Það hafa orðið mjög miklar framfarir á þessum sviðum á síðustu árum, og sérfræðingar segja okkur: Við vitum of lítið um hvar jarðhita er að finna. Við getum ekki afskrifað Austfirði, að þar verði aldrei hitaveitur svo að neinu nemi. Þeir eru ekki á sama máli og hv. 2. þm. Austurl., að þeir fái aldrei hitaveitur. Þeir segja: Við þurfum að fá fé — verulegt fé — til þess að kanna hvort austfirðingar geti fengið hita til þess að hita upp hús sín með jarðhita, og síðan setjum við upp áætlun um það með hvaða hætti austfirðingar geta fengið upphitun húsa sinna með annaðhvort jarðhita eða rafmagni. — Þetta kostar mjög mikið fé, og það er mín skoðun að því fé sé ekki illa varið og það fé verði til þess að hraða því að austfirðingar þurfi ekki lengur að kynda með olíu og þar af leiðandi ekki að fá olíustyrk.

Ég vil enda þetta mál mitt með því að benda hv. d. á það, að samkv. upplýsingum, sem hv. fjh.- og viðskn. fékk, hafa 9 þús. manns fengið hitaveitu nú fyrir um það bil ári. Þetta fólk hefði þurft að fá yfir 100 millj. í olíustyrk ef ekkert hefði verið gert í því að hraða hitaveituframkvæmdum á þessum svæðum. Ég held að við

getum allir orðið sammála um það, að þeim peningum hafi verið best varið til þess að hraða því að þetta fólk fengi innlendan, ódýran orkugjafa til þess að hita upp hús sín, og það er mergurinn málsins.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. *Ég get nú mjög stytt mál mitt vegna* þess að hv. þm. Lárus Jónsson nefndi hér ýmis atriði sem ég hefði viljað koma að.

Mér fannst, þegar hv. þm. Lúðvík Jósepsson var að tala, eins og hann teldi að nú væri verið með þessu frv. að gera einhverja grundvallarbreytingu, fjármagnið færi nú eitthvað annað en það hefði áður gert. Ég veit að hv. þm. er kunnugt að þessi breyting er ekki nein grundvallarbreyting. *Með gildandi lögum var* þessu söluskattsstigi skipt milli þess að greiða niður olíu til húshitunar og hluti þess fór í Orkusjóð til þess að flýta hitaveituframkvæmdum. En hv. þm. leggur áherslu á að lög um sérstakan olíustyrk standi áfram og að meiru verði varið til styrkveitinga, og ég held að **ég hafi tekið rétt** eftir, að hann hafi sagt að það mætti greiða jafnvel helmingi hærri fjárhæð en nú er greidd. Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir því, hvað svona lagað getur þýtt. Mér sýnist það liggja alveg í augum uppi að ýmsar fjölskyldur mundu sjá hag sinn í því að fara að gera út á olíustyrkinn.

Ég gerði hér grein fyrir tölum sem fjh.- og viðskn. fékk frá Þjóðhagsstofnun, og þetta eru tiltölulega einföld reikningsdæmi, hvað út kæmi. Ef við tökum t. d. 550 rúmmetra íbúð eða einbýlishús, það er ekkert óalgeng stærð, þá fæ ég út úr því dæmi að það mundi kosta að kynda það með núverandi olíuverði 178 500 kr. Ef við greiddum 20 þús. kr. í styrk og um væri að ræða 5 manna fjölskyldu, þá kæmu þarna 100 þús. kr. til frádráttar eða raunverulegur kostnaður við að kynda þetta hús fyrir þessa fjölskyldu væri 78 500 kr. Ef við reiknum svo út hvað kostar að kynda þetta sama hús frá hitaveitu, — og ég nota þær tölur sem við höfum frá Þjóðhagsstofnun og við höfum enga ástæðu til þess að rengja, — þá kostar það 59 100 kr., þ. e. a. s. þarna munar 19 400 kr. Ég er hræddur um að það mundi draga úr áhuga ýmissa á því að fá hitaveitu, ef styrkurinn yrði svo hár, og ég vara við því að hækka þennan styrk of mikið.

Hér er látið eins og við séum aðeins að tala um 700 millj. kr. til þess að greiða niður olíuverðið. Raunverulega erum við að tala um 1700 millj., eins og hv. þm. Lárus Jónsson gerði hér að umræðuefni. Menn mega ekki gleyma því hvert hlutverk Orkusjóður leikur í þessu máli öllu. Það er ætlað að verja þessum fjármunum, — ég veit að vísu ekki fremur en aðrir hv. þm. hvernig skiptingin verður hjá Orkusjóði, það mun þingið sjálft ákveða við afgreiðslu fjárlaga, — en Orkusjóður ver þessu fjármagni, segjum 1000 millj., annars vegar til rannsókna og hins vegar verður þessu varið til beinna framkvæmda við hitaveitur. Ég legg áherslu á að breytingin frá því, sem nú er, er þess vegna ekki svo mikil að ástæða sé til að gera slíkt veður út af þessu eins og er gert hér í umr. Hæstv. viðskrh. benti á að lög nr. 9/1976 eru tímabundin, alveg eins og fjárl. eru, og hér er þess vegna ekki neinn grundvallarmunur á ferðinni.

Ég held að allir hv. þm. viti það líka og það hefur kannske einkum orðið ljóst nú á síðustu dögum, þegar við erum að fást við fjárl., að fjármagn til hinna ýmsu framkvæmda er takmarkað og það hlýtur að vera skynsamlegt að nota hluta af því, sem á að fara til þessara mála, nota það til hitaveituframkvæmda, en ekki eingöngu til niðurgreiðslna á olíu. Ég bendi þar enn á Orkusjóðinn.

Ég tek undir með hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni, að það sé skynsamlegt að ákvæði um ráðstöfun þessa fjár komi í reglugerð. Ég er honum sammála um að sú aðferð, sem viðhöfð hefur verið um úthlutun fjárins, sé ekki sú heppilegasta, og það gefst þess vegna tími til þess að athuga betur hvernig þessu verði best fyrir komið. Hann talaði um að það þyrfti að athuga vel að koma í veg fyrir að niðurgreiðslur yrðu misnotaðar, ef olían yrði niðurgreidd vegna húshitunar. Það hafa verið uppi raddir um að jafnvel með núverandi fyrirkomulagi hafi verið hægt að misnota kerfið, og ég er ekki frá því að svo sé.

En í þessum umr. öllum liggur við að maður freistist til að halda að með því að koma upp hitaveitu sé jafnvel verið að auka óréttlætið í þjóðfélaginu. Maður freistast til að halda þetta við að hlusta á þann málflutning sem hér hefur farið fram. Menn verða líka að athuga það, að við náum aldrei fullkomnu jafnvægi í hinum ýmsu héruðum landsins eða að jafna öll þau lífsgæði, sem við æskjum okkur, milli allra héraða eða landshluta. Þeir, sem búa í einu héraði, þurfa kannske að greiða meira til þess að hita upp híbýli sín heldur en aðrir, en þeir búa kannske við einhver önnur gæði sem eru þeim mikilvægari eða eru mikilvægari þar heldur en þau eru hér, og svo öfugt. Þetta er háð mati hvers og eins.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég tek undir það sem hv. þm. Lárus Jónsson benti á, að þessi leið, sem hér er valin, að flytja þetta inn í fjárl., er alla vega eðlilegri fyrir hv. Alþ. Þessu fé er ráðstafað hér á hv. Alþ., en ekki einhvers staðar úti í bæ.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Forseti. Ég hafði hugsað mér að gera hér nokkrar aths. í tilefni af umr., sem hér fóru fram, en sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál að öðru leyti, því að mér er ljóst að hér er orðið um nauman tíma að ræða til afgreiðslu á þeim málum sem fyrir liggja og sennilega þurfa afgreiðslu. Ég sé að það vantar nú einmitt þá þm. í salinn sem tóku þátt í umr. og ég ætlaði að víkja máli mínu til, en ég held að ég verði að segja það, sem ég ætlaði mér að segja, þrátt fyrir það að þeir séu hér ekki.

Í fyrsta lagi vildi ég vekja athygli á því, að með þessu frv. er vissulega verið að gera stórfellda breytingu og grundvallarbreytingu, öfugt við það sem hér var sagt af hálfu ýmissa þeirra sem mæltu með frv., vegna þess að nú er lagt til að fella niður lagaákvæði um greiðslu á olíustyrk. Það er út af fyrir sig þekkt fyrirbæri hjá okkur að greiðslur til margvíslegra mála gangi

í gegnum ríkissjóð og fjárlagaafgreiðslu. En það er ekkert bundið við það að um slíkar greiðslur séu engin lagaákvæði. Það er þvert á móti algengt að lög eru um tilteknar ráðstafanir, þar sem ákveðið er hvað skuli gera og hvað ekki, og síðan er áætlað fjármagn á fjárl. til þess að framfylgja lögunum. En hér er valin sú leið að fella úr gildi lagaákvæði um greiðslu á olíustyrk. Ákvæðin mega sem sagt ekki vera lengur bundin í lögum, að þetta skuli gert, heldur á þetta að vera einföld ákvörðun sem tekin er hverju sinni í sambandi við fjárlagaafgreiðslu.

Það er alveg augljóst mál að þegar svona er haldið á málum, þá er verið að gera þessa ákvörðun miklum mun óákveðnari en verið hefur og óbundnari á allan hátt. Ég vil alveg sérstaklega undirstrika þetta, svo að menn átti sig á því, að vitanlega var hægt, ef mönnum sýndist það vera rétt, að taka þennan gjaldstofn og láta hann renna í ríkissjóð og síðan yrðu útgjöld samkv. lögum færð í fjárl. eins og í öðrum tilfellum. En þá stóð eftir sem áður lagaleg binding um það að olíustyrkinn skyldi greiða. En nú á sem sagt að stíga skrefið svo langt í þessum efnum að það á að fella úr lögum ákvæði um greiðslu olíustyrksins, þannig að það sé engin lagaleg skuldbinding í þeim efnum eftir, en gjaldið á að renna í ríkissjóð og síðan verður að ráðast hverju sinni, hvort meiri hluti verður fyrir því í fjvn. og síðan hér á Alþ. að taka þennan hluta af tekjum ríkisins og verja honum í þessu skyni.

Ég vil segja það um þetta, að hér er greinilega verið að stíga eitt skrefið enn í þá átt að losa sig við þetta gjald, enda var svo sem verið að hleypa rökum undir það að svo mætti verða, sérstaklega í málflutningi hv. þm. Lárusar Jónssonar. Það var alveg augljóst af hans málflutningi, hans röksemdir eru þannig, að það eigi auðvitað að stíga næsta skrefið líka, því að hann taldi að það að verja þessum olíustyrk til framkvæmda í orkumálum og þá auðvitað sérstaklega til hitaveituframkvæmda, slíkar framkvæmdir væru slíkt hagsmunamál þeirra, sem þurfa að kynda hús sín með olíu, að þeir hlytu að vilja berjast fyrir því. Og beint framhald af þessum hugsanagangi er auðvitað að láta allt gjaldið ganga til þess. Hv. þm. áttar sig ekki á því, að þetta gjald hefur verið lagt á til þess að mæta tilteknu vandamáli sem er fyrir hjá því fólki sem verður að kaupa olíu til þess að kynda upp hús sín. Það þýðir lítið að ætla að mæta þeim vanda á þann hátt að segja: Við tökum allt gjaldið og ráðstöfum því í tilteknar góðar framkvæmdir sem koma vissum aðilum vissulega að gagni. — Auðvitað datt engum manni þetta í hug þegar gjaldið var lagt á. Þá voru allir á einu máli um það, sem stóðu að því að samþykkja gjaldið, — það voru ekki allir þm., þeir þekktust, þm. Sjálfstfl., sem voru á móti þessari gjaldtöku strax frá upphafi, — þegar gjaldið samt var upphaflega lagt á, þá voru menn almennt á þeirri skoðun að það bæri að nota gjaldið til að lækka kostnaðinn hjá þeim sem þurfa að kaupa olíu, en ekki til þess að ráða bót á hitaveituframkvæmdamálum.

Ég hef sagt það hér áður og segi það enn, að ég tel framkvæmdir í hitaveitumálum sjálfsagðar, og þær eru jafnsjálfsagðar nú og þær hafa verið um langan tíma. En það hefur alltaf verið svo, að það hefur þótt sjálfsagt að greiða fyrir slíkum framkvæmdum með lánsútvegunum og sérstökum lántökum erlendis þegar svo hefur staðið á, og sú fyrirgreiðsla átti auðvitað að duga, en ekki grípa til þess að taka fé frá öðrum sem þurftu verulega á þessu fjármagni að halda. En mér skilst að það sé samstaða í stjórnarflokkunum um að stíga þetta skref nú, að ákveða að fella niður lög um greiðslu á þessu olíugjaldi. Það er greinilegt að þá er fullkomin óvissa um hvað við á að taka.

Sumir tala um það, að ef fjvn. ákveði eða geri till. um það til þingsins og þingið samþykki að taka hluta af þessu gjaldi og verja því til olíustyrks, þá geti væntanlega það rn., sem hefur haft með þessi mál að gera, viðskrn., búið til reglugerð um, hvernig gjaldinu skuli skipt, án allra lagaákvæða. Ég verð að segja það, að það er mjög óvenjuleg aðferð að ávísa t.d. svona í einu lagi í sambandi við mál eins og þetta 700 millj. kr. til rn. og svo ákveði viðskrn. með einfaldri reglugerð hvernig það vill deila þessari fjárhæð út. Ég fyrir mitt leyti t.d. vildi ekki eiga það undir hv. þm. Lárusi Jónssyni, miðað við þann málflutning sem hann hefur haft hér uppi, að hann setti reglur um þetta. Ég býst við að hann mundi ákveða, að þetta skyldi allt fara í eina eða tvær borholur, sem væru líklegar einhvers staðar, til þess að reyna að ná í heitt vatn, og segja síðan við alla þá sem þurfa að kaupa sér olíu: Þetta hlýtur að vera í ykkar þágu. Þetta stefnir að því að auka við hitaveituframkvæmdir í landinu. (**Gripið fram í:** Tvær holur norður á Akureyri.) Ja, t.d. tvær við Akureyri og sagt við austfirðinga: Þetta er nálægt ykkur. — Ég mundi ekki vilja eiga þetta mál undir neinum slíkum.

Það væri miklu eðlilegra að hafa lögin áfram. (Gripið fram í.) Já, ég býst við því út af fyrir sig, eins og hér er verið að segja, að hæstv. viðskrh., sem nú er, mundi skipta þessu á eitthvað skaplegri hátt. Þó veit ég ekkert hvað hann mundi gera þegar íhaldið væri búið að tala nógu mikið við hann, að fenginni reynslu. Þá mætti vel búast við því að það yrði eitthvað klipið af þessu gjaldi. En ég segi: Hitt hefði auðvitað verið miklu eðlilegra og meira í samræmi við aðrar reglur, að lög um greiðslu á olíustyrk hefðu staðið þótt gjaldið hefði verið tekið í ríkissjóð og þótt fjárveiting af því hefði síðan verið sett inn á fjárlög til þess að standa við ákvæði laganna. Það var í samræmi almennt við reglur um þessi mál. En mér sýnist að með því að fella niður ákvæði laganna um greiðslu á olíustyrki sé stutt í hina framkvæmdina, að það verði fellt algerlega niður að greiða þennan styrk.

Eins og ég sagði hér í upphafi míns máls skal ég ekki tefja þessar umr. meira, þó að hér hafi ýmislegt verið sagt sem ástæða væri til að víkja að. Það er þýðingarlaust að standa hér í einhverju karpi um það hvort framkvæmdir í hitaveitumálum séu gagnlegar eða ekki gagnlegar. Ég er ekki að deila við neinn mann um það. Ég játa að það er mjög nauðsynlegt að vinna að því að koma upp jarðvarmahitun á sem flestum stöðum í landinu. Það hefur verið mikið

nauðsynjamál og það er mikið nauðsynjamál, og það á að vinna að framgangi þess án þess að þurfa að skerða fjárgreiðslur til þeirra sem standa höllum fæti á þennan hátt, eins og mér sýnist að stefnt sé að með þessu frv.

Afstaða mín er því sú sem ég hef gert hér grein fyrir áður: Ég er algerlega á móti frv. og tel að það stefni alveg í ranga átt.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Í raun og veru er kominn fram kjarni þess sem hér er verið að gera, en ég vildi aðeins gera hér örfáar aths. við það sem fram hefur komið í ræðum sumra hv. þm. Sumir þeirra eru nú ekki hér í salnum, en ég ætla þó að fara um það nokkrum orðum.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir kvaðst furða sig á þeim málflutningi sem hér væri uppi hafður af stjórnarandstæðingum, lýsti andúð og furðu í þeim efnum, hér væri fyrst og fremst um atkvæðaveiðar að ræða í þessu sambandi. En hver var afstaða þessa hv. þm. til málsins? Hún sagði í lok ræðu sinnar: Ég tel hæfilegt, ef ekki á að vera hér um algera sýndarmennsku að ræða, að snúa þessum tölum við, bara segja: 1000 millj. til niðurgreiðslu á olíu og 600 millj. til hitaveituframkvæmda. (Gripið fram í.) Þessi hv. stjórnarþm. er nákvæmlega sömu skoðunar og við, sem höfum verið að gagnrýna þessa málsmeðferð eins og hún er hér lögð fyrir. Hún telur að nú við 2. umr. málsins sé lögð til af hálfu hv. stjórnarþm. alger sýndarmennskuafgreiðsla. Þrátt fyrir það ætlar þessi hv. þm. að styðja þessa sýndarmennsku, a. m. k. við 2. umr. Þannig er nú málflutningurinn hjá þessum hv. þm. Það er auðvitað alveg rétt, að sú fyrirhugaða meðferð, sem þetta mál á að hljóta hér, eins og það er lagt fram, er alger sýndarmennska miðað við þá grundvallarforsendu sem uppi var þegar þetta gjald var á lagt.

Hv þm. Gunnlaugur Finnsson benti mér m. a. á að lesa þingræður sínar. (**GF:** Þingræður almennt.) Almennt, já, þannig að ég gæti fengið gleggri mynd af því hver afstaða hans væri til byggðamála. Mér skildist að hún væri hlíðhollari að hans áliti heldur en ég vildi láta í veðri vaka af hans hálfu og hv. þm. Framsfl. Ég hef nokkuð fylgst með bæði hans málflutningi hér og annarra hv. þm Framsfl. En það skiptir kannske ekki meginmáli hvað menn segja hér í ræðustól og hvað er prentað eftir mönnum í þingtíðindum. Meginmáli skiptir hver afstaða viðkomandi hv. þm. er þegar á hólminn er komið og afstaða er tekin til mála. Það skiptir meginmáli. Og síðasta dæmið um það hjá þessum hv. þm, hv. 4. þm. Vestf., Gunnlaugi Finnssyni, er frá því í gær. Hann kom hér inn á áðan í sinni ræðu að það væri mikil þörf á því að létta undir í sambandi við hitun á skólahúsnæði, og það er alveg rétt, að það er full þörf á því. En hver var afstaða þessa hv. þm. í gær í atkvgr. við 2. umr. fjárl., þegar fram kom till. um að taka upp sérstaka fjárveitingu til þess að jafna þetta. Afstaðan í verki var þá að greiða atkv. gegn þessari till. Svo kemur þessi hv. þm hér daginn eftir og fer að tala um hina miklu nauðsyn á því að jafna nú þetta sem hann sjálfur daginn áður greiddi atkv. gegn að væri gert. Ég segi enn: Það er allt annað orð eða gjörðir, þannig að það er ekki nóg, hvorki fyrir mig né aðra, til þess að fá rétta mynd af því hver er í raun og veru hugur hv. þm. Framsfl. Það verður líka að skoða hin áþreifanlegu dæmi, afstöðu þessara hv. þm. til málanna þegar atkvgr. á sér stað og afstaða er tekin. Það skiptir auðvitað meginmáli.

Hv. þm. Lárusi Jónssyni þótti það kynlegt að ég skyldi minnast á það hér áðan, að ég drægi í efa að það mundi verða fjvn. sem endanlega ákvarðaði hvernig með yrði farið þennan væntanlega hluta af 1% innheimtunni sem á að renna til þeirra sem kynda hús sín með olíu. En hv. þm. Gunnlaugur Finnsson sagði, og ég er honum alveg sammála um það: Ég tel miklu æskilegra, ef á annað borð verður farið út í að breyta þessu á þennan hátt, að það verði þá sett — í þessu tilfelli líklegast af viðskrn. — reglugerð um það með hvaða hætti á að gera þetta, en það verði ekki sett inn í fjárlagafrv. Ég hygg því að það verði niðurstaðan að fjvn. muni ekki endanlega ganga frá þessu máli, skiptingunni eða reglunni, heldur muni það verða aðrir aðilar, þannig að það er ekki svo fjarstæðukennt sem ég var um að tala áðan, að líklega yrði það ekki fjvn. sem þetta gerði.

En það var annað sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði. Hann sagði að það væri æskilegt að Alþ. ráðstafaði sjálft, en ekki einhver aðili úti í bæ. Eins og þetta hefur verið og er enn samkv. gildandi lögum, þá er það Alþ. sjálft sem hefur ákvarðað þetta og síðan reglugerð sett af viðskrn., alveg skýr lagafyrirmæli um hvernig þessum tekjum skuli varið. Það var að vísu gerð sú breyting á árinu 1975, ef ég man rétt, að klipa af þessu til Orkusjóðs eða orkuframkvæmda, en meginreglan var frá upphafi að þetta skyldi vera svo. Og það er auðvitað ekki verið með þessari breytingu, sem hér er verið að gera, að færa málið frekar í hendur Alþ. en það var. Það er að mínu viti þveröfugt. Nú verða engin lagafyrirmæli um þetta. Það verður aðeins reglugerð sem hugsanlega verður gefin út, og þannig er fremur hægt að segja að verið sé að taka áhrifavaldið úr höndum Alþingis heldur en það sé verið að auka áhrif þess á það hvernig með þetta mál verði farið, og því er ég andvígur.

Ég held sem sagt, að það, sem hér er lagt til, sé a. m. k. að því er mig áhrærir í grundvallaratriðum rangt, í fyrsta lagi vegna þess að hér er verið að taka stóran hluta af þessum fjármunum til annarra hluta en þeir voru upphaflega ætlaðir til. Og ég tek undir þau orð hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, að ef þessi verður endirinn á um afgreiðslu þessa máls, þá er hér í raun og veru um algera sýndarmennsku að ræða, eins og þessi hv. þm. orðaði það, — algera sýndarmennsku. Ég ítreka því enn að ég er algerlega andvígur þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því.

Gunnlaugur Finnsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örstuttar aths. tvær varðandi ræðu hv. 5. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar

Í fyrsta lagi held ég að hann hafi tekið rangt eftir, að ég væri að tala um að lesa mínar þingræður, heldur ef það ætti að líta á þessar umr.

eftir pólitískum leiðum, þá væri rétt að lesa þingræður sem haldnar voru þegar jafnréttismál eða jöfnunarmál hafa verið á dagskrá á undanförnum árum, en ekki endilega hvað ég sagði.

Í öðru lagi vildi ég gera aths. varðandi það að ég greiddi í gær atkv. gegn brtt. Skúla Alexanderssonar, Stefáns Jónssonar og Lúðvíks Jósepssonar. Ég gerði það að sjálfsögðu. Ég horfði upp á það hér í gær við atkvgr. að stjórnarandstöðuna flökraði ekki við því að greiða atkv. með brtt. upp á 5 milljarða á einu þskj., hafandi ekki hugmynd um raunverulega tekjuáætlun ríkisins. (**Gripið fram í:** Það voru ekki allir í stjórnarandstöðunni sem gerðu það.) Ja, sumir hverjir, er óhætt að segja. (**Gripið fram í:** Já, það er rétt, ekki allir.) Og þessi brtt., sem hv. þm. átti við, leggur til að það komi inn nýr liður upp á 20 millj. í þessum tilgangi. Hér er brtt. knúin fram til afgreiðslu við 2. umr. varðandi lið sem fjvn. er ekki búin að fjalla um og ekki búin að segja sitt endanlega álit um, og það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan að liðurinn varðandi olíukyndingarkostnaðinn á að hækka um 100 millj. Það kom fram áðan. Hver sem sú hækkun verður, hvort hún verður meiri eða eigi, það skal ég ekkert segja um, en ég tel að þetta mál eigi þar heima, en ekki í neinum sérstökum lið, svo að ég er algerlega sjálfum mér samkvæmur hvað það snertir að greiða þessari till. gagnatkvæði í gær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 34. fundur.

Föstudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Landhelgismál, þáltill. (þskj. 133). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 39:7 atkv. og umr. frestað.

Sala grasköglaverksmiðjunnar í Flatey á Mýrum, þáltill. (þskj. 168). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, þáltill. (þskj. 189). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afurðalán, þáltill. (þskj. 190), — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 24. fundur.

Föstudaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Innflutningur á olíupramma, frv. (þskj. 125). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 125 er frv. til l. um að leyfa innflutning á olíupramma, en eins og kunnugt er gerði Olíumöl hf. í Hafnarfirði á árinu 1974 samning við norskt fyrirtæki um byggingu olíustöðvar í Hafnarfirði fyrir móttöku og geymslu á vegolíu og asfalti. Var stöð þessi reist eins og samningar stóðu til og hefur Olíumöl starfrækt stöðina til framleiðslu á olíumöl.

Í framhaldi af þessum framkvæmdum hefur það og gerst, sem vænta mátti, að flutt hefur verið olíumöl staða á milli. Þannig hefur verið flutt olíumöl til Vestfjarða og víðar, og nú er verið að gera þetta fyrirtæki að landsfyrirtæki til þess að annast framkvæmdir í sambandi við olíumalarlagningu.

Í sambandi við það, að fara á að flytja olíumölina landshluta á milli, stóð til að kaupa frá Noregi pramma sem sérstaklega er byggður til flutninga á heitri olíumöl og getur flutt um 220 tonn. Þetta skip er upphaflega byggt fyrir nokkuð löngu, svo að það má ekki skv. núgildandi lögum flytja það inn vegna aldurs. Hins vegar hefur það verið endurbyggt og hefur verið í leigu hér til þessara flutninga og hefur reynst mjög vel, enda er búið að endurbyggja það að verulegu leyti, m. a. endurnýja allar vélar þess og tæki sem þarf til siglinga. En upphaflegur aldur þess gerir það að verkum að það þarf sérstaka lagaheimild til að mega kaupa skipið. Þess vegna er þetta frv. flutt, og efni þess er að leyfa ráðh. að heimila að kaupa þetta skip þó að eldra sé en 12 ára, sbr. lög frá 1970, og hefur Siglingamálastofnunin mælt með því að það verði gert.

Frv. þetta fékk góða afgreiðslu í hv. Nd., og ég vonast til að það verði eins hér í þessari hv. d., enda hefur reynslan af skipinu sýnt að óhætt muni vera að mæla með því vegna þess að það er búið að endurbyggja það og styrkja til þessara flutninga sem því eru ætlaðir.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég hef ekki í sjálfu sér neitt við þetta frv. að athuga að öðru leyti en því, að seinast í ræðu hæstv. samgrh. drap hann á að Siglingamálastofnunin mælti með þessu skipi. Mín ósk er sú, og það vil ég biðja samgn. um, að inn í þskj. komi umsögn Siglingamálastofnunarinnar varðandi öryggi og mengunarhættu. Mín ósk er sú að það sé ekki aðeins sagt hér að hún mæli með, heldur að verði það staðfest í þskj. að hún mæli með því og það liggi alveg á hreinu. Öryggislega séð og mengunarlega séð, þegar mjög harðar kröfur eru gerðar alls staðar í heiminum um öryggi varðandi flutninga á þessu efni, þá er það næsta undarlegt, svo ég segi ekki meira, að taka skip,

þó endurbyggt hafi verið, sem upphaflega er smíðað fyrir nokkuð yfir 100 árum. Það var smíðað 1860, held ég, eða eins og hæstv. ráðh. orðaði það, fyrir nokkuð löngu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram er þetta skip hér í leigu og með leyfi til siglinga. Ég held því að það breyti engu hvort þetta frv. verður afgr. sem lög fyrir jólahlé eða ekki. Ég tel líka eðlilegt og sjálfsagt að samgn. leiti álits Siglingamálastofnunarinnar, því ég hef ekki hér við höndina það skjal sem hún sendi rn., til þess að fullvissa sig um það. Ef annað reynist réttara, þá skulum við hafa það sem sannara reynist. Ég fer því ekki fram á neitt annað en að þetta mál fái hér eðlilega þinglega meðferð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 177, n. 208, 209). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. á tveimur fundum, og hún mælir með því að frv. verði samþ. með þeirri breyt. sem hún flytur á sérstöku þskj. Nokkrir nm. hafa þó fyrirvara um afgreiðslu frv., sem er fyrst og fremst í því fólginn að þeir telja fyrri grein þess óþarfa. Að öðru leyti munu þeir að sjálfsögðu gera nánari grein fyrir þeim fyrirvara sem þeir hafa um þetta efni.

Frv. þetta, sem hér um ræðir, hefur í sér fólgin þau ákvæði að tryggja að fasteignaskattur hækki ekki milli ára umfram það sem eðlilegar verðlagshækkanir segja til um, þrátt fyrir breytt fasteignamat sem tekur gildi um næstu áramót. Menn eru því ásáttir um það í n. að 2. gr. frv., sem er ákvæði til bráðabirgða, sé eðlileg og þeir eru allir sammála um að mæla með því að bráðabirgðaákvæðið verði samþ. Það er aftur á móti um fyrri gr. frv. að segja, að mönnum þótti sem hún mundi ekki vera nauðsynleg. En ég er þeirrar skoðunar og við, sem skrifum undir nál. án fyrirvara, að hún sé eðlileg og að mínum dómi nauðsynleg, og vil ég aðeins skýra það örlítið nánar.

Í eldri lögum um fasteignamat eru þau ákvæði að eign eða bygging skuli ekki tekin í fasteignamat fyrr en hún er fullgerð, og hefur það verið metið þannig að þegar bygging er orðin fullgerð að 80%, þá mætti taka hana í fasteignamat. Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga segir hins vegar að fasteignaskattur sé ekki greiddur af öðrum eignum en þeim sem fasteignamat taki til. Það er því alveg berlegt að eftir eldri fasteignamatslögum hafði sveitarstjórn ekki heimild til að leggja fasteignaskatt á fyrr en bygging var metin fullgerð. Við breyttar aðferðir við fasteignamat eftir lögunum, sem sett voru á síðasta þingi, er gert ráð fyrir því að fasteignamat fari fram í áföngum á hverri byggingu fyrir sig og þar verði stuðst við álit og skýrslur byggingafulltrúa og þannig að hús í byggingu kemur til fasteignamats áður en það er fullgert eða tekið í notkun. Það, sem þetta ákvæði 1. gr. þýðir, er í rauninni það eitt að sú regla, sem var í lögum og eins og hún hefur verið í framkvæmd, verði einnig hér eftir lögð til grundvallar álagningu fasteignaskatts, eins og verið hefur hingað til.

Segir svo í frv., eins og það var lagt fyrir þessa hv. d.: „Eigi er þó heimilt að leggja fasteignaskatt á fasteignir fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.“ Þetta er gjörsamlega til samræmis við það sem er í gildandi lögum.

Hins vegar sýndist okkur að þetta orðalag í 1. gr. gæti skilist á þann veg að ekki væri heimilt að leggja fasteignaskatt á óbyggðа lóð, og því höfum við orðið sammála um að gera breyt. á orðalagi í þessari 1. gr., þannig að fyrir „fasteignir“ komi „byggingar“ og hljóði þá þannig: „Eigi er þó heimilt að leggja fasteignaskatt á byggingar fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.“ Þá eru tekin af öll tvímæli um það, að eins og áður hafa sveitarstjórnir heimild til þess að leggja fasteignaskatt á óbyggðar lóðir. Má segja það sama um það ákvæði, eins og ég var raunar búinn að taka fram, að hér er leitast við að viðhalda nákvæmlega því fyrirkomulagi um álagningu fasteignaskatts sem verið hefur hingað til. Það er meginefni þessa frv., og því teljum við eðlilegt að það sé samþ. með þessari breyt. og leggur félmn. það til.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skrifaði under þetta nál. með fyrirvara. Ég taldi ekki fært að vera andstæður þessu frv. af þeim einföldu ástæðum, að aðaltilefni frv. er 2. gr., ákvæði til bráðabirgða, og um það eru engar deilur í n. Það eru allir sammála um að það ákvæði sé nauðsynlegt að lögfesta.

Þessu máli er eins og fleirum hraðað í gegnum þingið nú, og má vissulega óska hæstv. ríkisstj. til hamingju með að hún skuli hafa uppgötvað að það eru fáir dagar til jóla, þó að sú uppgötvun hafi komði nokkuð seint, enda berast frv. nú ótt og títt að okkur og enn eru einhver óséð enn sem eiga að koma hér til afgreiðslu. Þetta leiðir hins vegar það af sér, þessi síðbúna uppgötvun hæstv. ráðh., að við í stjórnarandstöðunni a. m. k. og ég hygg meira að segja stjórnarþm. einnig hafa mjög takmarkaðan tíma til að skoða þau mál sem er verið að leggja hér á borð, og þá á ég ekki við þetta frv. út af fyrir sig alveg sérstaklega, þó að þarna komi upp atriði sem fyllilega hefði verið ástæða til þess að athuga betur og fá rýmri tíma, m. a. vegna þeirra upplýsinga sem við fengum í n. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég held sem sagt að 1. gr. sé ekki tímabær, — held mig enn þá við það að hún sé ekki tímabær, það þurfi ekki að setja þessa grein inn, það þurfi að athuga ýmsa þætti betur.

Við höfum t. d. heyrt þá fullyrðingu, sem ekki hefur verið afsönnuð, að á þessar byggingar, sem

hér er um að ræða, muni ekki verða lagður fasteignaskattur fyrr en á árinu 1978, þ. e. a. s. 15. jan. það ár, svo sem l. segja til um varðandi gjalddaga fasteignaskatts. Ég vil ekkert fullyrða um það til eða frá hvort þetta stenst eða ekki, en þessi fullyrðing hefur ekki verið afsönnuð fyrir okkur í n., og sé hún rétt, þá liggur auðvitað í hlutarins eðli að það liggur ekkert á því að lögfesta þetta atriði. Það hefði sem sagt þurft að fullkanna þetta mál, og ef þssi fullyrðing væri rétt, þá auðvitað hefðum við í félmn. átt að láta þessa gr. niður falla, en hins vegar taka þá 2. gr., sem við allir erum sammála um, og samþ. hana.

Í framsögu hæstv. ráðh. fyrir þessu máli kom glöggt í ljós hverja hann hafði í huga varðandi þessa grein. Ég er honum algjörlega sammála í því efni. Hann hafði þau rök fyrir því að þarna væri verið að hindra það að fasteignaskattur væri lagður á íbúðareigendur áður en þeir hefðu fullgert íbúðir sínar eða þá tekið þær til afnota. Ég er alveg sammála þessu viðhorfi hæstv. ráðh., fyllilega. En þá bentum við, sem vorum með fyrirvara í n., á það að fyrir er enn rýmri heimild í tekjustofnalögunum í dag en sú sem hæstv. ráðh. bar fyrir brjósti, þ. e. a. s. heimild að sveitarstjórn sé heimilt að undanþiggja íbúðareigendur fasteignaskatti tvö ár eftir að þeir hafa flutt í sína íbúð, og þessi heimild er viða nýtt. Ég nefni bara sem dæmi, af því að ég er því kunnugur frá mínum heimastað, að þar höfum við nýtt þessa heimild og íbúðareigendur þar hafa ekki þurft að greiða fasteignaskatt fyrstu tvö árin eftir að þeir hafa flutt í sína íbúð. Þarna er heimild sem gengur enn þá lengra, og ég er ekki alveg nógu trúaður á að sveitarstjórnir séu svo gráðugar í það að níðast á íbúðareigendum að þær ætli að seilast til fasteignaskattsins fyrr en þær hafa gert, þó að þær kunni að hafa möguleika á því nú, og þar af leiðandi er ég hvergi sannfærður um að á þessu sé þörf.

Hitt vegur þó kannske sýnu þyngst, að í n. kom fram í máli framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga hein andstaða Sambands ísl. sveitarfélaga við lögfestingu þessarar greinar og þar voru ýmis rök til tínd í þessu efni. Það var t. d. bent á ýmsar stórar byggingar, — ekki íbúðarbyggingar, heldur ýmsar stórar byggingar, sem væru áratugi í byggingu og væri þá eigi heimilt með nokkru móti að ná fasteignaskatti af, þó að þær væru kannske teknar í notkun að einhverjum hluta til einhvers annars en til væri ætlast. Ýmis atriði til umhugsunar komu einnig fram frá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga um erfiðleika tölvu- og skýrsluvélavinnslu varðandi undanþágur af þessu tagi eða þann við heimildum af þessu tagi, og við höfum sem sagt ekki fengið tækifæri til að fullkanna þetta. Það kann vel að vera — og ég vil ekkert um það fullyrða — að að athuguðu máli væri ég andvígur þessari grein, en það liggur hreinlega ekki fyrir að við höfum athugað þetta mál nokkurn skapaðan hlut. Þó við höfum nú komið á tvo fundi, eins og hv. frsm. tók fram, höfum við ekki athugað fullyrðingar til og frá neitt frekar í þessu máli. Enn þá er því ýmsum spurningum um þetta ósvarað sem við hefðum þurft að fá tækifæri til að svara og e. t. v. fara inn á þá heimildargrein sem framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga var að fara fram á, að í staðinn fyrir þessa grein kæmi heimildargrein fyrir sveitarfélögin um að undanþiggja fasteignaskatti byggingar fyrr en þær hefðu verið teknar til afnota eða væru fullgerðar. Hann taldi það vera skárri lausn á málinu.

Ég sem sagt endurtek það, að ég tel að 2. gr. eigi fullan rétt á sér, og það er út af fyrir sig mjög gott, að hún skuli koma fram. En þessi óþarfa viðbót, sem mun vera komin inn í ráðuneytið skv. ábendingu að vísu hins mætasta manns, Gauks Jörundssonar, við höfum ekki fengið nægilegt tækifæri til þess að athuga hana til þess að ég geti fellt mig við 1. gr. Ég mun því greiða atkv. gegn henni þó að ég hins vegar að sjálfsögðu greiði atkv. með 2. gr.

Um fasteignaskattinn í heild hefði líka verið full ástæða til þess að efna til nokkurrar umr., um fasteignaskattinn sem tekjustofn, en það skal ekki gert hér. Ég held að það sé rétt að láta það bíða betri tíma, þegar tekjustofnalögin koma hér endurskoðuð inn í Alþ. En á það skal bent, að úr því að það liggur fyrir, að endurskoðun á tekjustofnalögunum verður framkvæmd á þann veg að þau verði hægt að leggja fyrir næsta Alþ., þá getur varla legið á því að taka þessa litlu grein út úr, úr því að hún er ágreiningsefni og úr því alveg sérstaklega að Samband ísl. sveitarfélaga reyndist andvígt þessari litlu grein.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara vegna þess að afstaða mín var að nokkru leyti sú sama og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Það er svo margt óljóst í sambandi við efni 1. gr. frv., að ég er alls ekki viss um að þetta ákvæði sé það sem koma skal í sambandi við þetta. Við vitum í fyrsta lagi ekkert enn þá hversu fljótvirkt þetta fasteignamatskerfi verður. Það kom jafnvel fram í n. það álit, að byggingar, sem væri unnið að með venjulegum byggingarhraða hér hjá okkur, þær mundu varla vera komnar inn í fasteignamat til skatts fyrr en þær væru teknar í notkun. Um þetta og margt fleira getur vitanlega reynslan ein skorið úr, en mér finnst að það sé nokkur hætta á því að með þessu ákvæði sé verið að gera einfalt mál flókið. Það hlýtur að fara töluverð vinna í að athuga það hverju sinni, áður en fasteignaskattur er lagður á, hvaða byggingar eru komnar það langt að teljast búnar, en eins og hv. frsm. gat um, þá hefur verið talið, að byggingar séu fullgerðar þegar búið er að vinna 80% af þeim. Ef það á svo að fara að athuga það í hvert skipti hvaða byggingar er búið að framkvæma 80% af, þá hlýtur það í fjölmennum sveitarfélögum að vera töluvert mikil vinna.

Í framsöguræðu hæstv. félmrh. voru það aðalrökin, að það væri ófært að fara að leggja skatt á ungt fólk á meðan það væri að koma upp íbúð, og um það getum við vitanlega allir verið sammála. En hér er um fleira að ræða heldur en íbúðir handa ungu fólki, og svo er það þannig að sveitarfélög taka ýmsa aðra skatta af ungu fólki sem stendur í byggingum. Það eru tekin gatnagerðargjöld, og vitanlega eru gatnagerðar-

gjöldin margfalt hærri skattur en fasteignaskattarnir. Mér dettur því í hug að varpa því fram, hvort það væri ekki einfaldari leið, ef það verður þannig í framkvæmd að skatturinn lendir á húsum í byggingu, að lækka þá aðeins gatnagerðargjaldið til þess að jafna metin. Þá þyrfti ekki að vera að hafa neina aukaathugun á byggingarstigi eða neitt slíkt sem þeirri leið fylgdi. Sem sagt, mér finnst að svo mörgum spurningum sé ósvarað í sambandi við þetta og þar sem það er augljóst að það verður engin breyting á þessu fyrr en á árinu 1978, þá tel ég með tilliti til andmæla stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga rétt að fresta samþykkt þessarar greinar.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Mér þykir gæta nokkurs misskilnings í máli þeirra tveggja hv. þm., sem hér hafa talað næstir á undan mér. Þeir tala um 1. gr. frv. eins og hér sé verið að ganga inn á að einhverju leyti nýja leið í þessu efni. En það er síður en svo að svo sé. Þeir hafa talað um það báðir að eftir þeim hraða, sem líklegt sé að verði á fasteignamatsframkvæmdinni, þá muni þetta ekki koma til ákvörðunar fyrr en á árinu 1978, það ákvæði sem er um rætt í 1. gr. Það má vera að svo sé ekki. En ég er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða grundvallaratriði sem var í eldri lögum og ég vil leggja áherslu á að sé haldið í við núverandi aðstæður.

Eins og ég kom að áðan, þá er óleyfilegt að leggja fasteignaskatt á byggingar fyrr en þær eru metnar fullgerðar eða teknar í not, og það er einmitt það, sem er staðfest með 1. gr. þessa frv., og ekkert annað. (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega verið að staðfesta það sem er í gildandi lögum eða var í lögum á meðan eldri fasteignamatslögin voru í gildi.

Það er rétt, sem ég gat ekki um áðan, að frá Sambandi ísl. sveitarfélaga komu andmæli gegn 1. gr. inn á fund til okkar. Við reyndum að meta hversu veigamikil þau andmæli væru, ræddum einnig við ráðuneytisstjórann í félmrn. um það og fleira í þessu sambandi, og mitt mat er að sá ótti hafi verið ástæðulaus sem Samband ísl. sveitarfélaga lét fram koma á nefndarfundi hjá okkur.

Hv. 7. landsk. þm., Helgi F. Seljan, gat um það, að í tekjustofnalögunum væru rýmri heimildir um fráhvarf frá fasteignaskattsálagi heldur en hér er gert ráð fyrir í 1. gr. og það er alveg rétt. En þetta eru alveg tveir ólíkir liðir. Þau ákvæði, sem þm. talaði um að væru rýmri á öðrum stað í tekjustofnalögunum, eru vissulega í gildi áfram. En þau, sem hér er verið að ræða um í 1. gr., eru aðeins stefnumarkandi um það, að fasteignaskattur skuli aldrei lagður á fyrr en bygging er metin fullgerð eða tekin í notkun. En ég er ekki í nokkrum vafa um það, að í hinum stærri sveitarfélögum er erfiðara að fylgjast náið með því, hvernig ástæður þeirra eru sem í byggingu standa, heldur en í litlum sveitarfélögum eins og þeim sem hv. 7. landsk. þm. var að lýsa áðan. En þó að maður vantreysti ekki stóru sveitarfélögunum á neinn hátt í þessu efni, þá er ég þeirrar skoðunar að þessi stefnumörkun sé rétt, að ekki sé leyft að leggja fasteignaskatt á byggingu fyrr en hún er fullgerð eða tekin í notkun.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þetta frv., en mér finnst að mörgu leyti óeðlilegt að því sé flýtt svo mikið sem raun ber vitni þegar fram kemur andstaða Sambands ísl. sveitarfélaga og ef það er rétt, sem hér hefur komið fram, að óþarft sé að setja þetta ákvæði á þessu ári.

Það er alveg rétt, að það er erfiðara að fylgjast með þessum málum í stórum sveitarfélögum, og ég held að mönnum hafi verið þetta ljóst þegar var fjallað um frv. til l. um fasteignamat í fyrra og þá var gerð sú breyting á fasteignamati að matið er stöðugt. Eftir því sem byggingunum miðar áfram, þeim mun meir hækkar matið hlutfallslega. Ef byggingartími er eðlilegur, þá ætti í flestum tilfellum ekki að vera lagður fasteignaskattur á viðkomandi hús. En ég held að það sé rétt að menn geri sér grein fyrir að það verður einnig mjög erfitt fyrir sveitarstjórnir í stórum sveitarfélögum að fylgjast með hvenær hús hafa verið tekin í notkun. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það hefur tíðkast í mörg ár að það væri reynt að komast hjá því, að hús væru tekin út og tekin í mat, til þess að komast hjá greiðslu fasteignagjalda. Og ég veit að hv. þm. geta fengið það staðfest með því að ræða við ýmsar sveitarstjórnir. Þetta hefur verið allmikið vandamál í mörgum sveitarfélögum, og þetta vandamál verður alveg það sama ef þetta ákvæði verður að lögum.

Ég vil einnig geta þess, að það, sem hefur e. t. v. helst hamlað og stuðlað að því að menn hafi tekið þrátt fyrir þetta hús sín í mat, er að eigin húsaleiga reiknast í flestum tilfellum af fasteignamati, en ef fasteignamat er ekki fyrir hendi, þá reiknast eigin húsaleiga af byggingarkostnaði. Og þessi eigin húsaleiga hefur stundum verið það há að menn hafa þess vegna flýtt sér að koma húsum sínum í mat. Allar þær hugmyndir, sem fram hafa komið nú að undanförnu um breytingar á skattalögum, hafa gert ráð fyrir því að húsnæðisliðirnir á framtalinu væru felldir niður. Ef það verður gert verður þessi hvati ekki lengur fyrir hendi.

Mér finnst óskynsamlegt að hraða svo þessu máli að menn geti ekki fengið tækifæri til þess að gera sér fulla grein fyrir því, hvað er hér verið að gera, því ég hef það á tilfinningunni að það hafi ekki verið rannsakað nægilega vel við undirbúning málsins og ekki heldur í n. Og það er alveg nóg á dagskrá þingsins núna þessa síðustu daga fyrir jól þótt menn séu ekki að eyða tíma í mál sem í reynd liggur ekki svo á, þótt ég viti að allir hafi góðan vilja til þess að ungt fólk, sem á í erfiðleikum, greiði ekki há gjöld. Það er allt annað mál.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ýmsar þær röksemdir, sem fram hafa komið hjá þeim hv. þrem þm. sem hafa lýst yfir ýmist andstöðu eða mikilli gagnrýni á 1. gr. frv., eru harla einkennilegar, eins og t. d. þegar hv. 7.

landsk. þm. upplýsir annars vegar að sú sveitarstjórn, sem hann á sæti í, hafi notað heimild laganna til þess að undanþiggja húsbyggjendur fasteignagjaldi tvö fyrstu árin eftir að hús eru tekin í notkun, — og þetta er ákaflega virðingarvert gagnvart húsbyggjendum, ekki síst ungu fólki sem á erfitt sín fyrstu ár, — en óneitanlega skýtur nokkuð skökku við þegar sá hinn sami maður vill fella 1. gr. frv. og þar með skapa sveitarfélögunum möguleika á því að þyngja fasteignaskatta á þessu sama fólki.

Það er öllu viðtækari tilgangur með 1. gr. Í lögum um fasteignamat frá síðasta vori er svo ákveðið í ákvæði til bráðabirgða, að þegar nýtt fasteignamat tekur gildi, sem margfaldast eins og kunnugt er a. m. k. 5½ sinnum og stundum meira, þá er tekið fram í þessu lagaákvæði að áður en þau taka gildi skuli endurskoða lög um þau gjöld sem fylgja fasteignamati til þess að þau hækki ekki í samræmi við þessa hækkun *fasteignamats*.

Í framhaldi af þessu ritaði formaður yfirfasteignamatsnefndar félmrn. bréf þar sem hann benti á það ákvæði í fasteignamatslögunum sem hér er til umr., að nú verði fasteignamat framkvæmt einnig varðandi hús sem eru í smíðum. Þetta ákvæði 1. gr. er, eins og skýrt kemur fram í grg. og tekið hefur verið fram, eingöngu til þess að staðfesta þá reglu sem gilt hefur, og þess vegna er undarlegt þegar nú koma fram andmæli gegn þeirri reglu, eins og hér sé um eitthvað nýtt að ræða. Hvers vegna hafa ekki andmæli gegn því, að ekki skuli greiða fasteignaskatt fyrr en íbúðir eru fullgerðar, komið fram fyrr, því sá hefur verið hátturinn samkv. lagaákvæðum og framkvæmd í fjölda ára. Hér er ekki um neina breytingu að ræða. Hér er verið að staðfesta þá venju og þau lög sem áður hafa gilt, fyrst og fremst til að vernda húsbyggjendur *fyrir nýjum skattaálögum*.

Mér kemur mjög á óvart að Samband ísl. sveitarfélaga skuli hafa mótmælt eða gert athugasemdir við þessa grein. Mér hafa engar slíkar athugasemdir eða mótmæli borist. Hins vegar rengi ég ekki það sem hér er frá sagt, að framkvæmdastjóri Sambandsins hafi mætt á fundi n. og andmælt þessu, en mér hafa ekki borist nein andmæli frá þeim samtökum.

Hins vegar, fyrst þrír hv. þm. hafa talið ástæðu til að andmæla þessu ákvæði og vilja þannig opna möguleikann fyrir því að hækka gjöld bæði á ungu fólki, sem er að byggja, og öðrum og af því að ég rengi ekki að Samband ísl. sveitarfélaga hafi þá afstöðu sem hér hefur verið lýst, þá legg ég til að umr. verði frestað og málið tekið út af dagskrá til frekari athugunar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. ráðh. í lokin um að umr. um þetta mál verði frestað og það skoðað betur. Það var einmitt það sem fyrir okkur vakti í þessu efni. Ég vil aðeins taka það alveg skýrt fram, að það er ekki vegna andstöðu við þessa grein út af fyrir sig, sem ég mun greiða atkv. gegn henni, heldur það, að ég vil að hún sé skoðuð betur, og þegar andmæli hafa komið gegn henni frá þeim aðila sem gerst á hér að þekkja, þá treysti ég mér ekki til þess að standa með þessari grein, en alls ekki það að ég vilji með því fara að leggja til að þessi skattur verði lagður á unga húsbyggjendur og þeim íþyngt með því, enda engar sönnur á það færðar að það muni gerast þó að þetta ákvæði kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári. Það hafa engar upplýsingar komið fram um að það mundi gerast. Þegar þar við bætist svo það sem hv. þm. Halldór Ásgrimsson kom hér að áðan, að það er upplýst að menn hafi reynt að komast fram hjá þessum hlutum, eins og þeir hafa verið í framkvæmd og eins og raunar framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga kom inn á líka í viðræðum við okkur, þá er ég ekki heldur kominn til með að segja að fyrri framkvæmdin á þessu hafi verið heilög og ágæt. Þá hefði ég séð fullkomna ástæðu til þess að athuga það einnig, ef fyrri framkvæmdin hefur verið misnotuð eins og hann benti á með skýrum og ljósum rökum áðan.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil aðeins mótmæla þeim orðum ráðh., að með því að við nokkrir þm. séum hér að fara þess á leit að þetta mál sé skoðað betur, þá séum við að stuðla að því að hærri álögur verði lagðar á ungt fólk og aðra Ég vil mótmæla því. Ég vil aðeins fara þess á leit að þetta mál verði skoðað og menn geri sér grein einnig fyrir þeim vankönntum sem hafa verið á þessum málum undanfarið. Það er ekki rétt að mínum dómi að breyta þessu í þá veru, að menn sníði ekki um leið af þá vankanta sem hafa verið, ef það er hægt, hvort sem það hefur verið haft í hámælum áður eða ekki. Ég vil aðeins mótmæla þeim ummælum, að með því að við förum þessa á leit við d. séum við á þann hátt að stuðla að ranglátum álögum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Ég vil taka það einu sinni enn fram, að samkv. gildandi lögum eða þeim sem gilt hafa fram til síðasta vors hefur það verið þannig, að fasteignaskatt hefur ekki mátt leggja á hús fyrr en íbúðir væru fullgerðar. Í fasteignamatslögum frá 1963 var þetta skýrt tekið fram, að fasteignamat skyldi ekki fara fram fyrr en hús væru fullgerð, og í lögunum um tekjustofna sveitarfélaga er það skýrt tekið fram, að fasteignaskatt má ekki á leggja fyrr en fasteignamat liggur fyrir. Það ætti því að vera öllum augljóst að hingað til hefur verið bannað að leggja fasteignaskatt á íbúðir í smíðum. Um leið og hið nýja fasteignamat kemur til framkvæmda nú um áramót verður breyting á þessu, *þannig að fasteignamat verður framkvæmt ekki aðeins þegar íbúðir eru fullgerðar*, heldur einnig þegar þær eru í smíðum. Þá er um leið orðið heimilt að leggja á fasteignaskatt. Þetta er svo augljóst að það ætti ekki að þurfa um það að ræða.

Þeir hv. þm., sem hér hafa lagt til að 1. gr. frv. yrði felld niður, hafa opnað möguleika fyrir því að þær sveitarstjórnir, sem vilja, geti lagt

fasteignaskatt á íbúðir þegar þær eru fokheldar eða þegar þær eru í smíðum. Þetta liggur alveg ljóst fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 195). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta lagafrv. er flutt að beiðni Félags ísl. fiskmjölsframleiðenda sem með bréfi til sjútvrn., dags. 10. des. s.l., benti á ýmsa fyrirsjáanlega erfiðleika sem mundu skapast á næstu loðnuvertíð ef ekki yrði reynt að ráða bót þar á í tæka tíð. Ljóst er að bræðsluskipið Norglobal fæst ekki leigt til landsins á næstu vertíð eins og tvö undanfarin ár. Skipið kom að mjög góðum notum á þessum tíma og mestur hluti þess afla, sem það vann, var umframafli fyrir loðnuflotann, auk þess sem það auðveldaði mjög alla skipulagningu á löndun á loðnu til bræðslu að áliti loðnunefndar.

Þátttaka í veiðunum mun trúlega aukast verulega, m.a. vegna miklu hærra verðs á loðnuafurðum en á s.l. vetrarvertíð loðnu. Það er því fyrirsjáanlegt að mikið misræmi verður á milli aflagetu þess flota, sem mun stunda loðnuveiðar, og vinnuskilyrða verksmiðjanna. Ef ekkert er að gert munu veiðiskipin að jafnaði halda með aflann til þeirra hafna sem næst liggja veiðisvæðunum, og skapast þá fljótlega löndunarbið hjá skipunum sem hefði í för með sér að aflinn skemmdist eða eyðilegðist með öllu.

Til að hindra þessa þróun er lagt til að loðnunefnd fái aukið vald frá því sem nú er:

Í fyrsta lagi að nefndin hafi skýlausa heimild til þess að loka um stundarsakir fyrir móttöku á loðnu til bræðslu í ákveðnum höfnum og þá væntanlega þeim sem næst liggja veiðisvæðunum hverju sinni og beina veiðiskipunum annað með aðstoð flutningastyrkja í því skyni að dreifa löndununni, auka þar með nýtingu á verksmiðjunum, auk þess sem heildarafli mundi trúlega aukast nokkuð og betra og verðmeira hráefni fengist.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir að heimilt sé að miða lokun á móttöku loðnu til bræðslu í ákveðnum höfnum við stærð skipa, þannig að minni skipin þurfi ekki að sigla langar leiðir með aflann, enda slíkt oft og tíðum hættulegt, auk þess sem þau mundu sjá þeim höfnum, sem lokaðar væru, fyrir nægu hráefni til frystingar meðan lokun stendur yfir. Stærri skipin fengju aftur á móti flutningastyrk þegar ákveðnum höfnum væri lokað, en um lokun hafna yrði aldrei að ræða nema samhliða yrði greitt fyrir siglingu til fjarlægra hafna.

Í þriðja lagi er lagt til að loðnunefnd fái heimild til að stöðva allar veiðar á loðnu til bræðslu um stundarsakir ef fyrirsjáanlegt er að siglingar til fjarlægra hafna eru ómögulegar vegna veðurs, þannig að löndunarröngþveiti yrði óumflýjanlegt í þeim höfnum sem næst eru miðunum. Til þessa ákvæðis verður trúlega sjaldan gripið, enda fremur sjaldgæft að ekkert sé hægt að sigla ef veiðiveður er, en þó hefur þetta komið fyrir á undanförnum loðnuvertíðum.

Að síðustu er lagt til að lagabreytingin taki gildi frá 1. jan. n. k.

Sjútvrn. sendi þetta mál til umsagnar samtaka útvegsmanna og sjómanna: Landssamband ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafa mælt með því að þetta frv. yrði flutt.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það var nú ekki seinna vænna að sjútvn. fengi einn fisk í soðið, svona rétt fyrir jólin, svo það yrði ekki ofát á kjöti, og birtist nú eitt frv. síðustu klukkutíma þessa þings er við eigum von á að fá til meðferðar í n. Ég er eiginlega hálfundrandi yfir ákvæðum þessarar einu gr. frv., því 2. gr. er aðeins um gildistöku. Það hefur nefnilega verið svo, að margir menn hér á Íslandi hugsa eilítið fram í tímann og halda að þeir fái að njóta árangurs af því erfiði sínu að búa í haginn fyrir sig. Hefur það jafnan verið talið gott ef vel hefur tekist til, eins og sannað hefur verið nú á þessum haustdögum, og á ég þá við það að allmargir menn hafa lagað skip sín eða breytt skipum sínum í samræmi við ríkjandi aðstæður við loðnuveiði, og um leið má segja að þau séu hæfari til að sigla langar leiðir.

En það er annað sem kemur fram við gildistöku þessa frv., ef að lögum verður. Frá þessum mönnum er tekinn ákvörðunarréttur um ráðstöfun á eigin afla og tekið fram fyrir hendur á skipstjórunum. Þá kemur upp sú spurning: Hvað þýðir það? Ég hefði vilja sjá hér eina grein í viðbót í þessu frv. sem hefði lagt svo til, að sé slíkur ákvörðunarréttur tekinn af skipstjóra, þá fylgi því skilyrðislaus greiðsluskylda.

Það fer ekki á milli mála að lög um loðnunefnd hafa borið árangur, um það erum við allir sammála, og hún hefur unnið starf sitt mjög vel og á hinar mestu og bestu þakkir skilið. Allir stjórnmálaflokkar og allir hv. alþm. hafa verið sammála um að rétt væri að koma þessari n. á, þó að nefndafarganið sé mikið. Hafa þessir menn skilað frábæru starfi. Formaður n. er starfsmaður sjútvrn., og ég veit ekki annað, þrátt fyrir ýmsa hnökra þegar mest er álagið og jafnvel orðahnippingar, þá hefur n. sem heild skilað frábæru starfi.

Nú á að auka það valdsvið sem n. hefur þegar, og það er í því fólgið að n. getur ákveðið stöðvun á tilteknum skipum og tilteknum stærðarflokki skipa. Ég verð nú að spyrja: Hver er vernd stjórnarskrárinnar í þessu sem mörgu öðru? Það getur nefnilega skipt gífurlegum tölum hvort maðurinn er frjáls að taka ákvörðun og veit um að hér er ákveðið laust pláss, hann ásamt mörgum öðrum veit af því og er frjáls að sigla á þann stað og til þess viðskiptaaðila sem hann vill. Þetta er svo alvarlegt mál, að ég tel persónulega útilokað að hespa því af á tveimur dögum þingsins — gjörsamlega útilokað. Við hljótum að verða að heyra í allmörgum mönnum, — þeir eru ekki mjög margir, þeir geta verið 15—20 eða eitthvað fleiri, sem eiga þennan stærðarflokk sem hér er verið að þrengja umsvif að, — og það er útilokað annað en að heyra viðbrögð þessara manna. Ég get ekki tekið alvarlega óskir

verksmiðjueigenda, því þetta er tæplega þeirra mál. Ég segi: tæplega þeirra mál. Þeir fá vonandi nóg framboð af loðnu og verða að sætta sig við það. Það skilyrði, sem þeir geta sett, er að loðnan sé fersk og hæf til vinnslu. Hins vegar kann að vera nokkur deila uppi í samtökum útvegsmanna og vildi ég þá kanna það mál allt nánar.

Þeir, sem hafa gert skip sín öruggari í siglingum, það má segja að nokkur sanngirni sé í því að þeir sigli lengra og eru rök fyrir því að borga þá vel fyrir það. En þetta verður að vera gert með frjálsu samkomulagi. Gildandi lög hafa reynst góð, þau hafa leyst þennan vanda, og ég vil því ekki rasa um ráð fram. Ég verð að segja það alveg eins og er. Ég viðurkenni það vandamál, sem frv. fjallar um, og reyndar hafði ég hér á hv. Alþ. bent á það í tillöguflutningi að gert yrði átak við að reisa verksmiðjur til þess að bjarga yfirvofandi ofveiði, ef svo mætti segja, miðað við afkastagetu verksmiðjanna. En það hefur gengið heldur böksulega að fá hlustað á það. Þess vegna vil ég að við fáum svigrúm til þess að fjalla um þetta mál.

Það er engin nauðsyn að þetta frv. taki gildi og verði að lögum 1. jan. því að loðnuvertíð hefst fyrri hluta janúar og það hefur aldrei átt sér stað að verksmiðjur væru yfirfullar í janúar. Það hefur aldrei átt sér stað. Og því miður — ég segi: því miður — er útlitið ekki gott og bátar almennt ekki komnir í fulla starfsemi fyrr en seinni hluta janúar, m.a. vegna þess að það er nú einu sinni svona búið að rekstrarmöguleikum bæði netaverkstæða og báta að það er ekkert efni til í landinu, menn fá ekki keypta og selda víxla til að gera við næturnar, hreinlega til að gera við næturnar, og það er stórkostlegt vandamál að hafa veiðarfærin tilbúin. Þess vegna liggur þessu frv. ekkert á með þeim hraða að það þurfi að hrökkva til og afgr. það í snarheitum. Við skulum bara hafa það tilbúið í janúarlok. Þá verðum við búnir að heyra álit margra manna, sem þetta mál snertir, og hlusta gaumgæfilega á það, og þá verðum við tilbúnir að gera þær breyt. á núv. lögum sem leysi aðsteðjandi vanda, eins og frv. boðar. En hann er það flókinn og hann er það viðkvæmur og það er það mikið í hættu fyrir vissa aðila, að ég vil hlusta á þessa menn. Það er ekki hægt að komast hjá því.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður, Jón Árm. Héðinsson, sagði um þá reynslu sem fengist hefur af störfum loðnunefndar. Ég hygg að þessi stofnun hafi leyst ákaflega erfið vandamál, sem steðjuðu að vetrarútgerðinni til loðnuveiða, og farnast furðuvel. Þótt flestir okkar, sem höfum eitthvað umgengist þá sem stunda þessar veiðar, hafi mátt hlýða á kvartanir einstaklinga, þá ætla ég að hitt sé mála sannast, að loðnunefnd hafi gert mikið gagn.

Hér er svo ráð fyrir gert í 2. gr. að þessi lög öðlist gildi 1. jan. 1977. Ég hlýt einnig að taka undir orð hv. þm. Jóns Ármanns á þá lund, að hér sé allmikill flýtir á og óþarfaflýtir. Þetta frv. er lagt fram í jólaönninni, en ýmislegt í eðli þess með þeim hætti að æskilegt er að ræða það við fleiri aðila heldur en Félag ísl. fiskmjölsframleiðenda og LÍÚ og forsvarsmenn Farmanna- og fiskimannasambandsins. Hér er loðnunefnd óneitanlega ætlað furðulega mikið vald.

Ég er að eðlisfari andvígur hugmyndunum um hið upplýsta einveldi, og jafnvel þó að til komi stoð og ráðuneyti jafnágætra aðila og stjórnar LÍÚ, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Félagi ísl. fiskmjölsverksmiðja í þessu tilliti, þá vildi ég gjarnan að við reyndum að þrengja sem allra minnst að valdi þeirra manna sem stjórna nú þessum skipum og gera þau út til loðnuveiðanna. Ég hlýt að spyrja sem svo: Hvað verður um útgerð skipa að sumri til á loðnu til öflunar hráefnis fyrir einstakar verksmiðjur? Hér er alls ekki kveðið á um nein sérstök tímatakmörk eða árstíðabundið gildi þessara laga. Aths. við lagafrv. þetta byrja á þennan hátt: „Nú er komið í ljós að bræðsluskipið Norglobal fæst ekki leigt til landsins til loðnubræðslu á vetrarvertíð eins og tvö undanfarin ár.“ Sem sagt, meginforsenda fyrir setningu nýrra laga er þessi: Nú er komið í ljós að bræðsluskipið Norglobal fæst ekki leigt til landsins. Það er eins og bræðsluskipið Norglobal sé eitt af sjálfum náttúruöflunum. Maður hefði ekki orðið hissa að sjá hér lagafrv. þar sem grg. byrjaði svona: „Nú hefur tunglið verið tekið niður af festingunni, því þarf að gera ráðstafanir og festa í lög til frambúðar.“

Norglobal var fengið hingað á miðin á sínum tíma upprunalega við ákaflega sérstakar aðstæður, þegar við misstum af völdum náttúruhamfara hvora á fætur annarri, sitt árið hvort einhverja stærstu og afkastamestu síldarverksmiðjuna okkar. En einhvern veginn var ég þeirrar trúar að útgerð á bræðslufisk við Ísland ætti ekki að byggjast til frambúðar á veru Norglobals á miðunum.

Þegar borið er fram frv. þessarar tegundar, þá hlýtur maður að sakna þess að ekki skuli sjást af hálfu sjútvrn. viðleitni til þess að leysa vandamál loðnuflutninganna eða hins mikla bræðslufiskafla á vetrarvertíð til frambúðar og með skynsamlegri ráðstöfunum en þessum, sem í eðli sínu miða að því, ef í harðbakka slær, að draga fremur úr loðnuveiðunum heldur en hitt, þó ég ætli hæstv. sjútvrh. alls ekki slíkan tilgang.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í spjall um frv. í þessari mynd. En ég get einhvern veginn ekki látið hjá líða að minnast á hugmynd sem fram kom fyrir einum 15—16 árum um góða lausn á því vandamáli sem fylgir flutningi á bræðslufiski um langan veg til verksmiðjanna. Þetta er hugmynd Gísla heitins Halldórssonar verkfræðings sem hann setti þá fram og hafði lagt allmikla vinnu í að kynna sér og rannsaka og jafnvel fengið verksmiðjur í Bandaríkjunum til þess að hanna tæki það sem hér um ræðir, þar sem voru strigastyrktar gúmmíslöngur í hvalslíki sem hann ætlaðist til að veiðiskipin hefðu um borð. Þá var miðað við síldaraflann, síldinni yrði dælt í þessar slöngur, sem síðan hefðu flotmagn, og dráttarskipum væri ætlað að draga þessa síldargeyma til hafna. Hann styrkti þessa hugmynd sína þeim rökum að síldveiðiskipin okkar væru orðin ákaflega dýr tæki, ekki síst fyrir rafeindabúnaðinn, raunar

meira og minna fljótandi rafeindatæki og allt of dýr til þess að hafa þau í „transporti“ með síld til verksmiðjanna. Þess vegna væri við hæfi ef hægt væri að safna síldinni á þennan hátt úti á miðunum og láta síðan dráttarbáta annast flutninginn til hafna.

Mér fannst þessi hugmynd Gísla á sínum tíma góð. Mér er kunnugt um að ýmsir útgerðarmenn, sem hugleiddu hana, þótti hún einnig góð. En það hefur alltaf verið látið við það sitja að þykja þessi hugmynd góð og aðrar álíka, sem miðuðu að því að leysa vandamál hráefnisflutninganna til frambúðar, en engin vinna verið lögð raunverulega í frekari nýtingu þessara hugmynda.

Ég tek undir það, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði, að enn gæfist tími til að athuga þetta frv. Ég er alveg viss um að hæstv. sjútvrh., sem a. m. k. í þessari d. síðan ég kom hingað hefur tekið þess háttar málaleitunum þm. af sérstakri ljúfmennsku og með mikilli geðprýði, — ég er viss um að hann mun taka til greina þessa beiðni okkar um dálítið meira tóm til þess að hugleiða frv. og leita álits þeirra, sem um eiga að fjalla, á frv., því að ég hygg að hann geti treyst því að þessi d. muni ekki vilja verða þess valdandi að loðnuveiðar tefjist í vetur og ekkert slíkt búi undir kritik okkar á frv.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég hnaut um það þegar síðasti hv. ræðumaður fór að tala um að þetta væru nú eiginlega einræðiskenndar aðferðir sem hér væru notaðar. En sannleikurinn er sá, að með því ástandi, sem nú er á ýmsum sviðum í okkar sjávarútvegi, verður ekki komist hjá því að takmarka nokkuð frelsi til aðgerða, ýmist til veiða eða vinnslu. Og ég verð að segja það, að ég held að eins og út lítur nú, þá sé ekki hægt fyrir okkur annað en að styðja þetta frv., efni þess, enda þótt sjálfsagt sé æskilegt að fá nokkurn tíma til þess að athuga það í einstökum atriðum.

Ég kom upp í ræðustólinn ekki síst til að minnast á það, að okkur er sannarlega alger nauðsyn að reyna að fá betri geymsluaðstöðu í landinu fyrir loðnuna ef við ætlum að stunda þennan atvinnuveg með góðum árangri áfram. Ég man eftir því, að fyrir nokkrum dögum var í blöðunum sagt frá því að norðmenn gætu geymt loðnuna miklu lengur en við gerum, og ég sé enga ástæðu til þess að við getum ekki endurbætt okkar geymsluaðferðir frá því sem nú er. Ég held að það sé hægt, ýmist með plasti eða öðrum efnum, að útbúa þannig hólf eða geymslur sem er tiltölulega fljótlegt að koma upp og gætu geymt loðnu yfir veturinn með betri árangri en við gerum í dag. Ég held að þetta gæti að einhverju leyti, ef nógu víða væri gert, komið að nokkru leyti í staðinn fyrir það bræðsluskip sem við nú munum ekki fá.

En ég vil leggja áherslu á það, að við höfum búið í nokkur ár við þær aðstæður að verða á ýmsum sviðum, t. d. varðandi rækjuveiðar, skelfiskveiðar og síldveiðar, þar sem takmörkun er meiri en nokkru sinni áður hefur verið hjá okkur á veiðum, og sama mun ske í loðnunni, — við verðum að beita þar ýmsum aðferðum, sem við teljum kannske ekki æskilegar, en eru nauðsynlegar til þess að halda góðu hráefni og líka til að geta komið í veg fyrir ýmsar alvarlegar tafir.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. 1. landsk. þm. taldi sig hafa verið fisklausan í allan vetur og hefði fengið fyrsta fiskinn með þessu frv., og þá var sá fiskur bara loðna. Þetta átti víst að vera einhver gagnrýni á það að engum málum væri vísað til sjútvn. En ég held að það sé ekki bein skylda rn. að sjá um að það sé einhver ákveðin tala mála í ákveðnum n. Hins vegar skal ég segja þessum hv. þm. það, að máli var vísað til sjútvn., ég held að eitthvað sé komið á annan mánuð síðan, og ég hef ekki séð neitt nál. koma enn þá. Ef menn hafa mikla starfslöngun og vilja vinna vel, þá eiga þeir bara að hnippa í formann í sinni n. og segja að það liggi mál fyrir sem þeir vilji afgreiða. Mér finnst þetta heldur leiðindatónn og algerlega ástæðulaus í sambandi við það mál sem hér liggur fyrir.

Þessi hv. þm. sagði að ef ætti að fara að skylda skip til ferða og taka vald af skipstjórum, þá yrði að borga. Hver á að borga, á að taka það á ríkið, ef á að koma á skipulagi í einni atvinnugrein? Ég skil ekki heldur hvað þm. var að fara þegar hann kom inn á þetta atriði, alls ekki. Hér hefur verið skylda samkv. lögum um löndun á loðnu til bræðslu, ákveðin skylda sem hefur hvílt á skipstjórnarmönnum og verksmiðjum og hefur þurft að grípa til öðru hverju, og þessir aðilar allir hafa tekið því vel. Það voru í byrjun nokkrir smávægilegir árekstrar, en nú undanfarin ár hefur þetta gengið mjög vel. Ég segi fyrir mitt leyti, ef það er komið eins og segir í frv., að n. er heimilt að stöðva allar veiðar á loðnu til bræðslu um stundarsakir ef fyrirsjáanlegt er að langt löndunarönghveiti muni skapast, er þá ekki sjálfsagt, ef menn vilja halda áfram veiðum, að hafa þessa heimild til þess að koma í veg fyrir að þarna verði skemmdir.

Í sambandi við flutninga á stærri skipum á lengri leiðum, þá hélt ég að þm. væru almennt sammála um það að vitaskuld eru það stærstu skipin sem fyrst og fremst eiga að taka þær skyldur á sig. Við skulum segja að loðna sé hér við Austfirði eða Suðausturlandið og þetta sé um hávetur, þá er ekki skynsamlegt að beina fyrst og fremst minnstu loðnuskipunum fyrir Langanes og allt til Siglufjarðar. Ég er hræddur um að ef eitthvað kæmi fyrir slíkt skip, þá væri sagt að það hefði verið heimskulegt að hafa ekki skipulagt það betur. Stærri og fullkomnari skipin eiga auðvitað að fara hinar lengri ferðir. En það er ekki heldur til þess ætlast og loðnunefnd fær enga heimild til að skylda hin stærri skip til þess að fara lengri leiðir fyrir ekki neitt. Hún hefur þá sömu heimild og hún hefur núna í lögum, að beita strax flutningastyrkjunum. Þá fá þessir aðilar greiðslu fyrir þessar ferðir. Hér er verið að taka upp alveg skilyrðislaust heimild fyrir loðnunefndina að hafa þetta vald til að velja úr stærstu skipin, tryggja verksmiðjunum á Norðurlandi frekara

hráefni eða réttara sagt miðla á milli verksmiðjanna hráefninu, sem ég tel að sé þýðingarmikið.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. fannst óskaplegt að sjá þessar aths., að það sé komið í ljós að bræðsluskipið Norglobal fæst ekki leigt til landsins til loðnubræðslu næstu vetrarvertíð eins og tvö undanfarin ár. Þetta er það sem skapar núna þetta bil á milli veiða og vinnslu, að sú verksmiðja, sem hér hefur verið starfrækt nú um tveggja ára skeið á loðnuvertíðinni, hverfur, stærsta verksmiðjan hverfur og það verksmiðjan sem hefur fylgt eftir flotanum. Þetta er vitaskuld mikið áfall fyrir loðnuveiðarnar í heild, og þetta er ekki nein smáverksmiðja því að hún hefur afkastað um 2000 smál. á sólarhring. Eðlilegt er að þetta eina atvik hafi gífurlega mikil áhrif. Það skiptir ekki höfuðmáli ef það væri verksmiðja sem er lengst frá veiðisvæðinu lengst af. Hún er ekki eins þýðingarmikil og verksmiðja sem getur fylgt veiðinni eftir.

Í sambandi við loðnuveiðarnar er varla við því að búast að við íslendingar séum búnir undir stórfellda vinnsluaukningu á sjálfri loðnuvertíðinni þegar mest berst að, vegna þess að undanfarin ár hefur loðnuverðið verið lágt og starfræksla verksmiðjanna mjög léleg undanfarin tvö ár. En nú hefur aftur orðið sú ánægjulega breyting að verð á þessum afurðum hefur hækkað verulega. Nú er líka þegar kominn allmikill lyftingur í menn að byggja og stækka loðnuverksmiðjur sem fyrir eru. Hér hafa auðvitað líka, til viðbótar vetrarvertíðarloðnunni, loðnuveiðar nú í sumar og haust og þær sem standa enn haft mikið að segja, því að þar hefur veiðst miklu betri loðna en við erum að veiða og vinna á vertíðinni. Með tilkomu þessara veiða skapast auðvitað allt annar grundvöllur fyrir loðnuverksmiðjur í landinu, eins og allir hljóta að skilja, ef við lengjum verulega nýtingartíma verksmiðjanna, að þær geti starfað í jafnvel 6, 7, 8 mánuði á ári í staðinn fyrir kannske í mesta lagi 2—3, eins og oftast var hér áður hjá þessum verksmiðjum. Þá var auðvitað það mikið sem fór í fastakostnað, í vexti og afskriftir, að þessar verksmiðjur voru ekki þess umkomnar að borga sama verð og verksmiðjur t. d. í Danmörku sem störfuðu mest allt árið. Þetta getur gerbreyst og þetta hefur í för með sér mikil og góð áhrif, bæði fyrir afkomu útgerðar og sjómanna.

Ég segi auðvitað Alþ. ekkert fyrir verkum hve langan tíma þessi hv. d. þarf til þess að átta sig á þessu máli og afgreiða það. En ef það er talað um að Alþ. komi ekki saman fyrr en nokkuð seint í janúar, þá á eftir að láta frv. fara í gegnum báðar d. og það getur alltaf orðið einhver bið á því, eins og gerist og gengur. En ég ber aðeins fram þá ósk sem fram hefur komið frá aðilum, bæði kaupendum og seljendum. Og það er skoðun okkar í sjútvrn. að það sé mjög gott að fá afgreiðslu á þessu máli nú áður en Alþ. fer í jólafrí. Þetta mál er samciginlegt áhugamál þeirra sem kaupa og selja þessa vöru, og hvers vegna á þá Alþ. eða sjútvrn. að setja sig upp á móti því að verða við sameiginlegum óskum þessara aðila? Það geta auðvitað alltaf fundist sérhagsmunir eða sérálit. Það getur komið til greina að verksmiðja, sem á mjög stórt og afkastamikið skip, vilji kaupa bara af sínu skipi eða sínum skipum og alls ekki vera að láta það eða þau sigla langar leiðir með loðnuna. Það sjónarmið er uppi og getur verið uppi, og þá er það okkar, bæði samtakanna, sem standa að þessu frv., og okkar alþm., að meta það og vega hvort er þyngra á metunum að skylda þessa aðila til að fara lengri leiðir, en hina minni báta ekki nema sem allra minnst. Á þetta vil ég leggja ríka áherslu. Ég er þeirrar skoðunar að loðnunefnd eigi að hafa þetta vald.

Hitt er svo allt annað mál, að verði breyting á afkastagetu verksmiðja eða hrun á veiðum eða eitthvað þess háttar, þá er engin ástæða til þess að halda sér endilega við þetta. En ég treysti loðnunefnd, sem skipuð er fulltrúum þeirra aðila sem veiða og vinna — þar er aðili sem er tilnefndur af útgerðinni, og svo aftur aðili, sem er tilnefndur af Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda, og þriðji maðurinn, oddamaðurinn og formaður n., er tilnefndur af sjútvrn. Ég get líka upplýst það hér, að ég hef ekki hugsað mér að skipta um þann mann sem þar hefur verið frá byrjun og var skipaður í tíð fyrirrennara míns, hefur staðið sig þar mjög vel og er deildarstjóri í sjútvrn. Ég veit hins vegar ekki hvort hinir aðilarnir hafa skipt um mann, en tel það fremur ólíklegt.

Ég held að ég hafi svo ekkert meira um þetta að segja. Nefndin og deildin verða að meta það og vega hvaða hraði eigi að vera á þessu máli. En ég tel hyggilegra að afgreiða þetta frv. fyrir jól en að bíða til janúarloka eða lengur.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég reiknaði reyndar ekki með því að aths. mín í upphafi fyrri ræðu færi svona í taugarnar á hæstv. ráðh., þó að ég líkti því við að við fengjum fisk í soðið rétt fyrir mikla kjötveisluhátíð, eins og er nú orðið í dag, því miður. En það er ekki mitt að heimta ákveðin frv. í gegn í n. Til þess eru kjörnir formaður og varaformaður og nóg starfslið annað. En auðvitað hefur komið oft í ljós að hæstv. ráðh. þarf lítt á lögum að halda, því að hann hefur sagt að hann hlustaði ekki á ályktanir ákveðinna hópa og stjórnaði sjálfur. En neðst í aths. þessa frv. er þó sagt að hér sé farið eftir beiðni ákveðinna aðila. Gott og vel um það. Það getur vel verið að það liggi fyrir. Það er þó ekki prentað með í þskj.

Reynslan af loðnunefnd, eins og ég segi áðan, hefur verið góð. Loðnunefnd hefur einfaldlega starfað á þann veg, sem er heilbrigt og eðlilegt, að hún fylgist með veiðunum og skipulagning og tilhögun á löndun er í höndum hennar og hún tilkynnir hvar er tóm fyrir veiði. Síðan er það auðvitað í valdi skipstjórans hvar hann velur löndunarstað. Loðnunefnd tilkynnir einnig að það sé ákveðinn flutningsstyrkur á hvert kg, eftir því hve langt er siglt. Þetta hefur komið mjög vel út, eins og ég drap á áðan, og reynslan hefur sýnt að stærstu skipin sigla eðlilega mest og lengst. Þess vegna vil ég yfirvega þetta nokkuð, hvort skilyrðislaust vald sé fært í hendur þessara manna.

Ég drap á það að gefnu tilefni, — það má hæstv. ráðh. vita, — að marggefnu tilefni, að

þegar Alþ. ætlar að ákveða hvar einn aðili selji, þá tel ég skyldu að tryggja að hann fái greiðslu fyrir afurðir sínar, þegar farmur getur numið 6—8 millj. kr., í staðinn fyrir að þurfa að bíða jafnvel mánuðum saman ef ekki enn lengur. Ríkisvaldið bíður ekki með skattheimtu. Skuldunautur er tilkynntur á uppboði ef hann stendur ekki í skilum. Það er þetta sem ég er að vara við að Alþ. geri. Og það er hægt að tína til nóg dæmi um þetta ef á að fara í einstök dæmi sem snerta aðila í atvinnulífinu. Ég ætla aðeins að vara við þessu. Eða treystir hæstv. ríkisstj. sér til þess að segja ákveðnum heildsala að selja ákveðnum smásölum fortakslaust til að hafa jafna og góða dreifingu á vörum, án greiðslutrygginga, svo að nemur millj. kr. í viðskiptum? Ég vildi sjá slík lög. Þegar við ákveðum þetta í lögum, þá erum við komnir á allt annað svið heldur en loðnunefnd hefur í dag.

Hitt er ákveðið skipulag, að taka af viðkomandi útgerðarmanni og skipstjóra ráðin um að ráðstafa verðmæti skipsins og taka þá áhættu sem af því leiðir. Þegar við setjum lög um að það séu tveir eða þrír menn sem segi: Þú ferð þangað, góði minn, og ekkert annað, — þá er dæmið frá mínu sjónarmiði orðið allt annað. Það er þetta sem ég vil athuga og fá að vita rækilega hvort menn séu sammála um það.

Við hæstv. ráðh. erum hins vegar sammála um að vegna þess að Norglobal hefur ekki fengist nú, þá skapast sérstakt vandamál. Ég er algerlega sammála því, og ég er sammála um það meginvandamál sem frv. fjallar um. En ég vil athuga málið meira, vegna þess að hér er það lagt á vald ákveðinnar n. er hefur ákveðna hættu í för með sér. Það má alls ekki blanda þessu saman við aðrar veiðar — alls ekki. Þetta er svo sérstakt mál að það má ekki blanda því saman við aðrar veiðar, því þar er frjás ákvörðunartaka enn höfð. Þar er settur ákveðinn rammi, en frjáls ákvörðunartaka er enn fyrir hendi og frjálst að veiða og selja, en magnið er takmarkað og veiðisvæðið er takmarkað. Hér erum við komnir inn á allt annað svið, og ég vona, að hv. þm. skilji hvað felst í frv.

Það kom fram hér á Alþ. fyrir löngu bæði frá mér og mörgum öðrum þm., að það yrði að gera sérstakt átak í því að tryggja betri móttöku á loðnu og þeim fiski sem almennt er nú farið að kalla bræðslufisk, auðvitað samheiti á fisktegundum sem enginn veit reyndar hverjar eru. En við skulum þá nota þetta orð, bræðslufisk, ég held að inn í Alþ. hafi það verið flutt af núv. hæstv. menntmrh. En það hefur ekki verið hlustað á þetta og þál. um þetta efni var að velkjast í rn. mánuðum saman, en er vonandi komin í höfn. Kannske loðnunefnd hafi ákvarðað hafnarsvæði fyrir þál., svo að vonandi verður eitthvað úr þeirri þál.

En ég vil aðeins segja það, að ég vil fá svigrúm til að athuga málið. Okkur liggur ekkert á að lögfesta þetta miðað við 1. jan., af því að það hefur aldrei skeð áður — og jafnvel þótt útlitið sé gott nú — að verksmiðjur yrðu allar fullar í janúar. Ef þing kemur saman síðustu viku í jan., 24., 25. eða 26., þá má taka til höndunum strax með þetta frv. og vera búið að afgreiða það í fyrstu vikunni. Það er vandalaust verk, því að sjútvn. getur komið strax saman og beðið um umsagnir. Þær liggja þá allar fyrir og okkur er ekkert ofboðið með að afgreiða málið þegar á öðrum eða þriðja degi þegar þing kemur saman á hinu nýja ári, og þá telst það ekki í þessari d. Þá hefur málið verið athugað og þá liggur það hreint fyrir. Og óski allir aðilar eftir þessu, bæði þeir, er þetta kann að bitna á sérstaklega, og aðrir, þá er það sameiginlegt átak að leysa þennan vanda, og það er það sem ég fer fram á, vegna þess að frv. felur í sér ákveðnar skyldur að mínu mati og það mjög miklar skyldur.

Ég vil ekki vera að pexa meira um þetta mál við hæstv. ráðh. Ég viðurkenni, eins og ég sagði áðan, að það er ákveðið vandamál uppi þar sem Norglobal fæst ekki og annað bræðsluskip hefur ekki fengist og afkastageta verksmiðjanna er ekki nægileg miðað við afkastagetu flotans, þar sem útvegsmenn hafa aukið afkastagetu flotans er nemur nær 3000 burðarlestum nú á þessu hausti. Um eða yfir 18 skip hafa verið stækkuð og geta því sótt meira og einnig siglt meira. En ég vil að þetta mál sé athugað meira en nokkur kostur er að gera nú á tveimur eða þremur síðustu dögum þingsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 160, n. 193). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 1921, um stimpilgjald, með síðari breytingum, og n. mælir með því að frv. verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Albert Guðmundsson.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál náið, hæstv. fjmrh. gerði það í framsögu sinni. Hér er um það að ræða að breyta stimpilgjaldinu vegna nýrra laga um fasteignamat. Hins vegar er ljóst að þetta frv. hefur það í för með sér, að stimpilgjald hækkar nokkuð af fasteignum, en engin hækkun hefur orðið á þessu gjaldi í nokkur ár. Það mun láta nærri að stimpilgjald af meðal íbúð sé um 10 þús. kr. í dag, en gæti orðið um það bil 25 þús. kr. með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. — Ég vil að lokum ítreka að n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl., Halldóri Ásgrímssyni, frsm. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. var ég því miður fjarverandi þegar þetta mál var afgr. í nefnd. Hefði ég verið nærstaddur hefði ég greitt atkv. á móti þessari hækkun á þeim forsendum að ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til að taka til greina eðlilegar hækkanabeiðnir þeirra, sem standa utan við ríkisrekstur og stofnanir, en aftur á móti fer fram með meiri og fleiri hækkunartillögur fyrir þjónustustofnanir sínar. Mismununrinn, til þess að sýna eitt dæmi, er kannske hvað mest áberandi ef við tökum það dýrasta sem ég þekki í einkarekstri í kóperingu á örk fóliostærð, hjá IBM, — svo að

maður noti nú eitthvað sem vinstri öflin elska hvað mest, — þar kostar það 40 kr., en hjá ríkisstofnunum 150 kr. Þessi hækkunarþörf ríkisins hlýtur að vera viðurkenning á hækkunarþörf annarra, og áður en þær hækkunarbeiðnir eru teknar til greina greiði ég ekki hækkunarbeiðnum frá ríkinu mitt atkv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 161, n. 194). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs og mælir með því að frv. verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Albert Guðmundsson.

Þetta frv. er einnig afleiðing hinna nýju laga um fasteignamat og skráningu fasteigna, og nægar útskýringar ættu að vera í aths. með frv. Sé ég því ekki ástæðu til að orðlengja um það og vil ítreka að n. leggur til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 170, n. 191). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það nál., sem hér er til umr., er frá iðnn. og fjallar um 126. mál, en efni þess er um verðjöfnunargjald af raforku. Hér er raunverulega verið að leggja það eitt til að það ástand, sem verið hefur að undanförnu með verðjöfnun, verði óbreytt, og n. hefur komist að eftirfarandi niðurstöðu:

„N. hefur fjallað um frv. þetta og mælir með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Bragi Sigurjónsson og Ingi Tryggvason.“

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem frsm. hv. iðnn. gat þess ekki að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, þykir mér rétt að það komi fram að ég hef nú kynnt mér þau gögn, sem ekki lágu fyrir á nefndarfundinum, og sé ekki ástæðu til að gera neinar aths.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Föstudaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Það er nú í rauninni um dagskrá fremur en utan dagskrár. 6. mál á dagskránni er frv. um járnblendiverksmiðju. Ætlunin var að reyna að ljúka 1. umr. málsins og koma málinu til n. Vegna þess mikla annríkis, sem mun verða næstu daga fram að jólahléi í þinginu, og þar sem vitað er að miklar umr. munu verða um þetta mál, þá tel ég ekki rétt að hefja þær umr. og legg til að málið verði tekið út af dagskrá. Ég mælist til þess við hv. iðnn., að þótt málinu sé ekki nú formlega vísað til hennar, þá kanni hún og athugi málið eftir því sem föng eru á í þinghléi.

Söluskattur, frv. (þskj. 112, n. 182 og 185). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:8 atkv.
Brtt. 185 (ný 2. gr.) samþ. með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GTh, IngJ, IG, JóhH, JSk, LárJ, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, FÞ, GuðlG, GHG, RH.

nei: KP, LJós, MÓ, SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG.

SigurlB greiddi ekki atkv.
9 þm. (GF, GÞG, HES, SkA, MK, MB, PS, EKJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 26. fundur.

Föstudaginn 17. des., að loknum 25. fundi.

Söluskattur, frv. (þskj. 215). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:4 atkv. og afgr. til Ed.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 19, n. 197, 198). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. um þetta frv. Ég vil geta þess, eins og tekið er skýrt fram í nál.,

að n. hefur rætt þetta mál allítarlega og er efnislega samþykk því máli sem hér liggur fyrir, en leggur þó til að 1. gr., sem fjallar um breyt. á 3. gr. laga um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, — að 1. gr. frv. þess, sem hér er til umr., verði breytt nokkuð að orðalagi í upphafi og auk þess verði bætt við nýrri málsgr.

N. hafði samráð við nokkra aðila í sambandi við þetta mál. Hún fékk á sinn fund Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga vegna þeirra ákvæða sem er að finna í 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir nýjum ákvæðum varðandi skiptingu stofnkostnaðar milli sveitarfélaga og ríkisins þegar um er að ræða stofnun fjölbrautaskóla. Kom mjög eindregið fram í máli framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga að hann sá ekki ástæðu til að gera neinar sérstakar aths. varðandi þessa grein, taldi, að þarna væri um eðlilega skipan að ræða að svo komnu máli, og var því ekki uppi með neinar hugmyndir um breyt. Er skemmst frá að segja um það, að menntmn. flytur enga brtt. við 2. gr. frv.

Aftur á móti kom það fljótlega upp í athugunum n. og eftir viðræður við þá aðila sem við var rætt, Óskar Guðmundsson framkvæmdastjóra iðnfræðsluráðs og séra Guðmund Sveinsson rektor Fjölbrautaskólans hér í Reykjavík, að eðlilegt væri að breyta nokkuð orðalagi 1. gr. eins og hún var lögð hér fram af hæstv. menntmrh. og einnig að bæta við nýju ákvæði, eins og fram kemur á þskj. 198, þar sem er að finna umorðun 1. gr.

Ég vil taka það fram, að í rauninni er hér ekki um neinar efnisbreytingar að ræða, heldur miklu frekar að þarna sé um að ræða aðferðarmun að vissu leyti og fyllri ákvæði sem við teljum að sé til bóta að komi fram og leggjum til að samþ. verði.

Hvað snertir fyrri breyt. á 1. gr., þá segir svo í frv. sem hæstv. ráðh. lagði fram: „Um iðnnám fer eftir námsskrá sem sett skal að fengnum till. fræðsluráðs og að höfðu samráði við iðnrn. og hlutaðeigandi fræðsluráð“ o. s. frv., en n. leggur til að í stað þess verði tekið upp svofellt orðalag: „Um iðnnám fer eftir námsskrá sem sett er af menntmrh. skv. l. um iðnfræðslu.“ Við teljum að það sé eðlilegra að hafa þessa aðferð, þ. e. að fara beinlínis eftir lögum um iðnfræðslu þegar námsskrá verður sett um iðnfræðsluna í fjölbrautaskólunum, og með því teljum við að tryggar sé að það komist á fullt samræmi í námsskrárgerð fyrir venjulega iðnskóla og fyrir iðnfræðslusvið fjölbrautaskólanna. Við teljum ákaflega mikilvægt að þessu markmiði verði náð, og þó að við efumst að vísu ekki um að sjálfsagt hefði það einnig mátt nást með því orðalagi sem er í frv. upphaflega, þá teljum við heppilegra þetta orðalag, að það komi alveg skýrt í ljós að það verði beitt sömu aðferðum við námsskrárgerð fyrir iðnfræðslusvið í fjölbrautaskólanum eins og þegar um er að ræða venjulega iðnskóla.

Svo er hitt atriðið, sem þarna er um að ræða, sem við leggjum til í sambandi við breyt. á 1. gr., að þá er um að ræða nýtt ákvæði eða viðbót sem yrði ný málsgrein í þessari grein, eins og segir á þskj. 198: „Um annað nám við fjölbrautaskóla, er réttindi veita, skal farið eftir námsskrá sem sett er að fengnum till. þeirra aðila er hafa með höndum veitingu réttinda.“ Við töldum rétt í menntmrn. að taka upp þetta ákvæði eftir ítarlegar viðræður, m. a. við séra Guðmund Sveinsson rektor Fjölbrautaskólans í Breiðholti, en hann telur mjög mikilvægt upp á framkvæmd þessara laga að slíkt ákvæði sé fyrir hendi til þess fyrst og fremst að tryggja þeim nemendum, sem leggja stund á verklegt nám í fjölbrautaskólum, að þeir séu eins settir og ef þeir stunduðu nám í öðrum skólum.

Við í menntmn. leggjum til að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt. sem fram koma á þskj. 198 og varða umorðun á 1. gr. og nokkra viðbót við þá gr.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að gera eina eða neina athugasemd við till. menntmn. um meðferð þessa máls eða þær brtt. sem hún flytur. Ég vildi aðeins taka það sérstaklega fram, að þó að ég sé hvorki með né út af fyrir sig á móti þeim brtt. sem hv. n. hefur gert, þá ætla ég ekki að taka þátt í afgreiðslu þessa máls, og ég ætla að reyna að skýra það í mjög fáum orðum hvers vegna.

Ég held að þessir svonefndu fjölbrautaskólar séu ein hugmyndin enn sem menn hafa fengið um pappírslausnir í íslenska fræðslukerfinu án þess að gera sér nokkra grein fyrir því út á hvaða braut er verið að leggja með þessu eða hver er geta okkar til þess að leysa þessi verkefni. Ég vil aðeins geta þess í því sambandi, að menn hafa litið nú á síðari árum til fjölbrautaskólanna og álitið að þarna væri einhver patentlausn fundin á vanda verklegs náms á Íslandi. En þetta er síður en svo rétt og raunar langt í frá. Vandi verknáms á Íslandi verður ekki leystur með þessum hætti fremur en öðrum pappírslausnum sem reyndar hafa verið. Ég vil aðeins minna á að í gömlu fræðslulögunum var gert ráð fyrir því að við gagnfræðaskóla í landinu störfuðu sérstakar verknámsdeildir. Þetta ákvæði um verklega fræðslu á skyldunáms- og gagnfræðastigi var sem sé fyrir hendi í gömlu fræðslulögunum. Því var aldrei beitt ekki vegna þess að lögin væru ekki nógu ítarleg eða heimildirnar, sem þar voru veittar, nægilega góðar, heldur einfaldlega vegna þess að það voru ekki til fjármunir, a. m. k. voru ekki veittir fjármunir til þess að byggja þessar verknámsdeildir upp.

Ég held að það hafi verið árið 1961 sem samþ. voru ný lög um iðnfræðslu á Íslandi. Þá var gert ráð fyrir því að breyta þessari tilhögun yfir í það að iðnskólar, sem samkv. þeim lögum voru nefndir iðnfræðsluskólar, ættu að annast þessa verklegu menntun og ekki aðeins á iðnsviði, þ. e. a. s. ekki aðeins á sviði löggiltra iðngreina, heldur einnig gagnvart verklegu námi sem ekki nýtur lagalegrar verndar. Þessi lög voru ekki síður góð en gömlu fræðslulögin hvað þetta varðaði. En þau hafa enn ekki komið til framkvæmda, ekki vegna þess að það sé einhver galli á lagasmíðinni, heldur vegna hins, að samfélagið hefur ekki veitt það fjármagn til þessarar skólastarfsemi sem þarf til að þessir skólar og þessi lög geti náð tilgangi sínum.

Nú er enn fundin ný lausn sem á að leysa þennan vanda, en alltaf á að gera það með sama hætti þ. e. a. s. að semja ný lög og nýjar reglur, og nú eru það ákvæðin um fjölbrautaskóla. Einn geirinn í þessu námi, sem fjölbrautaskólar eiga að bjóða, aðeins einn geirinn er verkleg kennsla í iðngreinum. Á Íslandi eru til um 70 löggiltar iðngreinar. Fullkomna fræðslu í a. m. k. hinum stærstu þessara iðngreina á að framkvæma í fjölbrautaskólum sem einn geira námsins. Það á að framkvæma það í fjölbrautaskólum sem búið er að reyna að gera síðan árið 1961 í iðnfræðsluskólum, að byggja upp slíka skóla til þess að útskrifa fullgilda sveina í viðkomandi iðngreinum. Og ástandið í verknámi iðnaðarins er þannig, var a. m. k. þegar ég síðast frétti til, að ekki hafði ennþá verið hægt að uppfylla ákvæði iðnfræðslulaganna frá 1961 um að semja verklegar námsskrár í iðngreinunum, einfaldlega vegna þess að ríkisvaldið hafði ekki veitt fé sem nægði til þess að semja námsskrár í þessum verklegu greinum, hvað þá að taka upp kennslu í þeim. Þetta lýsir mikilli blindni hjá þeim aðilum sem eru að setja upp þetta nýja risabákn í skólakerfinu, að ætla sér að leysa vanda verknámsins á tveimur sviðum: í iðnfræðsluskólunum annars vegar, sem ekki er gerð till. um að leggja niður, og hins vegar að byggja upp annað slíkt kerfi til hliðar við þetta kerfi og hafa það í fjölbrautaskólum.

Ég vil eindregið vara við því að menn láti sér til hugar koma að það sé hægt að leysa þessi mál með þessum hætti. Ég vil aðeins benda mönnum á það, að fyrirmyndin að þessu fjölbrautaskólakerfi, sem t. d. er tekin frá Noregi, er ágæt í því landi, einfaldlega vegna þess að þar voru þessar skólastofnanir og eru til. Þar er t. d. til fullkominn verknámsskóli og verkstæðisskóli fyrir hinar og þessar iðngreinar. Fjölbrautaskólakerfið er aðeins það að sameina þessar stofnanir, sem fyrir eru, undir einn hatt, aðeins að nýta húsnæði og kennslukrafta sem fyrir eru. En það liggur ekkert fyrir í okkar landi sem hægt er að sameina undir slíkan hatt því slíkir skólar eru ekki til. Og ég vil aðeins benda þm. á hvað þetta þýðir sem hér er verið að gera. Við erum að afgr. fjárlög núna þar sem minnst er á einn fjölbrautaskóla. Honum eru ætlaðar á árinu 1977 í fjárfestingar — í stofnkostnað — 220 millj. kr., fjórum sinnum hærri upphæð en allir iðnfræðsluskólar á landinu fá samanlagt, og samt er þetta ekki nema hluti af þeirri fjárveitingu sem þessi eini fjölbrautaskóli hefði þurft að fá ef átt hefði að standa við samningana milli Reykjavíkurborgar og menntmrn. Og menn skyldu bara hreinlega átta sig á því, að það er ekkert lítið mál, það er ekkert smámál, það er ekkert mál, sem verður afgreitt með einhverjum fallegum yfirlýsingum eða hugmyndum hugsjónaríkra skólamanna, að setja upp fjölbrautaskólakerfi hér á Íslandi og byggja það upp eins og lögin gera ráð fyrir.

Það, sem ég óttast, er að hér séum við enn einu sinni að byggja eina pappírsborgina enn í okkar fræðslumálum sem á eftir að hrynja saman innan fárra ára, einfaldlega vegna þess að við höfum ekki efni á að kosta slíkt kerfi, og því síður ef við þurfum að kosta annars vegar fjölbrautaskólakerfi, sem ætti að gagnast verklegu námi eins og iðnnámi, og vera á sama tíma að byggja sams konar námsefni upp í iðnfræðsluskólum. Þetta er gersamlega útilokað og verður ekki til annars en að rýra það fé, sem til þessara hluta getur farið, vegna þess að því verður að skipta á milli þessara tveggja skólakerfa.

Ég vil enn fremur taka það sérstaklega fram, að mér finnst það djarft af skólayfirvöldum og menntmrn. að láta í það skína að ungur maður eða ung stúlka geti gengið inn í fjölbrautaskóla — þessa nýju fjölbrautaskóla sem nú er verið að reisa — velja sér þar t. d. einhverja iðnnámsbraut og ganga síðan út úr skólanum eftir þetta og þetta mörg ár með fullgild réttindi í viðkomandi grein. Mér finnst það vera djarflega farið hjá yfirvöldum fjölbrautaskólanna og menntmrn. að láta ungt fólk standa í þeirri trú að þetta sé hægt, vegna þess að staðreyndin er sú að þetta er ekki hægt. Það unga fólk, sem fer inn í fjölbrautaskólana undir slíkum kringumstæðum, er tekið þangað inn á röngum forsendum vegna þess að ég sé ekki nokkurn möguleika til þess að sá fjölbrautaskóli t. d., sem lengst er kominn, fjölbrautaskólinn í Breiðholti, geti í fyrirsjáanlegri framtíð útskrifað slíkt fólk. Ég vara mjög eindregið við því að Alþ. sé að leika sér svona við að krukka í fræðslu- og skólakerfið á Íslandi án þess að menn geri sér nokkra grein fyrir því hvað þeir eru að fara. Ég veit ekki dæmi þess frá nokkru öðru landi en Íslandi að bókstaflega allt skólakerfið sé undirlagt tilraunastarfsemi út og suður sem enginn virðist hafa stjórn á og jafnvel ekki nokkur maður vitneskju um hvað er að gerast í.

Þetta er enn einn þáttur í leikaraskap í menntaog skólamálum á Íslandi. Ég tek það sérstaklega fram, að ég er ekki að átelja hæstv. menntmrh. eða ríkisstj., heldur fyrst og fremst þá svokölluðu sérfræðinga sem eiga að stjórna þessum málum. Þetta er ein tilraunin enn af stöðugum tilraunum í íslenska skólakerfinu sem hafa gert það að verkum að skólakerfi okkar er raunverulega algjörlega í rúst. En þetta er þó ein tilraunin af mörgum sem fyrirsjáanlegt er að ekki verður hægt að framkvæma eins og verið er að heita bæði foreldrum og nemendum að gert verði.

ATKVGR.

Brtt. 198 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 58). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Á þskj. 58 er flutt frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 frá 15. mars 1965, um launaskatt. Með lögum nr. 14 frá 1965 um launaskatt var lagður 1% skattur á launagreiðendur af greiddum vinnulaunum. Með lögum nr. 94/1970 var ákveðið að innheimta 1½% til viðbótar af launaskattsstofni og skyldi sú viðbót gilda frá 1. des. 1970 til 31. ágúst 1971. Þessi viðbótarskattur var síðan framlengdur fjórvegis með tímabundnum lagaákvæð-

um, þannig að í reynd var innheimtur 2½% launaskattur á tímabilinu frá 1. des. 1970 til 1. apríl 1974. Með lögum frá 1974, nr. 10, var hinn fasti launaskattur hækkaður úr 1% í 2%, en jafnframt ákveðið í 18. gr. laganna, að 1½% álagið skyldi innheimt áfram frá 1. apríl 1974 til ársloka þess árs. Þessi viðbótarskattur hefur síðan verið framlengdur með tímabundnu lagaákvæði, síðast með lögum nr. 74/1975. Hefur því verið innheimtur 3½% launaskattur frá 1. apríl 1974.

Með frv. þessu er lagt til að sami háttur verði hafður á um innheimtu launaskatts árið 1977 og verið hefur frá 1. apríl 1974 og verði skatturinn 3½%, þar af renni 2% til Byggingarsjóðs ríkisins, en 1½% til ríkissjóðs.

2. gr. þessa frv. er samhljóða 2. gr. laganna frá 1975 og felst í henni að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 eru tekjur af launaskatti áætlaðar í samræmi við ákvæði frv. þessa, en þar sem hér hefur enn ekki verið tekin endanleg ákvörðun um þennan launaskatt er talið eðlilegt að framlenging eigi sér aðeins stað um eitt ár.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 178, n. 199). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. N. tók þetta frv. til meðferðar á fundi sínum í gær, og þar sem áhersla er á það lögð að frv. nái fram að ganga og verði að lögum fyrir jólaleyfi, sem stafar bæði af því að það þarf að taka tillit til þeirra laga við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga, sem og vegna fjárhagsstöðu sjóðsins, þá var bersýnilegt að ekki gafst tími til að senda frv. út til umsagnar, enda raunar ekki ástæða til vegna þess að hér er um tiltölulega fáa aðila að ræða, þ. e. a. s. Samband ísl. sveitarfélaga og rn. sjálft, en stjórn Bjargráðasjóðs, sem skipuð er fulltrúum frá báðum þessum aðilum og frá landbúnaðinum, stóð að samningu frv.

Hins vegar fékk n. á fund sinn þá Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og Hallgrím Dalberg ráðuneytisstjóra og ræddi við þá um þær breyt., sem gera á á lögunum.

Þessar breytingar eru ekki viðamiklar. Þær eru fyrst og fremst til samræmingar gjaldalega séð, þ. e. a. s. gert er ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna hækki úr 50 kr. á íbúa í 150 kr., sem er aðeins minni hækkun en verðlagshækkun hefur orðið á því tímabili síðan lögum var síðast breytt um Bjargráðasjóð. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að hækkuð verði sú prósenta, sem tekin er af söluvörum landbúnaðarins, úr 0.23% í 0.35% og á þann veg verði styrkt sú deild sjóðsins sem fer með bætur á sviði landbúnaðarins. Aðrar breytingar eru minni háttar. Þær eru til samræmingar, t. d. miðað við setningu laga um Viðlagasjóð vorið 1975, og gert ráð fyrir því að bætur verði ekki greiddar úr sjóðnum ef þær falla undir Viðlagatryggingu Íslands. Þá eru og í frv. útfærð ákvæði varðandi milligöngu sveitarfélaganna sjálfra, ákvæði varðandi vanskil og form á lántökum og endurlántökum sveitarfélaganna og að það skuli heimilt að undanþiggja stimpilgjöldum skuldabréf sem sveitarstjórnir gefa út á hendur einstaklingum sem sveitarfélögin endurlána.

Meiri hl. n. var sammála um að mæla með þessu frv. óbreyttu. Hins vegar er ekki því að leyna, og ég tala þar fyrir mig sjálfan, að mér þætti ástæða til að athuga hvort ekki væri rétt að samræma tekjur sjóðsins hvað verðbindingar snertir, þannig að bæði hin almenna deild og landbúnaðardeildin byggju við verðtryggt framlag. En þarna er nokkurt ósamræmi vegna þess að iðgjöldin til búnaðardeildarinnar hækka sjálfkrafa við hækkað söluverð búvara. Einnig má benda á það, hjá hinum aðilanum í tryggingakerfinu, Viðlagatryggingu Íslands, er miðað við stofn vegna brunabótamats, þ. e. a. s. álagsstofn brunabótaiðgjalda. Hann hækkar líka miðað við byggingarvísitölu á milli ára, þannig að þau iðgjöld, sem greidd eru til almenna sjóðsins, eru fastbundin ákveðinni krónutölu. N. þótti þó ekki rétt að gera till. um það að svo stöddu og stendur þess vegna einróma að þessari meðferð.

Það er rétt að taka það fram í lokin, að Eðvarð Sigurðsson og Magnús T. Ólafsson sátu hjá við atkvgr. í n. En það mun ekki vera vegna þess að þeir séu efnislega ósamþykkir þessum breyt., eins og þær liggja fyrir, miðað við þann skamma tíma sem hefur verið fyrir n. að vinna, heldur skildi ég það svo, að það væri fyrst og fremst andstaða við að mál væri þvingað í gegn á svo skömmum tíma. En ef það er ekki rétt túlkun hjá mér, þá hafa þeir að sjálfsögðu tækifæri til þess að leiðrétta það. Meira held ég að ég hafi ekki um þetta að segja.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hv. frsm. þá sátum við tveir nm. hjá við afgreiðslu þessa máls, ég og hv. þm. Magnús T. Ólafsson, og það er rétt, að það er ekki út af fyrir sig af efnislegum ágreiningi um frv. eins og það liggur nú fyrir, en snertir fyrst og fremst vinnubrögð. Þetta frv. var lagt hér fram eða lá á borðum þm. s. l. miðvikudag, þá sáum við það fyrst. Þá stóð yfir atkvgr. vegna 2. umr. fjárlaga og menn voru bundnir á þriðja klukkutíma við þau störf. Síðan hófst hér fundur á mjög óvenjulegan hátt, verð ég að segja, í hv. Nd. og þetta mál þá tekið fyrir og vísað til n. Morguninn eftir er síðan boðaður nefndarfundur og málið afgreitt frá n. án þess að menn hefðu haft nokkurn tíma til þess að athuga málið eða ráðgast við einn eða neinn: Það eru þessi vinnubrögð, sem svo mjög setja nú merki sitt á störf Alþ., sem ég vildi nota tækifærið til þess að mótmæla um leið og ég segi þessi orð hér. En efnislega erum við samþykkir þessu frv. eins og það liggur nú fyrir og gerum ekki athugasemd við það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 200 (sbr. 31)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Neðri deild, 27. fundur.

Föstudaginn 17. des., að loknum 26. fundi.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 178). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 286). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 25. fundur.

Föstudaginn 17. des., kl. 16.45 síðdegis.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 160). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 161). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 170). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 286). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um fjölbrautaskóla var lagt fram í Nd. og hefur verið afgreitt þaðan með smávægilegri breytingu. Það er fyrst og fremst formsbreyting, en ekki efnis. Ég er henni algerlega samþykkur og sýnist að betur fari á að frv. sé með þeim hætti sem Nd. gekk frá því.

Þetta er ekki veigamikið mál. Það fjallar aðeins um tvö atriði varðandi þá löggjöf sem nú gildir um fjölbrautaskólana: Annars vegar kostnaðarskiptingu á milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna. Þar er nánast um það að ræða að lögbinda viðtekna venju sem komist hefur á að því er þetta atriði varðar. Á hinu leitinu eru örlítið nánari ákvæði en nú eru í lögum fjölbrautaskóla um það, hversu samræma skuli iðnmenntun þeirra, sem sækja verknámsbrautir í fjölbrautaskólunum, við hina almennu iðnmenntun í landinu. Um þetta atriði hafði verið fjallað nokkuð ítarlega áður en þetta frv. var lagt hér fram, en við enn nánari skoðun í hv. menntmn. Nd. þótti, eins og ég áðan sagði, rétt að breyta þarna lítið eitt um form, og ég er þeirri breytingu algerlega sammála. Ég vil aðeins taka það fram að lokum, að það er mikilsvert að þetta mál nái afgreiðslu fyrir áramótin, ef þessi hv. þd. telur það auðið, því að nauðsynlegt er að koma fastari og samræmdari skipan á þessi mál heldur en unnt er miðað við gildandi lagaákvæði.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 215). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fimrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að söluskattsauki samkv. söluskattslögum verði hækkaður um 1%. Jafnhliða er lagt til að felld verði úr gildi lög nr. 9 27. febr. 1976, um ráðstafanir til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað. Fellur þá niður hið svonefnda olíugjald, sem nemur nú 1% á söluskattsstofn. Breyting sú, sem í frv. felst, hefur því hvorki áhrif til hækkunar né lækkunar á skattlagningu vöru og þjón-

ustu. Breytingin er gerð til einföldunar og hagræðis, en þeim tekjum, sem komu af olíugjaldinu og gengu til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, bæði beint og óbeint, er nú ætlað að ráðstafa í framtíðinni á fjárl. hverju sinni.

Í frv. til fjárl. fyrir árið 1977 er lagt til að 600 millj. kr. verði varið til beinna styrkja til þeirra aðila sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Þar er einnig lagt til að 1000 millj. kr. renni í Orkusjóð til að hraða hitaveituframkvæmdum og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða og til að standa undir skuldbindingum sjóðsins að öðru leyti.

Við 3. umr. fjárlaga mun verða lagt til að í stað 600 millj. kr. til styrkja verði sú tala hækkuð í 700 millj. kr.

Frv. þetta felur þannig fyrst og fremst í sér formbreytingu um olíugjaldið svonefnda, sem ekki er talið með ríkistekjum, heldur litið á það sem tímabundna ráðstöfun fjár til að milda áhrif olíuverðhækkunarinnar 1973 og eftirleiks hennar. Nú er hins vegar með öllu ljóst að þeim vanda, sem hlýst af hækkun orkuverðs í heiminum, verður hér á landi best mætt með því að efla hitaveituframkvæmdir og aðrar hagkvæmar innlendar orkuframkvæmdir. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að efla fjárhag Orkusjóðs til þess að greiða fyrir fjármögnun þessara framkvæmda. Hér er ekki um tímabundið viðfangsefni að ræða og því langeðlilegast að stiga það skref, sem hér er lagt til, með því að viðurkenna olíugjaldið sem ríkistekjur í stað þess að hafa það eins og milli vita.

Eins og ég gat um áðan, er þegar gert ráð fyrir að meiri hluti fjárins gangi til hitaveituframkvæmda og annarra verkefna Orkusjóðs eða 1 milljarður kr., en samkv. frv 600 millj. — væntanlega 700 millj. kr. til styrkja til þeirra sem hafa hitað hús sín með olíu. Í þeirri tölu er þá gert ráð fyrir að styrkfjárhæð á hvern mann geti hækkað úr 9 500 kr. á þessu ári, m. a. vegna útbreiðslu hitaveitna. Það er eftirtektarvert að síðan 1972 hefur sá hluti þjóðarinnar, sem býr við hitaveitu, aukist úr 45 í 55%, og á næstu árum gæti þetta hlutfall hækkað í á milli 70 og 80%. Þessi nýja grein sparar mikinn innflutning og þar af leiðandi gjaldevri, og segja má að þetta frv. sé til þess flutt að ríkissjóður geti stuðlað að þessari bróun næstu árin og lagt grunn að framhaldi hennar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það kemur í ljós nú með þessu frv., sem við óttuðumst í stjórnarandstöðunni, að hið svonefnda olíugjald eða eitt stig í söluskatti yrði að föstum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Þetta frv. staðfestir það, að það á að reyna að fá lög um það innan skamms. Það kemur fram í frv., að ætla má að eitt söluskattsstig nemi 1.6 milljarði kr. Hins vegar á að ráðstafa þessu þannig, samkv. því sem hæstv. fjmrh. var að segja nú rétt áðan, að 700 millj. kr. fari í niðurgreiðslu á olíu, í gegnum ríkissjóð þá þar sem þetta gjald á að fara í gegnum fjárl. nú í fyrsta sinn, og afgangur renni í Orkusjóð, sem gæti þá numið fast að milljarði, eftir því hvað gjaldið gefur mikið, 1600—1700 millj. kr.

En þá er að athuga eitt, hve margir aðilar í landinu, sem hafa olíuupphitun, greiða nú söluskattinn. Ef svo er, að þeir, sem nota olíu, borgi í söluskatt 500—600 millj. kr., þá er raunveruleg hjálp aðeins á annað hundrað millj. kr. og er það orðið algerlega gagnstætt því sem þetta gjald átti að vera í upphafi. Það átti að vera til að létta því fólki, sem hafði olíukyndingu, vegna þeirrar hækkunar sem varð á olíu hér á landi, og um það voru þm. sammála á sínum tíma. En það hefur verið ágreiningur um að taka þetta og skipta því með allt öðrum hætti en upphaflegur tilgangur gjaldsins var.

Ég vil því mótmæla þessari ráðstöfun mjög eindregið og tel að raunverulega sé þetta ekki hægt. Ef við ætlum að hjálpa þessu fólki, eins og upphaflegur tilgangur var með þessum gjaldstofni, þá er ekki hægt að ráðstafa þessu fé með þessum hætti. Það er ekki hægt, því að fólkið, sem borgar söluskatt og fær svo fé til baka vegna olíukyndingar hefur sama og engan ávinning af því. Þá er Alþ. því miður búið að taka það skref að láta verulegan hluta þjóðarinnar bera olíuverðhækkunina einhliða.

Um hitt má líka deila, hvort fjármögnun hitaveituframkvæmda á að vera á svona háu stigi samtímafjármögnun. Við höfum ekki enn séð lánsfjáráætlun fyrir næsta ár, þó að nú sé mjög liðið að því að þingfundum verði frestað fyrir jól, en það var þó boðað við 1. umr. fjárl. að við ættum að sjá lánsfjáráætlun. Verðum við í stjórnarandstöðunni því að giska á hvar þar felst. Ég get ekki fallist á þessi vinnubrögð og tel að hér sé skakkt að staðið.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og tel að hér sé brostin forsenda að bera fram slíkt frv., miðað við þær upplýsingar sem við höfum hvað varðar dreifingu á þessu gjaldi. Og þess var óskað af hæstv. ráðh. að þetta mál yrði afgreitt nú strax. Það getur vel verið að meiri hl. knýi það í gegn. En hvorki í frv. né ræðu hæstv. ráðh. eru nálægt því tæmandi upplýsingar um þetta gjald og hvað þeir, sem það bera í gegnum söluskattinn, fá til baka. Það eru áætlunartölur. Frv. gerði ráð fyrir 600 millj., nú er það skyndilega komið upp í 700 millj. vegna gagnrýni og kann að hækka enn meira eða þörfin vera enn meiri. En um þetta fáum við ekki meira að vita þar sem svigrúm með tíma er ekki neitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 147, n. 192, 202 og 210, 213, 214). — 2. umr.

Afbrigði um brtt. 213 og 214, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til athugunar frv. til l. um tollskrá o. fl. N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins og

munu 3 hv. þm. skila séráliti, en ég ásamt hv. þm. Jóni Helgasyni og Jóni G. Sólnes rita undir nál. 1. minni hl.

Frv. þetta er beint framhald af fyrri breytingum á tollskrárlögum og þeim samningum sem Ísland hefur gert við EFTA og Efnahagsbandalagið. Þessar tollalækkanir eru samningsbundnar og koma sjálfkrafa til framkvæmda hvort sem lögunum er breytt eða ekki. Þannig hefur alltaf verið haldið á þessum málum þegar tollskrárbreytingar hafa orðið.

Í öðru lagi er með þessu frv. stefnt að allverulegum lagfæringum til handa iðnaðinum. Í fyrsta lagi eru tollar af ýmsum rekstrarvörum felldir niður, ýmist að fullu eða í áföngum, tollar á fjárfestingarvörum falla niður á þrem árum og ýmsir tollar á hráefnum til smíði í tveim áföngum.

Ábrif þessa frv. koma annars vegar fram í því, að ríkissjóður verður fyrir allverulegu tekjutapi. Er áætlað samkv. frv. að tekjutap ríkissjóðs verði um 1050 millj. og með þeim brtt., sem 1. minni hl. n. gerir, má áætla að þessi upphæð hækki um 120—130 millj.

Þetta frv. er að því leytinu til tímamótafrv., að þar kemur fram svo að ekki verður um villst að tollvernd iðnaðar á Íslandi er lokið árið 1980 og á því ári nýtur iðnaðurinn ekki lengur tollverndar.

Það er einnig rétt að taka fram að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að breyta í neinum mæli svokölluðum fjáröflunartollum. Það er alveg ljóst og það kom skýrt fram í n., held ég mér sé óhætt að segja hjá öllum nm., að það verði ekki komist hjá því að taka fjáröflunartolla til endurskoðunar á næstunni. Þær vörur, sem voru taldar lúxusvörur fyrir áratug eða jafnvel nokkrum árum, þykja sjálfsögð heimilistæki og sjálfsagður þáttur í lífi hins almenna borgara, þannig að hugtakið lúxusvara hefur fengið verulega breytta merkingu. Hitt er alveg ljóst, að við slíka lagfæringu stendur ríkissjóður frammi fyrir tekjuöflunarvandamáli ef á að halda rekstri hans áfram í svipuðum mæli og hefur orðið nú á undanförnum árum. Og það er einnig ljóst, að þessi tollalækkun, sem nú er gert ráð fyrir, nemur a.m.k. 4500 millj. á ársgrundvelli þegar allar tollalækkanir hafa komið til framkvæmda á árinu 1980, þannig að hér er um verulegan tekjumissi að ræða sem vart er hægt að hugsa sér að mæta nema með einhverri annarri tekjuöflun.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekar grein fyrir frv., hæstv. fimrh. gerði það í mjög ítarlegri framsöguræðu, en vil í stuttu máli gera grein fyrir störfum n.

Til fundar við n. komu starfsmenn ýmissa rn., fimrn., viðskrn. og iðnrn., og þessir aðilar veittu ýmsar upplýsingar. Þá kallaði n. sérstaklega til sín aðila frá Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna og var verulegt gagn að viðræðum við þessa aðila sem veittu margvíslegar upplýsingar um stöðu iðnaðarins. Þessir aðilar lögðu mikla áherslu á það að trjávöruiðnaður og fataiðnaður fengi meiri ívilnun eða lækkun á tollum á sínum aðföngum en gert er ráð fyrir í frv. Í sumum tilfellum var það svo, að tollur á innfluttum húsgögnum var jafnvel lægri en tollur á aðföngum til húsgagnagerðar.

1. minni hl. n. hefur gert það að till. sinni, að tollur á nokkrum liðum í aðföngum trjávöruiðnaðarins verði lækkaður. Þar er einkum um að ræða krossvið og plötur ýmiss konar sem mikið eru notaðar í húsgagnaiðnaði. Þessar lækkanir kosta ríkissjóð, ef má orða það svo, eða ríkissjóður missir tekjur sem nemur um það bil 60 millj. strax á næsta ári. Hins vegar hótti ekki fært að lækka eða fella niður toll á furu, en innflutningur á furu er mjög verulegur og mest af þeim við er notað í byggingariðnaði. Ef tollur hefði verið felldur niður strax á næsta ári af þessum lið, þá hefði það þýtt tekjutap fyrir ríkissjóð a.m.k. um það bil 300 millj. Hins vegar er gert ráð fyrir að tollur á furu lækki nú á næstunni og fari í 0 1980.

Ég vænti þess, að lækkanir á krossviði og spónaplötum ýmiss konar verði til þess að efla nokkuð húsgagnaiðnaðinn, sem að vísu býr ekki í dag við þá erfiðleika að mikill innflutningur sé á húsgögnum, því að það kom fram í n. að um 90% af seldum húsgögnum í landinu séu innlend framleiðsla. Hins vegar er það ljóst, að með lækkuðum tolli á erlendum húsgögnum á næstu árum er hætt við að verulegir erfiðleikar skapist í húsgagnaiðnaðinum og þess vegna er mikilvægt að lækka toll strax á helstu aðföngum hans til þess að hann geti búið sig betur undir harðnandi samkeppni.

Það var eitt atriði, sem kom fram í starfi n., og það er sú staðreynd að tollur á innfluttum húsum er 15%, en hins vegar er tollur á furu 25%, þannig að innlendir húsasmíðameistarar og bæir húseiningaverksmiðjur, sem starfa í landinu, þurfa að greiða 25% toll á sama tíma sem sams konar innflutt hús eru í 15% tolli. Þetta getur að sjálfsögðu ekki gengið ef á að halda uppi þessum iðnaði, þegar við bætist sú staðreynd að þessir aðilar þurfa að greiða söluskatt af framleiðslu sinni á sama tíma sem vinna á byggingarstað er söluskattfrjáls. Þess vegna ber að leggja á það áherslu og ég vil taka það skýrt fram, að það er talið að endurgreiðsla á þessum tolli geti fallið undir 12. lið 3. gr. í frv., og það er skilningur n. að það beri að endurgreiða þessum fyrirtækjum toll af furu. Þetta eru ekki mörg fyrirtæki, þau munu vera 4—5, en það kom skýrt fram hjá starfsmönnum fjmrn. að það væri nauðsynlegt að fá lærða menn, t.d. verkfræðinga, til þess að meta það hversu mikil fura færi í þau hús sem eru smíðuð. Og ég vænti þess, að það muni verða gert.

Þá kom einnig fram frá iðnrekendum, að þeir teldu að fataiðnaður ætti rétt á að búa við betri kost en frv. gerir ráð fyrir, og það kom fram í starfi n. að ef upplýsingar hefðu legið fyrir áður, þá hefði strax í upphafi verið gert ráð fyrir meiri tollalækkun á aðföngum til fataiðnaðar. 1. minni hl. n. gerir ráð fyrir því að ganga verulega til móts við þessar óskir í tveim áföngum, í fyrsta lagi í ársbyrjun 1977 og í ársbyrjun 1978. Þetta kemur skýrt fram ef bornar eru saman brtt. 1. minni hl. og samsvarandi liðir í frv. sjálfu.

Þá lögðu fulltrúar iðnrekenda nokkra áherslu á að tollur af fjárfestingarvörum félli niður,

og það er ljóst að hér er um gífurlega stórt mál að ræða. Frv. gerir ráð fyrir því að tollur af fjárfestingarvörum falli niður í áföngum og verði kominn í 0 1980 af helstu fjárfestingarvörum. En það þótti ekki fært að lækka toll þennan meira en gert er ráð fyrir í frv. því að hér er um verulegt fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð að ræða og ekki verður séð að innlend húsagerðarsmíði stafi veruleg hætta af erlendri samkeppni.

Þá kom það fram hjá fulltrúum iðnrekenda og einnig fulltrúa Landssambands iðnaðarmanna, að þeir lögðu mikla áherslu á ákvæði 12. liðar 3. gr. sem er nýmæli og felur í sér heimild fyrir fjmrn. að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir á eða felldir niður af samkv. ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum, sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara, jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru til innlendrar iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða, sem ljóst er að þarf að setja nánari reglur um, og þetta ákvæði er mjög mikilvægt fyrir iðnaðinn. Það er hins vegar ljóst, að ekki er hægt að sjá það fyrir algerlega hvernig þessi liður 3. gr. verður framkvæmdur. Það var almennur skilningur fyrir því í n. að einhverjar nánari reglur þyrfti að setja um framkvæmd þessa ákvæðis, og 1. minni hl. n. leggur til að við 12. tölul. bætist svo hljóðandi mgr.:

„Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnrn. og samtök iðnaðarins.“

Það er ljóst, að fjmrn. verður að móta hér framkvæmdina, en hins vegar er mikilvægt að þeir aðilar, sem starfa að þessum málum og þekkja vel til vandamála iðnaðarins, séu hafðir með í ráðum og það sé tryggt að þeir geti komið sjónarmiðum sínum að um framkvæmd þessa ákvæðis. Þess vegna er nauðsynlegt að bæta þessu ákvæði við til þess að það sé tryggt að þeir séu hafðir með í ráðum og geti fylgst náið með framgangi þessara mála.

Brtt. n. eru, eins og ég hef áður rakið, í fyrsta lagi sérstaklega varðandi triávöruiðnaðinn, í öðru lagi varðandi fataiðnaðinn og síðan er gert ráð fyrir nokkurri lækkun frá því, sem gert var ráð fyrir í frv., á ýmsum vélum til landbúnaðar, sem kemur fram sérstaklega á síðu 5 í brtt. Þetta eru ýmsar vélar til landbúnaðarframleiðslu sem lækka lítillega. Einnig er gert ráð fyrir því, að vélar til fiskvinnslu, svo sem flökunarvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar, slægingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski, lækki einnig allnokkuð. Var um þetta samstaða í n. svo og um aðrar brtt., en aðrir nm. vildu ganga lengra í ýmsum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir þessum brtt. á þskj. 201 frekar, en vil aðeins víkja að brtt. á þskj. 214 sem er flutt af 1. minni hl. fjh.- og viðskn., en hún felur í sér að það verði breyting á 27. lið 3. gr., en hann hljóðar svo, að það sé heimilt „að lækka eða fella niður gjöld af allt að 400 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað eða fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda af hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meiru en 80 þús. kr. Þó skal heimilt að lækka gjöld á allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 120 þús. kr. fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið“. Þetta ákvæði laganna hefur ekki breyst í nokkur ár og hefur þótt eðlilegt að gera þarna nokkra lagfæringu til samræmis við verðlagshækkanir. Og það er gerð till. um að þessi niðurfelling megi vera 150. þús. í stað 80 þús. Það er hins vegar nauðsynlegt að gera grein fyrir því, að leyfisgjald fellur einnig niður. Ef tekið væri dæmi um Skoda-bifreið, þá er tollur af slíkri bifreið 321 þús. kr. í dag og af því mundu þá falla niður 150 þús. kr. En einnig fellur niður leyfisgjald að upphæð 114 þús., þannig að heildarlækkun yrði þá 264 þús. Hins vegar ef tekið er dæmi um einhverja aðra bifreið, t. d. Ford-bifreið af ákveðinni gerð, þá er tollur 522 þús., en leyfisgjald 290 þús. Lækkun af slíkri bifreið yrði þá 150 þús. kr. tollur og 290 þús. kr. leyfisgjald eða samtals 440 þús. Hins vegar þykir rétt að setja það ákvæði, að heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi megi þó ekki vera hærri upphæð en 500 þús. kr. Það er hugmyndin með þessari heimild, að hún sé notuð til þess að tryggja þessu fólki, sem á við mikla erfiðleika að etja, að það geti eignast bifreið. En hins vegar þykir ástæðulaust að tryggja það að viðkomandi aðilar séu studdir til þess að kaupa mjög dýra bíla og þess vegna er þetta ákvæði sett inn, að viðkomandi aðilar geti vissulega tekið ákvarðanir um það að kaupa dýrar bifreiðar, en fái ekki stuðning til þess umfram þessa upphæð.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því, að það sé heimilt að fella niður toll allt að 120 þús. af 25 bifreiðum árlega fyrir þá, eins og segir í frv. sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Það þótti ástæða til að hækka þessa niðurfellingu allverulega eða úr 120 þús. í 450 þús., þannig að slíkar bifreiðar væri hægt að kaupa, þ. e. a. s. tiltölulega ódýrar bifreiðar, að mestu leyti án tolls. Ef tekið væri dæmi um Skoda-bifreiðina, þá er tollur 321 þús. þannig að það er verulega lægri upphæð en sú upphæð sem þarna er gert ráð fyrir. Ef síðan er tekin aðeins dýrari bifreið, af ákveðinni Ford-gerð, þá er tollur 522 þús., þannig að viðkomandi aðili þyrfti þá af slíkri bifreið að greiða 72 þús. kr. toll, en leyfisgjaldið væri fellt að fullu niður eins og í öðrum tilvikum.

Það kom fram hjá fulltrúum iðnaðarins, að þeir legðu á það áherslu og hefðu fyrir því áhuga að það væri lagt sérstakt jöfnunargjald á innflutning, og það var gert ráð fyrir því að þetta jöfnunargjald væri 4%. Þeir rökstuddu þessa skoðun sína með því að benda á það, að uppsöfnun söluskatts skerði samkeppnishæfni iðnaðar innanlands og hindri jafnframt uppbyggingu útflutningsiðnaðar. Það væri því nauðsyn-

legt að breyta þessu þannig að íslenskur iðnaður njóti sambærilegrar aðstöðu hvað þetta snertir og erlendir keppinautar hans njóta hérlendis og erlendis. Þeir gerðu ráð fyrir því að þessi uppsöfnunaráhrif væru 3½%, sem kemur reyndar fram í skýrslu frá fjmrn., og einnig væri hér 0.5% iðnlánasjóðsgjald, þannig að iðnaðurinn kæmi til með að búa við neikvæða tollvernd 1980 sem næmi 4%. Það er vissulega nokkuð erfitt að fullyrða að svo sé. En iðnaðurinn hefur einnig annað gjald sem er ekki algengt erlendis, þ. e. a. s. aðstöðugjald sem er allt að 1%, þannig að slíkt gjald mundi þá bætast hér við. Hins vegar má vel vera að iðnaður í samkeppnislöndum okkar búi að einhverju leyti við gjöld sem ekki eru lögð á hérlendis, en um það vil ég ekki fullyrða. Það kom fram í n. verulegur áhugi fyrir því að þetta mál yrði kannað af alvöru og athugað hvort slíkt væri ekki hægt. Bent var á ákvæði í EFTA-samkomulagi, sem er nokkuð óljóst að mínum dómi og má skilja svo, að heimilt sé að leggja á slíkt jöfnunargjald, en þar segir: „Aðildarríkin skulu ekki leggja beint eða óbeint á innfluttar vörur nein fjáröflunargjöld sem hærri eru en þau, sem lögð eru beint eða óbeint á sams konar innlendar vörur, eða beita slíkum gjöldum svo að sams konar innlendum vörum sé veitt raunverueleg vernd".

Það má vissulega líta svo á að þau gjöld, sem lögð eru á íslenskan iðnað hér á landi, en ekki annars staðar, séu óbeinar álögur. Og því má lesa út úr þessari grein, a. m. k. fyrir leikmann, að þetta muni vera heimilt. En hins vegar kom það skýrt fram hjá þeim sérfræðingi, sem hefur mest með þessi málefni að gera, ráðuneytisstjóra viðskrn., að hann teldi að þetta væri alls ekki heimilt. Og hann benti jafnframt á ákvæði í samningi Íslands við Efnahagsbandalagið í 6. gr., sem er mun ákveðnara en 6. gr. samningsins við EFTA, en í 6. gr. samningsins við Efnahagsbandalagið segir í 1. lið: „Í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins skal ekki leggja á nein ný gjöld, sem hafa sömu áhrif og innflutningstollar". Hér er mun skýlausara orðalag heldur en í EFTA-samningnum. En mér þykir hins vegar rétt og nauðsynlegt að þetta mál fái alvarlega athugun af yfirvöldum, því að það er ljóst að þegar allir tollar verða niður fallnir á erlendri iðnaðarvöru á árinu 1980, þá verður ekki við það búið að innlendur iðnaður búi við mun meiri álögur en samkeppnisiðnaður erlendis. Væri að mínum dómi nauðsynlegt að hann nyti beirra bestu kjara, sem hugsanleg eru, á þeim stutta aðlögunartíma sem er eftir fram að 1980.

Það var nokkuð rætt á fundum n. um framlengingu aðlögunartíma, og fulltrúar iðnaðarins lögðu áherslu á að þeir hefðu mikinn áhuga fyrir því og legðu á það þunga áherslu að reynt væri að fá framlengingu á aðlögunartímanum. Ég lít svo á að það sé sjálfsagt að fara fram á framlengingu aðlögunartíma eftir því sem hægt er. En hins vegar verður að líta svo á að það sé aðskilið mál, sem komi ekki afgreiðslu þessa frv. beint við, og þess vegna sé ekki ástæða til að ég fari að rekja þær umr. sem voru á fundum nefndarinnar.

Þrátt fyrir það að ýmsir telji að það hefði mátt betur gera í þessu frv. og koma að ýmsum brtt., þá held ég að það verði ekki dregið í efa að það er mjög mikilvægt fyrir alla aðila og ekki síst íslenska iðnaðarframleiðslu að þetta frv. nái fram að ganga og það væri mjög skaðlegt fyrir iðnaðinn ef það næði ekki fram að ganga nú fyrir jólaleyfið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta mál frekar, herra forseti, en vil aðeins ítreka það, að 1. minni hl. n., ég ásamt hv. þm. Jóni Sólnes og Jóni Helgasyni, við leggjum til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem við höfum lagt fram.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég get tekið undir síðustu orð frsm. 1. minni hl., að það er mikilvægt að þetta frv. nái fram að ganga, og ég tek það fram í nál. minu á þskj. 202, að ég er sammála meginefni frv. og mun styðja þær till. er 1. minni hl. leggur fram.

Hins vegar undirstrika ég það, sem segir í grg. frv. og kom reyndar fram í framsögu áðan, að óhjákvæmilegt er að taka til endurskoðunar fjáröflunartolla, en orðrétt segir á bls. 253: „Þá er og ljóst að þrátt fyrir að frv. þetta gerir ráð fyrir verulegum tollalækkunum á næstu 4 árum verður tæplega hjá því komist að endurskoða enn frekar hæstu fjáröflunartolla til lækkunar á því tímabili." Ég undirstrika sérstaklega að ég vil hafa þetta staðfest, það sé ekki bara fyrirheit sem ekki sé staðið við, heldur að það verði framkvæmt. Það er krafa okkar alþfl.-manna að við þetta verði staðið. Það er ekki lengur viðunandi að sum af brýnustu heimilistækjunum skuli vera í 80% tollflokki með auk þess með margar aðrar álögur. Eins og frsm. drap á eru sum tæki, sem voru talin lúxustæki fyrir 15—20 árum, nú orðin hin brýnustu heimilistæki. Það er ekki sæmandi lengur að taka þau út úr og láta tolla á þessum vörum gnæfa upp yfir flest annað í okkar tollskrá. Einnig vantar upplýsingar um hvaða áhrif þessi breyting á tollum í lækkunarátt hefði á vísitölu og ýmsa framfærslu í landinu. Það getur vel verið að það sé mjög erfitt dæmi að áætla slíkt, en það kom ekki fram neitt í þá áttina.

Það er mjög undirstrikað að ríkissjóður sé að tapa miklum peningum við þessar breytingar, það muni vera rúmlega milljarður. En á móti er nú lögfest vörugjald 18%, þó það sé ekki nema á vissum vörum, en það gefur ríkissjóði á sjötta milljarð kr., þannig að hann hefur nú fengið sæmilega bummu á móti því sem þessi breyting gerir ráð fyrir. Þetta vörugjald átti fyrst að vera tímabundið, síðan að fara lækkandi og síðan hverfa, en það er nú orðin grjóthörð staðreynd. Ég tek því ekki mikið mark á þeirri kvörtun að ríkissjóður fari halloka í tollabreytingum og tekjuöflun.

Það eru ýmis fleiri atriði sem fjalla mætti um í sambandi við þetta tollafrv. Ég drap lítils háttar á á nefndarfundi að það væri nauðsynlegt að endurskoða alla tolla á bílum. Frá Félagi sérleyfishafa liggur fyrir bréf þar sem þeir kvarta mjög undan álögum á þessar bifreiðar og það svo, að það er varla hægt að komast hjá því að taka það mál fyrir sérstaklega. Það virðist ekki

vera svigrúm til að athuga það vel nú, en ég ætla — með leyfi forseta — að lesa hér stuttar glefsur úr þessu bréfi til að undirstrika hvað ástandið er orðið alvarlegt:

„Með þróun verðlags og aðflutningsgjalda á almenningsbifreiðum s. l. 3—4 ár, ef hún er athuguð, kemur sérstaklega í ljós eftirfarandi: Verð algengustu stærða sérleyfisbifreiða og strætisvagna hefur hækkað á s. l. 3—4 árum úr 4—6 millj. í 16—22 millj. kr. eða þre- til fjórfaldast. Aðflutningsgjöld á sömu tækjum hafa hækkað úr 1.3—1.9 millj. upp í 6½—9 millj. kr. eða nær fimmfaldast. Og þetta fær ríkissjóður. Þetta eru almenningsbifreiðar í þágu almennings sem halda uppi lífsnauðsynlegum samgöngum. Þessi gífurlega hækkun stafar af því að samfara erlendum hækkunum og hækkunum af völdum gengisbreytinga á stofnverði hafa aðflutningsgjöldin hækkað úr 46.1% í 81.8% miðað við cif-verð og eru margfalt hærri en nokkurs staðar annars staðar þekkist. Þetta getur hreinlega ekki haldið svo áfram.“ Síðan er sundurliðun á þessum gjöldum sem þarf raunverulega ekki að sundurliða, tollskráin sýnir það. En þeir undirstrika það, þessir aðilar, að ef ekki verði sinnt erindi þeirra og þessara stóru vöruflutningabíla, — það nær einnig til þeirra þó að þessi samtök skrifi ekki fyrir þeirra hönd, — þá stefni hér í voða, þá stefni hér hreint í voða. Það kom einnig fram í fyrirspurn í Sþ. fyrir nokkru að þetta er sérstakt vandamál sem Alþ. mun ekki komast hjá að fást við.

Því var borið við á fundum að ekki væri svigrúm til að athuga þetta mál nægilega mikið. Við áttum allir von á því, þm., að fá tollskrána fyrr til meðferðar, en það hefur dregist fram á síðustu daga þings nú fyrir jól, sem er mjög bagalegt. Jafnvel þó að embættismennirnir séu viljugir og góðir til samvinnu, þá eru alltaf einhverjir sem vilja koma erindum sínum á framfæri við hæstv. n. er vinna að svona mikilvægum málum og gafst hvergi nærri eðlilegt svigrúm til að hlusta á erindi eða fara yfir erindi og heyra þau vandamál sem hið daglega líf á við að etja í sambandi við tollflokkun og álögur. Auðvitað verður ekki hægt að verða við öllu, og hér er mikilvægur áfangi sem þetta frv. felur í sér. Styð ég því efni frv. eins og ég tek fram og hef áður sagt.

Ég vil nota tækifærið, fyrst ég er hér í ræðustól, og lýsa yfir stuðningi við brtt. hv. þm. Alberts Guðmundssonar á þskj. 213, sérstaklega flokkana 44.04 og undirliði og 44.05, lækkun tolla á smíðaviði En það er ekki boðlegt að hlusta ekki á þau erindi, sem fyrir lágu, og mæta óskum þessara aðila um áfangalækkun á tolli. Hér er um sérstakan við að ræða sem er heflaður og má ekki blanda saman við almennan byggingarvið, því þetta er ekki þannig. Þetta er sérmótaður viður og fellur ekki í sama flokk og almenn fura til bygginga.

Það er fleira á því þski. Flm. mun auðvitað gera glögga grein fyrir sínum till., en ég vil sérstaklega lýsa stuðningi mínum við þessa tvo tollflokka sem hann telur þar upp, því að þar hefur verið gerð glögg grein fyrir þörfum á stiglækkun. Það er ekki gert ráð fyrir hastarlegri lækkun, ef svo má segja, það er 12, 8, 4 og 0, þannig að hér er um áfanga og eðlilega lækkun að ræða og rökrétta afleiðingu af því sem heildarfrv. stefnir að.

Herra forseti. Ég skal svo ekki tefja umr. um þetta frv. lengur, en mun styðja brtt. á þskj. 201 og einnig hluta af þeim brtt. sem ég hef þegar séð frá öðrum þingmönnum.

Frsm. 3. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ræddi þetta mál nokkuð við 1. umr. og lagði þá áherslu á að hér væri um tvenns konar tollalækkanir að ræða, annars vegar væri um að ræða tollalækkanir sem byggðust á samningum okkar við EFTA og Efnahagsbandalagið, en hins vegar um tollalækkanir sem miðuðu að því, að gera innflutt hráefni, vélar og rekstrarvörur til iðnaðarins ódýrari. Ég vil enn leggja á það áherslu að sömu rök gilda ekki um þessar tvær tegundir tollalækkana, og meðan segja má að tollalækkanir á hráefnum, vélum og rekstrarvörum til innlendrar iðnaðarframleiðslu séu brýn nauðsyn eru hinar lækkanirnar, sem byggjast á aðild okkar að EFTA og EBE, hæpin skylda.

Eins og menn vita er fríverslunarhugmyndin byggð á þeim grundvallarröksemdum, að með því að fella niður tollmúra, brjóta niður tollmúra, þá sé drepinn sá iðnaður í hverju landi sem ekki eigi neina framtíð fyrir sér, geti aldrei orðið samkeppnisfær og eigi því ekki rétt á sér til frambúðar í því skyni að opna dyr fyrir útflutningsframleiðslu viðkomandi ríkis, efla hana, stækka markað fyrir hana þannig að hún fái að njóta sín. Þessi hugsun er í sjálfu sér mjög skynsamleg og rökrétt og byggist á því sjónarmiði að eðlileg verkaskipting milli þjóða leiði af sér lægra vöruverð almennt og aukna framleiðslu hverrar þjóðar fyrir sig.

Þegar Alþ. afgreiddi samninginn um aðild Íslands að Fríverslunarbandalaginu var það mál flutt af Sjálfstfl. og Alþfl., sem greiddu atkv. með því að sá samningur yrði gerður, en Alþb. greiddi atkv. á móti og var andvígt gerð þessa samnings. Framsfl. var hins vegar eitthvað tvíbentur í afstöðu sinni, a. m. k. sat hann hjá við atkvgr. um málið, en mun hafa verið í málflutningi andvígur aðild Íslands að bandalaginu a. m. k. að svo stöddu.

Afstaða Alþb. til þessa máls á sínum tíma byggðist í fyrsta lagi á því, að við óttuðumst með réttu að aðild Íslands að Fríverslunarbandalaginu kynni að verða innganga landsins inn í forsal Efnahagsbandalagsins. Á þeim tíma var ríkjandi hin mesta óvissa um framtíð EFTA og full ástæða til að óttast að aðild að EFTA og þróun, sem af henni leiddi, mundi gera okkur torveldara að standa utan Efnahagsbandalagsins. En einnig héldum við því fram, við Alþb.-menn, og það var önnur okkar aðalröksemd, að innlendur iðnaður væri alls ekki undir það búinn að mæta þeirri hörðu samkeppni sem hann ætti í vændum frá erlendum samkeppnisaðilum ef tollar væru lækkaðir á vörum frá fjölmennum voldugum iðnaðarríkjum.

Þegar síðan kom upp sú spurning, hvort Ísland ætti að gera hliðstæðan samning við Efnahagsbandalag Evrópu um gagnkvæmar tollalækkanir, þá stóð Alþb. ekki gegn því að slíkur samningur væri gerður. Ástæðan fyrir því, að

Alþb. hafði nokkuð breytta afstöðu hvað snertir samninga við Efnahagsbandalagið, var sú, að við töldum að úr því að búið væri að opna dyr fyrir erlendri samkeppni frá fjölmennum voldugum iðnaðarríkjum, þá breytti litlu hvað snerti samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar þó að þar bættust önnur ríki í hópinn, þó að þar bættist við innflutningur frá fleiri ríkjum, iðnaðurinn yrði í svipaðri aðstöðu og áður, hann stæði í samkeppni við volduga erlenda framleiðendur og breytti þar ekki öllu hvort þeir væru fleiri eða færri. Hins vegar væru allmiklir möguleikar fyrir íslenskan útflutningsiðnað að vinna markað í Efnahagsbandalagsríkjum og því væri ekki rökrétt að halda fast við það að gera ekki tollasamning við Efnahagsbandalagið úr því að búið væri að gera samning við EFTA, þar sem ljóst væri að útflutningsmarkaðurinn fyrir okkar útflutningsiðnað yrði við það talsvert miklu stærri, möguleikarnir meiri ef slíkur samningur yrði gerður. Það var sem sagt okkar afstaða að annaðhvort væri fyrir íslendinga að vera aðilar að EFTA og Efnahagsbandalaginu eða að hvorugu bandalaginu og þar væri mjög óskynsamlegt að velja aðeins annað bandalagið.

Þegar samningurinn um aðild Íslands að EFTA var gerður voru iðnrekendur harla bjartsýnir á það að aðild okkar að EFTA mundi koma litt við innlendan iðnað, og þeir voru því mjög meðmæltir að íslendingar gerðust aðilar að Fríverslunarbandalaginu, næstum því án undantekninga. En eftir því sem aðlögunartíminn hefur styst og nær hefur dregið því marki að allir tollar frá EFTA-löndum yrðu felldir niður hafa iðnrekendur orðið órólegri, og nú á seinni árum hafa þeir borið fram bein tilmæli um það að aðild okkar að Fríverslunarbandalaginu yrði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að aðlögunartíminn yrði verulega framlengdur. Slík tilmæli komu beint fram frá Félagi ísl. iðnrekenda haustið 1974, og þessi tilmæli hafa síðan verið endurtekin hvað eftir annað og nú seinast hinn 28. okt. s.l. í sérstöku bréfi formanns Félags ísl. iðnrekenda til viðskrn. Bréf þetta er prentað sem fylgiskjal með nál. mínu og þarf ég því ekki að rekja það nánar, en þar er sem sagt minnt á margítrekaðar óskir iðnrekenda um framlengingu aðlögunartímans þar sem í ljós hafi komið, eins og þar segir, að grundvöllur nauðsynlegrar uppbyggingar á aðlögunartímanum hafi ekki verið fyrir hendi. Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri viðskrn. svaraði þessu bréfi iðnrekenda strax daginn eftir, hinn 29. okt., með bréfi til Davíðs Schevings Thorsteinssonar formanns Félags ísl. iðnrekenda. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa þetta bréf ráðuneytisstjórans í heild sinni, en það athyglisverðasta, sem þar kemur fram, er sú skoðun ráðuneytisstjórans að það sé, eins og hann segir orðrétt, „hægt að fá samþykki a.m.k. EFTA fyrir því að framlengja aðlögunartíma fyrir ákveðnar vörutegundir ef sýnt er fram á það með skýrum rökum og upplýsingum að tollalækkanir hefðu valdið miklum samdrætti, atvinnuleysi eða gjaldþroti í viðkomandi iðngrein sem við teldum æskilegt að vernda". Sem sagt hér gerir ráðuneytisstjóri viðskrn. hreinlega ráð fyrir því að aðild Íslands að EFTA muni hafa í för með sér hugsanlega þessar afleiðingar: verulegan samdrátt, atvinnuleysi eða gjaldþrot í stórum stíl og hann er *náðasamlegast reiðubúinn að taka til athugunar* hvort ekki sé rétt að framlengja aðlögunartímann þegar þessar hrikalegu afleiðingar eru komnar í ljós. Hann segir berum orðum: Ef sýnt er fram á með skýrum rökum og upplýsingum að tollalækkanir hefðu valdið þessum afleiðingum sem ég var nú að lýsa.

Það er því ekki að undra þó að formaður Félags ísl. iðnrekenda komist svo að orði í svarbréfi sínu hinn 5. nóv. til ráðuneytisstjórans, að réttara sé að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í, réttara sé að sækja um framlengingu áður en það sé orðið of seint.

Ég tel sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á þessu bréfi formanns Félags ísl. iðnrekenda því að í því koma fram ýmsar mjög athyglisverðar upplýsingar. Í *bréfinu kemur m.a.* fram að útflutningur til EFTA og Efnahagsbandalagsins, og er þá ál ekki meðtalið, — útflutningur til þessara ríkja hefur aukist um aðeins 577 millj. kr. milli áranna 1974 og 1975, en innflutningur frá þessum sömu ríkjum hefur aftur á móti aukist um 6000 millj. rúmar eða um 12 sinnum hærri upphæð. Hann bendir einnig á að hlutdeild þess innflutnings, sem fær þessa sérstöku tollmeðferð í samræmi við samninginn um EFTA og Efnahagsbandalagið, — að hlutdeild þess innflutnings í almennum vöruinnflutningi hafi vaxið úr 14.5% 1974 í 20.5% 1975. Hér er um stórfellda aukningu að ræða Efnahagsbandalags- og EFTA-löndum í hag. En á sama tíma eykst ekki hlutdeild útflutningsiðnaðarvara til þessara landa um meira en 0.3% eða úr 3% í 3.3%. Og formaður Félags ísl. iðnrekenda segir: „Tel ég þessar tölur sýna betur en mörg orð hvert stefnir og að markmið aðildar að EFTA og samnings við Efnahagsbandalag Evrópu, sem var að byggja upp iðnað á Íslandi, hefur ekki náðst. Virðast iðnfyrirtæki annarra aðildarríkja EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu á hinn bóginn hafa hagnast vel á EFTA-aðild Íslands og samningi þess við Efnahagsbandalagið."

Ég þarf ekki að hafa mörg frekari orð um þennan vanda. Hér staðfestir formaður Félags ísl. iðnrekenda það sem við Alþb.-menn vöruðum við fyrir 8 árum. Innflutningurinn hefur stóraukist og er um það bil að ganga af dauðum margvíslegum innlendum iðnaði sem ekki þolir þessa skefjalausu samkeppni, enda ekki haft aðstöðu til þess að byggja sig upp sem skyldi til að vera búinn undir aukna samkeppni, en á sama tíma virðist útflutningur til þessara ríkja sáralítið aukast og a.m.k. ekki í þeim mæli að það réttlæti þann niðurskurð á innlendum iðnaði sem bersýnilega á sér stað vegna hinnar skefjalausu erlendu samkeppni.

Í samræmi við það, sem ég hef hér sagt, og í samræmi við þær ábendingar, sem fram hafa komið frá Félagi ísl. iðnrekenda, er það skoðun mín, eins og ég lýsti hér við 1. umr. málsins, að frekari tollalækkanir á vörum frá ríkjum EFTA og EBE séu alls ekki tímabærar og þurfi að skoðast betur í ljósi þeirra vandamála sem steðja að íslenskum iðnaði. Ég hef því gert það að till. minni á þskj. 210 að það frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. með svofelldri breytingu:

„Aftan við frv. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Lækkanir á tollum, sem stafa af aðild Íslands að EFTA og EBE, koma ekki til framkvæmda að svo stöddu. Ríkisstj. skal leita eftir því, að aðlögunartími íslensks iðnaðar gagnvart samkeppni frá EFTA- og EBE-löndum verði framlengdur, og leggja nýtt frv. til tollalaga fyrir Alþ., þegar fengin er niðurstaða af þeirri umleitan. Aðrar lækkanir á tollum, m. a. á rekstrarnauðsynjum og fjárfestingarvörum íslensks iðnaðar, koma þegar til framkvæmda."

Eg lýk nál. með þessum orðum: „Jafnframt áskil ég mér rétt til að fylgja eða flytja brtt. við frv."

Í þessu sambandi er rétt að víkja að orðum hv. frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., Halldórs Asgrímssonar, en hann sagði í ræðu sinni hér áðan að tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og EBE kæmu til framkvæmda, hvort sem frv. yrði samþykkt eða ekki, og virtist telja að með þessu væri því slegið föstu að ekkert þýddi um þetta að ræða frekar. Ég er ekki að andmæla þessum orðum hv. þm., þetta er alveg rétt. Tollalækkanirnar geta komið til framkvæmda hvort sem frv. verður samþ. eða ekki. En til þess að þær komi til framkvæmda verður ríkisstj. að taka um það formlega ákvörðun og hún verður að auglýsa það sérstaklega. Það er því ljóst að verði það ákvæði til bráðabirgða, sem hér er gerð till. um, samþ., þá mun ríkisstj. að sjálfsögðu ekki gefa út neina slíka auglýsingu og tollalækkanirnar koma því ekki til framkvæmda ef það verður samþykkt.

Í öðru lagi hefur það heyrst að ákvörðun af þessu tagi væri alvarlegt brot á gerðum milliríkjasamningum og þar sem íslendingum væri það mikil nauðsyn að standa við alla þá samninga sem þeir hefðu gert, þá væri slíkur möguleiki ekki til. Ég vil nú í fyrsta lagi vekja athygli á því, að það er alls ekkert brot á samningum okkar við EFTA-löndin og EBE-löndin þótt leitað sé eftir framlengingu, og áreiðanlega telst það ekki teljandi brot að beðið sé með að framkvæma tollalækkunina þar til svar við þeirri málaleitan hefur fengist, því að engum getur verið hagur í því að við séum að lækka tolla á vörum frá þessum ríkjum í fáeina daga til þess svo að hækka þá kannske aftur. En í öðru lagi vil ég benda á það, að mörg fordæmi eru fyrir því að aðildarríki EFTA hafi lagt á nýja tolla ellegar ekki fylgt þessum samningum út í ystu æsar ef það hefur verið talin brýn nauðsyn fyrir viðkomandi ríki, sem sagt þegar sérstaklega hefur staðið á. Ég er því sannfærður um að enginn embættismaður hjá EFTA muni kippa sér upp við það þótt hann og þeir fái skeyti nú um áramótin með tilkynningu um að íslendingar muni fresta tollalækkunum sínum á vörum frá EFTA-ríkjunum um sinn meðan þessi mál séu til athugunar og meðan gengið sé úr skugga um það hvaða áhrif þessar tollalækkanir raunverulega hafi á afkomu og stöðu íslensks iðnaðar. Það er víst engin hætta á því að EFTA-löndin teldu sig fara á hausinn þó að slík ákvörðun væri tekin af okkar hálfu.

Hvað Efnahagsbandalagslöndin snertir, þá er auðvitað sérstök ástæða til að minna á það, að við lækkuðum tolla á innfluttum vörum frá þessum ríkjum hinn 1. jan. 1974 í samræmi við samning sem gerður var í árslok 1973, en aftur á móti lækkuðu þeir ekki tolla á vörum frá Íslandi fyrr en á miðju ári 1976, þ. e. a. s. um það bil 2½ ári síðar en við lækkuðum okkar tolla. (Gripið fram í.) Hvað sagði ráðh? (**Gripið fram í: Á sjávarafurðum.**) Á sjávarafurðum, alveg rétt. En það er einmitt langsamlega mikilvægasta útflutningsgrein okkar íslendinga og skiptir okkur mestu máli. Það liðu sem sagt 2½ ár frá því að við lækkuðum okkar tolla og þar til þeir lækkuðu tolla á sjávarafurðum frá okkur, og ég tel víst að embættismenn Efnahagsbandalagsins teldu sanngjarnt að taka tillit til þessa þegar rætt yrði um framlengdan aðlögunartíma.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Eins og ég gat um áðan áskildi ég mér rétt til þess að styðja eða flytja brtt., og ég vil strax taka það fram að ég styð þær brtt., sem fram hafa komið frá 1. minni hl. n., og einnig þær brtt., sem hv. þm. Albert Guðmundsson hefur lagt fram. Það er nú svo með þetta blessaða tollafrv. og tollalögin, að í þeim er ýmiss konar ósamræmi sem er þess eðlis að útilokað er fyrir venjulega þingmenn að elta ólar við þess háttar atriði. Ég er sannfærður um það, að þau atriði, sem bent er á í þessum brtt., horfa öll til bóta. En vissulega mætti finna margt í þessum lögum sem er í æpandi ósamræmi við tollaprósentur annars staðar í frv. Við rákum augun í það hér áðan nokkrir þm., að tollur á borðhnífum er 80%, en aftur á móti er tollur á höggsverðum og byssustingjum 60%. Þannig mætti sannarlega nefna mörg dæmi. Stórskotaliðsvopn eru með 60% tolli, en fjárbyssurnar aðeins með 20% tolli, og þannig mætti lengi telja, en það skal ekki gert hér.

Á það er bent í bréfi, sem n. hefur borist frá Félagi ísl. iðnrekenda, að trjávöruiðnaðurinn og fataiðnaðurinn beri enn toll á aðalhráefnum sínum og að ýmsar framleiðsluvörur verði að greiða hærri toll af hráefni til sinnar framleiðslu heldur en greiddur er af fullunnum sams konar vörum, og eru þar t. d. húsahlutar nefndir sem dæmi. Við meðferð málsins í n. hefur þetta að nokkru leyti verið leiðrétt og er það að sjálfsögðu til mikilla bóta. Þannig hefur tollur á ýmsum tegundum spónaplatna og masonítplatna verið lækkaður í samræmi við þessar ábendingar, en hins vegar hefur furan og ýmsar aðrar vörur verið skildar eftir í sama tolli og áður. Þó er í frv. sérstök heimild til niðurfellingar í þvílíkum tilvikum, og er ekki annað að gera heldur en treysta því að sú heimild verði notuð á sanngjarnan hátt. Í till. 1. minni hl. er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerð um framkvæmd þessa niðurfellingarákvæðis. Ég hefði að vísu kosið að þessi gr. hefði verið orðuð á annan hátt og að skýrt hefði verið tekið fram, að þetta niðurfellingarákvæði skyldi notað í samræmi við fyrir fram settar fastar reglur sem leiddu það af sér að tollur af slíkum vörum væri aldrei greiddur, ljóst væri fyrir fram að hann þyrfti ekki að greiða og hann væri því fyrir fram felldur niður. Ég óttast það og ég undirstrika að ef framkvæmdin verður slæleg á þessu ákvæði, þá geti hér orðið um að ræða geðþóttaákvarðanir embættismanna fjmrn., og geðþóttaákvarðanir,

stundum illa rökstuddar, eru mjög óskemmtilegt fyrirbrigði. Ég er hræddur um að í fjmrn. geti slíkt gerst sem annars staðar og hafi gerst enda þótt ég ætli ekki hér að tína til dæmi. En ég tek nú þannig til orða eins og ég gerði vegna þess að við meðferð málsins í n. gerðu fulltrúar Félags ísl. iðnrekenda einmitt tilraun til þess að sanna þá fullyrðingu sína að sumar ákvarðanir embættismanna fjmrn. hefðu verið órökstuddar geðþóttaákvarðanir, og þeir létu okkur í té skrifleg gögn um þau mál. Ég tel hins vegar, að ekki sé ástæða til að elta ólar við liðna tíð í þessum efnum og vænti þess eindregið að framkvæmdin verði með þeim hætti sem ég hef hér lýst, að fjmrn. setji fastar reglur sem mönnum sé fyrir fram ljóst hverjar eru og að þeir þurfi ekki eftir á að sækja um tollalækkanir í slíkum tilvikum og eiga það á hættu að niðurstaðan geti verið þessi eða hin, eftir því hvað embættismönnum fjmrn. sýnist hverju sinni.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég mæli með samþykkt þessa frv. að því tilskildu að ákvæði til bráðabirgða nái einnig samþykki. En verði sú till. felld mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins. Með því vil ég undirstrika það, að ég tel að helmingurinn af þessum tollalækkunum sé ekki tímabær, meðan aftur á móti í frv. er einnig allmikið af lækkunum tolla sem eiga fyllsta rétt á sér og ég er fyllilega samþykkur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að óska eftir því við forseta að hann beiti áhrifum sínum við fjh.- og viðskn. til þess að brtt. sú, sem ég flutti við lög um tollskrá o. fl. á þskj. 86 þó nokkru áður en tollskráin var lögð fram, verði tekin til meðferðar hér í þessari hv. d., eins og til var ætlast af mér sem flm. þegar ég flutti hana, en ekki söltuð í höndum formanns fjh.- og viðskn. á þeim forsendum einum að neikvæð umsögn hafi borist frá fjmrn., sem sagt af ótta við að hv. þm. þessarar d. gætu hugsanlega samþykkt þessa till. sem gengur aðeins út á það að vörur, sem berast í einni sendingu í staðinn fyrir mörgum, verði tollflokkaðar samkvæmt þeim tollflokkum sem viðkomand vörur eiga heima í. Ég fer þess á leit að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að sú till. mín verði hér til umr. við 3. umr. þessa frv. til l. um tollskrá og hljóti þar með þá þinglegu meðferð sem hún á að fá, en verði ekki svæfð í hv. fjh.- og viðskn.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það sem hér hefur verið sagt, en vil þó vekja athygli á því, sem ég gat ekki komist hjá að renna huganum að þegar hv. frsm. fjh.- og viðskn., Halldór Ásgrímsson, hélt sína framsöguræðu og talaði þar einu sinni eða tvisvar um að á tímabilinu til 1980 mundum við verða fyrir tekjumissi sem næmi um 4000 millj. Ég get ekki ímyndað mér að við séum að gera samninga við erlend ríki sem gera það að verkum að við töpum, að það sé mismunun í samskiptum okkar við Efnahagsbandalagsríkin. Ég vona að sá misskilningur verði leiðréttur. (**Gripið fram í:** Tekjumissir.) Tekjumissir, það hlýtur eitthvað að koma í staðinn, þannig að þetta getur ekki verið mismunurinn á því, sem við fáum, og á því, sem við missum. Ef svo er og nauðsynlegt er að halda áfram 18% vörugjaldi til þess að vega þar upp á móti, eins og kom fram hjá hv. landsk. þm., Jóni Árm. Héðinssyni, þá er verr farið en heima setið. En þetta hlýtur að verða auðvelt að leiðrétta.

Ég er mjög óánægður með meðferð mála hér og þá sérstaklega þess máls, sem er hér til umr., og nota þar sömu rök og hv. frsm., Halldór Ásgrímsson, notaði fyrr í kvöld úr þessum ræðustól, þegar hann talaði um það mál sem var hér til umr., á þskj. 177, og hann óskaði eftir því að hafa nægan tíma til að athuga frv. vel til að sníða af því vankanta. Ég tek undir þetta. Það hefur verið ósk mín frá því að þetta frv. var lagt fram, það er mín ósk enn þá. En ég verð að segja að það, sem hefur valdið mér hvað mestum vonbrigðum, er að það hefur hreinlega ekki verið hlustað á þau mál, sem ég hef haft áhuga á, nema eitt og það er um lækkun á tollum til fiskvinnsluvéla, af því að ég vildi eins og fleiri hv. alþm. fá fiskiðnaðinn viðurkenndan sem samkeppnisiðnað. En það var ekki fyrr en það hafði skeð milli funda að lækkaðir höfðu verið tollar á ýmsum vélum til landbúnaðar. Það var tilkynnt á síðasta fundi n. að það hafi gerst á milli funda. Hverjir sem hafa samþ. það, þá eru það ekki við sem erum nm. í fjh.- og viðskn. Það hlýtur að hafa gerst í ráðuneytunum. Það hlýtur að hafa verið embættismannagjörð eins og margt annað.

En hvað þennan lið, vélar til fiskvinnslu, snertir, þá vil ég ganga lengra. Þar af leiðandi hef ég haft það með í þeim brtt. sem ég flyt. Ég get ekki séð það sé réttlætanlegra að viðurkenna landbúnað sem samkeppnisiðnað frekar en fiskvinnslu.

Nú er í frv. til l. um tollskrá gert ráð fyrir að fjáröflunartollar verði ekki lækkaðir fyrr en árið 1978 og þá um aðeins 90 millj. Telja verður að hér sé um allsendis ófullnægjandi lækkun að ræða. Lækkunin hefði átt að byrja strax á árinu 1977 og vera mun meiri en þessu nemur. Háir fjáröflunartollar, sem í gildi eru á sama tíma og verið er að lækka tolla á öðrum vörum, leiða einungis til þess að almenningur og fyrirtæki haga innkaupum sínum á annan hátt en þau ella hefðu gert. Að knýja fyrirtæki og einstaklinga til að gera slíkar breytingar á innkaupum sínum leiðir einungis til óhagkvæmari innkaupa. Á það verður því að leggja ríka áherslu að æskilegt hefði verið að fjáröflunartollar væru lækkaðir mun meira en stefnt er að í þessu frv., og tek ég undir þau orð, sem hér féllu áðan frá hv. 1. landsk. þm., Jóni Árm. Héðinssyni, hvað það snertir.

Enn fremur verður að leggja á það áherslu, að það veldur miklum vonbrigðum að áfram skuli vera fyrirhugað að taka 18% vörugjald af innflutningi enda þótt þeim, sem í innflutningi standa, sé löngu orðið ljóst að sú skattheimta hefur alla ókosti og engan kost og ætti því að falla algjörlega niður. Við vitum, að ríkisstj. þarf á tekjum að halda, og álítum, að finna þurfi annan tekjustofn í staðinn fyrir vörugjaldið.

Ekki verður fram hjá því litið að frv., eins og það er, gefur Efnahagsbandalaginu afar mikla

tollvernd umfram önnur ríki. Það held ég að sé öllum ljóst. Tollar á vörum fluttum inn frá bandalagslöndunum eru svo miklu lægri og verða svo miklu lægri en tollar á sömu vörum frá öðrum löndum utan bandalagsins, að innflytjendur hljóta að flytja inn vörur frá bandalagslöndunum fremur en öðrum löndum enda þótt verð þeirra sé allmiklu hærra í bandalagslöndunum. Hér er vitanlega ekki um að ræða sérstaka íslenska hagsmuni, að viðhalda slíkri tollvernd fyrir bandalögin, heldur er um að ræða mál bandalagsins í heild, og því getur það ekki verið hagsmunamál íslendinga að hafa meiri mun á ytri tollum og bandalagstollum en önnur bandalagslönd gera. Enda þótt stefnt sé að því að hinn ytri tollur verði yfirleitt á bilinu 4 og upp í 22% og enda þótt þær tollprósentutölur séu út af fyrir sig ekki aðrar en hjá mörgum öðrum bandalagslöndum, þá er samt ástæða til að ætla að allmiklu fleiri vöruflokkar lendi hér á landi í hærri ytri tollum en í bandalagslöndunum, sem þýðir að Ísland veitir bandalaginu meiri tollvernd en önnur bandalagsríki gera. Þetta mál þarf að athuga miklu betur með það fyrir augum að hinir ytri tollar séu lækkaðir meira en stefnt er að í frv.

Tollstefna hefur margvísleg áhrif á hagþróunina í landinu og virðist sem því sé ekki nægilegur gaumur gefinn í frv. Þannig kemur fram mikill mismunur á tolli skyldra vara. Mikill munur kemur fram í tolli á hinum ýmsu vinnslustigum vörunnar, og er ýmist að hráefni er með hærri tolli eða lægri tolli en hin fullunna vara. Einnig er mikill munur orðinn á tolli vöru eftir því frá hvaða löndum hún er flutt inn, hvort hún er flutt inn frá markaðsbandalagslöndunum eða löndum utan þessara bandalaga. Allur þessi tollamunur veldur því að eðlileg hagþróun í landinu verður fyrir mikilli truflun. Hin truflandi áhrif tollanna á hagþróunina verða vitaskuld því minni sem tollar verða almennt lægri, þannig að búast má við að úr þeim dragi af þeim sökum á næstu árum. En þó er það engan veginn víst, þar sem ekki hefur verið athugað nægilega vel hvort tollmunur aukist ekki hlutfallslega við það að tollurinn sé færður niður.

Ég flyt hér till. um breytingu á tolli einstakra vöruflokka sem hægt er að segja að séu einungis smávægilegar lagfæringar. Hér er því að svo stöddu ekki um að ræða brtt. sem lúta að grundvallaratriðum í meðferð tollalaga, heldur einungis nokkrar lagfæringar. Ég sé ekki ástæðu til að lesa það sem stendur hér á þskj. 213 sem útbýtt hefur verið í deildinni, ég vil hlífa hv. kollegum mínum við þeim lestri, en vona að þeir eyði tíma í að kynna sér það sem þar stendur.

Ég vil þó gera stutta grein fyrir hverjum lið fyrir sig og byrja þá á 33.06.12, ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur í settum, það verði fellt niður. Þessar vörur bera misjafnan toll, frá 35% upp í 100%. Vel er hugsanlegt að allar vörueiningar innan slíks setts bæru lægri toll en 100% og því er óeðlilegt að pökkunin ein leiði til hækkunar á tolli.

Hvað snertir tollskrárnr. 44.04 og 44.05 er lagt til að mismunur tolla verði minnkaður. Lægri tollur á harðviði en mjúkviði leiðir til gjaldeyrissóunar við innflutning á timbri. Ekkert er því til fyrirstöðu að kantaðir trjábolir 44.04 séu fluttir inn og unnir frekar sem hráefni til iðnaðar. Trjáviður í 44.05.11 og 19 er nú verulega mikið notaður til smíða og þá í beinni samkeppni við vörur í 44.23. Er furðulegt að iðnaðinum skuli ætlað að greiða mun hærri toll af hráefninu en innflytjandi þarf að greiða af fullunninni samkeppnisvöru. Er því lagt til að tollur þessa hráefnis verði gerður jafn E-tolli á fullunninni vöru í 44.23.01, 02 og 03.

Í 82.09.09 er lagt til að tollurinn lækki í 25%. Innflytjendur telja að allt að 95% hnífa, sem falla undir þennan lið, séu hnífar notaðir í fiskiðnaði. Afgangurinn er búrhnífar, en fólk kaupir 1—2 slíka hnífa alla sína búskapartíð. Tollheimta þessi bitnar því að mestu á fiskiðnaðinum.

Í 85.06.20 eru loftræstitæki og viftur. Lagt er til að þessar vörur verði ekki tollaðar sem búsáhöld. Viftur eru að verulegu leyti fluttar inn til iðnaðarþarfa og því óeðlilegt að tolla þær eins og búsáhöld, enda virðast þær ekki eiga heima í þeim tollflokki. Er því lagt til að þær verði tollaðar á sama hátt og vörur í 84.11.49, enda erfitt að greina þar á milli.

Í 87.14.49 er lagt til að tollurinn lækki úr 35% í 30%. Þessar vörur eru í gildandi tollskrá í 87.14.01 með 30% tolli og virðist hækkun þessa tolls því hljóta að stafa af misgáningi.

91.01, vasa- og armbandsúr, lagt er til að tollurinn lækki úr 35% í 10%. Talið er að verulegur hluti af innflutningi á úrum til landsins eigi sér stað án þess að af þeim sé greiddur tollur. Er hér átt við úr sem íslenskir ferðalangar kaupa erlendis, og tapast þar tolltekjur. Með lækkun tolls má ætla að eðlilegur innflutningur ykist og vafasamt að tolltekjur ríkisins minnkuðu þrátt fyrir lækkunina. Gjaldeyrislega séð yrði einnig hagnaður af því ef úrin yrðu flutt inn eftir eðlilegum leiðum í stað þess að vera keypt í smásölu af hverjum einstaklingi.

Ég vil þá fletta upp 3. gr. frv., sem liggur hér fyrir til umr. og afgreiðslu, og koma þar að tölulið 41. Liðurinn hljóðar svo: „Að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutnings, akstur sendibifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi. Enn fremur er heimilt að lækka toll úr 90% í 65% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa slíkan akstur að aukastarfi.“ Hér er lagt til að lækkun tolls úr 90 í 40 breytist í að lækka toll úr 90 í 30. Sanngjarnt verður að teljast að þeir, sem hafa atvinnu sína af rekstri leigubifreiða til mannflutnings eða sendibifreiða, njóti sömu kjara og aðrir atvinnubifreiðastjórar, enda munu vilyrði hafa fengist fyrir því að svo yrði gert við endurskoðun þessarar tollskrár. Kemur það vilyrði fram í bréfi sem mér hefur borist frá Samtökum atvinnubifreiðastjóra eða leigubifreiðastjóra.

Þá er það liður 54 í sömu gr., en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Að endurgreiða eða lækka í 50% toll af merktum borðbúnaði í tollnr. 69.11.00, 69.12.00, 70.13.00, 73.38.11, 73.38.19, 82.09.01 og 82.14.00 sem fluttur er inn til veitingarekstrar af hótel- og veitingahúseigendum, svo og af merktum borðbúnaði fyrir spítala, hæli,

elliheimili og aðrar heilsugæslustöðvar.“ Í stað orðanna „að endurgreiða eða lækka í 50%“ komi: að fella niður. Ekki virðist ástæða til að tolla merktan búnað spítala, hæla, elliheimila eða heilsugæslustöðva. Hótel- og veitingahús, sem hér kæmu til greina, eru gjaldeyrisaflandi fyrirtæki og ástæða til að styðja rekstur þeirra.

1. málsgr. 4. gr. er það löng að ég ætla mér að sleppa að lesa hana. Hv. þm. hafa hana eflaust fyrir framan sig. En brtt. mín er sú, að á eftir orðunum „þó ekki lægri verðtoll en 5% komi: Ef um er að ræða muni, sem sendir hafa verið utan til viðgerðar á göllum sem seljandi ber ábyrgð á, skal aðeins krafist tolls af sendingarkostnaði, enda séu færðar sönnur á að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.“ *Hér eru einkum höfð í huga nákvæmnistæki, linsur í myndavélar, rafeindatæki o. fl. sem vandkvæði eru á að gera við hérlendis og seljandi hefur selt með ákveðinni ábyrgð.* Að sjálfsögðu hefur verið tekið tillit til þeirrar ábyrgðar í söluverði vörunnar og tollur þar með greiddur af ábyrgðinni í upphaflegu tollverði. Eigi að borga toll á nýjan leik af ókeypis viðgerð er um tvítollun að ræða. Vandamál hafa komið upp í þessu sambandi varðandi það, hver eigi að borga tollinn, en seljandi telur sig fullnægja ábyrgðinni með því að afhenda á ný viðgerðan eða nýjan hlut í stað *hins gallaða.*

Þá vil ég leyfa mér að fletta hér til 20. gr. Ég legg til að 2. mgr. falli niður, og ástæðan er sú að þessi viðurlög virðast ástæðulaus. Rangt tollskrárnúmer má oftast rekja til afsakanlegra mistaka. Hlutverk tollskoðunar á að vera að leiðrétta slíkt, og það er undarlegt að álíta að allar villur um tollskrármerkingu eða tollskrárnúmer, sem kunna að koma fyrir, séu vísvitandi tilraun til tollsvika. Endurskoðunin á að hafa hér gætur á.

Í brtt. við 21. gr. er lagt til að skilyrði fyrir afhendingu neyðarsendinga séu rýmkuð. Þau tilvik, *sem um ræðir, eru væntanlega fá, en fyrir* getur komið að ógerlegt sé að uppfylla sett skilyrði innan þess tíma sem neyðarsending þarf að fást afhent. Þetta held ég að sé skiljanlegt.

Í niðurlagi 23. gr. falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.“ Ástæður geta orðið þær að viðtakandi geti ekki uppfyllt þessi atriði innan ákveðins tíma. Önnur viðurlög, sem nefnd eru, ættu að veita nægilegt aðhald, en stöðvun á tollafgreiðslu getur riðið hvaða fyrirtæki sem er að fullu. Ég tek það sem gefinn hlut að ég þurfi ekki að lesa greinina sjálfa svo ég held áfram.

Brtt. við 36. gr. er um að hún falli niður. Ástæðan er að ekki verður betur séð en vöruskoðun í tolli sé eðlilegur og sjálfsagður þáttur í starfi tollgæslunnar og óeðlilegt sé að sá hluti kostnaðar við tollgæslu leggist sérstaklega á þær vörusendingar sem sérstaklega eru skoðaðar hverju sinni að ósk tollþjónustunnar.

Athygli er vakin á því að undirnúmerum í tollskrá hefur fjölgað mjög verulega án þess að sú aukna aðgreining hafi í för með sér breytingar á tolli. Á þetta sérstaklega við um kaflana yfir vefnaðarvöru og fatnað. Þessi fjölgun númera hefur í för með sér mjög verulega aukningu á vinnu við færslu tollreikninga þar sem oft þarf að sundurgreina margar vörueiningar sama vörureiknings enda þótt tollur sé hinn sami og sama tollnúmer hafi gilt til þessa. E. t. v. væri eðlilegt að Hagstofan, sem fær í hendur alla vöru- og tollreikninga, annaðist þessa skýrslugerð.

Þá er athygli vakin á því hversu oft er vísað til nánari ákvörðun fjmrn. um ýmis atriði. Æskilegt væri að lögin væru þannig úr garði gerð að ákvæðin væru skýr og greinileg og sem allra fæst vafaatriði skilin eftir öðrum til úrlausnar.

Ég vil að lokum — með leyfi forseta — vitna hér, eins og fleiri hafa gert á undan mér, í bréf sem mér hafa borist og þá fyrst frá Félagi sérleyfishafa. Það er sama bréf og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm., *nefndi.* En *hann* hefur auðsjáanlega ekki lesið bréfið til enda þar sem hann tók sérstaklega fram að hann vildi vekja athygli á erindi Félags sérleyfishafa, en hann taldi það vera of seint komið til þess að það yrði tekið á þessu stigi til meðferðar. En það, sem hann las ekki eru lokaorðin, og ég ætla mér — með leyfi forseta — að gera það, en þau hljóða svo:

„Við viljum loks taka fram að mál þessi hafa oft verið rædd við fulltrúa fjmrn. og vonuðumst við fastlega eftir leiðréttingu þaðan. Í framangreindu frv. er ekki að sjá neinar vonir í þá átt, *og neyðumst við því til að snúa okkur til hæstv.* Alþ. í trausti þess að hljóta skilning á þessu sanngirnis- og nauðsynjamáli. Við förum góðfúslega fram á að fá að ræða við hæstv. fjh.- og viðskn. eða fulltrúa hennar áður en mál þessi verða afgreidd.“

Nú skal ég ekki segja hvort tími er til að kalla þá, sem veita Félagi sérleyfishafa forustu, á fund fjh.- og viðskn. En erindinu er komið til skila bæði með þessum upplestri okkar þingmannanna, Jóns Árm. Héðinssonar, 1. landsk. þm., og mínum og með tillöguflutningi mínum.

Þá hefur borist bréf frá Kaupmannasamtökum Íslands *sem ég ætla að leyfa mér að lesa* því að það hlýtur að falla í sæmilegan jarðveg, þ. e. hluti þess um landbúnaðarmál. Það er bréf sem er skrifað 14. des. til fjmrh. og afrit hefur verið sent til Guðmundar H. Garðarssonar, Ólafs G. Einarssonar, Ellerts B. Schram og Alberts Guðmundssonar. Bréfið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í tilefni af því, að nú liggur fyrir Alþ. frv. til l. um breyt. á gildandi tollskrá, vilja Kaupmannasamtök Íslands koma á framfæri við yður eftirfarandi athugasemdum:

Á undanförnum árum hafa Kaupmannasamtök Íslands vakið athygli ráðamanna á því, að tollar hafa í mjög miklum mæli áhrif á afkomu smásöluverslana, en smásöluverslun er sá aðili sem endanlega innheimtir tollinn af flestum vörutegundum úr hendi neytenda. Tollar hafa áhrif á afkomu smásöluverslana í fyrsta lagi sem hluti af almennu vöruverði og í öðru lagi sem hluti verðs á ýmsum tækjum og áhöldum sem nauðsynleg eru til rekstrar verslana. Smásöluverslunin er í raun og veru síðasti hluti framleiðslustigs vörunnar, enda er hlutverk hennar að dreifa vörunni til neytenda. Er því

eðlilegt að hún njóti sömu tollkjara og ýmsar tegundir framleiðslufyrirtækja. Tollar af kæli- og djúpfrystiafgreiðsluborðum, kæliklefum, innréttingum og hillum til verslana eru mun hærri heldur en á öðrum áhöldum sem notuð eru samhliða þeim í verslunum, t. d. eins og kjötsög og kjötvinnsluvélum. Tollar á kæli- og djúpfrystiafgreiðsluborðum, sbr. tollskrárnr. 84.15.11, eru 35%. Tollar á kæliklefa samkvæmt tollnr. 73.21.09 eru 30% utan EFTA, en 16% innan EFTA. Innréttingar og hillur í verslanir eru nú tollflokkaðar samkvæmt tollflokksnr. 94.03.01 eða með um 24% tolli. Kjötsagir, vogir og ýmsar vinnsluvélar eru aftur á móti með 7% tolli, og þar að auki eru tollar á öðrum tækjum innan við 7%. Athygli skal jafnframt vakin á því, að í kjötverslunum fer fram í flestum tilfellum bein framleiðsla á matvælum. Eins og áður sagði hafa tollar viðtæk áhrif á afkomu allra greina smásöluverslunar, og óskum við eftir því að fá viðræður við yður um frekari till. vorar í þessum efnum. Það er ósk vor að þér, herra fjmrh., takið þessar ábendingar vorar til greina þar sem mjög sterk rök liggja máli voru til stuðnings."

Þetta er annað erindið, sem ég við þessa 2. umr. um tollafrv. kem hér með á framfæri við þessa hv. d. og fjh.- og viðskn. Það er dagsett 14. des. 1976.

Ég vil þá ljúka tilvitnun í bréfi með því að lesa aðeins fyrsta lið bréfs Bandalags leigubifreiðastjóra, en þeir segja á undan þessum kafla að samtökin telji þar brýna nauðsyn á lausn vegna ört versnandi afkomu meðlima og vilji gefa eftirfarandi upplýsingar, en það er sem sagt það fyrsta: „Við núverandi endurskoðun tollskrár verði leigu- og sendibifreiðar látnar njóta sömu tollmeðferðar og allar aðrar atvinnubifreiðar, en þær eru í 30% tolli, en okkar bifreiðar í 40% tolli." Þetta er kafli úr bréfi til fjmrh. sem ég fékk afrit af. Ég held áfram tilvitnun: „Í viðræðum við yður um að þér beittuð yður fyrir því að okkar meðlimir greiddu sama innflutningsgjald og aðrir atvinnubifreiðastjórar eða 25%, sögðuð þér að stefna yðar væri að allir atvinnubifreiðastjórar yrðu við næstu endurskoðun tollskrár látnir sæta sömu kjörum. Er það því von okkar að þér beitið yður nú fyrir að svo megi verða." Ég legg áherslu á það, ef ráðh. hefur lofað að beita sér fyrir því að ná þessum jöfnuði nú við endurskoðun á tollskránni, að hann geri það þá. — Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu frsm. 1. minni hl. er það frv., sem hér liggur fyrir til l. um tollskrá o. fl., í beinu samræmi við ákvæði gildandi milliríkjasamnings milli Íslands og Fríverslunarbandalagsins og Efnahagsbandalagsins sem gera ráð fyrir að svokallaðri tollvernd, sem íslensk iðnfyrirtæki hafa notið, verði lokið í ársbyrjun 1980.

Í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem tolltekjur hins opinbera eru jafnþýðingarmikill stofn í tekjuöflun ríkisins, hlýtur að vera mikill vandi á höndum þegar lagt er út í það að semja ný lög um tollskrá. Mér hefur verið tjáð af mönnum, sem þar eiga að hafa þekkingu á, að svo sé háttað hjá okkur íslendingum að tollgjaldatekjur af aðfluttum vörum nemi um fimmtungi allra ríkistekna, en sambærilegar tölur á Norðurlöndunum séu miklum mun lægri, og hef ég heyrt talað um 1—2%. Þegar við svo að hinu leytinu lítum á þarfir hins sameiginlega sjóðs þjóðarinnar, ríkissjóðs, þá held ég að við þm. getum allir verið sammála um að þar er oft úr vöndu að ráða. Kannske er slík staða aldrei ljósari þm. heldur en einmitt nú þessa dagana, þegar eiginlega má svo að orði komast að hv. fjvn.-menn verði helst að fara í felur og að húsbaki til þess að vera ekki umsetnir af þm. og tel ég mig sjálfan þar ekki neina undantekningu, þar sem megintilgangurinn er að reyna að fá eitthvað úr hinni sameiginlegu köku. Margt af þessu eru ákaflega nauðsynlegir hlutir.

En á sama tíma og meginorka þm. hefur farið í það nú undanfarna daga að reyna að toga út úr þessum sameiginlega sjóði þjóðarinnar, þá erum við í öðru horni að fjalla um frv. til l. um nýja tollskrá o. fl., og þar kveður við allt annan tón. Þar viljum við lækka og jafnvel helst, afnema með öllu tolla af margvíslegum varningi sem hingað til hefur fært hinum sameiginlega sjóði milljónatekjur. Þetta er það mikla, sígilda vandamál sem við er að etja á hverjum tíma.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að við erum allir sammála um það, að við viljum búa sem best að okkar unga iðnaði, þeim mikla vaxtarsprota sem er að verða í íslensku þjóðfélagi, til þess að gera honum kleift að gegna því mikilvæga hlutverki, sem hann verður að gegna í framtíðinni. En samt sem áður held ég að sú staðreynd blasi við okkur sem ábyrgum aðilum, að okkur er skorinn þröngur stakkur um það hve langt við getum gengið að skera niður tekjustofna ríkissjóðs.

Ég er ekki gamall í hettunni sem þm., en það litla sem ég hef setið á þingi og kynnst þingstörfum, þá finnst mér það vera í sí vaxandi mæli að flutt eru frv. sem í framkvæmdinni hljóta að valda ekki tugmilljóna, heldur hundruð milljóna útgjöldum fyrir sameiginlegan sjóð þjóðarinnar. Ég vil aðeins sem dæmi nefna tvö atriði sem sveima hér yfir vötnunum: frv. um fullorðinsfræðsluna og frv. í sambandi við öll dagvistunarheimilin. Ýmislegt fleira er á ferðinni. Allt eru þetta óskir um atriði sem sjálfsagt eru mjög nauðsynleg og þarfleg. En þau hafa bara það við sig að þau kosta stórkostlegt fjármagn.

Í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., komast menn, um leið og þeir hafa verið að lýsa óskum sínum á hvern hátt þeir vilji í sem víðtækustum mæli verða við tilmælum iðnaðarins um almenna tollalækkun og helst niðurfellingu tolla, — þá komast menn gjarnan þannig að orði að það verði að finna aðra tekjustofna. Rétt er það. Ef við getum ekki tamið okkur þá hugarfarsbreytingu að einhvern tíma verði hinar síauknu kröfur til hins sameiginlega sjóðs þjóðarinnar að stöðvast, þá hljóta auðvitað að fylgja till. eða einhver úrræði þingsins um að afla tekna á móti þeim gjöldum sem við á hverju tíma erum að samþ. En þá kemur bara spurningin upp í huga manns: Verður sú tekjuöflun, sem þá verður staðið að, nokkuð léttari á þessum atvinnuvegi

sem við erum að bera fyrir brjósti — í þessu tilfelli iðnaðurinn — heldur en jafnvel það sem við erum að létta af honum með ákvæðum um lækkun tolla og aðflutningsgjalda? Svona hugleiðingar geta komið í kollinn á manni þegar farið er að kryfja þessi mál til mergjar. Á ræðum manna er helst að heyra að þar séum við allir sammála, hvar í flokki sem við stöndum, að til lengdar verði ekki búið við það búskaparlag hjá þjóðinni almennt að ríkissjóður verði rekinn með stórfelldum halla, svo að sú staðreynd blasir við að fyrir það, sem minnkað er af tekjum ríkissjóðs á þessum væng, verður að koma aukning einhvers staðar annars staðar frá.

Eins og gengið hefur verið frá þessu frv., sem hér er til umr., er að mínu mati að mörgu leyti kraftaverki líkast hvað þó hefur tekist að koma til móts við þarfir iðnaðarins, eins og ákveðið er í þessu frv., og áreiðanlega erum við sammála um það, enda kom það fram í viðræðum við fulltrúa iðnaðarmanna, iðnrekenda og þeirra aðila, sem hlut áttu að máli, að þetta væri spor í rétta átt.

Í sambandi við umr. um þetta mál hefur nokkuð verið blandað inn í þær umr., hugleiðingum um að það væri í okkar höndum að fresta því að tollalækkanir færu fram skv. ákvæðum samninganna við Fríverslunarbandalagið og Efnahagsbandalagið sem ráðgert er að verði núna um áramótin. Ég er ekki sammála þeim aðilum sem telja að það mundi vera nægilegt á gamlársdag eða fyrsta virkan dag á nýju ári að tilkynna hlutaðeigendum með símskeyti eða telex-boðum að við höfum ákveðið að fresta gildistöku ákvæða í samningi sem við höfum gert af fúsum og frjálsum vilja. Einhvern veginn hef ég þann metnað fyrir mína þjóð, að ég vil að svo sé staðið að samningum okkar litla lýðveldis út á við að staðið sé við þau frá orði til orðs. Ef við óskum breytinga og ef við teljum að við getum náð breytingum, þá verðum við að fara að því á réttan hátt, taka til þess eðlilegan tíma og vinna að því á þann veg sem sæmir frjálsbornum samningsaðila sem virðir undirskrift á ritaðri samningsgjörð. Ég hlýt því að vera sammála því sem komið hefur fram í n. þeirri sem fjallaði um þetta frv., fjh.- og viðskn. Ed., þar sem okkur var tjáð að hvað svo sem yrði um meðferð þessa frv., þá mundu tollalækkanirnar skv. ákvæðum samnings Íslands við Fríverslunarbandalagið og Efnahagsbandalagið ganga í gildi nú um áramótin, það yrði þá að bíða með lækkanir á aðflutningsgjöldum á efnivörum og öðrum tækjum og búnaði til iðnaðarins og annarra greina sem ráðgert er að lækkaðir verði tollar á skv. tollskrárfrv. sem hér liggur fyrir (StJ: Hefur ræðumaður lesið allt frv?) Ég tók eftir því að það hefur nokkuð komið til umr. og meira að segja, eins og skáldið sagði, það hefur verið bréfað. Í áliti 3. minni hl. er vitnað í bréfaskipti milli formanns Félags ísl. iðnrekenda og starfsmanns í rn. Ég verð að segja það sem mitt álit á þeim bréfaskiptum, að einhvern veginn finnst mér að þarna hljóti að hafa verið um að ræða einhver persónuleg minnisblaðaskipti eða persónuleg skoðanaskipti, því að þó ég sé ekki kunnugur stjórnsýslukerfi okkar, þá finnst mér ég þó vera það kunnugur að ég hef séð lítið af bréfum frá þessu opinbera stjórnkerfi sem byrja þannig: Kæri NN, og enda: Með bestu kveðjum. A. m. k. datt mér í hug undir þeim lestri að seint mundi það henda, að formaður t. a. m. Kröflunefndar fengi slíkar kveðjur frá fjmrn. í sambandi við samskiptin þar. Hvað um það, ég held að tilvísanir í slík bréfaskipti séu vægast sagt hæpnar og ég verð að lýsa undrun minni yfir því að þetta skuli komið á prent í þskj.

Herra forseti. Ég veit að tíminn er naumur hjá okkur hér og það er mikið annríki á Alþ. og þess vegna ekki hægt að tefja afgreiðslu þessa frv. með löngu máli. En þó er ýmislegt sem gefur tilefni til hugleiðinga í sambandi við almenna afgreiðslu þessa máls. Ég vil að lokum lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel mjög mikilvægt fyrir iðnaðinn í heild og fyrir alla aðra aðila, sem þetta mál snertir, að þetta frv. fái afgreiðslu nú áður en jólafrí þingsins hefst, að það geti orðið að lögum nú um áramót. Ég bendi á að seinast þegar tollskrá var samþ. tók hún ekki gildi fyrr en nokkrar vikur voru liðnar af því ári sem hún átti að taka gildi á, mig minnir tveir mánuðir. Sá tími, sem leið þangað til þessi nýja tollskrá tók gildi, olli miklum töfum, vangaveltum, erfiðleikum, kvörtunum og beiðnum, og sumu af því er ekki lokið enn þá. Þrátt fyrir það að margir annmarkar og agnúar séu á því frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, og mér er alveg ljóst að þeir eru mjög margir, ég viðurkenni það fúslega, — þá tel ég samt sem áður kostina við það að afgr. þetta frv. meiri og met meira að fá frv. í gegn.

Ég vil því lýsa fylgi mínu við frv. ásamt þeim brtt. sem fluttar hafa verið við það af 1. minni hl. Ég persónulega treysti mér ekki, eins og ástatt er um stöðu ríkissjóðs, að fylgja frekari brtt. um tollalækkanir, hversu sanngjarnar sem þær eru og hversu nauðsynlegar sem þær kunna að vera. Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á, að ég held að það sé ástæða til þess að binda miklar vonir við 12. lið 3. gr., svokallaðrar heimildagr. í þessu frv. Með þeirri orðalagsbreytingu, sem gerð er till. um að verði á þessu ákvæði frv., held ég að opnist möguleikar til þess að leysa úr mörgum þeim annmörkum og agnúum sem vissulega eru á þessu frv. og við erum allir sammála um að þyrftu úrbóta við.

Ég skal svo fúslega undirstrika að það er aðkallandi verkefni náinnar framtíðar að finna leiðir út úr þeim vanda sem blasir við iðnaðinum og annarri framleiðslu og annarri starfsemi í landinu þegar þeirri tollvernd, sem þó helst enn, lýkur að fullu. Þar sem hér er um að ræða mál sem þm. almennt eru sammála um að sé aðkallandi að fái viðeigandi úrlausn, þá ætla ég að vera svo bjartsýnn að trúa því að það verði brugðið við af ábyrgð og festu af hálfu Alþ. að búa svo í haginn að við megum eftir atvikum vel við una. — Ég hef lokið máli mínu.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að þetta frv. um tollskrá kemur fyrst og fremst fram vegna þess samkomulags sem hefur verið gert við EFTA og Efnahagsbandalagið. Í sínum tíma,

þegar við gengum í EFTA, þá var Framsfl. mótfallinn þeirri inngöngu með þeim rökum að á því stigi málsins væri iðnaðurinn ekki undir það búinn að við gengjum í EFTA, en hins vegar var flokkurinn alls ekki á móti því að það yrði ella gert. Ég held að við höfum ekki staðið nægilega vel við bakið á iðnaðinum eftir að við gengum í EFTA og ekki eins vel og forustumenn iðnaðarins höfðu gert sér vonir um, enda kemur það glögglega fram í áliti þeirra sem hér hefur komið fram.

Varðandi ummæli hv. þm. Ragnars Arnalds og eins og kemur fram í ákvæði til bráðabirgða sem hann leggur til að verði samþ., þar sem segir: „Lækkanir á tollum, sem stafa af aðild Íslands að EFTA og EBE, koma ekki til framkvæmda að svo stöddu," taldi ég ástæðu til þess vegna mikilvægis þessa máls að gera mér grein fyrir hvort það væri rétt að þetta mál mætti bíða í einn eða tvo mánuði fram á næsta ár, hvort það væri svo að það væri í lagi og tollalækkanir kæmu ekki til framkvæmda. Ráðuneytisstjóri viðskrn. sagði að það væri af og frá að væri hægt að koma því við að tollalækkanirnar kæmu ekki til framkvæmda, ef menn á annað borð ætluðu sér að standa með einhverri reisn við þá samninga sem menn höfðu gert. Þetta kom glögglega fram 1973 þegar frv. um tollskrá var þá lagt fram. Og það vill svo til að í síðustu tvö skipti, sem tollskrá hefur verið lögð fram, hefur hún í bæði skiptin verið lögð fram 10. des., en nú var hún lögð fram 9. des., þannig að vinnubrögðin varðandi tollskrá hafa verið mjög svipuð, þó að ég sé ekki að mæla því bót hversu seint þetta frv. er fram komið. Þá var það mjög vel kannað, sagði ráðuneytisstjóri viðskrn., hvort það væri unnt, vegna þess að síðasta frv. sem var lagt fram um tollskrá, 1973, var ekki samþ. og náði ekki fram að ganga fyrr en komið var fram á næsta ár. Þáv. ríkisstj. taldi ekki fært að hætta við tollalækkunina, og þáv. viðskrh., hv. þm. Lúðvík Jósepsson sendi ekki þetta skeyti sem hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um að væri auðvelt að senda. Ég vil einnig vitna í umr. um þessi mál, en þá mælti hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, á þessa leið: „Eins og hv. þm. vita lækka tollar á innfluttum iðnvarningi sjálfkrafa núna um næstu áramót, og ég tel að það væri ákaflega alvarlegt mál ef íslenskur iðnaður yrði að búa við það að vera með óbreytta tolla á sínum aðföngum í — ja, við skulum segja tvo mánuði þar á eftir." Við afgreiðslu þessa máls þá kom það skýrt fram að þáv. ráðh. og þáv. ríkisstj. töldu ekki fært að fresta því að tollalækkanirnar kæmu til framkvæmda. Ég vil aðeins láta þess getið hér vegna þess að ég taldi ástæðu til að kanna forsögu þessa máls, því það hefði vissulega getað verið freistandi að fá meiri tíma til að athuga ýmis mál ef þetta hefði reynst svo.

Hv. þm. Albert Guðmundsson vék hér að frv. sem hann flutti, 75. mál þingsins, um breyt. á l. um tollskrá o. fl., og hélt því fram að þetta frv. hefði fengið óréttmæta meðferð í fjh.- og viðskn. Strax og þetta frv. barst til n. var það sent fjmrn. til umsagnar, og ég skal viðurkenna að ég taldi að hér væri um slíkt mál að ræða að það ætti ekki að vera erfitt að afgreiða það, það væri ekki stórmál, og ég vænti þess að geta afgr. það á sem jákvæðastan hátt. Sú umsögn, sem sérfræðingar ríkisins í tollamálum semja, — ég ætla ekki að lesa hana hér upp, ég get gert það ef umr. verða meiri um þessa till., en þar segir m. a.: „Frv. það, sem hér um ræðir, gengur þvert á þessa stefnu, sem er lýst hér á undan, þar eð því er ætlað að breyta grundvallartúlkunarreglum Brüssel-tollskrárinnar sem eru alþjóðlegar." Og þar segir einnig: „Með slíkri breytingu væri veigamiklum ávinningi hinnar alþjóðlegu tollskrárfyrirmyndar varpað fyrir róða." Og í niðurlagi segir: „Með þeim rökum, sem hér eru talin, mælir rn. eindregið gegn því að umrætt frv. verði samþ." Það má vel vera að hv. þm. Albert Guðmundsson sé það vel heima í þessum málum að hann geti sagt sem svo, að sérfræðingar okkar í tollamálum, sem starfa við fjmrn., fari hér með algjörlega rangt mál. En það er skoðun mín að það sé ekki algjörlega hægt að hunsa þetta álit. Hins vegar hafði ég vonast til þess að okkur auðnaðist tími til að vinna meira í þessu máli, en það væri vissulega æskilegt að það hefði verið hægt að ljúka því nú þegar tollskráin kemur til afgreiðslu. En ef hv. þm. á erfitt með að sætta sig við þá meðferð sem málið hefur fengið í n., þá vil ég benda honum á að hann getur auðveldlega flutt hér skriflega brtt., sams konar brtt. við frv. sem hér liggur frammi, og þar með lagt það fyrir þd. að taka ákvörðun um það. Ég vil vinsamlegast benda honum á að gera það ef hann æskir þess að d. taki ákvörðun um þetta mál nú. Hins vegar get ég ekki á þessu stigi málsins mælt með því, að þessi breyt. verði samþ. En hann ætti auðveldlega að geta gert þetta ef hann óskar þess og ber það fram.

Það hefur verið nokkuð rætt hér um þann tekjumissi sem ríkissjóður verður fyrir af tollalækkunum næstu ára, og hv. þm. Albert Guðmundsson vildi gera fremur lítið úr honum. Það má vel vera að þetta verði ekki mikið vandamál, en það er alla vega vandamál sem menn þurfa að takast á við. Tekjumissir ríkissjóðs á næstu árum er skv. frv. 4½—5 milljarðar á ársgrundvelli 1980, og það er a. m. k. ljóst að það verður að draga verulega úr gjöldum ríkissjóðs eða afla annarra tekna ef þetta verður svo. Menn geta ekki verið tvöfaldir í roðinu. Ef menn halda fram, þegar verið er að tala um tekjurnar annars vegar, að það verði að lækka þær, þá verða menn líka, þegar verið er að tala um útgjöldin, að geta bent á hvar skuli dregið saman í þeim efnum. Þess vegna get ég alls ekki fallist á að hér sé um lítilvægt mál að ræða. Ég get vel fallist á að það mætti ýmislegt mun betur fara í tollskránni. Og það er svo í flestum lögum sem gera ráð fyrir að afla tekna til ríkissjóðs, að þar eru ýmis atriði sem mættu mun betur fara.

Ég vil að síðustu aðeins víkja að málefnum iðnaðarins. Ég held að með þeim brtt., sem hér eru lagðar fram, sé allverulega komið til móts við óskir iðnaðarins um þau atriði sem alvarlegust eru. Hins vegar er mér ljóst að iðnaðurinn hlýtur að verða sú atvinnugrein sem verður að

eflast mest á næstu árum, og það er nauðsynlegt að Alþ. taki á málefnum iðnaðarins af mikilli alvöru. En það verður hins vegar ekki gert aðeins með afgreiðslu tollskrár. Það verður því aðeins gert að t. d. nefnd frá opinberum aðilum og samtökum iðnaðarins komi saman og geri sameiginlegar till. og reyni að komast að niðurstöðu um hvað það sé helst sem þurfi að breyta í málefnum iðnaðarins. Ég held að það sé nauðsynlegt að ríkisstj. beiti sér fyrir því að slík samstarfsnefnd verði sett á fót, og ég vil eindregið mælast til þess við ríkisstj. að hún geri það, því það er vissulega ástæða til þess að vinna ötullega að þessum málum. Það eru ekki mörg ár til 1980, og þá verður tollverndin algjörlega fallin burt, þ. e. a. s. ef ekki fæst framlenging sem er sjálfsagt mál að kanna.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kem hér upp í ræðustól aftur, eru hin furðulegu viðbrögð form. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., sem ég á sæti í líka, Halldórs Ásgrímssonar, þegar ég minnti hann á að bréf það frá fjmrn., sem hann vitnaði hér í, en vildi þó ekki lesa, hefði ekki borist mér þrátt fyrir það að ég hefði óskað eftir því við hann sem formann, eins og gert er almennt við formenn n., að ég fengi afrit af því. Ég er ekki vanur því að fá vanstillt svör og vera vísað á möppur sem ég veit tæplega hvar eru geymdar í fórum formanns n. eða n. almennt. Mér þætti vænt um að það kæmi ekki fyrir aftur. Ég mun leita upplýsinga á skrifstofu Alþ. um það, hvort möppurnar liggi frammi fyrir þm. einhvers staðar og þeim beri sjálfum að útvega sér þau gögn sem berast form. n. ef þeir þurfa á þeim að halda.

Ég ætla að taka ráðleggingum hv. þm. og leggja fram brtt. við frv. sem hér liggur frammi. Hún er samhljóða till. minni um breyt. á lögum um tollskrá o. fl., nr. 6 1974. Það þarf að vísu að breyta titli till., þannig að það verði brtt. við það frv. sem hér liggur frammi og hljóðar svo: „Aftan við almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða í 1. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Ekki skal beita samtollun við tollafgreiðslu vöru úr tollvörugeymslum, heldur skal farið eftir tollskrárnúmerum, flokkist vara undir sérstakt tollskrárnúmer."

Í grg. segir svo:

„Sérstaða tollafgreiðslu úr tollvörugeymslum er öllum ljós sem til þekkja.

Úr tollvörugeymslu getur innflytjandi tekið tiltölulega lítið magn úr stórum sendingum, eftir því sem markaður og eftirspurn krefst hverju sinni, og er þá óeðlilegt að greiða hærri toll en ákvæði viðkomandi tollskrárnúmers segja til um, eingöngu vegna þess að hlutir í öðrum og hærri tollflokkum voru einnig í hinni sömu vörusendingu frá útlöndum, sem ekki verða notaðir í sambandi við þá vöru, sem út er tekin þegar vara sú er seld. Við samtollun, sem í eðli sínu veldur verðhækkun, skapast misræmi í verðlagi eftir því, hvernig vörusendingum er háttað, en það er oft ekki á valdi innflytjenda að ráða því. Stór fyrirtæki vilja komast hjá því að setja smásendingar á mörg farmskjöl.

Rétt er að leggja áherslu á að tollvörugeymslum og viðskiptamönnum þeirra er mikið kappsmál að fá gerða á framkvæmd tollafgreiðslu þá breytingu sem frv. felur í sér. Má vísa m. a. til eftirfarandi stjórnarsamþykktar í Tollvörugeymslunni hf. í Reykjavík, sem gerð var á stjórnarfundi 7. nóv. 1974:

„Stjórnarfundur í Tollvörugeymslunni hf., haldinn fimmtudaginn 7. nóv. 1974, telur að brýna nauðsyn beri til að breytt verði framkvæmd á samtollun þess varnings, sem fer í tollvörugeymslur félagsins, vegna sérstöðu tollafgreiðslu þaðan. Sé nauðsyn lagabreytingar í þessu sambandi samþ. stjórnin að vinna að því að svo verði gert."

Tilraunir stjórnar Tollvörugeymslunnar hf. til að fá fram breyt. í framangreinda átt hafa ekki borið árangur og því er frv. þetta borið fram."

Það lá sem sagt óafgreitt erindi frá Tollvörugeymslunni hf. í fjmrn. í tvö ár. Ég vil taka það hér fram, að það er í fullu samstarfi og í samræmi við óskir allra þeirra sem eru í samtökum innflytjenda og stjórnum þeirra líka, að gefnu tilefni sem hv. frsm. fjh.- og viðskn. gaf mér í símtali í gær og ég hef kynnt mér betur nú.

Ég vil þá, herra forseti, leyfa mér að leggja fram þessa till. og óska eftir því að hún verði tekin til meðferðar við afgreiðslu þessa frv. sem hér liggur fyrir til umr.

Ég vil lítillega í beinu framhaldi af þessu, sem ég hef nú sagt, lesa það bréf sem hv. frsm. ætlaði ekki að lesa nema að sérstöku gefnu tilefni. Ég hugsa að hann hafi ekki lesið það upp vegna þess að hann gerir sér engan veginn ljóst hvernig tollvörugeymslur vinna, og hann gerir sér ekki heldur ljóst að í þessu bréfi eru missagnir og hreinlega rangt með farið af þeim sem semja umsögn rn., og skal ég koma að því jafnóðum og ég les bréfið. En bréfið er dags. 30. nóv. og hljóðar svo:

„Rn. hefur borist til umsagnar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 6/1974, um tollskrá o. fl., 75. mál, sem Albert Guðmundsson alþm. hefur flutt. Vegna þessa vill rn. upplýsa að allar götur síðan 1963, að Brüssel-tollskráin svonefnda var innleidd í tollskrárlög hérlendis, hefur sú stefna verið ríkjandi í löggjöf að byggja á henni í hvívetna." Ég held að hver einasti innflytjandi geti staðfest það, að það hefur ekki verið byggt á Brüssel-skránni síðan 1963 í hvívetna. Ég efast um að svo sé gert enn í dag. Ég held áfram lestrinum: „Með þeim hætti njótum við óskipts ávinnings af því starfi sem fram fer á vegum tollasamvinnu ráðsins í Brüssel og með tollyfirvöldum nágrannaríkja að því er varðar tollflokkun vara, ekki síst nýrra vara sem eru algengar, eins og vöruþróun er ör í alþjóðlegum viðskiptum."

Síðan heldur áfram: „Frv. það, sem hér um ræðir, gengur þvert á þessa stefnu þar eð því er ætlað að breyta grundvallartúlkun á reglum Brüssel-tollskrárinnar sem eru alþjóðlegar, þær hinar sömu fyrir tugi landa." Ekki getur það nú verið alþjóðlegt ef það er bara fyrir tugi landa. Ég vil biðja hv. frsm. fjh.- og viðskn., Halldór Ásgrímsson, að benda mér á hvar í Brüssel-skránni er minnst á tollvörugeymslur —

bara hvar er minnst á þær. Tollvörugeymslur eru allt annað en það sem talað er um í Brüsselskránni. Síðan heldur áfram: „Með slíkri breytingu væri veigamiklum ávinningi hinnar alþjóðlegu tollskrárfyrirmyndar varpað fyrir róða.

Að auki skal tekið fram, að það var ein meginforsendan við stofnun tollvörugeymslu hér á landi, að vörur, sem þangað færu, lytu að öllu leyti sömu reglum um tollun og vörur sem hljóta venjulega tollmeðferð, að öðru leyti en tók til frestunar tollafgreiðslu, sbr. 50. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og 23. gr. laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur.“

Það var meginforsenda fyrir stofnun tollvörugeymslunnar og það er eina forsendan fyrir rekstri tollvörugeymslunnar að þar er ekki sama meðhöndlun á vörum við tollafgreiðslu og er um vörur almennt frá skipafélögunum. Þó að pappírsvinnan sé í stórum dráttum sú sama, þá er hún allt, allt önnur í framkvæmd heldur en venjuleg tollafgreiðsla. Ráðuneytisstjórinn veit kannske ekki um það, en það er hann sem skrifaði undir þetta bréf, ef ég man rétt, Jón Sigurðsson. Vörur, sem koma í tollvörugeymslur, hljóta þá fyrstu tollmeðferð að þær eru teknar úr flutningapakkningum og raðað í hillur eins og í venjulegum vörulager verslana. Síðan eru þær ekki tollafgreiddar á venjulegan hátt með því að greiða toll af því partii, sem kallað er, sem kemur á sömu farmskrá og er ekki heimilt að skipta. Tollafgreiðslan fer þannig fram að það er greitt hlutfallslega af hverjum vörureikningi í tolli, það sem tekið er út hverju sinni, og eftir stendur hlutfallslega það sem ekki er búið að greiða af. Síðan er það gert upp þegar síðasta varan á vörureikningi er tekin út, og þá á 100% úttekt að koma heim við 100% greiðslu. Það er engan veginn sambærilegt við venjulega tollmeðferð, svo þetta er rangt með farið hjá ráðuneytisstjóranum.

Bréfið heldur áfram: „Þessari meginreglu mundi frv. einnig raska ef að lögum yrði, þannig að verulegur munur yrði á tollun eftir því hvort varan færi um tollvörugeymslu eða ekki.“ Til skýringar kemur svo ráðuneytisstjórinn með dæmi. *(Gripið fram í.)* Ég get ekki með nokkru móti séð að það geti raskað einu eða öðru að vara, sem hefur ákveðið tollskrárnúmer, fari í það númer. Ég held að það raski miklu meiru, eins og við erum að reyna að fá skilning fyrir, að vara, sem á að tollflokkast í einn ákveðinn tollflokk, fari ekki í hann, heldur sé samtollað í hæsta tolli af þeim vörutegundum sem settar eru í kassa samtímis, vegna þess að fyrirtæki erlendis eru flest hver óvön því að þurfa að senda í mörgum sendingum og með mörgum farmbréfum á mörgum vörureikningum það sem hægt er að koma í einn kassa og á einn vörureikning.

Síðan tekur ráðuneytisstjórinn dæmi í bréfi sínu, svo hljóðandi: „Í innfluttri vörusendingu eru 50 útvarpsviðtæki fyrir stereohliómflutning. Í þessari sömu sendingu eru einnig 100 hátalarar af þeirri gerð sem ætlað er til nota með viðtækjunum, tveir með hverju.“ Hvor tegund, viðtækin og hátalararnir, er færð sér til verðs á framlögðum reikningi sendanda. En segjum nú svo að hátalararnir hafi ekki verið 100, eins og þurfti með þessum 50 tækjum, ef þeir hefðu verið 200 og það er ekki hægt að nota nema 100 af þeim við þessi viðtæki, þá hefðu þessir 200 hátalarar allir verið tollaðir með viðtækinu, en hátalarar, sem voru kannske til hjá sama fyrirtæki á lager, voru í lægri tollflokki og þar af leiðandi ódýrari. Það er þetta sem við erum að tala um, þannig að dæmið sem ráðuneytisstjórinn tekur er ágætt fyrir mig til að nota einmitt sem rök á móti hans rökum.

Bréfið heldur áfram: „Augljóst er að hvorki viðtækið né hátalararnir verða notuð ein sér, en eru gerð til að mynda samstæður. Vörusvið XVI. flokks tollskrárinnar tekur til þessara vara, en með tilvísun til 3. athugasemdar þess flokks flokkast þær sem samstæður eins og það tækið sem gegnir höfuðhlutverkinu. Í almennri túlkun 3. b. við tollskrána er m. a. tekið fram að samsettar vörur skuli flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vöruna, enda verði slíku mati við komið.“ Nú er ráðuneytisstjórinn eingöngu að tala um samsettar vörur og það bara til þess að rugla okkur, þessa þm. sem eiga helst ekkert að skipta sér af hvað er rétt og hvað er rangt að þeirra mati. „Tæpast verður vefengt að samstæður þessar flokkast samkv. framangreindum reglum undir tollnr. 85.15.22 með 75% tolli og 18% vörugjaldi. Yrði brtt. að lögum mundu hátalararnir flokkast“ — nú ætla ég að biðja hv. þm. að taka eftir: „Yrði brtt. að lögum mundu hátalararnir flokkast undir tollskrárnr. 85.14.00 með 40% tolli og 18% vörugjaldi.“ Það er einmitt þetta sem ég er að tala um. Ef þeir væru tollflokkaðir sér færu þeir í 40% toll með 18% vörugjaldi, en af því að þeir flokkast með tækjunum, eins og ráðuneytisstjórinn sjálfur segir, þá fara þeir í 75% toll og 18% vörugjald og það munar um minna.

„Frv. gæti einnig leitt til ósamræmis á hinn veginn, þannig að tollur yrði hærri við afgreiðslu úr tollvörugeymslu en endranær. Sem dæmi má taka radarsamstæður sem við innflutning flokkast undir tollskrárnr. 85.15.31 með 4% tolli og án vörugjalds. Ef innflytjandi óskaði að flytja vörutegund þessa í tollvörugeymslu yrði hann að flokka einingar samstæðnanna eins og þær væru sérinnfluttar. Eftir þessu ættu hreyfilraflar, sem sjá samstæðunum fyrir orku, og loftnetsrafhreyflar að flokkast undir tollskrárnr. 85.01.09 með 35% tolli og 18% vörugjaldi.

Með þeim rökum, sem hér hafa verið talin, mælir rn. eindregið gegn því að umrætt frv. verði samþ.“

Þarna er verið að tína til einhver rök í von um, að enginn kynni sér málið það vel að hann skilji það til hlítar. Það er ljót blekking, sem hér á sér stað. Ég ætla bara að benda mönnum á að að það er tollvörugeymsla í Reykjavík og hún er búin að vera eina tollvörugeymslan í landinu í nokkurn tíma, það er tollvörugeymsla á Akureyri, það er tollvörugeymsla komin í Keflavík, það er tollvörugeymsla að rísa á Austurlandi, þannig að með flutningi á þessari brtt., sem ég hef lagt fram nú í annað sinn, er ég að koma í veg fyrir mikinn vanda á öllum þessum stöðum. Það vona ég að hv. þm. gefi sér tíma til að kynna sér vel áður en þeir fella þessa till.

Ég ætla ekki að lengja miklu meira umr. um þetta mál. En ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki Alþ. vel fyrir að hafa útvegað mér kópíu af því bréfi, sem ég hafði vonast til að fá frá formanni fjh.- og viðskn. fyrir nokkrum dögum, með þeim hraða sem þeir gerðu.

Hv. formaður fjh.- og viðskn. vitnaði í Magnús Kjartansson þegar hann var ráðh. og stóð á sömu vegamótum hvað Efnahagsbandalagið snertir og sagði að það yrði alvarlegt fyrir íslenskan iðnað þyrfti hann að búa við sömu tolla í tvo mánuði. Þetta var haft eftir Magnúsi Kjartanssyni, þáv. iðnrh. Það er enginn að tala um það, ég hef aldrei heyrt hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, tala um það að iðnaðurinn ætti að búa við sömu tolla áfram ef ríkisstj. tilkynnti ekki gildistöku þessara tollabreytinga. Það kom fram á fundi fjh.- og viðskn. eindregin ósk um það frá forustumönnum iðnaðarins að hann nyti þeirra tollfríðinda, sem við gætum látið í té, strax frá áramótum þrátt fyrir frestunina. Það var ósk þeirra að frestunin kæmi. Það var það sem þeir fóru fram á. En það var ekki talað um að þeir byggju við sömu tollakjör áfram hvað snertir niðurfellingu á þeim tollum sem við ráðum sjálfir við. (Gripið fram í: Er það ekki það sem við erum að samþykkja?) Við erum að samþykkja litinn hluta af því sem farið er fram á. Ég er að reyna að betrumbæta það með till. Ef hv. formaður fjh.- og viðskn. hefur ekki tekið eftir því, þá er rétt að hann heyri það nú.

Ég verð að viðurkenna það, að ég skil ekki alveg skýringar þær sem hv. 5. þm. Austurl. gaf á þessu 4000 millj. kr. tapi. Það getur verið að ég skilji það betur núna af því að hann er búinn að endurtaka það, að við séum að missa af þessum tekjum. En þá er mér alveg ómögulegt að skilja hvers vegna við gerum slíka samninga við aðrar þjóðir, ef það er fyrirsjáanlegt að við töpum 4000 millj. þegar komið er fram á árið 1978. Ég trúi því ekki. En það er búið að segja það hér að við töpum á samningum við erlendar þjóðir. Er þá virkilega ætlunin að viðhalda fjáröflunartollum endalaust og kannske hækka þá til að standa undir auknum töpum af milliríkjasamningi sem við gerðum? Þetta getur ekki verið, ég trúi því ekki. En ef svo er, ef það er fyrirsjáanlegt að við erum að ganga út í samninga sem við töpum á, finnst mér það hlægilegt. Mér finnst það hlægilegt vegna þess að ég mundi ekki gera það sem einstaklingur og stend því ekki að því sem fulltrúi á Alþ. Þetta eru samningar sem eru gerðir. Ég skal kynna mér þá betur. Og þá er ég á móti þeim, ef það er fyrirsjáanlegt að við töpum á þeim, ef það verður til þess að við þurfum að gera aðrar ráðstafanir, hækka tolla eða viðhalda tollum til þess að standa undir þeim kostnaði sem er við að gera samninga við útlendinga. En þetta getur allt verið rétt, ég skal kynna mér það betur.

Það er margt í málflutningi félaga míns og vinar, 2. þm. Norðurl. e., sem ég hefði gjarnan viljað gera að umræðuefni og svara.

Það eru ýmsar skýringar á því að tolltekjur eru hærri hér en á hinum Norðurlöndunum. Það eru eðlilegar skýringar til á því og ég ætla ekki að eltast við það. En það, sem kom fram hjá honum, var eins konar prédikun, að þm. ættu að hætta að elta fjvn.-menn með fyrirgreiðslubeiðnir. Ég vil afbiðja mér þetta. Það verður að nafngreina þá þm. sem það gera. Ég hef ekki gert það og ég óska eftir því að hann nafngreini þá þm. sem haga sér þannig að fjvn.-menn þurfi að ganga í skugga til að láta helst ekki sjá sig af fólögum sínum. Það var það, sem hm. sagði. En nú, segir hann, kveður við allt annan tón, þegar um tolltekjur er að ræða. Þá á að taka frá ríkinu tekjur og ekkert á að koma í staðinn. En ég verð að segja það sem hv. þm. Jón Sólnes hefur heyrt mig segja áður: Á meðan stærstu samtök landsins, æskulýðssamtök landsins, sem hafa tugi þúsunda ungmenna innan sinna vébanda, líklega um 50 þús., þ. e. Íþróttasamband Íslands, fær 26 millj. til að reka alla hreyfinguna, en viðgerð á Bessastöðum einum kosta 30 millj., þá getur ekki verið að okkur vanti peninga. Á meðan við getum hækkað Sinfóníuhljómsveitina úr 40 millj. upp í 60 millj. á einu ári, þá er gjörsamlega útilokað að það vanti svona mikla peninga. Á meðan við getum eytt þúsund milljónum til að kaupa nýja flugvél til landhelgisgæslu, en höfum ekki efni á að eyða meira en 300 millj. í allan öryggisbúnað á Íslandi fyrir íslenskt flug, þá getur ekki verið að við séum með heilbrigða fjármálapólitík eða að okkur vanti peninga. Og við erum að samþykkja hérna hækkandi gjöld á öllum sviðum.

Það er eitthvað, sem ekki er grundvallað hjá mér, í málflutningi félaga míns og vinar. Ég vil benda honum á það, að þó að ég gigi kannske eftir á þessu þingi og áður en afgreiðslu fjárlaga lýkur að koma með brtt. til hækkunar við fjárlög, þá hef ég ekki gert það síðan ég kom á þing, þannig að ég frábið mér þennan málflutning og óska aftur að hann nafngreini þá þingmenn sem haga sér eins og hann tiltók. Hitt er annað mál og það er alveg rétt, að það er löngu tímabært að stöðva hinar sífelldu kröfur um framlög. En þær koma annars staðar frá en héðan að sunnan.

Ég vil taka undir það, að þetta frv. og sú fyrirgreiðsla, sem í því er ráðgert að veita iðnaðinum, er spor í rétta átt. Það er alveg rétt. En það er langt frá því að mæta kröfum eða óskum iðnaðarmanna sem komu á fund fjh.- og viðskn. Þeir fóru ekki ánægðir af fundi frá okkur.

Ég veit ekki hvað menn meina með því, — ég er nú enn að vitna í ummæli vinar míns. 2. þm. Norðurl. e., — að frestun á gildistöku eða samþykkt á till. 5. þm. Norðurl. v. meiði eitthvert þjóðarstolt. Ég skil ekki að venjulegt samkomulag þjóða á milli geti flokkast undir þjóðarrembing, að fara fram á eitthvað við aðrar þjóðir sem við erum að semja við. Ef við viljum frestun, ef við höldum að það sé gott fyrir okkur, þá biðjum við um það, og það kemur ekki þjóðarstolti við. Það flokkast undir samkomulag milli frjálsborinna manna sem búa í tveimur eða fleiri löndum. Það hefur ekkert með þjóðarstolt eða rembing að gera. Það getur vel flokkast undir stjórnkænsku eða stjórnvisku, ef hægt er að ná slíkum samningum að þeir verði okkar iðnaði til hagsbóta.

Ég vil líka leiðrétta það sem kom fram hjá sama hv. þm. Það kemur nú kannske úr hörðustu átt að ég fari að taka upp hanskann eða svara

fyrir alþb.-menn. En Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., var fjarverandi þegar þessi ræða var haldin, og vegna þess að ég veit að hann fór með rétt mál og við vilium allir hafa það sem rétt reynist, þá voru þetta ekki persónuleg bréfaskipti á milli ráðuneytisstjóra viðskrn. og formanns Félags ísl. iðnrekenda, það er langt frá því. Ég skal viðurkenna að ég hafði það á tilfinningunni að eitt bréfið frá ráðuneytisstjóranum væri þess eðlis og þannig frá gengið að hann væri að reyna að koma því yfir í persónuleg bréfaskipti í staðinn fyrir embættisbréf, og það hefði hv. þm. átt að taka fram. En formaður Félags ísl. iðnrekenda hélt sig að þeim formum sem háttvísum manni ber, án þess að ég sé að bera upp á ráðuneytisstjórann að hann sé það ekki, það væri mikil ósanngirni.

Ég hef ekki meira um þetta mál að segja. En ég vona að þessi brtt. mín skapi ekki sömu vandamál og sú till. sem ég bar hér upp síðast, þegar ég gerði það við 3. umr., og fái þá meðferð sem hún á skilið og verði samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 225) samþ. með 19 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hefur eitt og annað komið í ljós sem vekur umhugsun um tollamál almennt. Ekki treysti ég mér til að gera því mikil skil, en vil þó taka fyrir eitt atriði sem fram hefur komið og ég held að hljóti að verða til að vekja þm. til umhugsunar um það að tollheimtu sem tekjuöflun fyrir ríkið þarf að taka til mikillar endurskoðunar fljótlega vegna þess mikla ósamræmis sem er á tollaðri vöru til landsins eftir því frá hvaða landi hún kemur. Ef það er ekki lengur sami tollur á vörunni hvort sem hún kemur frá Frakklandi eða Bandaríkjunum hljótum við annaðhvort að vera að stuðla að innflutningi frá öðru landinu umfram hitt eða þá að við erum að auka stórkostlega hættuna á því að kaupmenn eigi kost á því að taka hærri umboðslaun frá því landi þar sem tollflokkurinn er lægri. Þetta verða menn að taka með í reikninginn og þetta verða menn að skilja. Þarna er verið að setja upp kerfi sem er í sjálfu sér viðskiptalega séð ákaflega hættulegt. Og það er annað sem rétt er líka að hugleiða í þessu sambandi. Er t.d. hægt í dag að flytja vöru frá Bandaríkjunum til Þýskalands og flytja hana inn frá Þýskalandi með lægri tolli en hægt væri ef hún væri flutt beint frá Bandaríkjunum. Ég vil varpa þessari spurningu fram, vegna þess að ef það er hægt eftir því kerfi sem búið er að setja upp, þá er verið að setja upp kerfi sem ekki er hægt að verja. En í ljósi þess að við erum að afgreiða hér tollalög, sem ætlað er að styrkja íslenskan iðnað og lögð hefur verið mikil áhersla á að verði samþykkt, lýsi ég stuðningi mínum við þetta frv., en vil jafnframt vekja athygli á því, að ég held að það verði að skipa nefnd til að endurskoða tollalögin almennt.

ATKVGR.

Brtt. 225 felld með 8:5 atkv.
— 213,1.30 felld með 12:7 atkv.
Brtt. 213.1.33 felld með 12:4 atkv.
— 213.1.44 felld með 12:7 atkv.
— 213.1.82 felld með 11:4 atkv.
— 213.1.84 felld með 12:7 atkv.
— 213.1.85 felld með 12:7 atkv.
— 213.1.87 felld með 12:7 atkv.
— 213.1.90 felld með 12:7 atkv.
— 213.1.94 felld með 12:7 atkv.
— 201,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 201,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 214 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 213.2.a felld með 10:5 atkv.
— 213.2.b felld með 11:7 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 213,3 felld með 11:5 atkv.
4.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 213.4 felld með 10:8 atkv.
10.—19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 213.5 felld með 15:1 atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 213.6 samþ. með 14 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 213,7 felld með 12:2 atkv.
23.—35. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 213.8 felld með 14:3 atkv.
36.—39. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 201.3 samþ. með 19 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 210 felld með 12:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: EggÞ, GeirG, HFS, RA, StJ.
nei: ÁB, EÁ, GH, HÁ, IT, JónÁ, JHelg, JGS, OÓ, ÓÞÞ, StG, ÞK.
AG, JÁH greiddu ekki atkv.
1 þm (AJ) fjarstaddur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 177, n. 208, 209, 219). — Frh. 2. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hefur komið í ljós að nokkur ágreiningur hefur verið um 1. gr. þessa frv., sumt af því byggt á misskilningi. Vegna þess að vitnað hefur verið í afstöðu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem væri andvíg þessari grein, hefur verið haft samráð og samband við framkvæmdastjóra sambandsins og leitað álits hans á því ef brevtt yrði 1. gr. þannig að það yrði skýlaust bundið við árið 1977, eins og brtt. mín felur í sér. Framkvæmdastjórinn hefur tjáð sig samþykkan því og telur að hvorki hann né stjórnin hafi þá lengur neitt við 1. gr. að athuga. Í rauninni var það alltaf ætlunin að þessi 1. gr., eins og 2. gr., væri aðeins til bráðabirgða, en sjálfsagt að kveða skýrt að orði.

Ég vænti þess að menn geti sæst á þessa brtt., hef haft samband við frsm. hv. félmn., og legg því fram þessa skriflegu brtt. og óska afbrigða um hana. Ég vænti þess að málið geti þannig gengið áfram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 219, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég var einn þeirra nm. sem undirrituðu nál. félmn. sem útbýtt var hér í gær varðandi frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga og undirrituðu það með fyrirvara. Fyrirvari minn var einungis í því fólginn að framkalla skýr og ákveðin svör um það sem nú hefur birst í brtt. hæstv. félmrh., um heimild sem menn gátu getið sér til að hægt væri að nota til álagningar á hálfbyggð hús á næsta ári og að sú heimild yrði ekki notuð. Tel ég brtt. hæstv. ráðh. fullnægja þeim óskum er ég lagði áherslu á, og mun því greiða frv. eða öllum greinum þess mitt atkvæði.

ATKVGR.

Brtt. 219 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 209 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 178). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Haustið 1975 fól ég stjórn Bjargráðasjóðs að endurskoða gildandi lög um sjóðinn. Var þá tvennt haft í huga: annars vegar að tillit skyldi tekið til hinna nýju laga um Viðlagatryggingu Íslands frá því í maí 1975, en hins vegar hvernig hægt væri að tryggja sjóðnum meira starfsfé til að standa undir þeim skyldum sem á honum hvíla.

Niðurstaðan af þessari endurskoðun hefur orðið það frv. sem hér liggur fyrir. Aðalbreytingar frá gildandi lögum eru þessar: Framlög sveitarfélaga nema nú 50 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags. Hér er lagt til að sú upphæð verði hækkuð í 150 kr., en þetta framlag hefur verið óbreytt í krónutölu frá ársbyrjun 1970. Í öðru lagi er lagt til að framlag búvöruframleiðenda hækki úr 0.25% samkv. gildandi lögum í 0.35% af söluvörum landbúnaðarins. Þar er því um 40% hækkun að ræða. Mótframlög koma úr ríkissjóði á móti þessum liðum báðum.

Í grg. frv. er skýrt frá verkefnum Bjargráðasjóðs og þeim margvíslegu vandamálum sem þar eru á ferð, einkum hin gífurlegu tjón sem hlotist hafa af völdum óþurrkanna í sumar. Er því ljóst að sjóðurinn þarf miklu meira fé en áður til umráða.

Þetta frv. hefur legið fyrir hv. Nd. og hefur verið afgreitt þar shlj. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hef áður í dag gert hér nokkrar athugasemdir við það hve málatilbúnaður er seint á ferð nú varðandi mörg bæði smærri og stærri mál sem hér liggja fyrir okkur. Ég vil taka það fram að það á ekki við um þetta frv. Mér sýnist það svo sjálfsagt í eðli sínu að það hljóti að geta orðið um það full samstaða. Ég vil aðeins taka þetta fram vegna þess að í nál. frá félmn. Nd. er það kynnt að tveir aðilar þar, Eðvarð Sigurðsson, hv. þm., og Magnús T. Ólafsson hv. þm., hafi ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins. Þá sé ég enn frekari ástæðu til þess að lýsa þegar við 1. umr. yfir fullum stuðningi mínum við þetta mál.

Þegar viðlagatryggingin var á sínum tíma hér til umr., þá man ég eftir því að ég benti alveg sérstaklega á að jafnhliða því hefði í raun og veru þurft að taka til endurskoðunar og afgreiðslu nýja löggjöf um Bjargráðasjóð. Ég taldi miður að það hefði ekki verið gert samhliða, vegna þess að um það komu bæði fram ábendingar frá þeim aðilum, sem gerst máttu þekkja þessi mál, og eins var það ljóst, að þó að það mál væri í hvívetna ágætt og þarft, þá var engu að síður full ástæða til að gera Bjargráðasjóð nokkurn veginn bjargálna, þó ekki væri meira. Ég veit að á þessu stigi er alveg sérstök ástæða til þess, einkum varðandi búnaðardeildina. Það er alveg fullljóst að til Bjargráðasjóðs verður nú mjög leitað, eins og segir í aths. við lagafrv., vegna þess gífurlega tjóns sem hlotist hefur af völdum óþurrkanna í sumar.

Hér sýnist mér í engu vera of langt gengið með tekjuöflun til sjóðsins. Það er greinilegt að með þessu móti verður hann fær um að sinna hlutverki sínu. Ég þekki mörg dæmi þess að þessi sjóður hefur miklu bjargað, bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og heil sveitarfélög, og vil þess vegna, ekki síst með tilliti til þess að nál. í Nd. gefur, held ég, nokkuð villandi mynd af afstöðu manna þar, lýsa því yfir í upphafi að ég fylgi þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 26. fundur.

Föstudaginn 17. des., að loknum 25. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 227). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 226 (sbr. 147)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 216). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. þdm. eflaust muna, var gerð sú breyting í sambandi við fjárlagafrv. að ríkisspítalarnir eru færðir í A-hluta fjárlagafrv. úr B-hluta. Það leiðir af sér að það þarf að gera breytingu á lögum um almannatryggingar, þannig að nú er hugsað að ríkissjóður greiði beint til ríkisspítalanna samkv. fjárlögum kostnað við þá og þeir teknir út úr daggjaldakerfi sjúkrahúsanna. Hins vegar heldur daggjaldakerfi annarra sjúkrahúsa áfram óbreytt.

Margir þm. hafa látið í ljós áhyggjur yfir því að hér gæti skapast nokkurt misræmi á milli hinna einstöku sjúkrasamlaga í landinu. Því er talið eðlilegt að þegar uppgjör samlaga fyrir næsta ár, árið 1977, liggur fyrir skuli Tryggingastofnun ríkisins kanna hlutfallslegan kostnað hvers sjúkrasamlags af sjúkrahúsvist og gera till. um hvernig jafna megi þann kostnað milli einstakra sjúkrasamlaga. Hins vegar er nokkur trygging fyrir því varðandi rekstur sjúkrahúsa utan ríkisspítalakerfisins, að þar heldur áfram daggjaldanefnd sem tekur ákvarðanir um daggjöld sjúkrahúsanna og bætir þeim hallarekstur sem kann að verða og það oftar en einu sinni á ári, eftir því sem hún telur þurfa og að eðlilegt sé að gera, sem er nokkur trygging í þessum efnum.

Ég óskaði eftir því við aðstoðarforstjóra ríkisspítalanna að hann léti taka saman yfirlit um greiðslur hinna einstöku sjúkrasamlaga miðað við árið 1975 sem nú liggur fyrir, og það hefur hann gert. Ég vil benda hv. n. á það, þegar hún fær frv. til meðferðar, að óska eftir því að ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. og aðstoðarforstjóri ríkisspítalanna, Davíð Gunnarsson, komi á fund n. til að skýra niðurstöður þessara athugana fyrir n. N. fær þá nokkra vitneskju um hvernig þetta hlutfall hefur verið á árinu 1975. Hins vegar ef mönnum finnst orðalag 4. gr. til þess að koma í veg fyrir misræmi ekki nógu ákveðið eða það sé of langt að bíða eftir yfirliti fyrir allt árið 1977, þá má taka upp eitthvert annað orðalag sem tryggir þarna meiri jöfnuð, ef menn óttast að slíkt eigi sér stað, og það er auðvitað alltaf fyrir hendi.

En höfuðefni þessa frv. er þó í ákvæðum til bráðabirgða, því að þar er lagt til að haldið verði áfram 1% álagi á gjaldstofn útsvara. Það er reiknað með að þessi gjaldstofn gefi um 1200 millj. samkv. fjárlagafrv., en sú breyt. er gerð nú frá því, sem er í gildi þetta árið, að innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að innheimta þetta gjald og þeir eiga að standa ríkissjóði skil á fyrirframgreiðslu og hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega. Einnig kemur fram í þessu ákvæði að eigi skuli leggja gjald þetta á þá sem ekki er gert að greiða útsvar, svo það er mjög skýrt og ákveðið að það geti ekki orðið um neitt annað að ræða en átt hefur sér stað á þessu ári. Að vísu voru gefin út brbl. í sumar til þess að gjöld ellilífeyrisþega og annarra með mjög lágar tryggingar féllu niður, en þó ekki að öllu leyti, og þarf því, þegar það mál kemur til umr. hér eftir jólafrí, að taka þar af öll tvímæli, því það var aldrei ætlun löggjafans að þetta fólk greiddi þetta gjald og því þarf að breyta þeim brbl. að mínum dómi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar. Þetta er frv. sem í raun og veru hefur legið fyrir að mundi verða flutt, sérstaklega í sambandi við þetta 1% álag á útsvörin, eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. En þessi breyting aftur á stöðu ríkisspítalanna í fjárlagafrv. gerir nauðsynlegt að þær breytingar séu gerðar sem 1.—4. gr. frv. mæla fyrir um.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal nú ekki svo síðla kvölds fara að taka upp neitt karp við hæstv. ráðh. um vinnubrögð hér, þó að ég hljóti að harma hraða afgreiðslu á máli, sem er þann veg farið eins og þessu, það þurfi að gera því betri skil en okkur er kostur nú á síðustu dögum fyrir jól. Ég hlýt að harma það sérstaklega vegna þess að hér er um viðkvæmt mál að ræða sem þarf að skoða mjög vel áður en teknar eru í því endanlegar ákvarðanir. Það má kannske segja að þetta frv. geri hvorki til né frá um það vegna þess, sem segir í 4. gr., að þar er í raun og veru allt hvað snertir efni 1.—4. gr. skilið eftir opið til ákvörðunar síðar meir. En engu að síður hefði auðvitað verið heppilegra, að fara hér öðruvísi að en gert hefur verið.

Fyrst er sem sagt einhverju slegið föstu í fjárlögum, sjálfsagt ekki út í bláinn, sjálfsagt m. a. í þá veru að skapa aðhald og sparnað hjá ríkisspítölunum. Ég reikna með því að sú hafi verið ástæðan, án þess að kanna, að því er manni virðist, þau vandamál sem þessari breytingu hljóta að verða samfara. Og núna, þegar þetta mál er komið að afgreiðslustigi fjárlaga, þá er rokið til og smíðað í snarhasti, að manni hefur skilist, frv. sem segir ekki mjög mikið um framtíðarlausn þessa máls eða kannske í raun og veru ekkert um framtíðarlausnina.

Ég vildi aðeins, vegna þess að ég fæ þetta mál til umfjöllunar í heilbr.- og trn., spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort sú endurskoðunarnefnd almannatrygginganna, sem nú starfar að þessum málum, hefur eitthvað komið nálægt þessu máli nú. Ég held hún hafi starfað nú þegar um tvö ár. Hefur hún fjallað um þetta frv. og lagt yfir það blessun sína? Í öðru lagi: Hefur tryggingaráð, sem í eðli sínu hlýtur að koma inn á þessi mál almennt og þó alveg sérstaklega framkvæmd þeirra, — hefur tryggingaráð um þetta frv. fjallað og tekið þar einhverja ákvörðun um eða hefur verið haft samráð við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins um samningu og framlagningu þessa frv.? Við þessu vildi ég gjarnan fá svör strax, því það er töluvert atriði varðandi

það hverja telst eðlilegt að kalla til fundar við heilbr.- og trn., en þar hljóta þessir aðilar að vera sjálfsagðir til ráðlegginga fyrir okkur nm. Þar á ég við menn eins og formann tryggingaráðs og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að við þessa breytingu, sem slegið er þannig fastri fyrir fram, áður en nokkur heildarkönnun á þessu máli eða hvernig eigi að leysa það fer fram, skapast gífurleg mismunun, eins og reyndar er komið inn á í athugasemdum, því svo segir í 3. aths. við lagafrv.: „Aðstaða landsmanna til að njóta ókeypis þjónustu á ríkissjúkrahúsunum er afar misjöfn. Rétt þykir að kannað verði nánar hve mikið þessi aðstöðumunur vegur í kostnaði sjúkrasamlaganna af sjúkrahúsvist, og að gerðar verði tillögur, sem stefna að jöfnuði, komi það í ljós að um verulega hagsmuni sé þarna að tefla.“

Á því er náttúrlega enginn vafi að það er. Ég held að það hefði verið eðlilegast að jafna þessum kostnaði, sem talað er um í 3. gr., á öll sveitarfélög í landinu, og ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort megi túlka 3. gr. á nokkurn hátt þannig að öll sveitarfélög í landinu muni greiða ákveðið gjald, ákveðinn hluta og síðan verði því jafnað niður á íbúana, eða hvort þetta eigi bara að gerast innan hvers samlagssvæðis, eins og mér skilst að það hljóti að vera, sem sagt að framlagi sveitarsjóða skuli Tryggingastofnun ríkisins jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins, þannig að inn í þetta dæmi kemur Reykjavík vitanlega ekki til jöfnunar, en hún nýtur fyrst og fremst og í afgerandi mæli hlunnindanna af ríkisspítölunum.

Þegar hæstv. ráðh. vitnar í skýrsluna 1975, þá er það mjög merkilegt plagg og verður fróðlegt að sjá það. En þar inn í kemur þó eitt dæmi sem breytir þeirri mynd nokkuð, og það er að nú er einn af þeim spítölum, sem var einkaspítali, þ. e. a. s. Landakotsspítali, að verða ríkisspítali, og hann hlýtur þess vegna að skekkja þá mynd töluvert sem við fáum í þessari skýrslu frá 1975, þó að ég sé ekki að segja að það sé neitt afgerandi. (Gripið fram í.) Verður hann ekki rekinn sem ríkisspítali? Verður áfram sama fyrirkomulag á honum? (Gripið fram í.) Þá er því svarað.

Hæstv. ráðh. kom réttilega inn á það, að 4. greinin væri með því orðalagi að menn gætu illa sætt sig við, og það tekið fram nú þegar. Eftir þessu getur burft ærið lengi að bíða að þessari könnun verði lokið og síðan verði gerðar till. um hvernig jafna megi þennan kostnað milli einstakra sjúkrasamlaga. Ég held sem sagt að vinnubrögðin varðandi þetta atriði hafi verið röng. Það hefði fyrst átt að fara fram nákvæm könnun á þessu hjá endurskoðunarnefnd tryggingalaganna og tryggingaráði og síðan hafi átt að breyta þessu daggjaldakerfi eftir þá könnun og eftir það að menn voru farnir að sjá fyrir lausn málsins í heild. En um það tjáir ekki að tala nú, að því er virðist.

Ákvæðin til bráðabirgða eru vitanlega framlenging á því, sem hér var gert í fyrra, að vissu marki, þ. e. a. s. að álagningaraðili útsvara skal leggja á 1% álag á gjaldstofn útsvara. En vegna þess hvað sveitarstjórnarmenn hafa mótmælt þessu eindregið, þá er því hins vegar breytt á þann hátt að nú eiga innheimtumenn ríkissjóðs að innheimta þetta álag. Þá er auðvitað spurningin um það, eftir að þetta er komið svona: Hlýtur það þá ekki að vera sjálfsagt að þessi upphæð verði tekin inn í fjárlög? (Gripið fram í.) Maður skildi það greinilega að það var verið að taka þetta út úr í fyrra og leggja það þannig á til þess að kippa einni lítilli upphæð út úr fjárlögunum, til þess að þau sýndu ekki alveg eins mikla bækkun, að þarna væri um svolitinn feluleik að ræða. En eftir að þetta er komið í þennan farveg sem hér er gert ráð fyrir, þá hlýtur það næstum að vera sjálfgert að þessi upphæð verði tekin inn í fjárlög núna, og þarf það vitanlega að liggja fyrir áður en fjvn. skilar sínu áliti.

Ég tek það alveg skýrt fram að hér er ekki verið að deila um það hvort hafi átt að breyta til í sambandi við daggjaldakerfið, og ýmislegt í sambandi við rekstur ríkisspítalanna er sannarlega þess eðlis að það er full ástæða til að veita þar fullt aðhald, sem er aðaltilgangurinn, að því er mér skilst, með þessu, að reyna nú að hafa betri stjórn hér á. Ef það er misskilningur, þá biðst ég afsökunar á því, ef það er ekki aðaltilgangurinn. Það eru vinnubrögðin í þessu efni, að slá þessu fyrst föstu bara með einni ákvörðun í fjárlagagerð, en síðan að fara að athuga, hvernig þetta kemur út, og reyna að finna lausn á því vandamáli, sem þarna skapast, sem er algjörlega óbolandi fyrir okkur úti á landsbyggðinni sem niótum ekki þjónustu á ríkisspítölunum í eins ríkum mæli og reykvíkingar vitanlega gera. Ég held að hefði átt að fara þarna öðruvísi að, og ég hlýt að átelja þessi vinnubrögð. Ég mun reyna eftir föngum að afla mér upplýsinga í n. um á hvern hátt á að framkvæma þetta og hvernig 4. gr. gæti hugsanlega orðast á annan veg, en áskil mér allan rétt til þess að hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv., svo oft sem mér sýnist það vera og ákveðið, einmitt af þeirri ástæðu að hér hefur ekki verið hugsað áður en framkvæmt var varðandi fjárlagagerðina núna.

Siðtvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég skal leitast við að svara nokkrum fyrirspurnum hv. 7. landsk. þm.

Það lá eðlilega ekki ljóst fyrir, þegar fjárlagafrv. var lagt fram í þingbyrjun, hvaða hátt ætti að hafa á innheimtu og álagningu á þessum 1200 millj. Það lá engan veginn fyrir að þessi háttur yrði hafður á. Það gátu komið til greina ýmsar aðrar leiðir, eins og t. d. sú leið að setja sérstakt gjald á sjúklinga sem lægju á sjúkrahúsum, fæðisgjald eða eitthvað þess háttar innan ákveðins ramma. Það gat líka vel hugsast að sveitarfélögin hefðu algjörlega með álagningu og innheimtu á þessu gjaldi að gera og fengju reiknaðar tekjur á móti. Þess vegna var ekki unnið í heilbr.- og trmrn. að undirbúningi þessa máls, sem ég skal fúslega játa að væri mjög nauðsynlegt að fyrir hefði legið. Hitt varð svo að samkomulagi meðal stjórnarflokkanna, að fara

þessa leið, og það er alveg hárrétt að sú ákvörðun hefði þurft að liggja fyrir fyrr, og þess vegna á þessi gagnrýni fyllsta rétt á sér. Ég skal líka upplýsa að þetta fyrirkomulag var ekki lagt undir tryggingaráð. En ég hygg að ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. hafi átt viðræður við forstjóra Tryggingastofnunarinnar. Það var ekki heldur lagt fyrir n. sem slíka, sem er að endurskoða lögin um almannatryggingar, enda er hér um að ræða bráðabirgðaráðstöfun sem er rétt að sjá hvernig tekst til. En tilgangurinn með þessari breytingu, að taka ríkisspítalana inn í A-hluta fjárl., er sá, að greiðslurnar fari beint frá ríkissjóði til ríkisspítalanna, aðhaldið verði frá ríkissjóði að ríkisspítölunum og sleppt verði a.m.k. þetta árið þessum viðkomustað sem fjármagnið hefur í sjúkratryggingum Tryggingastofnunar ríkisins.

Ég skal ekkert fullyrða um hvort þessi breyting verður til stórfelldra bóta eða ekki. En ég held að hún sé þess virði að reyna hana. Það kostar ekki það í framkvæmdinni að gera þessa breytingu. Hins vegar varðandi þjónustuna, sem hv. þm. talaði um, þá er auðvitað þjónustan sú sama eftir sem áður hvar sem við búum á landinu. Það er alveg rétt að þeir, sem búa hér á þéttbýlissvæðinu, eru hlutfallslega með fleiri legudaga í ríkisspítölunum vegna þess að þeir eru flestir hér á Reykjavíkursvæðinu, að vísu með örfáum undantekningum, eins og við þekkjum. En ég býst við því að kostnaður reykvíkinga sé ekki léttari því að Reykjavík er með hlutfallslega háa aldursárganga og það er mjög áberandi hversu margt aldrað fólk flyst til Reykjavíkur utan af landi, svo að kostnaður t.d. Reykjavíkurborgar af rekstri sjúkrahúsa er óvenjumikill, og má segja kannske frekar að sveitarfélög í nánd við Reykjavík fari hlutfallslega betur út úr þessu. En það, sem auðvitað skiptir höfuðmáli í þessu sambandi, er að daggjaldakerfi sjúkrahúsanna, sjúkrahúsa sveitarfélaga og sjálfseignastofnana, tryggir landsbyggðinni og þeim, sem þessi sjúkrahús eiga, þann rétt að fá daggjöldin ákvörðuð og hallann, sem verður af rekstri þeirra, inn í daggjöldin, og það verður eftir sem áður tryggt. Þess vegna eykur það ekki misræmið þó að þessi breyting sé gerð.

Ég greip fram í fyrir hv. þm. og sagði að breytingin á Landakoti væri hugsuð á þann veg að St. Jósefsspítalinn verði rekinn sem sjálfseignarstofnun þó sé í eigu ríkisins. Það eru ákvæði í kaupsamningi um það sem skipta ríkissjóð fjárhagslega verulegu máli í sambandi við kaupverðið, svo að það hlutfall á ekki að raskast frá því sem verið hefur, hann mun teljast með sjúkrahúsum innan daggjaldakerfisins.

Annars ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta. En ég tek undir það og endurtek það, sem ég raunar sagði áðan, að það er rétt að kynna sér þær upplýsingar sem fyrir liggja í n., og ég hefði mjög gjarnan kosið að n. hefði haft mun lengri tíma til að átta sig á þessu fyrirkomulagi. Hins vegar liggur þessi gjaldstofn mjög skýrt og skorinort fyrir, það getur hver maður skilið hann um leið og hann les hann, og það er kannske meira en hægt var að segja í fyrra. Þar hefur sú reynsla fengist. Og sama verður að ári liðnu. Þá hefur fengist reynsla af því hvort við erum að gera hér breytingu til hins betra eða við hverfum aftur til hins sama eða á einhvern annan veg sem við teljum heppilegan.

En ég tek alveg undir það að sú gagnrýni á rétt á sér, að þessi rannsókn og þessar athuganir hefðu þurft að liggja skýrar fyrir. Þess vegna er 4. gr. sett sem ég er opinn fyrir að breyta eitthvað orðalagi á ef um verulegt misrétti verður að ræða á milli einstakra samlaga. Hins vegar greiðir auðvitað ríkissjóður 85% af kostnaði allra sjúkrasamlaga á landinu og sveitarfélögin 50%.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil byrja á því, að lýsa yfir stuðningi við þann þátt sem lýtur að þessu frv. og gerir ráð fyrir að ríkissjúkrahúsin verði rekin sem A-hluta fyrirtæki framvegis. Hins vegar verð ég að taka undir það, sem kom fram hjá hv. 7. landsk. þm. og hæstv. ráðh. tók raunar undir, að þetta mál hefði þurft að undirbúa mun betur en raun ber vitni.

Ég skil raunar 4. gr. svo að það eigi að athuga kostnað allra sjúkrasamlaga, engu síður hér á Reykjavíkursvæðinu en annars staðar, og jafna síðan milli þeirra. Annars væri greinin gagnslítil, sýnist mér. Þetta er vafalaust hugsað sem aðferð til þess að reyna að koma í veg fyrir að verulegt óréttlæti hljótist af framkvæmd þessara laga.

Ég vil aðeins leggja áherslu á að hv. heilbr.- og trn. taki þetta mál til mjög gaumgæfilegrar athugunar og alveg sérstaklega hvernig komið verði í veg fyrir að þessi breyting, sem hér er verið að gera ráð fyrir, hafi þau áhrif, að kostnaður hinna einstöku landshluta eða sjúkrasamlaga, ef við viljum orða það svo, við dvöl sjúklinga á sjúkrahúsum verði mismunandi. Það þarf ekki um það að fjölyrða að aðstaða hinna ýmsu landshluta til að koma sjúklingum á ríkissjúkrahús er mjög mismunandi, þó að það sé vafalaust rétt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að ýmiss konar sjúkrakostnaður sé hár hér á höfuðborgarsvæðinu. Það má ekki heldur gleyma því, að landsbyggðin nýtur lakari þjónustu að ýmsu leyti hvað þetta varðar, né heldur hinu, að þeir, sem fjarri búa sjúkrahúsum eða læknamiðstöðvum eða þeirri sérfræðilegu þjónustu sem völ er á í hinum ýmsu sjúkdómum, verða að greiða ýmsan þann kostnað og oft í mjög stórum stíl sem þeir, sem búa nærri höfuðstöðvum þessara heilbrigðismála og þar sem greiðastur aðgangur er að hvers konar heilbrigðisþjónustu, þurfa ekki að inna af hendi. Mér er kunnugt um að það hafa verið uppi fleiri hugmyndir um það, hvernig tryggja mætti jöfnuð á milli hinna ýmsu sveitarfélaga hvað þetta snertir, og ég vil endurtaka það, að ég tel nauðsynlegt að hv. heilbr.- og trn. athugi þetta frv. gaumgæfilega og reyni að finna viðunandi lausn á þessu atriði sérstaklega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 28. fundur.

Föstudaginn 17. des., kl. 8.30 síðdegis.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 161). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 frá 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, er flutt í tengslum við breytt fasteignamat, sem leiðir af gildistöku l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna. Í samræmi við 26. gr. þeirra laga hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikning fasteignamats frá síðasta viðmiðunartíma þess, þ. e. a. s. frá verðlagi áranna 1960—1970, en þá fór síðast fram aðalmat fasteigna eins og kunnugt er. Skv. ákvörðunum n. verður framreikningsstuðull fasteignamats 5.5, en í fáeinum sveitarfélögum verður hann ekki nema 5 og í öðrum sveitarfélögum fer framreikningsstuðullinn upp í 6.5. Þetta nýja og framreiknaða fasteignamat mun í samræmi við tillögur yfirfasteignamatsnefndar taka gildi hinn 31. des., eins og fram hefur komið í fréttatilkynningu frá fjmrn.

Þar sem fasteignamat er skv. ýmsum lögum viðmiðunargrundvöllur margs konar gjaldtöku til ríkis og sveitarfélaga fer ekki hjá því að endurskoða þurfi ákvæði þeirra laga. Þessi gjöld eru yfirleitt ákveðin sem viss prósenta af fasteignamatsverði þannig að með 5.5—6 földun á fasteignamati að meðaltali er augljóst að þessi gjöld mundu hækka stórkostlega að óbreyttum lögum.

Þau lög, þar sem fasteignamatsverð hefur áhrif á gjaldtöku opinberra aðila, eru þrenn á vegum fjmrn. Í fyrsta lagi eru það l. nr. 68/1971, um tekju- og eignarskatt, með síðari breyt., í öðru lagi l. nr. 75/1921, um stimpilgjald, með síðari breyt. og í þriðja lagi l. nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs. Skv. þeim lögum hefur fasteignamat áhrif á töku skiptagjalds, sbr. 7.—9. gr. laganna, og þinglýsingargjalds af eignarheimildum fyrir fasteignum, sbr. einkum 16. gr. laganna.

Meginbreytingin, sem lagt er til með frv. þessu að verði gerð frá gildandi lögum, kemur fram í 2. gr. frv., en þar er um að ræða þinglýsingargjald af skjölum er varða fasteignir. Skv. núgildandi lögum er lágmarksgjald þinglýsingar af slíkum skjölum 2000 kr. og síðan 150 kr. fyrir hver 100 þús. sem verðhæð skjalsins fer þar fram yfir. Með frv. er lagt til að sú upphæð lækki um helming, þ. e. a. s. úr 150 í 75 kr. Við stefnumörkun á fjárhæð þessa gjalds var haft í huga að frá því nýtt fasteignamat tók gildi í árslok 1971 hafa þessi gjöld verið svo að segja óbreytt í krónutölu, ef frá er talin breyt. á lágmarksgjaldi sem gerð var á þessu tímabili. Þessi tekjustofn ríkissjóðs hefur því stöðugt verið að rýrna, og með hliðsjón af því að með þinglýsingu eru menn að kaupa sér vernd ríkisvaldsins fyrir eignarrétti sínum tel ég eðlilegt að þessi gjöld hækki nokkuð í krónutölu til samræmis við breytt verðgildi peninga. Sú hækkun í krónutölu, sem þarna er lagt til, er þó ekki meiri en svo að hún nær ekki hækkun á verðgildi þess gjalds sem menn greiddu fyrir þinglýsingar þessara skjala á árinu 1972, þ. e. a. s. fyrst eftir gildistöku núgildandi fasteignamats.

Sem örlítið dæmi um hvernig þetta kemur út má nefna hvaða gjöld menn greiða fyrir þinglýsingu afsals af fasteign, í þessu tilviki íbúð í blokk, á árinu 1972 og hvað menn greiða ef þetta frv. verður að lögum. Af slíkri eign, sem er að fasteignamati 1200 þús. kr., greiddi kaupandi samtals í stimpilgjöld og þinglýsingargjöld á árinu 1972 rúmlega 8 þús. kr. Vegna minni háttar leiðréttinga á byrjunargjaldi greiðir hann nú rúmlega 9 þús. kr. Ef sú fjárhæð, sem hann greiddi samanlagt í þessi gjöld á árinu 1972, væri færð til núvirðis, eins og reyndar var gert á s. l. ári með önnur gjöld skv. þessum lögum, þá ætti kaupandi slíkrar eignar að greiða rúmlega 34 þús. kr. vegna stimplunar og þinglýsingar afsals síns. Ef hins vegar það frv. til l. um breyt. á l. um aukatekjur ríkissjóðs, sem hér er mælt fyrir, og samhljóða frv. um breyt. á stimpilgjöldum verða samþ. þarf hann að greiða rúmlega 25 þús. kr. í þessi gjöld samtals, sem skv. framansögðu nær ekki rýrnun á verðgildi þessara gjalda eins og þau voru ákveðin við gildistöku núgildandi fasteignamats.

Aðrar breytingar, sem lagt er til að gerðar verði með frv. þessu, eru þýðingarminni og þarfnast ekki skýringa.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 160). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Það frv. til l., sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 75/1921, um stimpilgjald, er flutt í tengslum við hækkað fasteignamat, eins og það frv. sem ég mælti fyrir áðan, um breyt. á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þessi tvö frv. fylgjast að vegna breytinga á fasteignamatinu, og varðandi þetta frv. um breytingu á lögum um stimpilgjald get ég vísað til þeirra almennu aths. sem raktar voru hér áðan um frv. til l. um breyt. á l. um aukatekjur ríkissjóðs. Varðandi það, hve mikil þessi hækkun stimpilgjaldsins verður í einstökum tilvikum, vísast einnig til þess sem sagt var hér á undan. Að öðru leyti þarfnast þetta frv. ekki skýringa.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 170). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Þetta frv. felur í sér framlengingu á árinu 1977 á verðjöfnunargjaldi af raforku sem rennur til Rafmagnsveitna ríkisins til að standa undir rekstri þess fyrirtækis. Í fjárlagafrv. er reiknað með þessum tekjum.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 35. fundur.

Laugardaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 212). — Hvernig ræða skuli.

Af till. forseta var ákveðin ein umr.

Landhelgismál, þáltill. (þskj. 133, n. 217 og 220). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur tekið til meðferðar till. til þál. um landhelgismál á þskj. 133. Meiri hl. mælir með því, að till. verði vísað til ríkisstj., en minni hl. mun skila séráliti. Um frekari rökstuðning fyrir þessu áliti meiri hl. vísa ég til málflutnings stuðningsmanna ríkisstj. við fyrri hluta umr.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég mun verða fáorður enda þótt ég geti ekki lofað því að hafa alveg eins fá orð um málið og hv. frsm. meiri hl. En ástæðurnar til þess, að *ég tel mig geta* verið fáorðan um nál. minni hl. utanrmn., eru tvær: Í fyrsta lagi sú, að þetta mál er þrautrætt og var rætt nú síðast við þær umr. um þessa till. sem útvarpað var fyrir fáum dögum. En í öðru lagi sé ég ekki ástæðu til að vera margorður um till. vegna þess að það hefur verið svo í sambandi við þetta mál, að enda þótt spurt hafi verið um ýmsa hluti og óskað upplýsinga frá hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarliðum, þá hefur litlar upplýsingar verið þar að fá *og stundum litið annað en vífilengjur*, því miður, og ég á alveg eins von á því að svo verði nú, enda þótt ástæða sé vissulega til að spyrja ýmissa spurninga og ekki síst eftir þær síðustu fréttir sem borist hafa erlendis frá af gangi þessara mála.

Það er ýmislegt undarlegt sem haft er eftir stjórnarliðum í sambandi við þær samningaviðræður og samningaumleitanir sem fram hafa farið um þetta mál. Það er m. a. haft eftir formanni utanrmn. að ekki komi til mála að semja við Efnahagsbandalag Evrópu til skamms tíma. Daginn eftir er síðan í sama blaði og skýrði frá þessu haft viðtal við hæstv. sjútvrh. og þar er sagt að ekki komi til mála að semja til langs tíma.

Óneitanlega væri fróðlegt að spyrja frétta af þeim samningaviðræðum sem fram hafa farið í Brüssel síðustu daga. Þær hafa staðið í tvo daga og frá því hefur nú verið skýrt að þær haldi áfram að einhverju leyti næstu daga þó að samninga- eða viðræðufundirnir hafi verið minnkaðar eitthvað og samningamönnum fækkað. Frá Brüssel berast þær fréttir, samkvæmt því sem sagt var í ríkisútvarpinu í gærkvöld, og þær eru þar hafðar eftir formanni íslensku samninganefndarinnar, Tómasi Tómassyni sendiherra, að nú hafi verið lögð fram drög að rammasamningi til langs tíma, eins og það er orðað, svo sem 10 ára. Og það hefur verið í þessum viðræðum rætt um þrennt: það hefur verið rætt um fiskvernd, rætt um stjórnun fiskveiða og um gagnkvæmar veiðiheimildir. Eins og ég sagði væri fróðlegt að spyrja frétta um þetta, en ég býst við samkvæmt reynslunni að eins geti farið og áður í sambandi við þetta mál, að svörin verði lítið annað en vífilengjur.

Ýmsir fylgismenn stjórnarflokkanna eru vissulega ekkert síður en aðrir landsmenn uggandi um þróun þessara mála og ég hygg að sá uggur nái inn í raðir þm. þessara flokka. Eins og nú horfir virðist og einsætt að eina ráðið til að koma í veg fyrir áframhaldandi samningabrölt hæstv. ríkisstj. sé að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, og marka með því þá stefnu Alþ. að ekki sé um neitt að semja eins og nú standa sakir. Það og það eitt hygg ég að sé í samræmi við þjóðarviljann í þessu máli.

Það, sem meiri hl. utanrmn. leggur til, að vísa þessari till. til ríkisstj., tel ég vera fráleita afgreiðslu, að vísa málinu til þeirrar hæstv. ríkisstj. þar sem a. m. k. sumir ráðh. hafa verið svo vikum, ef ekki svo mánuðum skiptir á harðaspretti í leit að átyllum til þess að gera nýja samninga.

Þar sem hv. 4. þm. Reykv., formaður utanrmn. og formaður þingflokks Framsfl., virðist ekki ætla að nota þetta tækifæri til þess að lýsa heilindum samstarfsflokksins í málinu, skal ég taka af honum ómakið og vitna aðeins til þeirra orða sem hann hafði látið falla við útvarpsumr. á dögunum, en þar sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Því er ekki heldur að leyna að stundum virðist Sjálfstfl. hafa verið fúsari til samninga en samrýmst hefur sjónarmiðum Framsfl.“

Í tilefni þessara orða og fleiri orða, sem hrotið hafa af vörum hv. stjórnarliða, vil ég að lokum aðeins segja þetta: Að því er tekur til heilinda stjórnarflokkanna, jafnt í þessu máli sem öðrum fleiri, kynni ég að mega vitna til kvæðis Gríms Thomsens um þá Kálf Árnason og Svein Alfífuson, en þar er þetta upphaf:

„Trúa þeir hvor öðrum illa,
enda trúðu fáir báðum,
orðunum þeir ávallt stilla,
yfir köldum búaráðum,
tækifæris báðir bíða,
búnir ofan hinn að ríða.“

Þeir stjórnarþingmenn, sem af alvöru vilja koma í veg fyrir nýja fiskveiðisamninga, eiga þann einn kost góðan — og hann er í sjálfu sér ágætur — að samþykkja till. þá sem hér liggur fyrir svo sem minni hl. utanrmn. leggur til.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í umr. um þessa till. hafa ýmsir aðilar innan þings og utan haldið því fram að till. sé stefnt gegn öllum viðræðum við aðrar þjóðir. Um þetta stendur ekkert í till. og ég vil mótmæla þessum vísvitandi rangfærslum, og hvað Alþfl. snertir get ég minnt á það, að hann hefur ávallt verið fylgjandi því að ræða við þá sem við okkur vildu ræða. Efni till. er að fá fram yfirlýsingu gegn nýjum veiðiheimildum. Það er kjarninn.

Nú gerðist það í útvarpsumr. um málið að hv. 4. þm. Reykv., sem er formaður þingflokks Framsfl., skýrði frá því að í þeim flokki hefði verið rætt um, hvað gera skyldi ef boð bærust um að gera samninga um nýjar veiðiheimildir. Hann sagði, að þegar rætt hafi verið í þingflokki Framsfl. um hvernig bregðast skyldi við ef slíkar till. um bráðabirgðasamkomulag kæmu fram, þá hafi slík málaleitan, ef til kæmi, engar undirtektir fengið.

Með þessari yfirlýsingu er tilgangi þáltill. að töluverðu leyti náð. Eftir þessa yfirlýsingu formanns þingflokks Framsfl. liggur það fyrir opinberlega að 4 af 5 flokkum Alþ. eru andvígir öllum nýjum samningum um veiðiheimildir og þessir flokkar hafa sterkan meiri hl. þingmanna á bak við sig. Þetta er mjög mikilvægt. Og við heyrum það í fréttum frá Brüssel að embættismenn þar hafa skilið hver viðbrögð eru hér heima við hugmyndum þeirra. Ég vona að hinn stjórnarflokkurinn hafi einnig skilið hvernig landið liggur.

Till. um að vísa þessari þáltill. til ríkisstj. er algjörlega órökstudd. Það er að sjálfsögðu fráleitt að senda stjórninni mál af þessu tagi, þó að það sé þinglega mögulegt. Augljóslega er þessi afgreiðsla, og sérstaklega að hún skuli vera órökstudd af hálfu stjórnarflokkanna, til þess eins gerð að dylja ágreining þeirra í milli í málinu. Ég vil því eins og frsm. minni hl. benda á það, að samkvæmt yfirlýstum skoðunum meiri hl. Alþ. sæmir ekki önnur afgreiðsla en að samþykkja þessa till.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. virðist ekki hafa hlustað á það sem ég sagði hér áðan, því ég vísaði til röksemda stuðningsmanna stjórnarinnar og þess, sem fram kom í fyrri umr., varðandi það að vísa þessari till. til ríkisstj. En ég vil láta það koma hér fram til viðbótar við það sem sagt hefur verið í þessu máli, bæði í fyrri umr. og þessari, að það er auðvitað algjörlega ótímabært að ræða hvort semja á til langs eða skamms tíma fyrr en fyrir liggur hvort á að semja yfirleitt nokkuð og þá hvenær. Á að semja á næsta ári eða þar næsta eða 1979 eða 1980? Það er margt, sem þarf að vega og meta áður en kveðið er upp um það hvort það á að semja yfirleitt eða ekki. Það er því ótímabært og hreinn útúrsnúningur að vera að tala um samninga til langs eða skamms tíma. Það er full ástæða að vísa þessu máli til ríkisstj. með vísan til þess, hversu vel ríkisstj. og stjórnarfl. hafa haldið á þessu máli frá því að fiskveiðimílurnar voru færðar út í 200. En það er e.t.v. með þetta eins og fleira, að stjórnarandstæðingar eru skotheldir bæði fyrir rökum málinu til stuðnings og þeim staðreyndum, hversu mikill og glæsilegur árangur hefur náðst í sambandi við útfærsluna í 200 sjómílur. En það er að sjálfsögðu hægt að stilla málum þannig upp og segja að svart sé hvítt og hvítt sé svart. Það hentar örugglega í stjórnmálum.

En varðandi heilindi í samstarfi stuðningsflokka ríkisstj. í þessu máli og tilvitnun í Alþýðublaðið, sem kom fram hjá hv. þm. Gils Guðmundssyni, 3. þm. Reykn. og Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., þá vil ég leyfa mér að segja það, að það, sem þeir sögðu, er tekið út úr samhengi og reynt að snúa út úr því sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson sagði í sinni ræðu. Það, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson átti við, það voru deilurnar um þessi mál árið 1961. Hann var ekki að tala um afstöðu flokkanna til nýafstaðinnar deilu við Breta, það kom alveg greinilega fram í ræðu hv. þm. En það er aftur annað mál, ef menn hlusta ekki á nema það sem þeir vilja heyra, þá tala þeir og haga sér samkvæmt því. Það er háttur sumra manna líka að hlusta aldrei á röksemdir og snúa út úr öllu sér í hag.

Ég vil lýsa því hér yfir fyrir hönd þess flokks sem ég er fulltrúi fyrir — (**Gripið fram í:** Fyrir hönd Framsóknar?) Framsfl. svarar fyrir sig. Ég vil lýsa því yfir að þessir flokkar hafa verið samstígir í öllu er lýtur að 200 mílna fiskveiðilögsögunni frá því að sú ákvörðun var tekin og sett inn í stjórnarsáttmálann 1974, að fært skyldi út, enda er árangurinn í samræmi við það. Ef þessir flokkar hefðu ekki verið samtaka með þeim hætti sem raun bar vitni um hefði sá sigur ekki unnist sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir í dag. Þess vegna er það alrangt og útúrsnúningur að segja að sjálfstæðismenn hafi verið fúsari til samninga en framsóknarmenn. Báðir flokkar héldu vel á þessum málum og hvorugur var fús til samninga. Aðalatriðið var að tryggja viðurkenningu okkar yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni. Við tryggðum það með samningum, og það er meira en sagt verður um vinstri stjórnina á sínum tíma í 50 mílna útfærslunni, því hún skilaði því máli í óreiðu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hlýtur að vekja eftirtekt að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, formaður utanrmn., formaður þingflokks Framsfl. og sá talsmaður Framsfl. í útvarpsumr. hér fyrir stuttu, sem hvað skeleggast kvað að orði að því er varðaði þetta mál af hálfu stjórnarliða, ætlar nú að sitja hér þegjandi undir þessum umr. Ég held að nú þegar sé komið tilefni til fyrir hv. 4. þm. Reykv. að stíga í stól og leiðrétta hv. þm. Guðmund H. Garðarsson varðandi það sem hann sagði áðan, að hér væri verið að mistúlka eða misskilja það sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson sagði. En eins og hér hefur verið vitnað til, þá talaði hv. þm. Þórarinn Þórarinsson á þann veg í útvarpsumr. að a.m.k. margir, þ.á m. ég, tóku ummæli hans á þann veg að

Framsfl. teldi að ekki kæmi til mála að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir eins og mál nú stæðu. En á sama tíma virðist þessi hv. þm. og þingfl. Framsfl. sem heild standa að því að hafa úti í Brüssel samninganefnd sem er að ræða um samninga til langs tíma — 10 ár hafa verið nefnd — ekki bara um fiskverndunarmál og stjórnun á fiskveiðum, heldur og gagnkvæmar veiðiheimildir. Og í fréttum útvarpsins í gærkvöld var skýrt frá því, haft eftir Tómasi Tómassyni, að tilboð hafi borist um gagnkvæmar veiðiheimildir. Það er því ástæða til að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvað felst í því tilboði sem Efnahagsbandalagið hefur nú samkvæmt ummælum Tómasar Tómassonar gert samningarnefndarmönnum hæstv. ríkisstj. í Brüssel, hvert er innihald þess tilboðs, hvað er um að ræða? Ég held að það verði ekki hjá því komist að Alþ. verði a.m.k. gerð grein fyrir því hvað hér er á ferðinni. Ég var satt að segja lengi vongóður um það eftir þessi ummæli hv. 4. þm. Reykv. að nú væri að koma sá tími að treysta mætti orðum hv. þm. Framsfl. í þessu máli. En eftir að þetta hefur komið í ljós, að þeir sýna þennan tvískinnung í málinu, að lýsa hér yfir í umr. á Alþ., að þeir séu algjörlega andvígir öllum samningum um gagnkvæmar veiðiheimildir, á sama tíma og þeir lýsa blessun sinni yfir samningaviðræðum, sem eru grundvallaðar að miklum hluta á gagnkvæmum veiðiheimildum, og taka við tilboðum af hálfu gagnaðilans um að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir, eins og málum er nú háttað, þá verður ekki hjá því komist og ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh. hvað hafi falist í því tilboði sem Efnahagsbandalagsfulltrúarnir gerðu í Brüssel að því er varðar gagnkvæmar veiðiheimildir. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá það upplýst hér.

Það kom að því, sem m.a. ég átti von á, að hæstv. ríkisstj. treystir ekki á að láta ganga til atkvæða hér á Alþ. um hvort samþykkja eigi þessa tillögu eður ei. Það er greinilegt að hæstv. ríkisstj. þorir ekki nú á þessari stundu að leggja málið undir atkvæði Alþ., eins og staðan í því er nú. Það að leggja til, að þáltill. sé vísað til ríkisstj., það er bein yfirlýsing um að hæstv. ríkisstj. treysti ekki á að það sé þingmeirihl. fyrir því að halda áfram samningamakki við Efnahagsbandalagið um gagnkvæmar veiðiheimildir. Það, sem hún ætlar sér því að gera, er að synda fram hjá þessu með þessari fádæma afgreiðslu sem hér er lögð til af hálfu meiri hl. utanrmn. Það hefur enginn rökstuðningur komið fram um að það sé ástæða til þess nú að vísa þessari þáltill. til ríkisstj. Það sjálfsagðasta í málinu er því að till. verði hér borin upp, eins og hún liggur fyrir, til samþykktar eða synjunar. Ég er um það fullviss, að ef þannig væri staðið að afgreiðslu þessarar þáltill., þá er meiri hl. fyrir því hér á Alþ. að samþ. hana eins og hún liggur fyrir. En það er það sem hæstv. ríkisstj. þorir ekki að láta koma í ljós. Það er sannleikurinn og kjarni þessa máls.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki áður tekið til máls í umr. um landhelgismál nú á þessu þingi, þó að ærin tilefni hafi kannske verið til þess stundum, og hef ekki hugsað mér að lengja þær umr. sem hér fara fram. Satt að segja hafa mér fundist þessar umr. heldur ófrjóar og borið þess vitni að menn væru að reyna að búa sér til ágreining, að reyna að þyrla upp moldviðri. Ég held að sem betur fer séum við 60 alþm. íslendinga meira og minna sammála, kannske algjörlega sammála um hvernig að málum beri að standa. Ég held að í hjarta okkar allra séum við sannfærð um að það sé rétt að ræða við Efnahagsbandalagið úr því að fulltrúar þess óska viðræðna, heyra, hvað mennirnir hafa að segja, og taka síðan okkar afstöðu.

En tilefni þess, að ég kveð mér nú hljóðs, er að ég tel rétt og kannske skylt að upplýsa hér atvik frá liðnu sumri, — atvik sem gerðist úti í New York. Þrír sendimenn Efnahagsbandalagsins óskuðu þá viðræðna við íslensku sendinefndina hjá Sameinuðu þjóðunum. Þeir sögðust vilja ræða almennt um viðhorf okkar til hafréttarmála. Á þessum fundi mættu fulltrúar allra íslnesku stjórnmálaflokkanna auk Hans G. Andersens og Más Elissonar. Þegar umr. höfðu staðið í um það bil klukkutíma um gagnslitla hluti, þá var komið að því, sem auðvitað var erindið, að reyna að þreifa fyrir sér um það hver væri skoðun okkar á því að bretar fengju veiðiheimildir eftir 1. des., og það var Prescott sá breski, sem hingað hefur komið oftar en einu sinni og var okkur vinsamlegur í landhelgismálinu, eins og allir þekkja, sem upphóf þessa spurningu. Hans G. Andersen sagði að rétt væri að stjórnmálamenn svöruðu þessu og beindi spurningunni til mín. Ég afsakaði það við viðmælendur okkar, að við íslensku sedninefndarmennirnir töluðum saman augnablik á móðurmáli okkar, og spurði félaga mína, sem voru þeir hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, Gils Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson og Magnús T. Ólafsson, sem eru hér allir staddir og geta staðfest orð mín, — ég spurði þá að því hvort við værum ekki sammála um að svara því til að eftir 1. des. fengju bretar að mati okkar allra, fulltrúa allra íslensku stjórnmálaflokkanna, engar veiðiheimildir, þeir yrðu að hverfa héðan burt. Það væri nær að spyrja þá Efnahagsbandalagsmennina hvað við ættum að fá fyrir það aflamagn, sem þeir mega veiða á Íslandsmiðum, áður en þeir spyrðu hvort þeir fengju eitthvað meira þegar við fengjum ekki neitt. Þá kom fram sú hugmynd frá öðrum en mér að við yrði bætt, að það eina, sem til greina kæmi, væru gagnkvæmar veiðiheimildir. Yfirlýsing efnislega á þennan veg var gefin í nafni okkar allra. Við sögðum að vísu: Við höfum ekki umboð flokka okkar. — En á þennan veg var yfirlýsingin gefin og það var ekki ég sem átti viðbótina, en það má liggja á milli hluta, ég samþ. hana og taldi sjálfsagt að við öll stæðum að því að tala við mennina á þessum grundvelli. Þetta tel ég. (**Gripið fram í:** Vill hv. þm. upplýsa hver það var?) Nei. Þetta, sem ég nú hef sagt, tel ég rétt og skylt að fram komi og þetta á þing og þjóð heimtingu á að vita. Ef einhver ber ábyrgð á því að taka upp þessar viðræður, ef ábyrgð skyldi kalla, þá eru það fulltrúar stjórnmálaflokkanna allra, þeir sem á Hafréttarráðstefnunni voru, og ég tel það þeim öllum til heiðurs og samstaða var algjör þar. Það bar ekki neitt á milli. Við stóðum þar saman og vorum

allir að hugsa um hag íslensku þjóðarinnar og annað ekki, og það erum við enn að gera öllsömul.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég tel mér að sjálfsögðu skylt að ganga til spurninga hjá hv. 5. þm. Vestf. eins og jafnan þegar hann beinir til mín fyrirspurnum, og ég get upplýst hann um það, að íslendingar hafa ekkert tilboð gert og þeir hafa einungis hlustað á það sem Efnahagsbandalagið hefur að segja. Þessi fyrirmæli fékk formaður sendinefndarinnar, Tómas Tómasson, frá mér, og ég ber fyllsta traust til þess að hann hafi farið eftir þeim.

Það er rétt, að Efnahagsbandalagið mun hafa lagt fram sínar hugmyndir. Ég veit ekki enn hverjar þær eru. Sendinefndin er ekki komin heim, hún kemur heim á þriðjudag. Ég tel mig hafa fullt umboð ríkisstj. til þess að lýsa því yfir, að þegar þessi tilboð hafi borist, þá verði þau kynnt ekki aðeins stjórnmálaflokkum, heldur einnig öllum þm. í utanrmn. eða landhelgisnefnd eða hvorri tveggja, ef menn vilja. En hitt get ég endurtekið, sem ég hef oft sagt hér áður, að ekkert verður aðhafst í þessu máli fyrr en þing kemur saman að nýju.

ATKVGR.

Till. á þskj 217 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 39:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AJ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, JóhH, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, FÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, ÓÞÞ, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÁB.

nei: BGr, EðS, EggÞ, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH, SkA, KP, LJós, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ,

AG greiddi ekki atkv.
3 þm. (IG, MK, PS) fjarstaddir.

Afurðalán, þáltill. (þskj. 190). — Ein umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir þáltill. um afurðalán. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að Seðlabankinn hækki afurðalán sín úr 55% í 85%. Þeirri kvöð verði jafnframt létt af viðskiptabönkunum að lána 28% ofan á afurðalánin. Sama regla verði látin gilda um rekstrarlánin og afurðalánin, að Seðlabankinn endukaupi þau."

Greinargerð:

„Með þeirri skipan, sem hér er lagt til, er ríkisbönkunum og útibúum þeirra gert jafnt undir höfði. Þeim er og veitt eðlileg samkeppnisaðstaða við aðra banka eða sparisjóði.

Svæðalegt misrétti, sem stafar af núverandi kerfi, er með öllu óþolandi. Þeir hlutar landsins, er hafa hagstæðasta hlutfallið í þjónustugreinum, búa við besta möguleika bankakerfisins til frjálsrar lánastarfsemi. Á mestu framleiðslusvæðunum verður ástandið verst.

Mismunun innan þeirra svæða er jafnframt ósanngjörn og getur haft byggðaleg áhrif. Tökum dæmi: Á Ísafirði eru tvö útibú ríkisbanka er annast afurðalán fyrir flesta staði á Vestfjörðum. Ofan á afurðalánin, sem fást úr Seðlabankanum, verða útibúin að lána 28%. Þar sem á Vestfjörðum er mikil framleiðsla skerðir þessi kvöð lánsgetu útibúanna til uppbyggingar á Ísafirði og á sinn þátt í erfiðleikum staðarins varðandi uppbyggingu á þjónustustarfsemi og almenna byggingu. Þeir staðir, sem hafa sparisjóði eða útibú sem ekki þarf að sinna afurðalánum, eru miklu betur settir.

Seðlabankinn hefur fjármagnað afurðalánin með bindiskyldu. Ljóst er að sú prósenta yrði að hækka. Það kemur ólíkt betur út en það kerfi sem nú er í gildi og hlýtur að leiða af sér harkalega mótleiki verði því ekki breytt.

Ríkisbankarnir virðast veita útibúum sínum ákaflega misjafnar heimildir til að skulda aðalbönkum.

Ég vil hér taka sýnishorn eftir kjördæmum af stöðunni hjá útibúum Útvegsbankans og Landsbankans um áramótin 1965 og 1972: Skuld útibúanna við aðalbankann: Áramót 1965: Vestfirðir 181 millj. kr., Austfirðir 295 millj. kr. 1972: Vestfirðir 179 millj. kr., Austfirðir 547 millj. kr.

Þess má geta, að árið 1972 nam skuld Landsbankaútibúsins á Akureyri 511 millj. kr.

Vegna hinnar miklu gjaldeyrisöflunar þessara svæða og 28% reglunnar er ekki ósennilegt að útibúin skuldi aðalbönkunum.

Hér er aftur á móti ekkert samræmi á milli svæða. Það má bæta því við að á Vestfjörðum fækkar fólki, en fjölgar á Austfjörðum. Á bankapólitíkin þátt í því."

Í því, sem hér er sagt, eru tvö aðalatriði. Það er annars vegar lagt til að afurðalánin verði fjármögnuð að fullu úr Seðlabankanum, í annan stað að þau hækki úr 70% í 85% sem skylda, en ekki sem geðþóttaákvarðanir. Það vita allir, sem nálægt þeim málum hafa komið, og hinir geta kynnt sér það, að í reynd er óraunhæft að tala um að afurðalánin séu lægri en 85%. Það er óraunhæft. Aftur á móti er það svo, að þróun íslenskra bankamála mun í náinni framtíð þó nokkuð mótast af því, hvort hér verður stefnubreyting eða ekki. Í dag sitjum við uppi með ríkisbanka, sparisjóði og hlutafjárbanka. Hver og einn, sem skoðar það mál ofan í kjölinn, hlýtur að gera sér grein fyrir því að 28% kvöðin, sem ríkisbankarnir sitja uppi með sem lánsfjárkvöð ofan á afurðalánin sem þeir fá úr Seðlabankanum, þessi kvöð á 11% vöxtum, eins og Landsbankinn og Útvegsbankinn framkvæma þetta, dregur að sjálfsögðu svo mjög úr frjálsri lánastarfsemi útibúa þessara banka, þar sem þeir eru í miklum framleiðsluhéruðum úti á landi, að þeir hafa enga samkeppnisaðstöðu við vel rekinn sparisjóð. Þeir staðir, sem á undanförnum árum hafa afhent sparisjóði sína til ríkisbankanna og sitja nú í dag uppi með þessar kvaðir, þeir eru velflestir mjög óánægðir með að hafa gert þetta.

Ég tók hér dæmi um Ísafjörð og ég geri það ekki af neinni tilviljun. Það er staðreynd, að þar hefur verið mjög mikil stöðnun í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, svo mikil stöðnun að verð

á íbúðarhúsnæði þar á frjálsum markaði nálgast það mjög að vera hliðstætt og í Reykjavík, þrátt fyrir það að gatnakerfi og margt fleira er þar ekki í neinu samræmi við það sem hér er, fyrir utan það að hér er inni í verði á íbúðarhúsnæði, eins og allir vita, það kyndingarfyrirkomulag sem hér er, hitaveitan. Nú er það svo, að í nágrannasveitarfélögunum eru sparisjóðir, og ég vil halda því fram að á þeim stöðum, þar sem þeir eru, og einnig á suðursvæðinu, þar sem eru útibú sem ekki sitja uppi með þessa kvöð, eigi einstaklingar miklu auðveldara með að fá lánsfyrirgreiðslu til að fara út í það að byggja sér íbúðarhúsnæði, og allir vita að einstaklingar verða að hafa sæmilega möguleika á lánsfyrirgreiðslu þegar þeir fara út í það að byggja sér íbúðarhúsnæði.

Ég held að hvort sem menn ræða lengur eða skemur um það, hvort þeir vilji breyta þessu kerfi eins og það er núna, þá liggi hitt alveg ljóst fyrir, að sérhver, sem hugsar það til botns, gerir sér grein fyrir þeirri þróun sem það mun hafa í för með sér. Þróunin hlýtur að verða sú, að ef hlutafjárbönkunum er jafnvel stjórnað og ríkisbönkunum, þá verði þeir sterkari, vegna þess að þeir hafa betri taflstöðu, eins og kerfið setur leikreglurnar upp. Og ég á eftir að sjá nú á næstu árum hvort það gerist að nokkur sparisjóður afhendi ótilneyddur völd sín yfir til bankaútibúa. Ég á eftir að sjá að það gerist í náinni framtíð.

Hitt atriðið, sem ég ætla nú að ræða hér betur, en drap á lauslega áðan, það er hækkunin úr 70% í 85%. Ég held að það sé ekki óeðlilegt að menn hugleiði það, miðað við það vaxtakerfi, sem er í landinu, og þær reglur, sem bankarnir fara eftir varðandi yfirdrátt og fleira, hvort þeir telji t. d. að venjuleg loðnuverksmiðja komist af með 70% afurðalán. Ég vil halda því fram að þeir, sem líta svo á að hún komist af með 70% afurðalán, telji að gróðinn af starfseminni sé ekkert smáræði. Það hlýtur að vera eðlilegra að allir sitji við sama borð í þessari lánsfyrirgreiðslu, fái það, sem menn telji að sé nauðsynlegt til þess að starfrækslan geti átt sér stað, og að það dragi sem mest úr því stjórnarfyrirkomulagi fyrirtækja á Íslandi, að forstjórarnir hafi biðstofu bankastjóranna sem sinn annan aðalvinnustað eða þeir liggi þá yfir þeim í gegnum síma til þess að slást um hvað þeir fái miklu meira en þessi 70%.

Mér er ljóst að hér er hreyft við stóru máli, en ég vona að grg., sem fylgir hér með, sannfæri menn um hvers vegna ég geri það.

Umr. **frestað.**

Umræður utan dagskrár.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þessum umr. utan dagskrár var frestað á dögunum án þess að mér gæfist færi á að þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans og um leið fyrir að fá að hreyfa þessu máli hér. Það tekur örstuttan tíma frá minni hálfu.

Ég taldi aðeins nauðsynlegt að það heyrðist rödd frá Alþ. í þá átt að fram kæmi að við alþm. fellum okkur ekki við það að aðrar stofnanir í þjóðfélaginu fari inn á okkar verksvið með ráðstöfun mikilla fjármuna. Ég vil taka það fram hér, að ég tel mig ekki hafa gert þetta að ástæðulausu. Það er staðreynd, að í öllum opinberum umr. um þessa þjóðhátíðarmynt og ráðstöfun á hagnaði af henni hefur hvergi verið minnst á Alþ. nema í umr. á eftir fyrirspurnum sem ég hef lagt fram þar að lútandi. Í mínum augum er þetta stórmál, og ég er fegin því að nú liggur það á hreinu að það er ekki aðeins ríkisstj. og stjórn Seðlabankans sem ráðstafa þessum 300 millj., sem eru annars vegar, heldur mun þar koma til kasta Alþingis.

Ég hlýt að tengja þetta enn hinu stóra menningarmáli okkar, þjóðarbókhlöðunni, þessu stóra, en jafnframt vanrækta menningarmáli, og um leið hinni hörmulega vanræktu þjóðhátíðarheitstrengingu um að í tilefni þjóðhátíðarárs skyldi reist þjóðarbókhlaða er rúmaði Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Öllum þeim, sem vinna að okkar bókasafnsmálum, þ. e. a. s. í Þjóðskjalasafni og Landsbókasafni, ber saman um að aðbúnaður allur þar sé okkur, sem státum gjarnan af okkar gömlu bókmenntahefð, til mikillar vansæmdar. Þess vegna tengi ég þessi tvö mál órjúfanlega saman. Ég vænti þess, að þegar tillögur Seðlabanka Íslands koma til kasta Alþ., þá verði vandlega íhugað hvar þeim verður best varið. Í mínum huga er enginn vafi á því. Það er þjóðarbókhlaða.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram, að hv. 9. landsk. þm. er ekki einn um það að telja afgreiðslu Seðlabankans á þessum málum bæði óeðlilega og óviðurkvæmilega. Það eru miklu fleiri þm. og jafnvel hæstv. ráðh. sem telja að þannig eigi ekki að standa að málum. Ég vek athygli á því, að t. d. samkv. þeim sjónvarpsfréttum, sem komu frá þeirri hátíðlegu athöfn er bankastjóri Seðlabankans afhenti ríkisstj. till. sínar og minnti einna helst á það sem maður les í mannkynssögunni, þegar hans heilagleiki páfinn í Róm afhenti valdamönnum aflátsbréf, var hæstv. fjmrh. ekki viðstaddur þá athöfn. Ég tek það sem merki um það að hæstv. fjmrh. hafi ekki frekar en fjölmargir óbreyttir þm. verið mjög ánægðir með þessi vinnubrögð Seðlabankans.

Ég tek það fram, að það er rétt að gert var ráð fyrir því að Seðlabankinn sendi frá sér till. um ráðstöfun þessara fjármuna. Hins vegar held ég að þegar gert var ráð fyrir því hafi menn alls ekki átt von á að bær till. yrðu kynntar eins og raun varð á, kallaður yrði saman fjölmennur blaðamannafundur, forustumönnum Alþ. og ríkisstj. yrði gert að mæta hjá bankastjórn Seðlabankans og þeim afhentar þessar till. með þeim hætti að landsmenn eru raunar búnir að slá því föstu að hæstv. ríkissti. og hv. Alþ. hlióti að fara eftir fyrirmælum Seðlabankans að þessu leyti. Ég held, að menn — og þar með talinn hæstv. bankamrh. — hafi alls ekki átt von á slíkri afgreiðslu, og mér finnst hún í fyllsta máta óeðlileg, óæskileg og raunar vítaverð. Ég tel mjög vafasamt að bankaráð og bankastjórn Seðlabanka Íslands hafi nokkra heimild til þess að hegða sér þannig.

Þá kom það líka fram í fréttum af þessum fundi, að Seðlabanki Íslands, sem á að vera undir stjórn þessarar stofnunar, Alþingis, hafi í till. sínum mælt svo fyrir að þessar fjárveitingar hans ættu ekki að hafa nein áhrif á fjárveitingar Alþ. til þeirra mála sem Seðlabankinn af miskunn sinni ætlaði að sinna. Hvernig getur Seðlabanki Íslands gefið fjvn. og Alþ. fyrirmæli um það, hvernig þessar stofnanir eigi að ráðstafa því fé sem þeim ber lögum samkv. að ráðstafa? Ríkisstj. getur ekki gefið Alþ. slík fyrirmæli og þá því síður Seðlabanki Íslands. Þetta er eitt af mörgum atriðum í þá veru að mér og hv. 9. landsk. þm. og fjölmörgum öðrum þm. er nóg boðið. T. d. get ég bent á að það eru fleiri ríkisstofnanir en Seðlabanki Íslands sem hagnast á sinni starfsemi. Við skulum taka t. d. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ég held að það sé undantekningalaust að söluhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverju ári er mun meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Er það þá eðlilegt að forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins taki sér bankastjóra Seðlabanka Íslands til fyrirmyndar, kalli saman blaðamannafund og tilkynni að hann muni leggja fyrir ríkisstj. og Alþ. till. um hvernig eigi að verja þeim fjármunum sem hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á árinu hefur orðið umfram fjárlög? Forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins gæti gert þetta með sama rétti og bankastjórar Seðlabanka Íslands telja sig geta ráðstafað þeim fjármunum sem hér er um að ræða. Ég tel að þetta sé ekki æskilegt, þetta sé ekki eðlilegt og þetta sé ekki það sem Alþ. eigi að samþ. með þögninni, þegar háttsettir embættismenn, sem stundum setja sig ekki úr færi að gagnrýna stjórnmálamenn, ríkisstj., ráðh. og alþm., fyrir hvernig þeir halda á sínum málum, þ. á m. fjármálum, — þegar þessir sömu menn telja sig vera svo hátt yfir sína yfirbjóðendur hafna að þeir geta kallað þá fyrir sig, eins og páfinn í Róm þóttist geta kallað ráðamenn ríkja fyrir sig á miðöldum, og gefið þeim skipun um hvernig þeir eigi að ráðstafa fjármunum sem þessir sömu menn eiga raunar með að fara.

Þetta mál er að mínu viti ekki afgr. af Alþ. enn. Alþ. og ríkisstj. hafa algjörlega óbundnar hendur af till. Seðlabanka Íslands, og það kemur ekki til mála að mínu viti að ríkisstj. Íslands taki þessar till. Seðlabankans óbreyttar upp og flytji hingað inn á Alþ., meðfram vegna þess að í þessum till. er gert beinlínis ráð fyrir því að Alþ. og fjvn. taki í sambandi við ákvörðun á ráðstöfun fjármuna til ýmissa verkefna á fjárlögum ekkert tillit til þess hvernig þessum fjármunum, sem Seðlabanki Íslands hefur gert till. um að ráðstafa, sé varið.

Ég vil enn fremur vekja athygli hv. alþm. á því, að enn er uppgjöri bjóðhátíðar ekki lokið, og mig uggir það mjög að afkoma bjóðhátíðar sé ekki jafnglæsileg og látið hefur verið í veðri vaka. Þessir fjármunir, sem fengust fyrir þá minnispeninga sem Seðlabanki Íslands gaf út, eru sennilega einu fjármunirnir sem munu skila sér í hagnaði. Þetta á að taka og ráðstafa að till. Seðlabankans áður en séð er hver útkoma bjóðhátíðarinnar verður, og síðan er Alþ., væntanlega fjvn., ætlað að standa undir því ef einhver mismunur verður þar á.

Málið er ekki afgr., hvorki af hálfu Alþ. né ríkisstj., eins og ég sagði áðan, og menn mega fyllilega eiga von á því að hér á hv. Alþ. verði lögð fram till. um ráðstöfun þessa fjár með öðru móti en bankastjórar Seðlabankans hafa gert till. um. Annars virðist þetta mál vera orðið þannig varðandi samskipti ríkisvaldsins annars vegar og undirsáta þess, Seðlabanka Íslands, hins vegar, að það virðist vera komið út á þá braut, sem við þekkjum enn úr miðaldasögunni, þegar átökin voru milli annars vegar ríkisvaldsins og hins vegar hins klerklega valds, þar sem Seðlabanki Íslands leikur hlutverk hins síðarnefnda.

Ég ætla nú ekki að fara öllu frekar út í þessa sálma hér, en vil beina þeirri eindregnu áskorun til hæstv. forseta, að hann reyni að gefa sér tíma til að taka annað mál fyrir áður en kemur að jólafríi. Það eru utandagskrárumr. um Kröflu sem hófust hér á Alþ. fyrir mörgum dögum og er ekki lokið enn. Við vorum þá tveir þm., sem höfðum kvatt okkur hljóðs, ég og hv. þm. Bragi Sigurjónsson. Hins vegar er nú liðinn svo langur tími frá því að þeirri umr. var frestað, að annar okkar hefur horfið af þingi og er ég því einn á mælendaskrá. Ég vil óska eftir því við hæstv. forseta að hann reyni að ljúka þeirri umr. Ég get heitið honum því að vera mjög stuttorður um það sem ég ætla að segja við þá umr.

Guðlaugur Gíslason: Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um að vera stuttorður, þó að vissulega sé hér um að ræða mál sem full þörf er á að mínum dómi fyrir Alþ. að ræða við miklu betri aðstæður en nú eru, þegar við erum að ljúka hér störfum fyrir jólafrí.

Ég tek undir það sem fram kom í ræðu hv. 9. landsk. þm., sem hóf hér þessar umr. utan dagskrár varðandi till. Seðlabankans um ráðstöfun á því fé sem hann hefur haft með að gera að innheimta í sambandi við þjóðhátíðarárið. Ég tel þessa ráðstöfun fyrir neðan allar hellur, eins og sagt er, að Seðlabankinn skuli kalla saman blaðamannafund og tilkynna allri þjóðinni hvernig hann leggi til að þessu fé sé ráðstafað. Það er rétt að hann hefur tillögurétt þarna, en ég tel að hann eigi að gæta sóma síns og gera till. sínar til réttra aðila, þ. e. stjórnvalda, og láta síðan stjórnvöld flytja málið inn í Alþ. sem endanlega á að ákveða hvernig fénu verður ráðstafað. Það, sem hér hefur gerst, er aðeins eitt lítið brot og lítið dæmi af því í hvaða aðstöðu Alþ. er komið gagnvart þessari stofnun.

Ég tel að með þeim ýmsu ráðstöfunum, sem Seðlabankinn hefur gert, sé komið að því að Alþ. verði í fullri alvöru að fara að endurskoða það umboð sem það hefur afhent Seðlabankanum í sambandi við peningamál og fjármál og kannske setja einhver höft á það umboð sem áður hefur verið gefið. Það liggur alveg ljóst fyrir, eins og reyndar kom hér fram í sambandi við það mál sem hér var rætt á undan að í sambandi við vaxtaákvarðanir Seðlabankans er stefnt í þá átt hreinlega að annað tveggja hlýtur að verða að gerast, að Seðlabankinn verður þar gjörsamlega að breyta um stefnu eða aðalatvinnu-

vegur þjóðarinnar, sjávarútvegur, lendir í greiðsluþrotum. Það var allt rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar varðandi þessi mál. En málið er bara miklu stærra en kom fram í ræðu hans. Þeir tveir bankar, sem annast hafa fyrirgreiðslu fyrir sjávarútveginn og eru skyldaðir til að lána vissan hluta af því fjármagni sem með þarf til að halda framleiðslu gangandi, þ. e. afurðalánin, þeir eru komnir í þá aðstöðu í dag að samkv. þeirri kvöð, sem lögð hefur verið á þá, þurfa þeir að lána þetta fé með 11% vöxtum. En Seðlabankanum þurfa þeir að borga 36% vexti ef þeir komast í þá aðstöðu sem þeir eru í dag, hefur verið og mun verða í vaxandi mæli. Þá þurfa þeir að borga 36% af þessu fé sem þeir lána út með 11% vöxtum. Ef við segjum að annaðhvort Útvegsbankinn eða Landsbankinn sé í 1000 millj. kr. yfirdrætti hjá Seðlabankanum vegna þessara lána, og er ekkert tekið of djúpt þar í árinni, þá þarf hann að borga á ári 360 millj. kr. í vexti. Hann getur innheimt af fiskiðnaðinum og útgerðinni 110 millj. kr. Viðkomandi stofnun verður þá að taka á sig 250 millj. kr. í vaxtamismun á þessum eina útlánaþætti í lánakerfinu. Það liggur alveg ljóst fyrir að jafnvel Landsbankinn, sem er gamalgróin bankastofnun, elsta bankastofnun landsins, sem er með mjög sterka aðstöðu á bak við sig í sínum sjóðum, sem hann auðvitað hefur byggt sér upp á undanförnum árum, — ekki einu sinni hann þolir þetta til langframa, hvað þá Útvegsbankinn, sem hefur miklu minni sjóði á bak við sig. Hvorug þessara stofnana þolir að taka á sig þá kvöð sem Seðlabankinn er með því valdi, sem Alþ. hefur veitt honum, að setja á þessar stofnanir, og þetta hlýtur að stefna að því einu, að þær gefast upp á að afgreiða þessi lán. Þess vegna tel ég að till. sú, sem hér var rædd áðan, sé alveg **rétt.**

Ég skal ekki tefja Alþ. lengur vegna þeirrar aðstöðu sem við erum í vegna afgreiðslu mála sem verður að afgreiða fyrir jól. En þetta mál hlýtur að koma til kasta Alþ. og þarna hlýtur að verða á stefnubreyting ef ekki á verr að fara en efni standa til.

Karvel Pálmason: Ég skal verða við beiðni hæstv. forseta. Það eru aðeins örfá orð vegna þess sem hér hefur verið rætt.

Ég tók svo eftir, þegar hæstv. viðskrh. talaði hér vegna þessa máls fyrir nokkrum dögum, að hann léti að því liggja að hér væri í raun og veru ekkert búið að gera, þetta væru aðeins tilmæli eða tillögur eða hugmyndir Seðlabankans um það hvað gera skyldi.

Nú er það ljóst að seðlabankastjórn bauð til fagnaðar í tilefni af sjóðsstofnun vegna andvirðis af sölu hátíðarpeningsins. Hún bauð til mannfagnaðar í tilefni af sjóðsstofnun, og ég lít því svo á að í raun og veru sé þetta afgert og ákveðið mál. Ef þetta verður ekki gert, þá hefur farið fram þarna mannfagnaður sem ástæða hefði verið til að draga til baka, vegna þess að forsendan er brostin fyrir að bjóða til slíks mannfagnaðar ef ekkert verður af framkvæmd í þeim efnum sem verið er að bjóða til. Ef sem sagt ekkert verður af því að þessi sjóður verði stofnaður, þá verður að halda annan mannfagnað og lýsa því yfir að hér með sé hætt við tilgang þessa fyrri mannfagnaðar vegna þess að ekki hafi verið fallist á að gera það, sem gera átti.

Ég lít því svo á að hér sé í raun og veru e. t. v. eitt ljósasta dæmið um, að hér er ákvörðunarvaldið fyrir utan sali Alþ. Það er að vísu sagt: Þetta eru aðeins tillögur Seðlabankans til ríkisstj. sem síðan flytur málið inn á Alþ. — En í raun og veru er þetta afgert. Mér er sem ég sjái að það verði boðið til annarrar veislu þar sem verður afsakað að ekkert tillit hafi verið tekið til hugmynda Seðlabankans um sjóðsstofnunina í sambandi við andvirði þessara fjármuna.

Ég í sjálfu sér fagnaði því, ef það gerðist að ekki yrði farið að þessari till., þó það kostaði aðra veislu að bera það til baka, en held bara að það verði ekki svo. Hér er um að ræða eitt dæmið um að Seðlabankinn er orðinn ríki í ríkinu. Hann er orðinn yfir Alþ. í mörgum mjög veigamiklum ákvarðanatökum. Það er orðið svo, að meira að segja Seðlabankinn er farinn að taka afgerandi ákvarðanir án tillits til þess hvað Alþ. hugsanlega segir við þeim. Þetta er einn þátturinn og einn anginn af því sem er að gerast í æ ríkari mæli, að það er verið að draga ákvörðunarvaldið úr höndum Alþ., og því á að mótmæla sterklega. Það er komið nógu langt í þeim efnum, og það á a. m. k. að stemma stigu við því að gengið sé lengra.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 8. landsk. þm. beindi til mín varðandi fyrirspurn um Kröflu, að henni væri ólokið enn að nokkru leyti, þá er það alveg rétt, það eru nokkrir á mælendaskrá. En ég treysti mér ekki til að verða við bón hans um að taka þetta mál fyrir að þessu sinni, en vonandi gefst tækifæri til þess síðar.

Efri deild, 27. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 200 (sbr. 31)). — Ein umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál er komið til okkar frá Nd. þar sem þar hafa verið gerðar breytingar á 6. og 9. gr. frv. Þessar breytingar eru einungis orðalagsbreytingar og til þess að kveða skýrar á um merkingu, og breyta þær því ekki efni frv. í neinu. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fjölyrða um þær. Ég vil taka það fram, að hv. félmn. Ed. tók þetta mál ítarlega fyrir og fékk á sinn fund m. a. fulltrúa úr menntmrn. og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og afgr. málið svo og þessi hv. d. En það kom í ljós í menntmrn. að það þurfti að kveða skýrar á, og barst formanni félmn. Ed. bréf um það efni sem endaði með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Beðist er velvirðingar á þessum mistökum og farið fram á að félmn. Ed. beiti sér fyrir lag-

færingunni.“ Þetta bréf er frá menntmrh. Er þetta bréf barst hafði n. afgr. málið og þessi d. afgr. það þannig að þessi lagfæring varð að fara fram í hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 239).

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 178, n. 228). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. það sem hér er til meðferðar, og mælir með samþykkt þess. Við afgreiðslu málsins var Axel Jónsson fjarverandi.

Þetta frv. felur í sér eflingu á Bjargráðasjóði. Það er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga til sjóðsins hækki úr 50 kr. á íbúa í 150 kr. á íbúa, en framlag sveitarfélaganna hefur verið óbreytt í krónutölu allt frá því í ársbyrjun 1970. Þá felur þetta frv. í sér að framlag búvöruframleiðenda hækki úr 0.25% samkvæmt gildandi lögum í 0.35% af söluvörum landbúnaðarins, og er þar um 40% hækkun að ræða, auk þess sem hér er um verðtryggðan tekjustofn að ræða sem hækkar með hækkuðu útsöluverði búvara. Mótframlag ríkissjóðs mun samkvæmt frv. hækka sjálfkrafa.

Ef breytingar þær, sem í þessu frv. felast, verða að lögum munu tekjur Bjargráðasjóðs af þeim ástæðum tvöfaldast, en tekjur sjóðsins voru á þessu ári áætlaðar 70—80 millj. kr. Þetta þýðir, að ef frv. verður að lögum, þá má ætla að tekjur sjóðsins á árinu 1977 verði 140—160 millj. kr., að viðbættum tekjum sem stafa af fólksfjölgun og hækkuðu búvöruverði ef til kemur.

Þetta er meginefni frv. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál í þessari framsögu nánar. Hæstv. félmrh. gerði ítarlega grein fyrir málinu í framsögu sinni við 1. umr. hér í d. í gær.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 27. fundi.

Söluskattur frv. (þskj. 215, n. 229 og 230). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og mun minni hl. skila séráliti, en meiri hl. leggur til að frv. verði samþ.

Hér er um það að ræða að framlengja söluskattsstigið sem upphaflega var lagt á til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, og falla nú úr gildi sérstök lög sem voru nr. 9 frá 27. febr. 1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., þannig að ráðstöfun þessa fjár er flutt inn á fjárlög og kemur til afgreiðslu við afgreiðslu fjárlaga.

Ég tel að það sé vissulega til bóta að setja þennan lið undir fjárlög, þannig að meiri heildaryfirsýn fáist yfir fjármál ríkisins. Það er ekki til bóta að einstakar stofnanir og einstakir sjóðir og nefndir á vegum ríkisins hafi slíka tekjustofna til ráðstöfunar án þess að slíkt komi til afgreiðslu við afgreiðslu fjárlaga.

Þótt með því frv., sem hér liggur fyrir, sé ekki verið að ganga frá endanlegri ráðstöfun þessa fjár, heldur við afgreiðslu fjárlaga, þá þykir mér rétt að gera stutta grein fyrir þeim málum.

Frá Þjóðhagsstofnun kom bréf sem segir í stuttu máli hvernig í þessum málum er ástatt. Fjallar bréfið um olíustyrk og segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Miðað við áætlaðar mannfjöldatölur á miðju ári 1976 má lauslega áætla að fólki, sem býr við hitaveitu, fjölgi um 9 þús. frá miðju ári 1976 til jafnlengdar 1977. Samkvæmt þessu byggju um 127 700 manns við hitaveitu, 22 500 manns við rafmagnskyndingu og um 70 þús. manns við olíukyndingu. Fólki, sem býr við olíukyndingu, gæti því fækkað um 8 þús. eða 10—11%. Athuga ber að hér er um grófar áætlanir að ræða.

2) Áætlaður kostnaður 1. des. við upphitun á einn rúmmetra íbúðarhúsnæðis: 1) Hitaveita: 2.15 tonn, sem þarf til að kynda upp hvern rúmmetra, á kr. 50 eða 107.50. 2) Rafmagn: 71 kwst. á 2,30 eða 163,30. 3) Olía: 12 lítrar, sem þarf til að hita upp einn rúmmetra húsnæðis, á 27.05 kr. eða 324,60“

Samkvæmt þessu, miðað við það að kostnaður við að kynda upp húsnæði með olíu sé hundrað, þá er kostnaður við að kynda upp með rafmagni 50.3% og kostnaður við að kynda með hitaveitu 33.1%. En þessar tölur eru miðaðar við það að olíustyrkur sé 0. Og mun ég koma að því lítillega síðar.

„3) Innheimta olíugjalds í ár er talin nema 1300 millj. kr. Styrkgreiðslur til einstaklinga tímabilið des. 1976 til nóv. 1977 eru taldar verða um 700 millj. kr., sem er talsvert hærri fjárhæð en reiknað var með í haust. Miðað við óbreytta styrkfjárhæð og hækkun styrkþega um 10—11% gætu greiðslur styrkja til einstaklinga numið um 630 millj. kr. 1977. Frá því að styrkfjárhæðir voru síðast ákvarðaðar, í febr. 1976, hefur olíuverð“ — pr. lítra á þetta sennilega að vera — „hækkað úr kr. 24.20 í kr. 27.05 eða um tæplega 12%, en þetta er mun minni hækkun en á almennu verðlagi. Væri styrkur hækkaður frá áramótum sem þessu næmi, styrkur nú 9500 kr. yrði 10 600 kr., gætu heildargreiðslur til einstaklinga numið 700 millj. kr. 1977.“

Eftir því sem mér hefur skilist, þótt málið hafi ekki fengið endanlega afgreiðslu í fjvn., mun

vera reiknað með því að styrkur hækki úr 9 500 kr. í 10 600 kr., þótt það komi síðar til afgreiðslu. Ef svo verður, þá er rétt að líta aðeins á hvernig þessi mál hafa þróast.

Á árunum 1974—1975 kostaði að kynda hvern rúmmetra með hitaveitu, miðað við tölur Þjóðhagsstofnunar. 68.80 kr., rafmagni 151.94 kr. og olíu 156.10 kr., þegar dregin hefur verið frá meðaltalsolíustyrkur. Ef við lítum á hvernig næsta ár gæti verið, þá er það vissulega nokkuð erfitt vegna þess að það liggja ekki fyrir endanlegar ákvarðanir um taxta Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitna ríkisins á næsta ári. En þó liggur fyrir að Hitaveita Reykjavíkur hefur farið þess á leit — og það hefur verið samþykkt af borgarráði og borgarstjórn — að hækka nú þegar taxta sína um 15%, sem er minni hækkun en meðaltalsverðhækkanir hafa orðið, sem mundi þýða að hvert tonn frá Hitaveitunni mundi kosta 57.50 kr., þannig að þá mundi kosta 118.25 að kynda upp hvern rúmmetra. Ef miðað er við samsvarandi forsendur varðandi rafmagn og gert ráð fyrir 20% hækkun, þá mundi kosta 196 kr. að kynda upp hvern rúmmetra með rafmagni. Ef við lítum hins vegar á kostnað við olíuupphitun, þá kemur það fram í bréfi Þjóðhagsstofnunar að það kosti 324.60 á hvern rúmmetra. Ef olíustyrkur verður 10 600 kr., þá samsvarar það nokkurn veginn 33% niðurgreiðslu á kostnaði við olíukyndingu, sem mundi þá þýða að það kostaði 217.50 kr. að kynda upp hvern rúmmetra húsnæðis með olíu. Það skal tekið skýrt fram að ekki er vitað hverjar verða hækkanir á hitaveituvatni og rafmagni. En séu þessar forsendur nálægt einhverju lagi, þá hefur kostnaður við að kynda húsnæði með hitaveitu hækkað frá árinu 1974—1975 um tæpar 50 kr., en aftur á móti hækkað um 44 kr. að kynda upp hvern rúmmetra með rafmagni og 61.40 kr. að kynda upp hvern rúmmetra með olíu.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en vildi aðeins vekja athygli á þessum tölum. Ég get sagt það sem mína skoðun að ég mundi vissulega æskja þess að þessi munur væri jafnaður meir en gert er, en vildi hins vegar vekja athygli á hvernig þessum málum væri komið í dag.

Ég vil aðeins, herra forseti, ítreka það, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Við hv. þm. Jón Árm. Héðinsson og ég urðum í minni hl. innan fjh.- og viðskn. eins og fyrri daginn í þessu máli og höfum skilað sérálíti á þskj. 230.

Hér er um að ræða mál sem hefur verið fastur gestur á borðum þingmanna um margra ára skeið. En að þessu sinni er um það að ræða að olíugjaldið er fellt út sem sjálfstætt gjald og tekið inn í fjárlögin um leið og það er formlega gert að hluta söluskatts.

Í þessu sambandi verður að minna á að þetta gjald var upphaflega á lagt til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, það var ekki lagt á í neinum öðrum tilgangi. Í byrjun var gjaldinu líka varið eftir þessari reglu, og þá kom engum í hug að ráðstafa þessu gjaldi til annarra verkefna ríkisins. En það var fyrst eftir að núv. ríkisstj. kom til valda að farið var að klípa af gjaldinu æ meira á hverju ári, þar til nú er svo komið að aðeins óverulegur hluti af þessu gjaldi á að renna til upphaflegs tilgangs síns, þ. e. a. s. 700 millj. af 1700 millj. kr., en 1000 millj. fara til annarra verkefna á sviði orkumála og eru þar með orðnar hluti af almennri tekjuöflun ríkissjóðs.

Þessi þróun er að sjálfsögðu algjörlega forkastanleg og fráleit. Vandi þess fólks, sem verður að kynda hús sín með olíu, er síst minni en áður var, og á það má benda, að samkvæmt þeim upplýsingum, sem Þjóðhagsstofnun lét n. í té, er kyndingarkostnaður með olíu nú nokkurn veginn nákvæmlega þrisvar sinnum meiri en kyndingarkostnaður með hitaveitu og nokkurn veginn nákvæmlega tvöfalt meiri en kyndingarkostnaður með rafmagni.

Það sést best, hversu fráleit þessi stefna er, af því að reikna má út að þeir, sem kynda hús sín með olíu, munu greiða í söluskatt með þessu 1% gjaldi um það bil 550 millj. Þetta er auðvelt að finna út með því einfaldlega að hafa það til viðmiðunar að 70 þús. landsmenn munu njóta þessa styrks og þeir munu því, miðað við hlutfall af íbúafjölda, borga 32% af gjaldinu sem er um 550 millj. kr. En þeir eiga ekki að fá til baka nema 700 millj. Það er því verið að leggja hér á gjald sem nemur 1700 millj. kr. til þess að yfirfæra 150 millj. kr. til þessa fólks. Sjá auðvitað allir hvers konar skrípaleikur er hér á ferðinni, það er ekki hægt að hafa neitt vægara orð um sýndarmennsku af þessu tagi.

Ég hef ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Við hv. þm. Jón Árm. Héðinsson leggjum til að frv. þetta verði felld og að jafnframt verði staðið að greiðslum til þeirra, sem enn verða að nota olíu til að hita upp hús sín, á þann hátt sem upphaflega var lofað.

Helgi F Seljan: *Herra forseti. Það er kannske* ekki miklu við að bæta það sem áður hefur komið hér fram í umr. um þetta mál, bæði nú og alveg sérstaklega í Nd., þar sem um þetta urðu mjög miklar umr. Ég er út af fyrir mig þakklátur fyrir þær upplýsingar sem komu fram hjá hv. frsm. meiri hl. um það hver kostnaður væri nú fyrir þá sem hita upp hús sín með hitaveitu annars vegar og hins vegar þá sem eru með olíukyndingu. Að sjálfsögðu miðaði hv. frsm. við það verð sem hann vissi réttast. En í dag var okkur tilkynnt að hækkun hefði orðið á olíuverðinu til húsakyndingar um 1 kr. Sjálfsagt eiga einhverjar fleiri hækkanir þar eftir að koma, miðað við þær fréttir sem við fáum nú utan úr heimi, það kann vel að fara svo a. m. k. Hins vegar er gott að fá hér nokkurn grunn til að byggja á, þann grunn sem sýnir að þessi munur er sífellt að aukast í krónutölu.

Það má segja að í upphafi hafi ekki verið hægt að mæta þessu hlutfallslega nógu vel, vegna þess að verðsveiflan þá á olíunni var svo gífurleg. Ég legg á það sérstaka áherslu, og það hefur verið gert áður þegar við höfum fjallað um þetta mál og ákveðið þar með hver olíustyrkurinn ætti að vera á íbúa, að þá höfum við um leið fjallað

um hvað aldrað fólk ætti að hafa til viðmiðunar við aðra, og hefur niðurstaðan orðið að aldrað fólk fengi einn og hálfan styrk á móti öðrum. Ég legg alveg sérstaklega áherslu á það, að þetta mun enn þá vera óbreytt, þó á því væri vissulega rík þörf að leiðrétta einmitt þetta. Ég held nefnilega að þegar þessi lög voru sett í upphafi, þá hafi ekki nægilega verið að gert, þá hafi menn ekki gert sér nægilega grein fyrir því hvað þessi byrði er einmitt þung á mörgu öldruðu fólki sem býr í dýru húsnæði. Þetta hefur svo oft verið tekið fram, að það er ekki ástæða til að fjölyrða um það nú. En með því að taka þetta þannig fyrir, eins og nú er gert, kippa þessu þannig út og við fáum ekki sérstaka afgreiðslu á þessu máli gagnvart þessu fólki, þá auðvitað verður erfiðara um vik að leiðrétta hlut þess.

En auðvitað vita allir til hvers þetta gjald var lagt á í upphafi. Það var lagt á beinlínis fyrir þá sem þurftu að mæta þeim gífurlega viðbótarkostnaði sem leiddi af hinni gífurlegu olíuverðhækkun. Nú hefur verið horfið frá því að mestu leyti, — ég segi að mestu leyti, — því að hluturinn fer æ dvínandi, nú 700 millj. á móti 1000 millj. sem fara í annað. Og þá er dálítið fróðlegt að vita með tilliti til jöfnunarinnar í hvað þetta annað fer. Jafnast það ekki nokkuð vel yfir þá sem búa á köldu svæðunum? Fáum við austfirðingar t. d. ekki af þessum 1000 millj. sem er varið til annars, alldrjúgan og góðan hlut? Það skyldi nú vera.

Ég sem sagt hefði ekkert á móti því, ef hér væri unnið skipulega að því að leysa vanda allra sem best með þeim meiri hluta olíusjóðsins sem nú er ráðstafað á annan veg. En tveir stærstu liðirnir, sem áætlað er að olíusjóðurinn fari í, hitaveituframkvæmdir og jarðhitaleit, eru um 700 millj. eða jafngildi þess sem fer til einstaklinganna. Þetta fer í raun og veru til örlítils hluta af fólkinu á köldu svæðunum. Og ég hygg að mér sé óhætt að fullyrða að hlutur okkar austfirðinga í þessum tveim stærstu liðum verði í kringum 10%, ef upplýsingar frá Orkustofnun eru réttar. Það er sá jöfnuður sem við eigum við að búa í þessum efnum þegar þessu gjaldi er varið á þann hátt sem raun ber vitni.

Aðrir liðir í þessu eru þess eðlis, að það er ekki gott að gera sér grein fyrir því. Við skulum þó vona að úr þeim 400 millj., sem þarna eru umfram, fái austfirðingar einhvern hlut. Ég verð þó að draga það stórlega í efa — skal ekki fara nánar út í það — að þeir fái neinn eðlilegan hlut út úr því. En meginmálið er þó það, að úr jafngildi olíusjóðsins í dag sem fer til einstaklinga, þ. e. a. s. 700 millj., fáum við, sem búum við lökustu aðstöðuna í þessum efnum, í okkar hlut innan við 10%. Það verður sem sagt borað við Urriðavatn, — við vonum að það verði ekki svikið og það fullkannað, — og síðan verða gerðar einhverjar minni háttar borunartilraunir eystra. Það þýðir að úr þessum tveimur meginliðum verður hlutur okkar innan við eða rétt um 10%.

Þetta vildi ég láta koma fram hér, vegna þess að ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga að einhverju af þessu fé sé varið til þess að koma á hitaveitu þar sem þess er kostur eða til að vinna að jarðhitaleit. En miðað við þann tilgang, sem þessi sjóður var upphaflega ætlaður til, er hart að þurfa að búa við það að einn landshluti verði svo gífurlega afskiptur sem raun ber vitni og við höfum nú fyrir framan okkur í lánsfjáráætlun ríkisstj. og þeim upphæðum, sem verða afgreiddar innan fárra klukkustunda e. t. v. í fjvn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 176). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 240).

Efri deild, 29. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 28. fundi.

Söluskattur, frv. (þskj. 215). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 245).

Efri deild, 29. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 226 (sbr. 147)). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Þegar frv. það, sem hér er til umr., var rætt í hv. Ed., gerði ég nokkra grein fyrir aðdraganda frv. svo og gaf sögulegt yfirlit yfir tollamál hér hjá okkur íslendingum. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér í hv. d., en vísa til þess sem sagt var í þeirri ræðu, en vík að helstu ákvæðum þessa frv. eins og það er flutt hér á Alþ. á þskj. 147.

Í fyrsta lagi felur frv. í sér samningsbundnar tollalækkanir á verndarvörum frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins, en samkv. innflutningstölum frá miðju ári 1970 til ársins 1976 mun innflutningur verndarvara vera alls 17 milljarðar af heildarinnflutningi sem er um 73.4 milljarða kr. eða 23.2%. Þar af nam innflutningur frá EFTA og Efnahagsbandalagslöndum 14.9 milljörðum, en 2.3 milljörðum frá löndum utan EFTA

og Efnahagsbandalagsins. Tolltekjur ríkissjóðs af þessum innflutningi námu á sama tímabili 3.5 milljörðum kr. og þar af 2 milljörðum frá EFTA og Efnahagsbandalaginu. Ríkissjóður verður af þessum tekjum á næsta ári og sýnir frv. hvernig tollar af innflutningi frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins munu fara lækkandi stig af stigi á þessu tímabili, sbr. fskj. með frv. Séu fyrrgreindar tölur um tekjutap ríkissjóðs af þessum innflutningi færðar yfir á tekjugrunn fjárlagafrv. 1977 má ætla að þær nemi samtals 2.3 milljörðum kr. á næstu fjórum árum.

Nokkur frávik er að finna í frv. frá þeim tollalækkunarferli sem samið var um við inngönguna í EFTA og ber þar helst til að samningsbundnum tollalækkunum af nokkrum verndarvörum er þar hraðað vegna eindreginna tilmæla samtaka iðnaðarins. Vörur þær, sem hér um ræðir, fengu á sínum tíma sérstakan EFTA-toll, en þær eru íslenskum iðnaði mun mikilvægari sem hráefni en sem verndarvara og innlend framleiðsla þeirra er mjög takmörkuð. Er tollur á vörum þessum felldur niður að fullu frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins frá 1. jan. 1977.

Annar þáttur endurskoðunar gildandi tollskrár, sem frv. þetta nær til, er lækkun tolla á verndarvörum innflutnings frá löndum utan EFTA og Efnahagsbandalagsins til að koma í veg fyrir óeðlilegan tollamun á innflutningi frá þessum löndum annars vegar og EFTA- og Efnahagsbandalagslöndunum hins vegar. Er gert ráð fyrir að tollar verði einnig lækkaðir á vörum frá þessum löndum. Er nánari útlistun á tollalækkunum þessum að finna í grg. með frv.

Rétt þykir þó að taka fram í þessu sambandi til að forðast misskilning, sem nokkurs hefur gætt, að samningarnir við EFTA og Efnahagsbandalagið byggjast á því, að samningsaðilar veiti hver öðrum gagnkvæm tollfríðindi. Getur því ekki orðið um að ræða að innflutningur frá löndum utan Vestur-Evrópu njóti almennt sömu tollkjara við innflutning til Íslands og innflutningur frá EFTA og Efnahagsbandalaginu nema samið verði um gagnkvæm tollfríðindi frá viðkomandi aðila á grundvelli GATT-samkomulagsins um fríverslunarsvæði.

Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs samkv. þessum þætti muni nema um 90 millj. á ári fram til 1980.

Þriðji þáttur endurskoðunar gildandi tollskrár beinist að lækkun tolla á þeim vélum, hráefnum og rekstrarvörum til iðnaðar, sem gjöld höfðu enn ekki verið lækkuð af. Má segja að af þessum þremur tegundum aðfanga sé rekstrarvörutegundaþátturinn hvað mikilvægastur, því að í langflestum tilvikum höfðu gjöld þegar verið felld niður að fullu og öllu af vélum og hráefnum. Má gera ráð fyrir að lækkun tolla af rekstrarvörum einum sér, þ. e. a. s. af ýmsum vörum til tækninota og verkfæra ýmiss konar nemi um 170 millj. kr. á næstu 4 árum. Koma lækkanir þessar til framkvæmda á mislöngum tíma, en leitast var við að þær lækkanir, sem mikilvægastar virtust, kæmu að fullu til framkvæmda strax frá næstu áramótum.

Fjórði þáttur endurskoðunarinnar beinist að lækkun tolla af fjárfestingarvörum og hef ég þegar vikið nokkuð að þeim þætti. Gert er ráð fyrir, að lækkanir þessar komi til framkvæmda í áföngum og þá í fyrsta sinn 1. jan. 1979. Í grófum dráttum má segja að tollalækkun þessi taki til vöruflokka eins og byggingarefnis ýmiss konar: furu, þakjárns, einangrunarplatna og efnis, steypustyrktarjárns og ýmiss konar raflagnaefnis, auk lækkunar á vélum, vélahlutum og varahlutum almennt, sem þó er að mestu leyti notað í iðnaði og öðrum atvinnurekstri. Gert er ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum, þegar allar lækkanirnar eru komnar til framkvæmda, nemi um 1 milljarði 150 millj. kr. á grundvelli fjárlaga 1977.

Fimmti þáttur endurskoðunarinnar beinist að lækkun hæstu fjáröflunartolla. Í tollskrárlögum þeim, er tóku gildi í ársbyrjun 1974, var tollur á fjölmörgum vörum, sem báru 100% toll, lækkaður í 80%. Var litið á þessa breytingu sem fyrsta skrefið í átt til lækkunar fjáröflunartolla almennt, og lýstu ýmsir hv. alþm. fylgi við slíka lækkun í umr. um málið hér á Alþ. Um almennan rökstuðning fyrir nauðsyn þess að lækka fjáröflunartolla vísa ég til aths. frv. um það efni, sem tvímælalaust á erindi inn í umr. um framtíðarskipan þessara mála. Af tekjuöflunarsjónarmiðum þótti ekki fært á þessu stigi að lækka fjáröflunartolla meira en svo, að þeir tollar, sem eru 100, verði lækkaðir í 80, svo og allir 90% tollar að undanskildum tollum á bifreiðum. Ég tel að nauðsyn beri til að gera enn frekara átak í þessum efnum enda þótt ekki þyki fært í þessu frv. að tímasetja hugsanlegar lækkanir af þessu tagi.

Sjötti þáttur endurskoðunarinnar miðar að því að allir magntollar að undanskildum magntollum á olíum í 27. kafla tollskrárinnar verði felldir niður. Yfirleitt hafa þessir tollar numið óverulegum fjárhæðum og þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir því að í þeirra stað verði lagður á verðtollur, nema á kartöflur þar sem í stað 20 kr. magntolls pr. 100 kg komi 4% verðtollur. Er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu tekna af þessari breytingu og því fyrst og fremst um formbreytingu að ræða.

Þá er komið að mjög mikilvægri breytingu sem í frv. felst frá gildandi lögum, enda þótt ekki hafi sú breyting ein sér neinar tekjubreytingar í för með sér. Er hér átt við þær verulegu textabreytingar sem lagt er til að gera á íslensku tollskránni vegna breytinga sem gerðar hafa verið á tollskrá Tollasamvinnuráðsins í Brüssel sem Ísland er aðili að og íslenska tollskráin er byggð á eins og fyrr er að vikið.

Með þeim breytingum, sem hér um ræðir, fæst mun nánari sundurliðun á innflutningi til landsins, sem í mörgum tilfellum getur haft hagnýtt gildi jafnt fyrir opinbera aðila sem innflytjendur og framleiðendur. Breytingar þessar munu þó vafalaust fyrst í stað valda innflytjendum og tollstarfsmönnum nokkrum erfiðleikum, en eru hins vegar ugglaust til mikilla bóta. Þessu til viðbótar hafa borist beiðnir frá ýmsum samtökum atvinnulífsins hér á landi um enn nánari sundurgreiningu innflutnings eftir tollskrárnúmerum, og hefur í frv. verið reynt að koma til móts við þær óskir, eins og frekast hefur verið unnt.

Fyrst hér er minnst á hið alþjóðlega samstarf á sviði tollamála fyrir milligöngu Tollasamvinnuráðsins má geta þess, að þetta samstarf nær ekki einungis til samvinnu og samræmingar á sviði tollalöggjafar, heldur til samræmingar á öðrum sviðum tolltækni svo og á sviði verðmætisákvarðana og ýmiss konar framkvæmdaatriða. Þá má benda á samstarf til að vinna gegn alvarlegum brotum á tollalögum, svo sem ólögmætum viðskiptum með áfengi, ávana- og fíkniefni o. fl. Hefur fjmrn. upp á síðkastið lagt áherslu á virka þátttöku af Íslands hálfu í þessu samstarfi og mun því verða haldið áfram næstu árin.

Tveimur þáttum endurskoðunarinnar hefur ekki verið gerð grein fyrir, en það eru breytingar á 2. og 3. gr. gildandi tollskrár um heimild rn. til lækkunar eða niðurfellingar aðflutningsgjalda og hins vegar breytingar á ýmsum framkvæmdaatriðum tollalöggjafarinnar í 4.—38. gr. frv. Fer ég ekki nánar út í þau atriði hér, enda er ítarlega gerð grein fyrir breytingum þessum í aths. við frv.

Auk þeirra breytinga, sem nú hefur verið lýst, hafa verið gerðar einstakar breytingar aðrar, og má þar m. a. nefna lækkun tolla á vörubifreiðum undir 3 tonnum úr 40% í 30% til samræmis við gjöld af vörubifreiðum yfir 3 tonn, hækkun tolla á jeppabifreiðum úr 40% í 90%, en á móti er gert ráð fyrir lækkun á innflutningsgjaldi af jeppabifreiðum úr 90 í 50. Er með þessari breytingu endanlega búið að samræma gjöld af þessari tegund bifreiða við gjöld af almennum fólksbifreiðum sem lengi hefur sýnst nauðsynlegt og eðlilegt. Þá má nefna lækkun tolla á ýmsum hátollavörum úr 100% í 35%, enda oft um að ræða hátollavörur sem nánast eru nefndar smyglvörur og þess vegna talið eðlilegt til þess að fyrirbyggja slíkt að breyta um og lækka toll.

Ljóst má vera af því, sem hér hefur verið sagt, að frv. þetta miðar fyrst og fremst að því að ná jöfnuði í samkeppnisaðstöðu innlends verndarvöruiðnaðar við erlendan, áður en tollvernd hans lýkur í ársbyrjun 1980. Til viðbótar þeim leiðréttingum, sem í frv. þessu felast og ganga í fyrrgreinda átt, vil ég minna á heimildarákvæði í fjárlagafrv. fyrir 1977 þess efnis að fella niður að fullu sölugjald af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar. Það ákvæði er sett í fjárlagafrv. í beinum tengslum við samningu þessa frv. og verður að skoða þá lækkun sem hluta af ívilnandi aðgerðum ríkisstj. sem að er stefnt iðnaðinum til handa. Sú lækkun er talin munu nema 100—150 millj. kr. á ársgrundvelli 1977.

Ljóst er að breytingar þær, sem í frv. þessu felast, eru æði-umfangsmiklar og ættu, eins og fyrr er greint, að jafna verulega samkeppnisstöðu innlends verndarvöruiðnaðar, sé litið á tollahlið málsins sérstaklega. Ef hins vegar á að jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar við erlendan til fulls og láta hann að auki njóta staðarverndar, sem verið getur veruleg, þá er um það getið í grg. og sýnist ekki ástæða til nánari skýringa hér.

Þrátt fyrir þær breytingar og lagfæringar, sem í frv. felast og miða að bættri samkeppnisaðstöðu innlends iðnaðar, fer ekki hjá því að íslensk tollalöggjöf, sem um langan tíma hefur mótast af háum tollum, verður vart lagfærð á skömmum tíma svo ekki verði einstök vandamál óleyst. Sérstaklega á þetta við þegar aðföng ákveðinnar iðngreinar eru jöfnum höndum til almennra nota, eins og dæmi eru til um. Til þess að unnt sé að leiðrétta alvarlegt misræmi af þessu tagi er í 3. gr. frv. tekið upp víðtækt heimildarákvæði þess efnis, að fella megi niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum í verndarvöruiðnaði. Mun fjmrn. verða að meta hverju sinni beiðni um breytingu umrædds heimildarákvæðis á grundvelli mikilvægis hvers máls svo og út frá sjónarmiðum öruggrar tollskrárframkvæmdar og samkeppnisstöðu viðkomandi framleiðslu.

Í grg. frv. er að finna tölulegt yfirlit yfir áætlað tekjutap sem tollalækkanir frv. munu valda ríkissjóði á þeim fjórum árum sem hér um ræðir. Ljóst er að hér er um verulega lækkun að ræða, samtals 4 milljarða og 400 millj. og þar af um 900 millj. sem koma til framkvæmda á næsta ári, um 300 millj. meira en fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Það dylst engum að ríkissjóður verður með einhverjum hætti annaðhvort að draga úr útgjöldum eða bæta sér upp það tekjutap sem ríkissjóður verður fyrir, en það mun að sjálfsögðu koma til kasta þingsins þegar þar að kemur og hefur ekki verið tekin þar um nein ákvörðun að svo stöddu.

Á árinu 1975 var sú ósk borin fram af samtökum iðnaðarins, að leitað yrði eftir því við EFTA og Efnahagsbandalagið að fá almenna framlengingu á aðlögunartíma að því er snertir tollalækkun á verndarvörum. Ríkisstj. taldi ekki rök vera fyrir almennri framlengingu aðlögunartímans, en hins vegar kæmi til álita að óska eftir undanþágum fyrir einstakar iðngreinar er stæðu höllum fæti í samkeppni. Í þessu skyni var að undirlagi ríkisstj. hafin athugun á vegum Þjóðhagsstofnunar á áhrifum friverslunarsamninga á innlendan verndarvöruiðnað, og mun skýrsla stofnunarinnar væntanleg á næstunni, ef hún þá liggur ekki fyrir nú þegar. Gefst þá tækifæri til athugunar á því, hvort sérstakrar undanþágu er þörf fyrir einstakar greinar verndarvöruiðnaðarins. Í þessu sambandi vil ég leggja ríka áherslu á það hér, að samþykki þessa frv. snertir engan veginn hugleiðingar um þetta efni, því að umsamdar tollalækkanir koma til framkvæmda frá ársbyrjun. Það er því að mínum dómi mjög mikilvægt að það frv., sem hér liggur fyrir, fái afgreiðslu fyrir jól, því að þær tollalækkanir, sem þegar hefur verið samið um og ég gat um áðan, koma til framkvæmda frá og með 1. jan. og yrði mjög erfitt að eiga við afgreiðslu mála ef tollalækkanir á aðföngum og vélum til iðnaðarins yrðu ekki gerðar í leiðinni.

Við meðferð málsins í Ed. voru gerð á frv. örlitlar breytingar. Þar var komið enn fremur til móts við iðurekendur í sambandi við lækkun tolla á aðföngum og efni í vörum til húsgagnaiðnaðar, enn fremur til fataiðnaðar. Þá voru og lagfærð nokkur tollskrárnr. varðandi vélar til landbúnaðar og sjávarútvegs. Enn fremur var breytt þeirri reglu sem gilt hefur um tollundanþágu vegna bifreiða fyrir öryrkja og sjúka. Þær

breytingar, sem gerðar voru í hv. Ed., þýða í tolltekjutapi rúmar 100 millj. kr. Hins vegar var talið að um vanmat hafi e.t.v. verið að ræða þannig að ekki þykir ástæða til breytinga í sambandi við þær tölur sem áður höfðu verið gefnar upp og reiknað hafði verið með og mun reiknað með í sambandi við afgreiðslu fjárlaga nú á næstu dögum.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég legg áherslu á að hv. þd. taki mál þetta þegar til skoðunar, og ég vil vonast til þess að hægt verði að afgreiða tollskrána sem lög frá Alþ. áður en jólaleyfi hefst. Ég leyfi mér svo, virðulegi forseti, að leggja til að frv. þetta verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., en n. beggja deilda hafa starfað saman að afgreiðslu þessa máls og athugun og embættismenn þeir, sem unnið hafa að málinu, hafa setið fundi n. og gefið þar skýringar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 227). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Þetta frv., sem hefur legið fyrir Ed. og hlotið samþykki hennar, stendur í sambandi við gildistöku nýs fasteignamats nú um áramót. Svo er mál með vexti að í lögum um tekjustofna sveitarfélaga segir svo í 3. gr. að á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, skal árlega leggja skatt til sveitarfélags þar sem fasteign er, og skal skatturinn miðaður við fasteignamat og vera ½% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa, en 1% af öðrum fasteignum.

Fasteignamatið, sem gilt hefur að undanförnu, er frá 1970, og hafa verið ákvæði um það í lögum síðan að heimilt væri að leggja álag á þann fasteignamatsgrunn í sambandi við fasteignaskattinn. Þessi lagaákvæði voru þannig, að í fyrstu var heimilað að ákveða breytingar á hinu nýja fasteignamati, þ.e.a.s. fasteignamatinu frá 1970, til samræmis við verðlag. Síðar var þessu breytt þannig að þessi heimild var miðuð við byggingarvísitölu og breytingar á henni. Samkvæmt þessum lagaheimildum hafa orðið eftirfarandi breytingar á fasteignagjöldum eða þeirri viðmiðun sem hér er um að ræða, að á árinu 1972 var heimilað 20% álag, á árinu 1974 45% álag, 1975 100% álag, 1976 173% og 15. nóv. s.l. var samkvæmt þessum lögum og í samræmi við breytingar á vísitölu ákveðið að á árinu 1977 mætti álag á fasteignamatið í sambandi við álagningu fasteignaskatta vera 236%. Þessi tala, sem greinir í 2. gr. þessa frv., 236% á gamla fasteignamatið, samsvarar hækkun milli ára um 23.1%.

Þegar hið nýja fasteignamat tekur gildi um áramót er þar um margföldun að ræða, þ.e. almennt 5½ sinnum frá gamla matinu, en í sumum sveitarfélögum nokkru meira. Ef lögin um tekjustofna sveitarfélaga væru óbreytt mundi þessi hækkun fasteignamatsins leiða af sér mjög verulega hækkun á fasteignagjöldum í öllum sveitarfélögum vegna þess að samkvæmt lögum er það skylda hvers sveitarfélags að leggja á fasteignamat ½% eða 1%, eftir því sem ég greindi áðan. En til viðbótar þessari skyldu hafa sveitarfélög heimild til að innheimta álag á þennan fasteignaskatt sem má vera allt að 50%.

Í lögunum, sem samþykkt voru á Alþ. á s.l. vori um fasteignamat, er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði, að áður en hið nýja fasteignamat tæki gildi skyldi endurskoða lagaákvæði um þær álögur sem fylgja fasteignamati. Nú held ég að flestir, ef ekki allir, séu sammála um að ekki komi til greina að hækka fasteignaskatta svo mjög sem mundi leiða sjálfkrafa af þessu nýja mati að óbreyttum lögum. Með hliðsjón af því, að verkaskipting sveitarfélaga og tekjustofnar eru í allsherjarendurskoðun, hefur þótt rétt að leggja til við Alþ. að fasteignaskattar á næsta ári verði þrátt fyrir hið nýja fasteignamat ekki hærri en þeir mundu hafa orðið á því ári eftir gamla matinu, en það þýðir 236% álag, eða ef við viljum bera það saman við fasteignamat árið 1970 og notum töluna 100 um það, þá er talan 336 hliðstæð tala fyrir næsta ár, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þetta þýðir því að hækkun fasteignaskatta almennt mundi verða 23.1% í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Hins vegar helst heimild sveitarfélaganna um allt að 50% álag óbreytt samkvæmt þessu frv.

Um annað atriði er fjallað í 1. gr. frv. og er efni þeirrar gr. að framkvæmd skuli haldast óbreytt eins og verið hefur um margra ára skeið um það hvenær fyrst sé heimilt að leggja fasteignaskatt á byggingu. Í þeim lögum, sem giltu fram til s.l. vors, þ.e.a.s. frá 1963, að ég ætla, um fasteignamat, var svo ákveðið að fasteignir skyldi meta til fasteignamats þegar þær væru fullgerðar. Það þýddi að ekki var heimilt að leggja á né skylt að leggja á fasteignaskatt fyrr en bygging var fullgerð. Hins vegar verður breyting samkvæmt hinum nýju lögum um fasteignamat því þá er gert ráð fyrir að einnig sé framkvæmt fasteignamat á húsum í smíðum. Formaður yfirfasteignamatsnefndar, Gaukur Jörundsson prófessor, ritaði nýlega félmrn. og benti á þessa breyttu framkvæmd og hvort ekki þyrfti að athuga það mál nánar í sambandi við gjöld sem fylgdu fasteignamatinu. Ef ekkert væri að gert í þessu gæti raunin orðið sú, að þegar fasteignamat kemur á íbúðir í smíðum, hvort sem þær eru fokheldar eða lengra komnar, þá er ekki aðeins heimilt, heldur skylt að leggja þá þegar fasteignaskatt á þær íbúðir. Það þýðir að t.d. ungt fólk, sem stendur í því að koma upp yfir sig íbúð og hefur hingað til ekki þurft að greiða fasteignaskatt fyrr en íbúðin er fullgerð, gæti nú lent í því ofan á aðra erfiðleika við þær framkvæmdir að þurfa að greiða fasteignaskatt meðan íbúðin er í smíðum og áður en búið er að taka hana til afnota. 1. gr. þessa frv. miðar að því að koma í veg fyrir þetta og að á árinu 1977 skuli haldast sú framkvæmd sem verið hefur samkvæmt fyrri lögum. Eftir athugun í félmrn. og viðræður við þá menn, sem gerst þekkja, var ákveðið það orðalag sem greinir í 1. gr. frv.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 30. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 29. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 111, n. 183, 188 og 237). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Álit meiri hl. n., sem ég mæli hér fyrir, er á þskj. 237. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt, en ég vil láta þess getið að brtt. mun koma fram við frv. síðar, þegar tollskrárfrv., sem nú er til meðferðar hér í hv. þingdeild, hefur verið samþ. Þessa brtt. leiðir af samþykkt þess frv. þar sem breyta þarf þeim tollskrárnr. sem þetta vörugjald tekur til, þótt gert sé ráð fyrir að vörugjaldið greiðist af sömu vörum og áður.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Á þskj. 183 hef ég gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég er mótfallinn þessu frv. og legg til að það verði fellt. Ég hafði rætt nokkuð um þetta mál við 1. umr. og gert þá frekari grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Ég tel að þetta tímabundna vörugjald sé þess eðlis að það sé í rauninni ekki hægt að framlengja það eins og gert hefur verið. Ef talið er óhjákvæmilegt að halda við þessum tekjustofni eða ígildi hans, tel ég alveg óhjákvæmilegt að leggja gjaldið á með öðrum hætti en hefur verið gert. Í þessu sambandi hef ég bent á það einnig, og kemur það fram í nál. mínu, að hér er á ferðinni sá ljóti siður af hálfu ríkisvaldsins að halda í sífellu í alla tekjustofna sem einu sinni hefur verið gripið til, þó að það hafi verið gripið til þeirra sem algjörra neyðarráðstafana eða bráðabirgðagjaldtöku. Þessi gjaldstofn er þannig, að upphaflega var ekki ætlað að hann stæði nema í 5½ mánuð eða svo, en nú er komið að því að hann standi í 2½ ár. Og af gamalli reynslu tel ég að allt stefni á það að þetta sé að verða fastur tekjustofn, menn komist ekki út úr þessum vanda, og því kominn tími til að endurskoða álagningarreglurnar.

Ég hef svo ekki fleiri orð um það, en afstaða mín er sú, að ég legg til að frv. verði fellt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv., ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Fyrstu lög um þetta gjald voru brbl. núv. hæstv. ríkisstj. sem áttu einungis að gilda tæplega hálft ár, en voru síðan framlengd og áttu þá að gilda árið 1976, en þó fara lækkandi. Því var síðan breytt og var vörugjald hækkað frá því að vera 12%, fyrst þegar það var sett á, í það að vera 18%, sem það er nú og á að standa óbreytt allt næsta ár. Ég hef vikið að því áður hér, að þetta er sá skattur sem er hvað ranglátastur að því er varðar a. m. k. það fólk sem býr úti á landsbyggðinni. Það er staðreynd, sem ekki verður hrakin, að með 18% vörugjaldi er álagningin orðin allt upp í 27—29% þegar neytendur úti á landsbyggðinni fá vöruna til þess staðar þar sem þeir þurfa að kaupa hana. Hér er því enn eitt dæmið um hvað Framsfl. hefur látið hrekja sig af réttri braut byggðastefnu út í það að ganga sífellt meira og meira á hinn tiltölulega litla rétt, sem landsbyggðarfólk hafði, og ganga í frekari átt til ójafnaðar en verið hefur. Ég vil því ítreka andstöðu mína gegn þessu máli og tel að hér sé um að ræða einn af þeim ranglátustu sköttum sem um getur að því er varðar dreifbýlisfólkið. Ég mun því greiða atkv. gegn því að þetta mál nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:9 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:8 atkv.

Neðri deild, 31. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 30. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 111). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:8 atkv. og afgr. til Ed.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, frv. (þskj. 196). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er lagt fram, er leitað heimildar til að taka lán erlendis vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977 og til að endurlána Framkvæmdasjóði þar á meðal. Samtals er hér um jafnvirði 9 milljarða 732 millj. kr. að ræða sem skiptist þannig: 6 milljarðar 870 millj. fara til opinberra framkvæmda og 2 milljarðar 862 millj. kr. er ætlunin að endurlánist Framkvæmdasjóði sem síðan miðlar lánsfé til fjárfestingarlánasjóða, svo sem kunnugt er. Í frv. er einnig leitað heimildar til að ábyrgjast allt að 700 millj. kr. lán vegna orkuframkvæmda sveitarfélaga, og eru þar fyrst og fremst hafðar í huga hitaveituframkvæmdir á Akureyri. Loks er í frv. leitað heimildar til að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán allt að 100 millj. kr, sem sveitarfélög kunna að bjóða út vegna meiri háttar hitaveituframkvæmda, skuli hljóta sömu

skattalegu meðferð og ríkisskuldabréf, en samkv. 1. gr. laga nr. 7 1974 skulu þau undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé. Miðar þetta að því að auðvelda sölu slíkra skuldabréfa.

Sú fjárþörf, sem frv. felur í sér, er í samræmi við niðurstöður lánsfjáráætlunar ríkisstj. fyrir árið 1977 sem nú hefur verið lögð fram, en gerð verður grein fyrir við 3. umr. fjárlaga. Af ýmsum orsökum er lánsfjáráætlunin síðbúnari en stefnt var að.

Frv. fylgir yfirlitstafla þar sem lánsfjárþörfin er sýnd eftir uppruna fjármagns ásamt skiptingu á einstakar framkvæmdir. Þar kemur í ljós að áformaðar lántökur til ríkisframkvæmda eru 10 milljarðar og 30 millj. kr., sem hækkar í 10 milljarða 280 millj. kr. þegar endurlán til sveitarfélaga og vörukaupalán Pósts og síma eru meðtalin. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir að 3410 millj. kr. verði aflað innanlands og verði því lánsfjárþörf erlendis 6 milljarðar 870 millj. kr., eins og fyrr greinir. Samkv. því verður þriðjungur fjármagnaður með fjáröflun innanlands og ⅔ hlutar með erlendum lánum.

Fjáröflunarþörf vegna ríkisframkvæmda hefur hækkað um 1 milljarð 122 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., og stafar það einkum af því að nauðsynlegt þykir að hefja lagningu línu frá Krögluvirkjun austur til Eyrarteigs og verja til þess 500 millj. kr. á næsta ári, auk þess sem önnur ný viðfangsefni hafa bæst á lánsfjáráætlunina og endurskoðun kostnaðaráætlana og verkefnaáfanga einstakra framkvæmda hefur leitt til aukinnar lánsfjárþarfar. Um þessi atriði er nánar fjallað í lánsfjáráætluninni og verður frekari grein gerð fyrir því við 3. umr. fjárlaga.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 32. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 31. fundi.

Launaskattur, frv. (þskj. 58, n. 221). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Álit n. er á þskj. 221.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 160, n. 222). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Það er sama að segja um þetta mál og hið fyrra. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. og á þskj. 222 er álit n. þar sem hún mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 162, n. 223). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál einnig. Nál. er á þskj. 223 og mælir n. með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 170, n. 224). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. d. hefur tekið þetta mál til athugunar og varð sammála um að mæla með því að það yrði samþ. Hv. 2. landsk., Benedikt Gröndal, skrifar undir nál. með fyrirvara. Tveir nm. voru fjarverandi vegna lasleika.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Laugardaginn 18. des., að loknum 32. fundi.

Launaskattur, frv. (þskj. 58). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 248).

Stimpilgjald, frv. (þskj. 160). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27. shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 249).

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 161). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 250).

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 170). 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 251).

Efri deild, 30. fundur.

Laugardaginn 18. des., kl. 5 síðdegis.

Vörugjald, frv. (þskj. 111). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sérstakt tímabundið vörugjald var sem kunnugt er upphaflega lagt á með brbl. nr. 65 16. júlí 1975. Var það 12% frá 17. júlí 1975 til 31. des. sama árs, 10% frá 1. jan. 1976 til 4. maí 1976, en hefur verið 18% frá þeim tíma. Samkv. 1. gr. laga nr. 20 1976 skal vörugjald innheimt til 31. des. 1976. Með frv. þessu er lagt til að gjaldið verði framlengt til 31. des. 1977, eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1977. Ekki er gerð till. um breytingu á vöruflokkum sem gjaldskyldir eru, en væntanlega þarf að gera breytingu á frv. með tilliti til frv. til tollskrár sem reiknað er með að verði samþykkt sem lög frá Alþ. áður en Alþ. fer í jólaleyfi. Þar er um að ræða breytingu á tollskrárnúmerum.

Áætlað er að hið sérstaka vörugjald skili ríkissjóði 4 milljörðum og 30 millj. kr. þegar á þessu ári, en um 5 milljarða og 300 millj. kr. á næsta ári.

Hv. alþm. er í fersku minni tilefni þess að horfið var frá áformum um lækkun vörugjalds á þessu ári og ákveðið að hækka það úr 10% í 18% á s.l. vori. Ástæðan var fjáröflunarþörf til landhelgisgæslu, hafrannsókna og fiskverndaraðgerða, en reyndar einnig sú þörf sem var þá og er enn að tryggja hallalausan ríkisbúskap. Nú eru horfur á að það takist á þessu ári, að koma ríkisbúskapnum í viðunanlegt jafnvægi á sama tíma sem viðskiptahallinn við útlönd minnkar úr 11—12% 1975 í tæp 4% á þessu ári miðað við þjóðarframleiðsluna. Þetta er mikilsverður árangur, og batinn í ríkisfjármálum hefur áreiðanlega haft sitt að segja í þessu efni. *En betur má, ef duga skal, og á næsta* ári er mikilvægt að ná verulegum áfanga til þess að bæta stöðu þjóðarbúsins út á við. Við þurfum að stefna að því a.m.k. að helminga viðskiptahalla á næsta ári. Á sama tíma knýja á brýnar þarfir til útgjalda. Þannig má nefna landhelgisgæslu, dómsmál, löggæslu, auk almennra þjóðhagsástæðna. Er því full ástæða til þess að halda 18% vörugjaldinu allt næsta ár, ekki síst þar sem mæta þarf tekjumissi vegna tollalækkana samkvæmt viðskiptasamningum okkar við önnur ríki. Beinar samningsbundnar tollalækkanir eru metnar í fjárlagafrv. 600 millj. kr., en auk þess, þegar tollskrárfrv. hefur verið samþykkt, má bæta þar við öðrum 600 millj. kr., og eru þessar tollalækkanir til hagsbóta fyrir innlenda atvinnuvegi. Hér er um að ræða mikinn tekjumissi og því full ástæða til þess að halda vörugjaldinu óbreyttu þetta ár.

Þetta eru í stuttu máli ástæður fyrir flutningi þess frv. sem hér er til umr.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Laugardaginn 18. des., kl. 5.30 síðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 216, n. 242 og 244, 243). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson). Herra forseti. Það frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, sem hér er til umr., kom til heilbr.- og trn. um miðnættið s.l. nótt. Verður því ekki með sanni sagt að við höfum haft verulegan tíma til athugunar á frv. Hins vegar er hér um allmikið mál og merkilegt að ræða.

Þetta frv. er orðið til fyrst og fremst vegna þess að nú stendur til að slíta ríkissjúkrahúsin úr tengslum við sjúkrasamlögin í landinu og að þau fái sitt fjármagn beint frá ríkinu. Þessi breyting er gerð í þeim tilgangi að skapa möguleika til hagkvæmari rekstrar án þess þó að það komi niður á þjónustunni við sjúklingana. Hins vegar má segja, að það sé svolítið erfitt að átta sig á því hvað mun ske samtímis þessu, þetta eru nokkuð flókin mál, en við lítum þó

svo á að með þeim breyt., sem við leggjum til á þessu frv., sé nokkuð tryggt að allir standi a. m. k. nokkuð jafnréttir eftir.

Þetta frv. er í fjórum greinum, 1. gr. hljóðar svo:

„Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er samkvæmt 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur og 45. gr. nær ekki til, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.“

2. gr. hljóðar svo:

„Daggjöld sjúkrahúsa, annarra en ríkisspítalanna, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. gr. tekur til, ásamt gjaldskrám sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.“

3. gr. er svo:

„Af kostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85%, en sveitarsjóðir 15%. Framlagi sveitarsjóða skal Tryggingastofnun ríkisins jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.“

4. gr. leggjum við svo til að orðist svona:

„Þegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna, hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga, og gera till. um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu. Frá gildistöku laganna áætlar Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinni áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna.“

Með þessu viljum við tryggja það að þau sjúkrasamlög, sem kynnu að verða fyrir barðinu á þessari tilfærslu ríkissjúkrahúsanna beint yfir á ríkið, verði ekki fyrir skakkaföllum, og það er okkar álit að með þessu sé algjörlega tryggt að þau lendi ekki í fjármagnsskorti, enda þótt svo hafi litið út við fyrstu sýn og áður en þessi brtt. varð til að það gæti liðið alllangur tími frá því að þau yrðu að reiða af hendi fjármagn og þar til jöfnunarkostnaðurinn yrði greiddur út.

Nú kann að verða nokkuð erfitt að finna út við hvaða daggjöld eigi að miða. En þótt það sé ekki beint tekið fram í þessari brtt., þá lítum við svo á að það verði daggjaldanefnd ríkisins sem úthúi meðaldaggjald og að eftir þessu meðaldaggjaldi sé reiknað út hver sé hlutur hvers sjúkrasamlags.

Í þessu frv. er einnig ákvæði til bráðabirgða sem er varðandi álag á gjaldstofn útsvara. Það hljóðar svo, 1. liður:

„Á árinu 1977 skal álagningaraðili útsvara leggja á, en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara. Skal ríkissjóði staðið skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega. Eigi skal leggja gjald þetta á þá sem ekki er gert að greiða útsvar.“

Hér er um verulega breytingu frá núgildandi ákvæði að ræða, — ákvæði sem olli nokkrum deilum og reyndar mikilli óánægju. En nú eftir að innheimtan hefur verið falin ríkissjóði og einnig eftir að það er tryggt að ekki sé lagt sjúkragjald á aðra en þá sem gert er að greiða útsvar, þá teljum við að nokkurn veginn verði vel við unað.

2. liður bráðabirgðaákvæðanna hljóðar svo:

„Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1. tölulið, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.“

Við leggjum svo til að 3. liðurinn bætist við ákvæði til bráðabirgða og hljóði svo:

„Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1978.“

Með þessum breytingum, sem við leggjum til, er það okkar till. að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það hefur að sumu leyti verið ákaflega hughreystandi í þessari hraðafgreiðslu að hafa lækni sem formann n., því að það hefur sannarlega hvarflað að manni að kannske þyrfti maður á sjúkrahúsvist að halda eða einhverri læknisaðstoð a. m. k. í sambandi við þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð og ég veit að hv. formanni n. hefur ekki hugnast meir en svo, þó að hann hafi annað ráðið.

Það er rétt, að við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson skilum hér minnihlutaáliti, þar sem undirritaðir leggja til að afgreiðslu frv., 1.—5. gr. þess, verði frestað. Breytingin að taka ríkisspítalana út úr A-hluta fjárlaga og fella niður daggjöld á þeim sjúkrastofnunum getur átt rétt á sér. En áður en í þá breytingu er ráðist þarf að kanna málið í heild vandlega og hafa samráð við þá aðila sem mál þetta snertir mest. Mjög hefur á það skort að þannig hafi verið staðið að þessu máli.

Undirritaðir eru andvígir ákvæði til bráðabirgða, þ. e. a. s. ákvæði upphaflega frv. til bráðabirgða, þótt þeir telji innheimtuaðferðina betri en nú gildir.

Það var fullljóst strax og þetta mál kom fram, að það var ákaflega illa unnið, og þannig var einnig til þessa máls stofnað. Í fjárlagafrv. var sem sagt niðurstöðunni slegið fastri og síðan átti að fara að kanna forsendur og leiðir til lausnar vegna vandamála sem augsýnilega kæmu upp. Það gleymdist. Og það var upplýst af ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn. í morgun að þetta hefði ekki verið gert fyrr en núna eftir 2. umr. fjárlaga, þá hefðu menn tekið við sér og farið að athuga örlítið um þær forsendur og annað því um líkt sem lægi að baki þeirri niðurstöðu sem lá fyrir í fjárlagafrv.

Þetta hlýtur vissulega að vera ámælisvert, að þannig skuli vera staðið að málum. Það er líka ljóst þegar þetta frv. er lagt fram, að það getur ekki falið í sér neina frambúðarlausn, og það hefur í áliti meiri hl. verið undirstrikað mjög rækilega: Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1978. Að vísu hefði maður e. t. v. haldið að sú endurskoðunarnefnd, sem vinnur að tryggingalögunum, mundi taka þetta fyrir eins og annað sem hún á að taka fyrir, en manni skilst að hún geri ekki, hún gerir ekki neitt, henni sé haldið í svelti með verkefni. Þetta er sem sagt

ljóst, að þarna er ekki um neina frambúðarlausn að ræða í sambandi við þessa breytingu sem hér er lögð til, og síðan er reynt á mettíma að bæta hér úr, og við höfum fengið að sjá ýmsar útgáfur af till. til lausnar. Ég tel það ekki trúnaðarbrot þó ég lesi hér upp till. t. d. sem kom í n. og ég gat kannske verið næst því að fylgja ef hún hefði komið til framkvæmda. Sú till. var þannig í sambandi við 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Mánaðarlega skal skrifstofa ríkisspítalanna senda Tryggingastofnun ríkisins daggjaldareikninga fyrir þá sjúklinga sem dvalist hafa á ríkisspítölum. Gjald þetta samsvari 10% af daggjaldi viðmiðunarsjúkrahúss, sbr. 3. málsgr. 46. gr. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir gjald þetta hjá viðkomandi sjúkrasamlagi, sem færir gjaldið óskipt á samlagsreikning viðkomandi sveitarfélags hjá samlaginu."

Þegar búið var að útskýra þetta sérfræðingslega orðalag á þessari till. fyrir mér, þá þóttist ég sjá að það væri e. t. v. einhver glóra í þessu, enda mun einhver tryggingaráðsmaður hafa komið nálægt samningu þess sem því miður er ekki staddur hér í d. núna. Þetta hefði kannske verið hugsanleg lausn, og e. t. v. hefðum við í minni hl. verið til viðtals um þetta. Síðan gufaði þessi till. upp algjörlega og hvarf og „hefur ei síðan sést", eins og segir í frægu kvæði. Og síðan erum við kallaðir á fund, önnur till. upp lesin. Hún er óneitanlega í áttina að því sem hér hefur verið að fundið, ég skal játa það. En þar er bara mörgum spurningum ósvarað. Í brtt. meiri hl. í sambandi við 4. gr. segir:

„Frá gildistöku laganna áætlar Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinni áætluðu útgjaldaaukningu nemur." Síðan segir að vísu: Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna."

Um þetta spurði ég í n., hvernig þessi tilfærsla eigi að fara fram. Eru það þeir, sem græða á þessari breytingu, sem eiga að greiða hinum, sem tapa á henni? Á þannig að jafna þetta út? Því fékkst af ósköp eðlilegum ástæðum ekki svarað, því þetta mál hefur hreinlega ekki verið kannað eða athugað, og það var helst að skilja að menn ætluðust til að þetta leystist á einhvern sjálfráðan hátt í Tryggingastofnun ríkisins og þá eflaust þannig, að ríkið hlypi undir bagga og greiddi þetta. Það er varla hægt að skilja annað, því að í reglugerð er vitanlega ekki hægt að færa þannig fjármuni til, þ. e. a. s. frá þeim, sem græða á þessari breytingu, til þeirra, sem tapa. Það er vitanlega útilokað, það er ekki hægt, þannig að þar yrði einhver ný klásúla að koma. Síðan á svo aftur í lokin að kanna, hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga, og gera till. um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu, og miðað við þær upplýsingar, sem við höfum um uppgjör sjúkrasamlaga, þá mun þetta uppgjör liggja fyrir um það bil sem lög þessi á að fara að endurskoða að nýju. Þá mun það liggja fyrir. Það mun standast nokkurn veginn á. Kannske tekst með góðum skilum sjúkrasamlaganna að koma þessu uppgjöri örlítið fyrr.

Þessi till., nýja till. þeirra er ómetanlega góðra gjalda verð, vegna þess að þarna er verið að reyna að leysa vandamál. Þarna eru nm. og án efa formaður n. að reyna að bjarga sínum hæstv. ráðh. út úr vandræðum og vitleysu, og það er ekki nema virðingarvert og fallegt af góðhjörtuðum formanni að vilja gera það. En í sambandi við það er mörgum spurningum enn ósvarað og hefur ekki fengist neitt svar við, og ég veit að hv. formaður, þó hann sé allur af vilja gerður, getur ekki á þessu stigi svarað þessum spurningum, þetta liggur alveg opið enn þá, nema þá með því að segja að þetta komi allt saman heim og saman í lokauppgjörinu. Það má út af fyrir sig vera svar. En til þess þarf nýjar reglur og þá sennilega um leið ný lagaákvæði. Og ég verð að segja það, að ég sá alveg hvað hv. formanni n. leið illa að þurfa að knýja svona á menn. Menn höfðu ekkert ráðrúm til skoðunar þessa máls, því síður til þess að hafa samráð við þingflokka sína um þetta. Ég segi nú ekki að maður hafi kennt í brjósti um suma stjórnarsinna, en maður hefur kannske glott svolítið að sjá þá ganga mjög nauðuga til þessa leiks, vægast sagt, þó að ráðherraástin yrði yfirsterkari í lokin og þeir féllust á að bjarga málinu. Það fór ekkert á milli mála að menn voru ekki mjög hrifnir hér af, þeir nm. sem þarna áttu sæti, og láir þeim það enginn.

Það er sem sagt ekki verið að deila um þessa breytingu út af fyrir sig, eins og við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson tökum mjög skýrt og greinilega fram. Við teljum vitanlega að þessi breyting geti átt fullan rétt á sér, þó við séum hvergi nærri sannfærðir um það, allra síst eftir viðræðurnar í morgun, að þessi breyting þurfi endilega að leiða til sparnaðar í þessu kerfi. Það er deilt um það hvernig að er staðið, hversu allt er óljóst, og það er deilt um það, hvenær átti að gera þetta og hvernig átti þá að framkvæma það. Auðvitað átti að framkvæma það á þann hátt að sem allra fæst vandamál væru beinlínis skilin eftir, eins og hér er gert og viðurkennt var æ ofan í æ í n. Afsökunin var í raun sú að við værum komnir í það mikla tímaþröng að það væri út af fyrir sig ómögulegt að flytja þennan lið aftur yfir í B-hluta fjárlaganna. Það var orðin aðalástæðan fyrir því að þetta mál þoldi enga bið.

Ég vil t. d. vekja athygli á því, að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson benti í n. á mjög veigamikið atriði varðandi afstöðu og skilning sveitarstjórnarmanna á þessari breytingu og þeirri hættu sem þeir teldu af henni geta leitt, varðandi það að þeim yrði blátt áfram haldið í svelti á eftir varðandi sín sjúkrahús, áður hefðu daggjöld ríkisspítalanna verið það há að þeir hefðu ekkert haft að óttast. En eftir að þeir væru komnir út úr, þá væru þeir hræddir um að þarna yrði um það mikinn hemil að ræða að þeir yrðu í vandræðum með sinn sjúkrahúsrekstur. Um þetta skal ég ekkert segja. En þetta var mjög athyglisverð ábending hjá hv. þm. og greinilegt að þar var um vandamál að ræða sem ekki var búið að kanna á nokkurn hátt, enda kom auðvitað í ljós að þarna hafði ekkert samráð verið haft við t. d. sveitarstjórnasambandið, ekkert við það talað, eða fulltrúa hinna einstöku sýslusamlaga.

Það hefur ekki verið gert, enda kannske ekki von úr því að ekki var farið að skoða málið fyrr en eftir 2. umr. fjárlaganna, eins og ráðuneytisstjóri sagði í morgun, þegar það lá ljóst fyrir að svona mundi þetta verða. Ég held að það hljóti að hafa legið ljóst fyrir um leið og fjárlagafrv. var samið, þannig að það hefði mátt fara að taka til höndunum örlítið fyrr. Það kom líka í ljós að forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins kom af fjöllum. Hans fyrstu svör hjá n. í morgun voru: Ég er að sjá þetta fyrst núna. — Og hann hafði fjölmargar athugasemdir fram að færa í þessu sambandi. Það kom einnig í ljós að það hafði ekki verið haft samband við tryggingaráð.

Ég viðurkenni góðan hug meiri hl. n. til þess að reyna að draga úr mestu vitleysunni í þessu máli með þeirri brtt. sem hann hefur lagt hér fram. Meiningin er ágæt, það er ég alveg viss um. En spurningunni er enn ósvarað, hvernig á að skilja þetta. Hver á að greiða þennan mismun? Þeir, sem græða á þessu? Er það ríkið sem á að taka þetta að sér? Af hvaða lið hjá Tryggingastofnun á að taka þetta? Ekki þó af elli- og örorkuþegum, vonandi, til þess að greiða þennan mismun. Sem sagt, hver á að greiða tap þeirra sjúkrasamlaga sem greinilega verða fyrir tapi af þessari breytingu?

Það kom margt fróðlegt fram í upplýsingum embættismannanna, og það hefði vissulega verið gaman að eiga við þá miklu lengri viðræður. Það var t. d. ekki falleg sagan sem aðstoðarframkvæmdastjóri ríkisspítalanna sagði okkur um afleiðinguna af daggjöldunum og því hvernig þess væri gætt vandlega að aldrei væri laust rúm í sjúkrahúsunum, þar væri alltaf maður í hverju rúmi, — valinn maður í hverju rúmi, sem sagt af læknunum, þeir gættu þess mjög stranglega, ekki vegna þess að maðurinn þyrfti á því að halda að vera þar inni. Þeir væru gripnir þangað inn venjulega og mjög oft á föstudögum til að liggja þar yfir helgar og auðvitað fá ánægjulega hvíld án þess að nokkuð væri gert fyrir þá fyrr en í fyrsta lagi mánudag eða þriðjudag, bara til þess að halda uppi daggjöldunum, svo að þau væru nógu há. Ýmsar svona sögur voru vissulega hrollvekjandi. En við fengum hins vegar ekki þau svör hjá þessum ágæta manni að með breytingunni mundi þetta lagast. Hann hafði svolitla von um það og góða von með köflum, en hvergi nærri var hann viss. Þarna getur ekki verið um afleiðingu af þessu einu að ræða. Þarna hlýtur að vera um ranga skipulagningu í þessu kerfi öllu að ræða, og alveg sérstaklega hljóta læknarnir að vera þarna í mikilli sök, það fullyrði ég.

Einu sinni þurfti ég að fara í rannsókn. Ég gæti sagt þá sögu hér af sjálfum mér, hún er svolítið fróðleg, þó ég voni að hún sé af verri tegundinni. Það eina skipti sem ég hef farið á sjúkrahús sagði ég þessum ágæta sérfræðingi strax nokkurn veginn hvað ég héldi að amaði að mér. Inn á sjúkrahús skyldi ég fara og vera þar í 1½ mánuð. Það kostaði víst töluvert mikið að hafa mig þarna í 1½ mánuð. Ég þurfti vitanlega aldrei að leggjast inn á sjúkrahús í raun og veru allan þennan tíma. Þessi sérfræðingur rannsakaði mig ákaflega vel. Ég gat verið ákaflega rólegur á eftir. Ég held hann hafi verið búinn að rannsaka alla mína líkamsparta hátt og lágt, og auðvitað endaði hann á því að rannsaka það sem ég sagði honum í upphafi að ég héldi að amaði að mér og sagði svo í lokin: „Það er sennilega alveg rétt hjá þér sem þú sagðir í upphafi.“ Þetta er að vísu hlægileg saga — ég hef oft sagt hana — en hún er jafnhrikaleg og sorgleg ef þannig er að málum staðið í mörgum tilfellum af þeim annars ágætu mönnum sem vinna svo — og úr því dreg ég ekkert — ómetanlegt starf til líknar og lækninga á þessum sömu sjúkrahúsum.

Það voru lesnar upp ýmsar tölur um kostnað hinna ýmsu sjúkrasamlaga varðandi ríkisspítalana annars vegar og hin sjúkrahúsin, og við höfðum vitanlega enga möguleika á að fá hér staðfestingu á. Ég segi fyrir mig, ég rengi ekki þessar tölur, en ég vil bara benda á að forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins lýsti því yfir á þessum fundi að hann ætti bágt með að trúa þessum tölum sem þarna komu fram. Þá er ekki nema von að við værum í vafa og við gætum eiginlega varla trúað þeim, enda var þar um ótrúlega lágar tölur að ræða í sambandi við mismun. Þetta kann vel að vera svona. Hví þá ekki að kanna það og fá það á hreint áður en hlaupið er út í þessa breytingu? Enda sagði forstjóri Tryggingastofnunar okkur í mesta bróðerni að við skyldum setjast niður í janúar og fara að kanna þetta mál og vinna það almennilega og leggja það svo fyrir. Og ráðuneytisstjórinn, það lá við að hann tæki undir þetta. Hann viðurkenndi ónógan undirbúning að þessu og vafalaust væri það heppilegast, málum væri bara svo komið núna að við yrðum að drífa þetta í gegn. Það að liggja undir þeirri pressu er vitanlega alveg óviðunandi og alveg sérstaklega fyrir okkur í minni hl. En mér er nær að halda að margir meirihlutamennirnir hafi verið jafnmiklir álfar út úr hól í þessum efnum og við, ríkisstj. hafi ákaflega litla sinnu haft á því að upplýsa þá um þetta mál, þannig að þeir hafi verið litlu betur undir það búnir. Ég undanskil þar hv. formann sem er þessum málum svo gagnkunnugur að þar getur, held ég, ekkert komið honum á óvart, og þá á ég ekki við í sambandi við vinnubrögðin, heldur í sambandi við fyrirkomulagsatriði varðandi bæði tryggingamál og eins sjúkrahúsmál.

Ég skal ekki hafa mál mitt öllu lengra varðandi þetta. Ég viðurkenni að það hafa verið gerðar heiðarlegar tilraunir til þess að breyta málinu nokkuð í rétta átt. Þar er mörgum spurningum þó enn ósvarað, og það verður til þess að við leggjum til, við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, að afgreiðslu frv. verði frestað og við förum eftir ráðleggingum forstjóra Tryggingastofnunarinnar um það að við setjumst niður í janúar og vinnum þetta mál þá betur.

Varðandi sjúkratryggingagjaldið sjálft vil ég svo aðeins segja það, að þar hljótum við auðvitað að lýsa yfir sömu andstöðu við þessa aðferð eins og í fyrra. Þetta gjald á vitanlega að vera inni í tryggingakerfinu sjálfu og það kemur í sama stað niður. Á það var bent í fyrra að þarna væri mikil hætta á ferðum í sambandi við það að leggja það einmitt á þennan stofn, útsvarsstofn-

inn. Það kom enda í ljós að ábendingar okkar um þetta mál höfðu við full rök að styðjast því þegar á sumrinu varð að gefa út brbl. til að sníða verstu vankantana af þessu. Það ber auðvitað að virða og meta að það var gert. En engu að síður er þetta röng aðferð að okkar dómi. Hitt tökum við fram í nál. og ég legg á það áherslu einnig, að innheimtan er auðvitað ólíkt geðfelldari nú en áður og skapar minni úlfúð og deilur, þegar svo er ákveðið að innheimtumenn ríkisins, sýslumenn og bæjarfógetar, skuli nú innheimta þetta gjald. En við sem sagt leggjum til að afgreiðslu 1.—5. gr. frv. verði frestað, og í öðru lagi erum við andvígir ákvæðum til bráðabirgða um sjúkratryggingagjald.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég get í einu og öllu tekið undir orð síðasta ræðumanns varðandi undirbúning þessa máls. Hann er með þeim endemum af hálfu rn. að mun sem betur fer eiga sér fáa líka í starfssögu Alþingis. Það er stundum gaman að því hent hér meðal þm. að helmingur fjárlaganna sé á vegum tveggja rn., þ. e. a. s. heilbr.- og trmrn. og menntmrn. Þó er hlutur heilbr.- og trmrn. stærri, því það mun vera nálægt 35% af öllum fjárlögum ríkisins sem fer um hendur þess eða þeirra stofnana sem undir það heyra. Þegar hent er inn slíkri breytingu sem hér um ræðir í umræddu frv., þá kemur manni til hugar að það hljóti að geta haft allvíðtæk áhrif og þá sérstaklega tilfinnanleg fyrir hin smærri og fjárvana sjúkrasamlög sem hafa um árarаðir átt í vök að verjast. Slíkur uppskurður er gerður á sama tíma sem við höfum lögbundið tryggingaráð starfandi, auk þess milliþn. í þessum viðkvæmu málum sem er að endurskoða löggjöfina um Tryggingastofnunina í heild. Hvorugur þessara aðila er spurður ráða þegar umræddа breytingu á að gera, heldur er málinu fleygt hér inn að nóttu til, sem er kannske í samræmi við málatilbúnaðinn allan, og ætlast til þess að alþm. geri upp hug sinn á örskömmum tíma, sem tekið hefur umræddа aðila alllangan tíma, þ. e. a. s. milliþn. og tryggingaráð, sem stöðugt starfar að þessum málum með viku- eða hálfsmánaðarlegum fundum. Þetta eru afleit vinnubrögð þegar þess er gætt, að það eru engin rök færð fyrir því í fyrsta lagi, sem bent var á hér áðan, hvert á að færa þann ágóða sem breytingin hugsanlega gæti leitt af sér hjá einstökum sjúkrasamlögum. Hvert á að færa hann? Á að taka hann af þeim og færa til hinna sem hafa skaðast við þessa breytingu, eða á millifærslan, sem á kynni að vanta hjá öðrum sjúkrasamlögum, að koma úr ríkissjóði? Ég hef orð fjmrh. fyrir því að þetta frv. eigi að ná fram að ganga, hann hafi samþ. það og það sé bókstaflega hans samþykki háð að þetta frv. eigi að leiða til sparnaðar. Hvar og hjá hvaða aðilum á það að leiða til sparnaðar? Það er óupplýst og engin svör hafa við því borist.

Ég tel, eins og ég áðan sagði, að það séu fyrst og fremst engin rök sem enn þá hafi verið færð fyrir því að þessu frv. liggi svo á sem látið er í veðri vaka, — ekki nokkur haldbær rök, — og það hefði ekkert skaðað málið á einn eða annan hátt þó að því yrði frestað fram yfir áramót og tíminn tekinn í það fyrir þinglok að sannfæra alþm. um að hér sé um réttláta breytingu að ræða til sparnaðar.

Ég skal taka undir það með hv. 7. landsk. þm., sem talaði hér á undan mér, að sú breyting, sem ráðh. lýsti hér áður, að fælist í umræddu frv., hefur þó verið nokkuð lagfærð af hv. meiri hl. n., en þó hvergi nærri svo að nein rök hafi verið færð fyrir því að frv. liggi svo mikið á að það þurfi endilega að binda gildistöku laganna við n. k. áramót.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. Það hefur nægjanlega verið upplýst hvernig að málinu hefur verið staðið og með hvers lags offorsi það er áfram keyrt. En ég vildi gjarnan hafa aðstöðu til þess, þegar meiri hl. neytir síns aflsmunar hér, að geta átt viðræður um niðurstöðurnar af þeirri reynslu sem þeir gera ráð fyrir og eru smeykir við, þar sem þeir hafa bætt inn í brtt. sína að fyrir árslok 1978, þ. e. a. s. að tveimur árum liðnum, verði búið að rannsaka niðurstöðurnar af þessu frv. En það verður að bíða síns tíma að þær umr. geti farið fram. En ég tel að meiri hl., ef hann neytir síns aflsmunar hér, taki á sig mikla ábyrgð með slíkri breytingu sem hér um ræðir að órannsökuðu máli, gangandi fram hjá þeim aðilum sem gerst ættu til hlutanna að þekkja og mest hafa um þau fjallað.

Ég legg svo fram, herra forseti, eftirfarandi till. til rökstuddrar dagskrár frá mér og hv. 7. landsk. þm. í framhaldi af okkar nál.:

„Með tilliti til nál. okkar á þskj. 244 gerum við undirritaðir það að till. okkar, að frv. verði vísað frá og fyrir tekið næsta mál á dagskrá.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það hefur lengi verið ljóst, að rekstur sjúkrahúsa er vandamál í okkar þjóðfélagi og þar má eflaust ýmist draga úr kostnaði eða bæta þjónustu. Þetta vandamál hefur verið rætt í mörg ár, en það er eins og það sé afskaplega erfitt að taka á þessu vandamáli. Þótt ýmsar samþykktir liggi fyrir og ýmsar yfirlýsingar, þá er eins og ekkert verði úr verkum og virðist vera sama hver á þar í hlut, þannig að ég held að flestir séu sammála um að það sé nauðsynlegt að ráðast að þessum vanda og lagfæra þá agnúa sem á rekstri sjúkrahúsanna eru.

Það var ákveðið að leggja það til, þegar fjárlög komu fram, að gera ýmsar breytingar. En það er alveg rétt, sem fram hefur komið frá þeim hv. þm. sem hér hafa talað, að síðan virðist lítið hafa verið gert í málinu og ber vissulega að fordæma slík vinnubrögð. Spurningin er sú, hvort við eigum að vísa þessu frv. frá vegna þess að ekki hafi verið nægilega vel unnið að málum eða reyna að lagfæra það sem augljóst er að miður fer. Ég segi fyrir mig, að ég hefði vissulega helst viljað geyma þetta mál vegna þess að það er ekki nægilega vel undirbúið. En hitt er svo annað mál, að það er einnig ljóst að það getur verið þess virði að reyna að gera lagfæringar miðað við það frv., sem hér hefur komið fram, og sjá hvernig það reynist, ef það er tryggt að það sé ekki beinlínis vegið að t. d. ýmsum sjúkrasamlögum úti um land, og brtt. n. á að tryggja það að mestu leyti. Hins vegar er

ljóst, að það kemur ekki nægilega fram og hefur ekki komið nægilega fram hvernig framkvæmd þessara mála skuli vera. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir hér í viðræðum fyrir stuttu að hann teldi nauðsynlegt að líta betur á þessi mál nú yfir helgina til þess að gera sér betur grein fyrir hvernig framkvæmdinni yrði háttað, og ég vænti þess að það verði gert áður en málið verður tekið fyrir í Nd., þannig að það verði betur ljóst, áður en frv. verður endanlega samþ. sem lög frá Alþ., hvernig framkvæmd málanna verður og hvort hér sé nægilega vel gengið frá málum. Ég vænti þess að svo verði gert, þannig að sæmilega verði við unað.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það voru reyndar síðustu orð 5. þm. Austurl. sem urðu þess valdandi að ég sá ástæðu til að stíga hér í stólinn, þegar hann óskaði eftir því að það yrði athugað af hæstv. fjmrh. a. m. k. yfir helgina og við fengjum um það nokkra vitneskju eða Nd. að málið yrði sæmilega viðunandi, — „sæmilega viðunandi," sagði ræðumaður. Þetta er ekki nógu gott, segi ég, verandi í Ed., því við erum í þann veginn að afgr. málið úr d., og ég hefði talið lágmarkskurteisi við Ed.-menn að annar hvor ráðh., fjmrh. eða heilbrrh., sem hvorugur hefur verið við umr. núna, væri hér viðstaddur og umr. yrði frestað þá til mánudags, því að miðað við það, sem við höfum heyrt frá n., og miðað við stöðu þessa máls, þá er þetta mikilvægt mál. Við erum allir sammála um það, hv. þm., og ég fer ekki í greinarmun með það hverjir vilja veg tryggingganna mestan og þar fram eftir götunum, því það hefur sýnt sig í áratugi að allir þm. eru hlynntir þróun þessara mála. Spurningin er oft um hve mikið við viljum gera og með hvaða hætti. Um það hefur verið togast á nokkrum sinnum og orðahnippingar, en heildarstefnan í þessu máli er það viðkvæm og það mikilvæg, að ég held, miðað við fram komnar upplýsingar, að ekki sé annað sæmandi. Ég vil biðja hæstv. forseta, svo réttlátan og sanngjarnan mann sem hann er, að íhuga þetta andartak a. m. k. áður en hann knýr fram atkvgr., hvort hægt sé að verða við því að fresta málinu. En ég harma það að hvorugur ráðh. skuli sýna okkur þann heiður, að vera viðstaddur fyrst málið ber að með svo skjótum hætti, og það er auðfundið bæði hjá frsm. meiri hl. og einnig síðasta ræðumanni, að menn eru ekki ánægðir, menn vildu gjarnan gera betur, en svigrúm hefur ekki gefist. Þess vegna eru rök fyrir því að doka aðeins við í málinu og hugleiða betri árangur.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að segja margt, en ég lít svo á að í fyrri hluta brtt. okkar komi fram nægilega greinilega að það eigi að jafna kostnaðarbreytingunni, þannig að í reglugerð megi ákveða að taka af einum og láta til hins. Það er ekki óalgengt að jafna á þann hátt, og ég álít að það sé hægt. En hér er hvort eð er um jöfnun að ræða. Hins vegar er þessi kostnaðaráhætta og fjármunaáhætta ekki eins mikil og menn vilja vera láta. Það kom fram hjá sérfræðingunum í morgun að þetta gæti verið frá 1—3%, og úr því að brtt. okkar er búin að tryggja það að þetta verði bætt og það innan þriggja mánaða, þá er það betra ástand en er hjá daggjaldanefndinni núna, því ég held að það sé alveg augljóst mál að fjöldi sjúkrahúsa í landinu er í sífelldum örðugleikum með rekstrarfé vegna þess að þeir vegna verðbólgu verða að hækka kostnað sinn mánaðarlega, en fá svo jöfnunardaggjöld seint og síðar meir og eru þess vegna mjög lengi að ná upp tapinu og miklu lengur en hér um ræðir, þegar þetta á að gerast á þriggja mánaða fresti. Ég harma það auðvitað að við skulum aðeins hafa einn dag til að ræða þetta mikla mál hér, vegna þess að ég held að hér sé án áhættu fyrir nokkurn verið að gera tilraun til stórkostlegs sparnaðar, því ef sparnaður verður, þá er hér ekki um nokkrar þúsundir að ræða eða nokkrar milljónir, þá getur verið um tugi eða hundruð milljóna að ræða, því að við vitum að sjúkrahúsin okkar kosta okkur nokkra milljarða á ári og náist árangur, þá held ég að þessi tilraun sé vel þess verð.

Það er eitt, sem ég held að sé augljóst, að þó að við frestuðum þessu nú og létum rannsaka það á árinu 1977 og tækjum svo upp þetta fyrirkomulag á árinu 1978, þá held ég að við fengjum ekki málið eins vel undirbúið og ef við erum búin að prófa þetta í reynd í eitt ár, því reynslan verður best þarna eins og oft áður. Og ég sé ekki að við séum að valda fjárhagsáhættu fyrir nokkurt sjúkrasamlag í landinu. En við höfum aftur á móti möguleika á því að hér geti orðið um verulegan sparnað og hagkvæmni að ræða.

Það dæmi, sem hv. þm. hafa komið með hér sem hafa talað um misnotkun á rúmum, það er kannske ekki fjarri lagi að slíkt geti skeð. Hins vegar getur oft verið tilgangur með því að láta menn liggja og undirbúa rannsókn eða skurðaðgerð með því að taka þá inn fyrir helgi. Það er ekki endilega gert til þess að fá daggjaldið. Það er hugsanlegt að það sé, en það er oft nauðsynlegt að menn séu úthvíldir og búnir að liggja í rólegheitum í 1—2 daga áður en farið er að gera rannsóknir á þeim, þannig að ég er ekki viss um þetta. Hitt er svo annað mál, að ég vil ekki fullyrða að það geti ekki skeð. En eitt er víst, að ef þetta heppnast, að fá meiri hagkvæmni með því að hafa ákveðin daggjöld, eins og var hér áður, þá er betur farið en heima setið. Það má hins vegar geta þess, að við erum ekki einir um það að baksa við þungan sjúkrahúskostnað. Þetta er svo í öllum okkar nágrannalöndum, og ég held að við séum langt fyrir neðan þá í daggjöldum.

Þetta á sínar orsakir: bætta tækni, meiri möguleika til lækninga og ekki síst meira langlífi. Það er talið að hver maður, sem kominn er yfir sextugt, þurfi á fjórum sinnum meiri læknishjálp og sjúkrahúsvist að halda heldur en sá sem er milli tvítugs og fertugs. Þetta þýðir auðvitað að okkar sjúkrahúslegudagar hljóta að verða miklu fleiri þegar við erum með hækkandi hlutfallstölu af fullorðnu fólki. En þrátt fyrir það er hér verið að reyna leið sem ég held að geti borið nokkurn árangur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 32. fundur.

Mánudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 216, n. 242 og 244, 243, 252). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Í sambandi við þá kostnaðarbreytingu, sem verður við samþykkt þessara laga, hef ég fengið leyfi hæstv. heilbrrh. til þess að skýra hvernig jöfnuður verði fenginn. Það verður gert á þann hátt að tekið verður af þeim, sem hagnast á þessari kostnaðarbreytingu, og fært yfir til þeirra sjúkrasamlaga sem verða fyrir kostnaðarauknингu. Þetta er í raun og veru það atriði sem við höfum átt erfiðast með að gera okkur grein fyrir, en með þessu fyrirkomulagi ætti að vera tryggt að enginn kæmi til með að tapa á þessari breytingu.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Út af fyrir sig fagna ég þeirri yfirlýsingu sem hv. frsm. meiri hl. hefur haft hér frammi fyrir hönd hæstv. heilbr.- og trmrh. Sá liðurinn, sem spurt var um í umr. síðast þegar málið var til umr., er þó ljósari en áður. Eins og fram kemur í þessari yfirlýsingu er hugmyndin sú að færa frá þeim sjúkrasamlögum, sem kunna að hagnast á breytingunni, yfir til hinna, sem kunna að vera lakar settir, eða tpaa á breytingunum. Eigi að síður eru eftir tveir liðirnir sem um var spurt og ekki fengust svör við: Hverjir eru líkur á að verði sitt hvorum megin í þessum dálki? Hverjir eru líklegastir til að tapa eða hafa grætt óeðlilega á undanförnum árum við það skipulag sem við höfum búið við, og hvað er hér um miklar fjárhæðir að ræða? Það var orðað af hv. frsm. meiri hl. um daginn að þetta gæti skipt tugum eða jafnvel hundruðum millj. Ég vona að ég hafi það nokkuð rétt eftir efnislega. Og það var það sem vafðist fyrir okkur. Er hér um að ræða tugi, hundruð þúsunda eða milljónahundruð? Þetta er ekki ljóst og því síður ljóst eftir viðtöl okkar í n. við þá embættismenn sem þar mættu til viðræðna. Þess vegna höfum við haldið okkur og höldum okkur enn við það að málið tapi út af fyrir sig ekki gildi sínu, þ. e. a. s. sú tilraun sem höfð er í frammi um sparnað á hinu umrædda sviði, meðan allt er óljóst um hverjar upphæðir er að ræða og hvaða aðilar eru líklegir til þess að geta miðlað þeim sem miður mega sín í þessum efnum.

Ég held mig því við frávísunartill., og ég hygg að við báðir flm. hennar höldum okkur fast við hana, til þess m. a. að fá skýrar í ljós fyrir alla hv. þdm. og þingheim hvaða aðila er hér um að ræða og hvaða fjárhæðir er hér um að ræða. Það er alls ekki út í bláinn að óska þess að fá nokkurra vikna frest til þess að geta farið gegnum þetta mál með þeim hætti sem því er samboðið. Ég tel það ósamboðið bæði Alþ. og málefninu sjálfu að ætla að hespa slíkt mál í gegn með jafnóljósum rökstuðningi og liggur fyrir í þessu máli nú.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að halda uppi neinu málþófi um þetta mál. Ég tel að við höfum haft nokkurn árangur af eftirgrennslunum okkar og aðfinnslum í þessu efni. Ég hlýt þó að játa það aftur, sem ég gerði á laugardaginn, að að mörgu leyti fannst mér sú till., sem við fengum að sjá að morgni laugardagsins um breyt. á 3. gr., eðlilegri og ég hefði getað fallist á einhverja lausn því skylda. Þar var í raun og veru ekki svo miklu breytt. Þar var verið að reyna að halda þessu kerfi nokkurn veginn óbreyttu, þannig að það verkaði á vissan hátt eins og það hefur gert, og sú lausn var sú sem ég hefði einna helst getað fellt mig við, þegar var búið að hefla mesta sérfræðingaorðbragðið af henni og hún var orðin nokkurn veginn skiljanleg, því að við fengum á því skýringar sem nægðu okkur hvað þarna væri átt við. Engu að síður vil ég taka það fram, að þrátt fyrir það að ég virði þann vilja sem komið hefur fram bæði hjá hæstv. heilbrrh. og hv. fromanni heilbr.- og trn. til þess bæði að koma til móts við okkur um skýringar og lagfæra helstu agnúana á málinu, draga úr allra mestu óvissunni þá eru það margir þættir í framkvæmd málsins ókannaðir og á það mikið eftir að vinna í málinu sjálfu að ég sé enga ástæðu til þess að þetta mál nái fram að ganga nú. En ég ætla ekki að halda uppi neinu málþófi um þetta. Ég tel að mörgu sé enn ósvarað. Við fengum það best í ljós á fundi með sérfræðingunum. Þar til viðbótar áttum við vitanlega eftir að tala við þá sem þetta snertir hvað mest, sveitarstjórnarmenn og sjúkrasamlagsmenn t. d. úti á landsbyggðinni víða sem við höfum ekkert tækifæri haft til þess að hafa samband við um þetta mál. Þar af leiðandi hlýt ég að taka undir orð hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar um það, að við munum halda okkur við okkar afstöðu þó við munum að öðru leyti ekki tefja frekari framgang málsins, og eins taka það skýrt fram, að við teljum að það, sem hefur þó áunnist fyrir okkar aðfinnslur í þessu efni, er allt til bóta og ber að þakka.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 252 felld með 11:4 atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, AG, AJ, ÁB, EÁ, GH, HÁ, IT, JHelg, JGS, OÓ, ÞK.

StJ, EggÞ, GeirG, HFS, RA greiddu ekki atkv.

3 þm. (StG, JónÁ, JÁH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Að fengnum þeim upplýsingum, sem hafa komið fram á þessum fundi, að þau sjúkrasamlög, sem kunna að hagnast á þessari breytingu, verði látin greiða það sem önnur kunna að tapa vegna hennar, vil ég að það komi fram að samþykki mitt við brtt., sem hér liggur fyrir við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, var háð því skilyrði og háð þeim upplýsingum sem þar komu fram við fyrirspurninni, að þetta kæmi ekki illa út fyrir Reykjavíkurborg. Ég mun samþ. þetta frv. á þeim forsendum, og afstaða mín er byggð á þeim

upplýsingum sem ég tel áreiðanlegar og fram komu á nefndarfundunum. Ég segi já.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 243,1 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 243,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 20. des., að loknum 32. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 264 (sbr. 216)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vörugjald, frv. (þskj. 111, n. 255 og 256, 257). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um sérstakt tímabundið vörugjald, en n. var ekki sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. skilar séráliti, en meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. með þeirri breyt. sem fram kemur á sérstöku þskj.

Sú brtt., sem meiri hl. n. leggur hér fram, er aðeins þess efnis að hér er um að ræða númer í hinni nýju tollskrá sem höfða til þeirra vöruflokka sem áður voru í lögum. Með því að ný númer hafa verið tekin upp í tollskrá er nauðsynlegt að breyta einnig vörunúmerum í lögum um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Í sjálfu sér væri gaman að rekja sögu þessa tímabundna sérstaka gjalds, en til þess er ekki svigrúm nú á næstsíðasta degi þingstarfa fyrir jól. En við skilum hér minnihlutaáliti, fulltrúar Alþb. og Alþfl., og ég ætla í stuttu máli að hafa framsögu fyrir þessu minnihlutaáliti, en í niðurstöðum þess álits leggjum við til að frv. verði fellt.

Upphaflega var þetta gjald hugsað aðeins sem tímabundið vörugjald og átti að standa í 5½ mánuð eða svo, en nú er lagt til að það verði út næsta ár og það virðist ætla að verða fastur *gjaldstofn handa ríkissjóði*. Ástæðurnar til þess, að þetta gjald var tekið upp á sínum tíma, voru sérstakar þarfir í sérstök verkefni sem of langt mál væri að fara að rekja nú, en því var marglofað að gjaldið yrði mjög tímabundið og einnig skipt skv. því áformi. En svo reynist ekki þegar fram líða stundir. Í stað þess að standa aðeins í 5½ mánuð, eins og upphaflega var ákveðið, er ljóst að gjaldið verður innheimt a.m.k. í 2½ ár, og ef að líkum lætur verður það framlengt þegar kemur að árslokum 1977.

Núv. ríkisstj. hefur verið athafnasöm hvað varðar nýjar álögur og að fitja upp á nýjum tekjustofnum fyrir ríkissjóð. Hér skulu nefnd nokkur dæmi um þessa athafnasemi:

1) Strax eftir valdatöku ríkisstj. hækkaði hún söluskatt um 2%. Skv. tekjuáætlun nú er það ekki undir 3.4 milljörðum. Hins vegar er tekjuáætlun jafnan að birtast með stuttum fyrirvara og þessar tölur kunna allar að vera orðnar breyttar eftir nokkrar mínútur jafnvel.

2) Hún tók í ríkissjóð 2.5% söluskatt, sem áður rann í Viðlagasjóð vegna gossins í Vestmannaeyjum og vegna snjóflóðanna í Neskaupstað. Það *nemur nú a.m.k. 3.4 milljörðum.*

3) Hún tekur nú í ríkissjóð 1% söluskatt sem við vorum að deila hér um fyrir skömmu og áður rann í olíusjóð til lækkunar á kyndingarkostnaði, þó mínus 600 millj. segir í nál., en í ljós hefur komið við nánari athugun að sennilega renna þar 700 millj. í, og einnig er um hærri tekjustofn að ræða en fyrst var áætlað eða um 1.7 milljarða.

4) Hún hefur lagt á 18% tímabundið vörugjald sem nemur nú 5.3 milljörðum.

Nemur þá allt þetta 13.2 millj. kr. Enginn skyldi þó halda að með þessari upptalningu sé allt talið af nýrri tekjuöflun fyrir ríkissjóð sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir. Hér er aðeins um sýnishornatöku að ræða. Stjórnin er mjög fingralipur í því að tryggja sér auknar tekjur og hefur mikil umsvif í tekjuöflun, en lítið svigrúm gefst til þess að fara yfir alla ráðstöfunina. Hér fyrir Alþ. liggur nú lánsfjáráætlun upp á milljarða, en aðeins nokkrar mínútur virðast eiga að fara í að fjalla um ráðstafanir á slíkum gífurlegum tölum. Við svo búið viljum við ekki una í stjórnarandstöðunni. Við teljum að öll þessi mál ætti að athuga mjög miklu betur, og niðurstaða okkar, eins og ég sagði í upphafi máls míns, er sú að þetta tímabundna vörugjald verði afnumið. Það var þannig til komið á sínum tíma. Sé um þessa tekjuþörf að ræða, þá á að ná þeim tekjum með öðrum hætti.

ATKVGR.

Brtt. 257 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Mánudaginn 20. des., að loknum 33. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 266). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 34. fundur.

Mánudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 35. fundur.

Mánudaginn 20. des., að loknum 34. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 235). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 235 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald. Hér er um að ræða tvær breytingar á þeim lögum sem um vörugjald gilda. Fyrri breytingin er aðeins samræming við það tollskrárfrv. sem nú er til meðferðar í hv. d. og tekur breytingin í þessu frv. mið af þeim breytingum á tollskrárnúmerum sem gerðar hafa verið í því frv. Að öðru leyti er ekki breyting í sambandi við vörugjald á vörutegundum.

Önnur breyting frv. er sú, að í núgildandi lögum er vörugjald á gosdrykkjum og það miðað við að Styrktarsjóður vangefinna fái 1.95 kr. af hverjum gosdrykkjarlítra sem seldur er. Lagt er til í þessu frv. að vörugjaldið verði hækkað á gosdrykkjum þannig að þessi sjóður geti fengið 7 kr., eins og segir í 2. gr. frv., í stað 1.95 kr. Er hér um að ræða töluverða hækkun á þessum tekjustofni fyrir sjóðinn, en á þessu hefur ekki orðið breyting síðan 1971 og því talin ástæða til þess að gera þetta mikla breytingu nú.

Þetta frv. hefur verið kynnt formönnum þingflokka og ég á ekki von á því að hér verði um neina fyrirstöðu að ræða á framgangi þessa máls. En það er nauðsynlegt að það takist áður en þing fer í jólaleyfi að fá frv. þetta samþykkt sem lög frá Alþingi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vil mælast til þess að sú n. geti tekið þetta mál til meðferðar innan mjög skamms tíma þannig að við getum nýtt þennan fundardag til þess að ljúka málinu í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 227, n. 241). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. N. fjallaði um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. Hér er um mjög veigalitlar breytingar að ræða, og eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. félmrh. er með þessari lagabreytingu raunar ekki verið að gera annað en að tryggja að álagning fasteignagjalda fyrir árið 1977 verði með sama hætti og hún var s.l. ár. En þessa breytingu þurfti að gera vegna laga um fasteignamat, þar sem gert er ráð fyrir því að þegar það kæmist á, þá yrði gjaldstofninn eða prósentan miðuð við hið nýja fasteignamat, en vegna þess að það er mun hærra en sá framreikningur, sem í gildi hefur verið hingað til, þótti rétt að það yrðu ekki stór stökk á milli ára. Ég lít svo á að lagfæringar verði gerðar fyrir næsta ár aftur, þannig að við erum í raun og veru að taka hér skammtímaákvörðun.

Greinarnar eru tvær. Sú hin fyrri er um að byggingar, sem ekki er fulllokið við og ráðgert er að verði metnar á byggingarstigi eins og það er um hver og ein áramót, verði ekki metnar til álagningar fasteignaskatts. Í öðru lagi eru ákvæði til að viðhalda um eitt ár gildandi framreiknuðu álagi á gamla fasteignamatsstofninn.

Fleira held ég að ég hafi ekki um þetta að segja.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og vil því gera í örstuttu máli grein fyrir þeirri afstöðu minni.

Eins og frv. er nú komið frá Ed. hef ég svo sem ekki miklar aths. að gera, en þó get ég ekki varist því að nefna að mér finnst 1. gr. bera vott um óþarfa afskiptasemi þingsins af stjórnvöldum sem eru fyllilega til þess bær að taka ákvarðanir án slíkra leiðbeininga sem hér eru gefnar. Mér sýnist þetta vera dæmi um afskipti ríkisins af málum sem aðrir eru fullfærir um að stjórna.

Hér er um að ræða bann við að leggja fasteignaskatt á fasteignir á meðan þær eru í tilteknu ástandi, en það bann gildir þó aðeins fyrir árið 1977, eins og frv. er nú orðið. Ég efast ekkert um heiðarlegan tilgang með flutningi þessa frv. að létta fasteignaskatti af þeim sem standa í húsbyggingum. Þess vegna finnst mér ekki alveg rétt það sem segir í aths. við frv., að það geti risið nokkur vafi um skyldu til greiðslu fasteignaskatta af húsum í byggingu eftir að nýtt fasteignamat hefur tekið gildi, eins og þarna segir. En ef það er vilji ríkisvaldsins að draga nokkuð úr skattbyrðinni, þá væri kannske eðlilegra að lækka eignarskattinn sem rennur til ríkisins. En mér finnst einhvern veginn að í þessu banni, sem kemur fram í 1. gr., felist viss tviskinnungur. Fyrst eru sveitarfélög skylduð til þess að leggja á fasteignaskatt, eins og ákvæðin eru í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en síðan er þeim bannað að leggja hann á meðan fasteignir eða húsbyggingar eru í tilteknu ástandi. Hérna finnst mér vanta samræmi.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að sveitarstjórnir eigi að fá að ráða því hvort þær leggi fasteignaskatt á eða ekki, að sjálfsögðu að vissu marki þó. Alveg á sama hátt finnst mér að sveitarstjórn eigi að fá að ráða því hvort fasteignir í smíðum verði undanþegnar skattinum, og sveitarstjórn geti þá líka fengið að ráða því hvort skattfrelsi vari í einhvern lengri tíma en byggingartíma nemur, ef hún telur sig hafa ráð á

því eða ef það er vilji fyrir hendi í viðkomandi sevitarstjórn að styðja við húsbyggjendur með þeim hætti. Í 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er reyndar þessi heimild fyrir hendi, en í 4. mgr. 5. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár eftir að afnot hefjast.“

Þarna er sem sagt rýmri heimild. En munurinn á þessari lagaheimild og frv., sem hér er til umr., er sá, að frv. gerir ráð fyrir að sveitarstjórn sé ekki heimilt að leggja þennan skatt á meðan bygging hefur ekki verið tekin til afnota eða er fullgerð. Mér finnst þess vegna að það væri eðlilegra að hafa þetta heimildarákvæði, en ekki skyldu, og ég mundi vilja hafa það raunar miklu víðtækara, en mér er ljóst að það er ekki tími til þess nú — eða kannske ekki rétti tíminn til þess að gera slíkar grundvallarbreytnigar á tekjustofnalögunum, eins og þær að breyta skylduákvæðinu um álagningu fasteignaskatts í heimildarákvæði. Nú stendur yfir endurskoðun á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og slíkri endurskoðun fylgir að sjálfsögðu endurskoðun á tekjustofnalögunum, þannig að ég er því vissulega alveg sammála að það verði ekki farið að hreyfa við slíkum grundvallaratriðum núna og þess vegna geri ég enga till. um það.

Um 2. gr. frv. get ég verið fáorður. Hún er sjálfsögð og hún er nauðsynleg og í samræmi við ákvæði laga um skráningu og mat fasteigna sem sett voru á síðasta þingi, en þar var gert ráð fyrir að sú lagasetning hefði ekki áhrif til hækkunar á þeim sköttum eða gjaldskrám sem taka mið af fasteignamati.

Þessu vildi ég aðeins koma hér á framfæri. En þrátt fyrir þessar aths. mínar styð ég frv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég þarf í rauninni engu að bæta við það sem ég sagði við 1. umr. málsins í þessari d. og framsögu hv. frsm. En það voru ein ummæli í ræðu hv. 5. þm. Reykn. sem gefa mér tilefni til að skýra eitt atriði.

Hv. þm. taldi að væri vafasamt, þar sem segir í grg. frv. um 1. gr. að nokkur vafi gæti risið um skyldu til greiðslu fasteignaskatts af húsum í byggingu eftir að nýtt fasteignamat hefur tekið gildi. Kveikjan að þessari 1. gr. er í rauninni bréf frá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins frá 25. nóv., sem er undirritað af Gauki Jörundssyni prófessor, formanni yfirfasteignamatsnefndar, en hann segir í bréfi til félmrn. að samkv. hinum nýju lögum um fasteignamat, nr. 94/1976, verði mannvirki í byggingu sennilega að jafnaði metin einu sinni á ári miðað við ásigkomulag þeirra þá, í stað þess að vera tekin í mat þegar þau eru fullgerð, eins og ákveðið er í eldri lögum, sbr. 21. gr. laga nr. 28 frá 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Síðan segir Gaukur Jörundsson prófessor: „Af þessum sökum getur risið nokkur vafi um skyldu til greiðslu fasteignaskatts af húsum í byggingu eftir að nýtt mat hefur tekið gildi.“ Þessi ummæli í grg. eru því **beint tekin upp úr bréfi formanns yfirfasteignamatsnefndar** um þetta atriði, og ætla ég að sá ágæti lagaprófessor hafi nokkuð athugað það mál og nokkurn grundvöll fundið undir þessum ummælum sínum.

Það kann að vera að ummæli í ræðu hv. 5. þm. Reykn. komi þeim hugmyndum inn hjá einhverjum að hér sé verið að ganga á rétt sveitarfélaga. Það er alger misskilningur. Ég held að ég sé ekki minni áhugamaður en hann um að reyna að tryggja sjálfstæði og frelsi sveitarfélaganna, aukin verkefni þeim til handa og aukna tekjustofna. Að því máli í heild er nú unnið af n. sem skipuð var snemma á þessu ári og hefur þegar unnið mikið og gagnlegt starf.

Varðandi þetta frv. er hins vegar svo mál með vexti, að tilgangur þess er eingöngu sá að koma í veg fyrir óeðlilegar hækkanir á fasteignagjöldum á næsta ári, því að það er kunnugt að þegar nýja fasteignamatið gengur í gildi mundu fasteignaskattar að öðrum kosti hækka verulega, sumpart sjálfkrafa, og veruleg hætta á hækkun að öðru leyti. En þetta ákvæði í 1. gr. frv. felur það í sér að haldið sé áfram á næsta ári sömu framkvæmd og verið hefur um langan aldur í þessum efnum. Menn kunna að telja að það sé rétt að sveitarfélög fái heimild til að leggja á íbúðir eða aðrar fasteignir eða byggingar í smíðum. Það er mikil breyting frá því sem verið hefur hér á landi um áratugi, og ég tel að það mál þurfi að athuga miklu nánar og að sjálfsögðu kanna í sambandi við þá endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og m.a. fasteignaskatti sem nú fer fram.

Hins vegar hefur það verið lengi í lögum að fasteignir skuli ekki metnar til fasteignamats fyrr en þær eru fullgerðar, og það þýðir um leið, að fyrr en þær eru fullgerðar er ekki heimilt að leggja á fasteignaskatt. En það, sem vakir fyrir formanni yfirfasteignamatsnefndar m.a. með því að benda á þetta í bréfi til félmrn., er að nú kemur fasteignamat væntanlega á byggingar fyrr en venjulega, t.d. þegar hús er fokhelt eða á einhverju öðru byggingarstigi, og um leið og fasteignamat væri þannig komið, þá er heimilt fyrir hvert sveitarfélag, sem það vill, að leggja á fasteignaskatt.

Það, sem fyrir hefur vakað í þessu efni, a.m.k. af minni hálfu, er fyrst og fremst það, eins og ég hef raunar tekið fram áður, að koma í veg fyrir að ungt fólk, sem er að koma upp yfir sig íbúðum, lendi í því ofan á allan annan kostnað og erfiðleika að fá á sig fasteignaskatt meðan húsið er í smíðum og áður en það er tekið til afnota.

Ég vil leggja áherslu á að hér er á engan hátt verið að ganga á rétt sveitarfélaganna, heldur eingöngu verið að tryggja næsta ár sams konar framkvæmd í þessum efnum og verið hefur samkv. lögum um langan aldur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 226 (sbr. 147), n. 246 og 247). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur nú um nokkurt skeið haft þetta viðamikla mál til meðferðar á fundum sínum. N. beggja d. héldu allmarga sameiginlega fundi og á þá fundi n. komu starfsmenn fjmrn. og veittu þar ýmsar upplýsingar. Álit meiri hl. n. er á þskj. 247, hv. þm. Lúðvík Jósepsson mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins við þessa umr. og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur gefið út sérstakt nál., en tekur fram að hann styður málið.

Þótt hér sé vissulega um viðamikið mál að ræða, þá ætla ég ekki að gera það hér frekar að umræðuefni, en lýsi hér því áliti meiri hl. að hann leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er, eins og fram hefur komið í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., flutt í tengslum við samninga Íslands við Fríverslunarsamtök Evrópu og Efnahagsbandalagið. Þingflokkur Alþfl. var þessari samningsgerð fylgjandi á sínum tíma og hefur stutt þau frv. sem áður hafa verið flutt í beinum tengslum við þessa samninga. Hið sama á við um þetta frv. Þm. Alþfl. munu því greiða atkv. með þeirri breytingu á tollskránni sem hér er um að ræða.

Engu að síður viljum við vekja athygli á því, að þó að þetta frv. stefni allt í rétta átt, bæði þær lækkanir á tollum, sem eru í beinum tengslum við samningana við EFTA og Efnahagsbandalagið, og aðrar tollalækkanir, þá eru enn í gildi mjög háir fjáröflunartollar sem að ýmsu leyti eru algerlega óeðlilegir. Það eru enn háir fjáröflunartollar á ýmsum vörutegundum sem einu sinni mátti með réttu kalla óhófsvörur, en eru nú orðnar almennar neysluvörur. Því er heitið í grg. frv. að taka þetta mál til athugunar og vil ég vekja athygli á nauðsyn þess að það sé gert sem fyrst.

Þegar fjárlög voru lögð fram á s. l. hausti var gert ráð fyrir 600 millj. kr. tekjulækkun vegna væntanlegs frv. um tollskrá, þess frv. sem hér er um að ræða. Sú breyting hefur síðan orðið á, að til viðbótar þessu nemur niðurfelling sölugjalds 150 millj. kr. Enn fremur gerði frv., þegar það endanlega sá dagsins ljós fyrir fáum dögum hér á hinu háa Alþ., ráð fyrir 350 millj. kr. meiri tollalækkunum en ráðgerðar höfðu verið í haust. Og enn fremur samþykkti hv. Ed. 100 millj. kr. tollalækkun til viðbótar. Þetta frv. mun þýða, ef að lögum verður, sem ég vona að verði, um 1200 millj. kr. tekjurýrnun hjá ríkissjóði á næsta ári. Það var ekki fyrr en milli 2. og 3. umr. um fjárlagafrv. sem hæstv. ríkisstj. kunngerði hvernig hún ætlaði sér að mæta þessari 1200 millj. kr. tekjurýrnun, og ég fæ ekki betur séð, þó að 3. umr. hafi að vísu ekki farið fram og ekki hafi verið gerð grein fyrir niðurstöðum hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj. varðandi þetta mál en að það sé fyrst og fremst gert með því móti að breyta tölum í fjárlagafrv., en ekki nema að litlu leyti aflað raunverulegra nýrra tekna. Þetta eru að sjálfsögðu ekki vinnubrögð sem eiga hrós skilið. En ég vil ekki blanda umr. um fjárlagafrv. inn í þessar umr., en lýk máli mínu með því að taka fram að við í þingflokki Alþfl. teljum meginstefnu þessa frv. vera rétta og munum því greiða atkv. með frv.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 247, gerði ég ekki ráð fyrir að gefa út sérstakt nál. af minni hálfu, heldur gera grein fyrir afstöðu minni til málsins við þessa umr.

Meginafstaða mín er sú að styðja þá hugmynd, sem fram kom af hálfu okkar alþb.-manna við afgreiðslu þessa máls í Ed. og kemur þar fram á þskj. 210 sem Ragnar Arnalds undirritar, en það er sú afstaða að eðlilegast hefði verið að fresta nú þeim tollalækkunum, sem gert er ráð fyrir að gera samkv. þessu frv. og snerta sérstaklega EFTA-samkomulagið og samkomulagið við Efnahagsbandalagið, en leita hins vegar eftir því að fá lengdan þann aðlögunartíma sem það samkomulag gerir ráð fyrir. Það hefur verið um það rætt nú að undanförnu, að það væri full ástæða til þess að fara fram á lengingu aðlögunartímans fyrir okkar iðnað, og við teljum að það hefði verið rétt að gera það og fresta þar með nú að láta þessar tollalækkanir koma til framkvæmda. Hins vegar teljum við rétt að samþykkja þær tollalækkanir, sem felast í þessu frv. og snerta sérstaklega íslenskan iðnað, þ. e. a. s. lækkun á ýmsum vélum sem iðnaðurinn notar, lækkun á ýmsum tollum á vélum sem iðnaðurinn notar og eins lækkun tolla á hráefnum til iðnaðarins. Þetta hefðum við talið að hefði verið eðlilegasta leiðin eins og sakir standa. En mér þykir sýnt eftir þá afgreiðslu, sem þessi hugmynd hefur fengið í Ed., að það er gagnslítið að vera að flytja till. um hana hér á nýjan leik. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hér á Alþ. fallast ekki á þessa meðferð og ætla sér að samþykkja frv. í öllum meginatriðum í þeim búningi sem það kom frá Ed.

Um afstöðu mína til málsins að öðru leyti vil ég segja það, að ég tel að ýmis ákvæði í þessu frv. stefni í rétta átt og séu allþýðingarmikil eins og komið er. Þar á ég fyrst og fremst við lækkun á tollum á vélum iðnaðarins og hráefni til iðnaðarins, þannig að stuðlað sé að því að gera okkar iðnað samkeppnisfærari en hann er nú við innfluttar iðnaðarvörur. Ég tel einnig að það heimildarákvæði, sem er að finna í þessu frv. um að fjmrh. geti endurgreitt iðnaðinum tolla sem greiddir hafa verið og snerta iðnaðarframleiðsluna, — ég tel það heimildarákvæði mjög þýðingarmikið, ef vel er staðið að framkvæmdinni á því atriði. En eins og kunnugt er verður íslenskur iðnaður að borga toll af ýmsum háttum sinnar vöruframleiðslu, og til þess að hann geti staðið í rauninni jafnfætis í samkeppninni við innfluttar iðnaðarvörur þarf að vera til heimild til að endurgreiða innlendum iðnaði þá tolla sem hann hefur óumdeilanlega greitt af þeim þáttum framleiðslunnar sem varða samkeppnisaðstöðuna hverju sinni. Þetta atriði er einnig til bóta að mínum dómi frá því sem verið hefur.

Meginatriði frv. er eigi að síður tollalækkunin

til samræmis við EFTA-samkomulagið og samkomulagið við Efnahagsbandalagið. Það er gert ráð fyrir því í grg. með frv. að tollalækkanir í þessu skyni lækki tolla á innfluttum iðnaðarvörum frá þeim löndum, sem þarna er um að ræða, sem nemur 460 millj. kr. á næsta ári, að áætlað er. Þetta er langsamlega stærsta breytingin sem felst í frv., og hún er auðvitað ekki til stuðnings íslenskum iðnaði, heldur þvert á móti til þess að gera honum enn þá erfiðara fyrir en verið hefur. Á móti því á hins vegar að koma, eins og ég sagði, að tollar á vélum til iðnaðarframleiðslu og tollar á rekstrarvörum iðnaðarins eiga að lækka samkv. grg. frv. sem nemur í kringum 260 millj. kr. á næsta ári. Eftir þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í Ed., gæti hér orðið um nokkru meiri tollalækkun að ræða, en eigi að síður er greinilegt að tollalækkunin á innfluttum iðnaðarvörum frá EFTA-löndum og löndum Efnahagsbandalagsins verður allmiklu fyrirferðarmeiri en í hinu tilvikinu.

Annars vil ég láta það koma fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að það er orðið augljóst mál að það er þörf á því að taka tollskrána til endurskoðunar út frá enn öðru sjónarmiði en því sem lagt hefur verið til grundvallar til þessa, þ. e. a. s. samkomulaginu, sem gert hefur verið við EFTA og Efnahagsbandalagið. Það er orðin brýn þörf á því að breyta mjög verulega í lækkunarátt ýmsum svonefndum fjáröflunartollum, því að það er ljóst að þar standa eftir mjög háir tollar á margvíslegum vörum sem verða ekki lengur taldar sem neinar munaðarvörur eða óþarfavörur, heldur jafnvel brýnar nauðsynjavörur. Tollalækkun á þeim vörum hefur sáralítil sem engin orðið á sama tíma sem tollar á svonefndum EFTA- og Efnahagsbandalagsvörum, þessum samkeppnisvörum, eru að verða mjög lágir eða hverfa með öllu. Ég vil nefna í þessu sambandi að enn er gert ráð fyrir því í frv., sem hér er til meðferðar, að tollur á svo til öllum heimilistækjum verði áfram í hæsta tollflokki eða þar um bil, það munu vera örfáir vöruflokkar sem eru í hærri tolli en sem nemur 80%. Þetta á ekki aðeins við um öll þau heimilistæki, sem talin eru sem rafmagnsheimilistæki, heldur einnig venjulegan borðbúnað, bolla, potta og pönnur og hvað það heitir nú. — allt þetta er í hæsta tollflokki og skagar þar mjög upp úr öðrum tollum, á sama tíma sem tollar á margvíslegum öðrum vörum, sem flokkast undir EFTA-vörur og Efnahagsbandalagsvörur, eru orðnir mjög lágir eða eru að hverfa með öllu. Við þetta verður ekki unað lengi, að tollamismunur sé svona geipilegur eins og þarna á sér stað og það á vöruflokki eins og þessum sem ég nefndi.

Það er líka augljóst, þegar bornir eru saman ýmsir liðir, ýmsar vörutegundir og tollur á þeim, að þar er um sáralítið samræmi að ræða eins og nú er komið. Ég sagði að heimilistækin væru t. d. í einum hæsta tollflokki. Þó hef ég rekið mig á eina vörutegund sem virðist þó vera enn þá hættulegri en heimilistæki eða megi tolla hana enn þá hærra, en það eru eldspýtur, þær komast upp í 100%. Hins vegar er t. d. tollur á mekaniskum söngfuglum ekki nema 50% og reyndar á stórskotaliðsvopnum ekki nema 60% og á mörgu öðru af því tagi. Hægt er að nefna fjöldamargar vörutegundir sem eru í miklu lægri tollflokki. Að vísu verður samanburður á venjulegum borðhníf og gaffli í 80% tollflokki og mekanísku söngfuglunum mjög athyglisverður. En svona dæmi er mörg að finna í þessari tollskrá.

Ég tel því að það sé orðið aðkallandi að endurskoða stefnuna í okkar tollamálum eins og nú er komið. Það leiðir beinlínis af því sem gert hefur verið í þessum efnum varðandi samkomulagið við EFTA og Efnahagsbandalagið. Og þá þarf að sjálfsögðu að taka ákvörðun um það, um leið og verulegar breytingar eru gerðar í þessum efnum, hvernig á að afla ríkissjóði tekna í staðinn fyrir það sem niður mundi falla, en það skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli.

Þá er einnig annað mjög mikilvægt atriði varðandi þessa tollalöggjöf sem oft hefur verið minnst á þegar tollskráin hefur verið til meðferðar á Alþ., en litlar breytingar verið gerðar á hverju sinni, en það er allt það sem snertir tollafgreiðslu og tollmeðferð. Þar eru enn þá ríkjandi slík vinnubrögð að varla verður við unað. Þar er slíkur stirðleiki í því að skipa málum á þann hátt eins og nútíminn yfirleitt krefst að það sætir í rauninni undrun manna að þorfa á það. Ég tel t. d. að jafnsjálfsagt atriði eins og það er að líðka til um það að hægt sé að tollafgreiða hluti í fullu samræmi við ákvæði tollskrárinnar, þ. e. a. s. varðandi tollupphæð á hverri einstakri vörutegund, það verði heimilað í framkvæmd, þó um sé að ræða vörusendingu sem teljist blönduð, ef hægt er með fullu öryggi að leysa þessa sendingu upp í sínar eðlilegu einingar, eins og t. d. er mjög auðvelt að koma við í tollvöruafgreiðslu. Þá tel ég alveg sjálfsagt að tollafgreiða hina einstöku vöruhluti í samræmi við reglur tollskrárinnar, en standa ekki í sífellu í þeim stirðleikasporum, eins og gert hefur verið, að krefjast alltaf þess að öll sendingin sé tollafgreidd samkv. því sem hæst má fara með einstakan hluta sendingarinnar. Slíkt gamalt ákvæði átti við þegar ekki var hægt að koma við reglum um það að skipta upp vörusendingu. Þá varð gjarnan að beita slíku ákvæði. En deilur um þetta atriði hafa staðið í mörg ár. Það hefur ekki tekist enn þá að fá þarna fram viðunandi leiðréttingu. En það er varla hægt að skjóta þessu á frest öllu lengur.

Þá álít ég einnig að það verði að taka hér afstöðu til þess hvernig eigi að verða háttað almennt séð mismun á tollum á sams konar vörum sem fluttar eru til landsins, eftir því hvort vörurnar eru fluttar frá Efnahagsbandalagslöndum og EFTA-löndum eða frá öðrum löndum. Það er enginn vafi á því, að það eru margvíslegar hættur sem eru fólgnar í því að taka engan toll af tiltekinni vörutegund þegar hún er keypt frá Efnahagsbandalagslandi eða EFTA-landi, en taka hins vegar áfram 16—20% toll af sams konar vöru ef hún er t. d. keypt frá Bandaríkjunum eða Tékkóslóvakíu, svo að dæmi séu tekin. Þetta misræmi getur auðvitað leitt til þess að það beinlínis borgi sig fyrir innflytjanda að kaupa vöruna inn þaðan sem hún er dýrari í innkaupi og þannig verkar betta ákvæði til þess að við eyðum gjaldeyri að óþörfu vegna óhagkvæmra innkaupa, vegna þessa tolla-

mismunar, eða þá að til þess getur komið að þessi tollamismunur verði beinlínis notaður í verðlagningarmálum hér innanlands á óheiðarlegan hátt.

Atriði eins og þessi þarf að taka fyrir við endurskoðun á tollskránni. Það er sem sagt varðandi fjáröflunartollana almennt séð og um alla framkvæmd á tollafgreiðslu og skipulag þeirra mála, það þarf einnig að taka til endurskoðunar og svo þessa mismunatolla sem eru í gildi hjá okkur. En eins og komið hefur fram, þá er í rauninni enginn tími á þeim stutta starfstíma, sem eftir er fram að jólum, til þess að fjalla til neinnar hlítar um þetta stórmál sem hér liggur fyrir. Því hef ég horfið að því ráði að flytja ekki brtt. við frv.

Ég mun ekki greiða atkv. gegn frv., því að ég tel að það feli í sér nokkrar leiðréttingar sem stefni í rétta átt, en hefði hins vegar talið miklu réttara að fresta málinu og fresta um nokkurt skeið framkvæmd á tollalækkun á svonefndum EFTA- og Efnahagsbandalagsvörum. Þetta er mín almenna afstaða til afgreiðslu þessa máls.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Eins og nú er komið þingstörfum er þess enginn kostur að fjalla á nokkurn hátt eins ítarlega og vert væri um það mál sem hér liggur fyrir. Það er aðeins unnt á þeim skamma tíma, sem eftir er til þingfrestunar, að drepa á nokkur meginatriði.

Þá vil ég fyrst taka það fram um þá meginástæðu, sem til þess liggur að nú kemur ný tollskrá til afgreiðslu, sem sé framkvæmd gerðra samninga við Fríverslunarbandalagið og Efnahagsbandalagið, að afar þungvæg rök þurfa að mínum dómi að liggja til þess að sótt sé um undanþágu frá slíkum samningum, framlengingu á frestum eða að öðru leyti ekki staðið við það sem upphaflega hefur verið ráð fyrir gert.

Það ber að geta þess sem gert er. Það er að mínum dómi ljóst að þeir, sem fjallað hafa um þessa endurskoðun, hafa lagt sig fram um að taka þar tillit til óska íslensks iðnaðar sem lendir í versnandi samkeppnisaðstöðu hvað verðlag snertir eftir því sem tollar frá EFTA- og Efnahagsbandalagslöndum lækka. Er þar í rauninni um sjálfsagða hluti að ræða. Því er ekki að leyna, að talsmenn iðnaðarins halda því fram að því fari fjarri að þeirra hagur hafi verið bættur og þeirra starfsskilyrði lagfærð eins og þeir hafi talið að heit hafi legið fyrir um þegar innganga í EFTA var ákveðin. Hvað sem um það má segja, held ég þó að það fari ekki milli mála að einhver frestun þeirra lækkunarbrepa, sem hér er um að ræða, hefði dregið iðnaðinn langtum skemmra en gera mundi leiðréttingu á stóru misrétti sem íslenskur iðnaður sætir miðað við iðnaðinn í þeim löndum sem innflutningur iðnaðarvara hingað er einkum frá og íslenskur iðnaður þarf við að keppa. Þar á ég við þau áhrif, þau svo kölluðu uppsöfnunaráhrif, sem framkvæmd söluskattsálagningar hér leggur á iðnaðinn og reyndar fleiri greinar. Þarna er um að ræða mjög miklar fjárhæðir. En hjá þessum vanda, hjá þessari uppsöfnun hefur verið stýrt í þeim löndum sem íslenskur iðnaður á í samkeppni við, ýmist með upptöku annars skatts, virðisaukaskatts, eða annarri framkvæmd söluskatts. Þetta atriði er að mínum dómi það brýnasta hvað það varðar að bæta stöðu iðnaðarins í landinu. Og svo verður ætíð að taka mið af því grundvallaratriði, og því aðeins er innlendur iðnaður til raunverulegra hagsbóta þjóðarbúinu, að hann sé samkeppnisfær um verð og gæði. Til þess þarf að styðja hann, og það verður að mínum dómi best gert með því að létta sem fyrst af þeim uppsöfnunaráhrifum söluskattsins sem nú íþyngja iðnaðinum svo mjög.

Annað atriði, sem ég tel óhjákvæmilegt að víkja að á þeim stutta tíma sem til umráða er, fjáröflunartollarnir sem hér á landi eru margfalt hærri en nokkurs staðar í nálægum löndum, svo sem skýrt er sýnt fram á í grg. með tollskrárfrv. Þar er munurinn svo gífurlegur að hlutur tolltekna í ríkistekjum er hér tífaldur og allt upp í tvítugfaldur við það sem gerist í löndum sem næst okkur eru og við berum okkur gjarnan saman við um samfélagshætti. Og þar að auki, eins og skýrt er bent á í aths. með frv., er innheimta á ríkistekjum með þessum hætti sú sem síst er löguð til þess að jafna afkomu og aðstöðu manna í þjóðfélaginu. Meira að segja má sýna fram á það, segja þeir sem samið hafa aths., að fjáröflunartollar af því tagi sem hér tíðkast geta valdið stighækkandi álögum sem hlutfalli af tekjum. Þetta fyrirkomulag, þessir gífurlega háu fjáröflunartollar á algengasta neysluvarning eiga stóran þátt í þeim mun á kaupmætti launa sem á sér stað á Íslandi miðað við nálæg lönd, t. a. m. Norðurlönd. Og þessa er þegar farið að sjá verulega merki í neysluvenjum fólks. Þessi gífurlegi munur, sem stafar að verulegu leyti af mismunandi tollheimtu, er undirrótin að vaxandi innkaupaferðum af landi burt til Glasgow, London eða Kaupmannahafnar. Þar gerir fólk sín neysluvöruinnkaup, m. a. vegna þess að tollarnir í þessum löndum eru aðeins lítið brot af því sem hér tíðkast. Við þetta flyst smásöluverslunin meira og meira út úr landinu. Þeim, sem sömdu þetta frv. og aths. með því, er sá vandi og það óeðlilega ástand, sem hér hefur skapast, mætavel ljóst. Það kemur fram í þeirra máli. En ljóst er að þeir hafa ekki fengið heimild ríkisstj. til þess að gera nema mjög litla lækkun á allra hæstu fjáröflunartollunum. Þess getur ekki orðið langt að bíða að hér verði stigin miklu stærri skref, því að núverandi fyrirkomulag er vægast sagt orðið þjóðhagsleg fásinna.

Þá er spurt: Hvaðan eiga ríkinu að koma tekjur í staðinn til að mæta ekki aðeins missi af tolltekjum vegna samningsbundinna lækkana, heldur einnig vegna lækkunar fjáröflunartolla? Á það hefur margoft verið bent, og ég held að allir viðurkenni það orðið, að í skattkerfinu, innheimtu og álagningu tekju- og eignarskatts, eru gífurlegar gloppur, og það er viðurkennt í verki í því skattalagafrv. sem brátt mun koma til umr. hér í hv. d. Það þarf að mínum dómi að haldast í hendur að tekjuskattsheimta verði gerð réttlátari og skilvirkari, þannig að þeir tekjustofnar geti staðið undir lækkun á fjáröflunartollunum til stórra muna.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mig langar til, þó mjög sé liðið nærri jólahléi, að

vekja athygli á einu sérstöku máli í sambandi við það frv. sem við höfum nú til meðferðar. Mér er alveg ljóst að það er orðið allt of seint að hreyfa nokkuð við því til breytingar, enda er það seint lagt fram, en ég vil vekja athygli á erindi mínu til skoðunar í þeirri almennu athugun á tekjuöflun ríkisins sem fram fer og mun fram halda á næstunni. En þetta varðar hluta af fjáröflunartollunum og þá sérstaklega tolla á tækjum sem eru nú á dögum alger nauðsyn á heimilum.

Aðrir hv. ræðumenn hafa vikið nokkuð að þessu atriði, en mér hefur lengi verið það ljóst að ákvæði, sem um þetta fjalla í tollskránni, eru löngu orðin úrelt. Þegar ýmis heimilistæki voru tolluð með sama hætti og munaðarvarningur voru allt aðrir tímar hér á landi, og ýmis þau tæki, sem nú eru talin sjálfsögð og óhjákvæmileg í heimilisrekstri, eru ekki lengur þannig að það geti staðist að þau séu notuð sem andlag fjáröflunartolla. Ég nefni sem dæmi þvottavélar. Ef þær taka minna en 6 kg, þá er á þeim 80% tollur samkv. þessu frv., ef þær eru ætlaðar til heimilisnota. Ef þær eru ekki ætlaðar til heimilisnota, þá er 35% tollur. Á strauvélum, ef þær eru ætlaðar til notkunar á heimilum, er 80% tollur, en ef nota á þær annars staðar, þá er 35% tollur. Svona má lengi telja. Jafnvel af sjálfsögðum hlutum til þrifnaðar og heilsuverndar, svo sem ryksugum, er 80% tollur, líkt og af munaðarvarningi, að ég tali ekki um ýmis önnur tæki, kæliskápa t. d. Ég held, að allar nútímaibúðir séu þannig hannaðar að þar sé óhjákvæmilegt að hafa kæliskáp ef á að reka heimili með sæmilegu móti.

Þetta atriði hefur raunar verið ljóst lengi. Það eru áratugir síðan flutt var um það frv. hér á Alþ. af hv. þáv. þm., Kristínu heitinni Sigurðardóttur, að lækka þeri eða fella niður ýmiss konar aðflutningsgjöld á heimilistækjum. Mér finnst satt að segja að það hljóti að fara að líða að þeim tíma að þau sjónarmið, sem sett voru fram þá, fari að verða að veruleika. Á þetta hefur margoft verið bent, sérstaklega af húsmæðrakennurum, húsmæðrafélögum og fleiri aðilum.

Ég vildi ekki láta afgreiðslu þessa máls fara fram án þess að undirstrika þetta atriði sérstaklega. Þetta snertir hag hvers einasta heimilis í landinu og þeim mun heldur sem nú á dögum er allur viðgerðarkostnaður þessara tækja svo gífurlegur að fólk horfir oft á það að viðgerð, sem er tiltölulega einföld, er svo dýr að það er áhorfsmál hvort ætti ekki fremur að kaupa nýtt tæki, þannig að það er mjög algengt í rekstri allra heimila að leggja þurfi í fjárútlát vegna heimilistækjakaupa.

Um fleiri hluti til heimilisrekstrar á þetta einnig við.

Annan þátt þessa máls langar mig líka að minnast á, og það er þó á heldur jákvæðari hátt. Ég sé í þessu frv. að þar eru töluverðar lækkanir og gert ráð fyrir að enn frekari lækkanir verði í áföngum á ýmiss konar fjárfestingarvörum, sérstaklega til bygginga. Þetta hefur lengi verið mikið áhugamál mitt, og flutti ég þess vegna þátill. um það fyrir nokkrum árum að unnið væri að lækkun opinberra gjalda á slíkum vörum í þeim tilgangi að lækka byggingarkostnað. Mér sýnist, að töluvert hafi miðað í átt að þeim hugmyndum sem ég óskaði eftir að framkvæmdar væru og verið hafa einnig í huga fjölmargra annarra þm. Ég held að þarna hljóti að vera um skynsamlega stefnumörkun að ræða. Þó að tölulega verði um beint tolltekjutap ríkisins að ræða af þessum sökum, þá má einnig undirstrika að ríkið stendur sjálft í verulegum fjárfestingum og mun þar af leiðandi geta komist af með heldur minni kostnað af þessum vörum, ef tollarnir lækka, en ella hefði orðið.

Herra forseti. Ég mun ekki tefja þennan fund okkar frekar. Ég vildi sérstaklega og fyrst og fremst vekja athygli á því og undirstrika þá ósk mína og fjölmargra annarra að unnið verði af mikilli alvöru að því að lækka gjöld af heimilistækjum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem ég vil minnast á við þessa umr. og afgreiðslu þessa máls. Raunar ætlaði ég að spyrja hæstv. fjmrh. og leggja fyrir hann einar tvær spurningar, en því miður er hann hér ekki staddur.

Það er í fyrsta lagi það, að það eru verulegir tollar t. d. á öllu efni til að gera hitaveitu, en eins og hv. þm. vita um í sambandi við rafvirkjanir eða virkjunarframkvæmdir, raforkuvirkjanir, þá eru engin gjöld af þeim. Þetta gerir það að verkum að nýting jarðhita, ekki síst á strjálbýlli svæðum, gæti verið hagkvæm ef ríkið felldi niður öll gjöld af slíkum framkvæmdum, þó að slíkt sé útilokað undir þeim kringumstæðum sem mér skilst að séu nú. Mér er ljóst að þetta efni er þannig að það er ekki hægt að fella það niður úr tollskrá, heldur yrði að endurgreiða þessi gjöld og tryggja fyrir fram að það verði gert. Ég hefði sem sagt viljað spyrja um það, hvað rn. eða ríkisstj. mundi vilja gera í þessu efni. (**Forseti:** Ég vil láta hv. þm. vita að ég hef gert boð fyrir hæstv. fjmrh.) Ég þakka þér fyrir.

Í öðru lagi voru miklar umr. á hv. Alþ. og eins annars staðar, þegar við gengum í EFTA, og þá var rætt dálítið um hvernig yrði farið með í sambandi við aðra atvinnuvegi, þ. e. a. s. landbúnað og sjávarútveg, þegar yrði orðið við því að lækka tolla á samkeppnisiðnaðinum. Ég er hér með bréf, sem er dags. 28. nóv. 1969, og með leyfi forseta ætla ég að lesa hérna einn lið úr þessu bréfi og upphaf þess. Það er þannig:

„Rn. hefur móttekið bréf Stéttarsambands bænda, dags. 24. þ. m., þar sem óskað er upplýsinga um eftirgreind sjö atriði vegna hugsanlegrar aðildar Íslands að EFTA:

1. Verður tollur lækkaður á landbúnaðarvélum, heyskapartækjum, tilbúnum húsum, varahlutum í vélar, landbúnaðarbílum og öðrum vörum til landbúnaðarins? Ef svo er, í hvaða áföngum, og er það með sama hætti og hjá iðnaði og sjávarútvegi?“

Svör rn. við þessum 1. lið eru þannig, með leyfi forseta:

„Um 1. lið. Sama regla verður um toll á vélum vegna framleiðsluatvinnuveganna.“

Þetta bréf er undirskrifað af þáv. landbrh. Nú dettur mér ekki í hug annað en það verði orðið við þessari yfirlýsingu. En þá er bara spurningin hvernig á að framkvæma það. Ég sé að í þeim breytingum, sem nú eru, er þetta ekki framkvæmt

nema að litlu leyti, að vísu að sumu leyti, en öðru ekki. Og þá hefði ég viljað fá að vita um það, hvernig á að verða við þessari yfirlýsingu og þessari stefnumótun sem var gerð á þessum tíma.

Það er eitt atriði, sem hefur komið upp í hendur mínar núna, sem sýnir hvernig þetta getur orðið hjákátlegt í framkvæmd á þessum málum. Það er afskekktur sveitabær sem fær ekki rafmagn frá samveitu. Hann verður því að fá dísilstöð. Þessi dísilstöð, sem er um 15 kw, kostaði eitthvað rúmar 1400 þús. kr. En gjöldin af þessu til ríkisins, þ. e. a. s. tollur, söluskattur og annað, eru rúmar 600 þús. Hefði þessi rafall verið t. d. í skip, þá hefði ríkið ekki tekið neitt af þessu. Svona þarf auðvitað að athuga og leiðrétta.

Þetta frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., er upp á rúmar 250 bls., og það tekur sinn tíma að fara í gegnum það og gera sér grein fyrir, hvernig þessi gjöld eru, og sjá, hvaða samræming er þarna á milli hinna ýmsu vöruflokka. Mér sýnist við lestur á þessu að það mundi ekki veita af að taka tollskrána alla til endurskoðunar. Mér er auðvitað ljóst að það er ekki endalaust hægt að lækka alla tolla og skatta. Ríkið þarf að fá sitt til þess bæði að geta jafnað á milli og til alls þess sem við viljum í sambandi við rekstur þess, framkvæmdir og samneyslu. En það má athuga um að samræma þetta betur. Mér finnst a. m. k. þegar ég les tollskrána að sums staðar hefði mátt hækka tolla og í öðrum tilvikum séu þeir allt of háir, eins og hv. síðasti ræðumaður og fleiri raunar hafa bent hér á.

Ég sé nú að ráðh. er ekki kominn og vil ekki tefja þessa umr., en ég vil bara vekja athygli á því, að nú við afgreiðslu á þessu máli hefur ekki verið orðið nema að dálitlu leyti við þeirri stefnumörkun að t. d. landbúnaður yrði afgreiddur á svipaðan hátt og hinir atvinnuvegirnir, og það mál hlýtur að koma til skoðunar síðar.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Mér þykir leitt að verða að skýra frá því, að þrátt fyrir alla eftirgangsmuni þingvarða hefur hæstv. ráðh. ekki fundist.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að ég vil lýsa alveg sérstakri ánægju yfir þeim ummælum, sem hv. 5. þm. Reykv. lét hér falla um nauðsyn þess að lækka tolla á heimilisvélum. Ég hef áður flutt þing eftir þing till. um lækkun á heimilisvélum, en því miður fengu þær ekki nægar undirtektir þá, svo að ég gafst hreinlega upp við að halda þessum tillöguflutningi áfram. Ég fagna því alveg sérstaklega að nú skuli þessari hugmynd hafa bæst stuðningur sem hún hafði ekki áður, og ég vænti þess að í framhaldi af því rísi upp nægilega sterkur þrýstihópur hér á Alþ. til að koma þessu réttlætismáli heimilanna fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
5.—14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
15.—17. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
18.—25. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
26.—31. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
34.—40. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Borist hefur svolátandi bréf:

„Reykjavík, 20. des. 1976.

Með því að Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv., er nú erlendis, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Geirþrúður Hildur Bernhöft félagsmálafulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Til forseta neðri deildar."

Frú Geirþrúður Bernhöft hefur áður skipað þingbekk á þessu kjörtímabili svo að ekki gerist þörf að rannsaka kjörbréf hennar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Neðri deild, 36. fundur.

Mánudaginn 20. des., að loknum 35. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 227). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 226 (sbr. 147)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vegalög, frv. (þskj. 148 (sbr. 71), n. 258). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgn. hefur falið mér sem frsm. að gera grein fyrir þessu máli. Nm. tóku fram að þeir óskuðu þess að ég kæmi á framfæri því sem þeim lá á

hjarta við umr. málsins, en það er ævinlega svo þegar samgöngumál ber á góma að þá liggur mönnum mikið á hjarta. Ég mun því reyna að gera það hér í örfáum orðum

Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 frá 14. júlí 1975. Frv. var vísað til samgn. 15. þ. m., svo að n. hefur haft mjög nauman tíma til að skoða það vandlega, í raun og veru aðeins tvo daga og þá mjög annasama. En málið var um nokkurn tíma í athuggun hjá samgn. Ed. og gerði hún á því nokkrar breytingar, aðallega tvær sem telja verður til bóta.

Samgn. er ljóst að ef farið verður að hrófla við ákvæðum frv. nú á síðustu dögum þings fyrir jól, þá er nokkuð augljóst mál að það nær ekki samþykki. En það er hins vegar nauðsynlegt þar sem á gildandi vegalögum byggist gerð vegáætlunar. Vegáætlun átti í raun og veru að vera búið að leggja fram, en hún mun hafa tafist m. a. af því að breytingar á vegalögum lágu í loftinu. Á þeim skamma tíma, sem n. hafði til að athuga frv., kallaði hún þó á sinn fund vegamálastjóra, Snæbjörn Jónasson, og Jón Rögnvaldsson yfirverkfræðing hjá Vegagerð ríkisins.

Eins og að líkum lætur voru margir um orðið þegar frv. þetta var lagt á borð nm. og menn töluðu allan þann tíma, sem n. hafði til umráða, um áhugamál sín í þessu efni. Það voru nokkur atriði sem nm. töldu nauðsynlegt að hér yrði komið á framfæri.

M. a. var svo um orðalag 3. gr. frv. Þar vildu nokkrir nm. leggja á það áherslu að það yrði ekki talið neitt forgangsverkefni að leggja bundið slitlag á vegi, heldur ætti jafnframt og ekki síður að hugsa um að byggja upp vegakerfið þar sem það er aðeins slóðar eða götutroðningar víða um land. En þeir töldu að orðalag gr. fæli í sér þá hættu að þeir hlutar vegakerfisins, sem lélegastir eru, yrðu látnir mæta afgangi, en hraðbrautir yrðu látnar hafa forgang. Ég vek athygli á því að í nál. er rætt um hraðbrautir í þessu sambandi, en það er í raun og veru ekki rétt að því leyti til að ef frv. verður samþ. eins og það er nú falla hraðbrautir niður, þá verða ekki lengur til neinar hraðbrautir með því nafni, heldur aðeins stofnbrautir og þjóðbrautir. Aðrir nm. voru þó á því máli og töldu augljóst að um þetta efni, hvort lagt yrði bundið slitlag á veg eða ekki, færi aðeins eftir umferðarmagni, þ. e. a. s. umferðarmagn réði gerð vegarins, eins og raunar er tekið fram allgreinilega í aths. við 3. gr. frv. Þá lögðu nm. mjög ríka áherslu á að alþm. yrðu hafðir með í ráðum við undirbúning vegáætlunar og yfirleitt öll þau atriði sem snerta þessi mál. Það sýnir hvað þessi mál eru viðkvæm og snerta hagsmuni margra landsmanna að þetta var tekið mjög skýrt fram hvað eftir annað.

Eins og mönnum er kunnugt var 7 manna n., sem undirbjó þetta frv., sérstaklega falið að athuga fjögur atriði.

Það var í fyrsta lagi gildandi flokkun vega. Það er tekið til greina í frv. að því leyti, að nú er 12. gr. þess vikið talsvert við. Áður var um fjóra flokka að ræða að þessu leyti, en ef þetta frv. nær samþykki verða flokkar tveir: stofnbrautir og þjóðbrautir. Eins og segir í grg. með till. n. er þjóðvegakerfinu skipt í tvo flokka og verður meginstofn þjóðvegakerfisins í einum vegflokki. Þetta hygg ég að flestir séu sammála um nú orðið.

Þá var þessari 7 manna n. falið að kanna hvort gera ætti sérstakar svæðaáætlanir eða landshlutaáætlanir, eins og átt hefur sér stað eða fella allar vegaframkvæmdir inn í eina allsherjar vegáætlun sem Alþ. afgreiðir í heild. Ég hygg að um þetta séu flestir sammála, að það sé ekki ráð að efna til sérstakra landshluta- og svæðaáætlana þannig að Alþ. fjalli ekki um þær. Að þessu er vikið í 1. gr. frv., en ákvæði hennar felld að öðru leyti að þeirri framkvæmd sem orðið hefur.

Þá var í þriðja lagi rætt um fjárþörf sýsluvegasjóða. Frá því að vegalögin tóku gildi 1. jan. 1964 hafa sýsluvegir verið lengdir allverulega tvívegis með lagabreytingu. Þeir munu hafa lengst á því tímabili, sem liðið hefur frá því að vegalög í núverandi mynd tóku gildi, um 64%, en fjárveitingar til þeirra hafa ekki aukist að sama skapi. Það var því alveg augljóst mál að á þessu þyrfti að gera breytingu, eins og hvað eftir annað hefur verið vikið að á undanförnum þingum. Kann því að virðast ganga í öfuga átt sú breyting sem samgn. Ed. gerði á frv., þegar hún lagði til að 26. gr. orðaðist þannig, að í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skuli ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði. Þarna stóð áður helminur. Þess vegna sjá menn að það virðist svo um marga eða a. m. k. þó nokkuð marga sýsluvegasjóði, að þeir tapa tekjum við samþykkt þessarar gr. En á annað er að líta. Þetta er mun margþættara mál. Eins og við könnumst allir við, sem setið höfum á Alþ. undanfarin ár, hefur verið vaxandi ásókn hinna fjölmennari kauptúna eftir kaupstaðarréttindum. Þau rök hafa m. a. verið talin fram fyrir þessari ásókn, að kauptúnum hefur verið gert að greiða allhá gjöld til sýslu- og sýsluvegasjóða. Með þessari breytingu, sem nú hefur verið samþ. í Ed., er létt á hinum stærri kauptúnum talsvert að þessu leyti. Vitað er að þau þurfa að verja miklu fé til gatnagerðar, svo að þeim er auðvitað vorkunn. En þetta atriði má ekki eitt út af fyrir sig ráða því, hvort kauptún sækir um kaupstaðarréttindi eða ekki. Það er að vísu ekki sett undir allan leka með því að breyta þessu ákvæði, okkur er það fyllilega ljóst. En okkur er jafnljóst, að hv. alþm. verða að gera sér grein fyrir því að hafa þarf eitthvert taumhald á þeirri þróun sem orðið hefur á undanförnum árum. Það er að mínum dómi óæskileg þróun mála að kauptún, sem í raun og veru eru byggð upp af fólki úr aðliggjandi sveitum, segi skilið við umhverfi sitt af einhverjum ástæðum til þess að ná í kaupstaðarréttindi. En um þetta má margt fleira segja og er ástæða til að ræða það nánar síðar.

Að öðru leyti stefna ákvæði frv. að auknum tekjum sýsluvegasjóða, og er það vel svo langt sem þau ná að leysa vandann.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, þó að fjöldamargt mætti um það segja.

Mér er ljóst að tíminn er naumur og margt þarf að afgreiða, enda tóku nm. í samgn. þá afstöðu, þó að þeim væri þetta vissulega hjartans mál og þyrftu mörgu að velta fyrir sér í þessum efnum, að afgreiða þetta mál einróma. Það er aðeins einn nm. sem undirritar þetta nál. með fyrirvara. N. leggur því til, til þess að hraða þessu máli af nauðsyn, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. samgn. hef ég skrifað þar undir með fyrirvara, og ég tel rétt að fara örfáum orðum um ástæður fyrir því. En það er ljóst af því nál. og ekki síður af þeim umr. sem áttu sér stað í samgn., að talsverðrar ókyrrðar gætti hjá ýmsum þar varðandi það, hvað hér væri í raun og veru verið að gera eða kannske fyrst og fremst hvað hér væri ætlast til að gert yrði. **Það er enginn** vafi á því, að meiri hl., líklega mikill meiri hl. í samgn. virtist hafa það á tilfinningunni að þær breytingar, sem þetta frv. leggur til að gerðar verði, kunni að verða framkvæmdar með þeim hætti að þær skili ekki þeim árangri sem mjög hefur verið talað um, bæði hér á Alþ. og víðar, þ. e. a. s. að leggja höfuðáherslu á að bæta vegakerfið í þeim landshlutum þar sem engir eða svo til engir vegir eru fyrir, aðeins troðningar. Nm. í samgn. margir **óttuðust að áfram yrði haldið** á sömu braut og verið hefur, þ. e. a. s. að leggja höfuðáherslu á hinar svonefndu hraðbrautir. Það hefur verið svo á undanförnum árum, og t. d. á árinu í ár er um eða yfir helmingi alls þess fjár, sem **varið er til framkvæmda í vegum, varið til hinna** svokölluðu hraðbrauta, og allir vita hvar þær er helst að finna hér á landi. Það er hér í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Við þessa stefnu hefur gætt vaxandi andúðar og komið upp vaxandi raddir um að hér yrði breytt um stefnu.

Þetta frv., sem hér er til umr., það má segja að það sé kannske fyrst og fremst tvennt sem séð verður að gerist við það að þetta frv. verður að lögum. Það er í fyrsta lagi breyting á flokkun vega á þann hátt að þjóðbrautir og hraðbrautir, sem nú eru í vegalögum, munu **samkv. þessu frv. verða að stofnbrautum** og landsbrautir í gildandi lögum að þjóðbrautum. Nú er út af fyrir sig gott, svo langt sem það nær, að breyta á þennan hátt. En það, sem mér og sjálfsagt mörgum fleiri finnst á skorta, er fullvissa um að breyting verði í reynd að því er varðar framkvæmdir í sambandi við vegamál, þ. e. a. s. að ekki verði haldið áfram þeirri stefnu, sem verið hefur, að leggja höfuðáhersluna á að setja bundið slitlag á þá vegi sem nú flokkast undir hraðbrautaframkvæmdirnar, heldur verði meiri gaumur gefinn að því að byggja upp vegi úti á landsbyggðinni, þar sem annaðhvort er ekki að finna nema troðninga, niðurgrafna, og á sumum stöðum alls enga vegi. Álit um þetta mál skiptist ekki í samgn. eftir stjórnarandstæðingum og stjórnarsinnum, og það er enginn vafi á því að sumir hverjir hv. þm. stjórnarflokkanna vilja gjalda varhuga við þeirri breytingu sem hér er lögð til, vegna þess að það er ekkert, sem hönd er á festandi, sem sýnir að hér eigi að verða breyting frá því sem nú er í sambandi við vegaframkvæmdir.

Hinu skal ekki neitað, að verði þessi breyting á gerð varðandi það, að þjóðbrautir og hraðbrautir, sem nú er í lögum, verði einu nafni stofnbrautir, þá gefst möguleiki á því að taka stærri verkefni til framkvæmda en verið hefur og má segja að út af fyrir sig sé það gott. En eigi að síður er ég mjög tortrygginn á að meining þeirra, sem að þessu frv. standa, sé fyrst og fremst að breyta hér um í reynd, heldur sé meira verið að færa hér á pappírinn orð til þess að gera tilraun til þess að gera hina óánægðu, **þ. á m. mig, ánægðari og sætta sig frekar við** það sem verið hefur að gerast, heldur en ég telji að hér verði raunveruleg breyting á. Það er sem sagt spurningin um hvaða stefnu eigi að marka, hvort á að halda áfram óbreyttri stefnu varðandi framkvæmdir í hinum svokölluðu hraðbrautum eða hvort á að fara að breyta til og taka upp hina skynsamlegri stefnu, a. m. k. eins og er, og leggja meiri áherslu á að byggja upp vegakerfið þar sem fyrst og fremst er á því þörf.

Í 3. gr. þessa frv., þ. e. a. s. 13. gr. gildandi vegalaga, segir m. a.:

„Stefnt skal að því að leggja bundið slitlag á þá vegarkafla, þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina."

Þetta er svo til nákvæmlega það sama og er í gildandi vegalögum. Það á að stefna að þessu, að leggja bundið slitlag, og ég skil þetta orðalag svo, að þetta verkefni, þetta sjónarmið eigi í raun og veru að hafa forgang, eins og það hefur haft með svo til sams konar orðalagi í gildandi vegalögum. Ef þetta er ekki meint, þá væri gott að fá það fram og auðvitað sjálfsagt að breyta þessu orðalagi, ef menn meina ekki það sem þarna verður lesið út úr og á engan hátt annan. Þess vegna væri nauðsynlegt að fá **þarna inn miklu skýrara** orðalag hver stefnan eigi að vera.

Ég heyrði það á sumum hv. þm. í samgn. og ég býst við að hæstv. samgrh. verði hér með einhverjar yfirlýsingar á eftir varðandi þetta, hvernig beri að túlka þessa gr. í frv. Það er út af fyrir sig gott ef yfirlýsing kemur í þá átt að hér sé alls ekki meint það sem sagt er, heldur eigi að framkvæma á annan veg í raun og veru heldur en orðin í raun og veru segja hér. En ég vil þó taka það fram, að það er alls ekki allt fengið með því þó að hæstv. ráðh. gefi yfirlýsingu um þetta. Ég vil á engan hátt fyrir fram gera því skóna að það megi ekki fara eftir yfirlýsingum hæstv. samgrh. En við erum því miður farnir að kannast við það, að sumir hverjir ráðh. hafa gefið hér óbrjótandi yfirlýsingar sem engin hefur staðist. Og það verður því a. m. k. af minni hálfu að gjalda varhuga við að það fari fram eftir þeim yfirlýsingum sem hæstv. ráðh. kunna að gefa.

Þetta var sem sagt eitt atriði sem fyrst og fremst voru skiptar skoðanir um. Það er stefnumörkun í málinu.

Í öðru lagi var mikið rætt um þá ákvörðun, sem er í 1. gr. frv. og er, ef ég man rétt, svo til samhljóða því sem er í 10. gr. gildandi laga,

þ. e. að samgrh og vegamálastjóri skipti þeim upphæðum sem eiga að koma annars vegar til stofnbrauta og hins vegar til þjóðbrauta, að það liggi fyrir ákveðin hlutfallsskipting frá samgrh. milli þessara tveggja þátta í framkvæmdum.

Í þriðja lagi sýnist mér og ég hygg mörgum fleirum að í þessu frv. sé gert ráð fyrir því að draga úr höndum kjördæmaþm. það áhrifa- eða ákvörðunarvald sem þeir hafa haft til að ráðstafa því fjármagni sem komið hefur í viðkomandi kjördæmi, á hinar einstöku framkvæmdir. Eins og hv. þm. öllum er vafalaust kunnugt, þá hefur það verið svo í framkvæmd á undanförnum árum að fjvn. hefur skipt hlutfallslega upphæðum á kjördæmi, en síðan hafa hinar einstöku kjördæmagrúppur, eins og menn kalla það, ráðstafað fjármagninu, sem í hlut kjördæmisins hefur komið, á einstakar framkvæmdir. Mér sýnist að hér sé breytt til í þá átt að fjvn. eigi að skipta öllu fjármagni á framkvæmdir. Ef það er meiningin, þá lít ég svo á að hér sé í raun og veru verið að draga áhrifavald úr höndum kjördæmaþm. og yfir til fjvn., án þess að ég vilji á nokkurn hátt gera lítið úr eða lasta störf fjvn. út af fyrir sig. En það verður þó að líta svo á að þm. viðkomandi kjördæma eigi eðlilega að hafa meira um það að segja, hvernig varið er í einstakar framkvæmdir því fé sem kjördæmið fær, heldur en ef fjvn. ætti að skipta því. Þetta stefnir a. m. k. í minum huga gegn því, sem ég vildi að hér yrði gert að því er Alþ. varðar og þm., þ. e. a. s. ég tel að það sé óskynsamlegt að draga þetta vald úr höndum kjördæmaþm. og færa það inn í fjvn.

Hitt skal tekið undir, sem hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði áðan, frsm. n., að í þessu frv. er að finna jákvæða breytingu til þess að styrkja stöðu sýsluvegasjóðanna, þó að mér sýnist að þar þurfi meira að gera til þess að megi við una.

Ég óttast einnig að sá vegflokkur, sem yrði samkv. þessu frv. þjóðbrautir, sá flokkur verði sveltur áfram eins og verið hefur. Ég óttast það mjög. Það er ekkert sem bendir til þess, að það sé ástæða til að ætla annað en sá flokkur vega yrði mjög sveltur, miðað við það sem hér liggur fyrir. Og ég er ekki trúaður á það, því miður, að þessi breyting ein út af fyrir sig, að breyta þjóðbrautum og hraðbrautum í stofnbrautir, leysi þann vanda sem ég og margir fleiri höfum verið að benda á, þ. e. a. s. breyta um stefnu í sambandi við vegamálin. Mér sýnist t. d. að það eigi að leggja áfram mjög aukna áherslu á það sem nú flokkast undir hraðbrautaframkvæmdir. Við vitum allir um Borgarfjarðarbrúna. Það er búið að gefa stefnuna á næsta stórverkefni í slíkum framkvæmdum, þ. e. brúna yfir Ölfusárósa, og við vitum að í þetta fer gífurlegt fjármagn. Hæstv. samgrh. hefur gefið stefnuna. Hann hefur lýst því yfir, að það sé ótvírætt að sínu mati að næsta stórframkvæmd í vegamálum eigi að vera brú yfir Ölfusárósa.

Ég óttast því mjög, að hvað sem hér er sagt eða lagt til í sambandi við þetta frv., þá verði í raun og veru engin breyting í reynd varðandi framkvæmdir í þessum málum, og það er m. a. vegna þess sem ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Ég vil a. m. k. fá að heyra hvort hér kemur eitthvað fram sem ég gæti þá tekið til athugunar, sem yrði í þá átt að það, sem ég hef hér verið að segja, væri ekki rétt, þannig að hæstv. samgrh. líklega fyrst og fremst mundi hér gefa yfirlýsingar um hvað í raun og veru felst í fyrsta lagi og kannske nr. eitt í því sem hér er verið að tala um stefnumörkunina varðandi vegamálin.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég bíð átekta og ætla að sjá til hvað hér kemur fram af hálfu hæstv. ráðh. eða annarra þeirra sem að þessu frv. standa.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 36. fundur.

Mánudaginn 20. des., kl. 4.05 síðdegis.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 212). — Ein umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar, þess efnis, að Alþ. álykti að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 21. des. 1976 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 24. jan. 1977.

Með því að ég hygg að samráð hafi verið haft við forseta þingsins og forsvarsmenn þingflokka og samkomulag orðið um efni þessa máls, þá sé ég ekki ástæðu til þess að till. fari til meðferðar í þn., en óska þess að forseti og Alþingi fjalli um þessa till. og afgreiði hana.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 271).

Umræður utan dagskrár.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vona að það verði ekki til að tefja þingstörf nema örlítið þó að ég kveðji mér hljóðs utan dagskrár, en ástæðan fyrir því er sú ein að vekja athygli á að lög um Viðlagasjóð falla úr gildi nú um n. k. áramót og fellur þá jafnhliða niður sú margþætta starfsemi sem stjórn sjóðsins hefur haft með höndum undanfarin nær 4 ár. En fyrirsjáanlegt er að endanlegt uppgjör að því er varðar reikningsskil til vestmannaeyinga verður ekki fullbúið um næstu áramót þegar stjórnin hættir störfum. Samkv. 21. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands frá 14. maí 1975 er gert ráð fyrir að Viðlagatrygging taki við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. jan. 1977. En þar sem Viðlagatrygging heyrir undir annað rn. en Viðlagasjóður tel ég nauðsynlegt að tekinn verði af allur vafi um að nokkur breyting verði á, þó að eignir og skuldir Viðlagasjóðs verði færðar yfir til Viðlaga-

tryggingar, og endanlegt uppgjör fari fram á vegum þeirrar stofnunar, en ekki á vegum Viðlagasjóðs. Vil ég í því sambandi leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., sem Viðlagasjóður heyrir undir, hvort ekki sé öruggt að þau mál, sem eftir kunna að liggja óuppgerð hjá Viðlagasjóði um næstu áramót, verði gerð upp af stjórn Viðlagatryggingar í samræmi við yfirlýsingu forsrh. frá því í des. 1975.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það er rétt sem kemur fram hjá fyrirspyrjanda, að í 21. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands segir:

„Viðlagatrygging Íslands skal taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. jan. 1977, enda falla þann dag úr gildi lög nr. 4 frá 7. febr. 1973 og lög nr. 5 frá 28. febr. 1975, svo og öll lög um breyt. á þeim lögum.

Nemi skuldir Viðlagasjóðs þann dag meiru en eignir skal ríkissjóður greiða þann mun."

Ríkisstj. hefur fjallað um þá breytingu sem þessu fylgir nú um áramótin, og álit hennar er að í þessu lagaákvæði felist að Viðlagatrygging Íslands taki við öllum skuldbindingum Viðlagasjóðs.

Þingkjörin stjórn Viðlagasjóðs vinnur nú að því að taka þær ákvarðanir sem hún telur nauðsynlegar til að hún geti lokað reikningum sjóðsins miðað við næstu áramót. Í byrjun næsta árs mun stjórnin síðan vinna að lokauppgjöri sínu og semja skýrslu um störf sín sem væntanlega verður kynnt hér á Alþ.

Skrifstofa Viðlagasjóðs mun starfa áfram, bæði við reikningsuppgjör á vegum fráfarandi stjórnar og eins að þeim úrlausnarefnum sem ólokið kann að verða og þá í umboði stjórnar Viðlagatryggingar.

Fyrirspyrjandi spyr „hvort ekki sé öruggt að þau mál, sem eftir kunna að liggja óuppgerð hjá Viðlagasjóði um næstu áramót, verði gerð upp af stjórn Viðlagatryggingar í samræmi við yfirlýsingu forsrh. frá því í des. 1975".

S.l. föstudag barst mér skeyti frá uppbyggingarnefnd Neskaupstaðar þar sem þess er eindregið farið á leit „að starfsemi Viðlagasjóðs verði haldið áfram eftir áramót á einhvern þann hátt sem tryggi að hægt sé að ljúka uppgjöri tjóna með eðlilegu móti".

Yfirtaka Viðlagatryggingar Íslands á skuldbindingum Viðlagasjóðs felur í sér að þeir, sem eiga eftir að gera upp mál sín við sjóðinn þegar hann lýkur störfum, geta borið þau upp við stjórn Viðlagatryggingar. Við úrlausn þeirra mun hún fara að þeim lögum og reglugerðum sem nú gilda um Viðlagasjóð, enda eru ákvæði þeirra sérstaklega sett vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og Norðfirði.

Að lokum finnst mér ástæða til að víkja að því mikla starfi sem stjórn Viðlagasjóðs hefur unnið á starfstíma sínum. Miklir fjármunir hafa um sjóðinn farið og úrlausnarefni stjórnar hans snert jafnt vandræði einstakra fjölskyldna og framtíð heilla byggðarlaga. Auðvitað sýnist sitt hverjum þegar margir eiga í hlut og miklum fjármunum er deilt út á grundvelli tjónamats. Stjórn Viðlagasjóðs hefur lokið öllum meiri háttar úrskurðarefnum sem á hennar borð hafa komið. Um leið og ég þakka stjórninni störf hennar vil ég ítreka það sem ég áður sagði, að stjórn Viðlagatryggingar Íslands tekur við óleystum úrlausnarefnum Viðlagasjóðs. Verður þannig staðið við allar skuldbindingar og yfirlýsingar þar að lútandi.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. svar hans við fsp. minni.

Fjárlög 1977, frv. (þskj. 186, n. 231, 232, 236, 253, 254). — 3. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við 1. umr. fjárlagafrv. vék ég að gerð lánsfjáráætlunar 1977. Þá var að því stefnt að síðari hluta nóvembermánaðar yrði unnt að gera Alþ. grein fyrri áætlun þeirri sem nú er lögð fram. Lánsfjáráætlun hefur nú verið samin öðru sinni, en því miður hefur ekki tekist að hafa hana fyrr á ferðinni en í fyrra. Þessu veldur annars vegar að allt kapp hefur verið lagt á að vanda sem mest til verksins, ekki síst með því að áætlunin væri í samræmi við fjárlagatill. og till. ríkisstj. um fjáröflun með lántökum, og hins vegar hefur það tafið áætlunina að ákvarðanir um einstakar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra hljóta ætíð að taka nokkurn tíma.

Lánsfjáráætlunin fyrir árið 1976 var hin fyrsta sem tók til allrar lánastarfsemi í landinu. Í henni voru settar fram hugmyndir um þróun í lánamálum sem væri í samræmi við og stefndi að yfirlýstum markmiðum ríkisstj. í efnahags- og fjármálum. Eins og eðlilegt má telja við hverja frumraun hefur ýmislegt farið öðruvísi en ætlað var. Í heild má þó fullyrða að lánsfjáráætlunin 1976 hafi gefið gagnlegt yfirlit yfir starfsemi allra lánastofnana í landinu og auðveldað stjórn lánamála. Nokkuð skortir enn á að lánskjör og ýmis atriði önnur, sem áhrif hafa á lánahreyfingar, séu ákveðin með samræmdum hætti. Að þessu verður hugað sérstaklega við framkvæmd lánsfjáráætlunar næsta árs sem hér er lögð fram.

Lánsfjáráætlunin fyrir árið 1977 er samin eins og áður í samvinnu stofnana: fjmrn., Seðlabanka Íslands, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Þjóðhagsstofnunar, Sambands ísl. viðskiptabanka, félmrn., Húsnæðismálastofnunar og viðskrn. Efni um opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra var unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Undirbúningsvinna að því er tekur til lánamála var að meginhluta unnin í hagfræðideild Seðlabankans. Áætlunin er reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar, dags. 7. des. s.l., og spá Seðlabankans um þróun greiðslujafnaðar 1977.

Í skýrslunni er fyrst fjallað um efnahagsmarkmið ríkisstj. og efnahagshorfur áætlunarinnar. Þá er fjallað um meginniðurstöður lánsfjáráætlunar fyrir lánamarkaðinn í heild og hvað varðar banka, fjárfestingarlánasjóði og lífeyrissjóði. Þá er gerð grein fyrir áætlun ríkisstj. um opinberar framkvæmdir, sem fjár er aflað til með lánum, svo og áformum um erlendar lántökur. Loks er fjallað um fjármunamyndunarspá fyrir árið 1977. Niðurstöður eru sýndar ítarlega í töflum. Í heild gefur skýrslan yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun lánsfjár 1976 og skiptingu þess eftir lántakendum og áætlun fyrir 1977.

Meginforsendur lánsfjáráætlunar þessarar eru núverandi staða og horfur í efnahagsmálum og helstu stefnumið ríkisstj. í efnahagsmálum næsta árið. Ríkisstj. hefur lýst þeirri meginstefnu sinni í efnahagsmálum, að á árinu 1977 væri að því stefnt að minnka hallann á viðskiptajöfnuði þjóðarbúsins og draga verulega úr hraða verðbólgunnar, jafnframt því sem full atvinna væri tryggð og hagvöxtur vakinn á ný eftir afturkipp síðustu tveggja ára. Eigi að takast að ná þessum markmiðum öllum í senn þarf samstillingu aðgerða á öllum sviðum efnahagsmála. Lánsfjáráætlunin fyrir árið 1977 er liður í þessari viðleitni.

Í samræmi við ofangreind markmið og það mat á núverandi stöðu og horfum, sem fram koma í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar, er að því stefnt að viðskiptahallinn við útlönd verði hálfu minni árið 1977 en árið 1976 eða 1.9% af þjóðarframleiðslu borið saman við 3.6% halla 1976 og 11½% halla 1975 og 1974. Eigi þessi árangur að nást þarf að stilla aukningu þjóðarútgjalda mjög í hóf. Í þjóðhagsspánni er reiknað með að þjóðarframleiðslan aukist um 1½%, en raungildi þjóðartekna nokkru meira eða 2½% vegna heldur betri viðskiptakjara við önnur lönd en á þessu ári. Innan þess ramma er reiknað með 3% vexti einkaneyslu, þ.e. að einkaneysla vaxi líkt og þjóðartekjur, að samneysla aukist um 2%, en fjármunamyndun verði 5—6% minni en 1976. Samdrátt fjármunamyndunar má allan rekja til stórframkvæmda og er því í reynd stefnt að 4% aukningu almennra framkvæmda. Í heild er þannig reiknað með um 1% aukningu þjóðarútgjalda. Með þessum hætti er að því stefnt að verja þriðjungi aukningar þjóðarframleiðslunnar og öllum viðskiptakjarabatanum, sem metinn er sem rúmlega 1% af þjóðarframleiðslunni, til að draga úr viðskiptahallanum við útlönd.

Ríkisstj. leggur mikla áherslu á að takast megi að draga úr verðhækkunum á árinu 1977. Eins og nú stendur má telja að fram til miðs næsta árs hafi verðbreytingum í meginatriðum verið markaður farvegur með ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar. Í árslok 1976 er almennt verðlag í landinu 12% hærra en meðallag ársins og byggingarkostnaður 9% hærri. Fyrstu sex mánuði næsta árs er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir 8—10% hækkun verðlags. Takist, eins og að er stefnt, að koma verðbreytingum frá miðju næsta ári til ársloka niður í 6—7%, þ.e. 12—15% á ári, væru því engu að síður horfur á 23—24% meðalhækkun neysluverðlags og 21% hækkun byggingarkostnaðar 1977. Við þetta er miðað í fyrrgreindri þjóðhagsspá, og svo er einnig í lánsfjáráætluninni. Þó verður peningastærðum hennar yfirleitt skorinn heldur þrengri stakkur en þessi forsenda felur í sér, þannig að lánakerfið vinni ekki gegn viðleitninni til að draga úr verðbólgu, heldur styðja hana.

Samkv. fyrirliggjandi þjóðhagsspá 1977 er reiknað með að á árinu 1977 verði í heild varið um 85.6 milljörðum kr. til fjármunamyndunar í landinu. Er þá annars vegar gert ráð fyrir að byggingarkostnaður verði að meðaltali 21% hærri 1977 en 1976 og hins vegar að raungildi fjármunamyndunar verði um 5—6% minna en á árinu 1976. Meginástæða þess, að reiknað er með samdrætti í fjármunamyndun á árinu 1977, er að á árinu mun að mestu lokið stórframkvæmdum þeim í raforkumálum sem staðið hafa yfir við Sigöldu og Kröflu, án þess að þegar séu á döfinni aðrar framkvæmdir af því tagi. Í spánni er gert ráð fyrir að til Sigöldu- og Kröfluvirkjana verði varið 3.7 milljörðum kr. á árinu 1977, en ætla má að í ár muni framkvæmdakostnaður við þessar virkjanir nema um 10.8 milljörðum kr. Þá er reiknað með að innflutningur skipa og flugvéla 1977 verða meira en helmingi minni í ár og nemi um 3 milljörðum kr. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna að Grundartanga eru hins vegar taldar munu vega á móti samdrættinum í stórframkvæmdum og sérstökum innflutningi fjárfestingarvöru að nokkru leyti. Innflutningur til framkvæmdanna að Grundartanga er talinn verða um 2.5 milljarðar, en heildarframkvæmdakostnaðurinn um 5.5 milljarðar kr.

Fjármunamyndun, önnur en með sérstökum framkvæmdum og kaupum skipa og flugvéla, er talin aukast um 4% á næsta ári. Fjármunamyndun atvinnuveganna er í heild talin munu verða e.t.v. 2% meiri en í ár og stafar aukningin nær einvörðungu af framkvæmdum á Grundartanga. Að þeim frátöldum er því búist við að fjármunamyndun atvinnuveganna verði e.t.v. um 12% minni 1977 en á þessu ári. Íbúðabyggingar á árinu 1977 eru taldar verða svipaðar að magni og á þessu ári. Opinber fjárfesting er loks talin dragast saman um 16% á næsta ári vegna minni raforkuframkvæmda en í ár, en hins vegar verða fjárfestingar hitaveitna enn auknar verulega.

Þessar spár um fjármunamyndun á árinu 1977 hafa svo sem unnt hefur reynst verið samdar í samræmi við fjárveitingatillögur fjárlagafrv. og lántökuáform. Þær tillögur og ákvarðanir um opinberar framkvæmdir, sem þar koma fram, gefa til kynna að hreinar ríkisframkvæmdir dragist saman um 39% á árinu 1977, en að frátöldum virkjunarframkvæmdum við Sigöldu og Kröflu aukast hreinar ríkisframkvæmdir um 7%. Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga eru taldar aukast um 15%. Og loks er reiknað með að framkvæmdir í umsjá sveitarfélaga einna aukist um fimmtung á árinu 1977, einkum vegna aukinna hitaveituframkvæmda.

Að gefnum markmiðum ríkisstj. og horfum fram undan í efnahags- og peningamálum er ljóst að lánsfjárframboð verður að takmarka við nauðsynlegustu framkvæmdir og brýnustu rekstrarfjárþörf atvinnuveganna og að draga verður úr lántökum sem hvetja til innflutnings eða umframeftirspurnar, eftir því sem við verður komið. Sérstaklega er nauðsynlegt að draga úr peningaútstreymi úr Seðlabankanum og lántökum erlendis, því að framboð lánsfjár verður að byggjast á innlendum sparnaði í ríkari mæli en verið hefur. Þetta er meginatriði þessarar lánsfjáráætlunar. En á sama hátt var það meginatriði lánsfjáráætlunar þessa árs að draga að marki úr heildarframboði lánsfjár. Það hefur hins vegar tekist miður en skyldi í ár og því enn brýnna að árangur náist í þessum efnum á næsta ári. Því verður að leggja þunga áherslu á að stefna í lánamálum allra lánastofnana, viðskiptabankanna ekki síður en fjárfestingarlánasjóða, miðist miklu nánar en hingað til við þann ramma

sem lánsfjáráætlunin setur. Ég hygg að í þessu sambandi sé hollt að huga nokkru nánar að hversu til hefur tekist í ár.

Í lánsfjáráætlun þessa árs var að því stefnt að hreint framboð lánsfjár, þ.e. veitt ný lán að frádregnum afborgunum, yrði um 16½% minna en 1975. Reyndin sýnist hins vegar verða sú, að hreint lánsfjárframboð aukist um 10% í ár. Samdrátturinn, sem stefnt var að í fyrra, var við það miðaður að verulega yrði dregið úr skuldaaukningu ríkisins og að skuldir einkaaðila ykjust um svipað hlutfall og árið áður. Þrátt fyrir að verulegur árangur hafi náðst í ár í stjórn ríkisfjármála hafa skuldir ríkisins aukist meira en ætlað var eða um rúma 11 milljarða kr., samanborið við þá 7.6 milljarða kr. aukningu sem að var stefnt. Þessu veldur einkum að opinberar framkvæmdir, ekki síst raforkuframkvæmdir, hafa orðið talsvert dýrari en ætla mátti við afgreiðslu fjárlaga þessa árs. Skuldaaukning einkaaðila vegur þó mun þyngra í heildinni, því að í stað þess að hún yrði svipuð og árið áður, eins og að var stefnt, er nú sennilegt að hreinar lántökur einkaaðila verði um 8 milljörðum kr. meiri en 1975.

Í lánsfjáráætluninni fyrir árið 1977 er á ný stefnt að því að hreint lánsfjárframboð dragist saman, alls um 12½%. Er þá annars vegar reiknað með að lán til opinberra aðila minnki um helming í krónutölu, en hins vegar að lánsfjárnotkun einkaaðila aukist lítið eitt í heild þótt lán til íbúðabyggjenda aukist nokkuð.

Helstu niðurstöður lánsfjáráætlunar hvað varðar einstaka hluta lánakerfisins má setja fram í fáum orðum. Hvað bankakerfið áhrærir er stefnt að því að bæta gjaldeyrisstöðu og lausafjárstöðu innlánsstofnana, einkum með því að dregið verði úr útlánaaukningu bankanna. Útlán innlánsstofnana aukast sennilega um þriðjung á þessu ári og er það mun meira en að var stefnt, en á næsta ári verður leitast við að takmarka útlánaaukningu þeirra við 20%. Ljóst er að breytingin, sem hér er að stefnt, mun ekki nást nema staða ríkissjóðs við Seðlabankann batni á næsta ári, eins og að er stefnt við afgreiðslu fjárlaga. Útlán fjárfestingarlánasjóða aukast sennilega um 22% í ár, sem telja verður fremur hóflega aukningu þótt hún sé meiri en að var stefnt. Á næsta ári er reiknað með að ný útlán sjóðanna verði um 22% meiri en í ár, en þar af aukist útlán atvinnuvegasjóða um rúmlega 16%, en íbúðarlánasjóða um 32½%, og er það í samræmi við stefnu ríkisstj. um lánveitingar til verkamannabústaða, leigu- og söluíbúða sveitarfélaga og leiguíbúða aldraðra og öryrkja, auk lána til kaupa eldri íbúða.

Í skýrslunni kemur fram að lánsfjárþörf til ríkisframkvæmda 1977 nemur 10 milljörðum 280 millj. kr. þegar allt er talið, og er áformað að þar af verði 3410 millj. kr. aflað innanlands. Þörf fyrir erlendar lántökur ríkisins nemur því 6 milljörðum 870 millj. kr., en auk þess þarf að afla 2 milljarða 862 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs. Frv. til l. um heimild til þessarar erlendu lántöku hefur þegar verið flutt og hef ég hér engu að bæta við framsöguræðu mína fyrir því frv.

Í áætlun um erlendar lántökur á næsta ári er í heild gert ráð fyrir að þær nemi tæpum 20.9 milljörðum kr., en það er lítið eitt hærri fjárhæð í krónum en á þessu ári, en vitaskuld lægri í gjaldeyri reiknað. Í þessu sambandi er og til þess að líta að endurgreiðslur erlendra lána aukast að mun á næsta ári, þannig að hrein aukning langra erlendra skulda verður 2 milljörðum kr. minni en á þessu ári. Erlendar lántökur verða þó áfram afar miklar. Ég tel því brýnt að hvergi sé gengið lengra í lánveitingum en lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir.

Ég tel engan vafa á að þrátt fyrir byrjunarörðugleika muni lánsfjáráætlunin reynast varanleg framför í íslenskri efnahagsstjórn. Farsæl framvinda efnahagsmála er undir því komin að lánamálin í heild verði tekin föstum tökum. Hér skiptir helst máli að útgjöldum sé þegar til lengdar lætur haldið innan þeirra marka sem þjóðartekjurnar setja og dregið sé úr erlendum lántökum fyrir árið sem fer í hönd. Á komandi ári verður unnið að því að bæta úr þeim göllum sem í ljós komu við framkvæmd síðustu lánsfjáráætlunar.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur á milli umr. rætt ýmsa þætti fjárlagafrv. og tekið til nánari athugunar erindi sem hjá n. lágu og voru óafgreidd. Þá tók n. einnig til athugunar till. þær, sem þm. fluttu við 2. umr. og teknar voru aftur til 3. umr. Í sumum tilfellum hefur n. komið á móti óskum þm. og tekið upp till. um fjárveitingar þó að fjárupphæðir séu í flestum tilfellum lægri en farið var fram á.

Svo sem ég gat um við 2. umr. eru nú fyrir hendi breyttar forsendur fyrir grundvelli fjárlagafrv. frá því sem var, þegar frv. var samið. Afleiðingar þeirra kaup- og verðlagsbreytinga, sem átt hafa sér stað og séð verður fyrir í náinni framtíð, hafa raskað verulega þeim grundvelli sem fjárlagafrv. er byggt á. Því hefur Þjóðhagsstofnun og fjárlaga- og hagsýslustofnun nú tekið til endurskoðunar allan þjóðarbúskapinn og látið fjvn. í té allar upplýsingar um áhrif þessa varðandi fjárlagagerðina.

Í grg. Þjóðhagsstofnunar kemur m. a. fram að nú liggi fyrir vitneskja um innheimtu ríkissjóðs á fyrstu 11 mánuðum ársins 1976. Þessi vitneskja er talin vera í samræmi við þá áætlun um ríkistekjur á árinu sem fjárlagafrv. var reist á.

Þá hefur Þjóðhagsstofnun sett fram nýja þjóðhagsspá fyrir árið 1977. Breytingar þjóðarútgjalda á næsta ári samkv. þessari nýju spá eru taldar nema um ½% til aukningar, eða 2½% í stað 2% sem fjárlagafrv. er byggt á. Innflutningur er talinn aukast á sama hátt um 1%. Hins vegar telur Þjóðhagsstofnun að meginbreytingin, sem áhrif hefur á tekjur og gjöld ríkissjóðs á næsta ári, felist í þeirri þróun kaupgjalds- og verðlagsmála sem er til hækkunar umfram þær forsendur sem frv. er byggt á.

Nú er komin fram 3½% hækkun launa og verðlags, og er það talið geta leitt til þess að meðalverðlag geti orðið 6—7% hærra og innflutningsverðlag í íslenskum krónum og almennt kaupgjald 7—8% hærra en reiknað er með í fjárlagafrv. Að því er nú stefnt að þessar

breyttu forsendur séu að fullu teknar til greina við endanlega afgreiðslu fjárlaga.

Til þess að auðvelda samanburð á fjárl. milli ára verður að byggja á sömu forsendum og áður, þ. e. á desemberverðlagi. Telur Þjóðhagsstofnun að mismunurinn, sem um er að ræða ef nú væri lagt til grundvallar desemberverðlag, sé um 6 milljarðar kr. sem fjárlagaupphæðin yrði lægri en þær forsendur gefa sem nú er reiknað með. Hitt er svo annað mál, að með þessum hætti ætti öll fjármálastjórn ríkisins að geta orðið auðveldari og traustari en ella.

Eins og fram kemur í brtt. fjvn., sem ég mun síðar víkja að, er um verulegar útgjaldahækkanir að ræða sem n. hefur látið reikna út og fengið um þær upplýsingar frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Nemur þar mestu hækkun til Tryggingastofnunar ríkisins um 1510 millj. kr. og vegna launa- og verðlagsmála samtals 2007 millj. kr. Er þessi síðari upphæð tekin inn á einn lið í gjaldabálki frv. samkv. brtt. fjvn., en deilist síðan að sjálfsögðu hlutfallslega út á einstaka gjaldaliði.

Með hliðsjón af því, sem ég hef nú greint frá, eru till. fjvn. og meiri hl. fjvn. gerðar. Mun ég nú víkja að brtt. fjvn. á þskj. 253.

Kemur þar fyrst brtt. við 4. gr. frv., embætti forseta Íslands. Þar er lagt til að viðhaldsliður lækki um 8 millj. kr., en það er í samræmi við endurskoðaða áætlun sem gerð hefur verið um viðhaldskostnað á forsetabústaðnum.

Við forsrn. er lagt til að launaliður hækki um 1.3 millj. kr., en það er vegna ráðningar á næturverði í ráðuneytishúsinu.

Þá koma næst brtt. við menntmrn., aðalskrifstofa. Lagt er til, að launaliður hækki um 1 millj. 530 þús. kr. og er það vegna ráðningar á fulltrúa í rn. fyrir kennslu afbrigðilegra barna.

Við Raunvísindastofnun háskólans hækkar launaliður um 1.8 millj. kr. og þá ráðgert að ráða að stofnuninni jarðskjálftafræðing. Er þessi starfsráðning talin óhjákvæmileg með hliðsjón af þeim miklu umsvifum sem nú eiga sér stað í viðtækum rannsóknum á þessu sviði, og er þá sérstaklega höfð í huga sú könnun sem nú á sér stað hér á Suðurlandi.

Þá er lagt til að við Rannsóknaráð ríkisins hækki launaliður um 1.3 millj. kr., en það er vegna ráðningar á einum ritara fyrir Rannsóknaráð.

Þessu næst er lagt til, að inn verði teknir tveir nýir liðir, þ. e. til Tónlistarskólans í Garðabæ 500 þús. og til Tónlistarskólans á Hellissandi 500 þús.

Við liðinn héraðsskólar, gjaldfærður stofnkostnaður er lagt til að fjárveiting hækki um 5 millj. kr. Um sundurliðun á heildarupphæðinni vísast til þess sem fram kemur á þskj.

Þá kemur næst brtt. við grunnskóla. Er þar lagt til að inn verði tekinn nýr liður til umferðarfræðslu í skólum að upphæð 2 millj. 150 þús. Af þeirri upphæð er gert ráð fyrir að verja þurfi um 500 þús. kr. vegna kostnaðar við starfið. Liðurinn framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta og fatlaða unglinga til náms er lagt til að hækki um 200 þús. kr. og verður þá heildarliðurinn 500 þús.

Þá er lagt til, að fjárveiting vegna samningar á íslensk-enskri orðabók hækki um 300 þús. kr., en þetta verkefni er talið að sé nú komið vel á veg.

Til Sambands ísl. karlakóra er till. um 153 þús. kr. fjárveitingu.

Næst kemur liðurinn Íþróttasjóður, til byggingar íþróttamanvirkja. Lagt er til, að fjárveiting hækki um 30 millj. kr., en um skiptingu á heildarfjárveitingunni vísast til þess er fram kemur í sérstöku yfirliti. Um þennan fjárlagalið er það að segja, að fyrir nokkru var gert sérstakt samkomulag við sveitarfélögin um að ljúka greiðslum á þeim skuldahala sem safnast hafði upp um nokkurt árabil. Var þá um það samið að umræddur skuldahali yrði greiddur upp á fjögurra ára tímabili. Þegar þessi samningur var gerður féllu sveitarfélögin frá kröfu um verulega fjárupphæð sem þau áttu þá á hendur ríkissjóði. Nú virðist því miður allt sækja í sama horfið í þessum efnum. Ef gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði sinn hluta samkv. lögum, þá vantar hér allverulega á að við mótframlag ríkissjóðs sé staðið eins og áætlað var. Það er mitt álit að af hendi ríkisins verði að taka þessi mál fastari tökum en gert hefur verið. Því miður hefur það átt sér stað í allt of mörgum tilfellum að sveitarfélög hafa hafið framkvæmdir á íþróttamannvirkjum eða fest kaup á dýrum tækjum til íþróttaiðkana án þess að umrædd framkvæmd eða kaup hafi verið tekin inn með fjárveitingu á fjárlögum. Afleiðing þessa hefur orðið sú, að íþróttafulltrúi og Íþróttanefnd ríkisins hafa að sjálfsögðu brýst á fjvn. um síauknar fjárveitingar í þessu skyni. Að sjálfsögðu ber að viðurkenna að hér er um þýðingarmikið málefni að ræða sem snýr að æsku þjóðarinnar og í mörgum tilfellum er um mikil verðmæti að ræða sem þessir aðilar láta í té við sjálfboðaliðsvinnu á einn eða annan hátt. Staðreyndin er hins vegar sú, að ríkissjóður þarf í mörg horn að líta og því þarf að gera sér grein fyrir þessu málefni sem öðrum á sem raunhæfastan hátt. Það er sem sagt mitt álit að endurskoða þurfi málefni Íþróttasjóðs milli þinga eða fjárlaga og reynt verði að standa að málinu eins og lög gera ráð fyrir.

Næst er lagt til að inn séu teknir tveir nýir liðir, til KFUM í Vatnaskógi 500 þús. kr. og til starfsemi KFUK í Vindáshlíð 100 þús., en liðurinn KFUM og KFUK starfsstyrkur, lækkar hins vegar um 350 þús. kr. og verður 670 þús. Sá liður var hækkaður við 2. umr. sem þessu nemur og verður því um heildarhækkun á fjárveitingu til starfsemi KFUM og KFUK að ræða sem nemur 600 þús. kr. frá því sem er í fjárlagafrv.

Þá er lagt til að liðurinn til Frjálsíþróttasambands hækki um 100 þús.

Næst koma till. n. um fjárveitingar til þriggja náttúrugripasafna, en það er til Náttúrugripasafns Neskaupstaðar 100 þús. hækkun, til Náttúrugripasafns Vestmannaeyja 100 þús. hækkun og til Náttúrugripasafnsins í Borgarnesi 200 þús. kr. hækkun, en þannig verða öll þessi söfn með jafna fjárveitingu. Hér er um byggingarstyrk að ræða og greiðslu á stofnkostnaði til umræddra safna.

Til Hins íslenska náttúrufræðifélags er lagt til að fjárveiting hækki um 75 þús., til Taflfélags Reykjavíkur um 100 þús. og til Dýraverndunarfélags Íslands um 50 þús. kr.

Þá er lagt til, að inn séu teknir nýir liðir, sem hér segir: Til safnahúss á Blönduósi 300 þús. kr., til safnahúss á Sauðárkróki 300 þús., til safnahúss á Húsavík 300 og til Héraðsskjalasafnsins á Egilsstöðum 300 þús. kr. Hér er á sama hátt og áður um fjárveitingu að ræða til að standa straum af stofnkostnaði.

Þá eru tvær brtt. sem varða utanrrn. Kemur þar fyrst till. um að launaliður hækki um 20 millj. kr. og liðurinn önnur rekstrargjöld um 9 millj. Hér er einungis um leiðréttingu að ræða sem byggð er á breyttum forsendum vegna gengissigs.

Hin till. er um aðstoð við þróunarlöndin, að hún hækki um 12 millj. kr. og verði þá heildarupphæð í þessu skyni 25 millj. kr.

Við landbrn. eru nokkrar brtt. Þar er lagt til að launaliður aðalskrifstofu hækki um 1½ millj. kr. Er það til ráðningar á einum nýjum starfsmanni.

Liðurinn Jarðeignir ríkisins hækkar um 7 millj. kr., en það er vegna óhjákvæmilegra greiðslna sem Jarðeignir ríkisins verða að inna af hendi á næsta ári.

Til Búnaðarfélags Íslands hækkar launaliður um 1½ millj. vegna ráðningar á tölvufulltrúa.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er lagt til að inn sé tekinn nýr liður: Til rannsókna á heyverkunaraðferðum 3 millj. kr. Hér er talið að um brýnt verkefni sé að ræða og liggja fyrir Alþ. nú þegar þáltill. sem ganga í þessa átt.

Til Landnáms ríkisins er lagt til að liðurinn vextir hækki um 2 millj. kr.

Til Garðyrkjufélags Íslands er till. um 60 þús. kr. hækkun og til Ærðarræktarfélags Íslands hækkar fjárveiting um 50 þús.

Til Tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands er lagt til að fjárveiting hækki um 1½ millj. kr. og verður þá samtals 3 millj., en það er styrkur til byggingar á tilraunafjósi sem er í byggingu á vegum Búnaðarsambands Suðurlands.

Loks er svo fárveiting til framkvæmda á laxastiga í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu að upphæð 75 millj. kr., en upphæð þessi er fjármögnuð með fé samkv. lánsfjáráætlun. Hér er um framkvæmd að ræða vegna samnings sem gerður var við landeigendur Laxár.

Þessu næst koma brtt. sem varða sjútvrn. Koma þar fyrst brtt. við Hafrannsóknastofnun. Er þar um að ræða leiðréttingar- og viðbótarfjárframlög á ýmsum liðum stofnunarinnar varðandi laun, önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærðan stofnkostnað. Samtals er hér um upphæð að ræða sem nemur 45.7 millj. kr., þar af eru 700 þús. kr. vegna ráðningar hálfs starfsmanns við útibú stofnunarinnar á Húsavík.

Þá koma næst tvær brtt. varðandi Fiskveiðasjóð og er þar aðeins um orðalagsbreytingu að ræða.

Við þetta rn. er svo lagt til að inn sé tekinn nýr liður: Fiskileit, vinnslutilraunir og markaðsöflun, að upphæð 150 millj. kr. Í sambandi við

þennan lið vil ég vísa til þess sem ég sagði um þetta málefni við 2. umr. málsins.

Næst koma brtt. sem varða dómsmrn. Þar kemur fyrst að lagt er til að inn sé tekinn nýr liður: Rannsóknarlögregla ríkisins 15 millj. kr. Hér er um fjárveitingu að ræða til framkvæmda á löggjöf sem Alþ. hefur nú nýlega samþykkt. Hvort hér er um raunhæfa upphæð að ræða verður ekki sagt að svo stöddu og verður reynslan að skera þar úr hvað hér er um kostnaðarsamt verkefni að ræða. Þessari heildarupphæð er lagt til að skipta þannig, að á launalið komi 8 millj. kr., önnur rekstrargjöld 3 millj. og gjaldfærður stofnkostnaður 4 millj.

Þessu næst koma svo tvær brtt. um nýjar mannaráðningar við sýslumannsembættið í Stykkishólmi og sýslumannsembættið á Patreksfirði. Er gert ráð fyrir að ráða einn fulltrúa á hvorn stað og er heildarkostnaður 3 millj kr. Við sýslumannsembættið á Selfossi er hins vegar lagt til að fjárveiting hækki um 25 millj., en ástæðan til þess er sú, að þegar gengið var frá fjárlagafrv. lágu ekki fyrir upplýsingar eða till. frá viðkomandi rn. um nauðsynlegar breytingar til hækkunar á hinum ýmsu kostnaðarliðum. Hér er því nánast um óbreytta upphæð að ræða í frv. svo sem er í fjárl. yfirstandandi árs. Varðandi hækkanir sem lagt er til að komi á hina ýmsu kostnaðarliði við embættið vísast til þess sem fram kemur á þskj., en hér er sem sagt um upphæð að ræða til hækkunar sem nemur 25 millj. kr.

Þá er næst brtt. við Landhelgisgæslu. Lagt er til að liðurinn 07 Landhelgissjóður hækki um tæplega 77 millj. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að lánagreiðslur eru fluttar af almennum lánagreiðslum ríkissjóðs yfir á Landhelgissjóð.

Til almannavarna er brtt. til hækkunar um 1 millj. kr. Er sú upphæð ætluð til að standa undir kostnaði við áframhaldandi snjóflóðarannsóknir.

Þá eru brtt. sem varða félmrn. Lagt er til að liðurinn Styrktarsjóður vangefinna hækki úr 40 millj. kr. í 105 millj. Svo sem kunnugt er voru í gildi lög um markaðan tekjustofn, svokallað tappagjald, til fjáröflunar fyrir þennan sjóð. Ríkisstj. hefur nú ákveðið að flutt verði frv. til l. um framlengingu á þessum markaða tekjustofni, og þá um leið ákveðið að hækka gjaldið til samræmis við breytt verðlag. Mun ætlunin að gjaldið verði 7 kr. á hverja flösku og þessi upphæð er miðuð við að svo verði.

Þá er lagt til að liðurinn Jafnréttisráð hækki um 1100 þús., en það er til leiðréttingar svo að unnt verði að standa undir kostnaði við framkvæmd laga sem hér um ræðir.

Til Öryrkjabandalags Íslands kemur nýr liður að upphæð 1 millj. Þá er lagt til að inn verði tekinn annar nýr liður: Ferlivistarnefnd fatlaðra, 200 þús. kr.

Næst koma brtt. sem varða heilbr.- og trmrn. Lagt er til að liðurinn Tryggingastofnun ríkisins hækki um 1510 millj., eins og ég gat um áður, og verður þá samtals fjárveiting til Tryggingastofnunar ríkisins 21 milljarður 691 millj. 500 þús. kr. Er þessi hækkun, eins og ég hef áður greint frá, vegna breyttra forsendna varðandi kaupgjalds- og verðlagsmál.

Þá koma nokkrar brtt. varðandi Landsspítalann, Fæðingardeild Landsspítalans, Kleppsspítalann, Vífilsstaðaspítala og Kópavogshæli. Þær breytingar, sem er hér um að ræða, eru gerðar vegna endurskoðunar sem átt hefur sér stað á rekstri þessara stofnana innbyrðis og hefur ekki heildaráhrif til hækkunar eða lækkunar á niðurstöður fjárlagafrv. Um einstaka liði varðandi þessar breytingar sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, en vísa til þess sem fram kemur á þskj.

Við liðinn til sjúkrahúsa og læknisbústaða er lagt til að inn sé tekinn nýr liður við læknisbústaði: Fáskrúðsfjörður, að upphæð 2 millj. kr. Hér er um leiðréttingu að ræða sem féll niður við fyrri afgreiðslu.

Þá er lagt til að liðurinn héraðslæknar og heilsugæslustöðvar hækki um 29 millj. 160 þús. kr. Er þessi hækkun vegna ráðningar á 4 læknum fyrir heilsugæslustöðvar, þar af 2 í Árbæ, 10 hjúkrunarkonum og 2 ljósmæðrum.

Lagt er til að til Stórstúku Íslands hækki fjárveiting um 400 þús. og verði þá samtals 2.4 millj. kr.

Næst koma brtt. varðandi fjmrn. Við liðinn styrktarfé og ýmis eftirlaun embættismanna og liðinn styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur, eru till. um hækkun sem nema samtals um 8 millj. 586 þús. Um einstakar fjárveitingar á þessum liðum vísast til þess sem fram kemur á þskj.

Þá er lagt til að inn sé tekinn nýr liður: 989 Vegna launa og verðlagsmála. Þar er launaliður sem nemur 1 milljarði 464 millj. kr. og önnur rekstrargjöld 543 millj., eða samtals 2007 millj. kr. Þessar brtt. eru, eins og ég gat um áðan, byggðar á forsendum þeirra breytinga, sem leiðir af endurskoðun á þjóðarbúskapnum sem nú hefur farið fram.

Liðurinn óviss útgjöld er lagt til að lækki um 100 millj. kr.

Þá koma brtt. varðandi samgrn. Vegagerð ríkisins: Gert er ráð fyrir, að tekjurnar hækki um 250 millj. kr. sem skiptist þannig, að 100 millj. kr. er lán og hækkun á mörkuðum tekjustofnum nemur 150 millj. Um vegáætlun er annars það að segja, að hún mun bíða frekari afgreiðslu Alþingis þar til þing kemur saman að afloknu jólafríi. Það skal einnig tekið fram, að fjvn. hefur ekki á þessu stigi málsins tekið afstöðu til fjárfestingarliða, svo sem kaupa á tölvu sem rætt mun hafa verið um af hendi Vegamálaskrifstofunnar.

Til vita- og hafnamála hækkar liðurinn um 300 millj. kr. Er það í samræmi við lánsfjáráætlun og er upphæðin ætluð að mæta kostnaði við kaup á nýju dýpkunarskipi eða þar til gerðum pramma með tækjum sem ætlað er að komi í staðinn fyrir dýpkunarskipið Gretti sem nú hefur verið dæmt ónýtt.

Til hafnarannsókna er lagt til að fjárveiting hækki um 2½ millj. kr. og verður þá samtals 15 millj. Eru þar m. a. hafðar í huga hafnarannsóknir við suðurströndina, eins og nýlega kom fram í umr. hér á Alþingi.

Liðurinn um ferjubryggjur er lagt til að hækki um 7 millj. Um skiptingu á heildarfjárupphæðinni vísast til þess sem fram kemur á sérstökum lista á þskj.

Til Hafnabótasjóðs hækkar fjárveiting um 9.8 millj. og er það í samræmi við lagaákvæði og með hliðsjón af hækkaðri fjárveitingu til hafnarframkvæmda almennt.

Til sjóvarnargarða er lagt til að fjárveiting hækki um 25 millj., þar af 15 millj. til Eyrarbakka til að bæta það mikla tjón sem þar átti sér stað á s. l. ári, eins og öllum er kunnugt um. Að öðru leyti vísast til yfirlits um skiptingu á upphæðinni til einstakra framkvæmda, eins og fram kemur á þskj.

Þá eru brtt. við liðinn hafnamál. Inn kemur nýr liður sem verður 09: Landshöfn í Þorlákshöfn 95 millj. kr. Við liðinn hafnarframkvæmdir við Grundartanga er lagt til að fjárveiting lækki úr 450 millj. í 150 millj. Sú breyting, sem hér er um að ræða, er vegna þess að framkvæmdum við hafnargerðina á Grundartanga mun seinka miðað við það sem áður var fyrirhugað.

Þá kemur næst brtt. við liðinn flugmálastjórn, en þar hækkar fjárveiting um 76 millj. kr., og er það í samræmi við lánsfjáráætlun, en þessari viðbótarupphæð verður varið til kaupa á öryggistækjum og búnaði fyrir flugvellina. Um skiptingu á heildarfjárveitingunni að öðru leyti vísast til þess sem fram kemur á sérstöku yfirliti.

Þá er lagt til, að fjárveiting til flugbjörgunarsveita hækki um 200 þús. kr.

Næst kemur liðurinn ferðamál. Þar hækkar fjárveiting um 11 millj. 833 þús. og er þeirri upphæð ætlað að standa undir kostnaði af störfum Ferðamálaráðs, en þessi liður hafði fallið niður úr frv. E. t. v. var það vegna þess að um ný lög í sambandi við ferðamál var að ræða að þessu sinni og þá kannske gert ráð fyrir að sá nýi tekjustofn, sem er ekki undir 70—80 millj. kr., yrði látinn taka að sér þetta verkefni í heild, og má segja að það sé ekkert óeðlilegt út af fyrir sig.

Næst koma brtt. varðandi iðnrn., en þar er fyrst brtt. varðandi Orkustofnun. Þar er lagt til að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 50 millj. og liðurinn sértekjur er lagt til að hækki um 90 millj.

Þá eru till. fjvn. um skiptingu á fjárupphæð Orkusjóðs að upphæð samtals 1725 millj. kr. Þar er gert ráð fyrir, að verðjöfnunargjald verði 725 millj., framlag til orkurannsókna verði 150 millj., framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum 63 millj., framlag til lánagreiðslna 136 millj. og 400 þús., lán til jarðhitaleitar verði 350.6 millj. og lán til hitaveituframkvæmda verði 300 millj. kr.

Þá kemur ein brtt. varðandi viðskrn., en það er liðurinn: Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar. Lagt er til að fjárveiting hækki um 98 millj., og það er með tilliti til þess hvað söluskattsstigið hækkar á milli umr. og verður alls 698 millj. kr. Lagt er til að fyrirsögn liðarins orðist svo: „Styrkur vegna olíunotkunar samkv. reglum, er lög nr. 9/1976 ákváðu.“ Ég er ekki viss um að þetta geti staðist og að ekki þurfi núna, á meðan þessi umr. fer fram, að endurskoða þetta ákvæði sérstaklega. Ég hygg að það kunni jafnvel að vera þannig, að það sé ákveðin krónutala í þessari reglugerð sem má greiða til hvers notanda, og ef það væri, þá er óhjákvæmilegt að breyta þessu ákvæði og hafa það þá þannig að þetta verði ákveðið samkv. sér-

stakri reglugerð sem viðskrn. mundi setja og yrði það þá að sjálfsögðu gert með tilliti til þess kostnaðar, sem hér er um að ræða, og þá þess fjármagns, sem fyrir hendi verður til að verja í þessu skyni.

Fjvn. leitaði upplýsinga nú á milli umr. og fékk samanburð á kostnaði við húsakyndingu hjá þeim, sem nota olíu til húshitunar, og þeim, sem hafa hitaveitu, og þeim, sem nota raforku til upphitunar. Hér er um gífurlegan mismun að ræða, og þess vegna tel ég að ef þetta ákvæði er eins og mig grunar, að lögin ákveði ákveðna upphæð, þá þurfum við að breyta því. En það segir í þessum upplýsingum sem Þjóðhagsstofnunin veitti fjvn.:

„Miðað við áætlaðar mannfjöldatölur á miðju ári 1975 má lauslega áætla að fólki, sem býr við hitaveitu, fjölgi um 9000 frá miðju ári 1976 til jafnlengdar 1977. Samkv. þessu byggju um 127 700 manns við hitaveitu, 22 500 manns við rafmagnskyndingu og 70 000 manns við olíukyndingu. Fólki, sem býr við olíukyndingu, gæti því fækkað um 8000 eða 10—11%. Athuga ber að hér er um grófar áætlanir að ræða," segir Þjóðhagsstofnun.

Síðan kemur samanburðurinn, og þar segir að miðað við 100 hjá þeim, sem nota olíu, sé kostnaðurinn fyrir þá, sem nota hitaveitu, 33.1%, og þá, sem nota raforku til upphitunar, 50.3%. Sjá allir hvað hér er um geysilegan mismun að ræða fyrir þá sem enn þá verða að notast við þá orku til upphitunar sem olían er, og enn hækkar hún. Ég tel því, eins og ég gat um áðan, að það beri að hafa það í huga við endanlega afgreiðslu málsins, hvort ekki þurfi hér að breyta orðalagi. Þegar við erum að ræða um það að koma á móti þeim mönnum, sem nota olíu til upphitunar, þá skulum við einnig líta á það, að einmitt þessir sömu menn, sem fá þennan styrk, taka vissulega þátt í að borga til hans líka og byggja upp þá fjárfúlgu, sem verður til skiptingar, bæði til að greiða niður olíuna og til annarra rannsókna í sambandi við hitaveitufram kvæmdir og jarðhitaleit.

Þá koma næst brtt. við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þar er lagt til að launaliður hækki um 3 millj. kr. og er það vegna ráðninga á einum ritara og fulltrúa, en það er starfsmaður fjvn. sem jafnframt er ætlað að vinni á vegum stofnunarinnar við fjárlagagerð.

Að síðustu eru brtt. n. við 6. gr. frv.

Kemur þar fyrst VI. Þar er lagt til að liðurinn hljóði þannig: „Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða af hverjum seldum vindlingapakka: a) 67 aura til Landgræðslusjóðs, b) 33 aura til Landgræðslu ríkisins." Þetta er í sömu hlutföllum og þessu hefur verið skipt áður, en það var óskað eftir því að það væri sérstaklega tekið fram hver háttur yrði á þessu hafður. Svo er það aftur á valdi þeirra, sem með Landgræðslusjóðinn hafa að gera, hvað mikið af þessum 67 aurum kemur til með að renna til skógræktarfélaganna. Um það hefur verið nokkuð rætt á milli þessara aðila, hvort ekki væri rétt að meiri hluti af þessari upphæð gengi til skógræktarfélaganna og létti undir með þeim, en það er sem sagt á þeirra valdi, tel ég, eins og verið hefur að undanförnu.

Við VII er á sama hátt lagt til að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 1 kr. af hverjum seldum vindlingapakka, og VIII að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða 1.50 kr. af hverjum seldum vindlingapakka til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu. Er gert ráð fyrir því að þessi hækkun, sem hér er um að ræða til Krabbameinsfélagsins og til Slysavarnafélagsins og Íþróttasambands Íslands, þessi upphæð muni nema milli 4 og 5 millj. kr. Upphæðin liggur ekki nákvæmlega fyrir, en samkv. þeim upplýsingum, sem fjvn. hefur fengið, má gera ráð fyrir að um þessa auknu upphæð verði að ræða til þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Þá koma nýir liðir sem n. ber fram við þessa grein: Að endurgreiða söluskatt af pípuorgeli, sem keypt hefur verið fyrir Hnífsdalskapellu. — Að taka lán til kaupa á húseign í Ytri-Njarðvík til nota fyrir prestsbústað. — Að hafa makaskipti á núverandi prestsbústað á Ólafsfirði og annarri húseign þar. — Að selja Hitaveitu Suðurnesja hluta ríkissjóðs úr svokallaðri Járngerðar- og Hópstorfu við Grindavík (þ. e. hitaréttindi og landspildu er tilheyrir prestssetrinu í Grindavík). — Að taka lán allt að 300 millj. kr. vegna greiðslna til sveitarfélaga á grundvelli væntanlegs samkomulags um kostnað sveitarfélaga á árinu 1975 af verkefnum, sem lög nr. 94/1975 ná til.

Hér er um allmikið mál að ræða sem mikið hefur verið um deilt á milli ríkisvaldsins og forsvarsmanna sveitarfélaganna. Ég tel að þessi fjárveiting, sem hér er um að ræða, sé mjög nauðsynleg, og ef tekst að ná þessu samkomulagi við forsvarsmenn sveitarfélaganna tel ég það einnig mjög gott. Þetta umdeilda atriði var, eins og okkur öllum er kunnugt, viðhaldskostnaður á skólum sem átti sér stað áður en lögin tóku gildi, það voru líka framkvæmdir í sambandi við elliheimili, dagvistunarheimili og fleiri slíka liði sem með sérstökum lögum voru færð frá ríkissjóði yfir til sveitarfélaganna á s. l. ári. Sem sagt, það lítur út fyrir að náist samkomulag um þetta. Áður var búið að taka 450 millj. í þessu skyni, en það þykir sýnt að það muni ekki nægja, en að samkomulag muni nást með þessari upphæð sem hér er lagt til.

Þá kemur næst: Að endurgreiða þinglýsinga- og stimpilgjöld af afsali og lánsskjölum vegna kaupa á m/s Herjólfi — Að endurgreiða væntanlegan tekjuskatt af Henrik Steffensen-verðlaunum sem Hannes Pétursson skáld hefur hlotið. — Að kaupa eða byggja húsnæði á móti Borgarsjóði Reykjavíkurborgar til afnota fyrir Gjaldheimtuna í Reykjavík og taka lán í því skyni. — Að ábyrgjast lán allt að 9 millj. kr. fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til áframhaldandi byggingar orlofsheimila að Munaðarnesi, gegn tryggingum sem ríkisstj. metur gildar. — Að ábyrgjast lán allt að 15 millj. kr. fyrir Bandalag háskólamanna til uppbyggingar orlofsheimila, gegn tryggingum sem ríkisstj. metur gildar. — Að ábyrgjast lán allt að 640 millj. kr. fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. — Að selja húseign Ríkisútgáfu námsbóka að Tjarnargötu 10 og taka nauðsynleg lán vegna kaupa á öðru húsnæði

fyrir stofnunina. — Að taka lán allt að 25 millj. kr. til framkvæmda við legurými geðdeildar á Landsspítalalóð á árinu 1977.

Ég mun þessu næst víkja með nokkrum orðum að brtt. meiri hl. varðandi tekjubálk frv.

Till. um hækkun tekjuliða nema samtals 5 milljörðum 923 millj. 480 þús. kr. og verða þá samtals 89 milljarðar 941 millj. 581 þús. Tekjuáætlun gerir ekki ráð fyrir mikilli breytingu þjóðarútgjalda á árinu 1977 frá því, sem gert var í fjárlagafrv. Meginbreytingin, sem áhrif hefur á tekjur og gjöld ríkissjóðs, felst einkum í nýjum spám um þróun verðlags og launa, eins og ég hef áður að komið.

Í frv. hafði þegar verið gert ráð fyrir grunnkaupshækkun í átt við samninga BSRB og BHM, en hins vegar ekki verðlagsuppbótum samkv. þeim samningum. Nú er þegar fram komin 3—3½% hækkun launa og verðlags af þessum sökum, og búist er við að meðalverðlag gæti orðið 6—7% hærra og innflutningsverð í ísl. kr. og almennt kauplag 7—8%. Við afgreiðslu fjárl. undanfarin ár hefur oftast verið miðað við verðlag í landinu um þær mundir sem fjárlög eru afgreidd í des., eins og áður hefur verið á bent, og sjaldan ætlað verulega fyrir verðbreytingum. Í þessu frv., sem fram er lagt í haust, var hins vegar ætlað fyrir grunnkaupshækkun á næsta ári og afleiðingum hennar. Við endanlega afgreiðslu fjárl. er ætlunin að stíga þetta skref til fulls, þannig að verðlags- og launaforsendur fjárlaga og lánsfjáráætlunar verði þær sömu og fram eru settar í þjóðhagsáætlun næsta árs. Þessi aðferð ætti að gera alla fjárlagastjórn raunhæfari og ákveðnari en ella þar sem ekki ætti að sinna neinum umframfjárbeiðnum á næsta ári vegna óvæntra verðlags- og launabreytinga, þar sem þegar hefur verið ætlað fyrir slíkum breytingum að svo miklu leyti sem það er unnt fram í tímann.

Þeir tekjuliðir, sem samkv. till. meiri hl. breytast og hækka, eru söluskattur um 1310 millj., aðflutningsgjöld um 1084 millj., sérstakt vörugjald um 260 millj., rekstrarhagnaður af Áfengis- og tóbaksverslun um 1370 millj., launaskattur um 380 millj., stimpilgjald og aukatekjur um 290 millj. og aðrir liðir um 1229 millj. samtals.

Verði þessar till. fjvn. og meiri hl. fjvn. samþykktar munu heildarútgjöld ríkissjóðs nema um 89 milljörðum og 53 millj. kr. Tekjur ríkissjóðs munu nema 89 milljörðum 942 millj. Tekjur umfram gjöld nema því 888 millj. Halli á lánahreyfingum er um 630 millj., sem er 122 millj. kr. lækkun frá frv., en breytingin kemur þannig fram, að inn hækkar erlend lántaka um 922 millj., innheimt af endurlánuðum spariskírteinum um 100 millj. Hækkanir þannig samtals 1 milljarður og 22 millj. kr. Út breytist þannig: Rarik almennar framkvæmdir hækka um 254 millj., Norðurlínan um 34 millj., lína Krafla-Eyrarteigur, nýr liður, 500 millj., Kröfluvirkjun, stöðvarhús og vélar lækka um 113 millj., Kröfluvirkjun, borholur og aðveitukerfi hækka um 99 millj., járnblendiverksmiðja í Hvalfirði um 42 millj., endurlán vegna hafnargerðar við Grundartanga lækkar um 100 millj., afborgun af almennum lánum ríkissjóðs hækkar um 184 millj. Samtals 900 millj. kr. Lækkun á halla lánahreyfinga verður því 122 millj. Heildarlántökur nema þá samkv. þessu 10 milljörðum 630 millj. kr. Lánahreyfingar út nema 11 milljörðum 260 millj. Verður þá halli á lánahreyfingum 630 millj. Greiðsluafkoma ríkisins verður því þannig, að tekjur umfram gjöld eru 888 millj., halli á lánahreyfingum er 630 millj. og því um greiðsluafgang að ræða sem nemur 258 millj. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir brtt. fjvn. og meiri hl. fjvn. Það kann að vera að fjvn. þurfi að koma á framfæri leiðréttingum á einhverju sem fallið hefur niður. Ég vil sérstaklega taka fram, að ég man eftir því að við samþykktum till. til Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar sem var borin fram till. um við 2. umr., en það hefur fallið niður á þskj. og verður sjálfsagt leiðrétt undir umr.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Varðandi þær brtt., sem fjvn. flytur á þskj. 253, vil ég taka fram af hálfu minni hl. fjvn. að við erum óbundnir um afgreiðslu einstakra till. og höfum áskilið okkur rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Ég hef áður rætt um það með hvílíkum endemum hefur verið staðið að undirbúningi og flutningi þeirra mála sem eiga að vera grundvöllur að afgreiðslu fjárl. í veigamiklum atriðum, svo sem lánsfjáráætlun, vegáætlun, frv. um breyt. á skattalögum og breyt. á lögum um almannatryggingar, en þessi gögn hafa verið að sjá dagsins ljós milli 2. og 3. umr. um fjárlög. Vegáætlun hefur þó ekki verið lögð fram enn. Fjvn.-menn og aðrir hv. alþm. hafa að sjálfsögðu enga aðstöðu haft til að kanna þessi gögn að nokkru gagni, en verða þó að afgreiða mál, sem óhjákvæmilegt er að hljóti afgreiðslu, eins og frv. um breyt. á almannatryggingalögum, sem hefur verið kastað hér inn í þingið þannig að sýnilegt er að það er algerlega óundirbúið og ógrundað, enda hefur ekkert samráð verið haft við þá aðila sem málið varðar mest og best þekkja til. Það frv. hefur aðeins verið afgr. í annarri þd. þegar endanleg afgreiðsla fjárl. fer fram.

Öll er þessi frammistaða stjórnarflokkanna og afgreiðsla svo fyrir neðan allar hellur að engu tali tekur, og í rauninni er engan veginn hægt að ætlast til þess að stjórnarandstaðan komi nálægt því að taka þátt í afgreiðslu fjárlagafrv. þegar þannig er staðið að málum.

Við 1. og 2. umr. um fjárlagafrv. ræddi ég um frv. og afgreiðslu þess í höfuðatriðum og um einstaka þætti þess, og er ástæðulaust að hafa um það efni mjög mörg orð nú við 3. umr. Afgreiðsla þeirra mála, sem n. hefur fjallað um milli 2. og 3. umr., gefur ekki tilefni til að bæta miklu við það sem ég hef áður látið koma fram. Sú afgreiðsla er, eins og við mátti búast, í samræmi við stefnu frv. og þá afgreiðslu þess sem áður hefur farið fram: útþensla rekstrarliða, minnkandi raungildi fjárveitinga til framkvæmda og aukning skatta á almennar neysluvörur. Ég mun þó minnast á nokkra þætti sem ekki voru endanlega afgreiddir við 2. umr.

Varðandi fjárveitingar til Íþróttasjóðs lá fyrir þegar við 2. umr. hver heildarfjárhæð yrði veitt

á árinu 1977 til að sinna málefnum Íþróttasjóðs, og út frá þeirri staðreynd ræddi ég málefni sjóðsins við 2. umr. Nú hefur málið hlotið endanlega afgreiðslu í fjvn., og niðurstaðan er sú sem ég áður greindi frá, að skuldahali Íþróttasjóðs vegna framkvæmda í íþróttamálum stóreykst. Málefni sjóðsins eru í algeru óefni og með þeirri afgreiðslu, sem nú fer fram, er ákveðið að fækka mjög fjárveitingum sem ætlaðar eru til fyrstu greiðslu vegna mannvirkja og tækja. Í fyrra voru slíkar fjárveitingar veittar til ríflega 60 aðila, en jafnhliða því að nú er mjög óverulega séð fyrir fjárveitingum vegna eldri framkvæmda, þá eru fjárveitingar til framkvæmda, sem fá fjárveitingar í fyrsta skipti nú, skornar niður í um það bil 20. Íþróttanefnd ríkisins hafði úr öllum umsóknum valið 43 og gert lokatill. um að fjárveiting yrði miðuð við þá tölu mannvirkja og tækja. Hér er því skipulega hert á fyrri ákvörðun stjórnarflokkanna að halda sem allra mest aftur af framkvæmdum við íþróttamannvirki og eflingu tækjakosts íþróttasamtakanna í landinu. Allharkalega var að þessu staðið í fyrra, en með fjárveitingum á fjárl. fyrir næsta ár er íþróttanefnd ríkisins og íþróttasamtökum landsins hvarvetna í landinu nánast gert ókleift að vinna að framgangi þessara mála.

Á sama tíma og ákveðið er að stórauka skuldahala Íþróttasjóðs við íþróttasamtök og sveitarsjóði í landinu eru lagðar fram hér á Alþ. við 3. umr. fjárl. áætlanir um að ríkissjóður auki á næsta ári tekjur sínar af áfengissölu um 2600 millj. kr., í 8600 millj. Það er heldur hærri krónutala en heildarfjárhæð fjárl. var 1970. Fjárveitingar til að efla aðstöðuna til að beina æskulýðnum í landinu að íþrótta- og útilífi og því félagslífi, sem þeirri starfsemi fylgir, er samtímis 2600 millj. kr. aukningu á tekjum af áfengis- og tóbakssölu takmörkuð við 130 millj. kr. fyrir alla landsbyggðina og skuldahali Íþróttasjóðs aukinn með því um 50% á næsta ári.

Þá hafa rekstraráætlanir vegna ríkisspítalanna verið afgreiddar og hagað í samræmi við þá nýju uppsetningu í fjárlagafrv., að rekstur spítalanna verði í A-hluta fjárl. og fjármagnaður úr ríkissjóði, en daggjöld falli niður samtímis því að hátttökuhluti sveitarfélaganna í greiðslu annars kostnaðar sjúkratrygginga verði aukinn að sama skapi. Enn er nánast ókannað hvernig brugðist verður við ýmiss konar vanda sem fylgir þessum ráðstöfunum, og ekki hefur heldur verið sýnt fram á hvaða aðferðum verður beitt til að tryggja aukna hagkvæmni í rekstri með þessari tilhögun. Ég hygg þó að breytingin geti orðið tæki til þess að koma við meira eftirliti og aðhaldi við stjórn ríkisspítalanna, en í engu hefur verið skýrt hvernig því tæki verður beitt.

Óskum stjórnar ríkisspítalanna um aukningu starfsliðs var í engu sinnt, og er með afgreiðslu fjárl. ekki gert ráð fyrir að fjölgað verði um einn einasta starfsmann á öllum ríkisspítölunum. Sú regla gildir þó vissulega ekki um aðrar stofnanir í ríkiskerfinu. Ég hef ekki nákvæma tölu um aukningu á starfsliði í ríkiskerfinu eftir afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár, en mér sýnist þó að ef sleppt er að telja með alla aukningu í kennaraliði og fastráðningu starfsmanna sem ráðnir höfðu verið án heimilda, þá hafi í fjárlagafrv. verið gert ráð fyrir ríflega 70 nýjum stöðum í ríkiskerfinu, og við afgreiðslu fjvn. hafa verið samþykktar milli 20 og 30 nýjar stöður til viðbótar, eða samtals allt að 100 nýjum stöðum, auk þess sem bremsunefnd kann að hafa samþykkt frá því að fjárlög voru síðast samþ. Útgjöld vegna þessara nýju starfa, sem samþ. hafa verið í fjárlagafrv. og verða við afgreiðslu fjárl. nú, gætu numið um 150 millj. kr. á ári. En engar af þessum nýju stöðum eru ætlaðar til þess að bæta þjónustuna á sjúkrahúsum. Þar er öllu neitað.

Vegáætlun hafði ekki verið lögð fram þegar fjvn. lauk störfum fyrir 3. umr., en n. fékk í hendur áætlun um tekjur og gjöld Vegasjóðs á árinu 1977. Þar er gert ráð fyrir að tekjur Vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum verði hækkaðar til samræmis við verðlagsforsendur endurskoðaðrar tekjuáætlunar ríkissjóðs og ákvarðanir ríkisstj. um beitingu heimilda til hækkunar gjalda í samræmi við þær verðlagsforsendur. Þær hækkanir bensíngjalds eru nú þegar að koma fram. En samkv. áætluninni um tekjur Vegasjóðs á næsta ári og ráðstöfun þeirra kemur fram að ætlunin er að verja á næsta ári til nýrra þjóðvega og brúa 2568 millj. kr., en á vegáætlun fyrir árið 1976 er hliðstæð tala 2500 millj. Hækkunin er 2.7%, en áætlað er að almennt verðlag í landinu hækki um 30% á þessu ári. Miðað við þann kostnaðarauka er hér um að ræða 26.6% niðurskurð á fjárveitingum til nýrra þjóðvega og brúa frá fjárveitingunni í ár, og mun þó öllum hv. þm. hafa þótt ærið nógur sá niðurskurður sem þegar hefur orðið í þessum framkvæmdum í tíð núv. hæstv. ríkisstj.

Í núgildandi vegáætlun var gert ráð fyrir að af 330 millj. kr. halla í lok ársins 1975 yrðu greiddar 100 millj. kr. á þessu ári. Samkv. nýjustu áætlun er ljóst að þess í stað hefur hallinn verið aukinn úr 330 millj. í 650 millj. kr., og þrátt fyrir hinn stórfellda niðurskurð á nýjum framkvæmdum er ekki gert ráð fyrir að greiða neitt af þessum halla á næsta ári, heldur velta honum yfir á þar næsta ár. Það eru því ekki einungis málefni Íþróttasjóðs sem hægri stjórninni ætlar að takast að koma á vonarvöl, heldur eru mál Vegasjóðs þegar komin í algert óefni.

Þá hefur verið lögð fyrir ný áætlun um rekstur Pósts og síma á næsta ári. Hún er við það miðuð að gjaldskrá fyrirtækisins hækki um 25% hinn 1. jan. n.k. og útgjaldaliðirnar laun og önnur rekstrargjöld hækki á næsta ári frá núgildandi fjárl. um ríflega 2400 milli. kr., en fjárfestingar um 470 millj. Launakostnaður og önnur rekstrargjöld hækka þannig á einu ári um 78% og hafa þessir liðir hækkað um 213% frá fjárl. 1974, en fjárfesting um 114%. Þróunin er því hin sama og almennt í ríkisrekstrinum hjá þeirri hægri stjórn sem nú situr, sjaukinn háttur rekstrarútgjaldanna miðað við framkvæmdabættina.

Skýrsla ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1977, sem boðað var að lögð yrði fyrir Alþ. fyrir eða um miðjan nóv., var nú eins og í fyrra lögð fram um það bil sem fjvn. var að ljúka störfum fyrir 3. umr. Þegar haft er í huga, að auk afgreiðslu fjárl. er Alþ. í hinu mesta tímahraki við afgreiðslu fjölmargra mála, þá er sýnilegt að ekki er til þess ætlast að þm. geti kynnt sér láns-

fjáráætlunina fyrr en þingstörfum er lokið fyrir jól. Þess er því enginn kostur að eyða orðum að lánsfjáráætluninni að þessu sinni. En þó mætti á það benda, að gert er ráð fyrir að hreinar ríkisframkvæmdir og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga við byggingar og mannvirki lækki að krónutölu á næsta ári um 3180 millj. kr. og þessar framkvæmdir nemi á árinu 1977 um 70% af framkvæmdum á árinu 1976, sé miðað við sambærilegt verðlag. Og gert er ráð fyrir að til viðbótar 12 270 millj. kr. nettóaukningu erlendra lána þjóðarinnar á þessu ári verði enn nettóaukning á næsta ári um 10 260 millj. kr.

Í samræmi við lánsfjáráætlunina er síðan gert ráð fyrir að auka erlendar lántökur á fjárl. næsta árs um 922 millj. kr. frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., og innlend lán um 100 millj., jafnframt því sem vaxtagjöld í A-hluta eru aukin um 128.5 millj. kr. frá frv. og vaxtagjöld í B-hluta um 306.4 millj., eða samtals aukning vaxtagjalda frá því, sem greinir í frv., um 434.9 millj. kr. Þá nema vextir í A-hluta fjárl. á næsta ári 2273.3 millj. kr. og vextir í B-hluta hækka úr 6228.3 millj. í 6534.7 millj. kr. Nema þá vaxtagjöld í heild 8808 millj. kr. á næsta ári og hafa hækkað frá núgildandi fjárl. um 4244 millj. kr. — hækka um 4244 millj. kr. á einu ári eða um 93%. Hækkun vaxta í A- og B-hluta fjárl. á næsta ári jafngildir 52% af öllum nettótekjuskatti allra einstaklinga í landinu á því sama ári.

Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu á fund fjvn. fyrir 2. umr. og greindu frá framvindu efnahagsmála á árinu 1976 og horfum á næsta ári. Fyrir 3. umr. lögðu sömu aðilar síðan fram endurskoðaða tekjuáætlun fyrir næsta ár og er nú byggt á þeirri nýju spá um þróun verðlags og launa sem sett er fram í kverinu „Úr þjóðarbúskapnum“ frá 7. des. s.l., þ. e. að meðalverðlag geti orðið 6—7% hærra og innflutningsverð í íslenskum krónum og almennt kauplag 7—8% hærra en reiknað er með í fjárlagafrv. Með því að reikna þannig með meiri áhrifum verðbólgu en gert er í fjárlagafrv. eru tekjur ríkissjóðs hækkaðar frá fjárlagafrv. um rúmlega 5900 millj. kr. í 89 milljarða 942 millj. kr.

Þrátt fyrir framkvæmd stefnunnar um samdrátt opinberra framkvæmda, minnkun samneyslu, dugir stjórnarflokkunum þó ekki þessi tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar. Útþenslan, sem orðin er á rekstrarliðunum, sprengdi þennan ramma og þá var gripið til þess að hækka áætlun Þjóðhagsstofnunar um tekjur af söluskatti um 150 millj. kr., áætlun um óvissar tekjur um 70 millj. og áætlun stofnunarinnar um tekjur af stimpilgjöldum um 30 millj., kr., og hafði Þjóðhagsstofnun þó hækkað áætlun um tekjur af þessum lið um 130 millj. frá frv. til samræmis við frv. sem hefur verið til meðferðar á Alþ. um breytingar á þessum gjöldum. Þessu til viðbótar lækkuðu síðan fulltrúar stjórnarflokkanna áætlun um óviss útgjöld um 100 millj. kr. til þess að ná endum saman á fjárl. sem hækka um nær 30 milljarða kr. og nema um 90 milljörðum. Er þó sjúkratryggingagjaldi, um 1200 millj. kr., haldið utan fjárl. enda þótt innheimtumenn ríkissjóðs eigi nú að innheimta gjaldið sem rennur til greiðslu kostnaðar við almannatryggingar ríkisins.

Samkv. þessu verða áætlaðar tekjur ríkissjóðs á fjárl. næsta árs 89 milljarðar 942 millj. kr. og hækka um nær 30 milljarða frá núgildandi fjárl. Væri í fjárl. næsta árs miðað við verðlag og kaupgjald í des., svo sem venja hefur verið, þegar ekki hefur verið til að dreifa eins og nú umsömdum kauphækkunum á komandi ári, er talið að tekjuupphæðin væri um 6000 millj. kr. lægri. Sé einnig dregið frá olíugjald, 1700 millj. kr., en það er ekki í tekjulið núgildandi fjárl., þá nemur hækkun skattheimtu á sambærilegum grunni frá núgildandi fjárl. um 21.9 milljörðum kr. eða ríflega 36%, en í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að þessi hækkun næmi 30.6%. Sé þannig tekið tillit til áhrifa af umsömdum kaupbreytingum á næsta ári og þess, að olíugjald er nú talið með ríkistekjum, þá eykst skattheimta ríkissjóðs um liðlega 36%. En samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er meðalhækkun kauptaxta launafólks á þessu ári um 26% og hækkun framfærsluvísitölu um 31—32%. Þetta segir sína sögu um baráttu hæstv. ríkisstj. gegn verðbólgunni og fyrir bættum kjörum almennings, en þar er áranguriinn öfugur við öll fyrirheit.

Þriðju fjárlög hæstv. ríkisstj. bera því sömu einkennin og hin fyrri: Þau hækka langt umfram verðlags- og kaupgjaldshækkanir. Þáttur samfélagslegra framkvæmda rýrnar, en rekstrarútgjöldin þenjast þeim mun meira út. Enn er við haldið niðurskurði á kaupmætti lífeyrisbóta gamalmenna og öryrkja. Aukning skattheimtu umfram almennar verðlags- og kaupgjaldshækkanir kemur fram í hækkun neysluskatta sem bitna harðast á barnafjölskyldum og lífeyrisþegum, en gróðafélögum er hlíft við skattlagningu. Gert er ráð fyrir því að auka kostnað sjúklinga vegna lyfjakaupa og læknishjálpar um 400 millj. kr. á næsta ári, auk þess sem boðuð er í grg. fjárlagafrv. frekari endurskoðun á hlutdeild sjúklinga í sjúkrakostnaði. Lántökur eru enn auknar þrátt fyrir samdrátt í verklegum framkvæmdum. Tekjuáætlun er þanin út fyrir áætlun Þjóðhagsstofnunar til þess að koma saman endum við afgreiðslu fjárl. Gert er ráð fyrir að gengi krónunnar sígi enn á næsta ári þrátt fyrir hækkandi afurðaverð og bætt viðskiptakjör, en samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar verður útflutningsverð siávarafurða 11% hærra á næsta ári en í ár, en talið er að gengissig íslensku krónunnar hafi hækkað verðlag innflutnings um 8000 millj. kr. á þessu ári og sama leikinn á að leika á næsta ári.

Allt er þetta í samræmi við stefnu stjórnarflokkanna til þessa, en sú stefna takmarkalausrar útþenslu rekstrarútgjalda í ríkisrekstrinum og hömlulausrar notkunar erlends gjaldeyris til innflutnings hvers kyns varnings í samkeppni við innlenda framleiðslu hefur dregið úr þeim bata sem orðið hefur á viðskiptajöfnuði, en að dómi Þjóðhagsstofnunar stafar sá bati að verulegu leyti af aukningu útflutnings á áli og samdrætti í innflutningi áls. Þá hefur innflutningur skipa dregist svo saman á árinu að hann er einungis 38% af innflutningi 1975. Enn fremur hefur verið gengið svo á birgðir útflutningsvöru að útflutningur hefur á þessu ári aukist um 14%

meir en framleiðslan. Verðlag útflutnings hefur einnig hækkað í þeim mæli að meðalútflutningsverð alls útflutnings hefur í ár verið um 17—18% hærra í erlendri mynt en á árinu 1975. Allt hefur þetta því valdið talsverðum bata á viðskiptajöfnuði þrátt fyrir eyðslustefnu hæstv. ríkisstj., en sú stefna dregur úr áhrifum þeirra breytinga ytri aðstæðna sem öllu hafa valdið um bættan viðskiptajöfnuð.

Stefna hæstv. ríkisstj. hefur einnig valdið því, að þrátt fyrir óverulega hækkun innflutningsverðs í erlendum gjaldeyri á s.l. tveimur árum, eða 5% 1975 og 6—7% í ár, samanborið við 35% á árinu 1974 og þrátt fyrir rýrnandi kaupmátt launa almennings tvö s.l. ár, þá er verðbólgan í landinu enn yfir 30% á þessu ári og miklu minna hefur dregið úr verðbólguvextinum hér en í nokkru öðru nálægu landi. Og vegna áhrifanna af áframhaldandi útþenslu rekstrarútgjalda í ríkisrekstrinum og sóunarstefnu í gjaldeyrismálum er búist við því að þótt einungis sé miðað við þegar umsamdar launahækkanir á næsta ári verði framfærsluvísitalan 23—24% hærri að meðaltali á næsta ári en á árinu 1976. Þetta er óglæsilegur árangur stjórnarstefnunnar, en í fullu samræmi við það hvernig haldið hefur verið á málum.

Það er ástæðulaust að hafa öllu fleiri orð um fjárlagaafgreiðsluna að þessu sinni en ég hef þegar gert við þessa umr. og hinar fyrri. Þannig er að málum staðið af hálfu hæstv. ríkisstj. að í raun er óviðunandi fyrir þm. og þá ekki síst fyrir fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Vinnubrögðin, sem viðhöfð eru, gera þeim í rauninni ókleift að taka eðlilegan þátt í afgreiðslu fjárl.

Fulltrúar stjórnarflokkanna viðurkenna vissulega að undirbúningur og afgreiðsla frv. og áætlana, sem áttu að liggja fyrir við afgreiðslu fjárl., hafi verið með öllu óviðunandi. En því er á hinn bóginn haldið fram sem verulegu atriði við afgreiðslu fjárlagafrv. nú, að það byggist á miklu meira raunsæi en áður vegna þess að nú er gert ráð fyrir umsömdum kaupgjaldsbreytingum á næsta ári. Þetta um raunsæið gæti verið rétt ef ástandið í launa- og kjaramálum væri á þann veg að einhverjar líkur væru á því að launafólk yndi við þær breytingar einar sem þegar hefur verið samið um. Þannig er staðan ekki nú. Kjaraskerðingin s.l. tvö ár hefur verið stórfelldari en svo samtímis bættum ytri aðstæðum á þessu ári og áætluðum bata á næsta ári að um það geti verið að ræða að launafólk sætti sig einungis við umsamdar launabreytingar. Það er ámóta nærri lagi að telja að fjárlög séu nú raunhæf vegna áætlunar um umsamdar kaupgjaldsbreytingar á næsta ári og að telja að maður, sem gengið hefur um þurrlendi á strigaskóm og setur upp lág gúmmístígvél nokkru áður en hann leggur út í að vaða stórfljót, hafi mætt þeim aðstæðum með raunsæjum hætti. Það má vera að hann sýnist forsjáll þann stutta tíma sem hann gengur í lágu stígvélunum á þurrlendinu, en það mun koma í ljós þegar að fljótinu kemur hversu honum endist forsjálnin.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Eftir nokkrar vikur mun æðistór floti af langferðabílum halda úr Reykjavík austur á bóginn. Í þessum mikla bílaflota verður allverulegur hópur af fyrirfólki þjóðfélagsins, ásamt mökum sínum, og ég vænti þess að við verðum allir í þessum hópi sem hér erum staddir. Leiðin liggur langt austur og norður og bílalestin mun nema staðar við Sigölduvirkjun. Þar verður tekið á móti ferðalöngunum á myndarlegan hátt af Landsvirkjun ef að vanda lætur, og sú móttaka nær hámarki í rafstöðinni nýju sem þar er komin upp, og hámarkið á athöfninni þar verður að sjálfsögðu það, að hæstv. iðnrh. heldur ræðu og verður vafalaust mjög mjúkmáll og sléttmáll eins og hann er yfirleitt fyrir utan veggi þessa húss. Síðan mun hann í lok ræðu sinnar ýta á hnapp og þá fara orkuvélar Sigölduvirkjunar að framleiða raforku. Ég vænti þess að gnýrinn verði ekki of hár til þess að hæstv. ráðh. heyri ekki lófaklappið í kringum sig. En ég er hræddur um að æðimargir, sem þarna eru viðstaddir, hugsi dálítið annað en vænst hafði verið á þessum tímamótum.

Því er nefnilega þannig háttað, að þessi mikla virkjun, Sigölduvirkjun, hefur engan markað á landsvirkjunarsvæðinu eins og er. Við erum svo vel settir hér á landsvirkjunarsvæðinu að við höfum nægа raforku enn þá og það er enginn markaður enn sem komið er fyrir þá viðbótarorku sem þarna verður framleidd. Þetta er á mörkunum að vísu, og þessi markaður kemur smátt og smátt, en það er ekki um þann markað að ræða þegar stöðin hefur störf.

Á sama tíma og þannig er hafin stórfelld orkuframleiðsla á landsvirkjunarsvæðinu eru ákaflega miklir erfiðleikar á sviði raforku hvarvetna um landið. Það er neyðarástand á Austfjörðum, þannig ástand á Norðurlandi að það verður að kevra þar olíustöðvar á fullum afköstum, þ. á m. mjög stóra slíka stöð á Akureyri. Það er þannig ástatt á Vestfjörðum að þar verður orkuskortur eftir tvö ár. Það er þannig ástand á Vesturlandi að þar er neyðarástand á norðurhluta Snæfellsness. En landsvirkjunarsvæðið, þar sem þessi mikla nýja orkuframleiðsla kemur í gagnið eftir nokkrar vikur, er ekki tengt við aðra landshluta á neinn hátt og það liggja ekki fyrir neinar till. frá hæstv. iðnrh. um að það skuli gert. Sigölduvirkjun virðist eiga að taka til starfa og framleiða raforku án þess að hafa markað, og er ákaflega illa með peninga farið. Þarna er um að ræða fjárfestingu sem skiptir milljörðum kr., og hún kemur ekki að því gagni sem ætlað var vegna þess að það hefur ekki verið undirbúið nægilega vel að orkan kæmi til þeirra nota sem landið hefur að bjóða. Þetta er ákaflega slæm meðferð á fjármálum.

Ég hef fylgst með íslenskum stjórnmálum frá því að ég var krakki vegna þess að ég ólst upp á pólitísku heimili. Ég hef lesið mér sitthvað til um stjórnmálabrölunina eftir að ráðh. fluttust inn í landið. En ég hygg ekki að neinn ráðh. hafi farið með stóra fjármuni á jafnábyrgðarlausan hátt og hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen gerir með þessu máli.

Þegar send var umsókn um lán til Sigölduvirkjunar til Alþjóðabankans á sínum tíma var lánið rökstutt með því að það ætti að nýta þessa orku til þess að tengja saman öll orkuvinnslusvæðin á Íslandi og taka upp rafhitun

húsa eftir því sem tiltækilegt væri talið. Það komu hingað eftirlitsmenn frá Alþjóðabankanum að kanna þetta mál. Þeir ræddu m. a. nokkrum sinnum við mig, og þegar þeir fóru komu þeir til mín og kvöddu mig og sögðu að þeir teldu þessar hugmyndir ákaflega skynsamlegar. En hæstv. núv. iðnrh. virðist ekki hafa neina hugmynd um þennan tilgang með Sigölduvirkjun. Það voru gerðar kannanir á því, hvort það væri hagkvæmt að koma upp orkufrekum iðnaði í sambandi við þessa virkjun ef markaðurinn tæki ekki nægilega fljótt við raforkunni. Þetta var kannað, það voru settar um það af minni hálfu ákveðnar grundvallarreglur sem ég hirði ekki að rekja hér, ég hef gert það margsinnis áður. En þetta ástand gerbreyttist á árinu 1973 þegar olíuverð hækkaði um mjög hátt hlutfall. Sú hækkun hefur haldið áfram síðan og hún mun halda áfram vegna þess að við vitum að olíulindum jarðar eru takmörk sett. Það verður hagkvæmara og hagkvæmara fyrir okkur að nýta innlenda orku til eigin þarfa, til húshitunar og annarra slíkra þarfa, en að kaupa olíu. Þetta jafngildir stórfelldum útflutningsiðnaði, og að þessu þurfum við að einbeita okkur.

Ég segi það alveg eins og er, að ég er mjög undrandi að hæstv. iðnrh. skuli ekki flytja till. um að tengja landsvirkjunarsvæðið við byggðalínuna norður þannig að sú tenging geti komið í gagnið, — hún verður ekki komin í gagnið þegar Sigölduvirkjun tekur til starfa, en sem allra fyrst. Til þess þarf línu frá Geithálsi og að Vatnshömrum í Andakíl, og þá er hægt að flytja verulega orku til Norðurlands.

Þetta er inngangur að till. sem ég flyt við frv. til fjárl. sem er víst ekki búið að útbýta hér, svo að ég vil leyfa mér að lesa hana. Hún er á þessa leið:

„Við 6. gr. bætist:

Fjmrh. er heimilt að taka innanlands og utan allt að 8 milljarða kr. lán er notað verði til að gera landið allt að einu rafveitukerfi og tryggja nægа raforku til húshitunar, þar sem jarðvarmi er ekki tiltækur eða hagkvæmur. Skulu forgangsverkefni vera þessi:

a) 130 kw. stofnlínur og aðveitustöðvar:

Geithals—Vatnshamrar (Andakíll)	800	millj. kr.
Hrútafjörður—Mjólká	1650	— —

Þetta er lína sem mundi tengja Vestfirði við heildarkerfið.

Krafla—Grímsá	1250	— —

Það er till. frá hæstv. ráðh. um tengingu til Austfjarða, en þar er um mun minni till. að ræða heldur en þarna er gert ráð fyrir.

Grímsá—Hornafjörður	1100	— —

b) 60 kw. línur og aðveitustöðvar:

Vegamót—Ólafsvík	500	millj. kr.
Dalvík—Ólafsfjörður	300	— —
Lagarfoss—Vopnafjörður ..	400	— —

c) Styrking á dreifikerfum samkvæmt áætlunum sem Orkustofnun semji og miðist við sem mestan framkvæmdahraða."

Sú upphæð, sem ég geri þarna till. um að ráðh. sé heimilt að taka lán innanlands og utan nemur samtals 8 milljörðum kr. Það þarf allmiklu hærri uphæð til þess að ljúka þessum verkum. Til að mynda er styrkingin á dreifikerfunum, sem þarna er talað um, talin munu kosta 6—7 milljarða kr. En eins og ég gat um í upphafi er ég þeirrar skoðunar, og ég held að það sé auðvelt að sanna það með óhrekjandi rökum, að við getum ekki ráðist í arðbærari framkvæmd. Sú þróun er nú fram undan í sambandi við verðlag á olíu að þessi framkvæmd verður arðbærari og arðbærari með hverju ári sem líður, og það skiptir óhemjumiklu máli að það sé tekin ákvörðun um þetta nú þegar. Það var í upphafi, eins og ég rakti áðan, tilgangurinn með Sigölduvirkjun að hún þjónaði landinu öllu, og það verður Sigölduvirkjun að gera. Þess vegna verður fyrsta stofnlínan, sem ég nefndi, Geithals—Vatnshamrar, að koma í gagnið sem allra fyrst, bæði til að leysa vanda þess fólks, sem býr á Norðurlandi, og til þess að koma orkunni, sem Sigölduvirkjun framleiðir, í verð.

Þetta er að mínu mati mjög mikið stórmál, og ég vil vænta þess að hæstv. iðnrh., sem ekki virðist hafa gert sér neina grein fyrir þessum tilgangi með Sigölduvirkjun, leyfi Alþ. að heyra hvernig hann hugsar sér þróun þessara mála.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég gat um það í ræðu minni við 2. umr. fjárl. fyrir nokkrum dögum að sú afgreiðsla, sem þar var gerð, væri gerð meira eða minna út í hött. Viðamiklir málaflokkar voru þá enn óafgreiddir þannig að enga heildarmynd var að fá af einstökum málaflokkum eða útgjaldaáformum hæstv. ríkisstj. í heild. Enginn kostur var að fara yfir áætlun um ýmis rekstrarútgjöld, t. d. með tilliti til þess hvenig hæstv. ríkisstj. og forstöðumenn opinberra stofnana færu eftir fyrirmælum um mannaráðningar þar eð starfsmannaskrá ríkisins, sem samkv. lögum á að leggja fram hér á Alþ. um leið og fjárlagafrv. að hausti til, var þá enn ekki fram komin. Allt þetta torveldaði að sjálfsögðu mjög fjvn. að fá yfirsýn yfir ríkisreksturinn og kom jafnframt í veg fyrir að n. gæti beitt því aðhaldi sem henni er ætlað að gera í umboði Alþ. Í þriðja lagi lá þá ekki heldur neitt fyrir um tekjuhlið fjárl. Skattafrv. hæstv. ríkisstj., sem þráfaldlega hafði verið boðað, hafði þá enn ekki verið lagt fram Engin vitneskja lá fyrir um það, hvernig ætti að mæta áhrifum boðaðra tollalækkana sem voru umfram það sem fjárlagafrv. hafði gert ráð fyrir. Engin ákvörðun lá fyrir um hvernig bregðast ætti við breyttum þjóðhagsforsendum frá samningu frv., eins og t. d. því að atvinnutekjur manna voru orðnar hærri á árinu 1976 en reiknað var með þegar frv. var samið og till. gerð um skattvísitölu.

Við 2. umr. fjárl. hér fyrir örfáum dögum var því enn allt í óvissu, allir endar enn lausir. Að vísu hefur margt af því nú komið fram sem vakin var athygli á þá að vantaði En það kom ekki fram fyrr en svo seint að fjvn. gafst raun-

ar ekkert ráðrúm til þess að skoða þau mál, afla sér upplýsinga þar um eða gera sér grein fyrir áformum og afleiðingum af stefnumörkun hæstv. ríkisstj. Þannig var t. d. ekkert vitað um hugmyndir sérfræðinga hæstv. ríkisstj. um endurskoðun tekjuáætlunar fyrr en síðla dags s. l. föstudag, *tæpum sólarhring áður en fjvn. átti* að ljúka störfum. Það var ekki fyrr en síðla þann sama dag sem starfsmannaskrá ríkisins var lögð fram hér á Alþ., og höfðum við fjvn.-menn ekki aðstöðu til að kynna okkur hana að marki fyrr en á sunnudag, þ. e. a. s. í gær. Í þessari skrá kemur m. a. sú athyglisverða staðreynd í ljós, að á yfirstandandi ári fjölgaði í ríkisstofnunum og *hjá ríkisfyrirtækjum um alls* 356 stöður. Af þeim 356 nýjum stöðum var óheimilt að ráða í 158, m. ö. o.: ⅓ af þeiri fjölgun, sem varð á starfsmönnum ríkisins á yfirstandandi ári, var algerlega óheimil. Þetta segir sitthvað um það hvernig hæstv. ríkisstj. hagar vinnubrögðum sínum — og ekki aðeins vinnubrögðum, heldur verkum sínum, því að auðvitað er það hennar og hennar fyrst og fremst að fylgjast með því, að ákvörðunum, sem búið er að taka, verði framfylgt, og koma í veg fyrir að ríkisstofnanir haldi áfram á þeirri vafasömu braut að ráða til sín starfslið sem Alþ. og fjárveitingavaldið hefur ekki heimilað þessum stofnunum að ráða til sín. Og það segir talsverða sögu þegar í þriðju hverja stöðu, sem í var ráðið á yfirstandandi ári, er samkv. þessari nýútkomnu skýrslu ráðið í heimildarleysi. Eitt af verkefnum fjvn. er að fylgjast með því að slíkt eigi sér ekki stað. Það er auðvitað ógerningur fyrir n. að koma við slíku aðhaldshlutverki þegar hún fær ekki skýrslu þá, sem frá þessu greinir, fyrr en 1—1½ sólarhring áður en ljúka á 3. umr. og afgreiðslu fjárlaga.

Þá var heldur ekkert vitað um lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj., sem átti að leggja fram um miðjan nóvembermánuð, eftir því sem hæstv. fjmrh. lofaði Alþ. í upphafi þings í haust, fyrr en rétt fyrir kvöldmat s. l. föstudag, að hún var lögð fram. Lítill sem enginn tími hefur því gefist til þess að skoða lánsfjáráætlun og fá svarað ýmsum þeim spurningum sem óhjákvæmilega vakna við skoðun hennar.

Þá voru skattalagabreytingarnar, sem boðaðar höfðu verið, ekki heldur lagðar *fram fyrr en* um líkt leyti, þannig að nú er sýnt og raunar gert ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga nú að boðaðar skattalagabreytingar komi ekki til framkvæmda á árinu 1977, þannig að enn verða menn að búa við óbreytt skattalög, ranglæti þeirra verður ekki heldur leiðrétt á næsta ári. Háværar og rökstuddar umkvartanir skattborgara hafa ekki borið árangur. Fyrirheit hæstv. ríkisstj. um breytingar sem yrðu samfara þessari fjárlagaafgreiðslu hafa ekki verið efnd. Og það er jafnvel spurning um það enn, hvort till. þær, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram í þessum málum nú fyrir nokkrum dögum, eru í raun réttri annað og meira en sýndarmennskan ein, vegna þess að annað verður ekki skilið af blaðafregnum heldur en það, að t. d. bm. flokks hæstv. fjmrh. telji sig hafa algerlega óbundnar hendur af ákvæðum frv. sem hó er lagt fram hér á hinu háa Alþ. sem stjfrv. Væntanlega getur hæstv. ráðh. leiðrétt það ef ég fer rangt með. Leiðrétti hann það ekki tel ég að með því sé hann að staðfesta að það sé rétt sem ég hef sagt, að stjórnarþm. telji sig ekki bundna af ákvæðum frv. sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram, þar sem boðaðar eru nýjar og að mörgu leyti mjög þarfar og góðar hugmyndir til breytinga á skattalögum. Ef svo er, sem ég tel ekki ástæðu til að efa því að það hefur verið skýrt frá því í blöðum og því hefur ekki verið mótmælt, — ef þetta er rétt, hver er þá tilgangurinn með því að leggja fram slíkt frv.? Er tilgangurinn annar og meiri heldur en sá einn að reyna með einhverjum ráðum að fría óánægjuraddir manna sem neyðast til þess að horfa upp á það einu sinni enn að þrátt fyrir öll loforð hæstv. ríkisstj. um leiðréttingar og umbætur í skattamálum gerist ekkert, sem slíkt varðar, við afgreiðslu fjárlaga nú og komi ekkert af slíku tagi til framkvæmda við skattaálagningu á næsta vori.

Þá langar mig einnig til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því og nota tækifærið til þess á meðan hann situr hér í salnum, hæstv. ráðh., að í sambandi við þá mjög takmörkuðu athugun sem fjvn. gafst tími til að viðhafa á lánsfjáráætlun ríkisstj., þá spurði ég m. a. að því hvernig ætlunin væri að verja þeim 20 þús. millj. í erlendum gjaldeyri sem á að afla í nýju lánsfé á næsta ári, þ. e. a. s. hve miklum hluta af þessu fé ætti að ráðstafa til verklegra framkvæmda og hve miklum hluta af þessu fé ætti að ráðstafa til þess að greiða afborganir og vexti af eldri erlendum lántökum. Þetta liggur ekki ljóst fyrir í lánsfjáráætluninni. A. m. k. gátu þeir, sem kynntu lánsfjáráætlunina fyrir fjvn., ekki svarað spurningum mínum þar um. Eina talan, sem þeir hugsanlega gátu nefnt, var að sá hluti af hinni nýju erlendu lántöku, af þeim 20 þús. millj. kr. eða jafnvirði þeirra í erlendum gjaldeyri, sem líklega ætti að fara til þess að greiða niður eldri erlendar skuldir *og standa undir byrði vaxta og* afborgana af erlendum skuldum, sem áður er búið að stofna til, mundi líklega vera einhvers staðar á bilinu frá 4—7 miljarða kr. Nær gátu þeir vísu menn ekki farið. E. t. v. getur hæstv. fjmrh. svarað þessu frekar, því ég held að Alþ. hljóti að vilja fá að vita nákvæmlega hvernig verja á því lánsfé sem ætlunin er að afla á næsta ári, hvað verður framkvæmt fyrir mikið af þessu lánsfé og hve mikið af þessu stafar af því að við getum ekki með öðru móti staðið undir byrðum vaxta og afborgana af erlendum og innlendum lánum sem við erum þegar búnir að taka og nota til annarra þarfa.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að ég hef enga reynslu haft af störfum í fjvn. umfram þá sem ég hef öðlast í vetur, þar eð þetta var í fyrsta sinn sem ég hef átt sæti í þeirri n. Ég get því ekki af eigin raun gert neinn samanburð á störfum n. nú miðað við störf hennar á umliðnum árum. Þó hygg ég að það sé öllum mönnum ljóst, að aðstaða n. til þess að sinna verkefnum sínum við afgreiðslu fjárl. og öðlast yfirsýn og jafnframt nauðsynlega innsýn í einstök atriði í rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana er ákaflega takmörkuð og að aðstaða þessara aðila til starfa er einkum og sér í lagi takmörkuð vegna þeirra vinnubragða sem nú hafa verið viðhöfð við gerð þessara fjárl. og ég veit ekki af eigin raun, eins

og ég sagði áðan, hvort eru einsdæmi eða almenn regla. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega taka það fram, að þessari gagnrýni er ekki beint gegn samstarfsmönnum mínum í fjvn. Allir nm. í fjvn. og þá ekki hvað síst formaður n. hafa lagt sig fram við störf sín og unnið mikið. En starfsemi þeirra sem og annarra nm. er settur stóllinn fyrir dyrnar á þann hátt, að tillögur og hugmyndir ríkisstj. hafa ekki legið fyrir, þannig að að því leyti hafa nm. lengst af starfa sinna raunar verið að þreifa sig áfram í þoku, óvitandi um efni og inntak þeirra till. og áforma ríkisstj. sem eru að sjálfsögðu lykilatriði í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Við þetta er að sjálfsögðu erfitt að una og ætti að vera tiltölulega auðvelt að breyta með breyttum starfsháttum. Hvort vilji er til slíkra breytinga er hins vegar annað mál. En á meðan starfshættir eins og ég hef hér vikið að ráða ríkjum verða störf Alþ. og fjvn. að gerð fjárl. að sjálfsögðu ómarkviss og laus í reipunum.

Það hefur verið einkennandi fyrir ríkisbúskapinn á umliðnum árum að sálf fjárlagagerðin segir raunar ekki nema hálfa söguna um rekstur og framkvæmdir á vegum ríkisins og ríkisstofnana, þar sem stöðugt færist í vöxt að sinna stórum verkefnum utan við fjárlög í sambandi við öflun lánsfjár erlendis og innanlands til sérstakra verkefna sem síðan er úthlutað öðrum aðilum en Alþ. jafnvel að taka endanlegar ákvarðanir um. Lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj. er þannig ekki afgreiðsluverkefni fjvn. á sama hátt og fjárlög, heldur miklu fremur til hliðsjónar fyrir n. í störfum hennar. Þó fæst engin heildarmynd af búskap ríkisins nema einnig þessi þáttur sé hafður með. Á hinn bóginn, eins og ég gat um áðan, er lánsfjáráætlun svo seint fram komin að lítið sem ekkert ráðrúm hefur gefist til þess að athuga nákvæmlega hvers eðlis þær hugmyndir eru sem þar eru settar fram, hver áhrif af erlendu lántökunum, sem þar eru ráðgerðar, verða og hvernig og hvort það fé er notað eins og best og eðlilegast væri.

Ég kom áðan fram með fsp. til hæstv. ráðh. sem okkur gafst ekki tími í fjvn. til að fá svar við, og vænti ég þess að hæstv. ráðh. geti svarað því frekar og betur en sérfræðingar hans á fundi fjvn. En eins og ég sagði áðan, þá var eina svarið sem þeir gátu gefið við fsp. minni að af um 20 milljörðum, sem á að taka í nýjum lánum á næsta ári færu 4—7 milljarðar til þess að greiða vexti og afborganir af þegar teknum erlendum lánum. Samkv. því erum við sem sé komnir út á þá braut að við neyðumst til að taka stöðugt hærri ný erlend lán til þess að standa undir greiðslum af erlendum lánum sem þegar hafa verið tekin, svo verulegur hluti, 4—7 milljarðar af nýjum lántökum að upphæð 20 milljarðar fara til þess að við getum staðið í skilum við erlenda lánardrottna okkar. Erum við þannig komnir inn í vítahring sem hlýtur að vera erfitt að losa sig út úr aftur, enda er það svo að þrátt fyrir mörg og fögur orð hæstv. ríkisstj. um nauðsyn þess að draga úr erlendum lántökum er staðreyndin sú, að erlendar lántökur verða á næsta ári talsvert meiri en á yfirstandandi ári, þrátt fyrir það að innflutningi dýrra atvinnutækja, svo sem fiskiskipa, sem fjármögnuð hafa verið með erlendum lántökum, hafi að mestu eða öllu leyti verið hætt. M. ö. o. er hinum erlendu lánum nú í sívaxandi mæli varið til þess að standa undir byrðum afborgana og vaxta af öðrum erlendum lánum. Sem dæmi um þetta má nefna að ráðgert er að afla alls 2944 millj. kr. í erlendu lánsfé til Kröfluvirkjunar á árinu 1977. En af þeirri upphæð fer meira en helmingur eða 1564 millj. kr. til endurgreiðslu og greiðslu á vöxtum og afborgunum af erlendum lánum til þeirrar virkjunar, en aðeins innan við helmingur eða 1380 millj. kr. til greiðslu á kostnaði við nýjar framkvæmdir. Og það er langt frá því að Krafla sé eina dæmið hér um, þar sem lántökur til endurgreiðslu á þegar teknum erlendum lánum nema svipaðri eða jafnvel hærri upphæðum en lántökur til nýrra framkvæmda.

Það er því ekkert undarlega þó að dagblaðið Vísir skýri frá því í dag að samkv. nýútkomnum skýrslum frá OECD sé Ísland talið það ríki á Vesturlöndum sem sé í mestum skuldum og skuldi nú sem svarar 45% af vergri þjóðarframleiðslu, ef ég man rétt. Mun þetta vera, að því er blaðið segir, algert einsdæmi meðal þeirra ríkja sem eiga aðild að OECD. Ekki veit ég hvort þessu blaði er fyllilega treystandi, að það fari með rétt mál, en hetta fullyrðir það í fréttum sínum í dag. Sé það rangt, þá vænti ég að hæstv. fjmrh. leiðrétti það hér á eftir En hitt hygg ég að sé rétt, sem þetta blað skýrir frá, enda kemur það fram í riti Þjóðhagsstofnunarinnar „Úr þjóðarbúskapnum“, að greiðslubyrðin af þessum erlendu lánum nemi nú á árinu 1977 um 17% af gjaldeyristekjum okkar Íslendinga og stefni í enn hærri prósentutölu, þótt ráð sé fyrir því gert að útflutningstekjur haldi áfram á næstu árum að aukast hlutfallslega álíka mikið og þær hafa gert á þessu ári, þannig að það er alla vega ljóst hvert stefnir.

En það er ekki aðeins hvað erlendar lántökur varðar sem hæstv. ríkisstj. gengur eins langt og hún mögulega getur gengið og raunar heldur lengra. Það eru ekki aðeins ríkisframkvæmdir, framkvæmdir eins og framkvæmdirnar norður við Kröflu, sem gert er ráð fyrir að fjármagna að mestu eða öllu leyti með lántöku. Þannig er einnig gert ráð fyrir mjög verulegum lántökum innanlands, t. d. til þess að fjármagna fjárfestingarlánasjóði. Þannig er gert ráð fyrir því að eigin fjármögnun fjárfestingarsjóða á næsta ári lækki mjög verulega hlutfallslega, á sama tíma og lántökur hækki mjög verulega til þess að standa undir fjármagnsaðgerðum fjárfestingarsjóða hvað varðar það fé sem úr lífeyrissjóðum á að koma, en fé úr lífeyrissjóðum til nota hjá fjárfestingarsjóðunum er áætlað að hækki um 59.4% á næsta ári.

Þannig gengur ríkisvaldið nú í hvern hann sóð erlendis sem innanlands þar sem einhver peningavon er, í því skyni að fjármagna opinberar framkvæmdir, fjárfestingarlánasjóði og endurgreiðslur á erlendum lánum. Í viðbót við þetta er Seðlabankinn svo látinn prenta peningaseðla í stríðum straumum til þess að forða ríkissjóði frá greiðslubroti. Þannig er ekki hægt að halda áfram endalaust og er raunar þegar orðið augljóst hver endirinn hlýtur að verða. En hæstv. ríkisstj. hefur gefist upp við að veita viðnám.

Hún hefur augsjáanlega þegar tekið þá ákvörðun að skilja öðrum það eftir að takast á við vandann. Hún ætlar öðrum en sjálfri sér að mæta örðugleikunum þegar að skuldadögum kemur. Einskis viðnáms er lengur að vænta af hennar hendi. Svo stendur hæstv. fjmrh. hér, eins og hann gerði áðan, og hrósar sér af því að nú sé von til þess að ríkisstj. nái þeim árangri á næsta ári að hér í landi verði ekki nema 24—25% verðbólga, og telur hæstv. ráðh. að það séu mikil batamerki. Þetta er svona svipað eins og maður, sem sokkinn er upp undir axlir í kviksyndi, teldi það mikið batamerki ef hann sykki ekki eins hratt í ár og hann gerði í fyrra. En hræddur er ég um að ekki væri manninum batnað að neinu leyti og ekki ætti hann sér bata von fyrr en hann væri farinn að þokast upp úr kviksyndinu, því að hvort sem hann sekkur hægt eða hratt, þá stefnir hann þó alla vega niður.

Uppgjöf þessi kemur m. a. fram í því, hvernig hæstv. ríkisstj. stendur að lokaafgreiðslu þessara fjárl. Eins og ég benti á við 2. umr. var þá þegar orðið um að ræða fyrirsjáanlegan halla á ríkisrekstrinum á næsta ári þegar tillit væri búið að taka til áhrifa tollskrárfrv. þess, sem þá var búið að leggja fyrir þingið, og áhrifa þess á væntanlegar tolltekjur ríkissjóðs, en þá ekki fram komið hvernig ríkisstj. hugsaði sér að mæta þeim halla. Nú liggur hins vegar fyrir hvernig það á að gera. Brugðið er á það ráð til þess að sýna ekki halla við afgreiðslu fjárl. að hækka aðeins áætlaðar tekjur ríkissjóðs af ýmsum tekjustofnum. Þannig er áætlun um söluhagnað Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hækkuð með einu pennastriki um litlar 1100 millj. kr. án þess að nokkur verðhækkun hafi nánar verið ákveðin, eins og þar segir. Þá er áætlað í hinum nýju forsendum fjárlagafrv., sem eru grundvöllur undir afgreiðslu þess nú við 3. umr., að almennur vöruinnflutningur í krónum hækki úr 13%, eins og fyrst var áætlað, í 23%, og á þessu er síðan ný áætlun um tekjur af aðflutningsgjöldum byggð. Þá hefur bensín verið hækkað með nýgerðri verðhækkun, eins og allir muna, og er gert ráð fyrir að það auki tekjur ríkissjóðs um 70—80 millj. kr. umfram upphaflegar áætlanir, jafnvel þótt fyrir liggi að á síðustu tveimur árum hafi bensínnotkun á bifreið lækkað talsvert vegna mikillar verðhækkunar á bensíni og þar af leiðandi minni notkunar bifreiða, einkum í einkaakstri.

Þannig hafa einstakar tekjuáætlunartölur fjárlagafrv. einfaldlega verið færðar upp á pappírnum til þess að mæta þegar orðnum útgjaldahækkunum, og þegar það nægði ekki til þess að jafna metin var liðurinn óvissar tekjur einfaldlega hækkaður úr 30 milli. kr. í 100 millj. kr., og var þá fenginn sá jöfnuður sem fást átti á pappírnum. Hér er að sjálfsögðu um algera sýndarmennsku að ræða, — lausn, ef lausn skyldi kalla, sem hæstv. ríkisstj. hefur einatt fundið út úr þeirri klípu sem hún er komin í þegar sá tími er þrotinn, sem Alþ. gefst til að fjalla um fjárlög, og menn standa andspænis því að fjárlög eiga að hækka um hvorki meira né minna en tæp 50% frá fjárl. yfirstandandi árs eða úr um 60 milljörðum kr. í tæpa 90 milljarða. Hafa fjárlög þá um það bil tvöfaldast á þriggja ára ferli núv. hæstv. ríkisstj., sem þó hafði það boðorð helst í upphafi stjórnarferils síns að taka upp nýja stefnu, stefnu aðgátar og varfærni í ríkisfjármálum. Sú stefna hefur beðið algert skipbrot, eins og sjá má af því að nú á þessu ári á að hækka fjárlög um tæplega 50% þrátt fyrir öll hin mörgu og fögru orð um aðgát og aðsjálni.

Um afgreiðslu einstakra mála og einstakra málaflokka milli umr. er í sjálfu sér hægt að tala langt mál, en ég ætla ekki að tefja fundi hér í kvöld á því að setja á langar tölur þar um, því að ríkisstj. og þingmeirihl. hennar eru þegar búin að marka sína ákveðnu stefnu sem líklega verður ekki frá hvikað. Nú er t. d. séð orðið að þrátt fyrir eindregnar áskoranir, jafnt innan þings og utan, um að málefni geðdeildar Landspítalans verði tekin föstum tökum, þá er afráðið að verða ekki við þeim óskum nema að takmörkuðu leyti, þannig að útséð virðist um að unnt sé að ljúka þeirri framkvæmd jafnhratt og nauðsynlegt og óhjákvæmilegt var talið. Þá hefur einnig komið í ljós, að þau fögru orð hæstv. fjmrh. um aðstoð við þróunarlöndin, sem mælt voru á alþjóðlegum vettvangi ekki alls fyrir löngu, hafa ekki fylgt honum eftir hingað upp til lands, því að ekki er gert ráð fyrir að hækka þann fjárlagalið í till. fjvn. frá fjárlagafrv. um meira en 12 millj. kr. Þá er það með öllu vansæmandi hvernig fjvn. hefur afgreitt umsóknir ýmissa smærri félaga og félagasamtaka, t. d. líknarfélaga, t. d. samtaka eins og Alþýðusambands Íslands og annarra slíkra samtaka, sem óskuðu eftir því að fjárveitingar til starfsemi þeirra, sem yfirleitt eru mjög lágar og óverulegar, yrðu aðeins hækkaðar í samræmi við verðlagshækkanir á yfirstandandi ári. Fjvn. hefur litið sem ekkert sinnt þessum beiðnum, og staðreyndin er sú, að flestar þessar tölur eru óbreyttar frá því í fyrra ef að till. fjvn. verður farið.

Þá hefur enn fremur komið fram, og ég ætla ekki að orðlengja það, hvernig af hálfu hæstv. ríkisstj. er staðið við fyrirheit — a. m. k. ætluðu sveitarstjórnarmenn að þar væri um fyrirheit að ræða — um að taka fyrir sérstakar framkvæmdir í hafnarmálum fiskihafna að loknum framkvæmdum við landshafnir sem lokið var við á yfirstandandi ári. Þeim mönnum hefur ekki orðið að þeirri trú að ríkisstj. mundi breyta stefnunni í þá veru, heldur hefur þvert á móti verið þannig á málum haldið að margar fiskihafnir í stórum útgerðarstöðum eru algerlega vanræktar á fjárl. nú, ekki aðeins til tjóns fyrir þá sem byggja þessi fiskiborp og fiskibæi, heldur til beins fjárhagslegs skaða fyrir þjóðina alla.

Við alþfl.-menn höfum lagt fram við þessa 3. umr. nokkrar till. Fyrir þeim verður væntanlega gerð grein hér á eftir. Fæstar þessar till. eru stórvægilegar, heldur eru minni háttar lagfæringar sem á að reyna að fá þingið til að samþykkja nú við lokaafgreiðslu fjárl. Okkur er það fyllilega ljóst, að jafnvel þó að þessar till. allar yrðu samþykktar, þá nægði það ekki til þess að breyta þeirri meginstefnu sem felst í fjárlagagerð hæstv. ríkisstj. Til þess þarf annað og miklu meira til. En þetta er alla vega tilraun

til þess að fá hv. Alþ. til þess að sinna ýmsum verkefnum sem ekki eru stór séu þau vegin á mælikvarða þann sem fjárl. eru vegin nú á þegar þau eru komin upp í tæpa 90 milljarða kr., en eru stór verkefni í augum þeirra, sem um hafa sótt, og í augum þeirra, sem með þessum tillöguflutningi er verið að reyna að ganga til móts við að leysa vandann hjá.

En það alvarlegasta í sambandi við þá stefnu, sem liggur að baki þeirrar fjárlagagerðar sem nú á að afgreiða, er þó ekki þetta sem ég hef minnst á í ræðu minni áðan, heldur hitt, á hvaða forsendum í kaupgjaldsmálum þessi fjárlagagerð byggist. Ég benti á það í ræðu minni við 2. umr. fjárl. fyrir nokkrum dögum að það væri beinlínis gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagagerðar hæstv. ríkisstj. að kauphækkanir, sem veittar yrðu á næsta ári, yrðu alls ekki meiri en þegar er búið að semja um milli ríkisvaldsins annars vegar og samtaka opinberra starfsmanna hins vegar. Forsenda fjárlagafrv. ríkisstj. var sú, að aðrar launastéttir og þ. á m. þessar líka ættu ekki að fá á árinu 1977 meiri umbun heldur en þegar er gert ráð fyrir í samningum, sem nú er búið að gera, að þeim sé skammtað. Þetta hyggst ríkisstj. gera, jafnvel þótt fyrir liggi að sú kaupmáttaraukning, sem menn eru að spá að geti orðið á næsta ári, miðað við það að atvinnutekjur manna haldist hlutfallslega óbreyttar, þ. e. a. s. að mönnum takist á næsta ári eins og árinu 1976 að vinna óvenjumikla eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu, — þrátt fyrir það að gengið sé út frá því að þessi yfirvinna verði hlutfallslega jafnmikil á árinu 1977 og hún hefur verið árið 1976, þá er samt sem áður ekki gert ráð fyrir því að kaupmáttur heildartekna heimilanna hækki nema um hluta af því sem hann hefur lækkað á árinu 1976. Þetta er gert þrátt fyrir það að spáð sé mjög ört hækkandi útflutningstekjum á næsta ári, auknum útflutningi á áli, hækkandi álverði o. s. frv., o. s. frv., sem ég nefndi í ræðu minni við 2. umr.

Milli umr. hefur smávegis lagfæring verið gerð á þessu af hálfu hæstv. ríkisstj. Lagfæringin er sú ein, að þau atriði í gildandi kjarasamningum opinberra starfsmanna, sem hæstv. ríkisstj. augsýnilega gleymdi að taka tillit til við upphaflega gerð fjárlagafrv., hafa nú verið tekin inn í endurskoðaða áætlun um ríkisrekstrinn á næsta ári, þ. e. a. s. samningsbundin ákvæði opinberra starfsmanna um vísitöluhækkun á laun. Þetta er eina leiðréttingin sem hæstv. ríkisstj. hefur gert á fjárlagasamningu milli umr. En ég vil vekja athygli á því, að í bréfi, sem fjvn. hefur fengið frá Þjóðhagsstofnuninni og ber yfirskriftina: Endurskoðun tekjuáætlunar fjárlagafrv. 1977, segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessi aðferð“ — þ. e. a. s. að áætla launafólki ekki meiri kauphækkanir á næsta ári heldur en þegar hefur verið samið um í samningi milli ríkisvaldsins og starfsmanna þess, þrátt fyrir það að vitað sé og menn hafi fulla vitneskju fyrir því að öll launþegasamtök landsins séu að búast til kjarastyrjaldar, þá segir orðrétt svo: „Þessi aðferð ætti að gera alla fjárlagastjórn raunhæfari og ákveðnari en ella þar sem ekki ætti að sinna neinum umframfjárbeiðnum á næsta ári vegna óvæntra verðlags- og launabreytinga, þar sem þegar hefur verið ætlað fyrir slíkum breytingum“.

Með þessu er hæstv. ríkisstj. sem sé umbúðalaust að boða það, að hún muni, hvað sem allri verkalýðsbaráttu líður, hvað sem öllum samningum líður sem kunna e. t. v. að nást á árinu 1977, þá muni hún ekki undir neinum kringumstæðum heimila meiri kaupmáttaraukningu á næsta ári heldur en felst í samningum sem opinberir starfsmenn hafa gert og í gildi eru nú, það ætti ekki að sinna neinum umframfjárbeiðnum á næsta ári vegna óvæntra verðlags- og launabreytinga þar sem þegar hefur verið ætlað fyrir slíkum breytingum. Þetta er skýrt og afdráttarlaust, hvað hæstv. ríkisstj. er hér að segja. Á þessu byggist afgreiðsla hennar á fjárl. nú. Með þessu er verið að boða það, sem ég sagði áðan, að það er ekki ætlun ríkisstj. að heimila verkalýðshreyfingunni að ná fram með samningum neinum kauphækkunum umfram það, sem þegar hefur verið samið um milli opinberra starfsmanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar.

Það mun vera hefð, herra forseti, að þeir, sem eiga sæti í minni hl. fjvn. hverju sinni, standi ekki að tillöguflutningi, séu a. m. k. ekki fyrstu flm. að ýkjamörgum till. Þessa hefð hef ég haft í heiðri og er ekki 1. flm. að nema einni till., þ. e. till. sem ég flutti við 2. umr., mælti þá ekki fyrir, en dró til baka til 3. umr. og ætla að nota örfáar mínútur, jafnvel örfáar sekúndur til að lýsa hér nú.

Till. þessi er á þskj. 259, I, frá okkur Karvel Pálmasyni. Till. er á þá lund, að fjárveitingar til Menntaskólans á Ísafirði verði hækkaðar um 25 millj. kr., úr 19 millj. í 44 millj. Vissulega gerum við okkur ljóst, að það er harla ólíklegt að Alþ. fáist til að samþykkja þessa till. okkar. Engu að síður teljum við rétt að hún sé flutt. Hér er um það að ræða að gera þarf tilraun til þess að hæstv. ráðh. og ríkisstj. Íslands efni loforð sem fyrrv. ríkisstj. var búin að gefa ísfirðingum og vestfirðingum um byggingarmál menntaskólans þar. Það loforð hefur ekki verið efnt nú um nokkurt skeið, því miður, vegna þess að þær vanefndir hafa ekki aðeins skapað Menntaskólanum á Ísafirði erfiðleika, heldur ekki síður grunnskólanum þar, en eins og menn vita er kennsluhúsnæði Menntaskólans húsnæði sem nota á fyrir grunnskólann á Ísafirði til hans þarfa. Vegna þess að Menntaskólinn hefur enn þá þetta kennsluhúsnæði til umráða er ástandið í grunnskólamálum á Ísafirði orðið þannig, að ekki er hægt að halda uppi lögboðinni kennslu í barnaskólanum vegna skorts á húsnæði og gagnfræðaskólinn þarf að setja upp í vetur sérstakar lausbyggðar kennslustofur til þess að koma kennslu sinni fyrir. Hér er því um að ræða mál sem ekki varðar aðeins Menntaskólann einan, heldur grunnskólastigið einnig. Till. okkar lýtur að því, að unnt verði á næsta vori að hefja lágmarks-undirbúningsframkvæmdir við byggingu kennsluhúss fyrir Menntaskólann á Ísafirði, þ. e. a. s. að hægt verði á árinu 1977 að ljúka ekki aðeins verkfræðiteikningum, eins og felst í till. meiri hl., heldur einnig ljúka jarðvinnu og að steypa plötu.

Ég tel að Alþ. geti ekki öllu lengur leitt hjá

sér að efna loforð sem búið er að gefa vestfirðingum fyrir mörgum árum um byggingu Menntaskólans á Ísafirði. E. t. v. verður þessi till. ekki samþ. nú, um það veit maður ekki, en alla vega er rétt að flytja hana, eins og við höfum gert, m. a. til þess að þm. Vestf. gefist kostur á því að láta fram koma að þeir séu mjög óánægðir með þá afgreiðslu sem þetta mál hefur hlotið ár eftir ár.

Frsm. samvn. samgm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 232 flytur samvn. samgm. brtt. við 4. gr. fjárl. um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Í fjárlagafrv. er þessi fjárhæð 82 millj. 830 þús. eða sama tala og ákveðin var á fjárl. þessa árs. Ég mun nú gera nokkra grein fyrir störfum n. að þessu sinni og nál. á þskj. 231.

Alþm. þeir, sem skipa samvn. samgm., eru fulltrúar í samgn. beggja þd., 14 að tölu. Hefur sú regla gilt frá fornu fari að n. ynnu saman að þessu máli. Ég ætla að þessi háttur eða vinnubrögð hafi reynst vel. Mætti meira af slíku gera, a. m. k. ætti það að spara tíma, en tíminn er eitt hið mesta verðmæti, ekki síst á síðustu þingdögum fyrir jól. Þetta snertir og það málefni sem hreyft hefur verið, hvort ekki sé ástæða til að skoða vandlega þá hugmynd að breyta Alþingi Íslendinga í eina málstofu, en það er önnur saga sem verður ekki gerð að umtalsefni að þessu sinni.

Samvn. samgm. hefur að venju fjallað um mörg erindi sem borist hafa um framlög af ríkisfé til flóabáta og vetrarflutninga. N. kallaði á sinn fund Guðmund Einarsson forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og Halldór S. Kristjánsson — það stendur í grg., Halldór Kristjánsson fulltrúa í samgrn., en það mun vera rangt, hann er deildarstjóri og leiðréttist það hér með. Veittu þessir menn n. ýmsar gagnlegar upplýsingar, sérstaklega að því er varðar rekstur hinna stærri flóabáta. Þá hafa margar umsóknir borist til n. frá ýmsum aðilum sem annast ferðir og flutninga í snjóþungum byggðarlögum. Hér er um að ræða beltabifreiðar og önnur ökutæki sem henta til vetrarferða, flugvélar og smærri báta. Þessi farartæki þurfa að vera sterkbyggð og traust svo að þau geti komist fyrirvaralaust þegar slys eða annan bráðan vanda ber að höndum. Það má augljóst vera að útgerð slíkra farartækja er ærið kostnaðarsöm. Það má því gott kallast í flestum tilvikum ef unnt er að komast hjá miklum hallarekstri. Ljóst er að margir þeir, sem slík störf annast, leggja mikið á sig, en fá oft lítið í aðra hönd. En lengi hefur verið talið bæði rétt og skylt að styðja við bakið á þeim sem veitt hafa svo mikilvæga þjónustu víðs vegar úti um byggðir landsins. Þess vegna hefur n. talið sjálfsagt að skoða hverja umsókn vandlega og reyna að koma til móts við óskir manna þó að erfitt sé að sjálfsögðu að gera svo öllum líki í þessum efnum sem öðrum.

Að þessu sinni bárust umsóknir frá 44 aðilum. Flestir eru það gamlir kunningjar. Nýjar umsóknir komu frá útgerð tveggja snjóbifreiða á Vestfjörðum: um Sandsheiði yfir á Ingjaldssand og til mjólkurflutninga í Önundarfirði. Bráðum þessum aðilum var veittur nokkur fjárstyrkur, sbr. þskj. 232, tölul. 41 og 43. Þá barst umsókn frá hinu nýja Vestmannaeyjaskipi, Herjólfi, og enn fremur frá Kaupfélagi strandamanna, Norðurfirði á Ströndum, en að þessum umsóknum verður nánar vikið síðar. Allar umsóknir voru, eins og ég sagði, skoðaðar vandlega og afgreiddar jákvætt með einhverjum fjárstuðningi, utan ein sem afgreidd er með sérstökum hætti.

Eins og ljóst má vera reyndist ekki unnt að taka allar fjárbeiðnir til greina að fullu. Ber þar margt til. Í fyrsta lagi er misjafn háttur manna hversu háar tölur eru nefndar í umsóknum um þessa heims gæði. Í annan stað er frágangur umsókna mjög mismunandi. Sumum fylgja ítarleg gögn og glöggar greinargerðir, öðrum nær engar upplýsingar. Hér er orðið um miklar fjárhæðir að ræða svo að full ástæða er til að krefja umsækjendur um öll þau gögn, sem máli skipta, og greinargóða málsútlistun. Hitt er hafið yfir allan vafa, að rekstur sá, sem hér um ræðir, er erfiður og fjárfrekur, en nauðsynlegur að sama skapi, svo að víðast hvar mun vera rík þörf fyrir fjárstuðning sem mestan.

Þegar sams konar mál var afgreitt fyrir ári var mikillar forsjálni og aðhaldssemi gætt af hálfu n. sem oftast áður. Óhjákvæmilegt var þó að hækka nokkrar fjárveitingar allverulega. Þessi heildarfjárveiting hefur löngum verið með því marki brennd að hækka ár frá ári eins og aðrar tölur fjárl. yfirleitt. Hún ber þannig „keim og eim síns aldarfars". Þó var það svo, að við skiptingu þessa fjár í des. fyrir ári voru allmargar fjárveitingar til snjóbifreiða og vetrarflutninga látnar standa í stað óbreyttar að krónutölu. Ljóst er að ekki er hægt að hafa þennan hátt á mörg ár í röð. Nm. hurfu því að því ráði að þessu sinni að miða við 30% hækkun almennt á milli ára. Þeirri reglu er þó engan veginn fylgt út í ystu æsar, en hún er yfirleitt höfð til hliðsjónar. Sumir styrkir hækka þó mun meira en þessu nemur. Er margt sem því veldur, en fyrst og fremst sú tilfinning og almenn skoðun manna að sú þjónusta við almenning um gervalla landsbyggðina, sem hér er um að fjalla, sé svo mikilvæg að hana beri umfram allt að styrkja og styðja af fremsta megni. Aðallega er um rekstrarstyrki að ræða, en á nokkrum stöðum er veittur svokallaður stofnstyrkur til allt að þriggja ára, ef um endurnýjun eða meiri háttar endurbætur er að ræða á dýrum farartækjum. Ég mun nú víkja nokkrum orðum að umsóknum þessum eftir landfræðilegri skiptingu. Nefni ég þá aðallega hina stærri rekstraraðila.

Norðurlandssamgöngur: Þar er það Norðurlandsbáturinn Drangur sem hefur um margra ára skeið haldið uppi ferðum frá Akureyri um Eyjafjörð, Ólafsfjörð og Siglufjörð, enn fremur til Hríseyjar og Grímseyjar. Hann annast flutninga á mjólk og öðrum nauðsynjum. Rekstur hans virðist hafa gengið vel. En báturinn er orðinn 17 ára. Viðhald er því allverulegt, m. a. þarf að gera vélina upp. Lagt er til að styrkur til bátsins hækki nú um tæpar 5 millj. kr.

Hríseyjarbátur eða ferja er í förum milli Dalvíkur og Hríseyjar. Hann er orðinn 18 ára gamall. Þörf er því fyrir nýjan ferjubát. N. leggur til að styrkur til Hríseyjarferju hækki um 400 þús kr.

Þá verður Grímseyjarflug eða flugferðir til

Grímseyjar styrkt með svipuðum hætti og verið hefur.

Enn fremur er veittur styrkur til nokkurra snjóbeltabifreiða í Norðlendingafjórðungi og flugbjörgunarsveitar á Akureyri.

Þá nefni ég Austfjarðasamgöngur. Á Austfjörðum sækir Mjóafjarðarbátur um hækkaða fjárveitingu og auk þess um sérstaka hækkun vegna vetrarferða að Dalatangavita. Fallist hefur verið á hækkun sem nemur 500 þús. kr.

Allt að einum tug snjóbifreiða á fjallvegum austanlands fær svipaðan styrk og verið hefur með hliðsjón af verðlagshækkunum. Þó er styrkur til snjóbifreiðar á Oddsskarði hækkaður verulega. Eins og kunnugt er er það einn hæsti fjallvegur landsins og talið að göng þau, sem nú er unnið að á þeim slóðum, verði ekki fullgerð fyrr en eftir tvö ár. Ég skal geta þess að umsóknin um flutningastyrk á Oddsskarði var að þessu sinni mjög rækilegum rökum studd og þótti því ástæða til að hækka fjárveitingu til þessa erfiða fjallvegar og leggja að jöfnu Fjarðarheiði og Oddsskarð, en það telja þeir, sem kunnugir eru á þessum slóðum, ekki fjarri lagi.

Þá eru það Suðurlandssamgöngur. Vöruflutningar á langleiðum sunnanlands til hinna hafnlausu byggða í Skaftafellsþingi eru styrktar á svipaðan hátt og verið hefur. Þá er nokkur styrkur veittur til vetrarferða í Víkurumdæmi.

Þá bætist við nýr liður sem sjálfsagt þótti að taka til greina. Það er Vestmannaeyjaskipið Herjólfur sem hóf göngu sína á þessu ári. Því eru nú ætlaðar 30 millj. kr. auk styrks vegna mjólkurflutninga. Segja má þó að hér sé aðallega um tilfærslu að ræða þar sem gamli Herjólfur var rekinn af Skipaútgerð ríkisins, og þess má geta að árið 1975 mun hann hafa verið rekinn með nær 50 millj. kr. rekstrarhalla.

Faxaflóasamgöngur: Flóabáturinn Akraborg heldur uppi reglubundnum ferðum á hinni fjölförnu leið milli Akraness og Reykjavíkur. Annast hf. Skallagrímur þá útgerð. Verkefni ferjunnar eru oft mikil, eins og flestum er kunnugt, sérstaklega við bifreiðaflutninga og farþega, og tekjur allháar. En það er útgerðinni fjötur um fót að hún verður að standa straum af óhagstæðum lánum til skamms tíma frá því að skipið var keypt til landsins, og veldur það allmiklu og ég vil segja verulegu óhagræði í rekstrinum eins og er. Lagt er til að styrkur til þessa skips verði 25 millj. kr.

Einnig er lagt til að Mýrabátur hljóti svipaðan styrk og verið hefur eða 50 þús. kr. með hliðsjón af verðlagshækkunum. Það var satt að segja álit nm. að það tæki því ekki að úthluta í þessu skyni lægri styrk en 50 þús. kr.

Um Breiðafjarðarsamgöngur er það að segja, að Breiðafjarðarbáturinn Baldur, sem á lögheimili og varnarþing í Stykkishólmi, annast ferðir og flutninga um Breiðafjörð með líkum hætti og verið hefur undanfarin ár. Hann fer vikulega a. m. k. til Reykjavíkur og reglubundnar ferðir til Flateyjar eða um Flatey til Brjánslækjar á Barðaströnd, einnig um Gilsfjörð, Hvammsfjörð og vestureyjar. Vegna flokkunarviðgerðar og tjóna var hann í skipasmíðastöðinni Skipavík í Stykkishólmi s.l. vetur eða frá því í okt. 1975 þar til í aprílok 1976. Þegar farið var að gera við hann kom í ljós leynd tæring í gólfi sem engan hafði grunað að væri þar og viðgerð á því reyndist mjög kostnaðarsöm. En segja má að framkvæmd hafi verið s.l. vetur alls herjarviðgerð á skipinu, gagngerð viðgerð, þannig að það á nú að vera fært í flestan sjó. Lagt er til að styrkur til Baldurs verði 30 millj. kr.

Á undanförnum árum hefur Langeyjarnesbátur verið styrktur til ferða frá Stykkishólmi um eyjarnar upp í Hnúksnes í Klofningshreppi í Dalasýslu. Talið er rétt að svo verði gert áfram.

Þá er rétt að geta þess, að veittir eru þrír smástyrkir til vetrarflutninga á Vesturlandi.

Loks eru það Vestfjarðasamgöngur. Þar er það Djúpbáturinn Fagranes sem annast ferðir og flutninga um Ísafjarðardjúp, mjólkurflutninga til Ísafjarðar, m. a. frá Dýrafirði og Önundarfirði. Rekstur þess báts hefur gengið erfiðlega að undanförnu. En það verður að segjast eins og er, að send hefur verið nákvæm og mjög skilmerkileg grg. um öll hans mál til n. Leggur hún til að hann fái styrk að fjárhæð 25 millj. kr. á fjárl. 1977.

Þá er veittur nokkur styrkur til Dýrafjarðarbáts og átta annarra aðila á Vestfjörðum sem annast vetrarflutninga og ferðir aðallega á snjóbílum.

Vera má að mönnum finnist hækkun sú hin tölulega, sem verður á þessum lið frá fyrra ári, vera nokkuð mikil. Meginskýringin er sú, að Herjólfur, hið nýja Vestmannaeyjaskip, hinn dýri og glæsilegi farkostur, er nú tekinn með undir þessum lið. Við það hækkar heildarfjárhæðin um tæpar 32 millj. kr., eins og ég gat um áðan. Öllum þótti á hinn bóginn sjálfsagt að taka þessa umsókn til greina, og sennilega er hún mjög hófleg miðað við ýmislegt annað, ef taka á tillit til verðmætis skipsins og smíðaverðs. En það hefur verið rætt um það að styrkir til þessa skips séu nokkurs konar vegafé vestmanneyinga, og má það til sanns vegar færa, hygg ég, að töluverðu leyti. En sé þessi fjárhæð dregin frá heildinni kemur í ljós að framlög til flóabáta og vöruflutninga hækka í heild u. þ. b. um 45%. Er þá alveg litið fram hjá tapi því sem ég nefndi áðan á fyrri útgerð Herjólfs árið 1975, sem þó mætti vissulega taka með í heildarmyndina, ef hún væri sett fram í svolítið öðru formi.

Sá háttur var tekinn upp í fyrsta sinn í fyrra að birta skrána yfir úthlutun þessa fjár í fjárl. Verður svo gert nú. Ég sé því ekki ástæðu til að lesa úthlutunarskrána upp lið fyrir lið, menn hafa hana fyrir augum á þskj. 231 og væntanlega í komandi fjárl. ársins 1977.

Ég vík þá aðeins að því erindi, sem ég nefndi áðan í fáum orðum, frá Kaupfélagi strandamanna í Norðurfirði. Það væri ólíkt n. að gleyma þessum aðila í hinni afskekktu byggð. Og þó að við höfum ekki treyst okkur til þess að taka umsóknina til greina eins og farið var fram á, þá hygg ég að við höfum öll í samvn. samgm. verið á því máli að stuðla að afgreiðslu þessa erindis. En það er nokkuð sérstaks eðlis og fjallar í rauninni um endurbyggingu á uppskipunarbáti sem þeir hafa norður þar við hinar erfiðustu aðstæður.

Mér var sem formanni n. falið að koma þessu

erindi á framfæri við annan aðila, og ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp drög að því bréfi sem ég hef sett saman og skýrir málið að nokkru. Bréfið er til Byggðasjóðs:

„Reykjavík, 20. des. 1976.

Samvinnunefnd samgöngumála leyfir sér að senda yður ljósrit af bréfi Kaupfélags strandamanna, Norðurfirði, Árneshreppi, Strandasýslu, dags. 17. ágúst 1976, er sent var fjvn. Alþ. Bréf þetta barst til samvn. samgm. í ljósriti. N. hefur fjallað um málið eins og önnur erindi sem henni hafa borist. Hafa nm. fullan skilning á því að hlaupa þurfi undir bagga með fámennu og afskekktu byggðarlagi í þessu efni. En þar sem erindi þetta er sérstaks eðlis telur n. rétt að vísa því til Byggðasjóðs þar sem tækifæri ætti að gefast til að skoða þetta vandamál nánar, bæði að því er varðar stopular samgöngur og erfiðar aðstæður að öðru leyti. Vill n. fyrir sitt leyti óska eftir því að erindi þetta fái skjóta afgreiðslu.“

Þess skal getið að einn nm., Sverrir Hermannsson alþm., sem jafnframt er annar af tveim framkvæmdastjórum Byggðasjóðs (Framkvæmdastofnunar ríkisins), tók þátt í ofangreindri afgreiðslu málsins í n. er samþykkt var samhljóða.

Vona ég að okkur hafi þarna tekist að koma þessu erindi á framfæri við aðila sem muni sinna því vel og vandlega.

Samvn. samgm. vill nú sem fyrr ítreka ályktanir sínar frá fyrri árum þess efnis að umsækjendur sendi umsóknir sínar í tæka tíð á hausti hverju til n. ásamt glöggum skilagreinum um rekstur og hag, störf og áætlanir sínar á þessu sviði.

Svofelld till. frá Páli Péturssyni var samþ. shlj. í n., og ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hana upp:

„Samvn. samgm. lýsir mikilli óánægju yfir því, að ályktun n. frá 18. des. 1975 um það, að áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins athugaði og gagnrýndi reikninga flóabátanna, sérstaklega hvað varðar launagreiðslur og annan útgerðarkostnað, hefur ekki verið framkvæmd. N. óskar mjög eindregið eftir því, að þessi athugun verði gerð, annaðhvort af Framkvæmdastofnun eða samgrn. Enn fremur verði gerður samanburður á fskj. og farmgjöldum bátanna. Telur n. algerlega óviðunandi að taka ákvarðanir um svo háar fjárveitingar oftar án þess að glögglega sé gengið úr skugga um það, að þessu fé sé skynsamlega varið og að fjárveitingar séu bráðnauðsynlegar vegna viðkomandi byggðarlaga.“

Þessari till. hefur þegar verið komið á framfæri við hæstv. samgrh. og samgrn.

Að venju er það skilyrði sett fyrir því að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra þeirra, er styrki hljóta, verði hagað þannig í samráði við rn. að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Það náðist ekki full samstaða í n. um öll atriði. Tveir nm. undirrita álitið með fyrirvara, en heildartill. n. með hliðsjón af framansögðu er sú, að fjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga á fjárlagaárinu 1977 verði 152.5 millj. kr. og skiptist sú fjárhæð eins og greint er á þskj. 232 og ég gat um áðan og verður væntanlega, ef samþykki nær, birt í fjárl. 1977.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en vil að lokum þakka nm. góða samvinnu og vona að sem flestir megi nokkurs góðs af njóta.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. frá samvn. samgm. hef ég undirritað það með fyrirvara. Sá fyrirvari byggist fyrst og fremst á þremur atriðum.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við djúpbátinn Fagranes hf. Eins og kom fram hjá formanni og frsm. n. hefur verið mjög erfiður rekstur þess báts að undanförnu og það var raunar fyrir séð við afgreiðslu fjárl. á s.l. ári að hverju stefndi og var auðvitað algerlega óraunhæft að afgreiða það mál eins og þá var gert. En þá komu yfirlýsingar góðra manna hér um sérstaka fyrirgreiðslu sem þá var um talað, en ég skal ekki fara frekar út í þá sálma í sambandi við það mál. En það er, að ég held, nokkuð séð að með þessari styrkveitingu til Fagranessins er vægast sagt teflt á tæpasta vað með það hvort rekstur bátsins getur gengið allt árið fáist ekki leiðrétting á þessari upphæð.

Í öðru lagi er varðandi sama lið, þ.e. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði. Það má furðulegt teljast að ekki skyldi fást fram breyting á þessum lið. En um þetta voru greidd atkv. í samgn. og það kolfellt, þó að þar væri um að ræða tiltölulega litla breytingu í fjárhæð talið, en mjög svo sanngjarna og nauðsynlega. Hér er um það að ræða að það er búið að gera samning um þetta verkefni og sá samningur hljóðar upp á helmingi hærri upphæð en hér er um að ræða, um 500 þús. kr., ef ég man rétt. Þetta er bindandi samningur, þannig að það var og er augsýnilegt að þessi upphæð er fjarri því að leysa þann vanda sem þar er. Auk þess er rétt að minnast þess, að í fyrra var þessi fjárhæð, held ég, ekki hækkuð neitt frá fjárl. ársins 1975, þannig að þarna var vissulega mikil þörf á leiðréttingu.

Í þriðja lagi var um að ræða lið nr. 43, þ.e. mjólkurflutninga í Önundarfirði. Það er alveg sambærilegt við það sem gerist í Dýrafirði. Það er einnig, ef svo má segja, á verksviði Djúpbátsins, og þennan lið hefði þurft að fá leiðréttan til hækkunar.

Ég hef ekki enn sem komið er lagt fram brtt. við neinn þessara liða. Ég vænti þess og trúi varla öðru en þetta verði leiðrétt án þess að það verði bornar fram hér sérstakar brtt., hvorki af stjórnarandstæðingum né stjórnarsinnum, en báðir eru til þess líklegir að gera slíkt ef í hart færi. En mér finnst satt að segja að það sé raunar óviðunandi að fá ekki nokkra hækkun á sérstaklega þessum tveimur liðum því að þar er þó um óverulegar fjárhæðir að ræða sem breyta ekki neinu varðandi heildardæmið á fjárl. sem eru komin upp undir 90 milljarða kr. En ég skal ekki eyða frekari orðum þar um. Ég sé hvað setur, hvernig mál þróast hér í meðferð í kvöld. Enn er tækifæri til þess að bera fram brtt. En það verður af minni hálfu ekki gert að sinni.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að því sem formaður og frsm. n. gat um í sambandi við

erindi þeirra í Norðurfirði á Ströndum. Það var að minu áliti ekkert því til fyrirstöðu að taka það hér inn og afgreiða það á þessum lið fjárl. En menn töldu æskilegra að fara hina leiðina, að óska eftir því sérstaklega af hálfu n. að Byggðasjóður sinnti þessu verkefni. Það er ekki í sjálfu sér meginatriði hvaðan þessir fjármunir koma, en þeir sóttu um 3 millj. kr. fyrirgreiðslu til þess að endurbyggja uppskipunarbát sem þeir hafa í stað hafnaraðstöðu á Ströndum. Og það liggur í augum uppi að það er margfalt ódýrara fyrir ríkissjóð að verða við þessari beiðni þeirra á Ströndum heldur en ef ætti að fara út í að byggja upp hafnaraðstöðu sem að sjálfsögðu þeir eins og aðrir landsmenn eiga rétt á. En þeir stilla þessu máli þann veg í hóf, að þeir óska aðeins eftir fyrirgreiðslu til þess að endurbyggja þennan bát.

Ég hef ekki ástæðu til þess að ætla annað en Byggðasjóður verði góðfúslega við þessari beiðni kannske ekki síst vegna þess að annar framkvæmdastjóri sjóðsins á sæti í samgn. og lýsti eindregið yfir þar að hann teldi þetta sjálfsagt mál, svo sjálfsagt að það gæti að sínu mati á engan hátt vafist á nokkurn hátt fyrir stjórn Byggðasjóðs að afgreiða það jákvætt. Ég tek því undir það, sem fram kemur í bréfi formannsins til Byggðasjóðs, að skjótt verði við brugðið í þessu máli og það fái skjóta afgreiðslu, en það hefði gjarnan mátt fylgja með: jákvæða líka, ég held að það hafi ekki verið í bréfinu. En því er þá hér með komið áleiðis. En ég a. m. k. vona að við þessari beiðni þeirra strandamanna verði orðið af Byggðasjóði.

Ég skal ekki ræða hér neitt að þessu sinni um fjárlagafrv. í heild eins og það nú stendur og greinilegt er, að því er virðist, hver endanleg afgreiðsla þess á að verða. Það hefur verið gert hér í kvöld af fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Ég hygg að það mundi ekki leiða neitt nýtt í ljós þó að ég færi að fara um það hér orðum. Það er haldið óbreyttri stefnu frá því sem var í fjárl. ársins í ár. Rekstrarútgjöld eru þanin út, kerfið stórlega vex, en samfélagslegar fjárveitingar eru skornar niður og dragast saman. Þetta er ljóst og ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum.

En ég ætla með örfáum orðum að gera hér grein fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni við heimildagrein fjárl., þar sem við leggjum til að inn verði tekin í 6. gr. nýr liður sem orðist svo: „Að taka lán allt að 80 millj. kr. til þess að flýta hafnarframkvæmdum í Bolungarvíkurhöfn vegna þjónustu við loðnuflotann.“ Ég held að það sé nauðsynlegt að gera með örfáum orðum grein fyrir ástæðunni að þessari brtt.

Það eru öllum hv. þm., að ég hygg, ljós hin breyttu viðhorf varðandi loðnuveiðar á þessu ári. Allt frá miðju ári hafa átt sér stað loðnuveiðar fyrir Vestfjörðum, sem ekki hefur gerst áður, og það breytir öllum viðhorfum varðandi þetta mál sem hér um ræðir. Ég hygg að öllum hv. þm. sé það einnig ljóst, að í Bolungarvík er loðnuverksmiðja og að öllum líkindum mun hún taka á móti um eða yfir 20 þús. lestum af loðnu á þessu ári, þar af mun hún vera búin að taka á móti um 17 þús. lestum af sumarloðnuveiðinni. Þegar eru hafnar framkvæmdir við stækkun þessarar verksmiðju. Eins og nú er afkastar hún um 250 lestum á sólarhring, en fyrirhuguð er og þegar hafin framkvæmd á stækkun við hana þannig að hún mun að þeirri stækkun lokinni afkasta um 500 lestum á sólarhring, þ. e. a. s. helmingsstækkun.

Til þess að þessi aukna afkastageta komi að notum eru nauðsynlegar tiltölulega litlar framkvæmdir á nútímamælikvarða í sambandi við höfnina í Bolungarvík. Í fjögurra ára áætlun, sem nú liggur fyrir frá Vita- og hafnamálaskrifstofunni, er gert ráð fyrir þeim framkvæmdum, sem við erum hér að tala um, á síðari tveimur árum þeirrar áætlunar. Hér væri því um það að ræða að flýta þessum framkvæmdum um tvö ár eða svo til þess að þær yrðu samstiga þeirri auknu afkastagetu sem nú er stefnt að að eigi sér stað í sambandi við loðnuverksmiðjuna þar vestra. Er gert ráð fyrir að stækkun verksmiðjunnar og þær hafnarframkvæmdir, sem þarf til þess að a. m. k. sé skynsamlega að þessum framkvæmdum staðið, kosti hvorar tveggja um 220—240 millj. kr., stækkun verksmiðjunnar um helming og þær hafnarframkvæmdir sem hér er verið um að tala. En eftir að þessi stækkun hefur átt sér stað á verksmiðjunni mundi hún framleiða fyrir ca. 8 millj. kr. á sólarhring, þ. e. a. s. hún mundi framleiða á röskum mánuði fyrir andvirði þess sem hvorar tveggja þessar framkvæmdir mundu kosta.

Það verður því vart fundið þjóðhagslega hagkvæmari framkvæmd en hér er um að ræða í öllum skilningi. Hér er ekki um að ræða bara framkvæmd fyrir Bolungarvík sem slíka. Hér er miklu frekar um að ræða framkvæmd sem nauðsynleg er vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa, þ. e. a. s. loðnuveiðanna úti fyrir Vestfjörðum, því að eins og kunnugt er, þá er ekki um að ræða, að Bolungarvíkurverksmiðjunni frá talinni, nema verksmiðju á Siglufirði eða þá hér á Suðurnesjum. Það er ljóst varðandi siglingar þær leiðir, í hvora áttina sem farið yrði, á þeim tíma sem hér um ræðir, þ. e. a. s. frá hausti og fram eftir vetri, að það er ekki skynsamlegt að stefna skipum í slíkar siglingar með loðnufarma. Og það er ljóst að það þarf að auka svo afkastagetu verksmiðja í landi að þær geti annað því aflamagni sem líkur eru taldar á að hægt verði að afla. Hér er því um það að ræða hvort verður gert kleift að fara í þessar framkvæmdir þar vestra sem kosta um 240 millj. kr. Hér er ég — og það má kannske þykja einkennilegt — hér er ég að mæla sérstakiega með einstaklingsframtakinu. En þrátt fyrir það er þetta að mínu viti svo nauðsynleg framkvæmd, skynsamleg í alla staði fyrir þjóðfélagið í heild, að það er nánast ótrúlegt að ekki verði orðið við þessari beiðni sem hér liggur fyrir. Það eru taldar á því líkur, ekki er ég viss um að full vissa liggi fyrir um það, að inn verði tekin í lánsfjárheimildir einhver upphæð til þess að veita sem fyrirgreiðslu í stækkun verksmiðjunnar, en enn sem komið er hefur ekki fengist neitt vilyrði fyrir því að taka inn á heimildagrein fjárl. eða í lánsfjáráætlunina neina fjárhæð sem gerði kleift að fara í stækkun eða lagfæringu á höfninni. Það er augljóst mál, a. m. k.

þeim sem til þekkja á staðnum, að eins og hafnaraðstaða þar er nú, þá er gersamlega vonlaust að það sé hægt að veita viðtöku því hugsanlega aflamagni sem þarna gæti borist á land miðað við það að lagfæring ætti sér stað á hafnarmannvirkjum.

Þetta mál hefur verið rætt við hæstv. forsrh. og ég hygg að það hafi einnig verið rætt í ríkisstj. í heild. En mér vitanlega liggur ekki neitt fyrir um það nú við lok 3. umr. um fjárlög og endanlega afgreiðslu fjárl., að neinar líkur séu til þess að vilyrði fáist fyrir því að hægt sé að fara í þessar lagfæringar á höfninni. Ég trúi því vart að það verði ekki orðið við þessari beiðni, því að ef menn á annað borð meina eitthvað með tali um skynsamlega fjárfestingu, þjóðhagslega hagkvæma, þá er hér eitt gleggsta dæmið um að hvor tveggja þessara skilgreininga á við um þá framkvæmd sem hér er um að ræða. Og eins og ég sagði áður, hér er um svo tiltölulega litla fjármuni að ræða að það er ótrúlegt annað en það verði orðið við þessari beiðni. Ég a. m. k. vil vona að þessi till. okkar um lántökuheimild verði samþ. til þess að a. m. k. það sé þá opin leið til að fara í þessar framkvæmdir á næsta ári.

Ég held að það þurfi ekki frekari rökstuðning við fyrir þessu máli, það er það augljóst öllum þeim, sem það vilja kynna sér, að ekki ætti að þurfa að fara um það frekari orðum. En ég sem sagt vona í lengstu lög að skynsemin fái að ráða og þjóðhagslega hagkvæmar framkvæmdir fái a. m. k. að fylgjast með, þó þær fái nú ekki forgang. Ég sem sagt vona mjög eindregið að þessi till. verði samþykkt, því að verði það ekki, þá tel ég illa farið með mjög gott og upplagt mál.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, flytur till. við fjárl. um heimild til að taka innanlands eða utan allt að 8000 millj. kr. lán, sem notað verði til að gera landið allt að einu rafveitukerfi, tryggja raforku til húshitunar o. s. frv. Framsöguræða hv. þm. var auðvitað með sínu lagi, eins og stundum hefur orðið að undanförnu, og hann notaði tækifærið til að senda mér nokkrar kveðjur. Ég þakka þær kveðjur og hafði hugsað mér að skýra hér örfá atriði í málflutningi hv. þm. En uppistaðan og það, sem byrjað var á, var þetta:

Nú kemur að því að Sigölduvirkjun verði tekin í notkun, og þá er svo ástatt að það er enginn markaður fyrir orkuna frá Sigöldu og það er núv. iðnrh. að kenna. Þetta var fyrsta meginatriðið í ræðu hv. þm. Ég tel mér skylt að gefa hér nokkrar skýringar og leiðréttingar, a. m. k. til handa þeim sem kunna að hafa tekið ræðu hv. þm. alvarlega. Það er í fyrsta lagi að það liggur fyrir samkv. orkuspám, að Sigölduvirkjun, sem er að afli til um 150 mw., mun verða fullnýtt eftir fjögur ár. Þegar hún tekur til starfa, sem verður nú snemma á þessu ári, bætir hún þegar úr þörf almenningsnota af rafmagni, því að nú er komið þannig að þörf er á viðbótarrafmagni á næstunni til almenningsnota. Í öðru lagi tekur Sigölduvirkjun við hinni sívaxandi þörf. Eins og kunnugt er vex raforkuþörf hér á landi óðfluga á hverju ári. Í þriðja lagi er ætlunin að Sigölduvirkjun framleiði rafmagn fyrir þá verksmiðju á Grundartanga sem hv. þm. hafði undirbúið. Það er ljóst að 1980, í þíðasta lagi 1981, er Sigölduvirkjun fullnýtt og þarf þá að mati Landsvirkjunar að vera tilbúin ný virkjun. Þess vegna hefur Landsvirkjun lagt á það áherslu að leyfi fáist hið fyrsta til að bjóða út Hrauneyjarfossvirkjun sem er hönnuð og fullbúin til útboðs af hálfu Landsvirkjunar.

Þessi fyrsta fullyrðing, að ekki sé nein not fyrir þá orku á næstunni sem Sigalda framleiðir, er því alger misskilningur og ranghermi. Hins vegar má vera að á bak við þessa fullyrðingu sé skoðun, sem stundum skýtur upp kollinum og er nauðsynlegt að benda á, og hún er þessi, að þegar rafvirkjun tekur til starfa, þá eigi þegar í stað að vera fullur markaður, þannig að öll orkan seljist strax. Í umr. á þessu ári hefur þessari skoðun, sem er að mínu áliti hin háskalegasta villukenning, hvað eftir annað skotið upp. Ef þessi kenning væri rétt, sem e. t. v. stendur að baki þessum fullyrðingum hv. 3. þm. Reykv., þá þýðir það að það er verið að dæma íslensku þjóðina til orkuskorts að staðaldri. Ef ný virkjun er fullnýtt um leið og hún tekur til starfa, þá býr þjóðin við sífelldan orkuskort næstu árin sem það tekur að byggja nýja virkjun. Þetta kom fyrir hér á fyrri árum, fyrir nokkrum áratugum, en ég hélt að þessi skoðun væri í rauninni búin að vera og menn hefðu sannfærst um að þegar virkjað skal hér á landi, þá verði að virkja með þeirri framsýni að hver rafvirkjun hafi orku og afl til nokkurra ára, meðan verið er að undirbúa hina næstu virkjun, til þess að skapa nýja þróunarmöguleika fyrir atvinnulífið og til þess að mæta hinni sívaxandi þörf almennings. En í ræðu hv. þm. og sem rökstuðningur fyrir þessari fullyrðingu hans kom fram að það hefði skort á að aflað væri markaðs fyrir húshitun hér á landi.

Og þá komum við að öðru atriði sem mér þykir rétt að gera að umtalsefni. Hv. 3. þm. Reykv. hélt því nefnilega löngum fram að í rauninni þyrfti enga stóriðju á Íslandi, hvorki í sambandi við Sigölduvirkjun né aðrar virkjanir, vegna þess að markaður væri svo mikill fyrir rafmagn til húshitunar að það væri fyrst og fremst húshitunin sem leggja ætti megináherslu á. Að vísu kom tvennt þar til: Annars vegar að hv. þm. virtist, meðan hann var iðnrh., ekki hafa gert neinar ráðstafanir til þess að styrkja raflínukerfið um landið eins og þyrfti til þess að hægt væri að koma nægri orku út til húshitunar. En í annan stað virðist hv. þm., skömmu eftir að hann varð ráðh., hafa fallið frá þessari kenningu sinni, að húshitun ætti að taka við rafmagninu frá Sigöldu í stað stóriðju, vegna þess að það voru ekki margir mánuðir liðnir frá því er hann komst í stjórn og þangað til hann skipaði sérstaka viðræðunefnd um orkufrekan iðnað sem samkv. skipunarbréfinu skyldi hafa það hlutverk að ræða við þá erlenda aðila sem hefðu áhuga á því að koma upp stóriðju hér á landi í samvinnu við íslendinga. Þessi viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, sem er enn starfandi, er skipuð af hv. 3. þm. Reykv., Magnúsi

Kjartanssyni, á fyrstu mánuðum hans sem iðnrh. Í rauninni var hann þá kominn á þá skoðun að til þess að nýta þessa virkjun mundi húshitun ekki duga. Hins vegar kemur þessi skoðun nú fram hjá honum. En þar er nauðsynlegt að athuga einnig annað atriði.

Ég held að það sé enginn vafi á því, að til húshitunar er jarðvarmi — hitaveitur — hentugasta aðferðin, ódýrasta aðferðin, bæði fyrir einstaklingana, sem eiga að njóta hennar, og fyrir þjóðfélagið í heild, — langhagkvæmasta aðferðin. Næsthagkvæmasta aðferðin er rafhitun, en þó er hún almennt allmiklu dýrari hitunarkostnaður heldur en jarðvarminn. Og þriðja leiðin, sú sem er langdýrust bæði fyrir notendur og fyrir landið í heild og þjóðfélagið, er olíuhitun. Í stað þess að gera húshitun með rafmagni að allsherjarstefnumarki, eins og virtist hjá hv. þm. áður fyrr og kemur nú aftur upp hjá honum í dag, ef þetta ætti að vera aðalstefnumarkið, þá vil ég alvarlega vara við þeirri stefnu, því að þótt sums staðar og kannske allvíða eigi rafhitun við, þá verðum við Íslendingar að leggja megináherslu á jarðvarmann. Það hefur verið gert í tíð núv. stjórnar.

Þessi mál hafa tekið þeim stakkaskiptum, sem áður hefur verið greint frá bæði hér í þingsölum og annars staðar, að frá því að hv. 3. þm. Reykv. setti sér það mark að í fyrirsjáanlegri framtíð gætu ⅔ hlutar landsmanna notið hitaveitna, þá er nú svo komið að það er fyrirsjáanlegt að á allra næstu árum munu yfir 80% landsmanna geta notið hitaveitna. Þetta stafar af því, að strax eftir stjórnarskiptin var hafist handa um að auka stórlega rannsóknir á jarðvarma víðs vegar um land og að kaupa nýja jarðbora, auka borkostinn, og afleiðingarnar af þessari starfsemi allri hafa orðið þessar sem ég hef nú getið um. Margar slíkar framkvæmdir eru nú í gangi. Allir vita um stækkun Hitaveitu Reykjavíkur til nágrannabyggðarlaganna, Hitaveita Suðurnesja er í undirbúningi og að nokkru leyti þegar tekin til starfa. Það, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði ekki dreymt um, að Akureyri gæti notið hitaveitu, er nú að verða að veruleika. Í tillögu og skýrslu hv. 3. þm. Reykv., meðan hann var iðnrh., hefur honum ekki dottið það í hug, og hann lagði til að Akureyri yrði hituð með rafmagni og olíu, fyrst og fremst með rafmagni eftir því sem unnt væri.

Þetta verðum við að hafa í huga, að sú stefna að leggja megináherslu á rafmagn til húshitunar, eins og hv. þm. gerði áður og virðist gera nú í dag, sú stefna er röng. Jarðvarminn verður að ganga fyrir. Við verðum að kanna hvort jarðvarmi er finnanlegur og nýtanlegur með hagkvæmum hætti á mörgum þeim stöðum sem menn hafa áður talið að enginn jarðvarmi væri til, en nýjar rannsóknir hafa leitt í ljós að á mörgum slíkum stöðum, þar sem menn voru áður vonlausir um jarðvarma, hefur hann fundist þannig að hann er nýtanlegur. Þar sem hins vegar er ekki möguleiki að nýta jarðvarma eða hann fyrirfinnst ekki, þá verður auðvitað rafmagn að koma til.

Ég tel nauðsynlegt að láta þetta koma fram út af hinum furðulegu fullyrðingum hv. þm. En ég vil út af ummælum hans að öðru leyti taka það fram, að vitanlega þarf að tengja saman landshlutana, enda hefur aldrei verið gert annað eins átak í þeim efnum og nú hin síðustu tvö ár. Norðurlínan úr Borgarfirði til Akureyrar er nú að verða tilbúin, þannig að hún er þegar farin að flytja rafmagn í Húnavatnssýslur, og það er gert ráð fyrir því að upp úr áramótum verði hún tengd Akureyri og geti flutt rafmagn þangað. Lína frá Akureyri að Kröflu er langt komin og verður væntanlega tilbúin um eða upp úr áramótum. Og nú er í till. fjvn. gert ráð fyrir því að á næsta ári verði varið hálfum milljarði til þess að leggja línu frá Kröfluvirkjun til Austurlands.

Varðandi hins vegar þann flöskuháls, sem er á norðurlínunni eða byggðalínunni, þ. e. a. s. frá Geithálsi og upp í Borgarfjörð, þá er vitanlegt að það er Landsvirkjun sem leggur þá línu, sér um þær framkvæmdir. Hún hefur þegar hafið útboð og er gert ráð fyrir því og kemur fram í þeim plöggum, sem menn hafa fyrir sér, að byrjað verði á þeirri línu á næsta ári og henni verði lokið sumarið 1978, nokkru áður en Grundartangaverksmiðjan taki til starfa (**StJ: Er það víst að Grundartangaverksmiðjan taki til starfa?**) Það er gert ráð fyrir að hún taki til starfa um áramótin 1978—1979. Hins vegar er aldrei hægt að fullyrða slíkt fram í tímann, og náttúrlega getur ýmsa atburði og óhöpp borið að sem valda töfum, eins og t. d. hefur komið fyrir. Grundartangaverksmiðjan, sem Alþ. hefur nú samþ. og lög gilda um, tafðist vegna þess að því félagi, sem iðnrh. Alþb. valdi sér til fylgdar, snerist hugur af einhverjum ástæðum. Hefur raunar ekki komið nógu glögglega fram hvort ástæðan fyrir því, að Union Carbide kippti að sér hendinni, hafi verið sú að því hafi þótt fyrrv. iðnrh. ljúfari í samstarfi heldur en sá sem við tók af honum, eða hvort það eru einhverjar aðrar ástæður, það er mér ekki fullkunnugt um. En sannleikurinn er sá, að það kippti að sér hendinni og var þá valinn annar félagi sem ég vona að reynist betur.

Ég vildi aðeins láta þessar aths. koma fram til leiðréttingar á hinum furðulega málflutningi hv. 3. þm. Reykv.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns láta þess getið að ég flutti við 2. umr. till. til hækkunar framlags til Jafnréttisráðs sem hv. fjvn. hefur nú gert að sinni, og vil ég nota þetta tækifæri til að lýsa ánægju minni yfir því.

Við 2. umr. fjárl. flutti ég einnig till. til hækkunar á framlagi til Félagsstofnunar stúdenta vegna ýmislegs rekstrar sem hún hefur með höndum vegna félagslegs aðbúnaðar stúdenta, og þar hafði ég í huga fyrst og fremst matstofu stúdenta og viðhald og endurbætur á stúdentagörðunum. Ég lagði þar til að framlag til Félagsstofnunarinnar hækkaði úr 11 millj. í 20, sem var þó langt fyrir neðan það sem Félagsstofnunin hafði farið fram á. Ástæðan til þess að ég tek aftur upp málefni Félagsstofnunarinnar er hið alvarlega ástand sem er á stúdentagörðunum. Ég hef því á þskj. 259 flutt brtt. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 6. gr. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Félagsstofnun stúdenta allt að 30 millj. kr. lán til viðhalds og endurbóta á Gamla og Nýja Garði, gegn tryggingum sem ríkisstj. metur gildar."

Ég tek þetta mál upp aftur vegna þess að ég tel að hér sé um mjög brýnt málefni að ræða, — málefni sem í rauninni sé ekki verjandi að alþm. láti reka á reiðanum. Það liggur fyrir frá verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar að til þess að koma til móts við kröfur borgarlæknis og slökkvistöðvarinnar í Reykjavík þurfi rúmar 28 millj., sakir þess að þessir aðilar telja byggingarnar svo illa farnar og svo hættulegar frá öryggissjónarmiði að það sé vafamál ef ekki algerlega ókleift að reka garðana áfram sem stúdentabústaði eða hótel. Hv. fjvn. hefur fengið þessi plögg í hendur og veit um þau, en ég ætla til upplýsinga fyrir hv. þm. að lesa aðeins upphaf þeirra bréfa sem til Félagsstofnunar hafa borist.

Slökkvistöðin í Reykjavík skrifar Félagsstofnun á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Skoðun með tilliti til eldvarna hefur farið fram á stúdentagörðum við Hringbraut, þeim nýja og gamla. Í ljós komu eftirtaldir ágallar sem lagfæringar þurfa við ef um áframhaldandi heimavistar- og hótelrekstur verður að ræða í húsunum." — Síðan eru þessar lagfæringar taldar upp. Ég sé ástæðulaust að lesa þær, en ég legg áherslu á, að hér er um algert skilyrði að ræða, ef eigi að reka garðana áfram.

Sams konar skoðun kemur fram hjá borgarlækni. Þar stendur svo í erindi hans til framkvæmdastjóra Hótel Garðs, með leyfi hæstv. forseta:

„Hjálagt sendist yður grg. um þær endurbætur er þarf að framkvæma áður en hótelrekstur hefst í stúdentagörðum nú í sumar."

Þetta er skrifað 1976, og eins og ég sagði áðan er heildarupphæðin, sem Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar telur nauðsynlega til lagfæringar, rúmar 28 millj. Í þeirri von, að hv. Alþ. vilji veita þessu máli lið, hef ég lagt til, að ríkisstj. verði heimilt að ábyrgjast lán til Félagsstofnunar stúdenta í þessu skyni, og legg áherslu á að hér er um að ræða ýtrustu tilraun til að leysa þennan vanda.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég flyt hér tvær brtt. á þskj. 272.

Hin fyrri er um að þeir liðir í fjárlagafrv., sem gera ráð fyrir ákveðinni fjárveitingu í sambandi við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og einnig varðandi hafnargerð við Grundartanga, þessir liðir verði felldir niður. Þetta er í samræmi við það, að ég er á þeirri skoðun að það eigi ekki að ráðast í byggingu járnblendiverksmiðjunnar og þar af leiðandi eigi ekki að hefja þá hafnargerð við Grundartanga sem rætt er um að gera í sambandi við þá verksmiðjubyggingu. Ég þarf ekki að fara um þessa till. fleiri orðum. Afstaða okkar alþb.-manna í þessu máli er kunn og hún verður eflaust rædd hér ítarlega áður en langt um líður. En mér þótti rétt að flytja þessa till. til þess að fram kæmi við atkvgr. greinilega afstaða okkar til þessara fjárveitinga.

Þá er hin till. mín. Hún er um það að fjárveiting í svonefndan olíustyrk verði hækkuð frá því sem fjvn. gerir till. um. Fjvn. gerir till. um, að í olíustyrk verði varið á næsta ári 698 millj. kr. eða nokkru lægri fjárhæð en hefur gengið til þessa á þessu ári. Ég legg til að þessi fjárhæð verði hækkuð upp í 1050 millj. kr. Till. mín miðast við að styrkurinn verði hækkaður úr 9500 kr. á íbúa, sem hefur verið á þessu ári, í 15 þús. kr. á íbúa, en þá yrði heildarfjárhæðin 1050 millj. kr., af því að við það er miðað að þeir, sem eiga að njóta þessa styrks, verði í kringum 70 þús. á næsta ári. Mér sýnist að till. fjvn. sé miðuð við það að greiða nákvæmlega sama styrk á íbúa á næsta ári og hefur verið á þessu ári. Sé miðað við þennan fjölda, 70 þús. manns, eins og Þjóðhagsstofnun reiknar með, þá mundi greiðslan samtals, ef gengið er út frá 9500 kr. á íbúa, eins og er í ár, nema 665 millj. kr. En fjvn. gerir ráð fyrir 698 millj. eða 33 millj. umfram þessa fjárhæð, sem sennilega er þá ætlað til að styrkja rafveitur á svipaðan hátt og áður var. En mér þykir alveg augljóst að samkv. þessum upphæðum er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á þessum styrk þrátt fyrir þá hækkun sem orðið hefur á verði olíu og þrátt fyrir þá verðhækkun á olíu sem fyrirsjáanleg er enn til viðbótar við það sem orðið er. Till. mín gerir ráð fyrir því að það verði í fyrsta lagi tekið fullt tillit til verðhækkunar á olíu sem orðin er síðan síðasta greiðsluupphæð var ákveðin fyrir rétt um það bil einu ári, en auk þess verði styrkurinn nokkuð hækkaður. Ég tel að það hefði þurft að fara með þennan styrk úr 9500 kr. í rétt um það bil 12 000 kr. til þess að mæta til fulls þeirri hækkun á olíuverði sem orðin er og fyrirsjáanleg er. En ég geri ráð fyrir að nokkru meiri hækkun verði á þessum olíustyrk. Mér sýnist að það ásannist á þessum till. fjvn., að það verður ekki mikið traust í því að hafa þessa skipun á málunum. Það er sýnilegt að hér er að því stefnt að gera þessa greiðslu lítils virði. Það er greinilegt að það er verið að miða við það að draga þarna alveg í land. Af því hef ég flutt þessa till. Ég hef áður rökstutt þessa skoðun mína allítarlega hér og tel mig ekki þurfa að gera það frekar.

Það var ekki ætlan mín að hefja hér neinar almennar umr., hvorki í sambandi við afgreiðslu fjárl. í heild né aðra þætti sem hafa dregist hér nokkuð inn í umr. Ég veit að hér er svo knappur tími til stefnu að það er í rauninni engin aðstaða til þess að hefja slíkar umr. En ég vildi aðeins segja það í sambandi við það sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., þar sem hann vék nokkuð að því sem hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hafði sagt fyrr í þessum umr., að ég tel að hann hafi ekki farið rétt með þegar hann gerði grein fyrir því, hvernig þau mál bar að sem hann ræddi um. Það er enginn vafi á því, að á árinu 1973, þegar olíuverðshækkunin skall yfir, var staðið að því á mjög eðlilegan hátt af þáv. iðnrh., Magnúsi Kjartanssyni, að láta gera með eins litlum fyrirvara og hægt var frumáætlun um það hvernig yrði brugðist við þessum vanda í sambandi við nýtingu á innlendum orkugjöfum í ríkara mæli en áður hafði verið.

Þær áætlanir, sem þá voru gerðar og birtar voru þm., — áætlanir sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens gerði um málin, eins og þau

lágu þá fyrir, gerðu að vísu ráð fyrir því að það mætti telja líklegt að um ⅔ hlutar landsmanna gætu í framtíðinni búið við jarðvarmaveitur til upphitunar húsnæðis, en hins vegar þyrfti í kringum ⅓ landsmanna að búa við rafhitunarkerfi. Þetta var eftir þeim bestu upplýsingum sem þá lágu fyrir, og það er vitanlega alrangt að segja, eins og hæstv. iðnrh. sagði nú, að það hafi verið einhver sérstök till. Magnúsar Kjartanssonar á þessum tíma að hita Akureyri t. d. upp með rafmagni, en ekki með jarðvarma. Það mátti lesa út úr þessum frumáætlunum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens frá þessum tíma að kringumstæður væru þær, að Akureyri félli undir þann hluta landsins sem þyrfti að byggja á rafhitun að verulegu leyti. Síðari rannsóknir og athuganir á þessum málum hafa leitt annað í ljós á ýmsum stöðum, og það er vitanlega ekki neitt tilefni til þess fyrir fyrrv. og núv. iðnrh. að rífast um það hvað upp hefur komið í þessum efnum. Slíkt er í rauninni tómt mál um að tala.

Það er enginn vafi á því að það er rétt, að það væri full þörf á að við nýttum þá raforku, sem við framleiðum, betur í sambandi við upphitun húsa heldur en við gerum í dag. Það er enginn vafi á því að það er rétt, að við ættum að nota miklu meira af þeirri orku, sem kemur frá Sigöldu, til húsahitunar en nú virðist vera stefnt að. En við vitum að sú orka verður ekki notuð í ríkum mæli til húshitunar þar sem allar líkur benda enn í dag til að ekki verði hægt að koma við jarðvarmaveitum. Það verður ekki gert án þess að sinna dreifingarkerfinu allmikið umfram það sem ráð er fyrir gert nú. Við þurfum að leggja fram talsvert fjármagn í þessu skyni ef á að vera hægt að nýta raforkuna frá Sigöldu í allríkum mæli til upphitunar húsa.

En eins og ég sagði áður, ég ætla mér ekki að neinu ráði að fara að blanda mér í þær umr. sem hér hafa farið fram, hvorki á milli þeirra hæstv. iðnrh. og Magnúsar Kjartanssonar né annarra, fyrst og fremst vegna þess að ég veit að hér er enginn tími til slíkra umr., og því leiði ég það hjá mér. En ég vildi gera þessar aths. við það sem hæstv. iðnrh. sagði, því að mér fannst hann halla þar réttu máli í mörgum greinum.

Ég þarf svo ekki að hafa þessar umr. lengri af minni hálfu varðandi þær brtt. sem ég hef lagt fram. Ég hef þegar gert grein fyrir þeim.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna síðustu brtt. á síðustu bls. á þskj. 253. Þessari breytingu fagna ég vegna þess að orðalag hennar er svo hljóðandi — hún er við heimildagrein: „Að taka lán allt að 25 millj. kr. til framkvæmda við legurými geðdeildar á landsspítalalóð á árinu 1977.“ Þetta þýðir að fjvn. gerir ráð fyrir því að þessi upphæð ásamt öðrum fjárveitingum dugi til þess að hægt sé að ráðast bæði í byggingu göngudeildar og sjúkradeildar í næsta útboðsáfanga byggingarinnar.

Nú tæki það, herra forseti, nokkuð langan tíma ef við einstakir þm. stæðum upp til að fagna hvert og eitt okkar einstökum till. eða einstökum liðum í þessu stóra máli sem við erum hér að ræða. Ástæðan er ekki einvörðungu sú, heldur hin, að ég tel einnig nauðsynlegt að fá fram vissar upplýsingar hjá hv. formanni fjvn. Ég hygg að honum hafi raunar láðst í framsöguræðu sinni í dag að gefa þær. En í till. hv. fjvn., þar sem segir að n. leggi til að gjaldfærður stofnkostnaður Landsspítalans hækki úr 292 millj. í 370 millj. kr., kemur hvergi fram hvernig n. ætlast til að sú upphæð skiptist. Nauðsynlegt er að fá fram hvernig ætlast er til að sú upphæð skiptist. Að því er varðar aðrar fjárveitingar til Landsspítalans segir í aths. við frv. hvernig þær eiga að skiptast. Það er einnig nauðsynlegt að því er þetta varðar.

En úr því að ég minnist á aths. við frv., þá vil ég benda á eitt í sambandi við það mál sem ég er hér að ræða. Að að því er vikið með hætti, sem verður að vekja athygli á, í þeim kafla aths. við fjárlagafrv. þar sem fjallað er um fjárveitingar til Háskóla Íslands, að gert sé ráð fyrir að 48 millj. greiðist til Háskóla Íslands af fjárveitingu geðdeildar Landsspítalans árið 1977. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt, að þarna sé um að ræða skuldagreiðslur. Það gengu engar 48 millj. af fé Háskólans til byggingar geðdeildar á síðasta ári, og þess vegna er útilokað að geðdeildin skuldi þær Háskólanum né öðrum og útilokað að taka megi þær af fjárveitingum geðdeildar. Þetta vildi ég aðeins undirstrika vegna þess að þetta liggur fyrir í hinu prentaða skjali okkar, frv. til fjárl. Hitt er svo annað mál, að mér er ljóst og hef það raunar eftir upplýsingum hv. formanns fjvn., að til muni vera frá því í fyrra af framkvæmdafé geðdeildar Landsspítalans 15 millj., sem að sjálfsögðu er eðlilegt að gert sé ráð fyrir að nýtist á næsta ári. Því verð ég að ætla að afgreiðsla fjvn. á þessari brtt. byggist á því, að heimildarfjárhæðin að viðbættum þessum 15 millj. og að viðbættum þeim hluta gjaldfærðs stofnkostnaðar Landsspítalans, — þessar þrjár upphæðir nemi samtals þeirri fjárhæð sem þarf til þess að báðir þessir þættir, sem ég áðan nefndi, göngudeild og sjúkrarými, geti innifalist í sama byggingaráfanga á næsta ári.

Herra forseti. Það var aðeins til þess að fá fram upplýsingar um skiptingu á þessu fé frá hv. formanni fjvn. sem ég vildi kveðja mér hljóðs, jafnframt því sem ég fagna þessari tillögugerð fjvn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Við 2. umr. flutti ég nokkrar brtt. við fjárlagafrv. ýmist einn eða ásamt öðrum hv. þm. Allar till., sem ég flutti einn, tók ég aftur til 3. umr., og margar af hinum, sem ég flutti með öðrum, voru líka teknar aftur til 3. umr., allt í því skyni að hv. fjvn. gæfist kostur á því að hugleiða hvort hún vildi koma að einhverju leyti til móts við þennan tillöguflutning. Það gerði hún í nokkrum tilfellum og hefur þess þegar verið getið með þakklæti að það átti sér stað.

Ein till., sem við fluttum við hv. þm. Albert Guðmundsson, var um hækkun á fjárveitingu til sumarstarfs KFUM í Vatnaskógi. Við tókum þá till. aftur til 3. umr., en hv. fjvn. sýndi málinu þann skilning milli umr. að hækka fjárveitinguna til sumarstarfsins um 250 þús. kr. og endurflytjum við því till. ekki nú við 3. umr.

En mig langar til þess að fara örfáum orðum

um þær brtt. sem ég flyt einn og hef endurflutt við þessa umr.

Hin fyrsta þeirra er um Leiklistarskólann sem gert er ráð fyrir að fái 18 millj. 590 þús. kr. til launagreiðslna og 6 millj. til þess að greiða önnur rekstrargjöld. Leiklistarskóli Þjóðleikhússins hefur búið við mikinn fjárskort undanfarið og ekki getað tekið við nýjum nemendum nú um nokkurt skeið. Hann óskaði eftir 19 millj. 590 þús. kr. til launagreiðslna og 7 millj. til þess að greiða önnur rekstrargjöld, og er þessi fjárveiting lágmark þess sem hann þarf á að halda til þess að unnt sé að reka hann með eðlilegum hætti.

Ég flyt einnig brtt. um að fjárveiting til Rithöfundasambands Íslands verði hækkuð úr 200 þús. kr. upp í 1 millj. Rithöfundasambandið ritaði hv. fjvn. bréf sem ég leyfi mér að vitna til — með leyfi hæstv. forseta. Þar segir formaður Rithöfundasambandsins, Ingimar Erlendur Sigurðsson, fyrir hönd sambandsins:

„Rithöfundasamband Ísands hefur undanfarin ár fengið 100 þús. kr. á ári samkv. fjárl. til starfsemi sinnar. Þetta eru einu tekjur sambandsins að undanskildum félagsgjöldum og hrökkva ekki fyrir skrifstofukostnaði, enda hefur sambandið orðið að loka skrifstofu sinni hálft árið.

Næsta vor verður ársfundur Norræna rithöfundaráðsins haldinn á Íslandi, en hann var hér síðast árið 1970. Til að mæta kostnaði fer Rithöfundasamband Íslands þess á leit við hv. fjvn., að fjárframlög ríkisins verði hækkuð úr 100 þús. kr. í 1 millj. kr.

Rithöfundasamband Íslands er eitt fátækasta stéttarfélag landsins, en gegnir afar mikilvægu menningarhlutverki. Óþarft er að taka fram, að raungildi fjárframlags ríkisins til starfsemi sambandsins er nú orðið sama og ekkert sökum verðbólgu."

Svo mörg eru þau orð. Ég hygg að varla geti leikið á tveim tungum, að íslenskir rithöfundar hafa orðið þjóð sinni til slíkrar sæmdar og eru henni svo nytsamlegir að þeir eiga þessa fjárveitingu sannarlega skilið.

Þá flyt ég till. um að hækka styrk vegna alþjóðaskákmóta úr 600 þús. í 2 millj. Enginn ágreiningur er um það hversu nytsöm íþrótt eða nytsöm list skákin er, og öllum er kunnugt til hversu mikils sóma íslenskir skákmenn hafa orðið þjóð sinni á erlendum vettvangi. Það fæst stöðugt í vöxt að þeir taki þátt í skákmótum erlendis og að alþjóðleg skákmót séu haldin á Íslandi. Þessi starfsemi er því sannarlega styrks verð.

Þá flyt ég till. um aukinn styrk til Neytendasamtakanna úr 750 þús. kr. í 2 millj. Eitt af því, sem miður fer að því er snertir kjaramál launþega, er það hversu Neytendasamtökin eru veik og hafa litla aðstöðu til þess að verða neytendum að því gagni sem slík samtök geta orðið. Orsökin er fyrst og fremst fjárskortur Neytendasamtakanna. Því fé, sem varið yrði til þess að efla þau og styrkja, yrði vel varið og mundi tvímælalaust koma að miklu gagni.

Þá flyt ég till. um að auka framlag til byggingar sjúkrahúsa o. fl., þ. e. a. s. til byggingar B-álmunnar við Borgarspítalann hér í Reykjavík. Til þessa eru ætlaðar í fjárl. aðeins 15 millj. kr., en Reykjavíkurborg hefur óskað eftir 45 millj. kr. í þessu skyni og er síst of mikið. Þó að ég vilji engan veginn vanmeta þörfina sem er á byggingu fyrir geðdeildina, þá vil ég leggja áherslu á að það er ekki síður þörf á að hraða byggingu B-álmunnar við Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík. Í raun og veru kann ég aðeins eina skýringu á því að til þessarar stórkostlegu nytsömu framkvæmdar séu aðeins ætlaðar 15 millj. kr., og hún er sú, að Reykjavík á engan fulltrúa í fjvn. Það kemur hér í ljós, eins og oft áður á undanförnum árum, að hagsmunir Reykjavíkur eru bornir fyrir borð með alvarlegum hætti í fjvn. Segi ég þetta ekki sérstaklega til þess að deila á meiri hl. n., heldur á n. í heild. Á þessu þarf að verða breyting á næstu árum. Það má ekki lengur við svo búið standa að stærsta kjördæmi landsins, þar sem býr upp undir helmingur landsmanna, eigi engan fulltrúa í þessari langmikilvægustu n. þingsins. Hér er eitt dæmið um skaðlega afleiðingu þess að svo á sér stað að þessari byggingu, sem þarna er um að ræða, skuli ekki vera sinnt með hærri fjárhæð en 15 millj. þegar minnst þarf þrefalda þá fjárhæð til þess að sómasamlega sé að málum staðið.

Að síðustu vil ég aðeins nefna eina till. sem ég flyt ásamt einum öðrum þm., Jóni Árm. Héðinssyni. Við 2. umr. fluttum við brtt. um að Æskulýðssambandi Íslands væru veittur 800 þús. kr. styrkur. Í fjárlagafrv. er Æskulýðssambandinu sjálfu enginn styrkur ætlaður, heldur eru Æskulýðsráði ríkisins ætlaðar 4.1 millj. kr. Þessi till. mun ekki hafa fengið undirtektir í hv. fjvn. og þess vegna vildum við freista þess nú við 3. umr. að flytja varatill. við þessa brtt., sem sé um að framlagið til Æskulýðsráðs ríkisins verði lækkað um 500 þús. kr., þ. e. a. s. í 3.6 milli. kr., en Æskulýðssambandinu tryggðar 500 þús. kr. af þessu fé, það sé beinlínis tekið fram að af því, sem stendur í frv., 4.1 milli., séu 500 þús. kr. sérstaklega til Æskulýðssambands Íslands. Hygg ég að ekki verði annað sagt en að þessi varatillaga hafi við fulla sanngirni að styðjast.

Ég skal ekki orðlengja um þessar till. vegna þess hve áliðið er orðið kvölds, en læt þetta nægja til rökstuðnings fyrir þessum tillöguflutningi.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. flutti ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. till. um breytingar sem allar vörðuðu starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Nokkrar af þessum till. voru teknar til baka til 3. umr. í trausti þess að hv. fjvn. sæi sér fært að endurskoða afstöðu til þeirra. En þar hefur lítil breyting orðið á. Þó hefur ein af þessum till., till. um 200 þús. kr. framlag til Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar, verið tekin til endurskoðunar þannig að hún er nú komin á þskj. sem var verið að útbýta, till. frá fjvn. um að þessi fjárveiting komi inn í fjárlög.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þá liði sem hér er um að ræða, ég gerði það við 2. umr. málsins, en verð þó að segja að ég tel að hv. Alþ. haldi ekki mjög upp á 60 ára afmæli

Alþýðusambands Íslands þegar synjað er um alveg augljósar leiðréttingar, verðlagsleiðréttingar, þ. e. a. s. leiðréttingar til þess að færa liði ofurlitið nær því verðlagi sem er núna, borið saman við það verðlag sem var þegar þeir komu fyrst inn í fjárlög. Hér er um að ræða alveg sérstaklega þann lið sem ætlaður er til bygginga orlofsheimila verkalýðssamtakanna. Hann er óbreyttur 8 millj., og liggur þó fyrir, að mjög miklar framkvæmdir í þessum efnum eru nú fyrir dyrum, og einnig hitt, að sú upphæð, sem þarna er núna, nægir engan veginn fyrir sömu verðmætum og var á síðustu fjárlögum.

Í öðru lagi vildi ég nefna Félagsmálaskóla alþýðu sem í fyrsta sinn var á fjárl. á síðasta ári. Ég vil endurtaka það sem ég þá sagði, að ég tel það hreinlega til vanvirðu fyrir Alþ. að afgreiða þessa stofnun með svo lágu framlagi sem hér er um að ræða. Hér er fólkið í verkalýðshreyfingunni að koma upp skóla til þess að mennta sig, bæði hvað snertir almennar menntagreinar og svo alveg sérstaklega það sem þetta fólk þarf á að halda í starfi sínu í verkalýðshreyfingunni. Ég held að það væri mjög til bóta fyrir alla aðila í þjóðfélaginu að það fólk, sem að þessum málum vinnur í verkalýðsfélögunum, hafi til að bera sem allra mesta þekkingu. Þess vegna verð ég að segja það, að ég tel að þessi fjárveiting hefði sannarlega átt að hækka, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að þetta fólk er búið að standa, sjálfsagt í flestum tilvikum frá 16 ára aldri, undir hvað mestu af þeim fjármunum sem fara til menntunarmála í þessu landi. Þegar það sjálft þarf á að halda er ofrausnin sannarlega ekki fyrir hendi.

Í þriðja lagi vil ég svo nefna 300 þús. kr. upphæð sem við gerum till. um að færi til Norræna verkalýðsskólans í Genf. Auðvitað er hér ekki um að ræða stóra upphæð sem veldur miklu, en Alþýðusambandið hefur reynt að taka þátt í þessari starfsemi sem rekin er af verkalýðssamböndum allra Norðurlandanna og styrkt af öllum ríkisstj. Norðurlandanna nema Íslandi. Og verð ég að segja það, að það er ekki mjög til sóma fyrir okkur að standa þannig að málum. Hér er um svo litla upphæð að ræða að ég held að fjárl. hefðu ekki farið úr böndunum þess vegna. En það er að mínu viti alveg ófært að íslenska ríkið skuli ekki styðja þennan skóla, eins og öll Norðurlöndin annars gera að undanteknu Íslandi.

Að lokum vil ég svo minna á till. um 2 millj. kr. framlag til Listasafns alþýðu til stofnkostnaðar. Ég þarf ekki að endurtaka hér það sem ég sagði seinast. Hv. þm. allir vita hvað hér er um að ræða. Það er sem sagt gjöf Ragnars Jónssonar til Alþýðusambandsins eða til íslenskra erfiðismanna, eins og hann orðaði það á sínum tíma. Hér er um að ræða mjög dýrmætt safn sem Alþýðusambandið og Listasafnið hafa reynt að reka á þann hátt að þessi listafjársjóður kæmist fyrir sjónir almennings. Það hefur verið farið með þessi listaverk víða um landið og einnig á vinnustaði og reynt að kynna þessi dýrmæti og vekja um leið áhuga almennings á þeim fjársjóðum sem við eigum á þessu sviði. Ég tel að Listasafn alþýðu hafi gert meira af þessu en jafnvel þeir sem það stæði nær að gera. Það var sem sagt lagt til að 2 millj. færu til Listasafns alþýðu.

Ég vil geta þess í leiðinni að nú fyrir þrem dögum tóku nokkur verkalýðsfélög sig saman um að stofna félag til að koma þaki yfir Listasafnið. Alþýðusambandið hefur enga fjármuni til þess, en verkalýðsfélögin ætla að leggja það á sig að reyna að koma þaki yfir Listasafnið, og það verður að sjálfsögðu gert. En alla vega held ég að það hefði verið vel á sínum stað að Alþ. hefði lagt ofurlitið í þennan sjóð til þess að koma þaki yfir Listasafn alþýðu, og ég endurtek það, sem ég sagði síðast, að það er eiginlega frekar gert til þess að Alþingi fengi að vera þarna með, fengi þann heiður að vera með í að koma þaki yfir Listasafn alþýðu og þar með að heiðra einnig þann mann sem gaf þessa stórhöfðinglegu gjöf — eiga þátt í því. En meiri hl. hér á Alþ. virðist ekki vera þess sinnis.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs í sambandi við nál. á þskj. 231 um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga. Að vísu hefur frsm. n., hv. 4. þm. Vesturl., gert mjög skýra og itarlega grein fyrir þessu áliti. En þar sem ég hef skrifað undir það með fyrirvara þykir mér hlýða að gera í örfáum orðum grein fyrir afstöðu minni. En það er skemmst frá að segja að okkur fulltrúum vestfirðinga í samvn. samgm. þótti að gengið væri nokkuð á svig við að því er við töldum fullkomlega eðlilegar og sanngjarnar óskir um styrk til Djúpbátsins Fagraness hf. Óska okkar og tillagna um að þessi styrkur yrði 27 millj. í stað 25 millj., sem við höfðum á blaði fyrir framan okkur, var í stuttu máli synjað. Erfiður rekstur Djúpbátsins að undanförnu hefur þó farið batnandi, enda hefur ítrasta aðhalds verið gætt í þessum rekstri og mjög svo skilmerkileg og skýr grein gerð fyrir öllum högum fyrirtækisins, eins og kom fram í framsögu hv. formanns. Okkur fulltrúum Vestfjarða þótti að það væri óraunhæf bjartsýni að ætla að reksturinn færi það mikið batnandi að gera ráð fyrir þetta miklu minni styrk en farið var fram á, en það voru 35 millj.

En látum það nú vera þótt felld væri till. í þessa átt frá okkur. Ég fyrir mitt leyti hefði sætt mig við það. Við vitum að við þurfum að halda í eftir því sem unnt er á öllum sviðum. Það, sem ég átti öllu verra með að skilja, var að það var synjað um hækkun á mjólkurflutningsstyrk milli Dýrafjarðar og Ísafjarðar og það því fremur sem á s.l. ári, þegar allir styrkir hækkuðu til þessa málefnis um u. þ. b. 30—40%, þá varð þessi liður út undan, að ég hygg fyrir misgáning frekar en ekki væri talin þörf á að hækka hann, þannig að þessi liður verður sérstaklega illa úti. Það var sótt um 500 þús. kr. styrk til mjólkurflutninga annars vegar úr Dýrafirði og hins vegar úr Önundarfirði, og fyrir þá, sem ekki eru kunnugir aðstæðum, vil ég benda á að á milli þessara fjarða og aðalmjólkurneyslusvæðisins á Ísafirði liggur einn allra erfiðasti fjallvegur á Íslandi sem er tepptur meiri hluta ársins af snjóum, þannig að þetta er ekkert hégómamál. Og ég vil benda á það í leiðinni, að þegar gripið er til þess ráðs að flytja

mjólk flugleiðis, annaðhvort frá Akureyri eða Reykjavík, þá kostar það 23 kr. á hvern lítra, sem er náttúrlega margfalt meira en flutningur með Djúpbátnum Fagranesi kostar, þannig að þarna tel ég að óraunsæi og hugsunarleysi ráði meira en raunverulegt viljaleysi til að mæta þessum þörfum.

Það er vitað mál, að við þm. þessa síðustu og verstu dagana fyrir jól störfum undir miklu álagi, enda fannst mér það í rauninni koma fram á þessum fundi í samvinnunefnd samgöngumála sem ég vil annars segja að er skipuð af ágætismönnum öllum saman sem skilja þær þarfir og *þá nauðsyn sem þessir vetrarflutningar hafa að* forsendu. En mér þótti eins og tal manna yrði allt að því óráðskennt undir lokin. Það var talað um ákveðna landshluta sem skækla og viðbótarslaufur sem bæri að sníða af og þar fram eftir götunum, og allt þetta rakti ég til óhæfilegrar pressu á menn frekar en þeir meintu þetta raunverulega, enda komu fram raddir um að það væri þörf á sérfræðiaðstoð fyrir samvinnunefnd til að hugsa undir lokin, þannig að allt á þetta sennilega sínar skýringar. Ég vil til marks um það, að ég kunni að hafa eitthvað fyrir mér í þessu, geta þess, að við vorum þrír þm. sem stóðum að þessari till. um 2 millj. kr. hækkaðan styrk til Djúpbátsins og þessa litlu hungurlús til mjólkurflutninga, það voru tveir Vestfjarðarþm. og hv. 4. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson, sunnlendingur í húð og hár, sem virtist skilja þetta betur en dreifbýlisþm. okkar sumir hverjir sem ættu þó að vita hvað um var að ræða.

Ég skal ekki tala meira um þetta, en ég hlýt þó, — þó að ég vilji í leiðinni geta þess og segja það *sem mína meiningu að okkar ágæti formað*ur, hv. 4. þm. Vesturl., á allt gott skilið og hefur sýnt einstaka sanngirni og samvinnulipurð í þessari n. og þess vegna kom mér þessi afstaða hans og raunar allra hinna nokkuð á óvart, — þá hlýt ég að segja það líka, að ég var ekki alls kostar ánægð með vinnubrögð n. En þeim var þannig hagað nú, að eftir að við höfðum lauslega litið yfir allar þessar mörgu umsóknir sem vitanlega þurfa allar að skoðast rækilega, — eftir lauslega athugun var fjögurra manna undirnefnd úr 14 manna hópi, sem skipar báðar samgn. Alþ., falið að gera till., þær voru síðan lagðar á borðið hjá samvinnunefndarmönnum öllum og engu varð um þokað, það var allt búið og gert. Till. undirnefndar hafði verið vísað til athugunar fjvn., fjmrh. og samgrh. og þar varð engu um breytt. Ég hlýt að láta í ljós óánægju mína og gagnrýna þessa vinnuaðferð, og ég vona að hún endurtaki sig ekki, enda hefur þetta ekki verið svona áður og veit ég ekki hvað kemur til. Ég vil aðeins benda líka á þetta litla erindi frá Norðurfirði. *Ég ætla ekki að fara náið út í það, það er* búið að skýra það. Norðurfjörður, sem er nyrsta byggð í Strandasýslu, fer fram á 3 millj. kr. styrk til að endurbæta nótabát til að fara til móts við strandferðaskip og önnur skip sem færa þessu fólki varning heim. Ég aðeins spyr án þess að fara út í þetta mál frekar: Skyldi ekki vera kominn tími til að norðurfirðingar fengju eitthvað sem kallast höfn? En mér er ekki kunnugt um að annað byggðarlag á Íslandi öllu þurfi að una við það að lamma til móts við flutningaskip á sínum árabátum sem eru þeirra eini farkostur til að flytja á vörur. Ég beini þessu aðeins til hv. Alþ. ef til kynni að koma einhver hreyfing í þá átt að byggja höfn á Norðurfirði á Ströndum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Mig langar aðeins, úr því að ég er komin hér upp í ræðustól, að drepa á till. á þskj. 259 um Menntaskólann á Ísafirði. Sú till. er borin fram af tveim Vestfjarðaþm. og gengur í þá átt, að í stað 19 millj. komi 44 millj. Þessi liður var í fjárlagafrv. 10 millj., hefur verið hækkaður upp í 19. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum yfir að þessi liður var ekki hækkaður meira. Þessi till. var dregin til baka við 2. umr. í von um að einhverju kynni að þoka áleiðis í meðförum fjvn. Svo hefur raunar ekki orðið, annað en það, að menntmrh., sem ég hef átt ítrekuð samtöl við um þetta mál á Ísafirði, hefur ekki heitið mér því, en látið það athugasemdalaust að ég hef lýst því yfir, að ég líti á þessa 5 millj. kr. fjárveitingarhækkun til Menntaskólans á Ísafirði, sem á að ganga til fullnaðarhönnunar á skólanum, ég lít á hana og túlka hana þannig, að áfram verði haldið með framkvæmdir næsta ár, að kyrrstöðu menntaskólamálsins á Ísafirði sé þar með lokið. Hæstv. menntmrh. er því miður ekki staddur hér, og þó að hann vilji ekki gefa hér ákveðna yfirlýsingu um þetta, þá veit ég að með áframhaldandi vinnu okkar, sem stöndum að þessu máli, og er full bjartsýni um að næsti áfangi sé að hafist verði handa um byggingu kennsluhúsnæðis fyrir Menntaskólann á Ísafirði á komandi sumri. En þessu máli hefur verið lýst að nokkru marki. Þetta er í rauninni fullt eins mikið grunnskólamál og menntaskólamál. Þegar Menntaskólinn var *byggður var byrjað á að byggja heimavist*, síðar mötuneyti, en kennsluhúsnæði var nýtt í gömlu barnaskólahúsnæði sem barnaskóli Ísafjarðar þarf nauðsynlega á að halda og það svo að núverandi samkomusal í barnaskólanum er fjórskipt, í fjórar kennslustofur: fyrir náttúrufræði, eðlisfræði og smábarnakennslu, því að það er ekkert rými annað til. Hér er því um óhæfileg þrengsli grunnskólans að ræða sem ég vænti að muni leysast innan skamms, og því aðeins samþykki ég eða sætti ég mig við þetta nú, að ég geri ráð fyrir því að hér með sé lokið algerri kyrrstöðu í framkvæmdum við þennan skóla á Ísafirði. Nóg um það.

Hér er önnur till. á þskj. 259, um hafnarframkvæmdir í Bolungarvík, um lánsheimild til að taka 80 millj. kr. lán til hafnarframkvæmda í Bolungarvík vegna loðnulöndunar. Að sjálfsögðu hefði maður gjarnan viljað fá þessar 80 millj. og það hefur verið reynt, en ekki tekist nú. Hins vegar er jafnframt nauðsyn á að stækka loðnuverksmiðju í Bolungarvík til þess að geta tekið *ekki einasta við loðnu frá Vestfjarðabátum*, heldur frá landinu öllu. Þetta er ekki Vestfjarðamál. Þetta er stórt hagsmunamál landsins alls, og eftir samtöl við ráðh. okkar í ríkisstj., þ.á m. hæstv. sjútvrh., vil ég vænta þess að það sé öruggt að a.m.k. verksmiðjuaukningin komi til framkvæmda nú í sumar. Það hefur verið bent á það af reyndum skipstjórum, sem ég tek mikið mark á í þessum málum, að slík verksmiðjubygging í Bolungarvík mundi borga sig á einu ári, einfaldlega vegna þess að eins og nú er hög-

um háttað, þá þurfa loðnuskip, sem veiða út af Vestfjörðum, að sigla annað hvort til Reykjavíkur eða Siglufjarðar. Það kostar 7—8 tíma stím, og í þessu er sparnaðurinn fólginn við að geta lagt upp í Bolungarvík að þurfa ekki að leggja í þessa löngu keyrslu með rándýrri olíu.

Ég skal ekki hafa fleiri orð hér um, það er orðið áliðið kvölds. Hér liggur fyrir að venju sandur af brtt., að sjálfsögðu allar þarfar og góðar í sjálfu sér, en sumar hverjar bornar fram af harla lítilli ábyrgðartilfinningu. Ég fæ nú ekki varist því að benda á síðustu till. á þskj. 259, frá hv. 3. þm. Reykv., þar sem farið er fram á heimild til að taka innanlands eða utan ekki nema einar litlar 8000 millj. kr. til þess að gera landið allt að einu rafveitukerfi. 8 milljarðar, það er svo sem ekki mikið til viðbótar við skuldasúpuna við útlönd sem mér heyrist stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt ekki síður en við stjórnarliðsmenn. Og ég vil ítreka það enn einu sinni hér, að það verður aldrei of varlega farið nú í að bæta við þær skuldir. Ég minnist þess líka að hv. 3. þm. Reykv., sem því miður er ekki hér nú, hafði við þau orð í umr. um geðdeild Landsspítalans, að þegar hann var heilbrrh. hefði hann séð fyrir öllum áætlunum í þessu máli, það hefði ekkert verið sem núv. heilbrrh. þyrfti að gera nema útvega fjármagnið. Mér finnst þessar ábendingar tvær segja nóg um þá ábyrgðartilfinningu og það raunsæi sem liggur á bak við tillöguflutning stjórnarandstæðinga á þessu þingi nú sem fyrr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég tala hér fyrir till. um skiptingu heiðurslauna 12 listamanna. Að flutningi þessarar till. standa þeir þm. sem eiga sæti í menntmn. beggja þd., alls 14. Eins og menn vita hefur sú regla komist á hin síðari ár að menntmn.-menn beggja þd. geri till. um hvaða menn skuli skipa heiðurslaunaflokk listamanna. Að þessu sinni má segja að till. n. sé formlegs eðlis, því að breytingar geta engar orðið á núverandi skipan þar sem enginn hefur horfið úr þessum hópi heiðurslaunamanna. N. leggur því til að sömu menn hljóti heiðurslaun 1977 og 1976.

Þó að menntmn.-menn standi allir að þessari till., þá þykir mér rétt að taka fram að sumir nm. höfðu fyrirvara um vissar tilnefningar á sinni tíð og viðhalda enn þessum fyrirvara sínum. Hins vegar hefur sú hefð komist á, að listamenn, sem komast einu sinni í heiðurslaunaflokk, haldi sæti sínu til æviloka. Eru allir menntmn.-menn sammála um að þessa hefð beri að virða.

Flm. till. leggja til að heiðurslaunin verði 500 þús. kr til hvers listamanns á árinu 1977. Hér er um allmikla hækkun að ræða frá því sem ákveðið var á fjárl. þessa árs, en þá voru heiðurslaunin 350 þús. kr.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Þegar ég tók til máls hér fyrr í kvöld og gerði grein fyrir brtt. fjvn., þá láðist mér að skýra sérstaklega frá brtt. sem n. flytur varðandi gjaldfærðan stofnkostnað við Landsspítalann. Eins og fram kemur á þskj. er lagt til að fjárveiting til Landsspítalans hækki um 78 millj. kr. 30 millj. af þessari upphæð eru vegna göngudeildar aldraðra að Hátúni 10. Gert er ráð fyrir að hafinn verði rekstur á þessari göngudeild á næsta ári. Mismunurinn að upphæð 48 millj. kr., er til framkvæmda við geðdeildina á landsspítalalóð. Í fjárlagafrv. er fjárveiting að upphæð 125 millj. kr. ætluð til framkvæmda við geðdeildina. Sá áfangi, sem hér um ræðir, er að ljúka frágangi á göngudeild geðdeildar sem nú er í byggingu á landsspítalalóðinni. Verk það, sem hér um ræðir, var gert ráð fyrir að kostaði samkv. útboði um 112—114 millj. kr. Þegar gengið var frá frv. var gert ráð fyrir að þar verðbætur, sem þarna er gert ráð fyrir til viðbótar, mundu nægja, en komið hefur í ljós að svo er ekki. Þessi útboðsáfangi, sem hér um ræðir, mun kosta 138 millj. Þá vantar til þess að ljúka og ganga frá göngudeildinni um 50 millj. kr., þannig að heildarupphæðin verður þá 188 millj. En fyrir hendi er ónotuð fjárveiting frá yfirstandandi ári sem notuð verður til að mæta þessari heildarfjárupphæð varðandi göngudeildina, 15 millj. kr., þannig að talið er að sú fjárveiting, sem hér er lagt til að komi, muni nægja að fullu til þess að ljúka öllum frágangi við göngudeildina. En eitthvað mun þó vanta á, svo að þarna sé allt í lagi, að talið er af sumum, aðrir telja að þetta sé nægilegt, og þá er það sérstaklega í sambandi við lóðina, að ég hygg. Ég geri ráð fyrir því að þó að einhverjar fáar millj. kr. beri þarna á milli, þá verði það ekki látið standa í vegi fyrir því að þessi þýðingarmikla starfsemi við geðdeildina við Landsspítalann geti hafist á komandi ári.

Hér er, eins og ég sagði áðan, að sjálfsögðu aðeins um áfanga að ræða af þessari byggingu. Næst tekur við að ganga frá legurými fyrir sjúka í þessari deild, og til þess er ætluð heimild í 6. gr., að upphæð 25 millj. kr., að tengja saman framkvæmdir sem hér eru hafðar í huga. Með þessu móti ætti að vera unnt að gera víðtækara útboð en ella í sambandi við þessa framkvæmd. Að sjálfsögðu verður um verulega viðbótarfjárveitingu að ræða til þessarar byggingar á fjárlagaárinu 1978. Hér er um byggingarframkvæmd að ræða sem hefur tekið lengri tíma en menn í upphafi gerðu sér vonir um að gæti átt sér stað. En það er eins um þessa framkvæmd og aðrar: kostnaður hefur allur stórhækkað, eins og best má sjá af þessu, að í sumar var ætlað að 125 millj. nægðu, en á þessum stutta tíma er upphæðin komin upp í 138 millj. í þann þátt þessara framkvæmda.

En sem sagt, við í fjvn. gerum ráð fyrir því að með því að taka þessa heimild inn á 6. gr. opnist möguleikar til þess að gera víðtækara útboð, ef það þykir henta, í einu lagi, þegar næsti þáttur verður boðinn út varðandi þessa stofnun eða þessa geðdeild.

Um þetta hef ég svo ekki meira að segja, en bið afsökunar á því að þetta féll niður hjá mér í framsögu fyrir brtt., en vænti að þetta sé fullnaðarskýring sem komið hefur hér fram af minni hálfu.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég er meðflm. að einni brtt. við frv. til fjárl. fyrir árið 1977. Það er með till. á þskj. 236 og um er að ræða till. frá Eðvarð Sigurðssyni, mér, Gylfa Þ. Gíslasyni og Karvel Pálmasyni um það, að inn í fjárl. verði tekin upphæð, 2 millj. kr., vegna Listasafns Alþýðusambands Íslands sem stofnkostnaður. Ég get ekki látið hjá líða að fjalla nokkuð um þessa brtt. vegna þess að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir okkar flm. hefur hún ekki fengið skilning hjá fjvn. á milli umr.

Það hefði verið vel við hæfi að hv. Alþ. hefði samþykkt þessa till. á því ári sem Alþýðusamband Íslands verður 60 ára. En það vill svo til að Alþýðusambandið varð 60 ára í upphafi þessa árs. Það, sem um er að ræða m. a. í tillöguflutningi okkar, er að gefa Alþingi eða alþm. kost á því að sýna einhvern vott þess að það hefur ekki farið fram hjá Alþingi að þessi merku samtök áttu þetta afmæli. Þess vegna var það hugsun okkar að Alþ. samþykkti að leggja 2 millj. kr. sem stofnfjárframlag í það merka listasafn sem hér um ræðir. Hér er um lítinn hlut heildarkostnaðar að ræða, eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson gat um í ræðu sinni. Þetta er mjög lítill hluti heildarkostnaðar. Verkalýðshreyfingin mun sjálf leggja fram tugi milljóna til að reisa þetta safn og tryggja að sú góða gjöf, sem heiðursmaðurinn Ragnar Jónsson gaf á sínum tíma, þessi dýrmætu listaverk fengju viðunandi stað. Hér var raunverulega um það að ræða að við vildum vekja athygli Alþingis á þessu máli og gefa því kost á að verða aðili að stofnun Listasafns alþýðu á 60 ára afmæli Alþýðusambandsins.

En það vill svo til að það er önnur hlið á þessu máli, sem hefur e. t. v. farið fram hjá mörgum þm. og er kannske skiljanlegt, vegna þess að í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1977 kemur fram að hv. Alþ. og ríkisstj. á nokkurt erindi til verkalýðshreyfingarinnar á næsta ári sem og á yfirstandandi ári. Það erindi er ólíkt þeirri stærð sem við erum að tala um, 2 millj. til Listasafnsins, því erindi Alþ. til verkalýðshreyfingarinnar hljóðar upp á nokkra milljarða. Það er því ekki von að menn megi vera að því að taka eftir svona smámunum eins og að leggja fram 2 millj. til Listasafns alþýðu, fjölmennustu samtaka launafólks í landinu. Staðreyndin er nefnilega sú, að menn verða að meta það dálítið eftir stöðunni hvað um er að ræða. Og þó að ASÍ þurfi ekki á því að halda raunverulega að beðið sé um 2 millj. hér á Alþ., þá hefði það nú kannske verið skynsamlegt og einhvers virði fyrir hv. Alþingi og ríkisstj. að verða við þessari till. okkar, því að við lestur lánsfjáráætlunar fyrir 1977 kemur í ljós að við öll og þeir, sem bera ábyrgð á stjórn landsins, mæna vonaraugum til sjóða verkalýðshreyfingarinnar um fjármögnun samkv. lánsfjáráætlun 1977, og án þess að það verði orðið við þeirri bón get ég ekki séð hvernig á að framkvæma þessa lánsfjáráætlun. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér upp úr þessari skýrslu á bls. 8 þann kafla sem lýtur að þessu smámáli sem við eigum erindi með til verkalýðshreyfingarinnar. Þar segir svo orðrétt:

„Lífeyrissjóðirnir eru orðnir mest og örast vaxandi fjármagnsuppspretta í landinu. Á næsta ári er spáð að á þeirra vegum muni falla til ráðstöfunarfé að fjárhæð 10500 millj. kr. Sést glöggt af því hversu geysiþýðingarmikið er að þessum sparnaði verði við haldið og hann komi til sem gagnlegastra nota. Af þessari fjárhæð er aðeins áætlað að 30% komi til nota á vegum fjárfestingarlánasjóða, eða 3150 millj. kr. Á yfirstandandi ári vantar nokkuð upp á að svo hátt hlutfall hafi komið til þeirra nota. Er ljóst að vel verður að halda á málum svo að áætlaðri fjárhæð verði að fullu til skila haldið."

Það skyldi þó ekki vera að það væri líka gott að halda vel á málum gagnvart þeim sem menn ætla að semja við? Ég vil þess vegna segja það, að það veldur mér miklum vonbrigðum hversu litlar undirtektir till. okkar hefur fengið, því að flm. tveir alla vega, Eðvarð Sigurðsson og ég, við höfum ekki verið að þreyta Alþ. með neinum óþarfatill. Okkur finnst að þessari till. okkar hafi verið sýnt tómlæti og skilningsleysi sem er til skaða. Það verður að krefjast þess að Alþ. virði till. og leggi sanngjarnt mat á till. einstakra þm. svo að ekki sé talað um annað meira.

Frsm. samvn. samgm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég gat þess áðan í ræðu minni að tveir hv. þm. í samvn. samgm. hefðu undirritað nál. með fyrirvara. Þeir hafa nú báðir gert grein fyrir máli sínu, hv. 5. þm. Vestf. og 9. landsk. þm., og er síður en svo nokkuð við það að athuga. En þó verð ég að leiðrétta örfá ummæli sem komu fram hjá hv. 9. landsk. þm., frú Sigurlaugu Bjarnadóttur, af því að þau fá ekki staðist ljós sannleikans, ef svo má segja.

Hún hélt því fram, þessi hv. þm., að óraunsæi og hugsunarleysi hefði ráðið ákvörðun samvn. samgm. um viss atriði er Vestfirði snerta, og sagði um það nokkrar fréttir af fundi n. Ég benti á það á þeim fundi að þegar búið væri að halda allt að 30 ræður, sumar ágætar, aðrar nokkuð góðar, þá væri kominn tími til að fara að skera úr málum og láta þá atkv. ráða ef ekki næðist fullt samkomulag. Þetta var gert á þeim fundi. Til marks um það, að Vestfirðir hafa að mínum dómi ekki orðið út undan, gat ég þess og get þess enn nú, að tveir styrkir nýir, sem teknir voru upp og samþykktir, fyrir utan hinn stóra styrk til Herjólfs, voru einmitt styrkir til tveggja snjóbifreiða á Vestfjörðum, um Sandsheiði og mjólkurflutninga úr Önundarfirði.

Hv. þm. heldur því líka fram að liðurinn mjólkurflutningar úr Dýrafirði hafi gleymst, ekki síst í fyrra, og þá hafi hann ekkert hækkað að krónutölu. Ég gat þess í frumræðu minni að nokkrir styrkir hefðu fyrir ári verið látnir haldast óbreyttir að krónutölu, því miður. Þeir eru allir hækkaðir núna. Ég hafði hér með mér nál. frá því í fyrra og nokkurt yfirlit frá fyrri árum, og það sýnir sig að mjólkurflutningastyrkurinn úr Dýrafirði er ekki eini styrkurinn sem staðið hefur óbreyttur að krónutölu, heldur má sömu sögu segja um 19 styrki aðra. Og ég sé ekki annað en þessi fjárveiting hafi verið mjög eðlileg á liðnum árum. Þessi liður er 100 þús. á fjárl. 1973, 100 þús. á fjárl. 1974, 200 þús. á fjárl. 1975 og 1976, en fer nú upp í 250 þús., ef samþykktur

verður eins og við höfum gert grein fyrir. Það er um þetta atriði að segja.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mörg, en vildi þó taka þetta fram til að leiðrétta þennan misskilning og raunar þetta ranghermi og stuðla að því að allir hv. alþm. gætu litið í blöð sín á sínum borðum og séð hvort verr hefur verið farið með blessaða vestfirðingana heldur en aðra landsmenn. Ég ætladi ekki að fara að gera smágoluþyt á fundi samgn. að sérstöku umræðuefni hér í þingsölum og geri það ekki að öðru leyti en þessu. En ég verð þó að taka fram að mér þykir þetta nú heldur leitt undir lokin, vegna þess að ég hef alla tíð litið mjög upp til vestfirðinga og haft á þeim óbifanlegt traust, allt frá því að þeir dugðu Þórði kakala allra manna best á Sturlungaöld.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að þakka hv. formanni fjvn. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf í sambandi við skiptingu landsspítalafjár. Það er ljóst af þessum upplýsingum og lokaorðum hv. 2. þm. Vesturl., formanns fjvn., að nú verður unnt að ráðast í stærri byggingaráfanga heldur en ætlað var í fyrstu, — áfanga sem getur orðið með þeim hætti að þær framkvæmdir, sem um er að ræða, nýtist raunverulega geðsjúklingum svo vel sem verða má. Það gildir jafnt þó svo ekki verði hægt að ljúka þeim áfanga að fullu fyrr en á öndverðu ári 1978. Allt að einu er aðalatriðið að unnt sé að standa með þeim hætti að þessari framkvæmd að ráðist sé samtímis í þá tvo þætti starfseminnar sem ég hef nefnt í fyrri ræðum minum: göngudeild og sjúkradeild. Held ég að fjármagnið, sem lagt er til nú að veitt verði í þessa framkvæmd, ásamt lánsheimild dugi út af fyrir sig til þess að unnt sé að halda með árangri á þessum málum. Ég held að hinn þáttinn, sem þarf í þetta, þ. e. a. s. viljann, skorti ekki, hann sé fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj. sem höfuðábyrgð ber á þeim framkvæmdum sem verða á árinu. Sem sagt, fjármagnið mun verða fyrir hendi, þá er viljinn allt sem þarf.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka undir málflutning og tillöguflutning beirra hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, Guðmundar H. Garðarssonar, Gylfa Þ. Gíslasonar og Karvels Pálmasonar um framlag til Listasafns Alþýðusambands Íslands vegna stofnkostnaðar, 2 millj. kr. Það væri kannske rétt, þó of langt mál, að ég skýrði ofurlitið frá málflutningi í sambandi við það merka afmæli, sem verkalýðssamtökin áttu nú á þessu ári, sem átti sér stað í borgarstiórn Reykjavíkur og í hafnarstiórn. En alþm. til upplýsingar hefur borgarstiórn samþykkt að virða það mikla starf, sem verkalýðssamtökin hafa unnið frá upphafi, með því að reisa hér minnisvarða um verkamenn og sjómenn. Því vil ég taka undir það að þessi till., sem nú liggur fyrir, verði samþykkt.

Ég hef ekki skipt mér mikið af fjárl. frá því að ég kom á Alþ. af eðlilegri ástæðu, — af þeirri ástæðu einfaldlega að ég hef talið efnahagsstefnu ríkissti. ranga frá upphafi. En ég ætla að gera það nú á þann hátt að koma með till., þ. e. a. s. munnlega till., til lækkunar á einum lið, og hún er munnleg vegna þess að ég beini því til hv. fjvn. að hún haldi fund nú þegar og ráðstafi þeim peningum, sem ég geri till. um að lækka á þeim lið, m. a. til Listasafns Alþýðusambands Íslands og svo til ýmissa góðra mála sem hér hafa komið fram óskir um að fé verði veitt til. Tillaga mín er um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er að verða það bákn í okkar þjóðfélagi að það er með eindæmum og ólíkindum hvernig það er vaxið. Ég var að fletta fjárl. 1975, 1976 og svo fjárlagafrv. 1977. Á fjárl. 1975 fékk Sinfóníuhljómsveitin 26 millj. rúmar, á fjárl. 1976 fær hún 40 millj. rúmar, og nú liggur fyrir till. um að hækka hana yfir 60 millj. Ef við höldum áfram að hækka hana hlutfallslega á þennan hátt, þá getum við séð hvað gróskan er mikil í þessu útgjaldabákni. Þessu til viðbótar liggur fyrir beiðni frá hljómsveitinni við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar um rúmlega 40 millj. kr. framlag. Bara á þessum tveimur stöðum ætlar Sinfóníuhljómsveitin að fá til rekstrar yfir 100 millj. Og þessu til viðbótar kemur framlag, að mig minnir, frá Þjóðleikhúsinu og Ríkisútvarpinu. Þær tölur hef ég ekki hér við höndina. Ég mælist því til þess að það verði miklu betra eftirlit með rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það er hægt að bera hana saman við t. d. rekstur á öðrum hljómsveitum og stórum samkórum, sem nota Sinfóníuhljómsveitina sjálfa við undirspil, og gera samanburð á kostnaðarliðum þessara tveggja hliómsveita eða kóra. Ég var að leita að nafninu. (**Gripið fram í: Pólýfónkórinn.**) Pólýfónkórinn, já. Pólýfónkórinn notar Sinfóníuhljómsveitina við sinn undirleik, og Pólýfónkórinn borgar það, fær það ekki frítt.

Ég tel að þegar svona starfsemi gerir siauknar kröfur til framlags, þá sé full ástæða til þess að athuga það — eða hvað finnst fjmrh., ef við berum það saman við aðra liði, ef við berum það saman við Íþróttasamband Íslands sem fær 26 millj. nú? Að vísu er búið að laga það svolitið með tóbakspeningum, sem ég vona að verði samþykktir til þess. En það framlag fer til íþróttahreyfingarinnar sem hefur á milli 40 og 50 þús. unglinga innan sinna vébanda. Það eru 26 millj., gæti hugsanlega farið upp í 30 millj. næsta ár, á sama tíma sem menn munar ekkert um að sletta fram úr erminni 30 millj. í einu til þess að lagfæra Bessastaði, bara sem dæmi, svo að við höfum eitthvert samræmi í hlutunum. En þetta er útúrdúr.

Ég geri það að till. minni að fjvn. endurskoði framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, lækki það um 10 millj., veiti 2 millj. til Listasafns Alþýðusambands Íslands, og afganginum, 8 millj., dreifum við á þá þarfaliði sem margir þm. hafa óskað eftir að væru teknir til greina.

Ég sé ekki að það sé annað en Alþ. til sóma að virða það sem unnið hefur verið til uppbyggingar í okkar þjóðfélagi, hvort sem það er hér í Reykjavík eða úti á landi, af því fólki sem hér er verið að minnast. Og ég held að það sé þjóðinni til sóma að eiga myndarlegt listasafn fyrir alþýðu þjóðarinnar eða verkafólk, bæði landverkafólk og náttúrlega siómannasamtökin líka.

Ég vil ítreka það að lokum, að það verði betur fylgst með Sinfóníuhljómsveitinni og rekstri

hennar. Við getum byrjað á því að skoða þær tölur, sem fyrir liggja, og sjá hvernig þær hafa hækkað á þessum þremur árum sem ég gat um áðan. Ef hægt er að finna fleiri slíkar stofnanir innan kerfisins, þá væri kannske hægt að ansa fleiri beiðnum sem koma fram frá þm. víðs vegar að um nauðsynlegar framkvæmdir og nauðsynleg fjárframlög til hinna ýmsu staða úti á landi. — Og svo þakka ég sérstaklega þeim sem sitja í ráðherraherberginu gamla, fyrir gott hljóð.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð að þessu sinni. Það er í fyrsta lagi vegna þess að ég hef kosið að flytja aftur þær brtt., tvær af þrem, sem ég flutti við 2. umr.

Fyrst er um að ræða hækkun skuldagreiðslu til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum sem er, eins og ég sagði þegar þetta var rætt við 2. umr., skuld sem ríkið á eftir að greiða til Vestmannaeyjakaupstaðar upp á 114 millj. kr. og er til komin 1974. Mér finnst það varla sæmandi ríkinu að taka lán af Vestmannaeyjakaupstað og bæta það engu, hvorki með vöxtum né verðbólgutapi. Fjárveitingavaldið veit í þessu tilfelli hvernig það á að græða á verðbólgunni, þekkir hana vel og kann að nota hana, en notar hana þarna að mínum dómi á röngum stað og á kostnað Vestmannaeyjakaupstaðar.

Í öðru lagi flutti ég till. um að hækka nokkuð framlag til vatnsveitunnar í Vestmannaeyjum. Í því máli virðist fjárveitingavaldið ekki hafa heyrt talað um verðbólgu á Íslandi, því framlagið, sem nú er ætlað í þetta, er 7.5 millj. alveg eins og fyrir 8 árum. Þarna verður enginn af fjvn.-mönnum var við verðbólgu á Íslandi. Það var ekki farið fram á meira en að hækka þetta framlag í 15 millj. og útkoman: till. felld.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu get ég varla stillt mig um að segja örfá orð varðandi málflutning hv. 9. landsk. þm. sem er ákaflega skeleggur baráttumaður síns kjördæmis í þeirri n. sem við sitjum bæði í. Það verður aldrei frá henni tekið, það er rétt, en ég hygg að það kunni að hafa neikvæð áhrif að fara yfir strikið, eins og maður segir stundum, bæði í þessum dugnaði eða atorku eins og öðru. Og ég tel það mjög óskynsamlegt, jafnvel þótt menn vilji beita öllum tiltækum ráðum til þess að fá sitt fram, að haga máli sínu þannig að um allt að því falsanir sé að ræða, þ. e. a. s. þann hluta sannleikans aðeins sem kemur baráttumanninum vel, en sleppa hinum. Ég er ekki að segja að hv. þm. hafi skrökvað, hún sagði bara passlega mikið satt. Og ég vil í þessum töluðum orðum aðeins minna á það, að hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir talaði um að hún og þeir vestfirðingar í samgn. hefðu verið að berjast fyrir því allan tímann að fá 2 millj., fá bara 2 millj. í viðbót fyrir Fagranesið, það væri allt og sumt. Jæja, hvað getur verið satt í því? Jú, jú, þegar búið var að hrekja þetta fólk horn úr horni í málinu, þá var það loksins komið ofan í 2 millj., en það byrjaði á því að fara fram á 35 millj. Þeir vildu sem sagt hækka þennan ágæta flóabát, Fagranesið, úr 17.2 millj., sem hann fékk í fyrra, í 35 millj., þ. e. a. s. hækka framlagið til þessa flóabáts um 103%. Ég hef ekki verið mikið að skipta mér af því hvað menn hafa viljað gera hér við fjárl. En ætli mönnum þyki ekki nóg að fara með þau úr 60 í 90 milljarða? Ef allir hefðu haldið svona fast á sínum málum og barist jafnskelegglega fyrir hækkun á öllum sviðum, þá væru fjárl. ekki 90 milljarðar núna, heldur 130 milljarðar. Ég legg ekki slíkum baráttuaðferðum lið.

Við höfum verið ósínkir á það í þessari n., allar götur síðan ég kom í hana fyrir allmörgum árum, að veita fé til þeirra hluta sem n. fjallar um, og við höfum ævinlega verið nokkuð yfir venjulegri hækkun á milli ára á fjárl. Við höfum ævinlega litið til þessara mála þannig að þetta séu með nauðsynlegustu málum sem unnið er að í þjóðfélaginu. Þarna er verið að bæta úr samgöngum sem er reynt að halda uppi við erfið skilyrði alls konar. En eins og málin lágu fyrir, þá urðu allir að slá nokkuð af sínu. Við, sem vorum málsvarar annarra flóabáta, höfum líka getað komið með till. um 100% hækkun og þaðan af meira og komið með margfaldlega hærri tölur til nýrra þátta sem þarna voru teknir inn. En til samkomulags og samræmis við aðra og með tilliti til heilbrigðrar skynsemi létum við okkur hafa það að slá nokkuð af.

Ég vil nú aðeins í örfáum orðum segja það af sannleikanum sem máli skiptir, því að hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sá um hinn partinn. Það var sem sagt farið fram á 35 millj. Flóabáturinn Fagranes fékk 25 millj. Sú hækkun var 47%. Enginn flóabátur utan einn fékk meiri hækkun hlutfallslega. Sá flóabátur var Akraborgin. Hún fékk 67% hækkun tæplega. Það er vegna sérstakra erfiðleika. Það er verið að greiða skipið niður á stuttum tíma. Það er afar dýrt í rekstri, og ég veit ekki hvort er búið að hagræða rekstri þess fyrirtækis nægilega, enda var bent á það í samgn. að það væri rétt að kanna hvort tekjuhliðin gæti ekki eitthvað lagast í þá veru að gera hallann minni. En hækkun til Fagranessins var 47% eða hærri en til allra annarra flóabáta að undantekinni Akraborg. En ég vil upplýsa það að samkv. reikningum fyrirtækisins fyrir árið 1976, sem auðvitað liggja ekki fyrir til fulls vegna þess að árið er ekki enn búið, þá er rekstrarkostnaður, samanlagður rekstrarkostnaður fyrirtækisins fyrstu 10 mánuðina, 28.5 millj. og það sem meira er, í þeim rekstrarkostnaði samanlögðum er innifalið eitt strand m. a. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir þessari skekkju, eins og menn gjarnan gera sem kæra sig um að fá rétta útkomu, og öðrum tveimur, ekki eins alvarlegum að vísu, þá blasir við sú staðreynd að samanlagður rekstrarkostnaður m/b Fagraness er 25 millj., þ. e. a. s. jafnmikill rekstrarkostnaður fyrstu 10 mánuði ársins og hv. samgn. veitir til flóabátsins, og þá er ekkert farið að hugsa til tekna. Áður en menn fara að taka upp vasaklútinn hér og skæla yfir illri meðferð, þá verða þeir að gera svo vel og a. m. k. skoða þær tölur sem sýna raunveruleikann í dæminu.

Herra forseti. Það tekur því varla að víkja að svokallaðri hækkunarbeiðni til mjólkurflutninga eða hvað hún heitir nú þarna á blaðinu, þar er um afar lágar tölur að ræða. Þar var þó farið

fram á 80% hækkun, það er kannske ekkert. Ég segi það, að auðvitað hefði verið hugsanlegt að greiða eitthvað fyrir því. En ég hef fengið upplýst að það muni verða gert annars staðar. En vegna þessa málflutnings hv. þm. sá ég mig knúinn til þess að koma hingað og upplýsa hv. þm. nokkru betur í þessu máli. Mér hefði satt að segja fundist að við hefðum mátt rifast um þetta í n. eins og alla aðra liði og gera þá upp okkar á milli, en ekki vera að koma með heimiliserjurnar í sali hv. Alþingis.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það var nú aldrei meiningin frá minni hálfu að fara að innleiða heimiliserjur samvn. samgm. hingað inn á Alþ. og því síður að fara að pexa og metast um þessa styrki. Allir voru þeir bráðnauðsynlegir og allir hefðu sjálfsagt þurft að vera eitthvað hærri en raunin varð á. Ég ætla, ef ég hef ekki gert það áðan, að þakka þessum samverkamönnum mínum kærlega fyrir góða samvinnu og skemmtilega um leið. En því miður verð ég að segja það, að hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Suðurl., leyfði sér hér að fara ekki einungis með lítils háttar falsanir, heldur helber ósannindi, og mér finnst það mjög leitt. Það eru allir nm. til vitnis um það að hvorugur okkar þm. Vestf., ég eða hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, nefndi það einu orði á nafn að fá 35 millj. Okkur datt það aldrei í hug. Það var umsókn fyrirtækisins, og við vitum að umsóknir allra þeirra, sem sóttu um, voru margfalt hærri en hægt var að sinna. Hitt skal ég viðurkenna, að við nefndum fyrst 3 millj. til viðbótar till. undirnefndar, og ég tek alla samvinnunefndarmenn til vitnis um að ég fer hér með rétt mál. Þegar við heyrðum að enginn hliómgrunnur var fyrir því, þá bárum við upp 27 millj., þ. e. a. s. 2 millj. kr. hækkun. Hér fer ég með rétt mál, og mig tekur sárt til kollega míns, Garðars Sigurðssonar, að hann skuli annaðhvort vísvitandi eða óvart fara hér með staðlausa stafi.

Ég ætlaði aldrei að fara að fjargviðrast yfir þessum 300 þús. sem við fórum fram á til viðbótar til þess að styrkja betur mjólkurflutninga úr Önundarfirði og Dýrafirði. Mér finnst það í rauninni ekki þess virði. Og ég vil lýsa því yfir hér, að ég hef tryggingu fyrir að ég fæ þetta úr annarri átt þó að hv. samvn. samgm. vildi ekki fallast á þetta, og ég treysti því, þannig að ég er áhyggjulaus að því er varðar mjólkurflutningana. Hitt er svo nokkurn veginn gefið mál, að næsta sumar býður upp á sömu björgunaraðgerðirnar, á slæmu máli reddingar, frá degi til dags til að halda þessu blessaða skipi okkar gangandi, og ég treysti á guð og lukkuna og góðan vilja góðra manna að það takist nú sem fyrr.

Ég endurtek það, að ég rakti þessa afstöðu um að vilja ekki hækka þessa mjólkurflutninga, sem mér bótti sjálfsagt sanngirnismál, til vissrar hugarþreytu þm. í n. Og ég tók það einfaldlega eins og það kom fyrir. Hitt var mér ekki grunlaust um, að hv. 5. þm. Suðurl. kipptist eilítið við þegar ég sem svar við saklausri fsp. fékk þá vitneskju að til stofnkostnaðar Herjólfs, Vestmannaeyjabátsins, fengist 638 millj. kr. ríkisábyrgð. Ég er ekkert að sjá eftir þessu. Vestmanneyingar fá ekki veg og vestmanneyingar fá ekki brú. En ég heyrði að þetta kom illa við hv. þm. Garðar Sigurðsson. Honum þótti óþarfi að við vissum um þetta. Hitt er líka staðreynd, að sumir liðir þrefölduðust þarna og það voru eðlilegar orsakir til þess. Það er einmitt mergurinn málsins að við þurfum að meta hverja umsókn eftir aðstæðum og ekki metast um hverja krónu og hverja prósentu, og það hefur hingað til verið gert í þessari góðu nefnd.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en mér þykir leitt ef hv. form. n. hefur tekið þetta nærri sér. Ég gagnrýndi málsmeðferð sem ég tel að hafi valdið þeim smáágreiningi sem varð þarna. En ég vona að allir þeir, sem njóta þessara styrkja úti um hinar dreifðu byggðir landsins, komist af nú sem fyrr. En þessum málflutningi, sem hér var hafður í frammi um falsanir frá minni hálfu, vísa ég á bug og lýsi þessu sem talað var um, að við höfum farið fram á 35 millj., sem algerum ósannindum.

Svo þakka ég enn samgn. fyrir góða og hressilega samvinnu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki halda hér langa tölu og hefði raunar ekki tekið hér til máls ef störf samvn. samgm. hefði ekki borið á góma með þeim hætti sem hefur hér gerst. Ég get undir engum kringumstæðum fallist á þá skoðun hv. þm. Garðars Sigurðssonar að það hafi verið nokkur fjölskyldublær á umr. í n. ellegar að störf n. hafi á einhvern hátt verið með þeim hætti að ósæmilegt sé að ræða þau í Sþ. En það er ákaflega misjafnt hvernig tölur snerta tilfinningalíf manna, og ég hlýt, held ég, að gera annars konar grein fyrir afstöðu minni til fjárbeiðninnar handa Fagranesinu heldur en hann gerði.

Ég hefði með glöðu geði séð fjárlög hækkuð til þess að hægt hefði verið að veita Fagranesinu 27 millj. í styrk og þó að þær hefðu verið 28. Ég hef rökstuddan grun um það að við verjum fjármunum til annarra ómerkilegri hluta af meira gáleysi heldur en til samgangna við Ísafjarðardjúp. Aftur á móti var það ljóst á lokafundi okkar að við fengjum ekki hærri heildarfjárveitingu en þá lá ljóst fyrir að við fengjum, þannig að hefði fjárveitingin til Fagranessins verið hækkuð, þá hefðu þeir peningar verið teknir af einhverjum öðrum liðum sem þegar var búið að ákveða skiptingu á. Ég bar þá fram þá till. og hygg að það sé. úr því sem komið er, ærlegast að gangast við henni, að 2 millj. kr. hækkunin til Fagranessins, sem hlaut prósentvis minni hækkun til síns rekstrar heldur en Akraborgin, — þessar 2 millj. yrðu þá teknar af Skallagrími, af Akraborginni. Með þessari till. minni greiddi ég einn atkv., en hv. þm. Vestf. í n. sátu hjá með þeirri drengilegu skýringu að þeir vildu ekki taka þessa peninga af öðrum. Hinu er náttúrlega ekki að neita, að á góma hafði borið í n. sú staðreynd eða það almenna álit, að raunar væri útgerð Fagranessins, Baldurs og Drangs ekki sambærileg við útgerð Akraborgarinnar fyrir ýmissa hluta sakir.

Ég vil sem sagt ítreka þá skoðun mína að gjarnan hefðu fjárlög mátt hækka um þessar 2 millj. sem þau fóru fram á, hv. þm. Sigurlaug

Bjarnadóttir og Karvel Pálmason. Beri þau fram till. á þessa lund nú við 3. umr., þá mun ég greiða henni atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 259, 272, 273 og 274, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki mjög lengja þessar umr. Það eru örfáar aths. sem ég vildi gera.

Hv. 8. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, óskaði eftir nánari upplýsingum í sambandi við erlendar lántökur 1977 og hvernig þær nýttust, taldi sig ekki hafa fengið nægilega skilgreiningu né upplýsingar á fundum fjvn. Á bls. 17 í kafla nr. VII er skýrt tekið fram að heildarlántökur erlendar eru áætlaðar 20 milljarðar 860 millj. kr. á árinu 1977, en afborganir af eldri lánum verða samtals 10 milljarðar og 600 millj. kr. Ef betur er að gáð kemur það fram í töflu 5 á bls. 33, þar fæst samanburður sem er mjög athyglisverður einmitt fyrir þennan hv. þm. Þar fæst samanburður á erlendum lántökum árið 1975 samkv. ríkisreikningi, árið 1976 samkv. áætlun og svo samkv. þeirri lánsfjáráætlun sem lögð hefur verið fram. Þar er um að ræða í lið 7 löng lán alls nettó 1975 15 milljarðar 155 millj., í áætluninni 1976, eins og ég kom að í ræðu minni hér í dag með grg. fyrir lánsfjáráætluninni, þá er áætlað að á árinu 1976 verði þessi lántaka 12 milljarðar 270 millj. og árið 1977 10 milljarðar 260 millj. kr., sem er mismunurinn á 20 milljörðum 860 milli. kr. og 10 milljörðum og 600 millj. kr., þannig að það, sem kemur til útlána, eru 10 milljarðar og 260 millj. kr. Vonast ég til að þessar upplýsingar séu nægar fyrir þennan hv. þm.

Hann vék síðan að erlendum lánum og kom m. a. inn á erlend lán í heild sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Það liggur alveg í augum uppi að þegar þjóðarframleiðsla fer minnkandi, þá vex það hlutfall. Og ef við gerum okkur hins vegar grein fyrir því, hver er áætluð staða erlendra lána í árslok 1976, sem er 95 milljarðar 540 millj. kr., og hver var staðan í árslok 1975, sem var 73 milljarðar og 27 millj., ef síðan er reiknað út hlutfall af þjóðarframleiðslu og þá tekið meðalgengi kemur út talan 34%, en samkv. þeim töflum, sem liggja fyrir í hagdeild Seðlabanka Íslands, er sú tala, sem þar liggur fyrir, 40% af þjóðarframleiðslu.

Hv. þm. vék að grg., sem var lögð fram í fjvn., og dæmdi hana sem stefnumótun ríkisstj. í sambandi við launamál á árinu 1977 og las upp úr þessari endurskoðun seinustu setningar á fyrstu blaðsíðu. En hann gætti þess ekki, hvernig það orðalag er, því að þegar betur er að gáð, þá stendur: „Þessi aðferð ætti að gera alla fjármálastjórn raunhæfari og ákveðnari en ella þar sem ekki ætti að sinna neinum umframfjárbeiðnum á næsta ári vegna óvæntra“ o. s. frv. Ef litið er á það sem hér stendur, þá liggur ljóst fyrir að það er verið að geta í hvernig hlutirnir ættu að vera við ákveðnar forsendur.

Ég sé ekki ástæðu til frekari svara.

Þegar komið er að lokum 3. umr. frv. til fjárl. fyrir árið 1977 er gagnlegt að huga nokkuð að þróun íslenskra efnahagsmála á árinu 1976 og sérstaklega framvindu ríkisfjármála. Nú er víst að á þessu ári verður mikil breyting til batnaðar í bjóðarbúskapnum á árinu. Þjóðarframleiðslan er að snúast til vaxtar á ný og vegna batnandi viðskiptakjara aukast þjóðartekjur í fyrsta sinn síðan 1973. Viðskiptahallinn verður ⅔ hlutum minni en hann var í fyrra eða 3.6% af þjóðarframleiðslu í stað 11.5% 1975. Nokkuð hefur einnig hægt á verðbólgunni. Þennan árangur eigum við að miklu leyti að þakka batnandi verslunarárferði utanlands, en á hinn bóginn hefði það hrokkið skammt ef ekki hefði verið haldið aftur af þjóðarútgjöldum og innflutningi samtímis. Að þetta tókst er ekki síst að þakka raunhæfum kjarasamningum, en ekki síður að ríkisfjármálin hafa á þessu ári hamlað gegn innlendri eftirspurn samanborið við fyrri ár.

Fyrstu 11 mánuði þessa árs námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 60 milljörðum og 400 millj. kr., en útgjöldin 61.4 milljörðum kr. og voru því um 1 milljarð umfram tekjur. Jöfnuður lánahreyfinga sýndi 400 millj. kr. halla og var því um 1.4 milljarða greiðsluhalli hjá ríkissjóði fyrstu 11 mánuði ársins. Á sama tíma í fyrra voru útgjöld ríkissjóðs um 3.7 milljarða umfram tekjur, um 0.4 milljarða afgangur var á lánahreyfingum og nam greiðsluhallinn því 3.3 milljörðum kr. Ríkisfjármálin hafa því styrkst til muna á þessu ári, því verður ekki neitað.

Ég tel allar horfur á að tekjuáætlun sú fyrir árið 1976, sem fylgir fjárlagafrv., standist, þ. e. að tekjur ríkissjóðs verði tæplega 69 milljarðar kr. Gjöldin verða sennilega rúmlega 68 milljarðar kr. Mér virðist því að mjög nærri muni láta að fjárhagur ríkissjóðs verði án greiðsluhalla á árinu 1976 og að staða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum batni nokkuð. Hér er um mikilsverðan árangur að ræða sem fjárlög næsta árs verða að staðfesta og treysta enn betur ef beita á ríkisfjármálum skynsamlega í batnandi árferði.

Ég hef ákveðið að að loknu jólaleyfi þm. verði Alþ. í sérstakri skýrslu gerð grein fyrir greiðsluafkomu ríkissjóðs á s. l. ári og jafnframt bráðabirgðatölum ríkisreiknings í árslok 1976. Þá verður enn fremur að því stefnt að ríkisreikningurinn 1976 verði lagður fram fullgerður fyrir þinglok á vori komanda.

Eins og ég nefndi áðan breytir vitneskjan, sem nú liggur fyrir um innheimtu ríkistekna fyrstu 11 mánuði ársins 1976, ekki þeirri heildaráætlun um ríkistekjur sem fjárlagafrv. er reist á, þótt breytingar muni verða á einstökum tekjustofnum til hækkunar eða lækkunar. Tekjuáætlun fyrir árið 1977, sem fram var sett í frv., var vitaskuld miðuð við sama kauplag og verðlag og gjaldaáætlun frv., en þó hafði þegar verið gert ráð fyrir almennri grunnkaupshækkun á næsta ári í hátt við gildandi samninga BSRB og BHM, þegar sleppir gildistíma samninga Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda 1. maí n. k. Hins vegar hafði ekki verið reiknað með neinum verðlagsuppbótum samkv. þeim

samningum eða hliðstæðum kaupbreytingum hjá öðrum. Nú er þegar komin fram rúmlega 3% hækkun launa og verðlags af þessum toga og búast má við frekari hækkunum á fyrstu mánuðum næsta árs.

Við afgreiðslu fjárl. undanfarin ár hefur oftast verið miðað við verðlag í landinu um þær mundir sem fjárl. eru samþykkt og sjaldan ætlað verulega fyrir breytingum launa og verðlags á komandi ári. Þetta gerir að minni hyggju fjárlagasetninguna mun veikari en vera þyrfti. Í frv. í haust var þess vegna ætlað fyrir almennri grunnkaupshækkun á næsta ári og afleiðingum hennar. Nú við endanlega afgreiðslu fjárl. er ætlunin að stíga þetta skref til fulls, þannig að verðlag og lánsforsendur fjárl. og reyndar einnig lánsfjáráætlunar verði þær sömu og fram eru settar í þjóðhagsáætlun næsta árs. En í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar frá 7. des. 1976, sem þm. hafa undir höndum, er tekið dæmi af verðlagsbreytingum næsta árs, sem eru 6—7% yfir forsendum frv., og launa- og innflutningsverðlagsbreytingum, sem eru 7—8% yfir forsendum frv. Tekjuáætlun hefur verið endurskoðuð með tilliti til þessarar nýju þjóðhagsspár fyrir næsta ár, en breytingar þjóðarútgjalda að raungildi eru lítið frábrugðnar fyrri forsendum í þessu efni. Þó er gert ráð fyrir ½—1% meiri veltu og innflutningi en frv. var reist á.

Af helstu niðurstöðum þjóðhagsspárinnar má nefna:

Að vænta megi 1—2% aukningar þjóðarframleiðslu á næsta ári og nokkuð batnandi viðskiptakjara, þannig að þjóðartekjur aukist um nálægt 2.5% **að raungildi.**

Að þjóðarútgjöldin aukist um 1%, þannig **að** einkaneysla vaxi um 3%, samneysla um 2%, en fjárfestingar dragist saman um 5—6%.

Að viskiptahalli við útlönd gæti minnkað úr 3.6% af þjóðarframleiðslunni 1976 í 1.9 1977, ef þjóðarútgjöldin eru innan fyrrnefndra marka.

Að koma mætti verðhækkunum frá upphafi til loka árs 1977 niður í 18—20% samanborið við 30% 1976 með hóflegum tekjuákvörðunum á næsta ári og enn lengra á þar næsta ári, en tryggja þó bættan kaupmátt tekna almennings.

Það er stefna ríkisstj. að þetta megi verða, en hún þarf fulltingis allra landsmanna til að tryggja þennan árangur jafnframt fullri atvinnu um allt land.

Niðurstaða endurskoðunar tekjuhliðar frv. á þessum forsendum auk sérstakrar endurskoðunar á þeim tekjustofnum, sem sérstakar ákvarðanir hafa verið teknar um eða ný vitneskja liggur nú fyrir um, felur í sér 5 milljarða 923 millj. kr. hækkun tekna ríkissjóðs. Þar af nemur hækkun markaðra tekna 657 millj. kr., en almennra tekna 5 milljörðum 266 millj. kr. Samkv. þessari áætlun verða heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1977 um 89 milljarðar 940 millj. kr., sem bera má saman við áætlaðar tekjur 1976 sem eru tæpir 69 milljarðar kr., en þó 70 milljarðar og 300 millj. ef söluskattsauka 1% til niðurgreiðslu kyndikostnaðar o. s. frv. er bætt við 1976, því að 1977 er þessi tekjustofn talinn með ríkistekjum. Sem hlutfall af áætlaðri þjóðarframleiðslu nema tekjurnar 1977 tæplega 29%, sem er svipað hlutfall og áætlað er á þessu ári.

Til þess að auðvelda samanburð við fjárlagagerð fyrri ára má geta þess, að væri tekjuáætlun 1977 miðuð við verðlag og kaupgjald í des. 1976 næmi hún líklega um 6 milljörðum lægri fjárhæð í heild en ég nefndi hér áðan.

Í framsöguræðu hv. formanns fjvn. fyrir áliti meiri hl. n. hafa komið fram nákvæmar upplýsingar um breytingar á einstökum þáttum frv., en ég ætla þó að fara nokkrum orðum um helstu tekjustofnana.

Í fyrsta lagi um eignarskatt. Um áramót gengur í gildi nýtt fasteignamat sem felur í sér mikla hækkun. Áætlun fjárlagafrv. um eignarskatt hefur þó ekki verið breytt, en það felur í sér að stiga eignarskatts verði breytt þannig að heildarfjárhæð sé óbreytt. Innheimtur eignarskattur á næsta ári er áætlaður 1267 millj. kr. samanborið við um 1 milljarð og 40 millj. á þessu ári.

Í öðru lagi um tekjuskatt einstaklinga. Í áætlun fjárlagafrv. var reiknað með 26.5% hækkun meðaltekna milli áranna 1975 og 1976 og bendir flest til þess að tekjuaukningin verði meiri eða um 30%. Í meðfylgjandi áætlun er gert ráð fyrir að skattvísitalan hækki til jafns við tekjur og verði 162.5 stig miðað við 100 1975. Að öðru leyti er reiknað með gildandi lögum óbreyttum. Áætlun um innheimtan tekjuskatt einstaklinga hækkar um rúmlega 200 millj. frá frv. í 8226 millj., en í ár er reiknað með að innheimtur tekjuskattur einstaklinga nemi 6 milljörðum 295 millj. kr.

Í þriðja lagi um tekjuskatt félaga. Innheimtur tekjuskattur félaga í ár er talinn verða 1 milljarður 630 millj. kr. Í fjárlagafrv. var tekjuskattur félaga 1977 áætlaður 1 milljarður 959 millj. kr., en sú áætlun hefur verið hækkuð í 2 milljarða 53 millj. kr. í samræmi við betri visbendingar um breytingar veltu og afkomu fyrirtækja 1976.

Í fjórða lagi um aðflutningsgjöld. Innheimta aðflutningsgjalda verður sennilega heldur meiri í ár en reiknað var með þegar áætlun frv. var gerð í sept. s. l. Að óbreyttum forsendum frv. um tollalækkanir yrðu tekjur af aðflutningsgjöldum nærri 1400 millj. kr. meiri á næsta ári en gert er ráð fyrir í áætlun fjárlagafrv., bæði vegna hærri grunns 1976 og breyttra verðlagsforsendna á næsta ári. Nú er búist við að innheimta aðflutningsgjalda í ár nemi 11 milljörðum og 700 millj. kr., en það er um 200 millj. kr. meira en áætlað var í sept. Að auki er nú gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur aukist um 23% í krónutölu 1977, en í frv. var gert ráð fyrir 13% aukningu. Við endurskoðun áætlunar 1977 er nú tekið mið af tollalækkunum samkv. frv. til l. um tollskrá. Í tollskrárfrv. var reiknað með að tollalækkanir næmu um 900 millj. kr. á næsta ári á verðlagi fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. var reiknað með 600 millj. kr. lækkun. Á verðlagsforsendum endurskoðaðrar áætlunar 1977 má meta tollalækkanir samkv. frv. um 950 millj., en breytingarnar á frv. gætu falið í sér frekari lækkun, allt að 100 millj. kr. Niðurstaða alls þessa verður sú, að innheimta aðflutnings-

gjalda á næsta ári nemi 13 milljörðum 700 millj. samanborið við 12 milljarða 616 millj. kr. í frv.

Í fimmta lagi um söluskatt. Innheimtur söluskattur í ár verður sennilega heldur minni en búist var við í sept. eða tæpir 23.6 milljarðar kr. í stað 23 milljarða 860 millj. kr. í septemberáætlun. Af þessum sökum er hækkun söluskattstekna frá fjárlagafrv. til endurskoðaðrar áætlunar minni en ella, en í heild er nú gert ráð fyrir fjórðungshækkun álagningarstofns. Auk þess er nú gert ráð fyrir að heimild til niðurfellingar söluskatts af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar verði notuð, en þessi niðurfelling er metin um 150 millj. kr. á næsta ári. Í heild er nú reiknað með að söluskattstekjur geti numið 31 milljarði 610 millj. kr., sbr. 30 milljarða 300 millj. kr. í frv.

Í sjötta lagi um tekjur til vegagerðar. Í áætlun fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að markaðir tekjustofnar til vegagerðar, bensíngjald og þungaskattur, yrðu hækkaðir til samræmis við verðlagsforsendur fjárlagafrv. Samkv. verðlagsforsendum endurskoðaðrar tekjuáætlunar og ákvörðun ríkisstj. er innheimt bensíngjald á næsta ári nú talið verða 2 milljarðar 410 millj. í stað 2 milljarða 260 millj. kr. í frv. Tekjur af þungaskatti eru hér óbreyttar frá áætlun fjárlagafrv., þar sem hækkun gjaldskrár verður seinna en áætlað var í frumvarpsáætlun.

Í sjöunda lagi um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Tekjuáætlun hennar hefur verið hækkuð um 1 milljarð og 100 millj. kr.

Í áttunda lagi um stimpilgjald og þinglýsingar. Áætlun um innheimtu þessara gjalda hefur verið hækkuð um 290 millj. kr. í samræmi við frv. um breytingu þeirra gjalda.

Formaður fjvn. hefur gert ítarlega grein fyrir einstökum breytingum á frv. milli umr. Ég ætla mér því aðeins að fara fáum orðum um helstu orsakir þeirra breytinga sem orðið hafa á útgjaldahliðinni frá því að frv. var lagt fram.

Gjöld færð á rekstrarreikning og fjárfestingarútgjöld A-hlutastofnana hafa hækkað úr 83 milljörðum 129 millj. kr. í fjárlagafrv. í 89 milljarða 53 millj. eða um tæpa 6 milljarða. Þessi hækkun á sér margvíslegar skýringar, en vitaskuld munar langmest um breyttar forsendur um verðlag og laun á næsta ári. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur áætlað að til þessarar breytingar einnar megi rekja 4 milljarða 147 millj. kr. Það, sem þá stendur eftir, 1 milljarður 777 millj. kr., er þá raunveruleg hækkun í meðförum þingsins á frv. Eins og endranær er þessi tala niðurstaða endurskoðunar sem felur í sér bæði hækkun og lækkun gjalda, en helstu breytingar til hækkunar má telja þessar: 1) Hækkun við 2. umr. sem þegar hefur verið gerð ítarleg grein fyrir og dreifist á mjög marga fjárlagaliði, 907 millj. kr. 2) Hækkun markaðra tekjustofna umfram verðlagsendurskoðun 348 millj. kr. 3) Hækkun í A-hluta vegna lánsfjáráætlunar, sem grein hefur verið gerð fyrir, 306 millj. kr. 4) Önnur hækkun við 3. umr. u. þ. b. 140 millj.

Eins og áður er getið eru tekjurnar nú áætlaðar 89 milljarðar 950 millj. kr. eða um 888 millj. kr. hærri en gjöldin. Halli á lánahreyfingum er hins vegar nú áætlaður um 630 millj. eða ívið lægri en í frv. Þannig verður heildarniðurstaðan sú, að greiðslujöfnuður ríkissjóðs stendur í járnum. Á það er þó að líta í þessu sambandi, að í greiðslum ríkissjóðs eru taldar 2 milljarða 300 millj. kr. afborganir af skuldum við Seðlabankann sem raunverulega má líta á sem greiðsluafgang gagnvart öðrum aðilum í hagkerfinu. Er afar mikilvægt að takist að grynna á skuldum við Seðlabankann til þess að treysta efnahagslegt jafnvægi í landinu á næstu missirum.

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð, eins og áður sagði, um 89 milljarðar eða tæplega 29% af þjóðarframleiðslunni eða svipað hlutfall og á þessu ári, ef reiknað er á sambærilegan hátt. Frv., eins og það liggur nú fyrir til afgreiðslu við 3. umr., stefnir að því að ríkið auki ekki sinn hlut í ráðstöfun þjóðartekna á næsta ári.

Til áréttingar og viðbótar því, sem ég sagði hér fyrr um tekju- og eignarskatt á árinu 1977, vil ég taka fram eftirfarandi:

Í stefnuræðu forsrh. svo og fjárlagaræðu minni hér á hv. Alþ. í haust var því lýst yfir, að lagt yrði fram frv. á þessu hausti um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og stefnt að afgreiðslu þeirra fyrir áramót. Þetta hefur ekki tekist eins og ráð var fyrir gert, heldur hefur nú verið lagt fram frv. um nýja heildarlöggjöf um tekju- og eignarskatt. Jafnframt alhliða endurskoðun laganna felur frv. í sér tillögur um öll þau stefnuatriði sem vikið var að í áðurgreindum ræðum:

1) Breytingar sem ætlað er að hafi áhrif í þá átt að skipta skattbyrðinni réttlátar milli þjóðfélagsþegnanna en gildandi lög fela í sér.

2) Lagt er til að skattlagningu tekna hjóna sé hagað aðallega eftir fjölskylduaðstæðum, en í minna mæli eftir því hvernig tekjuöflun heimilisins er háttað.

3) Lagt er til að skilja að atvinnurekstrartekjur eða tap einstaklinga frá öðrum tekjum hans og tekjur einstaklinga í atvinnurekstri verði skattlagðar eins og hann hefði þau sem laun frá öðrum.

4) Gerðar eru tillögur um veigamiklar breytingar á fyrningu eigna í atvinnurekstri og skattskylda söluhagnaðar aukin.

5) Samræmdur er álagningargrunnur tekjuskatts og útsvars.

Fleiri veigamiklar breytingar felast í þessu frv. sem of langt yrði upp að telja hér. Mun ég gera grein fyrir þeim við 1. umr. frv. Ég vil þó undirstrika að þessar breytingar, ef að lögum verða, leiða til einfaldari og öruggari skattlagningar en núgildandi lög gera.

Frv., eins og það er fram lagt, gerir ráð fyrir að fyrst verði lagt á samkv. því á árinu 1978 á tekjur ársins 1977, en ég hef þá skoðun að slík löggjöf eigi ekki að vera afturvirk. Hins vegar mun ég óska eftir því að fjh.- og viðskn. Alþingis kanni við athugun þeirra á frv. hvaða atriði frv. geti komið til framkvæmda þegar á árinu 1977 og verði flutt frv. þar að lútandi þegar þing kemur saman. Til þess að vinna tíma mun ég fara þess á leit að fjh.- og viðskn. beggja deilda nýti þinghléið til að ræða frv. og leita umsagnar þeirra aðila sem hlut eiga að máli, þótt frv. hafi ekki formlega verið vísað til n. Um leið vil ég geta þess, að það er óþarft fyrir

hv. þm. Sighvat Björgvinsson að hafa áhyggjur af flutningi frv. um tekju- og eignarskatt. Þm. stjórnarflokkanna styðja öll góð mál, og hafi þeir hugmyndir um breytingar á frv., sem eru nýjar og góðar till., þá verða þær að sjálfsögðu skoðaðar og teknar til greina.

Eins og ég gat um við 1. umr. fjárlagafrv. var ætlað að birta þá strax starfsmannaskrá ríkisins 1. jan. 1976. Ekki tókst eins og fyrirhugað var að birta þá skrána, en eins og alþm. er kunnugt kom skráin fram í lok síðustu viku. Meginástæður fyrir því, að ekki var hægt að birta skrána á þeim tíma sem fyrirhugað var, eru: Í fyrsta lagi er skráin nú unnin með öðrum hætti en sú fyrri. Skráin er nú tölvuunnin, en með því skapast möguleiki til að nýta upplýsingar úr skránni til aukins eftirlits og aðhalds með starfsmannamálum ríkisins. Jafnframt var öllum stöðum gefið ákveðið tölunúmer, en tilgangur þess er að auðvelda eftirlit með hreyfingu á starfsmannahaldi. Í öðru lagi var samanburður á stöðugildi í starfsmannaskrám áranna 1975 og 1976 ekki fyllilega raunhæfur og liggja til þess einkum þrjár ástæður. Skráin er nú unnin á mun nákvæmari hátt en áður. Þá var reynt eftir föngum að tryggja að allt faglært og ófaglært verkafólk í þjónustu ríkisfyrirtækja kæmi til skila í þessari skrá, en nokkuð skorti á að það gerðist við gerð hinnar fyrstu. Í þriðja lagi var nú hægt að sannprófa frekar en áður þær upplýsingar sem fram komu í þessari skrá.

Sú breyting, sem gerð hefur verið á framsetningu og úrvinnslu starfsmannaskrár ríkisins mun skapa grundvöll til að nýta skráninguna sem virkt eftirlitstæki innan fjárlagaársins með starfsmannahaldi ríkisins og ríkisfyrirtækja. Eins og fram kemur í skránni, er heildaraukning á stöðugildum á árinu 1975 hjá ríkinu 356 stöður eða um 3.1%. Samtals voru heimilaðar 198 nýjar stöður á árinu 1975, þar af voru 60 annars vegar vegna stofnunar fjölbrautaskóla í Breiðholti og Flensborg og hins vegar vegna stofnunar hælis á Vífilsstöðum. Óheimiluðum stöðum fjölgaði um 158 á árinu 1975. Í mörgum tilvikum er hér um að ræða starfsmenn sem ráðnir hafa verið til skamms tíma, en hafa ílengst í ríkiskerfinu með framhaldsráðningarsamningum til óákveðins tíma í senn. Margir af þessum ráðningarsamningum hafa upphaflega verið gerðir fyrir gildistöku laga nr. 97/1974, en verið framlengdir á árinu 1975. Í ljós hefur komið að 62 af þessum óheimiluðu stöðum hafa verið teknar á launaskrá hjá launadeild fjmrn., en laun 96 staða greidd með öðrum hætti hjá viðkomandi stofnunum.

Rétt er að taka fram og leggja áherslu á að skráin er miðuð við stöðuna eins og hún var 1. jan. 1976. Nokkrar stofnanir hafa þegar tekið tillit til aths. fjmrn. og komið starfsmannahaldi sínu í rétt horf. Þá hafa fáeinar stofnanir gert aths. við einstakar stjörnumerkingar í skránni og talið þær orka tvímælis. Fjárlaga- og hagsýslustofnun mun ljúka úrvinnslu starfsmannaskrár fyrir 1976 eigi síðar en í aprílmánuði n. k., sem tvímælalaust verður til mikilla bóta.

Ég mun óska eftir því við fjvn. Alþ. að n. taki starfsmannaskrána og þar með allar óheimilaðar stöður hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum til sérstakrar athugunar á sama hátt og gert var við útkomu fyrstu skrárinnar.

Um leið og ég þakka góða fyrirgreiðslu fjárlagafrv., herra forseti, vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka fjvn. og þá sérstaklega formanni hennar, hv. þm. Jóni Árnasyni, fyrir mikið og óeigingjarnt starf við fjárlagagerðina. Fjárlagagerð er vanþakklátt verk, oftast nær, en mikilvægt að á því sé haldið af festu og sanngirni af mönnum sem ekki missa sjónar á hagsmunum heildarinnar í þeim hafsjó sérhagsmuna og talna sem yfir borðið flæða hjá fjvn. Ég tel að í þetta sinn hafi tekist að koma saman fjárl. sem þræða hin gullna meðalveg að því leyti, að tillit sé tekið til brýnna þarfa fyrir opinbera þjónustu, en þess jafnframt gætt að ríkisfjármálum sé beitt til aðhalds í batnandi árferði. Ég vona að framkvæmdin takist jafnvel og veit að ef á þarf að halda mun þingið leggja sitt til þess að svo megi verða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1977 til 31. des. 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru aðalmenn Friðjón Þórðarson, Stefán Valgeirsson, Gunnar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson, — varamenn Pálmi Jónsson, Jón Helgason, Steinþór Gestsson, Magnús Ólafsson. — Á B-lista var Helgi F. Seljan, — varamaður Svavar Gestsson. Á C-lista var Karl Árnason. — A-listi hlaut 42 atkv., B-listi 11 atkv., C-listi 6 atkv., en einn seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Friðjón Þórðarson alþm.,
Stefán Valgeirsson alþm.,
Gunnar Gíslason sóknarprestur,
Helgi F. Seljan alþm.,
Ágúst Þorvaldsson bóndi.

Varamenn:
Pálmi Jónsson alþm.,
Jón Helgason alþm.,
Steinþór Gestsson alþm.,
Svavar Gestsson ritstjóri,
Magnús Ólafsson bóndi.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1977 til 31. des. 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru aðalmenn Árni Vilhjálmsson, Kristinn Finnbogason, Kristján G. Gíslason, Margeir Jónsson, — varamenn Matthías Á. Mathiesen, Hermann Hansson,

Davíð Scheving Thorsteinsson, Ómar Kristjánsson. Á B-lista voru aðalmenn Einar Olgeirsson, Baldvin Jónsson hrl., — varamenn Lúðvík Jósepsson, Karvel Pálmason alþm. — A-listi hlaut 41 atkv., B-listi 18 atkv., en einn seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Árni Vilhjálmsson prófessor,
Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri,
Einar Olgeirsson fyrrv. alþm.,
Kristján G. Gíslason stórkaupmaður,
Margeir Jónsson útgerðarmaður.

Varamenn:
Matthías Á. Mathiesen fjmrh.,
Hermann Hansson kaupfélagsstjóri,
Lúðvík Jósepsson alþm.,
Davíð Scheving Thorsteinsson framkvstj.,
Ómar Kristjánsson fulltrúi.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands, frá 1. jan. 1977 til 31. des. 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 28. gr. l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru aðalmenn Sverrir Júlíusson, Jón Skaftason, Pétur Sæmundsen, Halldór Ásgrímsson, — varamenn Ólafur B. Thors, Geir Magnússon, Jón G. Sólnes, Eiríkur Tómasson. Á B-lista voru aðalmenn Ingi R. Helgason, Ragnar Ólafsson hrl., — varamenn Haukur Helgason, Alfreð Gíslason læknir. — A-listi hlaut 42 atkv., B-listi hlaut 18 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Sverrir Júlíusson forstjóri,
Jón Skaftason alþm.,
Pétur Sæmundsen bankastjóri,
Ingi R. Helgason hrl.,
Halldór Ásgrímsson alþm.

Varamenn:
Ólafur B. Thors borgarfulltrúi,
Geir Magnússon framkvæmdastjóri,
Jón G. Sólnes alþm.,
Haukur Helgason bankafulltrúi,
Eiríkur Tómasson stjórnarráðsfulltrúi.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1977 til 31. des. 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 12 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru aðalmenn Ólafur Björnsson, Alexander Stefánsson, Guðlaugur Gíslason, Jón Aðalsteinn Jónasson, — varamenn Gísli Gíslason, Páll Guðmundsson, Valdimar Indriðason, Ólafur Þ. Þórðarson. Á B-lista voru aðalmenn Halldór Jakobsson, Arnbjörn Kristinsson prentsmiðjustjóri, — varamenn Garðar Sigurðsson, Halldór S. Magnússon framkvæmdastjóri. — A-listi hlaut 42 atkv., B-listi 18 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Ólafur Björnsson prófessor,
Alexander Stefánsson sveitarstjóri,
Halldór Jakobsson framkvæmdastjóri,
Guðlaugur Gíslason alþm.,
Jón Aðalsteinn Jónasson kaupmaður.

Varamenn:
Gísli Gíslason stórkaupmaður,
Páll Guðmundsson skipstjóri,
Garðar Sigurðsson alþm.,
Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri,
Ólafur Þ. Þórðarson skólastjóri.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1977 til 31. des. 1978, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Fram kom einn listi með tveim nöfnum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Einar Gestsson bóndi,
Guðmundur Tryggvason bóndi.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins svo og þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar, samkv. 36. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram kom einn listi með tveim nöfnum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri,
Jón Kristjánsson verslunarmaður.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1977 til jafnlengdar 1979, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram kom einn listi með tveim nöfnum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri,
Jón Helgason ritstjóri.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1977 til jafnlengdar 1979, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 12 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram kom einn listi með tveim nöfnum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Ingi R. Jóhannsson endurskoðandi,
Jón Kjartansson forstjóri.

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þál frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ragnhildur Helgadóttir alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (A),
Magnús Kjartansson alþm. (B),
Ásgeir Bjarnason alþm. (A),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (C).

Varamenn:
Axel Jónsson alþm. (A),
Jón Helgason alþm. (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir alþm. (A),
Gils Guðmundsson alþm. (B),
Halldór Ásgrímsson alþm. (B),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (C).

Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1977 til 31. des. 1979, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 54 2. maí 1968, um breyt. á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður (A),
Jón Skaftason alþm. (A),
Ólafur Gunnarsson framkvæmdastjóri (B).

Varamenn:
Gunnar Flóvenz framkvæmdastjóri (A),
Kristmann Jónsson útgerðarmaður (A),
Karl G. Sigurbergsson skipstjóri (B).

Kosning fimm manna í stjórn sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára frá 6. febr. 1977 til jafnlengdar 1981, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 7 6. febr. 1961, um breyt. á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Ásgeir Pétursson sýslumaður (A),
Daníel Ágústínusson fulltrúi (A),
Jón Árnason alþm. (A),
Jóhann Ársælsson skipasmiður (B),
Sigmundur Guðbjarnason prófessor (A).

Kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1977 til 31. des. 1979, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. lögum nr. 37/1967, um breyt. á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Þorsteinn Gíslason skipstjóri (A),
Jón Kjartansson forstjóri (A),
Einar Ingvarsson aðstoðarmaður sjútvrh. (A),
Hannes Baldvinsson síldarmatsmaður (B),
Björgvin Jónsson útgerðarmaður (A).

Varamenn:
Markús Kristinsson verksmiðjustjóri (A),
Hjalti Gunnarsson útgerðarmaður (A),
Þorbergur Þórarinsson framkvstj. (A),
Angantýr Einarsson skólastjóri (B),
Björn Hólmsteinsson oddviti (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1976, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Halldór Blöndal kennari (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (A),
Haraldur Pétursson fyrrv. safnahúsv. (B).

Kosning tveggja manna í kjaradeilunefnd til fjögurra ára frá 28. maí 1976 að telja til jafnlengdar 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. laga nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Fram kom einn listi með tveim nöfnum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Friðjón Þórðarson alþm.,
Pétur Einarsson stud. jur.

Neðri deild, 37. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., kl. 0.35 eftir miðnætti.

Umræður utan dagskrár.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. 8. dagskrárliður er frv. um tekjuskatt eða eignarskatt. Ég vil leyfa mér að óska eftir því

að frv verði tekið út af dagskrá. Við erum komin að lokum þings fyrir jólaleyfi og því ekki möguleiki á því að hefja umr. um þetta frv. hér. En ég vil þó leyfa mér að óska eftir við fjh.- og viðskn. þingsins að þær taki þetta mál til meðferðar og vinni að því í jólaleyfi og það geti þess vegna fengið skjótari fyrirgreiðslu og framgang þegar þing kemur saman að loknu jólaleyfi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 227). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 267).

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 226 (sbr. 147)). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 268).

Vörugjald, frv. (þskj. 266). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 276).

Lántaka vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, frv. (þskj. 196, n. 261, 263 og 269, 262). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til. l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977. N. varð ekki á eitt sátt í málinu. Meiri hl., stuðningsmenn ríkisstj., skilar nál. á þskj. 263 og leggur til að frv. verði samþykkt. Gylfi Þ. Gíslason, hv. 9. þm. Reykv., og Lúðvík Jósepsson, hv. 2. þm. Austurl., skila sérálitum á þskj. 269 og 261.

Það kemur fram í nál. þeirra hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar að þeir telja eðlilegt að sérstakar umr. fari fram síðar á Alþ., að loknu jólaleyfi, um lánsfjáráætlunina og um skuldamál ríkissjóðs erlendis og innanlands. Um þetta var nokkuð rætt í n. og nm. voru sammála um að það væri eðlilegt að ítarleg umr. um þetta mál færi síðar fram, þar sem ekki er tækifæri til þess að gera það nú. Þess vegna tel ég eðlilegt að þegar sú skýrsla, sem hæstv. fjmrh. boðaði að flutt yrði um ríkisfjármálin 1976, verður flutt, en hann boðaði það við 3. umr. um fjárl., þá fari einnig fram umr. um lánsfjáráætlunina og einnig um skuldamál ríkissjóðs og lántökur, bæði innanlands og utan.

Frv. þetta fjallar í fyrsta lagi samkv. 1. gr. þess um það að fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1977 að jafnvirði allt að 9 milljarða 732 millj. kr.

Í 2. gr. frv. er nánari grein gerð fyrir því til hvers þessum fjármunum skuli varið, og segir þar að verja skuli 6 milljörðum 870 millj. kr. í samræmi við ákvæði fjárl. fyrir árið 1977, þ. e. a. s. til framkvæmda, en auk þess sé fjmrh. heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði Íslands allt að 2 milljörðum 862 millj. kr. á næsta ári. Í n. var útbýtt fjáröflunar- og útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1977, en hún var samþ. í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir nokkrum dögum og send ríkisstj. til staðfestingar og lánsfjáráætlunin byggist á þeirri samþykkt varðandi fjárfestingarlánasjóðina, fjáröflun til þeirra og útlánagetu á næsta ári.

Síðan er í 3. gr. frv. gert ráð fyrir því að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast allt að 700 millj. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri vegna orkuframkvæmda á vegum sveitarfélaga á næsta ári. Hér er fyrst og fremst um að ræða ábyrgð á láni til hitaveitu á Akureyri.

Að lokum er svo gert ráð fyrir því í 4. gr. að fjmrh. sé heimilt að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán allt að 100 millj. kr., er sveitarfélög bjóða út vegna mikils háttar hitaveituframkvæmda á árinu 1977, skuli hljóta sömu meðferð og ríkisskuldabréf samkv. 1. gr. laga nr. 7 frá 1974, um skattalega meðferð veðbréfa o. fl. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og lögfest var á síðasta ári varðandi heimild til að ábyrgjast skuldabréfalán á vegum sveitarfélaga vegna hitaveituframkvæmda.

Ríkisstj. hefur lagt fram sína lánsfjáráætlun eða skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1977 og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir því máli. Þar er m. a. fjallað um erlendar lántökur. Það er sérstakur kafli í skýrslunni sem fjallar um erlendar lántökur, það mun vera VII. kafli skýrslunnar, og þar er gerð nánari grein fyrir því hvernig þessum málum er í einstökum atriðum fyrir komið. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það sem hæstv. fjmrh. rakti áðan sérstaklega varðandi þetta atriði.

Það væri e. t. v. ástæða til þess, án þess að ég vilji lengja mál mitt hér nema örlítið, að geta þess hvernig þróunin hefur orðið um erlendar langtímaskuldir ríkisins.

Í árslok 1974 námu erlendar langtímaskuldir 41 milljarði 442 millj. kr. Í árslok 1975 námu þessar skuldir 73 milljörðum 27 millj. kr. Og í árslok 1976 er talið að þær muni verða 95 milljarðar 500 millj. kr. Samkv. þeim áætlunum, sem fyrir liggja, og þeirri stefnu, sem mörkuð er í lánsfjáráætlun og með samþykkt fjárl. fyrir árið 1977, er áætlað að erlendar langtímaskuldir muni nema í árslok 1977 105 milljörðum 760 millj. kr.

Ef gerð er tilraun til að gera sér grein fyrir því hver þróunin er í þessum málum, þá kemur

í ljós, ef miðað er við sambærilegan grundvöll, að aukning erlendra langtímaskulda frá ársiokum 1974 til ársloka 1975 nemur um 25.2%. Samsvarandi aukning frá ársloKum 1975 til ársloka 1976 mun vera um 15%, og ætla má að aukningin á erlendum langtímaskuldum frá árslokum 1976 til ársloka 1977 muni nema 10.7%, þannig að hér miðar í rétta átt.

Að sjálfsögðu eru skuldir ríkisins miklar, um það þarf ekki að deila. Það má kannske deila um það í einstökum atriðum hvort eigi að auka þær vegna sérstaklega arðbærra framkvæmda eða ekki. En menn reyna stundum að gera sér grein fyrir því, hvar menn standa í sambandi við greiðslubyrði af erlendum langtímalánum, með því að reikna greiðslubyrðina í prósentum af útflutningsverðmætum, þ. e. a. s. greiðslur vaxta og afborgana af erlendum langtímalánum eru reiknaðar í prósentum af útflutningstekjum þjóðarinnar. Ef það er gert, þá kemur í ljós að árið 1975 var greiðslubyrðin 14.2%, árið 1976 er líklegt að hún verði 15% og árið 1977, ef áætlanir nokkurn veginn standast, þá verði hún sviþuð prósenta eða um 15%.

Eins og ég tók fram í upphafi er hér um að ræða yfirgripsmikið mál, sem síðar verður rætt. Um það eru raunar allir sammála að rétt sé og nauðsynlegt að gera það síðar. Því sé ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt, herra forseti, meira að þessu sinni.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Það mál, sem hér liggur nú fyrir til 2. umr., er í rauninni eitt af stærstu málunum sem fyrir þessu þingi hafa legið. Hér er ekki aðeins fjallað um það að veita ríkisstj. heimild til lántöku upp á um 10 milljarða kr., heldur er sú lántökuheimild, sem þar er fjallað um, aðeins einn hluti af því að marka stefnuna í ýmsum þýðingarmestu þáttum okkar fjármálalífs. Hér er í rauninni verið að marka stefnuna í framkvæmda- og fjárfestingarmálum á næsta ári. Það er því ekki nema eðlilegt að þessu frv. hafi fylgt löng skýrsla, svonefnd skýrsla ríkisstj. um lánsfjárætlun fyrir árið 1977. En ég hlýt að vekja athygli á því, að þetta mál kemur fyrir þingið rétt á síðustu starfsdögum fyrir jól. Það gefst varla tími til þess að lesa þau gögn, sem fylgja með frv., og eins og hefur komið hér fram í umr., þar sem nokkuð hefur verið vikið að þessum málum, er alveg greinilegt að ýmsir þm. hafa ekki kynnt sér þá nema að sáralitlu leyti það efni sem hér liggur fyrir. Reyndar kom það fram í ræðu eins fulltrúa í fjvn., að í fjvn. höfðu menn ekkert áttað sig á því hvað hér væri á ferðinni og þar hefði ekki verið hægt að fá upplýsingar um sum þýðingarmestu atriði þessa máls. Það er svo sem eftir öðru í þessum efnum ef svona er á málum haldið. En ég verð að segja það, að þessi vinnubrögð af hálfu ríkisstj., að koma rétt á síðustu starfsdögum fyrir jól með mál eins og þetta og krefjast þess að málið hljóti afgreiðslu á þessum stutta tíma, þau eru vitanlega alveg ósæmileg.

Það er engin þörf á því að afgreiða þetta frv. nú fyrir jólaleyfi. Hliðstæðar heimildir til lántöku hafa verið afgreiddar langsamlega oftast eftir jólaleyfi, og það verður að teljast sérstaklega ósennilegt að málin standi þannig að ríkisstj. þurfi að nota þessar heimildir í þeim mánuði sem Alþ. verður ekki að störfum. Vitanlega dugði sá háttur í þessu tilfelli að sýna þetta frv. nú fyrir jól, láta það liggja og gefa sér tíma á eðlilegan hátt til að afgreiða málið þegar þing kemur saman aftur. En nú er sem sagt ætlunin af hálfu hæstv. ríkisstj. að knýja málið í gegn og hafa þá fremur þann hátt á að gefa þm. kost á að taka hér þátt í umr. um þessa stefnumörkun í lánsfjármálum og í framkvæmdamálum, ræða það almennt eftir að ákvörðunin sjálf hefur formlega verið tekin og bundin í lögum. Ég álít að þetta séu óeðlileg vinnubrögð, en tek þó undir það, að það er þó gott að fá loforð hjá hæstv. fjmrh. um að hann beiti sér fyrir því að hér geti farið fram umr. um þessi þýðingarmiklu mál þegar þing kemur aftur saman eftir jólaleyfi og þá í tengslum við skýrslu hans um ríkisfjármálin almennt.

Ég hef því tekið fram í nál. mínu að ég áliti að það væri eðlilegast að afgreiða málið ekki að þessu sinni, heldur fresta því. Ég veit að það er ekki hægt að bera á móti því að það skipti engu máli, annað en það að ryðjast áfram eins og gert er hér í mörgum málum, kasta fram stórum frv. og þýðingarmiklum málum rétt á síðustu starfsdögum þingsins og heimta að málin séu afgreidd án þess að þm. hafi haft nokkra aðstöðu til þess að kynna sér þau til neinnar hlítar.

Ég vil benda á að það er ekki aðeins lánsfjáráætlunin og þetta lántökufrv. sem koma fram svona seint, heldur er þingið á sama tíma að fjalla um tollskrána, jafnflókið og mikið mál sem þar er á ferðinni, og þar gafst nær enginn tími og allir kvörtuðu undan því að þeir hefðu ekki tíma til að kynna sér það mál eins og eðlilegt hefði verið. Hér hafa einnig verið lögð fram á þessum síðustu dögum allmörg ný frv. um málefni sem eru á engan hátt rædd og illa upplýst. Það gefst ekki tækifæri til þess að kalla fyrir sig þá aðila sem hér eiga hlut að máli. En eigi að síður er eins og ríkisstj. setji metnað sinn í að böðla þessu í gegnum þingið, auðvitað með þeim afleiðingum að það verður að rífa þessi mál meira og minna upp aftur síðar vegna þess að það er staðið óeðlilega að afgreiðslunni. Þetta verður vitanlega að víta, það eru óþolandi vinnubrögð.

Ég held að það hafi lengi verið svo, þó að það hafi ekki alltaf verið, að stjórnarandstaða hafi frekar greitt fyrir því að hægt væri að afgreiða fyrir jólaleyfi ýmis mál sem voru þess eðlis að þau þurftu að ná fram að ganga eðli málsins samkv. fyrir áramót, eins og á sér stað um ýmsa löggjöf. Ég held að stjórnarandstaðan hafi allajafna reynt að hliðra til og spara þá umr. í sambandi við slík mál. En það nær vitanlega engri átt að ríkisstj. notfæri sér þetta á þann hátt, sem mér finnst að hafi mjög borið á að þessu sinni, að leggja stærstu og flóknustu mál fyrir þingið fáum starfsdögum fyrir jól og knýja á um það — í mörgum tilfellum alveg að þarflausu — að málin fái fullnaðarafgreiðslu. Auk þess er svo það, að þegar stjórnarandstaðan fellst á að falla frá umr. að mestu leyti um ýmis þau mál sem á dagskrá eru, þá gera stjórnarsinnar

sér litið fyrir og halda hér hverja ræðuna af annarri og ráðh. og fleiri koma fram og halda hér alllangar tölur, sem ég sé ekki að hafi haft neina þýðingu í því tímaleysi sem við búum við. Það væri fyllilega ástæða til þess að þessu væri svarað hér af hálfu okkar í stjórnarandstöðu með því að við töluðum á þann hátt um þau stóru mál, sem liggja fyrir, sem við teljum að væri fyllilega eðlilegt. Ég hlýt að finna að þessu, því að mér finnst að hér sé mjög einkennilega á þessum málum haldið.

En svo að ég víki í stuttu máli að þessu frv. sem hér liggur fyrir, og örfáum þáttum í sambandi við þá stefnumörkun sem hér á sér stað varðandi framkvæmdamálin í landinu, þá vil ég segja það, að út af fyrir sig er ég ekki andvígur þeim heimildum sem óskað er eftir í þessu frv. til lántöku. Ég tel að eins og mál standa sé eðlilegt að veita ríkisstj. heimild til þess að taka lán í samræmi við þetta frv., að öðru leyti en því, að ég er andvígur því að veita ríkisstj. heimild til að taka erlent lán vegna byggingar járnblendiverksmiðju, sem nemur 939 millj. kr., eins og fram kemur í grg. með þessu frv. Ég hef því flutt till. á þskj. 262 þar sem ég legg til að heimildarfjárhæðin í 1. gr. frv., sem er 9 milljarðar 732 millj. kr., verði lækkuð um 939 millj. eða sem nemur fyrirhugaðri lántöku vegna járnblendiverksmiðjunnar. Þetta er í fullu samræmi við afstöðu mína til þessa máls sem ég hef gert hér grein fyrir áður.

Að öðru leyti tel ég enga ástæðu til þess að standa gegn því að ríkissti. fái þær heimildir sem farið er fram á í frv. Þar er að langmestu leyti um að ræða heimildir til þess að taka lán í sambandi við framkvæmdir sem þegar hafa verið ákveðnar og eru í gangi og sumpart til nýrra framkvæmda sem ég tel að enginn vafi leiki á að þarf að vinna að, svo að ágreiningur minn er ekki um þetta út af fyrir sig. En þó að ríkissti. sæki aðeins um þessar lántökuheimildir sem ég hef hér gert grein fyrir, þá felst í rauninni í lánsfjáráætluninni, sem er fylgiplagg með þessu frv., miklu stærri og meiri ákvörðun um framkvæmdamálin almennt séð og lántökur í víðari merkingu, vegna þess að ríkissti. hefur þegar viðtækar heimildir til þess að taka lán í sambandi við þau mál.

Það er þýsna athyglisvert, sem fram kemur í skýrslunni um lánsfjáráætlun, að samkv. henni er gert ráð fyrir að á næsta ári verði staðið að fjármunamyndun í landinu eða fjárfestingu sem nemur hvorki meira né minna en 85.6 milljörðum kr. Það er ekki síður athyglisvert að átta sig á því, bæði í hvað þessi fjárfesting á að fara og einnig hvernig á að fjármagna þessa fjárfestingu. Það vekur t.d. athygli mína að nú er gert ráð fyrir því á þriðja árinu í röð, þrátt fyrir gífurlega mikla fjármunamyndun eða mikla fjárfestingu miðað við þjóðarbúskapinn sem heild, að minnka fjárfestinguna nú þriðja árið í röð í atvinnuvegum landsmanna sjálfra. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar kom fram að árið 1975 minnkaði fjárfesting í atvinnuvegum landsmanna sjálfra, þ.e.a.s. í siávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, um 21% að magni borið saman við árið 1974. Aftur minnkaði fjárfestingin í okkar atvinnuvegum frá árinu 1975 um 12—13% að áliti Þjóðhagsstofnunar á árinu 1976. Og enn er gert ráð fyrir því að fjárfestingin í okkar atvinnuvegum minnki um 12—15% frá árinu 1976 til ársins 1977.

Hin gífurlega mikla fjárfesting, sem við stöndum í, byggist því ekki á því að á þessum árum verjum við sérstaklega miklu fjármagni í það að treysta undirstöður okkar atvinnulífs. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um að við eigum eftir að finna fyrir þessu þegar á næstu árum. Það er reginmisskilningur að mínum dómi að trúa því að það hafi verið offjárfest t.d. í okkar sjávarútvegi eða í okkar atvinnuvegum, sem við byggjum alla okkar afkomu á, á árunum á undan, þessum þremur sem ég hef hér verið að ræða um. Það eru ýmsir sem hafa gert mikið úr því að þá hafi verið keyptur mikill skipafloti. Við höfum keypt mikið af skuttogurum. Þeir eiga varla nógu stór orð til þess að tala um öll þau kaup og trúa því að það sé búið að gera okkar fiskiskipaflota þannig úr garði að hann sé orðinn allt of stór, allt of afkastamikill og þar þurfti því ekki að hugsa fyrir fjárfestingu á næstunni. Að mínum dómi er þetta byggt á alröngum forsendum og vanþekkingu á því hvernig ástandið er raunverulega varðandi okkar fiskiskipaflota, sjálfa undirstöðuna. Þó að vissulega hafi farið fram talsverð endurnýjun þar með kaupum skuttogaranna, þá stöndum við enn mjög illa að vígi með allt of mikið af gömlum og úreltum fiskiskipum sem verður að endurnýja, og það þarf að gerast vitanlega jafnt og þétt til þess að ekki þurfi að koma til stórra átaka, eins og hefur verið hjá okkur æðioft. Sama er að segja um okkar fiskiðnað. Þar á eftir að gera gífurlega mikið átak. Það er reginmisskilningur að þar höfum við lokið einhverju verkefni til langs tíma. Það er reginmisskilningur. Og sama er að segja um okkar iðnað og einnig um ýmsa þætti varðandi okkar landbúnað. Sú stefna, sem núv. ríkisstj. hefur haft í fjárfestingarmálum, að spara á þessum liðum, draga þarna saman að magni í sífellu, á eftir að koma okkur í koll.

Ég tek t.d. eftir því í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, og þær grg., sem með því fylgja, að beiðni stjórnar Fiskveiðisjóðs um lánsfé er skorin mjög verulega niður. Það er gert ráð fyrir að um verulegan samdrátt í útlánum Fiskveiðasjóðs verði að ræða miðað við verðgildi. Og það, sem sérstaklega vekur athygli, er að gert er ráð fyrir því að lækka till. sjóðsstjórnarinnar um 600 millj. kr. af ráðstöfunarfé sjóðsins sem eigi allt að koma fram á þeim lið að draga úr skipabyggingum innanlands. Þetta hljómar auðvitað heldur einkennilega þegar það er haft í huga sem ég var að segja áðan í sambandi við stöðu fiskiskipaflotans í mörgum greinum og þá ekki síður varðandi stefnuna um innlendan iðnað. Einmitt varðandi þennan þáttinn, sem er einna þýðingarmestur hjá okkur og þar sem við getum gert hvað mest, kemur það fram í stefnunni, sem nú er verið að marka, að það skuli sérstaklega skera niður fjárveitingar sem höfðu verið fyrirhugaðar í sambandi við innanlandssmíði fiskiskipa. En þessu er svona varið í

miklu fleiri greinum, og það er auðvitað enginn tími til þess að fara út í þessi mál hér almennt. Maður verður að víkja þannig til að sleppa því að minnast á það nema að litlu leyti.

Ég sagði að það væri líka fróðlegt að átta sig á því, hvernig það fé ætti að koma til sem stæði undir þessari gífurlega miklu fjárfestingu, upp á yfir 85 milljarða á næsta ári. Það er rétt að það hefur verið allmikið talað um það hjá okkur að við tækjum erlend lán, og það hefur vissulega verið tekið allmikið af erlendum lánum á undanförnum árum og skuldir okkar við útlönd hafa farið vaxandi. En það er þó reginmisskilningur að halda því fram að þessar miklu fjárfestingarframkvæmdir okkar hvíli allar á erlendum lántökum. Í lánsfjáráætluninni kemur fram að það eigi að fjármagna þessa fjárfestingu upp á 85.6 milljarða á þann hátt, að með innlendum sparnaði okkar sjálfra af tekjum ársins ætlum við að taka upp í þessa 85.6 milljarða hvorki meira né minna en 79.6 milljarða, sem við tökum beint af okkar árlegu tekjum í þetta. Þetta er framkvæmt með því að ríkissjóður tekur að sér að ná út úr sínu dæmi í heild 25.2 milljörðum í þetta og setja síðan í fjárfestingu. Bæjar- og sveitarfélög taka að sér að ná í fjármagn og setja í þessa fjárfestingu upp á 8.5 milljarða. Síðan kemur liður, sem kallaður er frá einkaaðilum, en þar er auðvitað fyrst og fremst um að ræða hinn almenna sparnað sem kemur út úr banka- og lífeyrissjóðakerfinu, upp á 45 milljarða. En það vantar auðvitað á að við höfum þó lagt fram allt fé í þessa fjárfestingu, því að gert er ráð fyrir viðskiptahalla við útlönd upp á 6 milljarða. 6 milljarða vantar upp á, sem við verðum að taka með hreinum viðskiptahalla við útlönd á árinu.

Í sjálfu sér er um fjárfestingu, sem lítur út á þennan hátt, ekkert nema gott að segja, ef fjárfestingunni er þá varið til þess sem fyrst og fremst hefur gildi fyrir okkur, ef hún er fólgin í því að við séum að treysta efnahag okkar á komandi árum, við séum að leggja grundvöll að því að framleiðslan vaxi og að þjóðartekjurnar geti með eðlilegum hætti aukist frá því sem nú er. En ég fullyrði það, án þess að hafa hér aðstöðu eða tíma til að fara nánar út í og rökstyðja það, að fjárfestingin af okkar hálfu er ekki rétt. Hún mun skila tiltölulega litlu í auknum þjóðartekjum á næstu árum. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að fjárfestingin sé öll röng. Það er ýmislegt í fjárfestingunni sem er í rétta átt. En því fer víðs fjarri að þessi mikla fjárfesting sé líkleg til þess að skila okkur aukinni þjóðarframleiðslu eða auknum þjóðartekjum sem samsvarar svona mikilli fjárfestingu.

Ég tók eftir því, að hv. 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, gat í framsöguræðu sinni um stöðuna varðandi skuldir okkar við útlönd, þar sem var greint frá löngum lánum, og hann nefndi þar að mínum dómi réttar tölur varðandi þrjú árin: 1974, 1975 og 1976, en hins vegar tel ég að sú tala, sem hann nefndi fyrir árið 1977, fái ekki staðist. Þar nefndi hann tölu sem byggðist á því að bæta áætlaðri nettóskuldaraukningu okkar við útlönd á næsta ári, 1977, við skuldina í árslok 1976. Þetta virðist mjög eðlilegt við fyrstu sýn, en það er bara gert ráð fyrir því í okkar þjóðhagsspá, hún er grundvölluð á því að á næsta ári muni gengið einnig halda áfram að síga, eins og það var látið síga á þessu ári, um ekki minna en 10—11%. Og það vitanlega lyftir þessari upphæð upp um sömu upphæð eða 10—12%, svo að það er hætt við því að miðað við spána, eins og hún liggur fyrir, verði skuld okkar við útlönd í árslok 1977 ekki aðeins 105 milljarðar kr., heldur verði skuldarupphæðin varla undir 115—120 milljörðum kr. miðað við það gengi sem þá er reiknað með í okkar nýju þjóðhagsspá.

Um þjóðhagsspána vil ég aðeins segja það í sambandi við þessa áætlanagerð, að ég er ansi hræddur um að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild eigi eftir að reka sig illilega á ef þeir trúa því, sem þeir eru hér að tala um, á þann hátt sem þeir tala um það, — ef þeir trúa því virkilega að útkoman verði sú sem þessi bráðabirgðaspá Þjóðhagsstofnunar gengur út frá, vegna þess að þeir, sem gera spána, hafa auðvitað haft allan fyrirvara á varðandi mjög þýðingarmikla liði þessa máls, af því að þeir vita miklu betur. Þessar tölur eru byggðar á því að reikna með að á næsta ári öllu hækki framfærsluvísitalan um 23.7% og þá miðað aðeins við þá kaupgjaldssamninga sem nú eru í gildi, en þó þar til viðbótar að 4% grunnkaupshækkun, sem opinberir starfsmenn eiga að fá samkv. sínum samningum 1. júní á næsta ári, eigi einnig að ganga yfir alla aðra launþega, aðrar launabreytingar ekki nema í sambandi við vísitöluhreyfingu. Og menn hafa reiknað með því að framfærsluvísitalan hækkaði á árinu á þessum grundvelli, sem sagt miðað við kyrrstöðu í launamálum, um 23.7%. Þeir, sem þetta hafa reiknað, taka einnig fram að þetta er byggt á því líka að það sé aðeins orðið að litlu leyti við þeim beiðnum sem nú liggja fyrir um verðhækkanir. Það liggja fyrir beiðnir núna um stórfelldar verðhækkanir sem ekki er búið að afgreiða. Rafmagnsveita Reykjavíkur fer fram á 20% hækkun á rafmagnsverði, 10% til þess að jafna aðeins upp hækkun á heildsöluverði frá Landsvirkjun og önnur 10% vegna stöðu Rafmagnsveitunnar sjálfrar. Það liggur líka fyrir beiðni um hækkun frá Hitaveitu Reykjavíkur um 15%. Margar aðrar hækkunarbeiðnir liggja fyrir. Og þeir, sem hafa verið að reikna út vísitöluna, hafa tekið skýrt fram: Við höfum ekki í okkar framreikningi reiknað með þessum verðhækkunum nema að sáralitlu leyti.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild á að það, sem þessir framreikningar segja, er einfaldelga að allar líkur bendi til þess að á næsta ári, þegar miðað er við mitt árið 1976 og mitt árið 1977, eins og Þjóðhagsstofnun og Hagstofan miða við í sínum útreikningum, þá hækki framfærsluvísitalan svo að segja sjálfvirkt, án verulegra launabreytinga, ekki aðeins um 23.7%, heldur miklu líklegra að hún hækki um 25—27% áður en kemur til áhrifanna af breyttum launum í landinu.

Þetta eru staðreyndirnar. Auðvitað vita allir,

sem hafa gert sér einhverja grein fyrir því hvernig málin standa, að það er tómt mál að tala um að það verði ekki verulegar launabreytingar nú á þessum vetri eða næsta vori. Hvort grunnkaupið kemur til með að hækka um 15, 20 eða 25%, það vita menn auðvitað ekki um. En það vita allir að hér standa fyrir dyrum verulegar kauphækkanir almennt séð. Og ef ætti að fara eftir þeim reglum sem gilt hafa, þ.e.a.s. að verðlag sé almennt látið fylgja á eftir, þá sjá menn að þessi spádómur, sem menn kalla spádóm núna, sem er settur fram með öllum þessum fyrirvörum og á þessum grundvelli, hann er vitanlega allt annar, það er allt annað sem blasir við. Það blasir hér við margfalt meiri verðhækkun á komandi ári en sem þessu nemur ef ríkisstj. fæst ekki til þess að mæta þeim vanda, sem að steðjar, að einhverju leyti með því að lækka álögur í landinu, að standa fyrir því að verðlag geti lækkað.

Ríkisstj. hefur haldið uppi þeirri stefnu, að hún hefur valið í öllum tilfellum hækkunarleiðina. Þegar hún sá að tvö söluskattsstig losnuðu í sambandi við gosið í Vestmannaeyjum og snjóflóðin í Neskaupstað, þá stökk hún á þessi tvö stig undireins, tók þau í ríkissjóð, og með því tók hún auðvitað í auknar tekjur í ríkissjóð 3.4 milljarða á ársgrundvelli. Sama gerðist vitanlega þegar hún sá að færi að koma sá tími að það væri hægt að snuða þá menn, sem hafa fengið olíustyrkinn, um olíustyrkinn. Þá gerir hún ráð fyrir í sínum áætlunum að taka a.m.k. einn milljarð í ríkissjóð af olíugjaldinu. Þar er tekinn meginhlutinn af einu prósentustiginu enn. Og ríkisstj. leggur til að framlengja 18% tímabundna vörugjaldið út allt næsta ár, þó að það ætti ekki að standa nema örstuttan tíma. En þetta gjald nemur 5.3 milljörðum kr. í hækkuðu verðlagi. Það eru sem sagt valdar á þennan hátt allar hugsanlegar leiðir til verðhækkana. Þeir velja þessa leið og standa svo fyrir þeirri kolvitlausu vaxtastefnu sem hér er haldið uppi. Nú er Seðlabankinn kominn með samþykki ríkisstj. í það að hafa leyfilega refsivexti 30%, sem auðvitað gera 36% eða 37% þegar hann er búinn að mala undir sig vexti ofan á vexti allan tímann yfir árið.

Þessi vaxtapólitík birtist auðvitað á mörgum stöðum í þjóðfélaginu, þannig að þessi vaxtapólitík spanar upp verðlagið í landinu, eykur dýrtíðina. Við höfum verið að sjá það hér og heyra í þessum umr. um afgreiðslu fjárl., að ríkissjóður og ríkisfyrirtækin, sem koma inn í fjárlögin, inn í A- og B-hlutann þar, — ríkissjóður og ríkisfyrirtækin þurfa orðið að borga rétt tæpa 9 milljarða í vexti á ári. Og það eru fleiri sem þurfa að borga svona vexti. Það er hægt að nefna mörg atvinnufyrirtæki núna sem sýna á reikningum sínum að þau borga meira í vexti en í öll vinnulaun. Það er nefnilega ekki hægt að reka ýmis fyrirtæki á Íslandi nema með allmiklu lánsfé. Framleiðsluferillinn er þannig, hann er það langur. Og þegar meðaltalsvextir í landinu eru orðnir 20—22% verða vaxtaútgjöldin svona hrikaleg.

En eins og ég segi, menn eru ekki aldeilis á þeim buxunum að ætla að lækka vextina. Það er *alltaf verið að hækka þá, m.a. í þessu formi sem ég nefndi núna*, samkv. síðustu tilkynningu frá Seðalbankanum í sambandi við refsivexti, og það er hægt að koma þeim víða við, og auk þess auðvitað í sambandi við verðtryggingarákvæði sem alls staðar er verið að troða inn og þýða vitanlega í reyndinni ekkert annað en hækkaða vexti. En þessir hækkuðu vextir koma bara út í hækkuðu verðlagi. Ég hef bent á það t.d. að það þýðir ekkert að víkja sér undan því, að þegar reikningar ríkisbankanna sýna að verslunin í landinu, eins og hún er bókfærð hjá bönkunum, hefur í föst lán hjá bankakerfinu rúmlega 12 milljarða að láni og borgar vexti af þessari fjárhæð, þá vitanlega verður hún að velta þessu af sér. Hún fær leyfi til þess og hún gerir það og þetta kemur út í verðlagið.

Ég þykist vita að það verði ekki vel liðið að ég haldi hér öllu lengri ræðu eins og komið er starfstíma þingsins, og ég skal því stytta mál mitt. Ég endurtek það aðeins, að það er ástæða til þess, að það fari fram almennar umr. á Alþ. um stefnuna í framkvæmdamálum í landinu, í lántökumálum og fjárfestingarmálum almennt séð, því að hér er um einn allra þýðingarmesta þáttinn að ræða í sambandi við okkar efnahagsmálastefnu og varðandi það hvað á að koma út úr okkar efnahagsdæmi á næstu árum. Ég held að það sé full þörf á því að þessi mál séu rædd.

Ég hef gert hér grein fyrir afstöðu minni til frv. Ég flyt við það aðeins eina brtt. við 1. gr., en get fallist á frv. að öðru leyti. En ég er andvígur því að ríkisstj. fái hér heimild í sambandi við járnblendiverksmiðjuna, af því að ég tel, að þar sé reyndar eitt ljóslifandi dæmið um vitlausa fjárfestingu sem muni verða okkur til efnahagslegs tjóns — öfugt við það sem margir halda.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir, enda kemur fram á þskj. 269, í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn., að við albfl.-menn munum láta afgreiðslu þessa frv. afskiptalausa, en leggjum áherslu á að þessi mál verði tekin til umr. á Alþ. eftir jól.

Ástæða þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var í fyrsta lagi sú að vekja athygli hv. þm. á þeim upplýsingum sem hæstv. fjmrh. gaf áðan við fsp. minni og ekki fengust fram á fundi fjvn. með sérfræðingum fjárlaga- og hagsýslustofnunar, þ.e. að af 20 860 millj. kr. lántöku, sem ráðgerð er á næsta ári, fara 10 600 millj. kr. í að borga vexti og afborganir af þegar teknum erlendum lánum. Sem sé meira en önnur hver króna af því fé, sem taka á til láns erlendis á næsta ári, fer til þess að greiða niður eldri skuldir. Svo mjög er nú að okkur þrengt í sambandi við skuldasöfnun erlendis að við erum neydd til þess, a. m. k. að áliti hæstv. ríkissti., að taka slík lán á næsta ári, einvörðungu til þess að standa í skilum um greiðslur afborgana og vaxta af lánum sem þegar hafa verið tekin. Menn geta sagt sér það sjálfir, hver og einn, að þegar svo er komið málum, hvort heldur er fyrir ríki, ríkisvald, ríkisstofnanir eða einstaklinga í þessu þjóðfélagi, þá er meira en lítil hætta á ferðum.

Önnur ástæða þess, að ég kvaddi mér hljóðs, *var hinn furðulegi talnalegi samanburður sem*

hv. 4. þm. Austurl. kom fram með áðan, þegar hann ræddi um það að á umliðnum árum, næstliðnum árum hefði hlutfall nýtekinna erlendra lána á hverju ári af heildarskuldunum eða heildarlántökunum farið minnkandi og taldi að þetta stefndi í rétta átt. Þetta er skólabókardæmi um það hvernig hægt er að leika sér með tölur til þess að gefa alranga mynd af ástandinu, því að auðvitað er hér um að ræða prósenttölu af sífellt hækkandi upphæð. T.d. kemur það út úr slíkum samanburði að það stefni mjög í rétta átt, svo að notuð séu orð hv. þm., á árinu 1977. Þó að það standi skýrt og skorinort í áliti Þjóðhagsstofnunar að á því ári verði lántökur erlendis talsvert meiri en á yfirstandandi ári, þá gerir talnalegur samanburður hv. þm. það að verkum, af því að hann nemur hærri heildarfjárhæð í síðara tilvikinu en því fyrra, að þarna lækkar prósentutalan og það telur hv. þm. að stefni í rétta átt. Til þess að gefa mjög einfalt dæmi um hve villir vegar menn eru hér að fara — mjög einfalt og auðskilið dæmi, þá skulum við taka dæmi af sjúklingi sem leggst inn á spítala vegna sjúkleika. Það kemur í ljós að í fyrradag var hann með 37 stiga hita. Daginn þar á eftir hafði hitinn í þessum sjúklingi hækkað um 8%, hann var kominn með 40 stiga hita. Í gær var sjúklingurinn mældur, þá hafði hitinn aðeins hækkað um 5%, hann var kominn með 42 stiga hita. Í morgun var sjúklingurinn enn mældur, þá hafði hitinn í honum ekki hækkað nema um 2.5%, hann var kominn með 43.05 stiga hita. Það mætti e.t.v. halda á mælikvarða hv. þm. Tómasar Árnasonar að mjög stefndi í rétta átt hjá sjúklingnum, þróun hans stefndi í mjög rétta átt, því að hækkun hitastigsins dag frá degi hefði farið ört lækkandi prósentvís. En ég er ansi hræddur um að bæði sjúklingurinn sjálfur og þeir læknar, sem honum ættu að sinna, væru ekki á sömu skoðun. Ef öll fjármálaspeki hv. stjórnarsinna er með þessu markinu brennd, þá er ósköp eðlilegt að svo fari sem farið hefur.

ATKVGR.

Brtt. 262 felld með 24:6 atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 264 (sbr. 216)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um almannatryggingar er flutt í framhaldi af því að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjúkrahúsin fari yfir í A-hluta fjárlaga, og gerð sú breyting frá því, sem áður var, að í stað þess að greiða úr ríkissjóði til sjúkratrygginga almannatryggingarnna verði nú greitt beint til ríkisspítalanna. Hins vegar er gert ráð fyrir að daggjaldakerfi annarra sjúkrahúsa en ríkisspítalanna verði óbreytt.

Í ákvæðum til bráðabirgða er lagt til að á árinu 1977 skuli álagningaraðili útsvara leggja á, en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skuli ríkissjóði staðin skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega, og jafnframt það, að ekki á að leggja þetta gjald á þá sem er ekki gert að greiða útsvar.

Í sambandi við þetta ákvæði til bráðabirgða, þá er það breyting frá því sem verið hefur á þessu ári, að þetta gjald er lagt á gjaldstofn útsvara og innheimt með útsvörum. En með þessari breytingu er lagt til að innheimtumenn ríkissjóðs innheimti þetta gjald, og jafnframt er það gert mun gleggra og einfaldara en það er í lögum á þessu ári, þannig að hér eru tekin af öll tvímæli um að gjaldið er ekki lagt á þá sem ekki er gert að greiða útsvar.

Í Ed. var gerð sú breyting á þessu ákvæði til bráðabirgða að bætt var við 3. liðnum: „Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1978.“

4. gr. frv. var líka breytt nokkuð, en samkv. þeirri breytingu, sem gerð var í Ed., hljóðar 4. gr. eftir breytinguna þannig:

„Þegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir skal Tryggingastofnun ríkisins kanna, hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga, og gera tillögur um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu. Frá gildistöku laganna áætlar Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinni áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna.“

Eins og þessi breyting og þessi grein segir til um, þá er það ætlunin að þeir, sem hagnast á þessari breytingu á lögunum, greiði til þeirra sjúkrasamlaga sem verða fyrir auknum útgjöldum, til þess að þessi lög raski í engu þeim hlutföllum sem nú eru í gildi. Ég held að með þessu orðalagi hafi það verið lagfært sem menn óttuðust helst, bæði Ed.-menn og ýmsir hv. þm. þessarar d., þannig að hér á að nást jöfnuður á milli. Ég tel að þar hafi náðst það sem allir ætluðu hvað þetta snerti. Hins vegar er ætlunin með þessari breytingu að skapa mun meira aðhald í rekstri ríkisspítalanna en verið hefur, en gera, eins og ég sagði áðan, engar frekari breytingar á daggjaldakerfi annarra sjúkrahúsa en ríkissjúkrahúsanna.

Forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 31 shlj. atkv.

Vöruqjald, frv. (þskj. 235, n. 265). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Álit n. er á þskj. 265. Ég vil geta þess að 17. og 18.

kafli tollskrárlaganna, fjalla eingöngu um breytt númer, en í 22. kafla felst hækkun á tappagjaldinu svokallaða.

Fjh.- og viðskn. mælir einróma með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 148 (sbr. 71), n. 258). — Frh. 2. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta frv. því að það hefur fengið góðan byr hér á hv. Alþ., var samþykkt einróma í hv. Ed. og hlaut einnig meðmæli samgn. þessarar hv. deildar.

En út af þeim atriðum, sem fram komu hér fyrr við 2. umr. í dag, vil ég vekja athygli á því, að 13. gr. frv. er hliðstæð því sem er í núgildandi lögum. Og auðvitað ef við hefðum efni á og fjárhagsgetu að leggja bundið slitlag á vegi, eins og segir þar, innan 10 ára, þá gerum við það. En við gerum það ekki nema með fjárveitingum, það er alveg ljóst. Það verður Alþ. á hverjum tíma sem verður að ráðstafa fjárveitingum til þessara og annarra vegamála.

Það, sem er mergur málsins í þessu frv., er að við erum með því að breyta gömlu vegalögunum í þá átt að gera framkvæmanlegt að skipta vegafénu til framkvæmda, en slíkt hefur reynst erfitt eins og komið hefur fram við afgreiðslu á vegáætlun tveggja síðustu ára. Þá höfum við orðið að ráðstafa fjárveitingum alveg án lagaheimildar, bæði í Djúpveginn, veginn yfir Hörgsnes og veginn austur á söndum. Þetta vita allir hv. þm., eins og kemur fram í skipunarbréfi til þeirrar n. sem fékk þetta mál til meðferðar. Þess vegna er stefnt að því með frv. nú að gera skiptingu fjárveitingar til vega löglega og framkvæmanlega. Það er einnig verið að vinna að því með þessu að auka tekjustofna sýsluvegasjóða, og það er líka fjárþörf þar og þörf á því að gera þessa hluti framkvæmanlegri en þeir nú eru. 13. gr. frv., sem hv. þm. voru að hnjóta um í dag, er í vegalögunum, þeim sem nú gilda. Frv. er ekki fram komið vegna þessarar greinar, heldur vegna þeirra vankanta sem ég hef lýst. Ég sé því ekki ástæðu til að menn þurfi að hafa neinar áhyggjur út af þessu atriði.

Ég vil ekki heldur taka undir það að fjvn. hafi eitthvert aukavald hér á hv. Alþ., því að auðvitað eru þeir, sem eru kosnir í fjvn., bundnir af öðrum þm., sem þeir eru kosnir af, og verða að bera sig saman við þá, eins og hv. þm. vita ósköp vel, svo að þess vegna er misskilningur að halda að áhrif kjördæma minnki við þessa breytingu sem hér er verið að gera. Auk þess á að ákveða um framkvæmd þeirra mála, sem framkvæma þarf með þeim hætti, í reglugerð. Þess vegna held ég að það sé ljóst, eins og hefur komið hér fram, enda málið þannig undirbúið, að í því eru þm. jafnréttháir frá öllum flokkum, og með þeim var hinn þaulreyndi og trausti vegamálastjóri sem allir hv. þm. treystu. Þess vegna er það gleðilegur vottur að þetta þingmál fái afgreiðslu á hv. Alþ. með shlj. atkv. þar sem þetta var síðasta verk hans í vegamálum á Íslandi. Þó ekki væri annað en það að reynslu þess mikilhæfa manns naut við gerð þessa frv., þá er það betri trygging en yfirlýsing, eins og hv. 5. þm. Vestf. orðaði það, því að allir erum við nú dauðlegir og ráðh. mjög hreyfanlegir. Þess vegna gilda ekki yfirlýsingar, heldur framkvæmdir, og það eru fjármálin sem ráða framkvæmdum í þessum málum sem öðrum.

Umr. frestað.

Neðri deild, 38. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., að loknum 37. fundi.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, frv. (þskj. 196). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vörugjald, frv. (þskj. 235). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vegalög, frv. (þskj. 148 (sbr. 71), n. 258). — Frh. 2. umr.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er aðeins út af ummælum hæstv. samgrh. Hann sagði hér áðan eitthvað á þá leið, að gildandi vegalög hefðu bannað okkur að setja meira fé í vegi úti í dreifbýlinu. (SvH: Þetta er misskilningur þinn.) Ja, ætli hæstv. samgrh. geti ekki svarað fyrir sig. Hafi ég misskilið þetta, þá verður það væntanlega leiðrétt. Ég veit ekki til þess að það sé neitt í gildandi vegalögum sem hefur sagt að t.d. á árinu 1976 ættu 1100 millj. að fara í hraðbrautir, nálægt því helmingurinn af því sem fer í vegaframkvæmdir á öllu landinu. Hvar stendur það í lögunum? Þetta er ákvörðunarvald ráðh., þetta er hans stefna, en ekki laganna. Og það er engin breyting sem á að verða með þessu frv. að því er þetta varðar. Það verður eftir sem áður ráðh. og vegamála-

stjóri sem segja til um það hver skipting verður milli stofnbrauta annars vegar og þjóðbrauta hins vegar. Það er því mesti misskilningur hjá hæstv. samgrh. að lögin hafi bannað að gera meira í vegakerfinu úti í dreifbýlinu heldur en raun ber vitni. (Gripið fram í: Hann sagði það ekki.) Enn kemur einn í vitnastúkuna fyrir hæstv. ráðh., þeir treysta honum greinilega ekki til þess að svara sjálfum. Ég bið þangað til hann kemur sjálfur og lýsir því yfir að ég hafi misskilið þetta. (Gripið fram í.) Nei, það fór eins og mig grunaði, að það kom í raun og veru engin yfirlýsing. Ef menn vilja telja þá yfirlýsingu, sem beðið var eftir, hafa komið af vörum hæstv. samgrh., þá var hún vægast sagt loðin, sú yfirlýsing, þar sem hann talaði um stefnumörkun í sambandi við vegaframkvæmdir í náinni framtíð. (Gripið fram í.) Ég held nú að það ætti að veita hv. þm. Sverri Hermannssyni orðið hér utan dagskrár, þannig að hann geti talað nóg og staðið við bakið á hæstv. ráðh.

Ég ætla ekki að víkja að því sem hæstv. samgrh. talaði um síðast í sinni ræðu. Það má gerast þá af öðrum aðilum en mér að tala um það mál. En ég vil ítreka það sem ég sagði hér í kvöld, að mér virðist allt benda til að framkvæmdin á því frv., sem hér liggur fyrir, muni reynast, verði það að lögum, sú hin sama og við höfum verið að gagnrýna að því er varðar stefnuna í vegamálum, þ. e. a. s. fyrst og fremst lögð áhersla á vegi með bundnu slitlagi, og við vitum hvar þeir verða.

En að gefnu tilefni vil ég óska eftir því við hæstv. samgrh., hann sjálfan og persónulega, enga utanaðkomandi stuðningsmenn úr liði hæstv. ríkisstj., að hann geri grein fyrir því hér eða leiðrétti þennan misskilning minn, hafi ég misskilið. (Gripið fram í.) Ég heyri að hæstv. menntmrh. lætur sér meira annt um vegamálin en þá málaflokka sem heyra beint undir hans rn. (Gripið fram í.) Það er kannske ekki ástæða til þess að ræða þetta öllu frekar fyrr en hæstv. samgrh. hefur stigið í stólinn aftur. Ég segi eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson, ég ætla ekki að segja meira að sinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 39. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., að loknum 38. fundi.

Vegalög, frv. (þskj. 148 (sbr. 71)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 277).

Sameinað þing, 37. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., kl. 9 árdegis.

Fjárlög 1977, frv. (þskj. 186, n. 231, 232, 236, 253, 254, 259, 272, 273, 274). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 254, 1—2. a—e samþ. með 44 shlj. atkv.
— 272, I felld með 44:14 atkv.
— 254, 2. f—g samþ. með 43:12 atkv.
— 254, 2. h—4 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 253, 1—5 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 259, I felld með 40:13 atkv.
— 259, II. 1 felld með 39:18 atkv.
— 253, 6—11 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 274 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 259, II. 2 felld með 37:18 atkv.
— 253, 12 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 236, I samþ. með 47:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, GHB, RA, RH, SighB, SigurlB, StJ, SV, ÓÞÞ, SvJ, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, BGr, EÐS, EggÞ, EÁ, EKJ, FÞ, GS, GeirG, GH, GilsG, GHG, GTh, GÞG, HÁ, HES, HFS, IG, JHelg, JÁH, JSk, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, MB, ÁB.

nei: PJ, StG, SvH, EBS, GuðlG, JGS.

PP, GF, IT, IngJ, JóhH, JónÁ, LárJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 273, 1 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 253, 13 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 236, II felld með 39:18 atkv.
— 259, III felld með 37:18 atkv.
— 253, 14—17 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 259, IV samþ. með 48 shlj. atkv.
— 253, 18—20 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 259, V felld með 38:17 atkv.
— 253, 21 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 272, II felld með 38:18 atkv.
— 253, 22 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 273, 2 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 236, III kom ekki til atkv.
— 253, 23—27 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 259, VI felld með 36:18 atkv.
— 253, 28—39 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 259, VII samþ. með 54 shlj. atkv.
— 253, 40—43 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 236, IV felld með 37:17 atkv.
— 253, 44—45 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 236, V felld með 36:18 atkv.
— 259, VIII felld með 36:18 atkv.
— 253, 46—51 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 259, IX samþ. með 55 shlj. atkv.
— 253, 52 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 259, X felld með 36:18 atkv.
— 253, 53 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 236, VI felld með 34:17 atkv.
— 253, 54—58 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 259, XI samþ. með 33:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GilsG, GF, GÞG, HÁ, HES, HFS, IT, IG, JHelg, JSk, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, ÓÞÞ, SvJ, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EÐS, EÁ, GS, ÁB.

nei: GH, GuðlG, IngJ, JóhH, JGS, LárJ, MB, OÓ, ÓE, PJ, GHB, RH, SigurlB, StG, SvH, ÞK, AG, EBS, FÞ.

GTh, JónÁ, MÁM, AJ, EKJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (GHG, JÁH, EggÞ) fjarstaddir.
Brtt. 253, 59—60 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 232 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 253, 61—64 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 259, XII samþ. með 47 shlj. atkv.
— 253, 65—66 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 272, III felld með 35:12 atkv.
— 253, 67—71 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 272, III. 2 felld með 39:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, SigurlB, StJ, SvJ, BGr, EðS, EggÞ.

nei: EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, GHB, RH, SV, ÓÞÞ, StG, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, AJ, EÁ, ÁB.

AG greiddi ekki atkv.
2 þm. (JÁH, ÞK) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Tómas Árnason: Herra forseti. Þó að ég segi nei við þessa atkvgr., þá er ég þeirrar skoðunar að það þurfi að fara fram rækileg úttekt á húshitunarmálum þjóðarinnar.

Brtt. 253, 72—73 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 253, 74—87 samþ. með 50:1 atkv.
— 259, XIII felld með 38:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SighB, ÓÞÞ, SvJ, BGr, EðS, EggÞ, GilsG, GÞG, HFS, SkA, KP, LJós, MK, MÓ.

nei: MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, GHB, RH, SV, StG, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, AJ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, ÁB.

SigurlB, StJ, ÞK, AG, GS greiddu ekki atkv.

2 þm. (GeirG, JÁH) fjarstaddir.

Brtt. 259, XIV felld með 39:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, EggÞ, GS, GilsG, GÞG, HFS.

nei: JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, GHB, RH, SigurlB, SV, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, ÁB.

ÓÞÞ, EÁ greiddu ekki atkv.
4 þm. (KP, GeirG, GHG, JÁH) fjarstaddir.

Brtt. 259, XV felld með 40:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SighB, StJ, SvJ, EðS, HFS, SkA, LJós, MK.

nei: ÓlJ, PP, PJ, GHB, RH, SigurlB, SV, ÓÞÞ, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÁB.

BGr, EggÞ, GS, GilsG, GÞG, MÓ greiddu ekki atkv.
5 þm (GeirG, GuðlG, GHG, JÁH, KP) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í sambandi við afgreiðslu fjárl. sem þarf að koma til leiðréttingar, en ekki hefur komið fram, og það er leiðrétting á skattvísitölunni. Þær forsendur, sem hafa átt sér stað varðandi breytingar á grundvelli afgreiðslu fjárl., fela það í sér að skattvísitalan á að vera 162.5, en ekki eins og gert var ráð fyrir í frv.

Leiðréttingu þessari á skattvísitölu í 7. gr. (162.5) lýst af forseta án andmæla þm.

Frv., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 282).

Efri deild, 35. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, frv. (þskj. 196). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umr., er leitað heimildar til að taka lán erlendis vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977 og til að endurlána Framkvæmdasjóði þar á meðal. Samtals er um jafnvirði 9 milljarða 732 millj. kr. að ræða sem skiptist þannig: 6 milljarðar 870 millj. fara til opinberra framkvæmda og 2 milljarðar 862 millj. er ætlunin að endurlánist Framkvæmdasjóði sem síðan miðlar lánsfé til fjárfestingarlánasjóða, svo sem kunnugt er. Í frv. er einnig leitað heimildar til að ábyrgjast allt að 700 millj. kr. lán vegna framkvæmda sveitarfélaga, og eru fyrst og fremst hafðar í huga hitaveituframkvæmdir á Akureyri. Loks er í frv. leitað heimildar til að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán allt að 100 millj. kr., sem sveitarfélög kunna að bjóða út vegna meiri háttar hitaveituframkvæmda, skuli hljóta sömu skattalegu meðferð og ríkisskuldabréf, en samkv. 1. gr. laga nr. 7 1974 skulu þau undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé. Miðar þetta að því að auðvelda sölu slíkra skuldabréfa.

Sú fjárþörf, sem frv. felur í sér, er í samræmi við niðurstöður lánsfjáráætlunar ríkisstj. fyrir árið 1977 sem lögð hefur verið fram og gerð var grein fyrir við 3. umr. fjárlaga. Af ýmsum orsökum er lánsfjáráætlunin síðbúnari en stefnt var að.

Frv. fylgir yfirlitstafla þar sem lánsfjárþörfin er sýnd eftir uppruna fjármagns ásamt skiptingu á einstakar framkvæmdir. Kemur í ljós að áformaðar läntökur til ríkisframkvæmda eru 10 milljarðar og 30 millj., sem hækkar í 10 milljarða 289 millj. þegar endurlán til sveitarfélaga og vörukaupalán Pósts og síma eru meðtalin. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir að 3 milljarða 410 millj. verði aflað innanlands og verði því lánsfjárþörf erlendis 6 milljarðar 870 millj., eins og fyrr greinir. Samkv. því verður þriðjungur fjármagnaður með fjáröflun innanlands og ⅔ hlutar með erlendum lánum.

Fjáröflunarþörf vegna ríkisframkvæmda hefur hækkað um 1 milljarð 122 millj. kr. frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., og stafar það einkum af því að nauðsynlegt þykir að hefja

lagningu línu frá Krófluvirkjun austur til Eyrarteigs og verja til þess 500 millj. kr. á næsta ári, auk þess sem önnur viðfangsefni hafa bæst á lánsfjáráætlunina og endurskoðun kostnaðaráætlana og verkefnaáfanga einstakra framkvæmda hefur leitt til aukinnar lánsfjárþarfar. Um þessi atriði er nánar fjallað í lánsfjáráætluninni, sem þm. hafa á borðum sínum.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og vænti þess að hv. n. geti tekið málið fyrir þannig að hægt verði að afgreiða það sem lög frá Alþingi áður en þm. fara í jólaleyfi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 235). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til l. á þskj. 235 um breyt. á l. nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, felur í sér tvenns konar breytingar á þeim lögum: Annars vegar til samræmingar því tollskrárfrv. sem nú hefur verið samþ. sem lög. Tollskrárnúmerum er því breytt í þessu frv. til samræmingar þeim tollskrárlögum sem samþykkt hafa verið. Hin breytingin er fólgin í því, að hið svonefnda tappagjald, sem er á gosdrykkjum, er hækkað. Það rennur, eins og fram kemur í grg. frv., í Styrktarsjóð vangefinna. Gjald þetta til sjóðsins er í dag kr. 1.95 á lítra, en gert er ráð fyrir að hækka það í 7 kr. Ætti það að gefa sjóðnum töluvert meiri tekjur. Ef ég man rétt gerir fjárlagafrv. ráð fyrir 105 millj. kr., þannig að hér er um töluvert mikla aukningu að ræða, en þess má geta að þar hefur ekki verið um breyttar tölur að ræða allt frá 1971.

Ég vænti þess að hv. n. og hv. þd. geti tekið þetta mál til afgreiðslu þannig að það geti orðið að lögum, áður en þm. fara í jólaleyfi.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að þakka fyrirgreiðslu frumvarpa í þessari hv. d., um leið og ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fagna aðalefni þessa frv. svo sannarlega. Að þessu hefur lengi verið unnið af ýmsum okkar sem að þessum málum höfum starfað sérstaklega, og ég get ekki látið hjá líða nú að færa hæstv. fjmrh. þakkir fyrir að hafa flutt þetta frv. og komið því inn í Alþ. og væntanlega hér til samþykktar, og um leið þakka hæstv. félmrh. sem einnig hefur að þessu máli unnið.

Það er ljóst að stór og aðkallandi verkefni í málefnum þroskaheftra hefðu stöðvast nær alveg ef sú tala, sem fjárl. var áður, hefði staðið. Það er í þessu frv. minnt á þau verkefni sem þegar er verið að vinna að og eru óleyst með öllu, svo sem Egilsstaðaheimilið, einnig hin mikla viðbygging við Sólborg á Akureyri og enn frekari lagfæring á Kópavogshælinu. Enn er þó eftir eitt verkefni í þessum byggingum sem ekki verður komist hjá að leysa, og það er meðferðarheimili á Vestfjörðum.

Þegar þessum heimilum verður lokið, þá er áreiðanlega rétt annaðhvort að endurskoða þetta allta saman, víkja þessum fjármunum í önnur verkefni sem þá koma til greina, eða þá, sem við skulum kannske helst vona, að þá hafi þetta fólk að fullu og öllu fallið inn í heildarramma okkar kerfis í menntakerfi, heilbrigðiskerfi og félagslegri þjónustu, þannig að við þurfum ekki neinn sérstakan sjóð til þess að styrkja það sérstaklega.

Ég vil einnig flytja hæstv. ríkisstj. sérstaka þökk frá landssamtökunum Þroskahjálp sem eru hér að ná fram einu sínu helsta baráttumáli, og er von að þau fagni því, svo nýtilkomin sem þau eru. Og þau vona að áframhaldandi gott samstarf verði milli þeirra og ríkisstj. um að vinna að málefnum skjólstæðinga sinna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., kl. 11.30 árdegis.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, frv. (þskj. 196, n. 279). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. d. hefur fjallað um þetta frv. og hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n., sem undirritar þskj. 279, leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Jón Árm. Héðinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins, Ragnar Arnalds mun gera grein fyrir afstöðu sinni, en Albert Guðmundsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér er stórt mál á ferð. Það er heimild til lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.

Ég tel það mikla framför frá því, sem áður var, að nú er gerð lánsfjáráætlun á haustdögum fyrir komandi ár og heildarfrv. lagt fyrir Alþ. fyrir jól. Það er kostur að frv. er lagt fram svo snemma, og fjmrh. á hrós skilið fyrir að vera með frv. svo snemma á ferðinni. En á sama tíma er óhjákvæmlegt að gagnrýna hæstv. ráðh. og hæstv. ríkissti. fyrir að koma með þetta frv. svo síðla fyrir jól að enginn tími er til að athuga efni þess.

Eins og ég sagði, þá er hér um stórt mál að ræða. Það fjallar um lántöku upp á 9732 millj. kr. Það er engin smáupphæð. Lætur nærri að þar sé um að ræða 1 millj. í erlendum lántökum á hvern klukkutíma komandi árs. Ég held að flestir geti verið sammála um að hin erlenda skuldasöfnun okkar íslendinga er orðin skuggalega mikil. Hitt er annað mál, að hér er um nauðsyn-

legar og sjálfsagðar framkvæmdir að ræða að flestu leyti, og spurningin er þá frekar um hitt, hvort ekki væri möguleiki að íslendingar fjármögnuðu þessar framkvæmdir meira með innlendum sparnaði og minna með erlendum lántökum. En það er einmitt einn af þeim þáttum málsins sem lítið er hægt að ræða um vegna þess að til þess er enginn tími.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um einstaka liði þessarar lánsfjáröflunar, en vil þó sérstaklega geta þess, að einn liðurinn er framlag til járnblendiverksmiðju, fjármagnaður með erlendri lántöku að upphæð 939 millj. kr. Ég er algerlega ósamþykkur þessari lántöku og vil því leyfa mér að flytja brtt. þess efnis að heimildin til erlendrar lántöku lækki sem nemur þessum 939 millj. kr., þ. e. að í stað 9732 millj. kr. komi 8793 millj. í 1. gr. frv. Ég vil leyfa mér að leggja fram þessa skrifl. brtt. þar sem ekki hefur gefist tími til þess að leggja hana fram með venjulegum hætti.

Að öðru leyti er ég samþykkur þeim framkvæmdum, sem felast á bak við þessar lántökur, og er því ekki ósamþykkur afgreiðslu frv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 281) samþ. með 15 shlj. atkv.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. var Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm., fjarverandi afgreiðslu málsins í n. vegna veikindaforfalla og tel ég rétt að fram komi álit Alþfl. á þessu máli í örfáum orðum.

Í frv. þessu, er rætt var lauslega á einum fundi, snöggsoðnum, eins og hv. þdm. er kunnugt, í fjh.- og viðskn. nú rétt áðan og ætlunin mun að afgreiða á fundum okkar í dag, er fjmrh. heimilað að taka erlent lán á þessu ári að jafnvirði allt að 9732 millj. kr. Alls eru ráðgerðar lántökur ríkisins á næsta ári sem nema 10 030 millj. kr. Stærsta lántakan er vegna Kröfluvirkjunar, samtals að upphæð 2944 millj. kr. Þrátt fyrir þá miklu gagnrýni sem þessar framkvæmdir hafa sætt virðist ætlun stjórnvalda að halda þeim áfram með fyllsta hraða og án þess að breytt verði þar að nokkru leyti um stefnu. Þá er skuldasöfnun ríkissjóðs erlendis og innanlands orðin svo alvarlegt vandamál að taka verður það mál í heild til sérstakrar athugunar síðar á þinginu. Vegna þess, hvernig að flutningi þessa viðamikla máls er staðið, mun ég láta afgreiðslu þess afskiptalausa, en áskil mér rétt og mínum flokki til þess að ræða lántökur ríkissjóðs og skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun í heild síðar á þinginu, eins og ég áður sagði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun eyða mjög stuttum tíma af þeim mínútum sem hv. d. á eftir að sitja að störfum fyrir jólin, hlýt aðeins að fara hér nokkrum orðum um fyrirhugaða lántöku vegna málmblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Svo sem kunnugt er hefur ríkisstj. þegar undirritað samning við norska auðhringinn Elkem Spigerverket um yfirtöku þess á skuldbindingum ameríska auðhringsins Union Carbide við Íslenska járnblendifélagið. Hér er fyrirhugað að taka stórlán erlendis, um það bil milljarð kr., á næsta ári til mikils óþurftaverks þar sem er málmblendiverksmiðjan fyrirhugaða í Hvalfirði. Þar verður fjárfest í fyrirtæki sem ég þykist vita að illt eitt muni af sér geta, en ekkert gott. Fyrir þessa upphæð mætti á hinn bóginn miklu góðu til leiðar koma á annan hátt á landi hér.

Ég greiddi fyrir nokkrum mínútum atkv. með brtt. við fjárlagafrv., — brtt. um 8 milljarða fjárveitingu til samtengingar á rafmagnsveitum landsins, — till. sem í eðli sínu öllu, — grundvallareðli sínu gengur þvert gegn fyrirhugaðri lántöku til þess að koma upp fyrrgreindri óþurftarstarfsemi á Grundartanga í Hvalfirði. Ég gagnrýni það, að við samþykkjum nú lántöku til verksmiðjusmíði í Hvalfirði sem Alþ. hefur enn ekki fengið að fjalla um, og legg eindregið til að þessi liður um lántöku erlendis til þess að koma upp fyrrgreindu óþurftarfyrirtæki í Hvalfirði verði felldur niður.

ATKVGR.

Brtt. 281 felld með 13:4 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 235, n. 280). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Með lögum nr. 97 frá 1971, um vörugjald, voru Styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til loka júnímánaðar 1976 og nam þetta gjald kr. 1.95 af hverjum lítra. Þetta ákvæði laganna féll úr gildi um mitt þetta ár og bar brýna nauðsyn til að endurnýja þennan tekjustofn í ljósi breyttra aðstæðna og með hliðsjón af þeirri miklu verðbólguþróun sem átt hefur sér stað á liðnum árum.

Það frv., sem hér um ræðir, felur í sér að framlagið til Styrktarsjóðs vangefinna verði 7 kr. af hverjum lítra innlendrar gosdrykkjaframleiðslu. Hækkunin, sem með þessu fæst, mun nema um rúmlega 70 millj. kr. eða úr 31 millj., sem var framlag til sjóðsins á s. l. ári, upp í 105 millj. Í grg. er gerð ágæt grein fyrir þeim verkefnum, sem ætlunin er að vinna að á vegum Styrktarsjóðsins.

Fjh.- og viðskn. mælir mjög eindregið með samþykkt þessa frv.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ekki skal ég nú tefja tímann lengi, en ég get ekki látið hjá líða að lýsa ánægju minni yfir að þetta frv. skuli vera á greiðri leið í gegnum þingið, ekki síst vegna þess að mér er ljóst að ýmsir í stjórnarráðinu eru ekki sérstaklega hrifnir af hinum eyrnamörkuðu tekjustofnum. En ég er sannfærður um að þetta á eftir að verða þessu merka málefni til mikils góðs og tryggja eðlilegan framgang framfara á þessu sviði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 37. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., að loknum 36. fundi.

Lántaka vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, frv. (þskj. 196). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 284).

Vörugjald, frv. (þskj. 235). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 285).

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þar sem þetta er síðasti fundur fyrir þingfrestun vil ég leyfa mér að þakka hv. dm. fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Ég óska hv. dm. gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Sömu óskir hef ég fram að færa til handa skrifstofustjóra Alþingis og öðru starfsfólki Alþingis. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ég vænti þess að við hittumst hér allir heilir á næsta ári.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar þdm. að þakka hæstv. forseta góðar óskir í garð okkar þdm. allra og fjölskyldna okkar um gleðilega hátíð og farsælt komandi ár. Ég vil jafnframt leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góða og sanngjarna fundarstjórn það sem af er þessu þingi og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs og bið hv. þdm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og hv. dm. fyrir að hafa tekið undir orð hans. Ég ítreka óskir mínar til hv. þm. — Fundinum er slitið.

Neðri deild, 40. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 264 (sbr. 216) n. 278). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hv. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar, sem er 136. mál þessa þings. Frv. var lagt fram í Ed. þar sem það var samþ. með nokkrum breytingum. Á þskj. 278 er að finna nál. meiri hl. heilbr.- og trn. sem mælir með samþykkt frv. Þeir, sem undir þetta nál. rita, eru stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. í n. Einn þeirra skrifar þó undir frv. með fyrirvara.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er, eins og fram hefur komið, að reyna að samræma stjórnunaraðild og fjárhagslega ábyrgð á einni og sömu hendi við rekstur sjúkrahúsa ríkisins. Hér er um tilraun að ræða og gildistími laganna er takmarkaður eins og frv. ber með sér.

Eins og fram kemur í 4. gr. frv. á að jafna á milli sjúkrasamlaga þá kostnaðarbreytingu sem leiðir af samþykkt þess. Í reglugerð mun verða ákveðið að ríkisspítalar sendi Tryggingastofnun ríkisins reikninga fyrir hvern sjúkling sem þar liggur. Upphæðin verður ákveðin viss prósentutala af svonefndu viðmiðunargjaldi sem getið er um í lögum um almannatryggingar og daggjaldanefnd ákveður. Þessi upphæð, sem talið er að nema muni um 10% af viðmiðunargjaldinu, innheimtist hjá viðkomandi sjúkrasamlagi sem aftur færir það á framlagsreikning sveitarfélagsins. Ríkisspítalar hafa tölur um útgjöld undanfarinna ára og munu geta reiknað út frá því hvort viðkomandi sjúkrasamlag hagnast eða tapar á þessari lagabreytingu.

Um málefni þeirra sjúkrasamlaga, sem á leggjast aukin gjöld vegna þessara breytinga, fer eins og segir í 4. gr. frv., þ. e. að Tryggingastofnunin áætlar útgjöld þeirra og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra, en jafnar að fullu þegar ársuppgjör sjúkrasamlaganna liggur fyrir árið 1977. Fyllri ákvæði um þessa framkvæmd verða svo sett í reglugerð.

Samkv. því, sem ég hef sagt, leggur meiri hl. heilbr.- og trn. til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég hef sagt það áður í sambandi við þetta frv. að það hefði verið miklu betra að láta frv. bíða eða a. m. k. breyta því þannig að þarna hefði aðeins verið um gjaldtökuna að ræða til þess að halda við þeirri tekjuöflun sem ákveðin var hér fyrir ári til sjúkratrygginganna. En mér sýnist alveg augljóst að eins og þetta frv. liggur fyrir verður ekki hægt að framkvæma það til þess að ná þeim tilgangi sem er verið að lýsa yfir.

Það er alveg ljóst að afleiðingin af þessari lagasetningu verður sú, að viss sjúkrasamlög sleppa að verulegu leyti við að greiða sjúkrahúskostnað vegna meðlima sinna, þ. e. a. s. þau

sjúkrasamlög sem hafa þá aðstöðu að þau senda aðallega sjúklinga sína á þau sjúkrahús þar sem ekki á að taka gjald fyrir sjúklingana samkv. frv. Það verða því nokkur sjúkrasamlög sem þurfa ekki að greiða sjúkrahúskostnað nema að litlu leyti borið saman við það sem áður var. Þetta er alveg ljóst samkv. frv. Önnur sjúkrasamlög í landinu munu hins vegar greiða mjög svipað og þau hafa gert áður af sjúkrahúskostnaði. Hins vegar er gert ráð fyrir í frv. að síðar meir verði þetta jafnað og þau verði ekki látin gjalda þess sem greiða á þennan hátt meira miðað við ákveðna viðmiðun, þá megi endurgreiða þeim. En eftir stendur hitt, að það er ekkert að finna í þessu frv. um að hægt sé að skylda þau sjúkrasamlög, sem senda sjúklinga sína á ríkisspítalana, til þess að greiða neinn kostnað af þeim sjúklingum á sjúkrahúsunum.

Það er vitanlega alveg tómt mál að tala um að það skuli sett reglugerð um þetta, þegar lagagr. sjálf segir að það sé tryggð ókeypis vist á þessum sjúkrahúsum. Það þýðir ekkert að setja reglugerð sem er í algerri andstöðu við það sem segir í sjálfum lögunum. Því er alveg sýnilegt að fara mun þannig að sjúkrasamlög í námunda við ríkisspítalana, þ. e. a. s. hér í Reykjavík, Garðabæ, Seltjarnarnesi og víðar, sem senda sjúklinga sína að mjög verulegu leyti á ríkisspítalana, þessi sjúkrasamlög þurfa ekki að greiða kostnað af sínum sjúklingum á þessum sjúkrahúsum samkv. þessu frv. eins og það liggur fyrir. Og menn reka sig á það, þegar til framkvæmdanna kemur, að ríkissjóður verður að koma til og greiða þessa jöfnun til hinna sem hafa ofgreitt, en það er hins vegar ekki ætlunin. Það er ekki hægt að fá peningana til þess frá þeim sjúkrasamlögum sem lögum samkv. þurfa ekki að greiða fyrir sjúklinga á ríkisspítölunum.

Hér er því, ef staðið verður að framkvæmd þessara laga á þann hátt sem frv. segir til um, verið að skapa misrétti. Það er verið að létta stórkostlega á sjúkrasamlögum hér á vissu svæði, og það er meira að segja verið að efna hér til hættulegs ástands í sambandi við sendingu sjúklinga á milli landshluta til þess að reyna að komast í það að þurfa ekki að borga hluta af sjúkrahúskostnaði þeirra.

Það er alveg sýnilegt að heilbr.- og trn. Ed., sem var að reyna að glíma við þennan vanda og setti saman nýtt orðalag á 4. gr., hefur alls ekki gert sér grein fyrir því í hverju þetta vandamál liggur. Hún var með till. um að það skuli gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að viss sjúkrasamlög ofgreiði, það má endurgreiða þeim. En hún sér ekki aðalvandann í málinu, sem liggur í því að viss sjúkrasamlög þurfa ekki samkv. lögum að greiða sjúkrahúskostnað af meðlimum sínum.

En það er auðvitað eins og stundum áður, það þýðir lítið að vera að tala um þetta. Ég veit að margir hv. þm. vita að frv. er botnlaust og vitlaust, það fær ekki staðist. En tíminn er tapaður og menn segja: Við verðum bara að samþykkja vitleysurnar jafnt sem annað, það verður að hafa það. — Eigi þetta ekki að lenda í algeru öngþveiti, þá verður vitanlega komið hér aftur með þetta mál í febr. eða mars, því að þó að menn leyfi sér nú ýmislegt í sambandi við lagaskýringar, þá þýðir vitanlega ekkert að ætla að gefa út reglugerð sem segir að ákveðin sjúkrasamlög skuli greiða fyrir meðlimi sína á ríkisspítölunum, þegar grein í lögunum segir að þar sé vist þessara sjúklinga ókeypis.

Ég skal ekki hafa þetta lengra. Ég sem sagt vil taka það fram að afstaða mín til þessa máls er sú, að ég er á móti frv., ég greiði atkv. gegn því, bæði vegna gjaldtökunnar, þó að hún sé gerð eilítið betri í meðförum en áður var, en fyrst og fremst vegna þess að málið fær ekki staðist. Það er ekki einu sinni hægt að ná þeim tilgangi, sem er þó yfirlýstur tilgangur hæstv. ráðh., með frv. í þeim búningi sem það er.

Um gjaldið vil ég svo segja það, að menn kannast við það að á síðasta þingi var hlaupið til og lagt á þetta sjúkragjald sem hefur mælst illa fyrir, og nú er hlaupið til að breyta því á mjög furðulegan hátt, því að nú á að vísu að leggja gjaldið á, sveitarfélögin eiga í rauninni að sjá um það að leggja gjaldið á, ríkið á að innheimta gjaldið, starfsmenn ríkisins, innheimtumenn ríkisins eiga að innheimta gjaldið, en þó á gjaldið að fara í ríkissjóð. Hér er komið upp alveg nýtt skipulag, þ. e. a. s. að innheimtumenn ríkisins innheimta gjald sem Alþ. hefur ákveðið að leggja á vegna ríkisþjónustunnar, en gjaldið má ekki renna í ríkissjóð. Það er ekki gert ráð fyrir því í fjárl. Það á að halda því öllu hér utan við. Þetta er alveg ný aðferð og verður kannske notuð í framtíðinni af fleiri aðilum til þess að reyna að lækka fjárlög, að leggja á ýmis gjöld með þessum hætti, að segja að starfsmenn ríkisins innheimti þetta, en það megi bara ekki koma í ríkissjóðinn, það verði að fara einhvern hring þar í kring. Allt er þetta alveg furðulegt út af fyrir sig og væri auðvitað sæmst að láta þetta mál liggja, því að það er ekkert sem kallar á að drífa þetta í gegn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessari síðustu ræðu. Ég vil aðeins benda á það og vekja á því athygli, að það eru ekki sjúkrasamlögin, sem ráða inntöku á ríkisspítalana, heldur er það auðvitað undir stjórn lækna á hvern hátt fólk er tekið þar inn, og vitaskuld er lögð á það höfuðáhersla á ríkisspítölunum, sérstaklega á þeim sjúkrahúsum, að taka fyrst og fremst inn fólk sem þarf að koma til rannsóknar eða þarf aðgerða við, en ekki langlegusjúklinga. Þetta er óbreytt sú stefna sem hefur verið og mun vafalaust verða.

En varðandi skýringar hv. þm. á því, að það sé ekki hægt að færa hér á milli, þá segir greinilega í 4. gr., eins og var gengið frá henni í Ed., að Tryggingastofnun ríkisins áætlar útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða af völdum þessa frv., jafnháa upphæð og hinni áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Síðan á að setja með reglugerð nánari ákvæði um tilfærslu þessara fjármuna. Ég held að með þessu móti sé ekki verið að ívilna neinum ákveðnum sjúkrasamlögum, og ég held að það sé ekki rétt að vera neitt að fullyrða um að ákveðin sjúkrasamlög njóti hér einhvers sérstaks hagnaðar, hvorki í Reykjavík né nágrannasamlög Reykjavíkur.

Framkvæmd þessara laga mun sjást. En það er eins með þessi lög og öll önnur, að ýmislegt má út á þau setja og það má líka ýmislegt spá um það, hvernig þau muni reynast. Hér er verið að fara inn á nokkuð aðrar brautir en gert hefur verið, og reynslan verður svo að skera úr um hvort hér er farið inn á nýja braut og til hins betra í þessum efnum eða ekki, og þá verður það endurskoðað að nýju.

Ég tel að það sé ekki nokkur leið að þetta frv. verði látið bíða eða daga uppi því að Alþ. er búið að afgreiða fjárlög. Með þeirri fjárlagaafgreiðslu er mörkuð sú stefna að færa ríkissjúkrahúsin í A-hluta fjárl. og því verður að gera þá breytingu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, til samræmis við þá ákvörðun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:9 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 24:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., að loknum 40. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 264 (sbr. 216)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 283).

Þingfrestun.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur deildarinnar fyrir jólahlé vil ég þakka hv. þdm. gott og ánægjulegt samstarf það sem af er þessu þingi og sömuleiðis starfsliði Alþingis öllu. Ég óska hv. alþm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, svo og starfsmönnum Alþ. og fjölskyldum þeirra. Þeim sem þurfa að fara um langan veg til heimila sinna óska ég góðrar ferðar og góðrar heimkomu og óska þess að við megum hittast hér heil á næsta ári til starfa á ný.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Í nafni okkar dm. vil ég færa fram þakkir til forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég þakka forseta fundarstjórn og samstarf og vil óska forseta og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Einnig vil ég í nafni dm. færa fram þakkir til starfsliðs þingsins fyrir samvinnulipurð og alúð við okkur dm. Ég óska starfsliði þingsins gleðilegra jóla og góðs árs. Ég vona, að við megum öll hittast hér heil til starfa á ný að loknu jólaleyfi, og vil biðja dm. að taka undir þessi orð með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir hans vinsamlegu orð í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra. — Þessum fundi er slitið.

Sameinað þing, 38. fundur.

Þriðjudaginn 21. des., að loknum deildafundum.

Þingfrestun.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þetta er síðasti fundur sem verður haldinn í Sþ. nú fyrir jól. Því vil ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. fyrir gott samstarf í vetur og umburðarlyndi í minn garð. Varaforsetum, skrifurum, skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég ágæt þjónustustörf. Jafnframt óska ég hv. alþm. og fjölskyldum þeirra og öllu starfsfólki Alþingis gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Utanbæjarþm. óska ég góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu og ég vona að við megum öll heil hittast hér á Alþ. hinn 24. jan. n. k.

Lúðvík Jósepsson: Ég vil fyrir hönd okkar alþm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil jafnframt þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þm. og fyrir góða og réttláta fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs. Ég bið hv. þm. að taka undir þessar óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu, og einnig þakka ég hv. alþm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég ítreka það, að ég óska hv. alþm. gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég að tilskildu samþykki Alþingis veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 98. löggjafarþings, frá 21. des. 1976 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 24. jan. 1977.

Gert í Reykjavík, 20. des. 1976.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 98. löggjafarþings, er frestað frá 21. des. og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 24. jan. 1977.

Að svo mæltu vil ég óska hæstv. forseta, öllum hv. alþm., starfsmönnum þingsins og öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Sameinað þing, 39. fundur.

Mánudaginn 24. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Hinn 10. jan. 1977 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 24. jan. 1977, kl. 14.

Gert í Reykjavík, 10. jan. 1977.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar alþm. og starfsfólks Alþ. Jafnframt óska ég hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. og starfsfólki Alþ. gleðilegs árs um leið og ég þakka samstarfið á liðnu ári.

Eins og hæstv. forsrh. hefur lýst, þá hefjast þingfundir.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 21. jan. 1977.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks sjálfstæðismanna, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Jóhanns Hafsteins, 6. þm. Reykv., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Geirþrúður Hildur Bernhöft félagsmálafulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Geirþrúður Hildur Bernhöft hefur áður setið á þingi og þarf því ekki að athuga kjörbréf hennar, og býð ég hana velkomna til starfa.

Þá er annað bréf:

„Reykjavík, 21. jan. 1977.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er nú á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður minn, Jóhannes Árnason sýslumaður, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Jóhannes Árnason hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og er væntanlegur í dag til þings, mun eitthvað hafa teppst vegna veðurs.

Þá er þriðja bréfið:

„Reykjavík, 24. jan. 1977.

Lúðvík Jósepsson, formaður þingflokks Alþb., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Magnúsar Kjartanssonar, 3. þm. Reykv., sem nú dvelur í sjúkrahúsi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Sigurður Magnússon rafvélavirki, sæti á Alþ. í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Símskeyti hefur borist frá Akureyri:

„Sökum annríkis sé ég mér ekki fært að mæta á þingi sem varamaður Magnúsar Kjartanssonar að þessu sinni.

Vilborg Harðardóttir."

Kjörbréf Sigurðar Magnússonar liggur hér fyrir og þarf rannsóknar við. Bið ég kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréfið og gef á meðan 5 mínútna þingfundahlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Sigurðar Magnússonar rafvélavirkja, Vesturbergi 6, Reykjavík, sem er 2. varaþm. Alþb. í Reykjavík. Það liggur fyrir, að 1. varamaður hefur tilkynnt að hann treysti sér ekki til að mæta á Alþ. að þessu sinni vegna annríkis. Kjörbréfanefnd hefur ekki neinar aths. að gera við kjörbréfið og leggur shlj. til að það verði samþykkt og kosning Sigurðar Magnússonar tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 50 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar Alþingi kemur nú saman á nýju ári eru ástand og horfur í íslenskum þjóðmálum viðsjárverðari og alvarlegri en verið hefur um mjög langt skeið. Mál hafa þróast þannig að milli almennings í landinu og ríkisvaldsins hefur skapast svo breitt bil að vandséð er hvernig það verður brúað. Mjög verulegur hluti þjóðarinnar treystir ríkisvaldinu ekki lengur. Hér er ekki aðeins átt við ríkisstj.

sjálfa, heldur ríkiskerfið í heild, embættiskerfið og dómskerfið.

Ekki þarf að orðlengja um það, hvílík hætta heilbrigðum stjórnarháttum er búin af slíku. Deilur um stjórnmál eru eðlilegar og sjálfsagðar í lýðræðisríki. Á undanförnum árum hefur auðvitað verið deilt hart um efnahagsmál og fjölmörg önnur mál. En undanfarið hafa verið uppi í þjóðfélaginu annars konar deilur. Þær hafa m. a. lotið að því, hvort réttum leikreglum hafi verið fylgt í ávísanamálum. Enn fremur hefur kveðið ríkt að smygli og sölu fíkniefna. Það hefur verið rætt um tengsl milli fjármálaspillingar og flokka. Þá hefur verið talað um óhæfilegan seinagang á rannsókn dómsmála sem jafnvel kunni að eiga sinn þátt í því að óhugnanleg afbrotamál upplýsist ekki til fulls.

Það er örugglega ekki ofmælt þegar sagt er að öll þessi þróun mála hafi rýrt svo traust mikils hluta þjóðarinnar á ríkisvaldinu að hætta steðjar að íslensku lýðræði og þingræði. Alþingi sætir harðri gagnrýni fyrir athafnaleysi og ríkisstj. er ásökuð fyrir fjölmargt, sem hún gerir, og sömuleiðis fyrir ýmislegt, sem hún láti ógert til að bæta ástandið.

Í umr. utan dagskrár, sem auðvitað eiga að vera stuttar, skal ég ekki fjölyrða um einstök mál sem telja má undirrót þess uggs sem undanfarið hefur búið um sig í hugum verulegs hluta þjóðarinnar. Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna þrjú atriði. Það virðist vera ríkjandi skoðun meðal almennings, að ekki hafi verið nógu röggsamlega tekið á fjölmörgum afbrota- og fjársvikamálum. Miklum meiri hluta þjóðarinnar blöskrar það ábyrgðarleysi sem einkennt hefur Kröflumálið í heild. Vitað er að í vor kemur til mikilla átaka á vinnumarkaðnum vegna síversnandi lífskjara launþega. Öllum hugsandi mönnum er ljóst, að eigi þau átök ekki að valda vandræðum, — eigi þau að leiða til skynsamlegrar niðurstöðu fyrir launþega og þjóðarheildina, þá þarf samhliða nýjum launasamningum að koma til ráðstafana á sviði stjórnmála sem ríkisstj. ein getur haft forustu um. En skilyrði þess að ríkisstj. geti haft forustu um slíkar ráðstafanir er að hún njóti trausts aðila vinnumarkaðarins.

Ekki þarf að fjölyrða um hversu mjög skortir á að núv. ríkisstj. njóti trausts launþegasamtaka. En ýmis samtök vinnuveitenda hafa einnig lýst vantrú á ríkisstj. og stefnu hennar. Núv. ríkisstj. getur því aldrei orðið sá aðili sem stuðlað geti að skynsamlegum og réttlátum kjarasamningum í vor.

Þingflokkur Alþfl. ræddi þessi viðhorf öll á fundi sínum í morgun. Niðurstaða hans varð sú, að ekki verði bætt úr þeim skorti á trúnaði og trausti milli meiri hluta þjóðarinnar og ríkisvaldsins með öðrum hætti en þeim, að ríkisstj. segi af sér og boði til kosninga eins fljótt og unnt reynist, þannig að þjóðin fái tækifæri til þess að láta skoðun sína í ljós á ástandi þjóðmálanna. Það ætti að vera hægt að kjósa áður en til átaka kemur á vinnumarkaðnum.

Hér er um mál að ræða sem einkum og sér í lagi snýr að hæstv. forsrh. Hann hefur þingrofsvaldið formlega í hendi sinni. Þótt við hæstv. forsrh. séum andstæðingar í stjórnmálum valda kynni mín af honum því, að ég trúi ekki öðru en að hann geri sér ljóst að sérstök ábyrgð hvílir á honum í þessu efni. Honum er áreiðanlega ljóst að hann er ekki forsrh. Sjálfstfl. Hann er ekki heldur aðeins forsrh. ríkisstj. Hann hlýtur að taka tillit til þess, að hann er forsrh. í lýðræðisríki, hann er forsrh. í þjóðfélagi sem er í hættu. Það er skylda hans fremur en nokkurs annars manns að bægja þessari hættu frá, að bjarga því sem bjargað verður.

Margir munu taka undir þá ósk, að rækileg íhugun muni leiða til þess að hæstv. forsrh. komist að þeirri niðurstöðu að það, sem hér hefur verið lagt til, sé einmitt það sem líklegast sé til þess að endurreisa það traust sem ríkja þarf milli yfirvalda og almennings.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Við höfum nú heyrt að hvaða niðurstöðu þingflokkur Alþfl. hefur komist á fundi sínum í morgun: að ríkisstj. segi af sér og boði til kosninga eins fljótt og unnt reynist. Það er eins og við höfum heyrt þetta áður. Þetta er ekki ný frétt og tæpast þess vegna ástæða til þess að kveðja sér hljóðs utan dagskrár á fyrsta fundardegi þings á þessu ári. En við skulum samt sem áður, þótt ekki sé um nýjar fréttir að ræða, íhuga hvaða röksemdir liggja til þessarar niðurstöðu.

Það er í fyrsta lagi sagt að meðferð dómsmála sé slík, að nauðsynlegt sé að ríkisstj. segi af sér og boði til kosninga eins fljótt og unnt reynist. Í tilefni af því skal ég enn á ný ítreka að það er yfirlýst stefna ríkisstj. að gera allt sem í hennar valdi stendur til að flýta meðferð dómsmála, rannsókn og upplýstrun sakamála, svo að hreinsa megi andrúmsloftið í þjóðfélaginu. Í þessu skyni hefur dómsmrh. og ríkisstj. í heild beitt sér fyrir nýrri löggjöf á sviði dómsmála og með atbeina Alþ. fengið auknar fjárveitingar til þess að hraða málsmeðferð allri. Verður einskis látið ófreistað í þeim efnum.

En halda menn nú að það sé vænlegra til að hreinsa andrúmsloftið í þjóðfélaginu að rjúfa þing og efna til kosninga í stað þess að löggjafarvaldið sitji að störfum og veiti dómsvaldinu þau bættu starfsskilyrði sem nauðsynlegt er? Hver eru í raun og veru stefnumið Alþfl. til endurbóta á meðferð dómsmála? Hver eru hans jákvæðu viðhorf til þess að bæta starfshætti dómstólanna? Þótt ég dragi ekki í sjálfu sér í efa heilindi hv. þm. sem hér talaði áðan, þá örlar vissulega á sýndarmennsku og ég sé ástæðu til þess að gefnu tilefni orða hans og þessarar málsmeðferðar að ítreka það, sem ég sagði í áramótaávarpi mínu, m. a. á þennan veg:

„Þótt óhug hafi slegið á okkur vegna afbrotaöldu og óhjákvæmilegt sé að taka málin föstum tökum, þá skulum við ekki missa hugarjafnvægið og falla í gryfju múgsefjunar. Við megum ekki ýkja eða sverta myndina, sem er nógu slæm fyrir.“ Og enn fremur: „Við megum heldur ekki taka fram fyrir hendur löglegra dómstóla og sakfella áður en sök er sönnuð. John Stuart Mill segir í bók sinni „Frelsinu“: „Almenningsálitið hefur ekki óskoraðan rétt til afskipta af hverjum einstaklingi. Það er jafnbrýn

forsenda farsæls mannlífs og varnir gegn harðstjórn að setja rétti þessum takmörk.“ Og enn fremur: „Vissulega hefur heilbrigt almenningsálit mikilvægu hlutverki að gegna. Kostir hins opna, hreinskipta þjóðfélags verða að fá að njóta sín. En því er aldrei unnt að mæla bót þegar maður eða mannorð er tekið af lífi án dóms og laga. Til þess höfum við dómstóla í réttarríki að kveða á um sekt eða sýknu“.

Mér finnst sannast að segja sú ályktun nærtæk af orðum hv. 9. þm. Reykv. að hann sé haldinn spennu. Það er alveg nægilegt að við búum í landi jarðskjálfta sem við getum ekki komið í veg fyrir. En það er of mikið af því góða þegar ábyrgir stjórnmálamenn eru haldnir straumi og skjálfta í þeim mæli sem fram kom hjá hv. þm.

Ég ítreka og legg áherslu á að það er mikið nauðsynjamál að hreinsa andrúmsloftið í þjóðfélaginu og það verður ekki gert nema með upplýstrun þeirra sakamála sem nú eru til meðferðar fyrir dómstólum landsins. Við þm. eigum að styðja og styrkja dómstólakerfið eins og okkur er unnt og samrýmanlegt er stjórnarskránni, þar sem dómsvaldið er sjálfstætt í eðli sínu. En við eigum ekki að ýkja þær sögusagnir sem fara um þjóðfélagið, ekki að gera okkur að leik að koma á truflun í þeirri sálarró sem nauðsynlegt er að haldist ef við viljum leysa vandasöm mál.

Önnur röksemdin var Kröflumálið. Í tilefni af því vil ég og láta það koma hér fram vegna nýliðinna jarðhræringa við Kröflu, að að sjálfsögðu er rétt að endurmeta alla kosti um framhald framkvæmda þar. Iðnrh. hefur í samvinnu við viðkomandi aðila og sérfræðinga unnið að því og mun grg. um málið lögð fyrir ríkisstj. En halda menn nú að það sé vænlegra til þess að marka skynsama stefnu í Kröflumálinu varðandi nýtingu þeirrar fjárfestingar og þeirra orkulinda sem þar eru, en vandkvæði eru á að nýta vegna jarðhræringanna, að efna til kosninga í stað þess að þingið sitji að störfum og leggi þá sitt til málanna — eða hvaða stefnu boðar Alþfl. í þessu máli? Undir hvaða kjörorði vill hann ganga til kosninga á þessu sviði?

Í þriðja lagi er talað um að núv. ríkisstj. geti ekki staðið að kjarasamningum, sem væntanlega verða á *næstunni, með þeim hætti að stuðlað* geti að lausn væntanlegrar kjaradeilu. Það er sagt að það skorti á, að núv. ríkisstj. njóti trausts launþegasamtakanna og meira að segja bætt við: ýmis samtök vinnuveitenda hafa einnig lýst vantrú á ríkisstj. og stefnu hennar.

Ég held e. t. v. að af þessu megi draga þá ályktun að ríkisstj. hafi sinnt því hlutverki sínu að veita hvorum tveggja hagsmunasamtökunum, aðilum vinnumarkaðarins, nokkurt aðhald, eins og er skylda hennar. Hagsmunasamtök í þjóðfélaginu eiga vissulega rétt á sér. Þau eiga sínu hlutverki að gegna, og ríkisstj. vill virða það hlutverk. En um leið er það skylda ríkisstj. og Alþ. að gæta almenningshagsmuna, hagsmuna heildarinnar, og skapa hagsmunasamtökunum eðlilegt aðhald í því sambandi.

Nú er það yfirlýst stefna hagsmunasamtakanna í þjóðfélaginu, aðila vinnumarkaðarins, að þessu leyti, þeir vilja vera frjálsir gerða sinna, frjálsir að því að eigast innbyrðis við um gerð kjarasamninga, og það telur ríkisstj. eðlilega aðferð við gerð kjarasamninga. Þetta breytir ekki því, að ríkisstj. hefur þann skilning og hefur því aldrei dregið sig í hlé þegar hún hefur talið að hún gæti með atbeina sínum auðveldað gerð kjarsamninga þannig að þjóðarheill og hagsmunum heildarinnar væri betur borgið en ella.

Þegar rætt er um hvort ríkisstj. skorti traust, þá er rétt að það komi alveg skýrt og greinilega fram, að það, sem máli skiptir, er að ríkisstj. hafi traust meiri hluta Alþ. Samkvæmt íslenskri stjórnarskrá getur ríkisstj. setið meðan hún hefur traust Alþingis, löggjafarþings þjóðarinnar. Það er samkvæmt réttum þingræðisreglum, og þá fyrst væri þingræðið í landinu í hættu ef menn settu annað vald ofar Alþingi í þessu efni.

Það, sem hér sker úr, er *auðvitað* að við verðum að skapa samvinnu og samráð milli aðila vinnumarkaðarins, löggjafarsamkomunnar og ríkisstj. og milli landsmanna allra til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu um kjarasamningana í vor. En halda menn nú að það sé vænlegra að efna til kosninga fyrst og þeirrar baráttu sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja kosningum? Er það réttur undirbúningur til þess að skapa hæfilegan jarðveg er upp af gætu sprottið réttlátir kjarasamningar? Ég dreg það mjög í efa. Ef nýjar kosningar eiga að auka traust og trúnað milli þings og stjórnvalda annars vegar og almennings hins vegar, þá hlýtur það að vera skylda stjórnmálaflokka og löggjafarsamkomu að marka stefnu, marka kosti sem kjósendur geta valið á milli. Og ég spyr enn: Hver er stefna Alþfl. í kjaramálum? Það hefur farið lítið fyrir þeirri stefnumörkun hér á þingi í umræðum manna á meðal. Jú, auðvitað á að bæta kjör landsmanna, en með hvaða hætti? Væntanlega ekki með erlendri skuldasöfnun, og ef svo er, úr hvaða útgjöldum á þá að draga? Þetta eru spurningar sem rétt er að ræða hér á löggjafarsamkomunni og skýra fyrir landsmönnum, þannig að landsmenn hafi kosti um að velja þegar gengið er til kosninga.

Ég ítreka það, að það er ekki ástæða til þess að ganga til kosninga meðan ríkisstj. nýtur trausts Alþ., þegar svo stendur á sem nú er, að við ýmis vandamál er að glíma eins og oft endranær.

Ég mundi hins vegar ekki vera hikandi við að veita atbeina minn til þess að þingrofsvaldinu yrði beitt ef ég héldi að það gerði þjóðinni gagn og nauðsynlegt væri að fá staðfestingu þjóðarinnar á ákvörðunum Alþingis. En allajafna hygg ég að það sé affarasælast að ríkisstjórnir, sem myndaðar eru, sitji út kjörtímabilið, nema einhver sérstök atvik komi til. *Ég held* þess vegna að hv. 9. þm. Reykv. hafi smitast af flokksbróður sínum, forsrh. dana, og vilji stuðla að sams konar sviðsetningu hér á Íslandi eins og frændur okkar í Danmörku reyna nú. En það er ekki af hinu góða hjá þeim að þurfa að ganga til kosninga eftir hálfnað kjörtímabil. Það er vegna þess að þar skortir þingmeirihluta til úrlausnar málum miðað við fyrra samkomulag sem gert var meðal stjórnmálaflokka þar.

Ég vil leggja áherslu á það, að núv. ríkisstj. hefur fengið mörgu og miklu áorkað: eytt óvissu í öryggismálum, tryggt yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu með samstöðu landsmanna allra og varist svo og sótt fram eftir eitthvert alvarlegasta efnahagsáfall, sem þjóðin hefur orðið fyrir lengi, að atvinnuleysis hefur ekki gætt, gagnstætt því sem er í nágrannalöndum okkar, en atvinnuöryggi verið tryggt, að viðskiptahalli hefur lækkað úr nær 12% í 3% og verðbólga hjaðnað, þótt á því sviði hafi engan veginn fullnægjandi árangri verið náð. Það er að baráttunni gegn verðbólgunni sem við verðum að einbeita okkur. Halda menn að það sé liður í baráttunni gegn verðbólgunni að stofna nú til harðvítugra átaka milli flokka og ganga til kosninga? Er ekki nær að sinna þeim málum sem líkleg eru til þess að skapa grundvöll fyrir heilbrigðum kjarasamningum án þess að verðbólguþróun þurfi á eftir að fylgja? Er ekki nær að gefa okkur starfsfrið til þess að íhuga hvernig lífeyrismálum landsmanna skuli fyrir komið, skattamálum eða húsnæðismálum, sem allt eru mikilvægir málaflokkar og lausn þeirra getur ráðið því, hvort við fáum búið hér í þjóðfélagi þar sem efnahagslegt jafnvægi og jafnrétti ríkir?

Nei, það væri fullkomið ábyrgðarleysi ef þingrofsvaldi væri nú beitt til þess að þm. gæfust upp við verkefni sín. Ég mun hvorki sem forsrh. né munu aðrir samráðh. mínir, — þess er ég fullviss, — ljá máls á því að hlaupast af hólmi frá skyldum sínum, og ég hygg að þegar alþm. skoða hug sinn í alvöru, þá finni þeir og það jafnt hv. 9. þm. Reykv. sem aðrir alþfl.-þm., að skylda okkar nú er að sinna störfum okkar, leysa vandamál þjóðfélagsins og sýna með þeim störfum okkar hver stefna okkar er, en ganga síðan fram fyrir dóm kjósenda á grundvelli starfs okkar og stefnu, hafandi markað með eðlilegum hætti þann skoðanaágreining, sem eðlilegur er og sjálfsagður í lýðræðisríki. Jafnframt verða alþm. og stjórnmálamenn að sýna að þeir séu menn sem ýti ekki undir öfgar, falli ekki í múgsefjun og örvi ekki til múgmennsku, heldur standi í fararbroddi fyrir skynsamlegri úrlausn mála er allri þjóðinni megi verða til heilla. Ég er mér þess meðvitandi að ábyrgð fylgir starfi mínu, en með þessum eina hætti tel ég að ég bregðist ekki þeirri ábyrgð.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú svarað þeirri bænaskrá sem hv. 9. þm. Reykv. bar hér fram áðan bugaður af nokkru bráðræði eftir morgunfund í Alþfl. En e.t.v. hefði nú verið skynsamlegt fyrir Alþfl. að gefa sér tíma til morguns til þess að íhuga þetta mál, áður en þessi bænarskrá var fram borin. Bænaskrár eru ekki lengur í tísku hér. Þær tilheyra gömlum tíma. Það er leið til þess að koma ríkisstj. frá, ef til þess er talin ástæða af hv. Alþ. Það er sú leið sem hér hefur margoft verið reynd með misjöfnum árangri, og hún er sú að bera fram vantraust á ríkisstj. Og sú ríkisstj. sem hefur hlotið vantraust, verður að fara frá.

Hvers vegna fer hv. 9. þm. Reykv. ekki þessa leið?

Hvers vegna er hann að bera fram þessa bænarskrá til hæstv. forsrh? Ég get vissulega tekið undir orð hans að hæstv. forsrh. er ágætismaður. En mér finnst þetta samt oftraust, ofurlítið oftraust hv. 9. þm. Reykv. á hæstv. forsrh., að hann muni nú fara að verða við svona bænaskrá af hans hálfu.

Það er líka vegur til þess að koma frá einstökum ráðh., ef á þarf að halda og þeir njóta ekki lengur trausts. Það má bera fram vantraust á einstaka ráðh. Ég hef ekki farið varhluta af því að það hefur verið látið að því liggja að undanförnu í ýmsum málgögnum að ég muni hafa verið riðinn við ýmsar vafasamar athafnir og þess vegna verðskuldaði ég ekki traust. Hvers vegna þora ekki þessir hv. þm. að bera fram vantraust á mig? Geri þeir það og sjái til. Mig langar ekki svo mikið til að sitja í þessari ríkisstj. En seta mín í þessari ríkisstj. mun ekki skipta neinu máli um langlífi þessarar stjórnar. Ég mun fyrir mitt leyti a.m.k. vinna að því, hvort sem ég verð innan eða utan stjórnar, að þessi stjórn sitji út kjörtímabilið. Þess vegna er alveg vonlaust fyrir hv. 9. þm. Reykv. að vera með þessar ástarjátningar til Sjálfstfl. Hann kemst ekki upp í bólið á þessu kjörtímabili. Hann verður að húka fyrir framan rúmstokkinn, og það verður hann að gera sér að góðu. Það er eðlilegt að hann kunni því illa, þar sem hann hefur svo lengi setið í ríkisstj.

Það er sagt að valdið spilli mönnum. Það er kannske nokkur sannleikur í því. Það er hugsanlegt, þegar menn hafa farið lengi með vald, að þeir haldi að það verði ekki stjórnað án þeirra. Það er kannske afsakanlegt. En þetta er nú gert samt.

Og ég held að það sé ákaflega vafasamt þegar menn eru að standa hér upp á Alþ. hver á fætur öðrum og vitna um óvinsældir ríkisstj., segja að hún hafi ekki lengur traust almennings í landinu, þjóðarinnar. Hver getur dæmt um það? Hver hefur skoðað það? Hér eru ekki einu sinni slíkar skoðanakannanir sem fram fara í öðrum löndum og vilja nú stundum bregðast. Við hvað hafa menn að styðjast þegar þeir leyfa sér æ ofan í æ að koma hér fram á Alþ. og fullyrða að stjórnin njóti ekki lengur trausts? Ég held að þetta sé alveg út í bláinn, þetta sé fullyrðing sem hefur við ekkert að styðjast.

Það er ekkert mark heldur í sjálfu sér fyrir ríkisstj. að vera að gera sífelldar gælur við kjósendur og vera sífellt að hugsa um það hvort einum hópnum af kjósendum líki nú betur eða verr. Nei, ríkisstj. á að gera það sem hún telur rétt fyrir þjóðarheildina, hvort sem þessum þrýstihópnum líkar það betur eða verr. Og hún á að láta sig einu gilda hverra vinsælda hún nýtur. Hún á að þola það og þora að gera það sem hún telur rétt og falla þá eða standa á sínum verkum og fá sinn dóm. Og það mun þessi ríkisstj. gera þegar sá tími rennur upp. En þangað til verða hv. alþfl.-menn að reyna að herða sig upp og halda á sér hita úti í kuldanum.

Hv. 9. þm. Reykv. benti á, að ég held, þrjú eða fjögur mál sem hann taldi að væru þess háttar að stjórnin hefði misst traust, glatað trausti, nyti ekki lengur trúnaðar. Og þar voru dómsmálin efst á blaði. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að gera þau ofurlítið að umtalsefni, ekki síst fyrir það

að þau hafa verið gerð að talsverðu umtalsefni í fjölmiðlum að undanförnu. Ég ætla að rifja upp nokkur þau mál, sem helst hafa verið höfð á oddi, og gera hv. þm. grein fyrir, eftir því sem mér er kunnugt um, hvernig þau mál standa. Um hitt þarf náttúrlega ekki að fjölyrða, hvenær ríkisstj. nýtur hér trausts almennings og er góð stjórn að mati hv. 9. þm. Reykv. Hér verður ekki góð stjórn og nýtur ekki trausts almennings fyrr en Alþfl. á aðild að þeirri ríkisstj., það er mjög einfalt mál.

Nýjasta málið, sem hefur verið gert að umtalsefni í dómsmálum og hefur verið fjallað talsvert ítarlega um af þeim sem láta sig þau mál nokkru varða, og það vona ég auðvitað að séu sem flestir, það er mál Guðbjarts Pálssonar og Hallgríms Jóhannessonar. Það er ekki viðkunnanlegt að ræða einstök mál hér á Alþ. En það er búið að margræða þessi mál svo í fjölmiðlum og það meira að segja í sjónvarpi og útvarpi að það getur engin goðgá talist þó að það sé talað hispurslaust um þessi mál hér á hv. Alþ. og nöfn nefnd. Og það er kannske það sem þarf til þess að hreinsa til, til þess að hreinsa andrúmsloftið í þessum efnum.

Á s. l. ári hefur ein gömul, vel þekkt og vinsæl kona verið mikið á ferð hér um landið. Það er hún Gróa gamla á Leiti. Hún hefur birst í ýmsum gervum og hún hefur allt of víða verið kærkominn gestur. Henni hefur verið gefið vel að borða víða, og það mætti nú vel fara að draga eitthvað við hana fóðrið svo að hún yrði ekki jafnfeit þegar þessu ári lýkur.

En það eru þessi mál Guðbjarts Pálssonar og Hallgríms Jóhannessonar, og þá ætla ég fyrst að víkja að því sem nýjast er af nálinni og gert hefur verið að árásarefni á mig. Það er að ég hafi leyft Hallgrími Jóhannessyni að fara úr fangelsi, leyft honum að fara frá Litla-Hrauni fyrir jólin, og það er rétt. Ég tók þá ákvörðun að það skyldi gert hlé á afplánun hans til þess að hann gæti verið hjá konu sinni og barni nýlega fæddu yfir jólin og fram á þetta ár. En lausnin eða hléið var bundið skilyrðum. Því hefur verið haldið fram að þetta væri lögleysa. Ég leyfi mér að halda öðru fram um það, en skal nú ekki fara að ræða um það, því að þeir, sem halda því fram að það sé lögleysa, geta átt auðvelda leið að fara til dómstóla og fá úr því skorið hvort það sé óheimilt fyrir dómsmrh., samkv. líka langri venju sem hefur átt sér stað, að gera hlé á afplánun hjá föngum þegar sérstaklega stendur á. Ég hef gert það. Fyrirrennarar mínir hafa gert það. Ég hef t. d. leyft ungum fanga að fara til Reykjavíkur og þreyta próf við iðnskóla og hann stóðst það. Að því búnu varð hann að fara aftur inn. Og vegna veikinda hlutaðeigandi eða aðstandenda eru þess mýmörg dæmi að það hafi verið gert hlé á afplánun. Og sumir atvinnurekendur eru sem betur fer mjög mannlegir. Þeir hafa oft boðist til að taka fanga sem hafa verið í afplánun, t. d. á skip yfir vertíð, og það eru mýmörg dæmi þess að það hafi verið leyft. Og ég er sannfærður um að hlutaðeigendur hafi haft betra af því að vera á skipinu og stunda vertíðina og sjóinn heldur en að sitja í fangelsi.

Ákvörðun sem þessari ráða mannleg sjónarmið, mannúðarleg sjónarmið. Og á meðan ég sit í því sæti sem ég sit, þá mun ég halda áfram að beita slíkum sjónarmiðum, hvað sem hver segir. Ég veit auðvitað að það eru margir sem skilja ekki slík sjónarmið. Þeir eru því miður líklega einhverjir innan þessara veggja. En ef þeir eru einhverjir, þá er ekki eftir neinu að bíða fyrir þá að koma með vantraust á mig af þessum sökum, því að ég ætla mér ekki að breyta um stefnu í grundvallaratriðum í þessum efnum, mun halda henni áfram. Þeir, sem eru henni andvígir, ættu að koma með vantraust á mig út af því. Hitt er svo annað mál, að hlutaðeigandi aðili var talinn hafa rofið þau skilorð, sem honum voru sett, og var samstundis tekinn til yfirheyrslu og að henni lokinni settur á Litla-Hraun. Þannig er þessu framfylgt, að menn verða að halda þau skilorð sem þeim eru sett, það sé enginn vafi á að það sé fullkomlega gert.

Ég þarf naumast að taka það fram, að það er ég einn sem ber ábyrgð á þessari ákvörðun, að hlé var gert á afplánun þessara fanga. Að sjálfsögðu er það svo, að það koma mýmargir menn til mín og tala við mig um fanga og eru að fara fram á að þeir séu náðaðir, þeim sé veitt reynslulausn o. s. frv., o. s. frv., og auðvitað hlusta ég á slíka menn. Og ég tel það ekki athugavert hjá einum eða neinum, hvorki aðstandendum né öðrum, að tala máli slíkra manna sem eiga sér kannske formælendur fáa. Ég hef talið að það væri hingað til frekar haft að ásökunarefni að einstaklingurinn væri máttvana í kerfinu og hann þyrfti á stoð og vernd að halda gagnvart því, og þess vegna er sjálfsagt hið ágæta félag, félagið Réttarvernd, stofnað til þess að gæta hagsmuna einstaklingsins. En að ætla að fara að telja það saknæmt að einhver maður eða menn hafi rætt við mig um þetta mál eða önnur, það er ofvaxið mínum skilningi. (Gripið fram í.) Já, og jafnvel þó að það hefðu verið þm. Minn skilningur á hlutverki þm. er nefnilega allt annar heldur en ýmissa annarra. Það eru margir sem nú orðið leyfa sér að tala í lítilsvirðingartón um fyrirgreiðslupólitík þm., að þm. skuli vera að ganga með tösku og gerast töskuberar fyrir þennan eða hinn og vilja reyna að greiða fyrir hinum eða þessum umbjóðanda sínum eða e. t. v. öðrum. Ég tel það einmitt hlutverk þm. að reka erindi sinna umbjóðenda. Ég tel þá einmitt bjóðast til þess, þegar þeir gefa kost á sér til þings, að halda þannig á málum að íbúar í því kjördæmi, hvort sem þeir eru kjósendur þess manns eða ekki, megi vita að þeir geti átt von á því að hann telji þá skjólstæðinga sína og hann muni reka erindi þeirra eftir því sem á þarf að halda og auðvitað innan ramma laganna. Ég held að það verði einkennilegt Alþingi, þar sem þm. verða orðnir þannig að þeir vilji ekki sinna neinum málaleitunum og vilji ekki ganga erinda einna eða neinna, vilji ekki rétta neinum hjálparhönd. Ég er alveg sannfærður um það, og er ég þó ekki sagnfræðingur, að enginn íslenskur þm., hvorki fyrr né síðar, hefur rekið þvílika fyrirgreiðslupólitík fyrir einstaka menn eins og Jón Sigurðsson. Og ég hugsa að þeir, sem telja þetta svo fyrirlitlegt í fari þm., að þeir vilji gæta hagsmuna manna og reyna að rétta mönnum hjálparhönd og gera þeim greiða, þeir hefðu gott af því að kynna sér sögu og fyrirgreiðslupólitík Jóns Sigurðssonar. Auð-

vitað hafa á síðari árum margir góðir þm. verið hér miklir fyrirgreiðslumenn, og ég hygg að þeir verði ekki smærri í minningunni fyrir það, heldur hið gagnstæða.

En þá er það Guðbjartsmálið svokallaða sem er tvíþætt. Það er annars vegar mál sem reis út af því hvernig handtöku Guðbjarts Pálssonar bar að höndum, og hins vegar mál á hendur Guðbjarti Pálssyni vegna meints fjármálalegs misferlis af hans hálfu. Um handtökumálið er það að segja, eins og menn vita, að þeir voru handteknir í lögsagnarumdæmi, sem heyrir undir bæjarfógetann í Keflavík. Út af þessari handtöku ritaði svo Jón Oddsson hrl. ríkissaksóknara bréf í nafni og fyrir hönd bílstjóra þess, sem fór þessa för og mig minnir að heiti Karl, og kærði yfir þessari ólögmætu handtöku og taldi að fyrir þá hefði verið lögð gildra. Ríkissaksóknari gerði auðvitað það, sem var hans óhjákvæmilega skylda, að taka slíka kæru til athugunar og rannsóknar, og dómsmrh. eða dómsmrn. hafði þau ein afskipti af því að skipa sérstakan umboðsdómara til þess að fara með það mál, og það er Steingrímur Gautur Kristjánsson. Það mál hefur síðan verið í rannsókn, rannsókn er ekki lokið. Það kemur vafalaust fram alveg skýrt og greinilega við hvaða rök þessi kæra hefur átt að styðjast, og það er satt að segja furðulegur allur sá málflutningur sem uppi hefur verið hafður í fjölmiðlum út af þessu áður en niðurstöður rannsóknarinnar liggur fyrir. Ég hugsa að það hafi verið skynsamlegra fyrir marga að bíða eftir niðurstöðum rannsóknarinnar. Þá ætti ekki að þurfa að deila um hvað væri rétt í þessu efni. Og væntanlega gleðjast allir yfir því að hið sanna komi í ljós. Þó að menn álíti það kannske ekki í sjálfu sér stórt mál hvernig staðið er að handtöku, þá verður þó að fylgja settum reglum þar um og þess vegna sjálfsagt að rannsaka hvort það hafi verið gert eða ekki. Niðurstaðan í því efni liggur sem sagt ekki fyrir og verður ekkert fullyrt um það. En það er algjörlega í samræmi við lög, sú ákvörðun sem bæjarfógetinn í Keflavík tók, að víkja rannsóknarlögreglumanninum frá til bráðabirgða, á meðan á rannsókn stæði, og eftir lögum, sem þar um gilda, að hann nýtur hálfra launa á meðan. Reynist hann sýkn, þá fær hann það sem inni stendur af ógreiddum launum. Þetta er algjörlega eftir lögum. Þetta hefur verið framkvæmt við lögreglustjóraembættið hér í Reykjavík t.d. og þarf ekki að deila um hvort það sé rétt eða ekki rétt, því þetta er samkv. lögum og ekki brotinn réttur á einum eða neinum með slíku. Það hafa sumir talið að þarna væri verið að fara eitthvað illa með þennan rannsóknarlögreglumann í Keflavík. Enginn hefur þó orðað hann við Framsfl. svo mér sé kunnugt. En aftur á móti gegnir öðru máli um Guðbjart Pálsson. Hann hefur verið orðaður við Framsfl. bæði leynt og ljóst. Nú er Framsfl. svo fjölmennur, sem betur fer, að ég veit ekki um alla félaga hans, og það má vel vera að Guðbjartur Pálsson sé þar. Ég hef aldrei séð hann á framsóknarfundi og ég veit ekki til þess að hann sé í nokkru félagatali Framsfl. Ég veit ekki til þess að hann hafi nokkru sinni verið í þjónustu framsóknarmanna sérstaklega. Ég veit hins vegar að hann hefur verið í þjónustu manna sem tilheyra ekki Framsfl. Ég tel ekkert athugavert við það, nema síður sé, því mér dettur aldrei í hug að taka upp þá stefnu að halda því fram, að það geti ekki komið fyrir mann í hvaða flokki sem er að gerast brotlegur við lög og ég mótmæli algjörlega þeirri stefnu að ætla að stimpla flokk út frá því, hvort einstakir menn, sem fylgt hafa þeim flokki að málum, hafi þrátt þann stig í þessum efnum sem lög setja. Ætli það geti ekki allir orðið brotlegir og það séu ekki nokkuð margir sem hafa orðið brotlegir við einhverja reglu sem þjóðfélagið setur, en misjafnlega alvarlega auðvitað? En mál þessa manns er í rannsókn. Það er í rannsókn hjá ágætum og röggsömum fulltrúa við Sakadóm Reykjavíkur. Mér er kunnugt um að sú rannsókn hefur verið rekin með fullkominni röggsemi, og það er alveg óþarfi að vera að dæma manninn eða vera með nokkrar getsakir í því sambandi fyrr en rannsókn er lokið.

Þetta var nýjasta dæmið í dómsmálunum. En hin eru eldri og alvarlegri mörg hver sem minnst hefur verið á, og þá skal ég aðeins gefa stutt yfirlit yfir hvernig þau mál standa.

Hið svokallaða Guðmundarmál hefur verið upplýst að dómi ákæruvaldsins og ákæra hefur verið gefin út.

Önnur þau morðmál, sem áttu sér stað á s. l. ári, hafa verið upplýst beinlínis með játningum.

Geirfinnsmálið, sem hefur verið eitt mest umtalaða mál hér á landi og verður áreiðanlega dýrasta mál sem hér hefur verið til meðferðar, það er á því stigi að ég hygg að spilin þar verði algjörlega lögð á borðið fyrir eða um næstu mánaðamót og þá verði hulunni svipt af þessu Geirfinnsmáli. Og það veit ég að verður mörgum gleðiefni, því það hefur verið erfitt að búa við þær getsakir sem hafðar hafa verið uppi í því efni. Það var á sínum tíma að ég var sakaður um yfirhylmingu með meintum glæpamönnum í því máli. En ég hugsa nú að þegar sagan verður könnuð og það rakið, að ég átti minn þátt í því að fá þýskan sakamálasérfræðing hingað til þess að kanna það mál, þá verði dómur sögunnar á aðra lund um það atriði heldur en sumir menn vildu vera láta.

Klúbbmálið, hvar er það? Það er upplýst, dæmt í undirrétti og er í áfrýjun hjá Hæstarétti. Hvað það tekur langan tíma þar get ég auðvitað ekki sagt. Það er ekki mitt að hafa skipunarvald gagnvart dómstólum. Það hefur Alþingi ekki heldur. Dómstólarnir eru þriðji þáttur ríkisvaldsins, algjörlega sjálfstæður. Það finnst mér stundum vilja gleymast á hv. Alþ., að það getur enginn gefið dómstólum fyrirskipanir um hvernig þeir haga sínum störfum. En þar kemur þó hæstaréttardómur, og það verður ekki lengur hægt að fárast yfir því að það hafi ekki verið rannsakað og upplýst.

Jörgensensmálið, sem er elsta málið sem sögur fara af, það er komið að málflutningi í því í Sakadómi Reykjavíkur og verður, að ég vona, flutt fljótlega upp úr mánaðamótum. En það hefur staðið lengi og verið stórt mál. Og þegar rannsóknarnefndin mikla, sem till. er nú um **hérna, tekur til starfa vona ég að hún gleymi** ekki að rannsaka hverjir það voru sem áttu drýgstan þáttinn í að koma þeim mikla athafna-

manni á legg. Það er fróðlegt fyrir þjóðina að kynnast því, hverjir áttu þátt í því, því að það hefur kostað talsvert mikið að fá þetta mál upplýst.

Það hefur verið rætt um Grjótjötunsmál. Það mál var afgreitt eftir framhaldsrannsókn, sem fram fór í Sakadómi Reykjavíkur, til ríkissaksóknara í des. s. l. og er unnið í því þar af fullum krafti og vænti ég þess að ákæra í því verði gefin út innan skamms.

Vátryggingafélagsmálið er leiðindamál vegna þess, hversu langan tíma það hefur tekið, og ég vil ekki bera í bætifláka fyrir þá töf sem varð á rannsókn þess. Það var ákaflega lengi til framhaldsrannsóknar hjá Sakadómi Reykjavíkur, eða frá því 1972 og þangað til seint á árinu 1975, að það var sent til saksóknara, en hefur svo verið þar síðan. Hefur meðferð þess þar dregist, sem sumpart er réttlætt með því að sá maður, sem hafði með það að gera, var í orlofi um skeið. En það vil ég segja, að þetta mál er ákaflega flókið og óskaplega mikið umfangs. En ég hygg að það megi segja, að það mál verði afgreitt hjá ríkissaksóknara eftir nokkra mánuði. Hvernig sú afgreiðsla verður skal ég ekkert fullyrða um á þessu stigi.

Þá er það Alþýðubankamálið. Það er ákaflega fyrirferðarmikið mál og það hefur verið, eftir að það var rannsakað hjá Sakadómi, hjá ríkissaksóknara 2—3 mánuði. Það mál er líka óskaplega mikið að vöxtum. Þetta eru ofboðslegir skjalabunkar sem þarf að fara gegnum og athuga. Og ég get trúað því að það taki talsverðan tíma hjá ríkissaksóknara að afgreiða það mál, meðfram vegna þess að þetta mál er nýrrar tegundar og þess eðlis, að það er hætt við því að það verði fordæmismál á þessu sviði. Þess vegna verður auðvitað að vanda mjög vel til rannsóknar á því.

Ég held að ég hafi þá vikið að þeim helstu sakamálum sem ástæða hefur þótt til að gera að umræðuefni að undanförnu, að undanskildu tékkamálinu. En um það mál vil ég segja það, að upphafið þar er kæra Seðlabankans þar sem 17 aðilar eru kærðir. Og ríkissaksóknari fyrirskipaði að sjálfsögðu rannsókn. Vegna mikilla anna hjá Sakadómi þótti rétt að skipa sérstakan umboðsdómara til að fara með það mál. Það hefur farið fram rannsókn af hálfu þess umboðsdómara. Síðan hafa svo að undanförnu farið fram nokkur bréfaskipti á milli þessa umboðsdómara og ríkissaksóknara. Það er venjulegra og heppilegra að slík bréfaskipti fari ekki fram í blöðum opinberlega. En þessi ágæti umboðsdómari tók upp þann hátt, hefur sjálfsagt viljað í því efni verða við óskum fjölmiðla að láta þá fylgjast meir með málinu en áður hefur átt sér stað og hefur haft blaðamannafundi öðru hverju. Það er sennilega ástæðan fyrir því að hann hefur talið rétt að skrifa opinberlega og birta bréf sitt opinberlega. Og þá er auðvitað jafneðlilegt að ríkissaksóknari hafi sama háttinn á. Þetta mál er hjá ríkissaksóknara nú, þannig að hann á næsta leik í því. En það, sem mér skilst að felist í bréfi umboðsdómarans, er að hann telur þörf á því að takmarka þessa rannsókn. Ég hlýt að skilja það svo, að hann vilji fella niður einhverja af þeim 17 aðilum sem upphaflega voru tilgreindir af Seðlabankanum. Á það hefur ríkissaksóknari ekki viljað fallast. Hann hefur ekki viljað fallast á að rannsóknin væri takmörkuð. Þetta er auðvitað algerlega mál ríkissaksóknara, hann tekur ákvörðun um það. En það vil ég segja sem mína persónulegu skoðun, að ég tel það svo forkastanleg vinnubrögð að það nái eiginlega ekki nokkur orð yfir það, ef ætti að fara að fella niður einhverja af þessum lista, t. d. einhvern framsóknarmann. Hvað yrði þá sagt? Það væri alveg kjörið tækifæri handa Grónu til þess að ganga um og segja: Þarna sjáið þið, honum var hlíft, þessum. — Nei, það kemur auðvitað ekki til mála að mínu mati, að sleppa einum einasta. Það getur vel skeð að einhverjir þeirra séu algerlega sýknir. En það er dómstólanna að segja til um það, og það eru þeir sem eiga að sýkna þá, svo að það komist engin tortryggni að í sambandi við þetta mál. Þannig vona ég a. m. k. að verði staðið að þessu máli.

Þá held ég að ég hafi vikið að þeim dómsmálum sem hafa verið talin til þess fallin að grafa undan trausti almennings á stjórnvöldum, réttarkerfinu og dómsstólakerfinu. Ég er nú ekki að öllu leyti sömu skoðunar um það. Ég viðurkenni að málsmeðferðin er að mínu mati oft of þunglamaleg og þyrfti að vera skilvirkari og taka skemmri tíma. En ég held að hún sé vönduð, og ég held að menn geti treyst því að saklausir menn verði ekki dæmdir hér á landi, og það er þó höfuðatriðið. Og ég efast um að ef ekki hefðu komið til þessi einstöku skrif sem hafa átt sér stað um þessi mál, þá hefði traust almennings nú verið minna á dómsmálum nú en áður. Og ég vil leyfa mér að vona að í raun og veru sé traust á íslenskum dómstólum mikið, og við eigum líka mikið undir því, því að það veit aldrei neinn hvenær hann getur átt sitt mál, sín örlög kannske undir ákvörðun íslenskra dómsmála. Þess vegna er vissulega nauðsynlegt að þeir njóti mikils og verðskuldaðs trausts, og það er illt verk að grafa undan því trausti.

Alþ. á líka að hafa það í huga, að dómstólarnir eru þriðji valdþátturinn og eiga að dæma um það hvort Alþ. hafi farið rétt að eða ekki, af því að þeir eiga að dæma um það hvort lög, sem Alþ. afgreiðir, séu í samræmi við stjórnarskrána eða ekki. Þess vegna er vissulega ástæða til þess að efla dómstólana sem mest og bæta réttarfarið. Það er verðugt markmið að keppa að. Ég tel mig hafa verið að vinna að því. Það hafa þegar verið afgreidd allmörg mál sem stuðla að því. Ég hef nú látið leggja á borð hv. þm. fjögur frv. sem öll miða að því. Þeirra stærst er auðvitað frv. til lögréttulaga þar sem um er að ræða gagngera breytingu á skipan dómsmála, og sem fylgifrv. með því frv. mjög víðtækar breytingar á meðferð einkamála. Ég vænti þess, að hv. alþm. taki þau mál til gaumgæfilegrar skoðunar, og efast ekki um að þeir geri það. Þar er enn fremur að finna frv. um tékka, þ. e. a. s. um breytingar á tékkalögunum. Það er enginn vafi á því, að tékkar hafa verið misnotaðir að undanförnu hér á landi miklu, miklu meira en góðu hófi gegnir. Það hafa verið settar nýjar reglur um meðferð tékka, og ég hef átt minn þátt í því að þær hafa verið settar, vegna þess að fulltrúar frá þeim tveim rn., sem ég veiti forstöðu, dómsmrn. og viðskrn.,

hafa ásamt fulltrúum frá bönkunum átt sæti í þeirri n. sem um þær reglur hefur fjallað og þær reglur hefur samið. Þær reglur eru að mínum dómi spor í rétta átt, þótt skoðun mín sé að það hefði átt að ganga lengra í þeim efnum en gert hefur verið með þessum reglum sem samkomulag varð um. Það frv., sem hér hefur verið lagt fram, er liður í sömu viðleitni, vegna þess að það leggur þyngri refsingu við tékkamisferli en gert hefur verið til þessa. Síðast, en ekki síst má nefna það, að ég hef lagt fram frv. um að sérstök dómnefnd skuli fjalla um veitingu í dómaraembætti almennt. Ég veit ekki til þess að nokkur dómsmrh. hafi á undan mér lagt fram frv. um það efni. Ég hygg að sú skipan, sem þar er lagt til að upp sé tekin, sé fallin til þess að eyða tortryggni í sambandi við embættaveitingar á þessu **sviði.**

Ég ætla nú ekki að blanda mér mikið í aðra þá þætti sem hv. 9. þm. Reykv. gerði að umtalsefni og taldi hafa það í för með sér að stjórnin hefði unnið sér til óhelgi, af því að mér fannst einhvern veginn liggja á milli hinna töluðu orða hans að það væru dómsmálin aðallega sem hann hefði í huga. Kannske hef ég misskilið það og þá leiðréttir hann það hér á eftir. Og það er ekkert óeðlilegt þó að ég hafi ályktað það, vegna þess að þau hafa verið gerð svo mjög að umræðuefni hér að undanförnu, m. a. verið ritað um þau talsvert í Vísi, því ágæta blaði og merka, og þar verið talið að a. m. k. tveir ráðh., ég og hæstv. utanrrh., ættum helst að víkja úr sætum. Og undir þetta hefur nú verið tekið af stjórn Heimdallar. Það er eðlilegt að svona bitar smakkist hv. alþfl.-mönnum vel. En við föllum nú ekki fyrir þessum orðum einum, og ég fyrir mitt leyti vil bíða eftir því að vantraustið komi fram og verði samþykkt. Ég hygg nú að þrátt fyrir þessi skrif og þessa samþykkt, sem var ekki nema stjórnarsamþykkt, en alls ekki félagssamþykkt, þá sé það nú svo með málsmetandi sjálfstæðismenn, að þeir vilji að þetta stjórnarsamstarf haldist út kjörtímabilið, og að því mun nú stefnt. En auðvitað er ekkert við því að segja og aðeins mannlegt að óskir komi fram um það frá hv. stjórnarandstæðingum að önnur stjórn taki til starfa og leysi þessa af hólmi, og sjálfsagt geta þeir tímar komið að svo fari. En ég sé enga ástæðu til að ætla að svo verði, að öðru óbreyttu, fyrr en að liðnu þessu reglulega kjörtímabili. Og þó að ég fái einhver hnútuköst frá einhverjum sem fylgja samstarfsflokknum að málum og skrifa þar í blöð, þá mun ég yfirleitt láta mér það í léttu rúmi liggja á meðan meiri hl. hv. alþm. vill að ég sé í ríkisstj. En þegar þeir vilja það ekki lengur, þá er auðvitað jafnsjálfsagt að víkja.

Það er auðvitað öllum ljóst, að þrátt fyrir nokkur batamerki er samt ýmiss konar andbyr fram undan, og getur verið líka þó að við sjáum það ekki í dag og sprottið af ýmsum ástæðum. Menn hafa áhyggjur af kjarasamningum og kjaramálum. Það er auðvitað svo, að það er alltaf vandamál þegar um kjarasamninga er að tefla, þegar um það er að ræða hvernig eigi að skipta afrakstrinum í þjóðfélaginu. Þá verða deildar meiningar um það og átök og getur enginn fyrir fram sagt um til hvers slík átök kunna að leiða. Ég vil þó segja það sem mína persónulegu skoðun, að sú ályktun um kjaramál, sem síðasta Alþýðusambandsþing gekk frá, er skynsamleg að mörgu leyti. Ég vænti þess að á þeim grundvelli, sem þar var lagður, verði hægt að byggja. En hann fellur algerlega saman við skoðun mína um það, að það þurfi að bæta verulega kjör hinna lægst launuðu og að það verði ekki gert nema þeir, sem hærri laun hafa og meira bera úr býtum, slaki á sínum kröfum, og það skildist mér vera andinn í þeirri samþykkt sem um þetta var gerð á Alþýðusambandsþingi. Ég efast ekki um að sú samþykkt hefur verið gerð að vel hugsuðu máli og að það þurfi ekki að efast um að menn muni byggja á henni og fylgja henni fram í sinni kjarabaráttu.

Það er lífsins gangur að menn verða alltaf öðru hvoru fyrir vonbrigðum, og þó að það sé leiðinlegt, þá er ekki hægt að komast hjá því að í þessu efni hlýtur hv. 9. þm. Reykv. að verða fyrir vonbrigðum, þar sem hæstv. forsrh. hefur vísað bænarorðum hans algerlega á bug. En ég óska þess að hann beri nú harm sinn í því efni vel, og ég veit að hann er svo reyndur og leikinn stjórnmálamaður að hann skilur þetta allt mætavel.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér hefur nú komið fram krafa frá Alþ. um það, að hæstv. ríkisstj. segi af sér og efni til nýrra kosninga. Undir þessa kröfu get ég tekið. Ég er sannfærður um að það eru fullar ástæður til þess að þing verði nú rofið og efnt til kosninga svo fljótt sem tök eru á.

Röksemdir mínar fyrir því, að það ætti að snúast þannig við málum, eru fyrst og fremst þær, að það er augljóst að núv. hæstv. ríkisstj. ræður ekki á neinn hátt við þann efnahagslega vanda sem við er að glíma í þjóðfélaginu. Það hefur þegar verið upplýst af opinberum aðilum, að það blasi við okkur vegna þeirra ákvarðana sem þegar hafa verið teknar af hæstv. ríkisstj., verðlagshækkun, miðað við mitt ár 1976 til miðs árs 1977, ef þróunin verður sú á árinu 1977 sem við má búast vegna þess sem þegar er búið að taka ákvarðanir um, þá muni framfærsluvísitalan hækka um 23.7% og þá ekki gert ráð fyrir neinum launahækkunum umfram það sem þegar er búið að semja um, nema aðeins að því leyti sem sú launahækkun, sem samið var um við opinbera starfsmenn og átti að koma eftir að samningar Alþýðusambandsins rynnu út, gengi einnig yfir þá launþega. Síðan þetta var reiknað út af Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands hafa skollið yfir miklar viðbótarverðhækkanir sem nú eru komnar til framkvæmda og ríkisstj. hefur beinlínis samþykkt. Það má því telja alveg víst að eftir framreikningsreglu Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu geti menn séð fyrir þá verðlagsþróun á nú nýbyrjuðu ári, að framfærsluvísitalan hækki a. m. k. um 25—26% áður en kemur til áhrifa af launahækkunum þeim sem allir reikna nú með að hljóti að koma til með að eiga sér stað. Þessar tölur, sem ég hef hér nefnt, hafa sem sagt verið lagðar fram af opinberum aðilum, reiknaðar út af Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands, og það eina, sem skakkar þar frá, er mín lauslega áætlun, að

ég hækka töluna 23.7%, sem er komin frá þeim, upp í 25—26% vegna þeirra viðbótarhækkana sem hafa komið til síðar. Það getur vel verið að talan mundi verða eitthvað hærri.

Nú segi ég að það er alveg augljóst mál að gera verður ráð fyrir því að um allverulegar launabreytingar verði að ræða á þessum vetri eða í vor vegna þeirra krafna, sem liggja fyrir frá verkalýðssamtökunum í landinu, frá samtökum opinberra starfsmanna og háskólamanna, og reyndar einnig til viðbótar frá bændastéttinni sem hefur sett fram þá formlegu kröfu að hún sætti sig ekki í næstu launahreyfingu við að fá laun sín hækkuð til jafns við viðmiðunarstéttirnar, heldur geri hún kröfu um að fá viðbótarhækkun til þess að jafna það nokkuð upp sem hefur verið vangreitt henni á undanförnum árum. Það er auðvitað á þessu stigi ekki gott að segja um hvað þessar launahækkanir verða miklar. Síðasta Alþýðusambandsþing benti á að það þyrfti að hækka mikið af þessum launum um nærri 30% til þess að jafna upp það launafall sem orðið hefur.

Ég segi: Það er alveg augljóst mál að miðað við þá stefnu, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur í verðlagsmálum almennt séð og efnahagsmálum, þá blasir hér við á næsta ári miklu meiri verðhækkun, miklu meiri verðbólguaukning en varð á s. l. ári. Það er alveg augljóst. Af þessum ástæðum höfum við alþb.-menn margbent á það hér á Alþ., að það sé lífsnauðsynlegt að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess að skapa svigrúm fyrir eðlilegar kauphækkanir án þess að þurfi að koma til mikilla verðhækkana í landinu. Þessu hefur ríkisstj. gersamlega neitað. Hún hefur skálmað áfram með meiri verðhækkanir en nokkru sinni fyrr. Eða hvað segja menn t. d. um það, að nú rétt um áramótin kemur eitt ríkisfyrirtækið, Skipaútgerð ríkisins, og fær að hækka bæði fargjöld og farmgjöld um 50% — eða ríkisfyrirtækið Póstur og sími sem fær að hækka gjöld sín að meðaltali um 30%. Auðvitað gefur þetta teikn um það, hvað er að gerast og hvað muni gerast í verðhækkunum hjá öðrum, enda hafa ýmsir fylgt þarna á eftir nú þegar.

Ég vil einnig benda á það, að ríkisstj. hefur beinlínis unnið að því á öðrum sviðum að hækka verðlag í landinu, auka á dýrtíð, einmitt nú þegar þurfti að skapa svigrúm vegna óhjákvæmilegrar þarfar á kauphækkun. Ríkisstj. ákvað að taka í ríkissjóð 2% söluskatt sem áður rann í Viðlagasjóð. Þegar komið var að því að Viðlagasjóður átti ekki að fá þessar neyðarráðstafanatekjur, þá tekur ríkisstj. þessi 2% og gerir að föstum tekjustofni ríkisins. Þarna var vitanlega tækifæri til þess að skapa svigrúm. Það sama gerði ríkisstj. í sambandi við olíugjaldið. Hún hirti það í ríkissjóð og jók þannig beinar álögur — fyrir utan það sem gengur áfram til olíuniðurgreiðslu — um einn milljarð. Sama er að segja í sambandi við hina nýju framlengingu á 18% vörugjaldinu, þessu tímabundna vörugjaldi. Þar var um álögur að ræða sem jafngilda 5.3 milljörðum á ári. En ríkisstj. neitaði að falla frá þessu gjaldi, og hún fór sínu fram. Hún fór sem sagt verðhækkunarleiðina, dýrtíðarleiðina. Og hún heldur jafnfast og áður í vaxtaokurpólitíkina sem vitanlega veltir sér áfram út í verðlagið í landinu með tilheyrandi verðhækkunarafleiðingum. Við sjáum að fjárlögin gera ráð fyrir því að ríkissjóður og ríkisfyrirtæki greiði vexti á næsta ári hvorki meira né minna en 8.8 milljarða. Og þetta er aðeins dæmi frá ríkinu. En vitanlega kemur þetta dæmi fram í öllum atvinnurekstri og í öllu verðlagi í landinu, að vextirnir eru orðnir hér í reynd meira en helmingi hærri en í okkar nágrannalöndum.

Það er þessi stefna ríkisstj. í efnahagsmálum m. a., sem ég hef hér verið að minnast á, sem mér sýnist að leiði út í beint öngþveiti, og það er ekki hægt að skilja viðbrögð stjórnarinnar í verðlagsmálum, sem hún stendur þarna að, á annan hátt en þann, að hún ætli sér að standa gegn eðlilegum og sanngjörnum kauphækkunum, sem krafist er nú, og stefna þar með öllu út í meiri háttar stöðvanir, sem vitanlega mundu geta leitt yfir okkur hreinan þjóðarvoða, því að það er alveg vitað mál og því verður ríkisstj. að gera sér fulla grein fyrir, að það þýðir ekkert að ætla að neita slíkri staðreynd eins og þar liggur fyrir, að launahækkunin nú verður að eiga sér stað og hún verður að vera allveruleg, með tilliti til þess, sem á undan er gengið í sambandi við kjaraskerðingu, og með tilliti til þess, hvernig þróunin hefur orðið almennt séð í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Mér sýnist því að ríkisstj. stefni í algert öngþveiti í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Mér sýnist að hún beiti í öllum þessum atriðum, sem ég hef vikið að, algerlega rangri stefnu. Þetta er ein meginástæðan til þess, að ég styð kröfuna um að ríkisstj. segi af sér og efni til nýrra kosninga. Ég er líka á þeirri skoðun að ríkisstj. njóti ekki trausts, þó að hún geti hér hangið á einhverjum meiri hluta alþm. Það er alveg augljóst mál, að það eru orðnar breyttar forsendur í landinu. Það er ekkert venjulegt að tvö dagblöð annars stjórnarflokksins, eða dagblöð sem gefin eru út á vegum þeirra manna sem styðja þann flokk, liggja beinlínis í hernaði við hinn stjórnarflokkinn og krefjast þess nú orðið að stjórnarsamstarfinu verði slitið. Og eitt af stærstu flokksfélögum innan Sjálfstfl. er líka búið að setja fram kröfu um að stjórnin víki eða vissir menn verði teknir út úr stjórninni. Þetta er heldur ekkert venjulegt. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að formaður Framsfl. sé ánægður með þetta og hann geti sagt með góðri samvisku: Ég ætla að hanga hvað sem öllu öðru líður. (**Dómsmrh.**: Hann ætlar að standa.) Ja, það fer nú ekki mikið fyrir þeirri stöðu nú sem komið er. En auðvitað á hann eins og aðrir að viðurkenna staðreyndir. Ef málið er orðið þannig að sá flokkur, sem stóð að samstarfi við hann, vill ekki lengur samstarf við hann, mikill hluti flokksins, tvö af þremur dagblöðum hans standa orðið á móti samstarfinu og stór flokksfélög, þá held ég að það sé kominn tími fyrir Framsfl. til þess að fara að átta sig á því hvers konar samstarf þetta er, að maður tali nú ekki um það, að það sé kominn tími fyrir hann að átta sig nokkuð á því hvað hann er að gera efnislega í þeim málum sem mestu skipta hjá þjóðinni. Mín skoðun er sú, að ástandið í stjórnmálum okkar

nú snúist ekki fyrst og fremst um það hvernig gengur með þetta eða hitt dómsmálið, á hvaða stigi það er. Og þrátt fyrir allt, sem má segja um Kröflumálið, þá veldur það ekki heldur neinum úrslitum í þessu máli hvað Krafla gerir. Hér er miklu stærra og meira undir. Það er hins vegar virkilega alvarlegt ef þannig verður haldið á t. d. í efnahagsmálum þjóðarinnar að stefnt sé í meiri háttar vinnustöðvanir á aðalframleiðslutíma þjóðarinnar, en sú stefna, sem ríkisstj. nú siglir eftir, leiðir beint út í slíkt öngþveiti. Deilur um dómsmálin í landinu og deilurnar um Kröflu koma auðvitað allar inn í þessa mynd. En það er mikill misskilningur hjá formanni Framsfl. ef hann heldur að þessi mál eigi ein að ráða úrslitum um það hvort stjórnin situr eða situr ekki.

Ég sem sagt endurtek það, að það er mín skoðun að aðkallandi þörf sé að gerbreyta um stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og nú standa sakir, og skapa grundvöll að því að hægt verði að semja um þær launabætur til handa vinnandi fólki í landinu, sem launþegasamtökin geta sætt sig við, og forðast þannig meiri háttar vinnustöðvanir. Ég sé ekki að stefna stjórnarinnar, sem hún hefur í þessum efnum, sé líkleg til að skapa slíkan grundvöll. Ríkisstj. hefur neitað því að breyta um stefnu. Það liggur fyrir. Því álít ég að best væri að stjórnin segði af sér og efndi til kosninga.

Ég vísa svo á bug þeirri kenningu hæstv. forsrh. að mála það eins og einhvern skratta á vegginn að efnt sé til kosninga í landinu. Ég geri ráð fyrir að ríkisstj. muni sitja á meðan kosningar fara fram. Hún getur vitanlega staðið að framkvæmd mála eins og henni líkar þá. Það kann að vera að það kæmi eitthvert hik á ráðh. með framkvæmdir í sumum efnum ef þeir stæðu þá frammi fyrir kjósendum um leið. En vitanlega er ekkert við það að athuga að kalla á dóm þjóðarinnar, óska eftir meira en aðeins atkvgr. hér á Alþ., fá að sjá hvernig þjóðin lítur á málin eins og þau verða lögð fyrir. Það er því alveg ástæðulaust að segja að allt þurfi að fara hér um koll ef þjóðin fær að greiða atkv. um málið. Mér finnst að þessi afstaða, sem fram kemur hér hjá hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., beri allt of mikið keim af því að þeir segi einfaldlega: Við ætlum að hanga hvað sem gerist og hvað sem allir segja, a. m. k. á meðan við fáum meiri hl. alþm. til þess að leyfa okkur að hanga. Þetta álít ég vera ranga leið. Hitt væri miklu eðlilegra, að snúast þannig við málum sem ég hef hér lagt til, og því styð ég fyrir mitt leyti þá kröfu sem hér hefur komið fram um þingrof og kosningar.

Forseti (Gils Guðmundsson): Þessar umr. utan dagskrár hafa nú snúist allmjög upp í það að vera almennar stjórnmálaumr., og ég geri fastlega ráð fyrir því, að ekki verði talið vinsælt og ekki réttlátt að skera þær mjög snögglega niður. Hins vegar munu hafa verið boðaðir þingflokksfundir kl. hálffimm. En ég tel nú eftir atvikum eðlilegt að þessum umr. verði haldið eitthvað áfram, nema þá alveg sérstakar óskir komi fram um að þeim verði frestað til þess að þingflokkafundir geti orðið haldnir. En það eru þegar tveir á mælendaskrá og þessum umr. verður þá haldið áfram, en væntanlega sjá hv. alþm. sér fært að takmarka nokkuð mál sitt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er meginverkefni Alþingis að sjá þjóðinni fyrir ríkisstjórn og því ekkert eðlilegra en að rætt sé um stöðu ríkisstj. hér á Alþingi. Það er ekki heldur óeðlilegt að gripið sé til umr. utan dagskrár þegar þing kemur saman eftir nokkurt hlé og stjórnarandstöðuflokki finnst nauðsynlegt að bera fram kröfu um að ríkisstj. víki. Það þjónar sínum tilgangi að slík krafa komi fram og ríkisstj. svari henni, þó að okkur sé fullkomlega ljóst að ríkisstj. hafi enn þá öruggan meiri hl. í þinginu.

Það var áberandi hvernig hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. svöruðu ræðu þeirri sem formaður þingflokks Alþfl. flutti þegar hann bar kröfu flokksins fram. Hæstv. forsrh. notaði óvenjulega sterk orð í hans munni a. m. k. um formann þingflokks Alþfl., og hæstv. dómsmrh. sá ástæðu til að flytja hér langt erindi með skýrslu um dómsmálin, sem er í sjálfu sér mjög þakkarvert. En það leit út eins og hann biði með hana tilbúna eftir tækifærinu og ætti von á því að það mundi koma.

Hæstv. forsrh. sagði að óskin um að stjórnin viki væri ekki nýjar fréttir og kallaði það sýndarmennsku að flytja þá kröfu hér inn á þing. Ég get fullvissað hann um að það er enginn straumur eða skjálfti í alþfl.-mönnum í þessu efni. Við höfum nóg að gera í okkar flokki og hugsum ekki til þess sérstaklega að komast upp í bælið, enda er það víst vel skipað þar sem maddama Framsókn liggur. Hitt er annað mál, að það er hlutverk stjórnarandstöðu að bera fram slíka gagnrýni. Ef einhvers staðar er straumur og skjálfti þessa dagana, þá er það í sjálfum herbúðum ríkisstj. Og ef krafan um, að ráðh. eða rn. fari frá, hljómar kunnuglega í eyrum hæstv. forsrh., þá er það af því að hann hefur heyrt hana oft undanfarna daga frá dagblöðum sem standa nærri Sjálfstfl. og frá öndvegisfélögum innan Sjálfstfl. eða stjórnum þeirra.

Ég get ekki fallist á þær röksemdir hæstv. forsrh., að það megi ekki undir neinum kringumstæðum ganga til kosninga vegna þess að það sé við mikil vandamál að stríða. Ég hélt satt að segja að því meiri sem vandamálin eru, því meiri ástæða væri oft til þess að láta þjóðina kveða upp sinn dóm, og ef bíða ætti eftir því að engin aðkallandi vandamál væru gæti sú bið eftir kosningum orðið býsna löng. Ég er ekki viss um að John Stuart Mill, sem hæstv. ráðh. vitnaði í nokkrum sinnum, mundi telja það eðlilega röksemd, að fólkið eigi ekki að fá að velja sér stjórn af því að það séu alvarleg vandamál við að stríða.

Í þessu sambandi má einnig varpa fram þeirri spurningu: Hvers vegna er þingrofsvaldið í íslensku stjórnarskránni? Það beinlínis gerir ráð fyrir að þær aðstæður geti skapast að ekki sé eðlilegt að ríkisstj. sitji kjörtímabil út. Það er aðeins eitt land í nágrenni við okkur sem hefur ekki þennan þingrofsrétt, Noregur, og er viðurkennt að það hafi skapað þar mikil vandamál. Við höfum fullyrt að mikill hluti þjóðarinnar

beri ekki lengur traust til núv. ríkisstj. og það sem verra er: beri ekki lengur traust til stjórnkerfisins sem heildar. — Ég vil taka það fram, að frsm. okkar notaði orðin mikill hluti, — hann sagði aldrei meiri hluti þjóðarinnar, — vegna þess að hann telur sig hafa rétt til að fullyrða það, þó að hæstv. dómsmrh. svaraði því eins og hann hefði mælt þannig. Hins vegar fullyrti hæstv. dómsmrh. sjálfur í lok ræðu sinnar að málsmetandi sjálfstæðismenn vildu að núv. ríkisstj. sæti áfram. Hvaðan kemur honum sú vitneskja? Ekki eru það þeir málsmetandi sjálfstæðismenn sem stjórna Heimdalli, ekki þeir málsmetandi sjálfstæðismenn sem standa að dagblaðinu Vísi. Hann gerir sig sem sagt sekan um sams konar fullyrðingu og hann ber upp á talsmann Alþfl. að ástæðulausu.

Það er alveg tvímælalaust að tiltrú þjóðarinnar á kerfi þjóðmálanna allra, ekki síst á dómsmálin, svo og á embættiskerfið og Alþ. sjálft líka, hefur farið hnignandi. Það er rík ástæða til að spyrna við því, m. a. með því að efna sem fyrst til kosninga og gefa þjóðinni kost á að láta í ljós áhyggjur sínar og skapa nýjar aðstæður í pólitík, en ekki aðstæður sem leiða til þess að hæstv. forsrh. og dómsmrh. lýsi þeim ásetningi sínum einum að þeir ætli að sitja eða standa á meðan stætt er í stjórn. Það er mikil bjartsýni um þá viðburði sem fram undan eru óhjákvæmilega, t. d. í launamálum, að gefa slíkar yfirlýsingar. Ég hygg að margir stuðningsmenn í báðum flokkunum, sem standa að ríkisstj., muni taka eftir þessum svardögum og minnast þess, hvaðan sá ósveigjanlegi vilji kom að þessi stjórn yrði að sitja áfram þótt hún hafi orðið fyrir slíkum áföllum og staðið sig það illa að full ástæða sé til að grípa til þingrofs og efna til kosninga.

Það voru nefndir hér þrír málaflokkar sem mjög eru ræddir manna á meðal, dómsmálin fyrst, síðan Kröflumál og efnahagsmálin síðast, en alls ekki síst. Það getur ekki komið á óvart neinum manni, sem fylgist með málum á Íslandi og les blöð hér á landi, að þessi mál skuli nefnd, þó að það megi nefna mörg fleiri. Vissulega er kjarninn sá, að ríkisstj. hefur ekki tekist að leysa veigamestu vandamálin, eins og efnahagsmálin, á nálægt því viðunandi hátt. Ísland er langt á eftir nágrannalöndunum í afturbata frá þeirri kreppu sem gekk yfir fyrir tveim árum. Skuldasöfnun þjóðarinnar hefur verið svo gífurleg að efnahagslegt sjálfstæði hennar verður senn í hættu. Við erum búnir að taka út, að því er mér skilst, öll dráttarréttindi, eins og það er víst kallað, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og skil ég ekki í öðru en það fari að verða þröngt um erlendar lántökur. Samt sem áður ætlar ríkisstj. að taka um 20 milljarða kr. lán á þessu ári, en af því fer helmingurinn í að borga vexti og afborganir af eldri lánum, sem sagt að velta skuldabagganum á undan sér.

Það var athyglisvert að hæstv. dómsmrh. skyldi hafa þessa löngu skýrslu svo að segja tilbúna, enda þótt ekki væri í sjálfu sér beinlínis að honum vikið í framsöguræðu, en málaflokkur hans að vísu nefndur sem heild. Það er líka athyglisvert, að í þessari ræðu er hæstv. dómsmrh. að svara ásökunum sem hafa komið fram beint og óbeint í öllum dagblöðum landsins nema málgagni hans eigin flokks, en þessar ásakanir hafa ekki komið fram í málflutningi okkar alþfl.-manna hér í dag. Engu að síður þakka ég fyrir skýrsluna og bið menn að íhuga þá röð af stórmálum sem hæstv. ráðh. taldi upp. Ekki leynir sér að þar er hvert öðru fyrirferðarmeira og alvarlegra. En það er ekki nema eitt af öllum þessum málum komið til dómstólanna. Í öllum hinum málunum stendur rannsókn enn þá og hefur staðið yfir rúmlega áratug í því elsta. Og þó að hæstv. ráðh. geti núna lofað því að það muni fara að rofa til og eitthvert þessara mála muni taka enda innan skamms, þá breytir það ekki því ástandi sem verið hefur. Almenningur er tortrygginn út af þeim málum sem ekki er lokið eftir langa vinnu, en hér fékkst nánast staðfesting á því að svo hafi verið, og er von að fólk hafi haft ríka ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu, enda þótt hæstv. ráðh. geti núna sagt að sumum þessara mála muni ljúka innan skamms. Tilefnið til opinberrar gagnrýni hefur verið ærið. En gagnrýnin hefur hjálpað til þess að hæstv. ráðh. ætlar sér nú á næstunni að gera tvö kraftaverk á dag í dómsmálum, þá mun því verða fagnað.

Annars vil ég benda mönnum á að í meðferð dómsmála hér á Alþ. hefur gengið á ýmsu milli flokka. Hæstv. ráðh. var á sínum tíma gagnrýndur hér og svaraði fyrir sig. En það hefur líka komið upp sú staða, að í veigamesta umbótafrv. dómsmálanna, sem hann hefur flutt, stóðum við alþfl.-menn með honum til að reyna að spyrna á móti því að sjálfstæðismenn gætu dregið þetta mál á langinn. Þeim tókst að draga það þannig að lögin koma ekki til framkvæmda fyrr en a. m. k. hálfu ári síðar en til var ætlast. Við höfum verið sjálfum okkur samkvæmir í þeim efnum, enda eru dómsmálin miklu, miklu alvarlegra mál, sem ristir djúpt hjá þjóðinni, heldur en að það sé hægt að afgreiða þau eingöngu á persónulegum grundvelli.

Það er alveg rétt að dómstólarnir eru þriðji þáttur ríkisvaldsins. En þrátt fyrir hina gömlu kenningu um skiptingu valdsins í þrennt koma þættirnir allir saman hér á Alþ., af því að með lögum setur Alþ. dómskipan og það eru ráðh. valdir af Alþ. sem skipa dómara í embætti, og fleira mætti upp telja. Það er ánægjulegt ef hæstv. dómsmrh. flytur nú frv. um betra skipulag við embættisveitingar í dómskerfinu. En hann er búinn að vera ráðh. í ein sex ár og væri betur að hann hefði flutt þá umbótatillögu fyrr.

Ég ítreka það, að það er mat svo að segja hvers manns, sem talað er við á förnum vegi, að horfur séu slæmar í íslensku þjóðlífi, vandamál mikil og traust á hinu opinbera: þinginu, ríkisstj., dómskerfinu og embættismannakerfinu, hefur ekki í manna minnum verið minna. Það er hlutverk Alþ. öðrum fremur að gera ráðstafanir til að rétta lýðveldið við og byggja upp aftur traust fólksins á því.

Að lokum vil ég lýsa yfir ánægju minni með það, að hæstv. dómsmrh. sagði í lok ræðu sinnar að hann teldi að ályktun þings Alþýðusambands Íslands um kjaramál hefði verið skynsamleg. Ég fagna þessu. Í þessari ályktun var m. a. sagt, að það væri álit þingsins að fjölskyldur

þyrftu að hafa a. m. k. 100 þús. kr. á mánuði í tekjur. Við alþfl.-menn fluttum fyrir jólin frv. í sambandi við þetta, — það átti að vísu að gilda skamman tíma, fram til næstu samninga, — en ekki bar mikið á stuðningi frá hæstv. ráðh., flokki hans eða öðrum stjórnarsinnum við það. En látum það eiga sig. Við skulum hins vegar vona að hæstv. ráðh. standi við þetta og að ríkisstj. sýni það betur í verki en hún gerði í síðustu aðalkjarasamningum þegar hún sleppti gullnum tækifærum til að taka í framrétta hönd alþýðusamtakanna og semja um þau mál. Við skulum vona að afskipti hennar verði jákvæðari, úr því að það er svo mikilvægt að hæstv. ráðh. sitji meðan þeir geta í ráðherrastólunum, en vilja ekki rjúfa þingið og veita þjóðinni rétt til þess að stokka spilin eins og þjóðin áreiðanlega vill fá að gera.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tók eftir því áðan í ræðu hæstv. forsrh., að lengi vel framan af ræðu hans virtist mér svo sem það væri það eina, sem hugsanlega stæði í vegi fyrir því að hann notaði þingrofsvald sitt, að hann teldi sig ekki vita nægjanlega mikið um hvað Alþfl. vildi í ákveðnum málum. Þetta breyttist að vísu þegar lengra leið. Í lok ræðunnar fullyrti hæstv. ráðh. að hann mundi ekki að svo komnu máli a. m. k. nota þetta vald sitt. Hitt ætti hæstv. ráðh. ekki að þurfa að fara í grafgötur með, hvaða hugmyndir Alþfl. hefur t. d. í þeim þremur málum, sem nefnd voru hér í upphafi: dómsmálum, Kröflu og launa- og kjaramálum.

Það kom fram á Alþ. þegar í hittiðfyrra, var ítrekað aftur í fyrra og enn aftur í umr. um Kröflumálið í vetur, að Alþfl. er þeirrar skoðunar að taka eigi og taka hafi átt viðvaranir okkar fremstu jarðvísindamanna alvarlega og slá á frest frekari framkvæmdum við Kröflu þangað til séð yrði í fyrsta lagi, hvort árangur mundi nást af gufuleit þar, og í öðru lagi, hver markaðsskilyrði fyrir þessa orku væru. Í staðinn ætti að verja þeim fjármunum, sem ella færu til Kröfluvirkjunar, til þess að hraða gerð byggðalínunnar svokölluðu norður, til þess að leysa með þeim hætti úr vanda norðlendinga í raforkumálum. Þessi stefna Alþfl. hefur legið fyrir á þriðja ár. Hæstv. forsrh. ætti að þekkja hana eins vel og allir aðrir þm. a. m. k. Og manni virðist að það sé að koma í ljós, að þessi skoðun, sem við héldum á loft í Alþfl. fyrst fyrir tveimur og hálfu ári, hún sé að dæmast rétt af reynslunni.

Í öðru lagi spurði hæstv. forsrh. hver væri stefna Alþfl. í dómsmálunum. Það hefur einnig legið fyrir að við höfum stutt þau frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt og hafa verið samin af svokallaðri réttarfarsnefnd, og ekki aðeins samin að tilhlutan hennar, heldur einnig byggð á ályktunum sem t. d. félög lögmanna og héraðsdómenda hafa látið frá sér fara. Ég man t. d. ekki betur en það séu samtök héraðsdómara sjálfra sem áttu frumhugmyndina að því frv. sem nú hefur verið lagt fram um að sérstök dómnefnd verði skipuð þegar á að ráða í stöður héraðsdómara. Ég held að það sé örugglega rétt hjá mér, að það var félag héraðsdómenda sjálfra sem krafðist að þetta yrði gert. Sú krafa var fram sett í valdatíð hæstv. dómsmrh., og mér er ekki kunnugt um að fyrr hafi þetta félag eða annað svipað talið sig til þess knúið að setja slíka ályktun fram. Þessu til viðbótar höfum við alþfl.-menn lagt fram hér á Alþ. — gerðum það í upphafi þings í haust — till. sem hæstv. ráðh. minntist á í ræðu sinni áðan, þess efnis, að Nd. Alþ. kjósi úr sínum hópi nefnd þm. til þess að taka dómsmálin og framkvæmd dómsmála til rannsóknar og athugunar í því skyni, að þingið sjálft gæti átt frumkvæði að úrbótum í þessum málum, og einnig í því skyni að svara margframkomnum ábendingum og áskorunum almennings í landinu um að Alþ. haldi einmitt þann veg á þessu máli. Einnig í þessum málaflokki liggur því hreinlega fyrir hvað Alþfl. vill.

Að vísu væri freistandi í tilefni af orðum hæstv. dómsmrh. áðan að ræða nokkuð ítarlegar um dómsmálin en hefur verið gert til þessa. Ég ætla samt ekki að gera það, einfaldlega vegna þess að þessi þáttur málanna er aðeins einn þátturinn af mörgum sem gera það að verkum að þingflokkur Alþfl. hefur komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé nú að Alþ. endurnýi umboð sitt frá kjósendum. E. t. v. gefst áður en langur tími líður tækifæri til þess að taka dómsmálin sérstaklega fyrir og mun ég sannarlega ekki skorast undan því að gera það, m. a. í ljósi þeirra upplýsinga sem komu frá hæstv. dómsmrh. og ég tel að séu að miklu leyti á mjög alvarlegum misskilningi byggðar.

Ég ætla þó ekki að láta hjá líða að nefna í þessu sambandi að það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðh. að þm. verða að ganga erinda sinna kjósenda. En það eru þeir sjálfir, þm., sem verða að velja og hafna í þessu sambandi. Það er engin nauðsyn sem hvetur þá til þess að taka að sér hvaða mál sem er eða ganga erinda hvers sem er. Og því miður held ég að það sé staðreynd, að þessi fyrirgreiðslupólitík, sem þannig er kölluð, — og á ég þar ekki aðeins og síður en svo eingöngu við fyrirgreiðslupólitík stjórnmálamanna eða þm., ekkert síður svokallaða fyrirgreiðslupólitík annarra valdaaðila í þjóðfélaginu, — að hún sé því miður oft undirrót þess að ýmislegt getur gerst sem ekki ætti að gerast, vegna þess að þeir aðilar t. d., sem uppvísir verða að hvers konar fjársvikum og prettum, hafa oftar en ekki getað stundað þá iðju aðeins vegna þess að þeir hafa notið fyrirgreiðslu manna í valdastöðum, og þar á ég síður en svo eingöngu við pólitíkusa. Þeir hafa notið fyrirgreiðslu slíkra manna sem hefur gert þeim fært að stunda þessa iðju.

Í kaupstað einum úti á landi var fyrir nokkrum árum þannig farið að þar voru tveir flokkar nokkurn veginn jafnsterkir sem börðust um völdin. Aðrir flokkar áttu þar ekki upp á pallborðið hjá kjósendum. Síðan gerist það, að á þennan stað kemur nýr maður sem ráðinn er sem forsvarsmaður bankaútibús. Það líður ekki á löngu áður en þessi nýi bankastjóri verður mjög umsvifamikill í pólitík á vegum annars flokksins, sem hafði ekki átt upp á pallborðið hjá kjósendum á þessum stað nokkuð lengi. Síðan var gengið til kosninga og þessi bankastjóri boðinn fram. Í flokki hans var óvenjulega heiðvirður og elskulegur maður sem tók þátt í því með öðrum að

spá hver úrslitin mundu verða í þessum kosningum. Menn spáðu þessum flokki, sem bankastjórinn gekk fram fyrir skjöldu fyrir, svipuðu atkvæðamagni og hann hafði haft að undanförnu, 80—100 atkv., og trúðu því lítt þegar þessi vandaði og heiðvirði ágætismaður, sem nú er nýlega látinn, sagði: „Ja, nú fær flokkur minn a. m. k. 300 atkv.“. „Það getur ekki verið,“ sögðu menn við þennan heiðvirða, gamla og góða mann. „Jú, jú,“ svaraði hann. „Flokkurinn á þetta 70, 80, 90 atkv. og bankinn á hitt.“ Og það reyndist vera rétt. Orð þessa gamla, vísa og fróma manns gengu eftir. Þetta sýnir okkur talsvert, hvað fyrirgreiðslan og fyrirgreiðslupólitíkin á ríkan þátt ekki aðeins í stjórnmálalífi okkar íslendinga, heldur á miklu fleiri sviðum. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki Gróusaga?) Þetta er engin Gróusaga, hæstv. ráðh. Þetta er saga sem sjálfsagt nokkuð margir alþm., sem hér eru staddir inni, geta staðfest að rétt er. En látum það liggja milli hluta.

Ég sagði hér áðan og skal ljúka máli mínu með því, að við þm. Alþfl. lögðum fram hér í haust till. til þál., lögðum hana fram í Nd. Alþ., þess efnis, að Alþ. kysi sérstaka n. þm. til að rannsaka gang og framkvæmd dómsmála. Þessari till. var vísað til allshn. Nd. til athugunar. Vegna þess, hve mikið allshn. Nd. hefur haft að gera við að kynna sér ýmis þau mál sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram og horfa mjög til bóta og hafa nú verið afgreidd, hefur n. ekki enn komist til þess að taka þessa till. til umfjöllunar. Ég hef hins vegar haft samband við formann n. og óskað þess mjög eindregið, m. a. í ljósi síðustu viðburða, að n. hraði afgreiðslu sinni á þessari till. Formaður n. hefur tekið því vel og heitið mér því, að haldinn verði fundur í allshn. Nd. á allra næstu dögum til þess að taka þetta mál fyrir.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að minna á að hæstv. dómsmrh. komst þannig að orði í ræðu sinni áðan, að væntanlega muni þessi mál, þ. e. a. s. dómsmálin, skýrast þegar rannsóknarnefnd þessi tekur til starfa. Hæstv. ráðh. sagði: þegar, en ekki ef. Ég vil mega vænta að þessi orð hans megi skoðast þannig að a. m. k. hæstv. ráðh. sé ekki andvígur því að þessi rannsóknarnefnd verði skipuð, og ég vona að flokksbræður hans í n. verði sama sinnis.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs utan dagskrár í tilefni af því, að fréttir bárust um það í morgun að svo væri komið á Austurlandi að flestar af loðnubræðslunum þar hefðu orðið að stöðva rekstur sinn vegna bilana sem fram hafa komið í rafmagnskerfinu þar eystra. Hér er auðvitað um mjög alvarlegt mál að ræða, og ég tel því fulla ástæðu til þess í sambandi við það, sem þarna hefur gerst, að minna aðeins á hve alvarlegt ástand er í raun og veru í rafmagnsmálum á Austurlandi. Þannig er háttað að þær tvær vatnsaflsvirkjanir, sem heitið geta eitthvað á Austurlandi, eru uppi á Fljótsdalshéraði: Lagarfossvirkjun og Grímsárvirkjun. Frá þeim virkjunum liggja tveir aðalflutningastrengir til fjarða, annar til Seyðisfjarðar, en hinn liggur þannig niður um Fagradal að hann tengist við Neskaupstað, Eskifjörð, Reyðarfjörð og síðan alla firðina suður eftir til Djúpavogs. Nú er það svo, að það var öllum ljóst að þessi eini strengur, sem flytur aðalrafmagnið af Héraði og niður til fjarðanna, var orðinn algerlega ófullnægjandi. Hann gat ekki einu sinni flutt alla þá orku, svo lítil sem hún annars er sem við framleiðum, frá vatnsaflsstöðvum uppi á Héraði, í Lagarfossi og í Grímsá, — þessi strengur gat ekki einu sinni flutt alla þessa orku til notendanna niður á firði. Þurfti því gjarnan að nota dísilvélar einnig til að geta haldið uppi eðlilegum rekstri á ýmsum tímabilum.

Fjárveitingar fengust til þess að leggja annan streng frá orkuveitusvæðinu uppi á Héraði niður á firði á árinu 1975. En þá var þannig staðið að málum að fjárveitingin var skorin niður og engar framkvæmdir voru þá í þessum efnum. Á s. l. ári tókst að fá fjárveitingu til þess að leggja annan flutningastreng frá virkjanasvæðinu uppi á Héraði niður á firði. Það kostaði að vísu allmikið þref og leit lengi þannig út að þm. Austurl. ætlaði ekki að takast að fá þessa fjárveitingu, en það tókst þó. En framkvæmdin varð síðan með þeim hætti, að það var ekki staðið við að leggja línuna alla leið, koma henni í gagnið. Hún er enn hálflögð. Því hefur nú farið svo, að þegar þessi eina lína bilar, þá stöðvast rafmagnssending frá virkjununum uppi á Héraði til nær allra staða niðri á fjörðunum fyrir austan.

Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál, ekki aðeins fyrir austfirðinga, heldur fyrir landsmenn almennt, eins og nú standa sakir. Ég vil af þessum ástæðum, hvernig til hefur tekist, beina þeim tilmælum til hæstv. iðnrh., að hann sjálfur persónulega kynni sér þetta mál rækilega og fylgist með því að þeir, sem hér hafa með framkvæmdir að gera, standi öðruvísi og betur að þessum málum en verið hefur því að aðstaða í þessum efnum er satt að segja alveg hrikaleg. Þrátt fyrir eftirgangsmuni okkar þm. allra sameiginlega af Austurlandi í þessum efnum hefur ekki betur tekist til en þetta.

Ég ætla ekki að bæta hér við þetta mörgu því sem við gjarnan tölum um þegar við þurfum að minnast á ástandið í orkumálum hjá okkur fyrir austan, en það er í lakara ástandi en í nokkrum öðrum landsfjórðungi. Ég aðeins ítreka það, að hæstv. ráðh. kynni sér þetta mál og beiti öllum sínum áhrifamætti til þess að úr þessu verði bætt, ekki aðeins núna með skyndiviðgerð, sem eflaust verður gert, heldur einnig á þann hátt að þessu flutningakerfi verði komið í það lag sem er viðunandi fyrir okkur. Þetta sýnir okkur auðvitað það líka, að það er ófullnægjandi fyrir okkur á Austurlandi að búa yfirleitt við það að treysta aðeins á einn flutningsstreng með alla okkar orku. Það verður út af fyrir sig gott að fá línu yfir hálendið frá Norðurlandi og austur og viðbótarorku inn á okkar svæði. En þetta sýnir okkur líka að slíkt er vitanlega engan veginn nægilega öruggt. Hér er auðvitað um að ræða gífurlega mikil verðmæti sem eru í húfi og getur illa farið, og því verður að kosta hér til fjármagni.

Ég endurtek það, að ég óska eftir því að hæstv. ráðh. kynni sér þetta sjálfur og beiti afli sínu til úrbóta.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu verða við óskum hv. 2. þm. Austurl. Ég vil aðeins skýra frá því að bráðabirgðaviðgerðir og lagfæringar vegna þeirra atburða, sem gerðust á Austurlandi, eru sæmilega á vegi staddar, þannig að viðgerð Eskifjarðarlínunnar, sem um 200 m breitt snjóflóð féll á, verður lokið nú í nótt, að því er rafmagnsveitustjóri ríkisins tjáði mér nú fyrir skömmu. Varðandi Stuðlaheiðarlínuna sem slitnaði, þ. e. a. s. frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar, þá eru menn komnir þar nú til viðgerðar og er gert ráð fyrir að bráðabirgðaviðgerð verði lokið þar í kvöld þannig að skömmtun á þessu svæði verði væntanlega aflétt í nótt.

Það hafa einnig verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta þarna úr orkuskorti með dísilvélum. Í þessari viku munu verða teknar tvær nýjar dísilvélar í notkun á Djúpavogi og Eskifirði.

Ég vil, án þess að fara frekar út í þessi atriði nú, aðeins undirstrika það, sem bæði kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. og margoft hefur verið bent á áður, að rafmagnsástand á Austurlandi er óviðunandi. Það eru einkum tvær meiri háttar framkvæmdir sem þar hefur verið ákveðið að ráðast í. Önnur er sú virkjun Bessastaðaár sem sett voru lög um haustið 1974. Hefur verið unnið að rannsóknum, undirbúningi og hönnun þar síðan. Ég er sammála hv. þm. um að það er auðvitað brýn nauðsyn að stór rafvirkjun verði byggð í þessum landsfjórðungi. Hin meiri háttar ráðstöfunin er sú að leggja austurlínu frá Norðurlandi til Austurlands og verður byrjað á henni nú á þessu ári. Fékkst hálfur milljarður tekinn upp í lánsfjáráætlun í því skyni, og ætlunin er að henni verði lokið á næsta ári, 1978. Þessar tvær stórframkvæmdir þurfa að komast fram sem allra fyrst. En á meðan þær eru ekki komnar, önnur hvor eða helst báðar, þarf að sjálfsögðu að reyna til hins ítrasta ekki aðeins að bæta úr því ástandi, sem nú er, heldur reyna að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Ég mun verða við óskum hv. þm. og kynna mér þetta mál sem best.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Samanburður á vöruverði, fsp. (þskj. 100). — Ein umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar Eyjólfur Sigurðsson tók sæti hér á Alþ. í fjarveru minni um hálfs mánaðar skeið í nóvembermánuði s. l. bar hann fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskrh., hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af könnun verðlagsstjóra á vöruverði í smásölu í London annars vegar og í Reykjavík hins vegar:

1. Í hvaða tilgangi var könnunin gerð?
2. Telur ráðh. nauðsynlegt að kanna nánar hvers vegna innkaupsverð á vörum til Íslands virðist vera svo miklu hærra en til annarra aðila?
3. Er fyrirhugaður frekari samanburður á vöruverði í viðskiptalöndum íslendinga?“

Þannig hljóðar fyrirspurnin. Þessi fyrirspurn var fram borin að gefnu tilefni, tilefni sem full ástæða var til að leiddi til fyrirspurnar hér á hinu háa Alþingi. Verðlagsstjóri, sem er mjög dugmikill embættismaður og ágætlega fær til síns starfs, mun hafa tekið upp hjá sjálfum sér, óhvattur af öðrum aðilum, að gera samanburð á smásöluverði í London og í Reykjavík á sömu vörum, vörum sem fluttar eru frá London eða frá Bretlandi til Íslands. Þegar hann kom heim úr þessum leiðangri skýrði hann svo frá í fjölmiðlum, m. a. í sjónvarpi, að að sumu leyti óskýranlegur munur væri á vöruverði ýmissa vöruteg unda í þessum tveim löndum, en tók að sjálfsögðu fram að hann hefði ekki kannað málið til fyllstu hlítar. En skýrsla þessa ágæta og mjög grandvara embættismanns til þjóðarinnar í fjölmiðlum var á þann veg, að full ástæða væri til að ætla að ekki væri allt eins og það ætti að vera varðandi verðlagningu hér á Íslandi á vörum sem gerð væru innkaup á í Bretlandi.

Nú er mér fullvel ljóst sökum langra kynna af verðlagsmálum og verðlagningarmálum, hversu gífurlega miklum erfiðleikum er bundið að gera réttan og sanngjarnan samanburð á verði jafnvel sömu vöru á tveim stöðum, hvað þá í tveim löndum. En vegna þess að æðsti embættismaður ríkisvaldsins á þessu sviði, sjálfur verðlagsstjórinn, sá ástæðu til að gera könnun á málinu að eigin frumkvæði og gaf skýrslu um málið, að vísu bráðabirgðaskýrslu, sem hlaut að vekja ýmsar spurningar, þá var fyllsta ástæða til þess hjá hv. þáv. þm. Eyjólfi Sigurðssyni að bera fram fyrirspurn þá sem ég hef nú lesið og gert stuttlega grein fyrir og vænti þess að fá svör við frá hæstv. viðskrh.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt um hver hafi verið tilgangurinn með þeim samanburði sem um er rætt.

Tilgangur könnunar verðlagsstjóra var aðallega tvíþættur. Fram til þessa hefur eftirlit með verðlagi innfluttra vara fyrst og fremst byggst á upplýsingum frá innflytjendum sjálfum. Verðlagsstjóri taldi eðlilegt, að fá fyllri upplýsingar um innkaupsverð í viðskiptalöndum okkar, og m. a. þess vegna var þessi könnun gerð. Jafnframt höfðu skrifstofu hans borist margar fyrirspurnir frá ýmsum aðilum vegna mismunar á vöruverði út úr verslunum hér og erlendis. Verðlagsstjóri taldi rétt að kanna einnig þá hlið málsins.

Í öðru lagi spyr þm. hvort ráðh. telji nauðsynlegt að kanna nánar hvers vegna innkaupsverð á vörum til Íslands virðist vera miklu hærra en til annarra aðila.

Ég vil fyrst taka það fram vegna orðalags fyrirspurnarinnar, að þær upplýsingar, sem verðlagsstjóri hefur gefið út til þessa, ná einungis til enskra og íslenskra aðila. Hann mun væntanlega síðar fá sambærilegar upplýsingar frá öðr-

um þjóðum. Samkv. upplýsingum verðlagsstjóra geta verið ýmsar ástæður fyrir umræddum mismun. Er verið að athuga það mál nánar og ég ætla ekki að gera það frekar að umtalsefni hér. Hv. fyrirspyrjandi gerði líka grein fyrir því, að honum væri ljóst að ýmsar ástæður gætu legið til þessa mismunar.

Loks spyr þm. hvort fyrirhugaður sé frekari samanburður á vöruverði í viðskiptalöndum íslendinga.

Ég get skýrt frá því, að Verðlagsskrifstofan hefur tekið upp samstarf við norræn verðlagsyfirvöld og nær það samstarf m.a. til samanburðarathugana á vöruverði. Mér er kunnugt um að nokkrar Norðurlandaþjóðanna vinna nú að slíkum athugunum, en vegna umfangs þeirra get ég ekki fullyrt hvenær niðurstöður liggja fyrir. En ég get fullvissað fyrirspyrjanda um að þeirri nýjung í starfi Verðlagsskrifstofunnar að fylgjast með verðmyndun erlendis mun verða haldið áfram. Ég hefði e.t.v., ef ég hefði látið dragast að svara þessari fyrirspurn nú, getað gefið aðeins fyllri upplýsingar um það eftir viku eða svo, af því að þessi mál eru einmitt í deiglunni, en ég vil ekki fara frekar út í það nú.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svörin. Ég vil í framhaldi af því leggja áherslu á að því starfi, sem verðlagsstjóri hefur að mínu viti góðu heilli hafið, þ. e. að gera samanburð á verðlagi sams konar vöru hér og erlendis, verði haldið áfram og því hraðað svo mikið sem frekast eru föng á.

Í því sambandi vil ég leyfa mér að minna á, að ég hef flutt till. um það hér á hinu háa Alþ. að gerður verði samanburður á launakjörum helstu atvinnustétta hér á Íslandi annars vegar og á hinum Norðurlöndunum hins vegar. Ég get sagt það hér, eins og ég sagði áður, að mér er auðvitað ljós vandinn sem er á slíkum samanburði. Margt bendir þó til þess, eins og ég nefndi dæmi um í fyrri umr., að launamismunur sé orðinn svo stórkostlegur að það þurfi að leita alveg sérstakra skýringa á því ef hann á ekki að bera vott um að íslenskir atvinnuvegir séu miklu vanfærari um að greiða sanngjarnt kaup heldur en hliðstæðir atvinnuvegir í nálægum löndum. En ég vona að þessi till. verði samþ. og að hinum færustu mönnum verði falið að framkvæma þá athugun. En einmitt í því sambandi ber sérstaka nauðsyn til að gera þann samanburð á verðlagi hér á Íslandi og í nálægum löndum sem þessi till. fer fram á. Ég fagna jákvæðum undirtektum hæstv. ráðh. undir að til þessa samanburðar verði efnt og það sem fyrst.

Útgáfa lagasafns í lausblaðabroti, fsp. (þskj. 103). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 103 hef ég lagt fram fsp. til dómsmrh. um útgáfu lagasafns í lausblaðabroti. Eins og augljóst má vera er hér ekki um stórpólitískt mál að ræða. Þetta er fyrst og fremst vandamál tæknilegs eðlis, en þó vissulega vandamál sem snertir æðimarga, þá sem fást við löggjöf og lögfræði hvers konar, alþm., lögmenn, dómara og embættismenn, og auðvitað ekki síður allan almenning sem verður að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um hvað eru lög á hverjum tíma.

Það er segin saga að lagasafn er orðið úrelt þegar það er gefið út. Þannig var það þegar lagasafnið kom út 1974, að þá voru þar lög fram á mitt ár, en vantaði alveg seinasta árið. Síðan líða venjulega mörg ár, og þeim mun lengri tími sem líður, þeim mun óljósara verður í mörgum tilvikum hvað eru lög, nema menn haldi því mjög vel til haga, sem hér er samþ., og færi það jafnóðum inn í lagasafn sitt með viðeigandi tilvitnunum. Af þessu hafa hlotist alvarleg mistök, eins og stundum hefur verið bent á, ekki síst við dómstóla landsins, og er það að sjálfsögðu algjörlega óviðunandi.

Af þessari ástæðu flutti ég á þingi 1973 till. til þál. um að ríkisstj. væri falið að láta nú þegar undirbúa útgáfu lagasafns sem yrði í lausblaðabroti og bundið með þeim hætti, að áskrifendur lagasafnsins gætu framvegis fengið ný lög og lagabreytingar, sem felldar hafa verið inn í viðkomandi lög, sérprentaðar á lausum blöðum, svo að stöðugt verði fyrir hendi fullkomið handhægt lagasafn fyrir lærða sem leika. Það er skemmst af að segja að þessi till. fékk mjög góðar undirtektir á sínum tíma og hún hlaut eindreginn stuðning bæði Dómarafélagsins og Lögfræðingafélagsins. Hún hlaut einnig einróma stuðning allshn. Sþ. og var samþ. hér í Sþ. á fundi 30. mars 1973. Síðan eru senn liðin 4 ár og er því ekki óeðlilegt að spurt sé hvað líði framkvæmd þessarar samþykktar.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þegar þál. var samþ. 30. mars 1973 um útgáfu lagasafns í lausblaðaformi var langt komið undirbúningi að útgáfu lagasafns 1973, sem kom út snemma árs 1974 með lögum til vors 1973. Dómsmrn. gerði eftir samþykkt þál. gangskör að athugun á fyrirmyndum um lausblaðaform á lagasöfnum. Var sú athugun gerð með aðstoð utanrrn. Kom í ljós að á Norðurlöndum er þetta form á útgáfu almenns lagasafns ekki notað, og raunar fengust mjög litlar upplýsingar um þetta útgáfuform sem að gagni mættu verða, að því er talið er. Eina dæmið, sem fengist hafa upplýsingar um, er frá Vestur-Þýskalandi, en þess er að gæta að í því eru ekki birtar neinar staðbundnar réttarreglur.

Þau óþægindi, sem af því stafa, er frá útgáfu lagasafns líður, eru öllum ljós sem þurfa að nota lagasafn að staðaldri. Dómsmrn. hefur því undirbúið úrlausnarleið sem það telur vert að reyna í framkvæmd áður en frekar verður að gert.

Ég vona að nú fljótlega verði prentað endurskoðað efnisyfirlit Lagasafnsins með tilvísun í lagaefni til ársloka 1976 bæði í Lagasafninu og í Stjórnartíðindum eftir útgáfu þess. Mun þetta mjög létta notkun Stjórnartíðinda með Lagasafninu. Í framhaldi af þessu verður jafnframt kannað hvort enn frekari úrbætur séu tiltækar með sæmilega viðráðanlegum hætti kostnaðarlega þegar lengra líður frá útgáfu lagasafnsins.

Hafa verður í huga að lausblaðaform á lagasafni hefur ýmsar skuggahliðar fyrir notkun hins almenna borgara, m.a. er samfelldu blað-

síðutali kastað fyrir róða. Á hinn bóginn sýnist lítt æskilegt af kostnaðarástæðum að gefa út samhliða tvenns konar lagasöfn. Hins vegar hefur dómsmrn. fullan hug á að standa að aukinni samræmingu á prentun og útgáfu á lagaefni A-deildar Alþingistíðinda, Stjórnartíðinda og Lagasafns. Í framhaldi af því er rétt að haft verði í huga lausblaðaform, eftir því sem kostur er.

Það má segja að það skorti vissulega á um framkvæmd þeirrar þál. sem hér var gerð einróma, eins og hv. fyrrispyrjandi gerði grein fyrir. En það kemur stundum fyrir að hv. þm. samþ. þáltill. án þess að hafa e. t. v. alveg grandskoðað hvernig þeim verði komið í framkvæmd, og það hefur, eins og ég hef gert grein fyrir með þessari grg. frá dómsmrn., sýnt sig að það eru erfiðleikar og nokkur kostnaður við það að taka upp þetta form, lausblaðaform á lagasafninu, sem þekkist ekki heldur, eftir þeim upplýsingum sem aflað hefur verið af dómsmrn., nema á þeim stað sem ég drap á áðan.

Ég get nefnt í þessu sambandi að í nýlega útkomnu Tímariti lögfræðinga bendir Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari á ýmis atriði einmitt í sambandi við lagaútgáfu, og er sjálfsagt að taka þau atriði, sem hann bendir þar á, til skoðunar. E. t. v. gætu þau að einhverju leyti leyst þann vanda sem mönnum er nú ljóst að er hér fyrir hendi þegar líður nokkur tími á milli útgáfu lagasafns. En eins og menn geta kynnt sér, þá er útgáfa lagasafns allkostnaðarsamt fyrirtæki.

Ég get ekki á þessu stigi gefið frekari upplýsingar um þetta, en endurtek að það verður gerð nokkur úrbót sem gæti orðið til nokkurrar úrlausnar og verður áfram hugað að því að finna leiðir í þessum efnum, en þáltill. hefur ekki reynst unnt að framkvæma eftir bókstafnum enn þá.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svar hans. Ég vona að ekki hafi átt að skilja orð hans svo, að hann teldi að framkvæmd þáltill. væri ekki tæknilega möguleg, enda upplýsti hann í svari sínu að þessi tilhögun væri viðhöfð sums staðar erlendis, m. a. í Vestur-Þýskalandi. Hann var að vísu að ýja að því að dómsmrn. mundi velja aðra leið en þá, sem ákveðin var við samþykkt þáltill., með því að gefa út endurskoðað efnisyfirlit yfir samþykkt lög. En ég vil leggja á það áherslu, að ég tel að það sé ákaflega ófullkomin lausn á þessum vanda, því að staðreyndin er sú, að það er ekki aðeins að fólk þurfi að vita, hvaða lög hafa verið samþ., og hafa gott yfirlit yfir það, heldur er miklu erfiðara við það að eiga þegar gerðar eru aftur og aftur breytingar á eldri lögum og breytingarnar geta þar með með tíð og tíma orðið býsna ruglingslegar ef viðkomandi lagabálkur er aldrei prentaður í heild sinni.

Ég vil leggja á það áherslu að þegar þessi þáltill. var samþ. hafði málið verið skoðað sérstaklega bæði af Lögfræðingafélaginu og af Dómarafélaginu og þessir aðilar sendu jákvæð meðmæli með þessu máli. Það mega því vera nokkuð sterk rök sem dómsmrh. telur sig hafa á hendi ef hann ætlar sér að hundsa þessa þál.

Hann vísaði til þess, að þessi þáltill. hefði verið samþ. einróma í þinginu, og gaf í skyn, að stundum væri verið að samþ. hér eitt og annað sem menn vissu ekki almennilega hvað fæli í sér. Ég vil leiðrétta dómsmrh. hvað þetta atriði snertir. Þetta er misminni hjá honum. Þessi þáltill. var ekki samþ. einróma hér í þinginu. Hún var samþ. að viðhöfðu nafnakalli og greiddi 21 atkv. með henni, en 13 atkv. á móti, þ. á m. hæstv. dómsmrh. Hann barðist mjög heiftarlega gegn samþykkt þessarar þáltill. og m. a. óskaði eftir nafnakalli þar sem hann gerði grein fyrir atkv. sínu og undirstrikaði það, að hann vildi fella þessa till. En hann fékk því ekki ráðið, heldur samþ. Alþ. að hún skyldi ná fram að ganga, þrátt fyrir það að dómsmrh. hefði þessa afstöðu. Ég tel því að hæstv. ráðh. þurfi að hafa þeim mun þyngri rök á bak við þá afstöðu sína, ef hann ætlar með þessa afgreiðslu Alþ. í huga að sniðganga niðurstöðu af þessari atkvgr. Ég vænti þess að svo verði ekki og að hæstv. ráðh. hafi í huga, hver þingviljinn var í þessu máli, þegar hann tekur ákvörðun um það, sem vonandi verður fyrr en síðar, með hvaða hætti verði haldið á þessu máli af hálfu dómsmrn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa leiðrétt misminni mitt. Það er ákaflega ánægjulegt þegar maður uppgötvar að maður hefur þó einhvern tíma áður verið skynsamari heldur en maður hélt að maður hefði verið. Ég hef trúlega séð þá ýmsa annmarka á þessari útgáfu og bent á það, þó að mér hefði nú verið horfin úr minni málsmeðferðin. En það skiptir ekki máli. Þessi till. var samþ. hér, og það hefur, eins og ég gerði grein fyrir, verið reynt að vinna að því að framkvæma hana með athugun bæði á því, hvernig þessu væri annars staðar fyrir komið og hvort það væri ekki hægt að finna leiðir sem hefðu sama tilgang, en kostuðu minna.

Ég hygg að það sé hægt að fullyrða að útgáfa slík sem þessi yrði nokkuð kostnaðarsöm og allra helst ef ætti jafnframt að gefa út lagasafnið í því formi sem það hefur verið gefið út hingað til. Ég vil benda á það, að ég álít að útgáfa svona lausblaðalagasafns leysi alls ekki til fullnustu þann vanda sem hv. fyrirspyrjandi hefur í huga, vegna þess að það er sagt í þál. að áskrifendur lagasafnsins gætu framvegis fengið ný lög og lagabreytingar, sem felldar hafa verið inn í viðkomandi lög, sérprentaðar á lausum blöðum. Ég vil minna hv. þm. á það, eins og hann veit mætavel, að það heyrir í raun og veru til algerrar undantekningar að breyt. á lögum séu felldar inn í viðkomandi lagatexta. Til þess þarf sérstaka heimild í lögunum, svo að það sé formlega gert, og þarf að athuga vel um slíka endurútgáfu og eru lögin þá endurútgefin af forseta Íslands. Eftir sem áður mundu þá með þeim lögum t. d., sem á hverju þingi er verið að gera margar lagabreytingar á, verða mörg laus blöð þar sem hver einstök lagabreyting væri á hverju blaði fyrir sig. Mér skilst af málflutningi hv. þm. — og það finnst mér skynsamlegt — að það sé ekki meiningin hjá honum, heldur að þeir, sem nota lagasafn, fái texta laganna með breytingunum felldum inn í hann. Þá fyrst verður að

þessu verulegt hagræði. Og það er t. d. það atriði sem Þór Vilhjálmsson bendir á í grein sinni sem ég nefndi áðan, að það væri e. t. v. hægt að hverfa frá þessari formlegu endurútgáfu laga, en taka upp í Stjórnartíðindi aðeins hin gömlu lög með sínu gamla númeri og fella inn í þau þar þær breytingar sem á þeim hafa verið gerðar.

Ég undirstrika það aðeins, að það eru hugsanlegar fleiri leiðir þarna til úrbóta og þær verður að kanna. Það má kannske ásaka mig eða ráðuneytið fyrir að hafa ekki verið nægilega skjót til aðgerða í þessu. En ég tel það þá til afsökunar, að nýtt lagasafn kom út einmitt í ársbyrjun 1974, svo það er ekki mjög langur tími liðinn síðan. Og það er engan veginn — það get ég fullvissað hv. þm. um — meiningin að hundsa þessa þáltill., það er alveg fráleitt. Honum er auðvitað í lófa lagið að hafa samband við þá starfsmenn í ráðuneytinu, sem hafa hugað sérstaklega að þessum málum, og kynna sér nánar hvernig þessu hefur verið háttað þar.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau orð hans að hann vilji virða þessa þál. En ég vil gera þá athugasemd til viðbótar, að ég held að þeir, sem um þessi mál fjölluðu á sínum tíma, hafi almennt ekki gert ráð fyrir því að gefnar yrðu út tvær tegundir lagasafns samtímis. Ég held að menn hafi almennt gert ráð fyrir því, að fyrirkomulagi þessara mála yrði breytt í það form sem hér var gerð till. um, það yrði látið nægja. Í öðru lagi vil ég eindregið mótmæla því, að þessi útgáfa þyrfti að vera mjög kostnaðarsöm, a. m. k. ekki svo að það væri neitt áhorfsmál að standa fyrir henni. Og í þriðja lagi vil ég taka undir það, sem ráðh. sagði áðan, að auðvitað verður að endurskoða í þessu sambandi lagareglur um efni og útgáfu Stjórnartíðinda. Af því að ég er með hér fyrir framan mig orð sem ég mælti þegar gengið var til atkvæða um þetta mál hér í þinginu, þá rek ég einmitt augun í setningu þar sem segir, að eðlilegt sé og sjálfsagt að endurskoðaðar verði lagareglur um efni og útgáfu Stjórnartíðinda, því að þetta grípur að sjálfsögðu hvað inn í annað. Þetta hefur held ég öllum verið ljóst frá öndverðu að þyrfti að hafa í huga, og um þetta atriði er enginn ágreiningur.

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 25. jan., að loknum 40. fundi.

Lausaskuldir bænda, þáltill. (þskj. 260). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rekstrar- og afurðalán til bænda, þáltill. (þskj. 275). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

18 ára kosningaaldur, þáltill. (þskj. 92). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Lagaákvæði, er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, þáltill. (þskj. 9). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt öðrum þm. Alþfl. að flytja á þskj. 9 svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að óska eftir því við fjmrh., að hann feli þeim aðilum, sem starfa að endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að þeir geri sérstaklega tillögur um ný og afdráttarlausari fyrirmæli en nú er að finna í lögum, er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, endurgjaldslausri þjónustu, sérstökum fríðindum eða óvenjulegri fyrirgreiðslu umfram starfsréttindi, er meta má til peningaverðs, frá opinberum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, sem viðkomandi starfsmaður hefur starfsleg samskipti við. Auk þess skal í till. kveðið á um skyldu opinbers starfsmanns til þess að upplýsa til réttra aðila um þau fríðindi, gjafir, endurgjaldslausa þjónustu o. s. frv., er hann kynni að hafa þegið, svo og um viðurlög við brotum.

Jafnframt verði þeim aðilum, er þessa endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa með höndum, falið að gera till. um sambærilegar reglur varðandi ráðh. og alþm., sveitarstjórnarmenn og starfsfólk sveitarstjórna svo og um aðra þá, sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa, og þá um sérstaka lagasetningu þar um, ef þurfa þykir, svo og að gera till. um þær breytingar á öðrum lögum, svo sem eins og almennum hegningarlögum, sem gera þyrfti þessu samfara."

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sú þróun hefur orðið bæði hérlendis og erlendis að hið opinbera og stofnanir þess ásamt ýmsum hálfopinberum stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum hafa stöðugt eflst að áhrifum og ítökum, þá ekki hvað síst á sviði efnahags- og fjármála. Hvort heldur er um einstakling eða atvinnufyrirtæki að ræða, er vart til sú framkvæmd sem hann eða það þarf ekki að sækja undir a. m. k. einn slíkan opinberan aðila, og viðtökurnar, sem umleitunin hlýtur, ráða oftar en ekki algjörum úrslitum um hvort af hinni ráðgerðu framkvæmd getur orðið.

Þekking, dugnaður og hæfni einstaklingsins ásamt eigin fjárhagsgetu hans o. s. frv. skipta að vísu máli í slíkum tilvikum. En undirtektir opinberra stofnana og ráðamanna við erindinu eru þó oft mun þyngri á metunum, eins og ég held að alþjóð viti. Undir slíkum kringumstæðum gera menn sér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því, að hætta er á að önnur atriði en að framan voru talin, þ. e. a. s. þekking, dugnaður og hæfni einstaklingsins ásamt eiginfjárhagsgetu hans, svo sem eins og þjóðfélagsstaða einstaklingsins, aðstaða hans eða fyrirtækis, sem hann veitir

forstöðu, eða enn önnur atriði ráði erindislokum. Það er alkunna að slík aðstaða t. d. atvinnufyrirtækis er iðulega metin til peningaverðs við eigendaskipti. Og ýmis alkunn síðari tíma dæmi sanna, svo að ekki verður um villst, að menn eru reiðubúnir til að verja talsvert miklum fjármunum til þess að skapa sér eða fyrirtækjum sínum slíka góðvild með ýmsum hætti og þá ekki einvörðungu með því að verja fé til að kynna hugsanlegum viðskiptavinum framleiðsluna og fyrirtækin í auglýsingum.

Jafnframt því sem opinberir sjóðir og stofnanir og hálfopinber fyrirtæki vaxa með þessum hætti að áhrifum og ítökum, aukast að sjálfsögðu að sama skapi völd þeirra einstaklinga sem fara eiga með forsjá slíkra stofnana eða sjóða í umboði almennings, hvort heldur þeir eru ráðnir eða valdir í kosningum.

Í raun og veru hefur þróunin orðið sú hér á Íslandi, að gífurleg völd, fjárhagsleg og stjórnmálalegs eðlis, hafa safnast í hendur tiltölulega mjög fárra einstaklinga sem gegna ábyrgðarmestu störfunum í efnahags- og stjórnmálalífi þjóðarinnar.

Staðreyndin er sú, a. m. k. hér á Íslandi, að tiltölulega örfáir menn ráða algjörum úrslitum um hvort fyrirtæki geti dafnað eða ekki. Staðreyndin er sú. a. m. k. eins og nú standa sakir, að tiltölulega mjög fáir menn geta ráðið því hvort eigandi fyrirtækis eða einstaklingur verður efnaður maður eða ekki. Þar er í sífellt meira mæli orðið háð þeim undirtektum, sem þetta fyrirtæki eða þessi einstaklingur hlýtur hjá ráðandi mönnum, frekar en dugnaði og útsjónarsemi hans sjálfs. Og ég held að það sé ekki ofmælt þó að ég fullyrði, að aldrei í sögu íslenska lýðveldisins hafi jafnfáir ráðið jafnmiklu um jafnmargra hag og nú.

Það liggur því mikið við, að allur almenningur geti treyst því að engin óeðlileg eða óæskileg atriði hafi áhrif á hvernig þessu mikla valdi er beitt. Að sjálfsögðu er ekki nema mannlegt að aðili, hvort heldur einstaklingur eða fyrirtæki, sem á allan sinn hag undir því kominn hverjar viðtökur erindi hans fær hjá forráðamönnum eða umsjármönnum þessara stofnana almannavalds, leiti ýmissa leiða til þess að tryggja sér velvild þess eða þeirra sem málum ráða. Sjálfsagt eru mörg slík dæmi á vitorði okkar alþm., á nákvæmlega sama hátt og fjölmörg slík dæmi eru á vitorði almennings og enn frekar á vitorði þeirra sem t. d. stjórna umfangsmiklum fyrirtækjarekstri. Ég ætla ekki að telja upp slík dæmi, þau eiga ekkert sérstakt erindi inn í þessar umr. En ég held að við alþm. séum ekkert frekar en aðrir blindir fyrir því, að þetta hefur gerst bæði hérlendis og erlendis og hætta á að það geti færst í aukana.

Í sumum ríkjum eru mörkin á milli þess, sem er eðlilegt, og þess, sem er óeðlilegt í slíku sambandi, dregin í sérstakri löggjöf. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum gilda þær reglur, að opinber starfsmaður, hvort heldur hann er ráðinn eða kjörinn til starfans, má ekki taka við persónulegum gjöfum eða ókeypis þjónustu frá erlendum eða innlendum aðilum í sambandi við starfa sinn, sem sé meira virði eða meta megi til meira verðs en 50 dollara. Svo dæmi sé tekið, þá er til sérstakt safn í Bandaríkjunum sem er byggt upp af gjöfum, sem opinberir starfsmenn, og þar á ég við bæði ráðna og kjörna opinbera starfsmenn, hvort heldur þeir eru á stjórnmálasviði eða embættismenn, — þetta safn er byggt upp af gjöfum sem slíkir menn hafa tekið við frá ýmsum erlendum og innlendum aðilum og hefur verið gert að skila til ríkisins, þar sem talið er að þeir hafi tekið við slíkum gjöfum í embættisnafni. Þetta safn er orðið nokkuð stórt. Þar eru t. d. fjölmargar gjafir sem forsetar Bandaríkjanna og forsetafrúr hafa fengið í ferðum sínum um heiminn og hafa samkvæmt bandarískum reglum orðið að skila aftur til viðkomandi ríkis, þ. e. a. s. til Bandaríkjanna sjálfra, og síðan hefur verið sett upp opinbert safn með þessum munum. Mikið af þessu eru listaverk eða mjög dýrar gjafir.

Það er ekki aðeins í Bandaríkjunum sem þessar reglur eru viðhafðar. Ég er hér með blaðið Daily Express frá 27. nóv. s. l., breskt blað, þar sem skýrt er frá því að breska ríkisstjórnin hafi gefið opinberum starfsmönnum — alls 744 þús. mönnum — þau fyrirmæli að hér eftir sé þeim ekki heimilað að taka við neinum gjöfum frá erlendum aðilum, hvort heldur um er að ræða fjölþjóðleg fyrirtæki, stjórnmálamenn eða erlenda vini, með öðru móti en því að skila annaðhvort gjöfunum til breska ríkisins eða standa breska ríkinu skil á endurgjaldi fyrir gjafirnar. Gjafirnar eru þá metnar og viðkomandi embættismanni, hvort heldur sem hann er kjörinn eða ráðinn til starfans, gert að greiða breska ríkinu andvirðið.

Þessar reglur hafa um nokkurt skeið gilt í bresku utanríkisþjónustunni. En 26. nóv. s. l. gaf breska ríkisstj. fyrirmæli um að sömu reglur skyldu ná til starfsmanna breska ríkisins, hvort heldur þeir væru valdir eða kjörnir eða ráðnir til starfans.

Þá er einnig í þessum reglum varað við jafnsmávægilegum hlutum og að menn þiggi um of hvers konar ókeypis fyrirgreiðslu, svo sem hádegisverðarboð eða kvöldverðarboð eða hin og þessi slík boð frá aðilum, sem þeir eiga starfsleg samskipti við, og opinberir starfsmenn í Bretlandi hvattir til þess að sýna fyllstu varfærni í þeim efnum og jafnvel mælt fyrir um að þessir starfsmenn skuli jafnan gera yfirmönnum sínum grein fyrir því, ef þeim eru boðin slík fríðindi, og fá leyfi þeirra til að þiggja þau.

Það er sem sé ekki aðeins í löndum eins og Bandaríkjunum sem slík ákvæði eru beinlínis leidd í lög, heldur hafa stjórnvöld í öðrum og okkur nálægari löndum gefið svipuð fyrirmæli.

Svo eru auðvitað til enn önnur ríki þar sem samskipti eins og hér um ræðir eru talin sjálfsagður þáttur í opinberri þjónustu, eins og t. d. sum Afríkuríkin, þar sem það er yfirleitt viðtekin venja að ef einhver þarf að skipta við opinberan starfsmann í slíku ríki, hvort heldur hann er valinn eða kjörinn, þarf ákveðinn hluti af því, sem út úr þeim viðskiptum kemur, að renna í vasa viðkomandi starfsmanns.

Hér á landi eru aðeins mjög lausleg og al-

mennt orðuð ákvæði í lögum sem banna slíkt framferði opinbers starfsmanns sem hér er gert að umtalsefni. Þau er að finna í almennum hegningarlögum og í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þá virðist heldur engin sérstök hefð hafa skapast hér á landi um hvað megi teljast eðlilegt og hvað ekki í þessum efnum, heldur er matið á því algjörlega persónubundið. Það, sem einum þykir í lagi, finnst öðrum óhæft. Markalínan milli þess, sem talið er eðlilegt í slíkum sökum og óeðlilegt, hefur ekki verið dregin í íslenskum lögum né heldur hefur hún skapast fyrir siðgæðishefð. Að sjálfsögðu verður slík markalína að vera til með þjóð sem vill telja sig siðmenntaða, og flm. hafa þá trú, að því fyrr sem hún verður dregin, því betra. Eðlilegast og öruggast er að það sé gert í löggjöf, þar sem mörk séu dregin á milli eðlilegrar kynningarstarfsemi, vináttu- og virðingarvottar við opinberan starfsmann, ráðinn eða kjörinn, annars vegar og óeðlilegra og óæskilegra góðvildarkaupa hins vegar.

Einmitt nú um þessar mundir vill svo til að yfir stendur endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og við flm. höfum frétt af því, að fyrir dyrum standi að hraða þeirri endurskoðun. Þáltill. þessi gerir ráð fyrir því að Alþ. óski eftir því við fjmrh. að þau vandamál, sem að framan hefur verið rætt um, verði sérstaklega tekin til meðferðar við þá endurskoðun og gerðar till. um skynsamlega lagasetningu um hvað sé eðlilegt og hvað óeðlilegt í því sambandi.

Að sjálfsögðu eiga slík ákvæði ekki aðeins að ná til ráðinna starfsmanna ríkisins, þ. e. a. s. til ríkisembættismanna, heldur einnig til kjörinna starfsmanna ríkisins, svo sem alþm. og ráðh., og sömuleiðis til sveitarstjórnarmanna og starfsfólks sveitarstjórna svo og annarra þeirra sem gegna opinberum störfum. Er ráð fyrir því gert í þessari þáltill., að einmitt þannig verði vinnubrögðum hagað, að hér sé um að ræða reglur sem verði látnar ganga jafnt yfir alla sem starfa að opinberum málum, hvort heldur þeir eru ráðnir eða kjörnir.

Ég hef orðið var við það nokkuð að menn hafa viljað túlka þessa till., sem hér er fram lögð, nokkuð þröngt, þannig t. d. að það væri verið að banna þingmanni eða embættismanni ríkis eða sveitarstjórnar að veita viðtöku smágjöfum, t. d. á afmælum, frá vinum sínum og samstarfsmönnum. Að sjálfsögðu er hér ekki verið að stefna að því né heldur verið að gefa undir fótinn með það að íslenskir embættismenn og stjórnmálamenn séu yfirleitt óheiðarlegir menn sem verði að hafa eitthvert slíkt yfir höfði sér eins og hér er lagt til, síður en svo. Við flm. teljum aðeins að það sé rétt og eðlilegt að setja reglur hér um.

Það getur farið nokkuð á milli mála hvað geti talist eðlilegt og hvað óeðlilegt. En ég held að þegar ýmsir kunnir embættismenn þessarar þjóðar eru farnir að taka við á stórhátíðum í ævi sinni gjöfum frá stofnunum, sem þeir veita forstöðu eða eru í starfi fyrir, sem nema eitthvað á aðra milljón kr. að andvirði, þá sé skörin nokkuð mikið farin að færast upp í bekkinn og sé vissulega kominn tími til að setja hömlur við slíku.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri nema sérstök ástæða gefist til, en legg til að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég fagna nú umr. um þetta mál og verð þó að viðurkenna að ég er ekki alveg viss um að nauðsyn sé ákaflega brýn. En hv. 1. flm. hefur mjög næma réttlætiskennd, eins og við höfum orðið varir við, og þá kann að vera að það sé einhver ástæða til þess að óttast jafnvel óeðlilega góðvildarsköpun og er sjálfsagt að stemma stigu við því.

Ég er sjaldan á sama máli og þessi hv. þm., og þess vegna var ég tilbúinn, strax þegar ég sá þetta plagg á borðinu mínu í haust, að taka rækilega undir með hv. þm. Þetta er 9. mál þingsins og ég hef þess vegna beðið lengi með öndina í hálsinum að fá tækifæri til að lýsa stuðningi mínum við málið. Milli kálfs og hilda, eins og við segjum í sveitinni, þ. e. a. s. frá því að hv. þm. lagði málið fram og þangað til það kom til umr., hefur liðið nokkur tími og m. a. þurfti hann að hverfa af þingi. Hann fór vestur um haf til Bandaríkjanna á NATO-fund.

Ég er raunar sammála ungum krötum ýmsum um fleira en þessa till. Ég er sammála þeim m. a. um að hér eigum við ekki að hafa her á friðartímum. Og ég tel alveg víst að við hv. þm. Sighvatur Björgvinsson getum átt góða samstöðu um að koma hernum burt, þrátt fyrir þetta ferðalag vestur. Vafalaust hefur þetta ekki verið nein boðsferð til þess að kaupa góðvild, eins og flm. orðaði það, því að ég dreg ekki í efa að hv. þm. hafi greitt fyrir sig sjálfur, bæði ferðir og uppihald, og honum sé kannske enn þá ljósari eftir ferðina heldur en áður nauðsyn þess að láta herinn fara.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Hv. þm. Páll Pétursson getur verið alveg rólegur. Hann skal ekki bíða tjón á sálu sinni þó að hann veiti þessu máli atfylgi. Hann þarf ekkert að óttast það, að ég hafi þegið einhverja boðsferð til NATO án þess að greiða hana sjálfur. Staðreyndin er sú, að sú ferð, sem ég fór ásamt fleiri alþm., var ekki ferð á vegum NATO, heldur ferð til þess að sækja fund Þingmannasambands NATO sem við íslendingar eigum aðild að. Alþ. borgaði ferðakostnaðinn, en ekki NATO, að visu aðeins ferðakostnaðinn fyrir okkur þingfulltrúana. Eiginkonur nokkurra okkar fóru þessa ferð með okkur og við greiddum ferðakostnaðinn og uppihaldskostnaðinn fyrir eiginkonur okkar sjálfir úr eigin vasa. Hv. þm. getur því verið alveg rólegur með það, að hann muni ekki bíða tjón á sálu sinni þó að hann fylgi okkur alþfl.-mönnum í þessu máli.

Ég vil enn fremur vekja athygli hv. þm. á því, að þarna er rætt um að ekki eigi opinber starfsmaður, ráðinn eða kjörinn, að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, endurgjaldslausri þjónustu, sérstökum fríðindum eða óvenjulegri fyrirgreiðslu umfram starfsréttindi. Hann þarf því ekki heldur að óttast það, hv. þm., að það eigi t. d. að saka hann fyrir að notfæra sér starfsréttindi

hans sem alþm., hvort heldur þau felast í því að Alþ. greiði fyrir hann ferðakostnað til þess að taka þátt í ráðstefnum eða fundum, sem hann sem alþm. á að sitja, né heldur að það yrði tekin af honum sú heimild sem alþm. hafa t. d. til að fá greiddan kostnað við síma sinn eða kostnað við ferð út í sitt kjördæmi. Hér er um að ræða starfsréttindi, en ekki góðvildarkaup.

Páll Pétursson: Herra forseti. Upplýsingar hv. þm. hafa glatt mig ákaflega. Að vísu legg ég ekki að jöfnu símareikninga og NATO-ferðir. En allt um það fagna ég þeim upplýsingum sem fram komu, og það er gott að hann hefur hreina samvisku, enda þarf hann á því að halda eins og við allir — og hann kannske ekki síður en við hinir, vegna þess að hann er maður réttlátastur eða næstréttlátastur í salnum virðist mér í fljótu bragði. Ég hefði þó glaðst enn meir ef hann hefði nú tekið afdráttarlausar undir málaleitan mína um að taka nú saman höndum við mig um að koma hernum burt frá Keflavík.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en mig langar aðeins til að bera fram eina fsp. að gefnu tilefni til flm. þessarar till. á þskj. 9. Hér segir orðrétt, ég grípinn í till. sjálfa miðja: „er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, endurgjaldslausri þjónustu, sérstökum fríðindum eða óvenjulegri fyrirgreiðslu umfram starfsréttindi, er meta má til peningaverðs, frá opinberum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, sem viðkomandi starfsmaður hefur starfsleg samskipti við". Þá er spurning mín: Hefur flm. ástæðu til að ætla að íslenskir embættismenn eða starfsmenn hafi á einhvern hátt þegið slíkar gjafir, því að það hlýtur að vera tilefni þessa tillöguflutnings? Ég hef aldrei orðið var við það. Mér finnst það ekki hafa verið upplýst hver er eiginlega ástæðan fyrir þessum tillöguflutningi. Ef það er rétt að íslenskir embættismenn hafi þegið eitthvað það, sem segir hér í till., gegn einhverju öðru á móti, þá er full ástæða til að flytja slíka till. En ef flm. geta ekki upplýst það, þá sé ég enga ástæðu til að flytja svona till.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Það vill nú svo til að öllum orðum fylgir nokkur ábyrgð, og ég get sagt hv. þm. Albert Guðmundssyni það, að ýmislegt, sem ég hef sjálfur kynnst, m. a. sem þm., skýtur talsvert rótum undir þetta. Ég sagði í ræðu minni áðan að ég ætlaði ekki að fara að tilnefna einstök dæmi sem varða aðra. En ég skal bara skýra frá einu dæmi sem gerst hefur hér í þingsölum. Og það gerðist þegar ákveðið stórfyrirtæki þurfti á fjárhagslegri fyrirgreiðslu þessarar stofnunar að halda. Um svipað leyti bárust þingflokkunum frá þessu stóra fyrirtæki boð þess efnis að þingflokkarnir væru vinsamlega beðnir um að tilnefna fulltrúa sína til þess að kynna sér starfsemi þessa stórfyrirtækis erlendis í nokkuð langri og dýrri ferð, og var sérstaklega óskað eftir því við þingflokkana að þeir tilnefndu sem fulltrúa sína menn úr fjh.- og viðskn. Alþ., þ. e. a. s. þeim n. sem væntanlega áttu að fjalla um beiðni þessa stórfyrirtækis um talsverða fjárhagsfyrirgreiðslu af opinberu fé. Þetta boð var ekki þegið af þingflokkum Alþ. og er þeim til sóma. En slíkt boð var engu að síður þegið af háttsettum starfsmönnum, ráðnum og kjörnum, hjá íslenska ríkinu.

Það getur vel verið að það sé ekkert athugavert við þetta. Ég er ekki að segja að það sé. En ég ætla að biðja þm. að hugleiða það með sér hvort atvik, sem þeir ættu mætavel um að vita, geri það ekki að verkum að þeim finnist tímabært að setja einhverjar ákveðnar reglur um þetta efni.

Ég nefndi það einnig, að hv. þm. ættu að kynna sér hvað t. d. getur gerst í sambandi við afmælisgjafir stórfyrirtækja í eigu ríkisins til aðila sem þar starfa. Það er sjálfsagt og eðlilegt að góðir starfsfélagar rétti kunningja sínum og samstarfsmanni góða gjöf í tilefni af afmæli hans. Og það getur líka verið eðlilegt að fyrirtæki, sem hann starfar hjá, hvort sem það er einkafyrirtæki eða opinbert fyrirtæki, geri það líka. En er nú ekki dálítill munur á því hvort hér er t. d. um gjöf að ræða að andvirði 1.3 millj. eða hvort hér er um gjöf að ræða fyrir nokkra tugi þúsunda?

Jónas Árnason: Herra forseti. Þessi till. er þess eðlis, að ég get ekki séð að við getum verið yfirleitt á móti því að hún verði samþykkt. En án þess að ég ætli að fara að halda hér langt erindi, þá satt að segja gefur hún tilefni til hugleiðinga — víðtækra hugleiðinga um siðferðisástand þessarar þjóðar. Það, sem hér er lagt til af þm. Alþfl., sem að sjálfsögðu eru alltaf fremstir í flokki þegar þarf að passa upp á siðferðið í þessu landi, það er að sett sé í lög rétt einu sinni að menn hagi sér eins og heiðarlegir menn.

Þjóðfélagið er orðið þannig að dómi Alþfl.-þm., og ég hygg að þeir hafi að vissu leyti rétt fyrir sér í því, að það sé nauðsynlegt að setja í lög að menn gerist ekki sekir um ómerkilegasta siðleysi. Eins og ég sagði áðan, er þetta ekki að ástæðulausu fram komið, og ástæðan er þessi: Við lifum í þjóðfélagi sem er meira og minna spillt. Að undanförnu hefur það verið plagsiður þessarar þjóðar að tala um spillingu tiltekins hóps manna, 60 manna sem kosnir hafa verið til að sitja í þessu húsi. Þjóðin hefur eflaust margar réttmætar ástæður til dóma sinna um alþm., en mér hefur virst sumt af þessu — og þá tek ég tillit til þess úr hvaða áttum gagnrýnin hefur komið, — sumt af þessu hafa verið viðleitni til þess að draga athygli frá spillingu sem viðgengst í þjóðfélaginu sjálfu. Við erum sjálfsagt ekki barnanna bestir, alþm., en ég held við séum ekki barnanna verstir. Ég held satt að segja að spilling í þessu þjóðfélagi sé víða miklu, miklu meiri en í þeim hópi sem hér situr.

Kannske hefur það verið það, sem helst hefur á vantað af okkar hálfu, að við töluðum af hreinskilni við þjóðina og segðum eins og satt er, að spilling í þessu þjóðfélagi viðgengst í öllum stéttum. Ég persónulega álít og veit reyndar fyrir víst að hún er þeim mun meiri þar sem tækifærin eru meiri til að komast í spillingu, nota sér ýmiss konar aðstöðu. Hún er hlutfallslega minni, tel ég, meðal alþýðu manna. Þó að ég sé alþýðusinni og telji mig geta margt gott sagt um íslenska alþýðu, þá get ég því miður ekki sagt að hún sé óspillt. Ég tel vera miklu þýðingarmeira að gera sér grein fyrir þessu heldur en að setja í lög að

menn skuli ekki vera spilltir, vegna þess að menn eru óskaplega spilltir í þessu þjóðfélagi þrátt fyrir öll lög.

Ég vil svo í leiðinni með allri vinsemd í garð vina okkar í Alþfl. benda þeim á, að það hendir suma menn að ganga svo hart fram í fordæmingu, oft á tíðum einhliða fordæmingu, að það liggur við stundum að maður kalli hana hræsni.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa till. sem hér liggur fyrir um lagasetningu eða afdráttarlausari lagaákvæði en nú gilda er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum umfram það sem starfsréttindi kveða á um.

Ég get tekið undir sumt af því sem kom fram í orðum síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Vesturl., ég held að við náum ekki bestum árangri í almennu heilbrigðu siðgæði í landi voru með því að setja lög um það. Siðgæðisgrundvöllur okkar þjóðar hlýtur að byggjast á öðru. Það liggur í uppeldi okkar inni á heimilunum, í skólunum, í kirkjum landsins og á öðrum vettvangi en lagasetningarvettvanginum.

Hitt vil ég þó segja, að jafnvel þó að þessi þáltill. yrði nú ekki samþ., þá tel ég gott að hún kemur fram. Hún gæti ýtt við okkur í þessum málum og fengið okkur til þess að hugleiða, eins og við vitum raunar öll, að í okkar þjóðfélagi viðgengst spilling á ýmsum sviðum. Ég vil engan veginn fullyrða að þar séu embættismenn veikastir á svellinu. En það er nú einu sinni svo, að til opinberra starfsmanna og annarra manna í æðstu trúnaðarstöðum, að þm. meðtöldum, hljótum við að gera miklar kröfur, og það er alls engin sárabót að segja að við séum kannske allir breyskir og allir brotlegir, eins og kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh. í gær. Séum við það allir að meira eða minna leyti, þá er kannske því meiri ástæða til að athuga sinn gang.

Ég get því fallist á fyrri málsgr. þáltill. sem gengur út á það að þeir aðilar, sem nú starfa að endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, geri sérstaklega till. um ný og afdráttarlausari fyrirmæli en nú er að finna í lögum, er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, endurgjaldslausri þjónustu, sérstökum fríðindum eða óvenjulegri fyrirgreiðslu umfram starfsréttindi, er meta má til peningaverðs, frá opinberum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum. Ég held að það væri fyllilega eðlilegt að þeir menn, sem vinna að þessari endurskoðun, íhuguðu sérstaklega þessa hlið málsins.

Hins vegar felli ég mig ekki við þá hugmynd að settur yrði sérstakur lagabálkur til þess að fyrirskipa þjóðinni að haga sér eins og siðaðir menn. Þetta þurfum við að fá með öðrum hætti en þeim sem lagasetning mundi gera, og ég held að slík vinnubrögð á Alþ. og lög um þetta efni mundu engan veginn ná þeim árangri sem að er stefnt. Við þurfum að ná þessu markmiði, bættu siðgæði, eftir öðrum leiðum. Það er áreiðanlegt að þeir verðbólgutímar, sem við höfum lifað á, með braski og ábatavonum alls staðar eftir litt eðlilegum leiðum, að ekki sé meira sagt, hafa síður en svo stuðlað að bættu siðgæði íslensku þjóðarinnar. Þvert á móti, verðbólgan hefur orðið að þjóðfélagsmeini sem við þurfum að huga að sérstaklega, en ég hef ekki trú á að lagasetning ein mundi þar bæta um.

Ég held að þessi till. sé allrar athugunar verð, þó að ég sé ekki henni samþykk að öllu leyti, en get tekið undir að það er gagnlegt að fá hana til umfjöllunar og ætti að geta orðið til bóta.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að skipta mér af þessari till. hér í þinginu, en ég hef aths. að gera við málflutning hv. 1. flm. Hann sagði hér eina lífsreynslusögu eftir áskorun frá hv. þm. Albert Guðmundssyni og komst að orði eitthvað á þá leið, að um það bil sem fyrirtæki nokkurt þurfti á fyrirgreiðslu Alþingis að halda hafi þetta fyrirtæki boðið fulltrúum þingflokkanna að tilnefna menn til þess að kynna sér starfsemi félagsins erlendis. Fyrirtækið var ekki nefnt og ég ætla ekki að nefna það. Ég býst við að allir viti við hvað er átt. En hér er í veigamiklum atriðum rangt frá greint, vegna þess fyrst og fremst að þetta boð, sem var algjörlega óformlegt, barst þingflokkunum ekki fyrr en sú fyrirgreiðsla, sem félagið þurfti á að halda frá Alþ., hafði verið samþ. í þinginu. Það breytir kannske ekki miklu, en þó er rétt að hafa það sem sannara reynist.

Ég get aðeins til viðbótar sagt frá því, að það var talað við mig af fulltrúa fyrirtækis sem formann fjh.- og viðskn. og mér tjáð þessi fyrirætlun viðkomandi félags. En það mál fór aldrei t. d. fyrir minn þingflokk. Ég veit ekki hvað gerðist annars staðar.

Mér þykir líka þessi saga svolítið óheppilega valin sem dæmi um spillingu sem þm. t. d. gætu látið freistast af. Mér er kunnugt um það að einn af hv. flm. þessarar till., — það veit kannske ekki hv. 1. flm., — hafði alla forgöngu um það meðal fulltrúa á Hafréttarráðstefnunni á s. l. ári að Sambandið byði þessum fulltrúum til Harrisburg til þess að kynna sér starfsemi Sambandsins þar. Ef þetta er spilling, þ. e. að hugleiða það að þiggja svona boð eins og hér var skýrt frá, þá hlýtur það að vera það líka að hafa alla forgöngu, vera frumkvöðull og meira að segja fararstjóri í þeirri ferð sem þarna var farin.

Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram og fyrst og fremst leiðréttingu við það sem hv. 1. flm. sagði hér áðan.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það var eins með mig eins og hv. síðasta ræðumann, að ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., og mér kemur raunar á óvart hversu margir taka þátt í þeim, því till. kemur mér þannig fyrir sjónir að hún sé fyrst og fremst flutt af sýndarmennsku. Raunar stangast hvað á annars horn í till. T. d. um það efni vek ég athygli á því, að í 1. málsgr. er óskað eftir að ráðh. feli ákveðnum aðilum að gera sérstaklega till. um ný og afdráttarlaus fyrirmæli sem banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum o. s. frv. en í næstu setningu á eftir segir: „Auk þess skal í till. kveðið á um skyldu opinbers starfsmanns til þess að upplýsa til réttra aðila um þau fríðindi, gjafir, endurgjaldslausa þjónustu o. s. frv., er hann kynni að hafa þegið.“ Ég á bágt með að skilja hvernig

hægt er að banna eitt í fyrstu setningunni, en gera síðan ráð fyrir því, að menn taki við því engu að síður, í þeirri næstu, án þess að annað sé gert heldur en að óska eftir því að skýrsla sé gefin um það.

Eins og á hefur verið bent, þá fannst mér að framsöguræða með till. væri byggð á miklum dylgjum, ummælum sem ekki voru staðfest eða færð frekari rök fyrir. Það eru að mínu mati ekki heppileg vinnubrögð að flytja mál hér inn á Alþ. með dylgjur einar að forsendum.

Hér hafa fjölmargir ræðumenn velt því fyrir sér, hvort rétt sé að setja lög sem banni opinberum starfsmönnum að þiggja mútur eða ekki, og ég vil taka undir það, sem fram kom hjá hv. þm. Jónasi Árnasyni, að það er í sjálfu sér frekar hvimleitt að þurfa að setja lög um alla skapaða hluti. Ég verð hins vegar að hryggja þennan sama þm. og reyndar allan þingheim með því, að nú þegar er í lögum mjög skýr og augljós ákvæði að þessu lútandi og ég tel rétt, áður en lengra er haldið með þessar umr., að ég vekji athygli á þessum lagaákvæðum, en þau er að finna í almennum hegningarl. frá 1940. Þar segir í 109. gr., með leyfi forseta.

„Hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, er hann með því bryti gegn starfsskyldu sinni, skal sæta fangelsi allt að þremur árum eða, séu málsbætur fyrir hendi, varðhaldi eða sektum."

Og svo segir í 128. gr.:

„Ef opinber starfsmaður heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru."

Auðvitað fer það ekki milli mála að það stríðir gegn réttarvitund og almennu velsæmi og lögum að þiggja mútur, og ég sé ekki betur en að um það séu skýr ákvæði í almennum hegningarlögum hér á Íslandi. Því get ég ekki séð hvaða þörf er á flutningi þessarar þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi, þáltill. (þskj. 40). — Frh. einnar umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru víst orðnir einir tveir mánuðir síðan ég bað um orðið, en það kannske skiptir ekki mestu máli.

Sú till., sem hér er til umr., felur það í sér að stefnt skuli að og lögð aukin áhersla á að leggja bundið slitlag á hringveginn og helstu vegi út frá honum, og er tiltekið, að lengd þess vegar, sem átt er við, sé um 2300 km og þessu verki skuli lokið á 10—15 árum.

Ég vil vekja athygli á því, að þetta er engin tímamótatillaga, hvernig sem á hana er litið. Þetta verk er þegar hafið. T. d. er búið að leggja bundið slitlag á helstu aðalvegi um Suðurnes, einnig veginn austur fyrir fjall allt austur að Þjórsá og enn fremur vestur- og norðurveg frá Reykjavík upp fyrir Kollafjörð. Hér er því ekki nýtt mál á ferðinni og þess vegna er ekki sú ástæða fyrir tillöguflutningnum. Í till. er ekki bent á aðrar aðferðir til að leggja bundið slitlag á vegi en þegar hafa verið notaðar í þessu efni, svo að ekki er ástæðan sú. Og ekki er gerð till. um nýjan tekjustofn til að standa undir þessum framkvæmdum. Að vísu er sagt í tillgr., með leyfi hæstv. forseta: „Kostnaður við lagningu slitlagsins greiðist úr Vegasjóði samkv. vegáætlun, og með innlendum eða erlendum lántökum, ef þörf krefur, og eftir nánari ákvörðun Alþingis síðar." Hér er heldur ekkert nýtt á ferðinni. Vegasjóður hefur verið fjármagnaður einmitt á þennan hátt, eins og allir hv. alþm. vita.

Hvað er það þá sem fyrir hv. flm. vakir með flutningi þessarar till.? Það getur ekki farið á milli mála hvað það er. Ef þessi till. verður samþ., þá hefur Alþ. lýst yfir þeim vilja sínum að hér eftir eigi að leggja aukna áherslu á að leggja bundið slitlag á þjóðvegina og það skuli sitja fyrir öðrum verkefnum a. m. k. í meiri mæli en verið hefur fram að þessu. Að vísu sagði hv. fyrri flm. héðan úr ræðustól 25. nóv. s. l., með leyfi forseta: „Það er ekki ætlun okkar flm., eins og ég vona að mönnum hafi skilist, að samþykkt hennar verði á kostnað annarra framkvæmda í vegagerð í landinu." En ég vil spyrja: Hvernig er hægt að koma því heim og saman að taka fjármagn til þessa verkefnis úr Vegasjóði og að það komi ekki niður á öðrum framkvæmdum. Það er ofvaxið mínum skilningi, því að þó Vegasjóði væri útvegað helmingi meira fjármagn en hann hefur haft til umráða og jafnvel margfalt meira, þá eru meira en næg önnur verkefni óunnin og það mjög brýn verkefni sem kalla mjög á skjóta lausn.

Það er þýðingarlaust að bera það á borð fyrir nokkurn mann að með samþykkt þessarar till. sé ekki verið að rýra möguleika á öðrum vegaframkvæmdum. En ef á að taka alvarlega svona málflutning, þá verða hv. flm. þessarar till. að gera mönnum ljóst hvað þeir meina með þessum málflutningi, því ekki geri ég ráð fyrir að þeir ætlist til að Vegagerðin geti gert nema eina framkvæmd fyrir sömu upphæðina, geti notað sömu krónuna nema einu sinni. Ég vil því undirstrika það, að svona tillöguflutningur er ekki raunhæfur nema í till. felist hvernig á að útvega fjármagn til að standa undir slíkum framkvæmdum.

Við lestur tillgr. liggur beint við að draga þá ályktun að hv. flm. standi í þeirri trú að hægt sé eða jafnvel auðvelt sé að taka meira fé út úr Vegasjóði en gert hefur verið á undanförnum árum til að leggja bundið slitlag á þjóðvegi landsins. Nú vil ég ekki gera lítið úr þessu verkefni eða gefa í skyn að það sé ekki nauðsynlegt að leggja bundið slitlag á sem flesta vegi landsins. Því fer fjarri. Ég get út af fyrir sig tekið undir flest af því sem hv. flm. sögðu um ástand veganna og hvað brýnt er að bæta úr því. Hins vegar finnst mér þeim ekki vera ljóst hvernig ástandið er í þessum málum víða úti um land og hve geigvænlegt vandamál er þar við að stríða í þessum efnum sem kalla á skjóta lausn. Hv.

þm. Ólafur G. Einarsson sagði m. a., með leyfi forseta: „Menn þurfa einnig að átta sig á því, að vöruflutningar til hinna ýmsu staða á landinu fara að langmestu leyti fram með bifreiðum og bætt vegakerfi hefur þess vegna afgerandi áhrif á kostnað við vörudreifingu í landinu.“ Undir þetta get ég tekið, því þetta er einmitt kjarni málsins. En til þess að slíkir flutningar geti átt sér stað þurfa að vera færir vegir, en ekki forarvilpur og troðningar, eins og þeir eru enn víða. Þegar klaki er að fara úr vegunum á vorin, þá er forarsvað, sem verður til að stöðva umferð langtímum saman, og troðningar, sem fyllast af snjó í fyrstu snjóum.

Í tillgr. segir: „Unnið skal að framkvæmdum þessum í öllum landshlutum hvert ár eftir því sem áætlun segir.“ Mesta fjölmennið utan Faxaflóasvæðisins er við Eyjafjörð, eins og kunnugt er, og má því gera ráð fyrir að hv. flm. hafi helst í huga að leggja bundið slitlag í næsta nágrenni Akureyrar eða a. m. k. ekki síður þar en annars staðar. Tel ég því rétt að staldra við og reyna að gefa yfirlit um hvernig ástandið er í þessum efnum til allra átta út frá höfuðstað Norðurlands.

Fyrst skulum við athuga leiðina austur til Húsavíkur. Eftir er til dæmis að byggja upp veginn þvert yfir Eyjafjörð framan við Akureyri. Á þeirri leið eru nú þrjár brýr, allar gamlar og mjög úr sér gegnar. Fyrirhugað er að leggja nýjan veg á allt öðrum stað og er það mjög aðkallandi verkefni, þannig að ekki verður byrjað þar á slitlagi. Búið er að undirbyggja um helminginn af veginum um Svalbarðsströnd sé miðað við veginn eins og hann er fyrirhugaður í framtíðinni, þ. e. a. s. um Víkurskarð. Nú liggur vetrarleiðin austur um Svalbarðsströnd um Dalsmynni til Húsavíkur. Á þeirri leið er mikil snjóflóðahætta og oft erfitt að halda henni opinni vegna snjóa. Er því mjög brýnt verkefni að byggja upp veginn um Víkurskarð, ekki síst vegna slysahættunnar í Dalsmynni. Þá er eftir að byggja ⅘ af veginum um Ljósavatnsskarð, en vegurinn um Köldukinn til Húsavíkur er að vísu að mestu leyti upp byggður.

Norðan við Akureyri er búið að leggja bundið slitlag á 3 km langan vegarkafla og hægt væri nú að leggja á aðra 3, það er allt og sumt. Þannig er ástandið þar nyrðra.

Eftir er að endurbyggja allan veginn fram Hörgárdal um Þelamörk og Öxnadal. Hægt væri að vísu að setja bundið slitlag á kafla á Öxnadalsheiði, smákafla í Norðurárdal, annan í Blönduhlíð í kringum Varmahlíð, þó er eftir að byggja þar brú svo að sá vegarkafli yrði samfelldur. Það er búið að byggja upp veg á að giska að hálfu leyti í Langadal og frá Blönduósi vestur fyrir Vatnsdal. Er það líka langlengsti vegarkaflinn á leiðinni um Húnavatnssýslur sem uppbyggður er. Það er búið að byggja upp smákafla hér og þar í Víðidal og Miðfirði, en svo er búið að mestu leyti að byggja upp veginn í Hrútafirði.

Ef við athugum hvernig ástatt er með veginn til Dalvíkur, þá er eftir að byggja upp veginn frá Hörgárbrú og upp að Moldhaugnahálsi og dálítinn kafla norðan við Hörgárbrúna. Veginn í gegnum Arnarneshrepp er búið að byggja upp og norður að Víkurbakka á Árskógsströnd, en eftir er að byggja kafla þaðan til Dalvíkur, á að giska 10—12 km langan. Er þar mjög snjóþungt og erfitt að halda þeirri leið opinni.

Að mestu leyti er eftir að byggja upp innansveitarvegina alla í Eyjafirði. Veginn yfir Lágheiði er eftir að byggja upp og veginn um Melrakkasléttu frá Leirhöfn til Raufarhafnar, parta í Kelduhverfi og víðar og svo veginn austan við Kross og yfir Fljótsheiði, yfir Mývatnsheiði til Mývatnssveitar, og þannig mætti halda áfram.

Má t. d. minna á það, sem gefur til kynna hvernig þessi mál eru, að veturinn 1974—1975 fór ¼ hluti af tekjum Svarfaðardalshrepps til að greiða fyrir snjómokstur. Og nú eftir að tankvæðingin er komin er mikið áhyggjuefni hvernig muni til takast ef við þar nyrðra fengjum verulegan snjóavetur. Vegirnir eru lífæðar fyrir mjólkurframleiðsluna í öllum sveitum landsins, eins og á milli þéttbýlisstaðanna. Nú hefur sýnt sig að vel uppbyggður vegur er ótrúlega lengi fær, jafnvel í miklum snjóum. Því er það verkefni mjög aðkallandi að byggja vegina upp úr snjónum.

Nýlega kom t. d. fram í fjölmiðlum að útflutningsverðmæti frá Raufarhöfn mundi verða a. m. k. 600 millj. kr. á s. l. ári eða um 1200 þús. á hvern íbúa. Ef hlutfallsleg útflutningsverðmæti kæmu t. d. frá reykvíkingum væru það um eða yfir 100 milljarða. En hvernig er búið að samgöngumálum Raufarhafnarbúa? Vegurinn um Sléttu er aðeins troðningar sem liggja víða lægra en landið umhverfis þá. Þetta er um það bil 30 km langur vegarkafli. Þótt þar sé raunar og hafi verið mjög snjólítið það sem af er vetri, eins og er oft á Sléttu, þá sest snjórinn fyrst og fremst í þessa troðninga og getur þá oft verið erfitt að halda opinni leiðinni vegna þess að við minnsta renningskóf fyllast þessir troðningar. Og þannig er ástatt með flugvöllinn, að hann er óupplýstur, þannig að það er ekki nema þá smástund af deginum um skammdegið sem er hægt að lenda flugvél á Raufarhöfn. Eiga aðrir að fá vegi með bundið slitlag t. d. áður en vegur er gerður um Sléttu og um Víkurskarð og slíkir vegir eru uppbyggðir? Er það fyrir slíku réttlæti sem hv. flm. þessarar till. berjast?

Það hafa talað við mig margir bifreiðastjórar, sem aka á langleiðum, um þessa þáltill., og hafa þeir verið á einu máli um að það sé engu líkara en að flm. þessarar till. þekki mjög takmarkað hvernig ástand veganna er víða um land, því að ef þeir þekktu það mundu þeir ekki hafa lagt hana fram hér á hv. Alþingi.

Í grg. með till. kemur fram, að flm. telja að kostnaðurinn við að jafna út vegi, sem eru nú uppbyggðir, og leggja bundið slitlag á þá muni vera um 5 millj. á hvern lengdarkm að meðaltali. En fróðir menn, sem ég hef talað við, telja að þetta sé a. m. k. 1 millj. kr. of lágt reiknað, miðað við það verðlag sem er í dag. Jöfnun og slitlag á þeim 830 km, sem flm. telja að séu uppbyggðir og hægt væri að leggja bundið slitlag á víða um land, mundi þá kosta um 5 milliarða. Lagfæring og uppbygging ásamt bundnu slitlagi gera sömu menn ráð fyrir að mundi kosta um

16 millj. á hvern lengdarkm af þeim 1300 km sem eftir eru, eða um 26 milljarða allt verkið sem till. nær yfir, auðvitað miðað við óbreytt verðlag. Vegakerfið mun allt vera um 11700 km langt, og eru þá eftir um 9400 km sem sú þáltill., sem hér er til umr., nær ekki til, en einnig verður að sinna þeim vegum á næstu árum í verulegum mæli. Af þessu sést að uppbyggingin er ekkert smáræði fyrir okkar litlu þjóð og ekki veitir af að finna leiðir til þess að fá verulega meira fjármagn til veganna en verið hefur, ef þeir eiga að geta fullnægt þeim kröfum sem nútímaþjóðfélag hlýtur að gera til samgangna yfirleitt.

Til þess að koma í veg fyrir allan misskilning vil ég taka það fram, að ég tel sjálfsagt að leggja bundið slitlag á vegi t. d. í gegnum þéttbýli og í næsta nágrenni við það, eftir því sem ástæða og möguleikar eru á, eins og gert hefur verið á síðustu árum samhliða vegauppbyggingunni. En til þess þarf enga þáltill. að flytja hér á hv. Alþingi.

Fyrri flm. þáltill., hv. þm. Ólafur G. Einarsson, sagði úr þessum ræðustól um mánaðamótin nóv.-des., með leyfi hæstv. forseta: „Auðvitað eiga þeir vegir að hafa forgang, þar sem umferðin er mest.“ Og hann sagði líka: „Við meinum það sem við segjum.“ Sem sagt, hv. þm. meinar það, að þeir vegir, sem þegar eru uppbyggðir, eigi að sitja fyrir, að á þá sé sett bundið slitlag áður en lokið er við að gera vegina úti um land akfæra — meira að segja að það sitji fyrir. Mér finnst satt að segja að þm. hafi furðufljótt gleymt æsku sinni og uppruna og öllum þeim erfiðleikum í samgöngumálum sem æskustöðvar hans máttu búa við, og þó ögn hafi ræst úr með jarðgöngunum gegnum Stráka, þá er langur vegur frá því að samgöngur t. d. við Siglufjörð séu komnar í viðunandi horf og eins til fjölmargra annarra staða víða um land.

Við framsóknarmenn teljum að við eigum að byggja landið allt og það þurfi að stefna að því að jafna lífsaðstöðuna eins og frekast er unnt. Samgöngumálin eru ekki veigaminnsti þátturinn í því efni, og á það ber að leggja þunga áherslu að koma vegakerfinu í viðunandi ástand. Það verður ekki gert með samþykkt þessarar till., nema síður væri, nema þá þessar framkvæmdir verði fjármagnaðar á annan veg en tillgr. mælir fyrir um.

Ég vil því spyrja hv. flm. till. að því, hvernig þeir telji að eigi að standa að því að fá fjármagn til að gera vegina þannig úr garði að þeir þjóni þeim þörfum og kröfum sem nútímaþjóðfélag verður að gera til þeirra. Það kann að vera að einhver bendi á að umferðin, sem eftir vegunum fer, sé skattlögð um það bil helmingi meira en fer til Vegasjóðs, þ. e. a. s. skattar af bifreiðum og rekstrarvörum til þeirra. Kröfur hafa oft komið fram á undanförnum árum um að allt þetta fjármagn eigi að fara til veganna, og er full þörf á því. En þá kemur upp annað vandamál. Ef það fjármagn, sem umferðin er skattlögð um, gengur allt til Vegasjóðs, hvernig á þá að bæta ríkissjóði það upp? Varla verður hjá því komist að gera það. Það er talið af sumum allra meina bót að minnka skatta, lækka skatta, draga úr samneyslu, og það undarlegasta er að lágtekjufólkið í landinu er einnig farið að taka undir þessar kröfur. Við aukum ekki opinberar framkvæmdir, hvorki í vegagerð né á öðrum sviðum, með því að minnka samneysluna, lækka þá fjárhæð sem ríkið tekur til sameiginlegra nota. Því er hægt að slá föstu. En hvað vill hv. þm. Ólafur G. Einarsson í þessu efni? Vill hann standa að því að samneyslan verði miðuð við það, að hægt sé að þoka áfram á sómasamlegan hátt ýmsum félagslegum framkvæmdum, t. d. í samgöngumálum? Væri gott að fá svar við því.

Ef þessi þáltill. verður samþ. eins og hún er, þá þýðir samþykkt hennar það, að Alþ. lýsir yfir þeim vilja sínum að þetta verkefni skuli ganga fyrir annarri vegagerð að því marki a. m. k. að á 15 næstu árum verði lagt bundið slitlag á 2300 km langan veg og að aðrar vegaframkvæmdir eigi þá að bíða betri tíma, nema okkur takist að fá í Vegasjóð margfalda þá fjárupphæð sem til veganna rennur nú. Sem sagt, þessi till., eins og hún er úr garði gerð, er aðeins viljayfirlýsing Alþ. um röðun framkvæmda, annað ekki. Ég á bágt með að trúa því að þeir hv. alþm., sem eru fulltrúar landsbyggðarinnar, vilji setja sinn stimpil á slíka verkefnaröðun.

En þótt menn geti ekki samþykkt þessa þáltill. eins og hún er fram borin, þýðir það ekki að við landsbyggðarmenn séum á móti því að bundið slitlag verði sett á vegina. Við teljum annað enn þá brýnna. Ég er tilbúinn hvenær sem er að setjast niður, t. d. með hv. flm. eða öðrum, og reyna að kryfja til mergjar hvernig hægt er á sem fljótvirkastan hátt að fá það fjármagn til veganna, sem nægi til að koma þeim í sómasamlegt ástand á tilteknum árafjölda, og standa að tillöguflutningi um það efni. En með þessari till. get ég ekki greitt atkv. í því formi sem hún er í.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., þá eru nú liðnir tveir mánuðir síðan þetta mál var hér síðast til umr. og þá kvaddi ég mér hljóðs. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér þá hljóðs, var sú, að ég ætlaði mér, eins og áður hafði komið fram í mínu máli þegar ég ræddi málið, að víkja nokkrum spurningum að hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh., hafði enda farið fram á það áður að fresta þessu máli þar til þeir ágætu menn gætu verið hér viðstaddir, svo mjög sem þetta mál hlýtur í rauninni að snerta embætti þeirra. Það mun hafa verið af því að ég fór fram á þetta á sínum tíma að málinu var þá frestað. Ekki ætla ég að fara fram á þetta aftur, þó að hvorugur þeirra sér hér mættur, því að það er sýnilegt að það mundi sennilega aldrei takast að koma málinu í gegnum fyrstu umr. ef þeir ættu að vera hér á meðan málið er rætt, eða það virðist vera svo að þeir hafi ekki tíma til að hlusta á umr. eins og þessar.

Það er augljóst mál öllum, sem um þetta mál hugsa og ræða, að það er alveg tómt mál að tala um að hefjast handa um að leggja bundið slitlag á vegi landsins að nokkru ráði umfram það sem verið hefur nema til komi einhverjir

nýir fjármunir til vegagerðarmála. Það er ljóst, að allir þm. hafa verið að kvarta undan því að undanförnu að of lítið fé væri fyrir hendi til nýbyggingar á vegum, enda vitum við að það hefur minnkað stórkostlega að framkvæmdagildi á síðustu árum. Vandinn í þessum málum er svo mikill að hæstv. samgrh. hefur ekki treyst sér til þess að leggja fram samgönguáætlun eða vegáætlun samkv. lögum enn þá, þannig að nú er senn liðinn heill mánuður af þessu ári þannig að engin vegáætlun er til og þar með engar formlegar fjárveitingar til vegagerðarmála, sem auðvitað fer í bága við lög. En ástæðurnar eru auðvitað þær, að fjmrh. treystir sér ekki til að leggja þessi mál fyrir þingið, því að hann veit að það skortir verulegt fé til þess að hægt sé að takast á við þau verkefni sem áður höfðu verið ákveðin.

Nú segja flm. þessarar till., að það vaki alls ekki fyrir þeim á neinn hátt að draga úr almennum vegagerðarmálum frá því sem verið hefur, þvert á móti, og þeir vilja ekki að samþykkt till. þeirra verði á neinn hátt til slíks. Þetta er auðvitað vel mælt af þeirra hálfu. En þá er auðvitað komið að þessu stóra máli: Hvernig á að afla fjár til viðbótar við tekjur Vegasjóðs nú til þeirra almennu framkvæmda, sem hann á að hafa með höndum, og hvernig á að afla viðbótarfjár til þess að reyna að sinna því verkefni sem till. fjallar um? Hvernig á að gera þetta?

Hv. 1. flm. till., Ólafur G. Einarsson, gerði nokkra tilraun til að víkja að þessum þætti málsins þegar hann mælti fyrir till. Hann benti á að ríkissjóður tæki nú til sín allálitlega fjársummu á hverju ári sem skatt af umferðinni í landinu, og hann taldi að það kæmi vel til athugunar að taka nokkuð af þessum tekjum ríkissjóðs og verja þeim sérstaklega í sambandi við vegagerðarmál. Af þessum ástæðum, sem ég hef greint, vildi ég að það kæmi hér fram hver væri afstaða fjmrh. til þessara mála. Getur hann fallist á að taka þessa ábendingu til athugunar, eða segir hann þar nei við? Og ég vildi að sjálfsögðu einnig að hæstv. samgrh. svaraði einhverju til um þennan þátt málsins sem allt veltur á, þ. e. a. s. fjárhagshliðina.

Hæstv. samgrh. kom hér og flutti langt mál um till. og að mínum dómi tók hann marga fallega hringi í þessu máli. En hann kom alltaf niður á sama stað. Hann sagði ekkert um það hvernig ætti að fjármagna þessar framkvæmdir. Hann sagði að þetta væri gott mál, ágæt till., það bæri vitanlega að leggja bundið slitlag á vegina, það mætti ekki dragast o. s. frv. Þetta segja allir. Allir vilja fá bundið slitlag á alla vegi helst af öllu, a. m. k. einhvern talsverðan slatta af þeim. Það stendur ekkert á viljanum í þessum efnum. En það hefði verið nærri hæstv. samgrh. að minnast á það, fyrst hann er áhugamaður í þessu máli, hvernig á að afla fjár til verksins. Annars eru þessar umr. einskis virði. En þessir tveir ágætu ráðh. hafa tekið þann kostinn að vera fjarstaddir, þrátt fyrir beiðni þm. áður um að þeir væru hér viðstaddir og þeir ræddu hér um þetta mál. Hæstv. fjmrh. hefur valið þann kostinn að segja ekki eitt einasta orð, látast sem hann heyrði ekki og sæi ekki hvað hér fer fram. Og hæstv. samgrh. gerir þetta: hann dregur enn að leggja fram vegáætlun þrátt fyrir beina lagaskyldu, hann veit um öngþveiti sem er ríkjandi vegna fjárskorts í vegagerðarmálum í landinu, hann tekur undir þessa till. með almennum orðum, en minnist ekkert á þann vanda sem við er að glíma.

Ég hafði hugsað mér að segja ýmislegt fleira um þetta mál. Út af fyrir sig er þetta áhugavert mál. Ég vil mjög gjarnan vinna að því að hægt sé að framkvæma nokkuð af því, sem þessi till. fjallar um, og tel enda, að það sé aðkallandi að afla Vegasjóði meiri tekna en hann ræður yfir nú, til þess að hægt sé að sinna mjög aðkallandi verkefnum í vegagerðarmálum. En það er alveg tilgangslaust að standa hér og ræða um þetta mál á þann hátt sem gert er. Ég treysti mér ekki til þess að fara fram á að málinu verði enn frestað. Ég ætla því að hætta að ræða um málið, geri reyndar ráð fyrir að það geri aðrir líka. Till. fer þá væntanlega til n. Kannske tekst að tala þar við ráðh. alvarlega um málið og fá e. t. v. einhver svör hjá þeim. Fáist þau ekki, þá er þetta auðvitað alveg þýðingarlaust og tómt, hvort sem það verður samþ. eða samþykkt ekki, því að um það höfum við dæmin í sambandi við vegáætlun, að það dugir ekki einu sinni þó að það sé bundið í lögum. Menn treysta sér ekki til þess að fylgja þeim lögum á meðan þeir hafa enga peninga til framkvæmdanna.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég var nú víst á mælendaskrá eins og þeir tveir hv. þm., sem hér hafa talað, hefði kannske átt að falla frá orðinu til þess að vera þó viss um að till. kæmist til n. núna. En ég vona að mál mitt gefi ekki sérstakt tilefni til frekari umr. en þegar hafa farið fram.

Það er kannske ekki ástæða til þess fyrir mig að fara að svara þeim atriðum sem ég hefði kannske gert ef haldið hefði verið áfram umr. í nóv. Ég vil þó aðeins koma hér að örfáum atriðum.

Í fyrsta lagi vil ég þakka hæstv. samgrh. fyrir undirtektir hans við þessa till. Mér fannst ræða hans vera mjög jákvæð og ástæða til að ítreka nokkuð af því sem hann sagði. Hann nefndi það sérstaklega, að því lengur sem það drægist að leggja slitlag á vegina, því meiri yrði kostnaðurinn. Og hann nefndi líka, sem ég reyndar tók mjög skýrt fram í minni framsöguræðu, að það væri vart hægt að halda við hinum fjölförnustu vegum sem malarvegum. Hann nefndi einnig að sparnaður við að aka á bundnu slitlagi væri talinn nema 20% og þegar af þeirri ástæðu væri erlend lántaka til þess að gera eitthvert átak í þessum efnum réttlætanleg, þar sem hér væri um beinan gjaldeyrissparnað að ræða. Þá nefndi hann eitt atriði sem mér finnst líka ástæða til þess að nefna sérstaklega, og það er hve öflun ofaníburðar er orðin miklum erfiðleikum háð og umfram allt þó hvað slíkur unninn ofaníburður er orðinn dýr. Allt þetta ber að hafa í huga þegar menn ræða þetta mál.

Hv. 6. þm. Norðurl. e., Ingi Tryggvason, gerði nokkurt mál úr því að ég hefði haft það eftir honum að till. okkar gengju hvor gegn annarri, eins og ég mun hafa orðað þetta. En hann mun

hins vegar hafa sagt að till. gengju nokkuð sín í hvora áttina. Þetta er að vísu ekki alveg sama orðalagið, en það var ekki mín meining að snúa út úr. En þegar menn segja að tvær till. gangi sín í hvora áttina, þá skil ég það svo að þær snertist aldrei, þannig að mér sýnist ekki vera stór munur á þessu orðalagi. En ég sé ekki ástæðu til fyrir okkur að vera að deila um þetta. (Gripið fram í.) Þær ganga nokkuð hvor í sína áttina. Þá sé ég ekki að þær snertist. En við skulum ekki deila um þetta, það er óþarfi.

Hv. þm. Páll Pétursson talaði enn um ísingarhættuna sem yrði á þjóðvegunum við það að þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Ég geri nákvæmlega ekkert úr þessu og styðst þar við reynslu annarra. Ég get nefnt það svona til gamans, að ég var um síðustu helgi á bílferð í Noregi þar sem flestallir vegir eru þegar lagðir bundnu slitlagi, og þar var ísing á vegum vissulega nokkur á köflum. En ég held að engum í því landi mundi detta í hug að vilja skipta á því, sem þeir nú hafa fengið, vegna þeirrar kannske auknu ísingarhættu sem er við tilkomu slitlagsins. Þetta megum við ekki láta aftra okkur frá því að leggja slitlag á þjóðvegi, að menn óttist ísingarhættuna. Mesta slysahættan er einmitt á malarvegunum. Hún er miklu meiri á malarvegunum heldur en á vegum með bundnu slitlagi.

Í sem stystu máli sagt sýnist mér málflutningur hv. þm. Páls Pétursonar vera í þá áttina, að hann vilji ekki slitlag á vegi fyrr en við höfum byggt alla vegi upp þannig að það sé sem minnst hætta á að þeir teppist í snjónum. Önnur till. hefur verið hér í þinginu þar sem þessi hv. þm. talaði líka. Hún fjallar um litsjónvarp. Hann vill heldur ekkert litsjónvarp fyrr en við höfum fengið svarthvítt heim á hvern bæ. Þetta hefði einhvern tíma flokkast undir íhaldssemi, það verð ég að segja. Og mér finnst það dálítið skrýtið þegar svona málflutningur kemur frá manni sem ég held að vilji telja sig vinstri sinnaðan framsóknarmann. En nóg um þetta.

En ég þarf aðeins að koma að nokkrum atriðum vegna ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Ein fyrsta minning mín frá setu minni hér á Alþ. 1971 var umr. um vegamál í Eyjafirði, og þar man ég eftir að hv. þm. Stefán Valgeirsson velti því mjög fyrir sér hvort væri betra að aka á vegunum þar eða á uppgreftinum úr skurðunum meðfram vegunum. Um þetta deildu þeir þó nokkuð, hann og hv. þm. Magnús Jónsson. Þetta virðist ætla að endurtaka sig hér núna með umr. um vegamál í Eyjafirði. En ég ætla nú sem minnst að taka þátt í því.

Hv. þm. sagði að þessi till. okkar væri engin tímamótatill., hvernig sem á hana er litið, og þar væri ekki bent á nýjar aðferðir. Við höfum ekki gert kröfu til að þessi till. yrði kölluð tímamótatill. Það höfum við ekki gert. En ég mótmæli því hins vegar alveg ákveðið að það sé ekki bent á nýjar aðferðir með þessari till., og málflutningur manna hér hefur einmitt einkennst af þessu, að menn virðast alls ekki skilja till. Ég er búinn að tala hér þegar tvisvar sinnum í þessu máli og hef í báðum þeim ræðum mínum reynt að koma mönnum í skilning um hvað við værum að fara, en það virðist alls ekki takast að koma mönnum í skilning um það. Mér þykir þetta afskaplega leiðinlegt, hvað ég er óskýr í tali. (Gripið fram í.) Ég skal skýra það einu sinni enn. En ég bendi þó mönnum á að lesa bara rólega ræður mínar. Þær eru í þingtíðindum og ég trúi ekki öðru en menn skilji hvað við erum að fara. (Gripið fram í.) Ja, það virðist ekki vera, því að menn koma hér upp, eftir að ég hef talað, og tala hreina vitleysu. (**Gripið fram í:** En er það öruggt að ræðumaður skilji sig sjálfur?) Ég hef talið það. Það hlýtur náttúrlega að vera erfitt að tala fyrir máli ef maður skilur alls ekki sjálfur hvað verið er að fara.

Meginefni till. okkar — og nú skal ég ekki einu sinni lesa það upp úr till. — er að við erum að fara fram á að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum að bundið slitlag verði lagt á vegina eins og þeir eru, þ. e. a. s. þá vegi sem eru þegar þannig gerðir að þeir þola bundið slitlag. Þetta er annað meginefni till. Hitt meginefnið er það, að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum að þessu verkefni skuli lokið á 10—15 árum. Svona einfalt er þetta. En hér tala menn bara um allt aðra hluti, og það er enn þá spurt: Hvað vakir fyrir flm.? Það er þetta sem fyrir okkur vakir, það er að fá fram þennan vilja Alþ. Hann hefur aldrei fengist. Og til þess þarf þáltill. Þess vegna mótmæli ég því, sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, að það þyrfti alls enga þáltill. til þess að slitlag yrði lagt á vegina. Við erum að reyna að fá fram vilja Alþ. sem dugi til þess að við komumst eitthvað áfram í þessum efnum. Við höfum lagt slitlag á 160 km af okkar vegakerfi sem er yfir 11 þús. km. Þetta er afrek, það má nú segja!

Hv. þm. vill fá að vita hvernig við ætlum að koma því heim og saman að sinna þessu verkefni ef ekki á að rýra fjárveitingar til annarra framkvæmda. Till. segir það bókstaflega sjálf. Það er að taka upp þessi vinnubrögð. Hv. þm. vefengdi að þetta mundi kosta 5 millj. kr. á km, eins og við segjum. Ég skal ekki deila við hann um hvort það kostar 5 millj. eða 6 millj., það er ekki meginmálið. Meginmálið er það, að við erum að reyna að koma þeim vilja Alþ. fram að slitlag verði lagt á vegina fyrir 5 eða 6 millj., en ekki 20 eða 30 millj. Þannig höfum við staðið að verki. Ég sagði í minni framsöguræðu að út frá mesta þéttbýlinu, þar sem umferð er svo mikil sem raun ber vitni, þar sem hún er 3—5 þús. bílar á dag og ég tala nú ekki um þaðan af meira, — þar er auðvitað ekki réttlætanlegt að standa svona að verki eins og við erum að biðja um, þar sem umferð er svona mikil. En meginhluti þjóðvegakerfisins hefur umferð sem er innan við 1000 bíla á sólarhring og það langt fyrir innan 1000 bíla. Þeir vegir eru til þess fallnir, þeir sem á annað borð hafa verið byggðir upp og það er sem betur fer talsverður kafli af þjóðvegakerfinu, að leggja slitlagið á þá og fyrir þá upphæð sem ég nefndi, það fullyrði ég.

Ég ætla sem sagt ekki að blanda mér í umr. um ástand vegamála í Eyjafirði. Mér er alveg ljóst að þar er margt ógert, þ. á m. á hinum fjölförnustu vegum, eins og t. d. í Þelamörk og í Hörgárdal og uppi í Öxnadal. Þar er vissulega margt ógert. En hér erum við líka komnir að einu veigamiklu atriði, og það er það, að þó að við höfum veg fyrir framan okkur sem er ekki af hinni fullkomnustu gerð, þá getur það samt verið

réttlætanlegt að leggja á hann bundið slitlag ef hann er ekki á endurbyggingaráætlun í nánustu framtíð. Ég hef skýrt frá því hvernig frændþjóðir okkar hafa þetta. Ég þekki það bæði í Svíþjóð og Noregi. Þar hafa þeir ósköp einfalda reglu. Ef vegur er ekki á endurbyggingaráætlun næstu 5 árin, þá er er lagt á hann slitlag með hinum ódýrasta hætti. Það er gert. Þeir telja að það borgi sig. En það virðist ekki ganga hér hjá okkur. Hérna skal þetta gert með hinum fullkomnasta hætti, nákvæmlega sama hvað umferðin er mikil. Helst á km að kosta, að manni skilst, 20—30 millj. kr. Og þarna erum við komnir að meginmálinu í till. okkar. Og ég hlýt að geta gert kröfu til þess að hv. þm. skilji þetta, það er svo einfalt og ég verði ekki beðinn um enn þá einu sinni að útskýra, hvað við erum að fara.

Ég get skýrt frá því hvernig þetta kæmi út eftir kjördæmum, ef við miðuðum við að sinna þeim vegum sem hafa 200 bíla umferð á sólarhring. Ég get einnig upplýst hvernig það skiptist eftir kjördæmum, hvað langir vegakaflar eru með bundnu slitlagi. Hér er fyrst Suðurland. Þar er talið að það sé 51 km kominn með bundnu slitlagi. En undir þetta mundu falla 297 km, þ. e. a. s. vegakaflar með 200 bíla umferð á sólarhring. Reykjaneskjördæmi hefur 108 km með bundnu slitlagi. 105 km mundu falla undir þessa till. Á Vesturlandi er nú enginn kafli talinn með bundnu slitlagi. Þar mundu falla undir þetta 199 km. Á Vestfjörðum eru taldir 3 km með bundnu slitlagi, 87 km mundu falla undir þessa till. Á Norðurl. v. er heldur enginn kafli með bundnu slitlagi, 205 km væru til til þess að leggja á bundið slitlag. Á Norðurl. e. eru 5 km með bundnu slitlagi, 206 km féllu undir þessa till. Og á Austurlandi eru 2 km með bundnu slitlagi, 128 km mundu falla undir þessa till. Þetta er upptalning sem ætti að sýna mönnum frekar en nokkuð annað að hér er þörf á að taka til hendinni.

Ég held að hv. þm. Stefán Valgeirsson hafi svo fundið út að lokum, hvað það væri sem við flm. meintum. Það var að þeir vegir, sem þegar eru uppbyggðir, verði lagðir slitlagi áður en hinir eru byggðir upp. Hér er einfaldlega verið að snúa út úr fyrir okkur og það er alger óþarfi að vera með svona útúrsnúninga. Við höfum þvert á móti talað um það, að auðvitað verði haldið áfram uppbyggingu veganna. Hlýtur hver maður að skilja að það er ekki síður áhugamál okkar flm. þessarar till., vegna þess að ef það verður hætt við að byggja upp vegina, þá verður líka hætt við að leggja á þá slitlag þegar við höfum lokið þessum áfanga. Eðlilega hlýtur þessu verki að verða haldið áfram. En svo að ég nefni það einu sinni enn, við erum að biðja hér um betri nýtingu á fjármagninu.

Ég hef þegar svarað því hvernig á að standa að því að fjármagna þessar framkvæmdir. Það var spurt um það enn einu sinni þótt á það sé reyndar bent í till. og ég ræddi það ítarlega í minni framsögu. Ég sé ekki ástæðu til að fara að tala um það hér einu sinni enn.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta miklu lengra mál. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði að það væri alveg tómt mál að tala um að hefjast handa um lagningu slitlags umfram það sem verið hefur nema til komi nýtt fjármagn. Ég get ekki fallist á þetta. Hins vegar hef ég lýst því yfir að ég mundi styðja það heils hugar að reynt yrði að afla miklu meira fjármagns til vegaframkvæmda heldur en nú er gert. Og ég hef sagt það áður og ég get ítrekað það enn, að ég tel enga goðgá að nefna erlent fjármagn í því sambandi. Ég tel það enga goðgá, svo mikilvægar eru þessar framkvæmdir fyrir allt okkar þjóðlíf og fyrir byggðina í landinu. Það eru nefnilega ekki bara framsóknarmenn, sem vilja að landið sé allt byggt, og þetta er ein leiðin til þess að viðhalda byggð í landinu. Það er að hafa samgöngukerfið líkt því sem þekkist hjá siðuðum þjóðum. En það er fjarri því að svo sé hjá okkur.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri. Ég hef orðið var við að þau hafa gefið tilefni til þess að menn ætla að halda fleiri ræður, og við því er þá ekkert að segja. Ég tel það mjög gagnlegt þó að það frestist eitthvað að þessi till. komist til n., því að ég held að þessar umr. um vegamál, sem hér hafa spunnist, séu ákaflega gagnlegar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég neyðist til þess að koma einu sinni enn upp í ræðustólinn og ræða um þetta mál vegna ummæla sem féllu í ræðu hv. 1. flm.

Ég ætla að byrja á því þar sem hann vitnaði til ísingarhættu á fjallvegum. Það er síður en svo að ég fordæmi bundið slitlag vegna ísingarhættu. En það, sem ég var að reyna að segja í nóv., var það, að ég lít svo á að sums staðar séu kaflar af vegakerfinu sem séu svo varasamir að það sé óskynsamlegt að leggja á þá bundið slitlag, vegna þess að þar skapast of mikil slysahætta, þannig að þó að þetta yrði greiðfærara á sumrin, þá yrði það þeim mun hættulegra að vetrinum. Bundið slitlag kostar öðruvísi og meiri snjómokstur. Þar má ekki láta snjóinn þiðna á veginum. Það verður að moka honum burt. Af þessu öllu saman skapast veruleg vandkvæði.

Hv. flm. gat þess áðan að hér vestur á fjörðum væru 3 km með bundnu slitlagi. Það er sorgleg saga að á þessum 3 km fyrir vestan hafa orðið stórslys, nú seinast milli jóla og nýárs — hörmulegt slys. Ég held að ég fari rétt með að það hafi orðið þarna 5 dauðaslys eftir að þetta bundna slitlag kom. Það hefur enginn vegarkafli á Vestfjörðum, svo að mér sé kunnugt um komist neitt í líkingu við þetta um slysatíðni, sem betur fer. Að sjálfsögðu væri mögulegt að gera þarna einhverja grjótvörn og handrið sem gerði veginn þannig að menn misstu ekki bifreiðar sínar út af honum. En þá safnaði það líka snjó og þannig eru ýmis vandkvæði á þessu. Þetta verður allt að meta í hverju tilfelli, hvar sé skynsamlegt að setja bundið slitlag á vegina og hvar það sé ekki skynsamlegt.

Bundið slitlag hefur náttúrlega í för með sér miklu meiri ökuhraða og það skapar greiðari samgöngur. Stundum er vinningur að ökuhraða og greiðum samgöngum. En ef það verður til þess að menn verða fyrir slysum, þá er það náttúrlega tímasparnaður sem borgar sig ekki. Og það er ákaflega mikill misskilningur hjá hv. flm., að ég sé alfarið á móti bundnu slitlagi, það er

síður en svo. Ég vil endilega að bundið slitlag sé lagt þar sem umferð er mjög mikil, það mikil að viðhald veganna er mjög miklum erfiðleikum bundið, þar sem t. d. ofaníburður er torfenginn og með öðrum hætti ekki hægt að halda vegunum sæmilega færum. Við leggjum bara áherslu hvor á sinn hlutinn. Hann leggur áhersluna fyrst og fremst á þetta bundna slitlag, ég legg fyrst og fremst áhersluna á að byggja vegina upp úr snjónum og aurnum, þannig að maður komist um landið, jafnvel þó að fara verði eitthvað hægar, jafnvel þó að menn verði að hristast eitthvað meira en á þessum hringvegi. Og það búa ekki allir landsmenn við hringveginn. Við notum hann allir og njótum allir nokkurs góðs af honum, en það eru fleiri vegir en hringvegurinn, og það finnst mér hv. flm. ekki hafa nógu ljóst í minni þegar hann er að tala hér í ræðustólnum. Hann er forgöngumaður í olíumalarfyrirtæki, veit sjálfsagt mest af okkur öllum um olíumöl og hún er honum helst til hugstæð, finnst mér.

Hv. þm. talar um lántökur í útlöndum. Ég vil nú biðja hann enn og aftur, vegna þess hvaða stöðu hann hefur hér í þinginu, hann er nú einn aðalfjármálaspesíalisti okkar, formaður í fjh.- og viðskn. Nd., að sýna nú aðgát og varúð. Ég er ekki að deila á hann. Ég er með bænaskrá, eins og þeir sögðu í gær, um að hann sýni nú aðgát og meiri varúð við þessa skuldasöfnun. Við megum til, held ég, að gá að okkur, að jafnvel þó að góða hluti megi gera fyrir þetta lánsfé — hluti sem kannske sé hægt að reikna út að borgi sig, þá verðum við að sýna nokkurt hóf, og það er fjárfrekt verkefni sem þessi till. leggur áherslu á — mjög fjárfrekt verkefni. Ég er ekki að telja að það geti ekki komið til greina að taka erlend lán eða innlend til nauðsynlegra verka. En það getur verið hentugra að fresta þeim um stund heldur en að hleypa sér í of miklar skuldir.

Hann fór allt í einu að tala hér um allt aðra till., síðasti ræðumaður, hv. þm. Ólafur G. Einarsson, hann fór að tala um litasjónvarp og afstöðu mína í litasjónvarpsmáli. Það má vel vera að þetta, að ég skuli ekki vera sérstakur áhugamaður um litasjónvarp, sé íhaldssemi. En það mætti eins segja að það væri vinstrimennska að ætla þegnunum sem jafnastan rétt. Ég vil minna hv. þm. á að það eru 400 sveitabæir sem eftir er að skapa skilyrði til þess að njóta útsendinga sjónvarps og þar að auki mestöll fiskimiðin í kringum landið. Og ég held a. m. k. að það sé eðlilegra verkefni og heppilegra allra hluta vegna að leggja fyrst og fremst áherslu á að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpssamband, þeim þeirra sem er tæknilega sæmilega kleift, heldur en að leggja alla áherslu á litasjónvarp sem einkum yrði notað hjá þeim sem næga hafa peningana.

Ég er ekki sammála hv. flm., — jafnvel þó að mér þyki við báðir hér prýðilegir í ræðustól, — ég er ekki sammála honum um að þetta séu einhverjar sérstakar snilldarumr. sem hér hafa farið fram um þessa till. Þær eru gagnlegar að því leyti kannske, að hv. flm. kemst á betri skoðun, en þó er ég vondaufur um það. Ég held að við ættum að fara að hætta þessum umr. og senda till. í n. og lofa henni bara að deyja þar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Mér þykir það leitt að eins ágætur þm. og hv. þm. Ólafur G. Einarsson er skuli eiginlega vera ber að því í ræðustóli, að hann skuli ekki skilja sjálfan sig, en ætlast til þess að við skiljum hann. Hann ræddi um það að honum kæmi ekkert við hvernig vegirnir væru í Eyjafirði, það væri ekki hans mál hvernig þeir væru. En hér er hann með till. um að það eigi að leggja bundið slitlag á þessa vegi. Það skiptir engu máli hvernig þeir eru, hvort það er hægt eða ekki. (ÓE: Þetta sagði ég ekki.) Ja, flm. og ræðumaður sagði að sér kæmi ekki við og hann mundi ekki fara að hafa áhyggjur af því hvernig vegirnir væru í Eyjafirði. Hins vegar voru þær umr. sem hv. ræðumaður gat um á milli okkar Magnúsar Jónssonar, ekki um vegina í Eyjafirði. Þær voru um allt aðra vegi, þannig að þar brestur hann minni. Þetta var um vegi á Tjörnesi á þeim tíma, þó að það skipti ekki meginmáli.

En það, sem er kjarni þessa máls, er hvað á að ganga fyrir í vegagerð. Það er kjarninn. Á að laga þá vegi, sem verstir eru, þannig að eðlileg umferð komist um þá, eða á það að sitja fyrir að setja bundið slitlag á vegi sem þegar eru uppbyggðir, ef hægt er að setja bundið slitlag á þá? Það er um þetta sem við erum að ræða.

Ég hef ekki haldið því fram að það sé ekki nauðsyn, heldur þvert á móti hef ég undirstrikað að það sé brýnt verkefni líka að setja bundið slitlag á vegina. En hitt er bara enn þá brýnna. Og ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að ef ekki kemur till. um hvernig eigi að gera þetta, því að það þýðir ekki að segja að það eigi að taka úr Vegasjóði fjármagn, þá hlýtur það að verða á kostnað annarra framkvæmda. Formaður fjh.- og viðskn. Nd. er meiri snillingur í fjármálum heldur en ég held að hann sé ef hann getur notað sömu krónuna til margra verkefna. A. m. k. kann ég það ekki.

Hitt er svo annað mál, og um það er ég honum sammála, að það þarf að gera átak í vegunum, það þarf líka að hraða þessum framkvæmdum og það verður að sinna þörfum fólksins. Það þýðir ekki að segja hér í ræðustól að menn vilji að landið sé allt byggt. Menn verða að sýna það og ekki vinna gegn því. Ég tel að menn vinni gegn því ef menn reyna ekki að skapa svipaða lífsaðstöðu um landið allt, og vegakerfið er sannarlega ekki minnsti þátturinn í þeirri viðleitni, þannig að það þýðir ekki fyrir menn að segja að við viljum ekki bæta aðstöðuna. Við viljum ekki bæta aðstöðu þeirra sem hafa hana besta og láta það ganga fyrir, það þýðir ekki. Menn verða að sýna slíkt í verki með því að bæta aðstöðu þeirra sem verst eru settir. Ég tók Eyjafjörð sem dæmi, af því að það er stærsti staðurinn utan Faxaflóasvæðisins, til þess að sýna að t. d. þar eru aðeins 3 km sem væri hugsanlegt að setja bundið slitlag á. Og ég hefði haft gaman af því að hv. þm. Ólafur G. Einarsson færi með mér norður í land og kæmi þar

á fundi og spyrði fólkið, hvað eigi að sitja fyrir í vegagerð. Ég hefði gaman af því. Ég veit hvaða svör hann fengi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 38. fundur.

Miðvikudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 211). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 6. ágúst, um breyt. á l. nr. 95 frá 31. des. 1975, um breyt. á l. um almannatryggingar. Þau lög voru gefin út til þess að leiðrétta í framkvæmd hvernig háttað var álagningu útsvars og innheimtu 1% álags á gjaldstofn útsvara, sem sveitarfélög lögðu á samkvæmt þessum lögum á s. l. ári og sáu um innheimtu á. Þegar til kom voru þessi gjöld lögð á þá sem höfðu lágar tekjur og heitið var, þegar frv. var lagt hér fram, og kom fram í umr. um frv. að ættu að vera fríir af þessu gjaldi. Hins vegar hefur komið í ljós, að þrátt fyrir þessi brbl. hafa ekki allir þeir sloppið sem til var ætlast, svo að hér þarf að gera enn þá bragarbót á og kannske taka upp svipað orðalag og gert var í lögunum sem afgreidd voru nú fyrir jólin, á þann veg að þeir, sem greiddu ekki útsvar eða ekki var lagt á útsvar, væru undanþegnir þessu gjaldi. Það var aldrei ætlun stjórnvalda eða Alþ. að þetta gjald kæmi niður á þessum aðilum. Þó að undanskildir hafi verið sennilega um 90% af þessum aðilum með þessum brbl., þá hefur hitt komið í ljós, sem ég mun gera ráðstöfun til að ræða við n. sem fær þetta frv. til meðferðar.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Miðvikudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Tékkar, frv. (þskj. 292). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta til breyt. á lögum nr. 94 1933, um tékka, er flutt að till. n. sem starfað hefur frá því á s. l. vetri að því verkefni að gera till. um breytta og bætta skipan tékkaviðskipta. Nefnd þessi hefur nýlokið störfum, en hún var skipuð fulltrúum dómsmrn., viðskrn., Seðlabankans, viðskiptabankanna og Sambands ísl. sparisjóða. Í áliti n. eru ýmsar till. varðandi tékka og meðferð þeirra í innlánsstofnunum, og felast aðaltill. n. í þeim heildarreglum um tékkameðferð sem nú eiga að vera komnar til framkvæmda.

Frv. þetta er einn þáttur í þeirri endurskoðun tékkamála sem unnið hefur verið að undanfarið. Ástæðan til þess, að tékkamálin hafa verið tekin til athugunar nú, er sú mikla tékkanotkun og ég held að það sé óhætt að segja tékkaóreiða sem þróast hefur hér á landi undanfarin ár. Er óhætt að segja að í verulegt óefni hafi verið komið. Með breyttri meðferð þessara mála standa vonir til að unnt verði að draga verulega úr þeirri misnotkun á tékkum, sem átt hefur sér stað, og koma á bættri skipan í þeim málum.

Um þetta frv. er það að segja, að gildandi tékkalög frá árinu 1933 hafa aldrei haft að geyma refsiákvæði. Hefur verið refsað fyrir tékkamisferli eftir 248. gr. almennra hegningarlaga þegar auðgunartilgangur hefur verið sannaður, annars eftir 261. gr. almennra hegningarlaga. En nú þykir rétt að taka í lög refsiákvæði sem tengd eru sjálfum tékkalögunum, og ætti það að geta spornað við misnotkun tékka og auðveldað dómstólum að koma lögum yfir þá sem brotlegir gerast með því að gefa út innistæðulausa tékka.

Samkvæmt þessu frv. skal refsa með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkv. almennum hegningarlögum, þeim sem gefur út tékka án þess að innistæða sé fullnægjandi á reikningi hans hjá greiðslubankanum eða sem án sérstakrar ástæðu afturkallar tékka eða ráðstafar innistæðu og hindrar á þann hátt að tékki, sem hann hefur gefið út, greiðist við sýningu innan sýningarfrests.

Refsirammi nn, sem hér er settur, er nokkuð þröngur: hámarksrefsing 3 mánaða fangelsi, en gert er ráð fyrir að beitt verði ákvæðum almennra hegningarlaga ef þyngri refsing liggur við broti.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv., en vísa til grg. sem fylgir því. Ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. Tékkalög í heild eiga auðvitað heima í fjh.- og viskn., en þar sem hér er einvörðungu um refsiákvæði að ræða þykir mér eðlilegast að leggja til að þessu frv. verði vísað til allshn.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Þar sem ég heyri að hæstv. ráðh. leggur ekki til að þetta frv. fari til þeirrar n., sem ég á sæti í í þessari hv. d., þ. e. a. s. fjh.- og viðskn., sem ýmsir mundu þó hafa talið eðlilegast, heldur til allshn. — (Gripið fram í.) — nei, nei, sem ég út af fyrir sig skal ekkert hafa við að athuga, — þá vil ég ekki láta hjá líða að það komi fram, að ég fagna framkomu þessa frv. og tel hér bætt úr mjög alvarlegum galla á hinum gildandi og gömlu tékkalögum. Það hefur frá upphafi verið mikill ágalli á þeim, að það skuli hafa skort ákvæði um refsingar sem bætt yrði úr með samþykkt þessa frv., og tel ég einsýnt að þetta frv. eigi að ná afgreiðslu þegar á þessu þingi.

En fyrst ég á annað borð er kominn í ræðustól, þá langar mig til að nota tækifærið til að spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann geti flutt þinginu nokkrar sérstakar fréttir af meðferð þess mikla

tékkamáls sem nú er á döfinni hjá Sakadómi og orðið hefur tilefni til opinberra deilna milli tveggja aðila dómskerfisins, þ. e. a. s. setudómara í Sakadómi annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar. Þeir hafa fleygt þessu mikla máli á milli sín opinberlega fyrir augum alþjóðar í fjölmiðlum með þeim hætti að það hlýtur að vekja tortryggni. Það er dómskerfinu til lítils sóma. Skal ég þar engan dóm um fella, hver sök á í því, þó að ég telji það vera óheiðarleika að láta ekki koma fram að viðbrögð ríkissaksóknara í þessu máli hafa fyrst og fremst vakið furðu almennings og fjölmiðla.

Nú er að sjálfsögðu ljóst að hæstv. dómsmrh. hefur enga aðstöðu til þess og honum ber ekki að hafa nokkur afskipti af því hvernig dómstólar fjalla um mál, jafnvel þó að þeir hegði sér þannig, eins og í þessu tilfelli, að fleygja máli — stóru umfangsmiklu sakamáli — á milli sín með þeim hætti að til fullkominnar vansæmdar er fyrir dómstólana í heild. Þó að mér sé ljóst að hér er ekki við hæstv. ráðh. að sakast og hann hefur enga aðstöðu til að koma í veg fyrir að embættismenn verði sér til vanvirðu á þann hátt sem hér hefur átt sér stað, þá vildi ég samt sem áður víkja að því að gefnu þessu tilefni. Þetta frv. er alls ekki óviðkomandi meðferðinni á því máli sem hér er um að ræða. En ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann geti gefið hinu háa Alþ. og þar með þjóðinni nokkrar skýringar á því, hvernig stendur á þeim ósköpum sem eru að gerast í þessu máli innan dómskerfisins.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég held að það sé of sterkt að orði kveðið hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni að embættismenn hafi orðið sér til vanvirðu í þessu máli. Það er rétt, eins og hann sagði, að dómsmrh. hefur að sjálfsögðu ekki afskipti af rannsókn máls, heldur er það saksóknari og þá dómari sem rannsakar málið.

Eins og ég hef e. t. v. sagt hér fyrir nokkrum dögum, þá var það svo, að eftir að Seðlabankinn hafði kært yfir þessum meintu brotum og ljóst var að um umfangsmikið mál var að tefla varð það að ráði samkv. ósk Sakadóms að það var skipaður sérstakur umboðsdómari, sem kallaður er, til þess að fara með rannsókn og dómsmeðferð í þessu máli. Hann tók við þessu máli, hefur unnið í því og lagt í það ákaflega mikla vinnu og haft aðstoðarmenn við það. Hann tók þann hátt upp, sem ég býst við að sumir vilji telja réttan og mikið hefur verið talað um af hálfu fjölmiðla, að meðferð þessara mála þyrfti að fara meir fram fyrir opnum dyrum, skulum við segja, heldur en gert hefur verið. Nú er það svo samkvæmt reglum íslenskra laga auðvitað, að dómsmeðferð máls fyrir dómi fer fram í heyranda hljóði. En hins vegar hlýtur annað að gilda um rannsókn máls samkv. eðli málsins. En þessi umboðsdómari tók þann hátt upp að efna til blaðamannafunda og skýra frá því, hvernig hann teldi að rannsókninni miðaði áfram þá og þá, og þó auðvitað þannig að þær upplýsingar, sem gefnar voru, hlutu alltaf eðli málsins samkv. að verða ákaflega takmarkaðar.

Síðan gerist það svo að hann ákveður að skrifa ríkissaksóknara bréf, eftir að hann hafði rannsakað málið alllengi, þar sem hann gerir að sjálfsögðu grein fyrir málinu og vafalaust þeim atriðum sem hann vill benda sérstaklega á. Það var missagt hjá mér hér síðast að hann hefði birt þetta bréf, hann birti ekki bréfið í heild sinni, en á blaðamannafundi skýrði hann að nokkru leyti frá efni þess, ábendingu hans um það að rannsóknin væri með tilteknum hætti takmörkuð.

Þegar þetta var komið opinberlega fram og ríkissaksóknari svarðaði svo þessu bréfi, þá lét hann fjölmiðlum í té afrit af bréfi sínu, þar sem hann féllst ekki á sjónarmið umboðsdómarans.

Eftir það skrifaði umboðsdómari nýtt bréf til saksóknara, þar eð hann taldi m. a. að ríkissaksóknari hefði ekki skilið réttilega viss atriði í sínu bréfi. Það bréf er enn til athugunar hjá ríkissaksóknara og hann hefur ekki látið frá sér fara svar við því enn. Á því stigi eru þessi mál.

Umboðsdómarinn hefur bent á að þessi rannsókn hefur orðið og mundi verða mjög kostnaðarsöm. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég álít að það sé alls ekki hægt að horfa í það þó að þessi rannsókn sé kostnaðarsöm og verði kostnaðarsöm. Það verður að rannsaka þessi mál til botns. Og eins og ég gerði grein fyrir hér í umr. utan dagskrár, þá er það mín persónulega skoðun, — sem er ekkert nema mín persónulega skoðun, því það er algjörlega ríkissaksóknara að ákveða þetta, — að það eigi ekki að takmarka þessa rannsókn við neina tiltekna af þeim aðilum sem eru í kæru Seðlabankans, heldur eigi að ákæra og láta síðan dómstólana um það að sakfella eða sýkna. Það getur vel verið að niðurstaðan kynni að verða sú, að einhverjir af þeim yrðu sýknaðir. En ég hygg að það sé ómögulegt að eyða tortryggni í þessu máli nema það séu dómstólarnir sem fjalli um það og þeir skeri úr um það hverjir eru saklausir, ef einhverjir eru, eða hverjir hafi — ætti líklega að segja — haft heimildir þær fyrir hendi sem þeir telja að þeir hafi haft til að gefa út tékka. Hið formlega brot liggur, að ég held, raunverulega fyrir, að þessir aðilar hafa samkv. könnun Seðlabankans gefið út innistæðulausa tékka. En deilt kann að vera um það, hvort þeir hafi haft heimild til þess frá hlutaðeigandi viðskiptabanka að gefa út meira en þeir höfðu samkv. gögnum bankans heimild til.

Það er því miður hætt við því að þessi rannsókn verði alllöng. Þetta er mjög umsvifamikið mál og hefur verið tekið til rannsóknar raunar á nokkru víðtækari grundvelli en upphafleg kæra Seðlabankans fjallaði um, að ég ætla.

Ég get ekki upplýst þetta frekar og get ekki gefið annað svar við fyrirspurn hv. þm. en þetta, að á þessu stigi er málið hjá ríkissaksóknara og hann mun væntanlega áður en langur tími líður svara bréfi umboðsdómarans og leggja fyrir hann sín sjónarmið um rannsóknina. Umboðsdómari er auðvitað háður fyrirmælum ríkissaksóknara að verulegu leyti, en hins vegar auðvitað jafnóháður dómsmrn. eins og hver annar dómstóll og algjörlega sjálfstæður og fer með

málið eins og reglulegur héraðsdómari mundi gera.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. þær upplýsingar sem hann hefur veitt þingheimi um það, hvernig svonefnt tékkamál eða ávísanamál er nú statt. Það kom fram hjá hæstv. ráðh. alveg réttilega, að umboðsdómarinn í ávísanamálinu skýrði fjölmiðlum frá málaleitun sinni til ríkissaksóknara um að takmarka nokkuð verkefni sitt sem umboðsdómara. Ég held að engum hafi getað hvarflað í hug né heldur hafi hvarflað í hug að það hafi vakað fyrri hinum ágæta umboðsdómara, svo að ég noti orð hæstv. dómsmrh., að takmarka rannsóknina þannig að hætta væri á því að einhver sekur aðili slyppi. Ég er hæstv. ráðh. algjörlega sammála um að málsmeðferðin má með engu móti verða þannig, að hægt verði eftir á að segja að einhverjum aðila hafi verið hlíft eða einhver sekur aðili hafi sloppið við nauðsynlega og sjálfsagða rannsókn. Hitt tel ég vera alveg óumdeilanlegt og alveg óyggjandi, að fyrir hinum ágæta umboðsdómara, svo að ég noti enn orð hæstv. dómsmrh., hafi vakað að málið þyrfti ekki að dragast á langinn úr hófi fram og verða eitt af eilífðarmálunum fyrir íslenskum dómstólum.

Það, sem ég átti við með því að taka mér í munn orð eins og þau, að ríkissaksóknari hafi orðið sér til vanvirðu í þessu máli, er auðvitað það, að ekki þarf einu sinni löglærðan mann til þess að átta sig á því að ríkissaksóknari misskildi bréf umboðsdómarans alveg augljóslega. Ég endurtek: það þarf engan dómara, ekki einu sinni lögfræðing, það þarf ekki annað en heilbrigða skynsemi til þess að sjá að svar ríkissaksóknara við bréfi umboðsdómarans var út í hött — var hreinlega út í hött. Auðvitað er það ástæðan til þess að umboðsdómarinn svaraði aftur, og fyrri misskilningur ríkissaksóknara veldur því auðvitað hve lengi hann er nú að hugsa sig um. Það eru liðnar vikur síðan hann fékk seinna bréf umboðsdómarans, og enn hefur hann ekki svarað. Það er varla hægt að fá gleggri sönnun fyrir því, að fyrra bréfið var á misskilningi byggt, heldur en einmitt þessa staðreynd, enda endurtek ég: það þarf engan lögfróðan mann til að átta sig á því að fyrra bréfið var út í hött.

Ég tel rétt, fyrst á annað borð er farið að ræða um þetta, að víkja örfáum orðum, — það skal vera mjög stutt, hæstv. forseti, — að því sem ég tel hafa hlotið að liggja að baki beiðni umboðsdómarans um að ríkissaksóknari takmarkaði verksvið hans. Ég endurtek, að engum, sem til þekkir, mun hafa dottið í hug, — enda mundi hæstv. dómsmrh. ekki hafa nefnt umræddan umboðsdómara „ágætan umboðsdómara“ ef honum dytti sjálfum í hug að það hefði vakað fyrir honum að takmarka rannsókn málsins í því skyni að hugsanlega yrði sekum manni hlíft. Hitt hefur auðvitað vakað fyrir honum, eins og ég sagði áðan, að gera ekki þetta flókna og stóra ávísanamál eitt af eilífðarmálunum, sem ég vil kalla, í íslensku réttarfari. Það er nóg orðið af slíkum hneykslismálum. Í því sambandi vil ég aðeins nefna eitt mál, — ég gæti nefnt mörg, — og það er skattamál Sigurbjarnar Eiríkssonar.

Ég man ekki nákvæmlega hvað mörg ár eru liðin síðan dómur féll um það, að Sigurbjörn Eiríksson skuldaði ríkinu tugi millj. í ógreidda skatta, og hann hefur verið sekur fundinn um bókhaldsfals og aðra óreiðu. Mörg ár eru liðin síðan. Því var slegið föstu að Sigurbjörn Eiríksson skuldaði ríkissjóði 25—30 millj. kr., ef ég man rétt. Síðan hefur verðbólga magnast svo á Íslandi að þessar 25—30 millj. fara hvað úr hverju að verða smápeningar vegna dráttarins sem þetta mál hefur orðið fyrir í réttarkerfinu. Og enn fæst ekki botn í þetta skattamál Sigurbjarnar Eiríkssonar. Enn heldur hann á þessu ári áfram að græða á verðbólgunni. Gamla skuldin til ríkissjóðs vegna beinna löbrota er orðin minni og minni með hverju árinu sem líður á undanförnum árum og verður nú minni og minni með hverjum mánuðinum sem líður. Það er m. ö. o. og hefur verið sérstakt hagsmunamál þessa dæmda aðila að málið dragist á langinn.

Það er auðvitað þessi reynsla, — slík dæmi getum við nefnt mörg fleiri, — sem valdið hefur því, að umboðsdómari óskar ekki að eitthvað álíka gerist í hinu stórfellda ávísanamáli. Það er slíkt sem ekki er hægt að þola, og það er slíkt sem veldur því að mjög hefur dregið úr trausti almennings í landinu á dómskerfinu, því miður, segi ég, því að fátt er nauðsynlegra réttarríki, fátt er nauðsynlegra lýðræðisríki en einmitt að hægt sé að bera fyllsta traust til dómsmála. En það traust veikist þegar slíkt gerist eins og dómurinn í skattsvikamáli Sigurbjarnar Eiríkssonar, að dómfelldur aðili græði ár frá ári á því að halda málinu gangandi fyrir dómstólum. Auðvitað gerir enginn maður ráð fyrir öðru í réttarríki eins og Íslandi en að Sigurbjörn Eiríksson verði að endingu að greiða þann skatt sem hann hefur svikið út úr ríkinu. Auðvitað kemur einhvern tíma að því, að hann greiði hann. En þróun mála hefur verið þannig, að þegar hann loksins greiðir hann, þá greiðir hann smábrot af því sem hann tók frá ríkinu, og slíkt má ekki endurtaka sig í ávísanamálunum.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vildi láta koma fram af minni hálfu stuðning við það frv. til l. um viðauka við lög um tékka, sem liggur fyrir þessari hv. þd. og er hér til umr. Það er engin spurning um það, að nauðsyn er á því að setja viðurlög við misferli á tékkum. Tékkaútgáfa hefur aukist stórkostlega í þjóðfélaginu á tiltölulega fáum árum og er orðin mjög umfangsmikil, svo ekki sé meira sagt, þannig að misferli á þessu sviði er auðvitað hættulegt fyrir eðlilegt viðskiptalíf og viðskipti, auk þess sem þessi notkun er svo almenn, að ef ekki er um að ræða sérstök viðurlög við misferli, þá síast þetta út í þjóðfélagið í stórum stíl. Það er alltaf spurning um það, hvernig á að beita refsingum, en mér sýnist að þær till., sem liggja fyrir í þessu frv., séu mjög skynsamlegar og meira en tímabærar.

Þetta er ekki fyrsta frv. sem hæstv. dómsmrh. leggur fyrir Alþingi á tiltölulega stuttum tíma um bætur á réttarkerfi þjóðarinnar. Það má segja að hvert frv. reki annað í þessum efnum. Og ég fullyrði það og hygg að um það séu allir

sammála, að núv. hæstv. dómsmrh. hefur verið mikilvirkari í þeim efnum að bæta réttarfar og sakamálameðferð heldur en nokkur annar dómsmrh. um áratugi, og fyrir það er ástæða til að votta honum traust.

Það hafa orðið miklar umr. um dómsmálin á undanförnum mánuðum í fjölmiðlum og meðal stjórnmálamanna. Ég vil leggja áherslu á að í því moldviðri og þeim umr., sem um þetta hafa orðið, misjafnlega vandaðar, þá mega menn aldrei missa sjónar á því að sjálfstæði dómstóla er eitt af undirstöðuatriðum í lýðræðisríki og réttarríki. Eftir okkar kerfi og flestra lýðræðisþjóða er það svo, að dómarar eru settir til starfa á mismunandi hátt. Sums staðar eru þeir kosnir, eins og kunnugt er, og sums staðar skipaðir. Í því réttarkerfi, sem við byggjum á, og í þeim löndum, sem hafa svipað réttarkerfi og við Íslendingar, eru dómarar yfirleitt skipaðir til starfa. Það má sjálfsagt deila um það hvor aðferðin sé skynsamlegri. Ég er þeirrar skoðunar að við búum við öruggara réttarkerfi í þessum efnum heldur en þær þjóðir sem kjósa dómara, og ég held að það séu miklu meiri líkur til þess þar sem dómarar eru kosnir, að pólitískar deilur verði um störf þeirra og þar af leiðandi minni starfsfriður fyrir dómara að vinna óháð og ótruflaðir að sínum vandasömu úrlausnarefnum. En um þetta má sjálfsagt deila. En sjálfstæði dómstóla er, eins og ég sagði áðan, geysilega þýðingarmikið undirstöðuatriði.

Það eru þrír aðilar sem fara með ríkisvaldið í okkar landi skv. stjórnarskrá. Það er Alþ. sem fer með löggjafarvaldið og vill ekki láta það af hendi til neins annars aðila. Það er að vísu svo að ríkisstj. hefur bráðabirgðalöggjafarvald með höndum, eins og kunnugt er. En hún er þingbundin og Alþ. ræður því hverjir sitja í ríkisstj. hverju sinni, þannig að Alþ. hefur að sjálfsögðu óbein áhrif á handhöfn bráðabirgðalöggjafarvalds, enda verður að leggja slík lög fyrir Alþingi. Síðan er framkvæmdavaldið sem á að vera í höndum ríkisstj., eins og kunnugt er, en er í reynd að verulegu leyti í höndum Alþingis vegna þess að við búum við þingbundna stjórn. Þriðji aðilinn eru dómstólarnir sem eru sjálfstæðir og óháðir eða eiga að vera það í störfum sínum og óheillavænlegt ef aðrir ætla að fara inn á svið dómstóla hvað snertir meðferð mála, þó menn geti auðvitað gagnrýnt hana almennt séð.

Ég er nægilega kunnugur meðferð bæði sakamála og almennra dómsmála til þess að gera mér grein fyrir því, að það er erfitt að ræða um einstök mál án þess að hafa kynnt sér meðferðina til nokkurrar hlítar. Það er erfitt og ég ráðlegg engum að gera það of snemma. Það kunna að vera ýmsir málavextir sem valda því að menn líta öðruvísi á málin, eftir að menn hafa kynnt sér þau til hlítar, heldur en á að sjá án þess að þekkja þau vel.

Varðandi þær umr., sem hér hafa farið fram, langar mig til að víkja örfáum orðum að hinu svokallaða tékkamáli sem hefur verið til meðferðar hjá dómstólum síðan í sumar. Ég vil ekkert um það dæma hvort það er langur tími eða stuttur. Ég hygg að það sé ekki langur tími miðað við umfang þess máls, eins og mér kemur það fyrir sjónir. Hv. 9. þm. Reykv., sem hóf máls á þessu atriði, áfelldist í sinni frumræðu ríkissaksóknara fyrir afskipti hans af þessu máli, sem eru um það hvort hann vilji láta fella niður eða takmarka rannsóknina við ákveðin mál og rannsaka þá ekki önnur mál sem kært hefur verið út af. Um það fjallar þessi ágreiningur, að því er mér skilst. Í sinni seinni ræðu sagði hins vegar hv. 9. þm. Reykv. að hann væri hiklaust fylgjandi því að öll mál fengju meðferð og dóm. Það fer ekki heim og saman að takmarka rannsóknir og láta niður falla meðferð og dómsálagningu ákveðinna mála, kannske margra, annars vegar og svo hins vegar að vilja fá rannsókn allra mála, sem kærð eru, og enn fremur dómsniðurstöður. Ég held að það sé ótæk málsmeðferð að fella niður eða ljúka ekki meðferð mála, sem kærð hafa verið og það sé enginn annar kostur, þegar þannig stendur á, heldur en að bæta við mannafla til þess að ljúka rannsókninni.

Það er alltaf álitamál hvað á að leggja mikla áherslu á hraðann í málum. Það er sjálfsagt hægt að skipta þessu og leggja til meiri vinnukraft. Það er álitamál hvað á að leggja mikla áherslu á að bæta við mannskap til þess að ljúka málsmeðferð og dómsálagningu. Ég fyrir mína parta tel að það sé ekki neinn annar kostur fyrir hendi í þessu efni heldur en að rannsaka málin. Þau eru sjálfsagt mjög mörg, eftir því sem manni skilst, og eflaust mismunandi að málavöxtum, ekki efast ég um það. Sumir hafa eflaust málsbætur, aðrir hafa þær ekki og allt þar á milli. En mér sýnist enginn annar kostur í þessu efni en að rannsaka málin og leggja síðan dóm á þau. Síðan er hægt að áfrýja til Hæstaréttar. Það er gangur málanna og það er þá áreiðanlega Hæstiréttur sem sker úr um að lokum, hver er sekur og hver er sýkn, og einnig um það, hvort málsmeðferð hefur verið eðlileg eða hvort ástæða er til að vísa málum heim í hérað á nýjan leik til frekari rannsóknar og dómsálagningar.

Ég held að það sé meira en vafasamt að hefja umr. á Alþ. um mál eins og þetta, sem er á — ég vil segja eðlilegu rannsóknarstigi. Ég get ekki séð að það sé í þessu neitt óeðlilegt sem gefi tilefni til að hefja miklar umr. og gagnrýni, eins og sakir standa. Það vill nú svo til að ég þekki persónulega þá dómara sem hér eiga hlut að máli, vegna þess að ég var málflutningsmaður um langan tíma hér í borginni. Þetta eru báðir ágætir menn, bæði umboðsdómarinn í málinu og ríkissaksóknari, og ég held að hvorugur þeirra vilji vamm sitt vita í sambandi við embættisstörf. Ég tek því ekki undir það, að það sé ástæða til þess að hallmæla þeirra störfum hér á Alþ., og ég sé ekki að það hafi gefist tilefni til þess. Í raun og veru er enginn bær um að dæma um það til fullrar hlítar nema Hæstiréttur eða þá aðrir aðilar sem geta kafað ofan í þessi flóknu og margþættu mál og kynnt sér meðferðina og síðar dómsálagningu.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram og er ekkert nýtt og raunar allir eru sammála um, að það sé nauðsynlegt að hraða meðferð mála og leggja dóm á þau svo fljótt sem unnt er. En ég vil þó taka það fram, að það má ekki í þessum efnum leggja svo mikla áherslu

á hraða dómsmála að hætta sé á því að sýknir menn verði sakfelldir. Það verður að gefast nægur tími til þess að rannsaka málin vandlega að öllu leyti einnig að tryggja að menn, sem eru raunverulega sekir, verði ekki sýknaðir vegna þess að mál eru ekki nægilega rannsökuð og það gefst ekki nægur tími til að athuga málið. Ég vil vara við því.

Í þessu sérstaka máli, tékkamálinu, sem hefur verið mjög til umræðu í fjölmiðlum, er sem sagt spurningin þessi, hvort það eigi að takmarka rannsóknina og dómsálagningu við ákveðin mál og sleppa öðrum eða hvort á að ljúka öllum málunum. Það er alveg augljóst mál og ég er eindregið fylgjandi því og tek undir það, sem hér hefur komið fram, raunar hjá báðum hv. þm., hæstv. dómsmrh. og hv. 9. þm. Reykv., að það eigi og beri að rannsaka öll málin og leggja á þau dóm en ég er viss um, að það tekur mikinn tíma, sjálfsagt langan tíma, því að þetta er kannske hundruð og e. t. v. þúsundir mála. Ég veit að vísu ekki hve mörg mál einstaklinga er hér um að ræða, en eflaust gífurlegan fjölda tékka, þannig að það tekur áreiðanlega sinn tíma, og ég sé engan annan kost, ef menn vilja hraða þessu meira, heldur en að setja í það meiri mannafla. Ég vil hins vegar ekki leggja neinn dóm á það hvort ástæða er til þess. Það má vera að svo sé.

En þó að það sé nauðsynlegt að ræða um dómstólana og dómskerfið hér á Alþ. öðru hvoru, þá vil ég samt vara við því að haldið sé uppi óréttmætri gagnrýni á störf dómstólanna í landinu almennt, vegna þess að það er talsvert hættulegt fyrir einn handhafa ríkisvaldsins, Alþingi, að grafa undan eða stuðla að því að grafa undan trausti almennings almennt á dómstólum í landinu. Það er eflaust þannig, að það eru ýmsir dómarar, sem eru ekki starfi sínu vaxnir. Svo er á fleiri sviðum. En það eru líka mjög margir og áreiðanlega langflestir, sem eru fullkomlega starfi sínu vaxnir og vinna af samviskusemi að sínum málum, þ. á m. meðferð dómsmála og dómsálagningu. Og ég vil vara við því að þyrla upp hér á Alþ. of miklu ryki eða stofna til mikilla umr. um málefni sem eru á eðlilegu rannsóknarstigi, eins og ég tel að tékkamálin séu, miðað við það hvað ég held að þau séu mikil að umfangi. Ég tel að það sé ekki líklegt til að auka veg Alþ. að ræða um þessi málefni hvatvíslega og án þess að umr. séu virkilega rökstuddar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í að ræða það frv. sem hér er til umr., einfaldlega vegna þess að mér gefst kostur á að athuga það og fjalla um það í þeirri n. sem þessu frv. verður væntanlega vísað til, allshn. Nd.

Ég get sagt eins og fleiri hér, að ég get stutt efni frv., en þó vil ég benda mönnum á, að þó svo að það verði að lögum, þá er ekki þar með sagt, því miður, að ávísanamál okkar færist eitthvað til betri vegar. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að hér er um tvíþætt vandamál að ræða. Annars vegar það, að almenningur, þ. e. a. s. fólk sem hefur tékkhefti og notar það til þess að borga matarreikninga, rafmagnsreikninga og önnur útgjöld síns heimilis, fari nokkur hundruð eða þúsund kr. yfir á ávísanareikningi og sæti þungum kárínum fyrir. Hitt vandamálið, sem er jafnvel öllu alvarlegra, er þegar einstakir svokallaðir framkvæmdamenn geta leikið sér að því að spila á þetta kerfi, þennan anga bankakerfisins, og bera sjálfir úr býtum milljónir eða hundruð þús. í hagnað. Menn t. d. eins og landsfrægur athafnamaður í Keflavík, svo eitt dæmi sé nefnt, brjótast ekki vopnaðir inn í banka og skipa útibússtjóra eða bankastjóra eða bankaráði að afhenda sér fé bankans og hóta þeim hörðu ef ekki fari svo. Síður en svo. Þessi maður gengur inn um dyr bankans eins og hver annar viðskiptamaður hans og fær síðan afgreiðslu sem almenningur fær ekki.

Það má vel vera að það dugi eitt út af fyrir sig, að þá sjaldan kemst upp um slíka athafnamenn, þá verði þeir látnir sæta hörðum sektum. En mér er spurn: Hvernig geta slíkir menn ástundað slíka hluti einir ef bankakerfið, útibússtjórar, bankastjórar, bankaráðsmenn og aðrir slíkir mæta þeim með sömu tökum og þeir mæta almenningi? Skyldi ekki einhvers staðar vera pottur brotinn ef einn og sami maðurinn getur gengið aftur inn í sama bankann ár eftir ár, hversu marga dóma fyrir fjársvik sem maðurinn hefur á bakinu og sífellt orðið uppvís að því að hafa notað velvild viðkomandi banka til þess að hafa fé út úr bankanum eða öllu heldur sparifjáreigendum sem eiga fé bankans.

Þau ákvæði, sem um er að ræða í þessu frv., eru ekki að mínu viti fallin til þess að lagfæra þetta. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að enginn einn einstaklingur, hvort sem hann heitir Jósafat Arngrímsson eða hvaða öðru nafni sem hann nefnist, getur æ ofan í æ og ár eftir ár gengið inn í bankastofnanir og haft úr úr þessum stofnunum stórfé öðruvísi en að einhvers staðar sé pottur brotinn í eftirlitskerfinu. Það er orðið harla undarlegt þegar það virðist vera unnt — og ekki aðeins unnt, heldur tiltölulega auðvelt fyrir menn, sem hvað eftir annað hafa orðið sannir að sök um að misnota bankakerfið, að eiga allra manna greiðastan aðgang inn í þetta kerfi aftur. Þó ekki sé vitað mikið enn þá um niðurstöður þeirra rannsókna sem fram hafa farið í hinu svokallaða ávísanamáli, þá er þó það vitað að meðal þeirra manna, sem þar eru taldir vera í sök, eru menn sem aftur og aftur voru búnir að brjóta af sér gagnvart þessum bönkum, en bankarnir aftur á móti hleypt inn á sig aftur og aftur. Það getur vel verið að hægt sé að lagfæra þetta með að refsa þeim, sem undir ávísunina hafa skrifað. En getur ekki líka verið að þeir, sem taka slíka menn í viðskipti aftur og aftur hjá ríkisbönkum, séu í einhverri sök sjálfir líka?

Hv. þm. Tómas Árnason talaði mikið áðan um það moldviðri sem þyrlað hefði verið upp í dómsmálunum. Það má vel vera að sumir vilji kalla þetta moldviðri, þetta umtal sem orðið hefur um dómsmálin á undanförnum árum og mánuðum. En ég vil aðeins minna þennan hv. þm. á það yfirlit sem hæstv. dómsmrh. gaf úr ræðustól í umr. utan dagskrár hér í gær eða í fyrradag, í gær minnir mig að það hafi verið. Þá taldi

hann upp hvert stórmálið á fætur öðru til þess að skýra Alþ. frá hvernig staðan væri í þessum málum. Hvers vegna gerði dómsmrh. þetta? Var hæstv. dómsmrh. að þyrla upp eintómu moldviðri héðan úr ræðustól? Nei, aldeilis hreint ekki. Hann var að rekja mál sem hafa verið rakin í blöðum, í útvarpi og manna á milli, — mál sem vissulega hafa gerst á undanförnum mjög fáum mánuðum. Ég vil minna þennan hv. þm. á að það voru talsvert mörg mál á þessum lista, sem hæstv. dómsmrh. las upp hér úr ræðustól í gær eða fyrradag, sem höfðu bæst á þennan lista frá því að dómsmálin voru síðast til umræðu hér á Alþ., og ekki eru þessi mál tilbúin af vondum blaðamönnum eða óheiðarlegum skriffinnum. Þetta eru staðreyndir sem við vitum um. Um þetta hefur verið talað. Þetta ástand hefur verið gagnrýnt. Það hefur verið stutt dæmum og tilvitnunum. Þessi mál eru til, þau eru til umfjöllunar, eins og kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., þannig að hér er ekki um tilbúning að ræða, heldur hluti sem eru að gerast. Og þegar hægt er að styðja gagnrýni með slíkum dæmum eins og hæstv. dómsmrh. nefndi sjálfur, þá er ekki hægt að fullyrða, eins og hv. þm. gerði, að hér sé aðeins um moldviðri að ræða. Við skulum bara fara yfir þessi stóru mál. Það er Klúbbmálið. Það er þetta svokallaða Geirfinnsmál. Það er ávísanamálið. Það er mál Guðbjarts Pálssonar. Það er mál Grjótjötuns. Það er mál Alþýðubankans. Þannig er hvert málið á fætur öðru sem hefur komið upp núna á síðustu mánuðum og örfáum árum og allt of mörgum meðal almennings virðist að dómskerfið ráði hreinlega ekki við. Ég vil minna hv. þm. Tómas Árnason á það, sem hann var að tala um hér áðan, að það ætti að rannsaka og kafa ofan í öll atriði mála og hvergi neitt að spara til þess að það yrði gert. Ég mundi gjarnan vilja fá stuðning þessa hv. þm. þegar ég bendi á það t. d. varðandi eitt þessara mála, að það barst ósk frá skattrannsóknarstjóra í sambandi við Klúbbmálið um að rannsókn þess næði aftur til ársins 1966. Á þá ósk var ekki fallist. Rannsókn Klúbbmálsins náði ekki nema 1½ ár aftur í tímann. Það barst einnig ósk um að það yrði rannsakað, hvort um brot á bókhaldslöggjöf og um brot á hlutafélagalögum hefði verið að ræða. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið rannsakað. Þá barst einnig ósk um að athugað yrði hvernig stæði á því að ýmsir tilteknir einstaklingar hefðu fengið frá þessu fyrirtæki stórar fjárhæðir í greiðslu án þess að hægt væri að sjá að þessir einstaklingar hefðu getað unnið eitt eða neitt fyrir þetta fyrirtæki. Það var ekki heldur rannsakað. Þá kom einnig fram ósk um að athugað yrði hvernig á því stæði að það voru ekki til neinir launamiðar frá þessu fyrirtæki til ýmissa starfsmanna, eins og hljómsveita sem höfðu starfað fyrir þetta hús árum saman. Hvernig stóð á því að t. d. skattayfirvöld höfðu aldrei látið sér til hugar koma að athuga að það þrifist líklega ekkert danshús án þess að hljómsveit léki þar? Mér er ekki kunnugt um að þetta hafi verið rannsakað. Ég vil því gjarnan óska eftir því, að hv. alþm. Tómas Árnason taki undir gagnrýni með mér og fleirum um þetta. Og þó að búið sé að dæma í hluta af þessu svokallaða Klúbbmáli, þ. e. a. s. í því máli, sem rannsóknin hefur tekið til, þá vil ég alls ekki fallast á það með hæstv. dómsmrh. að þar með sé búið að ljúka bæði rannsókn, ákæru og dómsfellingu í Klúbbmálinu, vegna þess að ekki hefur nema hluti málsins verið tekinn til rannsóknar og ekki einu sinni nema hluti þeirrar rannsóknar sem um var beðið af skattrannsóknarstjóra, og vitna ég í því sambandi til skriflegrar skýrslu frá Hallvarði Einvarðssyni sem ég las upp á Alþ. í fyrra, þar sem þetta kemur fram.

Hins vegar held ég að það hafi ekki verið þetta sem hafi vakað fyrir umboðsdómaranum Hrafni Bragasyni í sambandi við bréf hans til Þórðar Björnssonar, — síður en svo að það hafi verið að hann hafi ætlast til þess að einhverjir ákveðnir einstaklingar, sem ástæða væri til þess að rannsaka og kæra hefði borist á frá Seðlabankanum, yrðu felldir út úr rannsókninni. Það, sem glögglega kom fram hjá umboðsdómaranum, var m. a. það, að þarna höfðu verið teknir til athugunar mörg þús. tékkar. Allshn. Nd. fór fyrir nokkru í heimsókn í húsakynni Sakadóms. Í einu herbergjanna þar hafði umboðsdómarinn aðsetur. Þar voru fjallháir bunkar af ljósritum af ávísunum sem vörðuðu málið að einhverju leyti. Tugir þúsunda einstakra ávísana. Umboðsdómarinn hafði lokið frumrannsókn málsins, farið yfir allar þessar ávísanir, allar þessar tugþúsunda færslur. Hann óskaði eftir því, þegar hann taldi þeirri frumrannsókn lokið, sem er eðlilegt og sjálfsagt undir slíkum kringumstæðum, að saksóknari ríkisins tæki ákvörðun um hvernig framhaldsrannsókn skyldi hagað, þ. e. a. s. að hvaða þáttum sú rannsókn ætti fyrst og fremst að beinast, t. d. ekki að því að leita uppi þær þúsundir eða alla vega þá mörg hundruð einstaklinga sem með einhverjum hætti kynnu að hafa komið nálægt einhverjum af þessum mörg þúsund ávísunum sem þarna höfðu sjálfsagt farið í gegnum hendur margra manna og ýmsir, bæði einstakir verslunareigendur, eigendur þjónustumiðstöðva og hinir og þessir einstaklingar hefðu e. t. v. einhvern tíma skrifað aftan á sem ábekingar. Það var þetta, sem umboðsdómarinn var að óska eftir, að þurfa ekki að eyða bæði fé ríkisins og tíma sínum og fjölmargra annarra ríkisstarfsmanna til að hlaupa eftir slíku. Hann var að óska eftir að Þórður Björnsson tæki ákvörðun um hvernig framhaldsrannsókn málsins skyldi hagað þar eð frumrannsókn væri lokið. Þá ákvörðun hefur ríkissaksóknari ekki tekið enn, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, og það, hversu mikinn tíma hann þarf eða virðist þurfa til þess að kynna sér gögn frumrannsóknarinnar, sem ekki virtist að hann hefði kynnt sér þegar hann skrifaði sitt bréf, eins og fram kom í svari umboðsdómarans, bendir til að það þurfi talsverða vinnu og fyrirhöfn af hans hendi til að setja sig inn í málið að lokinni frumrannsókn og taka ákvörðun um hvernig framhaldsrannsókn yrði farið.

Það er ýmislegt annað sem menn verða að gera sér grein fyrir, t. d. í sambandi við þetta margumtalaða Klúbbmál, þó ég ætli nú ekki að

fara að þreyta menn með því að halda langa ræðu þar um. En það er eins með það mál og flestöll önnur, eins og ávísanamálið og annað slíkt, að það þarf tvo til. Upphaf hins svokallaða Klúbbmáls var það, að tveir rannsóknarlögreglumenn urðu þess varir að um var að ræða flutninga á áfengi að næturlagi frá útsölu Áfengisverslunar ríkisins hér í bænum og til veitingahússins Klúbbsins, og þessir flutningar áttu sér stað að næturlagi, í því skyni að þetta veitingahús gæti dregið undan söluskatt af seldu áfengi. Birt hefur verið ákæra á hendur forráðamönnum Klúbbsins fyrir þetta framfreði. Þeir munu sjálfsagt með tíð og tíma — guð veit hvenær það verður — taka út sína refsingu fyrir þetta. En skyldu þeir nú hafa brotist inn í Áfengisverslun ríkisins til þess að leika þennan leik? Nei, hreint ekki. Hverjir voru það sem gerðu starfsmönnum Klúbbsins fært að stunda þessa iðju? Hverjir voru það sem gerðu starfsmönnum Klúbbsins fært að stunda óleyfilega flutninga á áfengi frá ríkisverslun að næturlagi? Það voru starfsmenn þessarar sömu ríkisverslunar, og mér er ekki kunnugt um að þeir hafi sætt ákæru enn né heldur að þeim hafi verið vikið úr starfi, hvað þá að þeim hafi verið vikið úr starfi á meðan rannsókn stóð yfir á Klúbbmálinu, hvað þá að þeir hafi verið sviptir helmingi launa sinna.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég held að það hafi gætt nokkurs misskilnings hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, þegar hann var að ræða um tékkamálin, misnotkun tékka. Ég held að hann hafi ekki veitt nægilega athygli þeim inngangsorðum sem ég mælti hér. Það hefur engum dottið í hug að með þessu eina litla frv. væri komið í veg fyrir misnotkun tékka, heldur tók ég skýrt fram að það væri einn þáttur í því að reyna að koma í veg fyrir þá óreiðu sem ríkt hefur í tékkamálum.

Höfuðatriðið er auðvitað nýjar efnisreglur. Þær hafa verið settar af þeirri samstarfsnefnd sem um þetta hefur fjallað, og þær reglur eru þannig, að þær eru mjög strangar að ýmsu leyti. Það er t. d. ákveðið þar, að það eigi að loka strax reikningi þess sem gefið hefur út innistæðulausan tékka á sinn reikning. Undir skuldbindingu þess eðlis hafa allir bankarnir skrifað. Það á þess vegna alls ekki að geta komið fyrir að það gerist sem hv. þm. var að segja að hefði átt sér stað að undanförnu og ég vil alls ekki leggja neinn dóm á hvort hefur átt sér stað eða ekki. Það eru hans orð sem þar um eru, að menn hafi getað gengið inn, eins og hann gerði grein fyrir, og fengið æ ofan í æ nýjar heimildir til þess að gefa út tékka. Það á sem sagt að vera komið í veg fyrir það eða a. m. k. á að stuðla að því að slíkt geti ekki átt sér stað framvegis vegna þeirra reglna sem nú hafa verið settar um þetta af þeirri n. sem fjallað hefur um þetta. Ég tel þær reglur spor í rétta átt. Ég neita því hins vegar ekki, að ég persónulega hefði viljað fara enn strangar í sakir. Ég persónulega hefði viljað leggja ríkari ábyrgð á hlutaðeigandi viðskiptabanka. Um það náðist ekki samkomulag í þessari n. og var þá sæst á þetta, af því að það var þó talið spor í rétta átt. Ég álít að það, sem hefði átt að koma til þess að loka algerlega fyrir misnotkun í þessu efni, hefði átt að vera það að leggja ábyrgð á viðskiptabanka sem hefur viðskiptamann sem misnotar tékka og gefur út innstæðulausa tékka. Þá hefðu viðskiptabankarnir fyrst farið að sýna verulega varkárni í þessum efnum.

Það er engin ástæða til þess að allir, hver og einn, séu að flagga með tékkahefti. Það er ekki nokkur vafi á því, að notkun tékka hér var komin og er komin í algert óefni. Tékkar eru nauðsynlegir í viðskiptum. En sú notkun þeirra, sem hér hefur átt sér stað að undanförnu, er alveg óviðeigandi. Því miður eru það bankarnir sjálfir sem hafa talsvert hvatt til aukinnar tékkanotkunar að undanförnu, og ríkið gefur út sína tékka, greiðir með tékkum og eins opinberar stofnanir í stað þess að greiða laun út í peningum. Þetta getur verið handhægt og þótt nauðsynlegt í viðskiptum, en það má ekki ganga of langt í þessu efni.

Ég vona að með þessu sé leiðréttur þessi misskilningur sem kom fram hjá hv. þm., að það væri ekkert nema þetta frv. sem um væri að ræða og ætti að koma tékkamálum í betri farveg en verið hefði að undanförnu. Þetta er aðeins einn þáttur. Og það er með þetta eins og refsingar alltaf, að þær koma í sjálfu sér á vissan hátt of seint vegna þess að þær koma ekki til greina fyrr en eftir að brotið hefur verið framið. En þær hafa sín almennu varnaðaráhrif, og einhver áhrif í þá átt ætti samþykkt þessa frv. að hafa.

Þetta er ekki stórt frv. og ekki stórt mál og ekki ástæða til þess að eyða mörgum orðum um það. En ég þyrfti að tala svolítið meira við hv. þm., en hann hefur vikið sér frá.

Þá ætla ég fyrst að segja það, að hann hefur farið húsavillt þegar hann var að ræða um hvernig búið væri að umboðsdómara í einu herbergi Sakadóms. Ég veit ekki betur en að umboðsdómarinn hafi haft til afnota húsnæði í Lögreglustöðinni í Reykjavík. (Gripið fram í.) Já, og ég held að það sé ekkert lítið eða eitt herbergi. Ég vona að umboðsdómarinn kvarti ekkert undan þeirri aðstöðu, sem honum hefur verið veitt, né þeirri aðstoð, sem honum hefur verið látin í té, því það eru rannsóknarlögreglumenn sem hafa unnið með honum að þessu.

Ég tel ekki ástæðu til þess í þessu sambandi að fara að ræða hér um önnur dómsmál þó að það hafi verið gert hér. Það verður þó ekki komist hjá því að leiðrétta að nokkru það sem fram kom hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, sem virtist sérstaklega fróður um það mál sem hann kallar Klúbbmál, miklu fróðari en ég. Hann sagði að það hefði verið kært yfir því að áfengisflutningar hefðu átt sér stað í þetta hús að næturlagi, það hefði verið neitað að rannsaka slíkt, slíkt hefði ekki verið rannsakað. Það var rannsakað. (Gripið fram í.) Og hver varð niðurstaðan? (Gripið fram í.) Ja, hv. þm. fullyrti áðan hver niðurstaðan hefði orðið, að það hefði sem sagt sannast, að mér skildist, að það hefðu átt sér stað flutningar á áfengi í þetta hús að næturlagi. Þetta er, eftir því sem ég best veit, alrangt. Ég hygg að rannsóknin hafi sýnt að það hafi engir flutningar á áfengi átt sér stað að nætur-

lagi. Ég hygg að það hafi komið fram við rannsóknina að það hafi ekki átt sér stað flutningar á áfengi þarna á öðrum tímum en þeim sem Áfengisverslunin afhendir vín til veitingahúsa. (**Gripið fram í:** Eru starfsmenn verslunarinnar að hjálpa til við þessa flutninga?) Starfsmenn Áfengisverslunarinnar? Ég veit ekki til þess að starfsmenn Áfengisverslunarinnar hafi hjálpað til við þessa flutninga. (**Gripið fram í:** Það var upplýst.) Það var upplýst, já. Ég held nú að það *væri miklu viðkunnanlegra fyrir þessa hv. þm.* að setja þessi ummæli sín fram utan Alþ., þannig að hlutaðeigandi starfsmönnum gæfist kostur á því að láta þá reyna á það hvort þeir fari þar með rétt mál. En það er nú svo, að ég hef þá trú á bæði ríkissaksóknara og eins vararíkissaksóknara og öðrum sem þar starfa, að þeir gangi vandlega frá því, áður en ákæra er samin, hvað sannað er og sannað ekki. Og sannleikurinn er sá, að í þessu máli var ekki ákært nema vegna bókhaldsóreiðu og vangreidds söluskatts. Og af hverju? Af því að hitt, ef við viljum kalla það sakargiftir, sem tilteknir menn stóðu að — (*Gripið fram í.*) *Var sagt upp starfsmönnum?* (Gripið fram í.) Það er ekkert óeðlilegt við það, þegar sakargiftir eru settar fram, að starfsmönnum sé vikið frá meðan þær eru rannsakaðar. En starfsmennirnir voru teknir aftur, — ekki af mér, það er fjmrn. sem fer með þau mál, — af því væntanlega að þær sakargiftir hafa ekki verið taldar á rökum reistar.

Ég held að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ætti að kynna sér betur og lesa aftur og kannske í þriðja skipti minnisgrein vararíkissaksóknara, áður en hann fer að vitna í hana með þeim hætti sem hann gerði hér áðan. Ég verð að segja að *það er vægast sagt óviðeigandi þar sem hann* vildi halda fram að vararíkissaksóknari hefði talið tiltekin atriði sem ekki hefðu verið rannsökuð. (**SighB:** Hann taldi upp ákveðnar óskir sem mér er ekki kunnugt um að hafi verið farið eftir við rannsókn málsins.) Já, það er áreiðanlegt að þessi hv. þm. þarf að kynna sér þetta mál betur, þó að hann sé orðinn talsverður sérfræðingur í því, þá þarf hann að kynna sér það betur. Og ég hygg að hann hefði gott af því. Það er ákaflega vafasamt að vera hér í sölum Alþ. með órökstudda sleggjudóma eins og hann var með um þetta atriði.

Það var ekki ákært nema út af þessum atriðum. Málið var þó rannsakað mjög ítarlega og gaumgæfilega og frá öllum hliðum, þannig að ég hygg að það þurfi ekki að vera með neinar getsakir í því efni, að þetta mál hafi verið tekið einhverjum öðrum tökum en önnur hliðstæð mál. Niðurstaðan var líka sú, að það var ekki dæmt nema fyrir þetta, bókhaldsóreiðu og vanskil eða vantalinn söluskatt. Ef dómur hefði talið að einhver önnur atriði hefðu átt að koma þarna til greina, þá geri ég ráð fyrir því að sakadómur hefði bent á það.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að ræða *þetta einstaka mál hér, því að mér finnst* það ekki eiga við og alls ekki með þeim hætti sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði áðan. Ég held að það væri ákaflega æskilegt að hv. þm. færu varlega í að nafngreina menn og bera þá sökum á Alþ. Það er annað hvað menn geta leyft sér í blöðum. En það er nú einu sinni svo, að hér á að vera mikið málfrelsi, og það er ekki hægt að sækja menn til sakar fyrir það sem þeir ræða hér á þingi, nema tiltekin skilyrði séu fyrir hendi. Og það mikla málfrelsi, sem þm. er veitt, er auðvitað veitt í því trausti að þeir misnoti það ekki til árása á einstaka menn utan þings.

Ég held að þau mál, sem ég taldi upp hér á dögunum, verði ekki kölluð nein eilífðarmál. Ég held að það verði ekki talið að rannsókn eða *dómur í neinu þeirra hafi hingað til tekið óeðlilega* langan tíma, nema þá í tveimur: hinu svokallaða Jörgensensmáli og Vátryggingafélagsmáli. Ég held að megi segja um hin, að þau hafi verið unnin með alveg eðlilegum hætti.

Hitt er aftur á móti athyglisvert atriði, sem hv. 9. þm. Reykv. vék að, og það er að menn kæmust upp með að draga greiðslur meira en góðu hófi gegndi með því að mál fyrir dómstólum tækju óeðlilega langan tíma. Þetta er gagnrýni sem ég vil heyra og gæti tekið undir. En þetta er gagnrýni sem á frekar við um önnur mál en sakamál. Það er alveg áreiðanlegt. Þess vegna *hef ég alltaf litið svo á, að ef menn vildu í alvöru gagnrýna* meðferð dómsmála hér á landi, þá væru það nú e. t. v. önnur svið dómsýslunnar, sem væri meiri ástæða til að gefa gaum að, heldur en meðferð sakamála. Án þess að ég ætli að fara að ræða það hér, þá er það bæði í almennum einkamálum og eins í skiptaréttarmálum, að þar á sér stað meiri dráttur en æskilegt væri. Því valda ýmsar ástæður sjálfsagt. En það er vissulega ástæða til þess að reyna að breyta til í þeim efnum og bæta réttarfarið að því leyti til.

En ég skal nú ekki ræða frekar um dómsmálin almennt eða um þessi sérstöku mál sem hér voru, *að ég tel alveg að nauðsynjalausu, dregin inn* í umr. um þetta litla frv. sem hér liggur fyrir. Ég held að það sé eðlilegra, ef menn vilja, og til þess er ég tilbúinn hvenær sem er, að taka hér almennt upp umr. um meðferð dómsmála, bæði fyrr og síðar. Ég er dálítið kunnugur t. d. hæstaréttardómum sem hafa verið dæmdir hér á síðustu 30—40 árum. Það mætti fara yfir þá og athuga ýmislegt í því sambandi, hvort það hefur orðið meiri eða minni dráttur nú en áður á málum, hvort það hafi ekki átt sér stað einhver fjársvikamál á þeim tíma o. s. frv., o. s. frv. Ég ætla ekki að fara að leggja mig niður við að rekja það, hverjir hafa verið riðnir við þau á fyrri tímum, það læt ég öðrum eftir. En það er vissulega svo, að ég skal ekki skorast undan því að taka upp almennar umr. um dómsmál, og það er sjálfsagt ágætt að hreinsa til í því efni. En þær umr. eiga ekki heima í sambandi við þetta litla mál. Ég vil svo segja það, að það er ekki á mig að deila fyrir það að söluskattur er ekki innheimtur. Ég hef ekki með innheimtu á honum að gera. Það eru aðrir, eins og ég veit að hv. 9. þm. Reykv. er ljóst.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að *ég kvaddi mér hljóðs, er sú* að hv. 8. landsk. þm. datt nú ofan í sömu vökina og ég er búinn að detta ofan í fyrr á þessu ári. Hann fullyrti að vissir flutningar á áfengi hefðu átt sér stað frá Áfengisversluninni að næturlagi. Það var skrifað nokkuð mikið um það í

blöðin í byrjun síðasta árs, að slíkir flutningar hefðu átt sér stað. Ég skrifaði síðar um þetta mál og hélt að hér væri rétt frá sagt, og í minni grein kom fram að umræddir flutningar hefðu átt sér stað að næturlagi. En ég fékk það strax upplýst, sem ég síðan leiðrétti að þessir flutningar hefðu átt sér stað á venjulegum afgreiðslutíma, þegar a. m. k. meiri háttar áfengispantanir eru afgreiddar. Ég held líka að sá maður, sem fyrstur varð til að halda þessu fram í blöðunum og endurtaka það nokkuð oft, sé nú búinn að leiðrétta það, eða mig minnir að ég hafi séð það í grein eftir hann.

Þá er það hins vegar framhaldið af þessum áfengisflutningum úr Áfengisversluninni í Klúbbinn. Hér var um að ræða áfengi sem ekki var merkt sérstaklega að færi til veitingahúsa, og þess vegna gat hér verið um grunsamlegan flutning að ræða, eins og líka kom í ljós. Það voru fyrstu viðbrögð forstjóra Áfengisverslunarinnar og fjmrh., sem þá var Halldór E. Sigurðsson, að láta þá tvo menn, sem afgreiddu þetta áfengi í Áfengisversluninni, hætta störfum og setja málið í sérstaka rannsókn. Það lágu ekki fyrir svo þungar sakir þá að það þætti ástæða til að láta þetta ganga til dómstólanna, en hins vegar voru tveir menn settir til að rannsaka málið. Ég held að ríkisendurskoðandi hafi verið annar þeirra og hinn hafi verið Guðmundur Ingvi Sigurðsson lögmaður. Meðan þessi rannsókn fór fram tóku umræddir starfsmenn Áfengisverslunarinnar ekki nema hálf laun, eins og venja er undir slíkum kringumstæðum. Niðurstaða þessarar rannsóknar leiddi í ljós að ekki var talið að hér hefði verið um saknæmt athæfi að ræða, vegna þess að starfsmönnunum hefði ekki endilega þurft að vera kunnugt um hvert þetta áfengi fór. Og samkv. þessum niðurstöðum fengu þeir störf sín aftur. Þetta hygg ég að sé hið rétta í málinu og þess vegna hafi verið ástæðulaust af hv. 8. landsk. að blása þetta mál út eins og hann gerði hér.

Það kom fram í máli hv. þm. að það væri rangt að það hefði verið vakinn nokkur úlfaþytur í sambandi við viss dómsmál að undanförnu. og í þeim efnum vitnaði hann til ræðu dómsrh. hér í fyrradag. Ég held að það megi einmitt draga þá ályktun af þeirri ræðu, að það hafi verið vakinn sérstakur úlfaþytur um viss mál. Dómsrh. minntist ekki á nema um 10 mál. En við vitum að nú eru fyrir dómstólunum í landinu ekki hundruð mála, heldur þúsundir mála og mörg þeirra alveg eins stór að vöxtum og þau mál sem nú er verið að fjalla um. Og svo hefur verið á undanförnum árum líka. Það hafa á hverjum tíma verið fyrir dómstólum hundruð eða jafnvel þúsundir mála án þess að það hafi verið vakinn slíkur styrr um þau í blöðunum eða öðrum fjölmiðlum. En þessi mál, sem ráðh. gerði að umtalsefni, hafa sérstaklega verið tekin út úr, þau hafa verið gerð að sérstöku árásarefni á einstaka menn, einstaka flokka og einstaka dómara, vegna þess að það hefur verið álitið að með því að gera þau sérstaklega að umtalsefni væri hægt að ná í vissa menn. Önnur mál, sem eru alveg eins mikilsverð og alveg eins hefur dregist að rannsaka, hafa verið látin liggja í þagnarþey. Þetta er vegna þess að hér er ekki um að ræða að það sé einhver sérstök réttlætiskennd sem hafi knúið menn til þess að hafa þennan málflutning uppi, heldur hefur tilgangurinn verið fyrst og fremst að reyna að ná í vissa menn og vissan flokk.

Það er ekki ófróðlegt í þessu sambandi að rekja þá baráttu sem Alþfl. hefur háð frá fyrstu tíð í réttarfarsmálum. Það er hægt að gera það í tiltölulega stuttu máli.

Ég held að frá fyrstu baráttuárum Alþfl. sé ekki hægt að finna nema ein afskipti sem hann hefur haft af réttarfarsmálum og ég hygg mjög veruleg, en þau beindust öll að því að vernda rétt einstaklingsins gagnvart kerfinu, gagnvart dómstólunum og gagnvart þjóðfélagsvaldinu. Það var að halda fram rétti hins minni máttar. Það var þetta sem einkenndi afskipti Alþfl. af réttarfarsmálum á hans fyrstu starfsárum eða starfsáratugum. Seinna fór svo að Alþfl. lét þessi mál ákaflega afskiptalítil. Flokkurinn átti sæti í ríkisstj. um 15 ára skeið, frá árinu 1956—1971. Ég held að það sé ekki hægt að benda á eitt einasta dæmi þess að á þeim tíma hafi flokkurinn haft neina forystu í réttarfarsmálum eða gert neitt til þess að koma á betri skipan í þeim efnum. Ég held miklu frekar að þeir menn, sem þá fóru með dómsvaldið, hafi oft og tíðum mætt tregðu hjá samstarfsflokki sínum varðandi fjárveitingar til dómsmálanna, hann hafi átt sinn þátt í því að ýmsar till., sem t. d. Bjarni Benediktsson og Jóhann Hafstein höfðu uppi sem dómsmrh., náðu ekki fram að ganga. Við skulum segja að þetta kunni að stafa af því, að flokkurinn hafi þá verið í stjórn og ætlað samstarfsflokknum að sjá meira um þessi mál og hann hafi haft meiri áhuga á því að koma sínum málum fram. En þá hefði kannske frekar mátt búast við því, að þegar flokkurinn komst í stjórnarandstöðu hefði áhugi hans vaknað í þessum málum, eins og oft vill verða þegar flokkar komast í stjórnarandstöðu, að þeir taka sig á og taka þá upp ýmis mál sem þeir hafa ekki sinnt áður. En slíku var ekki til að dreifa um Alþfl.

Ef við lítum í stuttu máli yfir þingsöguna síðan Alþfl. komst í stjórnarandstöðu, þá kemur m. a. þetta í ljós: Ef við lítum í Alþingistíðindin frá 1971, þá eru engin mál um dómsmál sem eru flutt af Alþfl. á því þingi. Ef við lítum yfir þingtíðindin 1972, þá kemur hið sama í ljós. Ef við lítum yfir þingtíðindin 1973, þá sést hið sama, þar vottar hvergi fyrir neinum áhuga hjá Alþfl. í sambandi við þessi mál. Ef við lítum á þingtíðindin frá 1974, þá kemur líka nákvæmlega sama í ljós. Ef við lítum svo yfir þingtíðindin frá 1975, þá kemur líka í ljós að a. m. k. fram að jólum á því þingi örlar ekki á neinum áhuga Alþfl. í sambandi við dómsmálin á Alþingi.

Það gerist svo í árslok 1975 eða í ársbyrjun 1976, ég man ekki hvort heldur var, að einn af aðalmönnum Klúbbsins er settur í gæsluvarðhald, grunaður um að eiga aðild að Geirfinnsmálinu eða ákærður um það af vissum föngum sem þá sátu inni. Og það er þá fyrst sem

áhugi Alþfl. vaknar á þessum málum. Og á hvern hátt vaknaði áhugi Alþfl. á þessum málum? Hann vaknaði ekki á þann hátt að það þyrfti að bæta dómskerfið og gera lagfæringu á því. Þessi áhugi hans vaknaði á þann hátt að það var reynt að tengja Geirfinnsmálið ekki aðeins við Klúbbinn, heldur líka við Framsfl. og sérstaklega dómsmrh. og halda því fram að hann hefði átt þátt í því að það hefði verið stöðvuð rannsókn á eiganda Klúbbsins er hann hafði verið grunaður um aðild að Geirfinnsmálinu.

Það var í sambandi við þetta sem áhugi Alþfl. vaknaði í dómsmálum, en ekki fyrr. Og það var alveg augljóst hvaða tilgangur lá þar á bak við. Menn gerðu sér vonir um að með því að bera þessar þungu sakir á dómsmrh. væri hægt að koma honum á kné og þá væri kannske hægt að koma núverandi stjórnarsamstarfi fyrir kattarnef. Þetta er upphafið að áhuga Alþfl. á dómsmálum, og allt það, sem hann hefur síðan gert og foringjar hans og sagt í þessum málum, það hefur verið bundið þessum eina tilgangi. Fram hjá þessu er ekki hægt að ganga.

Ég hefði gjarnan viljað komast hjá því að rekja þessa sögu hér, en það verður ekki látið ógert, vegna þess að þessum málflutningi af hálfu Alþfl. er stöðugt haldið áfram og það er stöðugt haldið áfram og það er stöðugt verið að dylgja um það af hálfu ýmissa forustumanna hans og blaða hans að Framsfl. sé sá flokkur sem hafi mest af misindismönnum innan sinna vébanda. Það er reynt að nota þessi fáu mál til sönnunar um það. En þó munu framsóknarmenn ekki koma við nema eitt eða tvö af þessum málum. Og að halda því fram, að t.d. samskipti Húsbyggingarsjóðs Framsfl. og Klúbbsins tengi Framsfl. á einhvern hátt við Klúbbmálið, er náttúrlega fyrir neðan allar hellur, enda ekki minnstu röksemdir færðar fyrir því. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja það mál ítarlega nú, vegna þess að það hefur oft áður verið gert. En ef þeir alþfl.-menn vilja fara út í umr. um það mál, þá skal ekki standa á mér að gera það.

Ég held að ég láti þetta nægja til að sýna hvernig dómsmálaáhugi Alþfl. er til kominn. En áður en ég lýk máli mínu finnst mér rétt að víkja nokkrum orðum að því frv. sem hér liggur fyrir, því að mér finnst mikil spurning hvort ekki vanti í það frekari ákvæði sem lýtur að bönkunum alveg sérstaklega. Mér skilst að það hafi komið í ljós við rannsókn svonefnds tékkamáls eða ávísanamáls, sem hefur verið til rannsóknar að undanförnu, a.m.k. í sambandi við suma þá menn sem hafa verið ákærðir, að þeir telji að þeir hafi haft leyfi bankanna til að gefa út falska tékka eða gefa út tékka sem engar innistæður voru fyrir, og út á þennan vitnisburð bankanna eigi að koma fram sýknun vissra manna. Ég tel að það sé fyrir neðan allar hellur að bankar eða bankastjórar hafi leyfi til þess að heimila mönnum að gefa út falskar ávísanir, eins og hér virðist hafa átt sér stað. Í þessum efnum eiga sömu lög að gilda um alla, og það á að vera saknæmt ef menn gefa út falska ávísun. Það er ekkert sem heimilar bankastjórum að gera slíkt. Ef þeir vilja veita viðkomandi manni lán, þá eiga þeir að gera það eftir venjulegum bankareglum, en ekki á þann hátt sem hér virðist hafa viðgengist, ef því er þá ekki beinlínis til að dreifa að bankastjórar hafi sagt það eftir á vegna kunningsskapar að vissir menn hafi haft heimild til þess að gefa út falska tékka með þeirra leyfi. Ég álít að það þurfi að setja inn í tékkalögin þung viðurlög við því að bankar eða bankastjórar heimili mönnum að gefa út falskar ávísanir, það eigi að vera jafnrefsivert hjá bönkunum að leyfa slíkt eins og hjá þeim mönnum sem gera slíkt.

Ég get tekið undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. 8. landsk. þm. og hann sagði um bankana. Ég veit að einhver mesti misbrestur í okkar fjármálalífi er fólginn í því hvernig bönkunum er að mörgu leyti stjórnað og hvernig það er margs konar misferli sem þar fær að vaða uppi. Ég álít að það sé ekki Alþýðubankinn sem sé einn sekur í þeim efnum. Ég hygg að það sé hægt að finna dæmi um svipuð mál líka í stóru bönkunum og það sé ekki óalgengt að þegar einhver maður er nógu skuldugur eða fyrirtæki, þá sé reynt að fleyta þeim rekstri áfram með nýjum og nýjum lánum sem gera svo ekkert annað en að auka skuldirnar. Bankarnir eru áreiðanlega eitt af því sem þarfnast hvað mest aukins aðhalds í okkar þjóðlífi.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það er sagt um Marka-Leifa að hann hafi metið allt á vogarskál sauðkindarinnar, enda ósköp eðlilegt þar sem það hafði verið hans áhugamál um langa ævi. Það vill oft verða svo með jafnvel ágætustu menn, sem hafa langa ævi barist harðri baráttu í stjórnmálum, að þeir meta allt á vogarskál flokkapólitíkurinnar. Þegar þeir heyra vikið að máli, þá spyrja þeir: Er þetta minn flokkur? Er þetta einhver annar flokkur? Þá fyrst þegar þeir heyra vikið að manni, þá spyrja þeir: Er þetta framsóknarmaður? Er þetta sjálfstæðismaður? Er þetta alþýðubandalagsmaður? Er þetta einhver annars flokks maður? Þeir sjá þetta allt saman í lituðum flokkspólitískum gleraugum og geta enga niðurstöðu aðra dregið af málflutningi eða mönnum en að annaðhvort hljóti þeir að vera flokkslegir samhaldsmenn eða flokkslegir andstæðingar. Maður er metinn eftir því hvar hann stendur í stjórnmálaflokki. Mál er metið eftir því hvort það sé líklegt til þess að verða einum stjórnmálaflokki til framdráttar eða öðrum andsnúið o.s.frv., o.s.frv.

Þetta held ég að hv. þm., sem talaði hér síðast, hafi gert sig sekan um, því að það er mikill misskilningur ef þessi hv. þm. heldur að öll sú gagnrýni, sem komið hefur fram, ekki bara frá mér, heldur frá fjölmörgum öðrum mönnum, hv. þm. í öllum flokkum og líka flokksleysingjum, stafi bara af einhverri sérstakri óvild út í Framsfl. eða forustumenn hans. Ég veit t.d. ekki til þess að ég eigi sökótt við nokkurn mann í Framsfl., og ég vona að ég geti metið framsóknarmenn ekkert síður en aðra menn og tel mig gera það. Ég veit ekki til þess að ég eigi nokkurn skapaðan hlut sökótt t.d. við formann Framsfl., hæstv. dómsmrh. Ástæðan fyrir því

að ég sný mér til hans með málflutning minn og fsp. í dómsmálum, er ekki sú að hann sé framsóknarmaður sem ég vil koma á höggi, heldur er það einfaldlega vegna þess að hann situr í sæti dómsmrh. og er æðsta yfirvald dómsmála á Íslandi og á sem slíkur að svara fsp. alþm. um þau mál sem heyra undir hans rn. Það er ekkert annað, sem að baki býr hjá mér, heldur en það að ég er að snúa mér til þess manns — til þess embættismanns og stjórnmálamanns sem eðlilegast er að sé til forsvara fyrir slíkum málum. Og ég held að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson geti leitað með logandi ljósi í öllum mínum ræðum og öllum mínum skrifum og hvergi fundið svo mikið sem ýjað að því að ég sé að bera Framsfl. það á brýn eða einstökum framsóknarmönnum að þeir séu eitthvað verri menn en aðrir menn eða beri frekar en aðrir ábyrgð á því ófremdarástandi sem ríkir í dómsmálum á Íslandi. Ég hef þvert á móti haldið fram að í því séum við allir sekir, þ. á m. allir alþm., vegna þess að við höfum vanrækt það hver og einn, alveg laust við það í hvaða flokki hann er, að sinna þessum málum og fylgjast með þeim fyrr en komið er svo sem komið er. Þá fyrst vaknaði Alþ. til áhuga um þessi mál, og þá fyrst vaknaði almenningsálitið líka.

Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni ef hann heldur að gagnrýnin á dómsmálin sé runnin undan rifjum einhverra hatursmanna Framsfl. eða óvildarmanna hæstv. dómsmrh. Þetta er algjörlega út í hött og lýsir svo gömlum og úreltum viðhorfum að ég trúi því ekki að slíkar afsakanir séu þess eðlis að almenningur fáist til að leggja trúnað á að það eina, sem vaki fyrir okkur alþfl.-mönnum sem höfum gagnrýnt þetta, sé að reyna að upphefja okkar flokk, en niðurlægja Framsfl. — þvert á móti. Við höfum engan áhuga á því að beita dómsmálunum sem einhverju flokkspólitísku máli okkur til ávinnings, en framsóknarmönnum til tjóns. Og við höfum síður en svo staðið á móti því eða fyllst flokkslegri afbrýðisemi, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson hlýtur að þekkja manna best, þó að menn úr öðrum flokkum, jafnvel menn sem við höfum ekki hugmynd um í hvaða flokkum eru, hafi tekið undir gagnrýnina með okkur.

Ég held að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson ætti ekki að leita alltaf einföldustu skýringa og einföldustu lausna í anda gamallar og úr sér genginnar flokkapólitíkur þegar hann þarf að svara fyrir einhverja sem hann telur sig þurfa að svara fyrir.

Það er einnig algerlega rangt að Alþfl. hafi í ársbyrjun 1976 tekið einhverja þá ákvörðun að snúast á móti hæstv. dómsmrh. eða ástandi dómsmála í landinu. Um þetta hefur aldrei verið tekin nein ákvörðun af Alþfl., hvorki formleg né óformleg. Staðreyndin er önnur, eins og hv. þm. man sjálfsagt eftir, en vill ekki minnast vegna þess að það kemur ekki heim og saman við hans flokkspólitísku skýringar. Staðreyndin er sú, að það var byrjað að skrifa um þetta margnefnda Klúbbmál mörgum mánuðum, einu og hálfu ári áður en þeir atburðir gerðust sem urðu hér á Alþ. í upphafi árs 1976. Ég skal fúslega skýra honum frá hvað olli því, að ég tók þá ákvörðun að biðja dómsmrh. um þau svör sem ég bað hann um þá. Fúslega skal ég skýra það fyrir honum. Það var í framhaldi af grein sem Vilmundur Gylfason skrifaði í dagblaðið Vísi, minnir mig, og hafði áður skrifað í önnur blöð og hafði áður rætt í sjónvarpinu og var því ekkert nýmæli. Þá boðaði dómsmrn. að það mundi gefa út sérstaka grg. um málið og skýra afstöðu sína þar sem öll málsatvik yrðu upplýst. Ég beið eftir þessari grg., sjálfsagt jafnspenntur eins og hver annar áhugamaður um stjórnmál og þjóðfélagsmál. En mér brá nokkuð illa í brún þegar ég sá þessa grg., vegna þess að þar kom í ljós að af einhverjum orsökum — ég ætla ekki að koma með neina útskýringu á þeim, hvorki flokkspólitíska útskýringu né aðrar — birti dómsmrn. ekki í þessari grg. sinni ýmis mjög mikilvæg gögn sem ég vissi þó um að dómsmrn. hafði og ég hafði sjálfur með höndum. Mér fannst þess vegna ástæða til þess að láta þessi gögn koma fram og spyrja hæstv. dómsmrh. í framhaldi þeirra spurninga sem ég spurði hann um á Alþ. í fyrra. En að þetta hafi verið einhver flokkspólitísk ákvörðun Alþfl., tekin til þess að hnekkja Framsfl., er gersamlega út í hött.

Ég held að kjósendur séu fyrir löngu búnir að fá sig fullsadda af því þegar flokkarnir standa upp hver um annan þveran og afsaka einhverja hluti, sem hafa gerst undir þeirra stjórn, með því að svona hafi þetta verið undir stjórn hins flokksins líka. Hvaða afsökun er það t. d. fyrir Alþfl., ef einhver flokksmaður Alþfl. hefur gerst sekur um einhvern verknað og á að nota það til þess að koma Alþfl. illa, — hvaða afsökun er það þá fyrir okkur að geta bent á að fyrir einu eða tveimur árum hafi einhver flokksmaður Framsfl. gert þetta líka? Er þetta einhver afsökun? Halda menn að þetta sé haldbær afsökun fyrir almenning á Íslandi, þó að það sé kannske haldbær afsökun fyrir þá sem lifa og hrærast í einhverju pólitísku andrúmslofti og vega og meta allt á metaskálum flokkapólitíkurinnar? Þetta er að mínu viti ekki nokkur afsökun. Það er ekki nokkur afsökun fyrir t. d. að einn flokkur hafist ekki að í vandasömum málaflokki, að hann geti bent á að annar flokkur hafi ekki gert það heldur. Þetta er afsökun sem ég vona a. m. k. að fáir þm. taki mark á og enn færri kjósendur.

Ég verð að viðurkenna eins og er, að mér kom mjög á óvart það sem hæstv. dómsmrh. skýrði frá í sambandi við hvernig aðdragandi Klúbbmálsins varð, því að ég vissi ekki betur en að rannsóknarlögreglumenn úr Keflavík hefðu komið Klúbbmálinu af stað, ef svo má segja, með því að uppgötva ólöglega áfengisflutninga til Klúbbsins eftir lokunartíma Áfengisverslunarinnar. Ég trúi því að hæstv. dómsmrh. skýri rétt frá þegar hann leiðréttir þetta. En ég vil benda á t. d. að í fyrra, þegar ég ræddi þessi mál — ekki einu sinni, heldur oft, — þá lét ég þessa getið og stóð í þessari trú. Það var ekki leiðrétt, þannig að þetta virðist tiltölulega nýlega hafa komið fram. Og ég veit ekki annað betur, þegar ég stend hér nú, heldur en að fyrir liggi undirritaður vitnisburður þessara rannsóknarlögreglumanna um að einmitt svona hafi þetta

gerst. En e.t.v. hafa þeir farið þar rangt með og leiðrétt sinn vitnisburð síðar.

Það breytir samt sem áður ekki því, að þeir flutningar, sem áttu sér þarna stað á ómerktum flöskum til Klúbbsins, hefðu ekki getað gerst nema því aðeins að starfsmenn ríkisins hefðu átt hlut að máli. Það er víst rétt að það varð niðurstaða rannsóknarinnar á meintri hlutdeild þeirra, eins og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson mun hafa orðað það, að þeir þyrftu ekki endilega að hafa vitað hvert þetta áfengi fór. Það má vel vera að það sé rétt. En ég verð að eiga það við sjálfan mig að ég hugsi sem svo að þegar viku eftir viku kemur innkaupastjóri frá ákveðnu fyrirtæki, sem árum saman hefur skipt við ákveðna ríkisverslun fyrir þetta fyrirtæki, og kemur jafnvel í merktri bifreið eða bifreið sem hann hefur árum saman eða a.m.k. mánuðum saman notað til flutnings á vöru fyrir þetta fyrirtæki, — þegar þessi innkaupastjóri kemur til ríkisverslunarinnar til þess að kaupa stóra skammta af áfengi, þá mundi mér nú finnast það ansi óeðlilegt, svo ekki sé meira sagt, að starfsmenn verslunarinnar skuli ekki hafa a.m.k. reynt að halda uppi spurnum um það, hvort þessi ákveðni innkaupastjóri væri að kaupa allt þetta magn fyrir sjálfan sig eða hvort hann væri að kaupa fyrir sitt fyrirtæki. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að það væri e.t.v. ástæða til að kanna hvernig á því stendur að hið svonefnda vineftirlit, sem hefur sérstaka menn starfandi til þess að fylgjast með því að allt fari eftir settum reglum í veitingahúsum borgarinnar, ekki aðeins hvað varðar aldurstakmörk þeirra sem þar eru, heldur einnig í sambandi við vínsölu húsanna, — hvernig stendur á því að þetta eftirlit er ekki virkara en raun ber vitni, þ.e.a.s. að þetta eftirlit, sem er á ferðinni í þessum húsum svo til hvert einasta kvöld sem skemmtanir eru þar haldnar, skuli ekki í mörg ár og aldrei, svo mér sé kunnugt um, hafa orðið vart við að neitt óeðlilegt af þessu tagi hafi átt sér stað í sambandi við vínsölu hússins, jafnvel þó að það hefði komið út úr athuguninni að það hefði ekki einu sinni verið reynt að fara leynt með þessi mál. Ómerktu flöskurnar stóðu í öllum börum hússins, fyrir augum allra þeirra sem kærðu sig um að skoða.

Ég tel að þarna sé atriði sem mig mundi langa til að fá skýringu á.

Hæstv. dómsmrh. sagði áðan að ég færi ekki rétt með hvað komið hefði fram í bréfi vararíkissaksóknara 23. okt. 1972. Það vill nú svo vel til að ég er með bréfið hér í þingtíðindum og las það upp í fyrra. Þar kemur m.a. fram að ríkisendurskoðandi og skattrannsóknarstjóri hafi talið að komin væru fram veigamikil gögn sem bentu til þess að upplýst yrðu í málinu ekki aðeins veruleg söluskattssvik, eins og rannsókn hefði farið fram á, heldur einnig mjög ófullnægjandi launaframtöl. Mér er ekki kunnugt um að rannsókn hafi verið framkvæmd á því eða henni hafi verið lokið. Enn fremur hafi verið um að ræða verulega bókhaldsóreiðu svo og brot á ákvæðum 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis. Í því sambandi beinist rannsóknin einnig að því, hvort um hafi verið að ræða brot í opinberu starfi af hálfu tiltekinna starfsmanna Áfengisverslunarinnar. Þá er og líklegt, segir vararíkissaksóknari, að rannsóknin muni beinast að því að kanna hvort reglur hlutafélagalöggjafar hafi verið haldnar við stofnun og rekstur Bæjar hf. Mér er ekki kunnugt um það heldur, hvort sú rannsókn hafi farið fram. Hins vegar er fullyrt við mig af mönnum, sem eiga að vera málinu kunnigir, að það hafi ekki verið gert. Þá er einnig fullyrt við mig af mönnum, sem eiga að vera málinu kunnugir, að það hafi verið óskað eftir því sérstaklega, m.a. af skattrannsóknarstjóra, að rannsóknin á sölu áfengis á vegum Klúbbsins næði aftur til ársins 1966. En hins vegar kemur það fram í birtingu ákæruskjalsins að rannsóknin hefur ekki náð lengra aftur en til ársins 1971, hvað sem veldur.

Hitt er aftur á móti annað mál, að mér er það fyllilega ljóst, eins og ríkissaksóknari hefur raunar sjálfur tekið fram, að aðstaða rannsóknaraðila á Íslandi hefur verið þannig, hvort sem hún verður það lengur eða ekki, að þessir rannsóknaraðilar hafa orðið að láta sér nægja í stórum málum að taka aðeins fyrir litla þætti, kannske stórvægilegustu þættina, en ekki alla þætti þeirra mála sem þyrfti að rannsaka og rannsókn er nauðsynleg á. Ég trúi því, að hæstv. dómsmrh. sé allur af vilja gerður til að bæta úr þessari starfsaðstöðu rannsóknaraðila hér á Íslandi. Ég trúi ekki öðru en hann sé sammála mér í því, að það sé að sjálfsögðu ekki æskilegt fyrirkomulag, ef fjársvikamál séu stór og mikil, að þá sé dómskerfið ekki betur búið en svo að það verði að láta sér nægja að rannsaka aðeins hluta af meintum brotum, en verði að sleppa rannsókn á öðru vegna þess að það komist ekki yfir vegna mannafla og aðstöðuskorts að fylgja málinu til fulls eftir. Ég vil trúa því að hæstv. dómsmrh. sé sömu skoðunar og ég um að þetta sé óhæft og að það starf, sem hann hefur hafið með stuðningi okkar þm. Alþfl. öðrum þm. fremur hér á Alþ. til þess að byggja upp og bæta aðstöðu rannsóknaraðila og dómsaðila hér á Íslandi, sé hafið m.a. í því skyni að bæta úr þessum ágöllum.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að sér væri ekki kunnugt um að rannsóknin í Klúbbmálinu hefði tekið til óreiðu að því er varðaði launamiða, ef ég tók rétt eftir. Rannsóknin tók einmitt til bókhaldsóreiðu, og ég veit ekki hvað falli undir bókhaldsóreiðu ef það er ekki einmitt slík meðferð á launamiðum. Og hlutaðeigandi aðilar voru dæmdir einmitt fyrir bókhaldsóreiðu, annar í varðhald og hinn í allháa fjársekt. Það er misskilningur hjá honum að ekki hafi verið rannsökuð einmitt þessi atriði.

Það er kannske misskilningur hjá honum hvernig háttað hafi verið áfengisflutningum í þetta hús. Ég held, eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið, að það gildi nokkuð sömu reglur um áfengisflutninga frá Áfengisverslun ríkisins til vínveitingahúsa. Hitt mun rétt vera, að það hafi fundist flöskur þarna sem voru ekki merktar, og það er að sjálfsögðu brot út af fyrir sig, formlegt brot, en þó kannske ekki stórkostlegt brot. En ég vil líka benda á að það, sem hann

las upp úr minnisgrein vararíkissaksóknara, var skrifað við upphaf rannsóknar og segir ekkert til um hvað var rannsakað og hvað ekki. Þar er bent á atriði sem þurfi að rannsaka. Hv. þm. getur ekki staðhæft neitt um að það hafi ekki verið rannsakað, það sem þar var bent á. Það, sem ágreiningurinn var um og gert var mest veður út af í fyrravetur, var að Klúbbnum hafði ekki verið lokað. Það var það sem deilan stóð um.

Það er kannske rétt einu sinni enn að rifja upp sannleikann í þessu máli svo að hann gæti þá kannske að lokum komist inn í höfuðið á mönnum. Veitingahúsinu Klúbbnum var aldrei lokað af lögreglustjóra, það var alltaf opið. Það eina, sem gerðist, var að lögreglustjóri bannaði vínveitingar í Klúbbnum. Það hefur verið lögskýring mín að það væri ekki eðlileg ráðstöfun samkv. 2. málsgr. 14. gr. áfengislaganna, slíkt ætti aðeins að eiga sér stað sem öryggisráðstöfun. Ég hef t. d. gripið til þess þegar verkföll hafa staðið yfir. Það var það eina sem var nefnt í sambandi við þann tillöguflutning á sínum *tíma af framsögumanni fyrir þeirri brtt., Héðni* Valdimarssyni. Það voru Héðinn Valdimarsson og Stefán Jóh. Stefánsson sem fluttu þessa brtt. við 14. gr. á sínum tíma. Höfuðatriði þessa máls er því það, að þessi 2. mgr. 14. gr., sem var verið si og æ að nefna, er réttaröryggisúrræði, en ekki rannsóknarúrræði. Rannsóknarúrræði eru í réttarfarslögunum, og samkvæmt þeim geta dómstólar ákveðið að veitingahúsum skuli lokað ef það er nauðsynlegt vegna rannsóknar.

En hvaða gildi hefði lokun fyrir vínveitingar haft í sambandi við rannsókn ef húsið væri eftir sem áður opið, allir gátu um það gengið og gerðu, bæði veitingamenn, þjónar og almenningur? Hvernig hefði það getað komið í veg fyrir það að t. d. einhverjum gögnum, ef því hefði verið til að dreifa, hefði verið skotið undan? Auðvitað voru gögnin tekin strax í vörslu rannsóknarmanna.

Það er þessi herfilegi misskilningur sem hefur komist inn í menn og virðist vera alveg ómögulegt að leiðrétta, hvernig þessu var háttað. Og menn vilja ekki skilja það enn.

Nú hefur verið dæmt í þessu máli og er hæguinn hjá sjálfsagt fyrir menn að fylgjast með þeim málsskjölum sem þar liggja frammi. Málið verður innan tíðar flutt í Hæstarétti. Allt, sem þar fer fram, er opinbert, og þar er gerður útdráttur úr skjölum sem þykja máli skipta, dómságrip svokallað. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mun geta á sínum tíma kynnt sér það, og það vil ég ráðleggja honum að gera. Hitt vil ég aftur á móti ráðleggja honum, að byggja ekki jafnmikið á því og hann virtist gera að einhver hefði sagt sér þetta. Það var nefnilega kona sem iðkaði það að segja svona frá: „Ólyginn sagði mér.“ Það er hægt að hafa þann háttinn á. En hitt er betra, að leita sannleikans í gögnum sem eru fyrir hendi, og það ætti þessi hv. þm. að gera. Svo vil ég segja það, að mér virðist að hann hafi verið furðufljótur að komast í hið pólitíska loftslag sem hann taldi mjög skaðvænlegt fyrir menn. Ég get ekki betur fundið en að hann hafi tileinkað sér það sem ágætur nemandi, eins og hann hefur ugglaust verið. En ég vil ráðleggja honum í einlægni, ef hann vill virkilega leggja þessum málum lið og taka þau alvarlega, að kynna sér þau með allt öðrum hætti og vandaðri heldur en hann hefur gert hingað til og byggja ekki á sögusögnum þeirra, sem þykjast eitthvað vita um mál af því að þeir hafi heyrt eitthvað um það á kaffihúsum eða á einhverjum öðrum stað, þar sem umr. fara manna á milli, eða jafnvel frá sakaráberum. Það hefur aldrei þótt traust að byggja á því sem þeir segja fyrsta kastið.

Rangar sakargiftir eru alvörumál. Þær varða ákaflega þungri refsingu. Það hefur komist á sú venja að þm. og þeir, sem í pólitískri baráttu standa, leiti ekki til dómstóla þó að bornar séu á þá ýmsar sakir. Ég býst við því að ég hefði æðioft getað leitað til dómstóla af því að það hafi verið bornar fram sannanlega rangar sakargiftir. Ég hef talið mér sæmra að reyna að standa fyrir máli mínu á þessum vettvangi og öðrum þar sem á hefur þurft að halda. Og ég er sannfærður um það, að ef hv. þm. tekur upp aðra starfshætti í þessu, þá verður hann miklu nýtari þm., — *og hver veit nema hann geti þá gert* sér von um að verða móðurskip á Vestfjörðum ef þau skyldu bila annars staðar?

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég er öldungis sammála hæstv. dómsmrh. um að alveg sé ástæðulaust að láta umr. um þetta litla frv., sem allir, sem tekið hafa til máls, eru fyllilega sammála um, verða til þess að hér fari fram allsherjarumr. um dómsmálin í heild. Mér til mikillar ánægju sagði hæstv. ráðh. að hann væri fús að efna til slíkra umr. hér á hinu háa Alþ. Við þm. Alþfl. fögnum því mjög, að hann skuli hafa látið sér þessi orð um munn fara, og tökum með mikilli ánægju þátt í þeirri umr.

En ég get ekki stillt mig um í örfáum orðum að benda á útúrsnúning í síðustu ræðu hæstv. ráðh. sem mér finnst honum satt að segja, manni í hans stöðu og honum sem slíkum, engan veginn vera samboðinn. Hann talaði um að margoft hafi verið rætt um að Klúbbnum hafi verið lokað, og hann segir: Klúbbnum var aldrei lokað. Það sem gerðist, var að tekið var fyrir vínveitingaleyfi í Klúbbnum. — Auðvitað hefur engum manni dottið í hug, þegar talað hefur verið um lokun Klúbbsins, að útidyrahurðunum þar hafi verið læst af lögreglunni eða einhverjum öðrum aðila. Það hefur engum dottið í hug. Það sem menn hafa átt við með lokun Klúbbsins, það sem þeir eiga við með lokun vínveitingahúss, er að tekið sé fyrir vínveitingar í húsinu. Þetta hlýtur hæstv. ráðh. að skilja ef hann skilur mælt mál, sem ég veit hann gerir. Þess vegna kalla ég þetta útúrsnúning sem honum er alls ekki sæmandi. (**Dómsmrh.:** Ég tel nú aðrar veitingar í húsunum meira virði en vínveitingar.) Já, það geri ég líka. En hitt er annað mál, að það eru ekki allir eins og við hæstv. dómsmrh. í þeim efnum. Það eru sumir sem eru meira hneigðir fyrir vínveitingar heldur en við tveir. Engu að síður er þetta staðreynd, að lokun vínveitingahúss þýðir afnám vínveitinga í húsinu í munni almennings, í mæltu máli. Lögreglustjóri hafði látið loka húsinu í þessum skilningi, hann hafði látið taka fyrir vínveitingar í húsinu.

En hæstv. ráðh. leyfði þar aftur vínveitingar, þ. e. a. s. í mæltu máli opnaði húsið aftur. Þetta eru ómótmælanlegar staðreyndir og ekki meira um þetta mál.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv., ræddi nokkuð um afskipti Alþfl. af dómsmálum á liðnum árum. Ég skal ekki svara því rækilega. Það var alveg rétt sem hann sagði, jafnsögufróður maður og hann er, að Alþfl. var fyrstur flokka hér á landi til þess að benda á nauðsyn þess að vernda rétt lítilmagnans með dómskerfinu. Þann áhuga hafði Alþfl. fyrstur flokka hér á landi, og þann áhuga hefur Alþfl. enn

En þjóðfélagið í dag er öðruvísi en það var þegar Alþfl. hóf störf sín. Það, sem nú er mergur málsins varðandi dómskerfið, er að vernda almenning gegn svikahröppum og misindismönnum, og það hefur ríkisvaldinu því miður ekki tekist. Það er það sem Alþfl. er núna að benda á. Hann er að benda á nauðsyn þess að vernda almenning á Íslandi gegn svikahröppum og misindismönnum því að þar hefur ríkisvaldið brugðist.

Að því er þau ummæli hv. þm. Þórarins Þórarinssonar snertir, að við í viðreisnarstjórninni, Alþfl.-ráðh., höfum beitt okkur gegn einhverjum till. Bjarna Benediktssonar og Jóhanns Hafsteins um hætur í dómsmálunum, vil ég taka fram að þetta eru einhverjar Grósögur, þarna hefur hún Gróa á Leiti komist að Þórarni Þórarinssyni. (**Gripið fram í:** Alls staðar er hún.) Já, alls staðar er hún, blessuð. Mér er óhætt að segja það að hafi einhver sagt þetta við Þórarin Þórarinsson, hv. þm., þá getur það ekki verið önnur en Gróa á Leiti, því að þetta á ekki við hin minnstu rök að styðjast. Hitt er rétt, að Bjarni Benediktsson og Jóhann Hafstein höfðu í sinni dómsmálaráðherratíð uppi ýmsar hugmyndir sem kostuðu fé, og þá var það fjárlagaafgreiðslan sem gerði það að verkum, almenn meðferð fjárlaga, í ríkisstj., í fjmrn. og á Alþ., sem gerði það að verkum að þær hugmyndir náðu ekki fram að ganga. Þær höfðu alltaf stuðning okkar samráðh. Bjarna Benediktssonar og Jóhanns Hafsteins í Alþfl.

Að síðustu svo örfá orð varðandi pyttinn sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson sagði sjálfan sig hafa dottið í, en ég hef aldrei dottið í, þ. e. a. s. að fullyrða að það hafi átt sér stað að næturlagi flutningar úr Áfengisversluninni í veitingahúsið Klúbbinn. Ég hef aldrei sagt þetta, hvorki sagt þetta né skrifað. Það hafa aðrir gert, m. a. hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, og það er gott að hann játar að það geta líka hent hann ýmis mistök, hvort sem það er Gróu á Leiti að kenna eða einhverri annarri manneskju, karlkyns eða kvenkyns.

Engu að síður er það staðreynd, eins og hv. dómsmrh. játaði að sjálfsögðu í ræðu sinni, sannleikselskandi maður eins og hann er, að það áttu sér stað flutningar úr Áfengisversluninni í veitingahúsið Klúbbinn að degi til með aðstoð tveggja starfsmanna Áfengisverslunar ríkisins. Það var þess vegna sem ég greip fram í fyrir hæstv. dómsmrh. og spurði: Er það í verkahring starfsmanna Áfengisverslunar ríkisins að aðstoða innkaupastjóra vínveitingahúsa við flutning á áfengi — ómerktu áfengi — úr Áfengisversluninni í veitingahús? Ég spyr aftur, ég ætlast ekki til svars núna, sbr. niðurlagsorð mín hér á eftir, en ég vek athygli á því, að menn hugleiði hvort það geti talist í verkahring starfsmanna opinberra stofnana eins og Áfengisverslunarinnar að aðstoða innkaupamenn vínveitingahúsa við flutning á áfengi með þeim hætti sem þarna átti sér stað úr ríkisversluninni í veitingahúsið.

Vegna þess að þetta mál hefur borið hér á góma og hæstv. ráðh. sagði að það hefði verið sett í rannsókn tveggja valinkunnra manna, þá vil ég leyfa mér að ljúka máli mínu með því að beina þeirri ósk til hæstv. fjmrh., — ég sé að hann er ekki í sæti sínu, en hann er í húsinu, ég sá honum bregða fyrir hér áðan, og það eru hátalarar um allt húsið svo ég vona að hann heyri það sem ég hef að segja, — ég ber hér með fram þá ósk til hæstv. fjmrh. að hann birti opinberlega skýrslu þessara tveggja valinkunnu manna um þetta mál, rannsókn þeirra á málinu og niðurstöður hennar. Sú skýrsla hefur ekki til þessa verið opinbert plagg. En þessar umr. og aðrar, sem fram hafa farið, gefa tilefni til að hún verði opinbert plagg. Ég endurtek það og lýk þar með máli mínu: Ég óska þess að hæstv. fjmrh. birti opinberlega skýrslu þessara tveggja manna um rannsókn þeirra á þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 42. fundur.

Fimmtudaginn 27. jan., kl. 2 miðdegis.

Bygging nýs þinghúss, þáltill. (þskj. 294). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lagaákvæði er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, þáltill. (þskj. 9). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi, þáltill. (þskj. 40). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþjóðasamningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þáltill. (þskj. 29, n. 218). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er forsaga þessa máls, að þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna var falið fyrir nokkrum árum að fjalla um þau vandamál, sem risið hafa vegna tíðra afbrota gegn erlendum sendiráðum og fulltrúum erlendra ríkja. N. samdi samningstexta, sem samþ. var á 28. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 14. des. 1973. Markmið hans er að spyrna gegn þeirri öfugþróun sem orðið hefur í þessum efnum. Þessi samningur var undirritaður af Íslands hálfu hinn 10. mars 1974. 45 ríki hafa undirritað samninginn, þar af hafa 17 ríki þegar fullgilt hann. Meðal þeirra eru tvö Norðurlandanna, Danmörk og Svíþjóð. Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir að 22 ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

Áður en samningurinn var lagður fyrir Alþ. var leitað álits hegningarlaganefndar á því, hvort breyta þyrfti íslenskum lögum til þess að unnt væri að fullgilda hann. N. taldi ekki þörf annarrar lagabreytingar en þeirrar, að bætt yrði ákvæði við 6. gr. almennra hegningarlaga til þess að rýmka um refsilögsögu Íslands svo hún taki með vissu til brota og brotamanna sem samningurinn fjallar um. Þessi lagabreyting var samþ. á síðasta Alþingi.

Utanrmn. hefur tekið till. til athugunar og mælir eindregið með samþykkt hennar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 297).

Samræming og efling útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 55). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni, að flytja á þskj. 55 till. til þál. um samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera úttekt á skipulagi og aðstöðu útflutningsverslunar landsmanna og leita leiða til þess að efla og samræma útflutningsstarfsemi fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu. Um úttekt þessa, samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi skal hafa samráð við þá aðila, sem nú annast útflutning og markaðsstarfsemi.

Í þessu sambandi skal áhersla lögð á eftirfarandi:

1. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að koma á fót samstarfi allra aðila sem vinna að útflutningsstarfsemi, m. a. í því skyni að stuðla á skipulegan hátt að almennri kynningu á íslenskum vörum og þjónustu erlendis og þjálfun starfsfólks, sem vinna mun að hvers konar útflutningsstarfsemi;
2. að marka enn frekar þá stefnu í skatta- og tollamálum, svo og annarri opinberri fyrirgreiðslu, sem auðveldar íslenskum útflytjendum samkeppni á erlendum mörkuðum;
3. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að samræma eða sameina starf utanríkis- og viðskiptaráðuneytis á sviði útflutningsstarfsemi og efla starf utanríkisþjónustunnar í markaðsmálum."

Við Íslendingar erum sem kunnugt er mjög háðir utanríkisviðskiptum. Þannig nam innflutningur að meðaltali árin 1972—1975, að báðum meðtöldum, rúmlega 37% þjóðarframleiðslunnar. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að mikil og ójöfn þörf er á innflutningi vegna fjárfestingar innanlands, en jafnframt hafa framleiðsluvörur okkar á undanförnum áratugum verið fábreyttar og því þarf á miklum innflutningi erlendra vara og þjónustu að halda. Hvort tveggja þetta skapar aftur á móti mikla þörf á útflutningi til þess að viðskipti okkar við aðrar þjóðir séu í jafnvægi. Útflutningsframleiðsla okkar hefur lengst af verið einhæf, þ. e. a. s. fyrst og fremst sjávarafurðir. Við vanda okkar í útflutningsviðskiptum hefur því bæst að verðsveiflur eru eðli málsins samkv. miklar á helstu útflutningsvörum okkar. Af þessu leiðir að það er jafnvel enn þá meira keppikefli fyrir okkur en aðrar þjóðir að stefna að því tvíþætta marki að auka fjölbreytni og samkeppnishæfni iðnaðarframleiðslu okkar heima fyrir, þannig að með því móti dragi úr óhóflegum innflutningi, og efla jafnframt útflutningsstarfsemi til þess að ná sem mestu jafnvægi í útflutningsviðskiptum og treysta þannig fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Þessar meginstaðreyndir verða aldrei jafnaugljósar og þegar erfiðleikar steðja að, eins og gerst hefur á undanförnum 2—3 árum.

Flm. þessarar till. fluttu hér á hv. Alþ. 1974—1975 till. til þál. sem fól í sér ábendingar um leiðir að báðum þessum mikilvægu markmiðum fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Hún var samþ. hinn 14. maí 1975 og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj., í samráði við samtök iðnaðarmanna, iðnrekenda og iðnverkafólks, að kanna leiðir til þess að hvetja almenning, m. a. í ríkisfjölmiðlum, til aukinna kaupa og neyslu á vörum sem framleiddar eru í landinu, og jafnframt að leita leiða til þess að auka sölu á íslenskum afurðum erlendis með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, samræma og efla starfsemi þeirra aðila, sem fást við sölu íslenskra afurða."

Fyrri hluti þessarar þál. er nú í framkvæmd sem kunnugt er. Íslenskri iðnkynningu var komið á laggirnar í kjölfar þál. fyrir frumkvæði iðnrn., og í fjárlög ársins 1976 var tekin fjárhæð, 2.5 millj. kr., og ráð gert fyrir hærri upphæð í fjárlögum 1977 til þess að standa straum af kostnaðarhluta ríkissjóðs við iðnkynninguna. Iðnrn., fjárveitingavaldið, samtök iðnaðarins, iðnverkafólk, Samband ísl. samvinnufélaga og Neytendasamtökin vinna nú sameiginlega að framkvæmd íslenskrar iðnkynningar sem vakið hefur verðskuldaða athygli þjóðarinnar á stöðu, getu og möguleikum íslensks iðnaðar, og mun þetta vonandi stuðla að auknum kaupum þjóðarinnar á eigin framleiðslu.

Vegna starfs íslenskrar iðnkynningar hefur athygli alls almennings ekki hvað síst vaknað fyrir því, hversu fjölþætt íslensk iðnaðarframleiðsla er orðin, gæði vörunnar mikil og verð sambærilegt við erlenda framleiðendur sem margir hverjir hafa miklu betri aðstöðu til rekstrar en íslenskir starfsbræður þeirra. Þessi aukna fjölbreytni og framþróun hefur aukið gildi almenns iðnaðar fyrir íslenskan þjóðarbúskap mjög mikið á síðustu árum, og er nú svo komið að íslenskur iðnaður sparar þjóðarbúinu þúsundir millj. kr. á ári í gjaldeyri og er hlutur hans rúmur þriðjungur af þjóðarframleiðslunni enda þótt mannafli, sem að iðnaði vinnur, sé á hinn bóginn einungis ¼ hluti alls starfandi mannafla í landinu.

Eitt ljóst dæmi um það, hversu útflutningsiðnaður er þegar orðinn mikilvægur fyrir þjóðarbúið, er sú staðreynd að á Akureyri, sem er mikill iðnaðarbær eins og kunnugt er, starfar nú um helmingur þess mannafla, sem vinnur að iðnaði, við útflutningsiðnað.

Síðari hluta áðurnefndrar þál., þ. e. a. s. þar sem segir að leita skuli leiða til þess að auka sölu á íslenskum afurðum erlendis, m. a. með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, samræma og efla starfsemi þeirra aðila sem fást við sölu íslenskra afurða erlendis, hefur verið minni gaumur gefinn, enda er hann ef til vill of almennt og óljóst orðaður. Þetta er mjög miður, þar sem ekki er síður þörf á að kynna hvers konar íslenskar gæðavörur fyrir erlendum kaupendum en innanlands, einkum þó iðnaðarvöru, þar sem hún er miklu minna þekkt en sjávarafurðir okkar. Þetta er ekki síst nauðsynlegt þegar haft er í huga hversu fjölþætt íslensk iðnaðarframleiðsla er nú orðin, eins og ég vék að áðan. Ekki eru mörg ár síðan töluvert innan við 10% útflutnings okkar íslendinga voru aðrar afurðir en sjávarafurðir, en nú nálgast það mark að iðnaðarvara sé ⅙ hluti heildarútflutningsins. Hér er alls ekki einvörðungu um að ræða tilkomu álvers og álútflutnings, heldur hefur útflutningur almennra iðnaðarvara farið mjög vaxandi á síðustu árum, einkum eftir tilkomu útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins sem starfar, eins og kunnugt er, að kynningu á íslenskum iðnaðarvörum erlendis.

Sú þróun, sem hér er rakin um aukna fjölbreytni útflutnings, og þörf á auknum útflutningstekjum er ærin ástæða fyrir flutningi þessarar till. á Alþ. Auk þess kemur það til að nágrannaþjóðir okkar hafa að undanförnu mjög bætt og endurskipulagt sín útflutningsmál með þeim afleiðingum að í mörgum tilvikum er erfiðari samkeppni fyrir okkur eftir en áður. Samræming og efling útflutningsstarfsemi er mjög viðamikið og kostnaðarsamt verkefni. Því er nauðsynlegt að Alþ. taki afstöðu til þess á hvaða þætti beri að leggja áherslu í þessu efni. Það er von okkar flm. að með þessari till. gefist þingheimi kostur á meiri og ítarlegri stefnumótun á þessu sviði en með þál. frá 14. maí 1975, sem áður er frá greint.

Ég vík þá að núverandi skipan útflutningsstarfsemi í landinu. Hér á landi eru fjölmargir aðilar sem annast útflutningsstarfsemi. Ýmsir þessir aðilar hafa náð góðum árangri, og rétt er að það komi skýrt fram að með þessari till. er ekki ætlunin að skerða á neinn hátt sjálfstæði þeirra, heldur að auka og efla samstarf þeirra og stjórnvalda á sviði markaðsmála, svo sem nánar verður vikið að síðar. Á stríðsárunum og fyrstu árin eftir stríð var yfirstjórn utanríkisviðskipta einvörðungu í höndum utanrrn. Síðan hefur meðferð utanríkisviðskipta breyst í stjórnarráðinu á þann veg, að eftir 1953 fluttust þau í æ ríkara mæli til viðskrn. Afleiðingin er sú, að sendiráð og starfsmenn utanríkisþjónustunnar erlendis hafa nú tvo yfirboðara að þessu leyti, utanríkis- og viðskiptaráðuneyti.

Í síðari heimsstyrjöldinni og næstu árum eftir styrjöldina voru mikil ríkisafskipti af viðskiptum milli þjóða. Á þessu tímabili vann utanríkisþjónustan mikið starf í útflutnings- og markaðsmálum, einkum í þeim löndum þar sem ríkisfyrirtæki annast allan innflutning. T. d. er það svo í Sovétríkjunum. Einungis einn viðskiptafulltrúi starfar þó erlendis á vegum utanríkisþjónustunnar enn í dag, þ. e. a. s. aðalræðismaðurinn í New York sem er jafnframt viðskiptafulltrúi við sendiráðið í Washington. Þótt ekki séu viðskiptafulltrúar við fleiri sendiráð annast þau þó að sjálfsögðu margvíslega þjónustu á sviði viðskiptamála og kynna landið erlendis, sem er mikilvægur þáttur markaðsleitar og útflutningsstarfsemi.

Samkvæmt lögum starfa fjölmargir aðilar á ýmsum sviðum útflutningsstarfsemi. Það má nefna Fiskimálasjóð, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Sölustofnun lagmetis, Útflutningslánasjóð, Iðnrekstrarsjóð, Ríkisábyrgðasjóð, Tryggingadeild útflutningslána, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og sjálfsagt marga fleiri. Þá er starfandi á vegum viðskrn. sérstök vörusýninganefnd. Beina útflutnings- og markaðsstarfsemi annast svo mörg samtök og einstaklingar. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Skreiðarsamlagið og síldarútvegsnefnd eru í hópi þeirra grónustu og öflugustu þessara aðila, eins og kunnugt er.

Ef vikið er að framtíðarskipan útflutningsmála er meginhersla þessarar till., eins og nafnið bendir til, samræming og efling útflutningsstarfsemi í landinu. Einn meginókostur núverandi skipulags þessara mála er að enginn einn aðili getur komið fram fyrir útflytjendur, hvorki erlendis né gagnvart innlendum stjórnvöldum. Í nágrannalöndum er þetta hvergi svo, og spyrja mætti hvort það sé virkilega svo, að íslendingar einir vestrænna þjóða hefðu efni á því að engin samvinna í skipulegu formi sé milli þeirra aðila sem starfa að útflutningi til gjaldeyrisöflunar fyrir þjóðina. Það er mín skoðun, að það sé eitt brýnasta verkefni í íslenskum útflutningsmálum, eins og nú standa sakir, að koma á samstarfi útflytjenda þeirra sem annast útflutningsstarfsemi í einhverju formi. Ég vil þó taka það skýrt fram nú þegar, að ég er ekki að leggja hér til, að sett verði á laggir stórt bákn, hvort sem það yrði kallað Útflutningsráð, Samtök íslenskra útflytjenda eða eitthvað slíkt. Ég er einvörðungu að leggja áherslu á að samvinna og samtök útflytjenda í föstu formi er

eitt brýnasta verkefnið í skipulagi útflutningsmála um þessar mundir að minni hyggju. Slík samtök útflytjenda mundu m.a. hafa að verkefni að kynna Ísland erlendis sem framleiðsluland gæðavöru og sem útflutningsland á gæðavörum. Þau mundu einnig hafa það hlutverk að skipuleggja þjálfun fólks til þess að kynna íslenskar vörur erlendis og selja íslenskar vörur erlendis, en á það skortir nú mjög að þetta sé unnt. Þau mundu einnig geta komið fram við stjórnvöld landsins sem ráðgjafaraðili um allt sem varðar útflutningsstarfsemi, hvort sem um er að ræða sjávarafurðir, iðnaðarvörur eða aðrar íslenskar afurðir. Hlutverk slíkra samtaka yrði að sjálfsögðu miklu víðtækara og myndi aukast með tímanum. En hér er minnt á þrjú atriði sem útilokað er að taka á með samræmdum hætti ef ekki eru til samtök útflytjenda í skipulegu formi.

Það eitt sýnir hve mikið grundvallaratriði hér er um að ræða, þ.e.a.s. að koma á fót samtökum útflytjenda, að tvö þau meginatriði sem lögð er áhersla á í þessari þáltill. þ.e.a.s. að stjórnvöld marki enn frekar þá stefnu í skatta- og tollamálum og annarri opinberri fyrirgreiðslu, sem auðveldar íslenskum útflytjendum samkeppni á erlendum mörkuðum, og að efla beri starf utanríkisþjónustunnar í markaðsmálum, — þessi tvö atriði standa og falla að minni hyggju verulega með því að slík samtök útflytjenda séu hér forustuaðili, marki þá stefnu, sem skynsamleg og eðlileg er, og gefi stjórnvöldum ráð um það á hvern hátt taka beri á tolla- og skattamálum gagnvart útflutningsaðilum og að slík samtök verði ráðgefandi um það, hvernig utanríkisþjónustan getur helst og hvernig hún getur í raun réttri þjónað útflytjendum sem best. Hér ber allt að sama brunni, að samtök og sameiginleg stefna allra aðila, sem annast útflutningsstarfsemi, er höfuðnauðsyn.

Það er engin tilviljun að nágrannaþjóðir okkar hafa á undanförnum árum mjög skipulagt sín útflutningsmál á hliðstæðan hátt og hér er að vikið í grundvallaratriðum, en stiklað er á stóru í þeim efnum. Nánar vísa ég í grg. með þessari till. þar sem lýst er í stórum dráttum hvernig skipan útflutningsstarfsemi er á Norðurlöndum. En ef vikið er að því hvað gert hefur verið á seinni árum í þessum efnum, þá voru samþ. lög í Noregi um eflingu útflutnings árið 1956. Í þeim lögum er ákveðið að starfsemi Norges Eksportråd sé fjármögnuð af Norges Eksportfond með því að útflutningsgjald sé lagt þar á ¾‰, og það er lagt á allan norskan útflutning nema skip. Með þessu var starfsemi Norges Eksportråd mjög efld frá því sem áður var, en það var stofnað árið 1975 og hafði til ráðstöfunar árið 1974 20.4 millj. norskra kr. Í Svíþjóð var stofnað útflutningsráð, Sveriges Exportråd, árið 1972 og það hefur nú að loknum 3 ára aðlögunartíma hafið starfsemi af fullum krafti. Árið 1975 voru aðilar að samtökunum 1828. Í Danmörku var hliðstæðri stofnun komið á fót haustið 1975. Hún heitir Exportfremmerådet, og henni er ætlað að samræma starfsemi, sem áður hafði verið á margra höndum, og nýta þannig betur þá þekkingu, sem fyrir hendi er, og koma fram sem samtök útflutningsaðila í Danmörku. Hliðstæða sögu er að segja frá finnum. Þar heita samtök útflytjenda Finlands Utrikeshandelsforbund og hafa þau samtök mjög verið efld á síðari árum.

Hér og nú er ekki ástæða til þess að fara nánar út í skipulagsmál útflutningsstarfsemi á Norðurlöndum. Ég vísa eins og áður til grg. með þáltill., þar sem nánar er farið út í þessa sálma. Höfuðatriðið er að nágrannaþjóðir okkar og Vestur-Evrópuþjóðir yfirleitt hafa á undanförnum árum mjög samræmt og eflt þá starfsemi, sem lýtur að því að kynna vörur og þjónustu viðkomandi landa á erlendum mörkuðum, og hafa einnig gert þetta með því að auka og efla samtök útflytjenda í einu eða öðru formi í viðkomandi löndum.

Ég vil sérstaklega undirstrika í þessu sambandi að íslenskar aðstæður í útflutningsmálum eru um margt sérstæðar, t.d. að því er varðar einhæfni útflutningsvöru og fjárhagslegt svigrúm útflytjenda. Okkur er að sjálfsögðu ekki kleift að fara nákvæmlega sömu leiðir í endurskipulagningu og eflingu útflutningsstarfsemi hér á landi og gert er á Norðurlöndum. Einkum á þetta við um þær leiðir sem mörg þessi lönd hafa farið í fjármögnun slíkrar útflutningsstarfsemi og umfangi hennar. Þó má mikið af þessum þjóðum læra innan þeirra takmarka sem hér er á bent, og því er lærdómsríkt að kynna sér fyrirkomulag útflutnings- og markaðsmála í þessum löndum í tengslum við endurskipulagningu á þessum málum sem vonandi verður ekki langt að bíða hér hjá okkur.

Ýmsum dettur e.t.v. í hug, að stofnun eins og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins gæti tekið að sér það verkefni, sem hér hefur verið á bent, og komið fram sem sameiningartákn fyrir íslenska útflutningsaðila og stofnanir, bæði erlendis og gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Hér er þó augljóslega um misskilning að ræða. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins var stórt spor í rétta átt á sínum tíma. Hún hefur unnið mjög merkilegt starf á sínu sérsviði, en þar er eingöngu um að ræða iðnaðarvörur. Hún kynnir íslenskar iðnaðarvörur á erlendum mörkuðum, en hún getur að sjálfsögðu ekki komið fram fyrir aðra aðila, t.d. ýmsa aðila í sjávarútveginum. Þess vegna getur hún ekki tekið við því hlutverki sem hér hefur verið lögð mikil áhersla á, þ.e.a.s. að samtök væru mynduð sem komið gætu fram fyrir hönd allra íslenskra útflytjenda bæði innanlands og erlendis. Það er ekki svo að skilja að ekki hafi verið unnið að því að móta till. um eflingu útflutningsstarfsemi á Íslandi á undanförnum árum. Margt hefur verið gert í þessu efni. Ýmsum stofnunum hefur verið komið á fót á ýmsum sérsviðum, eins og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Samtökum húsgagnaútflytjenda, Sölustofnun lagmetis o.s.frv., o.s.frv., og enn fremur hefur mjög verið rætt og ritað um skipulag útflutningsstarfsemi og um það efni gerðar margar viðamiklar skýrslur.

Á ráðstefnu, sem haldin var 10. apríl s.l. á vegum Sambands ungra sjálfstæðismanna, fjallaði Pétur Thorsteinsson sendiherra og fyrrv. ráðuneytisstjóri í utanrrn. um þátt utanríkisþjónustunnar í utanríkisviðskiptum. Í þessu erindi sínu, sem stuðst er mjög við í tillögugrein þessari og grg., dró hann saman till. sínar um fram-

tíðarskipan útflutningsmála hér á landi. Niðurstaða hans var sem hér segir:

„1. Athuga þarf vandlega hvort ekki væri rétt að sameina utanrrn. og viðskrn. á sama stað. Nánari tengsl þessara rn. mundu m.a. skapa möguleika á meiri kynnum sendiráðsmanna af viðskiptamálum og starfsemi sendiráðanna á viðskiptasviðinu.

2. Þó að ekki sé ástæða til að stofna af viðskiptaástæðum fleiri sendiráð í bili, hvort sem þau yrðu undir stjórn sendiherra eða viðskiptafulltrúa, getur verið ástæða til að hafa við núv. sendiráð okkar sérstaka viðskiptafulltrúa. Og ég held," segir Pétur Thorsteinsson, „eins og fyrir 10 árum, að við eigum að hafa slíka fulltrúa vestanhafs og í Evrópu. Við höfum nú viðskiptafulltrúa í Bandaríkjunum, þ.e.a.s. aðalræðismaður okkar í New York er jafnframt tilkynntur sem viðskiptafulltrúi við sendiráðið í Washington. En ég held," segir Pétur áfram, „að áður en langt um líður ættum við að hafa annan viðskiptafulltrúa við sendiráðið okkar í Brüssel, í höfuðborg Efnahagsbandalags Evrópu.

3. Ég held," segir Pétur áfram, „að athuga verði vandlega hvort ekki ætti að setja á stofn á vegum útflutningsyfirvaldanna, hvort sem það væri viðskrn. eða sameinað utanríkis- og viðskiptaráðuneyti, sérstaka viðskiptaskrifstofu, þ.e.a.s. upplýsingaskrifstofu fyrir útflutningsinn, eins og ég talaði um áðan.

4. Mjög er athugandi að koma á fót útflutningsráði. Hér á ég ekki við sams konar stofnun og útflutningsráð Noregs, þ.e.a.s. sérstaka stofnun með skrifstofum og útsendum viðskiptafulltrúum, heldur n. skipaða fulltrúum atvinnuveganna útflutningsyfirvöldum til ráðuneytis, sem kæmi saman reglulega og yrði kölluð til aukafundar, þegar sérstaklega stendur á."

Hér lýkur tilvitnun í þessa ræðu Péturs Thorsteinssonar. Greinilegt er að hér eru settar fram skynsamlegar og hófsamar till. reynds manns á framangreindu sviði. Þær hafa þó enn ekki verið framkvæmdar, og er þessi till. m.a. komin fram til þess að Alþ. láti málið til sín taka.

Rétt er í þessu sambandi að leggja sérstaka áherslu á þriðja og fjórða atriðið í niðurstöðum Péturs Thorsteinssonar, þ.e.a.s. um skrifstofu útflutningsráðs, en þar er auðvitað verið að fjalla um nauðsyn samtaka íslenskra útflytjenda og að einhver aðili geti komið fram í sameiningu fyrir alla þá sem annast útflutningsstarfsemi.

Pétur Thorsteinsson víkur hér að samræmingu og starfsemi stjórnvalda á sviði útflutningsmála, þ.e.a.s. utanríkisþjónustunnar og viðskrn. Rétt er í því sambandi að gera sér ljóst, að það er örðugleikum bundið að sameina utanr.- og viðskrn. að þessu leyti. En hér mætti auðvitað, eins og á er bent í till. Péturs, koma á ýmissi samræmingu engu að síður, þar sem æskilegt er að þessi starfsemi sé sem mest á einum stað í stjórnkerfinu, eins og auðvitað er æskilegt um aðra þætti stjórnsýslunnar.

Ég vil koma inn á eitt atriði sem mér virðist stundum of lítil áhersla lögð á er verið er að ræða um hvað utanríkisþjónustan eigi að gera á sviði útflutningsstarfsemi. Ég er þeirrar skoðunar, að gjalda verði mikinn varhug við að stofna sendiráð víðar en orðið er. Á hinn bóginn tel ég nauðsynlegt að athuga gaumgæfilega, hvort ekki ætti að koma upp viðskiptafulltrúum við fleiri sendiráð og efla starfsemi núverandi sendiráða á sviði utanríkisviðskipta. Sérstaklega vildi ég þó benda á að meira mætti gera að því á vegum utanr.- og viðskrn. að efna til sendinefnda þar sem jafnvel ráðh. væru formenn og forustumenn og að slíkar sendinefndir færu til mikilsverðra markaðslanda, einkum þar sem veruleg ríkisafskipti eru og um nýja markaði er að ræða. Hér er t.d. dæmigert land Nígería, þar sem viðskiptasendinefnd með háttsettum mönnum úr rn. eða sjálfum utanr.- eða viðskrh. gæti komið að mjög miklu gagni til að ryðja braut nýjum framleiðsluvörum og efla þá markaði sem við höfum þar fyrir.

Að lokum vil ég vekja athygli á því, að þessi till. er almenn till. um að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að gera úttekt á skipulagi og aðstöðu útflutningsverslun landsmanna o.s.frv. Hér er sem sagt um að ræða almenna ályktun um að fela ríkisstj. að gera ákveðna hluti. En í grg. till. er að því vikið að heppilegust vinnubrögð í þessu efni væru e.t.v. fólgin í því að ríkisstj. setti á laggir starfshóp, sem í ættu sæti fulltrúar frá utanr.- og viðskrn. svo og þeir aðilar sem nú annast útflutningsstarfsemi í landinu. Slíkur starfshópur eða nefnd mundi fjalla um efni till. og væntanlega gera þá sínar till. til ríkisstj.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að óska þess að umr. um þessa till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka til máls um þessa þáltill., en út af niðurlagi ræðu hv. flm., þar sem hann lagði til að till. yrði vísað til allshn., vil ég leyfa mér að segja nokkur orð. (Gripið fram í.) Ég tel að hún ætti frekar heima hjá atvmn., jafnvel kæmi til athugunar hvort hún ætti ekki að fara til utanrmn. vegna þess að hún fjallar um það svið sem utanrmn. hlýtur að koma mikið inn á.

En fyrst ég er kominn í ræðustól langar mig til að segja nokkur orð í sambandi við þessa þáltill. Ég tel það góðra gjalda vert að till. sem þessi komi fram á Alþ. og verði rædd bæði í n. og einnig í þingsal. Hér er hreyft við mjög veigamiklu máli sem æskilegt er að Alþ. fjalli um og geri sér grein fyrir hvernig æskilegt væri að þróa með tilliti til þeirra hugmynda sem koma fram í þáltill.

Þessi till. er þríþætt.

Í fyrsta lagi er um það að ræða að koma á fót ákveðnu samstarfi milli útflutningsaðila.

Í öðru lagi er um það að ræða að tryggja að þeir, sem annast framleiðslu og sölu á vörum til útlanda, njóti þeirra kjara í sambandi við skatta- og tollamál sem við eiga. Og þá hlýtur að sjálfsögðu sú stefna að vera ríkjandi að íslenskir útflytjendur búi jafnan við hin bestu kjör í skatta- og tollamálum, en því miður er ekki svo í dag. Mun ég ekki rekja það nánar að öðru leyti en því, að ég vil minna á að fyrir jólin var samþ. hér breyting í tollamálum sem fól það m.a. í sér að framleiðendur búa við lakari kjör í sambandi við tolla á vélum til fisk-

iðnaðar heldur en annar iðnaður í landinu. Auk þess býr fiskiðnaðurinn við mun lakari kjör í sambandi við sölugjald heldur en verksmiðjuiðnaður. Kemur það fram í því, að á sama tíma sem fiskiðnaður verður að borga 22% sölugjald af vélum og varahlutum til iðnaðarins, borgar almennur verksmiðjuiðnaðar ekki nema 11%.

Í þriðja lagi er í þessari þáltill. vikið nokkuð að því hvernig skipulagsformið gæti verið gagnvart hinu opinbera og þá sérstaklega í sambandi við afskipti utanrrn. og viðskrn. af útflutnings- og viðskiptamálum, og er það kafli út af fyrir sig. En ég hjó eftir því að í framsöguræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar kom hann inn á það, að hans hugsun væri jafnvel að þessi fyrirhugaða stofnun, sem ályktunin gerir ráð fyrir að verði sett á fót, ef aðilar eru sammála um það, ætti einnig að koma fram fyrir hönd útflytjenda gagnvart hinu opinbera innanlands. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt stefna að þannig eigi að þróa þetta samstarf. Ég held að það sé æskilegt að hafa það að mörgu leyti eins og það er nú í dag, að helstu útflutningssamtökin hafa sjálfstæða stöðu gagnvart hinu opinbera í þeim málum sem varða viðkomandi útflutningsgreinar. Ef við skoðum þetta nánar kemur í ljós að það munu vera þrír aðilar sem annast rúmlega 60% af öllum vöruútflutningi íslensku þjóðarinnar, þ. e. a. s. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Þetta eru frjáls og óháð samtök framleiðenda, a. m. k. innan Sölumiðstöðvarinnar og einnig innan Sambandsins. Að vísu nýtur SÍF ákveðinnar verndar samkv. lögum, en tvö fyrrgreindu samtökin eru frjáls og óháð og hafa komið fram fyrir hönd félagsmanna sinna gagnvart hinu opinbera. Slík valddreifing er æskileg. Ég tel því að það ætti ekki að leggja megináherslu í sambandi við þetta mál á að það samstarf, sem ályktunin gerir ráð fyrir, eigi mjög að snúa að hinu opinbera innanlands, hins vegar eigi að leggja meiri áherslu á það, eins og kom fram í ræðu hv. frummælanda, að skipuleggja og efla samstarf þessara aðila út á við. Það held ég að sé hin rétta stefna, enda er það meginefni þessarar þáltill. Ég er sammála hv. þm. um að á því sviði er margt hægt að vinna saman og mun meira en gert hefur verið hingað til og þessi grónu og sterku samtök gætu örugglega komið hvert öðru til aðstoðar í sambandi við útflutnings- og sölumál erlendis.

Ég tek undir þau orð að hér sé um að ræða fyrst og fremst stofnun sem sé ráðgefandi aðili, en ekki ákvarðandi aðili, vegna þess að það er staðreynd að of mikil miðstýring í sambandi við útflutningsmál og sölumál erlendis getur verið hættuleg. Það er reynsla þeirra samtaka, sem lengst hafa náð í sambandi við sölu og markaðsmál erlendis, að það verður að ríkja ákveðin samkeppni, ákveðið sjálfstæði ef árangur á að nást. Þannig hefur verið staðið að málum hingað til. Þó að þessi útflutningur sé í höndum þessara þriggja aðila með þeim hætti sem ég gat um áðan, að aðeins þrír aðilar eru með rúmlega 60% af öllu vörumagni sem flutt er út, þá hafa þeir unnið í ákveðinni samkeppni, sérstaklega í sambandi við frystan fisk. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessir aðilar geta styrkt mjög aðra sem þurfa að stofna til útflutnings og byggja upp markað erlendis.

Að öðru leyti hlýtur þessi till. að koma til n., og í samráði við flm. leyfi ég mér að leggja til að henni verði vísað til utanrmn. Þegar hún kemur úr n. mun væntanlega gefast enn betra tækifæri til að fjalla frekar um þetta mál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í framhaldi af því sem fyrri flm., Lárus Jónsson, sagði í framsögu fyrir till. sinni á þskj. 55, og í beinu framhaldi af því, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, vil ég aðeins benda á að ég flutti brtt. við afgreiðslu tollskrár nú rétt fyrir jólafríið og gerði ítrekaðar tilraunir bæði í n. og í Ed. til að fá íslenskan útflutningsiðnað, þ. e. a. s. fiskvinnsluna, viðurkenndan sem samkeppnisiðnað. Það tókst ekki. Ég var með till. um að fella niður tolla af vélum og tækjum þessa merka iðnaðar sem er undirstöðuframleiðsluiðnaður þjóðarinnar, en það var fellt. Ég vona að þessi till. fái betri hljómgrunn og undirtektir heldur en till. hlutu fyrir mjög stuttu í sama hópi manna, þar sem ég geri ráð fyrir að sömu aðilar komi til með að rétta upp höndina í þetta skipti og felldu till. mínar nú fyrir skömmu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum, þáltill. (þskj. 62). — Ein umr.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Þáltill. sú, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 62 ásamt sjö öðrum hv. þm., hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um kostnað við uppbyggingu þjóðvegakerfisins í hinum snjóþyngri héruðum landsins með það fyrir augum að þjóðvegir um byggðir verði gerðir vetrarfærir á næstu 4—6 árum. Kostnaður við þetta verkefni verði greiddur af Vegasjóði og fjár til þess aflað með erlendum eða innlendum lántökum, ef þörf krefur, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar."

Allir, sem um þjóðvegi landsins aka, hljóta að leiða að því hugann hver stórvirki hafa verið unnin í vegagerð á landi voru. Hitt blasir þó engu síður við og verður tíðum að umræðuefni, hversu mörg verkefni í vegagerð eru óleyst enn. Þeir, sem aka vegina á góðviðrisdögum sumarsins, kvarta undan ryki og illhörðum, óhefluðum vegum. Í rigningartíð ergja forarpollar og aurslettur vegfarendur. Á vorin grafast heilir vegarkaflar svo að einungis er þar fært hinum sterkustu torfærubifreiðum. Og á vetrum lokast vegir vikum eða mánuðum saman vegna fannfergis.

Fyrir fáum áratugum gerðu menn ekki ráð fyrir, að vegum í snjóþungum héruðum yrði yfirleitt haldið opnum á veturna nema í besta tíðarfari, og töldu að rykið og forarvilpurnar yrðu um aldur tengd íslenskum þjóðvegum. Reynslan hefur hins vegar sannað að hægt er að byggja vegina þannig að lítill sem enginn kostnaður er við að halda þeim opnum á vetrum, nógur malarburður kemur í veg fyrir ófærð á vorin, og víst er hægt að losna við

sumarrykið ef fjármagn er nægilegt til lagningar bundins slitlags á þjóðvegina.

Í þáltill. þeirri, sem hér er flutt í hv. Sþ., er ráð fyrir því gert að ríkisstj. láti gera áætlun um kostnað við uppbyggingu þjóðvegakerfisins í hinum snjóþyngri héruðum landsins með það fyrir augum að þeir verði gerðir vetrarfærir á næstu 4—6 árum. Þessi þáttur er tekinn sérstaklega vegna þess að við teljum snjóþyngslin valda einna mestri mismunun með tilliti til afnota af vegakerfinu og að það verkefni, sem hér um ræðir, sé ekki stærra en svo að mögulegt ætti að vera að leysa það á fremur skömmum tíma.

Kostnaður við snjómokstur er mikill og má nefna að á árinu 1975 var kostnaður Vegagerðarinnar við vetrarviðhald 321.7 millj. kr. Ákveðnar reglur gilda um hreinsun vega. Sums staðar er mokað snjó á kostnað Vegagerðarinnar eftir þörfum, annars staðar er mokað einu sinni eða tvisvar í mánuði eða einu sinni eða tvisvar í viku, og til eru þeir þjóðvegir sem Vegagerðin hreinsar af snjó á sinn kostnað aðeins einu sinni eða tvisvar á vetri. Í undirbúningi eru nýjar reglur um þátttöku Vegagerðarinnar í vetrarviðhaldi þar sem gert er ráð fyrir meiri þátttöku Vegasjóðs við hreinsunina á vegum og er það vel. Þeir, sem búa við þá aðstöðu að fá ekki ruddan veginn um sveitina sína óumbeðið nema örsjaldan á vetri, en þurfa að koma afurðum á markað þrisvar eða fjórum sinnum í viku, þurfa að greiða sjálfir helming snjómokstursskostnaðar, auk þess gífurlega kostnaðar sem af því er að leggja tæki í akstur um hálfófæra vegi, en oft er það fremur gert en að kalla til snjóruðningstæki.

Veturinn 1974—1975 var snjóþungur um norðaustanvert landið. En svo vill til að þetta er eini veturinn sem til eru nokkurn veginn fullnægjandi upplýsingar hjá Vegagerð ríkisins um þátttöku heimamanna í þessum kostnaði. Heildarkostnaður sveitarfélaga eða þeirra annarra, sem þátt taka í snjómokstri á móti Vegagerðinni, var á þessum vetri 16.8 millj. kr. og þykir sjálfsagt ýmsum að talan sé ekki firnahá. Eftir kjördæmum skiptist þessi kostnaður þannig, að í Suðurlandskjördæmi var kostnaður heimamanna 977 þús. kr., í Reykjaneskjördæmi svo til enginn, í Vesturlandskjördæmi 484 þús. kr., í Vestfjarðakjördæmi 2 millj. 618 þús., í Norðurlandskjördæmi vestra 1 millj. 36 þús., Norðurlandskjördæmi eystra 7 millj. 915 þús., Austurlandskjördæmi 3 millj. 737 þús. Alls 16 millj. 767 þús. kr.

Sem dæmi um kostnað einstakra sveitarfélaga má nefna að kostnaður Svarfaðardalshrepps í Eyjafjarðarsýslu við snjómokstur umræddan vetur var 2 404 037 kr. eða 20—25% af heildartekjum sveitarfélagsins, auk þess sem mjólkurframleiðendur greiddu 936 359 kr. í aukakostnað við flutning mjólkur í mjólkursamlag. Íbúar hreppsins voru 312 að tölu 1. des. 1975 og var því kostnaður við þennan þátt vetrarsamgangna um 10 700 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins eða 42 800 kr. á fjögurra manna fjölskyldu. Ótalinn er þá auðvitað sá kostnaður sem einstaklingar höfðu af því að leggja tæki sín í misjafnlega illfæra vegi vegna snjóþyngsla.

Í yfirliti sem Vegagerð ríkisins hefur gert um ástand vega í landinu, er þjóðbrautum og landsbrautum skipt í fjóra flokka eftir ástandi veganna: gott, nothæft, ófullnægjandi og slæmt ástand. Samtals eru þjóðbrautir og landsbrautir taldar 7838.6 km, þar af í góðu ástandi 2569.6 km í nothæfu ástandi 1948.9 km, í ófullnægjandi ástandi 1039 km og í slæmu ástandi 2881,1 km. Athygli vekur að lengstir eru vegirnir í lélegasta flokknum, en næstlengstir í þeim besta. Lausn þess verkefnis að gera vegina góða eða nothæfa er komin vel á veg.

Auðvitað eru hinir lélegu vegir mjög misjafnlega snjóþungir. Svo sem kunnugt er eru snjóþyngslin mest um norðanvert landið, frá Vestfjörðum til Austfjarða. Snjóþungir vegarkaflar eru þó í öðrum landshlutum og snjóþyngsli eru misjöfn milli landshluta eftir árum. Athyglisvert er að í þeim fjórum kjördæmum, sem ná frá Vestfjörðum til Austfjarða, eru rúm 62% af þjóðbrautum og landsbrautum alls landsins, en 68.4% af þeim vegum sem taldir eru ófullnægjandi eða slæmir. Þeir vegir, sem í þessa flokka koma, eru auðvitað lítt til þess gerðir að verja sig fyrir snjó. Sú staðreynd, að vegirnir eru lélegir í snjóþyngri héruðum landsins, undirstrikar því þörfina á því að beina í auknum mæli vegagerðarfé til þessara landshluta til að bæta úr brýnni þörf fyrir samgöngur og létta að verulegu leyti af þeim kostnaði, sem ríki og sveitarfélög hafa af snjómokstri í snjóavetrum, og jafna aðstöðu fólksins í landinu til að hafa afnot af vegakerfinu.

Mér þykir rétt að geta þess, að í Suðurlandskjördæmi koma 434.1 km í tvo lélegri flokkana. Í Reykjaneskjördæmi koma 122 km í þessa lélegri flokka, í Vesturlandskjördæmi 494.2 km, í Vestfjarðakjördæmi 634.2 km, í Norðurlandskjördæmi vestra 507.8 km, í Norðurlandskjördæmi eystra 620.9 km og í Austurlandskjördæmi 508.9 km í tvo lélegri vegaflokkana.

Eins og fyrr segir eru 2881 km af þjóðvegakerfi landsins í slæmu ástandi og 1039 í ófullnægjandi ástandi samkvæmt mati Vegagerðarinnar. Sjálfsagt er þess langt að bíða að þessir vegir verði allir gerðir fyrsta flokks, enda eru sumir þeirra næsta fáfarnir nema yfir hásumarið og aðrar leiðir færar byggða á milli á vetrum. Kanna þarf því hvaða vegir hafa mesta þýðingu fyrir vetrarsamgöngur. Enn fremur þarf að kanna hvaða vegir teppast í snjóum.

Eins og kunnugt er eru snjóþyngsli mjög misjöfn eftir landshlutum og jafnvel sveitum. Ég hygg að það sé ekki eins stórkostlegt átak og margir álíta að bæta vegina svo að tiltölulega viðráðanlegt sé að halda þeim opnum yfir veturinn. Reynslan í ýmsum snjóþungum héruðum sýnir að endurbygging vega veldur algjörri byltingu í samgöngum. Oft verður mér á að hugsa að þeir, sem vart hafa kynnst snjóþyngslum nema af afspurn, geri sér mjög takmarkaða grein fyrir þeim erfiðleikum, sem snjórinn veldur, og þeirri gjörbreytingu, sem verður á aðstöðu allra við það að vegi er lyft nokkra tugi sentimetra yfir umhverfi sitt. Auðvitað bægir það ekki snjónum frá að fullu, en vegurinn getur staðið nær snjólaus eftir stórhríðarbyl og

kostnaður við að hreinsa snjóinn burt verður hverfandi miðað við kostnað af að hreinsa gömlu, lágu vegina.

Hin mörgu og stóru verkefni, sem óleyst eru í vegagerð hér á landi, hljóta að valda nokkurri togstreitu um það í hvaða röð beri að leysa þessi verkefni. Á undanförnum árum hefur verið lagt bundið slitlag á nokkra umferðarmestu vegina. Enginn ber á móti því að lagning bundins slitlags er nauðsynjaverk og því hlýtur að verða haldið áfram. Skoðun mín er þó sú, að um sinn beri að leggja aðaláherslu á gerð góðra, uppbyggðra malarvega og leysa þannig frumþarfir fólksins í landinu fyrir samgöngur allan ársins hring. Við tökum okkur oft í munn orð eins og byggðastefna og jöfnun lífsaðstöðu. Ég tel að verulegt misrétti gagnvart lífsaðstöðu allri sé tengt búsetu manna. Aðstaðan til að njóta sameiginlegrar þjónustu þjóðfélagsins er mjög misjöfn í hinum ýmsu landshlutum. Krafan um, að vegir séu gerðir vetrarfærir, er að visu aðeins einn þáttur í baráttunni fyrir jöfnun lífskjara og lífsaðstöðu. En þessi þáttur er ákaflega mikilvægur, gripur inn í fjölmarga þætti aðra og ég hygg að hann þurfi að sitja fyrir flestu öðru.

Mikilvægur þáttur vegakerfisins hefur ekki verið nefndur á nafn hér, það eru sýsluvegirnir. Þeir eru nú samtals 3208.2 km að lengd og er ástand þeirra víða bágborið. Þó að þessi þáltill. sé aðeins um þjóðvegina mega sýsluvegirnir ekki gleymast. Í nýsamþykktum vegalögum er gert ráð fyrir að bæta hag sýsluveganna verulega og er það vel.

Á undanförnum áratugum hafa fjórhjóladrifsbifreiðar, jepparnir, verið íbúum snjóþyngri héraða mikilsverð samgöngutæki og staðist marga raun í baráttunni við snjó og aðrar torfærur á akstursleiðum. Víst eru jepparnir enn algeng farartæki í sveitum. En nú er svo komið að bifreiðar þessar eru svo dýrar í innkaupum að mjög hefur dregið úr kaupum á þeim. Með því að hækka verð jeppabifreiðanna hafa að mínum dómi aukist skyldur ríkisvaldsins við þá sem við lakastar samgöngur búa. Hið háa verð fjórhjóladrifsbifreiða nú er því ein röksemdin enn fyrir nauðsyn þess að byggja upp þjóðvegi þá sem snjósæknir eru á vetrum eða vaðast upp á vordögum.

Að undanförnu hafa orðið miklar umr. hér í hv. Sþ. um þáltill hv. þm. Ólafs G. Einarssonar og Jóns Helgasonar um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi. Ágreiningur sá, sem vart hefur orðið í málflutningi manna, virðist mér fremur vera um röðun verkefna en endanlegt markmið. Að einhverju leyti hljóta þessi verkefni að fylgjast að. En skoðun okkar áttmenninganna er sú, að um sinn beri að leggja höfuðáherslu á að byggja upp góða malarvegi sem færir séu með litlum tilkostnaði allan ársins hring í venjulegu árferði. Um þetta finnst mér að allir þeir, sem framkvæma vilja í reynd hina margumræddu byggðastefnu, hljóti að geta sameinast. Þegar stærstu verkefnunum í uppbyggingu veganna er svo lokið eigum við að snúa okkur að því af alefli að bæta þessa vegi og leggja á þá bundið slitlag.

Herra forseti. Ég mun nú brátt ljúka máli mínu. Uppbygging vegakerfis okkar er vissulega eitt mikilsverðasta framfara- og framkvæmdaverkefni sem við hljótum að vinna að á næstu árum, og við miklum hluta þjóðarinnar blasa hin óleystu verkefni í önn hvers einasta dags. Miklu skiptir því að vel sé þeim fjármunum varið sem til vegamála ganga og þar fari sem minnst í súginn. Vel treysti ég þeim mönnum, sem verkefnin eiga að leysa. En það er Alþingis að marka stefnuna. Vissulega kysum við flest eða öll að meiri fjármunir væru fyrir hendi til vegagerðar en raun ber vitni. Vegna þess langa bils, sem vissulega er milli getu okkar til framkvæmda annars vegar og framkvæmdaþarfarinnar hins vegar, er stefnumörkunin vandasöm. Ég tel að Alþ. eigi tvímælalaust að marka þá stefnu í vegamálum sem fram kemur í þáltill. þeirri sem hér er talað fyrir, að uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum landsins sitji í fyrirrúmi þeirra verkefna sem unnin verða í vegagerð á næstu árum.

Herra forseti. Ég legg til að að loknum umr. nú verði frekari umr. frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er e. t. v. að bera í bakkafullan lækinn að fara nú að ræða vegamál almennt verðandi þessa till., svo mjög sem umr. hafa orðið miklar um aðra till. sem hv. frsm. gat um áðan, bæði nú í vikunni og þó alveg sérstaklega fyrir áramót.

Ég get ekki látið hjá líða að lýsa yfir fullum stuðningi við þessa till. og um leið fagna henni sérstaklega. Ég tek þessa till. beint þannig að hún tákni harðari baráttu þessara sömu þm., þessara áhrifamiklu þm. í báðum stjórnarflokkunum — harðari baráttu þeirra fyrir skiptingu vegafjárins í samræmi við þetta brýna verkefni. Og ég fagna því sannarlega, því að það er auðvitað framkvæmdin á skiptingu vegafjárins sem hér skiptir öllu máli.

Ég held að það sé óhætt að segja að þó að margt hafi verið gert á umliðnum árum víða um land og m. a. í þessum snjóahéruðum, þá hafi þó tvímælalaust sigið á ógæfuhliðina varðandi þetta verkefni, þennan þátt vegamálanna, ef miðað er við það hvað mikið hefur farið hins vegar í hraðbrautirnar svonefndu eða í að leggja bundið slitlag á vegi. Það er eins og hv. frsm. kom inn á, að vegamálin og samgöngumálin í heild eru auðvitað í fremstu röð byggðamála og það er ekki hægt að taka mark á byggðastefnu eða orðum um byggðastefnu öðruvísi en að framkvæmdir í þessu efni séu myndarlegar.

Ég hef marglýst yfir stuðningi við þá stefnu, sem kemur fram í þessari till., og hef kannske litlu þar við að bæta. Ég vil hins vegar taka það fram til að forðast allan misskilning og rangtúlkun á orðum mínum almennt, að það er ekki þannig að ég vilji snúa dæminu hreinlega við, þ. e. a. s. útiloka hraðbrautirnar, þurrka þær út af vegáætlun eða neitt því um líkt, því að sú þróun verður vitanlega ekki stöðvuð. En ég fagna því sem sagt ef menn almennt eru á þeirri skoðun, fleiri en hv. flm. að þessari till., að þeir vilji nú um eitthvert árabil breyta til um röðun verkefna í vegáætlun, breyta þannig

til að það verði forgangsverkefni að gera sem flesta vegi akfæra vetrarvegi, og það þýðir þá um leið að á hinu verkefninu verður að hægja nokkuð. Menn vita að það er tvennt ólíkt hve langt er hægt að komast með hvern milljónatuginn varðandi þessa vegi eða hraðbrautarspottann sem fyrir það fé fæst, því að hann er oft ekki langur.

Ég held að ég verði að líta þannig á, að þessi till. sé beint flutt til þess að ýta rækilega á eftir þessu verkefni. Stjórnarþm. úr ýmsum kjördæmum hafa hér raðað sér á till., hið fríðasta lið, og það liggur þess vegna við að ég hlakki til afgreiðslu næstu vegáætlunar, þegar ég lít á hana í ljósi þessarar till. og þess vilja sem þar liggur að baki og ég dreg ekkert í efa. Ég verð að vona að sá vilji muni endurspeglast í breyttum hlutföllum strax í næstu vegáætlun og á næstu árum, og þessu hlýt ég auðvitað að fagna og taka undir.

Ég flutti saklausa till. um úttekt á sveitavegum á Austurlandi á síðasta þingi og aðgerðum í framhaldi af því. Hún var um að láta framkvæma úttekt á því verkefni að gera greiðfæra sem vetrarvegi þá vegi í sveitum á Austurlandi sem afgerandi þýðingu hafi fyrir atvinnurekstur bænda, úttektin yrði falin Vegagerð ríkisins, um hana haft fullt samráð við Búnaðarsamband Austurlands og síðan væri kannað hvort ástand í þessum málum gæfi tilefni til þess að séráætlun yrði gerð um uppbyggingu þessara vega. Þetta var að vísu einangrað við mitt kjördæmi og þó ekki að ástæðulausu. Okkur þm. höfðu borist ítrekaðar áskoranir. um beinar aðgerðir frá heimamönnum hér um. Ég hélt einnig að svo einangrað verkefni sem þessi úttekt gæti verið auðveldari í framkvæmd, en jafnframt gefið töluverða vísbendingu um verkefnin annars staðar. Þessi till. var — eflaust af eðlilegum ástæðum — sæfð eða hún send í ruslakörfu ríkisstj. með tilvísan til þess að hún væri einangruð við tiltekið kjördæmi, verkefnið væri hins vegar svo viðamikið að það snerti landið allt og því væri ekki rétt að taka Austurland og sérstaklega þó sveitavegina þar eina út úr. Þarna kann að vera að hafi verið um viss rök að ræða fyrir þá n. sem þetta mál fékk til meðferðar. En um þann rökstuðning ætla ég ekki að ræða hér, aðeins benda á að nú fá menn tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í öðru ljósi og bjartara. Hér er heildartill. sem spannar yfir landið að miklu leyti og ætti í raun og veru að vera um landið allt, þar sem vegir eru illfærir. Ég efast ekki um það, vegna þess hve voldugir og ráðandi aðilar standa hér að baki, að hún fái skjótan framgang, svo skjótan að hennar ætti þegar að sjá ríkulega stað í útdeilingu fjár á næstu vegáætlun.

Það var vikið hér áðan af hv. frsm. að endurskoðun vegalaganna og breytingum sem samþ. voru hér fyrir áramótin. Það er alveg rétt, að sú endurskoðun leiddi fátt nýtt eða merkilegt í dagsljósið. Till., sem sér voru fluttar í frumvarpsformi og lögfestar, voru að öðru leyti en tók til sýsluveganna veigalítlar. Hins vegar átti að gera á vegalögunum miklu meiri breytingar og þær voru ekki — ég fullyrði það — þær voru því miður ekki í þá átt sem vikið er að í þessari till. Þær voru miklu frekar í þá áttina að gera hraðbrautarverkefnin enn meira gildandi. Tilhneiging til þess var mjög greinileg.

Auðvitað er það rétt að sú breyting sem gerð var á vegalögunum nú fyrir jólin, skiptir engum sköpum um það sem öllu máli skiptir, þ. e. a. s. skiptingu á vegafénu sem við eigum að skipta nú innan skamms, og verður fróðlegt að sjá hvernig sú skipting fer fram. En ég tel að nefndarstarfið allt hafi endurspeglað vissa togstreitu um hvaða verkefni ættu að hafa forgang, hvort það væru hraðbrautirnar eða hvort það væru verkefni eins og það sem vikið er að í þessari þáltill. Það fór ekki á milli mála að umr. hér fyrir jólin um till. um bundið slitlag beindust einnig mjög í þessa átt.

Ég held að frumskylda okkar í vegamálum og þar með einn gildasti þáttur í okkar byggðamálum, eins og hv. frsm. kom að, sé að byggja upp sæmilega traust vegakerfi innan hvers landshluta og þá sé við hvort tveggja miðað: sæmilega öruggar samgöngur við eðlilegar þjónustumiðstöðvar og þéttbýlisstaða á milli, jafnt í menningarlegu og félagslegu tilliti, og svo ekki síður, sem ég vil einnig leggja áherslu á, bætta vegi í sveitunum, framleiðsluvegi getum við kallað þá, þá vegi sem nú standa t. d. víða hreinlega í vegi fyrir eðlilegri þróun landbúnaðarframleiðslunnar frá sauðfjárrækt til mjólkurframleiðslu, svo sem er t. d. á Austurlandi, fyrir utan það mikilvæga atriði sem snertir fólkið í sveitunum, að draga úr einangrun þessa fólks á vetrum og auðvelda t. d. skólanám barnanna.

Mér virðist sem sagt að þessi till. falli að þessum meginhugmyndum og get því lýst fullum stuðningi við hana. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að benda á það, að áður en hún kynni að verða afgreidd gefst flm. sem og okkur öllum gullið tækifæri til þess að sýna í verki vilja til athafna með afgreiðslu vegáætlunar. Þar þykist ég vita að athafnir munu fylgja orðum og fagna því þessari tillögu.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vil þakka frsm. þessa máls fyrir ágæta framsögu um málið og ítarlega. Hann kom víða við í sínu máli og ræddi helstu þætti málsins, þá sem mesta þýðingu hafa.

Það er auðvitað margþvælt mál að samgöngur, ekki síst á landi, hafa hina mestu þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn og fyrir almenning. Það má segja að á tiltölulega stuttum tíma hafi orðið gjörbylting í þessum efnum þar sem bílafloti landsmanna, bæði fólksbílar og einnig sérstakir bílar sem henta við erfiðar aðstæður, eins og t. d. í snjó, aðallega jeppabifreiðar og einnig vörubílar og langferðabílar af öllum gerðum, — þessi bílafloti hefur stækkað svo ört og svo mikið á stuttum tíma að fáa hefði órað fyrir því fyrir aðeins nokkrum árum.

Við búum í strjálbýlu landi, stóru landi sem er erfitt til vegagerðar samanborið við mörg önnur þjóðlönd. Þess vegna er rétt að það komi fram, sem hefur komið fram hjá mörgum öðrum, að þótt hægar miði í þessum efnum en allir kjósa, þá hafa samt verið unnin stórvirki á und-

anförnum árum og áratugum í vega- og brúargerð í landinu. Það er sjálfsagt að viðurkenna það og muna eftir því, á sama tíma sem menn horfa auðvitað fram á við til meiri átaka í þessum málum en þegar hafa verið gerð. Það er auðvitað þjóðhagslegt mál að laga vegina í öllum greinum. Úthald bílaflotans er allstór þáttur í útgjöldum þjóðfélagsins í heild og enginn vafi á því að slit á bifreiðum vegna ástands veganna í landinu kostar ógrynni fjár. Þess vegna ýtir það á eftir auknum framkvæmdum í vegamálum almennt séð.

Það er ákaflega misjafnt eftir landshlutum hvernig háttar um samgöngur, og það er ákaflega misjafnt hversu snjóþungt er í einstökum héruðum og einstökum kjördæmum. Í mínu kjördæmi er þetta mjög misjafnt eins og víða annars staðar. Suðurhluti Austurlandskjördæmis er tiltölulega snjóléttur — ég vil segja mjög snjóléttur fyrir sunnan Lónsheiði í Austur-Skaftafellssýslu og jafnvel alllangt norður eftir Austfjörðum. En þegar kemur norðar á Austfirði, þá verða þar gífurleg snjóalög svo að segja á hverjum einasta vetri. Þar eru háir fjallgarðar sem menn þurfa að komast yfir og þarf að flytja vörur yfir og eru þjónustuæðar í raun og veru fyrir atvinnulífið í margs konar skilningi. Ef samgöngustöðvun verður þar, þá stöðvast atvinnufyrirtæki af ýmsum gerðum, og mætti vísa til margra dæma því til staðfestu.

Ég geri ráð fyrir að það sé talsvert stór hluti þjóðarinnar sem gerir sér ekki neina grein fyrir því, við hvað menn búa í þessum efnum í þessum snjóþungu héruðum. Ég var t. d. á ferðalagi á Austurlandi um daginn, svo ég nefni aðeins dæmi, og þurfti að fara yfir fjallgarð, Oddsskarð, þar sem er, eins og allir hv. þm. þekkja, verið að vinna að miklum framförum í vegagerð með Oddsskarðsgöngunum. Á Eskifirði er haldið úti snjóbíl, og gengur snjóbíll yfir Oddsskarð til Neskaupstaðar á hverjum degi. Í þetta sinn þurfti ég að fara þarna á milli. Þarna var snjóbíll, nýtískutæki sem nýtur ríflegs stuðnings Alþingis. Það eru 3 milljónir á vetri sem hann nýtur í styrk til þess að halda uppi þessari starfsemi og ber að meta það að verðleikum. Það var hækkað mjög á fjárlögum í vetur. Þeir hafa þann hátt á að þeir skilja yfirleitt snjóbílinn eftir allofarlega í fjallinu, fara síðan á öflugum jeppum eða bílum sem hafa drif á öllum hjólum til þess að komast í snjóbílinn og fara yfir erfiðasta kaflann. Síðan hefur þessi útgerð snjósleða til þess að fara á milli ef bílarnir ná ekki saman. Í þetta sinn náðu bílarnir ekki saman. Menn komust ekki á þessum öfluga fjallabíl nema upp í hlíðarnar og þá þurfti að fara á snjósleða til þess að ná í snjóbílinn í mjög slæmu veðri, og lyktirnar á þessu ferðalagi urðu þær, að það var snúið frá í þetta sinn.

Þessi litla saga gefur mönnum nokkra hugmynd um hvaða aðstæður það eru sem menn búa við í þessum efnum. Útgerð eins og er á Eskifirði til ferða yfir Oddsskarð að vetrarlagi er mjög dýr og býsna mannfrek. Slíkir flutningar eru ekki bjóðandi í vondum veðrum og við slæmar aðstæður einum manni, heldur þurfa að vera við þá tveir og jafnvel þrír menn til þess að það sé raunverulega forsvaranlegt. Það hefur oft komið fyrir að snjóbílar hafa farið á hliðina og runnið niður hlíðar, og það hefur oft legið nærri slysum. Á Fjarðarheiði gerðist það fyrir tveim eða þrem árum að snjóbíll hrapaði niður í gil og lá við stórkostlegu slysi, en varð ekki af. Þær aðstæður, sem menn búa við í landshlutum eins og á Austurlandi, um miðbik Austurlands og þaðan norður eftir, eru þess eðlis að það er ekki von að fólk, sem býr í snjóléttum héruðum, geri sér grein fyrir hve miklir erfiðleikar eru við að sinna þeim verkefnum sem að kalla. Þetta á auðvitað einnig við um landshluta eins og Norðurland og Vestfirði og jafnvel víðar.

Þarna eystra, svo ég haldi mér við þann landshluta sem ég er kunnugastur, er nú sem stendur í hámarki loðnuvertíð og loðnuverksmiðjurnar á hverjum einasta firði eru í gangi allan sólarhringinn. Það þarf mikla og örugga þjónustu til þessara fyrirtækja til þess að halda þeim gangandi, því að hver mínúta, sem fellur úr í vinnslu, er verðmæt. Þetta þýðir það, að halda verður uppi svona þjónustu — öruggri þjónustu — á hverjum einasta degi og það kostar mikinn tíma, mikla fyrirhöfn og mikið fé.

Síðan koma til vöruflutningar. Það er allríflegur stuðningur á fjárlögum við vöruflutninga að vetrarlagi, eins og hv. þm. er kunnugt um, veittar til þeirra allverulegar fjárhæðir. Einnig koma til vandkvæði í sambandi við t. d. mjólkurflutninga. Á Austurlandi er það þannig nú að þar er gífurlegur loðnufloti að veiðum. Það eru milli 50 og 100 veiðiskip sem þarf að birgja upp af vistum, þ. á m. af mjólk, og það eru vandkvæði á að koma mjólkinni t. d. núna þessa dagana frá bændum til mjólkurbúa og áfram til flotans. Við höfum einmitt þessa dagana verið að ræða við vegamálastjóra um sérstakar ráðstafanir, sem kosta nú ekki mikið fé, til að greiða fyrir þessari mjög svo nauðsynlegu þjónustu meðan loðnuflotinn fer hjá.

Í raun og veru þarf ekki að halda um þetta langa ræðu. Þm. þekkja þetta sjálfsagt allir meira og minna af eigin reynd. En ég er viss um að almenningur, t. d. hér á Suðvesturlandi, gerir sér enga grein fyrir því, við hvað er að etja í þessum efnum og hvaða aðstæður geta komið upp í sambandi við þessi ferðalög og þessa flutninga. Það er auðvitað þannig, eins og fyrsti flm. kom inn á í ræðu sinni, að víða háttar svo til að vegir eru hreinlega niðurgrafnir á gamla mátann. T. d. á Fljótsdalshéraði eru í flestöllum sveitum niðurgrafnir vegir þar sem umferð stöðvast við minnstu snjóalög. Hins vegar er mönnum það ljóst og menn hafa reynslu fyrir því, að þar sem búið er að byggja vegina upp, þar gjörbreytir um í þessum efnum og snjórinn stöðvar alls ekki samgöngur í neitt svipuðum mæli og þegar um er að ræða þessa niðurgröfnu vegi. Nýju vegirnir upphlöðnu eru í raun og veru auðir við langflestar aðstæður, og svo er vænti ég í fleiri landshlutum. Þess vegna er eðlilegt að íbúarnir og fulltrúar þeirra hér á Alþ. leggi mikla áherslu á að því verki verði hraðað að byggja upp þjóðvegakerfið, ekki síst í hinum snjóþungu héruðum. Það hefur talsvert mikið áunnist, eins og ég kom að áður, en á þetta þarf

að leggja aukna áherslu. Þetta er sanngirnismál gagnvart íbúunum. Þetta er nauðsynjamál þjóðhagslega skoðað, því að það greiðir fyrir nauðsynlegum samgöngum í sambandi við þýðingarmikla þætti í atvinnulífinu og hefur margháttaða aðra þýðingu.

Það er kannske ekki úr vegi að minnast aðeins á það, hve gífurlegan kostnað það hefur fyrir fólk persónulega sem þarf að ferðast um snjóþung svæði, ekki aðeins útlagt fé, heldur tekur þetta einnig langan tíma og menn lenda auðvitað iðulega í því að verða tepptir og þurfa þá að kosta dvöl styttri eða lengri tíma í gistihúsum eða annars staðar. Varðandi ökutæki er álagið á þeim og slit í snjókeyrslu gífurlegt, og þegar á allt er litið valda þessar aðstæður gífurlega miklum kostnaði fyrir einstaklingana.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan, 7. landsk., að við, sem stöndum að flutningi þessa máls, leggjum áherslu á að flýta þessari uppbyggingu. Ég skal ekki spá neinu um hvað mikið fjármagn verður til skipta í þessum efnum á þessu ári. Það er öllum kunnugt að á síðustu árum hefur svigrúm fyrir Alþ. til þess að beina meira fjármagni til samgöngumála og ekki síst til vegamála takmarkast nokkuð af því að olíukreppan hefur þrengt að. Hinar gífurlegu hækkanir á olíum og bensíni hafa auðvitað valdið því, að menn hafa ekki viljað leggja meira á þá þætti sem tekjustofna heldur en góðu hófi gegnir, og það er spurning hvort ekki er komið þar alveg á ystu nöf. Hins vegar kostar þetta auðvitað fjármagn, og ég segi fyrir mig sem þm. að ég hef ekki skorast og mun ekki skorast undan því að leita *tekjustofna til þess að auka framkvæmdir í* vegamálum, og það ber að hafa í huga.

Nú er sannleikurinn sá í sambandi við vegamálin sem slík, að það hefur verið býsna góð samvinna í þeim málum milli stjórnar og stjórnarandstöðu og ekki mikill ágreiningur. Þm. hafa unnið nokkuð saman að *þessum málum*, og það hefur ekki verið ágreiningsefni í sjálfu sér að það þyrfti að beina miklu fjármagni til þessara framkvæmda. Það hefur verið gert þó að það sé nokkuð misjafnlega mikið eftir árum og aðstæðum, og því er ekki að leyna, að á undanförnum allra *seinustu* árum, sem verðbólgan hefur geisað í þjóðfélaginu, hefur hún komið hart niður á þessum framkvæmdum eins og öðrum því að vegáætlun er samþ. hér á Alþ. löngu áður en framkvæmdirnar eru gerðar. Þetta hefur valdið hinum mestu vandkvæðum fyrir þá sem standa fyrir þessum framkvæmdum, vegna þess að engar áætlanir standast í þessum efnum frekar en öðrum varðandi opinberar framkvæmdir. Svo er hitt, sem ég nefndi áðan, að olíukreppan hefur þrengt svigrúm manna til að afla tekna til vegaframkvæmda í gegnum bensíngjald. En ég vil leggja á það áherslu og geri það raunar sem flm. þessa máls og veit að við höfum ekki sérstöðu í þessu efni hér í þinginu, — það er áhugamál flestra hv. þm. að leggja á það áherslu að þessum þætti vegagerðarinnar verði gefinn sérstakur gaumur við gerð þeirrar vegáætlunar sem nú er í undirbúningi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þessari þáltill. hafa þegar verið gerð ágæt skil, og ég vil þakka ræðumönnum, fyrst og fremst 1. flm., fyrir mjög greinagóðar upplýsingar sem fram komu í máli þeirra. Ég álít að hér sé annars vegar stefnumótandi till. í samgöngumálum, og ég veit að okkur flm. öllum og vonandi fleiri þm. er *mjög í mun að hún nái fram að ganga*.

Það voru aðeins fáeinar ábendingar sem ég vildi koma hér fram með og taka þá sérstaklega undir það sem hv. þm. Ingi Tryggvason sagði í sambandi við mjólkurframleiðsluna. Þetta mál er auðvitað í örjúfanlegu samhengi við aðstæður mjólkurframleiðenda hvar sem er á landinu til þess að koma frá sér afurðum sínum. Og það mun því miður algengara en okkur er almennt kunnugt um, að bændur um allt land, þar sem aðstæður eru hvað erfiðastar í samgöngumálum, þurfa að hella niður mjólk sinni, kannske oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á hverjum vetri, vegna þess að það var ekki nokkur leið að koma mjólkinni á markað. Það er líka vert að hafa það í hyggju í víðara samhengi, að við erum að tala um að sauðfjárbúskapur okkar sé ofvaxinn orðinn, og ég er ein þeirra sem stendur dálítill beygur af hinum feiknalegu útflutningsverðbótum sem viðgangast í dag. En skýringin á þessu, að mjólkurframleiðslan hefur haft tilhneigingu til að dragast saman, er m. a. erfiðleikar í samgöngum. Bændur, sem sjá fram á það að lokast inni með mjólk sína oft á vetri, kinoka sér við að fara út í mjólkurframleiðslu eða a. m. k. að auka hana. Ég veit, þar sem ég þekki til í mínu kjördæmi, að þetta hefur beinlínis staðið mjólkurframleiðslu fyrir þrifum í héruðum sem annars eru mætavel til mjólkurframleiðslu fallin. Ég minnist líka í þessu sambandi að í fyrra, þegar fjallað var um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þá voru það nokkrir þm., ég þar á meðal og að ég hygg hv. þm. Gunnlaugur Finnsson líka, sem vildum koma því inn í þessar greinar til breyt. *á lögunum að heimilt væri Stofnlánadeild* landbúnaðarins að veita sérstaka styrki til þess að auka framleiðslu á mjólk þar sem mjólkurskortur er fyrir hendi og þar sem aðstæður eru til þess að geta framleitt mjólk. Þetta heimildarákvæði fengum við ekki inn í lögin, og ég varð ákaflega *hissa og vonsvikin af því að í sömu tillgr.* var veitt heimild til að greiða niður flutningskostnað á mjólk frá einum landshluta til annars. Það mun staðreynd í dag að mjólkurlítrinn sem fluttur er á milli landshluta, kostar okkur 25 kr.,—25 kr. á hvern mjólkurlítra í flugfrakt frá mjólkurframleiðslusvæði *til neytenda*. Ef þetta er góð hagfræði, þá skal ég ekki framar gera tilraun til að skilgreina hvað hagfræði er, enda er ég lítill hagfræðingur almennt talað. En að mínu mati væri það óendanlega miklu betri fjárfesting að byggja vegakerfið þannig upp að það þyrfti ekki að standa í vegi fyrir mjólkurframleiðslu þar sem brýn þörf er á aukinni framleiðslu fyrir neytendasvæði í nánd við landbúnaðarhéruð. En nóg um það.

Það voru afgreidd hér fyrir jólin vegalög eða breyting á gildandi vegalögum sem ég tel að feli í sér umbætur, og skal ég ekki fara nánar

út í það. Þó minnist ég þess að þegar þessar breytingar á vegalögum voru til umfjöllunar í samgn., var, að ég hygg meiri hl. nm. nokkuð tortrygginn gagnvart einni gr. frv., 3. gr. var það, sem stefnir í þá átt og hljóðar þannig, — ég held að það sé best að ég lesi hana upp eins og hún er í lögunum sem samþ. voru, með leyfi forseta: „Stefnt skal að því að leggja bundið slitlag á þá vegarkafla þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.“ Þetta töldum við, að ég hygg, í meiri hl. samgn. Nd. að fæli í sér, að þetta bundna slitlag á vegarkafla með þennan ákveðna umferðarþunga mundi hafa forgang fram yfir það verkefni sem við erum að fjalla um í þessari till., þ. e. a. s. að megináhersla hljóti að verða lögð á það að byggja upp vegina úr snjó til þess að gera færa á vetrum þá vegi sem eru ekki því snjóþyngri og þar með að draga úr þeim óhemjulega kostnaði við snjómokstur sem viðgengst í dag. Ég hygg að hin nýja áætlun, sem nú er verið að gera um snjómokstur, muni fela í sér árleg útgjöld upp á 400—500 millj. kr., þar sem hins vegar uppbyggði vegurinn á að losna við þessa kvöð, að verða mokaður hvenær sem snjóar á hverjum vetri. Við í samgn. skiluðum nál. sem fól í sér áhyggjur okkar í þessu efni, og ég vil leyfa mér — með leyfi forseta — að árétta sérstaklega það sem fram kom í nál. samgn., en þar segir, með leyfi forseta — og þá erum við að fjalla um breytingar á vegalögum sem ég nefndi áðan:

„Nm. sumir telja nauðsynlegt að tekið sé fram sérstaklega, að orðalag 3. gr. feli það ekki í sér að lagning bundins slitlags eigi að vera forgangsverkefni, heldur beri að öðru jöfnu að leggja áherslu á að byggja upp vegakerfið. Telja þeir umrædda grein fela í sér þá hættu, að þeir hlutar vegakerfisins, sem lélegastir eru, verði látnir mæta afgangi, en hraðbrautir hafi forgang. Aðrir telja efni greinarinnar einungis lúta að því, að umferðarmagn skuli ráða gerð vegarins, að öðru leyti sé hún ekki stefnumarkandi.“ Og áfram held ég: „Þá leggur n. mjög ríka áherslu á það að alþm. verði hafðir með í ráðum við undirbúning vegáætlunar hvað varðar skiptingu fjár til hinna ýmsu framkvæmdaþátta. Þá lítur n. svo á að jafnvægis verði að gæta við skiptingu stofnbrautafjár á milli kjördæma, enn fremur verði að treysta því að fjvn. hafi nána samvinnu við þm. einstakra kjördæma þegar stofnbrautarfé er skipt innan viðkomandi kjördæmis.“

Ég vil minna sérstaklega á þessa afstöðu samgn. Við komum, að ég hygg fleiri en einn úr þessari þn., að máli við samgrh. og tjáðum honum áhyggjur okkar um að þessi 3. gr. yrði túlkuð á þann veg að hraðbrautirnar eða stofnbrautirnar, eins og þær heita nú, verði látnar hafa forgang fram yfir það að byggja upp lökustu vegina. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að í framsöguræðu hæstv. samgrh. nú fyrir jólin kom ekkert fram sem ég gat hent reiður á sem yfirlýsingu hans um að okkar tortryggni og okkar kvíði væru ástæðulaus. Vonbrigði mín urðu því meiri vegna þess að ráðh. hafði eiginlega lofað okkur að hann skyldi lýsa yfir að túlkun hans á lagagr. væri sú, að hún fæli ekki í sér þennan forgang til handa stofnbrautunum. Ég vil segja það hér, að ég vona að þessi vöntun í framsöguræðu hæstv. samgrh. hafi stafað einfaldlega af gleymsku frekar en af ásetningi um að láta okkar stefnumið verða undir.

En nú líður að umfjöllun vegáætlunar. Ég hef spurst fyrir um það hjá vegamálastjóra og minnt á þetta sjónarmið, að við þm. fengjum að vera í ráðum meðan vegáætlun er á undirbúningsstigi, og ég hef orð hans fyrir því — og ég treysti því að hann standi við þau — að þm. hinna einstöku kjördæma verði kallaðir saman áður en vegáætlun er komin á lokastig.

Ég ítreka það, að mér er mikið í mun að þessi till. nái fram að ganga. Ég hygg, eins og hér hefur komið fram, að það sé í senn stórt byggðamál, augljóst réttlætismál og ótvírætt hagsmunamál fyrir alla þjóðina.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það má segja að umr. um vegamál hafi nokkuð sett svip sinn á þinghaldið og þó sérstaklega fyrir jólaleyfi. Þá var til umr. þáltill. sem lögð hafði verið fram í umr. um þá þáltill. var einnig komið inn á þá þáltill sem nú er til umr. Ég skal ekki fara út í að ræða sérstaklega þessa hlið þeirra mála. En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hér hljóðs, er sú, að það hafa tveir hv. þm. vikið hér aðeins að þeirri breytingu sem gerð var á vegalögum fyrir áramót, — breytingu sem ég taldi a. m. k. vafamál að yrði til bóta eða til framdráttar því meginsjónarmiði sem ég tel að hljóti að liggja að baki þeirrar þáltill., sem hér er til umr. Ég gerði grein fyrir því þá í umr. að ég drægi mjög í efa að hér væri stefnt í þá átt sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir, og ég hef síðan styrkst miklu frekar í þeirri trú, að hér er ekki verið að leggja neinn grundvöll að framtíðarframkvæmdum fyrir hinar dreifðu byggðir að því er varðar vegamál.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir vitnaði hér í yfirgnæfandi, að ég vildi segja, afstöðu nm. í samgn. Nd. til túlkunar á 3. gr. frv. sem lagt var hér fram fyrir áramót og fjallaði um breytingu á vegalögum. Hún las það hér upp, ég tel ástæðulaust að vitna frekar í það. Við vildum a. m. k. fá úr því skorið hver skilningur núv. hæstv. samgrh. væri varðandi túlkun á þessari grein. Og ég held, út af því sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði hér áðan, að ráðh. hefði gleymt að efna loforðið hér úr ræðustól um túlkun sína á þessu að þar hafi ekki verið um neina gleymsku að ræða, því miður, heldur hafi það verið vísvitandi gert að sleppa því. Hann var búinn að fá nógu mikinn hljómgrunn hjá hv. stjórnarliðum flestum og sumum hverjum stjórnarandstæðingum fyrir þessari breytingu, þannig, að hann gat sér að meinalausu leyft sér að sleppa því að gera grein fyrir ákveðinni túlkun á þessari umdeildu grein frv. Það hefði farið betur ef þm. Sigurlaug Bjarnadóttir hefði tekið undir þessar efasemdir mínar við umr. um breyt. á vegalögum fyrr í vetur, þannig að menn hefðu ekki verið alveg eins fljótir að gleypa við þeirri breytingu og skrifa undir hana á þann veg að þeir teldu að hér væri verið að ráða bót á því

ófremdarástandi sem er í vegamálunum víðs vegar úti á landsbyggðinni. Ég held því miður að það ætli að fara að því sem ég hélt varðandi þessa breytingu. Mér hafa borist um það fregnir og ég sel þær ekki dýrar en ég keypti þær, að við gerð vegáætlunar fyrir árið 1977, sem enn er ekki búið að leggja fram hér á hv. Alþ., sé gert ráð fyrir að setja um 1700 millj. kr. í hinar svokölluðu nýju stofnbrautir, af því eigi að fara ca. 700 millj. í Borgarfjarðarbrúna og álíka upphæð í Norðurveginn og Austurveginn. Þá eru komnar þar um 1400 millj. a. m. k. af þessum 1700, og þá sjá dreifbýlisþm. hvað verður eftir til skiptanna fyrir þá á þau svæði sem stofnbrautirnar eiga að liggja um fyrir utan þessi.

Þetta er mynd af hinni nýju stefnu sem mér sýnist eiga að verða uppi eftir þá breytingu sem gerð var á vegalögunum. Þetta er a. m. k. ekki í mínum huga glæsileg mynd til framdráttar því sjónarmiði, sem ég og fleiri hafa barist fyrir, þ. e. a. s. meiri og hraðari framkvæmdum í vegagerð úti á landsbyggðinni.

Við vitum hvað er búið að setja stefnuna á af hálfu hæstv. samgrh. þegar Borgarfjarðarbrúnni er lokið. Það er búið nánast að lofa brúargerð yfir Ölfusárósa. Það er næsta stórverkefnið. Það er því útséð a. m. k. í mínum huga og ég er ekki í neinum vafa um það, að sú breyting, sem gerð var á vegalögum fyrir nokkru, verður ekki til hins betra fyrir framkvæmdir á þeim stöðum sem fyrst og fremst þurfa framkvæmdanna með. Það má þykja gott, segi ég, ef það verður status quo í þeim efnum. Hins vegar óttast ég að sú breyting verki til hins verra frá því sem verið hefur. Hefði ég talið vera ástæðu fyrir þm. dreifbýliskjördæmanna til að gefa þessu frekari gaum, þegar þetta var til umr., og knýja betur á um svör, túlkun og stefnu, bæði frá hæstv. samgrh. og öðrum ráðandi mönnum í hæstv. ríkisstj.

Ég er ekki í neinum vafa um hver er stefna hæstv. samgrh. í þessu máli. Það hefur verið mér alveg opin sýn frá því að stefnan var tekin á Borgarfjarðarbrúna, og hver yfirlýsingin af annarri hefur komið í kjölfar þess um álíka verkefni, þannig að engum þm., sem vildi hafa augun opin fyrir því sem hefur verið að gerast, bæði í framkvæmdum og yfirlýsingum af hálfu hæstv. samgrh., hefði átt að detta í hug að sú breyting, sem hann fyrst og fremst knúði á í sambandi við vegalögin, væri til þess að gera léttara fyrir dreifbýliskjördæmunum, því miður. Og það ætlar að sannast ef þær hugmyndir, sem ég var hér að reifa áðan í sambandi við vegáætlun fyrir árið 1977, reynast sannar. Þá er síður en svo að það hafi verið vel gert að breyta vegalögum frá því sem þau voru. Og ef sú verður stefnan, þá breytir engu hvað um þessa þáltill. verður. Menn tala hér fögrum orðum um mikilvægi þess að framkvæma í anda hennar, en gera svo þveröfugt þegar til framkvæmdanna kemur, þ. e. a. s. þeir sem ferðinni ráða.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Tómasar Árnasonar hér áðan, sem rétt er, að á undanförnum árum hefur e. t. v. verið minna svigrúm en áður til að bæta ofan á þann tekjustofn sem hefur aðallega staðið undir vegaframkvæmdum hér á landi. Það er ekki það sem ég átti við áðan þegar ég talaði um hina auknu áherslu sem lögð hefði verið á hraðbrautirnar, heldur hlutföllin sem hafa verið að breytast ískyggilega mikið núna á allra síðustu árum. Við þetta minnkandi svigrúm, sem hv. þm. gat réttilega um, hefur einmitt stefnan verið tekin í æ ríkari mæli á hraðbrautirnar. Á tveimur árum ríflega hefur verið varið til þeirra stórhækkaðri prósentu, 30% mun það hafa verið eða eitthvað í nánd við það á árinu 1974, miðað við aftur yfir 50% af öllu vegafénu 1976, nýbyggingarfé, sem fór í þessar framkvæmdir. Það voru þessi hlutföll einmitt, miðað við þetta litla svigrúm, sem hafa verið ógnvekjandi fyrir okkur úti á landsbyggðinni, og þau hlutföll hafa raskað þessari mynd enn þá meira auðvitað vegna þess að til vegaframkvæmda hefur verið í rauninni skammtað fé.

Aðeins út af því sem hefur komið hér fram hjá tveimur hv. þm. varðandi lagagreinina sem kom inn í vegalögin núna um að stefnt skuli að því að leggja bundið slitlag o. s. frv., þá er rétt að taka það fram, að þetta er í raun og veru gamla hraðbrautaskilgreiningin sem er komin þarna inn í. Þegar hraðbrautirnar falla brott sem slíkar úr vegaflokkunum, þá var lögð á það mikil áhersla af hálfu samgrh. að þessari skilgreiningu yrði haldið áfram með þessum óbeina hætti. Því var hins vegar margyfirlýst við okkur í vegalaganefnd af trúnaðarmönnum hæstv. ráðh. í þeirri n., að það væri síður en svo að hraðbrautirnar innan stofnveganna ættu nokkurn sérstakan forgang að hafa þrátt fyrir þetta ákvæði, þetta væri í raun og veru bara framhald af því ákvæði sem áður hafði verið í vegalögunum, hraðbrautaskilgreiningin væri þarna bara útfærð á svolítið annan hátt. Við þetta var ég vitanlega ekki sáttur, þó að ég féllist á þetta til samkomulags og einmitt til samkomulags um þá niðurstöðu sem þarna fékkst og ég fullyrði að hafi verið býsna góð fyrir okkur á landbyggðinni, miðað við það sem áform voru uppi um á tímabili. Ég veit að þeim hv. þm., sem hafa vikið að þessu máli hér sérstaklega, er mætavel kunnugt um að áform voru uppi einmitt um að setja hreinlega í vegalögin bein ákvæði um forgang þessara brauta umfram það sem var áður. Ég tel að sá forgangur hafi ekki verið settur inn í vegalögin nú og hér sé aðeins um þá gömlu skilgreiningu að ræða sem er haldið þarna áfram og auðvitað er miður að skuli vera þarna. En á því var enginn möguleiki að fá því breytt í þessari nefnd, en margyfirlýst af trúnaðarmönnum hæstv. ráðh. Það er óhætt að flytja það hér, — þó að hann hafi gleymt því — viljandi eða óviljandi — í sinni framsöguræðu fyrir jólin, þá er óhætt að fylgja því eftir hér inn í þingsalina, að þetta var hans stefna, margyfirlýst við vegalaganefnd, að í þessu fælist ekkert um það að stofnvegirnir, þar með taldar hraðbrautirnar, ættu að hafa hinn minnsta forgang, það væri síður en svo að nýi þjóðbrautaflokkurinn ætti að vera nokkuð sem félli undir annars flokks vegi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Litasjónvarp, þáltill. (þskj. 49). — Frh. einnar umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Meðan verið er að hafa upp á hv. 5. þm. Vestf., sem hér hafði kvatt sér hljóðs áður, þykir mér rétt að segja hér nokkur orð.

Ég hafði ekki aðstöðu til að vera við fyrri hluta umr. um þetta mál, en hefur verið tjáð að frv. hafi mætt andstöðu nokkurra þm. sem ég verð að segja að mér kemur nokkuð á óvart.

Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, enda mjög skýrt tekið fram í grg. með till., að við stöndum á nokkrum tímamótum í sambandi við sjónvarpið og sjónvarpsreksturinn. Það liggur fyrir að þau tæki, sem notuð eru til útsendingar, eru komin á það stig að komið er að endurnýjun á verulegum hluta þeirra, og einnig er svo með tæki mjög margra landsmanna að þau eru orðin það gömul að það hlýtur að vera komið að því að þau verði að endurnýja. Þegar þetta liggur fyrir, þá stöndum við frammi fyrir því, hvort á að ráðast í endurnýjun hjá sjónvarpinu sjálfu á tækjum miðað við svarthvíta útsendingu *og hvort almenningur eigi að halda áfram að* kaupa tæki aðeins miðað við svarthvíta útsendingu.

Ég held að það þýði ekki annað en að gera sér fulla grein fyrir því að litasjónvarp er það sem koma skal í framtíðinni. Og þegar þannig stendur, að þarf að verja mjög miklum fjármunum til endurnýjunar bæði tækja til sjónvarpsútsendingar og tækja almennings, þá hlýtur að vera mjög eðlilegt og ég tel alveg sjálfsagt að farið verði inn á þá braut að endurnýja það, sem endurnýja þarf, miðað við útsendingu í lit, þannig að ekki sé verið að eyða fjármunum í tæki sem ég tel að hljóti innan tíðar að heyra liðna tímanum til.

Ég er því fylgjandi þáltill., sem hér liggur fyrir, efnislega og tel að hún stefni alveg í rétta átt í þessu máli og sé það sem koma skal innan mjög skamms tíma. Það er þegar farið að ræða það og reyndar nokkuð ákveðið að hér verði reist jarðstöð sem tekið getur við sendingum frá gervitunglum. Hlýtur þá að koma að því að Ísland komist í samband við sendingar frá öðrum ríkjum, jafnvel öðrum heimsálfum, og það efni, sem þannig er sent, er víst að langmestu leyti og kannske nær eingöngu orðið sent út í lit, *eins og kallað er.*

Ég álít að ef við ætlum að halda áfram að byggja íslenska sjónvarpið upp með svarthvítu, *þá sé þar um hreina stöðnun hjá okkur að ræða* og að við gerum okkur ekki grein fyrir þeirri þróun sem er orðin í þessum málum og yfir okkur hlýtur að koma innan tíðar, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það hefur að vísu gerst, sem ég tel mjög gleðilegt, síðan þessi till. var lögð hér fram, að stjórnvöld, sem áður höfðu heft mjög eða jafnvel bannað innflutning á litasjónvarpstækjum, hafa nú rýmkað um þau höft og er farið að bjóða slík tæki hér á frjálsum markaði. Ég tel að þetta sé spor í rétta átt og hljóti að vera merki þess að stjórnvöld hafi gert sér grein fyrir hvert stefnir og vilji ekki koma í veg fyrir að þeir, sem þurfa að endurnýja sjónvarpstæki, geti gert það á þann hátt sem þeir óska eftir, fái keypt litasjónvarpstæki ef þeir telja sér það hagkvæmara.

Varðandi ráðstöfun þeirra tekna, sem af þessu mun leiða, tel ég einnig rétt að tekjur af innflutningi þessara tækja gangi til greiðslu kostnaðar við þá breytingu sem till. gerir ráð fyrir að þurfi að verða á vegum sjónvarpsins sjálfs, og tel ég þar alveg rétt að farið.

Ég vildi aðeins koma hér í ræðustól og lýsa stuðningi mínum við þá þáltill. sem hér liggur fyrir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú nokkuð langt umliðið síðan þetta mál var hér á dagskrá síðast, svo að líklega er ég búinn að gleyma megninu af því sem ég vildi þá sagt hafa. En ég vil þó aðeins víkja hér að örfáum atriðum.

Sjónvarpsmálin hafa verið mjög til umræðu að undanförnu m. a. sú þáltill., sem hér er nú til umr., hefur orðið tilefni til mikilla umr. Út af fyrir sig er gott að efna til umr. um mál af þessu tagi sem öðrum. En ástæðan fyrir því, að ég vildi segja hér örfá orð, er kannske fyrst og fremst skýrsla sem dreift var hér til hv. þm. í desembermánuði og gerir nokkra grein fyrir þessum málum.

Það hefur komið fram í þessum umr. að mjög er misjafnt mat manna á því hvort hefði átt að leyfa innflutning á litasjónvarpstækjum og hvort ætti að stefna að því ákveðið nú og taka þá ákvörðun að setja í það fjármuni að búa svo að sjónvarpinu að það geti farið að senda út í litum. Ég skal ekki sérstaklega ræða þetta hér. Ég vil þó aðeins benda á að ég hef verið *og er þeirrar skoðunar og hef gert grein fyrir* því hér, að það hefði fremur átt að stefna að því að koma sjónvapssendingum til allra landsmanna *sem hægt er að koma sjónvarpi til.* Þegar ég tala um landsmenn, þá á ég að sjálfsögðu einnig við sjómenn því að ég flokka þá *til landsmanna. Ég er þeirrar skoðunar* að það hefði fyrst og fremst átt að stefna að því að koma sjónvarpssendingum til allra landsmanna, áður en tekin er ákvörðun um að setja svo mikið af fjármagni í að koma litsjónvarpsútsendingum á tiltölulega afmarkað svæði, þá fyrst og fremst auðvitað hér í Reykjavíkurhringnum eins og alltaf er.

Ég flutti hér fyrir nokkuð löngu frv. um að hefja nú þegar framkvæmdir við uppsetningu á endurvarpsstöð fyrir sjónvarp út á miðin. Þarna er um tiltölulega litla framkvæmd að ræða, líka peningalega séð. Það mundi kosta rúmar 20 millj. eða svo að koma því upp þannig að hægt væri að senda sjónvarpsmynd út á miðin fyrir milli 400 og 500 skipshafnir sem mjög oft eru að staðaldri á því svæði sem þetta heiði náð til. Þetta frv. hefur nú legið í n., og mér virðist að það séu engar líkur á því að nein afgreiðsla eigi að fást á því. Ég tel a. m. k. að þetta frv. hafi ekki verið það stórt í sniðum eða það margslungið að viðkomandi n. hefði ekki getað komið því frá sér á styttri tíma en liðinn er síðan það fór til hennar. En nóg um það.

Í þeirri skýrslu, sem hér hefur verið dreift meðal þm., er gert ráð fyrir því að sjónvarpssendingar á fiskimiðin skuli mæta algerum af-

gangi, þær skuli koma síðast til. Þar með er verið að setja íslenska sjómenn aftast í keðju manna sem eiga fá notið sjónvarps. Því er hér slegið föstu að það skuli síðast ráðist í það, það skuli byrjað með 50 millj. kr. á árinu 1979. Menn sjá að sjálfsögðu í hendi sér hvað verður gert fyrir 50 millj. kr. árið 1979 af ástandið heldur áfram að vera það sem það hefur verið hér í sambandi við verðlagsmálin og verðbólguna.

Ég vil lýsa mjög mikilli andúð minni á því að menn skuli setja upp þessa röðun á framkvæmdum að því er varðar sjónvarpssendingar á fiskimiðin. Ég er hræddur um að það mundi heyrast hljóð úr horni ef 500—600 manna byggð ætti að vera fráskrifuð því að geta tekið við sjónvarpssendingum allt til 1982—1983 líklega, ef horft er á þetta með bjartsýni, miðað við þessar till. hér. Þá er ég hræddur um að það mundi heyrast hljóð úr horni úr þeirri byggð. En hér er um að ræða að afskrifa mörg hundruð sjómanna á þessu hafsvæði, þessum fiskimiðum, sem væri hægt að koma sjónvarpssendingum til fyrir tiltölulega lítið fjármagn á nútímamælikvarði. Ég hefði því talið að það væri meiri ástæða til þess að snúa sér að þessu verkefni m. a., að hrinda í framkvæmd svo augljósu réttlætismáli sem hér er um að ræða að því er varðar sjómennina. Ég hefði því gjarnan viljað spyrja þá ágætu hv. þm., sem standa að þessum till., hver sé í raun og veru ástæðan fyrir því að þeir með sínum till. setja sjónvarpssendingar út á fiskimiðin langsíðast í framkvæmdaröð af því sem þarf að gera. Ég sé að einn þeirra þremenninga, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, er hér í salnum, og ég vil mjög gjarna óska eftir því að fá fram hver rök þeirra nm. eru fyrir því að setja þessar framkvæmdir, sjónvarpssendingar út á fiskimiðin, aftast í röðina. Það má vel vera að það séu einhver rök sem þeir hafa metið gild í þeim efnum. Fyrir mitt leyti vil ég mjög draga í efa að nokkur finnanleg rök séu fyrir því, að ekki hafi verið hægt að fara í þá framkvæmd sem farið er fram á í frv. mínu um sjónvarpsendurvarpsstöð á Barða, — að nokkur rök séu til fyrir því, tæknileg né annars eðlis, að ekki sé hægt nú þegar að fara í þá framkvæmd, því að það er einmitt byggt á upplýsingum frá Landssímanum sem kannaði þessi mál á sínum tíma fyrir Ríkisútvarpið. Það frv. er byggt á upplýsingum frá þeim aðila sem kannaði málið og hafði með það að gera. Kannske eru rök þessara hv. þm. þau hin sömu og komu fram í að mér finnst nokkuð frægu sjónvarpsviðtali við hæstv. menntmrh. ekki alls fyrir löngu, þar sem hann sagði eitthvað á þá leið, að hann ætti bágt með að hugsa sér sjómenn sitjandi um borð í skipi horfandi á sjónvarp, hann ætti bágt með að hugsa sér slíkt fyrirbrigði. Kannske eru það rökin fyrir því að síðastir skuli sjómenn á Íslandi fá notið þessa nýtiskulega og nútímaþjóðfélagslega tækis sem sjónvarpið vissulega er.

Ég skal ekki, herra forseti, ræða þetta frekar hér. En ég vil ítrekað biðja um rökin af hálfu hv. þm., sem voru í þessari n., fyrir þessari röðun framkvæmda. Ég vil einnig koma því hér á framfæri, að mér er farið að leiðast eftir því að hv. fjh.- og viðskn. skili frá sér áliti um það frv. sem ég flutti um hluta af þessu máli hér á þingi á s. l. hausti.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil fyrst tjá mig sammála því, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Suðurl., þegar hann sagði að ekki yrði staðið gegn þróun litasjónvarps. Þetta er rétt. Ég held að það hafi hvergi nokkurs staðar tekist í heiminum að standa gegn slíkri tækniþróun. Það hefði kannske verið hægt í 2—3—4 ár. En við ráðum ekki þessari tækniþróun, og það kemur óðum að því að við fáum ekki svarthvít tæki, þótt við setjum okkur að hafa þau hér til frambúðar, og ekki heldur þau tæki sem þarf til útsendingar, enda hefur reynslan þegar sýnt að þetta leiðir til spillingar, þetta leiðir til smygls. Er ekki gámasmyglið á litasjónvarpstækjunum gott dæmi um það? Ég vil því segja það strax í upphafi, að ég er algerlega andsnúinn slíkum takmörkunum á innflutningi þó að ég geti fallist á að slíkt bann getur verið nauðsynlegt um mjög skamman tíma af einhverjum sérstökum ástæðum. En að mínu mati var sannarlega kominn tími til að létta því banni sem var, og ég fagna því að svo hafi verið gert.

Hins vegar verð ég að segja það um till. til þál., að ég get ekki fylgt henni alveg eins og hún er, því að þar er dreginn út einn þáttur í mikilli framkvæmdaþörf sjónvarpsins sem ég held að þurfi að skoða alla í einu. Þetta er einn þátturinn, en þeir eru fjölmargir aðrir. Ég tel mig tala af nokkurri þekkingu um þessi mál, því að eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni sat ég í n. sem falið var það verkefni að athuga framkvæmdaáætlun sjónvarps og skýrslu þeirrar n. var dreift meðal hv. þm. í byrjun des. s. l. Við nefndum hana: Sjónvarp til allra landsmanna. Við tókum okkur þar fyrir hendur í mjög góðu samstarfi við tæknimenn, sem að þessum málum vinna, að skoða þessi mál í heild sinni og tókum þar m. a. inn þá áætlun sem hér er rætt um á sviði sjónvarps. Við gerum ráð fyrir í þessari skýrslu að taka þegar á fyrsta ári inn það sem ég vil raunar kalla mikilvægustu þættina sem mundu auka útsendingarmöguleika í lit mjög mikið, — ég man nú ekki alveg töluna, ég held að það sé eitthvað meira en helmingur sem senda mætti út með þeim fyrstu tveimur áföngum sem gert er ráð fyrir. Hins vegar er það rétt, að við lögðum til að frestað yrði mjög kostnaðarsömum framkvæmdum, eins og t. d. að byggja nýjan sjónvarpssal vegna litaútsendingar, sem var áætlað að kostaði ef ég man rétt, eitthvað í kringum 200 millj. kr. Við nánari umr. kom í ljós að það mætti kalla það nokkurn „lúxus“ að gera það, ef ég má nota það orð, en mætti notast við töluvert minna og væri hægt að ná litaútsendingu á innlendu efni á miklu kostnaðarminni máta. Annars ætla ég ekki að fara út í það í smáatriðum, en vildi hafa þennan inngang áður en ég svara nokkrum atriðum sem komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf.

Hv. 5. þm. Vestf. gæti raunar lesið skýringarnar á bls. 8 og 9 í þessari skýrslu sem við sendum frá okkur. En hins vegar get ég einn-

ig lesið það fyrir hv. þm. ef hann má vera að því að hlusta. Ég sé að hann er dálítið upptekinn eins og stendur. — Ég var að segja að hv. þm. hefði getað lesið skýringar okkar á bls. 8 og 9, en með leyfi forseta skal ég lesa það sem þar stendur:

„Mikið hefur verið rætt um sjónvarp fyrir fiskimiðin. Það eru mjög kostnaðarsamar framkvæmdir. N. hafði í huga að byrjað yrði á slíkum verkefnum strax í upphafi framkvæmdaáætlunar.“ — Ég skýt því hér inn að við gerðum eftir okkar fyrstu fundi framkvæmdaáætlun og þar voru þessar framkvæmdir settar í upphafi, byrjað á þeim. — „En við nánari athugun sá hún sér ekki fært að gera ráð fyrir fyrstu stöðvum fyrr en árið 1979. Því veldur fyrst og fremst tvennt: Samkv. áætluninni er gert ráð fyrir því, að á árinu 1977 verði settar upp 8—9 stöðvar fyrir fleiri en 8 notendur og líklega 10—12 stöðvar fyrir færri en 8 notendur, auk þess sem ný stöð yrði reist á Blönduósi og önnur mikil vinna framkvæmd við endurnýjun bráðabirgðastöðva. Með þessu má gera ráð fyrir því, að þegar sé of mikið álag orðið á tæknimenn Pósts og síma sem sjá um undirbúning og framkvæmd slíkra verkefna. Álagið yrði svipað árið 1978, nokkru færri stærri stöðvar, en stórum fleiri minni.“

Af þessari ástæðu einni var talið útilokað að framkvæma meira í uppsetningu stöðva en gert er ráð fyrir í áætluninni. Við stóðum þess vegna frammi fyrir því samkv. mjög ákveðnum bréflegum tilmælum Pósts og síma, sem við höfum í okkar fórum, að það yrði að draga verulega úr öðrum framkvæmdum en þessum ef taka ætti fiskimiðin þarna inn fyrr. Við stóðum þess vegna frammi fyrir því að fresta enn um sinn að koma sjónvarpi til allra á landi ef byrja ætti á hinu. Og ég vil gjarnan heyra það frá hv. þm., hvort hann hefði talið það rétt. Þetta er náttúrlega matsatriði. En auk þess kom svo til viðbótar það sem segir hér á eftir:

„Auk þess telja tæknimenn Pósts og síma nauðsynlegt að undirbúa töluvert betur en gert hefur verið sjónvarpssendingar á miðin, m. a. með frekari mælingum og athugunum á staðsetningu, raflínulögnum o. fl. og athugunum á því, hvernig slíkar stöðvar verða best tengdar þeim örbylgjuleiðum sem nú er unnið að.“

Í þessu sambandi var m. a. rætt um stöð þá, sem hv. þm. nefndi hér áðan, og það var í því sambandi sem þeir upplýstu, að þeir þyrftu að skoða betur hvernig þetta yrði framkvæmt á þann máta að koma mætti að sem mestu gagni. Það má ekki rasa þarna um ráð fram frekar en í öðrum dýrum framkvæmdum. Og ég vil taka það fram að sú framkvæmd, sem þar um ræðir, er á verðlagi í nóv. 1976 töluvert hærri en hv. þm. nefndi. Hitt er eldri áætlun.

Það voru því mjög ákveðin tilmæli að fá tvö sumur til að skoða þessi mál betur, gera frekari mælingar og athuga hvernig það kæmi að sem bestu liði. Við töldum okkur ekki fært að ganga gegn þessu, auk þess sem ég sagði áðan, að þá yrði að draga úr öðrum framkvæmdum. Til viðbótar get ég nefnt það, sem kom ekki til nánari athugunar, en var bent á, að það væri e. t. v. unnt að leysa þessi mál sjómanna með myndsegulböndum, taka það upp. Frá þessu hefur reyndar verið skýrt í einhverju dagblaði nýlega. Það hefur þann kostinn umfram útsendingu að þá njóta sjómenn þess að sjálfsögðu allt út að 200 sjómílum t. d., sem sendingar af landi mundu ekki ná til. En vitanlega hefur þetta einnig sína annmarka. Þá fá þeir t. d. ekki fréttir og beinar útsendingar í sjónvarpi, svo að þetta er vitanlega ekki algild lausn, en þyrfti kannske að athuga betur.

Til viðbótar því, sem ég hef nú sagt og hef reynt að skýra meginástæðurnar fyrir því að þetta dróst, þ. e. a. s. framkvæmdageta og tækniástæður, þá hefur ráðið hér einnig að það var reynt að stilla framkvæmdum þannig að fjárþörf umfram tekjur fyrstu árin, sem er mikil eins og kemur fram í tekjuáætlun, yrði ekki óviðráðanleg. Það var skoðað hvort gera mætti ráð fyrir lánsmöguleikum í þessu sambandi, og er talið að það sé fært. En takmarka verður það við einhverjar eðlilegar upphæðir. Þetta tengist einnig að sjálfsögðu innflutningi litasjónvarpstækja. Af þeim eru tolltekjur stórum meiri. Það fylgir einnig hér með áætlun um skiptingu á slíkum tekjum, þannig að ef innflutningur litasjónvarpstækja yrði bannaður, þá er langt frá því að þær tekjur fengjust sem nauðsynlegar eru til að ráðast í svona framkvæmdir.

Ég vil ekki lengja þessar umr. um of, þó að frá mörgu mætti skýra sem fram kom í störfum n., athyglisverðum hlutum, en fyrst og fremst leggja áherslu á það, að það var alls ekki af einhverri vonsku í garð sjómanna sem þetta var dregið, eins og helst mátti skilja á hv. þm. Ég tek undir það með honum að þeir eru sannarlega íslendingar og ekki verri en aðrir. Þetta var sem sagt eitt af þeim atriðum sem mest var um rætt og athugað hvort ekki væri ástæða til að flýta, en að vel athuguðu máli töldum við ekki fært að flýta því meir en þarna er gert.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég hef í fyrri umr. um þessa till. lýst mig fylgjandi henni, og þá gerði ég það mjög ljóst að ég gerði það á þeirri forsendu að ég teldi hana miða í þá átt að endurbæta það mikið dreifikerfi sjónvarpsins að að því gæti komið, sem hlýtur að vera meginmarkmið, að allir landsmenn og sjómenn á miðunum nytu sjónvarps. Mér finnst reynslan á undanförnu ári, meðan bannaður var innflutningur á litasjónvarpstækjum, gefa ótvírætt í skyn að það er óviturlegt að halda sér við það bann. Það hefur leitt til smygls og alls konar undanbragða sem hafa rýrt tekjur ríkissjóðs eða rýrt tekjur Ríkisútvarpsins af innflutningi sjónvarpstækja, þannig að með því að hafna þessari till. værum við í rauninni að vinna á móti því markmiði sem við viljum vinna að.

Hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, tók raunar að mestu af mér ómakið að koma hér upp, því að hann sem einn af nm., sem gerðu úttekt á málum sjónvarpsins s. l. sumar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og svaraði að nokkru leyti ræðu hv. 5. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar.

Ég og við öll hljótum að taka undir það,

að auðvitað er ákaflega brýnt sanngirnismál að sjómenn á miðunum njóti sjónvarps. En mér hefur hins vegar virst gæta nokkurrar einsýni í málflutningi hv. þm. Karvels Pálmasonar að því er varðar mastur á Barðann. Ég hef ítrekað átt samtöl um þetta við þá tæknimenn sjónvarpsins og Landssímans öllu fremur sem með þessi mál hafa að gera. Þeir könnuðust alls ekki, er ég talaði við þá stuttu fyrir jólin, við hvernig þessar 20 millj. væru til komnar sem hv. þm. vitnaði í sem áætlaða tölu um kostnað við sjónvarpsútsendingu frá Barðanum. Þeir tjáðu mér jafnframt, og það kemur heim við það sem Steingrímur Hermannsson sagði, að þessi mál um útsendingu til sjómanna væru alls ekki fyllilega könnuð enn. Þeir töldu jafnframt, að Barðinn væri alls ekki endilega heppilegasti staður fyrir sendistöð. Þeir nefndu stöð í brún Breiðadalsheiðar, sem þeir hefðu meiri augastað á til útsendingar á Vestfjarðamið, og svo aðra útsendingarstöð suður við Patreksfjörð, sem næðu þá lengra bæði vestur og suður á við en frá Barðanum. Það er náttúrlega erfitt að vefengja og setja sig upp á móti því sem þessir þaulreyndu menn tjá manni. En þeir sögðu mér jafnframt aðspurðir hvort ekki væri hugsanlegt að taka þetta í dálitlum áföngum, og að því er varðar Vestfjarðamiðin, — nú eru að vísu fleiri mið til en Vestfjarðamið, — en með Vesfjarðamiðin í huga töldu þeir ekki fráleitt að fara í þetta í áföngum með þeim hætti að stækka útsendingarstöð í Óshólum við Bolungarvík. Þar er nú þegar til húsa í vitanum, Óshólavitanum við Bolungarvík, sendir sem nær ákaflega skammt og alls ekki ætlað að ná út á miðin. En það vakti fyrir mér, og það er í samræmi við það sem ýmsir sjómenn fyrir vestan hafa sagt mér, að sem byrjunarframkvæmd væri mjög gott að fá þarna sendi sem varpaði út undir Grænuhlíðina. En undir Grænuhlíðina sækja skip, ekki bara Vestfjarðaskip, heldur aðrir bátar og skip á veiðum úti fyrir Vestfjörðum, mjög gjarnan í vondum veðrum, í var undir Grænuhlíð, og einmitt undir þeim kringumstæðum þegar sjómenn liggja aðgerðalausir í vari, væri mikilvægt að geta séð mynd á skerminum. Þetta var hugmynd sem þeir vildu ekki fráskrifa og ég persónulega hef ágirnd á að kanna nánar. Það er, að mér skilst, í áætlun þeirra að stækka allverulega þessa stöð í Óshólum, en það mætti taka þá stækkun í áföngum og kostnaðarminni en hún verður í heild, en mig minnir að þeir nefndu 39 millj. sem fullnaðarframkvæmd þarna í Óshólum mundi kosta. Ég heyrði ekki hvort það kom fram hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni, ég var trufluð undir ræðu hans, heildarkostnaður sem áætlaður er við að koma sjónvarpi út á öll fiskimiðin í kringum landið. (Gripið fram í.) 1430 millj., þetta er ekkert smáfé, það hljótum við öll að viðurkenna. En ég vil taka undir það með Karvel Pálmasyni, að auðvitað er afskaplega mikilvægt fyrir sjómenn að fá sjónvarp út á miðin og það sem fyrst. En ég get tekið gilda a. m. k. að vissu marki þá staðhæfingu, að það sé alls ekki til reiðu nógu vel könnuð og nógu vel undirbúin áætlun um heildarframkvæmdir að þessu leyti til þess að hægt sé að hefjast handa nú þegar.

Ég hlýt nú að lýsa yfir vissri tortryggni minni eftir þær fréttir sem hafa heyrst af þessu aukna átaki í sjónvarpsmálum. Mér hefur virst að a. m. k. fyrst í stað fari meginhlutinn af þessum auknu tekjum í það að undirbúa móttöku á litsjónvarpi, og það er að vissu leyti skiljanlegt, en það ætti ekki að taka mörg ár, og þó að við bíðum 1—2 ár í viðbót til þess að fá þetta áhugamál okkar í framkvæmd, þá verðum við sennilega að hlíta því. En ég vil leggja áherslu á að stuðningur minn við upptöku litsjónvarps byggist m. a. á því að tollur á litsjónvarpstækjum verði allmiklu hærri en nú á svarthvítum tækjum til þess að tekjurnar af innflutningi þeirra komi að umtalsverðu gagni.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ítreka það sjónarmið mitt, að forgang í sjónvarpsframkvæmdum hljótum við að krefjast að hafi þeir landsmenn á landi eða á sjó sem engin skilyrði hafa til að njóta sjónvarps nú. Þetta liggur í augum uppi.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það var aðeins til að segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Vestf. sem ég kvaddi mér hér hljóðs aftur.

Ég held að það sé enginn vafi á því að þm. eru allir um það sammála að ef tök eru á því fjárhagslega, þá sé alveg sjálfsagt að sjómönnum verði gert kleift að horfa á sjónvarp ekkert síður en þeim sem í landi eru. En ég held að sú þróun sé að verða í þessum málum að það muni verða hægt að gera sjómönnum kleift að horfa á sjónvarpsefni, bæði innlent og erlent, nema þá fréttir í íslenska sjónvarpinu. Það er alveg vitað og liggur ljóst fyrir, að sú þróun er að verða og er komin nokkurn veginn á lokastig, að sjónvarpsefni mun innan mjög skamms tíma, jafnvel síðari hluta þessa árs eða á næsta ári, fást keypt á segulböndum eða kasettum, og tæki til innanhússendingar fyrir segulbönd eru ekki það dýr að ekki muni vera með tímanum mjög vel viðráðanlegt að kaupa þau a. m. k. til handa skipum.

Ég hef af vissum ástæðum kynnt mér þessi mál nokkuð og mér er tjáð að það sé aðeins um tímaspursmál að ræða þangað til það verði orðið að veruleika að menn geti farið í verslanir og keypt kasettur fyrir sjónvarpssendingar, nákvæmlega eins og nú er farið í verslanir og keyptar kasettur ef menn vilja hlýða á músik eða annað sem nú er hægt að fá keypt í verslunum. Ég hygg að þessi þróun sé það ör, eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið að það líði ekki mörg ár þangað til það fari eins með sjónvarpið og farið hefur með útvarpið, að menn geti hlýtt á það efni og horft á það efni sem þeir óska eftir. Þá kemur auðvitað að því að þeir, sem eru um borð í skipunum, geta notað sér þessa aðstöðu, nema varðandi íslenskar fréttir. Við vitum að það er tilgangslaust að vera að senda mönnum kasettur með íslenskum fréttum sem kannske eru nokkurra daga gamlar. En allt efni annað í íslenska sjónvarpinu er hægt að taka upp á slíkar kasettur, og það er þegar í dag gert í mörgum tilfellum. Það eru þó nokkuð margir útgerðarmenn sem hafa fengið sér tæki til að taka upp þætti og annað efni úr íslenska sjón-

varpinu sem þeim finnst þess virði að senda til skipa sinna. Þeir hafa gert þetta, og það er notað um borð í fiskiskipaflotanum.

Allt hlýtur þetta mál í heild að verða til skoðunar hjá stjórnvöldum, hvaða leið er eðlilegust. En framþróunin er það ör, að ég hygg að það að tala um svarthvítar útsendingar sé tími sem þegar er — ja, ekki kannske alveg liðinn, en er alveg að líða undir lok, og að sjónvarpsefnis almennt verði hægt að afla sér með því að fara inn í verslun og kaupa það sjónvarpsefni sem menn óska eftir. Mér er tjáð að þá verði ekki lengur um leigu á sjónvarpsefni að ræða, heldur muni þeir, sem framleiða sjónvarpssegulböndin, kaupa réttinn til framleiðslu og menn séu alveg óháðir því að þurfa að leigja þetta efni, heldur geti þeir hreinlega keypt það og notað það á þann hátt sem þeim sýnist og á þann hátt sem nú er almennt gert með segulbönd ef um hljómlist eða annað er að ræða.

Ég hygg að það megi leysa aðstöðu sjómanna á mjög verulegan hátt eftir þessari leið. En auðvitað verða alltaf vandkvæði á því að hægt verði að senda út beinar fréttir úr íslenska sjónvarpinu, nema þá að leggja í þann kostnað sem hér var nefndur og í dag er talinn vera samkv. áætlun 1430 millj., sem er vissulega há upphæð. En þegar tök eru á því að veita þessa þjónustu einnig til skipa á miðunum í kringum landið, þá er sjálfsagt að að því verði stefnt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Er mönnum nokkuð farið að leiðast? Ég skal vera mjög stuttorður. Það eru aðeins örfá orð út af því sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni og hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Það er misskilningur hjá 2. þm. Vestf., Steingrími Hermannssyni, að ég hafi ekki lesið þetta sem hann las upp hér af bls. 8 og 9 í skýrslunni. Það var ekki það sem ég var að spyrja um. Þar kemur engin röksemd fram gegn því að hægt sé að fara í þetta, önnur en sú að það verði mikið álag á tæknimenn Pósts og síma. Það er fyrir þeirri röksemdafærslu sem þessir hv. þm., sem n. skipuðu, hafa fallið. Þeir hafa fallið fyrir þeim mikla þrýstingi frá póst- og símamálastjórninni á þá leið, að það yrði svo mikið álag á tæknimönnum Pósts og síma að það væri gersamlega útilokað að gera þetta varðandi sjónvarpssendingar út á fiskimiðin. Það er sú eina röksemd sem mér sýnist vera haldbær gegn því að sjónvarpssendingum sé beint út á fiskimiðin. Nóg um það. Ég kem kannske frekar að því með örfáum orðum síðar hvort ástæða er til að taka fullkomlega trúanlegan þennan þrýsting frá póst- og símamálastjórninni um þetta mikla álag.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir taldi að það væri mikil einsýni í mér í þessu máli, vegna þess að ég vildi fá mastur á Barða. Hvar vill þessi hv. þm. fá mastur til þess að beina út á miðin úti fyrir Vestfjörðum, eða er hún með einhver önnur mið sérstaklega í huga? Þetta er ekki bara fyrir vestfirðinga sem hér er um að ræða. Vestfjarðarmið sækja sjómenn og skip frá svo til öllum landfjórðungum, þannig að það er ekki einungis um Vestfjarðarsjómenn að ræða. (Gripið fram í.) Já, en hvar er þá einsýnin? Hvað á hv. þm. við með einsýni í þessum efnum? Ég skil það ekki.

Þá kom fram hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur að tæknimenn hjá Pósti og síma eða tæknimenn hjá Ríkisútvarpi líklega frekar könnuðust ekki við 20 millj. Það má vel vera að þeir kannist ekki við það. Það má vel vera að mér hafi orðið fótaskortur á svellinu í þeim efnum að reikna ekki nógu ríflega með verðbólguþenslunni hjá hæstv. ríkisstj. frá því að þessir sömu menn gerðu sína áætlun árið 1972 og töldu þá þessa framkvæmd kosta 4.5 millj. Ég hef í höndunum plögg frá þessum aðilum um að einmitt þessi framkvæmd á Barða, sem þeir töldu þá eðlilegasta, mundi kosta 4.5 millj. Og ef það er eini þröskuldurinn að þessi upphæð var ekki nógu há, þ. e. a. s. það er ekki nóg að setja í þetta 20 millj., þá er ég til reiðu að hækka upphæðina þannig að málið nái fram að ganga þess vegna. Ef það er eini þröskuldurinn í veginum fyrir því að hægt sé að taka þetta mál til afgreiðslu og þá jákvæðrar afgreiðslu, þá er ég reiðubúinn til að hækka þá upphæð. En ég bara margfaldaði ríflega fjórum sinnum þá upphæð sem var 1972. En ég skal viðurkenna að mér hefur líklega orðið á að reikna ekki nógu ríflega með þeim gjörðum sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur staðið að varðandi verðhækkanir á þessu tímabili.

En þetta er þeirra eigin hugmynd, tæknimanna hjá Landssímanum, og ef þeir kannast ekki við sitt eigið fóstur, þá veit ég ekki hvað á að gera við þá. Þetta er þeirra eigið fóstur. Það er hægt að sýna fram á með plöggum frá þeim. Ef það er af hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur haft rétt eftir þessum hinum sömu tæknimönnum hjá Landssímanum, að Barðinn sé alls ekki inni í myndinni núna varðandi það að beina sjónvarpssendingunum út á Vestfjarðamið, það sem þeir lögðu til fyrir 4 árum, þá þykir mér það undarlegt, — ef þetta er rétt haft eftir, sem ég vil ekki draga í efa fyrr en þá annað kemur í ljós. (**SigurlB:** Þm. hefur ekki heyrt rétt.) Ég skrifaði það orðrétt, skrifaði það meira að segja orðrétt, og geri ég það ekki oft. En ef þetta er rétt haft eftir þessum mönnum, þá vil ég a. m. k. segja: Það er engin ástæða til þess að falla fyrir þeirri röksemdafærslu hjá yfirstjórn Pósts og síma að þeir verði svo önnum kafnir og álagið svo mikið á þessum tæknimönnum að það sé ekki hægt að fara í neinar framkvæmdir fyrir sjómenn á þessu sviði á þessu tímabili. Þeir segja þá sitt á hvað eftir því hver talar við þá ef þetta er rétt. Þeir kannast þá ekki við sínar eigin gerðir frá fyrri tíð, þessir menn, þannig að ég tel fulla ástæðu til þess að vefengja þetta, ef þetta er rétt haft eftir, og draga í efa það, sem þessir menn segja, og geri það þangað til annað kemur í ljós.

Þá kom fram hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur að þeir teldu jafnvel hugsanlegt að gera þetta í áföngum. Það er það sem ég var að leggja til, að gera það í áföngum, þannig að ekki ætti það að vera þröskuldur í veginum: einar 20—30 millj. af þessum 1430 þá, skiljum 1400 eftir. Það er lítill áfangi, þannig að það ætti ekki að koma í veg fyrir það.

Þá var komið inn á það, að það ætti að stækka

stöðina í Óshólavita. Það var farið fram á það, ef ég man rétt, árið 1972 eða 1973 að bæta þar um, þannig að væri hægt að horfa á sjónvarpsútsendingu um borð í fiskibátunum undir Grænuhlíð. Þá átti þetta að kosta 300—400 þús. kr. Þá var talið miklu skynsamlegra og það mundi þjóna fleirum einmitt að setja stöð á Barða. Þá var það talið skynsamlegra, sjálfsagt til þess að koma í veg fyrir að þetta yrði gert í Óshólunum, því að mér sýnist allt benda til þess að menn segi sitt á hvað til að koma í veg fyrir að nokkuð verði gert.

Það er tiltölulega lítill áfangi þó að sjómönnum væri nú veitt sú aðstaða að geta horft á sjónvarpsútsendingar undir Grænuhlíð, ef við höldum okkur við það, á þeim tíma sem þeir liggja í vari. Ég veit að hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir veit hversu margir þeir dagar eru orðnir á ári sem t.d. togararnir frá Vestfjörðum og annars staðar að liggja í vari nú orðið. Ef það er það eina, sem þessir hv. þm. telja að nú sé hægt að gera fyrir þessa sjómenn, 500—600 talsins að staðaldri úti á Vestfjarðamiðum, að leyfa þeim að horfa á sjónvarp einungis þá tiltölulega fáu klukkutíma á ári hverju sem þeir liggja í vari undir Grænuhlíð, þá er ekki mikið sem á að rétta frá sér, ef það er það eina sem á að gera.

Nei, mér virðist, að hér sé nákvæmlega sama og alltaf er. Það er komið í veg fyrir að það sé unnið að tiltölulega skynsamlegum framkvæmdum, tiltölulega litlum fjármunum varið í tiltekin verkefni. Það er komið í veg fyrir það með því að segja alltaf: Það er ekki hægt að gera þetta, við verðum að taka allt saman í einu. Og það er til þess að drepa hvert einasta framkvæmdamál, a.m.k. þegar verið er að tala um framkvæmdir af þessu tagi, sem eru upp á 1400—1500 millj. kr. Þetta er vísvitandi valin leið til þess að drepa allar framkvæmdir, og það ætti síst að sitja á hv. þm. stjórnarliðsins á Vestfjörðum að taka þátt í þeirri herför sem þarna er hafin gegn því að setja upp sjónvarpsaðstöðu fyrir vestfirska og ég vil segja íslenska sjómenn almennt úti fyrir Vestfjörðum. Þeir ættu ekki að taka þátt í þeirri herför sem hér er hafin til þess að koma í veg fyrir það. Með því, eins og þeir hafa hér gert, að taka undir þennan málflutning eru þeir að taka þátt í henni, kannske óafvitandi. En nú ættu augu þeirra að fara að opnast.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég verð að gera stutta aths. Ég held að hv. þm. Karvel Pálmason þurfi að lesa pínulítið betur eða pínulítið lengra. Hann ætti að fletta blaðinu og lesa einnig á bls. 9 (KP: Ég las það allt.) Þar er getið um aðra ástæðu. Þar er skýrt tekið fram að auk þess, segir nokkurn veginn, lögðu tæknimenn Pósts og síma áherslu á að þeir þyrftu að skoða þessi mál betur. Og erum við ekki búnir að fá nóg af Krófluævintýrum í þessu landi. Hér er auðvitað ekki um upphæð að ræða sem er neitt borið saman við það, en eigum við ekki að undirbúa okkar framkvæmdir dálítið betur? Tæknimennirnir telja sig þurfa að fá tvö sumur til að skoða þessi mál betur. Það getur vel verið að þeir gætu tekið Barðann einan og skoðað hann í sumar og mælt hann og komið svo þar með stöð á árinu 1978. En þeir telja sig þurfa að skoða þessi sjónvarpsmál á miðin miklu betur, og mér finnst ekki hægt að neita þeim um það.

Það er vitanlega hægt að þenja út brjóstkassann og segja: Takið þið mark á svona mönnum? Það eru 5 tæknimenn hjá Pósti og síma sem hafa með þessi mál að gera. Þeir þurfa að annast allar mælingar, þeir þurfa að annast allar pantanir á tækjum og stöðvum í þessu sambandi, þeir þurfa að hafa eitirlit með uppsetningu og þeir hafa ekki til þess nema bara hásumarið, a.m.k. ekki ef þeir eru komnir upp á háfjöll. Og erum við hér hlynntir því að stórfjölga þessum opinberum starfsmönnum? Er það kannske? Ég hélt að menn hefðu staðið hér upp hver eftir annan og mælt gegn útþenslu í ríkisbákninu o.s.frv.

Við verðum að vera niðri á jörðinni þegar við tölum um þessa hluti. Við gerum ráð fyrir 8—10 stöðvum fyrir fleiri en 8 notendur. Því hefur ekki verið svarað, hvort menn vildu fresta þá einhverju af því. Ég er sannfærður um það eftir ítarlega fundi með þessum mönnum að þeir geta ekki sinnt því að koma upp þeim stöðvum öllum og um það bil 10 stöðvum fyrir færri en 8 notendur og einnig hafið framkvæmdir við sjónvarp á miðin. Við verðum að fresta einhverju af þessu. Eða vilja menn kannske fresta að endurbyggja stöðina við Blönduós sem er að hrynja? Hún var keypt notuð til landsins eldgömul og er ekki hægt að fá eitt einasta varastykki í hana. Vilja menn fresta því? Það er eitt af stærstu verkefnunum. Menn verða þá að velja og hafna. Við stöndum frammi fyrir þeim takmörkunum sem þarna er um að ræða.

Mér dettur í hug það sem sagt var hér áðan af hv. þm., í fyrri ræðu hans, að litaútsendingar næðu ekki til sjómanna. Það er alrangt. Litaútsetning, sem hefst hér í Reykjavík, nær til allra sem hafa litatæki. (KP: Ég sagði það ekki.) Ég bið afsökunar, ég skildi það svo að slíkt væri aðeins fyrir lítið svæði. En vitanlega nær hún til allra. Önnur framkvæmd, sem ég skal viðurkenna að ég hélt að væri kannske ekki þörf, er örbylgjukerfið. En þegar við förum að kynnast því betur tæknilega, þá sáum við að það er ákaflega góð og þörf framkvæmd, mjög þörf fyrir alla landsbyggðina. Hún stórbreytir móttöku alls staðar þar sem kerfið nær til.

Ég stend sem sagt upp til að leggja áherslu á að þetta mál var vandlega skoðað og fátt meira umrætt en þetta. En við þrír, sem sátum í þessari n., sannfærðumst um að þarna yrði að velja og hafna. Það var ekki um annað að ræða.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að í okkar huga allra var það frumverkefnið að koma sjónvarpi til allra landsmanna, bæði á landi og á sjó. Annað tengist þarna inn í. Það er ekki hægt að leyfa innflutning á litasjónvarpstækjum og selja þau háu verði og með hærri afnotagjöldum án þess að hefja einhverja útsendingu í lit. Þetta hlýtur að haldast í hendur.

Ég vil út af fyrir sig fagna þeim framkvæmdum sem þegar hafa verið leyfðar. Þó hefði ég gjarnan viljað að hæstv. menntmrh. væri hér,

því að ég vil gera þá aths. að ég sakna þess að ekki skuli þegar hafa verið settar í gang framkvæmdir t. d. við þessar stöðvar til notenda sem ná ekki sjónvarpi í dag. Þetta er að mínu mati alvarlegt, því að afgreiðslutími á svona stöðvum er um 6 mánuðir og það er ekki farið að panta þær. Ef þetta verður ekki gert mjög fljótt, þá getur sumarið í sumar algerlega farið forgörðum að þessu leyti, að fjölga þeim stöðvum sem gert er ráð fyrir í þeirri áætlun sem við gerðum. Þetta er að mínu mati mjög alvarlegt mál.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Þar sem ég er flm. að þeirri till., sem hér er á dagskrá, þá þykir mér hlýða að segja aðeins örfá orð nú þegar líður að lokum umr. Mér finnst að þær hafi snúist á þessum fundi of mikið um einn afmarkaðan þátt þessa máls, þ. e. a. s. hvort ráðist skuli í það strax að gera sjómönnum á fiskiskipum úti fyrir Vestfjörðum kleift að sjá sjónvarp. Auðvitað viljum við allir þm. að það verði unnt sem allra fyrst, alveg eins og við viljum áreiðanlega öll að landsmenn allir, hvar sem þeir búa, hafi tök á því að horfa á sjónvarp. Ég hef jafnmikla samúð með sjómönnum á skipum úti fyrir Vestfjörðum eins og fólkinu sem býr á þeim 400 sveitabæjum sem hafa enn ekki haft skilyrði til þess að njóta sjónvarpsins. Vandinn er bara sá að það skortir fé til þess að gera ýmsa hluti, og þá er spurningin: Hvernig á að ná í féð og hvaða röð á að hafa á þeim verkefnum sem liggja fyrir?

Ég hef látið þá skoðun í ljós að ég tel að það væri eðlilegast og réttast að fullnægja fyrst þörfum þeirra sem í landinu eru, áður en ráðist er í fjárfrekar framkvæmdir til handa þeim sem hafa störf á hafi úti. En um þetta má að sjálfsögðu endalaust deila. Alla vega verður fyrst að afla fjárins, og þessi till. er flutt með það fyrir augum. Ég er margbúinn að taka það fram í þessum umr. að forsenda hennar sé aðallega sú að afla fjár til að standa undir dreifikerfi, fullkomna það og halda því við, hvort heldur það á við um landið sjálft eða miðin úti fyrir landinu.

Ég hef bent á það með mjög sterkum rökum að mínu mati, að með því að hefja litaútsendingar, með því að gefa innflutning frjálsan á litasjónvarpstækjum skapist það miklar tekjur fyrir ríkissjóð að hægt sé að mæta þessum útgjöldum, a. m. k. að verulegu leyti. Ég held að það fari ekki á milli mála að hér sé á ferðinni langsamlega skynsamlegasta till. sem flutt hefur verið í þessu efni, og mér finnst það vera undarleg viðbrögð hjá einstökum þm. ef þeir ætla að leggjast gegn þessu meginatriði, þessum tilgangi till. Um leið og þessi till. mætir þessum fjárhagsþörfum, þá mætir hún líka brýnum og nauðsynlegum þörfum Ríkisútvarpsins hvað snertir bæði tækniþarfir og dagskrárgerð, og fer ég ekki fleiri orðum um það en ég hef gert í þessari umr. áður.

Ég vil leyfa mér að þakka þeim þm. sem undir till. hafa tekið og mælt með samþykkt hennar. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem hér hefur tekið þátt í umr., lýsti sig fylgjandi því að innflutningur á sjónvarpstækjum væri gefinn frjáls og að litaútsendingar hæfust á Íslandi. En hann telur að þessi till. sé of takmörkuð vegna þess að hún taki ekki tillit til allra þarfa Ríkisútvarpsins. Það er vissulega rétt, að þarna er ekki gripið á öllum þeim þörfum sem Ríkisútvarpið stendur frammi fyrir í augnablikinu, og til þess var ekki af stað farið. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að það er margt sem knýr á hjá Ríkisútvarpinu, og það er eðlilegt að við reynum að leysa þau vandamál. En það má vissulega breyta þessari till., ef mönnum sýnist svo, vilja afgreiða hana á breiðari grundvelli. Það er t. d. nú þegar brostin forsenda fyrir 2. tölul. þessarar till., þar sem segir að heimila skuli frjálsan innflutning á litasjónvarpstækjum. Nú er sú ákvörðun þegar tekin. Og það má að sjálfsögðu mín vegna laga till. í meðförum Alþ. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að Alþ. taki þá stóru ákvörðun, að litaútsendingar í sjónvarpi hefjist. Sá háttur hefur verið hafður á erlendis, að það er þingið sem tekur slíka ákvörðun, og meira að segja viðeigandi, að það sé gert hér á landi sömuleiðis. Enda þótt við séum að taka slíka meginákvörðun, þá auðvitað útilokar það engan veginn að við getum tekið aðrar stórar ákvarðanir varðandi Ríkisútvarpið, annaðhvort um leið eða þá síðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 39. fundur.

Mánudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Lögréttulög, frv. (þskj. 287). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það til l. um lögréttu, sem hér liggur fyrir, hefur svokölluð réttarfarsnefnd samið. N. þessa skipaði ég hinn 6. okt. 1972. Í n. voru skipaðir, þeir Björn Sveinbjörnsson þáv. hrl., en núv. hæstaréttardómari sem formaður, Björn Fr. Björnsson sýslumaður, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Þór Vilhjálmsson þáv. prófessor, nú hæstaréttardómari. Verkefni n. var samkvæmt skipunarbréfi að endurskoða dómstólakerfi landsins og að kanna og gera till. um hvernig breyta megi reglum um málsmeðferð í héraði til þess að afgreiðsla mála verði hraðari.

N. hefur þegar unnið mikið starf. Hún hefur samið nokkur lagafrv. og hafa a. m. k. fimm þeirra þegar verið lögð fyrir Alþ., þrjú hlotið afgreiðslu og svo eru tvö sem koma til umr. nú í þessari hv. deild.

Afgreiðslu hafa hlotið frv. eða lög um rannsóknarlögreglu ríkisins og tvö fylgifrv. þess.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, var lagt fram á síðasta vori skömmu fyrir þinglok, en kom ekki til umr. Frv. er lagt fram í þeirri mynd sem réttarfarsnefnd gekk frá því.

Það má segja að þetta frv. feli í sér mjög afgerandi breytingu á dómstólaskipan landsins. Er lagt til að settir séu á fót tveir dómstólar, lögréttur, annar sunnan og vestan, hinn norðan og austan, með aðsetri í Reykjavík og á Akureyri, og að lögréttan, sem á sæti í Reykjavík, sé skipuð ekki færri en 15 dómurum og lögréttan, sem á sæti á Akureyri, ekki færri en 3.

Um skipan þessara lögréttna eru fyrirmæli. Ég vil leyfa mér að benda á 1., 2. og 3. gr. þessa frv. sérstaklega og sé ekki ástæðu til að fara að rekja það sérstaklega hér.

Þó að þessir dómstólar eigi að hafa aðsetur í Reykjavík og á Akureyri er landið allt þeirra umdæmi. Lögréttan sunnan og vestan tekur til svæðisins frá mörkum Múlasýslna og Skaftafellssýslna og að mörkum Strandasýslu og Húnavatnssýslu. En lögréttan á Akureyri tekur til Norður- og Austurlandsins.

Hér er því lagt til að dómsstig hér á landi verði þrjú í stað tveggja eins og nú er, þó þannig að hverju og einu máli er aðeins ætlað að fara um tvö dómsstig, en ekki um öll þessi þrjú dómsstig, því að lögrétturnar eiga að fjalla um stærri mál sem fyrsta dómsstig, en um önnur mál sem annað dómsstig eða áfrýjunardómstóll. Það er gert ráð fyrir að þeim málum, sem eftir sem áður verður fjallað um af héraðsdómara, megi áfrýja til viðkomandi lögréttu og dómur hennar verði þá lokadómur í því máli, en málum þeim, sem lögrétta fjallar um sem fyrsta dómsstig, megi áfrýja til Hæstaréttar.

Því verður ekki neitað, að þessar till. fela í sér róttækar breytingar á dómstólaskipan landsins, og eðlilegt að menn vilji skoða þær vel frá öllum hliðum.

Ég mun ekki rekja hér þróun réttarfars hér á landi, en vísa um það til grg. sem fylgir með frv. og er mjög fróðlegt fyrir hv. alþm. að kynna sér. Mér finnst þó rétt að víkja aðeins lítillega að þróun þessara mála allra síðustu áratugina.

Á síðari hluta 19. aldar var hafin endurskoðun réttarfarslaga hér á landi. Sú endurskoðun kom í kjölfar endurskoðunar réttarfarslaga er átti sér stað á þessum tíma í Danmörku og grundvallaðist á nýjum hugmyndum um réttarríki. Ýmsir lagabálkar, sem samdir voru í Danmörku, voru þá og í framhaldi af því lögteknir hér, svo sem skiptalög, lögtakslög, aðfararlög, og að lokum gjaldþrotaskiptalög. Á árinu 1936 voru sett heildarlög um meðferð einkamála í héraði sem hafa að geyma ýmsar helstu meginreglur í íslensku réttarfari. Lög þessi eru að meginstofni til óbreytt enn. Áður en lög þessi voru sett höfðu farið fram umr. um nauðsyn rækilegrar endurskoðunar á helstu þáttum réttarfarslaga. Það er hins vegar ekki fyrr en árið 1951 sem heildarlög um meðferð opinberra mála eru sett. Síðan 1951 hafa verið sett nokkur lög á sviði réttarfars og má þar t. d. nefna lög um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, þegar lögtekin voru ákvæði um sérstakan saksóknara í opinberum málum. Þeim lögum hefur síðar verið nokkuð breytt, eins og menn þekkja. Á árinu 1973 voru sett ný lög um Hæstarétt Íslands þar sem hæstaréttardómurum var m. a. fjölgað í 6. Á lögunum um meðferð einkamála var gerð breyt. á árinu 1968 þegar lögtekin voru ákvæði um sérstaka meðferð svokallaðra áskorunarmála. Með lögum frá 1961 var dómurum við héraðsdómaraembættið í Reykjavík fjölgað, og aftur var gerð breyt. á árinu 1972 og var þá dómurum bæði í Reykjavík og við nokkur bæjarfógeta- og sýslumannsembætti fjölgað. Geta má laga sem sett voru á árinu 1973 um sérstakan dómara í svokölluðum ávana- og fíkniefnimálum. 1974 var gerð breyt. á skiptalögum, og á einkamálalögunum hefur verið gerð breyt. bæði með lögum 1975 og 1976, í fyrra tilfellinu varðandi viss slysamál og í seinna tilfellinu varðandi heimild til upptöku á segulbönd. Lög, sem ekki eru beinlínis á sviði réttarfars, en snerta þó réttarframkvæmd og nefna má í þessu sambandi, eru t. d. ný lög um fangelsi og vinnuhæli og lög um lögreglumenn frá allra síðustu árum.

Í umr. um bætt réttarfar hafa ætíð komið fram raddir sem telja nauðsyn að koma á aðskilnaði milli dómsvalds og framkvæmdavalds. Má í því sambandi til frekari glöggvunar vísa á bls. 18 og 19 í grg. þessa frv. þar sem gerð er nokkru nánari grein fyrir því. Er sjálfsagt eðlilegt að slíkar óskir og till. hafi komið fram. Það er æskilegt að þeir, sem fara með dómsvaldið, séu ekki of háðir framkvæmdavaldinu, enda er slíkt fyrirkomulag í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar er byggir á kenningunni um þrískiptingu ríkisvaldsins. Sú skipan er einnig í samræmi við þróun er átt hefur sér stað í nágrannalöndunum síðustu áratugina. Þar fara dómarar ekki með framkvæmdavald.

Hér á landi hefur þróunin orðið nokkuð önnur en í nágrannalöndunum að þessu leyti. Svo sem kunnugt er fara sýslumenn og bæjarfógetar með dómsvald utan Reykjavíkur, en jafnframt fara þeir með víðtækt framkvæmdavald. Þeir eru

lögreglustjórar, annast innheimtu á gjöldum til ríkissjóðs, annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins og hafa fleiri umboðsstörf á hendi. Einnig eru sýslumenn oddvitar sýslunefnda og annast stjórn sýslumálefna milli sýslunefndarfunda.

Vegna þeirra staðhátta hér á landi, að landið er strjálbýlt og víðlent, er erfiðleikum bundið að koma þeirri skipan á sem sumir e. t. v. vildu, að koma upp dómstólum utan Reykjavíkur þar sem dómendur hefðu ekki með höndum umboðsstörf og koma þannig á aðskilnaði að fullu á milli dómsvalds og framkvæmdavalds.

Þegar gerð er breyt. á dómstólaskipuninni er rétt að hafa í huga hina stjórnsýslulegu umdæmaskipun landsins. Ef horfið yrði að því að koma á fót dómstólum utan Reykjavíkur er færu með dómsvald í héraði, er hætt við að það kollvarpaði núverandi umdæmaskiptingu landsins og að grundvelli yrði kippt að verulegu leyti undan núverandi embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

Ég geri ráð fyrir því að menn, ekki síst menn sem búa úti á landi, vilji í meginefnum halda í það stjórnsýslufyrirkomulag, sem nú er í gildi, og halda í meginatriðum í núverandi umdæmaskiptingu, þó að það sé hins vegar svo, að það liggi í augum uppi að umdæmaskipunin gæti sums staðar verið eðlilegri en hún er nú. Út í það verður ekki farið hér. En réttarfarsnefnd hefur í grg. lítillega bent á þörf lagasetningar um þetta efni.

Réttarfarsnefnd hefur valið þá leið að stíga skref í átt að því marki að skilja að dómsvald og framkvæmdavald, án þess þó að hrófla í verulegum atriðum við hinum rótgrónu embættum sýslumanna og bæjarfógeta sem áfram gegna hlutverki sínu og hafa við næg verkefni að fást.

Gert er ráð fyrir í frv., eins og sagt var, að meiri háttar mál verði í höndum dómara sem ekki er ætlað að hafa umboðsstörf á hendi, og er hér því stefnt í rétta átt. Utan Reykjavíkur fara hins vegar sýslumenn og bæjarfógetar áfram með dómsvald í smærri málum.

Skv. 16. gr. frv. koma eftirgreind mál til meðferðar á héraðsdómsstigi: Af einkamálum svokölluð áskorunarmál, víxla- og tékkamál, barnfaðernismál, mál til ógildingar skjala, kjörskrármál, mál þar sem aðalkrafa er um greiðslu peninga og fjárhæð lægri en 200 þús. kr., nema aðili krefjist þess við dómfestingu að slíkt mál fari fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, svo og mál sem aðilar semja um að reka megi í héraði, enda láti þeir bóka það við þingfestingu. Gert er ráð fyrir að minni háttar opinber mál komi til meðferðar á fyrsta dómsstigi. Auk ofangreindra mála koma einnig fógetaréttarmál, skiptaréttarmál og uppboðsmál til meðferðar á héraðsdómsstigi.

Verið getur að það komi fram gagnrýni á þá skipan að fela aðeins tveimur dómstólum dómsstörf á öllu landinu í viðameiri málum og það leiði jafnframt til verri þjónustu við íbúa er búi utan Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar. Í því sambandi er þó rétt að undirstrika það sem áður hefur verið sagt, að þó að gert sé ráð fyrir að lögrétturnar hafi aðsetur í Reykjavík og á Akureyri, þá er gengið út frá því að lögréttudómarar haldi dómþing utan Reykjavíkur og Akureyrar þegar þörf gerist og þar sem þörf gerist.

Líkur eru á því, ef frv. verður að lögum, að það hafi í för með sér einhvern kostnaðarauka. Þar veldur mestu og það er náttúrlega ein veigamikil breyting sem felst í þessu frv., að lögréttudómur sé að jafnaði skipaður þremur dómurum hverju sinni, verði sem sagt fjölskipaður dómur. Hins vegar má benda á að þessi skipan mundi væntanlega létta nokkuð á Hæstarétti, þar sem augljóst er að færri mál mundu koma til meðferðar Hæstaréttar ef frv. yrði að lögum.

Í umr. um dómsmál hefur komið fram gagnrýni á seinagang á afgreiðslu þeirra. Hraðari málsmeðferð hefur verið aðalefni þeirra umr. sem fram hafa farið að undanförnu í fjölmiðlum um dómsýslu í landinu. Leikur ekki á tveim tungum að dómstólameðferð nær tilgangi sínum best ef hún tekur stuttan tíma. Hér á landi, þar sem verðbólga er mikil, er oft bagalegt hvað mál út af fjárkröfum dragast lengi og aðilum til óhagræðis og stundum til fjártjóns. Þegar rætt er um breytingar á réttarfarslöggjöf, er miða að hraðari meðferð mála, ber þó að gjalda varhuga við breytingum er leiða kynnu til óvandaðrar málsmeðferðar. Hér vegast á tvö sjónarmið, hagkvæmnisjónarmið annars vegar og réttaröryggissjónarmið hins vegar. Annars vegar er uppi krafa um skjóta úrlausn máls og hins vegar um vandaða meðferð og úrlausn. Æskilegasta takmarkið er bæði vönduð og skjót úrlausn. Þótt stefnt sé að því að vanda sem mest málsmeðferð fyrir dómi getur í sumum tilfellum verið réttlætanlegt að slaka á kröfunum um meðferð í minni háttar málum. Í þeim tilfellum getur verið réttlætanlegt að víkja frá hinni þunglamalegu málsmeðferð, en leggja höfuðáherslu á skjóta og ódýra lausn. Slíkt ætti ekki að verða réttaröryggginu til tjóns.

Eitt af meginverkefnum réttarfarsnefndar var að gera till. um hvernig breyta mætti reglum um málsmeðferð til þess að afgreiðsla dómsmála yrði hraðari. Í frv. þessu og þó einkum í frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, sem er fylgifrv. þessa frv., eru nokkrar veigamiklar breyt. gerðar sem ættu að leiða til hraðari málsmeðferðar. Má þar nefna nokkur atriði, svo sem að lagt er til að tekinn verði upp svokallaður aðalflutningur máls, sem gerir ráð fyrir að það sé fyrst lagður grundvöllur að málinu með gagnasöfnun, með skjölum og öðrum sýnilegum gögnum, en síðan fari fram skýrslutaka fyrir dómi, vitnaskýrslur o. s. frv. og málflutningur síðan í beinu framhaldi af skýrslutöku. Ég hef raunar leyft mér að halda því fram, að í raun og veru hafi verið gert ráð fyrir þessari málsmeðferð í lögum um meðferð einkamála í héraði, en dómarar hafi aldrei tileinkað sér þá meðferð. Úrskurðir verði jafnan án forsendna, og gert er ráð fyrir því að dómar verði styttir verulega frá því sem nú tíðkast. Um þetta vísast að mestu til frv. og meðfylgjandi grg. og grg. frv. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði sem mælt mun verða fyrir hér á eftir.

Þær till. réttarfarsnefndar, sem miða að hraðari meðferð dómsmála, leiða ekki að mínu mati að sama skapi til óvandaðri meðferðar og er því stefnt hér í rétta átt. Ýmis ákvæði frv. þessa

leiða til betra réttarfars og meira réttaröryggis, og má þar til nefna, að þrír dómarar skipa dóm í meiri háttar málum, og svo þá stefnu, sem mörkuð er í frv. og gerð hefur verið grein fyrir, að aðskilja dómsvald og framkvæmdavald að verulegu marki.

Um efni frv. umfram það, sem þegar hefur verið sagt, er ekki ástæða til að fjölyrða. Hv. þm. fá tæplega nægilega hugmynd um það nema lesa frv. og grg. gaumgæfilega. Það má aðeins drepa á höfuðefnisatriði frv.

Þar er í I. kafla fjallað um, hvernig lögrétturnar eru skipaðar, og auk þess um vanhæfi dómara til meðferðar einstaks máls og hvernig eigi með það að fara, um fébótaábyrgð dómara í 9. gr., skrifstofustjóra, sem á að starfa við lögréttu, í 10. gr., um þinghald í 12. gr., um hvernig dóma eigi að kveða upp í þeirri 13. og um sjálft þingmálið, sem á að sjálfsögðu að vera íslenska, í þeirri 14. Þetta eru ákvæði sem eru nokkuð hliðstæð við það sem er í lögum um meðferð einkamála í héraði.

II. kafli frv. fjallar svo um dómsvald lögréttna. Hefur að nokkru leyti verið gerð grein fyrir hvaða mál það eru sem lögréttunni er ætlað að fjalla um, ýmist sem fyrsta dómsstig eða sem áfrýjunardómsstig, og skal ég ekki fara að endursegja það sem segir í þessum kafla þar um.

Síðan er í III. og IV. kafla ákveðið um málsmeðferðina fyrir lögréttu. Í III. kafla eru ákvæði um málsmeðferðina þegar mál er rekið fyrir lögréttu sem fyrsta dómstig. Það má segja að það svari mjög til málsmeðferðar einkamála fyrir héraðsdómi og málsmeðferðar opinberra mála eða sakamála í héraði, eins og nú er. En IV. kaflinn aftur á móti er um málsmeðferð fyrir lögréttu þegar hún starfar sem áfrýjunardómstóll, og er þar í raun og veru um verulegar hliðstæður að ræða við þau ákvæði sem gilda um Hæstarétt. Er gert ráð fyrir því raunar að reglan sé að um málsmeðferð fari eftir reglunum um málsmeðferð fyrir Hæstarétti, nema annað segi í lögunum. Það eru sérstök ákvæði um áfrýjunaraðferð, eins og er nú til Hæstaréttar, þ. e. a. s. svonefndar kærur.

Í V. kafla eru svo ýmis almenn ákvæði. Þar má t. d. benda á þau ákvæði sem eru ný eða á annan veg en nú er. Í 53. gr. segir: „Úrskurðir lögréttu skulu vera skriflegir. Þar skal greina niðurstöður án forsendna.“ En það er nú svo, að með alls konar úrskurðum eiga að fylgja forsendur sem verða til nokkurrar tafar við að ganga frá þeim.

Í 54. gr. eru ákvæði um dóma, hvaða atriði þar skuli tekin fram.

Ég vil sérstaklega leyfa mér að benda á 57. gr. sem er algert nýmæli, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„1. Forsetar lögréttnanna hlutast til um að samdar séu ársskýrslur um starfsemi lögréttna landsins. Dómsmrh. skal kveða á um gerð skýrslnanna í reglugerð, eftir að leitað hefur verið umsagna lögréttnanna og Hagstofu Íslands.

2. Forsetar lögréttnanna hlutast til um að dómsmrh. og allshn. Alþ. séu gefnar skýrslur um starfsemi lögréttnanna og einstök dómsmál, sem þær fjalla um eða hafa fjallað um, ef þessir aðilar beiðast slíkra upplýsinga.

3. Dómsmrh. er heimilt að gefa út eða semja við aðra um að gefa út árbækur lögréttnanna, þar sem m. a. má birta dóma, sem þykja hafa sérstaka þýðingu, ásamt öðrum upplýsingum um mál, svo sem gerðardómsmeðferð, og skýringar á dómum.“

Þetta mundi að sjálfsögðu verða nokkuð hliðstætt Hæstaréttardómum. En þó er gert ráð fyrri að það geti verið með nokkuð öðrum hætti, bæði að ekki þurfi endilega að taka þar upp í öll mál og eins hitt, að það megi láta fylgja með skýringar, sem er algert nýmæli.

Varðandi gildistökuna og dómarafjölgun vil ég benda á 60. gr., þar sem gert er ráð fyrir að full dómaratala, sem gert er ráð fyrir í lögréttunni sunnan- og austanlands, þurfi ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1983.

Gert er ráð fyrir því í þessu frv. að það sé sérstök umsögn fengin áður en skipað er í embætti dómara í lögréttum, hliðstætt því sem er um hæstaréttardómara, og gert ráð fyrir bráðabirgðaskipun á því í 60. gr.

Ég vil að lokum segja það, að ég tel að hér sé gerð till. um mjög mikla breytingu á dómstólaskipun landsins. Ég tel þá breytingu horfa til bóta. Ég tel að það væri mikilvægt skref stigið ef frv. þetta yrði að lögum. Það væri stigið mikilvægt skref í þá átt að skilja að dómsvald og framkvæmdavald án þess þó að hreyft væri við umdæmaskiptingunni og hinum fornu sýslumannaembættum. Ég tel að með þessu frv. og því frv., sem er fylgifiskur þess, sé bent á leiðir sem gætu leitt til þess að málsmeðferð yrði greiðari en hún er nú. Þetta eru miklir kostir. Margir hafa látið uppi óskir í þá átt. En það er svo með þessar endurbætur og breytingar eins og aðrar, að þær kosta fjármuni. Menn verða að horfast í augu við að það er ekki nægilegt að gagnrýna þá skipan, sem fyrir hendi er, heldur verða þeir þá að vera við því búnir að gjalda jákvæði breytingum, sem til bóta eru taldar horfa, enda þótt þær kosti verulega fjármuni.

Hins vegar er mér ljóst að það verður margs að gæta í sambandi við svo veigamikla breytingu á dómstólaskipan. Það hefur verið svo áður, þegar um hefur verið að ræða breytingu á dómstólaskipun og á réttarfarslögum, að það hefur gjarnan tekið nokkurn tíma að koma slíkum breytingum á. Það er ekkert óeðlilegt við það og sjálfsagt að menn þurfi að gaumgæfa ýmislegt í þessu sambandi og gefa sér tíma til að athuga þetta mál rækilega. Ég geri ráð fyrir að sú hv. n., sem fær mál þetta til meðferðar, leiti eftir viðræðu við réttarfarsnefndarmenn, sem hafa samið þetta frv. og gert sér gleggri grein vafalaust en aðrir fyrir því, hvernig þetta mundi verða í framkvæmd.

Ég skal svo ekki hafa að þessu sinni fleiri orð um þetta frv., en vænti þess að það fái hér vinsamlegar viðtökur, þó að það verði auðvitað að fara eftir atvikum hvort hv. alþm. treysta sér til að afgr. það á þessu þingi eða hvort þeir telja að lagasetning þurfi að hafa lengri aðdraganda.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 288). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði er fylgifrv. með frv. til lögréttulaga sem ég mælti fyrir áðan. Þetta frv. hefur réttarfarsnefnd samið og er það lagt hér fram óbreytt í þeirri mynd sem n. gekk frá því.

Nokkrar veigamiklar breyt. eru gerðar á lögum um meðferð einkamáli í héraði. Heildarlögin um meðferð einkamála í héraði voru sett á árinu 1936 og frá þeim tíma hafa ekki veigamiklar breyt. orðið á þeirri löggjöf.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að sáttanefndir verði lagðar niður, en öll sáttastörf verði falin dómurum. Sú hefur orðið raunin að störf sáttanefnda hafa ekki borið þann árangur sem í upphafi mun hafa verið til ætlast þegar einkamálalögin voru sett. Tiltölulega fá mál hljóta nú afgreiðslu hjá sáttanefndum. Svipað mun vera uppi á teningnum í Danmörku, en sé litið til Noregs verður niðurstaðan önnur. Þar gegna sáttanefndirnar veigamiklu hlutverki, enda hlýtur meiri hluti smámála afgreiðslu hjá sáttanefndum þar, er mér sagt. Að ljúka máli með sáttagerð er oft heppilegur endir á þrætu og ódýr lausn fyrir málsaðila. Ég er hér ekki beinlínis að mæla með því að halda í ákvæðin um sáttanefndir, en vil þó benda á þetta til umhugsunar. Margir munu vera þeirrar skoðunar að ákvæðin um sáttanefndir séu orðin algerlega úrelt, og lögmenn gera mikið að því að semja um það að ganga fram hjá sáttanefnd og er þá leitað sátta hjá dómstólum. En ég vil benda hv. þm., ef þeir vilja athuga þetta nánar, á aths. við 1. gr. á bls. 5 þar sem er skýrt frá því hvað dómsmálaskýrslur, sem teknar eru saman af Hagstofunni, segja um þetta efni. Þó að það séu að vísu ekki hlutfallslega mörg mál skv. því sem fá afgreiðslu hjá sáttamönnum, er það þó skv. þeim skýrslum, sem þarna liggja fyrir, ekki alveg úr sögunni að mál séu útkljáð hjá sáttanefnd og fyrir sáttamönnum. Þetta yfirlit, sem þarna er frá sagt, tekur aðeins til mjög skamms tíma, tekur til dómsmálaskýrslna árin 1969—1971, þannig að það væri út af fyrir sig fróðlegt að það væri rannsakað betur og yfir lengra tímabil hver árangur hefur orðið af sáttameðferð. Hins vegar má segja það, að sáttameðferð hjá sáttanefnd, þegar málið gengur hvort sem er áfram til dómstóla, verður til þess að lengja málsmeðferðina.

Ein meginbreytingin, sem frv. þetta felur í sér og leitt gæti til hraðari málsmeðferðar, er að gert er ráð fyrir að taka upp svonefndan aðalflutning einkamála, eins og ég benti á áðan, en í því felst að ætlast er til að munnlegar skýrslur séu að mestu teknar í einu og sama þinghaldinu eftir að grundvöllur hefur verið lagður að málinu með öflun sýnilegra sönnunargagna. Fyrst er stefnan sjálf og greinargerðir aðila og svo aðrar skriflegar skýrslur eða önnur sýnileg sönnunargögn sem þar er um að ræða, og jafnframt er gert ráð fyrir að í framhaldi af því fari fram munnlegur málflutningur. Í nágrannalöndum þekkjast svipaðar reglur, svo sem í Svíþjóð. Með réttri framkvæmd ætti þetta að leiða til hraðari meðferðar dómsmála og betri nýtingar á vinnutíma dómara.

Annað veigamikið atriði, sem ætti að leiða til hraðari meðferðar, er að finna í 11. gr. frv. og kom reyndar líka fram í því sem ég sagði áðan um lögréttufrv. Gert er ráð fyrir því í þessu frv. að úrskurðir og dómar verði styttir verulega frá því sem nú tíðkast. Í 11. gr. segir um úrskurðina, að það sé gert ráð fyrir að felld verði úr lögum skylda til að láta forsendur fylgja úrskurðinum. Og í 13. gr., eftir að tekið hefur verið fram hvaða atriði þurfi áhjákvæmilega að taka fram í dómi, segir, með leyfi forseta: „Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Þegar þeir eru samdir skal hafa í huga að aðilar geti með aðstoð umboðsmanna sinna séð hvaða rök liggja til niðurstöðu dómara, en í dómi skal ekki rekja atvik, málsástæður eða lagarök sem aðilum má vera kunnugt um.“ En eins og dómar eru samdir nú, eins og menn þekkja, þá er þetta tekið upp í dómana þannig að dómarnir verða æðilangir. Þetta ætti að spara dómara verulegan tíma. Benda má á fleiri atriði sem gætu sparað dómara tíma, eins og þetta sem ég nefndi áðan, að það er ekki gert ráð fyrir að forsendur fylgi úrskurði.

Ýmis fleiri nýmæli eru í þessu frv. sem horfa til bóta að mínu mati. Má þar m.a. minna á að gert er ráð fyrir að sérdómstólar verði lagðir niður, svo sem sjó- og verslunardómur, merkjadómur í Reykjavík og á Akureyri og aðrir fasteignadómar. Oft hafa komið fram kröfur um hraðari málsmeðferð í ákveðnum málaflokkum, og hefur þá lausnin oftast verið sú að krafa hefur komið um að settir væru á fót sérstakir dómstólar um þessi efni. En þó liggja í sumum tilfellum sérstakar ástæður til grundvallar því að settir hafa verið á fót sérstakir dómstólar, svo sem að sérkunnáttu þurfi til að dæma ákveðin mál eða málaflokka. En þessi þróun um eiginlega fjölgun sérdómstóla er ekki heppileg. Oftast má fá þá sérkunnáttu, sem ætti að vera í sambandi við slík mál, með því að nota þá heimild sem er fyrir hendi til þess að kveðja til sérfróða meðdómsmenn.

Þótt þetta frv. sé flutt sem fylgifrv. með frv. til lögréttulaga, þá er ekki útilokað að unnt sé að lögfesta það að einhverju leyti eða í meginatriðum, jafnvel þó að frv. til lögréttulaga hljóti ekki afgreiðslu. Þetta frv. hefur ekki í för með sér út af fyrir sig sérstök fjárútlát, og það getur verið að mönnum sýndist hagræði að því að lögleiða það, jafnvel þó að þeir væru ekki alveg tilbúnir til þess að afgreiða eða lögfesta lögréttufrv. með sama hraða, enda er þar náttúrlega um stærra mál að ræða og miklu veigameiri breytingu.

Sjálfsagt verður það svo, að þegar menn fara að fjalla um lögréttufrv. vakna ýmsar spurningar hjá mönnum, og vafalaust geta orðið skiptar skoðanir um ýmis atriði, þó ekki væri nema aðeins um heitið sem ég reyndi að minnast á síðast. Lögrétta er að vísu fornt nafn á dómstóli, og má vel vera að mönnum þyki það þjált og tamt þegar þeir fara að venjast því. En auðvitað

eru til fleiri nöfn í fornum lögum sem ýmsir gætu e. t. v. látið sér til hugar koma að eins eðlilegt væri að taka upp, eins og t. d. lögþingisréttur eða alþingisdómur sunnan og vestan, lögþingsdómur norðan og austan. Það eru hinir fornu lögmannadómar, dómar sem lögmenn nefndu menn í á Alþ. Líka væri hægt að láta sér detta í hug fjórðungsdóma sunnan og vestan eða fjórðungsdóma norðan og austan. Og þannig er það nú, að ég hygg, með ýmis atriði í lögréttufrv., að þegar menn fara að velta því nánar fyrir sér, þá getur svo farið að það komi upp í huga þeirra ýmsar spurningar og álitaefni.

Ég óska eftir því, herra forseti, að þessu frv., sem er sem sagt flutt sem fylgifiskur með frv. til lögréttulaga, verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 289). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er ekki fyrirferðarmikið og það er einfalt í sniðum. Það fjallar um breytingu á 32. gr. einkamálalaganna, um skipun í dómaraembætti eða réttara sagt um einn þátt í undirbúningi að skipun í héraðsdómaraembætti.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að áður en skipað er í héraðsdómaraembætti skuli leita umsagnar sérstakrar nefndar sem sett er á fót með þessu frv. ef að lögum verður. En í 1. gr. felst efni frv., þar sem segir að á eftir 1. mgr. 32. gr. komi ný mgr., sem verði 2. mgr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en embætti héraðsdómara er veitt skal leita skriflegrar umsagnar nefndar þriggja manna, sem dómsmrh. skipar til þriggja ára í senn. Einn nm. skal tilnefndur af Hæstarétti, og er hann formaður, einn tilnefndur af samtökum dómara úr hópi héraðsdómara landsins og einn skipaður án tilnefningar. Dómsmrh. setur reglur um kjör dómarasamtakanna. Hann getur einnig sett reglur um tilnefningu varamanna, um fresti til að skila tilnefningum og um afleiðingar þess að nm. eru ekki tilnefndir, um fresti til að skila álitsgerðum svo og um önnur framkvæmdaatriði."

Það þarf ekki að fjölyrða um það, að það er mikilvægt í réttarríki að dómstólar séu sem sjálfstæðastir. Um það efni hefur orðið allmikil umr. í ýmsum löndum, sérstaklega eftir styrjaldarárin síðari. Þá veittu menn því athygli hversu mikilvægt það er að til séu óháðir dómarar. Enn fremur má segja að raddir í þessa átt hafi orðið háværari vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í ýmsum þeim ríkjum sem kölluð eru velferðarríki, þar sem hið opinbera hefur æ meiri afskipti af ýmsum málefnum og hlutverk dómstóla verður þess vegna oft að dæma í ágreiningsmálum sem rísa af stjórnarframkvæmd eða eru í sambandi við stjórnarframkvæmd og er þess vegna ágreiningur á milli framkvæmdavalds annars vegar og borgarans hins vegar. Þegar þannig stendur á, þá er auðvitað þýðingarmikið að borgarinn treysti á það að dómstólarnir séu algerlega óháðir og séu ekki bundnir framkvæmdavaldinu eða framkvæmdavaldshafanum að neinu leyti.

Raddir um þetta efni hafa heyrst hér á landi eins og annars staðar, og hér hefur löngum gætt nokkurrar tortryggni í garð veitingarvalds dómaraembætta, sýslumanna- eða bæjarfógetaembætta, og þar þótt stundum kenna pólitískra sjónarmiða. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt þó að slíkar raddir hafi heyrst, sérstaklega vegna þess að skipan þessara mála hefur verið nokkuð á annan veg hér en víðast hvar annars staðar þar sem dómarar taka almennt ekki þátt í pólitískum störfum. Hins vegar var það lengi vel tíðkað hér á landi og var alsiða að sýslumenn og bæjarfógetar væru í framboði til Alþingis og væru þm. og skipuðu reyndar sæti á Alþingi með sóma. Þetta hygg ég að sé nú mjög að breytast, þannig að það er nú, að ég held, ekki jafnlíkleg framavon til þess að fá þingsæti að verða sýslumaður eins og áður var. Og ég hygg að almenningsálit færist í það horf að þau störf geti illa saman farið að sitja á þingi og gegna dómaraembætti.

Það er svo, að það hafa verið í mjög mörgum löndum settar reglur eða myndast venjur um aðferðir við skipun í dómaraembætti. Er rakið allýtarlega í grg. með þessu frv. hverjar þessar reglur eru í hinum ýmsu löndum, og hirði ég ekki um að fara að endurtaka það hér. Hefur þótt rétt að gera tilraun til þess að taka í lög ákveði sem væru að nokkru leyti í líkingu við það sem sums staðar annars staðar tíðkast, sumpart fyrir venju og sumpart samkv. beinum lagafyrirmælum. Dómstólunum sjálfum eru sums staðar, eins og kemur fram í þessari grg., veitt sérstaklega mikil áhrif á skipan í dómaraembætti. Það hefur ekki þótt fært eða ráðlegt hér að taka þann hátt beint upp. Hins vegar er þess freistað að fara vissa millileið, skipa n. þar sem fulltrúi frá Hæstarétti á sæti og hann sé jafnframt formaður í þessari umsagnarnefnd, dómarasamtökin tilnefni annan nm. og dómsmrh. hinn þriðja. Þetta er umsagnarnefnd og hún á að láta uppi skriflega umsögn um dómaraefni eða þá sem sækja um embætti. Veitingarvaldið er hins vegar ekki skuldbundið til að fara eftir þeim ábendingum sem koma frá þessari n., en auðvitað má segja að ef álit hennar er eindregið, þá muni þurfa nokkuð ríkar ástæður hjá veitingarvaldi til þess að víkja frá því sem n. leggur einróma til. Þannig má gera ráð fyrir að eftir hennar umsögn verði farið nema eitthvað sérstakt komi til. Með þessum hætti er reynt að skapa tryggingu fyrir því, að ekki gæti annarlegra sjónarmiða við skipun í þessi embætti, og jafnframt reynt að gera þetta fyrirkomulag það einfalt að það valdi ekki erfiðleikum. Ég held að ef slík skipan kemst á muni hún auðvelda veitingarvaldshafanum starf hans og eyða tortryggni sem oft gætir í sambandi við embættisveitingar.

Þetta frv. var lagt fram á Alþ. í fyrra og hlaut þá afgreiðslu í þessari hv. d. og hana jákvæða, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum

um það á þessu stigi. Ég vænti þess, að það mæti sömu velvild hér nú og á síðasta Alþ., þó að það yrði þá ekki að lögum vegna þess að það var nokkuð seint á ferð.

Ég ætla ekki að fara út í þann samanburð, sem ég var með í fyrra á mínum embættisveitingum og þeim embættisveitingum sem fram fóru á árunum 1934—1971, en hann er fyrir hendi og þá geta menn séð hvort þar hefur verið fylgt betri reglum fyrr eða síðar.

Það var missögn, sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni við umr. nýlega í Sþ., að þetta frv. væri samið af réttarfarsnefnd. Þetta frv. er ekki eitt þeirra frv. sem samið eru af réttarfarsnefnd. Þetta frv. er samið í dómsmrn. að frumkvæði dómsmrh. Það er ekki heldur rétt, sem þá kom fram, að það hafi aldrei áður komið fram tillaga neitt í líkingu við þessa tillögu. Það var einmitt á árunum í sambandi við setningu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að þá fluttu fulltrúar þjóðvarnarmanna, ef ég man rétt, almenna till. um umsagnarnefnd. Þar var að vísu ekki átt við dómaraembætti sérstaklega, heldur störf almennt. En ég held að það sé ástæða til þess að það ríki sérreglur um dómara að þessu leyti, vegna þess að það er gert ráð fyrir því að þeir séu sérstaklega sjálfstæðir í starfi og óháðir framkvæmdavaldinu, eins og ég hef undirstrikað. Og það er í samræmi við það að þessi regla gildi einnig um héraðsdómara, að hún gildir um hæstaréttardómara, og hún á líka að gilda um lögréttudómarana ef það frv. verður samþ.

Ég leyfi mér að óska eftir því að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Fávitastofnanir, frv. (þskj. 296). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um fávitastofnanir fjallar um breyt. á 15. gr. laganna, en lögin um fávitastofnanir voru samþ. á árinu 1967 og samkv. þeim var gert ráð fyrir að starfræktur verði Þroskaþjálfaskóli, og þá var talið nauðsynlegt að skólinn væri starfræktur við aðalfávitahæli ríkisins vegna þess að þar væri eini staðurinn sem gæfi nemendum kost á að umgangast stóran hóp vangefinna einstaklinga á ýmsum stigum og gæti veitt nemum þannig æskilega þjálfun. Nú hafa þessi mál mjög breyst, þannig að þessar stofnanir eru nú orðnar allmargar, og því er ekki ástæða til að tengja þennan skóla við þetta eina hæli í landinu. Einnig er rétt að breyta því, sem breytingin á 15. gr. gerir ráð fyrir, að skólastjóri sé ekki jafnframt forstöðumaður Kópavogshælisins, heldur verði sérstakur skólastjóri ráðinn að Þroskaþjálfaskólanum, og tekið þar fram um menntun hans, eins og hér segir, að hann hafi lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafi lokið kennaraprófi frá viðurkenndum háskóla, og jafnframt, að skólastjóri skuli einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

Þessi breyting er eingöngu í sambandi við Þroskaþjálfaskólann og ráðningu skólastjóra, þó að þessi lög mættu gjarnan breytast meira en hér er gert ráð fyrir og þá ekki síst fyrirsögn þessara laga sem á engan veginn við að mínum dómi. En það er talið af skólastjórn Þroskaþjálfaskólans nauðsynlegt að fá þessa breytingu fram, og því er þetta frv. lagt hér fram í trausti þess að það fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Þær breytingar hafa orðið á starfsemi Þroskaþjálfaskólans að útbúið var mjög gott kennslurými í gamla Kópavogssjúkrahúsinu, holdsveikraspítalanum. Þar hefur verið búið að mínum dómi og ég held að ég megi segja að dómi bæði nemenda og kennara skólans mjög vel að skólanum, enda er almenn ánægja þar ríkjandi. Ég kom í þennan skóla fyrir stuttu. Jafnframt var fallist á að ráða tvo kennara á s. l. hausti til eins árs til þess að móta betur starf þessa skóla.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fagna framkomu þessa frv. Ég tel það hiklaust til mikilla bóta. Þetta vekur okkur til umhugsunar um hvernig á eðlilegri hátt er hægt að fella þetta nám almennt inn í okkar menntakerfi. Ég held að það þurfi að athuga í leiðinni þó að það sé hárrétt hjá hæstv. ráðh. að Þroskaþjálfaskólinn hefur tekið miklum breytingum til batnaðar nú á síðustu tímum. En takmarkið hlýtur auðvitað að vera að þessi skóli falli á eðlilegri hátt en verið hefur, — e. t. v. gerir hann það betur eftir að þetta skref hefur verið tekið, — falli á eðlilegri hátt inn í hið almenna menntakerfi okkar. Það hlýtur að vera okkar takmark. Hér er hins vegar tekið skref í rétta átt. Það er auðvitað sjálfsagt að losa þessi algeru tengsl við þessa einu stofnun, við þetta eina hæli, og auka um leið með því sjálfstæði skólans og þá auðvitað fyrst og fremst, eins og mér sýnist meiningin vera með þessu frv., að auka og bæta við þessa menntabraut. Ég veit að það er næstum útilokað að það geti farið saman, að forstöðumaður þessa hælis sé jafnframt skólastjóri þessa skóla, hversu vel sem hann vill að þessu vinna.

Það vekur hins vegar athygli okkar um leið á hvaða lögum er verið að gera hér breytingu. Það eru lög sem heita því óheppilega nafni: Lög um fávitastofnanir. Þetta eru ekki gömul lög að vísu, þau eru ekki orðin áratugsgömul, en þau eru í mörgu mjög úrelt, og þetta atriði, sem hér er um fjallað, er aðeins eitt atriði af mörgum. Ég tel þessi lög úrelt vegna þess að til rúms hefur rutt sér ný stefna í málefnum þroskaheftra almennt. Við höfum að vísu lagað okkur töluvert að þessari stefnu og margir framsýnir menn hafa gert það myndarlega. En okkur vantar engu að síður ýmis lagaákvæði sem falla betur að þeim nútímaviðhorfum sem nú eru almennt uppi í þessum efnum.

Þegar lögin voru sett, þá er það staðreynd að þá var innilokunarstefnan, sem ég vil kalla svo, sú stefna að safna helst öllu þessu fólki á eitt hæli, — þá var þessi stefna alls ráðandi, og lögin hljóta að nokkru leyti að hafa tekið mark þar

af og gera það þegar þau eru grannt lesin. Nú er um gerbreytt viðhorf að ræða, fyrst og fremst miklu manneskjulegri viðhorf, en einnig viðhorf sem hafa í för með sér aukna þjóðhagslega hagkvæmni þar sem þessu fólki er í æ ríkara mæli beint út á einhverja þá braut sem því er fært að feta á lífsleiðinni og geta þar með orðið liðtækari einstaklingar en það hefur áður verið og fyrst og fremst auðvitað til gagns og gleði fyrir sjálft sig. En þetta kallar allt á alvarlegt endurmat í heild. Ég skal ekki fara nánar út í það. En það hefur verið flutt till. þm. úr öllum flokkum um samræmda heildarlöggjöf í þessu efni í anda þeirrar nýju stefnu sem hér hefur rutt sér til rúms, og ég vonast til þess að hún hljóti samþykki og að lög þar að lútandi verði samræmd nýjum og bættum viðhorfum.

Ég hnaut um það hér eins og oft áður, þó að það sé ekki varðandi þetta frv. sérstaklega, að um stjórn skólans, starfslið, námstíma, námsefni, inntökuskilyrði og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð. Margt er þetta eðlilegt. En reglugerðarákvæði í okkar lögum kalla fram í hugann áleitnar spurningar, þ. e. a. s. hversu afgerandi eru lögin, hversu skýrt segja þau til um hvað meiningin er að gera og hversu mikið segir svo blessuð reglugerðin sem samin er af embættismönnum — ágætum embættismönnum oft og tíðum? Það fer, held ég, jafnvel í vöxt að lög eru höfð ónákvæm, ákvæði þeirra eru ekki nógu nákvæm, kannske vitandi vits, og síðan er vísað í reglugerð sem allsherjarlausnarorð fyrir það sem á vantar í lögin. Ég var nefnilega spurður að því núna á tveimur eða þremur fundum, sem ég var á eystra, hversu mikið af valdi þm. afsöluðu sér með þessum eilífu reglugerðarákvæðum, hversu mikið vald við værum að færa út til embættismannanna með þessu. Það er staðreynd að embættismenn túlka auðvitað lög misjafnlega og oft á hæpinn hátt, vægast sagt, og fá þannig mikið vald, — vald sem ég vildi gjarnan að við í þinginu gætum haft a. m. k. áhrif á. Mér dettur þetta nú ekki aðeins í hug í þessu sambandi, en skal koma nánar að á eftir hvers vegna þetta kom upp í hugann.

Hér er spurning um almenna meðferð reglugerða í framhaldi af lagasetningu. Mér fyndist að mörgu leyti eðlilegt að þessar reglugerðir kæmu til skoðunar hjá viðkomandi þn. áður en þær hlytu endanlegt samþykki ráðh. og viðkomandi þn. könnuðu hvort hér væri að málum staðið eins og lög segðu til um. Ég held að það væri tvímælalaust til bóta. Þn. fengu þarna kærkomið viðbótarstarf í oft algeru aðgerðaleysi yfir vetrartímann, kannske einhverja sumarvinnu í þokkabót. Það held ég að væri bara til bóta fyrir viðkomandi þn., og þetta hlýtur að vera eðlilegt og sjálfsagt. Við vitum nefnilega mörg dæmi um reglugerðir sem beinlínis ganga á svig við lög eða þann anda sem í þeim var túlkaður, og er skemmst að minnast mikilla deilna um lög um Lánasjóð ísl. námsmanna og reglugerðir varðandi hann.

Það var aðeins eitt atriði, sem hér á að verða reglugerðarákvæði, sem ég hnaut um og það var um inntökuskilyrðin í þennan skóla. Ég held að það sé að verða almenn stefna varðandi þennan Þroskaþjálfaskóla, að þar skuli þeir sitja mjög mikið fyrir sem hafa stúdentspróf, sem kemur þessu máli allt of lítið við, því miður. Ég get sagt hér litla sögu af þessu. Stúlka úr minni heimabyggð, sem á tvær vangefnar systur sem hún hefur annast af mikilli prýði ásamt móður sinni, fór fram á það að ég hjálpaði henni til að komast í þroskaþjálfanám. Hún hafði ágætt gagnfræðapróf og framhaldspróf til viðbótar, 5. bekkjar próf í uppeldisbraut, og til viðbótar því hafði hún unnið á Kópavogshælinu. En aðsókn stúdenta í þennan blessaða skóla var það mikil að auðvitað kom svona lítt menntuð stúlka þrátt fyrir allt ekki til greina og henni var neitað um skólavist tvívegis þrátt fyrir það að ég veitti henni mín bestu meðmæli og segði í öllum greinum satt og rétt frá hennar mikla áhuga einmitt á þessu sviði og ástæðunum til þess að hún hefði mikinn áhuga á að læra þetta. Síðan gerist það aftur í sumar að frændi minn einn ætlar að fara í þennan sama skóla, og ég þurfti varla að orða þetta, hann flaug inn, enda var hann stúdent.

Ég held að þetta þurfi vel að athuga. Þetta er sennilega ein viðleitnin í björgunarstarfsemi gagnvart hinum mikla fjölda stúdenta til að koma þessu ráðvillta fólki inn á einhverja gagnlega braut eftir að það er búið að ljúka að mörgu leyti tilgangslausu námi sínu í menntaskóla, sem oft hneigist að allt öðru frekar en því sem það tekur sér svo fyrir hendur á eftir. Þetta er að vísu meira mál en svo — og óskylt þessu — að það verði rætt hér. En ég vil skora á hæstv. ráðh. að tryggja með reglugerðinni því fólki, sem hefur áhuga, reynslu og eins og ég benti á áðan góða undirstöðumenntun í þessum efnum, aðgang að skólanum, en gera hann ekki að einhverjum alhliða bjarghring fyrir ráðvillta stúdenta.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. sagði almennt um þessi mál. Og það er nokkurn veginn sama hvort háltill., sem hann gat um, verður samþ. eða ekki. Ef hún verður ekki samþ. eða nær ekki fram að ganga, þá hef ég mikinn hug á því að þessi lög öll verði endurskoðuð með það fyrir augum að þeirri endurskoðun verði lokið næsta haust eða snemma næsta vetrar. Þarna hafa orðið það miklar breytingar á ekki lengra árabili, eins og hann gat réttilega um, að það er brýn nauðsyn orðin á því að breyta hér mörgu. En ég vildi ekki ganga fram hjá vilja skólastjórnarinnar og almennum vilja þess fólks, sem að þessum málum vinnur, að fá þessa breytingu hvað snertir Þroskaþjálfaskólann.

Varðandi það atriði, sem þm. minntist á, hvað reglugerðarákvæði eru víðtæk og embættismenn fá þar víðtækt vald í hendur, þá veit ég ekki hvort þar er mikill munur á. Þegar verið er að fjalla um lagafrv. er það mjög víðtæk árátta flestra þm. að þeir vilja helst ekki hafa nokkra skoðun á viðkomandi frv. fyrr en þeir eru búnir að heyra álit sérfræðinga, svo að það má kannske varla á milli sjá hvort þeir ráða meiru við lagasmíðina sjálfa eða reglugerðarsmíði. En þetta er matsatriði hverju sinni. Oft eru ráð sérfræðinga góð, stundum eru þau minna virði,

og ég held að það sé rétt að þm. almennt reyni að hafa í sem flestum tilfellum sínar skoðanir og sína þekkingu og sitt brjóstvit í afstöðu til mála.

En varðandi inntökuskilyrðin, þá er ég ræðumanni alveg sammála um að það á ekki að setja alfarið skilyrði um að viðkomandi umsækjendur hafi tiltekin próf, og ég mun ekki stuðla að því að útiloka eða setja í annan flokk fólk með gagnfræðapróf sem hefur unnið á þessum hælum, sýnt natni og skyldurækni í störfum fyrir þessa sjúklinga, að það eigi að kosta það að það komist ekki í þennan skóla til þess að halda þessum störfum sínum áfram. Það er gagnlegt fyrir menn, sem fara með þessi mál, að kynnast viðhorfum þessa fólks. Ég hitti í heimsókn minni um daginn tvær ungar stúlkur sem vinna við gæslu á Kópavogshælinu og höfðu sótt um inntöku í Þroskaþjálfaskólann og fengið synjun. Þær höfðu ekki stúdentspróf og þær þurftu að bíða. Maður sá að þessar stúlkur höfðu áhuga á starfi sínu og höfðu jafnframt ánægju af því að sinna þessu fólki, og þess vegna megum við ekki, hvorki í lögum né reglugerðum, útiloka jafnvel bestu starfskraftana fyrir það eitt að þeir hafa ekki ákveðið próf. Og kannske er þetta fólk helst á því að gera þetta starf að ævistarfi. Annað fer í það um stuttan tíma og heldur svo áfram námi og fer í eitthvað annað. Þarna verðum við að gæta þess að útiloka ekki þessa aðila. Ég er að því leyti til algerlega sammála hv. þm. hvað þetta snertir, og ég skal hafa það í huga við útgáfu og breytingu á reglugerðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 291). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, felst heimild fyrir ríkisstj. til þess að auka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og framlag Íslands til Alþjóðabankans. Er um að ræða almennar hækkanir aðildarlandanna í samræmi við nýjar ákvarðanir um hækkun stofnfjár þessara stofnana. Hækkanir stofnfjár hafa farið fram áður, síðast samkv. l. nr. 28 frá 28. apríl 1970. Ísland hefur verið aðili að sjóðnum og bankanum frá stofnun þeirra 1945 og hefur notið ýmiss konar hagræðis af aðildinni. Víðtæk endurskoðun á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur átt sér stað undanfarið, og mun sérstakt frv. um staðfestingu Íslands á þeim breytingum verða lagt fyrir Alþ. á næstunni. Að öðru leyti vísa ég til aths. við frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 290). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að lögfesta grundvallarreglur við úthlutun olíustyrksins. Í fjárl. fyrir árið 1977 er gert ráð fyrir að verja allt að 698 millj. kr. í styrk til einstaklinga vegna upphitunar íbúðarhúsnæðis með olíu og til rafveitna vegna framleiðslu rafmagns með olíu til upphitunar íbúða. Sú breyting varð að þessi liður er í fyrsta skipti tekinn í fjárlög nú og tekjuölflun í þessu skyni er samkv. lögum um söluskatt, en áður giltu sérstök lög um tekjuöflunina og úthlutun styrksins. Frumvarp til Orkusjóðs er nú sérstakur liður í fjárlögum.

Eldri lög um þetta efni giltu frá 1. mars 1976 til 28. febr. 1977, en voru afnumin frá 1. jan. s. l. með lögum um söluskatt. Gert er ráð fyrir því í frv. að desembergreiðsla samkv. þeim lögum verði greidd með greiðslu fyrir jan. til mars 1977 og tekjuöflun til hennar verði samkv. eldri lögum. Ákvæði frv. eru ekki tímabundin, þannig að þau gilda áfram á meðan fé er veitt á fjárl. í þessu skyni. Rétt þykir að viðskrn. ákveði upphæð styrksins miðað við fjárveitingu hverju sinni.

Eins og hv. þm. er kunnugt eru hitaveituframkvæmdir á döfinni á nokkrum stöðum, svo sem á Reykjavíkursvæðinu, Suðurnesjum, Siglufirði og víðar. Munu þær smám saman draga úr fjölda þeirra sem olíustyrks njóta, þannig að meira ætti að öðru jöfnu að geta komið í hlut hvers sem hann fær. En fjárhæð sú, sem á fjárl. er ætluð í þessu skyni, er við það miðuð að styrkfjárhæð á þessu ári til einstaklinga geti verið sú hin sama og á s. l. ári.

Um þetta mál var almennt rætt í sambandi við söluskattsfrv., þegar það var til umr. hér á sínum tíma, og ég sé ekki ástæðu til að fara út í umr. um það. Það má segja að þetta sé aðeins afleiðing af því sem þá var gert, en þykir eðlilegra og reyndar nauðsynlegt að lögfesta úthlutina á því fé sem veitt er í þessu skyni í fjárlögum.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Jón Helgason: Herra forseti. Með frv. þessu er verið að setja ramma til að skipta því fjármagni sem veitt verður hverju sinni á fjárl. til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Tilgangurinn er að draga úr þeim mun, sem verður á milli þeirra, sem njóta hitaveitu annars vegar, og hinna, sem ekki eiga kost á því. Með þeirri reglu, sem notuð er við úthlutun olíustyrksins, er það misjafnt hversu langt hann hrekkur til að jafna þennan mismun þar sem það fer eftir íbúafjölda húsa. Auk þess eru hitaveitutaxtar misjafnir. Besta lausnin á þessu máli og sú sem hlýtur að koma er að gefa öllum, sem ekki eiga kost á hitaveitu, möguleika til að fá raforku til húshitunar og miða síðan raforkuverðið við hitaveitu. En til þess að það verði hægt þarf víða að endur-

byggja dreifikerfi rafmagns og er það eitt af því sem rekur á eftir endurbyggingu þessari.

En enda þótt við séum eflaust sammála um að æskilegt væri að ganga lengra en gert hefur verið til að jafna hlut þeirra sem hita upp hús sín með raforku, þá er það tvímælalaust mjög fámennur hópur annar sem er langverst settur í orkumálum hér á landi, þ. e. a. s. þeir sem ekki njóta raforku frá samveitu eða hafa viðunandi vatnsaflsstöðvar til raforkuframleiðslu. Þeir reyna flestir að leysa rafmagnsmál sín með litlum dísilstöðvum. En þegar olíuverðhækkunin bætist ofan á allan annan rekstrarkostnað þeirra er það orðinn langtum þyngri baggi en aðrir búa við. En það ætti að vera tiltölulega auðvelt að létta þennan bagga því að sem betur fer eru þessir aðilar að verða fáir. Það munu nú vera um 75 býli sem áætlað er að fái rafmagn frá samveitu og eftir er að tengja við hana. Stefnt er að því að tengja flest þessi býli á þessu ári eða svo fljótt sem kostur er. En þá verða eftir þau sem engin slík áætlun nær til. Sum þeirra hafa viðunandi vatnsaflsstöðvar, en það hefur verið gerður listi yfir hin, sem ekki njóta þeirra heldur, og kemur þá í ljós að þar er um að ræða aðeins 62 býli í byggð. Eins og ég sagði áðan er hér um svo fáa aðila að ræða að það á að vera viðráðanlegt að veita þeim stuðning. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að það verði athugað í n. þeirri, sem fær þetta mál til meðferðar, að bæta við nýjum lið í 1. gr. frv. þar sem kveðið verði á um styrk til þessara aðila, síðan verði reynt að koma til móts við það þegar á þessu ári enda þótt heildarfjárveiting hafi þegar verið ákveðin, en síðan kemur þetta þá inn við ákvörðun fjárveitinga framvegis.

Annað atriði, sem ég tel einnig þörf á að athuga hvort ekki er hægt að koma inn í þennan ramma og skoða þarf í n., er stuðningur við upphitunarkostnað heimavistarskóla á grunnskólastigi, a. m. k. þá sem ekki eiga kost á hitaveitu. Rekstrarkostnaður slíkra skóla er óhjákvæmilega miklu meiri en hinna og leggst allur á þau sveitarfélög sem að þeim standa. Við undirbúning að setningu grunnskólalaga kom fram ábending a. m. k. frá Búnaðarþingi um að upphitun heimavistarskóla yrði greidd af ríkissjóði. Sú till. náði ekki fram að ganga. Meðan svo stendur hlýtur að verða að leita annarra úrræða sem ganga í rétta átt. Það gildir auðvitað sama um þetta og fyrra atriðið, að heildarfjárveiting til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana hefur verið ákveðin á þessu ári og þar er mjög þröngur stakkur skorinn. En aðalatriðið er þó að koma ákvæðum um þetta inn í rammann, þ. e. a. s. inn í þessi lög, svo að hægt verði að sinna því framvegis.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. viðskrh. kom hér inn á áðan, ákvörðun hefur þegar verið tekin um það hve miklu fé skuli varið til þess að jafna þann mismun sem hér er á, og flutningur þessa frv. er aðeins afleiðing af því og sjálfsögð afleiðing, til þess að sá rammi, sem notaður hefur verið, gildi áfram. Ég hlýt hins vegar enn þá einu sinni að gagnrýna meðferð þessa fjár.

Það var bent á það hér í umr. fyrir jólin að það fólk, sem býr á köldu svæðunum, býr við það að hita hús sín með olíu, mundi greiða um það bil 550 millj. kr. í þetta söluskattsstig, en fengi svo aftur til baka 700 millj. tæpar í staðinn og þó varla það kannske vegna styrks til rafveitna, þó að hann eigi að koma þeim til góða einnig. Ég hef ekki séð þessum tölum mótmælt, og það þýðir auðvitað að hér er um ákaflega lítinn jöfnuð að ræða, ef þarna er ekki nema kannske ríflega 100 millj. kr. mismunur sem í raun og veru kemur þessu fólki beint til góða.

Annað kemur hér inn í einnig, og það er að ákvörðun hefur þegar verið tekin svo að sú n., sem fær þetta til meðferðar, hefur ekki það svigrúm sem hún hefur þó haft til þess að breyta í nokkru þessum upphæðum. Ég minnist þess frá því í fyrra, að þá var upphæðinni breytt, enda lýsti hæstv. viðskrh. því þá yfir við 1. umr. að hann hefði síður en svo á móti því að sú upphæð yrði hækkuð. Þá var það gert. Nú er ekki svigrúm til þess. Það er ekki heldur svigrúm til þess að breyta þessu hvað snertir ellilífeyrisþega nema þá á þann hátt að taka af hinum. Enn þá kæmi það þó til álita, því að ég hef alltaf verið á þeirri skoðun að það þyrfti að taka aukið tillit til þeirra sem búa í oft mjög óhagkvæmu húsnæði sem er dýrt til kyndingar.

Ég varð mjög var við það nú eystra að þetta mál var mikið umrætt fóks á milli, og við þm. almennt auðvitað vorum gagnrýndir harðlega fyrir þessa meðferð. Fyrir mig var þetta kannske tiltölulega auðvelt, því að ég vísaði bara á stjórnvöld í þessu efni og bar af mér sakir varðandi þessa meðferð. En það breytir ekki hinu, að upphaflegur tilgangur þessa fjár var fyrst og fremst að jafna þann mikla mismun sem hér er enn þá á og var kannske tilfinnanlegastur í byrjun vegna þeirrar snöggu sveiflu sem þá kom í olíuverðhækkuninni. Og hér er í raun og veru í þessu máli um mikið byggðamál að ræða. Ég þekki persónulega dæmi um það, að þó að maður taki þennan olíustyrk inn í tiltölulega margmenna fjölskyldu, þá er hér um tvöfaldan kostnað að ræða miðað við það sem ég greiði sjálfur hér syðra, — alveg um tvöfaldan kostnað að ræða.

Ég hef verið sammála því út af fyrir sig, að það væri réttlætanlegt að verja einhverju fé til framkvæmda sem stuðluðu að frambúðarlausn ákveðinna héraða eins og gert hefur verið. En mér þykir bara þessi mismunur vera orðinn allt of mikill, að af þessu söluskattsstigi eða því fé, sem þannig aflast, sé varið 1000 millj. í önnur verkefni en þau sem upphaflega átti að gera, en aðeins 700 millj. beint til jöfnunar, þegar svo aftur er litið á hvað íbúarnir á þessum olíusvæðum greiða mikinn hluta af upphæðinni beint í söluskatti. Það er sem sagt spurning um það hversu mikið hefði átt að fara þangað og hversu mikið hefði átt að gera í því að létta á fólki í raun og veru þennan mikla vanda.

Ég benti á það í umr. hér fyrir jólin að þessum 1000 millj. er mjög misskipt milli landshluta, að mér sýnist. Ég sé það t. d. að hlutur okkar austfirðinga í þessum efnum er smár. Við lendum auðvitað ekki í þeim 300 millj. sem fara

í hitaveituframkvæmdir, þar auðvitað komum við ekki neitt við sögu. Við komum aftur mjög takmarkað með hvað snertir borunarframkvæmdir, kannske 70—80 millj. eða eitthvað því um líkt. Og við komum vonandi eitthvað inn í þann hluta sem snertir styrkingu á dreifikerfinu. En engu að síður er það staðreynd að þessu fé er mjög misskipt milli landshluta, og þessi landshluti, sem er nú verst settur allra hvað snertir orku og möguleika á því að fá raforku til húshitunar, hann er líka hart leikinn í skiptingu á þessari upphæð.

Það er auðvitað alveg rétt, eins og hv. þm. Jón Helgason kom hér inn á áðan, að það hlýtur að vera frambúðarlausnin, sem við stefnum að, að sem flestir fái þá lausn á sínum málum að þeir fái raforku til húshitunar þar sem ekki er annars kostur. Ég vil einnig taka undir orð hans varðandi heimavistarskólana. Í því máli liggur hér fyrir frv. og því má eflaust breyta og gera einhverjar aðrar till. þar um, en við þetta frv. hefur komið fram mjög eindreginn stuðningur, m. a. eystra þar sem þetta er mjög þungbært. Menn hafa lýst yfir fylgi við það að jafna þarna út, auðvitað ekki að skapa þarna fullkominn jöfnuð, en jafna þarna nokkuð út.

Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að harma að þessi fjárhæð skuli ekki vera hærri, að þessar tölur t. d. skyldu þó a. m. k. ekki snúast við, þannig að það væru 1000 millj., sem í þetta færu, og 700 aftur til hins. Um þetta má e. t. v. deila, að hvaða leyti eigi að vinna að frambúðarlausn með þessum hætti. Ég hygg að það hefði átt að gera með öðrum hætti og það fólk, sem býr við þennan mikla mismun, hefði átt að njóta þess í enn ríkara mæli en raun ber vitni. Nú sem sagt er búið að taka þessa ákvörðun. Fjh.- og viðskn. hefur áður beitt sér fyrir vissri lagfæringu í samráði við hæstv. viðskrh. Nú er þetta svigrúm úr sögunni, þannig að það er ekki von neinna breytinga eða neinna lagfæringa hér á.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef síður en svo við það að athuga að hv. n. taki ábendingu hv. þm. Jóns Helgasonar til athugunar. En sá böggull fylgir náttúrlega skammrifi, að þá er hætt við að það verði minna sem kemur til úthlutunar hjá öðrum einstaklingum. Ég vil mælast til þess að n., þegar hún athugar þetta, kalli á sinn fund Yngva Ólafsson í viðskrn., sem hefur með þessi mál að gera og er þeim kunnugastur, og fari þá yfir þessar tölur og athugi hvort þær eru þess eðlis að þær leyfi eitthvert svigrúm í þessu efni.

Út af því sem hv. þm. Helgi Seljan sagði, þá er ég ekki í aðstöðu til þess hér að segja neitt til um hvernig þessir útreikningar, sem hann var með, eru fundnir eða hvort þeir standast eða ekki. Ég læt það liggja á milli hluta því að ég get ekkert um það sagt. En um hitt auðvitað þarf ekki að deila, að þessi styrkur getur ekki jafnað nema að litlu leyti þann mismun sem er í þessu efni á milli þeirra, sem búa við hitaveitur, og hinna, sem verða að nota hina dýru olíu. Því miður er nú hætta á að olían fari heldur hækkandi en lækkandi, þannig að þessi mismunur geti þá frekar aukist heldur en hitt. Þess vegna er það eitt mikilvægasta verkefnið, sem við er að fást, að reyna að koma hitaveitum sem víðast. Ég hugsa að hitaveitur séu langbesta fjárfestingin sem við getum lagt í núna, því að olíuverðið er orðið svo geysilegt að það er í raun og veru það sem, ef svo mætti segja, allt ætlar um koll að keyra, t. d. í gjaldeyrismálum, af því að olían er svo langsamlega þyngst á metum þar, olía og bensín. Það hefur því mikið að segja þrátt fyrir allt, þó að olíu þurfi auðvitað að nota til margvíslegra annarra hluta og verði ekki komist hjá því að nota hana til margra hluta, hver staðurinn, þéttbýlisstaðurinn t. d., sem kemst í samband og fær hitaveitu. Og þó að þetta geti verið og sé laukrétt hjá honum, að eins og sakir standa getur þetta komið misjafnt út eftir landshlutum, hverjir njóta þess í bili að fá þessa fyrirgreiðslu varðandi hitaveituleit og borun, þá er hinu ekki að neita, að tæknin er orðin miklu meiri en var og við jarðhitaleit kemur í ljós að jarðhiti er miklu víðar en menn létu sig dreyma um áður. Þess vegna held ég að þeim fjármunum, sem fara til jarðhitaleitar og borunar, sé ákaflega vel varið. En ég vil ekki á neinn hátt draga úr því að hér er um aðstöðumun að ræða. Það er ástæðulaust að vera að draga fjöður yfir það.

Um úthlutunarreglurnar má auðvitað lengi deila, hvort á að deila þessu út eins og gert hefur verið, að miða við fjölskyldustærð. Ég hygg samt að það sé almennt séð réttlátari niðurstaða heldur en miða við eitthvað annað. Að vísu getur þetta komið hart niður og kemur hart niður á t. d. fullorðnu fólki, hjónum, sem kannske eru orðin ein eftir í stóru húsi. Það er augljóst mál. En það er hv. Alþingis að athuga það ef það vill breyta þessum reglum. Eins og er hefur ramminn verið sniðinn. Eins og hv. þm. sagði er ekki um annað að ræða nú heldur en að lögfesta úthlutun á þessu fé innan þessa ramma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 43. fundur.

Mánudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Lágmarkslaun, frv. (þskj. 150). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er tekið á dagskrá, fjallar um lög um 100 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði. Það er flutt af þrem alþfl.-mönnum í þessari hv. d. og kom frv. fram af okkar hálfu fyrir miðjan desembermánuð. Þessu frv. var og er ætlað að gilda, ef samþ. yrði, aðeins um mjög skamman tíma eða fram til næstu samninga verkalýðsfélaga, svo að það er í rauninni búið að rýra hugsanlegt gildi málsins verulega með því að það skyldi ekki komast á dagskrá fyrr og þurfa að bíða í þinghléi. Ekki treysti ég mér þó til þess að bera fram umkvörtun við hæstv. forseta

vegna þess hve mikið var í desembermánuði af aðkallandi málum sem þingið varð að afgreiða.

Ég skal verða fyrstur manna til að játa að það muni vafalaust koma flatt upp á alþm. og aðra að flutt er slíkt frv. um að sett verði lög um 100 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði og að tíma- og vikukaup skuli reiknast eftir þeirri upphæð miðað við 40 stunda vinnuviku. En frv. þetta gegnir engu að síður hlutverki og fellur inn í kjarabaráttu verkalýðsfélaganna eins og hún er háð undir forustu Alþýðusambands Íslands.

Upphafið að þessu máli er að finna á síðasta þingi Alþýðusambands Íslands sem haldið var í nóvembermánuði, en meðal afdráttarlausustu ályktana, sem þar voru gerðar, er að finna þessi orð: „Þingið telur að lágmarkslaun fyrir dagvinnu megi ekki vera lægri en 100 þús. kr. á mánuði og önnur laun hækki til samræmis við það, þannig að launabil haldist að krónutölu."

Hér er sem sagt um að ræða mál sem samþ. hefur verið sem stefnumarkandi ályktun á fjölmennasta þingi, sem Alþýðusamband Íslands hefur haldið, að því er ég best veit samþ. einróma. Þingflokkur Alþfl. hefur tekið málið upp á Alþ. til þess að styðja með því kjarabaráttu alþýðusamtakanna og að koma því enn betur á framfæri, sem er skoðun þeirra, að fjölskyldur komist ekki af nú á dögum í þeirri verðbólgu, sem stöðugt fer vaxandi, nema launin séu 100 þús. kr. á mánuði eða meiri. Hér er um allmikla hækkun að ræða frá því kaupi sem gildir samkv. samningum fyrir venjulega dagvinnu, en engu að síður er óhjákvæmilegt fyrir þing og þjóð að horfast í augu við þá staðreynd, að með þróun kjaramála í óðaverðbólgu síðustu 2—3 ára er Ísland að verða láglaunaland. Það verður að gera átak til þess að stöðva þá þróun og snúa henni við ef það er ætlun þjóðarinnar og forustumanna hennar að ná því marki um almenna lífsafkomu og jöfnun kjara í landinu sem flestir játa í orði a. m. k.

Hugmyndin með því að flytja frv. um slíkt mál er að sjálfsögðu mjög takmörkuð, það er stefna Alþfl., eins og það hefur alla tíð verið stefna launþegasamtakanna, að að jafnaði skuli alls ekki ákveða kaup og kjör með lagasetningu, heldur með samningum. Hins vegar getur staðið svo á að lagasetning sé talin réttlætanleg, og mun það hafa verið orðað svo á öðrum stað í samþykkt síðasta Alþýðusambandsþings, að samtökin geti því aðeins sætt sig við lagaákvörðun kaups og kjara að þau séu hlynnt þeim ákvæðum. M. ö. o.: samtökin sætta sig ekki við nauðungarlagasetningu um kjör sem þau telja ekki viðunandi.

Þetta frv. mundi, ef það væri samþykkt, falla inn á samningstímabil verkalýðsfélaganna vegna þess að 3. gr. þess kveður svo á að lögin muni falla úr gildi jafnóðum og hver starfsstétt gerir nýja kaup- og kjarasamninga. M. ö. o.: verkalýðsfélögin eru bundin við samninga til ákveðins tíma, en á þessum tíma verður slík óðaverðbólga sem enginn gat séð eða vildi sjá fyrir, og við teljum óhjákvæmilegt að gera bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja með lögum viðbót við hin umsömdu kjör það sem eftir er af samningstímanum. Þegar samningar um kaup og kjör verða næst gerðir samkv. gildandi ákvæðum, þá koma þeir til framkvæmda eins og um verður samið. Það má því líta á þetta sem eins konar neyðarhjálp vegna óðaverðbólgu, og við teljum að það sé tvímælalaust réttlætanlegt að veita slíka neyðarhjálp með lagasetningu. Enda þótt tíminn hafi styst, þá gæti þetta frv. haft áhrif í tvo til þrjá mánuði engu að síður, og flm. telja að það mundi vera mikill áfangi, bæði vegna kjarabóta, sem í því mundu felast það tímabil, en þá ekki síður með þeirri viðurkenningu og þeim stuðningi sem samþykkt málsins mundi vera af hendi Alþingis.

Í þessu sambandi vil ég minna á að hæstv. dómsmrh., sem er formaður annars stjórnarflokksins, lét orð falla í áramótahugleiðingu sinni í Tímanum í þá átt, að hann fengi ekki skilið hvernig alþýðufjölskyldur í landinu komast af með þeim dagvinnutekjum sem nú eru ríkjandi. Þegar annar forustumaður ríkisstj. lætur í ljós slíkar skoðanir við áramót er ekki hægt annað en taka það alvarlega, að kaupgjald alls þorra vinnandi manna hafi nú dregist svo mjög aftur úr verðgildi og framfærslukostnaði að ekki sé hægt að líta á það án þess að grípa til einhverra aðgerða.

Ég geri fastlega ráð fyrir því að þessu frv. verði — ef einhverjir kæra sig um að svara því — mætt með hinum venjulegu röksemdum um að atvinnuvegir þjóðarinnar geti ekki borið slíka kauphækkun og það sé ábyrgðarleysi að tala um slíkt stökk sem hér mundi vera um að ræða. Þetta eru þær röksemdir sem alltaf hafa verið færðar fram gegn óskum um hærra kaupgjald til þeirra stétta sem hafa það lægst í landinu. Í því sambandi vil ég aftur minna á að Ísland er að verða láglaunaland, langt á eftir nágrannalöndum með laun fyrir eðlilegan vinnutíma, og að það getur valdið þjóðinni óbætanlegu tjóni ef vinnutími og vinnuálag verður í marga áratugi eins og það hefur verið nú hin síðustu ár. Þess vegna er óhjákvæmilegt að allir þeir, sem ráða fyrir atvinnufyrirtækjum og öðrum stofnunum, er hafa fólk í þjónustu sinni, geri sér ljóst að þessi fyrirtæki og þessar stofnanir verða að skila vinnandi fólki meira kaupgjaldi en þau hafa gert. Tilgangur allra slíkra stofnana er að okkar áliti að tryggja afkomu fólksins, og það verður að ganga á undan hlutum eins og arði í vasa eigenda eða öðrum gróða á rekstri.

Það er ljóst að fá fyrirtæki muni geta hækkað kaupgjaldið með nokkrum pennastrikum án þess að það hafi alvarleg áhrif á rekstur þeirra og í mörgum tilfellum mundi e. t. v. valda þeim beinum taprekstri á skömmum tíma. Þetta er sjálfsagt að viðurkenna eins og aðstæður eru í dag. Þess vegna er það skoðun okkar að í fyrsta lagi þurfi í þessum efnum að verða algjör hugarfarsbreyting bæði hjá ráðamönnum þjóðarinnar og ráðamönnum atvinnufyrirtækja og stofnana, en síðan verði með sameiginlegu átaki ríkisvalds og þessara aðila að breyta aðstæðum þannig að fyrirtækin geti greitt verulega hærra kaup en þau hafa gert. Að nokkru leyti ætti að vera hægt að gera þetta með almennri hagræðingu á ýmsum sviðum. Ég tel þó líklegast að mest mundi muna um breytta stefnu í vaxtamálum, því það er nánast óheyrilegt hvað atvinnufyrirtæki á Íslandi verða að greiða stórar upphæðir

í vexti vegna þess hve mörg þeirra hafa verið byggð upp fyrir lánsfé og með lítið eigið fé. Auðvitað hangir vaxtastefna saman við verðbólgumálin, en hún er orðin svo skaðvænleg eins og hún er í seinni tíð að það er ekki hægt að ganga fram hjá því máli. Ef það væri hægt að koma á verulegri breytingu hvað þetta eitt snertir, þá mundi geta atvinnufyrirtækjanna til þess að greiða fólki verulega hærra kaup batna til mikilla muna.

Ég vil ítreka það, að verði þetta frv. gert að lögum og þar með ákveðið að það skuli greiða öllum þeim, sem 16 ára eru eða eldri og hafa mánaðar-, viku- eða tímakaup, fyrir dagvinnu ekki minna en 100 þús. kr. á mánuði, þá mundi það væntanlega taka gildi eins fljótt og hægt er eftir að lögin eru samþ., en mundi gilda samkv. 3. gr. laganna þar til hver og ein starfsgrein gerir nýja kjarasamninga. Þetta er að vísu ekki langur tími, en ég er sannfærður um að ef Alþ. tæki þetta skref til leiðréttingar vegna óðaverðbólgu á milli samninga án þess að snerta nokkra samninga eða skerða gildi þeirra, þá mundi það skref hafa mjög góð áhrif á vinnumarkaðinn og auka verulega líkur á því, að það reynist unnt að ná á næsta vori eða sumri samningum sem allir aðilar gætu vel við unað.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég efast ekkert um að sú grundvallarmeining, sem stendur að baki þessu frv., er jákvæð, rétt, og síst skyldi ég verða til þess að mæla gegn því að launafólk á Íslandi á þessum tíma fengi leiðréttingu sinna mála. Ég held að ég geti tekið undir flest ef ekki allt sem fram kom í ræðu 1. flm. og frsm. þessa frv. sem hann mælti hér áðan.

En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hér hljóðs og fannst rétt að segja örfá orð af þessu tilefni, er hvernig á það verður litið af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í landinu ef löggjafinn ætlar að fara með þessum hætti að lögfesta laun. Hér er að vísu lagt til að hækka laun frá því sem er, en ég óttast fordæmið. Það er enginn vafi á því, að óvinveittar ríkisstj. í landinu finna flöt á því í framtíðinni að vísa til þessa fordæmis og vísa til þess að þjóðmálaástand hjá ríkinu sé með þeim hætti að nú sé nauðsynlegt og réttlætanlegt að grípa til lækkunar kaupgjalds með lögum. Það er þetta fordæmi sem ég óttast mjög að gefa óvinveittum valdhöfum í landinu — óvinveittum verkalýðshreyfingunni, óvinveittum launafólki í landinu — að grípa til þegar þeir telja sér henta og þeir telja sér stætt á að gera það. Það eru þessar efasemdir sem fyrst og fremst vakna í mínum huga þegar rætt er um að löggjafinn ákvarði kaupgjaldið með lögum frá Alþ. Það er á engan hátt það, að ég telji ekki réttlætanlegt, eins og mál hafa þróast og málum er nú komið, að hækka laun hjá launafólki.

Í grg. þessa frv. er vísað til ályktunar Alþýðusambandsþings á s. l. hausti, þar sem er réttilega á það bent að lágmarkslaun fyrir dagvinnu megi ekki vera lægri en 100 þús. kr. á mánuði. Það er að vísu gert ráð fyrir því í þessu frv., yrði það að lögum, að þá gilti það ekki nema þar til næstu samningar tækjust. En ég vil sem sagt mjög vara við því að löggjafinn fari að ákvarða með löggjöf bindandi kaupgjald. Það hefur a. m. k. allt til þessa og ég efast ekki um að það sé enn skoðun verkalýðshreyfingarinnar í landinu að það sé hennar verkefni og vinnuveitenda að semja um kaup og kjör. A. m. k. þætti mér gaman að fá um það vitneskju hvort nokkur breyting í aðra átt hefur átt sér stað hjá forsvarsmönnum verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Ég hef ekki orðið var við það. Og ég held satt að segja að það sé óbreytt afstaða verkalýðshreyfingarinnar, forustumanna í verkalýðshreyfingunni, að það eigi að vera vettvangur verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda að semja um kaup og kjör. Hitt þekkjum við, að ríkisvaldið hefur oft og tíðum gripið inn í samningsgerð og launamál, en ég er þeirrar skoðunar, að slíkt eigi alls ekki að gerast nema þá í neyðartilvikum. Og það er þess vegna sem ég kaus að taka hér til máls og segja örfá orð, á engan hátt til að andmæla þeirri hugsun, sem ég held að standi á bak við þetta frv., þ. e. a. s. að bæta kjör launafólks í landinu. Það er einungis þetta, að ég óttast að slík lagasetning gefi fordæmi sem eigi e. t. v. í framtíðinni að verða verkalýðshreyfingunni örðugt í skauti.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Í tilefni af þessu frv. og þeim umr., sem hér hafa farið fram, vil ég aðeins segja það, að það hefur engin breyting orðið á afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til þess, hvort þessum málum, þ. e. a. s. kjaramálum og kaupgjaldsmálum, eigi að skipa með lagasetningu frá Alþ. eða með frjálsum samningum. Það fer ekkert á milli mála að verkalýðshreyfingin byggir á því að samningar um kaupgjaldsmál skuli gerðir milli aðila á vinnumarkaðinum, eins og það heitir, þ. e. a. s. á milli samtaka verkafólks annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Ég lít ekki heldur svo á að það frv., sem hér er til umr., sé út af fyrir sig einhver breyting á þessari meginstefnu verkalýðshreyfingarinnar eða flutt í þeim tilgangi, heldur fyrst og fremst til þess að vekja athygli á alveg óþolandi ástandi í kaupgjaldsmálum verkafólks og þá einkum láglaunafólksins, og þá er spurning hvað á að kalla hér láglaunafólk og hvað ekki.

Sú þróun, sem hefur orðið í kaupgjaldsmálunum nú hin síðari ár, er á þann veg að kaupmáttur launa hins almenna verkamanns er nú lakari en hann var á árinu 1971. Þetta eru staðreyndir málsins í dag. Þegar svona er komið er hreint ekki óeðlilegt að á Alþ. sé vakin athygli á þessum málum. Ég tel hins vegar að það séu ekki miklar líkur á því að Alþ., eins og það er nú skipað, fari að gera þetta frv. að lögum, enda þyrftu líka ýmsar umbætur að verða á frv. ef raunverulega væri hugsað að það yrði að lögum, og það gæti skapað ýmis vandamál sem yrði að athuga sérstaklega.

En þó að það sé stefnumál verkalýðshreyfingarinnar að þessum málum eigi ekki að skipa með lögum, þá geta verið þær aðstæður að slíkt sé réttlætanlegt. Þegar saman fara aðgerðir ríkisvaldsins og jafnvel löggjafarvaldsins, stefna ríkisvaldsins ekki bara í kaupgjaldsmálunum, heldur í efnahagsmálum yfirleitt, sem leiðir til þess að

þær aðstæður skapast sem í raun og veru blasa nú við, þá getur verið sannarlega réttlætanlegt að löggjafarvaldið grípi inn í og bæti fyrir misgerðir sem hafa verið framdar. Ég vil því ekki segja að það sé algjörlega undantekningalaust að Alþ. eigi ekki að skipta sér af þessum málum. Það, sem fyrst og fremst hefur skapað það andrúmsloft í verkalýðshreyfingunni að löggjafarvaldið eigi ekki að hafa afskipti af þessum málum, er sú bitra reynsla að þau afskipti hafa yfirleitt verið á einn veg, þ. e. a. s. til skerðingar á kjörum fólksins. Það er það sem fyrst og fremst mótar afstöðuna. Við vitum auðvitað að það hafa ýmis góð mál líka verið afgreidd frá Alþ. sem snerta kjaramál og þá sérstaklega að því er varðar tryggingar og annað þess háttar sem verkalýðshreyfingin hefur þá gjarnan verið búin að knýja fram í samningum og síðan verið lögfest.

Hv. frummælandi sagði hér áðan — orðaði það þannig — að Ísland væri að verða láglaunaland. Ég held að það sé tvímælalaust hægt að taka sterkara til orða en þetta. Það er orðið láglaunaland. Við erum að verða með upp undir helmingi lægra kaupgjald fyrir dagvinnu hér á landi heldur en í nágrannalöndum okkar. Þegar svo er komið, þá held ég að sé óhætt að segja að Ísland sé orðið láglaunaland. Það, sem hefur bjargað íslensku verkafólki, er að það hefur getað bætt sér upp lélegt kaupgjald með því að leggja á sig aukna vinnu. Við vitum að vinnutíminn hér er engan veginn til fyrirmyndar og þyrfti að breytast verulega. En nú horfa mál þannig að þessi möguleiki þrengist dag frá degi. Það er ekki aðeins verið að segja verkafólki upp og fólk að verða atvinnulaust, heldur einnig verið að takmarka vinnutímann, sem gerir það að verkum að þær tekjur, sem fólk hefur haft vegna langs vinnutíma, skerðast verulega í mörgum greinum.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar, en tek það aðeins þannig að hér sé verið að vekja athygli á þessu óþolandi ástandi í kaupgjaldsmálunum. Það er sannarlega þess virði að alþm. hugleiði þessi mál og hvað þeir geti lagt af mörkum þegar nú eru, má segja alveg á næsta leiti, nýjar samningaviðræður og breytingar á samningum sem tvímælalaust verða í raun og veru að staðfesta það sem Alþýðusambandið gerði að kröfu sinni, að lágmarkslaun verði sæmilega lífvænleg fyrir hóflegan vinnutíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Svava Jakobsdóttir: Hæstvirtur forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna þingmáls, frv. sem var vísað til landbn. þessarar hv. deildar í desembermánuði s. l. Þetta frv. var flutt ásamt mér af hv. þm. Magnúsi Torfa Ólafssyni og Eyjólfi Sigurðssyni, sem þá sat á þingi fyrir Alþfl., og var þess efnis að Mjólkursamsölunni skyldi skylt að reka áfram a. m. k. 10 mjólkurbúðir í Reykjavík næstu 5 árin, svo fremi að nægilega margar afgreiðslustúlkur, sem nú starfa á vegum Samsölunnar, óskuðu að starfa þar áfram. Svo sem hv. þm. sjá, þá var eðli málsins samkvæmt nauðsynlegt að Alþ. tæki afstöðu til þessa frv. fyrir 1. febr. Nú er hins vegar síðasti dagur janúarmánaðar og nál. því miður ekki fram komið. Við umr. þessa máls tók formaður landbn. mjög vel í það að hraða afgreiðslunni og lofaði því af sinni hálfu að n. gerði allt sem hugsanlegt væri til þess að afgreiða málið og hraða afgreiðslu þess. Ég hef ekki ástæðu til þess að efa að hv. formaður n. hefur gert það. En sakir þess að nál. er ekki fram komið sé ég mig knúna til að fara þess á leit við hæstv. forseta að hann hlutist til um að það verði upplýst hér, hvað n. hefur gert í málinu, og fari þess á leit við n. að hún skili áliti. Nú er raunar svo komið að það fer að verða og er kannske orðið of seint að gera nokkuð í þessu máli þótt allir virðist sammála um óhagræði þess að Mjólkursamsalan skyldi leggja niður allar búðir sínar. Ég minni á að enn eru eitthvað um 50 stúlkur óráðnar í önnur störf og verða atvinnulausar frá og með morgundeginum að telja. Hér er því um ákaflega mikið alvörumál að ræða, og ég tel fyllstu ástæðu til þess að Alþ. sé gerð grein fyrir hvað út úr nefndarstarfi hefur komið.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi minna á það, að þessu frv. var útbýtt 6. des., það kom til umr. í hv. d. 9. des. og var vísað til landbn. 10. des.

Vegna þess, hvað hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði áðan, vil ég að það komi fram sem ég sagði um þetta mál í ræðu minni 9. des. s. l. Það var aðeins þetta, með leyfi forseta: „Ég sem formaður landbn. mun strax halda fund í landbn. og kalla þessa aðila fyrir n. og athuga hvernig hefur verið staðið að þessum samningum.“

Og enn fremur sagði ég í lok ræðu minnar, að ég teldi að það væri ákaflega hæpið að það væri hægt að skylda bændastéttina til þess að hafa opnar búðir, þetta mál væri flókið og ég teldi tormerki á því að það væri hægt að samþykkja þetta frv.

Það var ekki hægt að ná saman fundi í landbn. af ýmsum ástæðum fyrr en miðvikudaginn 15. des. Þá voru kallaðir fyrir hv. landbn. Nd. í fyrsta lagi fulltrúar frá Félagi starfsstúlkna í brauða- og mjólkurbúðum. Þær, sem komu frá því félagi, voru Sigfríð Sigurjónsdóttir, Lilja Kristjánsdóttir og Hallveig Einarsdóttir. N. spurði þær um þetta mál, eins og það lá fyrir frá þeirra sjónarmiði, og ég sé ekki beinlínis ástæðu til að ræða það mikið því að í þeim upplýsingum, sem koma hér fram á eftir, kemur í sjálfu sér málið allt fram. En það var athyglisvert að í þessum viðræðum, kom fram að þessum starfsstúlkum hefði líkað svo vel við þetta fyrirtæki, Mjólkursamsöluna, að þær vildu engan veginn fara frá Mjólkursamsölunni til annarra atvinurekenda.

Í öðru lagi var Guðlaugur Björgvinsson fulltrúi hjá Mjólkursamsölunni kallaður þar næst, og helstu upplýsingarnar í hans máli voru þær, að Samsalan hefði þá lokað 9 mjólkurbúðum

og í þeim voru 18 starfsstúlkur. 11 stúlkur hafa sótt um starf hjá Kaupmannasamtökunum, þar af 5 ráðnar. Kunnugt er að í 8—9 tilvikum hafa stúlkur neitað atvinnutilboðum frá Kaupmannasamtökunum. Það kom fram í máli hans að Mjólkursamsalan rak 59 búðir í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og 7 utan þess svæðis, alls 66 búðir. Af þessum 66 búðum voru 13 í leiguhúsnæði, þá eru eftir 53. Bindandi samkomulag var þá um sölu á 33 búðum til kaupmanna, þá voru eftir 20 búðir. Af þeim eru þegar seldar 4 búðir eða voru 15. des. Eftir voru þá 16 búðir og af þeim 9 utan Reykjavíkur. Staðan var sem sagt sú, þegar Guðlaugur Björgvinsson kom fyrir hv. landbn., að þá voru aðeins 7 búðir óseldar, þannig að ef hefði átt að samþykkja þetta frv., sem ég tel að mundi vera einsdæmi í löggjöf, að skylda menn til þess að halda uppi atvinnurekstri þannig, þá var þetta a. m. k. seint fram komið. Nm. gerðu mjög miklar fyrirspurnir sérstaklega um vanda eldri starfsstúlkna, og þá var margítrekað hvort Samsalan gæti ekki hugsað sér að reka áfram eitthvað af mjólkurbúðunum til að leysa mál þessara stúlkna. En sem sagt, þá voru eftir aðeins 7 búðir, sumt af þeim búðir sem var erfitt að reka, og vitað var að mjólk mundi koma í nágrenni flestra þeirra 1. febr. eða um það leyti.

Síðan komu fulltrúar frá Kaupmannasamtökunum: Magnús Finnsson framkvæmdastjóri og Guðni Þorgeirsson. Þessi mál voru rædd við þá fram og aftur og var sérstaklega spurt hvaða möguleikar væru á að leysa vanda þessara 36 kvenna sem komnar væru yfir sextugt, þar af 18 yfir 65 ára aldur. Var því svarað að Kaupmannasamtökin hefðu fullan skilning á þessu máli, enda væru hinar eldri stúlkur í mörgum tilfellum eftirsóttur starfskraftur, eins og þeir komust að orði.

Við sögðum öllum þessum aðilum að við mundum fylgjast með hvernig yrði staðið að þessum málum, og það hef ég sem formaður n. gert. Ég hef hér í höndum bréf frá Mjólkursamsölunni sem er dagsett 28. jan. og fyrst og fremst um hvernig þetta snýr að starfsstúlkunum.

Í þessu bréfi kemur fram að á Reykjavíkursvæðinu voru í okt. 1976 í starfi hjá Mjólkursamsölunni 153 stúlkur. Þegar hættar eða ráðnar til annarra 96. Eftir eru þá 57 stúlkur. Fyrir liggja atvinnumöguleikar í matvörubúðum fyrir 27, þá eru eftir 30. Ekki eru til upplýsingar um hvað margar af áðurnefndum 57 stúlkum vilja aðra vinnu. Aldursskiptingin á þessum 57 stúlkum er eins og hér greinir: Yngri en 60 ára 28, 60—64 ára 11 og 65—70 18.

Stjórn Mjólkursamsölunnar hefur ákveðið að greiða stúlkunum, sem verða 65 ára á þessu ári eða eru eldri, lífeyri þar til lífeyrissjóður tekur við þeim við 70 ára aldur. Þessar lífeyrisgreiðslur ná til 18 stúlkna. Greiðslum verður þannig háttað: Ákveðin eru viðmiðunarlaun, hin sömu fyrir allar stúlkurnar. Gengið er út frá því að viðmiðunarlaunin séu laun búðarstúlku í dag með fyllstu aldursþrepum. Launin eru síðan tengd við ákveðinn launaflokk Verslunarmannafélags Reykjavíkur og fylgja því kaupgjaldsbreytingum. Hver aldursflokkur þessara 18 stúlkna fær ákveðinn hundraðshluta af viðmiðunarlaununum eins og þau eru á hverjum tíma, sem sagt þær, sem eru 64 ára og til og með 66 fá 30%, 67 ára 40%, 68 ára 50% og 69 ára 60% af þessum launum. M. ö. o. fá stúlkur, sem verða 65 ára á þessu ári, 30% af viðmiðunarlaunum til 70 ára aldurs eða þar til lífeyrissjóður tekur við. Stúlkur, sem verða 66 og 67 ára á þessu ári, fá sama hundraðshluta, og stúlkur, sem verða 68 ára, fá 40% o. s. frv. Ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins er nálega 20—25% af viðmiðunarlaunum, þannig að reikna má með að lífeyrir frá Mjólkursamsölunni og ellilífeyrir frá Tryggingastofnuninni geri samanlagt 50—85% af fullum launum búðarstúlkna.

Akveðið er að Mjólkursamsalan hafi áfram búðina að Laugavegi 162, og þar starfa 2—3 heildagsstúlkur og þar að auki 2—3 um helgar. Reiknað er með að 2 búðarstúlkur reki áfram mjólkurbúð í húsnæði að Njálsgötu 65 sem Mjólkursamsalan hafði á leigu. Búðarstúlka keypti húsnæði Mjólkursamsölunnar að Háteigsvegi 2 og rekur þar áfram mjólkurbúð ásamt starfssystur sinni. Kaupmaður með byggingavöruverslun keypti húsnæði Mjólkursamsölunnar á Réttarholtsvegi 3, en leigir húsnæðið búðarstúlku undir mjólkurbúð. Auk þess má geta þess að þær stúlkur, sem voru hjá Samsölunni í Vestmannaeyjum, hafa allar fengið aðra vinnu, á Snæfellsnesi 3 af 4 og á Akranesi 7 af 10.

Það er líka rétt að það komi fram, að síðan við héldum fund í landbn. hinn 15. des. s.l. hafa þegar verið seldar 3 búðir: á Brekkulæk 1, Freyjugötu 27 og Langholtsvegi 174. Þá eru eftir 4 búðir sem sjálfsagt verða lagðar niður. Þær eru á Laugarásvegi 1, Mávahlíð 25, Hrísateigi 19 og Blönduhlíð 2. Allar hafa þessar búðir verið með lakari sölubúðum Mjólkursamsölunnar. En eftir 1. febr. verður mjólk til sölu í kaupmannabúðum er liggja að þessum 4 mjólkurbúðum, þannig að fullvíst er að ekki verður minnsti grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstur þeirra.

Vegna þess að töluverðar umr. fóru fram í fyrra, þegar frv. var samþ. um hvernig þessi mál stæðu frá heilbrigðislegu sjónarmiði, hafði ég samband við skrifstofu borgarlæknis og fékk eftirfarandi upplýsingar þar um ástand í þessum málum: Fyrir breytinguna, þ. e. a. s. hér í Reykjavík: Mjólkursamsalan 47 búðir. Aðrar brauða- og mjólkurbúðir 7. Kjöt- og nýlenduvöruverslanir með mjólkursölu 29. Samtals 83. Eftir breytinguna: Mjólkursamsalan 1 búð. Mjólkurbúðir reknar af starfsstúlkum 2. Kjöt- og nýlenduvöruverslanir samþykktar eða uppdrættir samþykktir 80, þar 37 með mánaðarfrest til að ljúka endurbótum varðandi aðstöðu til sölu á mjólk og mjólkurvörum. Verulegur hluti þessara verslana mun nú um helgina hafa lokið nauðsynlegum breytingum. Brauða- og mjólkurbúðir með bráðabirgðaleyfi í einn mánuð 4. Kjöt- og nýlenduvöruverslanir, nýir staðir, uppdrættir samþykktir, óákveðið hvenær þær hefja sölu, 4. Sölustaðir með mánaðar undanþágu 3. Samtals 94 búðir.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessi mál frekar nema tilefni gefist til þess.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð til þess að þakka hv. formanni landbn. fyrir þessar ítarlegu upplýsingar. Það er svo sem ástæðulaust að ræða frekar þær upplýsingar sem þar komu fram. Tölur af þessu tagi um fjölda búða eða fjölda starfsstúlkna segja náttúrlega ákaflega lítið um afleiðingar þessara breytinga. Þær eiga sjálfsagt eftir að koma betur í ljós og öðruvísi en í eintómum tölum.

Ég vil þó gera athugasemd við málflutning formannsins að einu leyti. Mér virtist, jafnvel þó að hann hafi unnið vel í málinu sem nefndarformaður, hann eiginlega taka afstöðu gegn frv. Hann taldi hæpið að samþ. frv. og taldi, ef svo yrði gert, að þá hlyti það að vera einsdæmi í löggjöf. Það má vera að það sé einsdæmi í löggjöf. Ég er ekki það fróð í þingsögunni að ég ætli mér að bera neitt á móti því. En ég ætla að minna á að þetta er afleiðing af óeðlilegu ástandi. Þetta er afleiðing af því að það skuli vera hægt að haga málunum svo að heil starfsstétt sé lögð niður. Og það er ekki óeðlilegt þó að svona frv. komi fram þegar réttur verkafólks er ekki meiri en við höfum nú orðið vitni að, og það er alvarlegt íhugunarefni.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég get ekki annað en minnt á það, að þegar þessi lög voru hér til umr. á síðasta þingi og samþykkt, þá verð ég að segja að það kom ákaflega lítið fram frá starfsstúlkunum og öðrum um þessi mál. Ég verð líka að minna á það, að ég held að hv. landbn. hafi öll litið svo á að málið væri komið á það stig að það væri ekki hægt annað en að samþykkja þetta frv. Hins vegar kom það fram bæði í mínu máli hér um daginn og eins í umr. um þetta mál þegar þessi lög voru lögfest, að ég harmaði þessa þróun. Mjólkursamsalan var búin að reyna að fá lóðir í nýju hverfunum og reyna að halda þessari sölu í sínum höndum, en hún fékk þær ekki. Hún var búin að tapa málinu þegar þetta frv. kom hér inn. Það er kjarni málsins. Og það er auðvitað ekki hægt, eins og ég hef margtekið fram, að skylda bændastéttina til þess að reka búðir sem engan veginn standa undir sér. Bændur hafa ekki náð viðmiðunarkaupi sínu — aldrei, ekki eitt einasta ár — og með því móti hlytu þeir að fjarlægjast það mark að ná slíkum launum.

Sem sagt, ég viðurkenni að ég var á móti þessari þróun, en ég beygði mig fyrir henni eins og ýmsir aðrir í hv. landbn. þegar við fjölluðum um þetta mál. Málið var tapað. Það var ekki hægt annað en gera þessar breytingar.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í efnisumr. um málið því að skýringar hafa nú verið gefnar allmiklar, en það er aðeins af því að ég heyrði á máli hv. 3. þm. Norðurl. e. að hann taldi að tiltekin mjólkurbúð yrði lögð niður eða hefði verið lögð niður (á Hrísateigi 19), en eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk af tilviljun í gær, var mér tjáð að kaupmaður þar í nágrenninu hefði keypt þá mjólkurbúð og yrði hún rekin a.m.k. fyrst um sinn með óbreyttu fyrirkomulagi og verið hefur lengi.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstvirtur forseti. Ég get því miður ekki lofað því að snerta ekkert efnisatriði málsins. En fyrst vil ég segja það, að hv. þm. Stefán Valgeirsson, formaður landbn., tók þessi mál, held ég, eins fljótt fyrir og mögulegt var, eftir að frv. hafði verið afgreitt héðan úr þessari hv. d., og á þann veg sem hann lýsti áðan. Ég held að það sé ekki undan neinu að kvarta sem hann gerði í þessum efnum. Og e.t.v. er hægt að segja að það sé nokkuð rétt sem hann sagði, að það sé ekki mikið í þessum málum að gera, málið sé tapað. Og hvers vegna? Það er ekki vegna lagasetningarinnar hér í fyrra, það er alveg rétt. Málin voru þá komin á það stig að það var eðlileg ráðstöfun að afnema úr lögunum þann einkarétt sem Samsalan og mjólkurbúin höfðu á smásölu mjólkur. Það var ekkert annað en að viðurkenna staðreyndir vegna þess að hér í Reykjavík t.d. var líklega fullur helmingur mjólkursölunnar þegar kominn í hendur kaupmanna þegar frv. var samþykkt.

Þetta er ekki mergurinn málsins, heldur hitt, að þegar farið var að skoða þessi mál einmitt í sambandi við frv. í fyrra, þá kom í ljós að Mjólkursamsalan og Kaupmannasamtökin voru búin að gera með sér samning, þ.e.a.s. á árinu 1974, um að kaupmenn yfirtaki alla mjólkursölu á sölusvæði Mjólkursamsölunnar. Það er þetta sem er horfst núna í augu við. Þannig liggur málið fyrir. Og ég verð að segja það, að þegar stórt fyrirtæki eins og Mjólkursamsalan getur gert svona samning að starfsfólki gjörsamlega óspurðu, þá leiðir það í ljós slíkt réttleysi, slíkt öryggisleysi verkafólks sem er hreint ekki viðunandi. Og ég verð að segja það, að ég tel að hér sé um að ræða í raun og veru ljótan blett á annars ágætri þjónustu Mjólkursamsölunnar hér á sínu sölusvæði, bæði hvað varðar þjónustu við neytendurna og samskipti við starfsfólk hennar sem hafa yfirleitt verið með ágætum.

Þetta er í raun og veru þungamiðja málsins. Það kom fram í máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar að Mjólkursamsalan hefði ákveðið, eins og hann nú sagði, að greiða þeim konum, sem eru eða verða 65 ára á þessu ári, lífeyri fram til sjötugsaldurs þegar lífeyrissjóður tekur við. Ég hef ekki litið svo á að þetta væri enn þá alveg afgert mál. En það er sem sagt tilboð Mjólkursamsölunnar sem hér liggur fyrir og trúi ég enn til athugunar hjá stéttarfélagi stúlknanna í mjólkurbúðunum. Það skal síst vanþakkað sem tilboð Samsölunnar felur í sér, en án þess að fara að ræða það hér út af fyrir sig, enda ekki vettvangur til þess, þá hefur það hins vegar í för með sér ákaflega tilfinnanleg dæmi um í raun og veru mjög mikið misrétti. Stúlkurnar höfðu gert áður till. um lífeyri á annan veg sem hefði ekki kostað miklu meira fé, en komið jafnar niður. Sem sagt, ég ætla ekki að fara út í þetta atriði nánar.

En það, sem ég held að allir verði að horfast í augu við núna þegar málið er endanlega tapað, eins og hv. þm. sagði hér áðan, þ.e.a.s. búið er að leggja niður allar mjólkurbúðir Samsölunnar eða svo til, aðeins ein eftir, þá sem sagt blasir

það við hvaða öryggisleysi verkafólk getur átt við að búa þegar það þjónar atvinnurekendum.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka innkaupsverð á vörum o.fl., þáltill. (þskj. 105). — Frh. einnar umr.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það er, eins og hér hefur réttilega verið fram tekið, nokkuð langt síðan þetta mál var hér síðast til umr. og síðan ég kvaddi mér hljóðs í málinu. En aðaltilefni þess, að ég hafði kvatt mér hljóðs, var ýmislegt af því sem þá hafði komið fram í umr. um málið, og það verður að játa að það er nokkuð erfitt að taka upp þráðinn á viðunandi hátt þegar svona stendur á.

Sú þáltill., sem hér er um að ræða, gerir ráð fyrir því að Nd. Alþ. álykti að kjósa 5 manna rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum í 39. gr. stjórnarskrárinnar, en þar er gert ráð fyrir að þingdeildir Alþ. geti brugðist þannig við málum að setja á fót sérstakar rannsóknarnefndir með miklu rannsóknarvaldi til þess að fá upplýsingar um mál sem Alþ. telur af þeirri gerð að það sé ástæða til að efna til slíkrar rannsóknar.

Það hefur að vísu komið nokkrum sinnum fyrir að þessi heimild í stjórnarskránni hefur verið notuð og n. af þessu tagi hafi verið skipaðar, en það er ekki oft. Það hefur sem sagt verið miklu minna um það hér hjá okkur að notfæra okkur vinnubrögð af þessu tagi en víða annars staðar þar sem rannsóknarnefndir á vegum þjóðþinga eru býsna algengar.

Í þessari till. var gert ráð fyrir að rannsóknin skyldi beinast í fyrsta lagi að því, „hvort innkaup á vörum til landsins séu með eðlilegum hætti og í samræmi við þjóðarhagsmuni eða hvort brögð séu að því að vörur séu keyptar til landsins á óhagkvæmu verði sem leiðir til hærra vöruverðs í landinu en ætti að vera," eins og segir í þessari till. Og í öðru lagi, að n. rannsaki „sérstaklega áhrif umboðslauna í vöruverði, gjaldeyrisskil á umboðslaunum og hversu öruggt eftirlit sé nú með gjaldeyrisnotkun til vörukaupa."

Það lá fyrir að ástæðan til þess, að þessi till. var flutt, var að verðlagsstjóri hafði gefið upplýsingar um að athugun hans hefði leitt í ljós að innkaupsverð á allmörgum vörum til landsins virtist vera æðihátt og jafnvel hærra en útsöluverð á viðkomandi vörutegundum væri í smásölu í London. Um þessar upplýsingar urðu allmiklar umr. hér, bæði í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Bæði var það af hálfu verðlagsstjóra og eins brugðust síðan samtök innflytjenda við og létu frá sér heyra um þetta mál. Og það varð eins og jafnan áður í slíkum tilfellum, að sitt sýndist hverjum. En eins og fram kemur í grg. með þessari till. vakti það mjög mikla athygli í sambandi við þessar umr. að ýmsir af forsvarsmönnum innflytjenda margítrekuðu það í málflutningi sínum, að þeir hefðu oftsinnis áður varað við því kerfi, sem hér hefur verið í gildi lögum samkv. um alllangan tíma, að miða álagningarþóknun til innflytjenda við hundraðshluta af innflutningsverðinu. Þeir sögðu beinlínis að þeir hefðu á það bent að þetta fyrirkomulag hvetti síður en svo til hagkvæmra innkaupa. Með þessu var verið að vissu leyti að gefa í skyn eða láta orð að því liggja a.m.k., að vegna þess að þóknun innflytjenda væri reiknuð sem hundraðshluti af innflutningsverði vöru, þá gæti til þess komið að innflytjendur hylltust til þess að kaupa fremur dýrt inn og fá þannig meira í sinn hlut, heldur en þeir legðu á sig að kaupa inn á hagkvæman hátt eða á lágu verði og fá þá lægri þóknun sér til handa.

Innflytjendur hafa að nokkru leyti viljað nota þennan málflutning, má segja, til þess að fá þessu fyrirkomulagi breytt og hafa viljað fá álagninguna með öðrum hætti, þannig að álagningin gæti verið allmiklu meiri en þessar reglur leyfðu. Aðrir hafa hins vegar bent á að það sé í eðli sínu ótrúlegt að þeir, sem hafa með höndum að selja vörur eða varning sjái ekki vissan hagnað í því að geta selt vöruna á lægra verði en keppinautar þeirra og nái þannig í umtalsvert meiri umsetningu í gegnum slíka samkeppni. Eigi að síður kom það mjög greinilega í ljós í þessum umr., m.a. í sjónvarpsþætti, að fulltrúar innflytjenda lögðu á þetta áherslu, að þeir hefðu margsinnis bent á þessa ágalla og þeir væru á móti þessum reglum og þessar reglur væru síður en svo hvetjandi til hagkvæmra innkaupa.

Vegna upplýsinganna, sem lágu fyrir frá verðlagsstjóraembættinu, og reyndar álits margra annarra, sem þóttust hafa orðið varir við svipað, og þessara ummæla af hálfu innflytjenda, þá var það að við í Alþb. töldum að það væri fyllsta ástæða til þess að um jafnþýðingarmikið mál og hér var um að ræða að nú yrði brugðið við og notuð þessi heimild sem er að finna í stjórnarskránni sjálfri til þess að Alþ. sjálft léti fara fram allítarlega rannsókn í þessu efni, hvort það gæti verið svo, að um það væri að ræða að einhverju verulegu ráði að vöruflutningur til landsins væri gerður með óhagkvæmum hætti og hér væri haldið uppi hærra verðlagi en þörf væri á. Þegar þetta mál var rætt hér fyrr á þinginu tók ég eftir að hæstv. viðskrh., Ólafur Jóhannesson, taldi að vísu sjálfsagt að það færi fram athugun á þessu máli öllu, en hann hikaði mjög við að mæla með því að þessi till. yrði samþ. og að Alþ. færi í rannsóknina skv. þeim víðtæku rannsóknarheimildum sem það getur fengið miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar. Hann vildi helst að Verðlagsskrifstofan héldi rannsókn sinni áfram ef hún mætti leiða til þess að varpa frekar ljósi á málið.

Ég er hæstv. viðskrh. í þessum efnum algjörlega ósammála. Ég álít að hér sé einmitt komið að því, að það sé eðlilegt að Alþ. notfæri sér þau ákvæði, sem þarna er um að ræða, og skipi rannsóknarnefnd sem geri ítarlega úttekt á þessu máli og geri síðan landsmönnum öllum grein fyrir því að hvaða niðurstöðu rannsóknarnefndin hefur komist. Þetta á ekki að verða eingöngu hliðarverk hjá verðlagsstjóra eða Verðlagsskrifstofunni. Verðlagsstjóri og hans skrifstofa hafa miklu verki að sinna, og það er engin ástæða til þess að sú skrifstofa taki þetta verkefni að sér að fullu og öllu. Það gefur auðvitað auga leið, að ef Alþ. færi þá leið, sem lagt er til í þessari till., að skipa sérstaka rannsóknarnefnd, þá mundi sú rannsóknarnefnd eðlilega hafa samráð og samstarf við verðlagsstjóra og njóta að-

stoðar hans við rannsóknina. En það víðtæka og sterka vald, sem rannsóknarnefnd Alþ. hefur, nær langt út fyrir þær heimildir sem er að finna í lögum fyrir verðlagsstjóra nú. Ég álít líka að í þessum viðbrögðum hæstv. viðskrh. komi sumpart fram það sama sem hér hefur komið fram æðioft áður þegar till. hefur verið gerð um að Alþingi eða þd. Alþingis settu rannsóknarnefndir af þessu tagi. Það er sú neikvæða afstaða að standa gegn því að tiltekið stórmál sé tekið til rannsóknar. Það er engu líkara en að mönnum finnist, um leið og ákveðið er að setja slíka rannsókn af stað, að með því að stofna til slíkrar rannsóknar sé verið að kveða upp dóm yfir þeim aðila sem eigi að rannsaka. Þetta verður auðvitað til þess að Alþ. notfærir sér þessa heimild sína til rannsókna á þýðingarmiklum málum svo til aldrei. Það er alltaf litið á till. í þessa átt sem tortryggni og jafnvel ósæmilega tortryggni og beri því að vísa slíkum till. frá. Þetta er gert með ýmsum hætti, eins og t. d. þessum hætti, að segja: Ja, verðlagsstjóri er nú þarna til og hann hefur nú þegar orðið var við eitthvað skrýtið í málinu, er ekki sjálfsagt að hann haldi þessu áfram? En eins og ég hef bent á hefur hann mjög takmarkað lagalegt vald til að annast rannsókn af þessu tagi og yfirheyra aðila — mjög takmarkað og engan veginn það vald sem rannsóknarnefndum þd. er veitt í stjórnarskránni, og sem sagt, allur styrkur verðlagsstjóra og hans skrifstofu gæti notast við rannsókn Alþ. eigi að síður.

Hér er aðeins spurningin um það hvort Alþ. líti þannig á þetta mál, að þegar upplýsingar eru gefnar af opinberri stofnun um að hér virðist vera maðkar í mysunni eða eitthvað óhreint, — hvort Alþ. líti þannig á það mál, sem um er að ræða, að það sé þess virði að það sé upplýst að fullu eða hvort það eigi aðeins að láta nægja að glamra rétt lauslega, eins og verið hefur í mörgum tilfellum.

Ég er á því að hér sé um svo gífurlega stórt og þýðingarmikið mál að ræða að það eigi að samþ. þessa till., og þeir, sem vikja sér undan því, hafi annað hvort ekki áttað sig á þýðingu þessa máls eða þá að þeir kæri sig ekkert um að það sé varpað ljósi á málið. Við vitum að innflytjendur okkar, þeir sem standa að innflutningi á vörum, eru býsna margir og af margs konar sauðahúsi. Þeir vinna eflaust ekki allir jafnvel og hafa ekki allir jafnhreint mál fram að færa. Ég tel því að þingleg rannsókn á þessu efni gæti sagt okkur allþýðingarmikla hluti og gæti kannske orðið til þess að við breyttum eitthvað um skipulag í þessum efnum.

Það var alveg sérstaklega þetta atriði sem hafði gert það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs í málinu. Það höfðu farið hér fram allítarlegar umr. um málið á breiðum grundvelli. En það voru þessi viðbrögð, sem komu fram hjá hæstv. viðskrh., sem gerðu það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs. Ég vildi undirstrika þetta sjónarmið sem ég hef nú látið koma hér fram, að ég tel einmitt að það sé rannsókn af því tagi, sem þessi till. gerir ráð fyrir, sem eigi að fara fram í jafnþýðingarmiklu máli og hér um ræðir, en alls ekki sú lauslega athugun sem hefur farið fram hjá verðlagsstjóra og á kannske eftir að fara fram á hans vegum.

Þetta mál hefur komið upp aftur. Nú fengum við fréttir um það fyrir ekki löngu að aðilar, sem ekki hafa nema að litlu leyti a. m. k. fengist við innflutning á tiltekinni vörutegund, þ. e. a. s. bakarameistarar, hafi tekið sig saman og gert könnun á því hvort þeir gætu ekki flutt inn til landsins ódýrara hveiti en þeir höfðu orðið að kaupa frá innflytjendum áður. Og það kom í ljós að þeir gátu lækkað innflutningsverðið um 20%.

Það er mín skoðun að dæmi eins og þessi, sem upplýst voru áður af verðlagsstjóra og þarna hafa nú verið upplýst af enn öðrum aðilum, þau sýni að það þarf að fara fram rannsókn á þessum málum og það er í rauninni ekki sæmandi af Alþ. að ætla að víkja sér undan því að það líti eftir þessum málum. Vitanlega á Alþ. eftir rannsóknina að draga ályktanir af málunum, hvort það telur ekki þörf á því að breyta gildandi reglum og lögum til þess að ná því þýðingarmikla marki að tryggja sæmilega rétt innflutningsverð á varningi til landsins og taka þannig vitanlega virkan þátt í því að halda niðri verðlagi eða gera verðlag hér sambærilegt við það sem er í okkar nágrannalöndum.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en ég fyrir mitt leyti legg eindregið til að þessi till. nái fram að ganga. Ég tel að þessi rannsókn þurfi nauðsynlega að fara fram og einmitt á þann hátt sem lagt er til í till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 43. fundur.

Þriðjudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Viðgerðir fiskiskipa, fsp. (þskj. 90). — Ein umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Á s. l. hausti sat Pétur Pétursson varaþm. af hálfu Alþfl. á þingi og bar fram þá fsp. sem hér er til umr. Fyrirspurnin er til iðnrh. um viðgerðir fiskiskipa. Fyrri spurningin er í þrem liðum: „Hve miklum fjárhæðum hefur verið varið árið 1975 til viðhalds, viðgerða og breytinga erlendis á: a) íslenskum fiskiskipum, b) íslenskum farskipum, c) íslenskum varðskipum?“ Í öðru lagi: „Hvaða aðgerðir telur ráðh. nauðsynlegar til að flytja þennan iðnað inn í landið?“ Ég vænti svars hæstv. ráðh. við þessu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í fsp. er óskað upplýsinga um hve miklum fjárhæðum hafi verið varið árið 1975 til viðhalds, viðgerða og breytinga erlendis á íslenskum fiskiskipum, íslenskum farskipum og íslenskum varðskipum.

Fyrir tilmæli iðnrh. hefur á undanförnum mánuðum verið gerð athugun á þörfum íslenska skipaflotans fyrir viðgerðaþjónustu og á getu

innlendra viðgerðarstöðva til að anna þeim verkefnum, en þau munu fyrirsjáanlega aukast á næstu árum. Að þessu verkefni vinna eftirtaldir aðilar: Iðnþróunarstofnun Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Samband málm- og skipasmiðja. Þeirra upplýsinga, sem hér fara á eftir, hefur fyrst og fremst verið aflað af hálfu framangreindra aðila og hafa verið hafðar til hliðsjónar upplýsingar frá Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisyfirfærslur, lánveitingar sjóða vegna viðgerða, breytinga og endurbóta á skipum, enn fremur upplýsingar frá tryggingafélögum, Landhelgisgæslu og fleiri aðilum.

Áætlað er að heildarkostnaður við viðgerðir, viðhald og breytingar skipaflota íslendinga hafi numið á árinu 1975 samtals 6370 millj. kr. Þá er miðað við flotann í heild, að undanskildum tréskipum undir 20 brúttólestum og stálskipum undir 45 brúttólestum.

Þegar sundurliðað er annars vegar í fiskiskip og hins vegar farskip og varðskip kemur í ljós að kostnaður vegna viðgerða á fiskiskipum mun hafa verið 4710 milljónir kr. Hann skiptist þannig að 3970 milljónir voru innanlandsviðgerðir, en 740 millj. erlendis.

Kostnaður vegna farskipa og varðskipa nam samtals 1660 millj. kr., þar af 630 millj. kr. innanlands, en 1030 millj. erlendis. Eitt varðskip fór utan til viðgerða og breytinga á árinu 1975, varðskipið Óðinn. Um var að ræða svokallaða hólfaskiptingu sem gerð var vegna öryggissjónarmiða, en framkvæmdar voru um leið ýmsar minni háttar lagfæringar. Verkið var unnið í skipasmíðastöð í Álaborg í Danmörku og nam heildarkostnaður um 135 millj. kr. Er sú upphæð innifalin í þeirri fjárhæð sem áður var getið um kostnað vegna varðskipa og farskipa, samtals 1660 millj. kr.

Sé þetta dregið saman kemur fram, eins og áður getur, að heildarkostnaður við viðgerðir, viðhald og breytingar á skipaflotanum á árinu 1975 var 6370 millj., þar af innanlands 4600 millj. og erlendis 1770 millj.

Varðandi 2. lið fsp. verður að sjálfsögðu að telja eðlilegt að reynt verði með öllum tiltækum ráðum að framkvæma sem allra mest af viðgerðum, viðhaldi og breytingum íslenska skipaflotans innanlands. Ekki er talið líklegt að í bráð verði unnt að flytja allan þennan iðnað inn í landið, m. a. vegna þess að verulegur hluti viðgerða erlendis er vegna farskipa. Hvað viðhald, viðgerðir og breytingar á fiskiskipaflotanum snertir verður auðvitað að þessu að stefna sem og að hinu, að það sem unnt er af viðgerðum farskipa verði einnig unnið innanlands.

Í skipaviðgerðum ríkir mjög hörð samkeppni milli landa þannig að tiltölulega lítill mismunur á kostnaði og framkvæmdahraða getur ráðið úrslitum um hvort verkefni eru framkvæmd erlendis. Í því sambandi eru miklar vonir bundnar við það verkefni sem unnið er að og ég gat um í upphafi máls míns.

Þau atriði, sem ég tel mestu máli skipta til að stuðla að því og vinna að því að sem allra mest af viðhaldi, viðgerðum og breytingum skipaflotans fari fram innanlands, eru einkum þessi:

1. Að tryggð sé jöfn fjárhagsleg fyrirgreiðsla við framkvæmd verkefna hér innanlands og unnt er að fá hjá hinum erlendu keppinautum. Í þessu efni vantar mikið á að það sé í lagi, og er unnið að því að reyna að kippa því í lag. Þetta er mjög mikilvægt atriði, að þeir, sem þurfa á skipaviðgerðum að halda, geti fengið fjárhagslega fyrirgreiðslu að því er greiðslufrest, lán og annað slíkt snertir ef verkið er unnið innanlands ekki síður en erlendis.
2. Þá er unnið að gerð áætlana um þörf fyrir skipaviðgerðir næstu árin og getu innlendra viðgerðarstöðva til að sinna þeim verkefnum.
3. Markvísar aðgerðir þarf til að bæta aðstöðu íslensku skipasmíðastöðvanna til þess að þær geti sinnt aukinni viðgerðaþörf.
4. Aukið samstarf þarf milli samtaka viðgerðarstöðva og útgerðar í þeim tilgangi m. a. að reyna að tryggja hagkvæma nýtingu stöðvanna með því að dreifa reglubundnu viðhaldi sem jafnast yfir árið.
5. Beinar aðgerðir þarf hjá viðgerðarstöðvunum sjálfum til að auka framleiðni þeirra og afköst, en tækniaðstoð á þessu sviði er í þann veginn að hefjast með tilstuðlan opinberra aðila.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans skýru og greinargóðu svör. Ég hygg að að baki þeim fsp., sem ég las hér upp áðan, liggi sú spurning sem vakir í huga manna almennt, hvernig okkar skipasmíðastöðvar séu í stakk búnar til að mæta þeim mikla vanda sem er nánast afleiðing þeirrar byltingar sem átt hefur sér stað undanfarin 10—15 ár, að nánast allur skipafloti landsmanna er orðinn stálskip eða meginhluti hans og afkastamestu skipin eru stálskip. En fyrir þennan tíma voru stálskip nánast ókunn íslenskum skipaviðgerðarstöðvum þó að skipin sem slík væru kunn hér löngu fyrr. Þær skipasmíðastöðvar, sem tekið hafa til starfa, hafa þegar sannað ágæti sitt, svo ekki verður um villst, með þeim skipum sem þær hafa smíðað og endursmíðað og endurbætt á margan hátt, miðað við íslenskar aðstæður sem eru mjög sérstæðar svo sem óþarft er að orðlengja um hér.

Ég vænti þess að þau áform, sem hæstv. iðnrh. lýsti að væru á döfinni til styrktar og eflingar skipasmíði innanlands og þá ekki síst viðhalds þeim glæsilega flota stálskipa sem keyptur hefur verið til landsins á undanförnum árum, — þær ráðstafanir beri þann árangur að skipasmíðastöðvarnar geti haldið áfram að standast samanburð við það sem best gerist með erlendum þjóðum. Það hefur sannast á þessum frumárum stálskipasmíði á Íslandi að engar þjóðir þekkja betur til um íslenska staðhætti en íslendingar sjálfir og hefur því æðioft þurft að bæta um það sem að kunnáttu hinna erlendu skipasmíðastöðva laut. Skyldu menn ekki meta lítils að sú þjónusta verði ávallt sem mest og best fyrir hendi meðal íslendinga sjálfra.

Ég ítreka svo þakkir mínar til hæstv. ráðh.

fyrir svörin og vona að þau áform, sem hann lýsti að væru þegar hafin eða í undirbúningi á vegum rn., nái sem fyrst fram að ganga.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir þakklæti síðasta ræðumanns fyrir upplýsingarnar sem hér komu varðandi kostnað við viðgerðir á innlenda skipastólnum hér heima og erlendis. Svo vill til að ég hef nú á þessum vetri haft lítils háttar samband við forstöðumenn stærstu skipasmíðastöðvanna hérna og aflað mér upplýsinga um raunverulegt ástand á þessu sviði hér innanlands. Á þeim skilst mér að eins og nú er ástatt muni innlendu skipasmíðastöðvarnar geta annað um það bil 40% af viðgerða- og breytingaþörfinni á flotanum og gætu jafnframt og ættu jafnframt að anna 40% við óbreyttar aðstæður af nýsmíði, en nýsmíði í skipasmíðastöðvunum er fjárhagslegur grundvöllur þess að þessar stöðvar geti haldið uppi viðgerðarþjónustu. Aftur á móti er þannig búið að skipasmíðastöðvunum að þær hafa unnið í fjárþröng. Mér sagði forstjóri Slippstöðvarinnar á Akureyri, sem hefur 200 manns í vinnu við skipasmíðar, að þar hafi allt rekstrarkapítal, sem í gangi var á árinu sem leið, verið á 24% refsivöxtum vegna þess að Fiskveiðasjóður stóð ekki í skilum eins og vera bar og skipasmíðastöðin varð að fá sitt rekstrarkapítal með vingjarnlegri fyrirgreiðslu viðskiptabanka síns sem tók þá þessa vexti, 24%. En þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þessa okurvexti reyndist Slippstöðin vera samkeppnisfær um verð við erlendar skipasmíðastöðvar og raunar um afköst líka.

Mér er kunnugt um að samtök skipasmíðastöðvanna íslensku hafa þegar gert allítarlegar áætlanir um það, þó í grófum dráttum, hvað með þarf til þess að skipasmíðastöðvarnar geti tekið að sér alla nýsmíði á innlendum skipum og þar á meðal á kaupskipunum og viðhald þeirra líka. Væri æskilegt að sjónarmið þessara aðila, sem hafa verið að byggja upp stálskipasmíðina á Íslandi, fengju að koma fram hér á þingi sem fyrst.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst rétt að nota það tækifæri, sem nú gefst undir umr. um vandamál þess iðnaðar í landinu sem flokkast undir skipasmíði og viðgerðir, til þess að vekja sérstaka athygli hæstv. iðnrh. og ríkisstj. í heild á því ófremdarástandi og í raun og veru neyðarástandi sem nú er að skapast á Vestfjörðum varðandi þá aðstöðu að geta sinnt eðlilegu viðhaldi og viðgerðum skipaflota þess fjórðungs. Það liggur nú nær ljóst fyrir að sú afstaða, sem þar hefur verið fyrir hendi, er að verða gjörsamlega ónothæf og það er því mjög nauðsynlegt að vinda bráðan bug að því að kanna og hefjast handa um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast til þess að geta skapað þá aðstöðu sem þarf að vera í þessum landshluta eins og öðrum, þannig að hægt sé að sinna þessum mjög svo mikilvægu verkefnum.

Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. og ríkisstj. sem heild taki þetta mál, þ. e. a. s. það aðstöðuleysi sem skipasmíðaiðnaðurinn á Vestfjörðum þarf nú við að búa, til sérstakrar athugunar og meðferðar þannig að úr því verði bætt á mjög skjótan hátt, svo að ekki þurfi langur tími að líða enn í því neyðarástandi sem nú ríkir að því er varðar viðhald og skipaviðgerðir á Vestfjörðum. Þessi landshluti er a. m. k. nú og hefur verið um nokkurn tíma verst settur að því er þetta varðar. Ég vil aðeins nota tækifærið til að vekja athygli hæstv. ráðh. einmitt á þessu stórkostlega og mikla vandamáli sem hér er við að búa og verður að ráða bót á.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Varðandi orð hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég að það komi hér fram, að það er rétt að Fiskveiðasjóður hefur lengst af á s.l. ári skort fjármagn til að standa við þær skuldbindingar sem honum er og var ætlað að gera, en þar stóð á lánum til Fiskveiðasjóðs og fjármögnun sjóðsins. Hins vegar er rétt að það komi fram, að Fiskveiðasjóður lækkaði innborganir sínar vegna innlendu skipasmíðanna niður í 51%, en vann þær aftur upp, að mig minnir um miðjan ágúst frekar en í ágústlok, þannig að hann innti þær af hendi að fullu og öllu, en eftir þann tíma dró aftur úr greiðslu Fiskveiðasjóðs, en þó minna en á fyrri hluta ársins. Að því er auðvitað markvisst unnið að slíkt endurtaki sig ekki. En ástæðan er sú að Fiskveiðasjóð hefur skort fjármagn til þess að fjármagna allar þær miklu fjárfestingar sem hafa verið í gangi.

Varðandi orð síðasta hv. ræðumanns, þá stendur þannig á að á Ísafirði er mjög fullkomin og góð skipasmíðastöð, en dráttarbraut var þar byggð fyrir ekki ýkjalöngu fyrir minni skip. Síðan hefur orðið gjörbreyting á skipastólnum. Þessi dráttarbraut og skipasmíðastöð er í eigu einstaklings og hlutafélags, en samkv. nýju hafnalögunum eru ákvæði um að þegar hafnarsjóðir eða sveitarfélög eiga meiri hluta eða 50% í dráttarbrautum, þá er heimilt að styrkja þær. Forráðamenn Ísafjarðarkaupstaðar hafa nýlega rætt við mig um þessi efni. Frumkvæðið verður fyrst og fremst að koma úr byggðarlaginu, og þá vona ég að það komi ekki til með að standa á ríkisstj. eða þeim ráðuneytum sem þessi mál heyra undir.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Þessi athugasemd mín skal vera ákaflega stutt. Ég fagna þeirri eflingu sem orðið hefur á þeim framkvæmdum sem hér eru til umr., þ. e. a. s. stálskipasmíði, nýsmíði og viðhaldi stálskipa innanlands. Það eru ekki nema örfá ár síðan samgöngur á sjó heyrðu undir sjútvrn. sem ég taldist þá ráðh. fyrir, og ég varð fyrir mjög miklu aðkasti fyrir að taka þá ákvörðun eða leggja það til í ríkisstj., sem hún að sjálfsögðu samþ., að taka 20% hærra tilboði frá íslenskri skipasmíðastöð til byggingar fyrstu farskipanna á Íslandi, þ. e. a. s. Esju og Heklu, sem eru í eigu Ríkisskips, heldur en boðið var erlendis. Ég minnist þessara ásakana hér nú vegna þess að þetta er orðið breytt. Íslensku skipasmíðastöðvarnar hafa sannað, svo ekki verður um villst, að þær geta leyst þessi verkefni af hendi, og því ber a. m. k. að forðast alla refsivexti gagnvart þeim og verðlauna þær heldur fyrir þá öru og miklu framþróun sem orðið hefur á þeirra vegum s. l. ár. Og minnugir þess, sem ég áðan minntist lítil-

lega á, að flotinn er að meginhluta til allvegleg stálskip, þá þarf hann einnig sína viðgerðaþjónustu, en nýsmíði og viðgerðir verða að haldast í hendur.

Kennsla sjúkraliða, fsp. (þskj. 132). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Á þskj. 132 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hvers vegna fer ekki lengur fram á Akureyri kennsla sjúkraliða?“

Haustið 1965 hófst kennsla sjúkraliða við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Hafði slík kennsla ekki farið fram fyrr hér á landi. Námið var í upphafi 8 mánaða nám og sniðið að mestu eftir sambærilegu námi í Danmörku. Fljótlega hófust sjúkraliðanámskeið í Reykjavík og jafnvel víðar og námið var lengt í 12 mánuði.

Á Akureyri hafa verið útskrifaðir 11 árgangar sjúkraliða, sá síðasti vorið 1976. Samtals hafa þar útskrifast 192 sjúkraliðar. Hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri svo og við önnur sjúkrahús í landinu eru not fyrir starfskrafta þessara sjúkraliða, og veit ég ekki annað en menntun þeirra hafi svarað þeim kröfum sem gerðar eru til slíkra starfa.

Snemma á s.l. ári hófst undirbúningur að því að bóklegt nám í sjúkraliðafræðum yrði flutt inn í Gagnfræðaskólann á Akureyri, en verklega námið yrði áfram í Fjórðungssjúkrahúsinu. Í bréfi heilbr.- og trmrn. frá 15. mars 1976 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar sér þetta rn. ekkert því til fyrirstöðu að Gagnfræðaskóli Akureyrar í samstarfi við Fjórðungssjúkrahúsið komi á fót sjúkraliðanámi hliðstæðu því sem Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur.“

Í bréfi Stefáns Stefánssonar, formanns stjórnar Fjórðungssjúkrahússins, til heilbrrn. 28. júní er gerð grein fyrir frekari undirbúningi málsins frá hálfu ráðamanna og frá því skýrt, að tekist hafi samkomulag á fundi fulltrúa Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, skólastjóra Gagnfræðaskólans á Akureyri og fulltrúa menntmrn. um að taka upp sjúkraliðanám við Gagnfræðaskólann í trausti þess að heilbrrn. samþ. tilhögun kennslunnar. Í bréfi þessu er síðan gerð ítarleg grein fyrir kennslutilhögun. M.a. segir svo í bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir að Gagnfræðaskólinn á Akureyri veiti sjúkraliðum hliðstæða menntun í bóklegum fögum og Sjúkraliðskóli Íslands og að námið, svo sem inntökuskilyrði, námstími og námsefni, verði sniðið eftir reglugerð fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands. Miðað er við að fyrirkomulag þetta verði tímabundið á meðan ekki hefur verið stofnaður fjölbrautaskóli og ekki liggur fyrir fastmótuð tilhögun á menntun sjúkraliða í fjölbrautakerfinu.“

Till. þessar hlutu ekki samþykki heilbr.- og trmrn. og sjúkraliðanám á Akureyri fellur niður á þessu skólaári. Þess vegna, herra forseti, hef ég leyft mér að bera fram fyrrnefnda fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á s.l. ári lét heilbr.- og trmrn. endurskoða reglugerð um nám og störf sjúkraliða frá 1971. Nám sjúkraliða var samkv. þeirri reglugerð á vegum deildaskiptra sjúkrahúsa og bar hjúkrunarforstjóri viðkomandi sjúkrahúss ábyrgð á bóknámi og verknámi nemenda.

Hin nýja reglugerð um sjúkraliðanám er reglugerð fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands. Námið er flutt frá heilbrigðisstofnunum inn í ákveðinn skóla þar sem allt bóknám fer fram og allt verknám er skipulagt af skólastjóra í samráði við hjúkrunarforstjóra þeirra stofnana er taka við nemendum í verknám. Með þessum hætti er bóknám samræmt og hver nemandi kynnist fleiri en einni stofnun á námstíma sínum. Inntökuskilyrði inn í námið voru þyngd og gert ráð fyrir að einstakar námsgreinar væru ekki kenndar í Sjúkraliðaskólanum, heldur hafi nemandi lokið því námi áður en hann hefur sjúkraliðanám, enda er hér um almennar undirstöðugreinar að ræða.

Gert er þó ráð fyrir í hinni nýju reglugerð að aðrir skólar en Sjúkraliðaskóli Íslands geti tekið upp kennslu sjúkraliða og haft umsjón með verknámi þeirra í heilbrigðisstofnunum og búið þá þannig undir að geta hlotið starfsréttindi hér á landi. Hér er átt við fjölbrautaskóla sem hafa heilsugæslubraut og aðstöðu til þess að koma nemendum sínum fyrir í verknám.

Rn. hefur haft samvinnu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem markvisst er unnið að sjúkraliðanámi. Þar munu nemendur ljúka tveggja vetra námi á heilsugæslubraut, en síðara árið eru kenndar þær hjúkrunargreinar, sem kenndar eru í Sjúkraliðaskóla Íslands, undir umsjón hjúkrunarkennara og kröfur um verknám og lokapróf í hjúkrunarfræði verða hinar sömu.

Heilbrrn. sér ekkert því til fyrirstöðu að skóli á Akureyri geti tekið upp kennslu sjúkraliða, enda er gert ráð fyrir að fella megi þetta nám inn í framhaldsskólakerfið á þeim stöðum þar sem tilskildar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem hjúkrunarfræðingar til kennslu og heilbrigðisstofnanir fyrir tilskilið verknám. Þar er Akureyri utan Reykjavíkur fremst í flokki.

Á Akureyri hefur sjúkraliðanám farið fram í Fjórðungssjúkrahúsinu s.l. 10 ár, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, og þaðan brautskráðust fyrstu sjúkraliðarnir vorið 1966. Á s.l. vori átti deildarstjóri rn. í hjúkrunarmálum fund með skólastjóra Gagnfræðaskóla Akureyrar og hjúkrunarforstjóra Fjórðungssjúkrahússins þar sem ræddir voru möguleikar á sjúkraliðanámi þar í skólanum í náinni samvinnu við sjúkrahúsið.

Í 5. bekk Gagnfræðaskólans fer í vetur fram undirbúningsnám undir sjúkraliðanám og ætti að vera hægt, ef næg aðsókn verður af hálfu nemenda, að ljúka því í þessum tveimur stofnunum. Að þessu er nú unnið í menntm.- og heilbrmrn.

Til fróðleiks vil ég geta þess, að Sjúkraliðaskóli Íslands hefur þegar brautskráð 55 sjúkraliða. Þar eru við nám frá s.l. hausti um 130 nemendur og í byrjun þessa árs bætast 60—70 nýir nemendur við í skólann. Alls hafa 939 sjúkraliðar starfsréttindi hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið, þó mér finnist raunar að það sé ekki að fullu skýrt hvers vegna þetta nám var lagt niður á Akureyri í haust eða ekki gert meira til þess að sjúkraliðaskólinn gæti starfað þar áfram án hléa eins og hann hefur gert undanfarin 11 ár. En samkvæmt þeim heimildum, sem ég hef, kom aldrei jákvætt svar og raunar ekki neikvætt heldur við erindi formanns stjórnar sjúkrahússins þar sem hann gerði grein fyrir því á hvern hátt þeir hefðu hugsað sér að skipa sjúkraliðanáminu á þessum vetri ef því hefði verið haldið áfram.

En mér þykir gott að heyra að það er unnið að því að þetta nám geti hafist á ný á Akureyri, og ég tel að það sé mjög nauðsynlegt. Það er staðreynd, sem ekki verður fram hjá gengið, að það er eitt af helstu sjálfstæðismálum dreifbýlisins, ef svo mætti að orði kveða, að það geti í auknum mæli menntað það starfsfólk sem þar þarf og ætlar sér að vinna. Það er reynsla þeirra, sem að slíkum málum hafa starfað sem þessu, að þeir, sem nema eða ljúka námi sínu á þeim stöðum þar sem þeir eru uppaldir, verða fastari við fyrri heimkynni heldur en þeir sem þurfa að sækja námið langt að. Og af því umfangi sem augsjáanlega er orðið á Sjúkraliðaskólanum, sem hefur eftir áramótin mikið á annað hundrað nemenda, er greinilegt að þarna er um stóra starfsgrein að ræða. Ég tel mjög mikilvægt að ekki verði gleymt þeirri forustu, sem sjúkrahúsið á Akureyri vissulega hafði í þessum málum, og menn sameinist um að endurnýja þessa kennslu á Akureyri í samvinnu við þá skóla sem fyrir eru, og þar á ég fyrst og fremst við Gagnfræðaskólann og svo Fjórðungssjúkrahúsið á staðnum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég held að ástæðan fyrir því, að þetta nám átti sér ekki stað á Akureyri í vetur, séu bær viðræður sem hafa átt sér stað um samræmingu á þessu námi, að færa bóklega námið út úr sjálfum sjúkrahúsunum og inn í sérstaka skóla. Hér hefur skapast millibilsástand sem á vonandi ekki að taka nema þennan eina vetur. Ég get sagt hv. fyrirspyrjanda að ég hef fyllilega í hyggju að það verði ekki gengið fram hjá Akureyri í þessum efnum. Akureyri vann þarna brautryðjendastarf og er svo stór kaupstaður og fjölmenni í nánd við Akureyri að þar er vafalaust grundvöllur fyrir þetta mikilvæga nám. Ég vona að það líði ekki svo annar vetur að námið geti ekki farið fram þar.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 1. febr., að loknum 43. fundi.

Litasjónvarp, þáltill. (þskj. 49). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samræming og efling útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 55). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum, þáltill. (þskj. 62). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnu- og byggðaþróun í landinu, þáltill. (þskj. 75). — Frh. einnar umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þessu máli var frestað á sínum tíma að beiðni minni vegna þess að hv. 12. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, flm., var ekki viðstaddur umr. og ég hafði beðið um að málinu yrði þess vegna frestað.

Þessi till. til þál. fjallar um að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta kanna hvaða áhrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Byggðasjóðs, hefur haft á atvinnu og byggðaþróun í landinu, og sérstaklega skuli kannað hvaða áhrif þessi fyrirgreiðsla hefur haft á búsetu fólks, tekjuskiptingu eftir landshlutum og aðstöðumun fyrirtækja eftir staðsetningu og starfsgreinum. Til samanburðar skal höfð í huga þróun sömu mála í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar þau 5 ár sem liðin eru frá því að lög nr. 93 frá 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, tóku gildi. Fyrstu niðurstöður þessarar könnunar skulu birtar því Alþ. er nú situr. Og endanlegar niðurstöður skulu lagðar fram þegar Alþ. kemur saman haustið 1977.

Till. fjallar að efni til um athugun á þessu máli og í sjálfu sér er ekki hægt að vera neikvæður í því efni. En ég vil þó í upphafi vekja athygli á því, að Framkvæmdastofnunin er sennilega í meiri tengslum við Alþ. en flestar eða allar aðrar opinberar stofnanir. Stjórnin er kosin af Alþ., og það hefur þannig tekist til að allir stjórnarmenn hafa verið alþm. frá byrjun, og til viðbótar vill svo til að forstjórar stofnunarinnar eru einnig alþm. Gert er ráð fyrir því í lögum um Framkvæmdastofnunina að áætlanir hennar séu sendar ríkisstj. og enn fremur að árleg skýrsla sé flutt um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hér á Alþ. og gerir það hæstv. forsrh. Ítarlegri ársskýrslu er yfirleitt útbýtt til alþm. um starfsemina, þannig að þm. fá meiri upplýsingar um þessa stofnun til sín beint heldur en um flestar aðrar stofnanir ef ekki allar. Það er til þess ætlast að umr. fari fram um skýrslu forsrh. hér á Alþ. og það er eflaust gert m. a. til þess að ræða hvaða

áhrif störf þessarar stofnunar hafa haft og hvernig til hefur tekist. Þess vegna álít ég að þessi till. sé í raun og veru óþörf með tilliti til þess hversu náin tengsl eru á milli Framkvæmdastofnunarinnar og Alþ. og ríkisstj.

Hv. 1. þm. Suðurl. flutti ítarlega og greinargóða ræðu um aðdragandann að stofnun Framkvæmdastofnunarinnar og skýrði þar frá mörgu athyglisverðu um starfsemi hennar. Eins og þm. muna var Framkvæmdastofnunin sett saman úr þremur stofnunum, sem fyrir voru, þ. e. a. s. Framkvæmdasjóði Íslands, Atvinnujöfnunarsjóði og Efnahagsstofnuninni. Eignir Atvinnujöfnunarsjóðs voru síðan sameinaðar nýjum sjóði, Byggðasjóði, mjög efldum. Framkvæmdasjóðurinn starfaði áfram á svipuðum grundvelli og áður. Efnahagsstofnunin fluttist yfir í Framkvæmdastofnunina, og það áætlunarstarf, sem hafði verið unnið á vegum Efnahagsstofnunarinnar og var talsvert verulegt, var síðan aukið og eflt í Framkvæmdastofnuninni. Það má nefna það t. d. um áætlunarstarfsemi Efnahagsstofnunarinnar að hún vann að samgönguáætlun fyrir Vestfirði á árunum 1965—1969, almennri byggðaþróunar- og atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland á árunum 1969—1973 og samgönguáætlun Austurlands um vegaframkvæmdir um 1970. Þessi starfsemi hefur svo verið mjög aukin og efld í Framkvæmdastofnuninni í samræmi við löggjöfina.

Hv. flm. virtist furða sig á því, að Byggðasjóður lánaði meira til landsbyggðarinnar en til Reykjavíkur, vildi kenna Framkvæmdastofnuninni um þetta og taldi jafnvel að þetta væri brot á grundvallarreglum lýðræðis. Þetta álít ég að þurfi að athuga nokkru nánar, athuga m. a. hvað löggjöfin um Framkvæmdastofnunina segir um hlutverk Byggðasjóðs. Þar segir í 28. gr. að hlutverk hans sé „að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði". Það er þess vegna beinlínis fyrir lagt í löggjöfinni um Framkvæmdastofnunina að hún beini fjármagni sínu og fjármagnsfyrirgreiðslu að því er snertir Byggðasjóð til þeirra landshluta og þeirra staða úti um landsbyggðina sem sérstaklega hafa orðið fyrir barðinu á þeirri miklu byggðaröskun sem átt hefur sér stað í landinu á undanförnum áratugum.

Hverjar voru raunverulega ástæðurnar fyrir því að Byggðasjóður var settur á stofn, svo mjög öflugur sem hann er? Þær voru vitanlega fyrst og fremst sú gífurlega byggðaröskun sem átt hefur sér stað hér á Íslandi á undanförnum áratugum. Sem dæmi um þessa miklu byggðaröskun má geta þess, að á tveimur áratugum, á árunum 1950—1970, fjölgaði landsmönnum um 66 þús. manns. Af þeirri fjölgun fjölgaði um 54.6 þús. á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu, en aðeins um 11.4 þús. annars staðar á landinu. Það er engum blöðum um það að fletta að byggðaröskunin hefur verið geigvænleg og haft ómæld áhrif á aðstöðu þeirra íbúa sem hafa orðið fyrir barðinu á henni. Það skeður ýmislegt í lífi þeirra sem verða fyrir barðinu á byggðaröskun og mætti þar margt fram telja. Í mörgum tilfellum er það þannig að t. d. skólahald verður erfitt eða jafnvel ómögulegt ef byggðaröskunin er mikil. Öll félagsaðstaða fellur niður, hverfur úr sögunni. Öll þjónustustarfsemi hverfur einnig eða verður mjög örðug. Atvinnutækifæri verða engin fyrir yngra fólkið. Og svo að lokum það, að eignir fólks verða venjulega verðlausar. Þvert á móti gerist svo það á svæðum sem eru í vexti að þar vaxa eignir stórkostlega í verði eins og gerst hefur hér á Suðvesturlandi eins og öllum er kunnugt um.

Það vakna auðvitað spurningar í sambandi við þessi mál hvort æskilegt sé að flestallir íslendingar setjist að á Reykjanesskaga og í nánasta umhverfi hans. Framkvæmdastofnunin hefur það hlutverk öðrum þræði að vera byggðastofnun, og lánveitingar úr Byggðasjóði, sem er ætlað að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, hafa verið mjög miklar á undanförnum árum. Árið 1972 voru lánaðar 480 millj. kr., 1973 357 millj., 1974 662 millj., 1975 1603 millj., 1976 1120 millj. Árið 1977 má reikna með að lánaðar verði um 1700 millj. kr., en það var einmitt verið að samþ. heildaráætlun fyrir útlán Byggðasjóðs á fundi í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar í dag. Þetta er nálægt því að vera 6 milljarðar samtals sem Byggðasjóður mun lána frá því að hann tók til starfa í ársbyrjun 1972 og til ársloka 1977.

Það voru ýmis atriði sem fram komu í ræðu hv. frsm. sem ástæða er til að minnast á. Hann segir t. d. svo í ræðu sinni með leyfi hæstv. forseta:

„Herra forseti. Fyrir réttum 1100 árum fluttust til þessa lands einstaklingshyggjumenn sem ekki vildu una því að stjórnvöld réðu málum þeirra í einu og öllu. Sama þjóð byggir enn landið, en sú breyting hefur orðið á hlutskipti þegnanna, að ýmsar opinberar stofnanir hafa meir tekið að sér að ráðskast með málefni þeirra".

Ekki trúi ég því að það vaki fyrir hv. flm. að færa hér allt fyrirkomulag til þess sem var fyrir 1100 árum.

Það komu fram fleiri viðhorf sem ástæða er til að minnast á. Það kom t. d. fram hjá hv. flm. sú skoðun að sem mest frelsi eigi að ríkja um notkun fjármagnsins og það eigi að renna þangað sem mest arðsvon sé.

Varðandi þessi mál má segja að sé um tvær stefnur að ræða: Annars vegar þá stefnu að maðurinn elti fjármagnið og það sé óheft. Hins vegar þá stefnu að fjármagnið sé þjónn mannsins og þjóni áformum hans. Ef fjármagnið fær að ryðja sér braut óheft mundi það hér á Íslandi renna eftir farvegum verðbólgunnar og þá helst til húsbygginga í Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur. Þannig hefur reynslan orðið að fjármagnið leiti þangað, ef það er óheft, sem arðsvonin er mest. Og það hefur verið mjög ábatasamt og er enn að leggja fjármagn í húseignir hér á Suðvesturlandi vegna þess að hér hefur verið þensla og fólksfjölgun og geysihátt verð á fasteignum. Hin stefnan, sem ég minntist á, byggir á því að fjármagnið þjóni áformum

mannsins og það sé hægt að beina því að verkefnum sem eru þjóðhagslega þýðingarmikil: uppbyggingu sem skapar verðmæti og styrkir efnahag þjóðarinnar. Þetta þarf ekki að þýða að dregið sé úr almennri hagþróun, þvert á móti.

Ef litið er á starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og fjármagnsráðstöfun sem er á hennar valdi, þá mun koma á daginn að því mikla fjármagni, sem Framkvæmdastofnunin ráðstafar, er að nær öllu leyti ráðstafað til einstaklinga og einstaklingsfyrirtækja, það er tiltölulega lítill hluti af fjármagni Framkvæmdastofnunarinnar sem er ráðstafað til annarra aðila. Fjármagninu hefur verið ráðstafað til einstaklinga, til félaga í einstaklingseigu og svo nokkuð til sveitarfélaga, en það er tiltölulega mjög lítill hluti af þeim lánum sem lánuð eru til uppbyggingar á vegum Framkvæmdastofnunarinnar, bæði Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs. Byggðasjóðurinn lánar langmest til einstaklinga og fyrirtækja í einstaklingseigu, þó að rétt sé að geta þess að í ýmsum tilfellum hafi Byggðasjóður lánað til sveitarfélaga og þá oftast þannig að sveitarfélögin annaðhvort leggi fram hlutafé í félög, sem eru í einstaklingseigu, eða beinlínis endurláni fé slíkum aðilum.

Það er því ekki um mismunun að ræða heldur beinlínis stuðning við þá sem af ýmsum ástæðum hafa farið halloka. Bróðurparturinn af því fjármagni, sem Framkvæmdastofnunin ráðstafar, fer til beinnar uppbyggingar, beinnar fjárfestingar, og ég er ekki í nokkrum vafa um að það fjármagn, sem Framkvæmdastofnunin hefur á undanförnum árum bæði í gegnum Byggðasjóð og Framkvæmdasjóð beint til fjárfestingar og uppbyggingar í landinu, hefur stuðlað að meiri hagbróun í landinu. Menn hafa tekið eftir því, að það varð á mjög mikil breyting á seinasta ári varðandi viðskiptajöfnuð þjóðarinnar gagnvart útlöndum. Og hvaða þættir voru það sem mest stuðluðu að þessu? Ég held það hafi verið fyrst og fremst tvennt, þó að fleira komi þar til: Annars vegar þætt viðskiptakjör gagnvart útlöndum og svo hins vegar stórkostlega aukinn útflutningur, sérstaklega í sjávarútveginum. Stórkostlega aukinn útflutningur í sjávarútveginum stafar ekki síst af því að það hefur verið fest gevsilega mikið fjármagn í sjávarútvegi, uppbyggingu fiskiskipaflotans, skuttogurum og öðrum fiskiskipum, og einnig ráðstafað mjög miklu fjármagni til þess að endurbæta og efla fiskvinnsluaðstöðuna í landinu. Hraðfrystihúsaáætlunin, sem fjallar um endurbætur, vélvæðingu, uppbyggingu og nýbyggingu fiskiðjuveranna í landinu, er mjög yfirgripsmikil áætlun sem hefur staðið yfir í alllangan tíma. Það hefur verið ráðstafað fjármunum alls, þar með talið eiginfjárframlag þeirra sem hlut eiga að máli, milli 14 og 15 milljarða kr. ef miðað er við verðlag eins og það var í júnímánuði 1976. Enginn vafi er á því, að þessi uppbygging er nú farin að skila miklum árangri. Einn þáttur í því er gífurlega aukinn útflutningur á unnum sjávarafurðum á síðasta ári.

Í framsöguræðu vikur hv. flm. að útlánum Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggðasjóðs, sem báðir eru í Framkvæmdastofnuninni, og það kemur mjög skýrt í ljós í hans ræðu að hann ruglar þarna nokkuð saman. Hann gerir ekki nægilega mikinn greinarmun á þessum tveimur sjóðum, annars vegar Framkvæmdasjóði Íslands og hins vegar Byggðasjóði. Framkvæmdasjóður Íslands mun á þessu ári samkvæmt fjáröflunar og útlánaáætlun sjóðsins og í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj. lána um 6 milljarða. Byggðasjóður mun hins vegar, eins og ég hef getið um áður, lána um 1700 millj. kr. á þessu ári. En það eru gjörólíkar reglur um starfshætti sem hafðar eru um hönd þegar ráðstafað er fjármagni úr þessum sjóðum. Þegar lánað er úr Framkvæmdasjóði Íslands, þá er það fjármagn lánað til fjárfestingarlánasjóða nær einvörðungu. Það eru fjárfestingarlánasjóðir eins og Fiskveiðasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga og fleiri smærri sjóðir. Þetta fjármagn er síðan endurlánað af þessum sjóðum algjörlega án tillits til búsetu manna í landinu. Allir hafa jafnan aðgang að þessum lánum, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Þegar hins vegar er um að ræða Byggðasjóð og útlán úr honum, þá kemur allt annað til greina. Þá er höfð hliðsjón af byggðaröskun og sú meginregla höfð til viðmiðunar að stuðla með slíkum lánveitingum og fyrirgreiðslum að jafnvægi í byggð landsins.

Hv. flm. ræðir nokkuð um þá röskun sem hann telur starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hafa haft. En eins og ég hef margtekið fram er starfsemi Byggðasjóðs ætlað að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þarna er um að ræða að vinna gegn röskun, en ekki að valda röskun. Röskunin hefur orðið, hún er staðreynd og hún hefur orðið gífurlega mikil á undanförnum áratugum, þar sem feikilegur fjöldi fólks hefur flust til þéttbýlissvæðanna á Suðvesturlandi. Ég hygg að það sé ekki fjarri lagi að nú séu um 90 þús. manns annars staðar á landinu, en í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu líklega um 130 þús. manns eða eitthvað nálægt því. Byggðasjóðurinn á að vinna gegn þessari röskun, en ekki að valda röskun. Það er hans meginverkefni.

Það kemur nú fram a. m. k. á milli línanna í framsöguræðu flm. að Reykjavík hafi verið hlunnfarin á undanförnum árum varðandi ráðstöfun fjármagns. Ég er á þveröfugri skoðun. Ég tel að Reykjavík hafi ekkert verið hlunnfarin í þessum efnum, nema síður sé, og í raun og veru þarf ekki annað en að athuga þá gífurlegu byggðaröskun sem hefur átt sér stað í landinu til þess að styðja að því að svo hefur ekki verið, því hún hefur einmitt stefnt í þá átt að stækka Reykjavík, fjölga íbúum Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna. Menn flytjast yfirleitt þangað sem þeim vegnar betur af ýmsum ástæðum.

Ef gerður er samanburður á því, hvernig aðstöðu menn hafa hér í Reykjavík og úti um landsbyggðina, án þess að ég ætli að fara að flytja langt mál um þann samanburð, vil ég aðeins drepa á örfá atriði til þess að undirstrika og auka skilning á því vandamáli sem hér er um að ræða. Það var t. d. nýlega gerð könnun á framfærslukostnaði á landsbyggðinni miðað við

Reykjavík, og það kom á daginn að á Ísafirði er framfærslukostnaður 4.8% hærri en í Reykjavík, á Akureyri 3.4% hærri, í Neskaupstað 5.4% hærri og á Hvolsvelli 4.6% hærri. Það er m. ö. o. talsvert dýrara að lifa úti á landsbyggðinni heldur en hér í Reykjavík. Það kostar því meira fé úr vasa einstaklinganna og fjölskyldnanna að lifa úti á landsbyggðinni heldur en hér í Reykjavík. Þarf það mál alveg sérstaka athugun að minni hyggju.

Það mætti tala langt mál um það sem hefur verið að gerast og er að gerast í Reykjavík og er raunverulega landsmál. Þar eru menntastofnanir af öllu tagi, og þeir, sem eiga heima hér í Reykjavík og grenndinni, hafa þess vegna aðstöðu til þess að sækja hér menntastofnanir af öllu tagi heiman frá sér. Það er kunnara mál en svo, að það þurfi upp að telja, og það eru mjög margar stofnanir í Reykjavík sem eru byggðar upp fyrir landsfé, eins og t. d. Háskólinn, ýmsir sérskólar, eins og t. d. Stýrimannaskólinn og Vélstjóraskólinn, tækniskólar og fjölmargir fleiri. Þar eru stofnanir eins og t. d. Þjóðleikhúsið, svo tekið sé dæmi, og alls kyns möguleikar á sviði listnáms fyrir unga fólkið: hljómlistarskólar, leikskólar, myndlistaskólar, listdansskólar o. s. frv., sem unga fólkið úti á landsbyggðinni hefur engin eða lítil tök á að sækja nema með ærnum kostnaði. Hvað er að segja um heilbrigðisþjónustuna, Landsspítalann og alla heilbrigðisþjónustu ríkisins hér í Reykjavík, öll söfnin: Þjóðminjasafnið, Landsbókasafnið, stofnanir eins og Handritastofnunina o. s. frv., að ég ekki tali um Stjórnarráðið og allt sem því fylgir? Það er auðvitað gífurlegt fjármagn sem rennur úr ríkiskassanum einmitt til Reykjavíkur í gegnum uppbyggingu alls konar stofnana hér í borginni. Og það er mikil atvinna sem þetta fjármagn veitir einmitt íbúum þessa staðar. Það er gífurlegt fjármagn sem rennur úr ríkiskassanum til þess að greiða laun öllum þeim mikla fjölda embættismanna sem er staðsettur hér í Reykjavík og aðrir staðir og aðrir landshlutar njóta ekki. Það er svo algert sérmál að ræða t. d. um verslunina og uppbygginguna hennar sem ég álít að sé allt of mikil hér í Reykjavík og allt of mörg fyrirtæki sem vinna t. d. að heildsöluverslun hér í Reykjavík, — allt of mörg fyrirtæki, mættu vera miklu, miklu færri.

Þetta er aðeins að drepa á nokkur atriði. Þess er þó skylt að geta, að þessar stofnanir þjóna auðvitað landsbyggðinni jöfnum höndum, stofnanir eins og Háskólinn og sérskólarnir og heilbrigðiskerfið hér í Reykjavík. Auðvitað þjónar þetta landsbyggðinni. En það er staðreynd að þetta er hér á þessum stað og íbúar hans njóta þess í ýmsum efnum, þannig að ég tek ekki undir það að reykvíkingar hafi verið hlunnfarnir að neinu leyti á undanförnum árum.

Ef litið er til lánveitinga, annarra en þeirra sem ég hef gert að umtalsefni úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði, má geta þess að þær hafa verið í talsvert ríkum mæli til Reykjavíkur. Ef litið er t. d. á Framkvæmdasjóð, þá hefur hann lánað beint til nokkurra aðila. Það er þó lítið á hverju ári, ég held að það sé 150 millj. kr. sem ætlaðar eru til þess á fjárhagsáætlun þessa árs. En á árunum 1972—75 hefur hann lánað beint á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðið rétt um 130 millj., en til alls landsins að auki um 115 milljónir. Árin 1971—1974 hefur Byggingarsjóður ríkisins lánað til Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins 70—80% af því fjármagni sem hann hefur yfir að ráða, en það er gífurlega mikið fjármagn, en til alls landsins aðeins 20—30%. Á árunum 1971—1975 hefur Iðnlánasjóður lánað til Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins 74.34%, en til annarra landshluta 25.66%. Á árunum 1970—1976 hefur Iðnþróunarsjóður lánað til Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins 61.7% og til landsins að öðru leyti 38.3%. Til viðbótar við þetta eru svo allar bankastofnanirnar í Reykjavík. Allir þjóðbankarnir eru með sínar höfuðstöðvar hér í Reykjavík, og menn hér hafa þess vegna betri aðgang að þeim heldur en menn úti á landsbyggðinni. Yfirleitt er þeim vísað þangað ef þeir leita til aðalstöðvanna hér í Reykjavík. Þeim er vísað til útibúanna úti um landsbyggðina.

Ég minni á þessa hluti, sem ég hef verið að ræða um, að gefnu tilefni, og tilefnið var í ræðu hv. flm. þessarar till., — ekki til að fara að metast um þessi mál, heldur að gefnu tilefni, og leyfi ég mér að hafa þá ákveðnu skoðun, að það hafi alls ekki verið seinna vænna að stofna öflugan Byggðasjóð hér í landinu til þess að reyna að koma í veg fyrir frekari byggðaröskun en verið hefur. Þetta er ekkert einsdæmi hjá okkur íslendingum. Þetta hafa flestallar þjóðir gert, t. d. nágrannar okkar norðmenn. Þeir hafa öflugan byggðasjóð, sem heitir Distrikternes utbyggningsfond og er öflugur sjóður, hefur lánað mjög mikið til landsbyggðarinnar í Noregi. Það eru ýmsar alþjóðastofnanir, sem hafa sett á fót eins konar byggðasjóði, svo og flest ríki, sem hafa átt við þennan vanda að stríða. Það er síður en svo að við íslendingar séum þeir einu sem höfum átt við þann vanda að stríða að byggðaröskun hafi átt sér stað í stórum stíl. Svo er um flestallar þjóðir a. m. k. í kringum okkur.

Hvaða áhrif hefur starfsemi Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunarinnar haft á atvinnu- og byggðaþróun í landinu? Það er auðvitað erfitt að greina það, hvaða áhrif þessi starfsemi hefur haft, vegna þess að hún er aðeins liður í margháttuðum og flóknum ráðstöfunum og starfsemi sem snertir uppbyggingu atvinnulífs og framþróun. Ég held þó að það sé óhætt að fullyrða að starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hafi haft talsvert afgerandi áhrif á uppbyggingu ýmissa staða og ýmissa landshluta til góðs. Nægir í því efni að benda á að eftir að Byggðasjóður hafði starfað í nokkur ár, þá gerðist það m. a. fyrir tilverknað Byggðasjóðs, en sjálfsagt hefur þar fleira komið til, að það varð breyting á búsetu í landinu. Árið 1974, 3 árum eftir að Byggðasjóður tók til starfa, gerðist það í fyrsta sinn að fólksfjölgun varð meiri úti um landsbyggðina heldur en á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu. Það er enginn vafi á því að starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hefur haft jákvæð áhrif í þessa átt, þó að, eins og ég sagði áður margt fleira kæmi til.

Hér er í raun og veru ekki um það að ræða að það sé keppikefli af hálfu neins aðila að ráðast að Reykjavík og þróun Reykjavíkur. Reykjavík á að stækka, en hún á að stækka af sjálfu sér fyrst og fremst, en ekki af því að fólk flytjist annars staðar frá inn í Reykjavík og auki á það misræmi í búsetu sem hefur verið vaxandi á undanförnum áratugum.

Það er ástæða til að nefna það að þeir, sem ferðast mikið um landið og hafa gert á undanförnum árum, hafa orðið varir við mikil umskipti víða á landsbyggðinni, geysilega mikil umskipti, jákvæð umskipti. Byggðarlög, sem áttu mjög í vök að verjast, — mætti nefna mörg í því sambandi, — standa nú styrkar og fólkið er þar bjartsýnna en áður á framtíðina og tilevru staðarins. Ég álít að það sé m. a. fyrir það mikla fjármagn sem hefur verið beint til uppbyggingar, sérstaklega atvinnuuppbyggingar á þessum stöðum í gegnum Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð.

Það vaknar auðvitað sú spurning í þessum efnum hvort það hefði verið skynsamlegra að láta þessi mál lönd og leið, láta hreinlega skeika að sköpuðu í þessum efnum, spyrna ekkert við fótum og láta byggðunum úti um landið halda áfram að blæða út. Það var ekki svo langt í það að íslendingar hefðu safnast saman langflestir hér á suðvesturhorninu og tilvera margra byggða í raun á bláþræði og mátti ekkert út af bera til þess að þær drægjust meira saman og fólk héldi áfram að flytja þaðan burtu. En fólksflutningar í landinu kosta mikið fjármagn, menn yfirgefa eignir og það verður að byggja bæði yfir íbúa að nýju og einnig þjónustuaðstöðu annars staðar. Það þyrfti t. d. að byggja nokkra skóla á nýjum búsetustöðum fólks og þjónustumiðstöðvar. Það er fróðlegt að athuga hvað hefði t. d. kostað að byggja yfir íbúa ýmissa staða ef miðað er við 7 millj. kr. íbúð á fjölskyldu. Og það er engin fjarstæða að velta þessu fyrir sér vegna þess að margir staðir bjuggu við það ástand fyrir örfáum árum að þeir stóðu frammi fyrir því að byggðin legðist niður hreinlega. Þannig var víða háttað. Svo að ég taki dæmi af handahófi, þá hefði t. d. kostað 665 millj. að byggja yfir íbúa Raufarhafnar, Seyðisfjarðar 1470 millj., Súðavíkur 420 millj., og mörg fleiri dæmi mætti taka. Það er enginn efi á því að ef ekki hefði komið til blóðgjöf í atvinnulíf og uppbyggingu á landsbyggðinni, m. a. með stofnun Byggðasjóðs, hefðu mörg byggðarlög beinlínis þornað upp, því að tilvera margra þeirra hékk, eins og ég hef tekið fram, á bláþræði. En það hefur orðið á veruleg breyting til batnaðar.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því hvaða þýðingu það hefur fyrir þjóðina og fyrir efnahag þjóðarinnar að dreifa búsetu manna um landsbyggðina með tilliti til þess að nýta mestu auðlindir þjóðarinnar. Mestu auðlindir þjóðarinnar eru í sjónum umhverfis allt landið, og það er afar erfitt að nýta þær nema fólk búi sem víðast á landinu. Ef litið er á hagnýtingu fiskaflans í einstökum landshlutum árið 1975, þá kemur á daginn að framleiðsla Reykjanessvæðisins nemur 224 500 smálestum, en annarra landshluta 764 200 smálestum, og gefur nokkra hugmynd um hvað er að ske í okkar atvinnumálum og hvað það er sem stendur hvað traustast undir okkar viðskiptum við aðrar þjóðir í gegnum útflutning sjávarafurða. Þessar tölur tala raunverulega mjög skýru máli um hina gífurlega þýðingu landsbyggðarinnar fyrir sjávarútveginn. Til viðbótar við þetta kemur svo öll framleiðsla landbúnaðarins eins og hún leggur sig. En það hefur sýnt sig að einmitt efling ýmissa byggðarkjarna víðs vegar um landið hefur áhrif á landbúnaðinn og uppbyggingu hans. Hann byggist út frá þessum kjörnum og styrkist þannig að þetta helst allt saman í hendur.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé allri þjóðinni fyrir bestu og ekkert síður reykvíkingum en öðrum að byggja allt landið og leggja á það áherslu og verja til þess fjármagni.

Það mætti ræða nokkuð um þann þátt í starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar sem snertir áætlanagerð. Ég hef gert það áður hér á Alþ. og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú. En ég vil láta það koma fram að lokum, að ég tel að einn þýðingarmesti þátturinn, eitt af þýðingarmestu málunum sem núv. ríkisstj. tók upp í sinn málefnasamning, hafi verið að efla stórkostlega Byggðasjóðinn, en hann hefur verið stórkostlega efldur eins og kunnugt er. Árið 1975 var varið til Byggðasjóðs 830 millj. kr. á fjárl., árið 1976 voru þetta 1120 millj. og á þessu ári 1630 millj. Hér er um að ræða mikið fjármagn, og ég skal vera fyrstur manna til þess að viðurkenna að það þarf auðvitað að verja þessu fé á sem skynsamlegastan hátt. Það er þýðingarmikið. En á það er lögð áhersla að nota þetta fjármagn og verja því einmitt til uppbyggingar í atvinnulífinu til þess að efla byggðirnar, til þess að stöðva byggðaröskunina og til að efla atvinnulífið í landinu, útflutningsstarfsemina og skjóta sterkari stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þegar þetta mál var til umr. í vetur höfðu nokkrir hv. alþm. kvatt sér hljóðs, en því miður hef ég ekki þá mælendaskrá. En ég geri ráð fyrir að þeir hv. alþm., sem hafa áhuga á málinu, séu hér inni, og þess vegna vil ég óska eftir því að þeir kveðji sér hljóðs á ný ef þeir óska eftir að taka til máls um tillögu þessa.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það er nokkuð rétt að ég hafði hugsað mér að taka til máls.

Hv. 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, varði stöðu sína nokkuð vel. Það segir sig sjálft að jafnvel þeir, sem hvað mest voru á móti tilvist þessarar stofnunar, Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóðs, áður fyrr, eftir því sem mér hefur verið sagt frá umr. sem hér áttu sér stað áður en ég kom til setu á Alþ., þeir gerast nú bestir talsmenn þessarar stofnunar. En ég vil, þrátt fyrir það að ég er búinn að gleyma mörgu af því sem hér féll í umr. á fyrra stigi þegar þessi till. mín var til umr., reyna að rifja þetta dálítið upp, og þó er kannske ekki mikil ástæða til þess þar sem hv. 1. þm. Suðurl., formaður þeirrar stofnunar sem hér er til umr., gaf sögu-

legt yfirlit yfir tilvist þessarar stofnunar frá upphafi til þessa dags, og ég sé ekki neina ástæðu til annars en þakka honum fyrir þann fyrirlestur. Ég vona að hann verði sama sinnis hvað tilvist þessarar stofnunar snertir eftir að hann er hættur að starfa fyrir hana eins og hann er nú, þótt hann sé nú kominn á þá skoðun sem hann var áður andstæður eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið.

Till. mín fjallar ekki um að veita Reykjavík nein forréttindi á einn eða annan hátt, þannig að fyrirlestur hv. 4. þm. Austurl. um Reykjavík í sambandi við þessa till. er e. t. v. hugarfóstur vegna þeirra umr. sem áður hafa átt sér stað, bæði hér á Alþ. og annars staðar, um hvað Reykjavík er að verða afskipt við úthlutanir til ýmissa sameiginlegra þarfa sem Reykjavík þarf að gegna sem höfuðborg. Reykjavík hefur alls konar höfuðborgarskyldum að gegna sem hún kemst ekki hjá. Það er ekki hægt að ætlast til þess að Reykjavík ein standi undir þeim á einn eða annan hátt. Þessi ræða hv. þm. var því langtum lengri en hún þurfti að vera. Hann gat sleppt öllu því tali. Ég veit ekki hvort það væri mikil eftirsjá í því þó að háskólar kæmu úti um land alveg á sama hátt og menntaskólar eru nú að koma úti um land. Menntastofnanir og menntaskólar voru eingöngu í Reykjavík á sínum tíma. Nú eru þeir komnir víða úti um land, og Reykjavík gerir ekkert, ekki nokkurn skapaðan hlut til þess að hindra að þeim stofnunum verði dreift um landið. Ég skal taka undir ef hv. 4. þm. Austurl. vill koma með þá till. að háskólar rísi upp annars staðar en í Reykjavík. Ég hugsa að Reykjavíkurborg yrði betur úti fjárhagslega því að það er talsverður baggi á Reykjavík að hún hefur þurft að styðja við alls konar félagslegar framkvæmdir á vegum háskólastúdenta. Við gerð hverrar einustu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar koma þeir með lánaumsóknir. Það getur vel verið að byggðafélögin úti á landi vilji fá þær umsóknir.

Ég vil taka undir það að auðvitað eru mikil tengsl á milli Alþ. og Framkvæmdastofnunar þar sem hér sitja á Alþ. bæði stjórnendur og framkvæmdastjórar Framkvæmdastofnunarinnar. Það er ekki nema eðlilegt að þeir standi upp og verji stofnunina hvenær sem er að því vegið að hún gefi ekki nógar upplýsingar. Till. mín felur aðeins í sér að fá að vita meira um hvað er að ske vegna fjárfestinga bæði Framkvæmdastofnunarinnar og Byggðasjóðs, og ég sé ekkert í minni framsöguræðu sem ruglar þeim tveimur stofnunum saman.

Ég hefði t. d. gaman af að vita hvað skeði þegar fiskiðjuver er stækkað á einhverjum stað úti á landi fram yfir það sem eðlilegt er í viðkomandi byggðarlagi. Ég hef óljósan grun um að sá staður dragi þá að sér vinnuafl frá öðrum atvinnuvegum, kannske úr nálægum sveitum. Hvaðan kemur þá vinnuafl til baka í sveitirnar, ef það þá fæst? Hvaða áhrif hefur fjárfesting þegar hún verður óeðlilega mikil skyndilega á tiltölulega litlum stöðum? Það er til eðlileg fjárfesting, það er til eðlileg þróun, það er til lítil fjárfesting fram yfir eðlilega fjárfestingu og það er til mikil fjárfesting sem er óeðlileg. Við höfum hlustað á dæmi hér í þingsölum um að fjárfestingin hafi verið óeðlileg. Við höfum heyrt um uppbyggingu á frystihúsum sem ekki eru starfrækt þrátt fyrir mikið fé úr Byggðasjóði til þeirra. Við höfum heyrt um bátakaup. Við höfum heyrt um sölu á bátum frá stöðunum aftur svo til samdægurs. Og þá hugsa ég að það hafi verið mjög vanhugsuð fjárfesting eða kannkse of hröð fjárfesting. Og hvaða áhrif hefur þessi fjárfesting? Hvaða áhrif hefur það fyrir lítið byggðarlag að vera með þungan bagga, eins og kom fram í síðasta máli sem var hér til umr., 22% vaxtabagga, ef um eðlilegt lán er að ræða, en gæti farið miklu hærra þegar það er komið í vanskil? Hvaða áhrif hefur þetta fyrir byggðarlög úti á landi? Af hverju má ekki rannsaka þetta? Hvers vegna eru framkv.stjóri og form. þessara stofnana komnir hér upp eins og veggur til þess að telja Alþingi íslendinga trú um að hluta af fjárl., þeim hluta sem upp undir helmingur af þjóðinni á ekki að hafa aðgang að, eigi að ráðstafa í myrkri í einhverri nefnd eða stofnun, og þegar er verið að biðja um upplýsingar, þá skuli þeir standa upp og mynda vegg gegn því að upplýsingarnar séu veittar, að það sé kannað hvaða áhrif það hefur? Ég get ekki ímyndað mér að í þessu sé neitt sem þarf að fela. Það hefur ekki hvarflað að mér. Ég vil bara tala um hvaða áhrif fjárfestingarnar hafa á hinum ýmsu stöðum.

Ég get ekki fundið, eftir því sem ég hef séð í þeirri skýrslu sem forsrh. flytur Alþ. um störf stofnananna, að það liggi nokkuð fyrir um það sem ég er að fara fram á að verði kannað. Það kemur kannske fram hve vel viðkomandi stofnun starfar að því að úthluta. Það getur vel verið. En hvaða áhrif úthlutanirnar hafa, það kemur ekki fram þar nema að mjög óverulegu leyti. Maður sér að vísu á skýrslunum að þangað hafa farið peningar, þarna hefur verið byggt upp stórt og mikið þetta og þetta fyrirtæki, þarna starfa svo og svo margir. En hver er svo árangurinn af því? Það er hægt að veiða kannske mjög mikið magn af fiski, en þannig er hægt að vinna að það verði lítið verðmæti úr honum. Það er hægt að veiða lítið magn og gera úr því mikið verðmæti. Þetta er allt og sumt sem ég er að biðja um að fá athugað, hvaða áhrif fjárfestingarnar hafa haft. Ég ætlaðist ekki til að fá hér framhald af sögulegum þræði uppbyggingar stofnananna frá framkvæmdastjóranum, það var komið frá formanninum. En ég talaði um að það væri brot á grundvallarreglum lýðræðis að taka hluta undan af því ráðstöfunarfé sem Alþ. hefur á hverjum tíma við gerð fjárl. lagt í sérsjóði, afhenda það tiltölulega fámennum hópi, eins og hægt er að kalla þá alþm. sem stjórna stofnununum, og segja: Hér eru 10% eða 5% eða hvað það er af fjárl. Alþ., af sameiginlegu fé þjóðarinnar, ráðstafið því bara ekki í þennan hóp, til allra annarra. — Þetta segi ég að sé brot á grundvallarreglum lýðræðisins. Hitt er annað mál, að ég ætla að leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp úr ræðu minni svo að það fari ekkert á milli mála, eins og hv. 4. þm. Austurl. gerði. Þar segi ég:

„Það, sem ég ætlast sérstaklega til að Alþ. láti kanna, er hvaða röskun þessi starfsemi kann að hafa haft — ekki til þess að vinna gegn upp-

byggingu landsbyggðarinnar, þess er vissulega þörf að sinna henni, heldur þvert á móti til þess að kanna hvort hagsmunir einstakra landshluta hafa ekki verið fyrir borð bornir, og þar má nefna hagsmuni Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis.“

Það er hvergi lagt til að það sé hætt við byggðastefnuna eða hætt að gera það sem vit er í að gera. Ég vil bara núna á 5 ára afmæli þessarar stofnunar láta fara að gera úttekt og vita hvort hún hefur starfað til góðs eða ills og hvað hefur þá farið aflaga. Ég er ekki í nokkrum vafa um að eitthvað hlýtur að fara aflaga eftir þeim málflutningi sem hér hefur verið áður en ég kom hingað á þing.

Það er auðvitað hártogun sem á sér tæplega stað í þessum umr., hvort einn eða annar þm. vill hverfa aftur til frumstæðustu byggðarskilyrða á Íslandi vegna þess að hann vill láta athuga hvaða áhrif fjárstreymi úr opinberum sjóði hefur á byggðaþróun í dag. Mér finnst það vera fyrir neðan virðingu þm. að tala svona. Þetta á víst að vera grín og er það, ég tek það sem slíkt, en það á ekki heima í þessum umr.

Hitt er annað mál, að ég er þeirrar skoðunar að frelsi einstaklingsins til orða og athafna á öllum sviðum eigi að vera sem allra mest. Það getur verið að þar komi til með að stangast á pólitískar skoðanir. Ég er þessarar skoðunar, aðrir eru annarrar skoðunar, og ég ætla ekki að fara að túlka það neitt sérstaklega. Ég ætlast ekki heldur til að aðrir þm. túlki annað en það sem ég læt sjálfur fram í skoðunum.

Það getur vel verið, svo að ég hlaupi aftur í það sem hv. 4. þm. Austurl. tók fram í sínu máli, í beinu framhaldi af þessu, að skoðanir manna geti stangast á um hvað er frelsi og hvað er ekki frelsi. Hann segir: „Allt of mörg fyrirtæki í Reykjavík.“ Það getur vel verið, ég ætla ekki að leggja neitt mat á það. Ég segi bara að ég sé ekki þeirrar skoðunar að þau séu of mörg meðan þau lifa. Ef þau geta haldið sér gangandi miðað við þau höft sem sett eru á þau, þá má segja að það sé stórfurðulegt hvað það eru mörg fyrirtæki sem lifa í Reykjavík. En nú eru lífsskoðanir okkar ekki þær sömu. Ég aðhyllist einstaklingsverslun. Hv. 4. þm. Austurl. hefur hingað til að mínu mati, eftir því sem ég hef heyrt hann segja, aðhyllst frekar samvinnuverslun. Þess vegna kemur það náttúrlega fram að það séu allt of mörg fyrirtæki í Reykjavík. Ég get skilið það, að það ætti helst ekki að vera nema eitt að hans mati, eftir því sem ég skildi hann, og það er nú ekki í fyrsta skipti sem það kemur fram.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram að gefnu tilefni, að það er mjög langt frá því að ég sé á móti aðstoð við byggðarlög eða að það sé eitthvert keppikefli hjá mér eða öðrum reykvíkingum að vinna gegn uppbyggingu landsins alls. Þetta er mesti misskilningur. Það þarf bara að vita hvort þessi byggðarröskun, sem hv. þm. talaði um, er ekki að snúast við þannig að byggðaröskunin sé að verða hér á þessum kjarna frekar en úti á landi eins og komið er. Það hlýtur að koma að einhverju marki þar sem fjárfestingin úti um land er komin í það sem byggðarlögin þola, og þá fara aðrir landshlutar að líða fyrir það. Ég held að það sé tilefni til að rannsaka þetta. Ég er ekki að fara fram á neitt annað en að kanna hver orsökin að þessum fjárfestingum er, hver afleiðingin er og hvað það hefur gert til góðs og til ills. Ég vil bara benda á að það er mjög hættulegt að heyra það frá framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar að það eigi að vera atriði í heildaruppbyggingu að fjárfesta úti á landi bara til þess að gera eignir einhverra — það kom ekki fram hverra — arðvænlegri eða verðmeiri, ég veit ekki hvort hann meinar til notkunar eða til sölu.

Nei, ég vil ítreka það og það kom fram í ræðu minni, að það frjálsræði, sem ég tala um, er ekki að fara aftur til frummannsins. Það er bara frjálsræði til búsetu og athafna eftir því sem hver og einn ákveður að velja sér, og þar á hann að fá þá fyrirgreiðslu sem eðlilegt er að þjóðfélagið veiti honum, en að fjármagn sé ekki notað til fólksflutninga, ef svo má að orði komast. Að sjálfsögðu á maðurinn ekki að elta fjármagnið. Fjármagnið hlýtur að skapast þar sem menn vinna og hasla sér völl. Fjármagnið þjónar, má segja, áformum mannsins eftir að hann hefur skapað það. Verðmæti myndast af ýmsum gerðum. Ef við öll hættum að vinna myndast ekkert fjármagn. Þá myndast ekki nein verðmæti. Þau myndast þar sem maðurinn er, og þau myndast þar sem helst er hægt að skapa þau á eðlilegan hátt. Annað er ekki arðbært, hvorki fyrir einstaklinginn né heldur þjóðina í heild. Hitt er svo annað mál, að við getum kannske haldið gangandi hverju sem er ef ótakmarkað fé er fyrir hendi. Ég vil ekki bera þetta saman við að þjóðir heims hafa sameinast um að byggja upp þriðja heiminn, vanþróuðu löndin. Það er allt annað mál. Það er talið að við vestrænir menn höfum arðrænt, þ. e. a. s. notið auðæfa þessa heims um aldir, og við erum að endurgreiða það sem við höfum tekið frá þessum þjóðum. Er það virkilega meining hv. 4. þm. Austurl. að við, sem búum á suðvesturhorninu, höfum arðrænt eða dregið til okkar frá landsbyggðinni og við þurfum nú að endurgjalda það af sömu ástæðu og alþjóðastofnanir styrkja nú vanþróuðu löndin? Ég trúi því ekki, að hv. þm. meini það sem ég a. m. k. las á milli orða hans, og tel ég ekki nokkuð sambærilegt hægt að finna í þessum tveimur athöfnum.

Ég tel að fjármagnsflutningur geti verið hættulegur. Við getum lifað í þeirri blekkingu að hann sé góður allan tímann, en hann er það ekki. Hann getur líka verið slæmur. Við heyrðum hér um daginn talað um frystihús sem eru ekki í gangi lengur, það er búið að henda í þau hundruðum milljóna. Nú upplýsir hv. 4. þm. Austurl. að í hraðfrystihúsaáætlun hafi samtals verið fjárfest milli 14 og 15 milljarða (TÁ: Miðað við verðlag í sumar.) Miðað við verðlag í sumar. Já, ég skildi það. Það er upplýst að a. m. k. þetta eina frystihús, sem kom hér á dagskrá um daginn, er ekki rekið með hagnaði, ef það er þá rekið, og það eru kannske fleiri slík. Það þarf að fara á staðinn, það þarf að skoða það og það þarf að spýta enn þá meiri peningum í það. Er þetta arðvænt? Er þetta rétt fyrir fólkið sjálft á staðnum? Hver er skuldabagginn, bara vaxtaskuldabagginn á þessu fólki? Stendur fólk undir því eða verður að afskrifa þetta bara til þess að

byggðarlagið fari ekki á hausinn vegna offjárfestingar? Ég skal ekki segja um það.

Ég hjó eftir því að hv. 4. þm. Austurl. sagði að ég hefði ekki gert nógu mikinn greinarmun á Framkvæmdasjóði annars vegar og Byggðasjóði hins vegar. Ég ætla þess vegna — með leyfi forseta — að lesa upp þann kafla úr ræðu minni, en hann hljóðar svo:

„Fram kemur í ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar árið 1975 að lán Framkvæmdasjóðs, sem einkum lánar til stofnlánasjóða atvinnuveganna, nema samtals það árið á fimmta þúsund millj. kr., þar af fara aðeins 25 millj. til verslunarlánasjóðs og ekkert til Ferðamálasjóðs. Aftur á móti fær Stofnlánadeild landbúnaðarins lánaðar 1387 millj. úr Framkvæmdasjóði" — ég undirstrika það — „sem er 2 millj. kr. meira en nemur heildarútlánum Stofnlánadeildarinnar. M. ö. o. hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins árið 1975 ekki getað endurlánað allt það fé sem hún fékk úr Framkvæmdasjóði."

Þetta sagði ég um Framkvæmdasjóð. Ég vil leyfa mér máli mínu til stuðnings að biðja hv. þm., ef þeir eru með ársskýrslu Framkvæmdastofnunar fyrir 1975, að fletta upp á bls. 68, en þar kemur í kafla nr. XVIII, það er greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða 1975, að Framkvæmdasjóður hefur látið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins 1387 millj. Ég er ekki að telja önnur framlög, en þau eru samtals upp á 2399 millj. En þegar kemur að ráðstöfun fjár heldur neðar á bls., þá kemur: Bein útlán og framlög úr sjóðnum eru 1385 millj. Það er sem sagt 2 millj. minna, sem Stofnlánadeildin lánar út, heldur en hún fékk frá Framkvæmdastofnuninni einni saman. En þar fyrir utan hefur hún tekjur annars staðar frá sem ég hirði ekki um að lesa upp.

Þá vil ég — með leyfi forseta — vitna í það sem ég sagði um Byggðasjóðinn. Það er alveg aðskilið hér og alls ekki ruglað saman, þannig að það er engin ástæða fyrir hv. 4. þm. Austurl. að reyna að gera mál mitt — við skulum segja kauðalegra en það þarf að vera, miðað við það sem ég sagði. En þar segi ég eftirfarandi:

„Árið 1975 voru samþykkt 425 ný lán úr Byggðasjóði að upphæð 1603 millj. kr. Þar af fóru tvö lán til Reykjavíkur að upphæð 15 millj. og 13 lán til Reykjaness að upphæð 148 millj. kr. Aftur á móti fær Austurland" — ég tók það að sjálfsögðu viljandi — „97 lán að upphæð 317 millj."

Ég get ekki séð að ég hafi ruglað þarna saman þessum tveimur sjóðum. Það er engin ástæða til þess að láta skína í að ég geri það. Þetta kemur fram síðast á bls. 81, ef menn rengja þessa tölu. Það eru 14 millj. 350 þús. kr. sem fara til Reykjavíkur. Gunnar I. Hafsteinsson fær lán til kaupa á skuttogara frá Englandi, 14 millj. 350 þús. af 1 milljarði 237 millj. 252 þús. kr. Þetta er á bls. 81 í sama bæklingi, ef menn vilja kynna sér það.

Ég er þeirrar skoðunar að allir landsmenn eigi að hafa jafnan aðgang að Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði og Byggðasjóður eigi að notast svo lengi sem hann kemur að góðu gagni úti á landi umfram það sem notað er hér á þessu svæði. Annars hafði ég ekki hugsað mér að gera þetta svæði, hvorki Reykjavík né Reykjanes, að sérstöku umræðuefni í sambandi við till., aðeins athuga hvaða áhrif fjárfestingar þessa mikla sjóðs hafa víðs vegar um landið, því að eins og ég sagði áðan og ítreka er þetta hluti af framlagi á fjárl. sem fer fram hjá fjárveitingum Alþ. út í sérstofnun sem úthlutar þar með hluta af fjárl. án beinnar íhlutunar Alþingis. En ég skal viðurkenna það og undirstrika að markmið Byggðasjóðs er göfugt. Það á að byggja upp þar sem þarf að byggja upp. Það á að láta peninga þangað sem þeirra er þörf. Ég vil þó fá að vita að það sé gert á þann hátt sem til var stofnað og ætlast er til að sé gert. En því er ekki að leyna að hér sunnanlands er mikil þörf fyrir fjárfestingu þó að heyrist kannske lítið í þm. Reykv. þegar þeir kvarta. Það getur vel verið að vandamálið sé nær mér hér í Reykjavík vegna þess að ég er ekki bara borgarfulltrúi heldur borgarráðsmaður og sit hér í hafnarstjórn og víðar og sé hvernig málum er komið þar vegna féleysis, þar sem jafnvel rekstrartap fæst ekki bætt með eðlilegum hækkunum tekna, heldur verður það mörgum sinnum hærra en nauðsynlegt er þegar loksins fæst að hækka, vegna þess að okkur hefur verið sagt á vissu tímabili, erfiðleikatímabilinu, að taka erlend lán til að brúa rekstrarskuldir. Það veit hæstv. forsrh. og fyrrv. borgarstjóri sem er nú því miður fjarverandi.

Ég skal ekki tala mikið um aðstöðumun í Reykjavík og úti á landsbyggðinni. Það er að sjálfsögðu aðstöðumunur. Ég hef búið erlendis, og ég hef búið úti á landi erlendis þótt ég hafi ekki búið úti á landi hér. En ég hef verið í sveit og að sjálfsögðu er mikill aðstöðumunur. Ég hugsa að engum manni detti í hug að París bjóði það sama og Nizza, eða Nancy, sem er tiltölulega lítil borg við Miðjarðarhaf, það sama sem höfuðborgin. Það getur aldrei orðið, það er útilokað. En það er sjálfsagt að gera allt sem hægt er til þess að gera líf þeirra, sem ekki hafa öll þægindi sem höfuðborgir yfirleitt hafa að bjóða, eins þægilegt og létt og mögulegt er. Meira verður aldrei hægt að gera. Nýjungarnar hljóta alltaf að skapast þar sem fjölmennið er og samtakamátturinn hvað mestur, og þar munu nýjungar oftast nær skapa þægindi. Sú hefur verið þróunin hér þó Akureyri hafi ekki komið mikið til umræðu, en Akureyri kemur þó næst Reykjavík hvað það snertir. Það dettur engum í hug að ætlast til þess að nágrannabyggðir Akureyrar hafi allt það sama og akureyringar hafa. En það er alltaf talað um Reykjavík. Af hverju ekki að bera það saman við mismunandi staði úti á landi?

Að sjálfsögðu er alveg óþarfi að taka það fram, það er eins og að tala bara til að tala um eitthvað, að tala um að opinberar stofnanir séu byggðar fyrir landsfé. Fyrir hvað ætti að byggja þær? Opinberar stofnanir margar eru auðvitað í Reykjavík vegna þess að Reykjavík hefur verið valin sem höfuðborg. Reykjavík hefur höfuðborgarskyldum að gegna, það er alveg rétt. Það eru margir utan af landi sem vinna í ríkisstofnununum og borga þá kannske skatt í Reykjavík og útsvör. Það eru líka margir sem vinna í Reykjavík og borga útsvör sín í Kópa-

vogi eða í Garðabæ eða á Seltjarnarnesi, þ. á m. hv. 4. þm. Austurl., ef ég veit rétt., þannig að Reykjavík sleikir ekki bara rjómann af vinnumarkaðinum. Þetta gengur svona til alls staðar. Það eru margir sem vinna rétt fyrir utan hvaða bæ og þorp sem er á landinu og borga sín gjöld til sveitarfélagsins sem þeir tilheyra. En að það séu einhver sérstök hlunnindi fyrir Reykjavík að sameiginlegar þjónustustofnanir séu byggðar af opinberu fé í höfuðborginni, ég skil ekki hvaða erindi það á inn í till. um að athuga hvaða áhrif fjárveitingar eða lán úr Byggðasjóði eða fjárfestingar Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs hafa á uppbygginguna úti á landi.

Ég get ekki rætt núna um aðra þá fjárfestingarsjóði sem hv. þm. gerði hér að umræðuefni. Ég gæti að sjálfsögðu flett því upp hvað mikið hefur farið í hvern landshluta frá Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði og svo aftur bönkunum hér, en það hlýtur að fara eftir umsvifum iðnfyrirtækja á hverjum stað. Ég hef ekki trú á því að í skipasmíðar í Reykjavík hafi farið meira undanfarin ár heldur en í skipasmíðar á Akureyri eða skipasmíðar í Garðabæ. Ég hef ekki trú á því. Það er mjög mikið vandamál hjá skipasmíðastöðvum í Reykjavík, hvar þær eigi að fá peninga, rekstrarfé, hvað þá til að stækka og nota þá aðstöðu sem Reykjavíkurborg eða Reykjavíkurhöfn vill skapa þeim til þess að gegna því þjónustuhlutverki sem er gerð krafa til þeirra að þau geri. Þau hafa ekki aðgang að fé til þess. Ef það er laust fé í Framkvæmdastofnuninni til þess að styrkja Slippfélagið eða Slippinn og Stálsmiðjuna og fleiri hér í Reykjavík, þá þætti mér vænt um að framkvæmdastjóri stofnunarinnar kæmi þeim boðum áleiðis. Ég skal bera þau á milli ef hann óskar eftir. En það verður þá að standa að viðkomandi aðili geti fengið fé til uppbyggingar. Ég er því miður ekki með yfirlit yfir þessa sjóði. En ég tel ekkert óeðlilegt að sú myndarlega stofnun, Slippstöðin á Akureyri, hafi fengið verulegt framlag úr Iðnþróunarsjóði þó hann sé staðsettur hér í Reykjavík, vegna þess að það er meiri kraftur í þeim, en nú undanfarið hefur verið talsverð lægð í slippfélögunum hér í Reykjavík vegna þess að þau hafa ekki sömu sterku aðstöðu til þess að fá lán. Það getur líka vel verið, ég hef ekki kynnt mér það, að Byggðasjóður hafi fjárfest í skipasmíðastöð á Akureyri, en ekki í Reykjavík. Ég skal kynna mér það. Ef hv. 4. þm. Austurl. getur upplýst um það og hve mikið hefur farið til slippfélaganna hér í Reykjavík á móti slippfélögum annars staðar, þá þætti mér vænt um að fá að vita það.

Hitt er annað, að bankarnir í Reykjavík lána meira í upphæðum til Reykjavíkur eða reykvíkinga heldur en út á landsbyggðina. Það er e. t. v. ekki óeðlilegt því að ráðstöfunarfé bankanna er aðallega sparifé fólksins á hverjum stað. Ég held að það væri talið óeðlilegt ef sparifé fólksins úti á landi færi að streyma til Reykjavíkur, á sama hátt og það væri óeðlilegt ef sparifé streymdi í meira magni en það gerir þegar frá Reykjavík út til sparisjóðanna því að sparifé er vinnufé fólksins á stöðunum. Það er kannske m. a. þess vegna sem full ástæða er til að athuga fjárfestingu og starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og Byggðasjóðs, vegna þess að þau eru í beinni samkeppni við bankakerfið sem er fjárvana á sama tíma sem Byggðasjóði eru tryggðir ákveðnir milljarðar. Ég hugsa að það nálgist meira 2 milljarða núna heldur en 1600 millj. sem voru til ráðstöfunar á s. l. ári. Ég ítreka það að ég tel vafasamt hvort það er lýðræðislega rétt að taka hluta af fjárlögum þjóðarinnar og leggja í hendurnar á fáum mönnum til ráðstöfunar „prívat“ í þær þarfir sem sótt er um til þeirra. Ég kalla það „prívat“, vegna þess að þeir eru ekki margir sem hafa umráð yfir þeim stóra sjóði. En till. — ég ítreka það enn þá einu sinni — hún er um það að Alþingi íslendinga fái að vita í hvað þetta fé ekki aðeins fer, heldur hvort það kemur að gagni, hvort það kemur á rétta staði og hvort það ber tilætlaðan árangur á þeim stöðum sem því er beint til.

Ég er alveg sammála hv. 4. þm. Austurl. um að Reykjavík á að stækka af sjálfu sér. Þetta er alveg rétt. En er þetta ekki jafnrétt um alla staði? Offjárfesting, of mikið fjárstreymi í staði sem þola það ekki, litla staði, getur verkað öfugt, það hlýtur hv. þm. að vera mér sammála um. En ég tek alveg undir það, að Reykjavík á að stækka af sjálfu sér, og vil ítreka það, að það á ekkert að vera að takmarka við Reykjavík. Allir þurfa alltaf að vaxa eðlilega. Það getur vel verið rétt sú fullyrðing framkvæmdastjóra stofnunarinnar og formanns, sem verja náttúrlega sinn unga og lifibrauð, að hún hafi haft afgerandi áhrif til góðs. Það hefur enginn, síst af öllum ég, sagt annað. Og ég sé ekki ástæðu til þess fyrir framkvæmdastjórann, hv. 4. þm. Austurl., að taka það sérstaklega fram. Það er oft þegar maður tekur slíkt sérstaklega fram, að maður finnur hvöt hjá sér til þess að athuga hvort það sé rétt. En við skulum vona að það sé rétt. Og tal um hvort það hefði verið rétt að láta byggðum úti á landi blæða út — ég get svarað því mjög stuttlega: Auðvitað ekki. Það hefur aldrei staðið til. Eða er eitthvað í till. minni sem gefur tilefni til þess að ætla að ég sé að flytja þessa till. fyrir einhverja vonda menn sem vilja láta byggðarlögum úti á landi blæða út?

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lesa aftur það sem ég las upp áðan, ég grip þar inn í setninguna: „ekki til þess að vinna gegn uppbyggingu landsbyggðarinnar, þess er vissulega þörf að sinna henni.“ Er þetta nóg? Og hver er þá ástæðan til þess að vitna í mitt mál og tala um að ég sé að gefa í skyn með till. minni sé verið að vinna að því að byggðarlög úti á landi blæði út? Ég vil bara undirstrika það og biðja blaðamann Tímans, ef hann er þarna, um leið og hann birtir ræðu hv. 4. þm. Austurl., að taka þetta sérstaklega fram fyrir mig. Það hefur aldrei verið ásetningur minn að stuðla að því að einni byggð eða annarri blæði út. En að sjálfsögðu — og ég tek undir það — að sjálfsögðu er rétt að fjárfesta á þeim stöðum sem eru arðbærir fyrir þjóðarbúið í heild, að nýta auðlindir landsins, auðlindir sjávarins. Það hefur verið gert á mörgum stöðum og mjög vel, ég tek alveg undir það. En hvaða

áhrif hefur það haft fyrir landið, fyrir aðrar atvinnugreinar, fyrir landbúnaðinn? Hefur það dregið fólk úr landbúnaðinum? Hefur það skapað erfiðleika á öðrum sviðum? Halda kaupfélögin á stöðunum mannskapnum, eða fer allt fólkið í frystihús? Það er þetta sem ég vil láta athuga, hvort fjárfestingar yfirleitt hafa komið að tilætluðum notum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég hafði satt að segja ekki sérstaklega ætlað mér að standa upp aftur og bjóst ekki við að tilefni gæfist til þess. En það var margt sem var fullyrt þarna og snúið á annan veg, túlkað öðruvísi en ég bjóst við eða ég hafði sagt, og ég er reiðubúinn til þess að lána þeim, sem ætla að tala frekar í þessu máli, ræðu mína, þannig að hún verði ekki rangtúlkuð á einn eða annan hátt, áður en þeir fara upp í ræðustól.

Ég vil ítreka það að lokum, að hvorki ég né nokkur annar, sem ég hef hitt á þeim árum sem ég hef búið í Reykjavík, hefur nokkurn tíma látið orð falla um það að Reykjavík væri á móti uppbyggingu úti á landi á einn eða annan hátt, að Reykjavík eða Reykvíkingur hafi nokkurn tíma hugsað sér að láta einhverri byggð úti á landi blæða út.

Að lokum, herra forseti, vona ég að þm. sjái sér fært að samþykkja að fela ríkisstj. að láta kanna hvaða áhrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Byggðasjóðs, hefur haft á atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Ég sé ekkert skemmandi við að þessi till. verði samþ. og þessi könnun verði látin fara fram.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfáar aths. Ég satt að segja veit ekki eða skildi ekki hvað hv. þm., sem hér töluðu á undan mér, voru að rífast um, mér sýnist það helst hljóta að vera keisarans skegg.

Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti þessari till. hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Það er rétt sem hann segir, að Byggðasjóður er öflugur lánveitandi og það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvort hann sinnir sínu mikilvæga verkefni. Verkefnið er hins vegar skýrt skilgreint í lögum um Framkvæmdastofnun, í 28. gr. þeirra laga. Þar segir:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Þarna er vilji löggjafans tvímælalaus. Þetta er í lögunum frá 1971 og endurtekið í lögunum, sem við samþykktum í fyrra, eða breytingum, sem við gerðum á þessum lögum. Spurningin er í raun og veru eingöngu sú: Hefur Byggðasjóði tekist þetta. Það þarf að skoða, það þarf að athuga mjög vandlega. Og ég gæti fyrir mitt leyti fylgt þessari till. eins langt og hún nær. Hún fjallar fyrst og fremst um Byggðasjóð, það er tekið fram, „sérstaklega Byggðasjóðs", segir í tillgr., svo að ég sé satt að segja ekki um hvað er verið að deila.

Hv. 4. þm. Austurl. hefur réttilega bent á að margt hefur vel tekist. Tekist hefur að snúa við óeðlilegri byggðaþróun um áratugi, — ég segi: óeðlilegri, og þá á ég við fyrir landsbyggðina alla og Reykjavík þar með talin. Ég tel ekki eðlilegt að hingað á þennan litla hluta safnist helmingur þjóðarinnar, eins og orðið er. Við þurfum ekki annað en skoða fólksfjölgunartölur undanfarna áratugi til að sjá, hvernig þetta hefur þróast og valdið gífurlegum erfiðleikum, ekki aðeins þeim landshlutum þar sem fækkað hefur, heldur einnig Reykjavíkurborg sem hefur orðið að sjá þessu fólki fyrir alls konar nauðsynjum. Það var með þetta í huga að ráðist var í ýmiss konar ráðstafanir til að sporna gegn þessari þróun, nefna má sjóði eins og Atvinnujöfnunarsjóð og margt fleira, og leiddi svo að lokum til þess að Byggðasjóður var settur á fót.

Þetta er ekkert einsdæmi hjá okkur Íslendingum. Þetta hefur verið gert víða. Norðmenn hafa t. d. í mjög mörg ár haft svipaðan sjóð og hafa mjög skipulega unnið að því að viðhalda og efla byggð þar sem erfiðara hefur verið, eins og í Norður-Noregi. Þeir veita þar sérstaka fyrirgreiðslu á fjölmörgum sviðum svo að eitthvert dæmi sé nefnt.

Byggðasjóður hefur reynt að sinna þessu hlutverki sínu með því að veita lán til atvinnuuppbyggingar. Byggðasjóður hefur lagt áherslu á það hingað til og ég er sannfærður um að þar hefur vel til tekist. T. d. er það staðreynd að tekjur landsmanna hafa jafnast töluvert. Þær eru að vísu ekki enn nægilega jafnar og vissir byggðahlutar eru þar neðarlega, en þó hefur óumdeilanlega mjög batnað frá því ástandi sem áður var. Tölur um fólksfjölgun sýna þetta einnig. Á síðustu árum hefur fólksfjölgun orðið í öllum landshlutum, þó mismunandi mikil, og sumir landshlutar hafa ekki náð fólksfjölgunarmeðaltalinu. En þar hefur þó einnig mjög skánað frá því ástandi sem áður var. Nú er vitanlega erfitt að fullyrða að þetta sé allt Byggðasjóði að þakka. Erfitt er að fullyrða það. Aðrir hlutir geta komið til. En ég efast ekki um að Byggðasjóður og sú viðleitni, sem þar hefur verið sýnd til þess að efla atvinnulíf, tryggja atvinnu og bæta tekjur á landsbyggðinni, á verulegan þátt í þessari mikilvægu og heillavænlegu þróun. Og mér skilst að flm. þessarar till. sé út af fyrir sig ekkert að mæla gegn þessu.

Svo finnst mér hins vegar það önnur spurning, hvort ekki þurfi einmitt að skoða starfsemi Byggðasjóðs út frá því hvort þetta svið, sem hann hefur lagt svo mikla áherslu á, atvinnuuppbygging, sé það nauðsynlegasta enn. Ég held að skórinn kreppi að á öðrum sviðum víða, t. d. á ýmsum félagslegum sviðum, þar sem þjónusta er ekki sú sem nútíma landsmaður gerir kröfu til: læknisþjónusta, heilbrigðisþjónusta, menntamálin o. fl. Ég held einnig að það standi í vegi fyrir enn betri þróun á þessu sviði að víða eru íbúðarhús af skornum skammti, jafnvel þar sem fólk vill setjast að, þar sem atvinna er næg og tekjur miklar. Ég held að það væri athugandi hvort Byggðasjóður á ekki að lána til örvunar íbúðarhúsabygginga. Þannig held ég að

athugun á verksviði Byggðasjóðs og starfsháttum sé mjög eðlileg með tilliti einmitt til þess hvað mikið hefur áunnist á undanförnum árum. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því að ríkisstj. annist slíka úttekt. Hins vegar held ég að stjórn Framkvæmdastofnunar ætti að gera það einnig. Það er sjálfsagt. Og ég vil vekja athygli á því, að í skýrslum Framkvæmdastofnunarinnar hafa verið einmitt greinar um byggðaþróun. Þær hafa verið skrifaðar af forstöðumanni einnar deildarinnar, áætlanadeildar, og þar er að finna mjög aðgengilegar og miklar upplýsingar einmitt um þessa heillavænlegu þróun sem ég hef nú nefnt. Þar er hins vegar að vísu ekki beinlínis gerð tilraun til þess að meta hvað af þessu megi rekja til útlána Byggðasjóðs, en eins og ég hef áður sagt, held ég að margt megi örugglega rekja þangað.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. flm., og undirstrika það, að vitanlega getur enginn haft á móti eðlilegri þróun landsbyggðarinnar og einstakra byggðarlaga. Mér þykir vænt um að heyra að hann leggur áherslu á að ekkert slíkt er í hans huga og hann er því mótfallinn að lífvænlegar byggðir fari í eyði, svo að ég noti það orðalag sem er í lögum um Byggðasjóð. En staðreyndin er hins vegar sú, að oft hefur munað litlu að svo færi, mjög litlu, og nokkur dæmi held ég að hafi verið nefnd í ítarlegri og góðri ræðu hv. 4. þm. Austurl. Ég þekki líka fjölmörg slík dæmi úr mínu kjördæmi. Sums staðar hefur þetta raunar ekki tekist. Þar hafa hreppar farið í eyði því að þar hefur verið of seint gripið inn í. Við getum hins vegar nefnt sveitarfélag eins og Árneshrepp þar sem sannarlega munaði litlu þegar 50 manns fluttu þaðan á brott fyrir örfáum árum, en nú hefur tekist að snúa þeirri þróun við. Þar hefur Byggðasjóður að nokkru hlaupið undir bagga. Hann hefur aðstoðað með mjög mikilvægri aðstoð við uppbyggingu útihúsa á því svæði. Og fleira hefur komið til. Þar hafa margir lagst á eitt. Ég held að það sé alveg tvímælalaust að það er þjóðhagslega mjög mikilvægt að þetta tókst. Þarna eru 200 manns, og það kostar mikið að flytja þetta fólk búferlum, auk þess sem þarna eru landsgæði sem þarf að nýta og eru mikilvæg fyrir okkur. Þarna tókst því vel. Víða annars staðar hefur tekist vel, eins og hefur komið fram, og mér þykir vænt um að heyra frá hv. flm., eins og ég sagði áðan, að hann er þessu meðmæltur.

En hvernig á þá að gera þetta? Á ekki að gera þetta einmitt eins og gert hefur verið, með því að veita til slíks sérstakt fjármagn? Ég held að hv. flm. sé mér sammála um að fjármagnið er mikilvægt í þessu sambandi sem öðrum. Hins vegar hafa heyrst þær raddir að Byggðasjóður eigi að lána jafnt til allra landshluta. Þetta heyrir maður mjög oft í þessum sölum. Ég skil þetta ekki satt að segja. Þá er þetta ekki lengur Byggðasjóður. Þá hefur hann ekki lengur það hlutverk að reyna að halda lífvænlegum byggðum frá því að fara í eyði. Ómögulegt er að samræma þessi tvö sjónarmið. Byggðasjóður er settur upp sem sérstakur sjóður til þess að koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði, og stuðla að jafnvægi í byggð landsins, eins og ég hef lesið úr lögunum, og meðan hann hefur það hlutverk hlýtur hann að mismuna byggðarlögum eftir því hvernig ástandið er að þessu leyti, og það er mikill mismunur í okkar landi. Það er því um tómt mál að tala að Byggðasjóður eigi að lána jafnt til allra landshluta. E. t. v. fer einhvern tíma svo að Reykjavík þurfi á sérstökum lánum að halda til þess að halda í horfinu við landsbyggðina, en ég held að svo sé alls ekki enn, sem betur fer. Hins vegar get ég tekið undir það, sem stundum hefur komið fram, að sumir staðir t. d. á Suðurnesjum eru þannig í stakk búnir að þeir þurfa aðstoð, t. d. Hafnirnar. Og ég held að Byggðasjóður ætti að vera opinn fyrir slíku.

Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu. Byggðasjóður hefur þetta hlutverk: að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Lögin eru tvímælalaus í þessu samabandi. Hann hlýtur því að mismuna byggðarlögum eftir því hvernig ástandið er að þessu leyti. En ég tek undir það, að við þurfum að skoða vel hvernig hann sinnir sem best þessu hlutverki. Ekki er víst að það sé með því að lána áfram nánast eingöngu til atvinnuuppbyggingar og sveitarfélaga. Önnur svið geta orðið að koma þar inn, og vel getur verið að við þurfum að mismuna eitthvað meira byggðarlögum um landið því að ástandið er að þessu leyti mjög breytilegt. En Byggðasjóður sinnir ákaflega mikilvægu hlutverki, ekki aðeins fyrir landsbyggðina, heldur fyrir landið allt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég verð að segja að ég styð eindregið þá till. sem hér liggur fyrir, og ég held, eins og fram hefur komið hér, að það sé mikilvægt fyrir Byggðasjóð og stjórn Framkvæmdastofnunar að fá slíka nefndarskipun og fá úr því skorið hvort sú gagnrýni, sem komið hefur fram á Byggðasjóð nú um nokkurra ára skeið, er á rökum reist eða hvort þetta eru bara getsakir.

Ég ætla ekki að ræða hér almennt um stefnu Byggðasjóðs, en í orðum hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur kom fram visst vantraust á fiskvinnsluna á Suðurnesjum. Hún talaði þar um skipulagsleysi sem mundi vera m. a. þáttur í þeim örðugleikum sem þar væri um að ræða nú. Því gat ég ekki látið hjá líða að minnast á ýmislegt í því sambandi og vil þá segja að það byggur margur auð í annars garði. Ég vil álykta svo, að meiri hluti þeirra, sem hafa farið með stjórn þjóðmála á undanförnum árum, hafi litið svo á að reykvíkingar og reyknesingar væru svo vel fjárhagslega og atvinnulega staddir að það væri hægt að láta þá bera skarðan hlut frá borði þegar kökunni væri skipt, því að þetta er ekkert nýmæli og þetta er miklu eldra en Byggðasjóður, að það sé gert upp á milli landshluta. Það var jafnvel svo að þessir staðir, sem eru gamlir og grónir útgerðarstaðir, áttu erfiðara með að fá leyfi til skipabygginga og skipakaupa fyrir 20—30 árum, svo að þetta er alls ekkert nýtt atriði. Og það byggist vafalaust á því, að það hefur verið litið svo á að þeir væru svo vel sjálfbjarga að þeim þyrfti ekki að hjálpa.

Útvegurinn á Suðurnesjum er nokkuð sérstæður og þarf reyndar ekki að lýsa því fyrir hv.

þm., en ég ætla aðeins að benda á að þeir örðugleikar, sem nú koma í ljós, byggjast m. a. á þeirri sérstöðu sem sá útvegur hefur. Hann hefur sérstöðu t. d. að því leyti, að þar veiðist að mestu leyti fullvaxinn fiskur, sem þýðir aftur á móti það að ársaflinn kemur á land á mjög skömmum tíma. Það er aðallega um vertíðarafla að ræða, og þá þarf þá fjóra mánuði, sem vetrarvertíðin stendur, að vera til aðstaða til að sinna öllu því aflamagni sem á land kemur. Þetta veldur aftur á móti örðugleikum við að fullnýta þessar stöðvar hinn tíma ársins. Og síðan fór að draga úr aflamagni á sóknareiningu, sem mjög hefur verið áberandi undanfarin ár, veldur þessi mikla afkastageta fiskverkunarstöðvanna að sjálfsögðu enn þá meiri vandkvæðum en áður. Aflarýrnunin er svo mikil á þessu svæði, að árið 1970 voru það 84 þús. tonn sem þar komu á land á því tímabili, en um 40 þús. tonn 1976. Meira að segja í Keflavík var meðalafli í róðri 8.4 tonn 1970, en er 4.8 tonn á bæði stærri og betri skip og betur búin á árinu 1976. Það er þetta og jafnvel fleira óhagstætt sem hefur skeð. Eins og ég sagði áðan hefur stórþorskur lengst af verið uppistaðan í vertíðarafla suðurnesjamanna. En nú síðustu árin er þorskurinn kominn í mikinn minni hluta, en uppistaðan í aflanum orðin ufsi, karfi, langa og keila. Þetta eru tegundir sem við höfum nú síðustu daga heyrt getið um að eru miklum mun verðminni en þorskurinn, erfiðari í vinnslu og erfiðara að gera út á þær.

Sigurlaug Bjarnadóttir kom tvisvar að því í ræðu sinni um till. að erfiðleikar suðurnesjamanna varðandi hraðfrystiiðnaðinn stöfuðu af skipulagsleysi. En eins og ég hef getið um stafa erfiðleikarnir fyrst og fremst af eftirfarandi ástæðum: minnkandi fiskgengd, óhagstæðri aflasamsetningu, mismunun í lánafyrirgreiðslu, sem ég mun koma að síðar, og vegna þessarar mismunandi lánafyrirgreiðslu hafa menn á þessu svæði orðið að greiða meira í okurvexti heldur en annars staðar á landinu, það er nokkuð viðurkennt mál. Og svo er það, sem ég einnig gat um, að fiskverkunarstöðvarnar eru orðnar allt of stórar vegna samdráttarins í afla. Aftur á móti er það svo, að 40% af öllum suðurnesjabúum starfa að útvegi og fiskvinnslu og þess vegna er afkoma sjávarútvegs á svæðinu öllu ráðandi um tekjuöflun og atvinnuöryggi þeirra sem þarna búa.

Ástæðan til þess að ég kem nú hingað upp er því líka sú, að ég hef mikinn hug á því að leggja áherslu á að Framkvæmdastofnunin feli sinni öflugu áætlanadeild að gera úttekt á sjávarútvegi og vinnslu sjávarafla í Reykjaneskjördæmi. Ég held að það sé ekki ástæða fyrir okkur að vera mjög mikið að deila um hvað hefur skeð, heldur að reyna að bæta nú úr ef einhvers staðar hafa orðið á skyssur. Það er að vísu rétt að það hefur verið gerð úttekt og hún hefur verið gerð af Þjóðhagsstofnun í sambandi við verðlagningu, hún hefur verið gerð af viðskiptabönkum og hún hefur hefur verið gerð af sérstakri n. til að kanna atvinnumál Stór-Reykjavíkursvæðisins og fleiri aðilum jafnvel. En það er sama, jafnvel þó að allir þessir aðilar hafi komist að þeirri niðurstöðu að þarna væri erfitt vandamál viðureignar, þá hefur ekkert gerst nema umtalið.

Samkv. upplýsingum formanns stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar í hans merku ræðu um þessi mál er þessi till. var síðast á dagskrá, þá er Reykjaneskjördæmi þó enn, þrátt fyrir alla aflarýrnun, næsthæsta fisköflunarsvæði landsins með 158 674 tonna ársafla 1975, og þá er loðna meðtalin. Á Suðurnesjunum eru 23 frystihús sem flest eru núna á heljarþröm fjárhagslega, og það er augljóst mál að þar sem er um svona stóran hluta í fisköflun okkar og fiskvinnslu okkar að ræða, þá mundi verða eitthvað örðugra um tekjuöflun jafnvel Byggðasjóðs ef þau yrðu að hætta starfsemi sinni. Ég vil þess vegna taka mjög undir orð formanns stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar sem hann viðhafði hér, með leyfi forseta. Hann sagði:

„Það er augljóst mál að atvinnuleysi verður ekki síður háskalegt á Reykjavíkursvæðinu, ef það kemur þar, heldur en annars staðar. Því eru það blindir menn sem ekki vildu reyna að hafa yfirsýn yfir þarfir Reykjavíkursvæðisins til þess að þeir, sem þar búa, megi einnig hafa atvinnu og góða afkomu. Ég tel að nauðsyn beri til að gera sér fulla grein fyrir atvinnuöryggi þess fólks sem er búsett á Reykjavíkursvæðinu, um leið og stuðlað er að því, að fólk geti búið við jafngóð lífskjör annars staðar á landinu."

Þessi orð vil ég gera að mínum. Ég held að það sé alger nauðsyn að taka nú þegar til mikillar og alvarlegrar athugunar hvernig á að bjarga við fiskvinnslu Suðurnesjanna og Faxaflóasvæðisins vegna þeirrar miklu breytingar sem hefur orðið nú á undanförnum árum. Ef við lítum á þetta svolítið nánar, þá er það, sem hefur skeð, að fisköflunin hefur færst af þessu svæði að hluta og dreifst víðs vegar um landið í miklu stærri mæli en áður var. Þar af leiðandi er miklu minna af hrygningarfiski sem kemur á þau svæði en áður var, þar sem búið er að drepa hann á uppeldisstöðvunum. Þetta m.a. gerir það að verkum, eins og ég gat um áður, að nú eru það aðallega karfi og ufsi, sem aldrei koma á uppeldisstöðvar þorsksins fyrir norðan og austan, sem suðurnesjamenn fá. Verðlagning aftur á móti er ekki miðuð við þessar tegundir og kostnaður frystihúsanna ekki miðaður við þær. Það kemur þó í ljós hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar að afkoma frystiiðnaðarins hefur ekki verið eins góð í mörg ár og hún er núna árið 1976. En það byggist ekki á því að afkoma frystihúsanna, sem verka ufsa og karfa, sé svona góð, heldur vegna þess að frystihús víðs vegar um landið hafa fengið til vinnslu mikið af góðum fiski. Þau sýna þess vegna mikinn ágóða og eru mörg, og þegar tekið er meðaltal af öllu saman kemur þessi hagstæða útkoma. En vandi þeirra, sem á þessu svæði búa, er jafnmikill fyrir því.

Ég vil að lokum geta þess, að það var nýlega gerð skýrsla um hvernig aflasamsetningu á Vestfjörðum og Suðurnesjum hefði verið háttað árið 1975. Þar kemur í ljós að þá var þorskurinn á Vestfjörðum 37.6% og 7.2% á Suðurnesjum, það sem í frystihúsin fór. Á Vestfjörðum

var ýsan 10.4%, en 21% á Suðurnesjum. En langa, ufsi og karfi voru um 24% á Vestfjörðum, en um 62% á Suðurnesjum. Ég vil þess vegna leggja áherslu á það, að þegar nú áætlanadeild Byggðasjóðs fer að athuga þessi mál verði ekki látið sitja við áætlunina tóma, heldur verði reynt að hefjast handa og bjarga þessum fiskiðnaði, þessari fiskvinnslu, útgerðinni þarna. Þetta er það mikið svæði og hefur um áratugi átt það mikinn þátt í útvegi og fiskvinnslu landsins að nú verður að fara að gera eitthvað raunhæft til þess að bjarga þessu frá algeru hruni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls í þessum umr., en mér fannst vanta svolitið inn í myndina í sambandi við umr. um byggðamál fyrst umr. hafa farið eins og hér, að menn hafa rætt hér vítt og breitt um byggðamálin. Ég vil taka skýrt fram, að ég lít svo á að þessi till., sem hv. þm. Albert Guðmundsson hefur lagt fram og er hér til umr., eigi fyllsta rétt á sér. Hann hefur að vísu bent á að henni sé ætlað að athuga hvort ekki hafi farið fram umdeilanleg fjárfesting á landsbyggðinni, og það er út af fyrir sig gott og blessað. Sjálfsagt hafa orðið mistök í fjárfestingu á landsbyggðinni, og það er góðra gjalda vert að reyna að finna út hvort svo hefur orðið og hvort við getum bætt þar um betur og náð betri árangri í þróun landsbyggðarinnar með því fjármagni sem við höfum milli handa. Ég vil hins vegar benda á það, að það er ekkert einkamál landsbyggðarinnar að þar hafi verið lagt í hæpna fjárfestingu, það hefur líka verið gert hér á höfuðborgarsvæðinu, a. m. k. að margra mati, og væri kannske þess vegna eðlilegra að till. væri almennara orðuð, þannig að stefnan í fjárfestingarmálum í landinu öllu væri skoðuð. Ég bendi t. d. á það, að ýmsir hafa talið vafasamt að þyrfti svo mikla fjárfestingu í bankabyggingum hér á höfuðborgarsvæðinu eins og orðið hefur að undanförnu, og ýmsir hafa líka bent á að það væri óeðlileg þróun að það þyrfti að byggja skóla á Reykjavíkursvæðinu fyrir hundruð millj., þegar nemendum fjölgaði ekki í heild í borginni. Nemendum fækkar mjög í sumum skólum hér, eins og við vitum, en síðan þarf að leggja hundruð millj. í að byggja yfir þessa nemendur í öðrum hverfum borgarinnar. Þannig má benda á ýmislegt misgott í okkar fjárfestingarmálum og stjórn á okkar málum, sjálfsagt bæði á landsbyggðinni og eins hér í Reykjavík.

En það er ekki þetta sem ég ætlaði að fjalla hér um. Eins og ég vil taka enn fram, þá tel ég till. alls ekkert óeðlilega og sjálfsagt að kanna hvort þarna sé pottur brotinn. En það, sem ég vildi gera hér að umræðuefni, var að draga upp mynd af því hvað í rauninni er um að ræða í byggðamálunum og þá horfa pínulitið fram í tímann. Ég held að við gerum þá skyssu, þegar við erum að ræða byggðamál, að við horfum of skammt. Ef við horfum fram til aldamóta og hugsum dæmið og hugsum sem svo: Íslendingum hlýtur að fjölga fram að aldamótum, og við skulum giska á einhverja tölu, mannfjölgunartölu, taka t. d. 50 þús. manns — hvar sest þá þetta fólk að, hvar mundi það setjast að ef ekki væri gert neitt til þess að beina þessu fólki í einhver ákveðin byggðarlög með einhverjum opinberum aðgerðum? Ég er ekki í neinum vafa um að verulegur hluti þessa fólks, segjum 40—45 þús. manns, mundi setjast að á höfuðborgarsvæðinu, ekki í Reykjavík sjálfri, heldur á höfuðborgarsvæðinu. Og við verðum að líta á höfuðborgarsvæðið sem eitt byggðasvæði, þetta er samfelld byggð, suður í Hafnarfjörð og norður fyrir Mosfellssveit. Ég er alveg sannfærður um að þetta mundi gerast. Raunar er þetta sú þróun sem hefur gerst á síðustu áratugum. Og þá er að athuga hvaða áhrif þetta hefði á þjóðarbúskap okkar og okkar þjóðlíf.

Þetta mundi verða til þess að byggð yrði nokkuð samfelld upp undir Esjuhlíðar og suður í Hafnarfjörð, það yrði veruleg aukning á umferð hér að sjálfsögðu og umfram fólksfjölgunina yrði náttúrlega bílaaukning enn meiri. Það yrði að leysa marga umferðarhnúta hér með því að byggja brýr yfir gatnamót, það yrði að leysa hér holræsisvandamál sem eru þegar orðin, mengunarvandamál hér í Skerjafirði og hérna í kring, það yrði dýrari vatnsöflun fyrir þetta byggðarlag o. s. frv., o. s frv. Fjárfestingin, sem þyrfti til þess að koma þessu fólki fyrir á þessu svæði, yrði mjög mikil. Ýmsir sérfróðir menn um þessa hluti segja að þegar byggð er komin yfir það mark sem hún er hér nú, þá fari fjárfestingin að fara mjög ört vaxandi, þ. e. a. s. grunnfjárfesting hins opinbera, sveitarfélaganna og ríkisins að fara mjög ört vaxandi á hvern íbúa sem bætist við. Þetta er önnur hliðin á málinu.

Hin hliðin er sú, að úti um land mundi verða hæg framþróun. Mannvirki, sem þar yrðu hvort sem er að vera, ef einhver byggð á að vera þar, mundu nýtast verr og aðstaða okkar til þess að nýta auðlindir okkar, t. d. okkar 200 mílna lögsögu, yrði verri.

Þetta er hin stóra mynd sem blasir við okkur ef við lítum fram í tímann og hugleiðum byggðamál af raunsæi. Þess vegna þarf að vera til í þessu landi og er í öllum vestrænum löndum — ég undirstrika það: öllum vestrænum löndum viðleitni af hálfu hins opinbera bæði að stýra þessari þróun með fjármagni og öðrum opinberum aðgerðum.

Við getum sjálfsagt lengi fílósóferað um það hver sé undirrótin að þessari misþróun í byggð. Við vitum margar orsakirnar. Ein er sú, að það er og hefur orðið atvinnubylting í landinu. Fólk flykkist í iðnað og iðnaðargreinar, úrvinnslugreinar og þjónustugreinar, og þær atvinnugreinar hafa besta vaxtarmöguleika þar sem mest þéttbýli er. Þetta er ein undirrótin. Síðan eru auðvitað gífurlegir fjármagnsflutningar af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðis. Það er alveg sama hvort það er hér á landi eða annars staðar, auðvitað verða alltaf slíkir fjármagnsflutningar, alveg sérstaklega þegar eins er ástatt og hér, að höfuðborgin er um leið verslunarmiðstöð landsins, bæði í útflutningsverslun og innflutningsverslun. Það fer auðvitað ekki hjá því að gífurlegir fjármagnsstraumar renna því frá landsbyggðinni til Reykjavíkur,

líka á þann hátt að hér eru stofnanir fyrir þjóðina í heild. Við skulum taka Háskóla Íslands. Öll þjóðin rekur Háskóla Íslands. Hvort sem fólk á heima í Reykjavík eða á Raufarhöfn greiðir það laun prófessora. Síðan leggur Reykjavíkurborg útsvar á laun prófessora og prófessorar standa undir margvíslegri þjónustu sem þeir kaupa í Reykjavík, sem er enn undirstaða undir skattöflun borgarinnar, og svo má lengi telja. Ég hef bara aðeins stiklað á stóru í því skyni að sýna fram á hvað miklir fjármagnsflutningar eru auðvitað til höfuðborgarinnar frá landsbyggðinni. Að auki eru svo líka verulegir atgervisflutningar til höfuðborgarinnar. Það hafa verið kallaðir atgervisflutningar, vegna þess að sérfræðingar á ýmsum sviðum, sem alast upp úti um land, hljóta menntun sína kannske erlendis, setjast síðar að úti á landi heldur en á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að þeir hafa betri atvinnumöguleika þar. Atgervi hefur flust frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar.

Þannig eru að verki og verða alltaf ákveðin öfl í hvaða þjóðfélagi sem er sem stuðla að því að fólk flytjist frá landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðis. Þess vegna verða alltaf, ef vel á að fara og menn vilja stýra þessari þróun og ekki bara láta skeika að sköpuðu, að vera til stofnanir sem geta stýrt þessu, geta beint fjármagni aftur út á landsbyggðina til þess að byggja þar upp.

Það er mikil spurning, eins og í öllu, hvernig á að framkvæma slíka hluti. Og það er ekkert við það að athuga þótt það sé gagnrýnt í einstökum atriðum hvernig til tekst stundum þegar á að framkvæma slíka stefnu. En í grundvallaratriðum er þessi stefna rétt. Hún er rétt ekki bara fyrir fólkið úti á landsbyggðinni, hún er rétt fyrir þjóðina í heild. Það er allt annað mál, sem vinur minn Oddur Ólafsson kom hér inn á áðan, um almenna stjórn á atvinnulífi í landinu. Ég er honum algerlega sammála um að það geta verið atvinnuvandamál og að vissu marki byggðavandamál í slíkum byggðarlögum eins og á Suðurnesjum. Jafnvel þótt Reykjanessvæðið í heild sé mesta fólksfjölgunarsvæði á landinu á síðustu áratugum getur þar verið um viss vandamál slík að ræða. En þau eru í eðli sínu allt, allt önnur heldur en ég er að tala um. Þar er grundvallarmismunur, og þess vegna þarf að taka á þeim með öðrum hætti.

Menn hafa rekið sig á það, t. d. í sambandi við lán til Reykjanessvæðisins í sjávarútvegi, að það væri óeðlilegt að gera upp á milli báta sem væru gerðir út frá Reykjanesi og öðrum stöðum á landinu. Ég er algerlega sammála þessu. Ég álít að það sé útilokað að beita slíkri lánapólitík, að það sé ekki hægt að flytja slík atvinnutæki, sem eru flytjanleg, á eðlilegan hátt milli svæða, þar sé gert upp á milli manna. En aftur á móti varðandi almenn atvinnumál þessara byggðarlaga er um að ræða allt annað en þá stóra mál að jafna til frambúðar almenna byggðaþróun í landi eins og Íslandi. Það er allt önnur saga. Og slík starfsemi eins og rekin hefur verið af Byggðasjóði, eins og rekin hefur verið af ríkisvaldinu í heild á undanförnum árum er grundvallarnauðsyn í þessu skyni. Einstök atriði í framkvæmd slíkrar byggðastefnu eru hins vegar, eins og ég sagði áðan, alltaf til endurskoðunar.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég var því miður fjarverandi þessar umr. í dag vegna þess að ég þurfti að vera við jarðarför og veit því ekki gjörla hvað hér hefur verið sagt áður en ég kom. Ég hef þó áður hlustað á umr. um þessi mál og geri ráð fyrir að ekki hafi komið ýkjamargt nýtt fram í þessum umr.

Ég minnist þess frá valdatíma síðustu ríkisstj., þegar lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins voru sett, að þá voru af vissum mönnum verulegar vonir við þá löggjöf bundnar og það ekki að ástæðulausu. Lögin segja beint til um að þessi stofnun eigi m. a. að vinna að skipulegri — ég man ekki orðalagið nákvæmlega — en efnislega var það að vinna að skipulegri uppbyggingu í þjóðarbúskap íslendinga og auknum áætlunarbúskap. Þetta sýnist mér í stórum dráttum að hafi mistekist að mestu leyti. Það ásamt þeirri staðreynd, að mér finnst að fjárráðstafanir þessarar stofnunar og undirdeilda hennar hafi markast í allt of stórum stíl af tilviljunarkenndum þrýstingi, af sjónarmiðum þeirra sem ráðið hafa úthlutun fjármagns á vegum þessarar stofnunar, meir en af almennum þjóðfélagslegum hagsmunum, hefur gert það að verkum að ég hef leyft mér að gagnrýna þá stofnun vegna reynslunnar sem fengist hefur af starfsemi hennar.

Það hefur mikið verið talað á undanförnum árum um byggðamál og þörfina á því að halda öllu landinu í byggð. Ég tel mig engan veginn í hópi þeirra manna sem er á móti því að byggð sé viðhaldið í landinu þar sem skilyrði eru til slíks. Við skulum þó gjarnan minnast þess að stærð landsins og fjölmenni setur þessu marki ákveðin takmörk sem ekki er rétt að líta alveg fram hjá. Ég hlustaði með talsverðri athygli á þá ræðu sem hv. síðasti ræðumaður flutti áðan, Lárus Jónsson, og ég verð að segja að ég held að ég geti tekið undir allflest af því, sem hann sagði, og sé honum sammála. Með byggðastefnu hef ég skilið að ætti að stefna að þeim markmiðum, er hann gat um, eftir samræmdum leiðum og eftir einhverri áætlun, eins og hann var að tala um áðan. En þó að ég hafi leitað eftir bestu getu að slíkri heildarstefnu, slíkri heildaráætlun í þjóðarbúskap okkar, sem kenna mætti byggðastefnu við, þá verð ég að segja það, því miður, að árangurinn hefur verið ansi rýr. Mig minnir að ég hafi sagt einu sinni hér við umr., og ég get vel endurtekið það nú, að mér virðist að reynslan af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins fram til þessa dags sýni að hún hefur ekki að neinu verulegu marki stuðlað að áætlunarbúskap á Íslandi né heldur skipulegum vinnubrögðum í uppbyggingu atvinnuveganna — því miður.

Á árinu 1975 var eitt af því, sem gerði hvað erfiðast í efnahagsbúskap íslendinga, sú mikla þensla sem þá var í öllu þjóðlífinu, — sú

staðreynd að við misstum, eða réttara sagt við náðum ekki tökum á ríkisfjármálunum það ár og lánastarfsemi ýmissa opinberra sjóða fór gersamlega úr böndunum, það hlaut að leiða til stórvaxandi verðbólgu í þjóðfélaginu. Ég held að ég muni það rétt af lestri skýrslna, að af öllum þeim sjóðum, sem þá brugðust því hlutverki að reyna að starfa þannig að það yki ekki á mesta efnahagsvanda þjóðfélagsins, sem er verðbólgan, þá hafi enginn brugðist jafnhrapallega og Byggðasjóður. Mig minnir að hann hafi aukið útlán sín á því ári frá árinu á undan um 150% eða eitthvað nálægt því. Var það langtum meira en nokkur annar sjóður gerði. Menn geta talið að þetta sé æskilegt og þetta sé lofsvert út af fyrir sig. En við verðum að skoða íslenskt efnahagslíf í heild. Við verðum að setja því einhver ákveðin mörk að keppa að, og ég þekki ekkert annað markmið ofar í efnahagsstarfsemi landsmanna nú hin síðustu ár en að reyna að auka á efnahagslegt jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Ég held að það fari ekki fram hjá neinum hugsandi manni að mikið af þeim erfiðleikum, sem við eigum við að stríða, ekki einasta í efnahagsbúskap landsmanna, heldur og síðferðilega, verður beint eða óbeint rakið til þeirrar óhemju verðbólgu sem hér hefur verið í landinu undanfarandi mörg ár. Allir góðir menn af öllum flokkum ættu að leggja sig fyrst og fremst fram um að reyna að ráða meira við hana en tekist hefur. Því miður verð ég að segja það sem mína skoðun að Framkvæmdastofnunin hefur ekki hjálpað til að ná þessu marki.

Ég nefndi reynsluna af útlánum Byggðasjóðs árið 1975. Ég get tekið annað dæmi, og það er uppbygging fiskiskipaflotans undanfarandi ár. Ég veit að sumir halda því fram að hann sé hvergi nærri því að vera of stór, það sé allt í lagi með helstu fiskstofnana við landið og við munum koma standandi niður úr því heljarstökki sem við svífum nú í. En það er erfitt að spá um það í dag. Ég hef áður sagt það og ég get endurtekið það, að að mínu viti voru skipakaup til landsins of mikil árin 1972, 1973, 1974. Ég segi þetta ekki einungis vegna þess að ég óttist um afkomu fiskstofnanna við landið. Ég segi það líka vegna þess að það er ekkert sem bendir til þess sérstaklega að við hefðum ekki getað náð svipuðum afla á land með nokkru færri skipum og með nokkru minni tilkostnaði sem hefði gefið þeim, sem skipin eiga og fiskvinnslustöðvarnar í landi reka, og því fólki, sem starfar við þessi atvinnutæki, hærri og betri laun.

Þetta er meginástæðan til þess að ég hef stundum leyft mér að deila á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég tel að hún hafi ekki náð því marki sem hún á að stefna að samkv. lögum. En svo bættist annað atriði við sem er tilfinningalegs eðlis, en þó kannske skiljanlegt líka, og það er að mér virðist að þeir, sem ráðið hafa þessari stofnun, hafi mismunað svo herfilega íbúum ýmissa sveitarfélaga eftir því hvar þeir hafa búið í landinu að það nái ekki nokkurri átt. Oddur Ólafsson, hv. þm., talaði hér áðan og lýsti ástandi í fiskveiðum og fiskvinnslu á Suðurnesjum, og ég get tekið undir hvert eitt orð sem hann sagði um þau efni, enda styðja skýrslur allt það sem hann hefur um það sagt. Ég fæ ekki séð hvaða rök liggja til þess hjá ráðamönnum þessarar miklu stofnunar að setja, að því er tekur til lána til skipakaupa og lána til að reisa fiskvinnsluver, staði t. d. eins og annars vegar Sandgerði og Grindavík í flokk þar sem ekki má lána neitt til þessara framkvæmda, en að hins vegar, svo að bara eitthvert dæmi sé nefnt, skuli Ólafsvík og Patreksfjörður vera í allt öðrum flokkum. Ég hef aldrei skilið þau rök sem liggja til þessarar ákvörðunar og tel hana raunar handahófskennda, markast af því einu að í stofnuninni réðu menn sem höfðu hagsmuni af því að setja svona reglur.

Ég skal nú ekki, eins og ég sagði í upphafi, verða til þess að lengja þessar umr. Ég hefði afskaplega gaman af því einhvern tíma við tækifæri — það þarf ekki að vera endilega nú — ef einhverjir af þeim, sem þarna ráða ríkjum, skýrðu fyrir mér hver sú byggðastefna sé sem þeir hafa mótað á undanförnum árum, síðan þessi stofnun var sett á laggirnar.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það eru ekki ýkjamörg atriði sem mig langar til að drepa á í tilefni af ræðum hv. þm. hér á undan. Ég vil þó aðeins byrja á því að gera að umtalsefni nokkur atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykn.

Í fyrsta lagi er það gróinn misskilningur hjá honum að það hafi nokkurn tíma verið hlutverk Framkvæmdastofnunar ríkisins að gera heildaráætlun um þjóðarbúskapinn. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur haft vissa þætti með höndum, en það var skýrlega tekið fram í lögum um Framkvæmdastofnunina í upphafi að hún gerði ekki áætlanir um opinberar framkvæmdir nema í samráði við rn. Nú hefur lögunum verið breytt enn þá frekar í þá átt að hún nær ekki yfir alla fjárfestingu í landinu, langt í frá, þannig að það er gróinn misskilningur hjá hv. þm. að deila á Framkvæmdastofnunina fyrir það að hún hafi ekki lagt fyrir heildaráætlanir um alla fjárfestingu í landinu. Það hefur aldrei verið hlutverk hennar, nema rn. hafi samið við hana um að fela henni það verkefni.

Varðandi það að fjár- eða lánveitingar Byggðasjóðs hafi farið eftir tilviljanakenndum þrýstingi, eins og þm. orðaði það, þá vil ég mótmæla því eindregið, vegna þess að eins og ég hef áður lýst hér á Alþ., þá vinnur Byggðasjóður þannig að hann tekur á móti umsóknum og þær eru athugaðar og rannsakaðar og síðan tekin ákvörðun um lánveitingu. Að það sé um tilviljanakenndan þrýsting að ræða, ég mótmæli því eindregið. Ég geri ráð fyrir að það sé eins og með aðrar lánastofnanir, að það sé togast á um fjármagnið. Það er ekkert einsdæmi í Framkvæmdastofnun ríkisins eða Byggðasjóði. En að þarna fari fram lánveitingar eftir tilviljanakenndum þrýstingi, það tel ég algerlega órökstutt hjá hv. þm. og sleggjudóm af versta tagi.

Þá langar mig til að víkja nokkrum orðum að því sem kom fram hjá hv. þm. Oddi Ólafssyni varðandi uppbyggingu fiskvinnslunnar á Reykjanesi. Það er rétt að upplýsa það, að þegar útlána- og fjáröflunaráætlun Framkvæmdasjóðs var samþykkt fyrir þetta ár, þá var tekinn upp sérstakur liður sem ætlunin er að lána af til viðbótar við Fiskveiðasjóð til uppbyggingar fiskvinnslu á Reykjanesi og í Reykjavík. Þar er einmitt verið að fallast á þau sjónarmið sem komið hafa fram um að það þyrfti að gera átök í því efni að byggja skipulega upp fiskvinnsluna eða fiskiðjuverin á þessu svæði. Þá er og gert ráð fyrir að gerð verði úttekt á þessum greinum og í samræmi við þá úttekt verði lánuð viðbótarlán úr Framkvæmdasjóði eða deild við Framkvæmdasjóð sem einmitt hafi það verkefni að lána til uppbyggingar fiskvinnslunnar í Reykjaneskjördæmi. Þetta tel ég rétt að komi fram í tilefni af því sem hér hefur verið sagt um uppbyggingu fiskvinnslunnar á þessu svæði í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

Á síðasta ári var lánað sérstaklega úr Framkvæmdasjóði til uppbyggingar fiskvinnslu í Reykjavík. Það var ákveðnu fyrirtæki í Reykjavík lánuð veruleg fjárupphæð til fiskiðjuversuppbyggingar, og það er eina dæmið sem ég man eftir um að hafi verið lánað til slíkrar uppbyggingar sérstaklega úr Framkvæmdasjóði. Það hefur aldrei verið lánuð ein einsta króna úr Framkvæmdasjóði beint til uppbyggingar fiskiðjuvers á landsbyggðinni, heldur hefur það verið gert óbeint í gegnum Fiskveiðasjóð. En þarna var um að ræða viðbótarlánveitingu til þess að greiða fyrir þarfri framkvæmd og það var gert á þennan hátt, þannig að hér er verið að koma til móts við þau sjónarmið sem hv. þm. voru að lýsa hér áðan varðandi nauðsyn á uppbyggingu fiskvinnslufyrirtækjanna á þessu svæði.

Hv. flm. þeirrar till., sem hér er til umr., minntist á það, að sér fyndist að ég og hv. 1. þm. Suðurl. mynduðum vegg til þess að standa gegn upplýsingum um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Það er þvert á móti, vegna þess að ég held að Framkvæmdastofnunin sé eina stofnunin í landinu, Byggðasjóður og Framkvæmdasjóður séu einu fjárfestingarsjóðirnir í landinu sem birta árlega skrá um allar lánveitingar, hverja einustu lánveitingu sem fram fer og er samþykkt þar af stjórninni. Ég held að það sé enginn annar sjóður, sem ég veit til, að geri þetta. Og þetta er auðvitað gert í þeim tilgangi að gefa mönnum kost á, m. a. alþm., að fylgjast með störfum þessarar stofnunar í þessum mikilvægu efnum, lánveitingunum.

Varðandi till. sem slíka, sem gerir ráð fyrir því að athuga hvaða áhrif lánastarfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hefur haft á búsetu í landinu, þá mætti auðvitað með fullum rétti alveg eins spyrja: Hvaða áhrif hefur lánastarfsemi Byggðasjóðs ríkisins haft á búsetuna í landinu? Og svo mætti áreiðanlega til taka um fleiri lánasjóði. Ég sé ekkert minni þörf á því að slík athugun fari fram á breiðum grundvelli heldur en takmarka hana alveg sérstaklega við Byggðasjóð og Framkvæmdasjóð. Ég vonast til að sú n., sem fær þessa till. til athugunar, gefi gaum að því, hvort ekki sé þá rétt að útvíkka till., breyta henni á þá leið að hún nái til starfsemi fleiri fjárfestingarlánasjóða. Mér finnst ekkert óeðlilegt að menn reyni að kryfja til mergjar hvaða áhrif starfsemi þessara sjóða hefur á búsetu manna í landinu og búferlaflutninga.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að till. sú, sem hér er um að ræða sé í sjálfu sér góðra gjalda verð, að æskilegt geti verið að athugun af þessu tagi, sem hv. flm. gerir ráð fyrir, fari fram. Er þá að sjálfsögðu mikils um vert að þessi athugun verði vel og ærlega gerð í þeim tilgangi að afla okkur upplýsinga sem við getum haft hliðsjón af í sambandi við frekari fjárveitingar til þess að viðhalda byggð í landinu, eins og ráð er fyrir gert í lögum um Byggðasjóð. Ég tel það ekki nein mótrök gegn orðanna hljóðan í þessari till. þótt tveir alþm. sitji þarna í æðstu stjórn. Það er alveg rétt sem hv. síðasti ræðumaður, Tómas Árnason, sagði, að þessi stofnun hefur látið í té mun ítarlegri upplýsingar, eftir því sem ég best veit, en aðrar lánastofnanir um ráðstöfun fjár. En hinu er ekki í móti mælt, sem hv. flm. till. segir, að nokkuð skorti á að fyrir liggi haldgóðar upplýsingar um hvernig þetta fé hefur nýst, hvernig þetta fé hefur í einstökum tilfellum orðið að því gagni sem til var ætlast. Og mér skilst eftir hljóðan orðanna að það sé þetta sem hv. flm. ætlast til að gert verði.

Nú er því ekki að leyna að hv. þm. Albert Guðmundsson hefur komist í þá stöðu að við því er búist af honum nær því hvert sinn sem hann tekur til máls hér í hv. Alþ., að ég segi ekki ætlast til af honum, að hann agnúist við landsbyggðina í þágu Reykjavíkur. Má vel vera að þarna komi nokkuð til það garpsorð sem af honum fór fyrrum, er hann þótti allra manna marksæknastur. Ég verð að játa að mér fannst af málflutningi hans upprunalega, er hann mælti með þessari till., að hann væri enn haldinn nokkuð þessum forna móði, þ. e. a. s. að hann keppti þarna fyrir eitt lið á móti öðru, enda hefur hann haft það gjarnan uppi í ræðum sínum hér á Alþ. að kreppt væri að Reykjavík til hagsbóta eða ávinnings fyrir landsbyggðina. En þetta breytir ekki þeirri staðreynd, að ég hygg, að sú úttekt, sem hann gerir ráð fyrir í þessari till. sinni, gæti orðið okkur að miklu gagni. Það er nefnilega sérlega mikið til í því, sem hv. þm. Lárus Jónsson kom inn á í ágætri ræðu sinni áðan, að það er ekki síður mikið í húfi fyrir byggðina hér við Faxaflóa, að málum verði svo komið fyrir að byggðin haldist úti á landi og menn haldi áfram að nytja þar gæði sjávar og lands, heldur en fyrir þessar byggðir sjálfar. Við höfum fullkomna ástæðu til þess að ætla að sneiða hefði mátt hjá ýmsum alvarlegustu vandamálum samfélagsins hér við Faxaflóa og þá fyrst og fremst í Reykjavík ef því hefði verið betur sinnt fyrr að efla byggðirnar úti um landið.

Hinu er ekki að leyna, að þetta verður ekki gert eingöngu með fjárveitingum, og það er síður en svo að há fjárveiting sem slík sé nein trygging fyrir því að það fyrirtæki, sem fyrir hana verður reist, verði til blessunar fyrir byggð. Ég gæti nefnt ykkur þó nokkrar fyrirhugaðar framkvæmdir, þó ekki sé í bili á vegum Byggðasjóðs, sem orðaðar hafa verið við byggðastefnu á síðustu missirum, en síður en svo eru líklegar til þess að verða landsbyggðinni eða hinni nánustu byggð, er þar að kemur, til mikillar blessunar, heldur eru beinlínis til þess fallnar að leggja okkar fornu atvinnuvegi í rúst, að verða mannlífi og byggð til skaða og raunverulega til því meira tjóns því meira fé sem hugsað er til slíkra framkvæmda. Þar á ég við ýmsar stóriðjuframkvæmdir sem nú eru ofarlega í hugum manna og hafa verið taldar til byggðastefnu í ýmsum sveitum þessa lands.

Ég tel ákaflega þýðingarmikið að hv. Alþ. fylgist mjög vel með árangrinum af fjárfestingarstefnunni, og til þess þarf meira en aðeins upplýsingar um upphæðir þær sem veittar eru í þessu skyni.

Ég hlustaði allvel á umr. sem fram fóru fyrir jólin um þessa þáltill., m. a. á ítarlega og snjalla ræðu sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir flutti um þessa þáltill., ræðu sem hv. þm. Oddur Ólafsson vék að áðan eða öllu heldur þeim atriðum í ræðu hennar sem lutu að vandamálum útgerðarinnar á Suðurnesjum. Ég hygg að hv. þm. hafi farið með alveg rétt mál er hann tilgreindi tvær af orsökunum fyrir þeim vandræðum sem útvegurinn á Suðurnesjum á í nú. En hann sleppti einni meginorsök sem ég hygg að sé til þess arna, þar sem er sú samkeppni sem útvegurinn á Suðurnesjum hefur mátt heyja við annarlegan atvinnurekstur á þessu svæði. Það er rétt að nú munu vinna við sjósókn og úrvinnslu sjávarafla á Suðurnesjum um það bil 2000 manns. Mun fleiri hygg ég að hafi framfæri sitt af Keflavíkurflugvelli og taki þar hærri laun. Og enn önnur iðja hefur til komið á þessu svæði sem hefur fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa úrvalsvinnuafl burt frá fiskiðnaðinum og sjávarútveginum, þar sem er álverið í Straumsvík. Sannleikurinn er sá, að á Suðurnesjum er nú svo komið málum — og þar er ekki um að kenna útvegsmönnum á þessu svæði eða sjómönnum — þar er nú komið svo málum að þorrinn af fólkinu lifir ekki lengur af landsins gæðum, að sjávarútvegurinn er orðinn hornreka og meiri áhersla hefur verið lögð á annað en uppbyggingu sjávarútvegsins á þessum slóðum og fiskiðnaðarins. Það er rétt að frystihúsin á þessu svæði eru sum hver orðin gömul. En þau hefðu líka átt líkindum samkv. að vera búin að borga sig niður. Við höfum á þessu svæði eitt allra fullkomnasta frystihús á Íslandi sem byggt var af hálfu Útvegsbankans sem fyrirmyndar frystihús, það frystihús sem skyldi verða öðrum frystihúsum eða fiskiðjuverum á Íslandi til fyrirmyndar um tæknilegan búnað, þrifnað og hagkvæmni, þar sem er frystihús Sjöstjörnunnar. Síðast þegar ég vissi til námu skuldir þessa fiskiðjuvers orðið fjórföldum upprunalegum stofnkostnaði. Það vantaði ekki að þarna var nógu vel búið frystihús, en það vantaði ýmislegt annað sem við átti að éta. Enn kem ég að þessu. Ég játa það að verstöðvarfiskiríið á þessum slóðum hefur frá upphafi verið vandamál í útgerðinni á Suðurnesjum, — vandamál sem hefur vaxið með rýrnandi fiskigengd. En það er rekin ábatasöm útgerð — svo undarlega vill til — með smærri bátum og a. m. k. jafngömlum frá verstöðvum sem liggja mun verr við fiskigengd heldur en verstöðvarnar hérna við Faxaflóann. En þar vill svo til að fólkið, sem byggir þessi sjávarpláss, lifir á landsins gæðum. Það hefur tileinkað sér þau vinnubrögð og þann dug sem til þess þarf að sækja fiskinn og vinna hann, og útgerðarmenn þar og eigendur fiskiðjuvera eiga ekki við að stríða þess háttar samkeppni sem útgerðarmenn og eigendur fiskiðjuvera hér við Faxaflóa eiga við að stríða.

Mér er það minnisstætt þegar þáltill. þessi var til umr. fyrir jólin að hv. þm. Albert Guðmundsson, flm. þessarar till., hafði orðið að lokinni framsöguræðu sinni að yfirgefa þingsalinn vegna skyldustarfa annars staðar og var fjarverandi af þeim sökum þegar aðalumr. um þessa till. áttu sér stað. Hv. þm. Tómas Árnason óskaði þess, áður en hann tæki til máls öðru sinni, að umr. yrði frestað. Ég er ekki viss um að umr. um þessa till. nú í dag hafi skýrt málið öllu betur en það var skýrt þennan fyrsta dag við umr.

Ég ítreka það að ég vildi gjarnan að rannsóknin, sem hér er gert ráð fyrir, gæti farið fram og verið myndarlega framkvæmd. Og ég hef tröllatrú á því að hún mundi leiða í ljós að það fé, sem fjárfest hefur verið á vegum Byggðasjóðs, hafi í heild orðið til mikillar blessunar, ekki aðeins fyrir byggðirnar, sem urðu þessara fjárveitinga eða þessara lána aðnjótandi, heldur einnig fyrir Reykjavík.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. vildi ekki fallast á að menn hefðu haft ástæðu til að ætla að hlutverk Framkvæmdastofnunar væri mikilvægt fyrir þróun og uppbyggingu atvinnuveganna í landinu. En það vill nú þannig til að ég er með grein úr lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins eins og þau voru fram að árinu 1976, þ. e. a. s. þar til þeim var breytt nú í vor, og þessi grein hljóðar þannig með leyfi forseta:

„Áætlanadeild gerir áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins.“

Og 8. gr. hljóðar svo:

„Deildin gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs viðs vegar um land, með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðaþróun.“

Þetta er ekki lítið hlutverk. Og það er engin furða þó að við óbreyttir þm. höfum ætlast til mikils af slíkri stofnun sem var þó búin að starfa fjögur ár undir þessum lögum. Það er þess vegna sem ég hef verið svolítið óánægður með það, hvað mér fannst að stjórn stofnunarinnar hefði misskilið hlutverk sitt þar sem

hún skipti landinu í landshluta, en ekki í byggðir eða sveitarfélög eins og lögin beinlínis gefa í skyn að skuli gert. Ég þakka aftur á móti 4. þm. Austurl. fyrir að svo er komið að nú á að fara að veita lán til þessa hrjáða atvinnuvegar á Reykjanesi. En ég vil líka taka skýrt fram að við ætlumst til, þar sem hlutur þessa svæðis hefur verið mikill í fiskveiðum, að það verði ekki neinir smámunir sem fari í þetta, því að hann er nýbúinn að upplýsa okkur um það hér að á undanförnum fjórum árum hafi verið notaðir um 14—15 milljarðar til hraðfrystihúsaáætlunar. Þessi áætlun á eftir að njóta sín þarna suður frá, þannig að ég vona að við megum eiga von á miklum endurbótum varðandi þennan iðnað og þessa uppbyggingu. (TÁ: Miðað við verðlag 1976.) Já, rétt.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. taldi nú sjávarútvegsinn vera orðinn hornreku á Suðurnesjum. Slíkt er ekki rétt, og ég hef aldrei getað skilið hvað menn eru hræddir við það að vinnuaflið eigi kost á einhverri sæmilega launaðri vinnu. Þetta kemur hvað eftir annað í ljós, þessi ótti, að vegna þess að völlurinn eða álverið sé einhvers staðar í nágrenninu eigi aðrir atvinnuvegir í örðugleikum. Þetta held ég að sé alls ekki rétt. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að það sé ekki neinn vinnuaflsskortur, það sé alveg þveröfugt á Suðurnesjum núna. Einkum er það kvenfólkið sem hefur átt við atvinnuleysi að stríða. Það er ekkert að marka atvinnuleysisskýrslur þarna að sunnan af því að fólkið er ekki vant við að láta skrá sig á atvinnuleysisskýrslur. En það er enginn vafi á því að atvinnutækifæri eru færri núna á Suðurnesjum heldur en víðast hvar annars staðar á landinu. Og það sem veldur þessu öllu saman, er einfaldlega það sem ég gat um áðan, að minna fiskast, og það er einföld skýring og eðlileg. Ef fiskast minna og aðstaðan er sú sama og kannske heldur betri til að taka á móti fiski en áður var, þá er skiljanlegt að þá vantar verkefni í landinu. Og þetta er ekki einfalt að laga vegna þess að þorskinn vantar í afla suðurnesjamanna. En eitt er víst, að þeir — eins og hv. þm. tók fram — búa við erfiða fiskvinnslu, líka vegna þess að þeir eru með gömul frystihús og þeir urðu að nota arðinn af góðu árunum 1972, 1973 og 1974 til þess að endurbæta þau á ýmsan hátt. Það nægði þó ekki til. En þeir standa líka uppi með rekstrarfjárskort og okurvexti og ófullkomna aðstöðu.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja þennan fund ekki mjög mikið. Ég vil þó nota tækifærið til þess að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Þeir hafa yfirleitt verið sammála um að það skemmi ekkert að láta fara fram þessa könnun sem till. mín fer fram á að gerð verði.

Mér finnst rétt að upplýsa hv. 4. þm. Norðurl. e., hv. þm. Lárus Jónsson, — hann er því miður ekki inni en les vonandi þingtíðindi þegar þar að kemur, — að höfuðborgarsvæðið er ekki að fá neina nýja hugmynd frá honum þegar hann talar um, að það þurfi að stýra fjárfestinganni á höfuðborgarsvæðinu með framsýni, og nefnir þar t. d. skipulag, þ. e. a. s. að horft sé of skammt fram á við, og talar þá um holræsagerð o. fl. Honum til upplýsingar vil ég benda á að það er til sérstök skipulagsstofnun, samstarfsstofnun aðila á höfuðborgarsvæðinu sem fjallar um þau mál og stýrir þar með fjárfestingu til framtíðar fyrir höfuðborgarsvæðið allt, og þá er ég með í huga Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Mosfellssveit og Seltjarnarnes. Þetta var því ekki alveg ný hugmynd sem fæddist hjá honum nú á þessari stundu. Hann talaði um að það bæri að athuga fjárfestingar þær, sem fara fram á höfuðborgarsvæðinu, og var svo óheppinn að hann taldi þar upp eingöngu fjárfestingar sem sveitarfélög eru bundin við af lögum, eða þá opinberar stofnanir sjálfar standa í, eins og t. d. bankabyggingar, skólabyggingar o. fl.

Hið sama má segja að hv. 4. þm. Austurl. hafi látið skína í þegar hann talaði um að það ætti þá að athuga um fleiri sjóði heldur en Byggðasjóð og Framkvæmdasjóð, skoða þá vel og þeirra ráðstafanir á fé. Ég er honum alveg sammála. En þetta er bara mín till. sem liggur hér frammi, hún hljóðar um þetta, og ég lofa honum stuðningi við þá till. sem hann ætlar þá að bera fram, að mér skilst, um að aðrir sjóðir verði athugaðir. Ég álít að það sé ekki síður nauðsyn, og ég skal verða meðflm. að þeirri till. ef hann óskar þess. En í framhaldi af þeirri könnun á fjárfestingum við bankabyggingar o. fl. hlýtur það að vekja athygli — það hefur a. m. k. vakið athygli mína — að Framkvæmdasjóður sjálfur er nýbúinn að kaupa lóð til að byggja yfir sig á nokkurn veginn sama verði og Búnaðarbanki Íslands, bankastofnun, keypti lóð og fullkláraði það mannvirki, sem stendur á henni. Það var eitthvað um 5 millj. kr. dýrara en lóðin sem nú var keypt.

Ég veit ekki satt að segja hvernig málflutningar hv. 4. þm. Reykn. kom inn í umr. um þessa till. Ég hef ekki ástæðu til þess að taka undir neitt þar. Ég hef enga ástæðu til þess að halda að Framkvæmdastofnun og Byggðasjóður hafi starfað illa, nema síður sé. Það er misskilningur á till. minni ef hún er þannig skilin. Hitt er annað mál, að alveg eins og ég og hver annar einstaklingur getur fjárfest illa, þá geta sjóðir gert það líka, og það er ekki af því að þeir ætli að gera það, heldur af því að fjárfestingar mistakast. Það er rétt að það komi fram. Ég ætla ekki að leggja hér fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins eða Framkvæmdastofnunarinnar hvort Byggðasjóður hafi nokkurn tíma tapað á sínum fjárfestingum, hvort hann hafi orðið að slá af vöxtum eða jafnvel afskrifa lán, það hvarflar ekki að mér, það verður að koma í könnuninni. Mér þætti ekkert undarlegt og ekkert óeðlilegt þó að það hefði komið fyrir. Það er næstum því ómögulegt að reka svona stórt fyrirtæki án þess að eitthvað slíkt komi fyrir. Ég er ekki að gefa í skyn að stofnunin sé á einn eða annan hátt illa rekin, heldur hvaða afleiðingar fjárfestingin hefur haft, eins og í till. segir, fyrir byggða- og atvinnuþróun á hinum ýmsu stöðum og þá taka mið af því hvað hefur skeð hér fyrir sunnan á sama tíma. Það getur svo vel verið, þegar niðurstaða af þeirri könnun liggur fyrir, að þá verði augljóst öllum þm. að hægt

sé að gera einhverjar breytingar. Það verður að bíða síns tíma að sjá hvort sú verður niðurstaðan. Það getur líka vel verið að niðurstaðan verði sú, að það þurfi að styrkja og auka starf Framkvæmdastofnunarinnar á því sviði sem hún er að starfa að núna. Þetta þarf ekki endilega að vera neikvætt.

Ég skal nú stytta mitt mál. Ég er, eins og ég tók fram, ánægður með undirtektir þær sem þessi till. hefur fengið. Ég vil leiðrétta hv. 4. þm. Austurl., að ég hef aldrei talað um að Framkvæmdastofnunin eða starfslið hennar myndi einhvern vegg gegn því að fá upplýsingar, heldur vegg gegn því að þessi till. nái fram að ganga eftir málflutningi formanns stofnunarinnar, hv. 1. þm. Suðurl., og hv. 4. þm. Austurl.

Ég vil að lokum segja það, að það er mjög slæmt ef það er rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., — mér er nær að ætla að það sé rangt eins og oft áður þegar hann stendur upp, hann fer oft með rangt mál og rangtúlkar hlutina, — að fólk búist við því að ég standi upp til að agnúast út í landsbyggðina, í hvert skipti sem ég stend upp, sagði hann líka. Það er mjög slæmt ef svo er. Það er alls ekki ætlunin. Hitt er annað mál, að þrátt fyrir þá skoðun ber ég engan kvíða í brjósti þegar ég stend upp ef ég þarf að verja hagsmuni míns kjördæmis frekar en aðrir þm. sem hér eru staddir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Dreifikerfi sjónvarps, þáltill. (þskj. 91). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Í nóv. í vetur leyfðum við okkur að flytja till. til þál., við Þorleifur K. Kristmundsson, Guðrún Benediktsdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson, um dreifikerfi sjónvarps. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um það, að 10% af afnotagjöldum sjónvarps verði varið til uppbyggingar á dreifikerfi sjónvarpsins þannig að skilyrði verði sköpuð til viðtöku sjónvarpsefnis á sem allra flestum heimilum í landinu og einnig á þeim fiskimiðum þar sem það er unnt með viðráðanlegum kostnaði."

Í grg. sögðum við m. a.:

„Þegar sjónvarpsrekstur Íslendinga hófst var hafist handa um myndarlega uppbyggingu dreifikerfis um landið. Framkvæmdir þessar voru fjármagnaðar þannig að til þeirra var varið innflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum. Þetta gaf góða raun og framkvæmdahraðinn var mjög góður. Þegar sjónvarpstæki voru komin á allan þorra heimila í landinu hvarf að mestu leyti sá tekjustofn er staðið hafði undir uppbyggingunni.

Þegar uppbygging dreifikerfisins stöðvaðist höfðu þó ekki verið sköpuð skilyrði til viðtöku sjónvarpsefnis í nokkrum byggðarlögum."

Samkv. nýjustu og haldbestu upplýsingum munu það vera um 400 sveitabæir sem ekki hafa skilyrði til þess að njóta sjónvarps. Kostnaður við nýjar stöðvar fyrir 50 notendur eða fleiri er um 110—120 millj.

Þá er fjallað um það að ekki þurfi að fjölyrða um hvílíkt réttlætismál það sé að skapa landsmönnum sem jafnasta möguleika til þess að njóta þessa fjölmiðils sem í ýmsum tilfellum er veigamikið menningartæki. Það er skylda ríkis og ríkisfyrirtækja að skapa þegnunum öllum sem jafnasta lífsaðstöðu í hvívetna og þetta er einn þáttur þessa máls.

Að sjálfsögðu er þetta nokkuð kostnaðarsamt verkefni og nauðsynlegt að tryggja til verksins traustan tekjustofn. Innheimt afnotagjöld 1976 voru um 575 millj., og okkur þykja 10% af þeirri upphæð nokkuð eðlileg fjárhæð til þess að verja til uppbyggingar dreifikerfisins. Við töldum enn fremur að ekki þyrfti mjög að hækka sjónvarpsafnotagjöld þó að sú leið yrði farin sem við bentum á. Sjónvarpsafnotagjöld eru ekki mjög há, t. d. miðað við áskrift að dagblöðum. Við litum svo á að það mætti að skaðlausu spara nokkuð á sumum liðum í sjónvarpsrekstrinum.

Það hafa verið fluttar fjöldamargar till. um það á undanförnum þingum hvernig ljúka megi þessu verkefni, að koma sjónvarpi til allra landsmanna, en þær hafa ekki náð fram að ganga þrátt fyrir það að alþm. hafi yfirleitt verið mjög ljós nauðsynin á framkvæmd verksins. Nú hafa liðið 3 ár án þess að nokkuð hafi verið framkvæmt til þess að koma sjónvarpsefni til þeirra landsmanna sem ekki hafa aðstöðu til að veita því viðtöku, og það er ekki vansalaust.

Við töldum að sú leið, sem við bentum á, væri eðlilegri en að verja til þess gjaldeyri að heimila innflutning litsjónvarpstækja í því trausti að tolltekjur af þeim gætu staðið undir því að koma dreifikerfi um allt land. En þeir, sem hafa ríkið og máttinn, hafa síðan þessi till. var lögð fram ákveðið að gefa frjálsan innflutning litsjónvarpstækja, og vænta þeir þess að tolltekjur af sölu þeirra, þ. e. a. s. 23.44% af hverju tæki, komi til með að standa undir fjárfestingu í sjónvarpsstöðinni sjálfri og endurbótum á dreifikerfinu, og ef gæfan væri sjónvarpslausa sveitafólkinu hliðholl og tolltekjurnar ríflegar, þá nægðu þær til þess enn fremur að byggja nýjar endurvarpsstöðvar. Skýrslur hafa verið samdar um málið, sú fyrsta af Pétri Guðfinnssyni og Herði Frímannssyni í Sjónvarpinu. Síðan var byggð á þeirri skýrslu önnur skýrsla sem mþn. skipuð af menntmrh. samdi, og í þeirri n. voru hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Sverrir Hermannsson og Ingi Tryggvason. Þeir skírðu skýrslu sína fallegu nafni, því að hún heitir: Sjónvarp til allra landsmanna. En mér finnst það minna mig nokkuð á fuglana tvo í skóginum fyrir þessi 400 heimili. En fuglinn, sem kom í höndina, eru hins vegar þessi 17.88% af verði litsjónvarpstækjanna sem verslunin fær, 40—50 eða jafnvel 60 þús. á hvert selt tæki, og verslunin hefur sannarlega fengið viljann sinn. Mér finnst að þetta sé mjög fjárfrek leið, og er hún seinlegri en sú sem við bentum á, að marka tekjustofn af afnotagjöldunum, og líklega verður endirinn sá að það verður að fara þá leið líka.

Við bentum á sparnað sem koma mætti við á því stóra búi Sjónvarpsins. Samkv. fjárl. 1977 eru laun, sem Sjónvarpinu er ætlað að greiða, 400 millj., önnur rekstrargjöld hjá Sjónvarpinu eiga að verða 268 millj. og gjöldin samtals því 880 millj. Þetta er áætlunin fyrir 1977, og þá

sjá menn að þetta er stórt bú. Til samanburðar má rifja það upp að áætlað er að laun hjá hljóðvarpinu verði 314 millj. og heildarkostnaður við hljóðvarpið 635 millj. Laun þm. eru áætluð 165 millj. og heildarkostnaður vegna Alþingis áætlaður 434 millj. og þar með er þessi stofnun ekki hálfdrættingur á móti Sjónvarpinu.

Það er kannske að hætta sér út á hálan ís að fara að benda á einhver sérstök atriði á þessu stóra búi sem gætu orðið til sparnaðar þannig að einhverju munaði. En ég mun til að sýna lit á því nefna örfá atriði sem mér detta í hug í fljótu bragði.

Það mætti ímynda sér að hægt væri að fækka þarna starfsfólki að einhverju marki. Kynning dagskrárefnis mun vera með nokkuð öðrum hætti í þessu sjónvarpi heldur en í nágrannalöndunum. Þar er ekki verið að fá fallegar stúlkur til þess að kynna dagskrárefnið, heldur er það bara gert með ritvélaborða sem brugðið er upp. Það mætti ímynda sér að einn fluglæs fréttamaður gæti komist yfir að lesa fréttirnar á hverju kvöldi, og það mætti ímynda sér að fréttamaður gæti líka komist fram úr veðurfréttunum. Það mætti láta sér detta í hug að ekki væri mikils misst í öllum tilfellum þó að útsendingartími væri nokkuð styttur, t. d. á sunnudögum, eða styttur útsendingartími á sumrin. Sjónvarpsmenn gerðu verkfall í haust. Ég hygg að það hafi ekki valdið verulegri óánægju eða röskun á háttum landsmanna þótt sjónvarpsmenn mættu ekki til vinnu í nokkra daga og þjóðfélagið hafi borið sitt barr eftir það. Það er hægt að benda á ýmislegt af því skemmtiefni, sem sjónvarpið hefur látið gera, sem er bæði dýrt og jafnvel misheppnað. Bæði á þetta við um skemmtiþætti og eins á þetta við um leiklistarþætti, leikrit sem hafa sum verið mislukkuð, þó að margt hafi þarna verið vel gert og ekki megi skilja orð mín svo að ég telji ekki margt af þessu eftirsjárvert.

Endurflutningur sjónvarpsefnis er ótrúlega dýrkeyptur samkv. núgildandi samningum, og ég trúi ekki öðru en það væri allra hagur að breyta þeim. Svo má líka hugsa sér vinnuhagræðingu þarna á annan hátt. Það er ákaflega mikið álag á þessa starfsmenn og mætti hugsa sér að yfirvinna gæti orðið minni.

Ég hef undir höndum skriflegt svar við fsp. frá hv. þm. Oddi Ólafssyni. Þetta svar er frá fjmrh. um yfirvinnu í sjónvarpi 1974, en þá var hún 55% af launagreiðslum. Ég held að þetta hlutfall ætti að geta minnkað með styttum útsendingartima og bættum skipulagsháttum, jafnvel þó að starfsfólkinu væri eitthvað fækkað. Það mætti hugleiða atriði eins og sameiginlega fréttastofu útvarps og sjónvarps og svona mætti lengi telja, en ég læt hér staðar numið.

Ég óska eftir því að umr. verði frestað hér í dag og allshn. fái till. til athugunar. Ég treysti formanni n., hv. þm. Ellert B. Schram, sem vill nú svo vel til að er varaformaður útvarpsráðs, til þess að fallast á þetta sjónarmið okkar þegar hann er búinn að athuga það vandlega. En ef svo ólíklega vildi til að hann féllist ekki á það og till. næði ekki fram að ganga og tolltekjunum af litsjónvarpstækjunum yrði ekki varið til verulegra framkvæmda við nýbyggingu stöðva í sumar, þá er ég vís til þess að hreyfa þessu máli aftur á næsta þingi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa yfir stuðningi við þessa till., ekki síst þegar haft er í huga að á þinginu í fyrra var flutt frv. til breyt. á útvarpslögum sem fór í nokkuð aðra átt og ég andmælti þá í Ed. Það má segja að þau séu kannske að nokkru leyti í sömu áttina, þetta frv. og þessi till., en sú leið, sem till. gerir ráð fyrir, er mér þó miklu geðfelldari. Hún er alveg sérstaklega geðfelldari fyrir þá sök að þar var reiknað með því að fólk, sem meira og minna missir úr sjónvarpsdagskrá nú, það yrði bætt ofan á það sérstöku gjaldi til þess að fá viðunandi sjónvarpsaðstöðu. En hér er reiknað með því að af afnotagjaldinu verði tekin ákveðin prósenta, eins og ég vék að í ræðu í Ed. í fyrra um þetta mál. Þá einmitt sagði ég orðrétt, með leyfi forseta: „Hví ekki að fara þá leið ásamt með hinu að ákvarða vissa prósentu af heildartekjum Ríkisútvarpsins núverandi til þessara verkefna, og sú prósenta mætti gjarnan vera nokkuð há? — þ. e. a. s. í staðinn fyrir það sem var í 2. gr. þessa frv., að leggja viðbótargjald ofan á sjónvarpsgjaldið. Ég sagði þá um leið að ég efaði ekki að þarna lægi góð hugsjón að baki og í raun og veru sama hugmynd og ég hefði um þetta mál, en ég vildi aðeins fara aðra leið. Ég held að hv. frsm. hafi áðan bent á ýmsar þær sparnaðarleiðir sem okkur hafa komið í hug varðandi þessa ágætu stofnun.

Ég hef allt gott að segja um nál. frá mþn., sem ég hef lesið ítarlega, um það hvernig eigi að fara að því að fjármagna þetta mikla verkefni og þá um leið ýmislegt til viðbótar eins og að koma sjónvarpi út á fiskimiðin og því um líkt. Þar er um margt um góðar till. að ræða. En ég held að það liggi fyrir nokkuð góð úttekt á þessari stofnun, og ég held að það hafi aldrei verið gert neitt með hana. Ég held að sú úttekt hafi einmitt verið nokkuð dýr, hún hafi bæst þarna ofan á og kostað nokkrar millj., að mig minnir. Það munu vera nokkur ár síðan hún var framkvæmd. En ég held að það hafi aldrei verið neitt gert í því að hreyfa við þeim augljósu annmörkum sem þessi úttekt leiddi í ljós.

Ég hef áður fullyrt að margt mætti betur fara í rekstri sjónvarpsins, og það var mér mikið gleðiefni t. d. að orð mín hér höfðu orðið til þess að forráðamenn Sjónvarpsins höfðu hætt að greiða þm. aukaþóknun fyrir að mæta í viðtalsþáttum í sjónvarpi vegna þess að það þætti svo sjálfsagt. Þetta gerðist eftir að ég hafði deilt á það hér á Alþ. að ég hefði fengið greiðslu fyrir ákveðnar gamanvísur sem hefðu verið svo dýrt kveðnar að áliti þeirra sjónvarpsmanna að greiðsla fyrir þær væri svimhá miðað við það sem ég á að venjast varðandi minn kveðskap. Það gladdi mig sem sagt að þarna sá Sjónvarpið ástæðu til þess að spara og hætta að greiða þessum voðalegu hálaunamönnum sem þm. eru, fyrir að koma fram í sjónvarpi, ég hygg næstum einum allra manna. Þó munu forstöðumenn einhverra stofnana einnig vera í þeim flokki.

Ég held að það væri þá um leið ástæða til þess að framkvæma eitthvað af því sem þessi

úttekt leiddi í ljós. Þá fengist örugglega töluvert fjármagn í dreifikerfið sem hefur verið algerlega vanrækt að undanförnu, þ. e. a. s. í mínum landsfjórðungi — algerlega vanrækt. Það eru að vísu núna loforð uppi um að á því verði gerðar endurbætur á þessu ári, og við skulum vona að við það verði staðið. En einnig hefur orðið alger stöðvun tvö eða þrjú síðustu ár á því að þeir, sem ekki höfðu sjónvarp fyrir, fengju það, og vafalaust verður eitthvað að því unnið líka með þessari ákvörðun sem tekin var nú á dögunum.

Auðvitað er í miklu fleiri stofnunum full ástæða til að kanna möguleika á sparnaði. Fyrir mér eru ríkisstofnanir ekkert heilagar í þessum efnum, síður en svo, enda eru þær sumar byggðar upp og þeim stjórnað af þeinum óvinum alls ríkisrekstrar. Þeir sjá sjálfsagt ekki mikla ástæðu til þess víða að vera að haga þeim rekstri á hagkvæmasta veg.

En ég vildi sem sagt nota þetta tækifæri til þess að styðja þessa till. Hún er nákvæmlega að mínu skapi og miklu meir en það frv. sem kom til umr. í Ed. í fyrra. Ég hét því þá að flytja brtt. einmitt í þá átt sem þessi till. fjallar um. Annars held ég að það væri full ástæða til þess að rannsaka sitt hvað í starfsemi þessarar stofnunar og fjölmargra annarra, því að hún er örugglega síst verri en margar aðrar og mætti sjálfsagt finna hjá ýmsum öðrum enn hrikalegri upphæðir í beinni sóun og eyðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskikort, þáltill. (þskj. 137). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. A þskj. 137 höfum við hv. 8. þm. Reykv. og ég flutt till. til þál. um útgáfu fiskikorta, þess efnis, að ályktað er að skora á ríkisstj. að hlutast til um að nú þegar verði hafinn undirbúningur að útgáfu fiskikorta með Loran-C staðarlínum í og öðrum þeim upplýsingum sem að gagni mega koma við fiskveiðar. Þessi till. er endurflutt og fyrir því get ég haft yfir henni skammar signingar nú. Enn fremur sýnist mér að drjúgar áróðursræður fyrir þessari till. mundu að litlu gagni koma, eins þunnskipað og er hér um bekki. Ég verð þess vegna að treysta á vandlega úrvinnslu þeirrar hv. n. á málinu sem fær hana til meðferðar.

En uppruna sinn á þessi till. hjá austfirskum togaraskipstjórum sem ályktuðu að skora á fiskiþing að hrinda fram þessu mikla nauðsynjamáli.

Röksemd fyrir nauðsyn þessa máls er að finna í grg. með till., og sú röksemdafærsla er nægjanlega glögg til þess að sýna fram á nauðsynina. Hér er um að ræða radíóstaðsetningartæki sem eru af hinni svonefndu C-Lorangerð og nú fást á almennum markaði og hafa verið keypt í íslensk fiskiskip í auknum mæli á undanförnum árum. Við höfum hins vegar ekki fengist við útgáfu þeirra korta sem gera þessi afbragðstæki nýtanleg með staðarlínum. Einvörðungu höfum við gefið út slík kort yfir Kolbeinseyjarsvæðið, annað ekki, en að öðru leyti stuðst við breska útgáfu af þessum kortum. Má í því sambandi benda á að þau kort ná alls ekki inn fyrir 12 mílna landhelgislínuna gömlu, en vitanlega ber að gefa út kort yfir allt íslenskt hafsvæði. Nú verður þessari kortagerð að sjálfsögðu hætt í Bretlandi þar sem bresk skip eru horfin af okkar veiðisvæðum, og fyrir því er það að okkur ber hin brýnasta nauðsyn til að hefja þegar undirbúning á útgáfu þessara korta.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að þessari umr. verði frestað, en málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 40. fundur.

Miðvikudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 298). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við tollskrá á þskj. 298 í frv. til laga um breyt. á l. nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

1. gr. hefst svo: „Eftirfarandi tollskrárnr. og tollur í 1. gr. verði þannig:" Ég sé ekki ástæðu til að lesa það upp, en mun gera nánari grein fyrir þessari till. En grg., sem henni fylgir, er svo hljóðandi:

„Hinn 20. mars 1970 tók gildi ný reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski. Í þeirri reglugerð er óvarið tré bannað til notkunar ef það kemst í snertingu við fisk. Þetta bann hefur þó ekki náð til trépalla sem hingað til hafa verið notaðir í fiskiðnaðinum til uppröðunar og hreyfingar á fiskafurðum, ef um beina snertingu hefur ekki verið að ræða. Hins vegar hefur það verðið stefna Framleiðslueftirlits sjávarafurða að losna við tré úr fiskvinnslunni og ýta á að önnur efni verði notuð.

Til þessa hafa pallar úr plasti ekki verið fáanlegir, en nú er það breytt og „plastpallettur" fáanlegar frá norskum, sænskum og vestur-þýskum framleiðendum. Hafa ýmis fyrirtæki í fiskiðnaðinum hug á því að hagnýta þessa framför, en núv. tollur á þessari vöru, 70%, útilokar það. Hér er því lagt til að þessari vöru verði fundinn tollflokkur og tollur felldur niður. Þessi till. hefur engin áhrif á tolltekjur ríkissjóðs."

Mér hefur ekki borist dagskrá þessa fundar á skrifstofu mína þar sem hún er borin heim til mín á morgnana. Þar af leiðandi verð ég að biðjast afsökunar á því að þau bréf, sem mér hafa borist frá ýmsum fiskframleiðendum, frystihúsum og öðrum, hef ég ekki meðferðis. En þeim öllum er það sammerkt að fyrirtækin óska eftir því og lýsa áhuga sínum, — ég bið afsökunar, mér eru að berast hérna þessi bréf sem ég hafði beðið um að fá send, en ég mun lesa þau upp á síðara stigi ef miklar umr. verða um þessa einföldu tillögu. (Gripið fram í.) Það er óskað eftir því að ég lesi þessi bréf, og ég skal verða við þeirri ósk.

Fyrst er bréf frá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur hf., með leyfi hæstv. forseta:

„Við ítrekum enn einu sinni málaleitan okkar, að þið gerið allt sem í ykkar valdi stendur til þess að fá tolla og söluskatta af pallettum, vörubrettum úr plasti, niður fellda eða lækkaða til samræmis við aðrar vörur til útgerðar og fiskvinnslu, þ. e. í 2—4% verðtoll eingöngu. Eins og við höfum tekið fram er okkur brýn þörf þessara vara þar sem reglugerð um búnað og hollustuhætti í fiskiðnaði bannar nú algerlega notkun á pallettum úr tré sem við höfum notast við hingað til, meðan pallettur úr gerviefnum hafa verið tollaðar sem munaðarvara. Okkur virðast pallettur þær, sem þið bjóðið, henta okkur í hvívetna, og um leið og tollar eru niður felldir eða lækkaðir verulega gerist verð á þeim samkeppnishæft. Þetta mál er mjög brýnt, og við treystum því að þið leitið skilnings stjórnvalda hér um, að við megum vænta jákvæðs svars innan fárra daga."

Þetta bréf er stílað til innflutningsaðila sem er Asíufélagið.

Að fengnu þessu afriti hafði ég samband við Asíufélagið og bað það um að gefa mér nánari upplýsingar um það sem það hefði gert í þessu máli. Það bréf hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, það er nú stílað persónulega til mín, og ég bið hv. þdm. að misvirða það ekki þar sem hér er um skólabróður minn, gamlan vin og íbróttafélaga að ræða. En hann skrifar svo:

„Góði vinur. Fyrst af öllu vil ég þakka þér fyrir síðustu samverustundir. Ég vil nú koma beint að erindinu, þ. e. aðflutningsgjöldum á pallettum, vörubrettum, og þá fyrst að biðja þig velvirðingar á því að mér vannst engan veginn tími til þess að undirbúa þessi mál eins og ég hefði óskað. Án fyrirvara gerðist mér gestkoma erlendis frá sem ruglaði mjög mína daglegu önn. Því er mitt veganesti til þín ekki annað en það bréf sem ég skrifaði hinu háa fjármálaráðuneyti þann 31. júlí s. l. og staðfest var neðanmáls til fulltingis hr. Guðmundi Karlssyni framkvæmdastjóra Fiskiðjunnar hf. í Vestmannaeyjum. Fylgir ljósrit af bréfi þessu hér með."

Þess verð ég að leita hjá hinu háa Alþ. þar sem afrit mitt var ekki finnanlegt. Þá hefur sama skeð með hvatningarbréf sem Asíufélaginu hefur borist, móttekið frá nokkrum kaupendum, og verður því hér að nægja ofangreint afrit af nefndu bréfi. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þetta frekar því að það kemur allt fram í þriðja bréfinu sem er bréf þessa félags sem ég staðfesti, eins og hann getur um í byrjun þessa bréfs til mín, og er stílað til rn. En það hljóðar svo:

„Við leyfum oss hér með að fara þess vinsamlegast á leit við hið háa rn. að aðflutningsgjöld og tollar og söluskattur verði felld niður eða stórlækkuð af plastpallettum, (vörupallar úr plasti) undir tollskrárnr. 39.07.19. Ástæðan fyrir málaleitan vorri er sú, að trépallar sem hingað til hafa verið notaðir í fiskiðnaðinum til uppröðunar og hreyfingar á fiskafurðum, hafa verið bannaðir af heilbrigðis- og hreinlætisástæðum. Fiskframleiðendur eygja þá lausn besta á þessu vandamáli að taka í notkun plastpallettur. Slíkar pallettur eru hins vegar ekki framleiddar á Íslandi, en eru fáanleg frá norskum, sænskum og vestur-þýskum framleiðendum. Við höfum verið beðnir að annast milligöngu um kaup á slíkum pallettum og höfum hér með fengið sýnishorn til reynslu sem þegar hafa verið reynd og sýnast gefa góða raun. Hins vegar útiloka hin háu aðflutningsgjöld hagnýtingu þessarar lausnar. Benda má á í þessu sambandi að fiskkassar úr plasti voru með svipuðum aðflutningsgjöldum sem og söluskattsákvæðum. Gjöld þessi á fiskkössum voru hins vegar lögð niður fyrir nokkrum árum og enduðu þau með 4% tolli. Hafði það strax í för með sér stórfellda hagnýtingu á fiskkössum úr plasti, að allra dómi, er til þekkja, þjóðarbúinu til hagsældar. Þá er að geta þess að Fiskmat ríkisins leggur nú áherslu á að losna við trépalla úr fiskvinnslunni, en önnur heppilegri lausn en plastpallettur hefur ekki fundist til þessa. Mál þetta er nú brýnt, og treystum við því að við megum vænta jákvæðs svars yðar við allra fyrstu hentugleika."

Þetta bréf er skrifað fjmrn. 31. júlí 1975, nú er komið 1977, og hið skjóta svar frá fjmrn., sem óskað er eftir, er ekki komið til bréfritara.

Síðan er skrifað eftirfarandi á þetta bréf:

„Ofanritað bréf hef ég undirritaður lesið og legg áherslu á að mál þetta fái jákvæða og hraða úrlausn.

Virðingarfyllst.
F. h. Fiskiðjan h.f. Vestmannaeyjum
Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri."

Það getur verið að rn. slái hraðamet því að það á enn þá eftir að svara þessu, en svar hefur enn ekki borist.

Ég sé ekki ástæðu til að lesa þetta bréf frekar sem Asíufélagið skrifaði mér. En ég átti von á að fá bréf frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, en það hef ég ekki fengið enn þá. Ég hefði gengið hraðar eftir því bréfi, sem þeir ætluðu að skrifa mér, hefði ég vitað með dálítið meiri fyrirvara að þessi brtt. mín yrði á dagskrá í dag. En ég vil taka það fram og ítreka, að eins og stendur er 70% tollur á þessum plastpallettum.

Ég vona að hv. Ed. sjái sér fært að afgreiða þetta mál með meiri hraða en virðist vera á sumum málum hér eftir ummælum forseta í upphafi þessa fundar. Ég geri það að till. minni að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. í von um að það hljóti þar skilning og skjóta afgreiðslu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að hér sé á ferðinni nauðsynjamál þar sem er frv. hv. þm. Alberts Guðmundssonar, 12. þm. Reykv. Að vísu er mér nokkur vandi á höndum að styðja þetta mál hans eftir stutta yfirlýsingu sem hann flutti í Sþ. í gær, á þá lund að ég hefði æ rangt fyrir mér er ég stigi hér upp í ræðustól. Ég hygg að þar hafi verið um algjöra fullyrðingu af hálfu hv. þm. að ræða, en um nánari skýringar á henni verðum við að bíta innbyrðis.

Mér er kunnugt um það að notkun vörupalla úr tré í fiskiðjuverunum hefur valdið talsverðum vandræðum og gerir það enn. Þó mun það ekki vera rétt að Framleiðslueftirlitið hafi bannað þessa palla, heldur hafa öll þau ílát og tæki úr tré verið bönnuð sem fiskur hefur verið látinn liggja á eða verið geymdur í. Orsökin

er sú, að tré virðist taka í sig með undraskjótum hætti svepp sem veldur svokallaðri slagvatnsskemmd í fiskinum. Að öðru jöfnu þarf fiskur ekki að snerta þessa palla eða liggja á þeim, en eigi að síður hafa verið uppi grunsemdir um það á liðnum árum að vatn, sem runnið hefur frá þessum pöllum, sem venjulega er staflað í móttökusal frystihúsanna, og runnið hefur undir fisk, hafi valdið þess háttar skemmdum, og þær geta orðið mjög verulegar í frystum fiski og eru ákaflega hvimleiðar.

Ég vildi gjarnan að gengið yrði úr skugga um það að ekki séu fáanlegir vörupallar úr öðrum ólífrænum efnum en plasti. Ef mig minnir rétt sá ég í fyrravetur auglýsingar á vörupöllum úr áli, bylgjuðu áli, og vildi gjarnan að hugað yrði að því hvort ekki mætti orða ákvæði lagagreinarinnar á þá lund að þetta gæti náð til vörupalla, sem hæfir þættu til þessarar notkunar, úr öðrum efnum sem ekki valda hættu á slagvatni ef þess háttar verkfæri þættu heppileg. Og það er fleira, sem til kemur um þessa vörupalla úr tré, heldur en beinlínis þessi smithætta. Þeir eru ákaflega þungir og erfiðir í vöfum, valda oft erfiðleikum í móttökusal frystihúss, þegar flytja þarf þá til með handafli, og taka öllu meira pláss, að því er sérfróðir menn segja mér, heldur en þessir léttu vörupallar.

Það hefur viljað við brenna í fiskiðnaði okkar að við höfum verið fullseinir að taka upp nýjungar í tæknibúnaði og vinnuhagræðingu og stundum svo að algjörri furðu sætir. Ég tel æskilegt að fremur verði að því stuðlað heldur en hitt, að við fylgjumst vel með nýjungum á þessu sviði sem upp koma erlendis og reynst hafa þar vel og flýtum okkur að tileinka okkur þær. En ég tel æskilegt að leitað verði álits Framleiðslueftirlits sjávarafurða í sambandi við þetta mál og einnig að fyrir lægju vottorð eða bréf varðandi þetta mál bæði frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild Sambandsins.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Fyrir ekki löngu var allmikið um það rætt að breyta umbúðum um frystan fisk sem fluttur er til Bandaríkjanna, og var þá mikið talað um að spara ystu kassana sem þeir eru látnir í, en sveipa þá plasthjúp, og til þess þurftu kassarnir að leggjast á sérstaka gerð af pallettum eða pöllum. Var ætlað að þessar pallettur eða hvað það nú heitir mundu verða hagkvæmastar úr ståli. Þessa palla var hægt að framleiða hér heima og þeir voru taldir ódýrir, hagkvæmir og öryggir. Þetta mál var komið alllangt. Það var gerð tilraun með þetta í Vestmannaeyjum, fengin sérstök vél sem gekk þannig frá plastumbúðum að þetta var talið mjög hagkvæmt og mundi draga allmikið úr kostnaði. Eini ókosturinn var sá, að það mundi ekki rúmast eins mikið í skipunum á þennan hátt og ella. Þó mun þetta mál ekki vera alveg dautt enn þá. Og eitt er víst, að þetta mundi spara allmikið af þeim pappírsumbúðum sem nú fara utan um frystan fisk. En þarna var sem sagt gert ráð fyrir að stálpallar væru það hagkvæmasta sem um væri að ræða og talið mjög auðvelt að framleiða þá hér heima. Ég vil vekja athygli þeirrar n., sem fær þetta mál, á því að það væri þess virði að fá upplýsingar hjá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda um hvernig á því stóð að þetta mál komst ekki lengra þá. En ég veit að Coldwater í Bandaríkjunum hafði mikinn áhuga á því að þessi breyting yrði gerð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 44. fundur.

Miðvikudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka innkaupsverð á vörum o. fl., þáltill. (þskj. 105). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Utanríkismálastofnun Íslands, frv. (þskj. 293). — 1. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Utanríkismál og öryggismál eru völundarhús sem vart verður skilið nema með miklum upplýsingum og mikilli rannsókn. Hverri sjálfstæðri þjóð er því nauðsynlegt að gera sérstakt átak til þess að fylgjast með þeim málum og öðlast þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til skynsamlegrar skoðanamyndunar og mótunar stefnu á þessu sviði.

Flestar eða allar þjóðir eiga eina eða fleiri rannsóknar- og upplýsingastofnanir á sviði utanríkismála. Þessar stofnanir hafa fyrst og fremst það hlutverk að safna saman á einn stað upplýsingum og hafa þær aðgengilegar fyrir hvern þann sem þarf á þeim að halda. Jafnframt geta stofnanir þessar annast rannsóknarstörf eða stuðlað að því að einstaklingar og stofnanir taki sér fyrir hendur slíkar rannsóknir. Stofnanir þessar gegna margvíslegum verkefnum. Þær koma upp bókasöfnum, söfnum blaða, tímarita og annarra heimilda, sem getur verið mjög mikils virði að eiga á einum stað. Þær gefa út bækling eða tímarit sem verða vettvangur fyrir stefnur og strauma í utanríkis- og öryggismálum viðkomandi þjóða. Þær geta þar að auki rannsakað eða komið á framfæri nýjum hugmyndum á sviði utanríkismála og þannig orðið að margvíslegu gagni.

Nærtækasta dæmið um slíka stofnun af mörgum, sem af er að taka, er Utanríkismálastofnun Noregs. Hún mun hafa byrjað starf sitt með þremur starfsmönnum, en hefur vaxið smám saman og hlutverk hennar aukist svo að starfsmenn munu nú vera eitthvað yfir 30. Fé er veitt til þessarar stofnunar í Noregi á fjárlögum, en hún er látin heyra undir menntmrn. til þess að leggja með því áherslu á að hún sé óháð utanrrn.

og ekki verkfæri þess. Í grg. er sagt að rekstur hennar hafi kostað 30 millj. ísl. kr. 1973, en sú tala er að sjálfsögðu á misskilningi byggð og mun vera nær að það séu 30 millj. norskar.

Ég hef leyft mér að flytja frv. um að sett verði lög um Utanríkismálastofnun Íslands og skuli það vera óháð rannsóknar- og fræðslustofnun sem starfi samkv. þeim lögum. Tilgangur hennar á að vera að auka þekkingu og skilning þjóðarinnar á utanríkis- og öryggismálum. Stofnunin á að safna og dreifa hvers konar upplýsingum um þessi mál og stunda rannsóknarstörf á sviði þeirra. Stofnunin á að koma upp heimildasafni og getur staðið að útgáfu.

Í 3. gr. frv. segir: „Utanríkismálastofnun Íslands skal vera óháð þeirri stefnu í utanríkis- og öryggismálum sem íslensk stjórnvöld hafa hverju sinni. Hún skal í öllu starfi sínu gæta óhlutdrægni gagnvart mismunandi skoðunum um **þessi mál.**"

Varla verður um það deilt að slík stofnun verður að byggja á slíkri óhlutdrægni ef hún á að njóta tiltrúar frá þeim sem hugsanlega geta haft mismunandi skoðanir á ýmsum atriðum þessara mála.

Þá er gert ráð fyrir að í stjórn stofnunarinnar eigi sæti 14 menn, sem kosnir séu hlutfallskosningu af utanrmn. Alþ., og einn fulltrúi frá Seðlabanka Íslands. Gert er ráð fyrir að svo stór stjórn komi ekki saman nema tiltölulega sjaldan, einu sinni til tvisvar á ári, en að hún kjósi sér formann, varaformann og ritara sem verði framkvæmdastjórn. Þessi stjórn á að vera ólaunuð. Ekki eru nánari ákvæði um það á hvern hátt stjórnin gegni störfum sínum, en að sjálfsögðu ræður hún starfslið og tekur meginákvarðanir um starfsemina. Er ekki ástæða til að setja sérstök ákvæði um það í lög sem þessi.

Að lokum er 5. gr. sem fjallar um kostnað við rekstur þessarar væntanlegu stofnunar. Þar hef ég staðnæmst við þá hugmynd að ekki sé óeðlilegt að greiða þennan kostnað af gjaldeyrisviðskiptum sem sannarlega eru utanríkismál. Þess vegna er lagt til að Seðlabankinn standi undir kostnaði við stofnunina af tekjum af gjaldeyrisviðskiptum og geti endurheimt hluta upphæðarinnar af þeim viðskiptabönkum sem versla með erlendan gjaldeyri. Loks er ákvæði um hvernig með skuli fara ef ágreiningur verður um upphæð þessa kostnaðar.

Að sjálfsögðu mætti hugsa sér fleiri leiðir til að standa undir kostnaði við slíka stofnun, en ég hef staðnæmst við þessa vegna þess að ég tel ekki þær aðstæður vera nú fyrir hendi að rétt sé að fara fram á að slík nýjung sé kostuð á fjárlögum. En ég vil benda á að ég tel að stofnun sem þessi mundi geta útvegað sér verulega mikið fjármagn sjálf til einstakra verkefna, svo sem til ráðstefnuhalds eða útgáfu, og hygg ég að mörg fyrirtæki í landinu, sem annast viðskipti við aðrar þjóðir, mundu vera reiðubúin til að hlaupa þar undir bagga.

Einnig mætti athuga ýmsar aðrar hugmyndir um að skipa stjórn fyrir slíka stofnun. En ég hef staðnæmst við það að viðurkenna hlut stjórnmálanna því flestar meginskoðanir á utanríkis- og varnarmálum koma fram í flokkakerfi íslendinga. Ég treysti því að stjórnmálaflokkarnir muni haga mannavali í þessa stjórn þannig að sem best henti og sem minnstar beinar, almennar pólitískar deilur þurfi um stofnunina að vera.

Ég get ímyndað mér að rétt væri að slík stofnun hæfi störf með þriggja manna starfsliði og yrði væntanlega ekki ástæða til að fjölga því um alllanga framtíð. Þar gæti verið einn yfirmaður sem væri að sjálfsögðu sérfróður í utanríkis- og varnarmálum, aðstoðarmaður hans, sem hefði bókavarðar- og útgáfustörf að aðalstarfi, og loks ritari. Þetta starfslið og skrifstofuhald mundi sennilega kosta um 7 millj. kr. Gert er ráð fyrir svo sem 2 millj. til þess að byggja upp bóka- og heimildasafn. Þá yrði heildarkostnaður rúmlega 9 millj. kr. Hygg ég að það sé ekki stór deild í skrifstofukerfi gjaldeyrisbankanna sem kostar það fé og þá mundi satt að segja lítið sem ekkert um það muna.

Herra forseti. Ég vil að lokum geta þess, að augljóslega ætti þetta frv. að fara til utanrmn. En nú er utanrmn. ekki í þessari d., heldur í Sþ., og hefur verið farið svo með slík mál að frv. væri vísað til einhverrar n. sem kosin er í d. sjálfri. Ég hygg að það sé ekkert í þingsköpum sem bannaði að þessu frv. væri vísað til utanrmn., því Nd. er öll í Sþ. Ég ætla þó ekki að blanda slíkum málum inn á þessu stigi þó ég nefni þetta. En ég hef flutt frv. um breyt. á þingsköpum sem einmitt kemur inn á þetta, enda væri miklu eðlilegra að n. þingsins væru í Sþ. og málum vísað til þeirra frá deildum. Við það gætum við haft miklu öflugri n., sem gætu starfað meira og betur og nýtt krafta og tíma þm. miklu betur en er í dag. Að því frátöldu og til þess að fylgja venjum, sem að vísu eru ekki einhlítar, því það var beinlínis til þess ætlast, þegar utanrmn. var stofnuð 1928, að vísa mætti til hennar málum frá d. og var fram tekið. Eftir því sem Bjarni Benediktsson segir í riti sínu um deildir Alþ. mun þessi háttur hafa verið hafður á fram undir 1940, en ekki hef ég kannað hvers vegna frá því var þá horfið. Þó ég geti þessara atriða mun ég, eins og ég sagði, fylgja þeim háttum sem hér hafa ríkt og legg til að frv. verði vísað til hv. menntmn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til þess að taka undir það með flm. þessa máls, að það er þarft mál, sem hér er hreyft, og það er mikil þörf á því að farið sé að vinna að því verkefni sem liggur að baki flutningi þessa frv. Um hitt geta svo verið skiptar skoðanir, hvort nauðsynlegt sé nú þegar á þessu stigi að efna til sérstakrar stofnunar til að vinna að því verkefni sem ég tel að eigi að koma í fyrstu röð og sé fyrst og fremst það sem okkur skortir, en þar er um að ræða heimildaöflunina og í öðru lagi útgáfustarfsemi, en rannsóknarstörf koma svo síðar og geta að sjálfsögðu verið framkvæmd utan stofnunar. Grundvöllur slíkrar rannsóknastarfsemi hlýtur að vera sú upplýsinga- og heimildasöfnun og sú útgáfustarfsemi sem ég tel að allt of lengi hafi dregist að hrinda hér af stokkunum.

Þetta er svo brýnt mál margra hluta vegna, að ég hygg að það þurfi ekki að færa að því rök í löngu máli. Ef við ætlum á annað borð að koma

umr. um utanríkismál á það stig, sem æskilegt væri, og af því karpstigi, sem allt of lengi hefur viðgengist, þá þurfum við slíka starfsemi sem hér er um talað, — starfsemi sem felst í því fyrst og fremst að safna saman heimildum og starfa að fræðilegum útgáfum í sambandi við utanríkismálin.

Ég get við þetta mál aðeins bent á það, að ef mönnum þykir í of mikið ráðist nú þegar að efna til sérstakrar stofnunar til að hafa málin með höndum, þá væri vissulega hugsanlegt að fara einhverjar millileiðir til bráðabirgða. Hér er starfandi nú þegar sagnfræðistofnun við Háskóla Íslands. Hún er að vísu veikburða vegna fjárskorts, en vitanlega væri hugsanlegt að fela henni til bráðabirgða a. m. k. slíkt verkefni sem þetta, veita henni fjárstyrk til þess að vinna að því og tengja til að mynda slíka deild við sagnfræðistofnun við Alþingi með þeim hætti að til að mynda utanríkismn. kæmi þar við sögu. Einnig væri vissulega vel hugsanlegt og strax til mikilla bóta frá því, sem nú er, að utanrmn. tæki að sér að vinna að þessu nauðsynlega verkefni, heimildasöfnuninni, og réði til þess dugandi mann, einn eða tvo eftir atvikum. Þetta gæti verið skref í rétta átt ef mönnum þætti að svo komnu máli í of mikið ráðist að setja slíka stofnun á fót sem talað er um í þessu frv. En hvað sem hugleiðingum um þetta líður, þá vil ég leggja á það áherslu að hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Okkur hefur skort lengi þessa framkvæmd, að safnað sé upplýsingum, raunverulegum staðreyndum um utanríkismál og slíkar staðreyndir gefnar út eftir því sem ástæða þykir til og þegar nokkuð hefur frá liðið, eins og tíðkast með öðrum þjóðum. Þá fyrst, þegar slík upplýsingasöfnun er í lagi og heimildir tiltölulega aðgengilegar fyrir fræðimenn, er hægt að fara að vinna úr þessum mikilvæga málaflokki á málefnalegan og fræðilegan hátt betur en gert hefur verið og hægt hefur verið að gera fram að þessu. Ég tel, að þetta sé málefni sem Alþ. eigi að láta sig miklu skipta, og mæli mjög eindregið með því, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki það fullkomlega alvarlega og geri um það jákvæðar og raunhæfar till. sem leiði til þess að eitthvað jákvætt gerist í málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 295). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 295, sem er nú lagt hér fyrir öðru sinni. Það var lagt fram fyrir jól í fyrra, þvældist alllengi fyrir þinginu, en hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Ég flutti í fyrra allítarlega framsögu með frv. og get því stytt mál mitt núna.

Þetta frv. er í stuttu máli þannig til komið, að hin óvenjulega slysaalda, sem reið yfir okkur hér á landi í fyrrahaust, varð okkur, þessum tveimur flm., mér og 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram, hvati til þess að hugsa okkar gang og leita í samráði við þá aðila, sem með umferðarmál fara, einhverra hugsanlegra leiða af hálfu Alþ. með lagasetningu til þess að binda endi á það ástand eða alla vega lagfæra okkar umferðarmál.

Ég minnist þess að í framsöguræðu í fyrra benti ég á að þá höfðu á 52 dögum farist í umferðarslysum á Íslandi 14 manns, þ. e. a. s. þriðja til fjórða hvern dag hafði látist maður í umferðarslysi. Þetta var óvenjulegt og hefur sem betur fer ekki endurtekið sig nú í ár, því að tölur sýna að umferðarslys urðu bæði færri og ekki eins mörg dauðaslys á árinu 1976 og árið þar á undan. Ég vil þó sérstaklega vekja athygli á því sem segir í grg. með þessu frv. nú, að líkkandi tala umferðarslysa á nýliðnu ári sé vissulega gleðiefni þótt enn sé talan óhugnanlega há. En við megum ekki láta það leiða okkur til of mikillar bjartsýni og því síður til andvaraleysis í þessum efnum, og það er vafalaust að hið eindæma hagstæða veðurfar, sem við höfum átt við að búa hér það sem af er þessum vetri, mun eiga sinn þátt í þessari ánægjulegu þróun. Færð á götum og vegum hefur verið ákaflega miklu betri en um sama leyti í fyrra og raunar alveg óvenjulega góð.

Það, að þetta frv. náði ekki fram að ganga til afgreiðslu í fyrra, hygg ég að hafi stafað ekki hvað síst af því að Alþ. komst raunar aldrei nema í 1. gr. þess, en 1. gr. fjallar um lögbundna notkun öryggisbelta í bifreiðum. Þetta atriði hefur verið umdeilt hvarvetna þar sem löggjafarþingin hafa á annað borð látið sig það skipta, og ég minnti á það í fyrra til hliðsjónar, að í Noregi, þegar frv. til l. um öryggisbelti lá fyrir norska Stórþinginu, þá komst það í gegn, en með ¼ hluta norskra stórþingsmanna á móti. Það fór eins og ég vissi raunar fyrir, að þetta ákvæði um notkun öryggisbelta mætti ákveðinni mótstöðu hér, en það fékk þó marga góða liðsmenn með sér, og ég vil leggja áherslu á það nú að þessi 1. gr., sem fjallar um þetta umdeilda atriði, verði ekki aftur til þess að setja allt frv. til baka. Það hlýtur að koma til kasta Alþ. að skera úr um það, hvort við viljum samþ. þessa till. eða ekki, og síðan gætu og ættu svo hinar greinar frv., sem ég bygg að verði ekki umdeildar, alla vega ekki á borð við öryggisbeltin, að geta fengið afgreiðslu enda þótt 1. gr. um öryggisbeltin félli út.

Í sambandi við frv. í fyrra kom fram áskorun hóps manna sem ég tel fyllilega mark á takandi og vel það, og ætla ég mér að lesa upp þessa áskorun sem er undirskrifuð, eins og ég sagði, af fjölda merkra manna, þ. á m. réttarlækni ríkisins, af landlækni, af borgarlækni og öðrum læknum, einnig af lögreglustjóranum í Reykjavík, af prófessorum, kennurum, ritstjórum, félagsmálafulltrúum, og meðal kennaranna eru einnig ökukennarar, það vil ég taka fram. En áskorunin hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Vér undirritaðir skorum á hið háa Alþ. að samþ. á yfirstandandi þingi lög um skyldunotkun bílbelta. Bílbelti hafa þegar sannað gildi sitt sem mikilsverð tæki til að draga úr afleiðingum umferðarslysa. Má leiða rök að því, að þau geta bjargað um það bil helmingi ökumanna og farþega í framsætum frá dauða og um það bil ¾

hlutum alvarlegra slasaðra í umferðarslysum. Sannað hefur verið að með fræðslustarfi og áróðri sé eigi unnt að ná meira en 30% notkun bílbelta, og af þeirri ástæðu hafa fjölmargar þjóðir lögleitt skyldunotkun. Þjóð vor biður óbætanlegt tjón við hvert mannslíf, er glatast, og hvern einstakling, er slasast í umferðarslysum. Því teljum vér eigi unnt að bíða lengur með að fá almenna notkun bílbelta með lagaboði."

Þetta er álit þessa hóps manna, og ég hygg að engir fremur en læknar viti hvað þeir eru að tala um þegar umferðarslys eru annars vegar. Ég persónulega skal játa að áður en ég setti mig inn í þetta mál hef ég verið heldur öndverð lögbundinni notkun bílbelta. Mér finnst að þeir, sem mæla á móti þeim, hafi nokkuð fyrir sér. En ég set dæmið einfaldlega upp þannig, að ef bílbeltanotkun gæti orðið til þess að forða einu mannslífi á Íslandi, að ég tali nú ekki um fleiri, frá því að glatast á ári hverju, þá væri þessi skylda, sem á okkur er lögð, réttlætanleg og sjálfsögð. Ég hef ekki getað samþ. rök þeirra manna sem vilja ekki bera okkur hér á Íslandi saman við önnur Norðurlönd. Ég hygg að ólíkar aðstæður kunni að breyta þar einhverju hvað varðar prósentutölu í notkun bílbelta og hversu mörgum er bjargað, en ekki það mikið að orð sé á gerandi og að við hljótum ekki að taka mark á þeim rannsóknum og þeim niðurstöðum sem farið hafa fram í nágrannalöndum okkar, þ. á m. Norðurlöndunum sem nú hafa öll með tölu, ég veit raunar ekki um Færeyjar, en öll hin hafa tekið upp lögboðna notkun bílbelta.

Það var bent á í fyrra að vegir okkar hér væru svo slæmir og brattir og aðstæður allar margfalt verri en þar. Það má vel vera. Ég held satt að segja að eftir því sem við flýtum okkur meira að leggja slitlag á vegina okkar, þá aukist hættan á vegunum, einfaldlega vegna þess að hraðinn eykst. Við höfum því miður ekki tiltækar tölur sem niðurstöður af rannsóknum okkar á þessu atriði nema að mjög takmörkuðu leyti. Þar kemur til auðvitað fyrst og fremst umkomuleysi Umferðarráðs sem hefur hingað til verið fjárvana. Get ég ekki stillt mig um í því sambandi að harma að stjórnarfrv., sem lagt var fram á þingi í fyrra um að viðurkennd vátryggingarfélög skuli greiða hálft annað prósent af iðgjaldatekjum sínum vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna, var ekki samþykkt. Þetta er eitt af þeim atriðum sem Umferðarráð hefur bent á sem raunhæfan lið í árangursríku starfi, að það hafi eitthvert fjármagn í höndum. Þetta frv., ef fram hefði gengið í fyrra, hefði þýtt um 8 millj. kr. tekjur til Umferðarráðs. Vil ég hér með spyrjast fyrir, — ég sé því miður að það er enginn ráðh. hér nú, það er hæstv. dómsmrh. sem hér átti blut að máli, — hvort ekki sé ráð að leggja fram þetta frv. á ný.

Ég hef dvalið hér aðeins við 1. gr. af því að hún olli þrætum og andstöðu í fyrra. En ég endurtek: Ég vona að þær þrætur og andstæður verði ekki til þess að stöðva frv. allt nú. Ég vil benda sérstaklega á ákvæði, sem er raunar í 1. gr. einnig, um öryggishjálmana. Þar held ég að allir séu á einu máli, að það sé sjálfsögð varúðarráðstöfun að unglingar hafi öryggishjálm á höfði í akstri bifhjóla.

2. gr. frv., svo ég aðeins stikli á stóru, kveður á um endurnýjun skírteina. Endurnýjun skírteina hefur verið til þessa dags eitt ár. Hér er lagt til að hann verði tvö ár. Það er bent á að ungum ökumönnum er hættara við að lenda í slysum heldur en þeim eldri. Þeir aka ógætilegar og þeir telja sig færa í allan sjó eftir að þeir að einu ári liðnu frá ökuprófi hafa fullnaðarskírteini upp á 10 ár í vasanum. Hér er lagt til að þetta sé lengt í 2 ár.

3. gr. kveður á um próf, nokkurs konar upprifjunarpróf við endurnýjun fullnaðarskírteina. Það er minni hátiar próf en sjálft ökuprófið, krossapróf sem á að rifja upp allar helstu umferðarreglurnar og gera ökumanninum þannig hæfari en ella til aksturs.

Í 4. gr. er fjallað um mistaka- og punktakerfið sem sennilega er merkasta ákvæðið sem þetta frv. hefur að geyma. Þetta mistaka- eða punktakerfi er í stuttu máli í því fólgið að það er haldin skrá yfir brot manna. Þau eru vegin og metin eftir því hvað alvarleg þau eru. Punktunum, sem myndast við hvert brot, er safnað saman og þegar náð er ákveðnum punktafjölda er ökumaðurinn beinlínis tekinn fyrir og könnuð hæfni hans og hann látinn ganga undir endurhæfingu og endurmat. Sem viðurlögum við of miklum og óhæfilegum umferðarbrotum er fyrst og fremst beitt ökuleyfissviptingu, og þessi grein rennir stoðum undir þá skoðun að ökuleyfissvipting sé áhrifamesta tækið til þess að bæta umferðarvenjur manna. Þetta kerfi er nú notað í öllum Bandaríkjunum, þar var það fyrst tekið upp, og í ýmsum Evrópulöndum, t. d. í Frakklandi, Þýskalandi, Sviþjóð, Sviss, að nokkru leyti í Englandi og einnig í Sovétríkjunum. Það má benda á að ökuferilsskrá hefur þegar verið haldin hér í Reykjavík og gefið mjög góða raun og haft ýmis jákvæð áhrif í umferðinni. Hér er lagt til að ökuferilsskráin nái yfir allt landið. Enginn vafi er á því, að þetta kerfi, ef framkvæmt yrði, og er raunar raun komin á það í öðrum löndum, er stórkostlega mikið til bóta til þess að auka öryggi í umferðinni og hæfni og ábyrgð ökumanna sjálfra.

Í 5. gr. er fjallað um ökuskóla. Ákvæðið hljóðar einfaldlega um það, að í stað þess að einn og einn maður bæti með sína ökukennslu, þá verði stofnaður allsherjarskóli þar sem þessir menn, sem nú kenna hver um sig, eigi aðgang að og njóti aðstöðu og löggildingar sem í ákvæðinu felst. Gert er ráð fyrir að ökuskólinn og ökukennarar, sem þar starfa, verði að hafa löggildingu dómsmrh. Ég vil leggja áherslu á að í frv. felst ekkert sem skerðir réttindi þeirra manna sem nú fást við þetta, þeir einfaldlega starfa með öðrum og skipulegri hætti. Ég vil líka benda á að ökukennarar hafa hingað til hér á landi haft margfalt minni starfsmenntun og starfsþjálfun heldur en víðast hvar annars staðar. Þannig er það t. d. í Noregi, að menn, sem ætla að kenna öðrum að aka, verða sjálfir að sitja heilt ár á skólabekk, áður en þeim er leyfilegt að kenna öðrum akstur.

Hér á landi munu nú á annað þúsund manns

kenna akstur. En öll þessi starfsemi er í lausu lofti og þarf greinilega meiri skipulagningar og meiri festu við. Ég held að íslenskir ökukennarar séu á einu máli um að ökuskóli væri til bóta frá því sem nú er.

Í 6. og síðustu gr. er ákvæði, sem kannske er sérstaklega vert að benda á, en það fjallar um viðurlög við brotum á 1. gr., þ. e. a. s. um notkun öryggisbelta og öryggishjálma. Það er ekki gert ráð fyrir í þessu frv. að beitt verði sektum eða refsingum við brotum á þessum lögum. Þar höfum við að fordæmi norðmenn. Norðmenn komust að þeirri niðurstöðu og raunar gagnmerkur aðili í umferðarmálum, sem nefnist Nordisk Trafiksikkerhedsråd, að refsingum skyldi ekki beitt í þessu tilfelli. Það væri ósanngjarnt að láta það verða afleiðingu lagasetningar, sem fyrst og fremst er ætluð til að tryggja öryggi vegfarenda í umferðinni, að láta þá bíða fjárhagslegan hnekki við vanrækslu sína, jafnvel þótt tjóni valdi á ökutækinu og mönnum einnig. Á hinum Norðurlöndunum er refsingum beitt. Í þessu frv. höfum við hallast að skoðun norðmanna og ekki viljað taka upp fjársektir eða beinar refsingar við brotum á ákvæðum um notkun öryggisbelta og öryggishjálma. Hins vegar gæti þar að sjálfsögðu komið til beiting ökuleyfissviptingar sem þegar öllur er á botninn hvolft er sennilega hvað sterkasta aðhaldið fyrir menn að gæta gætni, varkárni og tillitssemi í umferðinni.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég ítreka enn að við skulum tala út um bílbeltin. Ég vil benda á það, eins og ég gerði síðast, að ég tel engan vafa á því að þetta er fyrst og fremst spurningin um vana. Sjálf var ég fyrir einu og hálfu ári stödd úti í Svíþjóð, hálfu ári eftir að bílbeltin voru lögleidd. Fólk í Svíþjóð sagði: Við bölvuðum hátt og í hljóði þegar þessu var skellt yfir okkur. Við erum hætt að taka eftir því nú eftir 6 mánuði. Og þannig hygg ég að raunin yrði einnig hjá okkur. En ég vil vona að hv. allshn., sem ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði vísað til, taki nú til höndunum og reyni að koma þessu máli áleiðis þannig að það geti orðið að lögum með vorinu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki fara hér mörgum orðum um þetta frv. Þetta var hér á dagskrá, eins og fram kom hjá hv. frsm., á síðasta þingi og ég gerði þá grein fyrir viðhorfum mínum til málsins og dró þar ekkert undan. Ég er sömu skoðunar enn og hef í engu breytt afstöðu minni til málsins að því leyti til. En ég ætlaði aðeins nú við 1. umr. þessa máls að segja hér örfá orð.

Það er í fyrsta lagi að frsm. nefndi álit lækna í sambandi við notkun öryggisbelta. Ég held að það sé í þeim efnum sem og mörgum öðrum að læknar séu ekki algerlega sammála um það öryggi sem talið er að notkun öryggisbílbelta. Þar greinir menn á um í þeirri stétt, eins og svo marga aðra, þannig að ekkert einhlítt sýnist mér vera í því efni.

En það, sem ég taldi rétt að fara hér örfáum orðum um fyrst og fremst í sambandi við þetta frv. nú, það er 5. gr. frv., þar sem lagt er til að upphaf 33. gr. laganna orðist svo: „Kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla mega löggiltir ökuskólar einir annast." Hvað skyldi það verða víða á landinu sem slíkar stofnanir yrðu á fót settar, eða á hér að taka út einn bálkinn til viðbótar og stefna öllu kerfinu hingað á Reykjavíkursvæðið? Er það meiningin með þessu — eða hvað er átt við? (*Gripið fram í.*) Nei, ef ég skil þetta rétt, þá er það sannarlega ekki byggðastefna. Ef þetta verður framkvæmt með þessum hætti sem hér er lagt til, þá er greinilega og vísvitandi að því stefnt, að mér sýnist, að öll þessi kennsla fari einungis fram hér á þessu svæði, því að ég er ekki búinn að koma auga á það að löggiltir ökuskólar verði settir upp víða á landinu. Ég hygg að þeir mundu verða tiltölulega fáir og á tiltölulega fáum stöðum. Og ef það er þetta sem stefnt er að með þessu *orðalagi og* þessu ákvæði frv., þá kemur hér enn eitt sem ég er algerlega á móti í þessu frv. Ég er algerlega á móti því að setja lög um slíkar stofnanir sem þessar sem einungis yrðu staðfestar hér á þessu svæði. Og ég vil biðja menn að athuga gaumgæfilega hvort þetta er í raun og veru það sem stefna ber að til jafnvægis í byggð landsins, eins og oft er talað um.

Auk þess, eins og ég sagði áðan, er ýmislegt annað sem ég hef við frv. að athuga. En ég gerði grein fyrir viðhorfum mínum til þess þegar sams konar frv. var hér til umr. á síðasta þingi. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu og spyrjast fyrir um það, spyrja hv. flm. frv. um það, hvort það sé þeirra meining að einungis löggiltir ökuskólar megi annast kennslu í meðferð bifreiða og bifhjóla. Ef það er meiningin, þá er stefnt að því að setja þetta allt á þetta svæði og þá kemur enn eitt atriðið sem verður þess valdandi að raska um of því sem menn hafa verið að tala um að reyna að lagfæra, þ. e. a. s. að jafna aðstöðuna í landinu. Ég vildi gjarnan fá á því skýringu hver meining flm. frv. er með þessu orðalagi, hvort ég hef misskilið þetta, eða ef svo er að ég hafi misskilið það, hvað þá er átt við.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Það var aðeins til að svara spurningu hv. 5. þm. Vestf. Hann lét líka til sín heyra í fyrra og þá var það allt annað atriði sem hann vakti athygli á. En ég ætla að halda mig við það sem hann drap á nú. Ég held að þetta sé alger misskilningur hjá hv. þm., að það eigi að stefna öllum hingað til Reykjavíkur. Það er alger fjarstæða. Ég man ekki betur, án þess að ég þori að slá því fram sem alveg skotheldu, en að ég hafi einmitt spurt menn frá Umferðarráði, þegar við vorum að vinna að þessu frv., hvernig færi með menn út um land og hvort það þyrfti stórt skólabákn utan um þetta á hverjum stað. Hann svaraði því til, ef ég man rétt, að það þyrfti ekki nema einn mann, einn kennara, til að stofna slíkan skóla. En auðvitað verður það fyrst og fremst hér í Reykjavík og á öðrum þétt-

býlisstöðum sem um raunverulegan skóla verður að ræða. Hitt er meira löggildingaratriði, að enginn maður, hvort sem hann er hér eða úti á landsbyggðinni, fái að kenna akstur nema hann sé hæfur til þess.

Ég sé það núna að ég hef misskilið aðeins spurningu hv. 5. þm. Vestf. Hann hefur verið að tala um ökukennararéttindin. Það kann vel að vera að menn sleppi ekki svo „billega“ að það sé einn maður sem geti stofnað ökukennaraskóla. En alla vega yrðu þeir víða um landið, í hverjum kaupstað, í hverjum landshluta, þannig að þetta ætti ekki að verða til þess að valda stórkostlegri byggðaröskun. A. m. k. vona ég að það verði eitthvað fremur en þessi ökukennaraákvæði sem valdi því.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held því miður að ég hafi ekki misskilið það sem hér er átt við, því að mér heyrðist á hv. flm. og frummælanda að það væri allmikill vafi í hans huga um það með hverjum hætti þetta yrði í reynd. Ég skal á engan hátt kasta rýrð á það sem fulltrúar í Umferðarráði munu hafa sagt, en mér finnst það, sem hv. þm. hafði eftir þeim, ekki vera með þeim hætti fram sett að það sé ótvírætt um að ræða hver muni verða framkvæmd þessa ákvæðis ef það yrði að lögum svona. Hv. þm. sagði reyndar líka að hér yrði fyrst og fremst um að ræða á þéttbýlissvæðunum raunverulegan skóla. Hvað á hitt að vera? Er ekki hér verið að tala um raunverulegt öryggi? (Gripið fram í.) Ímyndun, nei. Hv. þm. sagði að fyrst og fremst yrði hér á þessu svæði um að ræða raunverulega skóla.

Ef ákvæði sem þetta yrði lögfest, þá er ég eindregið þeirrar skoðunar að það sé verið að draga hingað til Reykjavíkur það sem undanfarið hefur farið fram á hinum ýmsu stöðum úti á landi. Mér er ekki kunnugt um að það hafi komið í ljós að þeir ökukennarar úti á landsbyggðinni, sem annast hafa ökukennslu til þessa, hafi ekki verið jafnhæfir hinum, sem kennt hafa hér á Reykjavíkursvæðinu. Mér er a. m. k. ekki ljóst að það liggi fyrir nein gögn um að þeir hafi verið síður hæfir til kennslu, þeir ökukennarar sem hafa annast þetta úti á landsbyggðinni víðs vegar, heldur en þeir sem eru hér á þessu svæði. Þeir hafa uppfyllt sömu skilyrði og þeir sem hafa annast þessa kennslu hér. (Gripið fram í.) Það var orðað af hv. þm. eitthvað á þá leið, að með þessu væri verið að reyna að tryggja að engir nema þeir, sem væru til þess hæfir, gætu annast þetta. Það var orðalagið. Ég vara þess vegna mjög við því að lögfesta ákvæði sem þetta, því að ég er þeirrar skoðunar að það verði til þess að draga enn frekar hingað á þetta svæði hluti sem enn hafa þó verið víðs vegar úti um landsbyggðina og hafa á engan hátt verið verr af hendi leystir að mínu viti en hér á þessu svæði. Það er engin ástæða til þess að vera með neinar vangaveltur um það að menn verði ekki jafnhæfir, hvort sem þeir læra á Ísafirði eða í Reykjavík, til þess að kenna undir ökupróf og meðferð ökutækja. Ég hef enga ástæðu til að ætla það.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel að bær deilur, sem átt hafa sér stað á milli hv. 1. flm. og hv. 5. þm. Vestf., hafi raunar ekki verið um meginatriði þessa frv., heldur um atriði sem að vísu er efnisatriði í því, en alls ekki neitt meginatriði. Ég tel að meginatriðið í frv. felist í 1. gr. þess, eða a. m. k. vil ég skoða það sem svo. Því langar mig til þess að koma á framfæri örfáum ábendingum, ekki í því skyni að mótmæla því sem kemur fram í 1. gr., því ég get verið sammála um að það sé rétt sem þar er lagt til, að skylda til notkunar öryggisbelta. Miklu fremur langar mig til þess að varpa þeirri hugmynd fram, ef búið er að skylda til notkunar slíkra nýrra örlyggistækja eins og þar er um rætt, þ. e. a. s. öryggisbelta og öryggishjálma og sérstaklega í sambandi við öryggisbeltin, hvort ekki sé þá rétt og eðlilegt að Bifreiðaeftirlit ríkisins athugi og yfirfari þennan búnað eins og annan öryggisútbúnað bifreiðar við reglulega ársskoðun, og ekki aðeins það, heldur enn fremur að settar séu reglur af einhverjum öryggisaðila, annaðhvort Bifreiðaeftirlitinu, Umferðarráði eða einhverjum slíkum aðila, um t. d. bílbelti, hver styrkleiki þeirra eigi að vera, hvaða gerðir séu viðurkenndar, hvaða tími megi mestur líða milli þess t. d. að skipt er um öryggisbelti í bifreiðum. Það hefur komið fyrir, eins og menn vita, að þegar beltin eru orðin nokkurra ára gömul, þá hafa þau misst mjög styrkleika og hafa orðið slys og mjög alvarleg slys þó að menn hafi setið í beltum. Beltin hafa brostið eftir nokkur ár einfaldlega vegna þess að þau hafa fúnað eða legið í bleytu eða eitthvað slíkt, þannig að þau hafa ekki haldið sínum slitkrafti. Og atriði, sem þyrfti að athuga, er t. d. hvort ekki bæri að setja einhverjar reglur um þetta og hvort sú er ekki hugmynd flm.

Fyrst verið er að tala um þessi mál, öryggisbelti og öryggishjálma og annan slíkan öryggisútbúnað, þá vil ég skjóta því að flm. þessa frv. og síðari flm., sem er formaður þeirrar n. sem væntanlega fær þetta mál til afgreiðslu, hvort það væri þá ekki líka eðlilegt að æskja þess að t. d. Bifreiðaeftirlitið eða Umferðarráð eða annar slíkur aðili gerði úttekt á þeim öryggistækjum í bifreiðar og vélhjól, sem eru til sölu í t. d. varahlutabúðum og bifreiðaverslunum hér á Íslandi, og gæfi út reglur um gerð þeirra og öryggisbúnað, t. d. eins og barnasæti í bifreið, svo að ég nefni eitt dæmi. Sum af þeim sætum, sem flutt eru hingað og seld í búðum, eru ekki öryggistæki, heldur raunverulega stórháskaleg og miklu líklegra að þau verði barni, sem í þeim situr, að tjóni heldur en til verndar ef eitthvað kemur fyrir. Ég vildi gjarnan koma því á framfæri við flm. þessa frv. að þetta atriði yrði einnig tekið til sérstakrar athugunar, fyrst þá breytingu á að gera á umferðarlögum í öryggismálefnum sem flm. leggja hér til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 45. fundur.

Fimmtudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Atvinnu- og byggðaþróun í landinu, þáltill. (þskj. 75). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Dreifikerfi sjónvarps, þáltill. (þskj. 91). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskikort, þáltill. (þskj. 137). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskimjölsverksmiðja í Grindavík, þáltill. (þskj. 95). — Ein umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 95 ásamt þremur öðrum hv. þm., þeim Oddi Ólafssyni, Jóni Skaftasyni og Geir Gunnarssyni, till. til þál. um að reist verði fiskimjölsverksmiðja í Grindavík er vinni loðnu og annan fisk ásamt fiskúrgangi. Till. hljóðar svo:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að beita sér fyrir að stór fiskimjölsverksmiðja (helst með 1000 tonna bræðsluafköst á sólarhring) verði reist á árinu 1977 í Grindavík og verksmiðjan geti hafið vinnslu á loðnuvertíðinni 1978."

Í tiltölulega stuttri grg. segir að hér við land hafi loðnuveiðar hafist fyrst fyrir nokkru ráði 1965 og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður mikil aukning og veiðast þá um 125 þús. tonn. Næstu tvö árin er aflinn heldur minni rétt innan við 100 þús. tonn, en á árunum 1969—1971 er aflinn orðinn 170—190 þús. tonn. Árið eftir, 1972, aflast um 277 þús. tonn. Síðan hefur aflinn verið um eða yfir 450 þús. tonn. Menn sjá því að hér er um verulega mikið aflamagn að ræða og mikil verðmæti.

Þessi athyglisverða aukning á loðnuafla verður vegna stóraukins fjölda skipa, er taka þátt í veiðunum, og jafnframt mikilla og árangursríkra rannsókna fiskifræðinga á göngum og hegðun loðnunnar. Veiðar og vinnsla á loðnu eru því nú orðnar snar þáttur í þjóðarbúskap okkar og alls ekki fyrirsjáanlegt annað en að svo muni verða um óákveðinn tíma.

Þessi mikli afli hefur komið á land alls staðar, það er rétt að undirstrika það, alls staðar þar sem verksmiðjur eru er bræða loðnu. Auk þess hefur norska skipið Norglobal tekið á móti verulegu magni af loðnu eða árið 1975 74 þús. tonnum og 1976 60 þús. tonnum. Skipið fékkst ekki á þessa vertíð og mun varla fást framar, eftir því sem upplýsingar herma. Það er ekki heldur viðeigandi að við skulum þurfa, til þess að meiri afli komi á land, að vera háðir því að útlendingar leigi okkur ákveðna verksmiðju þó á fljótandi skipi sé. Þess vegna eru rök fyrir því að við hugleiðum málið gaumgæfilega, og þessi till. gengur út á það að verksmiðja verði reist í Grindavík. Rétt er að geta þess, að ef ég man rétt skipaði hæstv. sjútvrh. í fyrri hluta janúar n. til að rannsaka hvernig best mundi verða staðið að því að efla verksmiðjukost í landinu, og þess er að vænta að n. skili fljótlega tillögum um þessi mál. Engu að síður er rétt að vekja á þessu sérstaka athygli, að nauðsyn er að þessi mál fái fljóta og góða afgreiðslu. Það kom fram nú í fréttum að verksmiðjan í Neskaupstað, en þessi till. er um verksmiðjustarf svipað og þar er, mundi framleiða núna fyrir 30—35 millj. á dag, svo menn sjá að hér er um verulega mikið atriði að ræða í gjaldeyrisöflun. En einnig er mun betra útlit nú en verið hefur undanfarið um notagildi verksmiðjanna vegna sumarveiðanna. Það mun tengja vinnslutíma verksmiðjanna saman á öllum árstímum og er það vel, því að tímabundið framboð á hráefni til verksmiðjanna hefur verið fyrir hendi í allmörg ár og hefur það verið þeim til vandræða. En samkv. öllum rannsóknum og horfum um loðnuveiðar má gera ráð fyrir að verulegt magn komi frá sumarloðnuveiðunum, jafnvel nokkuð á annað hundrað þús. tonn. Það gaf á s. l. ári nokkuð á annan milljarðatug í þjóðarbúið í gjaldeyristekjum.

Stofnkostnaður þessarar verksmiðju getur verið frá rúmlega 1 milljarði upp í 13—14 hundruð þús. eftir því hvernig til tekst með staðarval og önnur atriði. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að þó að sumum kunni að finnast þessi verksmiðja nokkuð stór, þá hafa menn, sem hafa athugað þessi mál fyrir mig og þekkja vel til, bent á að það sé heppilegt að verksmiðja sé ekki undir 800 tonna afköstum, þá helst tvisvar sinnum 400 tonna afköst, til 1000 tonna vegna þess að löndunarkranar, alls konar flutningstæki og annað verði að vera það stórt í sniðum til þess að mæta eðlilegri þörf skipanna að fastur kostnaður muni nýtast verulegum mun betur með því að þessar einingar séu gagnvart þessum fasta kostnaði.

Það fer ekki á milli mála, því miður, og þarf ekki mikla spámenn til að sjá að til vandræða muni koma að losna við aflann á þessari vertíð og næstu vertíðum ef ekki verður gert sérstakt átak til þess að taka á móti afla loðnubátanna. Afkastageta skipanna er orðin svo miklu meiri en afkastageta verksmiðjanna í landi að þar gætir verulegs ósamræmis. Flotinn hefur sýnt það að hann fer létt með það og áhafnir skipanna að bjarga 20 þús. tonnum á sólarhring, en afkastageta verksmiðjanna er um 10 þús. tonn. Því miður ber nú brátt að að fá þessi tæki, og margir staðir hafa áhuga á því að laga til hjá sér og vilja komast í þau uppgrip sem loðnan gefur. Út af fyrir sig er það jákvætt og æskilegt. En þó skal hafa gát á öllu, bæði varðandi þessa verksmiðju og aðrar, og vanda nokkuð vel til verksins. Engu að síður er tíminn naumur.

Vissar aðstæður eru fyrir hendi í Grindavík mjög æskilegar. Þar er gott pláss við höfnina svo ekki er það til fyrirstöðu. Ákveðið húsnæði kæmi vel til greina sem hér er til í landinu, þó ekki uppsett, en til í stálgrindaformi og væri sennilega falt með góðum kjörum svo það vandamál er leyst. Þá er hins vegar hvernig leysa má fjármögnun á slíku fyrirtæki, en þar þarf sennilega að fylgja eitthvert erlent lán með vélum og einnig eitthvað innlent. En verksmiðja af þessari stærð, ef hún getur skilað miklu á annan milljarð í þjóðarbúið í gjaldeyristekjum, á sannarlega rétt á sér. Menn kann að greina á um staðarvalið, en það sýnir sig og þarf ekki að fara mörg ár aftur í tímann til að sanna það. Ég minnist þegar tveggja loðnuvertíða er svo var hart norðvestanveður að ein vika leið án þess að skip kæmust fyrir Reykjanes, og aðeins ein vika sem þannig stendur af sér og með fullar verksmiðjur fyrir austan kostar þjóðarbúið allmikið.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að þessum orðum sögðum að þessari till. verði vísað til atvmn., og ég vonast til að hún fái þar eðlilega og skjóta afgreiðslu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og 1. flm. þessarar till. gat um í sinni framsöguræðu er nú starfandi n. sem hefur það hlutverk að gera athugun á því hver eru heildarafköst loðnuverksmiðja um allt land, þróarrými þeirra og hugsanleg stækkun á þeim verksmiðjum, og jafnframt að gera athugun á því og þá í samráði við Hafrannsóknastofnun hvar mundi best henta að stækka verksmiðjur, sem fyrir eru, til þess að ná sem mestri hagkvæmni og samræmingu á milli vinnslu og veiða.

Ég hygg að það sé fulllágt, sem flm. nefndi, að segja að heildarafkastageta loðnuverksmiðja sé um 10 þús. tonn á sólarhring. Ég hygg að hún muni vera nálægt 12 þús. tonnum, heildarafkastagetan, en heildargeymslurými loðnuverksmiðja á öllu landinu er nú um 150 þús. tonn. Miðað við 500 þús. tonna afla á vetrarvertíð yrði það minnst 42 daga vinnsla fyrir verksmiðjurnar við mestu afköst. Loðnuvertíð hefur lengst staðið hér á landi 80 daga áður en sumarveiðarnar hófust, þannig að verksmiðjur hefðu næstum því undan ef þær væru alltaf allar á réttum stað eða loðnan bærist nokkurn veginn jafnt til þeirra hvar sem þær svo eru staðsettar.

Veiðiafköst íslenska loðnuskipaflotans gætu orðið 30—35 þús. tonn á sólarhring. Þá miða ég við t. d. 100 skip að meðalstærð 300—350 tonn. Nú eru við loðnuveiðar um 35 stór skip með yfir 350 tonna burðarþol sem afkasta tæplega 20 þús. tonnum, og það eru núna 60—75 bátar sem ættu að geta afkastað um 12—15 þús. tonnum. Þetta gætu þá orðið um 35 þús. tonn.

Það hafa þegar komið til þeirrar n., sem er að kanna þessi mál, beiðnir og ábendingar frá eigendum lítilla verksmiðja, sem fyrir hendi eru, um stækkun þeirra og aukið þróarrými. Enn fremur hafa komið fram beiðnir um tvær nýjar verksmiðjur fyrir utan þetta mál sem hér liggur fyrir. Verksmiðjur eru til sem hafa ekki verið reknar í allmörg undanfarin ár. Ég tel að þetta álit þurfi að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin. Ég átti síðast í gær tal við formann þessarar n., en hún vinnur mjög kappsamlega að þessum málum, reynir að hraða störfum þó ekki væri skilað nema bráðabirgðaáliti til að byrja með, því þá fyrst förum við að geta gert okkur í hugarlund, hve mikið fjármagn við þurfum í raun og veru að fá til að byggja upp þessa starfsgrein.

En það er fleira en loðnan sem kemur til greina. Það kemur auðvitað einnig til greina stórvaxandi veiði á spærlingi og á kolmunna, bæði innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og sömuleiðis opnast möguleikar til veiði á kolmunna ef við semjum við færeyinga um loðnuveiðar og kolmunnaveiðar, sem hefur verið rætt um. Þeir samningafundir byrja á morgun. Þá er tímabil sem hentar okkur vel að fá veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögu færeyinga til kolmunnaveiða. Það hefur einnig komið í ljós að það er mikið kolmunnamagn hér djúpt út af, sennilega út af Látrabjargi eða úti á Dornbanka, nokkurn veginn mitt á milli Íslands og Grænlands. Þar hafa íslensk rannsóknarskip fundið mjög stórar og miklar torfur. Allt þetta rennir stoðum undir miklu öflugri rekstur þessara verksmiðja.

Það hefur svo að segja enginn minnst á að byggja slíka verksmiðju á undanförnum árum vegna þess hvað afurðaverðið hefur verið lágt. Það hefur verið gengið mjög nærri verksmiðjunum, vegna þess að útgerðin hefur engan veginn getað staðið undir rekstri sínum nema ganga nærri verksmiðjunum, og því hefur ekki verið neinn áhugi eða réttara sagt engin geta til að byggja þessa grein sjávarútvegsins upp. En nú er algjörlega breytt um og þá megum við ekki fara of óðslega í það. Við verðum að taka það sem við teljum skynsamlegast að gera, það sem er ódýrast, til þess að auka framleiðsluna, til þess að ýta undir veiðarnar og fara þá eftir einhverri heildaráætlun sem nær yfir eitthvert ákveðið tímabil, en fara ekki í allt of mörg verkefni í einu.

Það má enginn skilja þessi orð mín á þann veg að ég sé að mæla efnislega á móti þessari till. Ég tel þessa till. eiga fyllilega rétt á sér. En mér er kunnugt um að ein verksmiðja hefur gert áætlun um að tvöfalda afköst sín úr 250 tonnum í 500 tonn, og áætlun um þá stækkun er upp á nálægt 265 millj. kr., svo að þessi till. felur vafalaust í sér fjárfestingu á annan milljarð, miðað við þessa áætlun sem hér liggur fyrir.

Mesta vandamálið í sambandi við loðnuveiðar og loðnuvinnslu er ósamræmið á milli veiða og vinnslu, sérstaklega það að loðnuverksmiðjurnar eru dreifðar vítt og breitt um landið og margar þeirra fá lítið sem ekkert hráefni. Þegar lokið er löndun t. d. á Austfjörðum og loðnan er komin hér að Reykjanesi, þá fer að minnka um afköst á Austfjörðum, að ég tali ekki um Norðausturlandið og Norðurland. Þetta vandamál er auðvelt að leysa með flutningum, en þar hefur því miður ekki ríkt nógu mikil víðsýni hjá sjómönnum og útgerðarmönnum og

skipstjórnarmönnum. Það hafa verið aðallega skipstjórnarmenn og útgerðarmenn sem þar hafa gengið fram fyrir skjöldu að taka það af verði loðnunnar, að það sé mönnum tiltölulega skaðlaust að sigla alllangan veg með loðnuna til þess að jafna hráefninu á milli verksmiðjanna. En þetta er auðvitað ekki gert nema með því eina móti að allir aðilar taki þátt í þessum kostnaði.

Það var lagt fyrir Nd. rétt fyrir jól frv. sem gerði ráð fyrir að auka vald loðnunefndar. Það frv. var látið liggja vegna andstöðu tiltekinna manna úr þessari útgerðargrein. Hins vegar skal ég segja það þeim til lofs, að þeir skildu, áður en verðlagningin fór fram, að það var ekki hægt og ekki rétt að ganga fram hjá því að leggja ákveðinn hluta í flutningasjóðinn, en þar var samt ekki nóg að gert.

Fróðir menn telja að leiga eða kaup á sérstöku flutningaskipi til þess að flytja loðnuna til þeirra verksmiðja, sem vantar hráefni, geti kostað um 2 kr. á hvert kg, að flytja hana allt að því kringum hálft landið. Þó er þessi tala ekki örugg. En þetta getur verið og verður sennilega það sem við þurfum að búa okkur miklu betur undir fyrir næstu vetrarvertíð á loðnu. Og þá eigum við auðvitað að geta aukið bæði afköst, veiðar og vinnslu mjög verulega, því að þetta er sú framleiðslugrein í sjávarútvegi sem fiskifræðingar og Hafrannsóknastofnun telja að megi stórlega auka, þó að ég kæri mig ekki um að fara með ákveðnar tölur í því sambandi. En ég held að við eigum a. m. k. að hafa þær veiðar sjálfir í byrjun, en ekki ýta undir beiðni útlendinga um veiðar á þeirri forsendu að við nýtum ekki til fulls aflamöguleika þessarar fisktegundar.

Ég taldi rétt að þessar hugrenningar kæmu hér fram. Ég endurtek það að ég er ekki að leggja neinn stein í götu þessarar till. eða leggja efnismat á till. sjálfa. Ég tel að hana þurfi að skoða eins og allt annað er lýtur að þessum málum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þessi till. hefur nú um nokkur ár verið hér til meðferðar á hv. Alþ., og hún byggist á ýmsum aðstæðum, m. a. því, að við höfum aldrei getað fullnægt þeim veiðimöguleikum sem fyrir hendi hafa verið á loðnunni. Það hefur alltaf staðið á möguleikunum til að vinna aflann, og þess vegna hefur veiði hvers skips orðið miklu minni en verið hefði ef ekki hefði þurft að bíða eftir löndun.

Fiskimjöls- og lýsisframleiðsla er orðinn mjög stór og mikilvægur þáttur í okkar þjóðarframleiðslu. Þetta er að því leyti svolítið sérstæð vinnsluaðferð, að hún gefur mikinn gjaldeyri og krefst tiltölulega lítils vinnuafls. Eins og hæstv. sjútvrh. gat um áðan hefur veiði og vinnsla á loðnu líka þá sérstöðu, að við höfum hingað til ekki getað veitt það magn sem fiskifræðingar hafa talið að óhætt væri að veiða. Við höfum lengst af í okkar landhelgisbaráttu látið þess getið, að við værum fullfærir um það einir að nýta okkar landhelgi og veiða þann fisk sem veiða mætti. En nú geta útlendingar með nokkrum rétti komið og sagt: Þið eruð ekki færir um að nýta loðnuveiðina. Þið hafið því siðferðilega skyldu til að láta okkur fá hlutdeild í þeim veiðum. — Hvað sem um þetta má segja, þá er það eitt víst, að með aukningu á vinnslumöguleikum er hægt að stórauka veiði þess flota sem nú þegar er fyrir hendi, og þar að auki eigum við mikið af skipum sem gætu stundað loðnuveiðar til viðbótar við þau sem nú þegar eru á þeim veiðum.

En það eru fleiri ástæður sem liggja til þess, að við höfum á undanförnum árum talið nauðsynlegt að byggja verksmiðju og þá gjarnan í Grindavík. Það er í fyrsta lagi vegna þess að enda þótt við eigum hér margar verksmiðjur, þá er flestum það sameiginlegt að þær eru mjög ófullkomnar. Þær eru með gamlar vélar og eru alls ekki reknar með nýtískulegu sniði. Þetta er ekki vansalaust fyrir okkur með jafnstóran atvinnuveg, að eiga — ég vil segja varla nokkra verksmiðju rekna með nýtískulegu sniði í þessum iðnaði. Úr þessu verður að bæta og úr því verður varla bætt nema með því að byggja nýja verksmiðju. Þar að auki hafa verið uppi skoðanir um að hagnýta mætti jarðhita til þess að fá betra hráefni og jafnvel ódýrari vinnslu. Sá möguleiki ætti að vera fyrir hendi á þessum stað. Þarna er mikill jarðhiti og því miklir möguleikar til gufunýtingar. Þar að auki er að því komið að við þyrftum að fara að gera tilraunir til framleiðslu á fiskimjöli til manneldis. Slíkt hefur þegar verið gert í Noregi með nokkuð góðum árangri, og ástæða er til að ætla að með enn þá nýtískulegri aðferðum væri hægt að vinna þetta þannig að komið gæti að miklu gagni. Allt þetta rennir stoðum undir það að við byggjum verksmiðju til viðbótar við þær sem við eigum. Og ég held að það sé hægt að segja með nokkrum rétti að þessari verksmiðju væri vel valinn staður í Grindavík. Kemur þar til það, sem ég hef áður sagt um nýtingu jarðhitans, og í öðru lagi, eins og getið var um áðan af 1. flm., að fyrir Reykjanes er oft erfitt að komast með fullt loðnuskip. Því er eðlilegt að nokkuð stór verksmiðja komi í Grindavík, þar sem Grindavík liggur mjög vel við svæði þar sem loðnan er veidd allan seinni hluta veiðitímans.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. yfirlýsingu hans um að hann tæki vinsamlega undir þessa till. þótt hann gerði ýmsar athugasemdir sem eðlilegt er. Um ástand í þessum málum vil ég samt minna á það, eins og síðasti ræðumaður drap réttilega á, að þetta er ekki alveg nýtt mál hér á Alþ. Ég flutti hér 1973, að vísu þá einn, á þskj. 152 till. um að verksmiðja yrði reist í Grindavík. Það var að gefnu tilefni vegna mikilla vandræða í veiðunum, loðnuskip urðu þá jafnvel að henda afla, auk þess sem ég vissi að til voru tvær samstæður á 500 tonn — eins og sagt er á viðskiptamáli — með reyfarakjörum til kaupa handa okkur vegna þess að kanadamenn hættu við að kaupa þessar samstæður. En það var því miður ekki hlustað á eitt eða neitt í þessu máli. Það má segja að maður geti verið vitur eftir á, en margfaldlega hefði þessi verk-

smiðja verið búin að skila stofnkostnaði, milljörðum fullyrði ég, í þjóðarbúið ef það hefði verið gert — 2 milljörðum á þrem árum.

Hvað sem því líður að rifja þetta upp, þá trúi ég því ekki að þessi ágæta n. og hæstv. ráðh. sjái ekki að a. m. k. tveir staðir á landinu eiga full rök og rétt til að fá góða verksmiðju, og það eru Grindavík og Snæfellsnes. Hér hefur verið tekið jákvætt undir það að Snæfellsnes fái sína verksmiðju, og er það vel. Það er rétt hjá hæstv. ráðh. að tölulega má setja fram að verksmiðjurnar hafi afköst upp á 12 350 tonn á sólarhring, nákvæmlega tiltekið. En það er meira á pappírnum en í raunveruleikanum. Þess vegna fór ég ekki hærra en í 10 þús. tonn á sólarhring. Í Ólafsvík er skráð hér 170 þús. tonna verksmiðja, á Patreksfirði 200, Sveinseyri 70, Suðureyri 75 — þetta eru minnstu verksmiðjurnar — Breiðdalsvík 150, Stöðvarfirði 150, Djúpavogi 160. En hæstv. ráðh. gat þess í ræðu sinni að sumar verksmiðjanna hefðu aldrei tekið við loðnu. Auk þess erum við allir bjartsýnir á að það komi meiri afli á land, og þessar sömu verksmiðjur verða að bræða úrgang úr öðrum fiski, þannig að þær hafa blessunarlega að mati bæði mínu og margra annarra vaxandi verkefni og vaxandi gildi í íslenskum þjóðarbúskapnum. Svo kemur sumarloðnuveiðin sem verður örugglega staðreynd og stór þáttur, og þá eru, eins og hæstv. ráðh. gat um og við flm. báðir, viðhorfin gjörbreytt, að ég tali ekki um spærlinginn og kolmunnann. Þá er hagkvæmt að hafa verksmiðjur við suðurströndina, og áreiðanlega er áhugi í Þorlákshöfu og jafnvel Vestmannaeyjum til að gera betur í móttöku þar, sem er algjörlega rökrétt. Ef við förum að veiða kolmunna sem nemur jafnvel tugum þús. tonna, eða enn meiru, þá liggur þetta svæði best við miðum og svo suðausturhornið, Hornafjörður, og kannske einhverjar litlu verksmiðjurnar syðst á Austfjörðum.

Það hníga því öll rök að því að gera sérstakt átak í því að byggja upp þennan iðnað. Það er ekki nýtt að það sé erfitt fyrstu 2—5 árin hjá íslenskum iðnfyrirtækjum á Íslandi. Ég vil minna á í leiðinni: Hvaða aðili reiknar með því að togari skili arðsemi fyrstu árin, togari sem kostar í dag 650—850 milljónir? Ekki einn einasti maður. Ég veit ekki betur en á borði hæstv. ráðh. liggi beiðni um líklega á annan tuga skipa sem flest eru af þessari kostnaðarstærð. Og ríkissjóður verður þegar á þessu ári að greiða 100 millj. í beina rekstrarstyrki fyrirsjáanlega, kannske meira.

Ég er algjörlega sammála hæstv. ráðh. um að það er nauðsynlegt að athuga þetta mál. Hann tók jákvætt í það, og ég treysti því að það sé meira en orðin tóm og hann muni leggja þessu lið. Ég er næstum sannfærður um að verksmiðjan fær að rísa sem fyrst, og þrátt fyrir það að hér geti verið um fjárfestingu að ræða sem liggi á bilinu í kringum 1 milljarð eða rúmlega það, þá mun hún fljótlega mala okkur gull. Ég er alveg viss um það. Það sannar skynsamleg og rétt uppbygging sem átti sér stað í Neskaupstað eftir náttúruhamfarirnar þar. Sú verksmiðja á eftir að skila bæði Austfjörðum og þjóðarbúinu miklu og einnig verksmiðjur á Vestfjörðum, í Grindavík og ég vona einnig á Snæfellsnesi.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég þarf auðvitað engu við það að bæta sem ræðumenn hér á undan mér hafa sagt um þýðingu loðnuveiðanna og loðnuvinnslunar, hve geysilega mikil hún er. Og vafalaust er það rétt, að nýjar verksmiðjur þurfi að rísa til þess að afköst geti verulega aukist. Hitt fer þó ekki á milli mála, að ódýrara er og fljótvirkara að koma þeim verksmiðjum, sem fyrir hendi eru, í fullkomið lag og nýta þá afkastagetu sem þar er. Á ég þar ekki síst við verksmiðjurnar á Siglufirði. Þótt það sé út af fyrir sig rétt að núna sé hægt að vinna með hagkvæmari hætti í nýtískulegum verksmiðjum en í þeim eldri, þá er hitt líka rétt, að það er hægt að endurbæta eldri verksmiðjurnar fyrir miklu minna fé en kostar að byggja upp nýjar og á miklu skemmri tíma.

Sem betur fer er nú unnið að því að endurbæta síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, en ég tel þó að þar sé ekki nógu hratt að unnið og e. t. v. ekki í nógu stórum stíl. En ég veit að það er áhugi á því bæði í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og hjá hæstv. sjútvrh. að framkvæma þessar endurbætur. Ég tel einnig að verksmiðjuna á Skagaströnd þurfi að endurbæta og endurbyggja, þannig að hún geti komið í not sem allra fyrst. Við skulum ekki gleyma því, að þótt vetrarveiðarnar á loðnu séu mikilvægar eru sumarloðnuveiðar líka að verða mjög mikilvægar, og þá eru það einmitt norðlensku hafnirnar sem einna best liggja við til þess að stunda loðnuvinnslu, kannske meira en hálft árið, kannske meiri hluta ársins, í stað þess að það eru eingöngu nokkrar vikur sem vetrarloðnuvertíðin stendur sem hæst.

En það, sem ég vildi hér sagt hafa, er að ég tel brýna nauðsyn að endurbæta verksmiðjurnar norðanlands sem allra fyrst. Ég treysti því að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og hæstv. sjútvrh. muni sjá til þess því að þar er afkastagetan mikil og þar yrði vinnslutíminn lengstur.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í tilefni þeirra umr., sem hér hafa orðið um till. um fiskimjölsverksmiðju í Grindavík og orðið hafa að öðrum þræði nokkuð almenns eðlis, vil ég láta örfá orð falla.

Ég minni á till. sem allir þm. Vesturl. fluttu fyrir tveim árum um byggingu fiskimjölsverksmiðju á Snæfellsnesi. Sú till. var samþ. á sínum tíma og liggur fyrir þál. um það efni, viljayfirlýsing frá hv. Alþ. Ég þakka hv. 1. landsk. þm. fyrir vinsamleg orð sem hann lét falla um þetta mál, taldi nauðsynlegt að þessu máli yrði sinnt á Snæfellsnesi, sem ég held að hljóti líka að liggja í augum uppi. Á Snæfellsnesi eru að vísu nokkrir gamlir rokkar, sem eru við það að blása út, ef svo má segja, og eiga að sinna þessum verkefnum, en eru orðnir svo langt á eftir tímanum að til stórvandræða horfir. Það er því brýnt hagsmunamál snæfellinga og ég fullyrði alþjóðar að ráða fram úr þeim

vanda sem þarna hefur skapast. Það er vitað að úti fyrir Snæfellsnesi og Vesturlandi eru ein fengsælustu loðnumið landsins. Ekki þarf að kvarta yfir því að þessi till. til þál. hafi ekki hlotið vinsamleg ummæli allra þeirra sem um hana hafa rætt. Ég vil aðeins af þessu tilefni minna á þessa þál. Ég veit að að þessu máli er unnið, og ég treysti á og vona og veit að sú n., sem hæstv. ráðh. minntist á og nú athugar þessi mál umhverfis allt land, muni leggja því máli, sem ég nefndi, fyllsta lið í samvinnu við heimamenn á Snæfellsnesi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um það ágæta mál sem hér liggur fyrir. Ég tel það gott mál og fullkomlega eðlilegt og raunar nauðsynlegt að það sé nú undinn tiltölulega bráður bugur að því að koma hér upp a. m. k. einni eða tveimur fullkomnum verksmiðjum þar sem byggt verði bæði á íslenskri og ekki síður erlendri reynslu, því að það hefur verið upplýst nýlega sem menn höfðu raunar óljósan grun um, að við höfum ekki fylgst með í þessum efnum og nágrannaþjóðir okkar eru komnar miklu lengra en við á því sviði að reisa fullkomnar verksmiðjur til loðnubræðslu og annarrar fiskbræðslu. Ég tel þess vegna að það sé full ástæða til að taka þessari till. vel og kanna hvar rétt sé og nauðsynlegt að koma upp nýjum verksmiðjum, einni eða fleiri.

En það, sem kom mér til að standa upp, er það, að ég held að það, sem nauðsynlegt sé að gera nú sem allra fyrst og þyrfti raunar að gerast næstu daga, sé að reyna að fá fram þá breytingu í sambandi við loðnuflutningana að það verði verulegt keppikefli fyrir stóru loðnuskipin, þau skip sem geta flutt verulegt magn, það verði keppikefli fyrir þau að flytja loðnuna um langan veg. Mér hefur skilist, — ég hygg að það sé rétt og raunar kom það fram í máli hæstv. sjútvrh., — að það hafi verið töluverð andstaða gegn því að taka nokkurt umtalsvert fjármagn í flutningasjóðinn nú fyrir þessa vertíð. Eftir því sem mér er tjáð hafa það verið útgerðarmenn og skipstjórar og sjómenn smærri skipanna sem af hreinum misskilningi, að ég tel, voru þeirrar skoðunar að með því að taka umtalsverða upphæð af aflanum í flutningasjóðinn væri verið að flytja stóru loðnuskipunum einhverja umtalsverða fjármuni. En einmitt þessa dagana er það að sannast að þessi skammsýni, sem ég vil segja, kemur langharðast niður á litlu skipunum sem hafa ekki aðstöðu til að flytja a. m. k. neitt verulegt magn um langan veg. Ég hygg að það sé þannig komið í dag að margir, sem beittu sér gegn því að tekið væri umtalsvert fjármagn í flutningasjóðinn í haust, séu komnir á þá skoðun að þetta hafi verið og sé óskynsamlegt. Ég hygg að það sé innan við 2% af aflaverðmæti sem nú er tekið í þennan flutningasjóð, og það eru fáeinir aurar sem greiddir eru til þess að ýta undir að stóru skipin sigli langan veg með sinn afla. En ég er sannfærður um að það væri mjög skynsamlegt og gæti bjargað e. t. v. hundruðum millj., ef ekki milljörðum kr. í þjóðarbúið að taka 10—12% af aflanum og auðvelda þannig hinum stærri skipum að sigla með afla sinn á nokkuð fjarlægar hafnir þar sem loðnubræðslur eru. Með þessu vinnst tvennt: atvinnan dreifist á loðnubræðslurnar allvíða um landið og möguleikar allra skipa, ekki síst hinna minni, aukast stórlega að geta landað í þeim höfnum sem eru þá tiltölulega nálægt veiðisvæðinu á hverjum tíma.

Við eigum nú sem betur fer allstóran og vaxandi flota skipa sem bera 500 og allt upp í 1100 tonn, og það er enginn efi á því, að það að gera þessum skipum sæmilega fýsilegt að sigla um nokkuð langan veg mundi geta bjargað geysilega miklum verðmætum þegar á þessari vertíð. Ég vil nú aðeins, um leið og ég legg sérstaka áherslu á þetta sem nánast mál dagsins, beina því til hæstv. sjútvrh. hvort það væri ekki hægt nú þegar að fenginni reynslu að fá þarna fram breytingu sem ég held að sé mjög skynsamleg og verði bæði í bráð og lengd öllum til mikilla hagsbóta.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa neitt á móti þeirri till. sem hér er sérstaklega til umr., en mig langar til þess að taka undir orð hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem hér talaði áðan. um þessi efni.

Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það er býsna mikill verksmiðjuskortur í landinu, m. a. á Norðurlandi og það er full ástæða til að nýta þann verksmiðjukost áður en farið er að leggja út í stórfyrirtæki í sambandi við nýjar verksmiðjur. Við höfum nokkra reynslu frá fyrri tíð í sambandi við þetta, frá síldarárunum fyrir 10—12 árum eða raunar fyrr, að þá var allmikið rokið til að byggja upp verksmiðjur hér og þar og jafnvel að verksmiðjur voru fluttar frá Norðurlandi í aðra landshluta og illa séð fyrir því að þær verksmiðjur, sem þá voru til á Norðurlandi væru nýttar. Þó voru til þeir möguleikar þá þegar eins og enn er, að flytja hráefnið til verksmiðjanna þar sem þær eru staðsettar. Ég held að við þurfum að hafa þetta mjög vel í huga nú eins og þá, að það á að nýta þann verksmiðjukost í landinu sem fyrir er.

Verksmiðjur slíkar sem þessar eru víða til á Norðurlandi. Hér hefur verið minnst á Siglufjörð, en mig langar til að minnast á einn stað sem hefur oft átt í atvinnulegum erfiðleikum, Þórshöfn. Þar er síldarverksmiðja sem reist var fyrir u. þ. b. 12 árum, u. þ. b. sem síldin lagðist endanlega frá landinu og síldarleysisárin hófust, þannig að í þessari verksmiðju var lítið sem ekkert unnið. Með tiltölulega mjög litlum breytingum er hægt að gera þessa verksmiðju afkastamikla loðnuverksmiðju. Ég vil í sambandi við þessar umr. minna sérstaklega á þennan stað og þá alveg sérstaklega beina máli mínu til hæstv. sjútvrh. í þessu sambandi. Ég vænti þess að hann kynni sér aðstæður í Þórshöfn í þessu tilliti.

Þó ég mæli þannig er ég út af fyrir sig ekki að mæla gegn verksmiðju í Grindavík eða annars staðar, það er síður en svo. Ég held samt að það sé réttmætt og eðlilegt að við minnum á þetta sjónarmið, að það er möguleiki á flutningi hráefnis og að verksmiðjukostur er mikill

í landinu sem sjálfsagt er að líta á áður en rokið er til að byggja mjög dýrar verksmiðjur.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Umr. um þessa till., sem hér hafa farið fram, hafa að ýmsu leyti verið athyglisverðar að mínum dómi. Hér hefur komið fram í máli margra hv. þm. mikill áhugi á því að byggðar verði nýjar síldarverksmiðjur eða loðnuverksmiðjur og reyndar einnig að þær, sem fyrir eru, verði bættar. Menn hafa bent hér á þá miklu möguleika sem við eigum í því að veiða allmiklu meira magn af loðnu en við höfum gert. Allt er þetta að mínum dómi rétt og gott og býsna táknrænt. Hins vegar finnst mér að það hafi verið minna rætt um þá hlið þessa máls sem hér skiptir þó öllu máli, en það er fjáröflun í þessu skyni.

Með þessari till. er áskorun beint til ríkisstj. að hún hafi áhrif á að það verði komið upp myndarlegri verksmiðju af þessari gerð í Grindavík. Ég get varla skilið þessa till. á annan veg en þann, að flm. ætlist til þess að það verði Síldarverksmiðjur ríkisins sem eigi að byggja þessa verksmiðju og eiga hana og reka. Vissulega kemur það til greina, svo mikinn rekstur sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa á höndum. Og vissulega kæmi einnig til greina að Síldarverksmiðjur ríkisins byggðu verksmiðju á Snæfellsnesi sem hefur líka verið nefnd. En nú vitum við það, að mikill meiri hluti verksmiðjanna í landinu hefur ekki verið byggður af Síldarverksmiðjum ríkisins og er ekki rekinn af þeim. Menn hafa ráðist í það að byggja verksmiðjur af þessari gerð ef skilyrði hafa verið sköpuð til þess að menn gætu komið upp svona verksmiðjum og það er einmitt þetta sem á hefur staðið. Það hefur staðið á því að fá fjármagn til þess að þeir, sem hafa áhuga á því og vissa getu til þess að koma upp svona verksmiðju, fái undirstöðulán til framkvæmdanna, og það stendur á nákvæmlega því sama hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Þær hafa verið að biðja um æ ofan í æ aukið fjármagn til að endurbæta verksmiðjur sínar, gera þær sæmilega rekstrarhæfar, og þær hafa ekki fengið fjármagn. Nú hefur verið mótuð sú stefna að skera niður fjármagn í þessu skyni, en það hefur venjulega runnið í gegnum Fiskveiðasjóð. Hann vantar algjörlega fjármagn. Hann verður að neita beiðnum um lán til allra nauðsynlegustu framkvæmda og hann hefur, eins og málin liggja fyrir og fjármagni hans er háttað, engin skilyrði til að samþykkja lán til nýrra verksmiðja.

Hér er því komið að því máli, að ef þm. ætlast til þess að eitthvað sé gert í þessum efnum, bæði til þess að hressa upp á þær verksmiðjur, sem eru fyrir, og til þess að byggja nýjar, þá þarf að taka ákvörðun um að útvega fjármagn í miklu ríkara mæli en nú er til þessara framkvæmda. M. ö. o.: það verður að breyta þeirri lánastefnu sem hefur verið mörkuð af hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, annars gerist ekki neitt. Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun að það eigi að breyta þeirri stefnu og útvega Fiskveiðasjóði, sem er eðlilegur aðili að þessu máli, allverulegt fjármagn eða aðgang að erlendu fjármagni með lántöku svo hægt sé að ráðast í skynsamlegar framkvæmdir varðandi þennan atvinnuþátt.

Ég held það hafi verið skynsamlegt af hæstv. sjútvrh. að skipa sérstaka n. til að gera úttekt á þessum málum og reyna að gera sér grein fyrir hve þörfin er mikil og hvar þörfin er mest og hvar væri hyggilegast að hefja fyrstu framkvæmdir, hvort það er bygging nýrra verksmiðja eða endurbætur á þeim eldri. Það er sjálfsagt að athuga það. En ég efast ekkert um að það þarf að setja í okkar verksmiðjur mikið fjármagn vegna þess, eins og hér hefur verið sagt, að þær hafa verið að dragast aftur úr á undanförnum árum vegna fjármagnsskorts, og svo einnig vegna þess að það hefur gengið yfir visst tímabil núna að það hefur verið heldur þröngt hjá verksmiðjunum rekstrarlega séð, þannig að allmargar af verksmiðjunum hafa dregist mjög aftur úr og eru í rauninni orðnar annars og þriðja flokks fyrirtæki eða verksmiðjur.

Það hefur verið sagt, um leið og menn hafa bent á þann möguleika sem við höfum til að stórauka loðnuveiðina, að við gætum ekki veitt alla þá loðnu sjálfir sem fiskifræðingar teldu óhætt að veiða. Þetta er mikill misskilningur. Það er ekkert léttara en það að floti okkar, sá sem stundar veiðar í dag, geti veitt alla þá loðnu sem þeir hafa þorað að tala um að við mættum veiða. Þeir hafa verið svona með töluna milli 600 og 800 þús. tonn. Sé veiðin stunduð, eins og menn gera áætlun um nú, nær allt árið, þá er auðvelt verk fyrir þann flota að veiða þetta magn og þó meira væri. Ég býst meira að segja við því að þeir treysti sér til að leggja þetta aflamagn á land, þessir 30 eða 35 sem hæstv. sjútvrh. tók út úr öllum hópnum, sem eru með stærstu og bestu veiðiskipin, ef þeir fengju sæmilega aðstöðu að öðru leyti í sambandi við vinnslu aflans. Við getum veitt þetta magn, það er enginn vafi á því, og komum til með að gera það eflaust og væntanlega meira magn en þetta sem menn hafa nefnt. En það er rétt, að til þess m. a. að þær verksmiðjur, sem eru í landinu, geti unnið úr meira aflamagni en þær gera í dag, þá þarf að leggja í viðbótarkostnað. Rekstrartími hverrar verksmiðju hjá okkur nú er mjög stuttur, miklu styttri en hjá hliðstæðum verksmiðjum t. d. í Noregi. Hér var það nefnt, sem ég dreg nokkuð í efa að sé í raunveruleikanum, að á sama tíma sem afköst í verksmiðjunum í landinu væru svona 10—12 þús. tonn á dag, þá væri þó til þróarrými upp á 150 þús. tonn. Þessi tala bendir til þess að verksmiðjurnar í landinu hafi helmingi meira þróarrými miðað við afköst heldur en t. d. verksmiðjan okkar í Neskaupstað. Ég dreg það nú heldur í efa að þær hafi það að meðaltali, nema rétt að nafninu. En mér er ljóst að þarna þarf að leggja í verulegan aukinn kostnað ef á að vera hægt að geyma hráefni á viðunandi hátt og hafa vinnslutímann miklu lengri en hann er nú. Á þessu hefur all stöðvast. Menn hafa ekki haft fjármagn til þess að ráðast í þessar framkvæmdir og hafa því orðið að búa við það sem var.

Ég legg því áherslu á það, að ég er því fylgj-

andi að till. eins og þessi sé samþykkt og þessari áskorun sé beint til ríkisstj. Ég álít að till. fari í rétta átt. En ég get líka tekið undir þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram, að það þarf auðvitað að huga að verksmiðjukostinum almennt í landinu. En ég vil bæta því við, að það er grundvallaratriði til þess að hægt sé að gera nokkurn skapaðan hlut að marki í þessu máli að það verði ákveðið að útvega viðbótarfjármagn til þess að þeir geti ráðist í byggingu verksmiðja sem hafa hug á því, hvort sem það eru Síldarverksmiðjur ríkisins eða aðrir, en aðrir stækkað verksmiðjur sínar eða bætt þær frá því sem nú er. Nú eru í þessum efnum alveg lokaðar dyr, og eins og lánsfjáráætlun hefur þegar verið afgreidd hér á Alþ. og fjármál Fiskveiðasjóðs, þá eru möguleikarnir engir.

Í sambandi við þetta mál mætti svo skjóta því hér inn, af því að hér er auðvitað um margþætt vandamál að ræða sem ber að hafa í hyggju hvernig á að leysa á sem skynsamlegastan hátt, að það er margt fleira sem hér grípur inn í. Ég nefndi aðeins einn stað í minu kjördæmi, Vopnafjörð, þar sem er ágæt verksmiðja sem var drifin af stað eftir nokkurra ára notkunarleysi. Þar stendur enn þannig á vegna fjármagnsskorts að betri loðnuskipin, sem þangað leita með farma, fljóta ekki upp að bryggju nema við sérstakar aðstæður og hafa haft skaða af, þau sem hafa lagt í áhættuna. Það hefur ekki fengist fjármagn til þess að búa sæmilega hafnaraðstöðu á þessum stað. Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, en það verður ekki leyst nema með fjármagni. Og sú ríkisstj., sem vill setja sitt fjármagn í eintóma Grundartanga, en hræðist fiskveiðar, hún samþykkir auðvitað áætlun eins og hún hefur gert. En það þarf að rífa upp slíka samninga og breyta til og setja fjármagnið í það sem gæti gefið okkur einhverja peninga og er alveg öruggt að við töpum ekki á, eins og þessum Grundartöngum sem ég er hræddur um að við töpum heldur betur á.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er mjög eðlilegt að umr. verði um mál það sem hér liggur fyrir um byggingu nýrrar loðnuverksmiðju. Við stöndum frammi fyrir því að loðnan er einn af þeim fáu fiskstofnum hér við Ísland sem ekki eru ennþá taldir fullnýttir, og því er eðlilegt að menn renni augum þangað sérstaklega þar sem það er vitað að loðnuveiðar og loðnuvinnsla geta hvort tveggja verið sæmilega arðbær atvinnurekstur.

Mér finnst að það þurfi að marka ákveðna stefnu í þessum málum, og mun hæstv. sjútvrh. vera að undirbúa það með skipun þeirrar n. sem nú vinnur að þessum málum. En ég tel að það, sem fyrst og fremst og brýnast sé að gera og fljótvirkast til að auka afköst við vinnslu í landi, sé að tæknivæða betur en nú er þær verksmiðjur sem fyrir hendi eru, og víða mun það vera hægt að stækka þær verulega með miklu minni tilkostnaði en ef um er að ræða byggingu nýrrar verksmiðju. Ég hygg að það yrði fjárhagslega hagkvæmast að standa þannig að málum, að veita þessari hlið málsins forgang.

Hitt liggur nokkuð ljóst fyrir einnig, að það mun að því koma að nýjar verksmiðjur verði byggðar ef loðnuveiði heldur áfram í vaxandi mæli, en ekki er annað sjáanlegt en að svo muni verða á næstunni.

Hv. 2. þm. Austurl. minntist réttilega á það, að ekkert verður að gert í þessum efnum nema um aukið fjármagn verði að ræða. Ég er honum alveg sammála um það. Þrátt fyrir það að alþm. allir muni telja að fara beri varlega í skuldaaukningu erlendis, þá tel ég að í þessu tilfelli komi mjög til greina og liggi raunverulega ljóst fyrir, að ef réttlætanlegt sé að nokkur lán verði tekin erlendis, þá séu það lán til framleiðslutækja eins og hér er um að ræða. Ég hygg að bæði endurbætur á eldri verksmiðjum og reyndar bygginga á nýjum verksmiðjum muni gjaldeyrislega skila sér á til þess að gera mjög stuttum tíma, jafnvel örfáum árum. Ég hygg því að það væri vel réttlætanlegt að veita fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur erlendis til bæði einkaaðila og þeirra samtaka sem verksmiðjur eiga. Og ég hygg að það muni reynast hagkvæmast fyrir þessa atvinnugrein að haldið verði frekar áfram á þeirri braut að veita fyrirgreiðslu til handa einstaklingum og félagasamtökum. Á ég þar við fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur frekar en að ríkið fari að taka að sér að byggja verksmiðjuurnar, hvort heldur væri í Grindavík eða á Snæfellsnesi.

Hér hefur einnig verið minnst á möguleika á kaupum eða leigu á flutningaskipum. Ég tel einnig að sú leið komi mjög til greina. Meðan við erum að koma þessum málum í fastari skorður mundu flutningaskip vel geta jafnað vinnsluna um landið. Yfir vetrarmánuðina þyrfti e. t. v. að flytja loðnu í byrjun vertíðar til Austur- og Suðurlands, og yfir sumarmánuðina væri einnig hagkvæmt að flytja loðnuna bæði til Vestur- og Suðurlands. Með flutningaskipum væri sennilega hægt að jafna mjög afköst verksmiðjanna. Það segir sig sjálft að ef á að gera verksmiðjurnar arðbærari en þær eru nú í dag, þá þurfa þær að fá jafnara hráefni yfir lengri tíma en nú á sér stað. Í mörgum verksmiðjum er unnið af fullum krafti dag og nótt og að sjálfsögðu með tilheyrandi auknum rekstrarkostnaði. En ef hægt væri að dreifa vinnslu þeirra á lengri tíma mundi afraksturinn verða enn þá betri og öruggari en hann nú er.

Ég vil undirstrika það í sambandi við bæði endurbætur á þeim verksmiðjum, sem nú eru fyrir hendi, sem ég tel að sé nauðsynlegt og sjálfsagt að tæknivæða betur, og einnig í sambandi við nýjar verksmiðjur, að ég tel vel forsvaranlegt að ríkisstj. beiti sér fyrir lánafyrirgreiðslu á erlendum vettvangi þar sem sjáanlega er ekki um fjármagn innanlands að ræða. Og ég legg áherslu á að það verði ekki síður gert gagnvart einstaklingum og félagasamtökum einstaklinga heldur en að ríkið fari að taka lán sjálft til að byggja upp verksmiðjur sem reknar væru af hinu opinbera.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Umr. um þessa till. hafa, svo sem ekki er óeðlilegt, snúist almennt um loðnubræðslu og loðnuveiðar.

Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram,

finnst mér rétt að það komi fram sérstaklega varðandi það sem hv. 3. þm. Reykn. sagði, að ég er honum í öllum meginatriðum sammála þar sem hann ræddi um flutningana og flutningavandamálið. Það hefur verið rætt um að setja sérstakt verð á loðnu sem er landað á miðunum í flutningaskip. Ég tel hitt að mörgu leyti eins æskilega leið, að stærri skipin fari til þeirra staða, sem vantar loðnuna, og fái það greitt úr sameiginlegum sjóði sem allir leggi til. Við héldum því fram, þegar fljótandi loðnubræðsla fylgdi í raun og veru flotanum eftir, að þar hefði orðið umframveiði, vegna þess að þá var engin bið hjá skipunum, þau fóru jafnharðan aftur á miðin og þurfti ekki að kosta upp á flutninga á því magni. Það mál getum við leyst með flutningaskipum eða sanngjarnri og eðlilegri greiðslu til þá sérstaklega stærri loðnuveiðiskipanna, því að það nær auðvitað engri átt að verksmiðjur t. d. á Norðurlandi, á Vestfjörðum, hér við Faxaflóann eða jafnvel í Vestmannaeyjum séu algjörlega hráefnislausar á meðan loðnugangan er út af Austfjörðum. Og sama má svo aftur segja um Austfirði ef loðnan er annars staðar.

Hv. 2. þm. Austurl. dró mjög í efa að heildargeymslurými loðnuverksmiðja væri nú um 150 þús. tonn. Nú ég skal ekkert um það fullyrða, en legg til grundvallar þær upplýsingar sem er að finna í skýrslu loðnunefndar um loðnuveiðar á árinu 1974 og hv. 1. landsk. var hér með og lánaði mér. Þar segir að tankar séu 48 600 tonn, hráefnisgeymslur 84 550 tonn og plön 24 350 tonn, eða samtals 157 500 tonn. Hitt er vafalaust rétt hjá hv. 2. þm. Austurl., að töluvert af þessum hráefnisgeymslum er lélegt, og það getur verið vafamál hvort eigi að nefna þessa upphæð með þessum hætti. En þetta er það sem er einna ódýrast að laga og sömuleiðis að bæta við hráefnisgeymslum. Það er ekki allt komið með því að bæta við verksmiðjum eða auka við verksmiðjurnar heldur verður fyrst og fremst að stefna að því að lengja nýtingartíma verksmiðja sem fyrir eru eða þeirra verksmiðja sem er tiltölulega ódýrt að koma upp.

Það má lengja nýtingartíma verksmiðjanna með ýmsu móti. Það er sjáanlegt á öllu, að loðnuveiðitímabilið lengist og nýr bræðslufiskur verður veiddur í ríkari mæli, og svo hitt, að með nýjum hráefnisgeymslum og þá helst lokuðum geymslum, þar sem ætti að vera óhætt að leyfa nítrín, er hægt að auka verulega nýtingu verksmiðjanna, þannig að þær verði starfræktar mestallt árið, ef veiðar verða á þann veg sem við vonum. Með því móti að lengja nýtingartímann erum við að skapa nokkurn veginn fastan grundvöll fyrir útgerð ákveðinna skipa og afkomu þeirra sjómanna, sem eru á þessum skipum, og fyrir afkomu þessara verksmiðja. Með því að lengja bæði veiði- og vinnslutíma verður hinn fasti kostnaður verksmiðjanna hlutfallslega minni og þar af leiðandi hráefnisverð hagstæðara og rekstararafkoma þessara fyrirtækja í landi betri. Þetta hefur auðvitað mjög mikið að segja og miklu meira gildi fyrir afkomu íslensks sjávarútvegs og sjómanna en að hlaupa til skipulagslítið eða jafnvel skipulagslaust og byggja verksmiðju eftir verksmiðju.

En svo komum við að því, sem raunar fleiri hafa gert hér, að til þess að fara í þessar framkvæmdir, hvort sem það er að stækka verksmiðjur sem fyrir eru, gera þær betur úr garði eða byggja nýjar, þá vantar okkur fjármagn. Ég tel að það sé nákvæmlega sama sagan að gerast og hv. 2. þm. Austurl. raunar benti á, að hvort sem hér er um að ræða Síldarverksmiðjur ríkisins eða verksmiðjur í einka- eða í félagarekstri, þá er það auðvitað fjármagnið sem skortir og hefur skort. Það hefur líka verið lítill áhugi vegna þess hve lélegt verð hefur verið á þessum afurðum á undanförnum árum, þar til núna. Mín skoðun er sú, að það sé eðlilegast allra hluta vegna að Síldarverksmiðjur ríkisins sjái fyrst og fremst og eingöngu um uppbyggingu á þeim verksmiðjum sem þær eiga fyrir, á þeim stöðum sem þær reka nú verksmiðjur. Þar sem um nýjar verksmiðjur yrði að ræða, þá er það mín skoðun að þær eigi að vera fyrst og fremst í eigu þeirra aðila sem starfa að því að afla hráefnis og vinna úr því. Það eru þeir sem eiga að vera hinir raunverulegu eigendur verksmiðjanna. Þá á ég almennt við útgerðarmenn, fiskvinnslustöðvar og sjómenn. Og ég tel að verksmiðjur, sem eru eða verða reistar með þeim hætti, eigi að njóta nákvæmlega sömu lánakjara og það væru verksmiðjur eða önnur fyrirtæki sem ríkið sjálft reisir, þessum aðilum sé gert jafnhátt undir höfði. Með því móti er ekki verið að draga miðstjórnarvaldið undir einhverja ákveðna stjórn. Þá er stjórn þessara verksmiðja í höndum heimamanna, í höndum þeirra sem afla hráefnis og vinna við þessar verksmiðjur, og ég hygg að menn geti orðið alveg sammála um að þessi lausn sé langheppilegust. Þá hafa heimamenn mesta ábyrgðina, en segja ekki að það eigi að senda sér þetta eða hitt frá þessu svokallaða miðstjórnarvaldi sem allir keppast nú við að skamma eða þá að það samþ. ekki þetta eða hitt.

Ég ætla ekki að deila við hv. 2. þm. Austurl. út af Grundartanga eða öðrum framkvæmdum í landinu. Við skulum sleppa því í bili. En ég er honum sammála um að það sé svo margt ógert í sjávarútvegi að við eigum ekki að draga úr fjármagni til sjávarútvegs, eins og sumir virðulegir spekingar á sviði efnahagsmála hafa haldið fram á mörgum undanförnum árum. Mín skoðun er sú, að við höfum verið of íhaldssamir í þessum efnum. Við höfum einblínt alltaf á einhliða framleiðslu og einhliða vinnslu hverju sinni. Við höfum í reynd ekki séð annað en þorsk, frá því að við munum eftir okkur, og eins feður okkar, það hefur allt byggst á því að veiða þorsk. En auðæfi hafsins eru miklu meiri, sem betur fer, heldur en þorskurinn þó hann sé, hafi verið og verði okkur mikilsverðastur. Og ef við förum út í nýtingu á nýjum fisktegundum sem vísindamenn okkar telja að megi veiða í miklu ríkari mæli en nú er, þá auðvitað þýðir það að við þurfum á auknu fjármagni að halda í þessum efnum. Ég bendi einnig á það, að lánin, sem Fiskveiðasjóður hefur afgreitt á undanförnum árum, hafa tekið afar miklum framförum. Verðbólga hefur að vísu verið mikil í okkar landi og það er ekki nýtt fyrirbrigði, en heildarútlán Fiskveiðasjóðs á árinu 1967 námu 342 millj.

kr., en heildarútlán hans á árinu 1971 námu ekki nema 682 millj., 1972 fara þau upp í 1263 millj., 1973 upp í 2248 millj., 1974 upp í 2660 millj. kr. og á árinu 1975 nálgast þau fjóra milljarða eða um það bil 3945 millj. Á árinu 1976, sem liggur ekki fyrir enn þá, hefur orðið nokkur lækkun vegna takmörkunar á innflutningi skipa, en á árinu 1977 verður ekki um lækkun að ræða.

Ég fyrir mitt leyti er óánægður með þann hluta af lánsfjáráætluninni, hve atvinnumálasjóðirnir hækka hlutfallslega minna en Byggingarsjóður ríkisins. Það virðist sem það sé sama hvaða flokkar eru við stjórn í landinu, þeim verður það öllum á að telja meira virði og leggja meiri áherslu á að byggja íbúðarhús en að styrkja atvinnumálasjóðina. Ég er mjög óánægður með þetta fyrir mitt leyti. Það er nauðsynlegt að byggja íbúðarhús, en það verður að setja því ákveðnar skorður, alveg eins og það verður að setja þjóðfélaginu á hverjum tíma ákveðnar skorður, hve mikil lán á að taka og þó einkum erlendis frá. Það er því miður allt of mikið ríkjandi hér á hv. Alþ. að tala um hve skuldir þjóðarinnar aukist og einkum við útlönd, hve fjárlög hækki, og þá á ég ekkert frekar við núv. stjórnarandstöðu en fyrrv. stjórnarandstöðu, en telja svo alls ekki nóg framkvæmt í landinu. Svo eru fluttar brtt. við fjárl. um að hækka verulega lántökur til ýmissa annarra hluta en til sjávarútvegs, og það hefur ekki verið klipið neitt við nögl sér í þeim efnum. Ég er hræddur um að ef þær brtt. hefðu allar verið samþ. 10—15 síðustu árin, þá væru það smámunir, sem við skuldum núna erlendis, á við það sem við skulduðum ef allt hefði verið samþ.

En þá komum við að þessu sama: Hvað er nauðsynlegast að gera, og í hvaða röð eigum við að taka það? Hvað skapar okkur sem fyrst tekjur? Álit mitt er að sjávarútvegurinn standi þar fremstur í flokki. En við eigum ekki að ráðast í hverja framkvæmd sem mönnum dettur í hug í sjávarútvegi. Við verðum auðvitað að tímasetja þær og leggja niður fyrir okkur, hvað er hagkvæmast að gera í þeim efnum til þess að fá sem mest og best út úr því fjármagni sem við leggjum til þessarar mikilvægu atvinnugreinar, og bæta síðan við.

Ég sagði áðan að ég kærði mig ekki um að nefna töluna um hugsanlegan afla. En hv. 2. þm. Austurl. nefndi tölu. Ég er honum alveg sammála um að það verði auðvelt fyrir íslenska loðnuskipaflotann að veiða það magn, en við skulum ekki fara að nefna hærri tölur í bili. Þessi tala þykir mér ekki of há frekar en honum.

Afurðaverð loðnunnar á s.l. ári var tæpir 5.1 milljarðar kr., þar af voru fryst loðna og fryst loðnuhrogn um 670 millj., loðnumjölið var eitthvað 3157 millj. og loðnulýsið um 1252 millj. Aflaaukningin, sem kemur til með að verða hjá okkur, leggur á okkur þær skyldur að auka og efla söluna og helst af öllu að eiga viðskipti við sem flestar þjóðir. Sú þjóð, sem keypti langmest af okkur af þessum afurðum á s.l. ári, var Vestur-Þýskaland, keypti loðnumjöl fyrir um 819 millj., Pólland kom þar næst með 573 millj. og Bretland með 523 millj. Þetta voru þrjú langhæstu viðskiptalöndin í mjölkaupum. En aftur í lýsiskaupum var Bretland með næstum því ⅔ af verðmæti lýsisins eða um 810 millj. kr., þar næst kom Holland með 307 millj. kr. og þrjú önnur lönd voru með samtals um 135 millj. kr. Þarna þurfum við einnig að gera mikið átak samhliða, því það er ekki nóg að veiða og vinna afurðir, við þurfum einnig að selja þær.

Ég held að við getum öll verið sammála um það, að fyrsta skilyrðið til þess að gera sér fyllilega grein fyrir hvaða stefnu við eigum að taka er að láta fara fram athugun, svo sem ég hef gert með skipun þessarar n. Ég valdi í hana fimm einstaklinga sem eru nokkuð kunnugir þessum málum, undir forustu forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sem ég held að sé alveg óumdeilt að taki að sér slíka forustu. Þar eru einnig menn úr hópi sjómanna og útgerðarmanna og verkfræðingur. Ég taldi fráleitt að hafa eitthvert pólitískt bragð af þessari n. eða héraðatogstreitu. Ég vildi að það væru fyrst og fremst menn sem hefðu engra slíkra hagsmuna að gæta, sem reyndu að leggja fyrir ríkisstj. og síðar Alþ. skýrslu um það á hvern hátt sé heppilegast að vinna að þessum málum. Síðan verðum við að taka mið af því og það, sem næst verður að taka ákvörðun um, verður að tryggja fjármagn til þessara framkvæmda. Það hafa verið nefndir hér nokkrir staðir. Allir þeir staðir, sem hér hafa verið nefndir, eru teknir til meðferðar hjá n. Það hafa verið gerðar athuganir á þó nokkuð mörgum stöðum, og það hefur enginn staður verið nefndur í þessum umr. sem ekki hefur komið til athugunar í n. eða verður þar skoðaður.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Umr. um þessa þáltill. hafa nú breyst þannig, að menn frá öllum kjördæmum landsins hafa tekið hér til máls og lýst áhuga sínum á því að verulegt átak verði gert á þessu sviði. Við vestfirðingar höfum að sjálfsögðu átt okkar fulltrúa í þessum umr. þar sem er sjútvrh., en mig langaði til þess að leggja hér eigi að síður orð í belg.

Það er nú svo, að fyrir svona 30 árum voru starfandi í þeim landshluta, sem næst liggur loðnumiðunum á sumar- og haustvertíð, þ. e. a. s. á Vestfjörðum, starfandi fjórar feitfiskbræðslur, þar er nú starfandi ein. Þessar verksmiðjur, sem þá voru starfandi, voru á Sólbakka í Önundarfirði, á Hesteyri, Ingólfsfirði og í Djúpuvík. Á engum þessara staða er nú starfandi loðnu- eða síldarbræðsla. Hins vegar var byggð feitfiskbræðsla í Bolungarvík, og ég hygg að ég fari með rétt mál að hún grundvallaðist í þann tíð á því að hráefni var flutt með flutningaskipi af síldarmiðum til Bolungarvíkur. Það sýndi sig eigi að síður, þó að þessi verksmiðja væri lítil og fengi ekki verkefni með þeim breytingum sem urðu á síldveiðum við Ísland, að síðan loðnuveiðarnar hófust veit ég ekki betur en að hún hafi verið rekin með fullum afköstum allan þann tíma frá því að loðna nálgaðist Reykjanes eða gekk fyrir það. Og eins og kom fram í fyrri ræðu hæstv. sjútvrh., þá er nú áformuð stækkun á verksmiðjunni um helming, upp í 500 tonna afköst, sem væntanlega verður lokið við þegar næsta sumar- eða haustloðnuvertíð hefst.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, sem og kom fram í ræðu 2. þm. Vesturl., að það er svo ástatt á Vestfjörðum sem á Snæfellsnesi, að þar eru til margar verksmiðjur, en flestar eru orðnar gamaldags. Það er svo í verstöðvunum frá Ísafjarðardjúpi til Patreksfjarðar, að þar eru víða til tæki sem nýtanleg eru við feitfiskbræðslu. Þess vegna er mjög athugandi sá þátturinn í þessu máli í heild, hvort þar er ekki hægt um að bæta með tiltölulega litlum kostnaði þannig að hægt verði að vinna umtalsvert magn. Ég er ekki með þessu að leggja gegn þeirri þáltill., sem hér er mælt fyrir, né heldur þeirri, sem flutt var í fyrra varðandi verksmiðju á Snæfellsnesi. En ég vil vekja athygli á því, að hugmynd um slíka verksmiðju á engu síður rétt á sér á Vestfjörðum, án þess að ég tali hér um hvaða staður yrði þar heppilegastur.

Ég vil aðeins minnast á það í þessu sambandi, að skipstjórnarmenn hafa látið í ljós þá skoðun sína að af loðnumiðunum nú á liðnu hausti sé hættuminnst og greiðfærust sigling að Barða. Komum við þá nokkuð nærri þeim stað þar sem síldarverksmiðja var rekin um áratugi, Sólbakka í Önundarfirði.

En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, var e. t. v. ekki fyrst og fremst að minnast á þetta, heldur að minnast á annað atriði sem ekki hefur verið minnst á hér af hv. ræðumönnum nema hvað sjútvrh. kom aðeins að því. Það er verið að ræða um skort á fjármagni, hvað hægt sé að gera og hvernig hægt sé að leysa málið á sem hagkvæmastan hátt. Það kann að vera, þegar gerðar eru tilraunir til að fara inn á nýjar brautir og þær mistakast, að menn séu ekki ginnkeyptir fyrir að taka upp þráðinn aftur í sömu veru. Þegar talað er um fljótandi loðnubræðslur eða bræðsluskip er gjarnan minnst á gamla Hæring í háðstón og þar með afskrifuð slík hugmynd. Rekstur Norglobal hér við land undanfarna vetur hefur gefið góða raun, og mér er sagt að á alþjóðamarkaði séu til olíuskip á tiltölulega mjög hagstæðu verði. Ég varpa þeirri spurningu fram, — það er leitt að sjútvrh. er farinn úr salnum, — en ég varpa þeirri spurningu fram hvort ekki sé alveg sérstök ástæða fyrir n. að kanna það, miðað við þjóðhagslegan ávinning, hvort það reynist rétt hjá mönnum sem halda því fram að það muni tiltölulega ódýrt að fjarlægja tanka úr slíku skipi og byggja þar loðnuverksmiðju. Hér má að sjálfsögðu ekki vera um að ræða neina ryðdalla. En í slíkum skipum eru tankar sem gætu bæði verið hráefnistankar geymslutankar fyrir lýsi og geymslutankar fyrir mjöl.

Ég vildi aðeins nefna þetta atriði í þessum umr., en ég er ekki jafnframt að halda því fram að þetta leysi allan vanda. Ég tek fyllilega undir það, að loðnuverksmiðjur í landi eiga sinn rétt, en það er rétt að athuga þessa möguleika vel áður en tekin er upp sú stefna að reisa loðnubræðslu svo gott sem í hverri krummavík.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ekki ætla ég nú að fara að tala á móti þessari till. En ég held að það, sem þyrfti nú að gera í þessum málum, eins og mér skilst raunar að hæstv. sjútvrh. stefni að, sé að athuga hvernig hægt er að leysa þessi mál á sem ódýrastan hátt og nota þá þær verksmiðjur, sem eru fyrir hendi, og auka afköst þeirra.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist einmitt á eina slíka verksmiðju sem er á Þórshöfn og var byggð fyrir 11 árum. Þessi verksmiðja mundi geta brætt um 300 tonn á sólarhring, og fróðir menn telja að ný verksmiðja, sem gæti brætt 300 tonn á sólarhring, mundi kosta nú 400—450 millj. kr. Þeir á Þórshöfn hafa fengið mann, sem mun vera sá færasti, til þess að taka út slíka verksmiðju og gera áætlun um það hvað mundi kosta að koma henni í fullt lag, þannig að hún yrði raunar eins og ný, og áætlun þessa manns er upp á 65 millj. kr. Þarna liggur verulegt fjármagn á þessum stað sem er ónotað, og það þarf ekki til viðbótar meira en það sem ég nefndi. Ég hef heyrt að áætlanir þessa manns hafi yfirleitt staðist, hann sé með áætlanir sínar yfirleitt í hærri kantinum.

Ég held að það þurfi að athuga hvernig ástatt er að þessu leyti bæði á Þórshöfn og annars staðar sem hægt væri að auka afköstin án þess að þyrfti eins mikla fjármuni og til að byggja nýtt. Það hlýtur að vera fyrsta skrefið í þessu. Síðan getur það verið álitamál hvernig eigi að byggja og hvar. Það hlýtur að verða atriði sem þarf að kanna nánar, og sjálfsagt er Grindavík einn af þeim stöðum sem gætu komið vel til greina.

Ég vil bara árétta það, að það þarf endilega að gera eitthvað í þessum málum, t. d. fyrir slíkan stað eins og Þórshöfn, að nota það fjármagn sem þar er fyrir hendi. Þessi verksmiðja var aðeins notuð eitt sumar, og það gefur auga leið að þarna er mikið verðmæti, eins og ég hef komið inn á.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni gera örstutta greinargerð fyrir gildi loðnuflutningasjóðs, sem ég persónulega tel eitt af grundvallaratriðum til að leysa þetta mikla vandamál sem menn hafa hér fjallað um, og taka undir sjónarmið ég held flestra eða allra ræðumanna sem hafa komið hér fram. En af því að ég hef hér skýrslu um loðnuflutningasjóðinn fyrir árin 1974 og 1975 og reyndar 1976 líka, þá ætla ég að lofa alþm. að heyra um gildi sjóðsins.

Hér segir á bls. 26 í skýrslu loðnunefndar fyrir árið 1975 og 1976: „Greiðslur loðnuflutningaingasjóðs vegna vetrarloðnuveiðanna 1975 námu 40.9 millj. kr.“ Og svo segir síðar að 1974 voru það 69.8 millj. kr.

Menn sjá á þessu að það er verulegt atriði að nota loðnuflutningasjóðinn, og þrátt fyrir það að hæstv. ráðh. hefur orðið að víkja hér af fundi vil ég að því verði komið til hans að í dag ríkir óánægja meðal skipstjóranna yfir því að loðnuflutningasjóður hefur ekki verið tekinn í notkun á þessari vertíð, en í sjóðinn mun komið hátt í 40 millj. kr. Menn telja að það sé orðið tímabært að fara að nota sjóðinn. Þá kemur það að því gagni, sem margir ræðumenn og talsmenn fyrir Norðurland voru að minnast á áðan, að lengja vinnslutímabil verksmiðja þar. Ef svo

fer nú að mikil og góð veiði verður næstu daga, þá verða skipin að fá hvöt til þess að sigla norður fyrir. Þau verða að gera það. Og þá er bráð nauðsyn að grípa til loðnuflutningasjóðs og einnig að hvetja skipin til að sigla hér inn á Faxaflóahafnir, en þurfa ekki að bíða. Þó að sigling kosti nokkurt fé og í það fari nokkur tími og skip tefjist frá veiðum, þá er það mun meira verðmæti sem skapast með því að dreifa álaginu með tilstyrk loðnuflutningasjóðs. Það má alls ekki blanda því saman við það frv. sem var hér á ferðinni rétt fyrir jól og náðist ekki samstaða um.

Ég vil undirstrika gildi þess að hagnýta sér nú loðnuflutningasjóðinn þó að ekki fari í hann margir aurar af hverju kg, ég held að sé rétt farið með 18 aurar aðeins. Margir töldu að það mætti fara meira, aðrir töldu að það mætti fara minna. En verksmiðjurnar fyrir Norðurlandi munu brátt verða hráefnislitlar ef ekki verður gripið í þennan sjóð, og einnig þurfa verksmiðjurnar á Faxaflóasvæðinu að fá hráefni svo álag á öðrum verksmiðjum minnki. Siglingar eru rökréttar út af fyrir sig. En þeim fylgir bæði áhætta, tími og kostnaður. Og þegar skip fer eina ferð norður fyrir Núp, þá fara í það fimm sólarhringar. Ef verksmiðjurnar væru heppilega staðsettar nokkuð hringinn í kringum landið er augljóst mál að afli yrði miklu meiri.

Annað atriði, sem mætti sennilega bæta úr verulega, er að geymslutækni hér á Íslandi er á lágu stigi miðað við a. m. k. í Noregi. Það atriði ætti ekki að kosta óskaplegar upphæðir. Ég tel að það sé öfugt farið að hagnýta sér ekki loðnuflutningasjóðinn meira en gert hefur verið, en árið 1967 voru aðeins greiddar í loðnuflutningasjóð 11.1 millj. kr., enda sáralítið hagnýtt og sáralítið dreift fyrir bragðið.

Það hefur margt komið hér fram. Einna athyglisverðast fannst mér það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. Mér finnst undarlegt þetta, sem ég dreg ekki í efa að sér rétt með farið, ef 65 millj. — við skulum segja um 100 millj. kr. þurfi til að koma verksmiðjunni í gagnið, en það fæst ekki. Mig undraði að heyra svona upplýsingar, þegar það er vitað mál að það kann jafnvel að verða margra daga löndunarstöðvun fyrir flotann og þá tapast hundruð milljóna. Ég satt að segja skil ekki slíka fjármálastjórn, hreint út sagt. Nú vitum við að ekki fljóta öll skipin með fullfermi að Þórshöfn, en mörg mun gera það og geta bætt úr sáru atvinnuleysi á þessum stað. Ég held að þarna verði að kippa hraustlega í spottann, og Norðurlandsþm. eystra ættu að geta gert það. Kannske þarf að kveða drápu svo einhverjir vakni hressilega.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessum umr. Ég ætla á engan hátt að fara að andmæla þeirri þáltill. sem hér er til umr. Það er nokkuð ljóst að það þarf mjög að bæta aðstöðu í landi til þess að hægt sé að hagnýta þann afla sem líkur eru á að hægt sé að ná.

En það hefur nokkuð spunnist inn í þessar umr. að til þessa vantaði fjármagn, og auðvitað er það rétt. Það verður ekki gert nema með fjármagni. En það virðist ekki vanta fjármagn til annarra hluta. Það er ekki svo að sjá. Það virðist ekki skorta fjármagn til verksmiðjubyggingar t. d. á Grundartanga upp á nokkrar þúsundir milljóna. Þá virðist vera nægilegt fjármagn til að standa straum af slíkum framkvæmdum. Og það virðist vera nægilegt fjármagn til að vinna við Kröflu. Þar skortir ekkert fjármagn. Þarna eru tvær risaframkvæmdir á ferðinni sem ekki er að sjá að nokkurn tíma hafi skort fjármagn til framkvæmda. En svo þegar komið er að hlutum sem snerta sjávarútveginn, undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, þá koma alltaf upp þessar raddir: Það er ekki hægt að gera allt í einu. Það verður eitthvað að bíða. — Með þessu tali eru menn að gefa í skyn að uppbygging aðstöðu í landi til þess að vinna þann afla, sem úr sjónum fæst, verði að bíða svo að Grundartangi og Krafla, svo ekki sé fleira nefnt, geti gengið fyrir.

Ég held að það sé tími til kominn að menn fari að velta því fyrir sér hvort það er ekki meiri nauðsyn á uppbyggingu á öðrum sviðum heldur en t. d. er á Grundartanga og víðar, sé ekki meiri nauðsyn á annarri uppbyggingu og þarflegri. Það er ekki að sjá að þjóðhagsleg sjónarmið ráði hjá þeim sem nú ráða ferðinni, þjóðarhagur ráði framkvæmdaröðuninni. Það hefur verið minnst hér á Þórshöfn þar sem ekki er talið vanta nema um 60—70 millj. til þess að hægt sé að nýta atvinnutæki sem er þar fyrir hendi, og mér skildist á hv. 3. þm. Norðurl. e. að þetta fjármagn fengist ekki. Hér er þó verið að tala um að byggja verksmiðju sem afkastar um 1000 tonnum á sólarhring og muni kosta 1400—1600 millj. kr. Er líklegt að það fáist þegar þeim hörkutólum á Norðurlandi eystra er neitað um 60—70 millj.? Ég spyr.

Ég gerði grein fyrir því hér í umr. fyrr í vetur að á Bolungarvík er verið að stækka loðnuverksmiðju um helming, sem á þá að afkasta um 500 tonnum á sólarhring. Til þess þarf 240—260 millj. Mér er ekki um það kunnugt að það hafi verið gefið endanlegt vilyrði fyrir fjármagni til þeirra framkvæmda. Þá verksmiðju, sem er fyrir hendi, er þó verið að stækka og Bolungarvík liggur hvað best við þeim nýju miðum sem fundust á s. l. sumri. Þar er að vísu einkaframtakið sem um er að ræða, það er kannske skortur vegna þess.

Ég vil sem sagt undirstrika það, að því miður virðist vera meiri vilji fyrir því hjá núv. valdhöfum að greiða götu annars konar uppbyggingar heldur en í sambandi við sjávarútveginn. Meðan fjármagni á að verja til þeirra framkvæmda sem ég nefndi hér áðan, Grundartanga, Kröflu og annarra slíkra, meðan ekkert er sparað eða í haldið í þeim efnum, þá er vart hægt að búast við því að ég eða aðrir trúi því að ekki sé hægt að gera meira en raunverulega hefur verið gert og á að gera í sambandi við þá uppbyggingu sem fyrst og fremst snertir grundvallaratvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn og fiskvinnsluna. Það er erfitt að fá mig til að trúa slíkum fullyrðingum þegar við sjáum dæmin fyrir okkur víða á öðrum sviðum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins gera athugasemd við það sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði áðan eða gaf í skyn, að við á Norðurlandi eystra hefðum verið linir að afla fjármagns í þetta á Þórshöfn. Málið er nú kannske ekki svona einfalt. Það var verið að byggja mikið frystihús á s. l. ári á Þórshöfn og þetta frystihús er í raun og veru grundvöllurinn að öllu atvinnulífi á þessum stað. Og það var ekki nóg að fá frystihús, það þurfti líka að fá hráefni í húsið, og það var okkur erfiður og þungur biti að leysa það mál með stjórnvöldum hér.

Það er alveg rétt, að þeir á Þórshöfn fóru fram á það á síðasta ári að fá fjármagn til að byggja upp þessa verksmiðju. En við litum þannig á að hitt væri enn þá meira aðkallandi. Það virðist nú á fleiri stöðum en Norðurlandi eystra ekki hægt að gera alla hluti í einu. En svo breyttist þessi staða allverulega þegar kom í ljós að við gátum ekki fengið aftur bræðsluskipið frá Noregi. Þá var alveg sýnilegt að við yrðum í vandræðum með að geta tekið á móti þeirri loðnu sem var líklegt að mundi berast á þessari vertíð. Og þá voru það einmitt þm. Norðurl. e. sem fóru að athuga þessi mál, hvort það væri hægt að fá fjármagn, og ef það væri hægt að fá fjármagn, hvort það væri hægt að koma verksmiðjunni í gang á það skömmum tíma að hún gæti náð þessari vertíð núna. En það kom í ljós að það var ekki hægt, jafnvel þó að hefði verið hægt að útvega fjármagnið, þ. e. a. s. þegar fyrir lágu þær upplýsingar að við mundum verða svona staddir með að taka á móti loðnu. Það var talið af Stefáni Erni Stefánssyni að það mundi taka þrjá mánuði að koma verksmiðjunni í lag.

Hins vegar þarf auðvitað nú að athuga þessi mál, og það er búið að ræða við bæði hæstv. sjútvrh. og fleiri aðila í sambandi við þetta mál. Hins vegar liggur ekkert enn þá fyrir um lausn á því máli. En ég get ekki, þegar farið er að ræða um að byggja hér verksmiðjur í landinu, annað en minnt á að þarna er verksmiðja, þarna eru kannske hátt í 400 millj. sem liggja og þarf ekki nema 65—70 millj. til viðbótar til þess að sé hægt að nota hana og hún sé eins og ný.

Ég vildi bara veita þessar upplýsingar vegna þess að hv. þm. Jón Árm. Héðinsson gaf til kynna að þm. þarna í Norðurl. e. mundu vera linir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er kannske ekki þörf á því að eyða löngu máli í þessar umr. eins og þær hafa snúist. Þær hafa nú tekið dálítið einkennilega vendingu, finnst mér, því umr. eru farnar að snúast um alls konar aukaatriði og önnur málefni sem sjálfsagt væri hægt að halda eldhúsdag um, en ég ætla samt sem áður ekki að gera, eins og t. d. ræða hv. 5. þm. Vestf. var orðuð. Ég sé ekki að hann hafi lagt þar neitt fram í þessu máli sem að gagni má verða.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur svarað ýmsu í sambandi við þann misskilning sem mér finnst hafa komið upp í sambandi við Þórshöfn. Ég vakti athygli á því snemma í þessum umr., að það væri nauðsynlegt að hyggja að þeim verksmiðjum í landinu, sem fyrir væru, áður en farið væri að byggja upp nýjar verksmiðjur, og minnti þá á Þórshafnarverksmiðjuna. Það hefur einhvern veginn komist inn í ýmsa hv. þm. hér að yfirvöld hafi harðlega neitað Þórshöfn um fjármagn til að endurbæta síldarbræðsluna þar. Hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur nú rætt þetta nokkuð, og ég vil nú segja það sem mína skoðun, að því fer fjarri að Þórshöfn hafi endanlega eða harðlega verið neitað um fjármagn til að endurbæta síldarverksmiðjuna í því skyni að hægt sé að bræða þar loðnu. Sannleikurinn er sá, og það vil ég að komi hér fram, að þetta mál er í gangi núna. Þetta mál er sérstaklega í gangi núna í sambandi við atvinnumál almennt á Þórshöfn, og m. a. hafa þessi mál verið rædd mjög ítarlega í stjórn Byggðasjóðs og í Framkvæmdastofnuninni almennt. Held ég að mér sé óhætt að segja að þar mæti þetta mál miklum skilningi. En eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan hefur verið mikil fjárfesting í atvinnulífi á Þórshöfn undanfarin 3 ár eða svo í sambandi við frystihúsið, og að sjálfsögðu gerðu menn sér þá fyllstu vonir um að frystihúsið þar kæmist í gagnið og afkastaði miklu. En því miður fór svo að fiskur lagðist frá landi, það varð mikil aflatregða á Þórshafnarmiðum og bátaflotinn aflaði ekki nægilega fyrir frystihúsið. Þá var gengið í það fyrst og fremst að útvega nýtt skip, togara, til þess að afla fyrir frystihúsið. Það mál hlaut að ganga fyrir því að aflað væri fjármagns til uppbyggingar þessarar ágætu síldarverksmiðju sem þarna er. En fjarri fer því að málið hafi verið svæft á nokkurn hátt. Það vakir og því er haldið gangandi og mér þykir ekki ólíklegt að að því komi — og vonandi fyrr en síðar — að veitt verði fé til þess að endurbæta þessa verksmiðju svo að hún verði fær um að bræða loðnu. Vonandi verður það fyrir næstu vertíð. Eins og hefur komið fram er gífurlega mikið fjármagn í þessari verksmiðju sem er u. þ. b. 10—12 ára gömul. En hún þarf endurbóta við og tiltölulega lítið fjármagn, eins og hér hefur verið upplýst í umr.

Ég vil ekki að hv. þm. fari héðan með þá skoðun að þessu máli hafi verið endanlega neitað. Það er síður en svo. Það er verið að vinna að þessu máli, og ég hef góðar vonir um að það leysist.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hef hlustað á þessar umr. með mikilli athygli. Þær hafa verið miklar og mjög nauðsynlegar að mínum dómi. Þó er eitt, sem mér finnst nokkuð athyglisvert, sem var komið hér inn á, og það er einmitt í nánu sambandi við þessa þáltill., hver eigi að vera eigandi að slíkri verksmiðju sé hún reist. Það er um að ræða annars vegar að Síldarverksmiðjur ríkisins byggi slíka verksmiðju eða að heimaaðilar eigi slíka verksmiðju. Ég hygg að það sé nauðsynlegt að menn velti því nokkuð fyrir sér.

Ég er í sjálfu sér ekki mótfallinn ríkisrekstri, á engan hátt, og er hlynntur honum í mörgum tilfellum. Ég hef þó fengið sannfæringu fyrir því, að það er rétt stefna að heimaaðilar eigi

verksmiðjur sem þessar. Það eru margar slíkar verksmiðjur á Austurlandi, og það er alveg ljóst að þessar verksmiðjur hafa í mörgum tilfellum verið *aflvaki áframhaldandi uppbyggingar*. Sem dæmi má nefna Vopnafjörð, Síldarverksmiðjan þar var grundvöllur þess að þar voru keypt skip og síðan togari. Það má nefna fleiri staði, Eskifjörð t. d. og fleiri. Þess vegna held ég að það sé rétt að leggja á það áherslu að það er mjög nauðsynlegt — ekki aðeins með tilliti til þess sem rætt hefur verið um miðstjórnarvald — að slíkar verksmiðjur séu í eign heimaaðila, og að sjálfsögðu er best að slíkt sé félagsleg eign heima fyrir.

Það er nauðsynlegt að byggja upp fiskimjölsverksmiðjurnar, og það er mjög nauðsynlegt að staðið sé skynsamlega að þessari uppbyggingu. Það hefur viljað brenna við í okkar landi að við göngum nokkuð hressilega til verks þegar við tökum okkur eitthvað fyrir hendur, og það er í mörgum tilfellum mjög nauðsynlegt. En stundum hefur komið fyrir að við höfum gert mistök, eins og alltaf vill verða. Og við hljótum að líta til þeirrar reynslu sem við höfum í þessum málum, þegar við nú hyggjum að því að byggja upp fiskimjölsverksmiðjurnar og endurbæta þær. Það, sem við hljótum að taka tillit til fyrst og fremst, er að nýta þá fjárfestingu sem fyrir er í landinu, nýta hana sem best. En einnig hljótum við að hafa í huga að bæta atvinnuástand á þeim stöðum þar sem það er slæmt og liggja vel við loðnumiðum, spærlingsmiðum og kolmunnamiðum.

Vegna þess að hér hafa ýmsir staðir verið nefndir kemst ég ekki hjá því að minnast á einn stað þar sem hafnarskilyrði eru að vísu slæm. Það er Borgarfjörður eystri. Þar var byggð á árunum verksmiðja, ein af þessum 1200 mála verksmiðjum sem mun láta nærri að bræði um 150 tonn á sólarhring, og komst lítt í notkun. Það hefur verið selt úr þessari verksmiðju ýmislegt, eins og öðrum verksmiðjum sem voru lagðar niður, en ýmislegt er þó eftir og væri mikil lyftistöng fyrir þennan stað ef hægt væri að taka þessa verksmiðju í notkun. Mér er ljóst að þar eru erfiðleikar vegna hafnaraðstöðu. En þótt slíkir erfiðleikar séu fyrir hendi, þá er einnig ljóst að úr slíku má bæta að einhverju leyti með allmiklu þróarrými. Það er nú svo, að þegar veiði fer fram, þá kemur fyrir að blíðskaparveður er og þess vegna er hægt að koma inn á ýmsa staði allmiklu magni þótt hafnarskilyrði séu ekki eins og best verður á kosið.

Ég vil að lokum segja það, að síldin var uppistaðan og bjargvættur ýmissa staða á Norður- og Austurlandi og mönnum brá í brún þegar þessi fiskur hvarf. Það hefur tekið langan tíma að græða þau sár sem komu þegar síldin hvarf. En ég hygg að það sé ljóst, að loðnan og áframhaldandi veiði á slíkum fiskum hafi gert gífurlegt gagn. Og það er full ástæða til að halda áfram á þeirri braut og hyggja vel að þessum verksmiðjum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja neitt að ráði umr. um þáltill. hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar sem þegar hafa orðið allítarlegar. Ég tel að þessi till. og umr., sem hafa orðið um hana, hafi komið fram á allheppilegum tíma, eins og hér hefur verið lítillega vikið að, á þeim tíma þegar upp er að koma til endanlegrar afgreiðslu hér á hv. Alþ. sú stóra spurning hvort við eigum að leggja fjármuni þjóðarinnar, þá orku sem hún hefur yfir að búa og vinnuafl hennar heldur í það að nytja gæði lands og sjávar þessari þjóð til hagsældar eða hvort við eigum að leggja þetta allt þrennt fremur af mörkum til þess að nýta innflutt verðmæti með orku og vinnuafli í þágu annarra aðila en íslendinga og þeim til framdráttar.

Því miður er hæstv. sjútvrh. genginn úr salnum, en hann kom hér inn á raunveruleg grundvallaratriði í þessu sambandi og gerði þeim skil öllu ítarlegar en hann hefur gert áður hér á hv. Alþ. í vetur og með nokkuð öðrum tón en hann hefur áður gert, þar sem hann rakti lánveitingar Fiskveiðasjóðs á liðnum árum til sjávarútvegsins og lýsti yfir þeirri skoðun sinni að enn betur yrði að að vinna vegna þess að við ættum enn þá óneitanlega mjög mikil verkefni óunnin í sjávarútvegsmálum.

Það gladdi mig rétt einu sinni við þessar umr. að heyra mjög skeleggan tón þm. Framsfl. úr Norðurl. e., þar sem þeir ræða byggðamálin. Ég leyfi mér að staðfesta það sem þeir hafa sjálfir sagt um framgöngu sína og annarra þm. þessa kjördæmis í málefnum Þórshafnar í sambandi við vandamál þórshafnarbúa í tíð þessarar ríkisstj., og raunar í sambandi við vandamál annarra byggða í Norðurl. e. þar sem við hefur verið að berjast kolsvarta íhaldsstjórn með byggðafjandsamlega stefnu sem þeir sjálfir styðja hér á Alþingi.

Sannleikurinn er sá, að þessir hv. þm. eru sannarlega einlægir í baráttu sinni fyrir nauðsynjamálum þessara byggða. Þeir hafa sýnt það í einu og öllu, það votta ég úr þessum ræðustól, í einu og öllu öðru en því að styðja þá ríkisstj. sem vandræðunum veldur. Ég er ekki að gefa í skyn að þeir séu haldnir neinum pólitískum geðklofa, síður en svo. Ég er aðeins að leyfa mér að ýja í þá átt að þeir hljóti nú senn að gefast upp á þessum stuðningi og taka heldur upp þann háttinn að fella þessa ríkisstj.

Það er rétt, af því að sérstök vandamál Þórshafnar hefur borið hér sérstaklega á góma, að sérstök atvinnuvandamál og efnahagsvandamál Þórshafnar voru og eru viðfangsefni fyrir þm. kjördæmisins. Þar var byrjað á smíði myndarlegs nýtiskufrystihúss í tíð vinstri stjórnarinnar og komin vel áleiðis, í þeirri von að síðan fengist það sem við ætti að éta, tækin til að afla hráefnis, sennilega í þeirri von að vinstri stjórnin mundi sitja áfram til þess að fullkomna það byggingarverk sem þar var hafið. Vissulega kom það inn í þetta dæmi að fiskur brást á Austfjarðarmiðum, bátafiskurinn. En ætíð var þó reiknað með því, þegar þetta stóra frystihús var teiknað og reist, að afla þyrfti til þess hráefnis lengra að jafnframt. Þörf þórshafnarbúa fyrir skuttogara til að afla þessa hráefnis bar þannig ekki algjörlega upp á að óvörum, en eigi að síður á þeirri tíð þegar tekin var við ný ríkisstj. sem taldi aðra fjárfestingarstefnu nauðsynlegri heldur en að kaupa ný skip eða láta smíða ný skip

til hráefnisöflunar fyrir byggðirnar, fyrir fiskiðjuverin. Það var raunverulega ekki alveg rétt, sem hv. þm. Ingvar Gíslason sagði, þó hygg ég að það hafi verið fremur fyrir ónákvæmni í orðalagi — og er raunar alveg viss um það — fremur en hitt, að hann hafi ekki viljað segja rétt frá. Eigi að síður var það rangt að keyptur hefði verið nýr skuttogari eða lagt út í það að afla nýs skuttogara fyrir þá á Þórshöfn. Það var keyptur gamall skuttogari, tiltölulega miklu eldri en árin sögðu til um, ekki nógu gott fiskiskip. Ég ítreka það, að ég veit að hv. þm. Ingvar Gíslason ætlaði alls ekki að koma því inn hjá þm. að þetta hefði verið nýtt skip. Hérna var um að ræða ónákvæmni í orðalagi sem hefur reynst þeim þórshafnarbúum ákaflega dýr, þessi merkingarmunur. Þetta skip hefur gefist ákaflega illa, það hefur bilað mikið, reynst illa þeim þórshafnarbúum eins og fyrri eigendum sínum og skilað litlu aflamagni í land.

Það er náttúrlega mála sannast, að enda þótt lánsfjárbeiðni þeirra þórshafnarbúa hafi ekki verið harðlega neitað, eins og hv. þm. Ingvar Gíslason orðaði það, — sem betur fer hefur henni ekki verið harðlega neitað, en henni hefur verið neitað nógu mikið til þess að síldarverksmiðjuna á Þórshöfn skortir 55—65 millj. upp á að vera starfhæf, nógu mikið til þess að hún hefur ekki komist í gagnið. Hún bræðir ekki loðnu á þessum vetri. Þörf þórshafnarbúa fyrir fé til að gera verksmiðjuna starfhæfa var vitaskuld ljós á s. l. vori. En ríkisstj., sem hér situr, hefur önnur markmið æðri heldur en að sjá byggðunum — þar með byggðunum á Suðurnesjum — fyrir því fé, þeim fjármunum sem til þess þarf að nytja gæði lands og sjávar, því fé sem handbært er. Því fé, sem fáanlegt er að láni, er ætlað að þjóna öðrum herrum en þeim sem byggja sjávarplássin kringum þetta land og því er nú komið sem komið er.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson vakti hér athygli á að til væru fleiri verksmiðjur kringum þetta land sem lagðar hafa verið niður að verulegu leyti. Þær eru allmargar. Í Norðurl. e. eigum við brunarústir af síldarverksmiðju við Eyjafjörð, þar sem þó stendur eftir óskemmdur ketill sem metinn er nú á 150—200 millj. Það gæti verið dálaglegur stofn í nýja síldarverksmiðju byggða í þessum sömu rústum.

Ég er nú kominn, eins og raunar fleiri hv. ræðumenn hér, spölkorn burt frá þáltill. sem hér er til umr., um síldarverksmiðju í Grindavík, sem ég hygg að gæti, a. m. k. samanborið við ýmsar aðrar verksmiðjur sem rætt hefur verið um á Suðurlandi síðustu vikurnar, orðið mesta þjóðþrifafyrirtæki. Þar er m. a. möguleiki á því fremur en víðast annars staðar að reyna hugmyndir sem áður hafa verið settar fram um að nýta jarðgufu til bræðslunnar og spara allverulegt fé í rekstri með þeim hætti.

Vestfirðingarnir okkar sem hér hafa talað, — að vísu hlýt ég að dást að vestfirðingunum okkar yfirleitt þegar þeir tala, bæði fyrir skörungsskap þeirra og þráhyggju um Vestfjarðakjálkann sinn, — ekki má minnast svo á verksmiðju í Grindavík að þeir séu ekki með tiltæk rök fyrir því að vippa henni nú vestur á fjörðu. Hafa tveir þeirra komið að þessu máli, hvor þó með sínum sérstaka hætti. Hv. þm. Karvel Pálmason leyfði sér að nefna Grundartangaverksmiðjuna fyrirhuguðu og Kröfluvirkjun í sömu andránni, greinilega innblásinn af þeirri nálægð sem hann öðlast nú dagfari-náttfari að Alþfl. og þeim heiðarleika sem nú er orðinn að hvað eldfimastri olíu á kyndli hans þegar rætt er um íslensk orkumál almennt, sem er raunar gleðilegt fyrirbæri, sérstaklega þegar tekið er tillit til fyrir fram yfirlýsts stuðnings Alþfl. við fjárfestinguna miklu og fyrirhuguðu uppi á Grundartanga og það orkusöluverð sem nefnt hefur verið í því sambandi. Hins vegar er Gunnlaugur Finnsson sem sá það atriði raunar merkilegast í þessari þáltill. sem varðaði staðsetningu verksmiðjunnar. Það mun láta nærri, að ef við notum mælikvarða fjarlægðar frá loðnumiðunum, eins og við sjáum nú fram á að þau muni verða stunduð á næstu árum með tilkomu sumarloðnunnar, þá mætti kannske segja sem svo að verksmiðja á miðhálendinu lægi landfræðilega séð næst öllum loðnumiðunum, og mætti þá kannske leysa transportið þangað upp eftir á þann hátt að kæmi ýmsum vörubílaeigendum til góða.

Verksmiðjan í Grindavík, sem hér er gert ráð fyrir að reist verði, eða þáltill., sem að henni lýtur, er ekki merkileg fyrst og fremst vegna þess, að henni er ætlaður staður í Grindavík, enda þótt ég segði áðan að þar gæfist kostur á því að reyna þessa nýju, hagkvæmnu tækni sem áður hefur verið um talað, að nota jarðgufuna. Þessi þáltill. er ekki fyrst og fremst merkileg vegna fyrirhugaðrar staðsetningar. Hún á afl sitt fyrst og fremst í nauðsyn þess að einmitt nú þegar það blasir við okkur að því fer víðs fjarri að við séum teknir að ofnytja gjafir sjávar á þessu landi, — því fer víðs fjarri að við séum teknir að ofnytja sjávargagn á þessu landi, — þá er bráðnauðsynlegt, — ég vil leggja á þetta áherslu nú, — að við eigum möguleika á því að leggja það fjármagn, sem við höfum tiltækt, og þá tæknikunnáttu og það vinnuafl og þá orku í miklu arðbærari fyrirtæki heldur en álverksmiðjur, heldur en verksmiðju á borð við Grundartangaverksmiðjuna, með því að nytja þetta fjármagn og það afl, sem við eigum í raforku og vinnufúsum höndum, í fyrirtæki sem okkur varðar meira.

Ég bjóst sannast sagna við því að hv. þm. Sverrir Hermannsson mundi kveðja sér hljóðs áðan eftir að hæstv. sjútvrh. hafði lokið máli sínu, mundi ekki stilla sig um að kveðja sér hljóðs, þó ekki væri nema til þess, sem ég hefði talið mjög þarft, að hann segði hv. alþm. dæmisögu sem hann sagði norður í landi á s. l. vori, minnir mig, á yfirreið þar sem ég var svo heppinn að vera nærstaddur, um tvenns konar aðferðir við skipulag í sjávarútvegsmálum, — dæmisöguna um það með hvaða hætti norðlenskur héraðslæknir barg lífi sjómanns með nákvæmu skipulagi við blöndun lyfja. Ég treysti mér ekki til þess að endursegja þessa sögu hér, ekkert í áttina við það sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði hana fyrir norðan. En ég hefði gjarnan viljað að hann tæki sig nú til og tengdi þessa dæmisögu um hið tvenns konar skipulag við

það skipulag sem við sjáum nú örla á hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjölgun í fiskiskipastóli okkar einmitt á þessum mánuðum, þegar allt í einu virðist eiga að láta hið forna gususkipulag ráða og láta þá t. d. hagsmuni innlendra skipasmíðastöðva lönd og leið, heldur hoppa nú út í það með svolitlum rykk að fara að láta smíða allfrjálslega fiskiskip erlendis eftir kröfum eigenda fiskiðjuvera hér við Faxaflóa, og sleppa þá, að því er virðist, óafturkræfri ákvörðun um að láta fljóta með í innkaupunum eitt nótaskip upp á 1700 millj., sem mér er ekki alveg ljóst hvort hæstv. sjútvrh. reiknar með í summunni þegar hann tilkynnir okkur að lán úr Fiskveiðasjóði muni aukast stórlega að nýju á þessu ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sami kjördagur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, þáltill. (þskj. 82). — Ein umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 82 hef ég leyft mér að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga hvort ekki sé æskilegt að reglulegar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fari fram samtímis.“

Með þáltill. þessari fylgir nokkuð löng grg., en þó tel ég rétt að víkja til viðbótar að nokkrum efnisþáttum sem mér finnst eðlilegt að hér komi fram í sambandi við framsögu fyrir þáltill.

Í fyrsta lagi vil ég gera grein fyrir því hvers vegna ég hef flutt þetta sem þáltill., því að sjálfsögðu væri alveg eins hægt að flytja t. d. brtt. við lög nr. 58 frá 1961 um almennar sveitarstjórnarkosningar og færa kjördag samkv. þeim lögum til samræmis við það sem gildir í lögum *um kosningar til Alþ. En það hef ég ekki gert*, heldur valið hina leiðina, þá að flytja þetta í þáltill. formi. Ástæðan fyrir þessu er sú, að mér er fyllilega ljóst að þetta er mál þess eðlis, að það þarf nokkurrar athugunar við. Menn kunna við fljótan yfirlestur þess að vera haldnir ýmsum fordómum sem ég vænti að nánari athugun, t. d. í n., gæti vikið burt úr hugum þeirra sem af slíkum fordómum eru haldnir. Þess vegna legg ég til að þetta mál verði athugað.

Í öðru lagi vil ég víkja örfáum orðum að því, hver ástæðan er til þessa tillöguflutnings. Það er kunnara en svo, að um þurfi að fjalla í löngu máli, að kosningar til Alþ. og sveitarstjórna kosta æðimikið fjármagn og mikla vinnu hér sem annars staðar. Gæti ég trúað því að kosningar hér hjá okkur væru, miðað við aðstæður allar, dýrari en í flestum öðrum þeim lýðræðisþjóðfélögum sem ég þekki til. Það er því út af fyrir sig þjóðfélagslega eftirsóknarvert að draga úr þeim kostnaði ef mögulegt er og það kemur ekki á neinn hátt í bága við rétt hins almenna kjósanda til að ráða skipan Alþ. og sveitarstjórnar. Þetta tel ég að hægt sé að gera, draga úr hinum almenna kostnaði og umstangi, sem er í kringum kosningar án þess að það skerði á nokkurn hátt hinn helga kosningarrétt.

Ég geri ráð fyrir því að fleiri hv. þm. en ég hafi hugsað stundum, þegar úrslit kosninga liggja fyrir, eitthvað á þann veg, að til lítils hafi kannske verið varið öllum þeim tíma og þeim fjármunum sem einstakir flokkar hafa lagt í kosningaslaginn, því að oft og tíðum hafa breytingar í kosningum ekki orðið miklar. Enn fremur vil ég benda á að þetta fyrirbæri, að kosið sé samtímis til þjóðþinga og til sveitarstjórna, er þekkt annars staðar frá. Þær fregnir, sem ég hef af reynslu þeirra þjóða, sem þetta hafa reynt, eru allar á einn veg — ég ætti e. t. v. ekki að segja „þeirra þjóða“, því að ég hef satt að segja aðeins reynslu einnar þjóðar fyrir mér í þessu sambandi, en það er reynsla svía sem árið 1970 tóku það í lög að kjósa samtímis til þjóðþingsins, til landsþinganna og til sveitar- og bæjarstjórnanna.

Í grg. með þáltill. þessari hef ég lýst því hvernig að þessum kosningum er staðið, kosningafyrirkomulaginu og öðrum atriðum framkvæmdalegs eðlis í sambandi við þessar kosningar. En það get ég fullyrt og hef fyrir mér orð margra mætra sænskra þm., og raunar fleiri en þm., að þeir telja allir að þessar breytingar hafi orðið til góðs, og það hygg ég að mundi verða hér á landi eftir því sem tímar líða fram og menn fara að kynnast þessu nánar.

Það hefur svo sem gerst í okkar sögu að kosningar til Alþ. og sveitarstjórna hafi verið á sama ári. Ég held að ég muni það rétt, að árið 1946 hafi svo gerst og á næsta ári á að öllu óbreyttu að kjósa á sama ári til Alþingis og sveitarstjórna. Ef horfið yrði að því ráði hér að hafa sama kjördag til alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, þá er nauðsynlegt að hyggja að því að samkv. okkar lögum og raunar stjórnarskrá er gert ráð fyrir að hægt sé að rjúfa þing. Það þýðir að fjögurra ára kjörtímabilið kann að styttast vegna þingrofs. Og þá kynnu einhverjir að spyrja sem svo: Hvernig fer þá, ef kjósa á á sama degi til sveitarstjórna og til Alþ., hvernig fer þá með umboð sveitarstjórnanna? Það er hægt að hugsa sér tvennar breytingar á lögunum til að koma í veg fyrir að þetta verði vandamál. Í fyrsta lagi væri hugsanlegt að binda kjörtímabil sveitarstjórna við kjörtímabil til Alþ. Það mundi þýða að ef þingrof færi fram og kjörtímabil styttist, þá styttist af sjálfu sér einnig kjörtímabil hinna ýmsu sveitarstjórna. En ég tel þá leið á margan hátt óeðlilega. Það er ekki svo beint samband á milli sveitarstjórnarmálefna og landsmála að þingrofsheimildin, sem er beitt til að stytta kjörtímabil Alþ., eigi að leiða af sjálfu sér til þess að kjörtímabil sveitarstjórna styttist. Því hallast ég að því fordæmi sem svíar hafa í þessum efnum. Þar er heimild til þess að rjúfa þing alveg eins og hjá okkur. En þingrof í sjálfu sér í Svíþjóð leiðir ekki til lengingar hins almenna kjörtímabils. Kjörtímabil í Svíþjóð er nú, ef ég man rétt, 3 ár. Ef þing yrði rofið að hálfnuðu kjörtímabili, eftir að 1½ ár er liðið af því, og gengið til nýrra kosninga, mundi umboð hinna nýju þm., sem kjörnir yrðu við þessar kosningar, aðeins gilda

til enda hins venjulega kjörtímabils. Svipuð ákvæði væri auðvelt að segja í lög um kosningar til Alþ. ef að þessu fyrirkomulagi yrði horfið, að láta kosningar til Alþ. og sveitarstjórna bera upp á sama daginn.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara mörgum fleiri orðum um þennan tillöguflutning. Ég vísaði í upphafi til þeirrar grg. sem fylgir með till. og er nokkuð ítarleg. Það er trúa mín að ef að þessu fyrirkomulagi yrði horfið, þá mundi það fljótlega sanna ágæti sitt hér eins og það hefur t. d. gert í Sviþjóð. Það getur á engan hátt verið eftirsóknarvert út af fyrir sig í okkar þjóðfélagi að efna til harðvítugra kosninga oftar en brýnustu nauðsyn ber til. Þar af leiðir að allar breytingar, sem gætu komið í veg fyrir að efnt væri of oft til kosninga, eru að mínu viti til bóta ef þær skerða á engan hátt kosningarrétt hins almenna kjósanda og geta jafnvel stuðlað að frekari friði í þjóðfélagi okkar, þjóðlífi okkar, en á fáu þurfum við meira að halda nú en einmitt slíkum starfsfriði.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, þáltill. (þskj. 189). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni leyft mér að flytja till. til þál. um endurskoðun l. nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á l. nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, í því skyni að endurnýja og gera ítarlegri öll ákvæði er varða almennar verslunarauglýsingar. Skal höfuðáhersla lögð á að gera lögin þannig úr garði að þau feli í sér aukna vernd gegn háþróuðum auglýsingaiðnaði nútímans, með því m. a. að gera ákveðnar kröfur til heiðarleika, siðgæðis, sanninda og látleysis auglýsinga.“

Þessi till. var flutt á 96. löggjafarþingi, fyrir tveim árum, og þá fylgdi henni grg. sem ég vil vikja e. t. v. stuttlega að nokkrum köflum úr.

Það er alkunna að flóð auglýsinga vöru og þjónustu er eitt einkenni nútíma viðskiptahátta. Blöð og tímarit, útvarp og sjónvarp flytja viðskiptavinum sínum daglega fjölda þessara auglýsinga í miklu úrvali. Sjónvarp hefur þó algera sérstöðu á þessu sviði sem nýr og einhver áhrifamesti fjölmiðill sem enn er fundinn upp. Framleiðendur, heildsalar og smásalar reyna með þessum hætti að ná athygli almennings hver í kapp við annan, gylla vöru sína með öllum ráðum. Hér má auðvitað við bæta ýmsu fleiru en beinum vöruauglýsingum eða verslunarauglýsingum. Ýmsar aðrar auglýsingar, sem dynja yfir okkur, eru með þeim hætti að það er full ástæða til að endurskoða þær einnig, þótt þær falli kannske ekki eins inn í þessi lög og þurft hefði.

Það má segja að í þjóðfélagi sem okkar gegni auglýsingar þýðingarmiklu hlutverki, bæði fyrir seljanda og neytanda, en innan hæfilegra marka þó. Í grg. er bent á það, að auglýsingaflaumur allsnægtaþjóðfélagsins, sem við erum stundum að guma af, sé kominn út fyrir gagnsemismörkin, hann grundvallist á þeirri staðreynd að þörfum margra er fullnægt og meira en það. Þeir, sem eiga nóga peninga, þurfa þess vegna beinlínis að láta búa til þarfir handa sér, — þeir sem hafa mesta kaupgetuna og bestu kjörin.

Um sinn hefur að vísu syrt að hjá miklum hluta fólks þó að mikil kaupgeta sé enn áberandi hjá stórum þjóðfélagshópum. En þetta að búa til þarfirnar er að verða stífellt meira áberandi og auglýsingar eru því reknar sem háþróuð vísindi, ég tala nú ekki um í því móðurlandi auglýsinganna, Bandaríkjunum, þar sem þetta gengur hvað lengst. Þar er um sálfræði að ræða sem hefur það viðfangsefni að vekja hjá manninum löngun sem hann fann ekki fyrir áður.

Gamlar kennisetningar um lögmál framboðs og eftirspurnar eru því löngu orðnar marklausar að þessu leyti varðandi fjölda fólks, og það á við um sorglega marga að aðrir búa til þarfir handa þeim. Maðurinn er ekki fullkomlega sjálfráður um þær í raun. Það er rétt að lagagr., sem að þessu lúta sérstaklega í þessum nær 44 ára gömlu lögum, eru nokkuð ákveðnar og segja töluvert mikið. En það, sem ég set mest út á og held að þurfi mikillar athugunar við, er að þær eru ekki nógu tæmandi.

Við flm. bendum á það í grg. að auglýsingar gegna ákveðnu hlutverki. Þær njóta viðurkenningar og fyrirgreiðslu og þess vegna hvílir á þeim mikil þjóðfélagsleg ábyrgð og gildi þeirra byggist á tiltrú neytenda. Áhrif þeirra eru mikil og þess vegna er nauðsynlegt að vanda til þeirra og koma í veg fyrir allar skaðlegar verkanir og óæskilegan boðskap. Í grg. er auk þess bent á nokkur atriði sem þyrftu beinlínis að koma inn í upptalningu um hvað varast beri í auglýsingum. Ég vil leyfa mér að lesa upp þessi atriði:

Auglýsingar eiga aldrei að vera þess eðlis að þær færi sér í nyt reynsluleysi eða kunnáttuleysi þeirra sem þeim er beint til. Þær eiga aldrei að höfða til hjátrúar og því síður til ótta eða bera með sér staðhæfingar sem eru til þess fallnar að villa um fyrir fólki eða vekja upp hugboð sem er villandi um ástand eða eiginleika. Þær ættu aldrei að sýna eða lýsa atvikum sem brjóta almennar varúðarreglur eða gætu ýtt undir vanrækslu í þeim efnum, t. d. hvað viðvíkur meðferð á rafmagni, vatni eða eldi eða umferðarreglum og fyrirmælum stjórnvalda. Auglýsingum ætti aldrei að beina til barna eða unglinga og ekki ættu þær að bera með sér staðhæfingar eða myndir, sem gætu reynst börnum og unglingum skaðlegar sálrænt og siðferðislega eða hefðu skaðleg áhrif á uppeldi þeirra og afstöðu til uppalenda þeirra. Þær ættu ekki heldur að færa sér í nyt eðlilega trúgirni barna eða reynsluleysi. Og síðasta atriðið er um það, að auglýsingar ættu aldrei að færa sér í nyt vonir þeirra, sem haldnir eru sjúkdómum, eða færa sér í nyt dómgreindarleysi sjúkra og þjáðra með loforðum um lækningu. Varast ætti allar auglýsingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á þá sem haldnir eru spila- eða veðmálafíkn.

Þessi atriði eru ekki tæmandi, heldur tekin af handahófi. Það, sem vakir fyrir okkur flm.,

er fyrst og fremst að endurskoða þessi lög og gera þau fyllri og ítarlegri. Það hlýtur að vera full þörf á því með jafngömul lög og hér er um að ræða og þær gífurlega breyttu aðstæður í þjóðfélaginu sem við stöndum andspænis gagnvart auglýsingaiðnaðinum.

Ég hef leyft mér að vitna í grg. Hún segir í raun og veru flest sem segja þarf um ástæður þess að þessi till. er flutt. Auglýsingin er hér aðalatriðið og það er af ofureðlilegum ástæðum. Það er lítt sambærilegt, eins og ég sagði áðan, hvernig auglýst er nú og fyrir 40 árum. Auglýsingatæknin, möguleikarnir, fjölmiðlarnir og fjölbreytnin þar, allt þetta gerir það að verkum að brýn nauðsyn er að gera allar þessar reglur ítarlegri og gera mögulegt að auðvelt sé um að dæma hvaða auglýsingar eigi rétt á sér og hverjar ekki.

Það er ýmislegt, sem hér þarf að athuga. Ég fullyrði að yfirleitt eru t. d. íslenskar sjónvarpsauglýsingar ólíkt betur unnar og um leið sannari þó en velflestar þær útlendu sem margar hverjar eru svo forheimskandi að þær mæla beinlínis gegn þeirri vöru sem verið er að gylla. Þær eru því að þessu leyti til saklausar. En um leið vaknar sú spurning: Hvaða rétt eiga slíkar forheimskandi auglýsingar inn á hvert heimili í sjónvarpi t. d.? Ég dreg hann stórlega í efa. Börn og unglingar og jafnvel við hin fullorðnu erum býsna viðkvæm og á vissan hátt móttækileg fyrir slíkum auglýsingum þrátt fyrir allt, og nóg er til í fjölmiðlum af ýmsu tagi til þess að brjála dómgreind okkar þó að ekki sé bætt þar ofan á með auglýsingum sem ég hirði ekki um að tilgreina, en mér hafa oft ofboðið algerlega.

Sjónvarpsauglýsingar voru hér mjög til umr. á síðasta þingi. Þar á meðal var um það rætt að banna erlendar auglýsingar, og um leið voru höfð sterk orð um þær á hinn neikvæða veg. Undir margt af því get ég fúslega tekið. En innlendu sjónvarpsauglýsingarnar sumar hverjar hafa þó vakið upp hjá mér vissar efasemdir og spurningar og einstakar þeirra vakið slíka andúð hjá mér að ég hef sannfærst um að endurskoðun umræddrar löggjafar sé nauðsynleg. Ég hef fengið um það ábendingar hjá svo glöggum mönnum að ég hlýt að taka þar á mikið mark. Einn kunnasti og virtasti bókaútgefandi landsins hafði við mig samband fyrir skömmu og hvatti mig mjög eindregið til þess að ná þessari endurskoðun fram. Síðan benti hann mér á ýmis dæmi sem hann hafði tekið eftir varðandi auglýsingar okkar sem hann taldi beinlínis að hefði átt að banna. Hann tók eina sérstaklega sem dæmi, — auglýsingu sem menn hafa eflaust skemmt sér ræklega við nú í kringum áramótin og fara sennilega að gera nú aftur og var leikin svo vel að raunverulegur boðskapur hennar fór í raun og veru fram hjá fólki. Hér var þó hvorki um meira né minna að ræða, sagði þessi ágæti bókaútgefandi, en að það var æðsta menntastofnun okkar sem þessari auglýsingu stóð. Þar var blátt áfram, ef grannt var skoðað, hvatt til þess að menn viðhefðu svik í spilum, og það var sett í samband við Happdrætti Háskólans á vægast sagt ósmekklegan máta. Það var því ekki nema von að lítill frændi þessa bókaútgefanda segði: „Svona á að spila, svona á að græða.“

Ég held að með nákvæmum reglum um auglýsingar hefði þessi auglýsing varla sést í sjónvarpinu. Þetta dæmi er tekið beint frá þessum ágæta bókaútgefanda, ekki síst fyrir þá sök að hann vildi að það kæmi hér glögglega fram í sambandi við þessa till. og einmitt að þarna var ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, þar sem var Háskólinn sjálfur.

Tóbaksauglýsingar eru bannaðar hér, en í auglýsingum eru reykingar ræklega auglýstar og í raun og veru lofsungnar. Það er reyndar gert víðar og e. t. v. á enn umdeilanlegri hátt í sjónvarpi, svo sem frægt varð á s. l. ári. Hið sama má auðvitað segja um auglýsingu áfengis af ýmsu tagi í dagskrá sjónvarpsins alveg sérstaklega. Þar hefur það jafnvel borið við að heil leikrit hafa verið byggð upp á drykkjuskap, bæði fegruðum, alveg sérstaklega fegruðum og reyndar ófegraðri mynd hans líka. Þetta er sérkapítuli sem væri þó freistandi að ræða, en á tæpast heima í þessum umr. og snertir þær ekki beint, þó að unnt væri að nefna sláandi dæmi um óbeinar auglýsingar af þessu tagi.

Ég vil nefna aðeins dæmi sem snertir þá upptalningu er í grg. felst. Umferðarmál okkar hafa af eðlilegum ástæðum verið mjög á döfinni og sérstakir umferðarþættir til varnaðar hafa verið fluttir, svo sem eðlilegt og sjálfsagt er. Það hefur verið býsna ömurlegt að horfa nokkrum mínútum áður á auglýsingar frá bílasölu hér sem hafa vægast sagt ekki verið til varnaðar, heldur þvert á móti sýnt hinn svæsnasta glannaskap og jafnvel bein brot á öllum umferðarlögum og þá alveg sérstaklega hvað bein öryggismál snertir, — auglýsingar sem tvímælalaust ættu að hverfa ef hér væri fastar og ákveðnar að orði kveðið í endurskoðuðum lögum. Aðeins eitt dæmi af mörgum.

Og svo eru lækningaauglýsingarnar, töframeðulin sem við höfum verið blessunarlega laus við, þó að alltaf öðru hverju hafi þeim skotið upp og ekki aðeins veittar falskar vonir, heldur ekki síður sumar hverjar beinlínis verið skaðlegar. Hér held ég að sjónvarpið okkar blessaða sé tiltölulega laust við, þó að þar hafi þessi vettvangur verið notaður býsna vel af framleiðendum ýmiss konar til að koma vöru sinni á framfæri.

Sumir vilja í alvöru halda því fram að auglýsingaflóðið sé svo yfirþyrmandi að það skipti þess vegna litlu máli um ákvæði þar að lútandi, hvort þau eru gerð strangari eða nákvæmari. Það er sagt að auglýsingar séu orðnar óþægilega fyrirferðarmiklar í þjóðlífinu, og mér þykja þær vægast sagt hvimleitt fyrirbæri, t. d. í útvarpi og sjónvarpi, sem margtuggnar eru um ágæti ýmissa vörutegunda, nauðsyn þessa og hins, þó að enn fáum við að vera í friði fyrir þessum auglýsingum inni í miðri dagskrá svo sem er í Bandaríkjunum t. d. En án takmarkana og fastari regina hér um er ég sannfærður um að ýmsir hvimleiðir fylgifiskar óæskilegrar auglýsingamennsku muni aukast hér að miklum mun á næstunni, ef skorður verða þar ekki við reistar.

Ég vil hins vegar taka það mjög skýrt fram,

að eðlileg auglýsingastarfsemi er sjálfsögð í nútímaþjóðfélagi og við henni er síst verið að amast með þessari till., eins og ég heyrði utan að mér á sínum tíma. Ég dreg hins vegar ekkert úr andúð minni á því að sífellt sé verið að búa til þarfir handa fólki og gylla þær með glæstum, en meira og minna ósönnum auglýsingum. Hér kann að vera komið að hinu margrómaða og margumtalaða frelsi sem ekki hvað síst kemur fram í ýmsu því er lýtur að verslun og viðskiptum og er meira og minna byggt á fölskum forsendum. En hér þarf vissa rönd við að reisa. Till. okkar hv. þm. Stefáns Jónssonar er tilraun í þá átt að málið allt verði athugað, að bestu menn verði til kvaddir að gera þau ákvæði sem ítarlegust sem á er þörf og umfram allt hindra óæskilega þróun sem ýmislegt bendir til nú þegar og vitað er að á verður sótt af ofurkappi ef ekkert verður við gert.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því að þessari till. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 3. febr. 1977.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þ. Þórðarson skólastjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi.

Steingrímur Hermannsson,
2. þm. Vestf."

Ólafur Þ. Þórðarson hefur setið áður á þingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 45. fundur.

Mánudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. febr. 1977.

Samkvæmt beiðni Ellerts B. Schram, 11. þm. Reykv., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður hans, Geirþrúður Hildur Bernhöft félagsmálafulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 233). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Í stefnuræðu forsrh., er hann flutti hér á Alþ. 25. okt. s. l., og í ræðu þeirri er ég flutti við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1977, var boðað að lagt yrði fram á þessu þingi frv. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Helstu stefnuatriði þess frv. yrðu:

að endurskoðun laganna leiddi ekki til aukinnar skattbyrðar og tryggði réttlátari skattalöggjöf og skattbyrðinni milli skattborgaranna væri skipt á sanngjarnari hátt en gildandi reglur fela í sér;

að samræma bæri álagningargrunn tekjuskatts og útsvars með það fyrir augum að nálgast skatt á brúttótekjur;

að haga skattlagningu hjóna þannig að fyrst og fremst yrði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna, en í minna mæli eftir því hvernig tekjuöflun heimilanna er háttað, þ. e. hvort bæði hjóna vinna utan heimilis eða einungis annað þeirra. Var því lýst að skattalög og framkvæmd verði að tryggja jafnrétti karla og kvenna;

að við skattlagningu þeirra, sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, bæri að skilja á milli atvinnurekanda og fyrirtækis við skattútreikning, en einstaklingur í atvinnurekstri nyti síðan sömu skattakjara og sambærileg fyrirtæki. Var bent á sem leið í þessu efni að reikna atvinnurekendum launatekjur frá eigin fyrirtæki eða líta á úttekt eiganda eða þann lífeyri, sem hann hefur notað sér og sínum til framfærslu, sem skattstofn;

að endurskoða bæri fyrningarreglur skattalaganna og ákvæði um skattskyldu söluhagnaðar og skattleggja bæri í ríkara mæli söluhagnað eigna sem fyrndar hafa verið í atvinnurekstri; jafnframt að koma í veg fyrir sölu eigna milli fyrirtækja og þær fyrndar að nýju án þess að söluhagnaður komi til skattlagningar hjá seljanda;

að endurskoða skyldi framkvæmd skattalaga þannig að tryggja sem best, að hver skattþegn beri þann skatt sem honum er ætlað samkvæmt gildandi skattalöggjöf á hverjum tíma, og tryggja samræmda framkvæmd skattalaganna alls staðar í landinu.

Eins og fram kemur í upphafi hinnar almennu grg. með frv., sem hér er til umr., verður að líta á það sem þátt í heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins sem unnið hefur verið að æðilengi. Verkið hófst að tilhlutan Magnúsar Jónssonar þáv. fjmrh. í beinum tengslum við undirbúning að aðild Íslands að EFTA í lok síðasta áratugs. N., sem hann skipaði í málið og starfaði á árunum 1969—1971, fjallaði nær eingöngu um skattlagningu atvinnurekstrar og skilaði skýrslu þar að lútandi og vann að samningu frv. sem á árunum 1970 og 1971 voru til meðferðar á Alþ.

Halldór E. Sigurðsson lét sem fjmrh. halda þessu starfi áfram í höndum nýrrar n. sem falið var mun víðtækara verkefni. Henni var ætlað að gera úttekt og endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins og móta heildarstefnu á því sviði í nánu samráði við sérstaka þingnefnd sem tilnefnd var af þingflokkunum og hagsmunasamtökum eftir því sem unnt reyndist. Skyldi n. þessi vinna í samráði við þær aðrar n. sem skipaðar höfðu verið til að fjalla um almannatryggingakerfið og tekjuöflun sveitarfélaga. Þessi n. skilaði heildarskýrslu í nóv. árið 1973 og var þeirri skýrslu dreift á Alþ. og víðar og hefur að geyma yfirlit yfir þetta endurskoðunarverk fram til þess tíma. Þar var gerð úttekt á tekjuöflunarkerfi ríkisins eins og það þá var og í öllum megindráttum er enn, jafnframt því sem sett voru fram drög að stefnumótun um nýtt tekjuöflunarkerfi sem fullnægði þeim ýmsu kröfum sem virk fjármálastjórn ríkisins gerir til tekjuöflunar ríkisins.

Í beinu framhaldi af starfi þessarar n. og á grundvelli þeirra hugmynda, sem hún hafði sett fram, var í fjmrn. unnið að nýju frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt og voru drög að slíku frv. gerð.

Í upphafi ársins 1975 var skipulagi á þessu starfi breytt. Þá voru myndaðir vinnuhópar sem gera skyldu till. um breytingar á ýmsum sviðum skattamála í framhaldi af því verki sem að framan var lýst. Í því sambandi hefur verið lokið grg. um staðgreiðslu opinberra gjalda og um virðisaukaskatt. Unnið var að og lokið till. um ýmsa þætti tekjuskatts og samhæfingu skattgreiðslna og bóta almannatrygginga, sem leiddi til breytinga á tekjuskatts- og tryggingalögum á vorinu 1975. Frv. til nýrra tollskrárlaga var samið og það afgr. á Alþ. fyrir jól. Og loks liggur hér fyrir þetta frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt sem beinn árangur þessa verks.

Ég vil nota þetta tækifæri til að leggja áherslu á hversu nauðsynlegt er að vinna markvisst að þessari heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfisins. Nefndarskýrslan frá 1973 skýrir mjög ítarlega ýmsa vankanta, sem eru á gildandi kerfi, og hvernig því í mörgu tilliti er áfátt, t. d. til að ríkisfjármálin geti verið virkur þáttur í hagstjórn og ráðandi afl um hvert sé eftirspurnarstigið í hagkerfinu á hverjum tíma. Sá tolltekjumissir, sem ákveðinn hefur verið með setningu tollskrárlaganna í desembermánuði s. l., gerir þetta verk knýjandi, þar eð finna þarf aðrar leiðir til að afla þeirra tekna eða draga verulega úr þjónustu eða umsvifum ríkisins á einhverjum sviðum. Þess eru oft mörg dæmi að fyrirhöfn og kostnaður við álagningu og innheimtu ýmissa smærri tekjustofna ríkissjóðs séu óhæfileg og þá í mörgum tilfellum ekki síður fyrir borgarana heldur en ríkið sjálft.

Auk þess að vera þannig liður í mjög nauðsynlegri heildarendurskoðun löggjafar á sviði tekjuöflunar verður að skoða þetta frv. í ljósi þeirrar umr. sem fram hefur farið meðal fólks að undanförnu, ekki hvað síst á síðasta ári, um það ranglæti sem talið er vera ríkjandi í álagningu og innheimtu tekjuskatts. Svo hvöss og svo almenn sem þessi umr. varð og svo mikið sem sú gagnrýni, sem þar kom fram, hafði til síns máls virðist hún hafa verið næsta einstaklingsbundin. Ljósast varð þetta á s. l. hausti þegar blaðamenn og starfsmenn fjölmiðla, sem tóku ríkan þátt í þessari umr., fengu tækifæri í sjónvarpi til umfjöllunar um þetta efni. Virtist þá svo sem þá skorti grundvallarþekkingu til að geta borið fram markverðar spurningar sem gætu varpað ljósi á þau vandamál, sem til umr. höfðu verið.

Í þessari umr. allri saman var stundum fleygt þeirri hugmynd að leggja bæri niður tekjuskatt þar eð hann væri eingöngu orðinn skattur á launafólki. Ríkisskattstjóri hefur með tölfræðilegum athugunum sínum á skattálagningu leitt í ljós að þessi staðhæfing um tekjuskatt sem skatt launþeganna eingöngu er ekki raunhæf. Hugmyndin um niðurfellingu tekjuskatts er að mínu mati heldur ekki raunhæf. Tilflutningur tekjuskatts til sveitarfélaganna ásamt tilflutningi verkefna til þeirra kemur mjög til álita. Þar á ofan er mikilvægt atriði í þessu sambandi að tekjuskattur er einn af sárafáum, ef ekki eini tekjustofninn, sem einhverju máli skiptir í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, sem ekki er stiglækkandi eftir tekjum. Ekki liggja fyrir neinar rannsóknir á því hvernig skattar ríkisins að öllu samanlögðu leggjast á fólk eftir mismunandi tekjuhæð. Þá er ljóst að æðimargar tegundir skattlagningar eru hlutfallslega þungbærari fyrir fólk með lágar tekjur heldur en fólk með háar tekjur. Benda má á þá skattlagningu, sem felst í tollum, vörugjaldi og söluskatti af heimilistækjum eða útvarps- og sjónvarpstækjum. Séu tekin hin algengustu tæki af þessu tagi, eins og sjónvarpstæki, ísskápur, þvottavél og e. t. v. frystiskápur, sem allt er nú til á flestum heimilum, er skatturinn, sem af þessu hefur verið greiddur í ríkissjóð, miklu stærri hluti af tekjum lágtekjumannsins heldur en hátekjumannsins. Tekjuskatturinn stingur hér í stúf. Hann leggst ekki á fólk með lægstu tekjurnar og fer ekki að verða mjög þungbær, t. d. hærri en fjórðungur af bruttótekjum, fyrr en komið er upp í verulega há tekjumörk. Þessi stighækkandi skattur, þ. e. a. s. stighækkandi með tekjum, er þannig eina raunverulega mótvægið sem finna má í tekjuöflunarkerfinu á móti þeim fjölda skatta sem nú má með sæmilegu móti fullyrða að leggist á stiglækkandi eftir tekjum. Af þessum ástæðum tel ég varhugavert að hugsa til þess að tekjuskattur yrði afnuminn með öllu.

Hins vegar tel ég að sú umr., sem ég hér vitnaði til um misréttið í skattamálum, hafi leitt í ljós nauðsyn þess að fjölmiðlar og ríkið sjálft reyni með hlutlægum hætti að fræða fólk um skatta og skattakerfi, svo að menn séu þess betur umkomnir að leggja mat á hvers konar æsifréttir, sem fram er teflt, og réttmæti þeirra.

Þá er það ljóst að skattalög verða aldrei betri en framkvæmd þeirra er í raun. Um réttlæti þeirra, eins og þau standa í lögbókum á hverjum tíma, má að sjálfsögðu deila, en það er eilífðarverkefni fjmrn. og skattyfirvalda að bæta um framkvæmd þeirra laga og eru ýmsar hugmyndir í athugun í því efni.

Almennur tekjuskattur var leiddur í lög á Íslandi með lögum nr. 74 frá 1921. Frá þeim tíma hafa að vísu verið gerðar ótal breyt. á tekjuskattslögunum, en jafnan hefur verið byggt á þeim grunni sem lagður var með lögunum frá 1921. Hafa allar breyt. verið felldar inn í ramma þeirra laga.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér till. til nýrrar heildarlöggjafar um tekjuskatt og eignarskatt. Er hún ný frá rótum að því leyti, að vikið er frá uppsetningu fyrri laga um þetta efni og reynt að haga niðurröðun efnis þannig að það sé sem aðgengilegast.

Frv. er skipt í 14 kafla. 1. kafli frv. fjallar um skattaðild, þ. e. a. s. hvaða aðilar eru skattskyldir hér á landi. 2. kafli frv. fjallar um skattskyldar tekjur. Í honum er skilgreining á tekjuhugtakinu í víðustu merkingu, þ. e. a. s. bruttótekjum, og er hún að mörgu leyti víðari en sú skilgreining sem gilt hefur hingað til hér á landi. 3. kafli frv. fjallar um þann frádrátt sem heimilaður er frá tekjum samkvæmt 2. kafla. Er þar gerður munur á því, sem einstaklingi, sem ekki stundar rekstur, er heimilt að draga frá tekjum sínum, annars vegar og hins vegar frádrætti, sem heimilaður er frá tekjum af atvinnurekstri. 4. kafli frv. hefur að geyma ýmis

ákvæði um tekjur. Hér er safnað saman ýmsum ákvæðum sem varða tekjur, en eigi þóttu þó beinlínis eiga heima í 2. eða 3. kafla frv. Þegar frá tekjum hefur verið dreginn heimilaður frádráttur kemur út sá stofn sem skattur er reiknaður af, eða svonefndur tekjuskattsstofn, en um hann fjallar 5. kafli frv. 6. kafli þess fjallar síðan um hvernig tekjuskattur er reiknaður af þeim stofni, sem skilgreindur er í fyrri köflum frv., svo og um afslætti og barnabætur frá þeim reiknaða skatti. 7. kafli fjallar um eignarskatt. En í 8.—14. kafla eru ákvæði er varða skattyfirvöld, álagningu, úrskurði, kærur, viðurlög, innheimtu skattsins og önnur atriði.

Breytingar frv. eru ekki bundnar við formið eitt, heldur eru í því verulegar efnisbreytingar um fjölmörg atriði er varða skattlagningu, og tel ég rétt að geta fyrst meginbreytinga sem í frv. felast, áður en ég fjalla nánar um einstök atriði þeirra.

Í fyrsta lagi er vikið frá gildandi ákvæðum laga um frádrætti. Ýmist eru þessir liðir alveg felldir niður eða birtast í formi afsláttar frá skatti. Með þessu næst það markmið að stofn til útreiknings tekjuskatts verður hinn sami og stofn til útreiknings útsvars, og horfir það til verulegrar einföldunar, auk þess sem fækkun frádráttarliða ætti að geta orðið til að minnka fyrirhöfn við framtal og úrvinnslu framtalsgagna.

Í öðru lagi er reglunni um skattlagningu hjóna breytt. Í þess stað, að samkv. núgildandi lögum skuli skattur reiknaður sameiginlega af tekjum hjóna, eftir að helmingur af launatekjum konunnar eða ákveðið hámark af atvinnurekstrartekjum hennar hefur verið dregið frá, er lagt til í frv. að skattstofni hjóna sé skipt í tvennt til jafns og skattur reiknaður af hvorum helming fyrir sig, en heimild útivinnandi eiginkonu til 50% frádráttar af launatekjum eða hámark af atvinnurekstrartekjum verði felld niður. Með þessu næst það markmið að skattlagning heimilanna verður óháð því hvernig makar skipta með sér störfum innbyrðis og hvernig tekjuöflunin skiptist á milli þeirra. Eftir sem áður er tekið visst tillit til þess kostnaðar sem af tekjuöflun leiðir ef báðir makar vinna utan heimilis til þess að afla tekna. Er það gert í formi afsláttar frá skatti annars vegar, svonefnds heimilisafsláttar, en hins vegar með barnabótaauka.

Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á skattalegri meðferð þeirra einstaklinga sem við atvinnurekstur fást á eigin ábyrgð. Er lagt til að tap, sem verður af atvinnurekstri einstaklings, verði ekki frádráttarbært frá öðrum tekjum sem einstaklingurinn hefur. Hins vegar verður þetta tap yfirfæranlegt eins og annað rekstrartap og getur komið á móti hagnaði sem síðar verður af atvinnurekstrinum. Jafnframt er einstaklingum, sem atvinnurekstur stunda, gert að reikna sér laun af vinnu sinni við þann rekstur eins og sú vinna hefði verið innt af hendi hjá óskyldum aðila. Þessi laun teljast þeim til tekna, en aftur á móti til gjalda í rekstrinum, og verður yfirfæranlegt ef það leiðir til taprekstrar.

Í fjórða lagi er fyrirhuguð breyting á reglum um fyrningu og söluhagnað. Horfa þessar breytingar fyrst og fremst í einföldunarátt, einkum að því er varðar fyrningar af lausafé. Er gert ráð fyrir því að framvegis verði lausafé fyrnt af bókfærðu verði slíkra eigna í árslok í stað þess að nú er fyrnt af kostnaðarverði hverrar eignar fyrir sig. Sé eign seld færist söluverð hennar til lækkunar á bókfærðu verði og söluhagnaður kemur því óbeint til skattlagningar í formi lækkaðra fyrninga næstu ár á eftir. Reglurnar um skattlagningu söluhagnaðar af atvinnurekstrareignum eru hertar, þar sem frv. gerir ráð fyrir að söluhagnaður verði skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma seljandans. Er þar með sett undir þann leka, sem er í gildandi lögum og gerir mönnum kleift að njóta skattfrjáls raunverulegs söluhagnaðar í verulegum mæli.

Í fimmta lagi er þess að geta, að í köflum laganna, sem varða framkvæmd, skattlagningu og viðurlög, eru gerðar veigamiklar breytingar. Gert er ráð fyrir seinkun á útkomu skattskrár, þannig að upplýsingar þær, er hún hefur að geyma, verði mun réttari en þær upplýsingar sem koma fram með núverandi fyrirkomulagi.

Skipun ríkisskattanefndar er breytt. Í stað þess að í n. eiga sæti 3 aðalmenn og 3 varamenn, sem allir taka meira og minna þátt í störfum n., er lagt til að n. verði skipuð 3 mönnum sem hafi nefndarstörfin að aðalstarfi. Jafnframt verði skattsektir nú í höndum ríkisskattanefndar, en sú sérstaka skattsektarnefnd, sem starfar samkv. gildandi lögum, verði felld niður. Viðurlög við skattsvikum verði þyngd að ýmsu leyti og veigamesta breytingin sú, að gert er ráð fyrir því að ítrekuð brot eða miklar sakir geti leitt til sambærilegra fangelsisdóma og um væri að ræða fjárdrátt, fjársvik eða önnur auðgunarbrot samkv. hegningarlögum.

Verkefni eins af vinnuhópunum, sem getið var um áðan, var að gera till. um samhæfingu tryggginga- og skattakerfis og að athuga hvort ekki mætti færa tekjuskattsgrunn einstaklinganna nær heildartekjum þeirra. Var frumbreyting í þessa átt lögleidd á árinu 1975 með persónuafslætti, eins og ég gat um áðan. Vinnuhópur þessi skilaði áfangaskýrslu í nóvembermánuði s. l. þar sem gerðar voru till. um breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Er þessum till. í aðalatriðum fylgt í frv. þessu.

Meginbreytingin, sem frv. felur í sér að þessu leyti, er sú, að skattgrunnur til tekjuskatts verði hinn sami og skattgrunnur til tekjuútsvars. Samkv. gildandi lögum eru veittir nokkrir frádrættir frá vergum tekjum áður en útsvar er af þeim reiknað. Hins vegar eru mun fleiri frádrættir veittir frá vergum tekjum áður en tekjuskattur er reiknaður af þeim. Hér er lagt til að sá skattgrunnur, sem tekjuskattur reiknast af, verði nánast hinn sami og sá sem útsvar verður þá reiknað af. Í þessu felst að gerð er till. um niðurfellingu velflestra þeirra frádráttarliða sem nú eru heimilaðir samkv. gildandi lögum. Við álagningu tekjuskatts árið 1976 nam frádráttur frá brúttótekjum, áður en skattur var reiknaður, rösklega 21% af brúttótekjum, en mismunur brúttótekna og tekjuskattsstofns samkv. frv. yrði hins vegar aðeins um 3% eða svipaður og mismunur brúttótekna og vergra tekna til skatts í

dag. Þeir frádrættir, sem lagt er til að niður verði felldir, eru m. a. iðgjald af lífeyristryggingu, iðgjald af lífsábyrgð, stéttarfélagsgjöld, sjúkra- og slysapeningar, gjafir til menningarmála, kostnaður við öflun bóka, giftingarfrádráttur, björgunarlaun, námsfrádráttur af tekjum nemanda sjálfs, frádráttur að námi loknu vegna námskostnaðar sem stofnað var til eftir 20 ára aldur, verkfærakostnaður, vaxtagjaldafrádráttur, fasteignagjöld, fyrning og viðhaldskostnaður af íbúðarhúsnæði. Ýmsum þessara frádráttarliða er breytt í afslátt frá skatti, en kosturinn við að hafa afslátt í stað frádráttar er m. a. sá, að skattafsláttur nýtist jafnt öllum sem ná reiknuðum skatti, en frádráttur frá tekjum, áður en skattur er reiknaður, nýtist hins vegar þeim betur sem eru í hærra skattþrepinu.

Þeir skattafslættir, sem frv. gerir ráð fyrir, auk persónuafsláttar og heimilisafsláttar, sem þegar er getið, eru launaafsláttur, vaxtaafsláttur, viðhaldsafsláttur, sjómannaafsláttur og fiskimannaafsláttur. Í launaafslætti felst það, að gjaldanda er heimilt að draga 2% af launatekjum sínum frá skatti. Þessum afslætti er ætlað að koma í stað ýmissa frádráttarliða í gildandi lögum, einkum þeirra sem allir launþegar hafa notið, t. d. iðgjalda af lífeyristryggingu, stéttarfélagsgjalda o. s. frv. Einnig er honum ætlað að koma í stað ýmissa frádráttarliða, sem flestir gjaldendur njóta einhvern tíma á lífsleiðinni, svo sem giftingarfrádráttar, námsfrádráttar o. s. frv. Í stað heimildar gildandi laga til að draga vaxtagjöld frá tekjum gerir frv. ráð fyrir sérstökum vaxtagjaldaafslætti er nemur 25% af vaxtagjöldum viðkomandi gjaldanda. Þá er það nýmæli varðandi þennan afslátt, að öllum gjaldendum er heimill ákveðinn lágmarksvaxtafrádráttur án tillits til þess hvort þeir hafa vaxtagjöld eða ekki. Er hugmyndin að þessi staðlaði afsláttur komi þeim til góða sem ekki bera skuldir vegna eigin húsnæðis og þá að jafnaði búa í leiguhúsnæði, en eins og kunnugt er er húsaleiga ekki frádráttarbær til skatts. Þá er gert ráð fyrir heimild til að draga frá skatti viðhaldsafslátt sem nema skal 25% af greiddri viðhaldsvinnu við íbúð sem gjaldandinn á og hefur til eigin afnota, allt að vissu marki. Greinir menn nokkuð á um ágæti núgildandi heimilda um að draga viðhaldskostnað frá tekjum áður en skattur er á þá lagður. Annars vegar er það sjónarmið að slík frádráttarheimild stuðli að því að vinnulaun við viðhald séu gefin upp til skatts. Hins vegar hefur þessi frádráttur í för með sér gífurlega vinnu fyrir skattyfirvöld vegna þess að mjög erfitt er að skera úr um hvenær er um að ræða frádráttarbært viðhald og hvenær er um að ræða endurbætur sem ekki eru frádráttarbærar. Telja margir þeir, sem að skattamálum vinna, að ákvæðin um viðhaldsfrádrátt hafi ekki leitt til þess að laun við viðhald hafi verið gefin upp sem skyldi, en hins vegar hafa deilur orðið mjög miklar út af þessari heimild. Er til marks um þessi vandkvæði að af 797 málum, sem lágu fyrir ríkisskattanefnd um s. l. áramót, voru um 700 vegna ágreinings um viðhaldsfrádrátt. Sömu rök og gagnrök sem eiga við um viðhaldsfrádrátt eiga einnig við um viðhaldsafslátt. Hins vegar þótti ekki fært að leggja til í frv. að fella hann niður. En þetta er eitt af þeim atriðum sem þingið og fjh.- og viðskn. ættu að gefa gaum að hvort vert er að yrði breytt frá því sem gert er ráð fyrir í frv. Sjómannaafslætti og fiskimannaafslætti er ætlað að koma í stað hliðstæðra frádráttarliða sem eru í gildandi lögum.

Með niðurfellingu frádráttarliðanna er stigið nokkuð róttækt skref í átt til einföldunar skattkerfisins. Því er ekki að neita að ákveðnar ástæður lágu til upptöku flestra þeirra frádráttarliða sem hér er lagt til að niður verði felldir. Má segja að margir þeirra séu sanngjarnir ef litið er á þá út af fyrir sig hvern og einn. Þegar þeir koma hins vegar allir saman í skattalögunum hafa þeir valdið því, að skattbyrði einstaklinga með sömu tekjur hefur verið ákaflega misjöfn og því valdið í reynd misræmi sem erfitt er að sætta sig við og hefur valdið megnri óánægju meðal landsmanna. Nú reynir því á hvort menn vilja í reynd fá einföldun sem ætið er verið að tala um að þurfi að vera á skattkerfinu. Því er ekki að leyna, að hún getur komið einstökum gjaldendum illa á tilteknum árum í samanburði við gildandi lög. Má finna þess mörg dæmi að skattbyrði manna, sem best hefur notast af frádráttarliðum gildandi laga, aukist nokkuð samkv. frv.

Ég gat þess áðan að frádráttur vegna fasteignagjalda, fyrningar og viðhaldskostnaðar á íbúðarhúsnæði, sem gjaldandi býr í sjálfur, væri meðal þeirra frádráttarliða sem felldir væru niður. Þetta er þáttur í að fella niður bæði tekjur og gjöld af eigin húsnæði. Verður á móti felld niður eigin húsaleiga til tekna. Við álagningu 1975 vógu þessir liðir nokkurn veginn salt, en það ár voru bæði tekjur og gjöld af íbúðarhúsnæði reiknuð sem hlutföll af fasteignamati. Þessu var breytt við álagningu 1976 og viðhaldskostnaður heimilaður til frádráttar samkv. reikningi. Við þetta má ætla að frádráttur vegna viðhalds hafi hækkað verulega, en á móti því ætti að vega sá viðhaldsvinnuafsláttur sem gerð er till. um í 4. tölulið 64. gr. frv. Ættu þessar breytingar varðandi íbúðarhúsnæði að horfa verulega til einföldunar, og í heild ættu þær breytingar, sem ég hef rakið hér að framan, að geta auðveldað upptöku staðgreiðslukerfis ef ákvörðun yrði tekin um slíkt.

Allt frá því að almennur tekjuskattur var leiddur í lög 1921 hefur meginreglan verið sú, að tekjur hjóna hafa verið taldar saman til skattgjalds og skattur reiknaður í einu lagi af hinum sameiginlegu tekjum. Persónufrádráttur hefur hins vegar frá upphafi verið hærri fyrir hjón en fyrir einstaklinga. Á þessum fyrstu árum almennrar tekjuskattsálagningar og reyndar lengi fram eftir voru mjög mörg þrep í skattstiganum og því skipti meira máli en nú er hvar í skattstiganum umframtekjur lentu. Er konur fóru að marki að sækja út á vinnumarkað utan heimilanna lentu tekjur þeirra því sem umframtekjur heimilisins í tiltölulega háu skattþrepi. Þetta þótti að mörgu leyti ósanngjarnt, og voru ýmis frv. flutt á Alþ. sem ætlað var að bæta úr þessu. Þannig má t. d. nefna að árið 1951 flutti Gylfi Þ. Gíslason frv. um helmingaskipti tekna hjóna til skatts fram að vissu teknamarki. Árið 1952 flutti sami þm. ásamt fleirum frv. svipaðs efnis. Og sama ár fluttu Jóhann Hafstein og fleiri frv.

sem stefndi í svipaða átt. Ekkert þessara frv. náði fram að ganga.

Hér má skjóta inn að í lög nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, síðustu málsgr. 10. gr., var sett heimild til frádráttar frá tekjum vegna heimilisstjórnar. Er þetta nánar útfært í reglugerð nr. 133/1936, en þar segir að frádráttar njóti kvæntir menn sem hafa haft ráðskonu vegna þess að eiginkonan hefur haft atvinnu utan heimilis. Þessi frádráttur mátti þó ekki nema meira en lögleyfðum persónufrádrætti vegna eiginkonu og ekki heldur vera hærri en tekjur eiginkonu utan heimilis.

Með lögum nr. 41/1954 er lagaákvæði varðandi þetta efni breytt á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, en keypt er í staðinn heimilisaðstoð, og er þá heimilt að draga frá tekjum hjónanna, áður en skattur er á þær lagður, fjárhæð er nemur persónufrádrætti konunnar samkv. 12. gr. og ⅓ af persónufrádrætti barna og annarra ómaga sem hjónin hafa á framfæri á heimili sínu. Frádrátturinn í heild má þó aldrei vera meiri en nemur ⅔ af því, sem konan vinnur inn, og heldur ekki meiri en greitt hefur verið fyrir keypta heimilisaðstoð. Til keyptrar heimilisaðstoðar telst kaup og hlunnindi þjónustufólks á heimilum og greiðslur fyrir börn á dagheimilum."

Auk þessarar breytingar á frádrætti vegna útivinnandi eiginkonu skv. l. nr. 41/1954 var jafnframt í sömu lögum reynt að leysa þetta vandamál með því að innleiða sérstakan skattstiga fyrir hjón þar sem þrepin voru stærri en í skattstiganum fyrir einstaklinga. Ekki leysti þetta hjónasköttunarvandamálið.

Árið 1956 flutti Alfreð Gíslason till. um að heimiluð yrði sérsköttun launatekna giftra kvenna. Það frv. náði ekki fram að ganga. Á sama þingi var enn flutt frv. um helmingaskiptaregluna. Voru flm. Ragnhildur Helgadóttir o. fl. Ekki náði það frv. fram að ganga heldur. Og á sömu lund fór með frv. sama efnis er sömu þm. fluttu 1957. Þá var einnig á þingi 1973 flutt af tveim þm. Sjálfstfl. frv. sem gekk í sömu átt, en það náði ekki fram að ganga.

Árið 1957 flutti meiri hl. fjhn. Nd. till. um breyt. á stjórnarfrv. því, er þá var til meðferðar í þinginu varðandi tekjuskatt og eignarskatt. Var þessi brtt. flutt að tilmælum ríkisstj. og var unnin af n. sem til þess hafði verið skipuð. Í þessari till. fólst núgildandi regla um heimild til að draga helming launatekna eiginkonu frá tekjum áður en skattur var reiknaður svo og heimild til sérsköttunar á launatekjum eiginkonu væri þess óskað. Hlaut þessi till. samþykki þingsins og var birt sem lög nr. 36/1958. Um leið var felld niður sú takmarkaða heimild sem verið hafði í lögum til þess að draga frá tekjum eiginkonu kostnað sem af útivinnunni leiddi og áður er frá greint. Má segja að hér með hafi skattlagning hjóna í megindráttum verið komin í það horf sem síðan hefur haldist óbreytt.

Þær aðferðir, sem til greina koma við skattlagningu á tekjum hjóna, eru allmargar, en í grófum dráttum má kannske segja að fjórar séu hinar helstu þeirra.

Má þar fyrst nefna algera sérsköttun sem felst í því, að tekjur hvors hjóna eru skattlagðar sem um einstakling væri að ræða og ekkert tillit tekið til þess að viðkomandi aðilar eru í hjúskap. Þessi regla er að mörgu leyti skýr og einföld, en hún hefur þann galla að afli aðeins annað hjóna tekna eru þær skattlagðar eins og um einstakling væri að ræða og ekkert tillit tekið til þess að meiri framfærslubyrði hvílir á þessum tekjum en samsvarandi tekjum einstaklings.

Annar kosturinn er sá að halda sérsköttuninni að mestu leyti, en taka þó tillit til hjúskaparins með því að hafa mismunandi skattstiga og heimila yfirfærslu á þeim ónýtta persónuafslætti, sem annað hjóna getur ekki nýtt sökum lágra tekna, yfir á tekjur hins hjónanna. Að þessu leyti yrði tekið tillit til aukinnar framfærslubyrði hjónanna miðað við einstaklinga.

Þriðji meginkosturinn er að fara þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að skipta tekjum hjóna til helminga. Má segja að í þessari aðferð felist að gengið sé skrefi lengra heldur en í síðast nefndu reglunni, þar sem þessi regla felur ekki einungis í sér að persónuafslátturinn nýtist hjá báðum hjónum, heldur nýtist neðra skattþrepið einnig hjá báðum enda þótt aðeins annað afli teknanna. Þessi aðferð hefur því þann kost umfram þá síðast nefndu að vera enn hlutlausari en hún gagnvart því hvort hjónanna vinnur fyrir tekjunum. Samkv. helmingaskiptareglunni skiptir engu máli hvernig tekjuöflun heimilisins skiptist milli hjónanna.

Fjórða meginreglan er svo sú samsköttun sem tíðkast hefur hingað til.

Hér hefur að vísu verið sett fram mjög einföld mynd af möguleikum í hjónasköttun því ótal afbrigði eru hugsanleg af hverjum þeirra kosta sem nefndir hafa verið hér að framan. Helmingaskiptareglan, sem frv. gerir ráð fyrir, hefur verið notuð bæði í Vestur-Þýskalandi og í Bandaríkjunum um alllangt skeið og þótt gefa góða raun í þeim löndum. Gert er ráð fyrir í frv. að hjón telji sameiginlega fram allar tekjur sínar og eignir á svipaðan hátt og verið hefur. Frá þessum sameiginlegu tekjum sé síðan dreginn sá frádráttur sem frv. heimilar. Mismunur af þessum tölum, svonefndur tekjuskattsstofn, er síðan tekinn og honum skipt til jafns í tvo helminga og skattur hjóna reiknaður af hvorum helmingi fyrir sig. Vinni hjónin sameiginlega meira en tólf mánuði á ári utan heimilis fá þau síðan tvenns konar afslætti frá skatti vegna þess aukakostnaðar sem af slíkri útivinnu leiðir. Er annars vegar svonefndur heimilisafsláttur sem hjónum hlotnast án tillits til þess hvort þau hafa börn á framfæri sínu eða ekki. Hins vegar er svonefndur barnabótaauki sem einungis veitist þeim hjónum sem hafa börn á framfæri sínu. Gengur hann til skuldajafnaðar öðrum opinberum gjöldum, en greiðist út ef eitthvað er þá eftir á sama hátt og barnabætur samkv. gildandi lögum. Þegar skattur hjóna hefur þannig verið reiknaður út sitt í hvoru lagi fyrir hvort hjóna um sig er hann sameinaður og birtur í einu lagi eftir nánari ákvæðum ríkisskattstjóra og innheimtur á svipaðan hátt og verið hefur, þannig að hjón bera ábyrgð á sköttum hvort annars á sama hátt og hingað til hefur gilt.

Frv. gerir ekki mun á gjaldendum eftir kyn-

ferði, gagnstætt því sem gildandi lög gera. Hugtökin karl eða kona koma ekki fyrir í frv., heldur er einungis rætt um einstaklinga eða hjón, og skiptir samkv. frv. ekki máli hvort hjónanna aflar tekna. Það hagræði, sem hjón hafa af þeim breytingum sem í frv. felast, er að mestu leyti óháð því hversu tekjuhá þau eru, gagnstætt 50% frádráttarheimildinni í gildandi lögum sem kemur konum þeim mun betur því hærri tekjur sem þær hafa. Áhrif frv. verða þau, að skattar hjá þeim hjónum, þar sem konan hefur ekki unnið utan heimilis, lækka nokkuð. Hins vegar munu skattar þeirra hjóna, þar sem konan vinnur fyrir tiltölulega háum launatekjum, breytast til hækkunar.

Ef við tökum dæmi af hjónum sem eiga tvö börn þar sem bæði vinna úti allan daginn, þá munu skattar þeirra standa í stað ef konan hefur um 1150 þús. kr. í laun. Hafi konan hærri laun munu skattarnir hækka nokkuð, en á hinn bóginn hreyfast heldur niður á við ef hún hefur lægri laun. Þessu til skýringar vil ég nefna nokkur **dæmi.**

Meðallaun iðnverkakvenna, sem unnu allan daginn, voru í fyrra 875 þús. kr. Ef við hugsum okkur að slík kona hefði verið gift verkamanni í fiskiðnaði, en meðaltekjur þeirra voru á sama ári 1100 þús. kr., þannig að heildartekjur heimilisins voru tæplega 2 millj., þá mun hagur þessara hjóna við frv. batna um 47 600 kr., þ. e. a. s. 47 600 kr. munu til viðbótar því, sem nú er, verða greiddar upp í útsvör þessara hjóna, þannig að heildargreiðslan verður 99 200 kr. upp í útsvar.

Ef við tökum hins vegar það dæmi að bæði hjóna vinni við fiskvinnslustörf og hafi hvort um sig 1.1 millj. kr. í tekjur af þeim störfum, sem eru meðallaun í þeirri grein, þannig að heildartekjur heimilisins verði 2.2 millj., þá hækkar sú upphæð, sem ríkissjóður greiðir upp í útsvar þessara hjóna, um 7 200 kr. eða úr 5 þús. kr. í 12 200 kr. Ef tekjur konunnar fara hins vegar yfir 1150 þús. kr. markið fer breytingin að verða þeim hjónum heldur óhagstæð.

Ef við tökum dæmi um hjúkrunarkonu sem hafði meðallaun þeirra kvenna sem unnu allt árið í fyrra, 1415 þús. kr., og látum hana vera gifta grunnskólakennara sem hafði 1470 þús. kr. í laun, sem sömuleiðis er nærri meðallagi þeirrar stéttar, þá eykst skattbyrði þessara hjóna úr 193 400 kr. í 250 700 kr. eða um 57 300 kr. Og ef við látum bæði hjóna vera löglærða fulltrúa í þjónustu ríkisins sem vinna fulla dagvinnu og þar að auki tvo yfirvinnutíma á dag, þannig að heildarárslaun hvors um sig verði 1620 þús. kr., þá eykst skattbyrði þeirra hjóna úr 291 500 kr. í 386 900 kr. eða um 95 400 kr.

Hér hef ég tekið nokkur dæmi til samanburðar á skattlagningu skv. gildandi lögum og frv. Í þeim öllum hafa bæði hjónin unnið úti. Eins og sést á þessum dæmum er frv. hagstætt þeim konum sem unnið hafa úti fyrir minna en 1150 þús. kr., en hins vegar óhagstætt þar sem konan vinnur fyrir meiri tekjum. Hins vegar verður að hafa í huga að það, sem við miðum við, eru reglur gildandi laga um skattlagningu hjóna, og því verður ekki neitað að þær eru ákaflega ósanngjarnar — og eru þær konur, sem til sín hafa látið heyra, þessu sammála. Við getum tekið dæmi þar sem heildartekjur heimilisins eru 3 millj. kr. Ef eiginmaðurinn vinnur fyrir þeim öllum borga þessi hjón skv. gildandi lögum 415 600 kr. í skatt. Ef eiginmaðurinn vinnur fyrir 2 millj. kr., en konan fyrir 1 millj., greiða hjónin 213 600 kr. í skatt. Vinni hins vegar konan fyrir öllum tekjunum, þ. e. a. s. 3 millj., þá greiðir ríkissjóður upp í útsvar þessara hjóna 121 900 kr. með barnabótum. Af þessu sést að það munar hvorki meira né minna en 536 þús. kr. á skattgreiðslu þessara hjóna eftir því hvernig þau skipta með sér verkum utan heimilisins. Það eru breytingar frá þessum sköttum sem við erum að miða við. Sannleikurinn er sá, að 50% frádráttarreglan á launum eiginkvenna hefur gengið sér til húðar. Í henni felst að skattalegt hagræði vex í réttu hlutfalli við auknar tekjur, en helst ekki á neinn hátt í hendur við þann kostnað sem leiðir af öflun teknanna. Frá þessu kerfi er horfið með frv., og það er einmitt þess vegna sem giftar konur með tekjur yfir 1150 þús. kr. fá skatthækkun samanborið við gildandi skattalög, en 10—15% giftra kvenna, sem vinna utan heimilis, höfðu á s. l. ári hærri tekjur en nam 1150 þús. kr. Breytingin mun því verða tiltölulega fáum hjónum óhagstæð, en mun kosta ríkissjóð um 1 milljarð kr. og koma öðrum hjónum til góða.

Með 6. gr. frv. er gerð till. um breytingu á reglum um skattlagningu barna. Skv. gildandi lögum er meginreglan sú, að börn eru skattlögð með foreldrum sínum. Ef þau hafa hins vegar tekjur umfram visst mark er heimilt að taka til greina umsókn þeirra um sérsköttun. Núgildandi kerfi veldur því að fyrstu krónurnar eru skattlagðar með tekjum foreldra og lenda því í tiltölulega háu skattþrepi. Afli barnið meiri tekna er það skattfrjálst af þeim tekjum. Skattur á tekjum barna lækkar því skv. gildandi lögum við hækkandi tekjur. Frv. gerir ráð fyrir því að tekjur barna séu ávallt taldar með tekjum foreldra þess, hins vegar geti foreldrarnir dregið frá tekjum sínum fjárhæð sem er jafnhá tekjum barns, allt að 100 þús. kr., og að auki 60% af þeirri fjárhæð, sem tekjur barnsins fara yfir 100 þús., allt að 340 þús. kr.

Óþarft er að fara hér mörgum orðum um ákvæði frv. um eignarskatt. Gert er ráð fyrir hækkuðum mörkum hinnar skattfrjálsu eignar sem samsvarar u. þ. b. meðalhækkun á fasteignamati sem gekk í gildi fyrir árslok 1976 eða um 6 millj. kr. hjá einstaklingi. Þá miðast skattlagningin við skiptingu eigna milli hjóna til samræmis við stefnu frv. í því efni. Hin skattfrjálsu mörk fyrir hjón eru sett við 50% hærri fjárhæð en fyrir einstakling eða 9 millj. kr. Skv. gildandi lögum eru þessi mörk hin sömu fyrir einstakling og hjón. Þykir eðlilegt að þessi mörk séu hærri fyrir hjón en einstakling með sama hætti og persónuafsláttur við álagningu tekjuskatts. Gerð er sú breyting að eignarskattur verði flatur, 0.8%, í stað stighækkunar gildandi laga, 0.6 og 1%.

Auk þess, sem þegar er vikið að, eru með frv. gerðar fjölmargar aðrar breytingar á skattlagningu einstaklinga sem of langt mál yrði að rekja hér. Áður en ég skilst við þennan þátt vil ég þó geta þeirra breyttu reglna um skattfrelsi sparifjár sem frv. hefur að geyma. Skv. gildandi lögum

eru innistæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga undanþegnar framtalsskyldu, tekjuskatti og eignarskatti ef tilteknum skilyrðum er fullnægt, og varða þau skilyrði skuldastöðu gjaldanda í árslok. Með frv. er gert ráð fyrir að sparifé þetta verði ávallt framtalsskylt, en hins vegar verði það skattfrjálst eftir svipuðum reglum og áður, þó þannig að skilyrði fyrir skattfrelsi miðast nú við vaxtagreiðslur á árinu, en ekki skuldastöðuna í árslok.

Í 2. málsgr. 1. tölul. 4. gr. frv. er eitt af þeim nýmælum sem frv. hefur að geyma og þegar hefur verið getið, en vert er að skýra nánar. Samkv. þessari málsgr. ber þeim, er vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að telja sér til tekna endurgjald fyrir starfið eins og það hefði verið innt af hendi fyrir óskyldan aðila. Samkv. 56. gr. er svo skattstjóra heimilt að ákvarða þessum aðilum slíkar tekjur ef framtalið endurgjald fyrir eigin vinnu er lægra en eðlileg laun til launþega hefðu verið fyrir sama starf. Skulu þessar ákvarðanir skattstjóra byggðar annars vegar á viðmiðunarreglum er ríkisskattstjóri setur, en hins vegar á mati skattstjóra á aðstöðu hlutaðeigandi gjaldanda, og skal þá taka tillit til aldurs, heilsu, starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Þetta reiknaða endurgjald er síðan frádráttarbært frá tekjum af rekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi eins og hver annar launakostnaður. Í framhaldi af þessu eru svo ákvæði 58. gr. frv., þess efnis, að tap af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sé aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi.

Þessi ákvæði eru að vissu leyti svar við þeirri miklu gagnrýni sem tekjuskattslöggjöfin hefur sætt á undanförnum árum að því er varðar skattlagningu þeirra er við eigin rekstur vinna. Tekjuskatturinn hefur af ýmsum verið nefndur launþegaskattur. Að mínu mati er þetta ekki réttnefni. En hinu er ekki að neita, að einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur hafa átt fleiri kosta völ en launþegar, t. d. með fjárfestingum og fyrningum, til að firra sig skattgreiðslum með fullkomlega löglegum hætti. Hér er lagt til að við þessum vanda verði snúist með reiknuðum launum þessara aðila. Þessi lausn á vandanum er engan veginn gallalaus, en vandamálið er erfitt viðfangs og þær aðferðir, sem grannar okkar, t. d. danir, hafa beitt, hafa ekki gefið góða raun. Reglur í Danmörku, sem svipuðum tilgangi þjóna, lúta að því að heimild atvinnurekenda til fyrninga er takmörkuð ef lífeyrir þeirra fer niður fyrir eðlilegt mark. Hvort sú aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, gefur góða raun fer að sjálfsögðu mikið eftir því hvernig til tekst um framkvæmd hennar ef að lögum verður. Í mörg ár hefur svipað kerfi og þetta gilt um launaskatt af eigin vinnu atvinnurekenda, án þess að verulegum deilum hafi valdið. Þar sem skatthlutfall launaskattsins er einungis 3.5%, en jaðarskattur af þessum launum getur verið allt að 50%, er hætt við að sú reynsla, sem fengist hefur af launaskattinum, sé ekki marktæk að því er þetta varðar.

Frv. hefur og að geyma nýmæli um skattlagningu atvinnurekstrar og eru hinar breyttu reglur um fyrningar og söluhagnað hin veigamestu þeirra. Samkv. gildandi lögum er fyrning þeirra eigna, sem notaðar eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, reiknuð sem ákveðið hlutfall af upprunalegu stofnverði hverrar einstakrar eignar, mishátt eftir tegundum eigna. Séu þessar eignir seldar er söluhagnaður skattskyldur nema eignarhaldstími seljanda fari fram úr tilteknu marki sem er mismunandi eftir tegundum eigna. Frv. gerir ráð fyrir að þessum reglum verði gjörbreytt og eru breytingarnar róttækastar að því er varðar lausafé. Er lagt til að lausafé verði nú fyrnt í einu lagi á bókfærðu verði alls lausafjár í árslok í stað þess að reikna fyrningu af stofnverði hverrar eignar. Þessi aðferð er notuð í flestum grannlöndum okkar og hefur það til síns ágætis að hún er ákaflega einföld í framkvæmd og ætti að geta haft í för með sér verulegan tímasparnað, bæði hjá atvinnurekendum og skattyfirvöldum. Skattaðila er í sjálfsvald sett samkv. frv. hvaða fyrningarhlutfall hann velur, þó ekki hærra en 30%. Þessi regla heimilar því tiltölulega mjög örar fyrningar í upphafi eignarhaldstíma meðan eign er ný, þ. e. rúmlega 50% á fyrstu tveimur eignarhaldsárum, en síðan fara fyrningar stiglækkandi eftir því sem aldur færist á eignina. Er þessi regla því mjög eðlileg miðað við þá verðbólgu sem við höfum búið við undanfarið, þar sem verulegur hluti af stofnverði fæst gjaldfærður á meðan raungildi þess er að mestu óskert. Enginn sérstakur söluhagnaður er reiknaður af lausafé skv. þessari reglu, en söluverð lausafjáreignar lækkar bókfært verð allra lausafjáreignanna þannig að söluhagnaður kemur í reynd til skattlagningar í formi lækkaðra fyrninga næstu árin eftir söluna. Verði fyrningargrunnur lausafjáreigna neikvæður vegna sölu eða af öðrum ástæðum telst hinn neikvæði munur til tekna á því ári sem hann myndast. Þó er heimilt að nota þennan mun til þess að fyrna fasteignir eða fresta skattlagningu hans um tvenn áramót og nota hann til að fyrna eignir sem keyptar eru innan þess tíma. Gert er ráð fyrir að fyrning mannvirkja verði eftir sem áður reiknuð af kostnaðarverði þeirra og megi nema allt að 10% árlega að vali skattaðila. Þó er fjmrh. heimilt að lækka þetta hámark fyrir einstaka flokka mannvirkja um þessar eignir, og haldið er því ákvæði gildandi laga að ávallt skuli standa eftir 10% af fyrningargrunni hverrar eignar sem niðurlagsverð.

Um hagnað af sölu annarra eigna en lausafjár er meginregla frv. sú, að söluhagnaður fyrnanlegra eigna svo og ófyrnanlegra fasteigna, annarra en íbúðarhúsnæðis, er skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Að því er fasteignir varðar er hins vegar tekið tillit til vísitöluhækkunar áður en söluhagnaður er reiknaður, og jafnan er heimilt að nota framreiknað fasteignamat eins og það var í ársbyrjun 1977, þ. e. a. s. byrjun þessa árs, í stað stofnverðs við útreikning söluhagnaðar af þessum eignum. Hvað sem öðru líður er skattaðila jafnan heimilt að telja sér helming söluverðs til tekna í stað söluhagnaðar af þessum eignum. Má segja að í heild sé lagt til að reglurnar um söluhagnað séu nokkuð

hertar og stefnt sé að því að koma í veg fyrir að menn geti með kaupum og sölum eða eignaskiptum hagnast á því skattalega að skapa sér nýjan fyrningargrunn án þess að gjalda skatt af söluhagnaði. Í reynd er stefnt að því að skattlagning söluhagnaðar af lausafé og íbúðarhúsnæði einstaklinga verða ekki óhagstæðari en nú er.

Ég mun nú rekja helstu ákvæði frv. um skattframkvæmd sem fela í sér breytingar frá gildandi lögum. Er þar fyrst að nefna að skipan ríkisskattanefndar er gjörbreytt frá gildandi lögum. Ríkisskattanefnd er nú skipuð þremur mönnum og þremur til vara og taka allir þessir sex menn að þó nokkru leyti þátt í störfum n. Nefndarstörfin eru aukastörf allra nefndarmanna. Með frv. er lagt til að framvegis sitji í ríkisskattanefnd þrír menn sem hafi nefndarstörfin að aðalstarfi. Þessi nýja tilhögun ætti að styrkja ríkisskattanefnd verulega og færa hana skrefi nær því að vera stjórnsýsludómstóll. Verður að telja þessa breytingu mjög eðlilega miðað við það mikla hlutverk sem nefndinni er ætlað við úrskurði á kærum í skattakerfinu. Jafnframt þessu er lagt til að hin sérstaka n., sem samkv. gildandi lögum hefur ákveðið skattsektir, verði lögð niður, en ríkisskattanefnd taki við verkefnum hennar. Ætti ríkisskattanefnd að geta sinnt þessum auknu verkefnum eftir þá nýskipun sem nú var lýst. Þá er ríkisskattanefnd fengið nýtt hlutverk, sem er fyrirframskýringar á tilteknum atriðum er varða framkvæmd á einstökum ákvæðum skattalaganna. Hefur verið mjög bagalegt fyrir gjaldendur að geta ekki fengið óyggjandi svar fyrir fram við því, hvernig skattlagningu yrði hagað í tilteknu tilviki. Eins hefur það verið mjög bagalegt fyrir skattyfirvöld ef í ljós hefur komið eftir langvarandi venju, þegar ríkisskattanefnd úrskurðar, að þær framkvæmdareglur, sem starfað hefur verið eftir jafnvel árum saman, standist ekki samkv. lögum. Því er ríkisskattstjóra heimilað að leita úrskurðar ríkisskattanefndar um túlkun einstakra ákvæða laganna. Skal ríkisskattstjóri þá gera kröfur um, að tiltekinn skilningur verði viðurkenndur, og rökstyðja þá kröfu sína. Slíkum fyrirframúrskurði er ekki hægt að skjóta til dómstóla, en hann kemur vitanlega ekki í veg fyrir að einstöku máli, sem síðar kemur upp, verði skotið til dómstóla af hálfu ríkisins eða þess einstaklings sem í hlut á. Þessi regla er algert nýmæli á Íslandi, þar sem gildandi meginregla er sú að úrskurðaraðilar fjalla ekki um slík álitaefni fyrir fram, heldur leggja einungis dóm eða úrskurð á tiltekið verkefni sem fyrir þá er lagt. Það kann því vel að vera að í þessu sambandi komi upp ýmis vandamál í framkvæmd. Telja verður nauðsynlegt að taka þá áhættu þar sem hér er um að ræða mjög mikilsvert hagsmunaatriði bæði fyrir gjaldendur og skattyfirvöld.

Þá er reglunum um framkvæmd við álagningu skatta, tilkynningar til gjaldenda, útkomutíma og réttarlega þýðingu skattskrár verulega breytt, eins og ég vék að hér áðan. Samkv. gildandi lögum skal skattskrá koma út eigi síðar en 20. júní ár hvert og miðast kærufrestur við útkomu hennar. Hefur skattstofunum á hinum seinni árum reynst mjög erfitt að standa við þennan frest og hefur skattskráin komið mun seinna út hin síðari ár víðast hvar á landinu. Á hinum tiltölulega stutta tíma, sem líður frá lokum framtalsfrests til útkomu skattskrár, hafa skattstjórar og skattstofur leitast við að yfirfara öll framtöl, en sú yfirferð hefur ekki verið eins ítarleg og skyldi vegna skorts á tíma og mannafla. Reyndin hefur því orðið sú, að aftur er farið yfir mikinn hluta framtala eftir útkomu skattskrár og hefur þetta fyrirkomulag því leitt til mikils tvíverknaðar á skattstofunum. Af þessu hefur og leitt að upplýsingar þær um skatta, sem skattskráin hefur að geyma, eru ekki eins áreiðanlegar og skyldi, svo að mikill fjöldi gjaldenda ber aðra skatta, þegar yfir lýkur, heldur en hin framlagða skattskrá ber með sér.

Í frv. er ætlast til að hin einfaldari framtöl verði tekin lítið skoðuð og á þau lagt samkv. upplýsingum gjaldanda sjálfs og hverjum gjaldanda send tilkynning um álagningu. Kærufrestur miðast við tilkynningar og ættu kærur með þessari aðferð að dreifast jafnar yfir árið. Í árslok ætti síðan að vera búið að fara yfir öll framtöl og úrskurða flestar kærur og þá er ráðgert að skattskráin komi út. Við hana eru ekki bundin nein réttaráhrif skv. frv. Hins vegar ætti hún að gefa miklu nákvæmari og réttari upplýsingar um endanlega skatta hvers gjaldanda heldur en skattskráin gerir með núgildandi fyrirkomulagi. Fyrirhugað er að beita aukinni vélvinnslu við yfirferð framtala og samanburð á upplýsingum úr framtölum og öðrum upplýsingum sem skattstofunum berast. Ætti þessi nýja aðferð að auðvelda slíka vélvinnslu.

Þá eru viðurlög við skattsvikum hert verulega og sett mun ítarlegri ákvæði um ýmis atriði, er varða innheimtu og ábyrgð á skatti, heldur en er samkv. gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að ákvæði frv. komi til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1978 vegna tekna á árinu 1977 og eigna í lok þess árs. Tölur þær, sem frv. hefur að geyma, eru hins vegar miðaðar við verðlag á árinu 1976. Er þá ráðgert að fjárhæðir þær, sem um getur í frv., verði hækkaðar eftir skattvísitölu sem ákveðin yrði í fjárl. fyrir árið 1978 áður en þær koma til framkvæmda í fyrsta skipti. Ákvæðum frv. er því ekki ætlað að koma til framkvæmda við álagningu í ár.

Það er hins vegar ljóst að nokkrar af þeim breyt., sem lagðar eru til í þessu frv., þurfa að koma til framkvæmda í ár. Unnið er að samningu frv. þar að lútandi. Meðal beirra atriða, sem koma þurfa til framkvæmda við álagningu skatta ársins 1977, eru ákvæðin um brevtingu eignarskattsstigans og hækkun skattfrjálsrar fjárhæðar einstaklinga við álagningu eignarskatts. Fyrningar fasteigna í atvinnurekstri til skattlagningar 1977 miðist við eldra fasteignamatið, sem gilti til 30. des. á s.l. ári. Önnur atriði, sem til greina kemur að breyta við álagningu skatta á árinu 1977, eru til skoðunar.

Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. fær mál þetta nú til meðferðar. Leyfi ég mér að leggja til að fjh.- og viðskn. beggja þd. starfi saman að skoðun þessa frv. Veit ég að n. munu vanda sem mest þær mega athugun á þessu máli.

Mér er ljóst að innan þings sem utan sýnist sitt hverjum um ýmis ákvæði frv. En ég tek það

fram að af minni hálfu eða ríkisstj. er ekkert því til fyrirstöðu að brtt., sem tryggja betur þau meginmarkmið sem felast í frv. þessu, verði teknar til greina. Ég tel meðferð þessa máls nokkurn prófstein á getu Alþ. til að ráða fram úr vandasömu löggjafaratriði sem snertir hagsmuni flestra landsmanna.

Það er enginn vandi að fordæma frv. eins og þetta með því einu að benda á hvernig það þyngir í ýmsum tilvikum skatta á fólki. Sömu gagnrýnendur benda jafnframt á að gildandi fríðindi séu óeðlileg og þau beri að afnema. Við heyrðum t. d. í útvarpinu í síðustu viku að kona nokkur taldi aðalranglætisþáttinn í þessu meingallaða frv., eins og hún orðaði það, að skattar skuli hækka á hjónum þar sem konan er með það sem hún kallaði meðaltekjur og hærri meðaltekjur. Hér er um að ræða þau 10—15% af útivinnandi giftum konum sem mestra fríðinda njóta samkv. gildandi lögum. Að breyta þessu kallaði hún „forpokunarstefnu, afturhald og forheimskun". Í dæmi, sem konan nefndi til marks um þetta, fannst henni ósanngjarnt að tekjuskattur hjóna, sem þannig stendur á fyrir, verði 12.6% af brúttótekjum, um leið og henni fannst fráleitt að skattur hjóna með nokkru hærri tekjur, þar sem maðurinn aflar einn tekna, verði 22%, sömuleiðis af brúttótekjum. Við þessar aðstæður er okkur stjórnmálamönnum ætlað að finna réttlætið og það verður aldrei gert svo að öllum líki.

Ég vil minna á í þessu sambandi að fjölmiðlar eru og verða næstu vikur fullir af efni af þessu tagi, og við eigum að hlusta á það og reyna að taka tillit til þess eftir því sem það samræmist okkar eigin sannfæringu. Hinu megum við ekki gleyma, að við heyrum ekkert frá flestum skattþegnum. Við heyrum engar fundarsamþykktir og lesum engar greinar frá öllum þeim hjónum í landinu sem búin eru að koma börnum sínum á legg, eiga sína íbúð skuldlitla og borga nú óeðlilega háa skatta í samanburði við þá sem nú láta hæst við tilhugsunina um að missa hluta af sínum forréttindum.

Ég vil ljúka máli mínu með því að fara nokkrum orðum um það sem ég tel að þurfi að gerast á sviði tekjuöflunar ríkisins innan þings og utan næstu missiri.

Ljóst er, eins og ég gat um fyrr í máli mínu, að endurskoðun á tekjuöflun ríkisins verður að halda áfram með kerfisbundnum hætti, m. a. vegna þeirra laga sem þegar hafa verið samþ. um tollskrá og valda stórfelldum tolltekjumissi ár hvert fram til 1980. Ég mun láta vinna að undirbúningi nauðsynlegrar lagaendurskoðunar í þessu skyni. Of snemmt er að tala um hvaða lausnir kunna að verða ákjósanlegar í þessu efni. Ég mun jöfnum höndum láta kanna möguleika til þess að mæta þessum niðurskurði með samdrætti í starfsemi ríkisins.

Í framkvæmd skattlaga bíða einnig mikil verkefni óleyst: endurskipulagning starfsaðferða á skattstofum, aukning tölvuúrvinnslu framtala, bætt almennt og sérstakt skatteftirlit, markviss þjálfun skattstofufólks og e. t. v. fjölgun starfsfólks við skatteftirlit og margt fleira. Hinn 1. febr. s. l. ritaði ég ríkisskattstjóra bréf þar sem ég óskaði eftir því, að mat væri lagt á réttmæti þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á misjafna skattaframkvæmd í hinum ýmsu skattumdæmum, og gerðar yrðu till., ef nauðsyn krefði, um aðgerðir sem stuðlað gætu að virkari og samræmdari framkvæmd skattalaga í landinu. Allt eru þetta viðfangsefni sem unnið er að eða er ráðgert að vinna að á vegum fjmrn.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. — [Fundarhlé.]

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það virðist því miður ekki vera heppilegur fundartími sem þetta þýðingarmikla mál er hér rætt á, því að það er heldur fátt um þm. hér í salnum, enda er mér kunnugt um að þingflokkar eru enn á fundum. Það er ekki meining mín að tefja fyrir því að þetta mál komist til n., þó að sú n., sem á að fjalla um málið í þinginu, sé í rauninni þegar byrjuð að fjalla um málið, en æskilegra hefði verið að 1. umr. um málið hefði getað farið fram með þeim hætti að þm. hefðu verið mættir hér a. m. k. í meðallagi. En það virðist skorta mikið á það.

Í grg. þeirri, sem fylgir með frv., er á það lögð áhersla að í rauninni sé fyrst og fremst um að ræða fimm meginbreytingar á gildandi skattalögum. Þar eru þessar breytingar sérstaklega tilnefndar:

Í fyrsta lagi: Stefnt sé að því með þessu frv. að breyta tekjuskattsstofni við útreikning á tekjuskatti þannig að hann falli að miklu leyti saman við skattstofn útsvars. Þarna er vissulega um að ræða þýðingarmikla breytingu og ég er fyrir mitt leyti samþykkur því að stefnt sé í þessa átt. En ég kem kannske að því aðeins síðar hvernig mér sýnist að um þetta hafi tekist til í þessu frv.

Í öðru lagi er á það bent í grg. frv. að nú sé gert ráð fyrir nýju formi á skattlagningu hjóna þar sem tekin er upp svonefnd helmingaskiptaregla. Það er skoðun mín að það sé enginn vafi á því að það hafi þurft að breyta þessu atriði í gildandi skattalögum, en hins vegar er ég mjög ósammála þeirri niðurstöðu sem komist er að í frv. varðandi þennan lið.

Í þriðja lagi er svo frá því skýrt að gerð sé veruleg breyting á skattmeðferð einstaklinga sem fást við atvinnurekstur, þar sé að því stefnt að slíkir einstaklingar borgi eins og aðrir skatt af sínum eðlilegu launatekjum, en launatekjurnar eigi ekki að blandast að öðru leyti saman við rekstrarafkomu fyrirtækisins. Ég tel að þarna sé stefnt í rétta átt, en hins vegar sýnist mér að frá þessu atriði sé gengið á nokkuð vafasaman hátt í frv. En efnislega er ég á því að það þurfi að breyta gildandi skattalögum í þá átt sem gerð er grein fyrir í frv.

Fjórða aðalefnisbreytingin, sem bent er á í grg. frv., varðar reglur um fyrningu og skattlagningu á söluhagnaði. Ég er einnig á þeirri skoðun að það sé brýn þörf á að breyta þeim reglum sem um þetta eru í gildandi skattalögum. Hins vegar sýnist mér við fyrstu athugun að sú leið, sem farin er í frv., orki mjög tvímælis í ýmsum tilfellum.

Fimmta aðalbreytingin, sem frv. á að fela í sér, snertir síðan framkvæmd skattalaga og

viðurlög. Um þá breytingu get ég verið fáorður.

Miðað við grg. frv. eru þetta þær breytingar sem felast í þessu frv. frá gildandi skattalögum. Það er aðallega um þessi fimm atriði sem ég hef dregið hér fram í stuttu máli. Allt eru þetta atriði út af fyrir sig sem þarf að fást við, þarf að gera breytingu á, en það er skoðun mín að það sé fjarri því að vera nægilegt, þegar gengið er út frá því að gera alvarlegar breytingar á gildandi skattalögum, að fást eingöngu við þessi atriði. Þar koma önnur og miklu stærri atriði til greina sem ekki er fjallað um að mínum dómi í þessu frv. að neinu leyti.

Ég vil þó fara nokkrum orðum við þessa 1. umr. um þær breytingar, sem hér er tilgreint að frv. fjalli um, en koma svo kannske á eftir nokkuð að því sem mér sýnist að hefði gjarnan frekar átt að taka til greina í frv.

Það er þá fyrst sú breyting sem snýr að því að samræma þann tekjustofn sem tekjuskatturinn er miðaður við og útsvar er miðað við. Ég tel að það væri mjög til bóta í okkar skattalögum að í þessum efnum væri komið á fullu samræmi, þ. e. a. s. að það væri nákvæmlega sami tekjustofninn sem væri lagður til grundvallar við útreikning á tekjuskatti sem við útreikning á útsvari. En því miður er ekki gengið nægilega skýrt til verks í þessum efnum, eftir því sem mér sýnist í þessu frv., enda er sagt í grg. með frv. að tekjuskattsstofninn sé nú færður í svipað horf og nú gildir um útsvar. En það er að mínum dómi höfuðatriði að formið verði ekki aðeins svipað, heldur verði það nákvæmlega eins og síðan verði farið inn á þá braut, sem gert er ráð fyrir í frv., að veita mismunandi mikinn skattafslátt, þ. e. a. s. eflaust í flestum tilfellum meiri skattafslátt af álögðum tekjuskatti en gert er af útsvari.

Til þess að ná þessu marki, að hafa hér einn og sama grundvallartekjustofn sem miðað sé við, þarf að sjálfsögðu að skilgreina betur en nú er hvað teljist tekjur í þessum efnum og hvað ekki. Það er enginn vafi á því að þær reglur sem nú gilda um álagningu útsvars, að útsvarið sé lagt á brúttótekjur, eru í meginatriðum réttmætar að mínum dómi. En þó gilda enn allt of ónákvæmar reglur um hvað skuli teljast raunverulega réttur tekjustofn sem útsvarið skuli miðast við. Þarf því að gera þær reglur varðandi álagningu útsvars skýrari en er í gildandi lögum og miða síðan einnig tekjuskattsálagninguna við sama stofn. En í þessum efnum koma auðvitað upp mismunandi sjónarmið um hvað skuli flokkast undir tekjur sem síðan eiga að skattleggjast, ýmist til ríkis eða bæja. Það er t. d. skoðun mín að það eigi að ákveða að allmikið af lífeyrisbótum eigi ekki að teljast tekjur í þessum efnum, það eigi sem sagt ekki að skattleggja þær. Það er skoðun mín að yfirleitt ætti ekki og helst í öllum tilfellum ekki að telja ellilaun eða örorkubætur tekjur í þessum efnum vegna þess að ég vil ekki að tekjur af þessu tagi séu skattlagðar til ríkisins eða til sveitarfélaga. Ég efast auðvitað ekkert um að um þetta eru mismunandi skoðanir. Sumir eru á því að það sé rétt að skattleggja þessar tekjur eins og aðrar. Ég hef skýrt frá því hér áður í umr. um þessi mál að í því bæjarfélagi, þar sem ég hef haft með mál að gera í langan tíma, höfum við haft þá reglu í yfir 20 ár að leggja alls ekki útsvar á ellilaun og hefur þar gengið eitt yfir alla. Ég veit að það eru uppi þau sjónarmið hjá ýmsum að það séu líka til aðilar í þjóðfélaginu sem hafi allgóðar tekjur eftir öðrum leiðum og njóti ellilauna og þeir geti þá gjarnan greitt einnig tekjuskatt og útsvar af sínum ellilaunum. En að mínum dómi hefði verið miklu réttara að setja, ef menn vilja skattleggja tekjur af þessu tagi, einhver mörk á það hverjir eiga að fá full ellilaun. En ég er á þeirri skoðun að þarna ætti t. d. að taka skýrt fram að tekjur af þessari tegund ættu ekki að falla inn í þann grundvallarstofn sem tekjuskattur eða útsvar er lagt á.

Mér sýnist augljóslega koma fram í þessu frv. að einnig sé gert ráð fyrir að ýmsar aðrar breytingar geti komið til greina. Það kemur t. d. fram í 30. gr. frv., að gert er ráð fyrir því að arður, sem fæst af hlutabréfum, geti verið frádráttarbær, það sé leyfilegt sem sagt að draga frá tekjum manna, áður en skattur er á þær lagður, ákveðna fjárhæð vegna tekna sem viðkomandi hefur fengið af eign hlutabréfa í fyrirtækjum. Ég er algerlega á móti þessari reglu. Ég tel að sá aðili, sem hefur tekjur af hlutabréfum sínum, eigi gjarnan að borga skatt af slíkum tekjum. Ég legg þetta ekki til jafns við það þó að þær reglur séu í gildi, eins og hefur verið hjá okkur, að sparifé njóti friðinda af þessu tagi. Ég tel hins vegar að það sé í sjálfu sér enginn munur á því að hafa tekjur af hlutafjáreign í fyrirtæki eða á því að fá arð greiddan frá fyrirtækinu með öðrum hætti. Það er skoðun mín að frádráttur af þessari tegund eigi ekki að eiga sér stað þegar er verið að skilgreina tekjuskattsstofninn. Fleira mætti tilnefna í þessa átt. En það er í rauninni ekki þörf á að gera það við þessa umr.

Aðalaths. mín við þessa fyrstu breyt., sem frv. greinir frá, þ. e. a. s. um samræmingu á tekjuskattstofni sem næst því við útsvarsskattstofn, er sú, að ég tel að það sé ekki gert nægilega mikið í þessu frv. að ná samræmingu í þessum efnum og það vanti fullkomnari skilgreiningu á því hvað eigi að ganga inn í þennan skattstofn og hvað ekki. Svo er einnig ágreiningur um sum atriði sem þarna eru ákveðnar reglur um, hvort þær eigi að vera þarna eða ekki.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að annarri höfuðbreytingunni frá gildandi skattalögum sem hér er fjallað um, en það er varðandi skattlagningu hjóna. Um þær reglur, sem koma fram í þessu frv. varðandi þetta atriði, vil ég segja það, að mér sýnist að sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, sé nánast hlægileg, og er þá í rauninni tekið heldur vægt til orða. Við vitum að breyting í þessa átt er sett hér fram vegna mikilla krafna sem uppi hafa verið nú um nokkuð langan tíma um það sem venjulega hefur gengið undir nafninu sérsköttun, þ. e. a. s. kröfu um að hvort hjóna um sig verði skattlagt miðað við þær tekjur sem þau hafa aflað hvort um sig. Í þessu frv. er þessum kröfum mætt á þann hátt að bæði hjónin eiga að telja fram á einu og sama skatteyðublaðinu. Tekjurnar eru lagðar saman, síðan er deilt í með tveimur, skattur

reiknaður út, síðan eru skattar hvors um sig aftur lagðir saman, einn reikningur sendur til sameiginlegrar innheimtu. Þetta á að mæta kröfunum um sérsköttun. Mér finnst þessi regla alveg fráleit. Það er skoðun mín að það sé kominn tími til þess að við föllumst á það í okkar skattalögum að taka upp raunverulega sérsköttun hjóna, þar sem hvort um sig er látið borga skatt af þeim tekjum sem það hefur unnið fyrir hvort í sínu lagi. Þetta er tiltölulega mjög auðvelt að framkvæma. Síðan er að mínum dómi eðlilegt að hvoru um sig sé veittur persónufrádráttur eins og einstaklingi eða skattafsláttur sem því nemur. Ég held að þetta sé sú meginregla sem eigi að taka upp. Það eru uppi mjög miklar og almennar kröfur um þessa breytingu, og ég get ekki séð að það sé í rauninni neitt í vegi fyrir því að mæta þessum óskum.

Hitt er hins vegar rétt, að vegna sérreglna sem gilda nú og hafa gilt hér nokkurn tíma, sérstaklega varðandi hina svonefndu 50% reglu, getur verið nokkur vandi á um það hvernig eigi að koma fyrir breytingunni um leið og breytingin gengur yfir. Það er enginn vafi á því að 50% reglan svonefnda hafði sína þýðingu þegar hún var sett, og hún hefur haft verulega þýðingu í sambandi við skattlagningu hjóna á undanförnum árum. Hún hefur tvímælalaust ýtt undir það að konur tækju meiri þátt í öflun tekna utan heimilis en áður. Hins vegar verður að játa það, að þessi regla er mjög ónákvæm í framkvæmd. Hún skapar ekki fullt réttlæti, síður en svo. Það er hægt að nefna einstök dæmi um að skattahlunnindi samkv. þessari reglu verði óeðlileg. Ég held að það viðurkenni í rauninni allir eins og komið er. Um þetta eru auðvitað nefnd einstök dæmi, eins og þegar svo stendur á að konan aflar meiri tekna utan heimilis en eiginmaðurinn, eins og á sér stað í nokkrum tilfellum. Þá er auðvitað enginn vafi á því að þegar tekjur konunnar eru mjög háar, þá er 50% afsláttur mjög mikil skattfríðindi. Ég er á þeirri skoðun að það eigi að sjálfsögðu að taka tillit til þess sem hefur verið í þessum efnum, það er ekki hægt að hlaupa út úr því í einu stökki. Ég hef enga trú á því að það sé hægt að komast út úr þessum reglum varðandi 50% ákvæðin í einu lagi. Slíkt verður að gerast á þó nokkru tímabili og veita tiltekinn afslátt í öðru formi og í miklu ríkara mæli en gert er ráð fyrir í þessu frv. til þess m. a. að draga ekki stórlega úr því að konur afli tekna utan heimilisins. En við vitum mætavel, að það er vaxandi tilhneiging í þá átt og er eðlilegt að í lögunum sé fullt tillit tekið til þessarar þróunar.

Ég er því varðandi þetta atriði frv. algerlega andvígur þeirri reglu sem hér er tekin upp. Ég styð í meginatriðum þá kröfu að við eigum að taka upp sérsköttunarreglur, þ. e. a. s. að tekjur hvors aðilans um sig séu sérskattaðar, en hins vegar þurfi að búa til skynsamlega reglu um hvernig eigi að ganga út úr 50% reglunni sem verið hefur í gildi. Í þessum efnum verður auðvitað að varast að hið nýja form verði á nokkurn hátt til þess að draga úr því að konur afli tekna utan heimilis.

En í sambandi við þær breytingar, sem ég hef hér gert að umtalsefni, þ. e. a. s. samræmingarregluna, að miða skattlagninguna meira en gert hefur verið við brúttótekjur, og eins þessa reglu varðandi skattlagningu hjóna, þar koma inn nokkur atriði í þessu frv. þar sem gert er ráð fyrir verulegum breytingum á skattlagningunni frá því sem verið hefur.

Nú er t. d. lagt til í þessu frv. að taka upp svonefndan launaafslátt eða afslátt á álögðum tekjuskatti. Í staðinn fyrir allmarga frádráttarliði, sem áður hafa verið í lögum, þar sem ýmis útgjöld voru viðurkennd frádráttarbær frá brúttótekjum, er nú gert ráð fyrir því að taka upp svonefndan launaafslátt sem á að vera 2% af öllum starfstengdum tekjum. Er gerð grein fyrir því að þessi sérstaki launaafsláttur eigi að koma í staðinn fyrir allmarga frádráttarliði sem verið hafa. Mér sýnist að þessi regla sé mjög vafasöm, vægast sagt, eins og hún er sett upp í frv. Ég held að vísu að það hefði mátt fella niður úr gildandi lögum allmarga frádráttarliði sem eru mjög almenns eðlis, sem svo að segja allir njóta. Það hefði mátt fækka þessum frádráttarliðum og setja einn skattafsláttarlið í staðinn. En í sambandi við þennan svonefnda launaafslátt er blandað saman svo óskyldum liðum að út úr þessu verður hið mesta öngþveiti. Þannig á þessi launaafsláttur nú að koma m. a. í staðinn fyrir frádrátt sem menn hafa haft vegna sjúkra- og slysadagpeninga, vegna svonefnds giftingarfrádráttar og vegna björgunarlauna, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Frádráttur, sem heimilaður er í núgildandi lögum vegna atvika eins og þessara sem ég nefndi, hefur verið talinn eðlilegur. Það hefur sem sagt verið talið eðlilegt að aðili, sem hefur fengið sjúkra- eða slysadagpeninga, mætti draga frá tekjum sínum, áður en skattur er á lagður, þær fjárhæðir sem hann hefur fengið greiddar sem slysadagpeninga. Ég tel fyrir mitt leyti að þetta sé eðlilegt. Sömuleiðis hafa aðilar, sem hafa fengið greidd björgunarlaun, mátt draga þau frá tekjum sínum áður en skattur er á lagður. Nú á í rauninni ekki samkv. frv. að taka á neinn hátt tillit til þessarar sérstöðu, heldur á að ganga eitt yfir alla. Þeir, sem hvergi hafa komið nærri neinum björgunarlaunum, og þeir, sem ekki hafa orðið fyrir neinu slysi og ekki hafa fengið neina slysadagpeninga, eiga að fá sérstakan frádrátt jafnan á við þá sem hafa orðið fyrir einhverju af þessu. Nú eiga í rauninni allir að fá örlítinn frádrátt vegna giftingar, hvort sem þeir hafa gift sig nokkurn tíma eða ekki. Ég tel að einföldun á skattareglum af þessu tagi sé fráleit, þarna hafi gætt að allt of miklu leyti löngunar hjá þeim, sem hafa með framkvæmd skattmálanna að gera, að vilja gera þetta allt einfaldara. Þeir taka því næstum að segja ákveðna hrúgu af frádrætti, allt upp í 10—12 liði, og hrúga þessu saman og segja: Í staðinn fyrir þessa hrúgu fáið þið allir 2% frádrátt frá skatti. — Ég tel að þetta fái ekki staðist. Þetta mun að sjálfsögðu valda miklum ágreiningi sem ég sé enga ástæðu til þess að stofna til og tel óhyggilegt. Ég vil ekki þar með segja að frádráttarliðir, sem í gildi hafa verið, þurfi allir að standa áfram. Það má vel vera að sumt af frádráttar-

liðum, sem hafa verið í gildi, mætti strikast út með öllu. Ég neita því ekki. En ég er ekki á það sáttur að heimildir til frádráttar vegna atvika eins og þeirra, sem ég var að minnast á, verði strikaðar út þegjandi og hljóðalaust og frádrætti jafnað út yfir alla.

Þá er einnig í frv. gert ráð fyrir því að breyta verulega gildandi reglum um vaxtaafslátt eða frádrátt frá brúttótekjum, eins og nú er, vegna greiðslu á vöxtum. Ég er einn í hópi þeirra sem telja að gildandi reglur um heimildir til þess að draga frá brúttótekjum alla greidda vexti séu rangar og þurfi að breyta þeim. Mér er ljóst að ýmsir aðilar fá nú að draga frá tekjum sínum býsna háar fjárhæðir vegna greiðslu á vöxtum og sleppa þannig við að greiða tekjuskatt í mjög ríkum mæli án þess að í rauninni sé nokkur ástæða til þess. Ég fellst t. d. ekki á að vegna þess að einhver maður á einn eða tvo bíla og hann skuldar talsverðar fjárhæðir út á þessa bíla og greiðir auðvitað vexti af þeim lánum, þá eigi hann að hafa rétt til þess að draga slíkar vaxtagreiðslur frá brúttótekjum sínum og lækka í tekjuskatti á þennan hátt. Ég álít að gildandi lagaákvæði í þessum efnum séu röng. Hins vegar sýnist mér að sú regla, sem tekin er upp í frv., sé mjög vafasöm. Þar er í rauninni gert ráð fyrir að allir fái fastan afslátt vegna greiðslu á vöxtum að vissu marki. Ég tel mjög hæpið að fara inn á þessa leið. Ég býst hins vegar við að það hefði verið nær lagi, eins og nú standa sakir, að gera ráð fyrir því að setja nokkrar skorður við vaxtafrádrætti, setja takmörk á hvað frádrátturinn gæti orðið mikill, og einnig reglur um af hvers konar lánum er verið að greiða vexti.

Það er oft bent á það í þessu sambandi, að þessi vaxtafrádráttur sé nauðsynlegur til þess að greiða fyrir því unga fólki sem er að byggja sér íbúðarhús og lendir auðvitað í miklum skuldum og þarf þar af leiðandi að borga mikla vexti af lánum, þá sé það framlag þjóðfélagsins að sleppa því að verulegu leyti við að greiða skatta á meðan það stendur í þessu. Út af fyrir sig fellst ég á þessa hugsun. En ég vil koma þessu fyrir á allt annan hátt. Helst hefði ég kosið að settar hefðu verið ákveðnar reglur um hvernig mætti aðstoða það unga fólk sem er að brjótast í að byggja sér íbúðarhús og verður að standa undir miklum vaxta- og afborgunargreiðslum, a. m. k. fyrstu árin. Ég hefði helst af öllu viljað setja upp ákveðið stuðningskerfi ef ríkið vill hlaupa undir bagga með þessu fólki og þetta stuðningskerfi hefði þá verið alveg fyrir utan öll skattalög. (**Fjmrh.**: Nýtt kerfi?) Já, alveg nýtt kerfi. Ef þetta ákvæði er í skattalögum, þá er hætta á því að margir óverðugir njóti sömu hlunninda, eins og nú á sér stað, að sem sagt aðilar sem eru að byggja sér hús í þriðja, fjórða eða fimmta skipti og þurfa í rauninni ekkert á neinum slíkum frádrætti að halda, og ekki aðeins þeir sem eru að byggja, heldur hafa vaxtagreiðslur af einhverjum öðrum lánum en íbúðarlánum, — það er mjög hætt við því að þeir aðilar sleppi barna í kjölfarið og njóti þess í stórlækkuðum sköttum sér til handa að þessar reglur eru í skattalögum, og þó að þær hafi verið settar í skattalög til þess að hvilna ungu fólki sem er að byggja yfir sig í fyrsta sinn. Því hefði ég talið langæskilegast að þessi stuðningur hefði verið veittur utan skattalaga og með sérstökum hætti. En sé það ekki gert og sé ætlunin að mæta þessum vanda unga fólksins með ákveðinni lækkun á sköttum, þá tel ég að þurfi að setja miklu skýrari reglur um þennan skattafrádrátt en nú er og binda skattafrádrátturinn einvörðungu við lán af íbúð og setja þarna einnig þak á eða hámark þannig að þessi frádráttur megi aldrei vera meiri en einhver tiltekin upphæð. Sem sagt, ákvæðin í frv. eru ekki á þann veg sem ég hefði óskað eftir, þó að ég vilji út af fyrir sig breyta þeim reglum sem um þetta gilda nú í dag.

Svipað er að segja um afstöðu mína til ákvæðanna um viðhaldsafslátt eða þeirra reglna sem nú eru í gildi um frádrátt frá brúttótekjum vegna viðhalds á eigin íbúð. Það er skoðun mín að gildandi reglur um þetta efni séu fráleitar og séu misnotaðar að verulegu leyti. Ég held að það sé enginn vafi á því, að það komast ýmsir upp með það að ná sér í frádráttarlið út á viðhald á eignum sínum á þann hátt að þeir lækki skattgreiðslu sína úr hófi fram. Því er ég á því að það hefði þurft að setja þarna ákvæðin takmörk. Reyndar er það skoðun mín að það hafi verið eitt einkenni á okkar skattalögum varðandi skattlagningu einstaklinga um langan tíma að skattalagareglur okkar hafa ívilnað þeim, sem eiga íbúð, eiga eigið húsnæði, en hafa hins vegar ekki á neinn hátt metið aðstöðu hinna sem verða að búa í leiguíbúð. Það er alveg vafalaust að ýmsir aðilar í landinu, sem búa í eigin íbúð, hafa haft meiri útgjöld á skattskýrslu sinni af íbúðinni en þeim hafa verið reiknaðar tekjur, og þetta er auðvitað fráleitt. Að þessu leyti til er ég á því að það þurfi að breyta þessum reglum. En mér sýnist að sú regla, sem tekin er upp í frv. varðandi þetta atriði, sé mjög óaðgengileg. Hér er verið að búa til einn allsherjar frádráttarlið sem á að vera svo að segja jafn yfir allan hópinn. Mér sýnist að hefði verið fullt eins gott að hverfa að því að taka með öllu út af skattframtalinu eigin íbúð og allt sem henni tilheyrði. Það hefði ég getað fallist á, af því að ég álít að það sé í eðli sínu óréttlátt að sá, sem býr í eigin íbúð, eigi að geta lækkað skattgreiðslu sína umfram þann sem enga íbúð á, aðeins með því að telja fram alls konar útgjöld af þessari eign sinni. Um þetta atriði er því svipað að segja og hin fyrri, að ég dreg mjög í efa að það form, sem sett er fram í frv., sé rétt. Ég hefði viljað hafa það á annan veg, eins og ég hef gert nokkra grein fyrir.

Þá er einnig gert ráð fyrir í frv. að taka upp sérstakan sjómannaafslátt og fiskimannaafslátt til samræmis við þær frádráttareglur, sem eru í gildandi lögum, fyrir sjómenn og fyrir fiskimenn. Eins og gengið er frá þessu í frv., þá sýnist mér að hér sé farið öfugt að og þetta muni þýða skertan frádráttarrétt fyrir flesta sjómenn. Þó að deila megi um það, hvað megi vera mikið af sérreglum varðandi skattlagningu, þá hef ég lengi verið á þeirri skoðun að það væru sterk rök sem að því hnigju að heimila sjómönnum, sem eru langtímum saman fjarri

heimilum sínum, sérstakan frádrátt. Þetta byggist hreinlega á því að ég hef kynnst því hvað mikill munur er í eðli sínu á tekjum sjómanna í þessum efnum og tekjum þeirra sem eru jafnan á heimilum sínum. Sjómaðurinn verður að hafa tiltölulega hærri bruttótekjur af því að hann verður að kaupa út margs konar þjónustu sem sá maður, sem er jafnan heima hjá sér, getur innt af höndum sjálfur og telst honum ekki til tekna. Dæmi um þetta er t. d. það, að maður, sem er á heimili sínu, sýslar allajafna meira og minna við húsið sitt og eignina sína, málar oft húsið sitt sjálfur eða leggur fram aðra slíka vinnu, og þetta er ekki talið honum til tekna. En sá, sem er langtímum saman fjarri heimili sínu, úti á sjó, verður að greiða af kaupinu sínu alla slíka þjónustu. Það er því margt sem með því mælir að sjómenn fái nokkurn aukafrádrátt í sambandi við skattlagningu, eins og verið hefur í lögum hjá okkur alllengi. Því vil ég ekki gera breytingar til skerðingar á þessum rétti sjómanna að neinu leyti. En eins og ég sagði, þá sýnist mér að sá háttur, sem gert er ráð fyrir í frv. varðandi þetta atriði, dragi verulega úr þeim hlunnindum sem sjómenn hafa nú.

Ég kem þá að þriðju meginbreytingunni, sem er að finna í frv., efnislegri breytingu sem getið er um í grg. frv., en það er varðandi skattaméðferð einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur. Frá því er skýrt í grg. frv. að ætlunin sé að skilja á milli persónutekna þess einstaklings, sem hefur með höndum atvinnurekstur, og afkomu þess fyrirtækis, sem hann rekur, þótt lítið sé. Ég er samþykkur þessu stefnumarki. Ég álít að þetta sé rétt. Það er að mínum dómi óeðlilegt að einstaklingur, sem rekur hvort sem er smábát eða bíl eða hefur með höndum einhvern annan atvinnurekstur og hefur tvímælalaust í reynd ætlað sér laun í þessum rekstri, geti sloppið með öllu við að borga tekjuskatt eða skatta yfirleitt af sínum tekjum, sínum persónutekjum, vegna þess að framtal fyrirtækisins sýnir e. t. v. hallarekstur. Í mörgum tilfellum er þessi hallarekstur til kominn vegna fyrningarákvæða eða af enn öðrum ástæðum sem geta gripið inn í skattlagningu fyrirtækja. Ég er því samþykkur þessu stefnumiði. Hitt geri ég mér ljóst, að það er miklum örðugleikum háð að koma þessu fyrir á réttlátan hátt í lögum því að breytileikinn varðandi þessa aðila er feiknalega mikill. Mér er t. d. spurn: Hvernig á að ákveða laun — persónulaun — til trillubátamanns sem gerir út í 4 eða 5 mánuði lítinn trillubát, eða þess manns sem rekur atvinnubíl, og þar getur verið um það að ræða að bíllinn sé ýmist rekinn hérna á höfuðborgarsvæðinu eða norður á Raufarhöfn, svo að dæmi séu tekin? Vitanlega eru tekjumöguleikar þessara manna, sem hér eiga hlut að máli, geysilega misjafnir, og það getur því verið miklum vandkvæðum bundið að ákvarða þessum mönnum réttlátar persónutekjur. Ég dreg því ekkert úr því að þetta sé vandasamt. En mér sýnist að þau ákvæði, sem er að finna í frv. um þetta efni, segi harla lítið. Ég tek eftir því, að í 56. gr. frv., þar sem fjallað er sérstaklega um þetta atriði, segir á þessa leið: „Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til slíkrar ákvörðunar," þ. e. a. s. varðandi tekjur allra þessara manna. Ég er mjög hræddur um að þarna verði um býsna vandasamt verk að ræða ef ekki er skilgreint nánar í lögum hvað átt sé við. Mér sýnist líka að með þessu sé verið að fara fram á það nánast að ríkisskattstjóri megi skattleggja menn eftir því sem hann leggur þá á hné sér svo að segja. En ekkert slíkt ákvæði er vitanlega þægilegt að hafa í lögum varðandi skattlagningu.

Ég ætla mér ekki við 1. umr. þessa máls að setja fram hugmyndir mínar í þessum efnum. Þær koma kannske fram í þeirri n. sem kemur til með að fjalla um málið. Ég held þó að það megi ekki gefast upp við það verkefni sem menn hafa sett sér í þessum efnum, því að varðandi þetta atriði ríkir núna óviðunandi ástand. En hinu er ekki að neita, að það er býsna erfitt að koma þessu fyrir svo réttlátt sé.

Að sjálfsögðu er einfalt að ákveða að hver og einn, sem svona stendur á um, þ. e. a. s. einstaklingur sem hefur með höndum atvinnurekstur, skuli áætla sér tekjur og þær skuli miðast við það sem greitt er á frjálsum markaði fyrir hliðstæð störf. Það er auðvitað til bóta að ákveða að viðkomandi aðilar eigi að telja fram persónutekjur sínar. En vandinn kemur að sjálfsögðu upp þegar skattskýrslan kemur og hver og einn hefur ákveðið sér laun og tekið sína viðmiðun. Þá er ég ansi hræddur um að viðmiðunarreglurnar hjá hinum fjölmörgu framteljendum verði í þessum efnum mjög mismunandi. Þá er sem sagt spurningin hvort ekki er tiltækilegt að skilgreina þetta nánar og betur í lögum og setja síðan ákvæði í reglugerð til viðbótar. En ákvæðin um þetta, eins og þau hafa komið mér fyrir sjónir eftir að ég hef lítið nokkuð yfir þetta frv., eru ekki aðgengileg. Mér sýnist að þessi ákvæði séu mjög ófullnægjandi, og ég er hræddur um að annaðhvort færi þetta þannig, að hér yrði hálfgerð eða alger uppreisn út af því hvernig á yrði haldið, eða þá að það færi þannig, eins og í rauninni fór um hliðstætt atriði sem sett var inn í tekjustofnalögin í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga, en þar var beinlínis gert ráð fyrir því að farið yrði inn á þessa braut, að það mætti, þegar sérstaklega stæði á, ákvarða einstaklingum, sem svona stendur á um, — ákvarðað þeim tekjur. En það er viðurkennt í þessu frv. og alkunn staðreynd að þetta ákvæði hefur ekkert verið notað eða nálega ekkert. Þá er spurningin: Er verið að setja þetta hér inn og svo eigi að fara á svipaðan hátt, að þetta verði lítið eða ekkert notað, eins og viðurkennt er í þessu frv. að raunverulega hafi gerst með ákvæðin í tekjustofnalögunum?

Ég vil þá næst víkja nokkuð að þeim breytingum þessa frv. sem snúa að fyrningarreglum og skattlagningu á söluhagnaði. Þetta er gamalt viðfangsefni í sambandi við breytingar á skattalögum, og ég vil viðurkenna að það er hægara sagt en gert að setja reglur varðandi fyrningar sem eru í öllum greinum réttlátar. Ég hef hins vegar verið á þeirri skoðun að reglur, sem um fyrningar hafa gilt nú um alllangan tíma og gilda í dag, séu í mörgum greinum alveg fráleitar. Mér sýnist að þær reglur, sem miða

á við samkv. þessu frv., séu það ekki síður. Það er t. d. viðurkennt í frv., svo að við tökum dæmi, að það skuli fara með fyrningar á skipum eins og lausafé og það megi afskrifa skip um 30% af stofnverði þeirra á fyrsta ári og síðan aftur um 30% af því, sem þá verður eftir, á næsta ári. En það jafngildir þá 21% af stofnverði. Þetta þýðir einfaldlega, ef við tækjum t. d. nýjan skuttogara sem kostar 500 millj. kr. eða jafnvel enn þá meira, að afskrifa má slíkt skip um 50% eða rúmlega það á tveimur árum. Það þarf auðvitað ekki að spyrja hvernig fer um tekjuskattsgreiðslu hjá fyrirtæki sem rekur svona skip. Þarna er afskriftin svo mikil að á fyrsta ári eru allar líkur jafnvel til þess að afskriftin sé hærri en brúttótekjurnar. Ég tel að afskriftir af þessu tagi séu í eðli sínu alveg fráleitar. Hér er gert ráð fyrir allt of miklum afskriftum sem miða að því að sá, sem þarna á í hlut, borgi engan skatt.

En ég veit að það má segja, að með þessu sé ekki öll sagan sögð. Með því að afskrifa atvinnutæki svona mikið í nokkur ár og svo verði þetta atvinnutæki selt öðrum og þá kannske selt með greinilegum hagnaði, þá eigi þessi hagnaður að takast og skattleggjast eða þá að hagnaðurinn verði færður yfir á nýtt skip og dreginn þar frá hinu nýja stofnverði enn annars skips og þá megi síðan afskrifa það af lægri fjárhæð. Ég veit að þetta er rétt, þetta er hægt. En mér sýnist að miðað við algengustu dæmi, sem við þekkjum varðandi svona rekstur hjá okkur, þá yrði þetta alveg örugglega til þess að siglt yrði fram hjá þessum reglum þannig að t. d. útgerðarfyrirtæki, sem hefðu álitlegan hagnað, mundu aldrei borga neinn tekjuskatt.

En fyrningarreglur um atriði eins og þetta, eins og ég sagði, er mjög flókið að setja og þar gildir hreint ekki það sama um allt. Það er t. d. ekkert um það að villast að skip hafa ekki einungis hækkað í verði á undanförnum árum vegna innlendrar verðbólgu. Því fer víðs fjarri. Skip hafa vissulega hækkað hér í verði vegna innlendrar verðbólgu, en þau hafa líka hækkað stórkostlega í verði á undanförnum árum vegna erlendrar verðhækkunar. Það hafa ekki þurft að líða nema 2—3 ár á milli þannig að hliðstætt skip, sem kostaði 100 millj. erlendis, kostaði í sama landi 150 millj. Það er því enginn vafi á því, að eins og á hefur staðið hjá okkur hefur ekki verið mikil þörf á því að reikna með mjög háum fyrningum í sambandi við skattlagningu í sambandi við skip, hvort heldur sem verið hafa kaupskip eða fiskiskip.

Ég tek annað dæmi þar sem þetta snýr við á allt annan hátt. Ef ég t. d. tek síldarverksmiðju og loðnuverksmiðju, þá er enginn vafi á því að slík fyriræki hefðu þurft á að halda allháum afskriftum og tiltölulega miklu hærri en skipin vegna þess að viðkomandi fyrirtæki eru yfirleitt engin söluvara og þau eru því aðeins verðmæt, að þau geti verið í gangi og skilað hagnaði gegnum rekstur. Þar gildir ekki hið sama og á sér stað um skipin.

Þessi dæmi, sem ég var að nefna, sýna aðeins að mínum dómi að það getur verið býsna flókið að setja sanngjarnar reglur varðandi fyrningar og það á verðsveiflutímum bæði hérlendis og erlendis, eins og við höfum átt við að búa. En mér sýnist að þær reglur, sem gengið er út frá í þessu frv. varðandi fyrningar, séu í mörgum tilfellum mjög hæpnar.

Svipað er að mínum dómi að segja um reglurnar varðandi skattlagningu á söluhagnaði. Ég skal hins vegar játa að ég hef ekki sett mig þar nægilega vel inn í öll ákvæði frv., því að hér er um býsna flókið mál að ræða. En ég get vel fallist á að það beri að skattleggja söluhagnað þar sem hann kemur fram sem óumdeilanlegur gróði og laust fé. Undir þetta flokkast t. d. það að mínum dómi, sem ég les út úr þessu frv., að söluhagnaður, sem fellur til á þann hátt að aðili, sem átt hefur óbyggða lóð í kaupstað og lóðin hefur þotið upp í verði og er síðan seld með miklum hagnaði, ég tel mjög réttmætt að þessi aðili verði að greiða einhvern skatt af slíkum tilfallandi gróða. En hins vegar segi ég það, að það verður að skattleggja með vissri varúð söluhagnað sem að mestu kemur fram á pappír hjá gangandi atvinnurekstri þar sem er um eðlilegt framhald að ræða. Þar verður að beita mikilli varúð ef ekki á að lenda úti á þeirri braut að við förum að skattleggja þá verðþróun sem er að ganga yfir í heiminum. Ég er ósköp hræddur um að ef menn ætluðu að fara inn á þá braut, þá mundu þeir a. m. k. nema staðar þegar þeir kæmu að ýmsu því sem er mjög almennt í eigu manna. En um þessi ákvæði frv., sem snúa sérstaklega að fyrningarreglum og söluhagnaði, skal ég ekki ræða meira við þessa umr. Það verður að sjálfsögðu litið nánar eftir þessum nýju reglum þegar frv. kemur í nefnd.

Ég hef þá með nokkrum orðum vikið að helstu breytingunum sem er að finna í þessu frv. Eins og ég sagði í upphafi míns máls, þá sýnist mér að þó að í frv. sé vissulega fjallað um ýmis atriði skattamála sem þarf að fjalla um, þá sé hins vegar ekki vikið að ýmsum öðrum þáttum í skattlagningarmálum sem hefði þurft að mínum dómi að fjalla um. Það vantar auðvitað verulega á að við gerum upp þá stefnu sem við viljum hafa í skattlagningarmálum í landinu. Á það hefur skort mjög tilfinnanlega, einkum nú hin síðari ár.

Varðandi heildarskattlagninguna varð auðvitað stórfelld breyting hjá okkur með þátttökunni í EFTA. Þá var alveg sýnilegt að einn af gildustu tekjustofnum ríkissjóðs, tollarnir, mundi breytast stórlega frá því sem áður hafði verið og reyndar lækka. Þá var þeirri spurningu aldrei svarað til neinnar hlítar hvað ætti að koma í staðinn, hver stefnan ætti að vera, hvort við ætluðum eingöngu að hverfa að söluskattsformi eða hvort við ættum að gera einhverjar breytingar varðandi beinu skattana. En þegar litið er á heildarskattlagningarmálin kemur í ljós að í þessum efnum hefur orðið á nokkrum árum hjá okkur stórfelld breyting. Ég hef hér fyrir framan mig töflu yfir alla helstu skattstofna ríkisins um nokkurt árabil þar sem þeir eru flokkaðir í beina skatta, eins og tekjuskatt og eignarskatt og aðra beina persónuskatta, og svo aftur óbeina skatta sem fyrst og fremst eru söluskattur, tollur, framleiðslugjald og þess háttar. Það er býsna athyglisvert að sjá það, að fyrir nokkrum árum voru þessir beinu skattar okkar samkv. fjárlaga-

frv. í kringum 27% af heildarskattheimtunni, en í fjárlagafrv. fyrir árið 1977 eru þessir beinu skattar komnir úr 26—27% niður í 16.7%. En á sama tíma voru óbeinu skattarnir 71—72% fyrir nokkrum árum, árin 1973 og 1974, en nú eru þeir komnir samkv. síðasta frv., fyrir yfirstandandi ár, komnir upp í 82.2%. Nú er sem sagt svo komið að söluskatturinn er miðað við frv. kominn yfir 50%. Hér er auðvitað um að ræða stórkostlega breytingu. Einnig hefur það gerst á þessu tímabili, að tollarnir hafa verið að lækka til mikilla muna, m.a. í kjölfar EFTA-aðildarinnar, og sú breyting er gífurlega mikil. Um langan tíma var það svo, t.d. í kringum 1970, að tolltekjurnar voru í kringum 38%, en nú eru tolltekjurnar komnar niður í 20%. Og ekki nóg með það, eins og kom fram í umr. um síðustu tollskrárbreytingu eru tolltekjurnar í rauninni alltaf að verða óréttlátari og óréttlátari. Það má t.d. ekki gleyma því, eins og kom fram í þeim umr., að sá varningur, sem fluttur er til landsins og tollaður einna freklegast af öllum, er t.d. heimilistæki, öll möguleg heimilistæki, frá hnífum og göfflum og bollum og pönnum, — þetta er í einhverjum allra hæsta tollflokki sem þekkist, á sama tíma sem margar aðrar vörur, sem enn eru taldar munaðarvörur eða eyðsluvörur, eru í miklu lægri tollflokki. Það átti þó einu sinni að vera svo, þó að það hafi kannske verið einhverjar brotalamir á því, að skattheimta ríkisins í gegnum tolla væri þannig að fremur væri hlíft við tollum á ýmsum þýðingarmestu nauðsynjavörum. Tollarnir hvíldu þá í ríkara mæli á ýmsum þeim vörum sem menn kaupa tiltölulega sjaldan eða minna af.

Þarna skortir að mínum dómi algerlega stefnumörkun. Ætlum við að halda tekjuskattinum sem umtalsverðri skattheimtu fyrir ríkið, eða eru menn á leið út úr tekjuskatti? Það eru þegar komnar fram till. á Alþ. um að fella tekjuskattinn niður með öllu. Ég fyrir mitt leyti er sammála hæstv. fjmrh. eða því sem kom fram í hans framsöguræðu, að hann sagði að hann teldi mjög varhugavert að stefna í þá átt að fella niður tekjuskattinn með öllu. Ég álít að það væri alveg röng stefna. Ég álít að það ætti að vera enn meira en nú er af heildarskattheimtu ríkisins í formi tekjuskatts. Nú er svo komið að samkv. gildandi fjárl. fyrir þetta ár er gert ráð fyrir því að **tekjuskattur einstaklinga sé ekki nema** 8.1 milljarður þegar búið er að taka tillit til endurgreiðslna. Hér er því um tiltölulega litla skattheimtu að ræða, 8.1 milljarð, borið saman við heildarskattheimtuna. Ef maður breytir þessum 8.1 milljarði t.d. í söluskatt, þá yrði það innan við 5 söluskattsstig.

Ég tel að það, sem hefði átt að glíma við í sambandi við tekju- og eignarskattslögin að þessu sinni, hefði fyrst og fremst verið að gera ráðstafanir til þess með viðbótarlagaákvæðum að þeir fjölmörgu aðilar, og þar á ég ekki síst við ýmiss konar rekstrarfyrirtæki sem nú sleppa með öllu við að borga tekjuskatt, þau kæmu með og borguðu réttlátan hluta af tekjuskattinum. Það á ekki að þurfa að endurtaka sig ár eftir ár að hægt sé að benda á að hér í Reykjavík einni séu yfir 500 fyrirtæki sem velta hundruðum milljarða kr. á ári, sem borga engan tekjuskatt. Þetta er vegna þess að skattalög okkar eru opin í báða enda varðandi þessa aðila. Þessi margbreytilegu fyrirtæki höfðu í fyrsta lagi leyfi til þess að leggja fram eigin reikninga og gera þar ráð fyrir útgjöldum af þessu eða hinu taginu, og endurskoðun á þessum framlögum er sáralítil. Það fer ekkert á milli mála að fyrirtækin hafa þarna möguleika á því, eins og formið er nú, að skjóta undan tekjum eða breyta þeim í það form að þau sleppi við skattlagningu. Eftir stendur svo það, að mikill meiri hluti af þessum tekjuskatti fellur á almennt launafólk, og varðandi hinn almenna launamann er búið að byggja upp býsna gott kerfi, að elta uppi tekjur hvers einstaklings, hvar svo sem þær falla til. Við erum ekkert hissa á því nú, þó að einstaklingur hafi fengið tekjur greiddar á árinu hjá svona 10 fyrirtækjum í öllum kjördæmum landsins, að kapp sé lagt á að ná því öllu saman, safna vinnumiðunum saman, koma þeim á réttan aðila og láta hann ekki sleppa. Sem sagt, launþegarnir eru eltir býsna vel uppi, tekjur þeirra koma fram í öllum aðalatriðum, hinna almennu launþega, og þær tekjur eru skattlagðar. Þar er ekki einu sinni spurt um hvort tekjurnar séu nægilegar til þess að lifa á þeim. Það er ákveðið samt: Ríkið verður að fá eitthvað af þínum tekjum, góði, þú verður að borga eitthvað. — Við þetta hafa menn sætt sig. Hins vegar er það, að ef um rekstrarfyrirtæki er að ræða af ýmsum tegundum, þá getur slíkur rekstur fært upp alls konar útgjöld sem gera það að verkum að á reikningum er afkoman heldur lítil, litlar nettótekjur, og ef einhverjar tekjur verða samt eftir, þá eru samkv. gildandi skattalögum margvíslegar reglur sem miða allar að því að hlífa rekstrinum. Reksturinn fær mikinn frádrátt vegna fyrningarreglna, og reksturinn fær leyfi til þess að leggja í varasjóð af sannanlegum tekjum. Hann sleppur því miklu betur undan eðlilegri skattgreiðslu en hann ætti að gera.

Þetta, sem ég segi varðandi skattlagningu fyrirtækja, má ekki skilja þannig að ég geti ekki þolað það að atvinnufyrirtæki eigi að hafa brúklega afkomu til þess að geta haldið áfram sínum rekstri. Það er allt annað. Vitanlega ber að huga að því hvernig búið er að atvinnurekstrinum í öðrum greinum. Ég er t.d. ekki á því að það eigi að leggja það á atvinnureksturinn almennt, sem nú er gert, að atvinnureksturinn verði að borga 20 og upp í 25% í vexti af öllum þeim fjármunum sem hann þarf að taka að láni. Slíkt er auðvitað hreint vaxtaokur og væri nær að gera þar á breytingu. En hinu held ég fram, að það væri eðlilegt að rekstrarfyrirtækin bæru meira af skattbyrðinni til ríkisins en þau gera nú.

Svo kemur auðvitað hitt atriðið, að gera upp við sig hvernig skiptingin er á milli einstaklinganna á þeim skatti sem á er lagður. Það er alveg rétt, að það er margt hægt að finna að þeirri skiptingu. Það fer ekkert á milli mála að ýmsir einstaklingar í þjóðfélaginu hafa aðstöðu til þess að sleppa furðuvel frá skattlagningu. Við vitum að menn í ákveðnum störfum og stéttum í þjóðfélaginu, alls konar umboðsmenn og hvað þeir heita nú, geta sloppið furðuvel, að ég tali nú ekki um lögfræðinga og tannlækna og þess háttar. (Gripið fram í.) Ekki lögfræðingar, nei.

En hvað sem því líður, þá er enginn vafi á því og við þekkjum það mætavel, að þessir aðilar hafa möguleika til að skjóta sér undan sínum hluta, og þá verður þeim mun stærri hluti af skattbyrðinni sem lendir á herðum annarra.

Meginniðurstaða mín af þessu er sem sagt sú, að ég tel að í þessu frv. sé ekki komið á neinn hátt að meginverkefninu, þ. e. að breyta okkar skattalögum þannig að þeir, sem tvímælalaust sleppa undan skattgreiðslum nú, þ. e. a. s. margvíslegur atvinnurekstur og ýmsir slíkir aðilar eins og ég hef verið að nefna, þeir taki sinn réttláta þátt í skattgreiðslunni. Við þessu er ekki hreyft. Hins vegar er fram og til baka skekið í því í hvaða formi skattlagningin á að vera, hvort hún er af nettótekjum eða brúttótekjum, eða hvort á að reyna að mæta þeim kröfum, sem fram hafa komið sérstaklega hjá kvenþjóðinni upp á síðkastið, á þann hátt að búa til vissan hókus-pókus, slengja saman tekjum, deila í og slengja svo saman skattinum aftur. Í mínum augum er þetta allt saman minni háttar rugl sem ekki skiptir neinu höfuðmáli. Ég hef sagt hér áður hver er afstaða mín til þessa, að ég álít að það væri tiltölulega auðvelt verk að gera breytingar á skattalögum þannig að þessum óskum verði mætt varðandi sérsköttun hjóna.

En ég hef nú eflaust talað of lengi um málið og er best að ég fari að hætta að þessu sinni. Ég held ég verði þó að spyrja hæstv. fjmrh. undir lokin, af því að mér finnst að þetta frv. hafi borið að með nokkuð einkennilegum hætti.

Í fyrsta lagi er það nú svo, að þessi ríkisstj. er búin að vera við völd í rúmlega 2½ ár og lofa skattbreytingum. Sjálfur var fjmrh. búinn að flytja hér, áður en hann varð fjmrh., frv. um að gera stórkostlegar breytingar á skattalögum landsins með gífurlegri lækkun á sköttum. Það tekur því ekki að vera að minna hann á það. En í 2½ ár hafa menn verið að baksa við að koma saman þessu frv. Stjórnmálaflokkarnir hér á Alþ. voru beðnir um að tilnefna menn til samstarfs um að athuga þetta verkefni, en þeir menn voru nær aldrei kallaðir á fund og tóku engan þátt í þessu undirbúningsstarfi. En svo kom loksins frv. samt sem áður og hæstv. ráðh. hefur þegar talað fyrir frv. En maður er alltaf að heyra það meir og meir, ýmist úr fréttamiðlum eða hér á Alþ., að það sé eitthvað „brogað“ við stuðning ríkisstj. við þetta frv. Þó er þetta stjfrv. Getur það verið að ríkisstj. styðji ekki af fullum einhug stjfrv.? Eru einhverjir ráðh. óbundnir af stjfrv.? Getur það verið? Nei, ég skal segja hv. þm. það og öðrum hér, að það er til alþekkt regla og hefur oft verið notuð hér á Alþ. þegar svo hefur staðið á að ráðh. hefur viljað flytja frv. og ekki fengið fulla samstöðu um frv. í ríkisstj. Þá hefur verið farin sú leið að viðkomandi ráðh. sendir frv. til n. í þinginu og óskar eftir því að viðkomandi n. flytji frv. að sinni beiðni. Þannig er hægt að koma stjfrv., sem eru svona löguð, á framfæri. Þetta hefur oft verið gert. (**Gripið fram í:** Þú ert ekki í vandræðum með aðferðina.) Nei, ekki af því hún hefur oft verið farin hér áður og ég hef tekið þátt í því að flytja svona frv. fyrir ráðh. sem hafa verið í bögglingi með málið. En nú gerist það að hæstv. fjmrh. flytur frv., en aðrir ráðh. vilja ekki kannast við það. (**Gripið fram í: Styður Matthías** frv?) Auðvitað styður hæstv. ráðh. frv. sjálfur — eða er eitthvert hik á honum líka? Það væri mjög fróðlegt að heyra hér frá öðrum hæstv. ráðh. Styðja þeir frv.? Eða er einhver bögglingur fyrir brjóstinu á þeim? Auðvitað á það að liggja hér skýrt fyrir hver afstaða ríkisstj. er til frv. Það er ekki hægt að blanda því saman við það að ríkisstj. geti fallist á að frv. sé breytt. En það er mjög þýðingarmikið að vita hvort ráðh. allir standa að þessu frv. og þeim till. sem koma fram í frv. Auk þess er mjög þýðingarmikið að fá að vita það, og því beini ég sérstaklega til stjórnarstuðningsmanna, hvort stuðningsmenn ríkisstj. hér á Alþ. styðja frv.

Mér hefur fundist það vera eitthvað skrýtilegt hvernig þetta mál ber að. (Gripið fram í.) Já, ég er ýmsu vanur í þessum efnum, hef verið hér lengi á Alþ. (**Fjmrh.:** Bæði sem ráðh. og þm.?) Já, en ég verð þó að játa það, að mér finnst nú þetta göngulag á þessu frv. vera með ólíkindum. En þetta kemur allt fram. Ég efast ekkert um að hæstv. fjmrh. kemur til með að upplýsa hver sé afstaða hans og allra hinna líka, því að við viljum fá þá alla átta fram. (Gripið fram í.) Nei, það er nú ekki enn þá orðið svo að það sé einn og átta, það eru ekki nema einn og sjö enn þá.

Það hefði auðvitað verið ástæða til þess að koma hér miklu meira inn á skattlagningarpólitík núv. ríkisstj. Ég hef bent á það oft áður, að hún hefur verið ákaflega skattglöð þessi ríkisstj. Hún hefur ekki aðeins hækkað og hækkað, hún hefur þotið á alla mögulega tekjustofna sem hún hefur séð. Jafnvel neyðarskattar, sem lagðir hafa verið á, eins og vegna jarðelda og snjóflóða, um leið og þessir skattar losna grípur ríkisstj. þá og setur þá í ríkissjóð. Og þó að hún sé að leggja á aukna tolla, eins og t. d. tímabundna vörugjaldið sem nú er komið upp í 18%, og það eigi aðeins að standa í nokkra mánuði, þá hefur hún nú framlengt það þannig að nú er fyrirsjáanlegt að það á að standa í a. m. k. 2½ ár. Ég lít því svo á að það tekjuskattsfrv., sem hér liggur fyrir, marki í raun inni enga nýja stefnu varðandi skattlagningarmálin. Það gerir ófullnægjandi grein fyrir þeim atriðum sem þó er fjallað um í frv., en hin atriðin, sem eru miklu þýðingarmeiri, liggja þarna alveg fyrir utan. En við skulum vona að sú n. í þinginu, sem á eftir að fá þetta einkennilega til komna frv., eigi eftir að betrumbæta það eitthvað áður en það kemur hingað inn aftur.

Tómas Árnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert ítarlega grein fyrir frv. því til l. um tekjuskatt og eignarskatt sem hér er til umr.. Frv. þetta er stór og viðamikill bálkur sem fjallar um mjög flókin og margþætt viðfangsefni.

Um meðferð málsins og vinnubrögð vildi ég segja að skiptar skoðanir voru um það hvort tímabært hafi verið að leggja málið fram á Alþ. fyrir áramót, sérstaklega með tilliti til þess að ekki hafði unnist tími til að kanna það til hlítar hvaða heildaráhrif frv. hefði á skattlagn-

inguna. En öll er þessi vinna mjög tímafrek og vandasöm og því ekkert um að sakast þótt tímaáætlanir um meðferð málsins standist ekki til fulls. Það kann að vera matsatriði hvenær slíkur bálkur er nægilega vel undirbúinn til þess að leggjast fyrir Alþ. og enn fremur hve mikið svigrúm ríkisstj. er viljug til að gefa Alþ. til breytinga. Ljóst er að hæstv. fjmrh. hefur gert ráð fyrir því að ýmis ákvæði frv. gætu tekið meiri eða minni breytingum í meðferð Alþ. innan ramma þeirrar meginstefnu sem frv. byggir á.

Gildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt eru orðin mjög gömul að stofni til, að ég ætla yfir 40 ára gömul. Þeim hefur að vísu verið breytt — eða við þau aukið — oftar en flestum öðrum lögum í landinu. Þær breytingar hafa yfirleitt varðað skattstiga og þess háttar, þannig að grundvöllurinn mun að mestu hafa verið lagður með skattalögunum frá 1935. Á fast að hálfri öld hafa orðið gífurlegar breytingar á lifnaðarháttum þjóðarinnar sem ætla má að gefi tilefni til verulegra grundvallarbreytinga á skattalögum.

Nefnd, sem Halldór E. Sigurðsson, þáv. fjmrh., skipaði í ágústmánuði 1971, skilaði mjög ítarlegri skýrslu til fjmrh. í nóv. 1973 um tekjuöflun ríkisins. Skýrslan er mjög viðamikil og hefur að geyma mjög fróðlega úttekt á tekjuöflunarkerfi ríkisins og var ætlað það sérstaka hlutverk að draga saman á einn stað þau efnislegu aðalatriði sem þurfa að vera grundvöllur að mótun heildarstefnu í skattamálum.

Það er fróðlegt að bera heildarskattaálögur á Íslandi saman við heildarskattaálögur á hinum Norðurlöndunum, ekki síst í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Austurl. sem kom dálítið inn á þetta mál áðan. Síðustu tölur, sem ég þekki um þessi efni, eru frá árinu 1974. Þá voru heildarskattaálögur ríkis og sveitarfélaga hér á Íslandi 32.2% af vergum þjóðartekjum. Á hinum Norðurlöndunum var sambærileg hlutfallstala 43—46%. Þetta prósentuhlutfall var aðeins hærra hérlendis árið 1975 eða 34.8% og árið 1976 35.9%. Innifaldir í þessu prósentuhlutfalli eru skattar eins og viðlagasjóðsgjald, olíugjald og fleiri minni háttar gjöld.

Í Danmörku hefur þróun heildartekna miðað við þjóðarframleiðslu verið þannig, að í kringum aldamótin var þetta hlutfall um 9% og fór vaxandi upp í 11—12% í kringum 1914. Árið 1935 var heildarskattálagningin orðin 15% af þjóðarframleiðslunni, árið 1950 var þetta hlutfall komið upp í 25% og var um 40% árið 1970. Álitið er að þessi prósenta muni hækka upp í 60% af vergum þjóðartekjum á miðjum næsta áratug.

Þessi þróun mála í Danmörku hefur leitt til þess að nýlega varð til nýr stjórnmálaflokkur, Glistrup-flokkurinn, sem hefur það á stefnuskrá sinni að lækka skatta. Þessi flokkur hefur náð verulegu fylgi í Danmörku eins og kunnugt er.

Ég rifja þetta upp hér til þess að bregða nokkru ljósi á, hvar við erum á vegi staddir samanborið við nágrannaþjóðir okkar í sambandi við heildarskattálögur miðað við þjóðarframleiðslu.

Að sjálfsögðu skiptir miklu hvernig löggjöfin er úr garði gerð varðandi skattamálin, en framkvæmd löggjafarinnar er sérstaklega þýðingarmikil. Verður aldrei lögð of mikil áhersla á það. Borgararnir eru mjög næmir á að réttlætis sé gætt í skattamálum. Þess vegna hefur það mikla þýðingu að endanleg skattálagning sé birt almenningi. Svo hefur ekki verið hér á landi. Endanleg skattálagning er ekki birt, heldur niðurstaða fyrstu skattálagningar samkv. framtölum. Hin birta skattaálagning breytist oft þegar skattyfirvöld fara betur ofan í saumana. En viðbótarálagning eða hækkun skatta hefur ekki verið birt og því koma endanlegir skattar ekki fyrir sjónir almennings. Frv. gerir ráð fyrir að bæta úr þessu með því að framlagningu skattskrár verði seinkað þar til meginhluti úrskurða um kærur hefur verið felldur.

Sjálfsagt er að reyna að hafa skattalögin eins einföld og auðskilin og kostur er á og að því er stefnt. Ég hef þó ekki trú á því að hægt sé að setja einföld skattalög nema þá á kostnað félagslegra sjónarmiða. Mannlífið er flókið og margþætt. Þess vegna hljóta lagaákvæði, sem taka tillit til margbreytilegra tilvika og réttlætis, að verða nokkuð flókin, enda ber hagfræðingum saman um að skattamál og skattalög séu eitthvert flóknasta fyrirbrigði í þeirra fræðigrein.

Við samningu skattalaga þarf að taka mið af nokkrum grundvallaratriðum sem eiga að vera ráðandi.

Menn eiga t. d. ekki að greiða skatta af þurftarlaunum.

Í öðru lagi eiga þeir að greiða mestan skatt sem mest bera úr býtum. Breiðu bökin eiga að bera meiri skatta en hin veikbyggðari.

Þá eiga skattalög að hvetja til dugnaðar og sparsemi. Það á ekki að knésetja slíkar fornar dyggðir með óhóflegum skattaálögum.

Þá koma til almannahagsmunir. Það á að hvetja menn til að viðhalda mannvirkjum. Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að það eigi að taka til frádráttar í sambandi við skattálagningu kostnað af viðhaldi íbúðarhúnæðis, og álít að það séu þó nokkrar röksemdir sem styðja að því. Það er t. d. algengt í okkar þjóðfélagi að menn byggja íbúðarhús sín á miðjum aldri, þegar menn hafa bestar og mestar tekjur. Síðar fara þau að ganga úr sér þegar menn verða eldri, og menn búa í þeim áfram. Það þarf að fara að halda þeim við. Og það er eðlilegt af þeirri ástæðu að tekið sé tillit til viðhaldskostnaðar í sambandi við skattálagningu. Þá hefur það einnig þjóðhagslega þýðingu að hvetja menn til þess að halda vel við íbúðarhúsum, og það þarf að vera einhver hvatning að mínu mati í skattalögum í þá átt. Í þriðja lagi þrýstir slíkt á að vinna við viðhald á húsnæði sé gefin upp til skatts. Það er enginn efi á því. Það er t. d. íhugunarefni ef eldri húsum, svo að dæmi sé tekið hér í Reykjavík eða annars staðar á landinu er ekki haldið nægilega vel við og ekki nýtt sem skyldi til þess að draga úr útþenslu byggðar. Ný hverfi og nýjar byggðir kosta samfélagið ógrynni fjár, m. a. vegna nauðsynlegrar þjónustu. Að sjálfsögðu þarf einnig að koma til skynsamleg lánastefna sem gerir mönnum kleift að halda við eldri byggingum. Það er í þágu þjóðarinnar og framtíðarinnar. Einnig á að hvetja til verðmætasköpunar til þess að sem mest verði til skiptanna í þjóðfélaginu.

Þá á að samræma skattalög og tryggingalög til þess að tryggja félagslegt réttlæti.

Með hliðsjón af því, sem ég sagði áður um að reiknað væri með að frv. mundi án efa taka breytingum í meðförum Alþ., vil ég leggja sérstaka áherslu á nokkur tiltekin atriði sem þarf að endurskoða og lögfesta fyrr en seinna.

Í fyrsta lagi vil ég víkja sérstaklega að ákvörðun um skattlagningu hjóna. Þá vaknar spurningin um hvaða helstu gallar séu á núgildandi skattalögum í þessum efnum og að hvaða markmiðum skuli stefnt með setningu nýrra lagaákvæða.

Í fyrsta lagi er reglan um 50% frádrátt af tekjum konu, sem vinnur utan heimilis hjá öðrum, fráleit þegar um hátekjukonur er að ræða eða þegar konan hefur hærri tekjur en maðurinn. Í öðru lagi er hún ranglát gagnvart konum sem ekki geta unnið úti við. Hvers eiga húsmæður að gjalda af þjóðfélaginu? Þær vinna mjög þýðingarmikil störf við að ala upp nýja þjóðfélagsborgara. Hér verður að finna einhverja reglu sem gengur til móts við þessar konur. Húsmæður, sem ekki geta unnið úti, hafa ekki haft jafnræði og jafnrétti á við aðra. Úr þessu þarf að bæta.

Inn í þessa umr. fléttast raunar afstaðan til heimilisins sem stofnunar í þjóðfélaginu. Það er því ástæða til að minna á þá stefnu að heimilið eigi að vera hornsteinn þjóðfélagsins sem um aldir hefur gegnt þýðingarmiklu menningar- og uppeldishlutverki, þótt mikil breyting hafi orðið í þessum efnum á undanförnum árum. Ég álít að þjóðin ofmeti seint hlutverk húsmóðurinnar í íslensku þjóðfélagi. Þessi afstaða til heimilisins, sem ég hef verið að lýsa, er eitt af stefnuskráratriðum Framsfl., svo mikla áherslu leggjum við á þetta atriði.

Þá vil ég aftur víkja að 50% frádráttarreglunni. Hún hefur haft mikla þýðingu til að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu. Að þessu þarf fjh.- og viðskn. að hyggja þegar hún fjallar um málið. Það verður þó að hafa sterkt í huga að ýmis önnur ákvæði skattalaga koma til með að hafa áhrif á skatta, eins og hæstv. fjmrh. gerði glögglega grein fyrir í framsöguræðu sinni. En það er að sjálfsögðu heildarniðurstaðan sem mestu máli skiptir. Ég álít það rétta stefnu að hjónum skuli reiknaður tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi og jafnframt sé reiknaður heimilisafsláttur og barnabætur. Hins vegar þarf að leggja áherslu á þau sjónarmið, sem ég hef lýst hér að framan, áður en lagaákvæðin eru endanlega ákveðin. Ég vil þó að fram komi að niðurstaða þessarar endurskoðunar leiði ekki til mikilla breytinga á skattlagningu hátekjumanna borið saman við aðra, og ekki sýnist ástæða til að hækka skatta á einstæðum foreldrum.

Í öðru lagi þarf að endurskoða ákvæðin um vaxtafrádrátt. Í því sambandi er mjög nauðsynlegt að greina á milli vaxta, sem verða til vegna atvinnurekstrar, og vaxta, sem skapast af einkaneyslu, eins og t. d. vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis. Með tilliti til ástæðna unga fólksins kemur ekki til álita að leggja niður vaxtafrádrátt vegna íbúðarhúsnæðis. Hins vegar þarf að setja þak á vaxtafrádráttinn þegar um er að ræða vaxtagreiðslur vegna atvinnurekstrar, til þess að koma í veg fyrir að menn hreinlega geti í senn spilað á verðbólguna og lækkað skatta sína umfram það sem eðlilegt má telja. Oft er erfitt í framkvæmd að greina til hvers lán eru notuð. Verður sjálfsagt í því efni að meta málið eftir aðstæðum og málavöxtum. Hér sem annars staðar grípa önnur ákvæði skattalaga inn í, svo sem ákvörðunin um eigin húsaleigu, skuldir, leigugreiðslur o. fl. Mér hefur fundist sanngjarnt að leigugreiðslur þeirra, sem greiða húsaleigu, komi til álita við skattlagningu.

Í þriðja lagi þarf að flýta endurskoðun á ákvæðum um skattlagningu söluhagnaðar og fyrningar. Í frv. eru ákvæði sem ganga í rétta átt, t. d. að reyna að koma í veg fyrir að unnt sé að skapa nýjan fyrningargrunn með málamyndagerningum á milli lögpersóna, bæði félaga og einstaklinga. Varðandi fyrningar þarf þó að tryggja áfram nauðsynlega endurnýjun atvinnutækja og uppbyggingu í atvinnulífinu sem horfir til hagræðingar og framfara og hv. 2. þm. Austurl. kom inn á í sinni ræðu hér áðan.

Fjórða atriðið, sem ég vildi sérstaklega nefna, eru vandkvæðin á því að skattleggja réttilega launafólk annars vegar og þá, sem hafa með höndum atvinnurekstur, hins vegar, ekki síst þegar um smærri atvinnurekstur er að ræða. Það, sem mestu máli skiptir, er að koma á skattaframkvæmd sem tryggi réttlæti. Það er ótæk niðurstaða að tekjuskatturinn verði fyrst og fremst skattur á launafólk og þeir, sem fást við atvinnurekstur og sýnilega hafa einkaneyslu á við launamenn, skuli ekki greiða sambærilega skatta á við þá.

Frv. gerir ráð fyrir verulegum breytingum frá gildandi lögum. Ekki álít ég að rétt sé að gera mönnum skatt án tillits til rekstrarafkomu. Þjóðfélagið á mikið undir ýmiss konar smáatvinnurekstri, þ. á m. búrekstri, svo að dæmi sé tekið. Ekki verður mögulegt að greiða tekjuskatt nema af raunverulegum tekjum. Það liggur ekki í eðli málsins að greiða tekjuskatt af tekjum sem engar eru. Skattalög mega ekki drepa niður eðlilega og nauðsynlega löngun manna til að stofna til smærri atvinnurekstrar. Aðgæsla er því nauðsynleg þótt tryggja verði að smáatvinnurekendur greiði skatta á borð við aðra þjóðfélagsþegna.

En hvernig á þá að fara með þá sem aldrei greiða sambærilega skatta á við aðra og geysileg gagnrýni hefur komið á í hvert sinn svo að segja sem skattskráin kemur út? Rétt er að vitna til þess, sem ég sagði áður, að skattskráin gefur ekki rétta mynd af endanlegri skattálagningu, vegna þess að þar er aðeins skattálagning sem er gerð í samræmi við framtöl. Ég álít, að það eigi að áætla þeim mönnum skatt og þeir fái síðan færi á að skýra mál sitt. Í þessum efnum er rétt að skattyfirvöld hafi hliðsjón af einkaneyslu manna og gangi ríkt eftir framtölum. Þá kemur mjög til álita að innleiða brúttóskatt og skattstofn verði hinn sami til útsvars og tekjuskatts.

Í umr. um skattalög ber að hafa í huga að skattamál eru mjög flókin. Sá frumvarpsbálkur

um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er til umr., er bæði flókinn og þess eðlis að mörg ákvæði hans hafa áhrif á önnur ákvæði. Þess vegna er ekki rétt að ræða einangrað um áhrif hvers ákvæðis því að önnur hafa einnig áhrif. Þessi mál verða því ekki ljós að mínu mati nema þau séu rædd af mönnum sem gjörþekkja lagabálkinn í einstökum atriðum svo og samverkandi áhrif hinna ýmsu greina frv.

Að lokum vil ég undirstrika þá stefnu, sem fram kemur í frv., að þyngja verulega refsingar við brotum á skattalögum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 46. fundur.

Mánudaginn 7. febr., kl. 4 síðdegis.

Fiskveiðiheimildir íslendinga og færeyinga, þáltill. (þskj. 302). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 47. fundur.

Þriðjudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Vinnuvernd og starfsumhverfi, þáltill. (þskj. 301). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sami kjördagur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, þáltill. (þskj. 82). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskimjölsverksmiðja í Grindavík, þáltill. (þskj. 95). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, þáltill. (þskj. 189). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskveiðiheimildir íslendinga og færeyinga, þáltill. (þskj. 302). — Ein umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að mæla hér með örfáum orðum fyrir till. til þál. á þskj. 302, en till. fjallar um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir íslendinga og færeyinga. Till. er á þessa leið:

„Alþ. ályktar að staðfesta niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir íslendinga og færeyinga, sem undirrituð var hinn 4. febr. 1977. Niðurstaðan er prentuð sem fylgiskjal með ályktun þessari.“

Hér er sem sagt farið fram á samþykkt Alþ. á þeirri niðurstöðu sem varð í viðræðum milli lögmanns færeyinga og sjútvrh. þeirra við fulltrúa ríkisstjórnar Íslands sem fram fóru hér í Reykjavík 4. þ. m. um heimildir annars vegar okkar til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyja og hins vegar færeyinga til loðnuveiða við Ísland.

Eins og grein var gerð fyrir á fundi utanrmn. eigi alls fyrir löngu barst um jólaleytið bréf frá lögmanni færeyinga, Atla Dan, til okkar þar sem farið var fram á heimild til loðnuveiða, 20—30 þús. tonn, á þessu ári. Því var strax svarað til að íslendingar mundu engar veiðiheimildir veita, enga fiskveiðisamninga gera meðan Alþ. væri ekki að störfum eins og fram var tekið í umr. fyrir jólaleyfið. En þegar þing kom saman að nýju var tekið við þessari færeysku sendinefnd, sem ég áðan nefndi, og gerður sá samningur eða það samkomulag sem hér er til umr. og er háð samþykki bæði Alþingis og Lögþings Færeyja. Sú niðurstaða, sem hér um fjallar, gerir ráð fyrir að hvor aðili um sig hafi heimild til að veiða allt að 25 þús. smálestum af framangreindum fisktegundum. Kolmunnaveiðarnar mega stunda 15—17 íslensk skip. Á sama hátt geta 15 færeysk skip stundað loðnuveiðar, þó aldrei fleiri en 8 í senn. Þau fiskiskip, sem umræddar veiðar stunda, skulu hlíta sömu reglum og innlend skip við sams konar veiðar, þ. á m. að því er varðar friðunarsvæði og lokun svæða yfirleitt. Í samkomulaginu er einnig tekið fram að aðilar telja æskilegt að stofnað verði til samvinnu um rannsóknir á göngu kolmunna á svæðinu milli Íslands og Færeyja.

Ástæðan til þess, að ríkisstj. taldi rétt að gera þennan samning, er í örstuttu máli sú í fyrsta lagi, að fiskifræðingar telja að loðnugangan muni að þessu sinni vera það mikil að íslensk skip muni ekki anna veiðum á henni. Í öðru lagi eru höfð í huga þau ákvæði hins samræmda texta sem hefur verið gerður á Hafréttarráðstefnunni, að þegar þannig standi á að fiskstofnar leyfi sé eðlilegt að strandríki veiti öðru ríki samningsbundnar veiðar innan fiskveiðilögsögu sinnar. Í þriðja lagi mætti svo kannske nefna það, að færeyingar hafa sérstöðu og að við höfum viljað með þessu sýna að við skiljum að þeir eiga mikið undir fiskveiðum komið, ekkert síður en við. Færeyingar eiga nú mikla örðugleika fram undan í viðskiptum sínum við Efnahagsbandalag Evrópu, þar sem ljóst er að veiðisvæði mjög mikils hluta þessa afla, sem þeir hafa að undanförnu fiskað, verður innan

fiskveiðitakmarka Efnahagsbandalags Evrópu, og fari svo að bretar fái sérstaka fiskveiðilögsögu fyrir sig, t. d. 50 mílur, þá eru allar horfur á því að verulegur hluti veiðisvæðis færeyska aflans undanfarið lendi innan þess svæðis og þá er staða færeyinga mjög örðug.

Eins og ég sagði er niðurstaðan birt sem fylgiskjal, og ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja hana nánar en gert hefur verið. Ég hef þegar gert grein fyrir helsta efni hennar. Ég hef þegar gert grein fyrir þeim ástæðum sem lágu að baki þeirri ákvörðun ríkisstj. að gera þetta samkomulag, þó að sjálfsögðu að áskildu samþykki Alþingis.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þegar menn hafa rætt vild sína nú, þá verði umr. frestað og till. vísað til hv. utanrmn. Ég vil taka fram að ef hv. alþm. ákveða að verða við þessari beiðni færeyinga og staðfesta þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir, þá er þeim mjög áríðandi að fá að hefja veiðarnar sem allra fyrst, þar eð miklu styttra er á miðin meðan loðnan er fyrir Austur-Íslandi heldur en síðar verður, þegar hún hefur flutt sig annað.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef ekki athugasemdir að gera við það samkomulag sem gert hefur verið við færeyinga og hér er til umr. *Ég vil hins vegar taka það fram, að fylgi mitt* við þessa till. er af nokkuð öðrum toga spunnið en hér kom fram hjá hæstv. utanrrh.

Ég tel ekki hafa verið röksemdir fyrir því að semja um þessa heimild handa færeyingum nú af þeim ástæðum að við íslendingar gætum ekki veitt alla þá loðnu sem fiskifræðingar telja leyfilegt að veiða á okkar miðum. Það er misskilningur. Það er tiltölulega mjög auðvelt fyrir okkar flota að veiða allt það magn. Þar er aðeins um það að ræða að skipuleggja okkar mál nokkuð á annan veg en nú er gert til þess að koma því í verk. Ég tel ekki heldur ástæðu fyrir þessum samningum þá, að við séum að fá rétt hjá færeyingum til veiða á kolmunna. Ég hefði sætt mig vel við þennan samning án nokkurrar slíkrar heimildar. Það er skoðun mín að ef eitthvað verður að ráði úr veiðum okkar á kolmunna, þá muni þær veiðar allar fara fram, miðað við þá reynslu sem við höfum af því, í fiskveiðilögsögu okkar.

Ástæðan til þess að ég vil ekki standa gegn því að færeyingum sé veitt þessi heimild er sérstaða færeyinga og sú vinsemd sem ég tel að við eigum að sýna færeyingum varðandi þessi mál. Ég hef sagt það áður, að ég hefði talið rétt að standa þannig að þessum málum nú, að við hefðum sagt upp öllum fiskveiðiheimildum útlendinga sem nú eru í gildi og gert tilraun til þess að losa okkur við vestur-þýska samninginn vegna gjörbreyttra kringumstæðna, — og þegar ég segi: að losa okkur við alla samninga, þá á ég einnig við þá samninga sem gilda við færeyinga, en taka svo upp þeirra sérmál alveg sérstaklega og athuga þá einnig hvort við gætum ekki liðsinnt þeim með heimildum til veiða á loðnu, einkum og sérstaklega að mínum dómi á sumarveiddri loðnu, en leita eftir því við þá að þeir féllu hins vegar frá óskum sínum um að stunda þorskveiðar hér, einkum á þessu ári sem verður tvímælalaust nokkuð viðkvæmt ár fyrir okkur með þorskinn. En hæstv. ríkisstj. hefur hér haft annan hátt á, haldið áfram í gildi öllum fiskveiðiheimildum, sem verið hafa, og tekið út úr þessa beiðni um loðnuveiðar. Ég vil ekki standa gegn því af því að ég vil meta stöðu færeyinga á annan veg en annarra og að við sýnum þeim þá vinsemd sem fram kemur í þessum samningi. Því mun ég út af fyrir sig styðja þetta samkomulag, þó að ég hefði óskað eftir því að öðruvísi yrði staðið að málinu. Rökstuðningur minn fyrir því að fylgja þessu máli er talsvert mikið á annan veg en kom fram hjá hæstv. utanrrh.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. hefur fjallað um þessa till. og samþykkt að styðja framgang hennar hér á þingi.

Af þeim ástæðum, sem við tilgreinum, vil ég telja fyrsta tilvísun til þess frumvarps til hafréttar sem nú liggur fyrir Sameinuðu þjóðunum, en þetta mál fellur beint undir 50. og 51. gr. sem eru meðal þeirra er lítil átök hafa verið um í seinni tíð og allar líkur eru á að nái samþykki. Ég harma að þetta skyldi ekki vera nefnt í athugasemdum við þáltill., en fagna því um leið að hæstv. utanrrh. nefndi þetta atriði. Ég tel að þetta séu nokkur rök um það hvernig við störfum í þessum málum í skiptum við aðrar þjóðir um aðra ásókn um veiðiheimildir.

Samkvæmt ákvæðum í 50 gr. hefðu íslensk yfirvöld átt að meta að sínu leyti hver hámarksafli af loðnu gæti verið, en það var einmitt eitt af meginatriðum sem við börðumst fyrir á þessum ráðstefnum, að það yrði mál strandríkisins eins að láta slíkt mat fara fram. Hæstv. ráðh. lýsir yfir að fiskifræðingar okkar telji loðnustofninn þola þessa samninga vel, svo að efnislega liggur þetta fyrir og þyrfti að koma vel fram.

Framhaldið er að vísu nokkuð ákveðnara í þessum ákvæðum heldur en hæstv. ráðh. fór með þau, því að það er skylda strandríkisins að vinna að fullri hagnýtingu hvers stofns, og því ber að veita öðrum ríkjum veiðiheimildir ef það getur ekki hjálft tekið allt það magn af ákveðnum stofni sem veiða má.

Sjálfsagt má deila um hvort það sé rétt mat að við getum ekki veitt meira af loðnustofninum en óhætt er að taka. Mér virðist að við höfum flota til þess, um það verður varla deilt, en verksmiðjukosturinn er ekki í því lagi að hann geti við því tekið á viðunandi efnahagslegan hátt. Við misstum af stórvirku verksmiðjuskipi, Norglobal, sem við höfðum mikinn áhuga á að fá, og bendir það einnig til þess að við höfum búist við meiri afla heldur en verksmiðjur okkar geta annað.

Í öðru lagi vil ég taka fram, að ég tel þennan samning vera allgóða röksemd gagnvart þeim sem sækjast eftir veiðiheimildum á öðrum fiskstofnum. Það er haldið uppi illkvittnum áróðri gegn okkur, sérstaklega í Bretlandi, og okkur er lýst sem hálfgerðum ribböldum sem ekki eigi neina sanngirni til. Með þessum tiltölulega litla samningi sýnum við þó að þar sem um er að ræða stofn þar sem við teljum okkur aflögufæra eða ekki geta fullnýtt einir, þá gerum við það sem til er ætlast í drögum að alþjóðasáttmál-

anum sem ég áður nefndi. Við veitum annarri þjóð veiðiheimild. Þetta dæmi tel ég, þó að það sé ekki stórt, innlegg inn í deilur við aðra sem sækja til miklu alvarlegri veiðiheimilda hér á landi í viðkvæmari stofna heldur en loðnuna. Ég vil þó taka það skýrt fram, og það verðum við ávallt að gera, að þessi samningur við færeyinga er ekkert fordæmi um samninga við aðra viðkomandi öðrum fiskstofnum, nema sannanlega hafi skapast þær ástæður að við getum ekki sjálfir veitt þá stofna eins og heimilt er.

Að lokum vil ég taka fram, að samþykki við þetta samkomulag við færeyinga breytir engu um afstöðu Alþfl. til fyrra samnings um þorskafla þeirra hér við land. Við vorum á sínum tíma mótfallnir þeim samningi og teljum að við þyrftum oð losna við hann sem allra fyrst eins og aðra samninga um veiðar á þorski og öðrum tegundum sem viðkvæmastar eru.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi fram hér, að við munum styðja þá þáltill. sem hér er til umr. og afgreiðslu. Skoðun mín er sú, að sá samningur, sem hér er gert ráð fyrir að gerður verði, byggist ekki á því að við íslendingar sjálfir getum ekki veitt allt það aflamagn af loðnu sem hugsanlegt er. Ég held að það sé vart nokkurt vafamál að við gætum gert það. Við höfum flota til þess og með skynsamlegri hagnýtingu verksmiðja væri hægt að anna þeim afla. En ég held að einmitt á þessu sviði, þ. e. í sambandi við loðnuna, getum við helst leyft okkur að sýna færeyingum þá velvild að leyfa þeim að veiða hér nokkurt magn af loðnu nú.

Ég hef við allar umr. um samninga við erlendar þjóðir í fiskveiðilandhelgi okkar að undanförnu gert grein fyrir þeirri afstöðu minni, að ég væri andvígur öllum samningum við allar þjóðir sem væru í því formi að heimila þeim veiði á þorski hér innan fiskveiðilandhelginnar. Ég hef ekki breytt neitt afstöðu minni til þessa, og ég vil láta það koma fram að ég tek mjög undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að ég hefði talið eðlilegt vegna gjörbreyttra aðstæðna að notað hefði verið það tækifæri sem gefist hefur til þess að segja upp öllum þeim samningum sem gerðir hafa verið við erlendar þjóðir um heimild til veiði á þorski innan landhelginnar, ekki hvað síst þeim samningi sem gerður var við vestur-þjóðverja á sínum tíma. Sá samningur er hinn versti sem við verðum að búa við nú — allt fram í nóvember n.k. að minnsta kosti. Það hefði því verið full ástæða til að losa sig við þann samning.

En ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Við þm. SF munum greiða atkv. með því, að þessi samningur verði gerður, og teljum að á þann hátt getum við sýnt færeyingum þá velvild, sem þeir eiga að mörgu leyti skilið, og að við getum hvað frekast veitt þann stuðning með því að leyfa þeim veiði á þessum fiskstofni.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hámarkslaun, þáltill. (þskj. 88). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við flytjum saman á þskj. 88, við Helgi F. Seljan og Jónas Árnason, þáltill. þessa sem hljóðar raunar fremur um launahlutfall, að kveðið verði á um launahlutfall, heldur en beinlínis það hver hæstu laun megi vera. Efnisgrein till. hljóðar þannig:

„Alþ. skorar á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, eins fyrir hitt, að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar friðinda umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaþrepunum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta."

Till. samhljóða þessari var flutt í Ed. í fyrra, en fékkst þá eigi afgreidd.

Í grg. með till. er vakin athygli á því, með hvaða hætti reynsla kynslóðanna leiddi til þess í þessu landi árstíðabundinna athafna að teknar voru upp ákveðnar reglur um það, fyrst og fremst í sjávarútvegi okkar, hvernig skipta skyldi feng. Ég mun ekki lesa að þessu sinni grg. með þáltill. sjálfri, heldur víkja þegar í upphafi sérstaklega að því, með hvaða hætti við flm. höfum hugsað okkur að látið yrði gilda í afstöðu til þessa hlutfalls á milli hæstu og lægstu launa svipað kerfi og það sem við höfum þrautreynt í aflaskiptunum. Ég ber hér sem sagt fram till. um stjórnun á kaupgjaldsmálum sem byggist á kynslóðareynslu varðandi mestu umbun fyrir kunnáttu, framtak, reynslu og ábyrgð, en þar er skipstjórahluturinn tvöfaldur hásetahlutur eða var lengst af — og mun hafa verið svo lengst af allar götur frá landnámstíð. Má vel vera að forfeður okkar hafi flutt með sér þennan hátt um skiptingu afla frá Noregi. Ég ætla í upphafi þessa máls að staldra nokkur andartök við þetta atriði eitt, og þá er það skoðun mín að einstakir þegnar á landi hér eigi ekki fremur tímanlega velferð sína undir kunnáttu og hæfileikum eins forustumanns í okkar þurra samfélagi heldur en hásetinn undir hæfileikum og dug skipstjóra síns. Reynsla kynslóðanna á landi hér í þessi 1100 ár hefur verið sú, að það mun láta nokkuð nærri að umbun í launum fyrir hina mestu ábyrgð, forsjón og framtak megi teljast vera tvöföld laun. Fiskigengd, veðrátta og farkostur með búnaði eru, eins og að líkum lætur, frumforsendur fyrir afla, en þar næst dugur áhafnar undir forustu skipstjóra. Hvort fengurinn, sem til skipta kemur, er meiri eða minni verður hlutföllunum ekki haggað. Skipstjórinn fær u. þ. b. tvöfaldan hásetahlut.

Ég hygg að það sé ekki um það deilt að þessi skipan hafi gefist afburðavel á okkar landi á þessu tímabili. Að vísu er þess að geta að á hlutföllunum hafa orðið lítils háttar breytingar,

ekki síst nú síðari árin við tilkomu dýrari skipa og dýrari veiðarfæra þar sem hlutur kapitalsins eða höfuðstólsins í aflaskiptunum hefur verið aukinn og raunverulega veikt hin forna staða hlutaskiptamannsins í kjarasamningum. Ég vil ekki ræða þessar breytingar, tilorðningu þeirra eða hvort þær hafa verið æskilegar eða óæskilegar, og enn þá síður mun ég ræða þau afbrigði sem orðið hafa þegar eigendur fiskiskipa, hvort heldur einstaklingur eða félög, hafa farið út á þá leið að bjóða í fengsælustu aflaskipstjóra til þess að fá þá til sín með því að bjóða þeim bætur af bátshlut, til þess að fá þá fremur í sína þjónustu. Dæmi um þetta eru kunnug. Dæmi um það eru einnig kunnug að skipstjórar hafa afþakkað slíkt. Það sagði mér útgerðarmaður í hittiðfyrra hvernig skipstjóri hans, einn af fremstu aflamönnum landsins, hefði svarað boði hans um aukinn hlut. Hann sagði við hann: „Leggðu þetta heldur í veiðarfæri. Ég get þá reynt að fiska meira. Ég er hræddur um að strákarnir kynnu að tortryggja mig um það, ef þeir fréttu af því að ég tæki svona boði, að ég ætlaði að gera eitthvað ljótt í staðinn.“ Og útgerðarmanninum fannst þetta nokkuð gott svar.

Ég hygg að þessi háttur, sem notaður hefur verið við skipti á arði af sjófeng, hafi gegnum aldirnar samrýmst allvel réttlætiskennd fólksins og eigi m. a. sinn þátt í því að íslendingar hafa reynst afburðamenn við sjósókn, e. t. v. öðrum þjóðum fremur hér við Norðaustur-Atlantshafið, og tel því eðlilegt vegna þessarar góðu reynslu að siðfræðin, sem að baki þessa fyrirkomulags liggur, fái einnig að gilda um skipan launamála í landi að verulegu leyti.

Ég vil aðeins ítreka nú strax þetta atriði, að í þessari þáltill. er ekki gert ráð fyrir því að sett verði takmörk fyrir því hversu há laun megi greiða á Íslandi, heldur er kveðið á um það hvert hlutfall skuli verða á milli almennra verkamannalauna, miðað við 40 stunda vinnuviku, og hinna hæstu launa sem greidd eru. Tilgangurinn er óneitanlega fyrst og fremst að gera það að algjöru skilyrði fyrir launahækkunum til þeirra, sem hina hæstu launaflokka skipa og hin æðstu embætti og eru í aðstöðu til þess að ráða miklu um skipan íslenskra efnahagsmála, að algjört skilyrði fyrir launahækkunum þeim til handa verði launahækkanir hinna lægst launuðu, að því gólfi verði þeir, sem hæst eru launaðir, að lyfta með sér ef þeir ætli að bæta kjör sín og beita til þess sérstakri aðstöðu sinni.

Í framsöguræðu minni með þáltill. þessari í Ed. leyfði ég mér að taka sérstaklega til dæmis launakjör bankastjóra sem hefðu haft það svo að segja í sama skotinu þá nokkrum vikum áður að hækka laun sín, að sjálfsögðu með heimild sem þeim reyndist ákaflega auðfengin, og að birta yfirlýsingar um að efnahagsástand þjóðarinnar væri með þeim hætti að það þyldi það alls ekki að almenn verkamannalaun yrðu hækkuð á því ári. Ef í lögum hefði verið ákvæði þess háttar, að hækkun á launum verkamanna væri skilyrði fyrir hækkun launa annarra starfshópa, þá hefðu bankastjórarnir okkar, sem í fyrra munu hafa tekið um það bil sexföld verkamannalaun að aukasporslum meðtöldum, alls ekki getað hækkað laun sín samtímis því sem þeir hefðu lagt blátt bann við því að almenn verkamannalaun í landinu hækkuðu. Ég er efalaus um að sú stefna, sem fylgt hefur verið opinberlega á Íslandi síðustu áratugina, að launamismunur sé ekki aðeins leyfilegur, heldur æskilegur sem driffjöður dáða í samfélaginu, — ég er viss um að af þessari stefnu hefur margt nýtt leitt í samfélagi okkar, ekki þó síst innan samtaka launafólks. Ég er einnig viss um að þessi opinbera stefna, að launamismunur skuli í sjálfu sér vera hvati til athafna í samfélagi okkar, hefur leitt til þess að okkur hefur orðið mun erfiðari viðureignin við dýrtíðarvandamálið á landi hér.

Hugtakið hagvöxtur hefur verið skilgreint ákaflega frjálslega hér í sölum hv. Alþ., allt frá þeim skýringum hreinskilinna manna að aukin neysla, bæði einkaneysla og samneysla, stuðli að auknum hagvexti sem sé æskilegur í sjálfu sér og þá að því er virðist án tillits til fjármuna sem úr er að spila fyrir heildina, og til þess að hagvöxtur sé þrátt fyrir allt hugtak sem nota eigi í áætlanagerð um efnahagsmál þjóðarinnar. Ég er þeirrar skoðunar, að launamismunurinn, sem stuðlað hefur verið að á landi hér síðustu áratugina, hafi valdið þjóðinni fjárhagslegum áföllum. Og síðast en ekki síst hygg ég að hann hafi valdið, ef svo má segja, siðferðilegri hrörnun sem við erum nú að glíma við og höfum séð framan í í ákaflega hvimleiðum og erfiðum málum hin síðari missirin.

Mér er fyllilega ljóst að við gefnar aðstæður kynni að reynast mjög erfitt að framfylgja lagaákvæðum um að enginn starfshópur, engin stétt mætti taka hærri daglaun en tvöföld verkamannalaun. Þetta er mér mjög svo ljóst. Mér er það alveg ljóst að til þess að gera slík lög framkvæmanleg yrðum við að gera grundvallarbreytingu á margs konar annarri löggjöf í landinu. Aftur á móti þykist ég sjá fram á, að slík breyting sé bráðnauðsynleg, og treysti mér til að færa að því ýmis rök. Ég er þeirrar skoðunar að á síðustu áratugum hafi málin þróast óeðlilega og óæskilega og á siðlíftinn hátt í það horf, að matið á vinnunni, framlagi hvers manns sem vinnur með höndum sínum tveimur og huga án eignaraðildar, að matið á vinnu þessa manns hafi lækkað óeðlilega í hlutfalli aftur á móti við þann arð sem reiknaður er fyrir fjármagn og fyrir stjórnun. Ég tel að þróunin hafi verið óeðlileg í þá átt að meta til verðs sérfræðimenntun einstakra starfsmanna, hún hafi verið ofmetin á kostnað þeirra verðmæta sem erfiðismaðurinn leggur af mörkum við sköpun verðmætanna með höndum sínum og þreki. Ég tel að launamismunurinn, óeðlilegur og óréttlátur launamismunur, sem gilt hefur á landi hér, hafi valdið sundrung — hættulegri sundrung — innan samtaka launafólks og tortryggni — hættulegri tortryggni — í samfélagi okkar.

Ég minnist þess að við umr. um till. þessa í Ed. kom fram sá misskilningur hjá a. m. k. tveimur hv. þdm. að með þessari till. væri miðað að skerðingu samningsréttar verkalýðsfélaganna. Ég vil vekja athygli á því að í þessari þáltill., í því formi sem hún nú er, er í fyrsta lagi ekki að því miðað að sú skipan, sem hér er ráðgerð, verði látin hrófla við þeim hætti sem nú er á hluta-

skiptum sjómanna á sjó. Í öðru lagi er ekki að því miðað að hér verði kveðið beinlínis á um arðskipti, skiptingu á milli — ja, við getum sagt kapítals og vinnu. Það er mál sem skilið yrði eftir, þó að samþykkt till. af þessari tegund kynni kannske að stuðla að því að slíkt mál hlyti að verða tekið upp. Og enn fremur þetta: Það er ekki kveðið á um það að hámarkslaun á Íslandi megi ekki fara upp fyrir ákveðna krónutölu hverju sinni, aðeins kveðið á um hvert verða skuli hlutfall á milli hæstu launa og almennra verkamannalauna á landi hér.

Við búum í landi sem hin svartsýnu skáld 19. aldar leyfðu sér stundum að kalla „helgrinda hjarn“, og á eftir fylgdu spakir ræðumenn í stjórnmálum og öðrum félagsmálum, sem fylgdu eftir kveðskapnum á þá lund að land þetta væri „á mörkum hins byggilega heims.“ Það mun vera rétt að hvað náttúrufar snertir og hinar ytri aðstæður atvinnuvega okkar eða bjargræðisvega, þá mun þetta land tæpast eiga sinn líka í öllum heiminum. Frá því að land byggðist höfum við orðið að sæta stopulli veðráttu og skammri sumartíð og árstíðabundinni fiskigengd til þess að afla þeirra verðmæta, sem þjóðin hefur lifað á, og þess auðs, sem skapast hefur í landinu. Af þessum sökum hefur okkur gengið misjafnlega að sníða stjórn efnahagsmála okkar eftir því sem tíðkast hefur í grannlöndunum, þar sem m. a. okkar hv. hagfræðingar hafa lært fræði sín sem þeir hafa flutt hingað til landsins. Eins og að líkum lætur hafa þessir hagfræðingar, sem eru nú orðnir býsna valdamiklir menn á Íslandi og við finnum fyrir svo að segja daglega hér í sölum hv. Alþ. að ráða býsna miklu um stefnuna í efnahagsmálunum, — að sjálfsögðu hafa þeir unað þessum staðreyndum ákaflega illa, að fræði þeirra, sem þeir tileinkuðu sér með talsverðri fyrirhöfn, sumir þeirra að því er virðist með blóði, svita og tárum, þau skuli ekki vegna náttúrufars landsins og aðstæðna hérna vera í heiðri höfð, og hafa þeir þó lagt sig fram um það að fá þjóðfélagsbyggingu þessarar eyþjóðar breytt í trássi við náttúrufar landsins til þess að fræði þeirra megi ná fram að ganga. Ég geri ráð fyrir að ýmsum þeirra þyki að með till. sem þessari sé harla lítið tillit tekið til fræðigreinar þeirra. En með tilliti til þess hvernig fræði þeirra hefur gefist og stjórnun þeirra á íslenskum efnahagsmálum, svo sem við okkur blasir í dag, þá leyfi ég mér að gera það að lokaorðum mínum í framsögu með þessari till., þá leyfi ég mér að bera það andsvar fram strax í upphafi, að tími sé til kominn að leita annarra ráða heldur en þeir hálærðu og góðu menn hafa gefið valdhöfum þjóðarinnar um stjórnun efnahagsmála síðustu áratugina.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þessi till. Stefáns Jónssonar og tveggja annarra þm. liggur hér fyrir flutt í annað skipti, fékk ekki afgreiðslu í fyrra, og mér heyrðist nú satt að segja á hv. 1. flm. að hann gerði sér litlar vonir um að hún fengi meiri byr nú en fyrr. Sjálf finnst mér till. að vissu leyti mikillar samúðar verð, en dreg ákaflega í efa að sú aðferð sem hún felur í sér, að undirbúin sé löggjöf um hámarkslaun, að þetta sé í rauninni framkvæmanlegt.

En ég er innilega sammála hv. 1. flm., og ég hygg að alþm. allir séu það, að hið vaxandi launabil í landinu á undanförnum árum er orðið allt of breitt. Verðbólgan hefur gert sitt til þess að auka óhæfilega á þennan ójöfnuð. Hvað er til ráða til að lagfæra þetta? Að sjálfsögðu lægi beinast fyrir að ætla að þarna kæmu hin almennu verklýðssamtök til og reyndu að koma í veg fyrir að launabilið færi svo hraðvaxandi sem það hefur gert í raun.

Það verður að segjast eins og það er, að ég og fleiri íslendingar hafa orðið fyrir vonbrigðum með það æ ofan í æ við undanfarna kjarasamninga, að þrátt fyrir háværar yfirlýsingar úr öllum áttum um að nú væru það láglaunahóparnir — lægst launaða fólkið — sem þyrftu að fá leiðréttingar sinna mála, hinir yrðu að láta nokkuð af kröfunum, sem betur væru eða best settir, — það hefur valdið vonbrigðum að sífellt hefur útkoman orðið sú sama: láglaunafólkið hefur fengið þá kjarabót og kauphækkun svo knappt skammtaða sem stætt var á meðan hinir, sem hærri voru og hæstir, hafa fengið margfalda krónuhækkun á við þá sem raunverulega þurftu launahækkunar með.

Ég hef látið það í ljós áður og geri það enn hér, að ég tel að verkalýðssamtökin og landssamtök verkalýðssamtakanna, ASÍ, hafi hér viljandi eða óviljandi, sennilega óviljandi orðið verkfæri — beinlínis verkfæri í höndum ófyrirleitinna kröfugerðarmanna, svokallaðra háþrýstihópa. Það hefur ekki haft kjark eða mátt til þess að standa á móti. En þegar við tölum um láglaunahópa, þá vaknar spurningin: hvar er láglaunafólkið? Það er þetta sem ég hygg að sé hvað mestur vandinn í málinu öllu, vegna þess að það er lýðum ljóst og okkur öllum, að hinir svokölluðu kauptaxtar eru að miklu leyti markleysa ein sem farið er í kringum eftir alls konar krókaleiðum, málaflækjum, sem fæstir botna nokkuð í, þannig að fjöldi fólks fær tekjur dulbúnar með ýmsum hætti, margfalt hærri en skráðir launataxtar segja til um, þannig að sá, sem býr við ákveðinn launataxta, kann að hafa margfalt meiri rauntekjur en hinn, sem ekki er háður sömu reglum um kaupgjaldsákvarðanir og kaupgjaldsgreiðslur.

Ég held og ég er sannfærð um raunar að þeir kjarasamningar, sem gerðir voru í febr. 1974, voru eitt mesta ógæfuspor sem stigið hefur verið lengi í kaupgjaldsmálum á Íslandi. Það er almennt viðurkennt að þær kauphækkanir, sem þá voru veittar, voru algjörlega á fölskum forsendum byggðar. Þær voru í engu samræmi við þjóðarframleiðslu né heldur getu atvinnuveganna til þess að standa við þær. Síðan er svo í dag hamrað á því að verkalýðurinn hljóti að stefna að því að kaupmátturinn verði hinn sami og hann var að þessum sprengisamningum loknum. Það sem verra er: í þessum samningum var gefið hið hroðalegasta fordæmi um það að réttur hinna lægst launuðu var fyrir borð borinn á meðan hinir, sem betur voru settir og langsamlega miklu betur settir, fengu allt að því þrefalda kauphækkun á við hina lægstu. Þetta er

manni ráðgáta, hvernig þetta gat hent og þá með vinstri menn við völd sem alltaf hafa haft munninn fullan af umhyggju fyrir verkamanninum — hinum óbreytta verkamanni — og þeim sem erfitt eiga uppdráttar. Ég horfi með kvíða til næstu kjarasamninga og kviði minn er ekki hvað síst í því fólginn, að ég óttast að enn fari á sömu leið og jafnan áður.

Ég er enginn sérfræðingur í verkalýðsmálum, en mér hefur lengi legið á hjarta að eitthvað væri gert raunhæft til þess að laga þann óskapnað sem kjarasamningar hafa verið á undanförnum árum. Mér hefur fundist af mínu leikmannsviti að ein aðferð kæmi fyllilega til greina. Hún er sú einfaldlega — og þetta hafa raunar fleiri en ég bent á, menn úr röðum verkalýðssamtakanna — að að sjálfsögðu eigum við að byrja á því að ákvarða þessu fólki, sem við með rétti teljum okkur vita að sé það lægst launaða í reynd, — við eigum að hækka kaup þess verulega þannig að það geti lifað sómasamlega af sinni dagvinnu, við getum miðað þau við vissa prósentuhækkun, en draga síðan úr eða banna prósentuhækkanir á hærri launaflokkana, bæta við sömu krónutölunni hjá þeim hæst launaða og sá lægst launaði fær. (**Gripið fram í:** Þannig var stjórnarfrv. 1974.) Ja, illu heilli náði það víst ekki fram að ganga. Það var veik stjórn og ekki nógu samhent sem þá sat að völdum. (Gripið fram í.) Mér finnst líka liggja í augum uppi að við eigum að hækka dagvinnukaupið margfalt meira tiltölulega heldur en eftirvinnu- og næturvinnukaup. Við eigum ekki að sprengja upp eftirvinnu- og næturtaxta þannig að þeir verði jafneftirsóknarverðir fyrir verkafólk og þeir eru í dag. Eitt af því, sem hefur stuðlað að okkar óheillavænlegu verðlagsþróun, er sú feikilega spenna sem eftir- og næturvinna og alls konar yfirboðstaxtar hafa haft í för með sér. Ég hlýt að skora á Eðvarð Sigurðsson, formann Dagsbrúnar, sem ég veit að er einlægur verkalýðssinni og um leið niðri á jörðinni, en ekki uppi í skýjunum, eins og sumir starfsbræður hans, að reyna að beita sér innan Alþýðusambands Íslands og í þessum málum yfirleitt til þess að fá einhverju slíku framgengt án þess að grípa til þess óyndisúrræðis að Alþ. setji lög um hvað kaup manna skuli vera hátt eða lágt. Að sjálfsögðu hljótum við að miða að því og óska þess að hinn frjálsi samningsréttur geti tryggt þolanlegt réttlæti í þessum efnum.

Það er mikið talað um vinnuþrælkun á Íslandi í dag, og það mun sönnu nær að hér er unnið meira en góðu hófi gegnir af stórum hóp fólks. Ég hygg að það sé ekki alltaf það fólk sem minnst ber úr býtum. Það er oft og tíðum fólk sem kann sér ekkert hóf í kröfugerð sinni, sem fórnar fritíma, samvistum með fjölskyldu sinni og öðru, sem við erum vön að telja til verðmæta í lífinu, til þess að fullnægja alls konar gerviþörfum, kapphlaupi um að sýnast meiri og sterkari á svellinu fjárhagslega heldur en nágranninn og til þess að uppfylla alls konar þarfir — það sem á nútímamáli heitir mannsæmandi kjör, mannsæmandi líf. En hvað er mannsæmandi líf í dag? Ef við eigum að miða við að það feli í sér sjálfvirkt eina til tvær sólarlandaferðir á ári, bifreið fyrir einn eða helst fleiri innan fjölskyldunnar og þar fram eftir götunum, þá held ég að þau lífskjör, sem möguleikar eru á í okkar landi, hrökkvi skammt.

En svo ég víki aftur að launabilinu, þá er talað um, þegar farið er fram á aukinn launajöfnuð, að svona sé þetta alls staðar og á Íslandi sé launajöfnuður margfalt meiri en víða annars staðar. Þar kemur sem oftar stöðugur samanburður við grannþjóðir okkar, sumar hverjar háþróaðar, stórefnaðar iðnaðarþjóðir, — milljónaþjóðir sem standa á gömlum merg, — samanburður sem mér finnst vera út í hött oft og tíðum. Við búum í allt öðruvísi landi, og á það benti 1. flm. þessarar till. Við búum í landi sem er af mörgum talið vera á mörkum hins byggilega heims. Við erum dvergþjóð sem mörgum stærri þjóðum finnst vera kraftaverk að skuli hafa efnahagslegt og stjórnmálalegt sjálfstæði.

Ég held að við hljótum í okkar þjóðlífi öllu að miða okkar aðgerðir, okkar kröfur og okkar viðhorf við þessar staðreyndir. Við viljum ekki hér auðmannastétt hafna langt upp yfir þá sem vinna hin daglegu störf. Og ég vil mótmæla því, af því að ég veit að það er af ýmsum talið að minn flokkur sé einmitt hlynntur slíku ástandi, að auðurinn og allsnægtirnar megi gjarnan þrífast í vissum hópi, hvað sem svo líður þeim sem lakast eru settir. Þetta er úrelt viðhorf sem ég hygg að örfáir Íslendingar láti sér til hugar koma að lýsa fylgi sínu við. Og einmitt af því að við erum svo sem ekki nema eins og ein stór fjölskylda, þá sæmir okkur ekki að þola það að óviðurkvæmilegt misrétti í þessu efni viðgangist. Ég held að það hljóti að vera mögulegt að breyta þessu. Við skulum ekki grípa til lagasetningar, það þýðir ekki. Það verður alltaf óraunhæft og óframkvæmanlegt. Ég held að landsmenn sjálfir, hver einstaklingur, siðferðilegur styrkur hans, réttlætiskennd og aðrir venjulegir mannlegir eiginleikar þurfi að koma hér til fyrst og fremst.

Ég held líka að við mættum gjarnan, Íslendingar allir, ég vil ekki taka neina stétt þar út úr frekar en aðra, — við mættum gjarnan hætta að líta á orð eins og nægjusemi, nýtni og sparsemi sem nokkurs konar skammaryrði sem skömm sé að að taka sér í munn. Öll erum við að sjálfsögðu sannfærð um að þegar öllu er á botninn hvolft, þá eru ekki miklir peningar á milli handa það æðsta markmið sem við keppum að, þótt að sjálfsögðu verðum við að gera kröfu til að allir hafi það mikið á milli handa að þeir þurfi ekki að kvíða komandi degi.

En ég endurtek: Mér fannst ég verða að segja fáein orð um þessa till., af því líka að ég er ekki viss um að hún eigi eftir að koma hér aftur til umr. Henni var, að ég hygg, vísað til n. síðast og átti þaðan ekki afturkvæmt. En með tilliti til þess að fram undan eru hugsanlega átök á vinnumarkaði, þá vil ég enn sem fyrr láta í ljós þá ósk mína og von að nú takist betur til en orðið hefur að undanförnu og að við höfum það meira en orðin tóm, að við viljum fyrst og fremst bæta hag þeirra sem kauphækkana þurfa við.

Ég vil líka taka fram, af því ég talaði nú um kjarasamninga 1974, að við síðustu kjarasamninga var þó viðleitni höfð í frammi til þess að bæta hér um. Það voru teknar upp svokallaðar láglaunabætur og sérstakar ráðstafanir til handa

hinum lægst launuðu. En það hrökk of skammt. Og enn sem fyrr var það prósentureglan sem raskaði myndinni þannig að hún kom út — ekki sem réttlæti, heldur sem ranglæti.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er stundum sagt hér í okkar hóp og kannske úti á meðal fólks, að þingræður hafi lítið að segja og veki menn lítt til umhugsunar. En ég ætla að segja það hv. 1. flm. þessarar till., ágætum vini mínum, Stefáni Jónssyni, til hróss, að sú ræða, sem hann flutti hér áðan, fékk a.m.k. mig til að hlusta og til þess að hugleiða það efni sem hann ber hér fram, og kannske miklu fremur en sá texti sem er í tillgr. og við höfum í prentuðu máli fyrir framan okkur og ég játa að ég hef ekki lesið ákaflega vel. Hins vegar skrifaði ég hjá mér ýmislegt af því sem hv. 1. flm. þessarar till. hafði að segja, svona mér til minnis, vegna þess að ég er heldur gleyminn. En ég verð að segja að það var margt vel sagt í ræðunni og vissulega þannig, að það hlýtur að leiða til umhugsunar. Og þegar slíkar ræður eru haldnar, þá ber að fagna þeim.

Hv. þm. Stefán Jónsson sagði m.a. að þessi till. fjallaði um stjórn á launamálum. Þetta minnir mig á það, að nú aðeins fyrir nokkrum dögum var hér til umr. í Nd. Alþ. frv. um hámarkslaun sem flutt var af nokkrum alþfl.-mönnum. Óneitanlega vakti það frv. og sú framsöguræða, sem fyrir því frv. var haldin líka talsverða athygli hér í þinginu og hlaut að gera það, þó að umr. yrðu annars ekki miklar um málið. Ég get ekki betur séð en að málflutningur beggja þeirra hv. þm., sem um þessi mál hafa fjallað hér, af hálfu Alþfl. og nú af hálfu þeirra alþb.-manna sem flytja þá till. sem hér er til umr., — ég get ekki betur séð en málflutningur þeirra sé áskorun á Alþ. um bein afskipti af launamálum, þrátt fyrir það sem kom fram, að ég hygg, í ræðu hv. 1. flm., að svo væri ekki. Ég tel þetta engan veginn af hinu verra, en ég fæ ekki betur séð en að þarna sé um að ræða áskorun á Alþ., eins og ég segi, um það að hafa bein afskipti af launamálum, annars vegar það að ákveða hámarkslaun, eins og kom fram í frv. sem liggur fyrir Nd., og hins vegar það að ákveða launahlutfall í þjóðfélaginu, eins og kemur fram í þessari till. Og ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að þetta eru mjög athyglisverðar till. og hljóta að leiða til þess að við förum að hugleiða þessi mál. Þetta hlýtur að leiða til þess að við förum að spyrja okkur spurninga, sem hv. 1. flm. þessa máls gerði raunar, í sambandi við launamismuninn, þar sem hann tók svo sterkt til orða um launamismuninn — ég held ég hafi skrifað það nokkurn veginn orðrétt — að launamismunurinn, sem „stuðlað hefur verið að“ á undanförnum árum, hafi valdið „fjárhagsáföllum“ og „siðferðilegri hrörnun“, sem við erum að glíma við.

Hv. 1. flm. talar þarna um launamismun sem „stuðlað hefur verið að“, og þá hljótum við að spyrja okkur: Hvað hefur verið að gerast í launamálum undanfarin ár? Þetta er í raun og veru mjög einföld spurning og mætti gjarnan einangra hana eina út af fyrir sig og láta hana standa hér skýrum stöfum einhvers staðar í þingsölunum eða á plakati úti í bæ og fá menn til að velta því fyrir sér, hvað hefur verið að gerast í launamálum undanfarin ár, og vefja þetta ekki í neinar umbúðir, heldur hreinlega hugleiða það í alvöru hvað hefur verið að gerast í þessum málum, eins og hv. 1. flm. hefur vakið okkur til umhugsunar um. Við gætum líka spurt að því hvort hér ríki í rauninni nokkur ákveðin stefna í launamálum, hvort hér á landi ríki ekki algjört stefnuleysi í launamálum og algjört skipulagsleysi, þegar allt kemur til alls. Og sérstaklega finnst mér ástæða til að spyrja að því, hvort núverandi fyrirkomulag, sem óneitanlega er fyrir hendi um ákvörðun launa í landinu, tryggi það réttlæti í launamálum sem mörg okkar aðhyllast svo ekki þarf um að deila.

Ég vil t.d. spyrja að því, hvort sá viðtæki samningsréttur, sem nú er og lengi hefur verið í landinu, hvort hann tryggi, þegar upp er staðið, réttlæti í launamálum. Ég held það væri hollt fyrir okkur á stundum að skoða það hvernig þróunin hefur verið í samningsréttinum. Við aðhyllumst allir samningsréttinn og við viljum að allir hafi samningsrétt. En er það alveg óruggt mál að þessi viðtæki samningsréttur tryggi það réttlæti í launamálum sem við viljum hafa, t.d. við, ég og hv. þm. Stefán Jónsson, því eftir ræðu hans að dæma höfum við líklega svipaðar skoðanir á þessu? Hann aðhyllist gamla hlutaskiptafyrirkomulagið, svona almennt talað, til viðmiðunar. Ég held að ég geri það líka, a.m.k. skildi ég hann svo, að hann vildi taka mið af því, og í rauninni er ég talsvert skotinn í sömu hugsun og hann, þannig að launamismunur í landinu verði ekki óhóflegur, ekki meira en tvöfaldur. Vel gæti ég sætt mig við það.

En sú meginspurning, sem ég vildi koma að hérna í sambandi við þessi mál, er þessi, hvort núverandi fyrirkomulag tryggi það réttlæti í launamálum, sem ég veit að margir hér aðhyllast. Ef þessi till. verður til þess að opna heiðarlegar umr. um þessi mál, þá er vissulega ástæða til að fagna framkomu hennar, hvort sem hún verður samþ. í sinu upphaflega formi eða ekki. Ég tel mikilvægt að þessi mál verði rædd heiðarlega og opinskátt, m.a. vegna þess að ég tel að launabilið sé of mikið hér á landi og að það hafi einmitt á síðustu árum þróast í þá átt að breikka sífellt meira og meira.

Mér er það í rauninni undrunarefni hvernig hægt hefur verið að þola það á síðustu velgengnisárum að daglaunamaðurinn, sem hefur ekki einasta ótrygga vinnu og á sífellt yfir höfði sér að missa vinnu sína frá degi til dags, að daglaunamaðurinn skuli líka vera lægst launaði maður þjóðfélagsins. Ég tel ekkert réttlæti í þessu. En hvernig stendur á því, þrátt fyrir allan þann mikla samningsrétt sem launamenn hafa áunnið sér síðustu áratugina, — hvernig stendur á því að ástandið er svona eins og ég lýsi? Ég tel ekkert réttlæti í sliku. Ég held að daglaunamaðurinn, sem býr við mjög ótrygg kjör frá degi til dags, — hann getur misst vinnu sína hvenær sem er, — hann eigi vissulega að vera miklu betur launaður en margir aðrir starfshópar, einmitt vegna þess að vinnudagar hans á ári hverju kunna að verða miklu færri heldur en annarra manna. En einhvern veginn er þessu þveröfugt

farið. Ég vil láta bæta úr þessu, og ég vil að það verði leitað skynsamlegra leiða til þess að hægt verði að gera þetta í reynd án þess að allt launakerfið fari úr skorðum og að allir aðrir fari af stað með kaupkröfur.

Vissulega væri tilefni til þess, úr því maður er kominn hér upp í ræðustól, að ræða um launamálin almennt í landinu og þær umr. sem um þau mál eru og hafa verið. Ég hef ekki — ég skal játa það — tekið mikinn þátt í þeirri umr., en fylgst með henni og stundum sagt álit mitt í þessum efnum. Ég tel að yfirleitt, svona í heildina, séu umr. um launamál á Íslandi á heldur lágu plani og þar skjóti upp kollinum mörg furðuleg rök og rökleysur, m. a. allur sá samanburður sem verið er að gera við það sem á sér stað í nágrannalöndum okkar og annars staðar erlendis, eins og hv. síðasti ræðumaður kom rækilega inn á og ég hygg að 1. flm. þessa máls hafi einnig rætt. Ég held að allur þessi samanburður sé meira og minna út í loftið svo og ýmsir þeir orðaleppar sem notaðir eru í því sambandi, án þess að ég ætli að ræða það frekar. En hitt vil ég enn leggja áherslu á, að ef þessi till. verður til þess að opna heiðarlegar umr. um launamál, þar sem reynt er að kryfja til mergjar allt það kerfi sem við búum við, og ef Alþ. fær að taka þátt í þeirri umr., þá fagna ég því af heilum hug.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það er nú ekki till. sjálf, sem hér er til umr., sem ég ætlaði að gera að umræðuefni, henni voru gerð ágæt skil í framsöguræðu og þarf ekki þar um að bæta. En það er sérstaklega ræða hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugar Bjarnadóttur, sem kom mér til þess að standa hér upp. Hún kom inn á býsna mörg atriði varðandi samningamál og launamál, stöðu þeirra í dag og þróun þeirra undanfarið. Það gerði einnig hv. síðasti ræðumaður Ingvar Gíslason. Það eru þessi atriði sem ég vildi koma hér nokkuð inn á.

Það var að skilja á ræðu hv. 9. landsk. þm., frú Sigurlaugar, að aðalvandinn — og ekki aðeins aðalvandinn, heldur aðalsyndin í þessu öllu saman — væri fólginn í þeim samningum, sem hin almennu verkalýðsfélög og Alþýðusambandið — alþýðusambandsfélögin — hafa gert, þar væri rót launamismunarins sérstaklega, verkalýðshreyfingin hefði látði undan þrýstihópum í þessum efnum og hefði jafnvel farið á annan veg heldur en ætlast hafi verið til, og samningarnir frá 1974 væru sérstakt dæmi þessa. Í fyrsta lagi vil ég segja það um samninga verkalýðsfélaga innan Alþýðusambandsins, þeirra sem hafa tímakaup, vikukaup, mánaðarkaup, þ. e. a. s. fast kaup miðað við tímaeiningu, að hjá svo til öllum fjöldanum af félagsmönnum Alþýðusambandsins, sem er á slíkum launum, er launamismunur alls ekki mikill. Það er mikill misskilningur að halda það. Það finnast að vísu einstakir hópar sem eru hærri en almennt hjá verkafólki í Alþýðusambandinu. Síðan koma til einstök launakerfi önnur, þau þekkja menn og ég þarf ekki að fara út í það, þ. e. a. s. ákvæðisvinnuhóparnir. Þeir geta farið býsna hátt í launum í samanburði við vinnutíma fastlaunamannanna. Það er þess vegna reginmisskilningur að halda að launamismunur í landinu sé á þessum vettvangi. Þetta geta hv. þm. sjálfir sannfært sig um með því að fletta upp í þeim heftum af tímariti kjararannsóknarnefndar sem eru á borðum þm. Janúarheftið lýsir þessu alveg svart á hvítu ef menn vilja skoða það nánar.

Þá gat hv. þm. þess, Sigurlaug Bjarnadóttir, að launatekjur eftir töxtum væru sjálfsagt oft og tíðum einvörðungu blekking, rauntekjur væru allt annað. Það er rétt að nokkru leyti, yfirborganir þekkjast. En það að rauntekjur yfirleitt eru allt aðrar en það sem dagvinnutaxtar gefa til kynna að tekjur manna ættu að vera, það er fyrst og fremst vegna hins langa vinnutíma sem fólk leggur á sig til þess að afla teknanna. Þar kemur það fyrst og fremst fram.

Slysið 1974, sem ég hef gjarnan viljað kalla það og hef rætt úr þessum ræðustól áður og skal ekki fara að endurtaka núna, það lá einmitt í því að atvinnurekendur í vissum starfsgreinum og viðsemjendur þeirra í launastétt höfðu komið sér saman um að taka yfirgreiðslurnar inn í samningana sjálfa og gera að hinu skráða kaupi. Þetta gerðist að vísu ekki, en nokkuð var gengið til móts við þá. Þetta var ekki heildarsamningur verkalýðsfélaganna. Þarna var um sérsamning að ræða, en ekki heildarsamninga. Og þessir samningar voru þó ekki þannig, eins og hv. ræðumaður vildi vera láta, að réttur hinna lægst launuðu hefði verið algerlega fyrir borð borinn, en þeir hærra launuðu hefðu þá fengið þrefalt meira en láglaunafólkið. Þetta skrifaði ég hjá mér og held að sé rétt eftir haft. Munurinn var sá, að meðan þeir, sem minnst fengu, fengu rétt um 20% kauphækkun, þá náðu þeir, sem lengst teygðu sig í sérsamningum, upp undir 30% hækkun. Þetta var munurinn þá. En ef þið skoðið síðan þetta rit sem ég var að benda á áðan, Fréttabréf kjararannsóknarnefndar, þá er hægt að sjá að á árinu 1975 var þessi munur jafnaður út og hefur ekki orðið mikil breyting á því síðan.

Það er þess vegna mikill misskilningur að launamismunur í landinu liggi í gerð þessara kjarasamninga, sá munur sé á launum hins almenna verkafólks í Alþýðusambandinu og ég segi raunar þorrans, ekki þó jafnstórs hluta, innan BSRB, en þar er líka stór hluti fólks sem er á svipuðum kjörum, lágum tekjum, þó að þar séu meiri undantekningar.

Hv. 9. landsk. þm. lagði áherslu á að það yrði að finna einhver ráð til þess að laga þennan óskapnað, kjarasamninga, eins og það var orðað, taldi, að nauðsynlegt væri að finna einhver ráð til þess. Ráðið, sem henni kom fyrst og fremst í hug var að afnema prósenturegluna alveg eða sem allra mest og taka upp krónutöluhækkunina, þ. e. a. s. að þeir hærra launuðu fengju ekki fleiri krónur í hækkun heldur en þeir sem lægra eru launaðir. Þetta er nákvæmlega sú stefna sem mörkuð var á þingi Alþýðusambandsins í lok nóv. s. l. Þessa stefnu hefur verkalýðshreyfingin, þ. e. a. s. almennu verkalýðsfélögin innan Alþýðusambandsins, sett fram ákaflega oft í sínum samningum. En það verður að segjast og hefur verið sagt áður úr þessum ræðustól, að það eru gjarnan atvinnurekendurnir sem strandar á að þessi regla sé framkvæmd. Þeir hafa ýmislegt fram að færa sem ég ætla

ekki að tiunda hér. En það er augljóst hins vegar og það er best að allir geri sér grein fyrir því, að í jafn-óhemjumikilli dýrtíð og verðbólguflóði og hér hefur verið og sýnist nú ætla að verða þetta árið ekki síður, þá er ákaflega erfitt að halda þessari reglu til lengdar. Þetta sprengir af sér þau bönd, sem hærri taxtar eru reyrðir í með þessari reglu, og það eru nóg öfl og nægjanlegur styrkleiki hjá mörgum af þeim hópum til þess að brjóta þessi bönd af sér, og þau gera það þegar til lengdar lætur. Þetta var reynsla áður, þegar þetta hefur verið framkvæmt hér, og þetta er einnig reynslan í öðrum löndum. Þá kemur til það sem að mínum dómi er ekki ákjósanlegra en beinir almennir kjarasamningar, þá kemur til launaskrið — ekki aðeins launaskrið með ýmsum hætti sem við þekkjum hér, heldur með þeim hætti að verkalýðsfélög og einstakir hópar í verkalýðshreyfingunni brjóta sig út úr í svoköluðum ólöglegum verkföllum erlendis. Við höfum haft ákaflega lítið af slíku að segja hér og ég held þá fyrst og fremst vegna þess að við höfum gert samninga sem hafa verið meira í samræmi oft og tíðum við hagsmuni fólksins heldur en stundum hefur viljað við brenna jafnvel annars staðar og kannske ekki síst þegar löggjafinn hefur gripið beint inn í samningana.

En er þá ekkert launamisræmi í landinu? Jú sannarlega og það hefur farið vaxandi. En orsakanna er ekki að leita þar sem hv. 9. landsk. vildi áðan vera láta. Orsakirnar eru allt aðrar. Við höfum tiltölulega lág laun í þessu landi, og launastig almenns verkafólks er nú þannig að Ísland er orðið láglaunaland.

Ég get út af fyrir sig verið sammála um að að samanburður við önnur lönd getur verið mjög tvíræður og það er ekki mjög auðvelt að gera beinan samanburð oft og tíðum. En hvað um það, það fer ekkert á milli mála varðandi kjör almenns verkafólks hér á landi núna og kjör sambærilegs verkafólks í nágrannalöndunum, að kaupið er þar um helmingi hærra en það er hér. Þetta er staðreynd. Síðan er svo það í þessum samanburði, að við höfum æðimikið orðið hér í okkar landi af fólki sem er með menntun sem gengur hvar sem er í heiminum. Þetta er fólk sem getur boðið sig fram á alþjóðlegum vinnumarkaði. Þetta fólk lætur sér ekki nægja samanburðurinn og hafa uppi áróður um hann hér. Ef það fær ekki hér nokkurn veginn sambærileg kjör við það sem það getur fengið á heimsmarkaðinum, þá fer það. Við erum að sjálfsögðu neydd til þess að hlíta þessum lögmálum. Og það er hjá þessum stéttum sem kaup og kjör eru þannig, að það er hægt að tala um mjög mikið misræmi í kaupgjaldi hér hjá okkur. Þarna liggur þetta fyrst og fremst. Það er mjög vaxandi að ýmsir tæknilærðir menn þjálfa gott fólk, hærra setta starfsmenn ýmiss konar, sem geta farið eða hafa a. m. k. getað farið á uppboðsmarkaðinn. Við sjáum hve opinberum fyrirtækjum gengur illa að halda slíkum starfskröftum. Opinberar stofnanir og ekki síst þær stofnanir, sem þurfa á vísindamönnum eða verkfræðimenntuðum mönnum o. s. frv. að halda, kvartanir frá þeim, að þær geti ekki keppt við einkaatvinnureksturinn, þekkja allir. Þarna liggur fyrst og fremst launamismunurinn og rótin að launamismuninum í landinu.

Ég skal ekki tefja miklu lengur þessar umr. Hér er fengist við mál sem eru ákaflega vandasöm, viðkvæm. Það er tiltölulega einfalt að setja fram cina og aðra fullyrðingu, en það er erfiðara þegar að framkvæmdinni kemur. Hér er ekki verið að ráðstafa dauðum hlutum. Hér er verið að tefla með lifandi fólk.

Hv. þm. Ingvar Gíslason kom hér inn á ýmis atriði. Það er aðeins tvennt sem ég vil minnast á.

Hann varpaði fram þeirri spurningu, hvort hinn viðtæki samningsréttur, frjálsi samningsréttur, tryggði það réttlæti í launamálum og kjaramálum sem við sjálfsagt keppum flest að. Ég held að það sé óhætt að segja að það er út af fyrir sig ekkert eitt form, ef menn eru að leita að formi, sem gæti tryggt fullkomið réttlæti í þessum efnum. En sannfærður er ég þó um að fullkomlega frjáls samningsréttur tryggir þetta best og það kannske ekki síst vegna þess að hann leggur ábyrgðina á samtökin sem hafa þennan rétt til þess ekki aðeins að gera kröfur til annarra, heldur og kröfur til sjálfs sín um að vinna að þessu réttlæti, ekki síður innan samtakanna heldur en utan. Og mjög teldi ég það hættulegt ef menn færu, vegna þess að misræmi og óréttlæti er til í launamálum, að halda að ríkisvaldið eða löggjafarvaldið í einhverri mynd gæti gert þetta betur en frjáls samtök fólksins sjálfs.

Í öðru lagi er atriði sem ég vil rétt koma að. Hv. þm. spurði hvers vegna daglaunamennirnir, þeir sem byggju við mest öryggisleysi á allan hátt, hvers vegna þetta fólk væri jafnframt lægst launaða fólkið. Við höfum staðið frammi fyrir því ákaflega lengi og gerum það enn, að einmitt það fólkið, sem vinnur að framleiðslustörfunum, grundvallar-framleiðslustörfunum í landi okkar, það er um leið lægst launaða fólkið, fólkið með minnsta öryggið. Og eftir stendur þá hvers vegna. Það eru sjálfsagt mörg svör við þessu. En það svarið, sem alltaf hefur blasað við mér — og hef ég fengist nokkrum sinnum við þessi mál — er einfaldlega að þessar grundvallar-atvinnugreinar okkar eru það, sem allt er miðað við, og fólkið, sem vinnur þessi störf, er einnig viðmiðunin, má segja, fyrir alla aðra. Þetta er eins konar gullfótur sem byggt er á. Ef kjör þessa fólks hækkuðu, eins og hv. 9. landsk. var að tala um áðan að þyrfti að gera, hvað er þá sagt? Ja, við sjáum hvað við blasir núna. Hvað segja þeir sem helst fást við þjóðhagsmálin hjá okkur í dag? Þó að það hafi orðið mjög miklar hækkanir á útflutningsvörum okkar og þá fyrst og fremst í fiskiðnaðinum, þá breytast menn ekki á að prédika fyrir þessu fólki, náttúrlega fyrst og fremst lægst launaða fólkinu, að það sé svei mér ekki neitt tilefni til veisluhalda. Og ef kaup þessa fólks hækkar núna, þrátt fyrir það að afurðirnar hafi hækkað mjög verulega, hafi aldrei verið í hærra verði en nú á erlendum markaði, — ef þetta fólk ætlar virkilega að fá einhverjar launabætur svo að um munar, þá er búið að kippa öllum grundvellinum undan jafnvæginu í þjóðfélaginu, batanum og ég tala nú ekki um hvað og hvað. Þetta er það sem alltaf glymur við og er alltaf þau rök sem

eru höfð í frammi við verkafólkið þegar það ætlar að reyna að sækja um einhverja kjarabót.

Það skeður ekki neitt þó að þær stéttir, sem ég var áðan að tala um, þessar sem eru með alþjóðlega menntun, geta selt sig hvar sem er, — það skeður í rauninni ekki neitt, verður enginn var við það þó að kaup þessa fólks hækki verulega. Vísitalan hreyfist ekki neitt að marki og allt í lagi. En ef lægst launaða fólkið fær eitthvað í sinn hlut, þá fer allt af stað. Það er þetta kerfi sem þarf að koma við og breyta. Við lögum ekki kaup lægst launaða fólksins sem neinu nemur nema skera þetta kerfi upp. Ef það er svo að t. d. fiskvinnslan, fiskframleiðslan getur ekki borið annað kaup en nú er boðið í þeirri grein, þá verður að flytja til í þjóðfélaginu annars staðar frá. Það eru þá einhverjir aðrir sem taka of mikið. Það er þannig sem við verðum í raun og veru að vinna að því að það mark náist, sem hv. 9. landsk. nefndi áðan, að bæta fyrst og fremst kjör þeirra sem helst þurfa þess, eru lægst launaðir.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 48. fundur.

Þriðjudaginn 8. febr., að loknum 47. fundi.

Fiskveiðiheimildir Íslendinga og færeyinga, þáltill. (þskj. 302, n. 304). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og færeyinga. Niðurstaðan er þess efnis eða felur í sér heimildir annars vegar Íslendinga til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyja og hins vegar færeyinga til loðnuveiða við Ísland og er undirrituð hinn 4. febr. s. l. Einnig telja þessir aðilar æskilegt að stofnað verði til samvinnu um rannsóknir á göngu kolmunna á svæðinu milli Íslands og Færeyja.

Nm. urðu sammála um að mæla með samþykkt þessarar till. Á hinn bóginn greindi þá nokkuð á um nánari rökstuðning fyrir afstöðu til málsins. Sú skoðun kom fram, að líta bæri einkum á hin efnislegu rök, ef svo má segja, þ. e. að loðnan væri sá fiskstofn á Íslandsmiðum sem ekki væri fullnýttur af Íslendingum nú, þeir væru aflögufærir að þessu leyti að áliti fiskifræðinga við Hafrannsóknastofnunina, enda hefði sú stofnun að sjálfsögðu fengið þessa till. til athugunar og umsagnar. Í annan stað var talið að leggja bæri höfuðáherslu á að færeyingar væru frændur okkar, nágrannar og vinir. Þeir ættu allra þjóða mest undir fiskveiðum komið. Þar sem mikið magn væri af loðnu við Íslandsstrendur um þessar mundir væri sjálfsagt að miðla færeyingum af því magni, einkum þar sem Íslendingar fengju á móti heimild til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyja.

Hvort sem þessi rök voru rædd lengur eða skemur, urðu nm. sammála um að mæla með till. Einn nm., Jóhann Hafstein, hv. 6. þm. Reykv., var fjarstaddur. Samkvæmt þessu leggur n. einróma til að till. þessi verði samþykkt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. utanrmn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessari till. og fagna þeirri samstöðu sem hér er á Alþ. fyrir þeirri ákvörðun að leyfa færeyingum loðnuveiðar á Íslandsmiðum, 25 þús. tonn, gegn því að við fáum, ef við óskum, að veiða kolmunna í landhelgi þeirra að sama magni til.

Ég sem sagt fagna því að till. hefur fengið fljóta og góða og jákvæða afgreiðslu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 305).

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 8. febr., að loknum 48. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 42. fundur.

Miðvikudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Áfengislög, frv. (þskj. 300). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Frv. þetta til breyt. á áfengislögum er flutt af okkur fjórum þm. hér í hv. d. Ásamt mér eru það þeir hv. þm. Oddur Ólafsson, Jón Helgason og Jón Árm. Héðinsson. Þetta frv. er flutt að beiðni áfengismálanefndar, sem kjörin var hér á þingi vorið 1975, og er að miklu leyti samhljóða frv. sem flutt var á síðasta þingi, en þó er þar ein meginbreyting á sem ég vík að síðar. Þetta frv. er einnig flutt í nánum tengslum við þáltill. um fræðslu í áfengismálum sem nú liggur fyrir Sþ. og hefur legið þar síðan fyrir jól, en ekki komist á dagskrá enn. Það mál er einnig komið frá þessari áfengismálanefnd. Sú n. hefur unnið allmikið starf undir formennsku Magnúsar Sigurjónssonar umsjónarmanns. Þessi n. er í raun enn að störfum. Við vildum hins vegar sjá til um afdrif þessara mála beggja, frv. og till., áður en n. skilar endanlegu áliti til þingflokkanna svo sem henni ber.

Ég get að langmestu leyti vísað til allítarlegrar framsögu í fyrra. Þar um gildir flest áfram og gleggst er þar ástandið í dag, sem í engu er betra en þá var. Alvarlegt og uggvænlegt ástand

þessara mála allra hefur orðið ærið umræðuefni, en í raun hefur farið svo sem jafnan áður, að fáar og smáar aðgerðir hafa fylgt í kjölfarið og úrbætur orðið minni en engar. Það vantar þó ekki að hneykslunarraddirnar séu ærnar, einkum þegar allt keyrir úr hófi, en áfram vilja flestir þeir hneyksluðu hafa sitt frelsi, lifa í trú á sína áfengismenningu, hvað svo sem það er nú, heimta meira að segja áfengan bjór, ekki í stað hinna sterku drykkja, heldur sem viðbót á allt flóðið.

Ég hef alltaf litið þannig á að þeir, sem hafa verið með till. uppi um að hér þyrfti að koma áfengur bjór til þess að minnka neyslu hinna sterku drykkja, hlytu þá að ætla honum að koma þar í staðinn, en það er nú síður en svo. Þetta á aðeins að vera svolítil ábót, og reynsla annarra þjóða hér af er náttúrlega eins ótvíræð og nokkuð getur verið, að það er eingöngu viðbót við alla aðra drykkju sem í því liggur. Ég segi þetta að gefnu tilefni, því að ég hef undanfarið séð nokkur lesendabréf um þetta þó sum hafi kannske verið það heimskuleg að það borgi sig ekki að vera að minnast á þau.

Það hefur farið svo í allri þessari umræðu að unglingarnir verða hér harðast úti. Fjölmiðlar fara á vettvang, sjónvarpa og útvarpa drykkjulátum unglinga, og dagblöðin mörg hver birta stórar æsifréttir hér af. Drykkjuskapur unglinga er greinilega góð söluvara síðdegisblaðanna oft og tíðum, en það er hins vegar minna um að heimapartýin þeirra fullorðnu eða barmenningin margrómaða og ýmislegt, sem þar fylgir í kjölfarið, sé tíundað. Sjónvarp og útvarp og dagblöð virðast oftast nær gleyma þessu, en hafa hins vegar þeim mun hærra um spillingu æskunnar og unglinganna.

Ég var á áramótadansleik fyrir rúmum mánuði og ekki vil ég bera saman drykkju unglinga og fullorðinna þar. Fyrirmyndirnar margfrægu áttu þar ótvíræðan vinning, svo ekki sé meira sagt. Um þetta skal ég annars ekki ræða hér, en mikið vildi ég óska þess að menn leituðu orsakanna annars staðar en í skrílslátum ölvaðra unglinga, eins og oftast er gert, heldur í raunverulegum orsökum sem liggja hjá okkur sjálfum og unglingadrykkjan er aðeins eðlileg og sjálfsögð afleiðing af. Þar með er ég ekki að segja að afleiðingin sé ekki, jafnhörmuleg og hún er, einnig til vanvirðu okkar hraustu og glæsilegu æsku, en að vanvirðu og hörmulegum afleiðingum ofdrykkju skyldi víðar og betur leitað.

Þetta segi ég að marggefnu tilefni, einkum frá fjölmiðlum sem virðast ekkert annað sjá í vanda okkar áfengismála en mikla drykkju unglinga. Það er viss skylda í þessum efnum sem hvílir á Alþ., mikil skylda, sem okkur ber að taka alvarlega og gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að vísa réttan veg, bæði í löggjöf og eins í ákveðnum aðgerðum sem við gætum orðið sammála um að yrðu til úrbóta. En almenningsálitið er þó veigamest og á það er sannarlega hægt að hafa jákvæð áhrif á margan hátt. Nú virðast flestir keppast við það neikvæða.

Ég hef lengi hugsað um þessi mál og reynt að átta mig á bestu leiðum. Það má kannske segja að maður verði því áttavilltari sem maður hugsar meira um þessi mál. Þegar maður var ungur, þá einfaldaði maður þessi mál gjarnan fyrir sér og hugsaði sér einhverja algilda lausn sem öllu gæti bjargað. Reynsla áranna hefur kennt manni annað. Það er beisk og bitur reynsla. Aftur og aftur hefur t. d. aðflutningsbann komið í hug mér. Einu sinni hafði ég á því tröllatrú. Hitt varð mér fljótlega ljóst, að án mikils meirihlutafylgis við slíka ákvörðun væri slík ákvörðun með öllu vonlaus. Við eigum áfengismálalöggjöf sem um margt er til fyrirmyndar. Þar er hins vegar framkvæmdin vægast sagt hörmuleg og okkur lítt til sóma.

Það er kannske von að menn spyrji, hvers vegna í ósköpunum áfengismálanefnd hefur þá lagt aðaláherslu á lagabreytingar, og í framhaldi af því spyrja menn hver von sé þá til úrbóta í þessu sambandi. Ég vil ekki segja neitt fyrir um afleiðingar umræddra lagabreytinga. Þó hygg ég að allir geti verið sammála um leiðbeiningarstöð í ofdrykkjuvörnum. En auðvitað eru það fyrirbyggjandi aðgerðir sem við hljótum að stefna að fyrst og fremst. Þar er þáltill. um fræðsluþáttinn sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir er 1. flm. að. Það er hún vitanlega sem á að því að stefna og væri veigamikið skref ef rétt yrði að staðið. Aðalástæða þess að við kusum að flytja fáar, en róttækar till. um sumt inn í þingsalina var von okkar um liflega og opinskáa umr. um þessi mál, bæði hér og úti í þjóðfélaginu. Ég var ánægður með umr. um þessi mál hér í fyrra. Þar skiptust menn á skoðunum um þessi mál. Menn voru ekki á eitt sáttir. Menn viðurkenndu hið mikla vandamál, en um leiðirnar deildu menn. Og menn deildu um ýmis ákvæði frv., svo sem eðlilegt var og sjálfsagt, og sú umr. sem hér fór fram, var mér ánægjuefni, þó ég væri að vonum ósáttur við ýmislegt af því sem hér var sagt.

Hins vegar urðu vonbrigði mín enn þá meiri, einmitt fyrir þá sök að hér var umr. málefnaleg, að úti í þjóðfélaginu var næstum engin umr. um þetta. Það var aðeins eitt atriði í frv. okkar tekið þar út úr. Það var skrumskælt á allan veg, ýkt og gert að hinni voðalegustu grýlu. Þar var vitnað í persónunjósnir, frelsishöft og fleira í þeim dúr. Þó ég geti enn sem fyrr fært mörg veigamikil rök gegn þessari móðursýki, þá hef ég kosið að fella þessa voðalegu till. um áfengiskaupaskírteinin og skráningu á nafn brott með öllu í þeirri veiku von að frv., e. t. v. með einhverjum breytingum, verði að lögum og umr. geti þá orðið örlítið skynsamlegri en var á s. l. vordögum, þ. e. af hálfu þeirra fáu sem í henni tóku þátt úti í þjóðfélaginu. Þetta atriði er a. m. k. ekki til trafala lengur. Það er rétt að taka það skýrt fram, því oft eru templarar hér við orðaðir sem hinir mestu oftækismenn í þessum efnum, að ekki var þetta þeirra till., því mjög tóku þeir það skýrt fram í sínum ályktunum nú í vor að þeir væru algjörlega andvígir þessu ákvæði sem var í frv. í fyrra. Þetta ákvæði var hins vegar komið fyrst og fremst út úr samtali okkar Öddu Báru Sigfúsdóttur, fyrrum aðstoðarmanns ráðherra. Við töldum að þarna væri kannske einhver leið varðandi vissa ónafngreinda stétt manna til þess að koma upp um

þá, en eftir nánari athugun mun það sannast sagna að það hafi kannske þar lítil áhrif.

Í stað þessarar greinar er nú aðeins grein sem þannig hljóðar: „Öll sala og afhending áfengis á útsölustöðum og póstafgreiðslustöðvum skal óheimil nema gegn framvísun nafnskírteina með mynd skírteinishafa.“ Hún telst svo sjálfsögð í þessari mynd, að ég nenni ekki frekar að rökstyðja hana en kemur fram í aths.

Öðru máli þótti mér ætið gegna um það atriði frv. sem lýtur að aldursmarkinu inn í vínveitingahús. Þar verð ég að segja nákvæmlega eins og er, að ég er hvergi nærri sannfærður um réttmæti þess sem meiri hl. n. lagði til og við höfum hér flutt sem meirihlutaálit. Samræming á aldursmarkinu er hins vegar sjálfsögð og verður að komast á. Allt annað er endileysa. Um það eru allir sammála, hvaða afstöðu sem þeir annars hafa í áfengismálum. Ég dyl það hvergi nú frekar en í fyrra, að frekar hefur að mér hvarflað æ ofan í æ að færa aldursmarkið niður í 18 ár, þ. e. hvort tveggja aðgang og leyfi til áfengiskaupa, en herða jafnframt allt eftirlit og framkvæmd. Ég mæli þó ekki mót, get í raun ekki gert það, eða dreg á neinn hátt í efa þær staðreyndir sem við blasa í skýrslum frá heilbrigðisstofnunum ýmissa þeirra þjóða sem hafa fært aldursmarkið neðar og hafa bergt þann beiska kaleik skv. öllum þeirra skýrslum að vindrykkjan hefur aðeins færst enn neðar í aldursflokkana. Ég get ekki heldur varist því að líta á okkar eigið ástand í ljósi þess, hve aldur þeirra er orðinn lágur, sem áfengis neyta, þrátt fyrir okkar háa aldursmark í lögum, um leið og það skal auðvitað tekið skýrt fram, að algert ósamræmi er í aðgangi að þessum húsum og afgreiðslu og slælegu eftirliti, vægast sagt.

Ekki vegur almennt álit fólks lítið í þessum efnum. Mér hnykkti sannast sagna við í vor sem leið þegar nýfermd stúlka í nágrenni við mig kom drukkin heim og móður hennar varð það eitt að orði, nokkurn veginn orðrétt: „Ja, við þessu má maður búast þegar fólk er komið á þennan aldur. Það rasar þá kannske fyrr út.“ Þetta var allt og sumt, og er ég þó engan veginn að halda fram prédikunum við þessa unglinga sem einhverju læknislyfi í þessum efnum. Umvandanir á vissan hátt og leiðbeiningar eru annað. En fólk verður þá að hafa sæmilega efni á slíku og það hafa nú allt of fáir, því miður. Hinir, sem það kunna að hafa, eru nær því sem hrópendur í eyðimörk og lenda því miður oft út í að vera eins konar prédikarar í stað þess að vera leiðbeinendur.

Ég skal ekki hér og nú fara út í frekari hugleiðingar um þetta, en aðeins víkja að einstökum greinum.

Varðandi 1. gr. er það að segja, að það, sem þar er lagt til, er í raun allt of lágt. Ég er sannfærður um að slíkur gróði kemur í hlut vínveitingahúsanna að leyfi til þessa rekstrar ætti að vera bundið mun hærri upphæðum en við leggjum til. Hins er rétt að geta, að vínveitingahúsin þurfa að framfylgja ýmsum skilyrðum um aðbúnað, mat og fleira, þó þar sé víða pottur brotinn og eftirlit hvergi nærri nógu gott. Þó mun hafa keyrt svo um þverbak sums staðar að húsum hefur verið lokað af þeim sökum að þau hafa í engu sinnt skyldum sínum. Mér var tjáð nú í dag að með reglugerð hafi þessi leyfi verið hækkuð fyrir rúmu ári. Á því veit ég ekki fullar sönnur, en rétt er að n., sem fær þetta frv., kanni það og athugi málið í samræmi við það.

Það má segja að 2. gr. frv. sé í raun orðin harla léttvæg miðað við upphaflegu gerðina. Það er þó vonandi að hún valdi ekki slíkum úlfaþyt sem þá varð. Þó er hér um að ræða þá sjálfsögðu skyldu að sýna nafnskírteini með mynd, svo sem gera þarf á venjulega dansleiki. Vart þarf því lengur um þessa grein að deila.

Varðandi 3. gr. frv. hef ég þegar lýst mismunandi viðhorfum í áfengismálanefnd hvað hana snertir. Varatill. n., þ. e. a. s. meiri hl. n., um að undanþága skuli áfram veitt að vissu marki fyrir maka, sem yngri eru en 20 ára, mun kynnt n. sem frv. fær, en hér held ég að sé komið að viðkvæmasta atriðinu í þessu frv., eftir að því hefur verið þannig breytt. Ég tel sjálfsagt að þetta mál sé ítarlega kannað. Mín skoðun er sú, að eina réttlæting þess að færa aldursmarkið niður í 18 ár, svo sem við Páll Þorsteinsson lögðum til fyrir fjórum árum, var og er sú, að eftirlitið verði þá stórbætt og vel verði með því fylgst hverjar afleiðingarnar verða á enn yngri aldursflokka, þó ég hljóti að telja það staðreynd að drykkjan sé þegar komin ískyggilega lágt niður, jafnvel allt niður í 11—12 ára aldur. Allt þetta er rétt og skylt að skoða. Fullt raunsæi, en jafnframt full aðgát þarf hér að ráða ferðum.

Þá er komið að þeirri grein sem fékk hér ótvíræðastan stuðning í hv. d. í fyrra. Margir sjá hér eina bestu lausnina í okkar ofdrykkjuvandamálum. Um það er ég ekki fær að dæma. En sé þar rétt á málum haldið og miðað við reynslu annarra þjóða hér af, þá ætti þetta að geta orðið þýðingarmikill liður, þó enn og aftur skuli það undirstrikað að hér sem í öðrum heilbrigðismálum þarf fyrst og síðast fyrirbyggjandi aðgerðir sem ég skal vera fyrsti maður að styðja ef um raunhæfar lausnir yrði að ræða.

Við þekkjum sennilega flestir til Snepils Steinars Guðmundssonar sem oftlega hefur ekki vandað okkur kveðjurnar fyrir aðgerðaleysi og sofandaháttt, geðleysi og ábyrgðarleysi, svo ég noti nú sum af fallegustu orðunum. Þessi góði maður á þessa till. Hann er í þessari n. Hann hefur mjög einfaldað þessa hluti að mínu viti, talið beinlínis að slík stöð leysti flestan vanda. Ég vona einlæglega að hann hafi sem allra réttast fyrir sér í því. En þá verð ég líka að vona að með samþykkt þessarar gr., ef hún verður að lögum, losnum við alþm., einkum þeir sem hér hafa að unnið, við smáslatta af gífuryrðum hans, þó ekki taki ég þau mjög nærri mér.

5. gr. til og með 16. gr. eru um sektarákvæði og þau öll þyngd verulega, en þó hefur að mér hvarflað að hvergi sé hér of í lagt. Það var einnig fullyrt við mig í dag að þessi sektarákvæði hefðu með reglugerð verið hækkuð á s. l. ári, og bið ég nefndina, sem frv. fær, að kanna það nánar svo og hvort einhver sektarákvæði séu enn of lág. Allt þarfnast það athugunar.

Aðeins skal það svo sagt í lokin, að ég vænti

þess mjög eindregið að málið fái nú afgreiðslu, einnig 3. gr., á hvern veg sem sú niðurstaða kann að verða. Ég treysti okkur í hv. heilbr.- og trn. best til að leysa þetta verk af hendi og vil — með leyfi forseta — leggja til að frv. verði þangað vísað. Sjái forseti sér ekki fært að gera það, þá óska ég þess að hv. allshn. vinni ötullega að því að málið sjáist sem fyrst aftur hér í deildinni.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til umr. hér í hv. d. á síðasta þingi lýsti ég nokkuð afstöðu minni til þessa máls í heild.

Ég vil byrja á því að taka það fram, að ég efast ekki um góðan vilja flm. þessa frv. og skilning þeirra á hinum miklu vandamálum sem við er að eiga hjá þjóðinni í sambandi við áfengismálin. Það hefur svo oftlega komið fram, bæði í ræðu og riti, hjá þeim hv. alþm. sem standa að þessu frv., að þeir hafa miklar áhyggjur af því hvernig komið er fyrir þjóðinni í sambandi við þessi mál. Þeir hafa mikinn vilja á að leggja sinn skerf af mörkum til þess að leysa þau, og aðgerðir þeirra, sem felast í flutningi þessa frv., eru þakkarverðar svo langt sem þær þá. Aðeins vil ég taka það fram um meginstefnu þessa frv., sem felur í sér aukin bönn, auknar hömlur á meðferð áfengra drykkja og stórkostlega aukin sektarákvæði, að ég er þeirrar skoðunar að samþykkt slíkra ákvæða eins og felast í þessu frv. lækni engan vanda, en kannske komi til með að skapa enn meiri vandkvæði en við eigum við að etja í dag. Hins vegar ber að fagna því að flutningur frv. eins og þessa, sem hér liggur fyrir, gefur tilefni og opnar möguleikana til að ræða þessi alvarlegu mál á víðtækum og almennum grundvelli.

Ég held að sú staðreynd sé ljós öllum þeim sem af raunsæi og alvöru vilja hugsa og tala um þessi mál, að okkur er mikil nauðsyn að taka öll þessi mál til alvarlegrar athugunar og þá ekki síst núgildandi áfengislöggjöf. Ég held að þó að víða væri leitað fanga muni vera torvelt að finna meðal siðaðra þjóða löggjöf um meðferð og sölu áfengis sem er jafngölluð og sú löggjöf sem við eigum við að búa. Vil ég þá t. a. m. nefna sem kannske einhvern mesta agnúann, að það skuli vera löglegt að selja, kaupa og neyta sterkra, brenndra drykkkja í lítra- og ámatali, en á sama tíma er ekki hægt að fá með máltíð mannsæmandi drykk sem kallaður er áfengt öl. Maður verður að fara til mjög frumstæðra þjóða til þess að finna dæmi til að slíkur háttur sé hafður á um meðferð þessara mála. Þess vegna fyndist mér ekki óeðlilegt að við meðferð þessa máls í n. yrði tekið til gaumgæfilegrar athugunar að endurskoða áfengislöggjöfina og reyna að taka af henni verstu agnúana, og þá tel ég að lægi fyrst fyrir að heimila sölu áfengs öls í landinu.

Ég ætla ekki að fara að eyða löngu máli til þess að réttlæta þá ráðstöfun, því að menn geta deilt um slíka hluti óendanlega. En ég er þeirrar skoðunar og þykist tala af nokkurri reynslu og það kannske dýrkeyptri reynslu, að það er bjargföst sannfæring mín að við værum betur settir með að hafa þá tilhögun að leyfa neyslu áfengs öls. Hef ég þá sérstaklega í huga ungu kynslóðina sem ég held að við séum allir sammála um að við berum alveg sérstaklega fyrir brjósti í sambandi við þessi málefni.

Ég held að þegar menn eru að ræða um áfengismál, þá vilji því miður allt of oft bera á því að skoðanir manna mótist af tilfinningasemi, stundum af óskhyggju og jafnvel af ofstæki, en við gefum okkur ekki nógu mikinn tíma til að setjast niður og athuga þessi mál af raunsæi og stillingu. Frá mínum bæjardyrum séð eru áfengismálin kannske eitt af mestu uppeldismálum þjóðarinnar. Það hefur verið mikið talað um það nú á síðari árum, að það væri mjög nauðsynlegt að taka upp fræðslu í kynferðismálum og hefja þá fræðslu allsnemma í skólum landsins. Ég vil í því sambandi varpa fram hvort það mundi ekki vera fyllsta ástæða til þess að taka upp fræðslu í skólum landsins og byrja snemma í sambandi við áfengismálin.

Við búum í þjóðfélagi þar sem þær staðreyndir blasa við, hvort sem okkur er það ljúft eða leitt, að áfengið er fylgifiskur mannkynsins. Það hefur verið það frá örófi alda. Staða okkar sem þjóðar er nú á tímum þannig að við erum í miðri þjóðbraut og okkur er enginn kostur að hafa annan hátt á um meðferð þessara mála heldur en gengur og gerist hjá nágrannaþjóðum okkar sem eru taldar vera komnar kannske lengst á braut þroska, menningar og siðgæðis. Gagnvart þessum málum hlýtur því að vera skylda okkar að reyna að miða stefnuna í þjóðfélaginu, bæði frá hendi löggjafans, hendi uppalendanna og hendi allra sem þetta mál snertir, svipað því sem gerist meðal frjálsra, siðaðra þjóða. Þeir tímar eru liðnir að við vegna einangrunar gátum haft annan hátt á í sambandi við þessi mál. Þeir eru löngu liðnir, svo að því fyrr sem við almennt viðurkennum þær staðreyndir, sem við er að búa, og tökum af manndómi á þessum málum, því betra.

Ég held að okkur sé öllum ljóst að það hefur orðið mikilsverð breyting á lífsvenjum t. d. unga fólksins, æskunnar, nú á síðari árum. Það skiptir engu hvort menn koma frá svokölluðum góðum heimilum þar sem allt er vel búið, bæði að því er snertir tæki, húsrými og annað, eða hvort unga fólkið kemur frá heimilum sem hafa verri aðbúnað. Þróunin hefur orðið sú, að unglingarnir tolla ekki á heimilunum. Þeir vilja halda hópinn. Þeir vilja eyða fristundum sínum í hópi sinna aldursfélaga, skólafélaga og annarra, utan heimilanna. Þeir vilja hafa samastað og þeir vilja hafa frelsi til þess að ræða sín mál innan síns hóps. Og það er ótrúlega skjótt og miklu fyrr en gerðist áður að unglingar vilja hafa eitthvað í glasi.

Þess vegna held ég að í ljósi þeirra staðreynda sem við getum ekki breytt, höfum ekki nokkra minnstu möguleika á að breyta, gefum við okkur of lítinn tíma til þess að athuga það alveg niður í kjölinn hvernig er best að bregðast við þessu vandamáli, — því mér er ljóst eins og öllum öðrum að hér er við gífurlega mikið vandamál að etja, — hvernig við getum brugðist við þessu vandamáli og reynt að leysa það á þann veg að við getum snúið við dæminu, að þetta verði ekki til jafnmikillar ógæfu og valdi ekki jafnmiklum hörmungum og áfengismálin því miður

hafa valdið og valda í dag með þjóðinni. Ég er þeirrar skoðunar að höft, hömlur, bönn, viðurlög séu ekki rétt. Það verður eitthvað annað að koma til. Ég hef miklu meiri trú á fræðslu, leiðbeiningum, heldur en þeim aðgerðum sem ég nefndi hér á undan.

Ég nefni sem dæmi um rangt viðhorf í þessum málum þegar Félagsstofnun stúdenta við Háskólann, sem að mínu mati hefur merkilega starfsemi, Félagsstofnun stúdenta, þegar hún á sínum tíma sækir um leyfi til að veita létt vín innan sinna veggja. Þessu er synjað. Þetta tel ég mjög ranga afstöðu af hálfu hins opinbera. Þetta er að bregðast við vanda alveg þvert á móti því sem ég tel hyggilegt. Það er vitanlegt hverjum manni, sem það vill skynja, að líkast til er hvergi farið frjálslegar með áfenga drykki heldur en í híbýlum stúdenta. Og svo er verið með slíkt yfirskin og yfirvarp að neita stofnun, sem þeir vilja bera ábyrgð á, um jafnsjálfsagða þjónustu að selja innan veggja félagsskapar síns létt vín, sem auk þess hefði mikla fjárhagslega þýðingu fyrir rekstur og afkomu þessarar stofnunar sem þeir hafa að mörgu leyti rekið af miklum myndarskap. Þetta eru viðhorf sem ég tel mjög neikvæð af þjóðfélagsins hálfu. Og þegar svona er brugðist við vanda, þá er ekki við góðu að búast.

Enn fremur blasir sú staðreynd við, að til að mynda í þessari borg, í Reykjavík, er um hverja helgi þannig ástatt að það eru þúsundir unglinga og æskumanna sem hvergi hafa athvarf. Þó að samkomuhúsin séu mörg hér í borginni, þá er þannig háttað að það eru þúsundir unglinga sem hvergi hafa afdrep og hvergi hafa aðgang. Hvað á að verða um þetta fólk? Það reikar hér um hvippinn og hvappinn, það eigrar um í eyðarleysi í leit að einhverju, heim fer það ekki, og þessar aðstæður valda oft því að ungir, óharnaðir unglingar lenda út á miklu verri götur en kannske hefði orðið ef þeir hefðu átt aðgang að sæmilegri krá eða veitingahúsi.

Löggjöf okkar um veitingastaði og vínsölustaði er að mínu mati svo geysilega áfátt að þar er nauðsyn á mjög mikilvægri endurskoðun. Að meta einhvern stað, sem hefur leyfi til að selja áfenga drykki, eftir því hvernig eldhús er útbúið og hversu það er fullkomið, hvort það hafi verið settar svo og svo margar milljónir í einhvern útbúnað í eldhúsi til að hægt sé að kaupa sér glas af léttu víni eða staup af brennivíni, það stenst ekkert mat heilbrigðrar skynsemi.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef veitingalöggjöfinni yrði breytt þannig að hér í Reykjavík t. a. m. væri opnuð leið til þess að hafa eina 40—50 eða sem sagt ótakmarkaða litla smáveitingastaði, þar sem menn gætu setið yfir glasi af öli, yfir víni, þá mundi það gjörbreyta þessum slæmu áhrifum og þessu mikla vandamáli sem við er að etja.

Ég held að því fyrr sem hv. alþm., sem eiga að vera leiðtogar þjóðarinnar og stefnumarkandi í þessum málum eins og svo mörgum öðrum, því fyrr sem þeir gera sér ljósa þá skyldu að takmarkið hlýtur að vera að reyna á uppeldislegan hátt að skapa hjá þjóðinni og þá fyrst og fremst æskunni skilning á því vandamáli, sem við er að etja í sambandi við neyslu áfengis, og á þann hátt að beita kröftunum til þess að skapa þann manndóm sem þarf til þess að umgangast áfengi og neyslu þess á þann hátt sem frjálsbornu fólki sæmir, — því fyrr sem hv. Alþ. markar það sem stefnumið sitt að halda þannig á þessu viðkvæma máli, því fyrr lifum við þá stund að við komumst frá því mikla vandamáli sem við er að etja í dag, og ráðum við það. Við ráðum ekki við það með því að auka höftin, hömlurnar og auka sektarákvæðin. Við verðum að reyna að lækna þetta vandamál með því að taka á því í byrjuninni, líta á það sem uppeldismál, sem fræðslumál. Boð og bönn duga ekki.

Ég vil boða í sambandi við meðferð þessa frv. að það mun verða flutt till. um að breyta áfengislögunum þannig að heimiluð verði bruggun og sala áfengs bjórs og um aðrar breytingar á framkvæmd laganna sem að mínu mati verka á þann hátt að af meiri skynsemi verði farið með þessi mál en nú ríkir með þjóðinni.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Hér er til umr., eins og nokkuð oft áður ákaflega viðkvæmt mál, þar sem gerð er tilraun af löggjafans hálfu til að gera þær breyt., sem nauðsynlegastar eru taldar á gildandi löggjöf til þess að koma í veg fyrir eða draga úr neyslu áfengis. Nú hygg ég að okkur greini ekki á um það, að hér er um alvarlegt þjóðfélagsvandamál að ræða, — vandamál sem hefur á undanförnum árum og áratugum, eins og sagt var hér áðan, því miður fylgt þjóðinni of lengi og ekki verið krufið að mínu viti til mergjar. Þess í stað samþykkjum við hér árlega ákveðinn tekjulið til almennra þarfa í landinu, — tekjur sem byggðar eru á nægjanlega mikilli sölu áfengra drykkja. Á sama tíma þykjumst við vera að gera upp hug okkar um afstöðu til þessa vandamáls og erum að betrumbæta löggjöf okkar í þeim efnum, og til þess er það frv., sem hér er til umr., að sjálfsögðu flutt. Ég efast ekkert um þann vilja sem að baki liggur, flm. fjögurra, að það er þeirra vilji að koma á betra skipulagi, ef það má orða það svo, meira mannsæmandi skipulagi á neyslu áfengis heldur en er í dag.

Eins og þegar hefur verið bent á er þjóðin ekki alveg reynslulaus í sambandi við þennan vanda. Við höfum reynt algjört vínbann. Við höfum leyft sölu léttra vína um ákveðið skeið, svonefnda púrtvínsöld. Og við höfum leyft — með takmörkunum þó — sölu sterkra drykkja eins og gert er í dag, þó með þeim fyrirvara að ekki væri um sterkt öl að ræða. Það er atriði sem ég skal ekki fara inn á hér, þær röksemdir sem liggja til þess, að meiri hluti Alþingis hefur ekki á það fallist að leyfa framleiðslu sterks öls. En á það er gjarnan bent, að reynsla annarra þjóða sé sú að sterka ölið komi einungis til viðbótar sterkum drykkjum. Í þessum efnum ríkir fullyrðing á móti fullyrðingu, og hirði ég ekki um það að ræða.

Skoðun mín er sú, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að gera þær breyt. á gildandi löggjöf sem mættu draga úr áfengisneyslu eða stuðla að slíku. Þarna er ekki stefnt að kjarna málsins, nema að því leyti sem minnst hefur verið á

nauðsynlega fræðslu. Þar höfum við einnig nokkra reynslu, sem ekki er sérlega fögur, í sambandi við reykingar. Það er fullyrt eftir áratugalangar rannsóknir færustu sérfræðinga í heimi, að þær boði ekki minni hættu líkamlegri hreysti manna og andlegu atgervi heldur en jafnvel áfengisneysla, a. m. k. þeirra sem geta með góðu móti umgengist áfengi án þess að það verði þeim til áberandi tjóns. Það eru líka stífar reglur um boð og bönn í sambandi við auglýsingar og alls konar hvatningu til kaupa á þessari tegundinni eða hinni af tóbaki. Sjáanlegur árangur er því miður ekki af þessu. En eigi að síður er það skoðun mín, — og ég get tekið undir það með hv. þm. Jóni Sólnes, **segi ég það ekki alveg reynslulaust, ég hef hlotið** af því dýrkeypta reynslu eins og hann að sjá hvílíka erfiðleika neysla þessara drykkja skapar viðkomandi persónu og þá ekki síður — að seint verði slíkt til fullnustu mælt eða vegið á vogarskálum.

Megingrunnurinn í þessari viðleitni finnst mér að ætti að vera að efla þær stofnanir sem til eru í landinu. **Við höfum sett lög um áfengisvarnaráð** sem er algjörlega fjárvana og getur sig lítið hreyft þrátt fyrir góðan vilja til þess að breiða út boðskapinn og auglýsa fyrir mönnum þær hættur sem af áfengisneyslu hljótast. Við höfum nánast aldargróið starf Góðtemplarareglunnar á Íslandi, sem einnig hefur mætt takmörkuðum skilningi, svo ekki sé meira sagt, á sinni starfsemi. Vaxandi eru nú í landinu frjáls samtök manna sem eiga í erfiðleikum og hafa átt í þessum efnum undanfarin ár, svonefnd AA-samtök, sem ég veit ekki til að njóti neinnar opinberrar aðstoðar til sinna starfa. Það var fróðlegt viðtal í útvarpinu nú á dögunum, sem tekið var upp, að mér virtist, á Akureyri, við **menn úr báðum þessum stofnunum**, þ. e. a. s. annars vegar úr Góðtemplarareglunni og hins vegar AA-samtökunum. Ég verð að játa að persónulega féll mér málflutningur AA-mannsins mun betur og var mun betur við mitt hæfi eða mínar skoðanir heldur en málflutningur hins þó báðir vildu í raun og veru keppa að sama marki, þ. e. a. s. draga úr áfengisneyslu.

Ég held að grundvöllurinn undir raunhæfu starfi til þess að ná því marki sem unnt er í þessum efnum verði að koma innan frá, frá viðkomandi persónu sem við vandann á að etja, og það verði aldrei nógsamlega veitt fé til slíkrar fræðslu, þannig að menn geti ekki raunverulega borið við innra með sjálfum sér a. m. k. að þeir viti ekki hvaða hætta er á ferðum.

Tveir kunnir menn í þessari baráttu eða tveir nánast heimskunnir menn, er víst óhætt að fullyrða, í baráttunni gegn alkóhóli og neyslu þess hafa komið til landsins á s. l. ári og haldið hér fyrirlestra. Báðir veita þeir forstöðu stofnunum sem eru til aðstoðar fólki sem Bakkus konungur hefur náð of miklum tökum á. Þeir **sögðu frá reynslu sinni. Ég átti þess kost að** ræða við annan þessara manna og sagði við hann: „Hvernig er hægt fyrir mann, sem komist hefur yfir það að neyta áfengis og getur hætt því, að kyngja þeirri kenningu að einu sinni alkóhólisti sé alltaf alkóhólisti?“ Þá benti hann á brjóstið á sjálfum sér og sagði: „Hér er einn!

Ég var drykkjusjúkur maður fyrir 25 árum, en ég á enn þá í vök að verjast að losna við þetta ofurveldi Bakkusar. Allt starfsfólk á þeirri stofnun, sem ég veiti forstöðu,“ sagði hann, „er fyrrverandi drykkjusjúklingar, og þeir hafa reynst hinir bestu starfskraftar vegna þeirrar döpru reynslu sem þeir höfðu persónulega hlotið.“ Þannig leit hann á þessi mál og þannig var niðurstaðan af hans ræðu, að menn gætu aldrei lokað bókinni með það í huga að hún væri fullesin í þessum efnum, heldur yrðu þeir að vera sífellt vakandi ef þeir hefðu einhvern tíma hrasað á þessu hættulega svelli.

Þetta er að mínu viti næst mínum skoðunum, að hvetja menn, sem hafa hrasað, með fræðslu um hvað sé þarna á ferðinni annars vegar, og svo er fyrirbyggjandi fræðslan hins vegar. Það ætti að vera skyldunámsgrein í skólum á vissu aldurskeiði, þegar unglingar væru komnir á þann aldur að það væri talið fullvíst að þeir skildu þann vanda sem hér er á höndum, ef **þeir hefðu þá ekki meiri og minni persónuleg** eða fjölskylduleg tengsl við þennan vanda, en þeir munu ófáir sem þannig er ástatt um. Ég held að það væri langtum raunhæfara til úrbóta af okkar hálfu heldur en e. t. v. nauðsynlegar, en smávægilegar breytingar á lögum, í hinu daglega lífi einstaklinga þjóðfélagsins, að einbeita sér af hálfu löggjafans að fræðslustörfum í stað boða og banna, eins og of mikið hefur borið á að væru talin allsherjarlausn í þessum efnum.

Ég held að við mundum með góðu móti geta á þann hátt stuðlað að því að koma fyrir almenningssjónir allri þeirri fræðslu sem í mannlegu valdi er, með því að styrkja þær stofnanir, sem þegar eru til í landinu, og efla framkvæmd þeirrar löggjafar, sem um þessi efni er, **en þó umfram allt að það, sem gert er, byggist** á raunhæfri fræðslu til allra þeirra sem hlut eiga að máli. Jafnframt verður að fylgjast að hin fyrirbyggjandi fræðsla til þeirra sem enn þá hafa losnað við þann vanda sem áfengisbölið boðar.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, lýsa því yfir að ég get vel fellt mig við það frv., sem hér er til umr., og mun á engan hátt leggja stein í götu þess. Það er sjálfsagt til úrbóta á þeirri löggjöf sem við höfum. En ég held að við ættum að snúa okkur meira að hinni hlið málsins, **þ. e. a. s. bæði fyrirbyggjandi fræðslu og** fræðslu til þeirra sem vilja af fúsum og frjálsum vilja losna úr þessum viðjum, og þá **umfram allt að gera þeim aðilum, sem til eru í** landinu og hafa sannað gildi sitt, eins og **Góðtemplararegla n og AA-samtökin, kleift að njóta** sín svo sem kostur er með fjárhagslegum stuðningi gegn þeim vágesti sem áfengismálin tvímælalaust eru.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt út af fyrir sig til þess að vita, að allir eru á einu máli um þörfina fyrir að minnka drykkjuskap í landinu. Menn greinir á um leiðir að markinu eins og oft.

Ég held að afstaða hv. 2. þm. Norðurl. e. stafi að nokkru leyti af misskilningi. Hann lítur svo á að það sé hægt að ala okkar unga fólk upp

með því að gefa því áfengan bjór nógu snemma, það mundi verða til þess að það félli síður fyrir drykkjuskapnum síðar. En það er búið að gera svo miklar tilraunir með þetta og það er búið að reyna þetta svo víða, að það fer ekki neitt á milli mála. Við erum ekki með þeim verstu í veröldinni hvað drykkjuskap áhrærir og vandamál vegna drykkjuskapar. Nágrannar okkar og frændur á Norðurlöndunum, bandaríkjamenn og rússar eru ekkert betur settir. Allar þessar þjóðir hafa haft í ríkum mæli áfengt öl til drykkjar um áratugi, en það hefur sýnt sig að það er annað sem ræður mjög miklu um hvort ástandið fer batnandi eða versnandi í löndunum. Vafalaust er óhætt að fullyrða að bætt afkoma fjárhagsleg valdi miklu þar um. Ég las nýlega grein í dönsku blaði, ég held læknablaði, þar sem þess var getið að það væri vaxandi vandamál nú hjá dönum að svo mörg börn innan fermingaraldurs kæmu inn á sjúkrahúsin með delirium tremens, sem er lokastig áfengissýkinnar, að það væri með *ólíkindum og hafi orðið á þessu snögg breyting* til hins verra nú á síðustu árum. Þarna er sannarlega nóg af öli til að drekka, en vandamálið virðist vera vaxandi hjá þeim og einmitt á sama hátt og er hjá okkur reyndar líka, þ. e. a. s. það eru konur og það eru börn og unglingar sem drekka meira nú en áður hefur þekkst. Það verður því að leita orsakanna einhvers staðar annars staðar en hjá ölinu eða ölskortinum.

Það er kannske ekkert óeðlilegt að mönnum detti í hug að þetta vandamál muni verða leyst með fræðslu. En það er ekki einhlítt. Ég held að sé óhætt að fullyrða að þeir, sem best þekkja til og ekki ættu að þurfa frekari fræðslu um áfengi og vandamál þess, sem sé heilbrigðisstéttirnar, séu ekkert betri í þessum efnum og ekkert öruggari en almenningur. Það er vitað mál að þetta er ekki síður vandamál lækna en annarra í þjóðfélaginu.

En það er eitt sem hvarvetna hefur komið að haldi, og það eru hömlur. Það eru fyrst og fremst fjárhagslegar hömlur, þ. e. a. s. að selja áfengi dýru verði. Það mun vera orðið nokkuð algengt að menn viðurkenni að það hjálpar og það minnkar drykkjuskapinn.

Ég kemst ekki hjá að hafa orð á því, að í viðleitni okkar til að hamla gegn drykkjuskap hafa fjárhagsmál háð okkur allmikið. Einkum hefur það verið áberandi nú á undanförnum árum að ýmislegt sem menn hafa verið sammála um að þyrfti að gera, hefur ekki verið hægt að leysa af hendi vegna fjárskorts. Ed. samþ. fyrir tveimur árum frv. sem mundi hafa bætt úr í þessum efnum. Því miður var þetta frv. fellt í Nd., en það er ekki við okkur að sakast um það. Það er ekki vafi á því, að ef við hefðum fyrir alllöngu getað komið fótum undir þær stofnanir, sem við vitum að víða hafa heppnast vel til að hamla gegn mikilli drykkju, þá værum við betur settir í dag en við erum.

Það er ekki oft sem dagblöð sýna áfengismálum svo mikinn sóma að taka þau inn í leiðara. En fyrir nokkru var hluti leiðara í dagblaðinu Tímanum um áfengismál og með leyfi forseta langar mig til að lesa hann. Yfirskriftin er: „Á villigötum“.

„Það fer varla lengur á milli mála að við höfum kallað yfir okkur mikla ógæfu þar sem eru hin fjölmörgu vínveitingahús með óteljandi börum. Drykkjuskapur er orðinn svo hemjulaus að engu tali tekur, og í kjölfar hans koma svo slys og afbrot, heimiliserjur og meiðingar og síaukinn fjöldi drykkjusjúklinga auk alls vinnutaps sem áreiðanlega er jafnmikið eða meira en af öllum verkföllum og vinnudeilum sem þó þykir þungt undir að búa. Ekki má heldur gleyma stórauknum kostnaði við löggæslu, sem að langmestu leyti tengist drykkjuskapnum, sjúkrahús, fangelsi og margs konar stofnanir. Tæpast er of harkalega til orða tekið að kalla það kraðak vínveitingabara, sem upp hefur verið komið, drykkjuskaparskóla, og við höfum þegar séð nóg af hroðalegum dæmum um það, hvað það gildir að stunda þá. Þegar þessum börum er lokað á lögskyldum tíma er haldið úr þeim af allt of mörgum á vit hvers konar ógæfuverka sem verða einstaklingum og þjóðfélaginu í heild *þyngri í skauti en tárum taki. Þessi ofboðslegi* drykkjuskapur er hvort tveggja í senn þjóðarböl og þjóðarsmán.“

Þetta er sannarlega rétt. Og þegar við höfum það í huga sem nú er orðið nokkuð öruggt og hefur verið rannsakað, hlutfallslega mikill fjöldi af þeim, sem liggja í okkar sjúkrahúsum, bæði geðsjúkrahúsum og almennum sjúkrahúsum, liggur þar vegna beinna eða óbeinna afleiðinga af drykkju, þá er ekki furða þó að við förum að líta þessi mál svolítið alvarlegri augum en við höfum gert áður.

Það er hins vegar rétt, að það er engin einföld lausn á þessu og það talar *enginn um* það lengur að banna áfenga drykki. Þó er því ekki að leyna að það eru hundruð milljóna í heiminum sem nota ekki áfengi. Okkur hefur aldrei dottið í hug að banna sígarettur fyrr en núna. Nú eru uppi háar raddir um að það muni ekki líða margir áratugir þangað til sígarettur verði beinlínis bannaðar í framleiðslu. Og það gæti svo farið, ef áfram héldi rannsókn á almennri skaðsemi áfengis á líkamann, bæði andlega og líkamlega starfsemi, að þá komi að því að bann verði ekki eins fjarri hugum manna og það er nú. Hitt er jafnrétt, að það þýðir að sjálfsögðu ekki neitt að við förum að banna áfengi ef allir í kringum okkur veita það fullum fetum og leyfa drykkju og leyfa sölu á því. En það er engin fjarstæða að hugsa sér að þeir tímar geti komið að það verði raunhæft að tala um bann aftur. Og ég hef það fyrir satt, hvað sem hver segir, að þá muni ástandið í þjóðfélaginu á bannárunum hafa verið miklu betra og ekkert sambærilegt við það sem er nú. Þá á ég ekki við í því efni að sjá drykkjumenn, heldur hvað varðar alls konar afbrot og glæpi sem gjarnan eru fylgifiskar áfengisdrykkju, og það svo mjög, að ég held að lögreglan haldi því fram að um 90% af öllum glæpum, sem hún fær með að gera, séu bein eða óbein afleiðing af drykkju. Sannarlega er því von og eðlilegt að við öll séum á því að um þurfi að bæta í þessum efnum, þótt okkur greini á um leiðirnar.

Eins og ég hef oft sagt áður, er ég ekki í nokkrum vafa um að áfengisvandamálið er okkar erfiðasta félagslega vandamál. Það er það

vandamál sem eyðileggur flestar fjölskyldur, eyðileggur flest hjónabönd og eyðileggur flesta unglinga.

Það vill nú þannig til að tiltölulega er nýkomin út bók um starf nefndar í Svíþjóð sem hafði það markmið að gera till. um hvað ætti að gera við vandamálinu þar í landi, sem er líklega enn þá verra en hérna, miklum mun verra. Með leyfi forseta ætla ég að lesa glefsur úr till. þessarar nefndar:

1) Það á að svipta áfengi dýrðarljómanum. Það verður vafalaust ekki gert á meðan t. d. okkar sjónvarp er eins og það er í dag. Það þarf fræðslu og upplýsingastarf, auglýsingabann, jákvæða dagskrárþætti í útvarpi og sjónvarpi, bann við kynningu áfengistegunda.

2) Aukin bindindisfræðsla barna, unglinga og fullorðinna. Áfengisvarnarráðið fái 11 millj. sænskra kr. árlega til upplýsingastarfsemi og námsefni skóla sé ákveðið í þessu efni.

3) Fjölgun bindindismanna. Það skal fyrst og fremst gert með auknum fjárhagslegum stuðningi við bindindishreyfinguna. Hreyfingin fái 5.4 millj. sænskra kr. árlega og auk þess möguleika á að sækja um styrk til sérstakrar fræðslu- og upplýsingastarfsemi til áfengisvarnaráðsins.

4) Aukin bindindissemi þar sem sérstök þörf er viðbragðsflýtis og dómgreindar. Styrkir til upplýsingastarfs á vinnustöðum. Upplýsingaherferð varðandi hættur af áfengisneyslu í umferð, á baðstöðum, við veiðar og siglingar.

5) Neyslu sé beint að veikum drykkjum. Því hærra áfengismagn, þeim mun hærri skattur. Áfengismagn milliöls minnki.

6) Aukning neyslu óáfengra drykkja í stað áfengis. Reynt að koma á neysluvenjum sem binda neysluna máltíðum.

7) Öflun áfengis verði gerð erfiðari. Stefna í verðlagningu grundvallist á samræmdri áfengismálastefnu. Verðið hækki í hlutfalli við almennar verðhækkanir. Um áfengisveitingar í skipum gildi sömu reglur og í landi.

8) Unnið skal að því að engin áfengisneysla eigi sér stað meðal barna og unglinga. Aldurstakmörk verði óbreytt.

9) Tekið skal tillit til áfengismála þegar gerðar eru áætlanir um félagslegar breytingar og umbætur.

10) Stuðlað skal að eflingu stofnana þar sem áfengi er bannað og unnið að því að samskipti fólks fari fram án áfengis. Samkomustaðir og félagsheimili, þar sem áfengisbann ríkir, skulu efld, áfengi ekki veitt á skemmtistöðum og íþróttaleikvöngum. Áfengisbann í leikhúsum. Bönnuð áfengisneysla á almannafæri.

11) Unnið skal gegn bruggun, smygli, leynisölu og annars konar ólöglegri meðferð áfengis.

12) Stofna skal áfengisvarnaráð er hafi það hlutverk að samræma baráttu opinberra aðila og einstaklinga gegn áfengisböli og vinna að mótun heilbrigðrar áfengismálastefnu með athugun og aðgerðum. Í áfengisvarnaráðinu verði 15 fulltrúar, m. a. frá þingflokkum.

13) Rannsóknir verði efldar. Aukið verði starfslið áfengisrannsóknastofnunarinnar. Vísindalegar athuganir fari fram víða um land.

Þetta er það sem þessi n., sem hefur starfað í mörg ár, leggur til. Og hún gerir í formála ljóst að hér sé um geysilegt vandamál að ræða.

Athugun á skaðsemi áfengis hefur aukist mjög mikið og rannsóknir á afdrifum drykkjumanna, vegna þess að það hefur, eins og ég gat um áðan, nýlega komið í ljós hve geysimargir af þeim sjúklingum, sem eru langvinnir sjúklingar á stofnunum og reyndar sjúklingar bæði á almennum spítölum og geðsjúkrahúsum, geta kennt áfengisneyslu um sjúkdóma sína. Þar sem heilbrigðisþjónusta er mjög í sviðsljósinu víða um lönd, þá er ekki óeðlilegt þó að athyglin beinist einmitt að þessu atriði sem svo mjög veldur fjölgun sjúkrahússdaga. Smitandi sjúkdómar voru ein höfuðorsök sjúkrahúsdaga áður fyrr, og margir bjuggust við því, þegar ráðið varð við þá hroðalegu sjúkdóma marga, að þá mundi batna í ári. En það hefur ekki gerst eins mikið og menn bjuggust við, m. a. vegna óhófs í neyslu áfengis, vegna reykinga, vegna aukinnar slysatíðni og neyslu ýmissa annarra efna sem komið hafa fram í dagsljósið síðan.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á það, að þetta frv., þótt samþ. verði, mun ekki valda neinum stórbreytingum. Ég held að það sé sjálfsögð lagfæring þar sem tölum er breytt í okkar verðbólguþjóðfélagi og fært nokkuð upp, enn fremur að fella niður ákvæðið sem var hér áður um skírteini. Það á ekki við okkur, a. m. k. ekki enn þá. En ég vil eindregið benda á það, að allt, sem við getum gert til þess að reyna að tefja fyrir því, að einstaklingurinn verði drykkjusjúklingur, er mjög mikils virði, því að unglingur innan við tvítugt þarf að allt að því tíu sinnum styttri tíma til að verða alvarlegur áfengissjúklingur heldur en sá sem er kominn yfir tvítugt. Þetta er ein af þeim ástæðum sem valda því, að fulla nauðsyn ber til að leggja mikla áherslu á einmitt að reyna að forða unglingunum frá því að fara snemma að neyta áfengis.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. flutti hér mjög athyglisverða ræðu um þessi mál, og ég held, að það væri mjög gagnlegt mörgum, sem virðast hafa ótvíræðan áhgua á því að draga úr drykkjuskap, að kynna sér örlítið betur staðreyndir erlendra þjóða um það, hvar þær standa í þessum málum. Og mér þætti fróðlegt að vita hvaða þjóðir það eru sem eru komnar langt á þroskabraut siðgæðis og menningar fyrir áhrif sterks öls.

Aftur á móti er það eitt atriði í þessu frv. sem ég vil sérstaklega gera að umræðuefni, og það er 3. gr. Þann veg hagar til hér á Reykjavíkursvæðinu, að skemmtistaðir fyrir ungt fólk á aldrinum 17—20 ára eru ekki til staðar til að taka á móti þeirri ósku sem leitar að heiman frá sér á laugardagskvöldum og vill njóta samvista. Það tel ég að sé mjög alvarlegt mál, vegna þess að ég er sannfærður um að á skemmtihúsum, þar sem hægt er að koma við einhverjum lögum og reglum, boðum og bönnum, er hægt að hafa meira eftirlit með hegðun þessara unglinga heldur en með því að ýta þeim út frá þessum stöðum. Ég vil þess vegna draga mjög í efa að það sé rétt, eins og hagað er málum hér á þessu svæði

í dag, að banna unglingum að fara inn á vínveitingahúsin fyrr en þeir eru 20 ára. Engu að síður hlusta ég til þeirra raka sem hér komu fram, að unglingar undir tvítugu þyrfti margfalt styttri tíma til að verða að ofdrykkjumanni heldur en maður sem hefur drykkju eftir það. En það verður þá annaðhvort, er þetta er gert, að byggja hús, skemmtistaði fyrir þetta fólk, þar sem það getur komið saman og verið saman, eða þá að opna skólana og gera þeim að skyldu að hafa samkomur, til þess að ekki skapist öngþveitisástand sem fyrirsjáanlegt er, helmingi verra en Hallærisplansins, ef við ýtum út af skemmtistöðunum öllum unglingum sem eru á bilinu frá 18—20 ára. Þess vegna vil ég lýsa því hér yfir, að ég áskil mér rétt til að gera athugasemdir við 3. gr. síðar, og vil skora á flm. að athuga það mál mjög svo náið, hvaða hliðarráðstafanir þeir teldu að væru skynsamlegar til þess að sjá til þess að þetta fólk safnaðist ekki saman í hópum í borginni, heldur nyti einhvers staðar heilbrigðrar skemmtunar.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta skulu vera fá orð. „Tökum af manndómi á þessum málum," voru orð hv. þm. Jóns G. Sólness. Það eru orð að sönnu. Ekki held ég að honum hafi nú verið alvara þegar hann í framhaldi af þessu eða framhjáhlaupi sagði að sá manndómur ætti að felast í ótakmörkuðum fjölda kráa sem ætti að koma upp á hverju götuhorni. Ég held að hann hafi frekar slegið því fram í framhaldi af því sem hann hafði áður sagt um áfenga bjórinn sem ég ætla ekki að fara að deila við hann um. Þar segir reynsla annarra þjóða okkur allt of mikið, eins og hv. þm. Oddur Ólafsson kom nægilega vel inn á.

Ég skal líka taka undir það, þar sem hann minntist á æskuna sem vildi vera ein, vildi vera sér í hóp, að það er kannske það óheppilegasta og versta sem er að gerast í dag í okkar uppeldismálum og þjóðfélagsmálum, það er sambandsleysi okkar við þetta unga fólk, sambandsleysi, þetta margumrædda kynslóðabil sem er auðvitað fyrst og fremst okkur að kenna, en ekki því. Við höfum ekki samlagast því nægilega vel, ekki náð þeim trúnaði þess og þeirri samkennd sem þarna þarf að vera á milli, kannske einmitt af því að við höfum verið að reyna allt of mikið að losa okkur við það og hafa frið fyrir því á bernsku- og unglingsárum. Það eru þúsundir unglinga sem hvergi eiga aðgang hér í borginni, það er rétt. En ég er viss um það, ef hv. þm. Jón G. Sólnes skoðar það mál betur, þá veit hann að skemmtistaðir geta verið án þess að þar sé veitt vín og þar skemmtir fólk sér mætavel og það eru slíkir skemmtistaðir, sem varla fyrirfinnast hér í borg. Það er nefnilega töluvert mikið af hinum. Það eru skemmtistaðir án áfengis sem eru nær ófinnanlegir hér í borginni. Ef við hefðum manndóm í okkur til þess að koma þeim upp og reka þá almennilega án þess gróðasjónarmiðs, sem ræður í vínveitingahúsunum nr. 1, þar sem dansgólfið er haft sem allra minnst til þess að menn sitji sem mest og drekki sem mest, — ef við kæmum upp slíkum skemmtistöðum hér í borginni, þá yrðu ekki þúsundir ungmenna í vandræðum eins og sá hv. þm. tók réttilega fram.

Ég tek fyllilega undir orð hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar um það, að það þarf vissulega að efla þær stofnanir í landinu sem þegar fást við þessi mál. Og það er kannske, eins og hann sagði, fljótvirkasta aðferðin í þessum efnum vegna þess að þessar stofnanir hafa þegar aflað sér mikillar vitneskju um þau og hafa kynnt sér vandamálin vel og vita hvar skórinn kreppir og vinna af alúð og dugnaði að málinu. Hér hefur staðið algjörlega á fjárveitingavaldinu. Það var líka merkilegt að heyra einmitt úr sænsku skýrslunni, sem ég hafði kynnt mér allnáið, þær tölur sem hv. þm. Oddur Ólafsson las upp áðan um hvað mikil áhersla var í till. þn. sænsku lögð á auknar fjárveitingar til þessara samtaka allra.

En varðandi fræðsluþáttinn, sem báðir hv. þm., Jón G. Sólnes og Eggert G. Þorsteinsson, lögðu áherslu á hér, þá er rétt að undirstrika að við höfum lagt á hann gífurlega áherslu. Mjög fær skólamaður, Hörður Zóphaníasson, sem á sæti í áfengismálanefndinni, vann að þáltill. og grg. *með henni sem hefur verið flutt í Sþ.*, — mjög vel upp byggð grg. um ráð til úrbóta. Við fluttum þessa till. einmitt núna á undan þessu frv. vegna áhersluaukans, vegna þess að við vildum gefa þessum þætti aukið gildi.

Ég vil svo aðeins segja það, að það má alltaf deila um hvort við grípum nægilega á meinsemdinni. En hinu neita ég alfarið, að nokkur af þeim till., sem þarna eru, skapi meiri vanda, nema sú sem er í 3. gr. frv. og ég hef vissar efasemdir óneitanlega um og þarf reglulega vel að athuga. Aukin boð og bönn, auknar hömlur er varla hægt að tala um í þessu sambandi, nema þá *varðandi þá grein.*

Um sektarákvæðin vil ég aðeins taka það fram, að hér eru þau aðeins framreiknuð til núverandi verðgildis, en sektarákvæðin ekkert hækkuð miðað við það þegar þessi lög voru upphaflega sett að forgöngu hæstv. þáv. dómsmrh. Bjarna heitins Benediktssonar. Þetta eru nákvæmlega sömu sektarákvæðin, aðeins framreiknuð til núgildandi verðlags.

Löggjöfin kann að vera gölluð. En við vitum öll að það er framkvæmdin, sem er enn gallaðri, og lausnina höfum við því miður ekki.

Ég held að hv. þm. Jón G. Sólnes hafi ekki átt við það áðan, að af hálfu okkar flm. væri um að ræða tilfinningasemi og ofstæki í þessum efnum. Það vona ég að ég hafi ekki mátt taka til mín í því efni. En auðvitað ber þetta mál oft þannig á góma að þessir þættir verða ríkjandi, því miður. Við höfum þess vegna kosið að fara í raun og veru aðra leið og leggja þetta mál fyrir eins hógværlega og við höfum getað.

Ég held að það sé óþarfi að fara miklu frekari orðum um þetta mál en þegar hefur verið gert. Þegar menn tala um boð og bönn í þessu sambandi, þá held ég að það sé rétt að hafa það vel í huga, að við búum við í raun og veru geysilegt frjálsræði almennt í þessum efnum — *geysilegt* frjálsræði, og við búum við hömlulausa drykkju, ekki síst vegna þess hvað frjálsræðið í meðferð áfengis er orðið mikið. Ég minni á það hvað viðhorfið er orðið breytt frá því t.d. ég var ungur maður. Þá komu menn til manns á samkomu og

sögðu í feimnisróm: Sér nokkuð á mér? Og þeir voru hinir varkárustu ef maður sagði þeim að svo væri. Nú segja menn aftur: Mikið fjandi var ég fullur. Ég var bara alveg á skallanum. Þetta var alveg dýrlegt. — Þetta er viðhorfsbreyting, og hún hefur ekki stafað af því að á þessum tíma hafi komið einhver aukin boð eða bönn inn í þetta dæmi. Þetta er viðhorfsbreyting sem stafar fyrst og fremst af þessu mikla frjálsræði, sem er ekki fólgið í löggjöf, heldur frjálsræði og taumleysi úti í þjóðfélaginu, svo sem hv. þm. Oddur Ólafsson vék hér vel að áðan.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vék að því í ræðu minni áðan og reyndi, eftir því sem ég taldi nauðsynlegt, að leggja áherslu á aukna fræðslu um þessi mál, sem byggðist upp með tvennum hætti, þ. e. a. s. fyrirbyggjandi fræðslu og fræðslu til þeirra sem þegar hefðu með einum eða öðrum hætti ánetjast þessum vanda og ættu erfitt með að losna við hann, jafnvel þó að þeir sæju fram á hann.

Ég vil undirstrika það sem ég sagði þá einnig, að eftir að menn hafa með einhverjum hætti átt í erfiðleikum með þessi mál, þá verða bæturnar eða breytt líferni í þessum efnum að koma frá viðkomandi persónum sjálfum, svo mjög sem þær eru persónubundnar í einu og öllu. Það er þýðingarlaust að ætla sér að lækna þann mann, sem sjúkur er af áfengisneyslu, án eigin vilja hans. Það er skoðun allra þeirra sem lengst hafa barist til úrbóta í þessum efnum, að það sé nánast þýðingarlaust.

Það var á það minnst hér af frsm. þessa frv., að hið fjölritaða blað, Snepill, sem gefið er út — að mér skilst fjárhagslega stuðningslaust einkaframtak — af Steinari Guðmundssyni, það væri æðioft hvassyrt í garð okkar þm. Ég hef með athygli lesið þetta blað þegar mér hefur borist það, og ég met mikils þann skerf sem þessi maður leggur til þess að vekja áhuga manna og opna augu manna fyrir þessum vanda sem við er að etja, enda mun hann sjálfur hafa eins og margir fleiri dýrmæta, kannske þungbæra reynslu í þessum efnum. Fyrir þá sem hafa hrasað, og það eiga allir á hættu eftir að hafa tekið sitt fyrsta glas, á ég þá ósk besta til þjóðarinnar allrar, og þar ættum við hafa forustu sem sitjum á hv. Alþ., að okkur sé gefið æðruleysi til að sætta okkur við það sem við fáum ekki breytt, en jafnframt kjarkur til að breyta því, sem við getum breytt, og vit til þess að greina á milli. Ég held að þetta sé meginkjarninn, hið raunverulega inntak allra umr. hér. En því miður verður það að segjast eins og er, að við eigum margt af þeim ádeilum skilið sem fram koma í hinu umræddu, fjölritaða blaði Steinars Guðmundssonar. Það fer ekki saman í hugum fólks að áætla á hverju einasta ári ákveðnar tekjur af áfengiskaupum, til almenningsþarfa að sjálfsögðu á sama tíma og við ætlum að reyna að útiloka það, þegar ekki liggja fyrir neinar tölur, sem kannske er skiljanlegt, um það hve mikið tjón og hve mikil útgjöld vegna þessarar tekjulindar ríkisins eiga sér stað, hvað fer í töpuðum vinnustundum og sjúkralegu sem beint eða óbeint leiðir af þessu, eins og hv. 2. þm. Reykn. kom hér inn á áðan. Þetta eru hlutir sem eru ómældir, og þess vegna má einskis láta ófreistað til þess að efla þær stofnanir, sem til eru skv. gildandi lögum, og gera þeim kleift að vinna að sínu umbótastarfi svo sem frekast er unnt.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mjög. Aðeins að gefnu tilefni vil ég taka það alveg skýrt fram, að þegar ég var að ræða um að það kæmi stundum fyrir að þessi mál væru rædd af ofstæki og tilfinningasemi, þar átti ég vissulega ekki — ég hélt ég hefði tekið það fram í ræðu minni — þar átti ég ekki við hv. flm. þessa frv. sem í alla staði eru þekktir að öðru en því að bera slíkt á borð. Þetta eru hófsamir, ráðsettir menn sem bera sínar till. fram heils hugar að mjög íhuguðu máli.

Ég kemst ekki hjá því að gera smáathugasemd við ummæli hv. 2. þm. Reykn., þar sem hann sagði að það væri eitt sem hvarvetna hefði komið að haldi, það væru hömlur og þá alveg sérstaklega fjárhagslegar. Mér er það mjög til efs. Ég held að í því ríki, sem viðfeðmast er og hvað dýrkeyptasta reynslu hefur af hömlum, Bandaríkjunum, þegar þau reyndu þessa hömluleið, settu á algert áfengisbann, þá skilst mér að sú framkvæmd hafi skapað svo stórkostlega glæpaöldu og glæpahneigð að sjaldan hafi meira gengið yfir af slíku hjá þeirri þjóð. Sumir segja að þeir séu ekki enn búnir að bíða þess bætur. Ég verð því að hryggja vin minn, hv. 2. þm. Reykn., að ég er honum algjörlega ósammála um að hömlur sem slíkar lækni þau miklu vandamál sem hér er um að ræða, að ég tali nú ekki um fjárhagslegar hömlur, heldur að þær auki á óhamingjuna sem notkun áfengis fylgir.

Mönnum er mjög gjarnt, þegar þeir ræða þessi mál, að vísa til bannáranna. Ég skal viðurkenna að ég get ekki talað af reynslu um þau mál. Ég var það ungur þegar síðustu tætlurnar af áfengisbanninu voru við lýði, að ég man það ekki gjörla. Aðeins vil ég í því sambandi benda á að allar aðstæður eru allt aðrar nú en þær voru þá. Þá nutum við, ef svo mætti segja, einangrunar þannig að það var tiltölulega auðvelt að viðhalda banni hér, að framfylgja lögum um aðflutningsbann. En miðað við þær aðstæður sem þjóðin býr við í dag, þá held ég að engum dytti í hug að það sé nokkur vegur að framfylgja slíku banni þannig að það kæmi að nokkrum notum, eins og nú er ástatt með samgöngur milli þjóðarinnar og umheimsins.

Hv. ræðumenn sem hér hafa talað fyrir þessu frv., hafa gert sér nokkuð tíðrætt um reynslu svía í þessum málum og till. og ábendingar sem þaðan hafa komið. Ég vil aðeins taka það fram, að ég geri ákaflega lítið með reynslu svía og till. og ábendingar sem koma þaðan. Þó margt sé hægt að finna til ágætis þeirri göfugu þjóð, svíum, þá held ég að hvernig þeir hafa haldið á áfengismálum alla tíð, það sé ekki til fyrirmyndar. Yfirskinið og yfirdrepsskapurinn hafa verið svo mikið í hávegum hjá þeim að þeir hafa aldrei náð neinu valdi á meðferð þeirra mála, og það er orðið svo, að þeir eru orðnir að viðundri

í umheiminum, því eiginlega hvarvetna a. m. k. hér í Evrópu þar sem sést ölvaður maður á almannafæri, þá er fyrsta hugsunin: Þetta er svíi. — Þannig hafa þeir haldið á þeim málum. Ég tel því mjög vafasamt að það sé hægt að hafa reynslu svía sem nokkurn grundvöll til viðmiðunar, hvað þá að till. þeirra til úrbóta séu miklu betri. Þeim er mjög tamt að nefna fé, en þeir eru ríkir og þeir geta vel eytt fjármunum og það miklum fjármunum. Stundum nýta þeir þá kannske nokkuð vel, en persónulega hef ég enga trú á lausnum þeirra í þessum málum og vil ógjarnan hlíta leiðsögu þeirra, því þó að þeir hafi margt vel gert, þá hefur þeim mistekist hrapallega í þessum málum.

Ég vil svo til að taka af öll tvímæli rétt minnast á í sambandi við ummæli hv. 2. þm. Vestf., að ég held að það gæti misskilnings hjá honum, ef hann hefur tekið mál mitt þannig, að ég hafi haldið því fram að sterkt öl hafi aukið menningu og siðgæði einhverrar þjóðar. Það var ekki meginmál skoðana minna í sambandi við afgreiðslu þessa frv. Hitt er það, að ég fer ekki ofan af því að það þykir ákaflega andhælislegt að koma til lands eins og okkar þar sem, eins og ég lýsti áðan, er hægt að kaupa sterka, brennda drykki í ótakmörkuðum mæli, en milliöl og áfengt öl er algjör bannvara. Það þykir ekki bera vott um að menn hafi öðlast þann þroska sem talinn er nauðsynlegur til þess að geta umgengist slík mál á menningarlegan hátt, ef leyfist að tala um það.

Hv. 7. landsk. þm. var mér nokkuð sammála um það, eins og hann orðaði það, að sambandsleysi við unglingana væri orðið áberandi mikið. Hv. þm. vildi kenna eldri kynslóðinni um það. Það má kannske til sanns vegar færa. Ég skal ekki fullyrða um það. Þar hefur hann meiri þekkingu og reynslu til að bera heldur en ég. En ég hygg að þarna sé um tíðaranda að ræða sem ákaflega sé erfitt að ráða við og hafa áhrif í þá átt að beina á annan veg. Skoðun mín er nú sú, að sú stefna, sem er uppi í félagsmálum þjóðarinnar og allir keppa nú að, ég undanskil engan stjórnmálaflokk, að allt uppeldi æskunnar á að fara út af heimilunum, á dagvistunarheimili, vöggustofur, leikskóla og skólavistunarheimili, burt af heimilunum, það kann ekki góðri lukku að stýra að mínum dómi. Ef svo heldur áfram um nokkra framtíð, þá hygg ég að sambandsleysið milli æskunnar og eldri kynslóðarinnar eigi eftir að verða mun meira en það er í dag — og eru menn þá ekki ánægðir! Ég held að ef við ætlum að lækna þetta sambandsleysi, þá sé best að hafa kúvendingu á þeirri stefnu, sem nú er ríkjandi í þjóðfélaginu, að uppeldi barnanna sé ekki á heimilunum. Heimilin eru að mínu mati hornsteinninn í þjóðfélaginu og þar á uppeldið að fara fram, en ekki á einhverjum opinberum stofnunum á kostnað skattborgaranna.

Hv. 7. landsk. þm. gerði mikið úr því að við byggjum við geysilegt frjálsræði í þeim málum sem snerta neyslu áfengra drykkja. Ég tel að það sé ekki alls kostar rétt. A. m. k. að mínum dómi, þá held ég að við séum með ákaflega margar og mjög vafasamar takmarkanir á því hvernig er farið með heimildir til neyslu áfengra drykkja. Nefni ég sem dæmi að það er eiginlega ekki hægt að kaupa hér minna en heila eða hálfa flösku. Það er ákaflega erfitt á auðveldan og eðlilegan hátt að kaupa sér, sem maður segir, glas af víni, heldur virðist skipulagið vera á þann hátt, að þetta er ein af stærstu tekjulindum ríkisins, og tilhögunin er á þann veg, að þú skalt annaðhvort vera hálfur eða fullur. Minna magn er þér ekki ætlað að taka á þægilegan hátt.

Það getur vel verið að það sé óskadraumurinn að afnema algerlega alla neyslu áfengis, sölu þess og framleiðslu og slíkt eigi líka við um tóbak og þess háttar neysluvörur. Þó veit ég ekki. Öllum kemur saman um að þetta örvandi lyf eða hvað við viljum kalla það, áfengi, sé einhvern veginn búið að vera fylgifiskur mannkynsins frá örófi alda. Sumir segja að þetta sé komið frá guði. Mér er mjög til efs að það sé í mannlegu valdi að útrýma því. Þess vegna held ég að það sé miklu skynsamlegra að viðurkenna þá staðreynd að mannkynið verður að búa með áfengi. Við getum ekki útrýmt því, og þess vegna er miklu skynsamlegra fyrir okkur að takast á við þann vanda sem umgengni við áfengi er, að við reynum að njóta kosta áfengisins sem vissulega eru gífurlega margir. Þetta er kannske skaðlausasti gleðigjafi sem mannkynið á, ef rétt er á haldið. Fyrir suma er það beinlínis heilsusamlegt og hollt að fá sér áfengi, jafnvel drekka sig fullan. Þeir hafa ekki minnsta skaða af því. Þetta þarf allt að vega og meta. Og það er með hliðsjón af þessum staðreyndum sem við eigum að ræða þessi mál. Við skulum fræða æskuna um þessi mál. Við skulum vara menn við. En við skulum umfram allt ekki vera með einhverjar tálvonir um að við getum útrýmt þessu. Fyrir utan það, að það er engin ástæða til þess. Þess þarf ekki. Ef skynsamlega er á haldið geta menn umgengist áfengi án þess að bíða tjón af.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. lengi. En ég verð að segja hv. síðasta ræðumanni, að þótt honum finnist ósköp erfitt um öflun áfengis, þá virðist öðru fólki of auðvelt að ná sér í staup af áfengi þrátt fyrir alla erfiðleikana. Það er hins vegar rétt, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði, að það er skortur á aðstöðu fyrir unglingana hér og það er mikil skömm að því. Sérstaklega á Reykjavíkursvæðinu er þetta vandamál sem mjög lengi hefur verið alvarlegt og virðist alls ekki vera nein von um úrbót. Þetta er örugglega mjög stór liður í því slæma ástandi sem er á þessu svæði. Mig langar aðeins til að lofa hv. þdm. að heyra hvað merkur læknir segir um ástandið hér, með leyfi forseta:

„Annars er drykkjufólk sívaxandi vandamál slysadeildarinnar, og kemur þar til afrakstur gleðihúsa borgarinnar svo og svallveislur í heimahúsum. Einkum ber mikið á þessu síðari hluta vikunnar. Það má heita stanslaus straumur drukkins fólks á öllum aldri alla nóttina."

Og í þessum dúr heldur hann svo áfram.

Varðandi hömlurnar átti ég við það, að með því að hafa verðlag hátt á áfengi tekst að hamla talsvert gegn óhófsneyslu. Þetta er ekki bara okkar reynsla. Þetta er reynsla þeirra sem athugað hafa þessi mál. Þetta er augljóst og

skýrir líka hvers vegna við, sem komnir erum yfir miðjan aldur eða á gamalsaldur, við vorum ekki í þessari hættu, því við höfðum bókstaflega aldrei aura til þess að kaupa fyrir brennivín þó við hefðum viljað gera það.

Hvað varðar frekari hömlur, þá veit ég ekki betur en það séu beinlínis lagafyrirmæli hjá Múhameðstrúarmönnum að nota ekki brennivín, og það bjargar þeim. Þeir eru mestu reglumenn á þessu sviði sem til eru í heiminum. En hins vegar er t. d. með Bandaríkin, að þar er bannið kennt um allar mögulegar ávirðingar, en ég held að það sé ekki rétt allt saman. Ég veit ekki betur en að öll sú glæpamennska, sem cowboy-myndirnar geta um, gerðist löngu fyrir bann. Og það er enginn vafi á því, að þar hafa *á bannárunum verið framdir glæpir, en vafalaust ekki eins miklir og fyrir og eftir bannið*, hef ég trú á.

En ég ætla aðeins að geta um svíana. Það mun vera rétt að það sjáist drukknir svíar erlendis. *En þeir eru mjög miklir vísindamenn, svíar, og* þeir eru mjög nákvæmir í öllum sínum rannsóknum. Þeir vita líka hvernig þeir eiga að fara að því ef þeir komast að því að þeir eigi við mikið vandamál að stríða. Þá reyna þeir að ráða bót á því. Þeir eru að taka brennivínið í gegn núna, og ég held að þeir séu að snúa til baka með öllið að einhverju leyti, og ég hef trú á því að þeir verði okkur til fyrirmyndar í þeim efnum. En í sambandi við svíana ætlaði ég t. d. að geta þess, að þeir eru farnir að **nota sjónvarp** sitt til að tilkynna fólki um hvaða matvörur það eigi að nota og borða og hverjar ekki. Sumum finnst þetta óviðfelldið, t. d. að þeim sé sýndur í sjónvarpi munurinn á brauðum, hvaða brauð sé hollt að borða og hvaða brauð sé ekki hollt að borða. Og enn fremur á félagslega sviðinu, þá er þeim beinlínis tilkynnt inn á milli skemmtiþátta hvernig þeir eigi að lifa. Að sjálfsögðu er þetta áróður sem er líklega sú eina raunhæfa fræðsla sem gæti komið að gagni t. d. í þessum málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 9. febr., **kl. 2 miðdegis.**

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. 15. des. s. l. var lagt fyrir Alþ. frv. til nýrra laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Ekki vannst þá tími til að taka frv. til umr., en þess var farið á leit við iðnn. þessarar hv. d. að taka málið fyrir í þinghléi.

26. apríl 1975 samþ. Alþ. lög um að ríkisstj. skyldi beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að koma á fót iðjuveri í nýrri grein útflutningsiðnaðar, járnblendivinnslu, er nyti til vinnslunnar raforku frá Sigölduvirkjun og öðrum orkuverum Landsvirkjunar.

Þetta iðjuver var fyrirhugað að reisa í samvinnu við bandarísk fyrirtækið Union Carbide Corporation og með þeim aðila stofnaði ríkisstj. Íslenska járnblendifélagið hf. 28. apríl 1975, með aðsetur að Grundartanga í Hvalfirði. Hins vegar gekk Union Carbide úr Járnblendifélaginu sumarið 1976 og ríkisstj. yfirtók hlut þess í félaginu.

Á s. l. vori, þegar sýnt þótti að hverju stefndi um samstarfið við Union Carbide, voru teknar upp viðræður við norska hlutafélagið Elkem-Spigerverket um aðild að iðjuverniu. Var fyrsti fundur iðnrh. með fulltrúum norska félagsins 27. apríl 1976, og hafa umfangsmiklar viðræður *síðan átt sér stað. Þær hafa nú leitt til samninga* sem af hálfu ríkisstj. hafa verið undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþ. á frv. því sem hér er lagt fram.

Með því frv., sem hér er til umr., er lagt til að lögin frá 1975 um *járnblendiverksmiðju í* Hvalfirði verði lögfest að nýju með nokkrum breytingum sem til eru komnar vegna hinna fyrirhuguðu skipta á samstarfsaðila um fyrirtækið.

Jafnframt þessum breytingum er ráðgert að auka við lögin nokkrum ákvæðum um fjármál fyrirtækisins og meðhöndlun þess varðandi tolla og aðra óbeina skatta. Á þessi atriði hefði einnig reynt í áframhaldandi samvinnu við Union Carbide, þannig að ætla má að þau hefðu þá einnig komið til kasta Alþ. í einhverri mynd. Hér er því ekki heldur um eiginlegar breytingar að tefla, þótt ákvæðin séu nýmæli.

Ráðgert er að skipa samstarfinu við Elkem-Spigerverket á grundvelli aðalsamnings milli ríkisstj. og félagsins sem lagður er fram sem fylgiskjal með þessu frv. Að efni til er samningurinn byggður á lögunum frá 1975, svo langt sem þau ná. Jafnframt er kveðið svo á skýrum stöfum að hann öðlist ekki gildi nema að fengnu samþykki Alþ. við þeim breytingum á lögunum sem felast í þessu frv. Þykir rétt að leita þessa samþykkis með því að bera lögin upp að nýju í heild eins og hér er gert.

Hinni fyrirhuguðu járnblendiverksmiðju er ekki ætlað að taka neinum verulegum breytingum við þau skipti á samstarfsaðila, sem nú eru ráðgerð, að öðru leyti en því sem óhjákvæmilega leiðir af aðilaskiptunum. Stefnumiðin varðandi viðfangsefni fyrirtækisins, eignarhlutdeild, tæknimál, rafmagnsöflun, umhverfismál, réttarstöðu og aðra höfuðþætti verða í meginatriðum hin sömu og ráðgert var í öndverðu. Gildir þetta einnig um markaðsmál fyrirtækisins, þótt aðilaskiptin varði væntanlega einna mestu á því sviði. Í heild er ákvörðunin um að leita samninga við Elkem-Spigerverket á því byggð, að fyrirtækinu og hinum íslensku hagsmunum, sem því eru tengdir, sé ekki síður borgið í samstarfi við þann aðila en verið hefði í óslitinni samvinnu við Union Carbide. Við undirbúning samninga við hið norska fyrirtæki hefur að verulegu leyti verið unnt að styðjast við þau fordæmi, sem á voru komin í fyrri samningum. Jafnframt reyndist mögulegt að ná fullu samkomulagi við hinn fyrri samstarfsaðila um við-

unandi uppgjör sem gerir kleift að brúa bilið yfir í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

Í framsöguræðu með frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði á Alþ. 10. febr. 1975 var gerð ítarleg grein fyrir fyrirtækinu almennt og margra ára undirbúningi þess. Hér verður því látið nægja að skýra einkum þróun mála eftir að þau lög voru samþ. 1975 og að skýra gerð samninga við Elkem-Spigerverket ásamt nokkrum fleiri atriðum.

Eftir að lögin frá 1975 höfðu verið samþ. og staðfest var hafist handa um stofnun Íslenska járnblendifélagsins og frágang samninga við Union Carbide í samræmi við þau drög að aðalsamningi sem legið höfðu frammi á Alþ. Var samningurinn ásamt samningi um framsal tæknikunnáttu og um tækniaðstoð undirritaður 28. apríl 1975 og félagið stofnað sama dag.

Félagið tók þegar til starfa við undirbúning að fullnaðarhönnun járnblendiverksmiðjunnar og framkvæmdum við byggingu hennar, og höfðu stofnendur þegar lagt drög að því að þetta gæti gengið sem greiðast.

Stofnhlutafé félagsins hafði verið ákveðið jafnvirði 24 millj. bandaríkjadala, og svaraði það sem næst ⅓ hluta af stofnkostnaði verksmiðjunnar eins og hann var áætlaður veturinn 1974—75. Í samningum aðilanna hafði ekki verið fastmælum bundið hvernig staðið yrði að útvegun lánsfjár til verksmiðjubyggingar, en þeir höfðu sett sér það mið í viðræðum sínum, að þess yrði aflað með erlendum lánum sem Járnblendifélagið tæki án beinnar ábyrgðar frá hluthöfum, eftir því sem unnt væri. Hafði hvorugur skuldbundið sig fyrir fram til að veita slíkar ábyrgðir. Samkomulag var og um að leita til bankans Manufacturers Hanover Trust Company í New York um forgöngu við lánsútvegun, en hann hafði og hefur átt viðtæk viðskipti bæði við Íslendinga og Union Carbide.

Í viðræðum við bankann sumarið 1975 kom fljótlega í ljós að erfitt yrði um vik að ná samningum um stofnlánin, eins og aðstæður voru þá orðnar á lánamörkuðum, án þess að einhvers konar tryggingar eða ábyrgðarskuldbindingar kæmu til frá eignaraðilum. Var leitað að hagkvæmri leið til að mæta þessum kröfum lánastofnana og fundinn grundvöllur sem ríkisstj. taldi sig geta samþ. fyrir sitt leyti ef Union Carbide tæki á sig ábyrgð á lágmarkssölu málms frá verksmiðjunni. Hins vegar töldu fulltrúar og lögfræðingar Union Carbide nokkurn vafa á því að fyrirtækið gæti fallist á sjónarmið bankans varðandi þennan grundvöll, miðað við þau stefnumörk sem fyrirtækið byrfti að fylgja í lánamálum almennt.

Samhliða umr. um fjármögnun verksmiðjunnar var unnið að gerð endanlegrar áætlunar um stofnkostnað verksmiðjunnar í samvinnu við verkfræðinga þá sem störfuðu að hönnun hennar svo og endurskoðun á hagkvæmnisáætlun fyrir verksmiðjuna.

Haustið 1975 var gert hlé á viðræðum um lánsfjármálin, en fulltrúar Union Carbide létu í ljós um þær mundir verulegar áhyggjur yfir afkomuhorfum fyrirtækisins í nánustu framtíð. Á árinu 1975 varð samdráttur á markaði fyrir kísiljárn, og töldu fulltrúar Union Carbide hugsanlegt að eftirsrpurn mundi aukast hægar en fyrr hafði verið áætlað, jafnframt því sem fjölgun eða endurnýjun kísiljárnverksmiðja gæti orðið meiri næstu árin en fyrri kannanir höfðu bent til. Einnig töldu þeir líkur á hækkandi byggingarkostnaði. Með hliðsjón af þessu var ákveðið á stjórnarfundi í Járnblendifélaginu í nóv. 1975 að takmarka frekari fjárskuldbindingar félagsins þar til búið væri að endurskoða áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað félagsins og gera nýja markaðsathugun. Var og ákveðið að fresta framkvæmdum við bygginguna að svo stöddu og neyta heimilda til þess í gerðum verksamningum.

Snemma árs 1976 lágu fyrir niðurstöður af ýmsum þessara athugana og töldu fulltrúar Union Carbide þær staðfesta áhyggjur sínar fremur en hitt. Þeir töldu að líkur væru til lakari afkomu fyrirtækisins en við hafði verið búist og kæmi allt eins til greina að leggja það á hilluna að svo stöddu.

Í framhaldi af þessu áttu sér stað ítarlegar viðræður við Union Carbide um framvindu málsins ásamt frekari könnun á ýmsum atriðum varðandi afkomuhorfur fyrirtækisins. Jafnframt ákváðu aðilarnir að kanna hvort hægt væri að fá aðra samstarfsaðila að verksmiðjunni í stað Union Carbide eða í samvinnu við ríkisstj. og Union Carbide. M. a. fóru framkvæmdastjóri Járnblendifélagsins og skrifstofustjóri iðnrn. til Noregs í þessu skyni og ræddu þar við ráðuneytisstjóra norska iðnrn. og fulltrúa Elkem-Spigerverket, en þeir eru stærstir meðal norskra kísiljárnsframleiðenda sem hafa öflugustu aðstöðuna á markaðnum í Evrópu. Þessir aðilar virtust langt frá því að vera svartsýnir á framtíðarhorfur kísiljárnsframleiðslu þrátt fyrir tímabundna erfiðleika. Þá var einnig gerð markaðsathugun hjá sérfræðingum Metal Bulletin í London sem gaf tiltölulega jákvæða mynd af markaðshorfum.

Sú varð niðurstaðan, að Union Carbide bar fram ósk um að hverfa frá samstarfinu um járnblendiverksmiðjuna. Í júnímánuði 1976 náðist samkomulag milli fulltrúa þess og ríkisstj. og var það staðfest með samningi 9. júlí 1976. Með honum gekk Union Carbide úr Íslenska járnblendifélaginu, og jafnframt greiddi Union Carbide verulega fjárhæð, um 850 millj. kr., til félagsins. Var uppgjörið við það miðað að ríkissjóður færi skaðlaus frá því sem gerst hafði um undirbúning fyrirtækisins svo og Landsvirkjun að sínu leyti.

Vorið 1976 voru hafnar viðræður við norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket um þátttöku í Íslenska járnblendifélaginu. Viðræður og athuganir hafa staðið yfir síðan og leitt til þeirrar samningsgerðar sem liggur nú fyrir Alþ. til afgreiðslu. Félagið Elkem-Spigerverket var stofnað árið 1972 með samruna tveggja fyrirtækja: Kristiania Spigerverk og Elkem a/s. Kristiania Spigerverk hafði verið stofnað 1853, en Elkem 1904. Hlutafé í Elkem-Spigerverket er að nafnverði 195 millj. norskra kr. Það skiptist í 50 kr. hlutabréf, 3 millj. 900 þús. að tölu. Miðað við 1. jan. 1976 voru hluthafar 15 019 talsins. Hlutabréfin eru skráð hjá kauphöllinni í Osló.

Hlutafjáreign í félaginu er tiltölulega dreifð og hluthafar nær allir norskir að þjóðerni. Eru einungis um það bil 9% hlutafjárins í eigu annars konar aðila, þ. e. útlendinga og erlendra félaga, eða fyrirtækja sem skrásett eru í Noregi, en eru að hluta í eigu útlendinga.

Samkv. samþykktum Elkem-Spigerverket gilda og þær almennu hömlur varðandi eigendaskipti að hlutabréfum í félaginu, að framsal á hlutabréfum þurfi að hljóta samþykki félagsstjórnar til að vera gilt gagnvart félaginu. Getur stjórnin synjað um samþykki í einstökum tilvikum ef hún telur framsalið andstætt hagsmunum félagsins.

Allir stjórnarmenn félagsins eru norskir ríkisborgarar. Þeir eru nú 7 að tölu og eru tveir þeirra kjörnir af starfsmönnum félagsins. Í félaginu starfar jafnframt fulltrúaráð sem fjallar um meiri háttar fjárfestingar og ýmis önnur mál í samræmi við hlutafélagalög í Noregi. Þessir fulltrúar eru nú 30 talsins þar af 10 kjörnir af starfsmönnum.

Fyrirtækið skiptist í sex aðaldeildir, og nam heildarsala þess árið 1975 2462 millj. norskra kr. Framleiðsla ýmiss konar járnblendis er veigamesti þátturinn í framleiðslu félagsins.

Auk þess á félagið nokkurn hlut að starfsemi á sviði olíuiðnaðar. Það er einn af eigendum Saga Petroleum og Norwegian Oil Consortium. Mest af starfsemi félagsins fer fram í Noregi, en erlendis rekur félagið eða á hluta í ýmsum verksmiðjum, einkum á sviði ál- og stáliðnaðar. Flest fyrirtækin eru í Evrópu.

Fjöldi starfsmanna félagsins er um það bil 8500 manns sem starfa á rúmlega 30 framleiðslustöðvum í Noregi og erlendis. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er í Osló.

Á undanförnum árum hefur félagið selt framleiðslu sína á kísiljárni í félagi við fjóra aðra norska kísiljárnsframleiðendur sem reka með því sölusamlagið Fesil & Co. Aðrar tegundir járnblendis selur félagið sjálft og rekur um þessar mundir söluskrifstofu í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi, Danmörku og Sviþjóð. Framleiðslan er seld um allan heim, m. a. til Bandaríkjanna og Japans.

Rétt er að geta þess, að Elkem-Spigerverket hefur áður haft samband við íslensk stjórnvöld varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi. Þannig tóku fulltrúar þess upp viðræður við viðræðunefnd um orkufrekan iðnað á árinu 1971 um byggingu á ferromanganverksmiðju í Hvalfirði er nýta mundi raforku frá Sigöldu. Ekki varð af samningum um samstarf að því sinni, þar sem íslendingar völdu að stefna að framleiðslu á kísiljárni. Eru báðir aðilar raunar sammála um það, að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma, þar sem starfræksla á kísiljárnverksmiðju henti betur aðstæðum hér á landi, eins og nú standa sakir.

Viðræður við Elkem-Spigerverket frá því á s. l. vori hafa farið fram á vegum iðnrn. og Íslenska járnblendifélagsins og verið í höndum iðnrh. og samninganefndar sem hann kvaddi til þess starfa, en formaður hennar er dr. Jóhannes Nordal.

8. des. s. l. var svo undirritaður aðalsamningur milli ríkisstj. Íslands og norska fyrirtækisins Elkem-Spigerverket um aðild Elkem-Spigerverket að Íslenska járnblendifélaginu og samstarf þessara aðila að byggingu járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþ. á nokkrum breytingum á gildandi heimildarlögum frá 1975 fyrir verksmiðjuna og fyrirvara um að verksmiðjan fái starfsleyfi og gengið yrði endanlega frá öllum helstu samningum sem nauðsynlegir eru til að tryggja rekstur verksmiðjunnar.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, fylgir umræddur aðalsamningur sem fskj. II.

Nú liggja fyrir undirritaðir tæknisamningar milli Járnblendifélagsins og Elkem-Spigerverket og fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn.

Sölusamningur liggur og fyrir í endanlegu formi og verið að ganga frá lóðaleigusamningi og starfsleyfi, unnt verður væntanlega á næstunni að ganga frá hafnarsamningi.

Öll þessi samningsgjörð, sem ég hef nú nefnt, er með þeim fyrirvara að endanlegt samþykki Alþ. liggi fyrir á því frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði sem nú er til umr.

Samningarnir eru við það miðaðir, að Elkem-Spigerverket gangi til þátttöku í Íslenska járnblendifélaginu í stað Union Carbide Corporation. Verða samningarnir að flestu leyti með svipuðu sniði og fyrri samningar, og er samstarfsgrundvöllurinn í meginatriðum sambærilegur við það sem ráðgert var við upphaflega afgreiðslu málsins á Alþingi.

Varðandi tæknisamning er þess að geta, að þáttaka Elkem-Spigerverket varðandi tæknihlið fyrirtækisins verður að því leyti ríkari en vera átti hjá Union Carbide, að verkfræðideild Elkem-Spigerverket mun sjá um smíði bræðsluofna og fylgibúnaðar þeirra handa verksmiðjunni. Hefur Elkem-Spigerverket verið einn helsti framleiðandi járnblendiofna um langan aldur og staðið fyrir smíði á yfir 300 rafbræðsluofnum víðs vegar um heim. Einnig mun byggingardeild Elkem-Spigerverket sjálf hafa umsjón með hönnun og byggingu verksmiðjunnar í samvinnu við Járnblendifélagið og innlenda sérfræðinga þess, en þá þjónustu átti áður að kaupa að mestu frá þriðja aðila, ráðgjafaverkfræðifyrirtækinu Ralph M. Parsons.

Varðandi sölusamning er rétt að benda á að hann er að undirstöðu til byggður á jafnréttisaðstöðu milli verksmiðju Járnblendifélagsins og eigin verksmiðja Elkem-Spigerverket í Noregi sem stunda útflutning á Evrópumarkað og aðra markaði. Með þessu hefur verið mögulegt að koma á viðameiri samningsgerð um markaðsmál Járnblendifélagsins, sem felur í sér meiri tryggingu fyrir árangursríkari sölu á framleiðslu þess en um var að ræða í fyrirhuguðum umboðssölusamningi við Union Carbide, en samningar um ábyrgð á sölu af hálfu þess aðila höfðu ekki komist á er samvinnan féll niður. Jafnframt er það veigamikið atriði, að Járnblendifélagið mun nú geta selt einnig á Bandaríkjamarkað, en það var ekki ráðgert áður.

Jafnhliða samningsviðræðum aðilanna hefur verið unnið að athugunum á samningum um útvegun stofnlána til byggingar járnblendiverk-

smiðjunnar. 3. jan. s. l. var undirritaður í Reykjavík lánssamningur milli íslenska járnblendifélagsins hf. og Norræna fjárfestingarbankans.

Þessi samningur tryggir félaginu stofnlán að upphæð 200 millj. norskra kr. sem greitt yrði út sem þrjú sjálfstæð lán á byggingartímanum, en síðan endurgreitt á árunum 1981—1994. Ekki er enn ákveðið í hvaða gjaldmiðli eða gjaldmiðlum lánin verða veitt, en vextir fara eftir því. Lánið er veitt án beinnar ábyrgðar eignaraðila, en gegn veði í fasteignum verksmiðjunnar. Jafnframt gerir bankinn kröfu um að eignaraðilar skuldbindi sig til að ljúka verksmiðjubyggingunni og gangist undir nokkrar takmarkanir á greiðslu arðs og greiðslu vaxta og afborgana af hluthafalánum.

Einnig hefur verið sótt um lán hjá Export finans í Noregi til að fjármagna vörukaup þar. Umsóknin hefur fengið góðar undirtektir og er gert ráð fyrir að hægt sé að ganga frá lánssamningi innan tíðar. Gert er ráð fyrir að lánið frá Export finans endurgreiðist á árunum 1980—1987.

Ráðgert er að Elkem-Spigerverket eignist 45% hlutafjár í Járnblendifélaginu, en íslenska ríkið 55%. Eru það sömu hlutföll og um var að ræða í samstarfinu við Union Carbide og í samræmi við 2. gr. gildandi laga.

Um þetta atriði er nánar fjallað í 2. og 4. gr. aðalsamnings. Svo sem þar kemur fram mun Elkem-Spigerverket verða bundið um að selja ekki hlut sinn í Járnblendifélaginu um tiltekinn tíma, en það óskar eins og Union Carbide að hafa fyrirvara þess efnis að geta farið fram á að ríkið kaupi hlut sinn eftir þann tíma ef svo ber undir.

Lágmarkstíminn, sem Elkem-Spigerverket er bundið, er ákveðinn með hliðsjón af gildistíma samninganna og telst frá upphafi starfrækslu járnblendiverksmiðjunnar. Verður þetta tímabil þannig lengra en vera átti hjá Union Carbide, þ. e. 17 ár í stað 15 áður. Gagnkvæmur forkaupsréttur mun gilda um hlutabréf aðilanna.

Hlutafé Járnblendifélagsins verður óbreytt frá stofnsamningi vorið 1975, þ. e. jafnvirði 24 millj. bandaríkjadollara. Vegna verðbólguáhrifa á stofnkostnað og nokkurs gengissigs á bandaríkjadollar er hlutdeild þessa hlutafjár í heildarfjárfestingunni orðin nokkru lægri en upphaflega var við miðað, en það var um þriðjungur. Aðilar hafa þó ekki uppi áform um að hækka hlutaféð, en hafa rætt um að útvega félaginu fé í formi hluthafalána er verði víkjandi gagnvart stofnlánum frá öðrum aðilum og treysti þannig lántökuaðstöðu félagsins. Hugmyndir af þessu tagi voru einnig til umr. haustið 1975 í samvinnunni við Union Carbide.

Ríkissjóður hefur þegar greitt inn 26% af umsömdu hlutafé sínu, og mun Elkem-Spigerverket greiða samsvarandi hluta af framlagi sínu í beinu framhaldi af gerð samninga. Verða þau hlutabréf, sem þar er um að ræða, reiknuð á fullu nafnverði gagnvart Elkem-Spigerverket, og felst í því viðurkenning á skaðleysi ríkissjóðs af aðilaskiptunum í félaginu. Hluthafarnir munu síðan greiða afganginn af framlögum sínum jafnhliða á árunum 1977—79.

Um fjármögnun með lánsfé eru nú itarlegri ákvæði en áður voru í aðalsamningi, sbr. 5. gr. hans. Jafnframt þeim er gert ráð fyrir að hluthafarnir geri samning við Járnblendifélagið er tryggi aðstöðu þess til að ljúka við byggingu verksmiðjunnar að umsaminni stærð. Með þeim samningi er ætlað að treysta grundvöllinn undir töku stofnlána félagsins frá þriðja aðila.

Ráðgert er að Elkem-Spigerverket framselji Járnblendifélaginu í byrjun tæknikunnáttu á sams konar grundvelli og Union Carbide.

Jafnframt mun Elkem-Spigerverket veita félaginu samfellda tækniþjónustu við verksmiðjureksturinn á svipuðum grundvelli og fá fyrir það sömu þóknun, þ. e. sem svarar 3% af andvirði seldrar framleiðslu. Gildistími samningsins um þessa aðstoð er óbreyttur, þ. e. 15 ár frá því að starfræksla hefst. M. a. mun Elkem-Spigerverket leggja félaginu til tæknilegan framkvæmdastjóra við verksmiðjuna fyrstu árin, svo sem áður var ráðgert.

Samkvæmt tæknisamningnum mun Elkem-Spigerverket selja Járnblendifélaginu bræðsluofna verksmiðjunnar ásamt fylgibúnaði, sem fyrr getur. Samið hefur verið um verð fyrir þennan búnað og er það fyllilega sambærilegt við áætlað og samningsbundið verð samkv. kostnaðaráætlunum Union Carbide og R. M. Parsons.

Elkem-Spigerverket mun láta í té verkfræðiaðstoð við umsjón með hönnun og byggingu verksmiðjunnar, og verður hún greidd eftir venjulegum tímatöxtum fyrir slíka þjónustu, en innlendum verkfræðistofum verður falið að annast vinnu við hönnun og eftirlit með byggingu verksmiðjunnar að svo miklu leyti sem frekast er kostur.

Samkv. fyrri samningum áttu dótturfélög Union Carbide að vera umboðsmenn um sölu á framleiðslu Járnblendifélagsins og fá fyrir það umboðslaun frá 3—5% eftir árlegu magni, þ. e. að meðaltali 3.9% miðað við 47 þús. tonna árssölu, en 4.02% miðað við 50 þús. tonna árssölu sem nú er ráðgerð. Ábyrgð var ekki tekin á sölumagni, en rætt var um að Union Carbide tæki hana að einhverju marki í sambandi við tryggingu lána.

Í stað þess er nú fyrirhugað að salan fari fram fyrir milligöngu Elkem-Spigerverket á sama grundvelli og Elkem-Spigerverket selur eigin framleiðslu sína á kísiljárni. Að undanförnu hefur hlutafélagið Fesil, sem áður var nefnt, annast þessa sölu, en Elkem hefur einnig aðstöðu til að annast hana sjálft að öllu leyti ef því er að skipta. Fyrirtækið Fesil er rekið sem sölusamlag fyrir kísiljárn einvörðungu á kostnaðargrundvelli. Það er öflugasti aðilinn á kísiljárnsmarkaðnum í Evrópu og raunar stærsti kísiljárnsútflytjandi í heimi, en árleg sala á þess vegum er nú um 275 þús. tonn. Af meðlimum Fesil á Elkem-Spigerverket stærstan hlut í veltunni, og er hlutur þess nú um 45% af heildarmagninu.

Sölugrundvellinum er nánar lýst í 12. gr. aðalsamnings. Þar er kveðið svo á að við sölu frá Járnbelndifélaginu skuli notað sama sölukerfi og viðhaft er við sölu á kísiljárnsframleiðslu Elkem-Spigerverket á hverjum tíma. Verður þannig valkvætt hvort eigin söluskrifstofur Elkem-Spigerverket verði látnar standa fyrir sölunni eða hún falin á hendur Fesil eða öðrum sölufyrirtækjum sem rekin eru á kostnaðargrund-

velli eingöngu. Jafnframt verður byggt á því í fyrsta lagi að Járnblendifélagið fái ávallt sama nettó-fob-verð fyrir framleiðslu sína og eigin verksmiðjur Elkem-Spigerverket, miðað við sama gæðaflokk af kísiljárni. Þó verði tekið tillit til hugsanlegs mismunar á flutningskostnaði frá Íslandi og Noregi, en að öðru leyti verður framkvæmd verðjöfnun á flutnings- og sölukostnaði á milli aðilanna.

Í öðru lagi verði kveðið svo á að verksmiðja Járnblendifélagsins fái ávallt sömu söluumsetningu og um er að ræða hjá verksmiðjum Elkem-Spigerverket á hverjum tíma, þannig að ekki verði dregið úr framleiðslu hér nema í sama hlutfalli og hjá þeim ef um sölutregðu verður að ræða á markaðnum. Samanburðargrundvöllurinn verður miðaður við árlega afkastagetu verksmiðjanna. Auk þess mun Elkem-Spigerverket ábyrgjast tiltekna lágmarkssölu héðan fyrstu árin, þ. e. 20 þús. tonn á ársgrundvelli fyrir einn ofn, en 35 þús. tonn fyrir tvo ofna, fram til 1. júlí 1982.

Í sambandi við þessa söluaðstoð mun íslenska verksmiðjan greiða hlutdeild sína í sölukostnaði sem jafnaður verður niður á allar verksmiðjurnar, að viðbættu jöfnunargjaldi til Elkem-Spigerverket er verði 40 norskar kr. fyrir selt tonn, en það samsvarar 1.2% af áætluðu byrjunarsöluverði frá verksmiðjunni, en mun fara hlutfallslega lækkandi, er fram í sækir. Sölukostnaður Fesil miðað við árið 1975 var 2.85% af söluverði, að því leyti sem um hreina söluþóknun var að ræða. Miðað við þetta hvort tveggja yrði þá heildarsölukostnaður verksmiðjunnar sambærilegur við umboðslaunin sem greiða átti Union Carbide, og er þá ekki tekið tillit til þess aukna öryggis um verð og sölumagn sem kveðið er á um í samningnum við Elkem-Spigerverket og er talið mikils virði.

Gildistími sölusamnnigs verður hinn sami og gildistími rafmagnssamnings, þ. e. 20 ár frá því að starfræksla hefst. Sölusamningurinn fellur þó úr gildi ef Elkem-Spigerverket afsalar eignarhlut sínum í Járnblendifélaginu eftir að lágmarkstími eignarhalds er liðinn. Gert er ráð fyrir viðræðum um það innan 15 ára hvort framlenging á sölusamningnum komi til álita.

Miðað er við að orkusala Landsvirkjunar til Járnblendifélagsins og skipti milli forgangs- og afgangsorku verði söm að umfangi og vera átti samkv. rafmagnssamningi þeim sem gerður var á milli aðila á liðnu ári. Líkur eru þó til að salan verði heldur meiri í reynd fremur en hitt. Hins vegar verður óhjákvæmilega nokkur seinkun á byrjun rafmagnsafhendingar til verksmiðjunnar vegna þeirrar frestunar sem orðin er á byggingarframkvæmdum við hana. Er nú miðað við að fyrri bræðsluofninn geti tekið við rafmagni í árslok 1978 eða ársbyrjun 1979, þ. e. sem næst ári síðar en ráðgert var við stofnun Járnblendifélagsins, síðari ofninn verði síðan tilbúinn á tímabilinu júlí 1979 til sept. 1980 samkv. nánari ákvörðun síðar. Þetta bil milli gangsetningar ofnanna er talið æskilegt af tæknilegum ástæðum, þannig að taka megi tillit til reynslu af fyrri ofninum um gerð hins síðari, en verður jafnframt heppilegt frá markaðssjónarmiði. Samið hefur verið við Landsvirkjun um bætur fyrir það tjón sem búast má við vegna þessarar breytingar á samningnum.

Að því er varðar rafmagnsverð til verksmiðjunnar er nú gert ráð fyrir að upphaflegt orkuverð í Bandaríkjamillum á kwst., 5—6.2 mill fyrir fyrstu 8 árin, haldist óbreytt sem lágmarksverð, en núverandi verðhækkunarreglur rafmagnssamningsins verði felldur niður og í stað þeirra tekið upp nýtt orkuverð í norskum aurum er komi til greiðslu þegar í byrjun og sæti síðan leiðréttingu fimmta hvert ár eftir sömu reglum og verð til orkufreks iðnaðar í Noregi eftir samningum gerðum samkv. reglum norsku ríkisrafveitnanna frá 1962—1972. Jafnframt fari greiðslur fyrir orku fram í norskum kr. í stað bandarískadollara. Orkuverð þetta er 3.5 norskir aurar á kwst. og er sem næst hið sama og taka mun gildi í Noregi samkv. áðurgreindum reglum hinn 1. júlí 1977. Frá og með 1. júlí 1982 mun Járnblendifélagið greiða hálfan norskan eyri til viðbótar þessu verði, en sú viðbót mun ekki sæta verðhækkun á samningstímanum.

Með þessu fyrirkomulagi, sem til er komið vegna óska Elkem-Spigerverket um skýrari reglur varðandi hækkun orkuverðs vegna verðlagsbreytinga, munu tekjur Landsvirkjunar af orkusölunni hækka verulega frá núgildandi samningi á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar, en væntanlega verða nokkru lægri á síðustu árum samningstímans. Samkv. áætlunum Landsvirkjunar munu heildartekjurnar yfir samningstímann ekki verða lægri en orðið hefði eftir fyrri samningnum.

Gildistími rafmagnssamnings verður 20 ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, eins og áður var um samið. Í samningnum verða og sömu endurskoðunarákvæði og áður, ef til breytinga kemur á meiri háttar forsendum um orkuverð. Loks er gert ráð fyrir því að aðilar taki upp viðræður um það áður en 15 ár eru liðin af samningstímanum, hvort framlengja skuli samninginn og á hvaða grundvelli.

Byggt er á því að fyrirtækið sæti sömu skattareglum og ráðgert var við setningu laganna frá 1975 um járnblendiverksmiðjuna. Ákvæði samninganna um íslenska lögsögu og réttarstöðu Járnblendifélagsins og samstarfsaðilanna eru og óbreytt. Hið sama gildir efnislega um ákvæði varðandi rekstur járnblendiverksmiðjunnar, umhverfismál o. fl. Í samræmi við skyldur sínar í umhverfismálum hefur Járnblendifélagið endurnýjað umsókn um starfsleyfi frá heilbr.- og trmrn. Er gert ráð fyrir að endanleg gildistaka samninganna við Elkem-Spigerverket verði háð því að starfsleyfisskilyrði gagnvart Járnblendifélaginu liggi fyrir í meginatriðum, þannig að ljóst megi vera á báða bóga að hverju félagið eigi að ganga í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir að byggja verksmiðju með tveimur 30 mw. bræðsluofnum, svipað og áður var, og allar áætlanir við það miðaðar. Verður hinn fyrri tekin í notkun í ársbyrjun 1979, en hinn síðari um það bil 1½ ári síðar, eins og áður var á minnst. Þótt áætlunin sé miðuð við tvo jafnstóra ofna hefur talsvert verið rætt um að síðari ofninn verði stærri og frábrugðinn þeim fyrri að því leyti, að hann nyti góðs af hugsan-

legri tækniþróun í ofnasmiði. Er þá einkum rætt um nýtingu afgangsvarma til orkuframleiðslu, en það er forsenda fyrir því að hægt sé að hafa ofninn stærri, nema til komi aukin orkukaup frá Landsvirkjun. Ofnarnir verða gerðir fyrir framleiðslu 75% kísiljárns, en þó verður hægt að framleiða í þeim aðrar blöndur kísils og járns ef markaðsaðstæður krefjast þess.

Byggingarkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 430 millj. norskra kr. sem skiptist þannig, að kostnaður við fyrri ofninn er áætlaður 260 millj., en 170 millj. n. kr. fyrir síðari ofninn. Innifaldar í þessum byggingarkostnaði eru áætlaðar verðhækkanir á byggingartíma, 7% á ársgrundvelli miðað við norskar kr.

Jafnframt byggingarkostnaði, 430 millj. n. kr., er reiknað með tækniþóknun Elkem-Spigerverket í formi hlutabréfa að upphæð 3.2 millj. bandaríkjadala eða 17 millj. n. kr., áætluðum vöxtum af byggingarlánum, um 36 millj. n. kr., og rekstrarfé, um 30 millj. Heildarfjárfesting yrði samkv. þessu um 513 millj. n. kr. eða 18 430 millj. ísl. kr.

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan framleiði árlega 50 þús. tonn af fullunnu 75% kísiljárni. Það er gert ráð fyrir að um 150 manns starfi við verksmiðjuna. Hráefni til framleiðslunnar eru kvartsmulningur, kol, koks, unnið járngrýti og rafskautsdeig. Þessi hráefni verða flutt inn. Söluverð er áætlað um 3400 n. kr. á tonn fob. Grundartanga þegar fyrsti ofninn er tekinn í notkun.

Frá því að umr. hófust um járnblendiverksmiðju á Íslandi hefur mikil áhersla verið lögð á umhverfisvernd og að því stefnt að mengun af hennar völdum verði sem allra minnst. Af hálfu Járnblendifélagsins er fyrirhugað að verksmiðjan verði búin öllum þeim bestu mengunarvörnum sem völ er á. Verður reyk frá ofninum, sem er langstæsta reykuppspretta verksmiðjunnar, safnað saman og hann hreinsaður, svo og þeim reyk sem myndast við töppun bráðins málms af ofnunum, eftir því sem frekast er kostur.

Sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna og er þess að vænta, að það liggi fyrir innan tíðar.

Í lögum frá 1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var kveðið svo á að Járnblendifélagið skyldi kosta líffræðilega athugun samkv. till. Náttúruverndarráðs á umhverfi verksmiðjunnar áður en framleiðsla hefst. Þessi athugun hófst sumarið 1975. Söfnun gagna er lokið og sýnataka margra verkþátta vel á veg komin. Hins vegar er úrvinnsla lítt eða ekki hafin, og sama er að segja um athuganir á nokkrum tilteknum sviðum. Talið er að ljúka megi hinni líffræðilegu hlið málsins vorið 1977, að undanskildum tilteknum efnagreiningum, og að unnt verði að ljúka heildaryfirliti um líffræðirannsóknir um áramót 1977—1978.

Tilraunir um endurnýtingu ryks við framleiðslu á kísiljárni hafa ekki borið svo jákvæðan árangur að svo stöddu að unnt sé að treysta á þá leið við ráðstöfun ryks frá verksmiðjunni. Tilraunir með notkun ryksins í framleiðslu sements benda hins vegar til þess að ryknotkun í takmörkuðum mæli hafi bætandi áhrif á þá framleiðslu. Hins vegar er tilraunum ekki lokið og hefur þess því verið óskað að verksmiðjunni verði heimilað að losa sig á annan hátt við það ryk og annan úrgang sem ekki verður nýttur. Að sjálfsögðu kemur þetta atriði til athugunar og hefur komið í sambandi við athugun og undirbúning Heilbrigðiseftirlits og heilbr.- og trmrn. á starfsleyfi og skilyrðum þess.

Ég skal láta þessa frásögn nægja um gang og efni þessa máls, en vísa að öðru leyti til ítarlegrar grg. og skýringa sem frv. fylgja. Ég legg svo til að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það eru nú rétt um það bil tvö ár síðan mál af sama tagi og það, sem hér er nú til umr., var hér til afgreiðslu á hv. Alþ. Ég hygg að í það skiptið hafi frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði verið tekið til umr. 10. febr. 1975. Hæstv. iðnrh. hefur nú gert nokkra grein fyrir því, hvað hefur gerst á þessu liðna tímabili eða frá því að lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði voru sett í aprílmánuði 1975. Ég skal ekki fara langt út í að rekja það af minni hálfu.

Aðalatriðin eru þau, að sá erlendi aðili, sem þá var samið við sem sameignaraðila, þ. e. a. s. stórfyrirtækið Union Carbide, gafst upp á miðri leið. Við nánari athugun leist fyrirtækinu ekki á grundvöll þessarar verksmiðju eins og hæstv. iðnrh. hefur hér lýst. Þetta ameríska stórfyrirtæki, sem okkur var sagt á sínum tíma að þekkti betur til verksmiðjurekstrar af þessu tagi en nokkurt annað fyrirtæki í heiminum, komst að þeirri niðurstöðu við frekari athugun á málinu að það væri ekki fjárhagslegur grundvöllur fyrir rekstri verksmiðjunnar. Það höfðu þá orðið svo miklar breytingar varðandi útvegun á lánsfé og um lánskjör og einnig varðandi verð á væntanlegum framleiðsluvörum verksmiðjunnar að þetta fyrirtæki vildi gjarnan borga álitlega fjárhæð til þess að losna út úr samningsskuldbindingum sínum. Það hefur þegar, eftir því sem upplýst hefur verið borgað þessa fjárhæð til þess að losna út úr samningunum.

En þó að svona færi með hið margrómaða stórfyrirtæki Union Carbide, sem miklar og margar lofræður voru haldnar um hér á sínum tíma, þegar reynt var að sanna það fyrir hv. alþm. og öllum landslýð að hér væri um álitlegan rekstur að ræða fyrst þetta margreynda stórfyrirtæki skrifaði hér upp á og teldi um góðan rekstur að ræða, þrátt fyrir það þó að niðurstaða þess yrði á þessa leið, að hér væri ekki um álitlegt fyrirtæki að ræða og betra væri fyrir það að kaupa sig út úr samningunum, þá ákvað íslenska ríkisstj. að halda málinu áfram eins og ekkert hefði í skorist. Þá gerðist það, eftir þeim upplýsingum sem fram hafa komið, að hæstv. ríkisstj. leitar fyrir sér hjá öðrum og tekur síðan upp samningaviðræður við norska stórfyrirtækið Elkem-Spigerverket, sem nú hefur verið gerður samningur við á svipuðum grundvelli og áður var samið við Union Carbide.

Ég verð að segja það, að mér finnst að þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið í þessum efnum, séu ámælisverð. Ég tel að um jafnmikið stórmál og hér var um að ræða, sem einnig hafði verið mikið ágreiningsmál á Alþ., hefði verið eðlilegt að ríkisstj. hefði lagt málið fyrir Alþ. á nýjan

leik. Þegar svo var komið að hinn fyrri samningsaðili, sem lögin frá því í apríl 1975 voru í rauninni byggð á, taldi að grundvöllur væri brostinn, og vildi ganga út úr samningum, þá hefði verið eðlilegt, ef ríkisstj. hefði þá viljað halda málinu áfram eigi að síður, að hún hefði flutt Alþ. skýrslu um málið og aflað sér nýrrar heimildar til þess að taka málið upp á nýjum grundvelli. En í stað þess að hafa þann háttinn á, þá heldur ríkisstj. áfram samningaumleitunum við annan aðila og að talsverðu leyti á nýjum grundvelli, gerir endanlegan samning við þennan nýja aðila og leggur síðan málið fyrir Alþ. og óskar eftir staðfestingu á þessum samningi.

Vissulega er hægt fyrir Alþ. að hafna samningi, sem gerður er á þennan hátt, og ógilda hann þannig, og það er einmitt það sem ég legg til fyrir mitt leyti að Alþ. geri nú. En hitt er auðvitað alveg augljóst, að það er býsna erfitt fyrir stuðningsmenn ríkisstj., sem þannig hefur haldið á máli, að taka á málinu óbundnir og á sjálfstæðan hátt þegar á þann hátt hefur verið unnið að málinu eins og hér liggur fyrir.

Þetta atriði málsins út af fyrir sig vil ég víta. Ég tel að hér hafi verið ranglega að staðið og í framtíðinni eigi ekki að standa að afgreiðslu stórmála á Alþ. á þennan hátt. Að sjálfsögðu getur ríkisstj. undirbúið mál og gert síðan Alþ. grein fyrir þeim þegar um jafnstór mál er að ræða og þetta.

Það má vera að hæstv. ríkisstj. hafi leitað til stuðningsflokka sinna, þegar hún var að taka upp þessa nýju stefnu í málinu, og þeir hafi grandskoðað málið. En þó dreg ég í efa að svo hafi verið gert. A. m. k. hefur ekkert komið fram um það neins staðar opinberlega að þeir þingflokkar, sem styðja ríkisstj., hafi fjallað um málið á undirbúningsstigum og lagt samþykki sitt við þessu máli og að ríkisstj. fylgi því fram hér á Alþ. í krafti slíks samkomulags. Hitt er svo allt annað mál, hvort ríkisstj. tekst að fá hér nægilegan meiri hluta til þess að staðfesta sína gerð í málinu.

En eins og ég minntist á í upphafi míns máls, þegar þetta sama mál í raun og veru lá fyrir Alþ. fyrir tveimur árum, þá komu hér fram á Alþ. mjög skiptar skoðanir í málinu. Ágreiningur varð mikill um málið þó að till. ríkisstj. þá næðu fram að ganga. Ágreiningur um samninga af því tagi sem hér er um að ræða er enn til staðar. Ég tel því að full ástæða sé til þess, þegar málið er nú lagt fyrir Alþ. á nýjan leik, að farið sé yfir það allrækilega, um hvað hefur þessi ágreiningur staðið, um hvað er raunverulega deilt í þessu máli.

Af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur því verið haldið fram opinberlega að hún standi að málinu fyrst og fremst af tveimur meginástæðum. Hin fyrri er sú, að ríkisstj. segir að skjóta þurfi fleiri stoðum undir atvinnulíf landsmanna en nú er og þær stoðir þurfi að vera sterkari og traustari en þær sem við byggjum á nú. Í öðru lagi hefur ríkisstj. lagt á það áherslu að við þurfum að hagnýta okkur raforkuauðlind landsins og skapa okkur aðstöðu til þess að virkja hina miklu auðlind og selja hana til stórverksmiðjurekstrar. Þetta eru tvær meginástæðurnar. Járnblendiverksmiðjan á að verða til þess að skjóta styrkari stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar, og við eigum að hagnast á okkar miklu auðlind, raforkuauðlindinni, með því að við fáum aðstöðu til þess að virkja stórt og selja mikið rafmagn. Þeir, sem hins vegar voru á móti lögunum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði þegar þau voru hér samþykkt, lögðu áherslu á að raforkusalan, sem þar var gert ráð fyrir, væri í eðli sínu óhagkvæm, hún skilaði ekki hagnaði og mætti ráðstafa þeirri raforku, sem þar var um að ræða, á miklu hagkvæmari hátt fyrir þjóðarbúið.

Um verksmiðjureksturinn héldu þeir, sem voru á móti þessari lagasetningu, því fram að hér væri um áhættusaman rekstur að ræða og mjög óvissan um fjárhagslega afkomu. Þeir bentu einnig á mikil mengunarvandamál sem mundu fylgja rekstri þess háttar verksmiðju. Og þeir bentu einnig á margvíslega annmarka sem væru í sambandi við samstarf við slíka auðhringa eins og þarna var verið að semja við. Þá bentu þeir aðilar, sem voru á móti lagasetningunni og samningunum við Union Carbide á sínum tíma, á það, að þeir væru í meginatriðum andvígir þeirri stóriðjustefnu sem lægi á bak við þessa samþykkt, þar sem sýnilega var verið að leggja áherslu á að það skyldi beina aðalkröftunum í þessa sérstöku átt til þess að koma upp í landinu í vaxandi mæli stóriðjurekstri. Þeir bentu einnig á að slík stóriðjustefna væri í eðli sínu andstæð byggðastefnunni sem svo mikið væri talað um. Og í fjórða lagi bentum við, sem vorum á móti lagasetningunni, á að við íslendingar hefðum næg önnur verkefni að fást við sem væru okkur eiginlegri og mundu, þegar á allt væri litið, skila okkur meiri hagnaði. Ágreiningurinn um þessi efni sem ég hef hér minnst á, er allur fyrir hendi enn.

Nú langar mig enn á ný að fara hér sérstaklega í þann þátt þessa máls sem snýr að raforkusölunni, vegna þess að ég tel fyrir mitt leyti að þar sé um grundvallaratriði að ræða í þessum málum. Ég veit mætavel að þeir eru margir sem óttast svo mikið mengunarvandamálið, sem fylgir verksmiðjurekstri af þessu tagi, að þeir segja: Mér er næstum alveg sama hvort við fáum mikið út úr raforkusölunni eða lítið. — Ég veit líka að þeir eru til sem leggja áherslu á að stóriðjustefna í allríkum mæli, þ. e. a. s. bygging margra verksmiðja af þessu tagi, sé svo hættuleg fyrir byggðaþróunina í landinu að það eitt sé nægilegt til þess að vera á móti málinu. Vissulega get ég tekið undir með þessum mönnum að verulegu leyti. Ég hef þó viljað fyrir mitt leyti reyna að gera mér sem ljósasta grein fyrir því hvað við gætum í raun og veru haft út úr raforkusölu til verksmiðjunnar miðað við þær forsendur sem byggt er á. Ég ræddi á sínum tíma, þegar málið var hér til umr., allmikið um þennan þátt málsins og tel mig hafa sýnt fram á það þá, að raforkusölusamningurinn væri ekki einasta mjög vafasamur, að út úr honum gæti komið nokkuð í okkar kassa, heldur að allar líkur bentu til þess að hér væri á nýjan leik verið að gera stórsamning um raforkusölu undir framleiðslukostnaðarverði, á svipaðan hátt og gert var við álverið í Straumsvík.

En mig langar nú til að líta enn þá betur eftir þessu máli nú en þá var gert, jafnvel þó að eitthvað verði um endurtekningar á því sem þá

var sagt. Fyrst vil ég í sambandi við raforkusölusamninginn fara nokkrum orðum um raforkusölusamninginn á sínum tíma til álversins í Straumsvík. Það er ekki hægt, þegar þetta mál er rætt, að líta algerlega fram hjá þeim samningi, vegna þess að sá nýi raforkusölusamningur, sem hér liggur fyrir og hér á að byggja á, er í öllum grundvallaratriðum byggður upp á sömu sjónarmiðum og fyrri samningur var byggður á. Ég efast ekki um að margir hv. alþm. muni eftir því, að þegar samið var á sínum tíma við svissneska álfélagið um raforkusölu frá Búrfellsvirkjun, þá urðu miklar deilur um hvort það rafmagnsverð, sem þá var samið um, stæði í raun og veru undir framleiðslukostnaði. Við vorum ýmsir sem héldum því fram þá, að miðað við þær upplýsingar, sem fyrir lágu, benti allt til þess að þarna væri um verð á raforkunni að ræða sem ekki stæðist beinan framleiðslukostnað, sem í reynd yrði að borga með. Þeir, sem þá stóðu að þeirri samningsgerð, héldu hinu fram, að rafmagnsverðið væri að vísu lágt, en það ætti þó að sleppa, það mundi ná því að standa undir framleiðslukostnaðarverði og jafnvel skila einhverjum minni háttar hagnaði.

Rafmagnsverðið, sem samið var um á sínum tíma við álverið, var 2.5 mill — bandaríkjamill. Því var að vísu hallað þannig til í samningunum, að ákveðið var að verksmiðjan skyldi greiða 3 mill í rafmagnsverð á tilteknu tímabili framan af, en á sama tíma átti aftur skattgjald verksmiðjunnar að lækka, á meðan þessi greiðsla ætti sér stað, en síðan átti rafmagnsverðið að fara í það sem um var samið, eða úr 3 mill í 2.5 mill. Þetta jafngilti því á sínum tíma að rafmagnsverðið væri, ef miðað er við 2.5 mill. og það gengi, sem þá var á Bandaríkjadollar, á milli 22 og 23 aurar á kwst. Ef hins vegar menn miðuðu á þessum tíma við 3 mill, þá átti rafmagnsverðið að vera 26.4 aurar á kwst. á meðan það verð átti að gilda.

Nú liggja fyrir nokkrar staðreyndir sem ættu að duga mönnum til þess að þeir átti sig á því nú hvort þetta verð, sem þá var samið um á raforku til álversins í Straumsvík, hefur raunverulega dugað fyrir framleiðslukostnaðarverði eða ekki og hver þróunin hefur orðið. Ég skal nefna um þetta tvö dæmi: Í fyrsta lagi það, að þegar rafmagnssalan hefst á sínum tíma eða þegar samningarnir eru gerðir við álverið um þetta verð sem ég var að greina frá, þá gilti að sjálfsögðu einnig tiltekið heildsöluverð á rafmagni frá Landsvirkjun til Rafmagnsveitu Reykjavíkur á sama svæði og eins til rafmagnsveitunnar í Hafnarfirði. Hér var afhent rafmagn til álversins á 22—23 aura kwst., eða 26 aura kwst. ef menn ganga út frá 3 mill, sem ekki skiptir neinu höfuðmáli, en á þessum tíma var grundvallarheildsöluverðið til Rafmagnsveitu Reykjavíkur og rafmagnsveitunnar í Hafnarfirði 35 aurar á kwst. Þetta var það hlutfall sem hér var á milli. Þetta gat hreyfst örlítið til, eins og reikningar liggja fyrir um, eftir nýtingartíma hjá þessum tveimur rafveitum sem keyptu raforku frá Landsvirkjun í heildsölu. Þannig kom t. d. í ljós og er að sjá í reikningum, sem birtir eru, að heildsöluverðið á rafmagni til Rafveitu Hafnarfjarðar var alltaf örlítið lægra en til Rafmagnsveitu Reykjavíkur vegna þess að nýtingartími orkunnar þar var heldur meiri en í Reykjavík. Sem dæmi um þetta verð má nefna að samkv. reikningum kom út árið 1968 að Rafmagnsveita Reykjavíkur greiddi í heildsölu fyrir allt það rafmagn, sem hún keypti inn á sitt svæði frá Landsvirkjun, 45 aura á kwst., en Rafveita Hafnarfjarðar fyrir allt árið 1968 37 aura. En samningarnir um 22—23 aura verðið eða 26 aura verðið til álversins voru gerðir fyrir þennan tíma.

Ef menn líta svo á breytinguna sem orðið hefur síðan, þá líta málin þannig út, að enn þá stendur samningurinn í rauninni óhreyfður allt fram á s. l. ár, þegar álverið þurfti að kaupa hér viðbótarorku. Þá var gerð breyting á samningnum vegna alveg nýrra kringumstæðna, en fram að þeim tíma gilti að sjálfsögðu samningurinn um þessa raforkusölu og þá var rafmagnsverðið til álversins 48 aurar á kwst., miðað við verðskráningu á bandaríkjadollar. Það hafði aðeins hækkað í samræmi við breytingu á skráningu dollarans. En þá var hins vegar verðið í heildsölu hér í Reykjavík komið upp í 2.77 kr. á kwst. Síðan þetta gerðist hefur enn orðið að hækka rafmagnið í Reykjavík og Hafnarfirði frá Landsvirkjun um 18%, þannig að nú stendur raunverulega heildsöluverðið á rafmagni frá Landsvirkjun í kringum 3.27 kr. á kwst., en samkv. réttri skráningu á genginu ætti verðið til álversins samkv. gamla samningnum að vera í kringum 51 eyri.

Það, sem hefur því gerst í stuttu máli sagt, er þetta: Rafmagnsverðið til álversins hefur um það bil tvöfaldast eða rétt rúmlega það, en rafmagnsverðið til Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar hefur nífaldast. Það er enginn vandi að stikla á þeim hækkunum á rafmagnsverðinu sem ákveðnar hafa verið á öllu þessu tímabili af hálfu Landsvirkjunar, og verðhækkununum hefur stofnunin þurft að velta svo að segja öllum yfir á aðra notendur hér, sem eru heimilin á þessu svæði og iðnaðurinn á þessu svæði.

Ég vil einnig benda á það, að alveg nýlega gerði Gísli Jónsson prófessor frá sínu sjónarmiði úttekt á þessu og birti um það töflur í einu Reykjavíkurblaðanna nú fyrir nokkrum dögum. Hann leggur á sama hátt þetta til grundvallar, að hann segir: Við höfum í báðum tilfellum þetta. Landsvirkjun afhendir aðilum raforku frá spennistöð, annars vegar við álverið í Straumsvík og hins vegar Rafmagnsveitu Reykjavíkur til dreifingar og Rafveitu Hafnarfjarðar. Síðan tekur hann upp þá viðurkenndu reglu að hann segir: Vegna þess að nýtingartími orkunnar, sem álverið notar, er hærri en nýtingartíminn, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur, og sá nýtingartími, sem Rafveita Hafnarfjarðar hefur, og hann reiknar út, hvað hver aðili um sig af þessum ætti að borga samkv. hinum viðurkennda útreikningi í sambandi við mismunandi nýtingartíma. Og prófessorinn kemst að þeirri niðurstöðu að árið 1974 hafi álverið borgað aðeins 53.6% af því verði sem það hefði átt að borga og árið 1975 hafi álverið aðeins borgað 50.5% af

því verði sem það hefði átt að borga, en hins vegar hafa almenningsveiturnar, þ. e. a. s. Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Hafnarfjarðar fyrst og fremst, þurft að borga frá 63 upp í 66% hærra verð en þær áttu að borga.

Prófessorinn bendir hins vegar á það, þegar hann tekur hér til athugunar einnig rafmagnssöluna á árinu 1976, að á því ári varð um hækkun á rafmagnsverðinu til álversins að ræða vegna þess að álverið var að tryggja sér viðbótarraforkusölu sem vitanlega hlaut að verða verðlögð á allt öðrum grundvelli en áður var. Þeirri raforkusölu er blandað inn í hinn raforkusölusamninginn og þannig er meðalverðið á rafmagni á árinu 1976 raunverulega hærra en sá samningur sagði til um sem gerður var á árinu 1965 og 1966. Prófessorinn segir: Á þessu ári batnar dæmið nokkuð. En þó er það svo að enn stendur það þannig að álverið borgar ekki nema 62.8% af því verði sem það hefði átt að borga. Umframverðið varð að hvíla á herðum annarra notenda rafmagns frá Landsvirkjun.

Það þýðir auðvitað ekki neitt fyrir menn, þó að þeir hafi staðið hér að samningunum við álverið á sínum tíma, að þræta fyrir það lengur að þessu er svona varið. Hinir almennu rafmagnsnotendur hér á Landsvirkjunarsvæðinu eru látnir borga með raforkunni til álversins í stórum stíl. Prófessorinn segir að aðeins á þessum þremur árum, 1974, 1975 og 1976, nemi það rétt í 1¼ milljarð kr. sem aðrir notendur hafa þurft að borga með rafmagninu til álversins.

Þetta verða menn auðvitað að hafa í huga þegar þeir meta þann raforkusölusamning sem hér á að byggja á. Og þá skulum við líta nokkuð á hvernig þessi raforkusölusamningur er.

Ég vil segja það strax, að það er skoðun mín eftir að hafa kynnt mér þetta allrækilega og rætt við marga mjög færa menn í þessari grein, að þessi nýi raforkusölusamningur sé jafnvel enn verri, en ekki betri en sá gamli við álverið þegar tekið er tillit til þeirra kringumstæðna sem við búum við í dag.

Þá er rétt að líta nánar á þennan raforkusölusamning sem á að vera grundvöllur þessara framkvæmda. Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, segir skýrt og greinilega varðandi raforkusöluna að sá raforkusölusamningur, sem gerður var á sínum tíma eða fyrir tveimur árum við Union Carbide, eigi að standa áfram með aðeins minni háttar breytingum og nokkrum breytingum á framkvæmd. Það stendur orðrétt í grg., og hæstv. iðnrh. las það einnig upp í ræðu sinni, — þar stendur orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er varðar rafmagnsverð til verksmiðjunnar er nú ráð fyrir því gert að upphaflegt orkuverð í Bandaríkjamillum á kwst., 5—6.2 mill fyrir fyrstu 8 árin, haldist óbreytt sem lágmarksverð, en núverandi verðhækkunarreglur rafmagnssamningsins verði felldar niður í stað þeirra tekið upp nýtt orkuverð í norskum aurum."

Það, sem raunverulega er hér samið um, er að það er gamli raforkusamningurinn sem gildir hvað viðkemur verði. Hins vegar eru ákvæði varðandi breytingar, væntanlega til hækkunar á raforkuverði, til samræmis við það sem hefur gerst í Noregi, en þangað á að sækja viðmiðunina. Reglum um þetta er breytt lítils háttar.

Þá er enn annað atriði í þessari sömu grg., að nú á að taka upp fasta greiðslu, meðaltalsgreiðslu, fyrir raforkuna í norskum aurum. Eins og þarna stendur verður tekinn upp sá háttur að greiða þetta umsamda raforkuverð með 3.5 aurum norskum á kwst., síðan kemur til hækkun um 0.5 aura norska 1. júlí 1982, en þetta fyrirkomulag breytir ekki því sem um var samið varðandi raforkuverðið, vegna þess að í grg. segir orðrétt:

„Með þessu fyrirkomulagi, sem til er komið vegna óska Elkem-Spigerverket um skýrari reglur varðandi hækkun orkuverðs vegna verðlagsbreytinga, munu tekjur Landsvirkjunar af orkusölunni hækka verulega frá núgildandi samningi á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar, en væntanlega verða nokkru lægri á síðustu árum samningstímans. Samkv. áætlunum Landsvirkjunar munu heildartekjurnar" — taki menn nú eftir — „samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar munu heildartekjurnar yfir samningstímann ekki verða lægri en orðið hefði eftir samningnum óbreyttum."

Það er eina tryggingin sem við höfum í þessu, að það fer þó ekki niður fyrir það sem áður var um samið, þó að annar háttur sé tekinn upp á greiðslum.

Nú er það að athuga, að þó að menn vilji slá því föstu að hér sé samið um raforkuverð sem nemur 3.5 aurum norskum á kwst., sem jafngildir 1.26 kr. fyrir kwst. miðað við núverandi gengi norsku krónunnar, þá er það, eins og ég segi, ekki einu sinni hið raunverulega verð þó að það sé greitt, ekki nema að því leyti til sem hækkunarreglan, sem á að gilda frá grunnverðinu, getur lyft upp verðinu frá því sem um var samið. Verðið á að vera, eins og skýrt kemur fram, raunverulega 5—6.2 Bandaríkjamill. Hvað eru svo 5 Bandaríkjamill miðað við það að Bandaríkjadollar sé 190 kr. — hann getur verið orðinn 191 kr. núna, það skiptir ekki máli. Verðið á 5 mill er 95 aurar á kwst., og verðið á 6.2 millum, sem gert er ráð fyrir að það geti farið raunverulega upp í samkv. samningi á fyrstu 8 árunum, er 1.18 kr. Það nær ekki 3.5 aurum norskum, eins og hér er um talað, enda á að borga meira framan af, en minna seinna. Þeir hafa líklega komist að því, þeir Landsvirkjunarmenn, að þeim veitti ekki af þessum aurum framan af, og það væri kannske ekki mjög geðfellt að þurfa að fara í þá hækkun sem þessu mundi fylgja á öðrum rafmagnstöxtum.

En þá er að athuga lítillega hvernig stendur með þetta rafmagnsverð sem hér er verið að ræða um, hvort sem það er nákvæmlega fyrstu árin 95 aurar á kwst. eða upp í 1.18 á kwst. eða jafnvel þessir 3.5 aurar norskir standi, sem gera þá 1.26 kr. á kwst. Hvernig stendur þetta rafmagnsverð miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja um framleiðslukostnaðarverð á rafmagni nú? Ég þykist vita að margir hv. þm. hafi veitt því athygli að í þeim áætlunum, sem komið hafa frá rafmagnsyfirvöldum í landinu, er nú talið að allra hagstæðustu virkjanir sem við eigum völ á geti skilað rafmagnsverði mið-

að við fullnýtingu og öllu dreift yfir 40 ára nýtingartímabil orkuversins, þá eigi þær að geta skilað raforkuverði í kringum 1.90—2 kr. á kwst. Þetta eru þær áætlanir sem liggja fyrir okkur.

Nú veit ég að það hefur verið reynt nokkuð í þessum efnum að fara á bak við það varðandi þetta rafmagnsverð, að hér sé raunverulega um tvenns konar raforkusölu að ræða: Annars vegar eigi að selja tiltekið magn — mjög nærri því að vera helmingur af allri orkunni sem eigi að *selja til verksmiðjunnar sem forgangsorku* sem sé skyldugt að afhenda á hverjum tíma. Hins vegar sé um svonefnda afgangsorku að ræða sem geti verið hagstætt fyrir virkjunina, **fyrir rafmagnskerfið að selja, þó að hún sé seld** á mjög lágu verði. En það hefur verið bent á og verður væntanlega gert enn þá betur af fræðimönnum um þetta atriði, og þarf þó ekki mikla fræðimenn til að átta sig þar á grundvallaratriðum, að hér er um verulega blekkingu að ræða, vegna þess að samningarnir segja að það sé að **vísu skyldugt að afhenda til þessarar verk**smiðju forgangsorku sem nemur 244 gwst. á ári, *en til viðbótar eigi að afhenda verksmiðjunni* 306 gwst., sem afgangsorku, og svo **koma skil**yrðin í sambandi við þessa afgangsorku. Þar segir: Það má aldrei fara svo langt niður með þessa afgangsorku til verksmiðjunnar, að ekki nemi 153 gwst. á einu ári. Og síðan segir: Þó skal aldrei fara svo neðarlega með afgangsorkuna að hún nemi ekki 183.5 gwst. á fjögurra ára tímabili. Og enn er bætt við: Aldrei skal afhenda þessa afgangsorku öðruvísi en svo að hún skili á öllu samningstímabilinu, þ. e. a. s. 20 árum, minna að meðaltali á ári yfir allt tímabilið en 244 gwst. Hér eru mjög ströng skilyrði um *hvernig á að afhenda afgangsorkuna*. Og ef menn líta á það, að það eru ákveðnar forsendur sem stillt er hér upp varðandi þetta fyrirtæki sem á að kaupa raforkuna, þar eru birtar greinilegar forsendur, að hér er um tvo bræðsluofna að ræða upp á 30 mw. hvor ofn og reiknað reyndar með því að meðaltalsfullnýting á hvorum ofni verði 26.5 mw., þá er auðvelt að sjá að þessir ofnar verða að vera í gangi allan tímann svo að segja ef menn eiga ekki að lenda í refsingu með afhendinguna á afgangsorkunni. Vegna þess að dæmið er ósköp einfalt, þó að það séu **teknar allar klukkustundir sem til eru í einu** ári og margfaldaðar með 30 til þess að fá út gwst., þá kemur út úr því að það er svo að segja óbrotin framleiðsla allan tímann ef á að nást að geta afhent svona mikla orku á heilu ári.

Það er líka býsna athyglisvert að þegar orkumálastjóri ríkisins er um það spurður hvað hann segi um slík ákvæði eins og þetta varðandi afhendingu á afgangsorku, þá segir hann að hér sé um mjög ströng skilyrði að ræða, svo ströng að ef hann ætti að miða þetta við það sem sé í Noregi, þar sem gildir auðvitað mismunandi rafmagnsverð eftir því hvaða afhendingarskilmálar eru á orkunni, þá mundi hann telja að orka, sem seld væri á þennan hátt, ætti að vera á 75% verði af forgangsorku. En við erum hins vegar í þessum samningi ekki að semja um 75% af forgangsorkuverðinu fyrir afgangsorkuna. Við erum að semja um svona frá 5—7%. Við erum að láta hana á svo að segja ekki neitt.

Það gefur líka auga leið, ef menn líta á annan þátt þessara mála, ef menn hugsa sér að við afhendum forgangsorkuna eða sem sagt um helminginn, 244 gwst. á ári, eins og menn eru skyldugir að afhenda, og fáum forgangsorkuverð fyrir hana og svikjumst svo bara að mestu leyti um að afhenda afgangsorkuna á þessu lélega verði, a. m. k. halda menn að þeir geti svikist um það, *en það er ekki hægt samkv.* samningunum, — hvað kemur þá út? Þá kemur út að það er búið að setja verksmiðjuna á hausinn vegna þess að allir hennar rekstrarreikningar eru miðaðir við að ofnarnir skili fullum afköstum. Full afköst þessara 30 mw. ofna eru gefin upp 50 þús. tonn á ári. Í fyrri áætlun þorði Union Carbide ekki að reikna með neinum 47 þús. tonnum, en núverandi aðilar í því frv., sem hér liggur fyrir, gera ráð fyrir 50 þús. tonnum á ári og ná reyndar ekki endum saman að heldur, svo sem ég skal koma að síðar. Það þýðir vitanlega ekkert að vera að skrökva því að sjálfum sér að það eigi ekki að láta þá hafa svona mikið af rafmagni á lágu verði. Þá er brostinn allur grundvöllur undir rekstri verksmiðjunnar. Hún verður að fá þessa raforku, annars er hún farin á hausinn, og við verðum minntir á það í leiðinni að við eigum 55% af henni. Hér er því um það að ræða að við erum að selja þá orku, sem hér um ræðir, eins og meðaltalsverðið gefur. Það er hið eina rétta. Auðvitað getur verið fólginn í því nokkur hagnaður fyrir Landsvirkjun að eiga ekki yfir sér skaðabótaskyldu ef fellur niður orkuafhending á einhverjum stuttum tíma. En það er aðeins minni háttar atriði. Eigi að síður hvílir skyldan á að afhenda þetta orkumagn.

En þegar þetta rafmagnsverð er íhugað, þá er líka fróðlegt að kynna sér hvað norðmenn segja um þessi mál einmitt nú um þetta leyti. Hvað segja þeir? Það vill nú svo til að við erum með í höndunum ýmsar upplýsingar frá norðmönnum af því að um þessi mál hafa einmitt verið **hörkuumræður í Noregi að undanförnu.** Það hefur sem sagt gerst í Noregi að norðmenn hafa staðið frammi fyrir því að þeir áttu frá fyrri tíma talsvert mikið af stóriðjufyrirtækjum, einkum álverksmiðjur. Og þeir voru komnir þannig með þessar verksmiðjur að þeir voru sannfærðir um að engin leið væri að reka þessi fyrirtæki nema lagt væri í fyrirtækin á nýjan leik mikið fjármagn og þau áfram mötuð með lágu rafmagnsverði. Um þetta hafa orðið miklar deilur í Noregi. Ég hef hér m. a. í mínum höndum merkilegt viðtal sem birtist í 7. hefti á s. l. ári, 1976, í tímariti sem heitir Ökonomisk rapport. Þar er birt viðtal við bæði formann í iðnn. norska **Stórþingsins** um þessi mál og einnig viðtal við prófessor við Verslunarháskólann í Noregi. Þessi prófessor við Verslunarháskólann í Noregi hefur ráðist heiftarlega á þessa alröngu fjárfestingu, að ætla sér að leggja enn mikið fjármagn til þess að reyna að færa þessar stóriðjuverksmiðjur til betri vegar og halda áfram að mata þær með lágu rafmagnsverði. Hann telur, að hér sé um alranga pólitík

að ræða, og segir, að heill vinnuhópur á hans vegum hafi athugað máli mjög rækilega. Frá þessu er skýrt í þessum viðtölum. Það er fróðlegt að lesa hvað fram kemur í þessum viðtölum. Formaður iðnn. norska Stórþingsins, Arvid Johansson, lendir í því hlutskipti að þurfa að verja það, að það eigi að halda áfram að setja fjármagn í þessi stóriðjufyrirtæki, það eigi að reyna að reka þau áfram og það verði áfram að tryggja þeim lágt rafmagnsverð. En hann rökstyður mál sitt þannig að hann segir: **Menn verða að taka tillit til þess að sá vandi,** sem við í Noregi stöndum hér frammi fyrir, er að þessar verksmiðjur eru þarna til. Það eru komin heil byggðarlög í kringum þessar verksmiðjur. Á einum stað munu búa yfir 2000 manns. Það er annað en gaman að ætla að láta þetta allt ryðga niður og yfirgefa það. Hér koma til félagslegar ástæður sem ráða því að við **verðum að gera eitthvað. Og orðrétt segir** formaður í iðnn. norska Stórþingsins, Arvid Johansson, í þessu viðtali, þá segir hann í framhaldi af þessu:

„Ef við værum að byrja í dag mundum við ekki byggja upp orkufrekan iðnað eins og við gerðum. En þessi iðnaður er staðreynd þar sem hann er. Við getum ekki látið hann grotna niður. Það væri slæm leið. Hann verður því að gerast eins rekstrarhæfur og mögulegt er.“

Þetta voru orð þess manns sem tók þó að sér að reyna að verja málið. Hann játar að það kæmi ekki til mála að reyna að halda þessu áfram ef þeir væru að byrja í dag. Það er aðeins af því að þeir eru fastir í þessu sem þeir verða að halda áfram.

En prófessorinn við Verslunarháskólann í Noregi, Terje Hansen, segir í þessu viðtali sínu að nú búi þessi orkufreki iðnaður frá fyrri tíma við það sem hann kallar „fordumspris“, 3—4 aura norska á kwst., fjarstæðukennt, og hann **bendir á að nú sé svo komið að frá því í febrúar**mánuði 1976 sé búið að samþykkja í Noregi að verð frá norsku ríkisrafveitunum til orkufreks iðnaðar skuli vera 6.6 aurar norskir á kwst., en það eru 2.37 kr. á kwst., miðað við gengi norsku krónunnar nú. Þessi prófessor segir enn fremur: Það lægsta verð, sem nú liggur fyrir á rafmagni frá kjarnorkuverum, eins og í Svíþjóð, er **9 norskir aurar á kwst., en það eru 3.24 ísl. kr.** Lægsta verð, sem nú er reiknað með frá oliukyntum stöðvum, er 14 aurar norskir á kwst. eða 5.04 ísl. kr. á kwst. Þessi prófessor segir: Það er auðvitað ekkert vit í því að ætla að fara að selja orkufrekum iðnaði í dag raforkuna á 6.6 aura norska, eins og þó hefur verið lagður grundvöllur þarna að, sem er auðvitað langt fyrir ofan það verð, sem við erum að tala um. Og ástæðan er sú, segir þessi prófessor, að auðvitað, þegar er verið að semja við fyrirtæki sem reka orkufrekan iðnað, þá verður að líta a. m. k. einn áratug eða tvo áratugi fram í tímann. Við verðum að hafa það í huga hvað orkan muni kosta okkur á þessu tímabili. Hvað kostar okkur þá að virkja? Hvað kostar orkan okkur þá? Hvað getum við fengið fyrir orkuna nú? Auðvitað geta norðmenn leitt línuna, eins og þeir gera nú þegar, yfir til Svíþjóðar. En svíar eru í kapphlaupi að reyna að ná sér í raforku sem kostar á framleiðslukostnaðarverði frá kjarnorkustöðvum 9 aura norska kwst. Af því er auðvitað ekkert vit í því, og norðmönnum dettur ekki í hug að selja hana, ekki einu sinni á 6.6 aura, hvað þá 3.5 eða undir 3.5, eins og við erum að semja um. Það var því auðvitað ekki út í bláinn að sá Norðurlandamaður, sem var í forsvari fyrir norræna bankann sem ætlar að lána fé til þessa fyrirtækis, sagði hér í viðtali, þegar hann var spurður hvernig honum litist á stóriðjureksturinn hér og þetta fyrirtæki, þá sagði hann eitthvað á þá leið, eins og ég veit að allir hv. alþm. muna eftir: Ja, þetta gæti verið nokkuð gott hér af því að íslendingar gætu selt raforkuna á helmingi lægra verði en aðrir.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að grundvöllurinn, sem hér er um að ræða, er helmingi lægra verð en þekkist hér í löndunum í kring. Elkem-Spigerverket á ekki kost á neinu slíku verði til þess að koma upp neinum orkufrekum iðnaði í Noregi. Þeir verða því að leita hingað. Og það erum við sem eigum að fá það hlutskipti að borga með þessu orkuverði allan tímann. Það er enginn vafi á því. Það er sama hvort við leggjum til grundvallar þær áætlanir, sem okkur hafa verið sendar frá raforkusérfræðingum okkar um framleiðslukostnaðarverð frá bestu virkjunum okkar, eða við miðum við það verð sem gildir t. d. í Noregi sem söluverð á rafmagni til orkufreks iðnaðar, að ég tali nú ekki um ef við förum í það að athuga nokkuð hvað muni snúa við okkur í þessum efnum eftir 10 ár, eftir 15 ár, en hér er um 20 ára samning að ræða, þá kemur auðvitað út úr því að við séum hér að gera rafmagnssamning sem er undir framleiðslukostnaðarverði.

Til enn frekari áréttingar þessu ætla ég að draga upp það sem þeir Landsvirkjunarmenn sjálfir sögðu í fyrra skiptið, þ. e. a. s. þegar samið var við Union Carbide. Það var býsna athyglisvert, sem frá þeim kom þá og það væri dálitið gaman að láta þá sömu menn reikna nú, þegar breyttar forsendur liggja fyrir. Hvað sögðu þeir í grg. með frv. sem lagt var fyrir Alþ. í ársbyrjun 1975? Hvað sögðu þeir þá um kostnaðarverð á rafmagni? Orðrétt sögðu þeir þetta sem ég skal nú lesa upp úr grg.:

„Þá hefur verkfræðideild“ — þetta er bréf frá Landsvirkjun — „þá hefur verkfræðideild reiknað út svokallað kostnaðarverð á raforku frá Sigöldu og Hrauneyjafossi.“ — Ég vil skjóta því hér inn í að þeir töldu eðlilegt að taka áætlunina um Hrauneyjafoss einnig inn í dæmið, en reikna ekki bara framleiðslukostnaðarverðið frá Sigöldu, af því að það yrði að ráðast fljótlega í Hrauneyjafossvirkjun. Og þegar Hrauneyjafossáætlunin var tekin inn í þetta dæmi, þá varð það til þess að lækka framleiðslukostnaðarverðið á einingu frá Sigöldu, af því að Sigölduvirkjunin kallar á ýmislegt sem unnið er einnig fyrir Hrauneyjafossvirkjun. En ég les þetta aftur:

„Þá hefur verkfræðideild reiknað út svokallað kostnaðarverð á raforku frá Sigöldu og Hrauneyjafossi. Sé reiknað með 40 ára annuitetsláni og 9,1% reiknivöxtum og jafnframt gert ráð fyrir því, að rekstrarkostnaður sé 0,5% og vextir á byggingartíma 12% af stofnkostnaði, kemur út verðið 9.4 mill á kwst. af forgangsorku.“ — Þeir

sömdu fyrst um 9.5 þá. — „Í samningsdrögunum, eins og þau liggja fyrir, þýðir þetta kostnaðarverð sem jafngildir 4.95 mill á kwst., ef gert er ráð fyrir að kostnaðarverð afgangsorkunnar sé 0.5 mill, eins og er í samningunum.“ Takið eftir, það var samið um 5 mill sem meðalverð, en þeir reikna út á þessum tíma, miðað við þessar forsendur, að framleiðslukostnaðarverðið sé 4.95. Þeir segja hér áfram:

„Ef þetta verð er borið saman við verðið í töflu 3 sést, að einnig þetta verð er fyrir neðan það sem þar er sýnt. Þó munar ekki miklu fyrstu tvö starfsár verksmiðjunnar,“ verða þeir nú að játa. Og í framhaldinu játa þeir það, að vissulega geti Hrauneyjafossvirkjun orðið dýrari en þeir hafi spáð. En þá verði menn að vona það, bæta þeir hér við, að þá geti þó hækkunarákvæðin, sem eru í rafmagnssölusamningnum, þar sem verðið má endurskoða á vissu árabili og hækka í vissu hlutfalli við breytingar á verðinu til orkufreks iðnaðar í Noregi, þá geti það einnig skilað nokkru og megi þá búast við því að það, sem Hrauneyjafossvirkjunin kunni að fara fram úr áætlun, geti þó væntanlega jafnast á móti því að þeir fái aðeins betra verð út úr hækkunarreglunum.

Það sem sagt fór ekkert á milli mála að fyrir tveimur árum urðu þeir aðilar, sem að þessum málum stóðu, þ. e. a. s. verkfræðideild Landsvirkjunar, að játa að það raforkuverð, sem þá var samið um, lægi alveg fast við strikið á framleiðslukostnaðarverði. Aðrir héldu því hins vegar fram og bentu á það, sem höfðu mikla þekkingu á þessu máli, að hér væri margt vanreiknað ekki síður en í fullyrðingum þeirra á sínum tíma um verðið til álversins. Það var því allt sem benti til þess, að það verð, sem hér var lagt til grundvallar fyrir tveimur árum, næði ekki framleiðslukostnaðarverði. (Gripið fram í: Hver gerði þessa samninga?) Það var núv. ríkisstj. sem gerði þá, og hv. þm. var einn af þeim sem réttu upp höndina hér á Alþ. til að samþykkja þá. En við hins vegar í Alþb., ef er verið að skjóta einhverju til okkar, vorum allir á móti gerð samningsins. Það er vitanlega með öllu gagnslaust fyrir alla þá, sem vilja taka sjálfa sig alvarlega, að halda að þeir komist út úr máli eins og þessu með því að segja: Skipaði ekki Magnús Kjartansson einhverja n. sem talaði við þessa menn, og var hann ekki einu sinni að hugsa um þetta? Ef það er vitlaust, þá eiga menn að viðurkenna staðreyndir og taka afstöðu til þess, hver svo sem hefur talað við hvern á hvaða tíma sem er. Það er engin útgönguleið í þessu máli að ætla að víkja sér þannig undan.

Nú vitum við að þær forsendur, sem hér eru lagðar til grundvallar í þessum efnum, standast ekki í dag. Hvaða manni dettur í hug að vextir á byggingartíma fari ekki yfir 12% af heildarkostnaðinum? Engum. Allar áætlanir verða að breytast með tilliti til þessa. Það þýðir heldur ekkert að tala um þá reiknivexti sem hér er reiknað með. Þeir eru líka breyttir. En eins og ég segi, það væri mjög fróðlegt ef þessir ágætu menn vildu reikna það út, út frá þessum forsendum sínum, hvernig þeir rökstyðja nú að þetta rafmagnsverð, sem hér er lagt til grundvallar, dugi.

Ég hef gerst hér nokkuð langorður um rafmagnsverðið. En það stafar af því, að ég vil að menn fáist til þess að hugsa um það í alvöru hvað raunverulega er að gerast í þessum efnum. Ég hef sagt það stundum, að ég þykist finna að það sé búið að sannfæra meiri hl. alþm. og eflaust meiri hl. af fólki hér á götunni um að við séum að gera hið mesta efnahagslega hagræði með því að semja um svona mikla raforkusölu. Og Morgunblaðið segir t. d. núna einn dag-inn: Hugsið ykkur, við fáum bara 900 millj. frá álverinu fyrir rafmagn. — Svona tölur auðvitað segja ekki neitt. Það, sem máli skiptir, er að menn átti sig á því: Erum við að selja rafmagnið með hagnaði eða erum við að selja það á núlli, þannig að við fáum ekkert út úr því? Hvað ætla þeir þá að gera við þessa nýju stoð undir efnahagslífið í landinu, þeir sem halda að með því að ráðast í orkusölu af þessu tagi séum við að skjóta nýjum efnahagsstoðum, traustari en þeim sem við höfum byggt á, undir okkar efnahagslíf? Halda menn að við komumst út úr okkar efnahagsvandamálum á þann hátt að við séum að gera samninga um orkusölu sem þýðir í besta falli núll fyrir okkur, við fáum ekkert út úr því?

Ég held að það sé mikil þörf á að það verði gengið heiðarlega til verks í því að átta sig á því varðandi þennan orkusölusamning hvað raunverulega felst í honum. Ég ætla ekki að þessu sinni að eyða mörgum orðum að því, hvað við gætum annað gert við þá orku sem hér er um að ræða, en vil þó benda á, að það er enginn vafi á því að við gætum nýtt þessa orku, sem við fáum nú frá Sigöldu, á miklu drýgri hátt fyrir okkur ef við ynnum skipulega að því að reyna að koma orkunni til þeirra sem vildu hita upp híbýli sín með raforku í stað þess að nota olíu. Ég veit að það tekur nokkurn tíma. En til þess að ná þessu marki þarf einhvern tíma að byrja. Og ég efast heldur ekkert um að við gætum fengið út úr okkar iðnaði miklu meiri afköst, miklu betri útkomu, ef við sýndum honum einhverja tilhliðrunarsemi í sambandi við raforkusölu. Menn skulu átta sig á því, að það er ekki aðeins eitt iðnfyrirtæki í okkar landi, ekki eitt lítið iðnfyrirtæki í okkar landi, eins og var verið að greina frá í blöðunum nýlega, sem hefur þurft að borga á heilu ári yfir 19 kr. fyrir kwst. til síns iðnaðar þegar stóriðjufyrirtæki eiga að borga í kringum krónu. Ég fullyrði að okkar stærstu og þýðingarmestu iðnfyrirtæki í landinu, t. d. eins og fiskiðnaðurinn allur, borga yfirleitt á milli 15 og 20 kr. fyrir kwst. Loðnubræðslurnar borga miklu meira. Það er heilmikið af okkar iðnaði sem verður að borga þetta háa rafmagnsverð. Ég er ekki á neinn hátt að gera hér beinan samanburð á verði til þeirra og til fyrirtækja sem geta flokkast undir orkufrekan iðnað. Ég geri mér grein fyrir því að hér verður að vera munur á. En hér er enginn frambærilegur munur á nú. Hér er verið að leggja aukaskatt á okkar iðnað og halda honum niðri, torvelda rekstur hans af meiri og minni misskilningi, af því að menn halda að þeir séu að gera einhvern góðan leik að semja á þessum grundvelli.

Ég hef nú rætt mikið um þennan þátt, en hann er líka vissulega þess virði að ræða um hann af því að þetta er undirstaða málsins.

En þá langar mig til þess að fara nokkrum orðum um verksmiðjuna sjálfa sem á nú að byggjast á þessu ódýra raforkuverði. Og þá kemur auðvitað margt athyglisvert í ljós varðandi þessa verksmiðju. E. t. v. gætu menn látið sér detta í hug að verksmiðjan sjálf sem slík væri svo afskaplega álitleg að það væri líklegt að við gætum grætt einhver ósköp á henni. En þeir Union Carbide-menn komust að allt annarri niðurstöðu. Þeim leist ekkert á fyrirtækið, og sagt var hér einu sinni að þeir vissu sínu viti í þessum efnum. En þá er auðvitað að huga að því: Hvað eigum við að leggja á okkur varðandi þessa verksmiðju sem slíka og hvaða upplýsingar liggja hér fyrir um að þetta eigi að vera sæmilegt fyrirtæki?

Í 3. gr. frv. eru strax talin upp 7 atriði sem við íslendingar eigum að taka að okkur í sambandi við þetta fyrirtæki.

Í fyrsta liðnum er ákveðið að við eigum að leggja fram 2.5 milljarða í hlutafé.

Í öðrum liðnum segir að íslenska ríkið eigi að sjá um að kaupa jarðnæði við Grundartanga í Hvalfirði sem síðan eigi að leigja félaginu. Við eigum að kaupa landið og leigja þeim, svo mikið sem verksmiðjan krefst, og það á að vera svo ríflegt að það á að vera hægt að tvöfalda verksmiðjuna, stækka hana um helming seinna ef mönnum list svo.

Í þriðja lagi eigum við að taka að okkur þá skyldu, að við eigum að láta byggja og reka höfn við Grundartanga í Hvalfirði. Við eigum hér að fara í sérstaka hafnargerð sem ekkert kallar á af okkar hálfu, — hafnargerð sem menn nú ræða um að muni kosta 800 millj. kr. Það á að sjálfsögðu að leggja úr ríkissjóði eins og til annarra hafna 75% af verði hafnarinnar sem beint framlag, og hin 25% eigum við svo að útvega líka, og svo á að reka höfnina fyrir þetta fyrirtæki. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Já, ég á talsvert eftir, ég verð nú að játa það. (**Forseti:** Þá ætla ég að fara fram á það við hv. þm. að hann fresti ræðu sinni þangað til kl. 17.30, en þá er fyrirhugað að halda áfram fundi, nú eru boðaðir þingflokksfundir. Fundinum er þá frestað til kl. 17.30 og þá tekur hv. ræðumaður aftur til máls.) — [Fundarhlé].

Háttvirtur forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni og fundi var frestað hafði ég lokið við að ræða um þann þátt málsins, sem einkum varðar sölu á raforku til væntanlegrar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og rétt aðeins byrjað á því að ræða um væntanlega verksmiðju sjálfa. Ég benti á það, að í 3. gr. frv. eru talin upp sjö mismunandi atriði sem íslenska ríkisstj. tekur að sér að framkvæma í sambandi við byggingu verksmiðjunnar.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða skuldbindingu um það að leggja fram 55% af hlutafé í fyrirtækið, en það er rétt rúmlega 2.5 milljarðar kr. Í öðru lagi er þar skuldbinding um að kaupa jarðnæði við Grundartanga í Hvalfirði sem síðan verði leigt félaginu. Og í þriðja lagi er það að láta byggja og reka höfn við Grundartanga, sem nú er talið að muni kosta í kringum 800 millj. kr. Í fjórða lagi er að leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga. Í fimmta lagi að láta leggja rafmagnslínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga. Í sjötta lagi er svo tiltekin skuldbinding sem ríkið tekur að sér um að veita félaginu lán með sérstökum hætti og sérstakri ábyrgð, sem er meira en venjuleg ábyrgð og metið er á 24.2 millj. n. kr. eða í kringum 870 millj. ísl. kr. Og í sjöunda lagi tekur ríkisstj. síðan að sér að láta lækka öll stimpilgjöld og þinglýsingargjöld vegna stofnlána sem félagið tekur í sambandi við byggingu verksmiðjunnar.

Allt eru þetta mjög verulegar skuldbindingar umfram það sem venjulegt er, og hér yrði greinilega um allmikil fjárútlát að ræða. Í sumum efnum liggur það ekki ljóst fyrir hvað hér væri um mikil fjárútlát að ræða. En miðað við fjárlög okkar og framlög ríkisins sjálfs til atvinnurekstrar verður að telja að hér sé um mjög verulegt framlag að ræða í þessu formi.

Auk þessa er svo að finna í 6. gr. frv. ákvæði um að ríkið stofni til lántöku með hinum norska samningsaðila og verði í fullri og sameiginlegri ábyrgð með honum fyrir lántöku vegna fyrirtækisins sem nemur 11.5 milljörðum ísl. kr. Hér er um býsna miklar fjárskuldbindingar að ræða, enda kemur fram í grg. frv. að áætlað er að stofnkostnaður, þegar allt er talið, stofnkostnaður þessarar verksmiðju sé í kringum 18.4 milljarðar ísl. kr. Hér er því ekki um neinar smáræðis fjárskuldbindingar að ræða, beinar og óbeinar: beinar að því leyti til sem íslenska ríkið á að leggja fram stofnfé og bein framlög af sinni hálfu, og svo óbein framlög þar sem eru ábyrgðir á lántökum sem hljóta að sjálfsögðu að hafa mikil áhrif á aðra lántökumöguleika íslenska ríkisins eða ábyrgðir af þess hálfu í sambandi við aðrar lántökur, sem aðrir, t. d. á vegum íslenskra atvinnuvega, kynnu að leita eftir.

En það er ekki aðeins að hér sé um það að ræða að það sé verið að stofna til atvinnurekstrar sem kallar á mikið fjármagn og margvíslegar fjárhagslegar skuldbindingar, heldur er einnig ljóst af grg. frv. og því, sem áður er komið fram um þetta mál, að hér er um verulegan áhætturekstur að ræða. Eins og ég hef sagt áður var það dómur Union Carbide að eins og málin stæðu væri þetta ekki hagkvæmur rekstur, og það fyrirtæki vildi hverfa frá framkvæmdinni. Af grg., sem hér fylgir með, er líka ljóst að hið norska fyrirtæki viðurkennir að hér sé um býsna mikinn áhætturekstur að ræða. Í mjög lauslegri rekstraráætlun, sem fylgir með frv., er þannig haldið á málum að gert er ráð fyrir að verð á framleiðsluvörum verksmiðjunnar verði allmiklu hærra en það er viðurkennt að vera í dag. Það er bara sett inn í áætlunina að menn reikni með því að verð, sem er talið vera 3200 n. kr. á tonn af framleiðsluvörunum, muni hækka um 200 n. kr. tonnið, og síðan er það sett inn í áætlunina að reiknað er með verðinu 3400 n. kr. á tonn. Það hefði ekki þótt ýkja-álitlegt í sambandi við annan rekstur að geta ekki gengið út frá því verði sem þó er staðreynd á þeim tíma sem er verið að gera samninginn, heldur verða að búa sér til verð til þess að geta náð endum saman í áætlun sem gerð er um verksmiðjuna.

Það er þó viðurkennt að markaður fyrir kísil-

járn hefur verið mjög sveiflukenndur, og mér sýnist að þrátt fyrir það sem á undan er gengið, mikið verðfall á þessari framleiðsluvöru sem varð m.a. til þess að Union Carbide gekk út úr samningunum, þá er nú eigi að síður reiknað í rekstraráætlun fyrirtækisins með hærra verði á kísiljárni en þá var reiknað með. Þá voru menn þó bjartsýnni. Í rekstraráætluninni, þegar Union Carbide stóð hér að samningagerðinni, var reiknað með því að fyrir kísiljárnið fengjust 500 dollarar á tonn, en það er í kringum 95 þús. kr. Nú er hins vegar reiknað með því í þessari rekstraráætlun, sem hér liggur fyrir, að það muni fást 3400 n. kr. fyrir tonnið, en það eru 122 400 ísl. kr. í staðinn fyrir 95 þús. kr. Það er sem sagt í kringum 25% hærra verð. Þó er, eins og ég segi, viðurkennt að verðið á kísiljárni sé ekki svona hátt í dag, en menn séu bara vongóðir.

Sem sagt, miðað við ársrekstur og 50 þús. tonna framleiðslu viðurkenna menn hér í rekstraráætluninni að þeir reikni með tekjum af framleiðslunni, af 50 þús. tonnum, sem nemur 360 millj. kr. hærra verði en verðið er á vörunni í dag. Þetta er það sem þeir viðurkenna sjálfir í grg. En við þessa bjartsýnisáætlun er svo það að athuga, að fyrir liggur að hér er um mjög sveiflukennda vöru á markaði að ræða, — vöru sem hefur að vissu leyti þotið stundum upp í verði, en í annan tíma er hún lítt seljanleg eða hefur stórlega fallið í verði.

Í útreikningum þeim, sem hér fylgja með varðandi rekstur fyrirtækisins, er þó miðað við að svonefnd innri arðgjöf fyrirtækisins, afkastavextir, þeir séu talsvert lægri en reiknað var með í áætluninni hjá Union Carbide. Nú er reiknað þar með 12.4%, en áður var reiknað með 13.6%.

Mér sýnist að sú rekstraráætlun, sem hér fylgir með, sé mjög ónákvæm. Hún er lítið sundurliðuð, og hún er sannarlega ekki traustvekjandi. Það væri hreint ekki óeðlilegt þegar um það er að ræða hvort íslendingar ætli að ráðast í verksmiðjurekstur af þeirri stærð sem hér er um að ræða, að það væri gerð skilmerkileg grein fyrir því, hvaða útlit er um fjárhagsafkomu í sambandi við svona rekstur. En allt er það sem snýr að okkur alþm. a.m.k. varðandi þetta mál, — allt er þetta, eins og málin ber að, mjög tortryggilegt. Það má t.d. benda á það, að enn er gengið út frá verksmiðju af sömu gerð og þeirri sem menn voru að samþykkja í samningunum við Union Carbide. Það er upplýst að verksmiðjan eigi í öllum greinum að vera eins, jafnafkastamikil og framleiða sams konar vöru. En eigi að síður birtist nú hér hjá okkur stofnkostnaðaráætlun sem hækkar á þessum tíma úr 68 millj. bandaríkjadollara upp í næstum 82 millj. bandaríkjadollara, eða sem sagt, stofnkostnaðurinn hækkar á þessum tíma, sem er á milli samninga, tæpum tveimur árum, um rúmlega 20% mælt í dollurum. Engin frambærileg grein er gerð fyrir þessu í grg. þeirri sem fylgir frv., annað en það, að hér sé um almennar verðhækkanir að ræða. En sem sagt, á svona stuttum tíma gerbreytast fyrri áætlanir, sem okkur hafði þó verið sagt að væru vel unnar.

Þegar síðan er betur að gáð kemur í ljós að hinn nýi samningsaðili er farinn að áskilja sér ný fríðindi sér til handa umfram það sem var í fyrri samningi. Nú kemur t.d. í ljós að þetta norska fyrirtæki áskilur sér rétt, — og það er skýrt tekið fram í samningunum að um það sé samið, — að það smíði og selji þá bræðsluofna sem eiga að fara í fyrirtækið. Áður átti þó að kaupa þessa ofna á frjálsan hátt. Félagið átti að kaupa þá miðað við það sem félagið taldi vera besta verð. Nú er þetta hins vegar afgreitt á þann einfalda hátt: Þetta er besta verð, þetta er besti aðili, hann kann til verka, þessi, og við verslum við hann. — Auðvitað er einkennilegt að vera að taka fram í samningum að ofnana skuli kaupa frá þessum aðila. Auðvitað gat hann komið til greina eins og hver annar í sambandi við sjálfstætt og frjálst félag sem hér var myndað og íslendingar áttu meiri hlutann í, og við áttum að velja þar á milli. En sem sagt, samningsaðilinn áskilur sér þennan rétt. Hann ætlar að hanna þessa ofna, og af honum verður að kaupa ofnana.

Annað gerist þar enn furðulegra. Nú er ákveðið að það skuli líða eitt og hálft ár á milli afgreiðslu á fyrri ofninum og þeim síðari og tekið fram, — og það á að vera eins og eitthvert punt gagnvart okkur sem þetta heyrum, — að þetta sé m.a. gert til þess að hægt sé að njóta góðs af hugsanlegri tækniþróun í ofnasmíði sem verði á þessum tíma. M.ö.o.: það á að nota okkur í þessu tilfelli til þess að reyna fyrri ofninn, sjá hvernig hann gefst, gera á honum breytingar og segja: Þetta er nú kostur fyrir ykkur, að fá seinni ofninn þegar við erum búnir að æfa okkur á þeim fyrri. — Ekki er þetta beint traustvekjandi. En skyldan er fortakslaus, að það á að kaupa líka seinni ofninn af samningsaðila, svo að það er sýnilegt að hann hefur búið mjög sómasamlega um sína hnúta.

Í þessum efnum vil ég segja það, að við höfum fengið eitt dæmi hér inn í þingið sem við ættum að hafa þegar dregið af nokkurn lærdóm, en það eru samningarnir, sem gerðir voru við svissneska álfélagið varðandi Straumsvík þegar samið var þar, í þykkri og mikilli bók. Ég verð að játa það, að ég var einn af þeim sem fengu að sjá þessa bók áður en endanlega var frá þessu gengið. Miklir vísindamenn af okkar hálfu, allt upp í seðlabankastjóra, stóðu fyrir því að fara yfir þessa samninga og vanda þá vel. Þar var samið um tiltekna skattgreiðslu, svonefnt framleiðslugjald, sem greiða átti af þeim rekstri. Nú liggur óumdeilanlega fyrir að þegar dæmið var gert upp eftir 6 ára rekstur, þá var svo haganlega gengið frá öllu orðalagi varðandi þetta framleiðslugjald álverksmiðjunnar að fyrirtækið slapp við alla skattgreiðslu. Það átti inni hundruð millj. kr. á biðreikningi þegar upp var staðið eftir 6 árin. Það hafði að vísu borgað og borgað, en það reyndist allt innistæða og við skulduðum þeim heilmikið fé í lok þessa 6 ára tímabils. Raunveruleikinn var sá, að þeir höfðu sloppið nálega algerlega við alla skattgreiðslu vegna afkomu sinnar eftir sínum reikningum. Það leikur enginn vafi á því að þeir af hálfu íslendinga, sem gerðu þetta samkomulag á sínum tíma við svisslendingana, léku af sér. Okkar menn léku af sér, þeir sömdu af sér. Þarna var komið svo saman-

flókið og pússað orðalag, að það skildi enginn neitt, og það endaði í þessum ósköpum sem við þekkjum.

Ég álít því að við eigum að læra í þessum efnum af reynslunni. Við eigum að gæta vel að því hvernig er staðið að samningum, þó að menn geti sagt fyrir fram: Ja, þetta er nú sjálfur Union Carbide eða þetta er nú sjálfur Elkem, og þeir kunna nú aldeilis þessi mál, hvað eru menn að efast um það sem þeir segja? — Það er enginn vafi á því að þessir aðilar, sem semja við okkur, eru harðsvíraðir viðskiptamenn. Þeir eru mjög harðsvíraðir í viðskiptum. Þeir fara eins langt og þeir geta. Þeir tryggja sig eins vel og mögulegt er. Og það reynir vitanlega á það af okkar hálfu að við grandskoðun um hvað erum við að semja, hvað kemur raunverulega út úr því. Ég álít t. d. fyrir mitt leyti að það nái engri átt að kyngja því, án þess að gerð sé skilmerkileg grein fyrir því, í hverju það liggur að verksmiðja af þessu tagi, sem á að vera nákvæmlega eins nú og hún átti að vera samkv. fyrri samningum, skuli hafa þotið upp í verði um 20% mælt í dollurum á þessum tíma. Ég álít líka að það nái engri átt af aðila, sem á að eiga 55% í fyrirtækinu, að fallast á það gagnvart hinum aðilanum, sem á að eiga 45%, að það verði að kaupa af honum tiltekna hluti. Það á því aðeins að kaupa þá, þegar um útboð er að ræða og ákvarðanir verða teknar, að hann sé samkeppnisfær við aðra. En þetta er eitt skilyrði af hálfu hins norska viðsemjanda í þessu tilfelli, og hann hefur þrýst þessu inn í samningana.

Þegar menn reyna að átta sig á því hversu vænlegt fyrirtæki þetta muni verða fyrir okkur rekstrarlega séð, þá held ég að það sé enginn vafi á því að niðurstaðan verði a. m. k. sú, að menn viðurkenni að hér er um mikinn áhættureksturað ræða og mjög tvísýnt hvort hér getur orðið um ábata að ræða eða ekki. Ég fyrir mitt leyti óttast það mjög að hér geti orðið á verksmiðjurekstrinum sem slíkum um verulegan hallarekstur að ræða, a. m. k. í mörgum tilfellum. Þar hef ég fyrir mér ekki lakari mann, eins og þar stendur, en Union Carbide sjálfan, sem hefur játað það, sá aðili, að þetta væri ekki fýsilegt fyrirtæki eins og sakir standa. En aftur á móti: Þora menn að gera sér grein fyrir því að viðsemjandi okkar, hinn norski aðili, hefur tryggt sig hýsna vel? Ég held að það megi gerast talsvert í þessum rekstri áður en hann fer að tapa í beinum peningaútlátum. Í fyrsta lagi á hann að hafa alger a yfirstjórn og ráða allri hönnun og fyrirkomulagi í þessari verksmiðju, selja hingað dýrustu tækin, og hefur eflaust eitthvað talsvert upp úr því. Hann á svo að fá verðlagða af sinni hálfu svonefnda tæknikunnáttu. Hún er metin strax í byrjun sem stofnframlag af hans hálfu, og síðan á að meta einnig til hans í rekstrinum sérstaka tæknibróun. Hann á að fá greiðslu inn í reksturinn fyrir það að hann kunni hér til verka. Og svo síðast, en ekki síst áskilur þessi aðili sér einkarétt á því að selja alla framleiðslu verksmiðjunnar og áskilur sér þar, engu að síður en sá ameríski gerði áður, hýsna myndarleg sölulaun eftir því sem við þekkjum þau. Mér sýnist því að það megi talsvert gefa á áður en þessi norski aðili fer að tapa í beinum peningaútlátum. Við værum ábyggilega komin í svo mikinn rekstrarhalla að við færum að taka til athugunar hvort við gætum haldið svona rekstri áfram, um það bil sem sá norski þyrfti að fara að greiða með þessum rekstri. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, að það kunni að vera einhverjar vonir hjá þessum norska aðila til þess að a. m. k. sum árin geti hann haft eitthvað í hagnað þegar hann metur alla þá sérstöðu sér til handa sem gert er ráð fyrir í frv.

Með þessu, sem ég hef sagt hér, hef ég viljað leggja áherslu á það, að ég held að það sé ómótmælanlegt að hér er um atvinnurekstur að ræða sem er áhættumikill, og ég teldi blátt áfram fífldirfsku í þessu tilfelli að reikna með því að hér geti verið um þann verksmiðjurekstur að ræða sem ætti að hafa einhver afgerandi áhrif á rekstur okkar þjóðarbús tekjulega séð.

Ég held að við nánari athugun muni menn komast að þeirri niðurstöðu, að það megi í raun inni heita vel sloppið ef rekstur verksmiðjunnar út af fyrir sig slyppi við töp, sú hlið rekstrarins sem snýr að okkur. Ef þetta er svo, þá stöndum við frammi fyrir því að við erum að gera hér raforkusölusamning sem líklega kemur út með tapi fyrir okkar þjóðarbú og okkar atvinnuvegi. Við verðum sennilega að borga þar með orkunni. Við erum a. m. k. að selja orkuna langt undir því verði sem tíðkast. Við fáum verksmiðju sem í besta falli gæti kannske staðið á núlli. Til hvers er þá leikurinn gerður? Jú, hér skapast ný vinna, vinnumöguleiki, nýir möguleikar til atvinnu fyrir menn. Í þeim áætlunum, sem lágu hér fyrir af hálfu Union Carbide, var gert ráð fyrir að í þessari verksmiðju ynnu samtals 115 menn, 27 af þeim áttu að vera á skrifstofum og við óbein störf, en 88 áttu að vera eiginlegir verksmiðjustarfsmenn. Það var nú allt og sumt. Það var gert ráð fyrir samtals 115 nýjum atvinnutækifærum: 27 voru flokkuð undir skrifstofustörf og þess háttar og 88 atvinnupláss áttu að skapast til venjulegra verksmiðjumanna. Nú er að vísu búið að færa þessa tölu úr 115, — og það er ein breytingin sem maður hlýtur að vilja fá upplýsingar um, — nú eru menn farnir að tala um að það þurfi í verksmiðjunni 150 manns, án þess að gerð sé nokkur frekari grein fyrir hvernig á þessari breytingu stendur. En hvort heldur sem er, 115 menn eða 150, þá sjá auðvitað allir að við getum ekki lagt nein ósköp á okkur í sambandi við það að skapa þau nýju atvinnutækifæri. Við höfum möguleika á öðrum sviðum, sem liggja miklu nær okkur, til þess að skapa ný atvinnutækifæri eða til þess að sinna verkefnum sem við vitum að eru hagstæð verkefni. Við þurfum ekki að leggja á okkur allan þennan krók, ryðjast áfram í stórvirkjunum, selja mikinn hluta af orkunni á óhagkvæmu verði, fara í stórkostlegan áhætturekstur, til þess að útvega 115—150 mönnum vinnu.

En þá hlýtur maður að spyrja: Hvað er það, hvað getur það verið sem rekur menn áfram til þess að berjast á þann hátt, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert, í þessu máli? Hvað er það, sem rekur menn áfram með það að ráðast í

framkvæmd af þessu tagi? Það er í rauninni hendi næst að nefna eitt atvinnutækifæri sem við stöndum frammi fyrir nú í dag og ég tel mjög vannotað af okkar hálfu.

Það hefur verið bent á það hér nýlega í umr. á Alþ. að fiskifræðingar okkar telji að loðnustofninn hér við land þoli auðveldlega svona 600—800 þús. tonna ársveiði. Það hefur líka verið bent á það, að á því leikur enginn vafi að við erum nú þegar með veiðiflota í gangi sem getur veitt allt þetta magn þegar það dreifist á þetta langan tíma, að það er ekki aðeins vetrarloðnan, heldur einnig sumar- og haustloðnan. Það er enginn minnsti vafi á því, að þessi 65 skip, sem stunda veiðarnar nú, geta komið með allan þennan afla að landi og það án þess að þau þurfi að vera að allan tímann.

Það hefur líka verið bent á það, að við eigum síldarverksmiðjukost í landinu sem samkv. skýrslum er áætlað að geti afkastað 12 þús. tonnum á sólarhring í vinnslu. Þá sjá menn að 600 þús. tonna afli er 50 daga fullvinnsla fyrir allar verksmiðjur sem við eigum. Ég efast auðvitað ekkert um að menn sjái á því ýmis tormerki að allar verksmiðjurnar vinni í 50 daga hver. En sannleikurinn er sá, að það er auðvelt verk að koma því til leiðar. Við erum nefnilega svo heppin í sambandi við loðnuveiðarnar, að loðnan er að veiðast smám saman svo að segja allt í kringum landið. Hún byrjar út af Kolbeinsey, heldur síðan áfram austur með Norðurlandinu, við Grímsey, út af Sléttu, út af Langanesi, úti fyrir Austurlandi, síðan fyrir Suðurlandi, hér í Faxaflóa og alveg að Snæfellsnesi. Ef við t. d. útbyggjum okkur á svipaðan hátt með okkar bræðslur eins og hér hefur verið upplýst að norðmenn gera með sínar bræðslur, þá gætu þessar bræðslur okkar leikið sér að því að vinna þetta magn, — alveg leikið sér að því, — eins og það berst að landi. Það er mín skoðun að ef við beittum sæmilegum ráðum núna til þess að leggja fé í flutningasjóð loðnuskipanna, annaðhvort skylduðum þau sjálf til þess að leggja meira í sjóðinn, eins og hefur verið gert, eða hlutuðumst til um það á annan hátt, þá gætum við auðveldlega dreift þannig úr flotanum að verksmiðjukosturinn nýttist miklu betur en er. En það atriði, hvort við veiðum 400 þús. tonn af loðnunni allt árið eða 600 eða 700 þús. tonn, þar er um að tefla verðmæti upp á 6—7 milljarða kr. sem segja má að nýtist okkur svo að segja til fulls, vegna þess að þarna er um að ræða nýtingu á skipaflota sem við eigum, nýtingu á verksmiðjukosti sem við eigum, og vinnuaflið er til. Þetta er líka verk sem við kunnum eitthvað í.

En okkur er sagt: Það vantar peninga í þetta. Það þarf að laga eitthvað til hjá verksmiðjunum, það þarf að gera eitthvað og það vantar nú peninga. — En á sama tíma eru menn að segja: Allt í lagi að leggja fram í einu 2.5 milljarða í hlutafé í þá verksmiðju sem ég hef hér verið að ræða um, og byggja fyrir hana alveg sérstaka höfn upp á 800 millj. kr.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að hér er um það að ræða að við veljum á milli, í hvað ætlum við að setja okkar fjármagn, það sem við getum fengið að láni, það sem við getum lagt fram. Ætlum við að ráðstafa því á þann hátt, sem þarna er gert ráð fyrir, eða á annan veg?

Ég er á þeirri skoðun að við séum í þessum efnum að velja alveg ranga leið. Og þá er ég kominn að þeim stóra þætti þessa máls sem engin leið er að víkja sér undan að ræða um, en það er um stóriðjustefnuna sjálfa.

Það er ekkert um að villast að það eru ýmsir hér í okkar landi sem eru uppfylltir af því að við eigum að velja stóriðjustefnuna, það sé hún sem eigi að koma til til þess að bjarga okkur efnahagslega. Þessir aðilar byrja gjarnan ræður sínar og skrif á því að segja: Sjávarútvegurinn getur ekki tekið við meiru en hann tekur við í dag. Þar er allt komið á enda. Landbúnaðurinn tekur að sjálfsögðu ekki við neinu til viðbótar. — Þetta er það sem menn gefa sér í byrjun málsins, svo vitlaust sem það er. Á innlenda iðnaðinn minnast menn ekki nema við hátíðleg tækifæri, því að það er eins og enginn reikni með því að hann geti gefið neitt af sér. Það verður að efla iðnað, segja menn, og meina þá stóriðju. Og þá meina þeir það, að við eigum að ráðast í þessa stóriðjuna og hina stóriðjuna. Þarna er auðvitað ekkert undan að hlaupa. Ég veit að við viss tækifæri setur ótta að þeim stóriðjumönnum. Þeir verða hálfskelkaðir, jafnvel við eigin hugmyndir, eða a. m. k. vilja ekki kannast við þær. Þeir segja þá gjarnan: Þetta á nú ekki að verða mjög mikið. — Fyrst átti þetta bara að verða ein álverksmiðja til reynslu og síðan ein verksmiðja uppi á Grundartanga. En það hafa þegar komið fram áætlanir, sem birtar hafa verið, um þessar stóriðjuhugmyndir. Þær hafa komið fram og þær eru næstum að segja rosalegar. Þeir aðilar, sem einkum prédika þetta og hafa reynt að fá menn til þess að trúa því að hér væri leiðin út úr öllum vandanum, hafa gert þessar áætlanir. Hér eru t. d. í svonefndri töflu nr. 18 stóriðjuhugmyndir iðnþróunarnefndar. Þar er þessi áætlun: Málmblendi 1 í Hvalfirði 1976, það hefur nú gengið ögn úr skaftinu. Síðan kemur álver 1 í Straumsvík, það er 1980, álver 2 í Straumsvík, líka 1980. Síðan kemur málmblendi, Eyjafjörður 1981. Síðan kemur málmblendi 2 í Hvalfirði, enda er í þessum drögum, sem hér liggja fyrir, áskilið af norska fyrirtækinu að það fái nægilegt land undir tvær verksmiðjur eða stækkun um helming. Svo kemur magnesíum á Reykjanesi, álver 1 á Reyðarfirði og álver 2 á Reyðarfirði, og auðvitað er þessi listi miklu lengri. Menn fengu að sjá byrjunarteikningu af einu slíku í Eyjafirði. Og við sjáum þá annað slagið, þessa ágætu menn, skálma um heiðar á Austurlandi þegar þeir eru að stinga þetta út, hvar þeir eigi nú að bera niður þar. Það eru þessar hugmyndir sem auðvitað tákna það að þeir, sem að þeim standa og hafa iðulega skrifað um þetta og rætt um þetta sem framtíðina, gera ráð fyrir framkvæmdum, — það er þetta sem ætti að ræða hér um í dag.

Mér liggur við að segja í sambandi við þessa járnblendiverksmiðju uppi í Hvalfirði svipað og ég sagði um álverið í Straumsvík á sínum tíma þegar ég barðist sem mest á móti því. Ég held að ég mundi jafnvel samþykkja það með ykkur,

sagði ég, þetta álver þarna suður frá, ef ég væri alveg viss um að þið fitjuðuð aldrei upp á neinni stóriðju til viðbótar.

Það versta við álverið var að það var fyrsta skrefið. Það skyldi enginn halda að menn séu nú aðeins að hugsa um að taka bara eitt skref til viðbótar, bara eina járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, svo sé allt búið. Þannig er málið ekki. Auðvitað vitum við að ákvörðun er t. d. tekin um það í skyndi, í rauninni þvert ofan í það sem búið er að gefa yfirlýsingar um hér á Alþ., það er allt í einu ákveðið að ráðast í Hrauneyjafossvirkjun upp í 140 mw., — sem auðvitað er líka ósatt út af fyrir sig því að ákvörðunin var raunverulega um 210 mw. virkjun við Hrauneyjafoss, um það eru allar áætlanirnar, það er auðvitað ekki hægt að veita leyfi núna nema fyrir 140 mw. af því að í lögunum um Hrauneyjarfoss var ekki heimilað að byggja nema 170 mw. stöð, hitt á að koma á eftir.

Til hvers var þessi ákvörðun tekin núna um að gefa Landsvirkjun leyfi til þess að ráðast í virkjun Hrauneyjafoss? Auðvitað sjá allir og vita að það er ekki verið að ráðast í það að gera þá virkjun á þessu stigi málsins vegna okkar almennu innanlandsþarfa. Það fer út úr öllum áætlunum sem fyrir liggja. Ef orkan úr Hrauneyjafossi ætti að notast af okkur Íslendingum sjálfum og einum, okkar iðnaði og í sambandi við okkar almenningsþarfir, þá væri sú virkjun mjög óhagkvæm, svo stór sem hún er, eins og nú standa sakir. Það er ekki kominn tími til að setja hana inn í kerfið. Það lágu fyrir hugmyndir um aðrar virkjanir sem hæfðu miklu betur þörfum okkar og öryggi, eins og málin lágu fyrir nú. Um þetta liggja hér fyrir margar skýrslur frá þeim fræðimönnum sem um þetta hafa fjallað og sent okkur þm. En ákvörðunin um Hrauneyjafoss er tekin vegna þess að menn eru á fullri ferð í stóriðjustefnunni. Og þegar menn eru vel byrjaðir að virkja í sambandi við Hrauneyjafoss, þá koma upp kröfurnar um að auðvitað verðum við að selja þessa orku, það er ekkert vit í öðru, við verðum að semja við einhvern útlending, betra er að fá lágt verð en ekkert. Þannig hefur þetta gerst. Og þá kemur auðvitað upp nákvæmlega sama röksemdin og menn notuðu um Sigöldu, að hún upp á 150 mw. væri þannig virkjuð að það borgaði sig að selja helminginn af orkunni til annarra, fremur en að við værum að bauka við að koma orkunni út til okkar eigin nota. (**Iðnrh.**: Hver tók ákvörðun um 150 megawött í Sigölduvirkjun?) Það voru sambykkt lög um það fyrir mörgum árum — já, og ákvörðun um framkvæmdina? (**Iðnrh.**: Um virkjunarleyfið?) Ég er algerlega sambykkur því leyfi. Ég álít að það hafi verið alveg nauðsynlegt. Við gátum notað það, eins og þá var ætlað, allan tímann, að við værum ekki bundnir af því að þurfa að ráðstafa neinu af þeirri orku til neinna stórra kaupenda. Mér er vel kunnugt um það, að þegar ákvörðunin var tekin um virkjun Sigöldu upp á 150 mw. — og þá var fyrst reiknað með því að hún yrði tekin í gagnið í þremur áföngum: 50, 100 og síðan 150, þá kom það alveg skýrt fram hjá Alþjóðabankanum, sem veitti lán, að hann setti enga kröfu um að við semdum fyrir fram við neinn stóran orkukaupanda. Það var algerlega frjálst fyrir okkur að ráðstafa orkunni. Og þó að þá væru uppi þessi sjónarmið hjá ýmsum, að það væri hagstætt að selja stóran hluta af orkunni strax, þá var hin skoðunin alveg ríkjandi, að við ættum að nota þá umframorku, sem yrði í byrjun frá Sigöldu, fyrst og fremst til húshitunar og til þess að efla eigin iðnað.

Ég heyri það líka og sé á öllu að hæstv. iðnrh. er að ræða við svissneska álfélagið um næstu stækkun álversins í Straumsvík. Það hefur komið hér fram opinberlega að hann sé í viðræðum við þessa aðila um þennan möguleika, að selja þeim til viðbótar 80 mw. orku og bæta þar við þriðja kerskálanum, sem þýðir 40 þús. tonna framleiðslu af áli til viðbótar. Viðræður standa yfir um þetta. Ákvörðun hefur ekki verið tekin. Þetta hefur hæstv. iðnrh. staðfest opinberlega, að þessar viðræður hafi átt sér stað og standi enn yfir.

Það er skoðun mín að okkur beri einmitt að meta það í þessum efnum öllum hver er okkar stefna varðandi þróun íslensks atvinnulífs og varðandi þessi mál. Er það stefnan að við eigum að leggja okkar fjárhagslega afl í meginatriðum í það að fá lán til þess að virkja og virkja og virkja stórt, selja jafnan mikinn hluta af orkunni frá hverri virkjun til útlendinga sem vildu reisa hér verksmiðjur sem þurfa á mikilli raforku að halda, sem sagt, við förum út á þessa braut til að gera stóriðjuruksturinn verulega áhrifaríkan í okkar þjóðarbúskap? Er þetta stefnan? Trúa menn því, að þetta muni leysa einhver fjárhagsvandamál okkar? Eru þeir ekkert hræddir við mengunarvandamálin sem fylgja stóriðjunni? Eru þeir ekkert hræddir við þá byggðaröskun sem mundi fylgja í kjölfar slíks stóriðjurekstrar? Finnst þeim að þessi stóriðjustefna sé samrýmanleg hinni margumtöluðu byggðastefnu?

Ég get ekki fyrir mitt leyti séð að þessi stóriðjustefna sé á nokkurn hátt samrýmanleg byggðastefnu. Það er nú einu sinni svo með virkjanirnar, þessar stóru, og stóriðjufyrirtækin sjálf, verksmiðjurnar, að það er ekki hægt að koma þeim á mjög marga staði. Þær verða eðli málsins samkv. á tiltölulega fáum stöðum og mundu draga að sér fólk og vinnuafl til þeirra staða.

Það er mín skoðun að við höfum þegar fengið þá reynslu af hinum erlendu stórfyrirtækjum, sem hafa rekstur af þessu tagi með höndum, að þau séu að vísu til viðtals um að kaupa af okkur allmikið af okkar orku, en að þeir séu ekki til viðtals um að gefa það verð fyrir orkuna sem er í einhverri líkingu við hið almenna orkuverð í heiminum. Þeir taka ævinlega á þessum málum þannig, að þeir segja: Við skulum reikna út hvað það kostar ykkur að framleiða þessa orku sem við ætlum að kaupa. Við skulum gefa ykkur það verð fyrir orkuna sem stendur undir framleiðslukostnaði, en ekki heldur meira. — Þetta hefur verið stefnan, þetta hefur komið fram hjá þeim, og við höfum samið þannig óumdeilanlega við álverið að þar höfum við lent undir strikinu.

Ég hef haldið því hér fram að nú stefni á hið sama varðandi samninginn við Elkem, að þar séum við einnig að leggjast undir þann vanda að þurfa að borga með rafmagninu á komandi árum. Ég get því ekki séð að þessi stóriðjustefna sé vænleg fyrir okkur, en hún umturnar svo að segja okkar eðlilega atvinnulífi.

Og þá er komið að því atriði: Er hægt að hugsa sér nokkra framtíð hér á Íslandi eftir 10, 20 eða 30 ár ef við eigum að byggja okkar atvinnulega grundvöll í meginatriðum á þeim undirstöðum sem við höfum byggt á til þessa? Ég er á þeirri skoðun, að þar höfum við svo mikil verkefni að vinna að ég sé enga leið til þess að þessi fámenna þjóð komist yfir öll þau verkefni. Þó að menn tali nú í dag um að fiskurinn sé búinn í sjónum og að sjávarútvegurinn geti ekki gert meira, þá er það auðvitað hrein fjarstæða. Þannig geta í rauninni engir menn talað um okkar sjávarútveg sem vita um hvað við vorum að berjast í landhelgismáli okkar. Fiskifræðingar okkar hafa sent okkur skýrslu um að innan skamms eigum við íslendingar að geta tekið af Íslandsmiðum rúmlega helmingi meiri fiskafla í tonnum mælt af svonefndum botnfiski en við höfum nokkurn tíma tekið áður. Þetta eru skýrslur sem liggja fyrir frá Hafrannsóknastofnuninni. Þeir reikna með því að það sé hægt að taka úr þessum botnlægu stofnum á milli 900 þús. tonn og 1 millj. tonna, það sé hið eðlilega sem þessir stofnar gefi af sér. En ég bæti við það, að hér eru margar aðrar fisktegundir sem við getum líka gert stórmikið meira úr fyrir okkur en við höfum gert. Og svo liggur allt hitt eftir, þ. e. að gera þá vöru, sem þarna stendur okkur til boða, að margfalt verðmætari vöru en við höfum gert hingað til. Ég held því fram að það sé engin leið að nýta þessa auðlind okkar, sem við erum nú búin að fá vald yfir, til neinnar hlítar án þess að beina meira vinuafli inn á þetta svið, og þá á ég ekki bara við það svið að við þurfum á fleiri sjómönnum að halda, ekki síður hitt, að við þurfum sérstaklega stóraukinn mannafla til þess að vinna úr þeim verðmætum sem þarna er um að ræða. Ég álít að matvælaframleiðsla af þessu tagi sé langsamlega aðgengilegasta framleiðsla sem við getum yfirleitt valið okkur og miklu öruggari en allar stálbræðslur og alúmíníumbræðslur.

En þarna hef ég aðeins minnst á sjávarútveginn. Ég er ekki í nokkrum vafa um það heldur, að við getum gert á sviði okkar iðnaðar miklu meira en við höfum gert. Þar er ég á þeirri skoðun að við þurfum að lyfta undir okkar iðnað. Það getur vel verið að við verðum að gera vel við okkar iðnað í sambandi við orkusölu. Og það getur vel verið að við verðum eins og flestar aðrar þjóðir, að vernda okkar iðnað í vissum greinum á fyrsta framleiðslustiginu, á meðan hann er að ná sér upp. Það getur vel verið. Og við eigum þá ekki að hika við að gera það. En auðvitað er okkar almenni iðnaður hér, eins og við vitum, að langmestu leyti smáiðnaður sem hefur búið í rauninni við hokurbúskap. Með því að selja þessum iðnaði raforku fengjum við margfalt verð fyrir orkueininguna borið saman við að selja orkuna í heildsölu til orkufreks iðnaðar sem allar eitthvað þróaðar iðnaðarþjóðir í dag hafa löngu yfirgefið. Þær taka ekki í mál að ráðstafa orku sinni til þessara aðila, og því eru þessir karlar, eins og Union Carbide og Elkem, þeysandi um alla veröld ef þeir gætu fengið einhvern sveitamann til þess að vilja selja sér orkuna á hálfvirði. Og það er einmitt það sem er að gerast hér hjá okkur. Við erum að ráðstafa þessari orku, við erum að ráðstafa okkar bestu virkjunarmöguleikum og ódýrustu orku sem við getum framleitt, við erum að ráðstafa henni langt fram í tímann.

Það er einnig skoðun mín, að t. d. skynsamleg stjórn á okkar sjávarútvegsmálum, okkar fiskvinnslumálum og þeim möguleikum, sem okkar landbúnaður hefur að bjóða, og í sambandi við iðnað úr okkar landbúnaðarvörum og í sambandi við okkar almenna innlenda iðnað, þessar greinar falla eðlilega að því íslenska þjóðfélagi sem við höfum lifað í. Fiskimiðin eru dreifð allt í kringum landið. Það er hægt að leyfa fólkinu að byggja allt Ísland þó að það standi í fullkominni framleiðslu á þessum sviðum. Landbúnaður verður ekki stundaður öðruvísi en að nýta að langmestu leyti allt landið. Þessir gömlu atvinnuvegir okkar uppfylla kröfur byggðastefnunnar, þeir falla þar við, en stóriðjan ekki. Ég álít því að stóriðjustefnan, sem raunverulega liggur á bak við það frv. sem hér er um að ræða, sé röng stefna, hún skili ekki því sem menn hafa haldið að hún muni skila okkur og okkar þjóðarbúi, hún stefni í öfuga átt. Og ég held að við eigum að hressa svolítið upp á trú okkar á eigin atvinnulíf. Þar er allt of mikil uppgjöf sem að mínum dómi á langsamlega mestu leyti rætur að rekja til þess, því miður, að það koma hjá okkur hálærðir hagspekingar sem hafa verið í skólum svo að segja allt sitt líf, en lítið komið að praktískum hlutum eða að rekstri í atvinnulífinu, þeir koma með töflur upp úr erlendum bókum og halda það, af því að það rauk einu sinni vel úr strompum úti í hinum stóra heimi þar sem var rekin stóriðja af þessu tagi, að þá þurfum við einmitt að fá þetta eins. Og þeir hafa vantrú á, þeir skilja ekki gildi okkar eigin atvinnulífs. Ég er á þeirri skoðun að hæstv. ríkisstj. mætti taka þetta til nýrrar ahugunar.

Ég veit að ég hef þegar talað nokkuð lengi hér við 1. umr. málsins. En sannleikurinn er sá, að ég hefði gjarnan viljað tala hér miklu lengur, og mér finnst þetta mál, sem hér liggur fyrir, fyllilega gefa tilefni til þess. En ég skal nú fara að stytta mál mitt. Ég veit að það eru margir fleiri á mælendaskrá og vilja taka til máls. En það er enginn vafi á því, að það er full ástæða til þess að við hugum að því á nýjan leik hvert við stefnum varðandi þessi mál.

Hæstv. iðnrh. hefur verið að mínum dómi afskaplega glaður virkjunarmaður á tímabili, og stóriðjumaður held ég að hann sé mikill. Ég vil ekki álasa honum á neinn hátt fyrir það þó að hann hafi viljað gera stórt í okkar virkjunarmálum. Það er ofureðlilegt. En að því leyti til sem þar má gera betur en áður var gert, þá held ég að hann þurfi að huga betur að því að við þurfum á þessum virkjunum að halda sjálfir.

Hæstv. ráðh. sagði hér snemma á árinu 1975 að næsta stórvirkjun, sem ráðist yrði í, yrði á Norðurlandi og það yrði tekin ákvörðun um stór-

virkjun á Norðurlandi áður en nokkur ákvörðun yrði tekin um Hrauneyjafoss. Blöðin slógu þessu öllu upp og hæstv. ráðh. fékk nokkrar þakkarræður hér á Alþ. Menn stigu hér fram hver af öðrum, einkum þm. af Norðurlandi, og þökkuðu ráðh. fyrir drengilega yfirlýsingu í þessum efnum. Og þegar formanni landsvirkjunarstjórnar, þeim mikla valdamanni, þótti nóg um þessar yfirlýsingar, því að hann var á annarri skoðun, þá hélt hann líka mikla ræðu um þetta leyti og sagði auðvitað allt annað. Hann sagði: Hrauneyjafoss, Sultartangi. — Ég er með þessar ágætu útskriftir úr blöðunum, og það er mjög gaman að lesa þetta stundum. Og þegar hann hafði haldið hér ræðu og sagt, að hér ætti fyrst að koma Hrauneyjafoss og síðan Sultartangi, og vildi helst ekki nefna Blöndu eða neitt þess háttar, og það var þjappað svolítið að hæstv. ráðh. hvort það væri eitthvert hik á honum með Hrauneyjafoss, þá sagði hæstv. ráðh., eins og ekkert hefði í skorist, Morgunblaðið hefur það eftir honum 19. mars 1975: „Bæði ráðist í stórvirkjun við Hrauneyjafoss og fyrir norðan.“ Báðar í einu, ekkert við það að athuga. Ein Blanda fyrir norðan, einn Hrauneyjafoss fyrir sunnan. (**Iðnrh.**: Ekki báðar í einu.) Þannig kom þetta nú fram hjá hæstv. ráðh., og þannig hafa blaðamennirnir skilið þetta, að það mætti vinna að þeim báðum í einu.

En hvað um það, ég efast ekkert um að hæstv. iðnrh. hefur ekki verið á þeirri skoðun sem kom fram í þessum yfirlýsingum snemma árs 1975. Hann hefur ekki verið á þessari skoðun, að það mætti gjarnan virkja bæði Blöndu og Hrauneyjafoss, þó að unnið væri að báðum á sama tíma, nema vegna þess að hann var þá á stóriðjubrautinni. Hann hugsaði sér að þarna ætti eitthvað að fylgja á eftir. Honum hefur ekki dottið í hug að við ættum að setja allt þetta afl inn á orkukerfi okkar án þess að eitthvað fylgdi á eftir. Auðvitað er þetta hægt. Það er hægt að ráðast í þessar virkjanir. Og auðvitað kemur að því að það verður virkjað í Blöndu, og Hrauneyjafoss verður virkjaður áður en langt líður. Það er enginn vafi. En spurningin er bara þessi: Eigum við að ráðast í þessar virkjanir miðað við þörf okkar sjálfra til þess að við fullnægjum vel óskum okkar eigin iðnaðar og öryggi landsmanna sjálfra og þess hagkerfis sem við ætlum að byggja á? Eða eigum við að láta hitt ráða ferðinni, að við virkjum eftir því sem við getum selt með þessum líka dásemdarkjörum til útlendinga? Ég held að það sé enginn vafi á því að hæstv. iðnrh. hefur ekki dottið í hug að við íslendingar sjálfir ættum að eiga — ekki einu sinni 55% af öllum þessum stóriðjuverksmiðjum sem yrðu að fylgja á eftir svona virkjunum. Hann hefur ábyggilega reiknað með því að útlendingar yrðu að eiga þetta, kannske að öllu leyti, en honum hefur ekki dottið í hug að þetta gæti orðið eign okkar nema þá að mjög litlu leyti.

En þarna er sem sagt aftur komið að því sem ég var að tala um áðan og ég tel að sé meginmálið í þessum efnum: Hvert stefna menn? Að hvaða marki eru menn að keppa? Ætla þeir að fara stóriðjuleiðina, eða getum við byggt í grundvallaratriðum á okkar eigin atvinnulífi? Ég álít fyrir mitt leyti að það sé ekkert við það að athuga að það geti komið inn í kerfið eitt og eitt fyrritæki sem við getum kallað stóriðjufyrirtæki, sem við eigum sjálfir, sbr. t. d. byggingu sementsverksmiðjunnar á sínum tíma og áburðarverksmiðjunnar. Það getur fyllilega komið til mála að við reisum aðra áburðarverksmiðju. Slíkar framkvæmdir trufla ekki á neinn hátt þá meginstefnu í atvinnuþróuninni sem ég er hér að mæla með. En það er hin stefnan, sem byggir á stóriðjukenningunni, það er hún sem er röng.

Það væri ábyggilega gagnlegast í þessum efnum ef hæstv. iðnrh. og samráðh. hans hefðu viljað taka nú til nýrrar endurskoðunar samningagerð sína alla við útlendinga um orkusölu. Ég er enn á þeirri skoðun, að ef hæstv. iðnrh. kæmist að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa athugað málið gaumgæfilega, að við hefðum ekkert út úr raforkusölunni, að raforkusalan sem slík væri ekki hagkvæm, þá mundi hann fara að hika við áframhaldið í þessum efnum. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, og ég er næstum viss um að hæstv. iðnrh. hefur þegar fundið það, að iðnaður okkar íslendinga sjálfra, hinn innlendi iðnaður okkar, er þegar að búa sig út með sterkar kröfur um að fá raforkuna á allt öðru verði en hann hefur verið látinn borga til þessa. Við komumst ekki upp með það að haga okkar raforkumálum á þennan veg, að við látum stóran hluta af orkunni fyrir lítið eða á undirverði til útlendinga og verðum svo að hækka í sífellu raforkuverðið til annarra. Við getum auðvitað ekki látið bjóða okkur til lengdar að það sé hægt að segja með sanni að raforkuverð til heimilanna hér á Íslandi og til iðnaðar sé miklum mun hærra en raforkuverð er til iðnaðar og til heimilisrekstrar í þeim löndum sem framleiða alla sína raforku svo að segja með olíuvélum. En þannig er ástandið í dag. Við erum alltaf að velta þessum byrðum yfir á okkar iðnað og okkur sjálfa, af því að við verðum að borga með þessum erlenda rekstri. Auðvitað erum við að gera það í miklu fleiri formum en bara í sambandi við raforkuna. Menn ættu að meta hvaða friðindi liggja í því, þegar slíkt stóriðjufyrirtæki kemur til sögunnar, að þá fær það alls konar tollfríðindi. Þegar á að byggja svona verksmiðju, þá má kaupa alls konar vinnuvélar og tæki án þess að borga nokkur gjöld af því. Þá er það undanþegið öllum gjöldum. En ef við kaupum sams konar vélar fyrir fiskiðjuver eða innlendan iðnað eða ráðumst í eitthvað fyrir okkar eigin atvinnuvegi, þá verða þeir að borga full gjöld til samfélagsins. Auðvitað nær engri átt að ætla að halda áfram á þessari braut, að veita þessum aðilum stórkostleg hlunnindi, byggja fyrir þá hafnir, leggja fyrir þá vegi, sleppa þeim við þinglýsingargjald, eins og hér er gert ráð fyrir, sleppa þeim við tollgreiðslur og söluskatt og halda svo fram að þetta séu miklu betri fyrirtæki heldur en hin, sem verða að rísa undir hinum samfélagslega kostnaði. Þetta er vitanlega ekkert jafnrétti og nær engri átt.

Að lokum skal ég segja það, af því að ég sé að hv. formaður þingflokks framsóknarmanna er kominn í salinn, að ég gladdist mjög þegar ég sá leiðara frá honum um þessi mál fyrir nokkru.

Þá fann ég að það var mikill beygur í honum við þessa stóriðjustefnu. Hann rifjaði þar upp nokkur samskipti við álverið. Nú verður að setja traust sitt á hann, að hann dugi í þessu máli og sjái við þessum bellibrögðum og stöðvi þetta mál.

Umr. frestað.

Neðri deild, 47. fundur.

Fimmtudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187). — Frh. 1. umr.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Frv. um byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði liggur nú fyrir Alþ. í annað sinn með örfárra ára millibili og er þetta næsta óvenjulegt, enda mjög sérkennilegar aðstæður sem valda því. Samið hafði verið við bandaríska auðhringinn Union Carbide Corporation um að reisa þessa verksmiðju og eiga hana með íslenska ríkinu. Hins vegar dró Union Carbide sig í hlé frá málinu áður en það var komið til framkvæmda að heitið gæti, en á skömmum tíma tókst að fá norskt fyrirtæki, Elkem-Spigelverket, til þess að taka við hlutverki Union Carbide og ganga í verkið með íslendingum.

Sú ástæða hefur verið tilgreind að Union Carbide hafi þótt versna afkomumöguleikar verksmiðjunnar út af verðbreytingum á framleiðslu hennar og þess vegna dregið sig í hlé. Mér þykir þessi skýring vera mjög ósennileg. Stórfyrirtæki eins og Union Carbide gerir ekki fjárfestingaráætlanir af neinu tagi án þess að gera sér grein fyrir hvers konar sveiflur geta orðið á markaði fyrir þær vörur sem á að framleiða. Það er mjög ólíkt slíkum hringum að kippa sér upp við sveiflu sem ekki var meiri en svo, að miklu minna fyrirtæki í Noregi þótti hún ekki hættuleg.

Ég hef heyrt aðrar skýringar á þessari skyndilegu breytingu. Ein er sú, að það hafi verið tilgangur Union Carbide með byggingu þessarar verksmiðju að brjótast inn á Evrópumarkaðinn fyrir járnblendi eða ferrosilikon. Það er meiri háttar verkefni fyrir hringa af þessu tagi þegar þeir ætla sér að ná yfirtökum á svo stórum markaði sem Evrópa er. Það getur því staðið í sambandi við ýmislegt fleira en verðbreytingar að Union Carbide hverfur frá því að gera innrás í Evrópu á þessu sviði.

Þar að auki hef ég heyrt þá skýringu, að mannaskipti hafi orðið í stjórn Union Carbide og hinir nýju herrar hafi orðið að finna eitthvað til að kenna hinum eldri um og þá hafi þessi stefnubreyting varðandi Evrópu verið gripin sem tilefni.

Í sjálfu sér þarf þetta ekki að skipta okkur miklu máli, því að það er a. m. k. skoðun mín að hér hafi orðið góð skipti og það muni vera betra fyrir okkur að eiga við norskt félag, þó að stórt sé, heldur en hinn ameríska risa, Union Carbide, sem á ýmsum sviðum, þ. á m. mengunarsviðum, hefur ekki á sér allt of gott orð, þó að fyrirtækið sé óneitanlega mjög sterkt. Á norskum markaði hefur orðið sú þróun að virkjanlegt rafmagn er að verða búið. Þegar frá er talið það sem norðmenn ætla sér ekki að virkja af náttúruverndarástæðum sem þeir hafa þegar gert sér grein fyrir, þá mun vatnsvirkjunum hjá þeim ljúka eftir 4—5 ár eða rétt upp úr 1980. Í Noregi hefur því þegar síðustu 2—3 árin verið talað um að draga þyrfti úr orkunotkun þangað til olían og gasið koma til sögunnar. En nú eru vonir norðmanna um áframhaldandi uppbyggingu veigamikils iðnaðar bundnar við petrokemískan iðnað eða annað þar sem þeir gætu notað orkuna úr Norðursjó í staðinn fyrir vatnsorku. Á tímabili var ætlun norðmanna að reisa kjarnorkuver til að brúa bilið eftir að vatnsorkunni lyki, en frá því munu þeir hafa horfið.

Mikill orkufrekur iðnaður er í Noregi sem kunnugt er og var fyrst byggður upp af útlendingum, en norðmenn hafa sýnt óvenjulegan dugnað við að ná þessum iðnaði í eigin hendur og koma upp fyrirtækjum sem reist hafa iðjuver af þessu tagi. Nú er svo komið að mörg þessara iðjuvera eru tæknilega að verða úrelt, enda byggð á fyrstu áratugum aldarinnar. Er því annaðhvort að leggja þau niður eða endurbyggja þau og aðhæfa þau nútímatækni. Við þetta bætist að norðmenn hafa samþykkt mjög strangar kröfur um að stöðva verði iðnaðarmengun, og er ætlun þeirra að útrýma allri teljandi mengun frá iðnaði á ekki meira en 10 árum. Er reiknað með að það muni kosta hálfan annan milljarð norskra króna. Gefur auga leið að þetta muni draga verulega úr hagnaðarmöguleikum, enda hefur áhugi erlendra auðhringa á þessum verksmiðjum minnkað, en norska ríkið hefur í þess stað keypt alger yfirráð í einu stærsta fyrirtækinu og annað minna fyrirtæki hefur norska ríkið keypt algerlega.

Það liggur fyrir í Noregi að orkufrekur iðnaður óskar enn eftir miklu meiri orku en hann getur fengið. Eftir því sem ég hef komist næst við lestur á norskum heimildum er það stórpólitískt mál í Noregi hvort eigi að ætla þessum iðnaði þá orku sem hann þarf til þess að endurbæta verksmiðjurnar, t. d. gömlu álverksmiðjurnar. Mér skilst að Jafnaðarmannaflokkurinn, Kristilegi þjóðarflokkurinn og Hægri flokkurinn séu allir hlynntir því að þessi iðnaður fái orku sem þarf til að gera verksmiðjurnar vel úr garði þannig að atvinna og annað glatist ekki, miðflokkarnir séu eitthvað tvístígandi, en SV, Alþýðubandalagið norska, sé algerlega á móti því. Það vill því svo einkennilega til að þarna virðist vera nákvæmlega sama pólitíska skipting um afstöðu til þessarar stóriðju og verið hefur hér á landi.

Þegar litið er á allt þetta verður skiljanlegt hversu fljótir norðmenn voru að nota tækifærið og ganga inn í Union Carbide-samningana, losna við að heyja samkeppnisstyrjöld við Union Carbide á ferrosilikonmarkaði í Evrópu og komast þar að auki inn í samninga um mjög hagstætt raforkuverð miðað við það verð sem er í Noregi, þegar þar að auki eru allar líkur á að ný raforka frá vatnsvirkjunarstöðvum verði lítil sem engin þar á næstu árum.

Þegar rætt er um þá aðila, sem við skiptum við í sambandi við stóriðju, er margs að gæta og þá sérstaklega þess, að ef hringar þessir ráða allri

keðju framleiðslunnar, þeim hlekkjum, sem eru á undan og eftir kafla framleiðslunnar sem fram fer á Íslandi, þá er rétt að fara mjög varlega. Við höfum þegar brennt okkur nokkuð á því í sambandi við álverið, að þar skiptum við við fyrirtæki sem á alla keðjuna frá námum og raforkuverum í öðrum löndum og til vöruframleiðslu úr sjálfu álinu og mun hafa jaðrað við að misnota þá aðstöðu, ef það er ekki beinlínis sannað að það hafi misnotað þá aðstöðu.

Um sölu á framleiðslu frá járnblendiverksmiðjunni væntanlegu hér virðist vera nokkuð vel frá gengið að því leyti, að erfitt muni vera samkv. ákvæðunum fyrir Spigelverket að ætla íslensku verksmiðjunni nokkurn annan hlut en öðrum verksmiðjum sem félagið hefur með að gera.

En þá er að athuga hlekkinn á undan framleiðslunni hér, en um hann hef ég ekkert séð í þeim heimildum sem fyrir liggja. Það skiptir e. t. v. mestu máli um afkomu þessarar verksmiðju hvort viðsemjandi okkar getur gert einhverjar kúnstir varðandi verð á þeim hráefnum sem til verksmiðjunnar verða keypt. Einhvers staðar las ég að reiknað væri með í hafnaráætlunum að um 300 þús. smálestir af mismunandi tegundum hráefnis kæmu þar á land. Mér þætti vænt um ef hæstv. iðnrh. gæti gefið nokkrar upplýsingar um þetta, hvort ætlunin er með munnlegu eða skriflegu samkomulagi að Spigelverket selji hráefnin til járnblendiverksmiðjunnar eða hvort það er óbundið og við gætum þá beitt meirihlutaeign okkar til að tryggja að hráefnið verði ávallt keypt þar sem það fæst ódýrast.

Í sambandi við mál þetta allt hafa orðið í landinu mjög almennar umr. um orku, orkunýtingu og iðnað. Er því erfitt að komast hjá því að fara nokkuð inn á almenn svið í umr. um það frv. sem hér liggur fyrir. Afstaða manna til þess, sem kallað er stóriðja og er í raun og veru óljóst og varhugavert hugtak, hefur reynst vera mjög mismunandi. Sumir líta eingöngu á hugsanlega mengun eða mengun eins og hún er í eldri verksmiðjum erlendis og taka út frá því atriði einu harða afstöðu á móti slíkum iðnaði og vilja ekkert hafa með hann að gera. Aðrir líta á það atriði eitt, að við höfum haft og þurfum vafalaust að hafa í einhverjum mæli í framtíðinni samstarf við alþjóðlega auðhringa, og menn taka afstöðu á móti slíkum iðnaði af þeirri ástæðu einni. Fleiri slíkar ástæður eru til. Áróður um þetta er nú orðinn svo mikill að jaðrar við að í munni sumra sé orðið álver eins konar skammaryrði. Ég vil vara við slíkri skoðanamyndun í sambandi við þetta mál. Ég tel að almenn andstaða gegn orkufrekum iðnaði hér á Íslandi sé hrein íhaldssemi í atvinnumálum og ekki sé annað sjáanlegt, yrði slíkri íhaldsstefnu fylgt, en hún mundi verða til þess að binda lífskjör í landinu eða lækka þau þegar þjóðinni fer fjölgandi. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að líta á þetta mál á allt annan hátt.

Við verðum að byrja á því að líta á þær auðlindir sem við höfum til þess að lifa af í landinu. Þá verða auðvitað fyrst fyrir sjórinn og landið sjálft, landbúnaðurinn, og þarf ekki um það að orðlengja hvernig ástatt er á þeim tveim sviðum. Sammála getum við verið um að hvorugt þeirra muni geta tekið við miklum mannfjölda á komandi árum, því að aukning með fjölbreytni og vonandi vaxandi útgerð og fiskiðnaði verður að öllum líkindum unnin upp með aukinni tækni, þannig að mannfjölgun verður þar ekki veruleg. Búast má við hinu sama í landbúnaði.

Þá er fyrst og fremst eftir ein veruleg auðlind, en það er sú orkuvinnsla sem hugsanleg er frá vatnsföllum og á jarðvarma. Mér er tjáð að ef tekin væri öll sú vatnsorka, sem við getum virkjað og enn er óvirkjuð í landinu, og við drægjum 20% frá vegna náttúruverndar og af því að sumir virkjunarstaðir eru óhóflega dýrir í virkjun, þá mundi þetta afl fullvirkjað, miðað við það verð sem talað er um í sambandi við járnblendiverksmiðjuna sem mönnum þykir ekki mjög hátt, veita þjóðinni um 35 milljarða á ári í tekjur. Þetta er miðað við árið í ár og þetta er miðað við stórnotkunarverð sem flestum þykir vera mjög lágt, hvort sem það telst vera viðunandi eða ekki — 35 milljarðar á ári. Eins og efnahagshorfur þjóðarinnar eru, með gífurlegri skuldasöfnun, fæ ég ekki séð hvernig nokkur maður getur haldið því fram að íslenska þjóðin eigi ekki að stefna að því að nýta þessa orkulind eins og hún framast getur. Að sjálfsögðu kemur enginn ofsahraði til greina í þeim efnum. Það er margt sem veldur því. Bæði má ekki trufla atvinnulíf með slíkum framkvæmdum né heldur eru líkur á, að fjármunir til þeirra séu fáanlegir að láni nema að takmörkuðu leyti.

Ef við föllumst á þá meginskoðun, að hér sé um að ræða auðlind sem þjóðin verði að virkja, þá er næst að varpa fram þeirri spurningu, hvernig við eigum að fara að. Undanfarinn áratug hafa skyndilega komið fram úr fórum ríkisstj. áætlanir um stórvirkjanir og þeim hafa fylgt stórfyrirtæki, a. m. k. tvö, og síðan hefur verið um þau deilt, bæði úti í þjóðlífinu og hér á Alþ., og það mál leitt til lykta. Mér finnst að miðað við það vandamál sem er framundan, hvernig eigi að nota þessa orku til frambúðar til að bæta lífskjör þjóðarinnar og tryggja þau, ætti fyrst að gera tæknilega úttekt á því hvaða mögulegar iðngreinar koma til tals.

Það er auðvitað hægt að finna orkufrekar iðngreinar af ýmsu tagi, og það eru ekki allt saman álver eða málmbræðslur Kunnugur maður hefur t. d. sagt í mín eyru að til sé vaxandi iðnaður úti í löndum, sem noti gífurlega mikla orku, sem framleiði gervidemanta, og þeir eru ekki til skrauts, þeir eru notaðir í stórum stíl í iðnaði. Það hljóta að vera fjölmargir slíkir möguleikar. Ég tel að ríkisstj. beri að láta kanna þetta og leggja hina mismunandi möguleika fyrir Alþ. og þjóðina, þannig að þeir, sem eiga að bera ábyrgð á endanlegum ákvörðunum, geti séð hverra kosta er völ. Þetta hefur, að því er ég best veit, ekki gerst. Það kann að vera að þær nefndir, sem hafa athugað þessi mál á bak við tjöldin, hafi kannað einhverja mismunandi kosti og valið á milli þeirra. Ef svo er, þá skil ég ekki hvers vegna ekki er frá því sagt. Ég tel grundvallaratriði að slík athugun fari fram og að um hana verði engin launung, enda yrði þetta starf tæknilega fróðra manna. Gæti þjóðin þá gert upp við sig hvaða leiðir til þess að nota þá orku,

sem við getum beislað í áföngum, eru okkur mest að skapi eða eru hentugastar.

Þetta atriði er auðvitað náskylt þeim umr. sem þegar fara fram í landinu um hvar eigi að ætla slíkum mannvirkjum stað. Þjóðin veit ekki til þess að það sé um annað en álbræðslu að ræða. Menn eru að deila um álbræðslu í Eyjafirði, álbræðslu fyrir austan og álbræðslu á Suðurlandsundirlendi. En það eru e. t. v. til 20 eða 30 aðrar iðngreinar sem eru mjög orkufrekar og gætu allt eins komið til greina. Þó að aðstæður séu þannig t. d. í Eyjafirði að það virðist mjög margt mæla á móti því að setja á stofn málmiðjuver, þá gæti verið að einhverjar aðrar orkufrekar greinar ættu þar ágætlega við og gætu orðið okkur mun hjálplegri við að jafna byggð landsins heldur en málmbræðsla, hvort sem það er ferrosilikon eða ál.

Hér hefur embættiskerfi okkar ekki gert það, sem er grundvallarhlutverk þess, að beita sérkunnáttu sinni til að setja á blað þá valkosti sem hinir kjörnu ráðamenn þjóðarinnar hafa hverju sinni. En það er ekki aðeins á þessu sviði, heldur er annað athyglisvert dæmi sem er náskylt því frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur verið talað um næsta orkuver. Undanfarin ár hefur hæstv. orkumálaráðh. ferðast um landið og að ég hygg lofað orkuverum fyrir austan og norðan og talað af bjartsýni og stórhug hvar sem hann hefur farið. En þegar að því kemur að taka ákvörðun um næstu virkjun og það getur ekki beðið lengur, þá er ekki nema einn kostur til og það er Hrauneyjafoss. Hvað hefur gerst? Jú, þetta stóra embættiskerfi, sem við höfum verið að byggja upp undanfarinn áratug eða rúmlega það, Landsvirkjun, lýtur sínum lögmálum. Þetta er orðið stórt fyrirtæki sem veltir gífurlegum fjármunum. Það kemur sér upp tæknideildum. Það byrjar með margra ára fyrirvara að undirbúa framhald virkjana sinna á starfssvæði sínu. Þetta kerfi er tilbúið með hönnun á næstu virkjun þegar þarf að taka ákvörðun um næstu virkjun. En það er engin hönnun tilbúin, aðeins bráðabirgðaathugun, t. d. á Blöndu, ef nú þjóðin vildi fara út af eldfjallasvæðinu með næstu stórvirkjun eða huga að ýmsum öðrum kostum. Þetta er glöggt dæmi um hvernig kerfið sjálft hefur tekið völdin af mönnum og hinir kjörnu ráðamenn þjóðarinnar sitja og eiga ekki annars kost en að segja já og amen við því sem þetta embættiskerfi segir.

Ég vil benda á þetta af því að það er mikið talað um samskipti t. d. Alb. og ríkisstj. við embættiskerfið. Þarna er mikilvægt dæmi um það að landsvirkjunarkerfið tekur sjálft þessa ákvörðun — og Alþ. og þjóðin verða að láta sér það vel líka — eða vanrækir málin svo og svo lengi. Ég segi þetta ekki sem ávirðingar við neina einstaklinga persónulega, þeir eru margir sem vinna mjög vel, en þetta er kerfið og því nota ég það orð Þegar minnst er á næsta áfanga er búið að taka ákvörðun um virkjunina.

Sannleikurinn er sá, að það er ekki, eftir því sem kunnugir menn hafa sagt mér, hægt að tala um stórar virkjanir án þess að hafa vitað, um leið og ákvörðun er tekin um þær, hvernig á að nota orkuna. Við þessar stóru virkjanir er hún svo mikil, að það má skipta henni í tvo til þrjá hluta: orku sem er nóg fyrir almenna íslenska notkun þegar virkjunin er tekin í gang, orku sem getur mætt aukinni eftirspurn innanlands á næstu árum, en þar að auki er eftir svo mikil orka að það verður að vera einhver stór kaupandi að henni. Það hefur ekki verið sagt frá því að hugsað væri fyrir neinum slíkum stórum kaupanda varðandi Hrauneyjafossvirkjun. Þó verður þetta að fylgjast að, og það er ekki raunhæft að ræða um stórvirkjanir eða stórkostlega raforkunotendur í landinu án þess að þetta tvennt fari saman. Þegar rætt er um hver notandinn eigi að vera koma jafnframt spurningar um hvar eigi að staðsetja fyrirtækin, hvernig eigi að fella þau inn í íslenskt atvinnulíf og hvernig eigi að hafa þau not af þeim sem tilgangurinn auðvitað er: bætt lífskjör, atvinnu fyrir stækkandi þjóð og annað slíkt.

Þegar við komumst af því stigi, eftir að hafa byrjað á því að skoða orkulindirnar, að við viljum finna stóra notendur, þar sem mönnum kemur fyrst til hugar orkufrekur iðnaður, kemur að minni hyggju að því að athuga hin ýmsu atriði sem oft hafa sterk tilfinningaáhrif á menn. Í fyrsta lagi þarf að athuga valkosti um iðngreinar sem ég hef verið að nefna. Hingað til hefur Alþ. eða alþýða manna á Íslandi aldrei séð slíka valkosti. Allt í einu sprettur upp úr einhverri n., sem er á bak við einhverja ríkisstj., að það á að vera verksmiðja sem á að gera þetta og á að vera á þessum stað.

Staðarvalið er að sjálfsögðu gífurlega mikilvægt, svo mikilvægt að það á að geta haft verulega áhrif á hvers konar stóriðnaðargreinar eru valdar. Einstakar greinar, sem nota mismunandi mikið mannafl og eru mismunandi hvað vinnuna snertir, hafa að sjálfsögðu stórkostleg áhrif á staðarvalið. Áframhald á stórfelldum málmbræðslufyrirtækjum, eins og allar horfur eru á að verði, — þau eru komin tvö og mætti vel fara svo að þessi stefna leiddi til hins þriðja með Hrauneyjafossvirkjun, — þýðir sennilega að þessi stórfyrirtæki verði öll að vera í grennd við Reykjavík. Athuganir hvað mannfjölda og fjölbreytni annarra atvinnugreina snertir benda til þess að Akureyri gæti vel komið til greina þess vegna. En þar fyrir norðan eru aðrar aðstæður sem mæla mjög á móti því, þannig að allar líkur benda til þess að þessi stefna leiði til þess að þessum stóru iðnverum verði hrúgað hér á suðvesturhornið. Þá er að íhuga hvort það samræmist yfirlýstri stefnu um byggðamál og jafnvægi í byggð landsins og öllu því.

Í þriðja lagi koma í þessu sambandi til íhugunar skiptum okkar við erlenda aðila. Ég hygg að það sé ekki raunhæft að tala um slík stórfyrirtæki sem Hvalfjarðarverksmiðjuna eða álverksmiðjuna án þess að við höfum verulegt samstarf við erlent fyrirtæki. En um það hefur mikið verið skrifað og rætt nú á síðustu árum, að hin fjölþjóðlegu fyrirtæki, sem svo eru kölluð, hafi margar hættur í för með sér, sérstaklega fyrir litlar þjóðir, og beri að gjalda varhug við þeim. Stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar hafa fjallað um þetta í fullri alvöru og reyna að draga fram bæði kosti og galla þessara fyrirtækja.

Við verðum að sjálfsögðu að gera okkur grein fyrir því hvað við erum að gera í hvert skipti sem slíkt kemur til greina.

Fyrsta mannvirki hér var álverið og samið við svissneska álhringinn, einn af minni álhringum veraldarinnar. Ýmislegt benti til, úr því að einhvern þeirra átti að velja, að hann væri ekki ólíklegur. Ekki veit ég hvernig menn dæma reynsluna af því samstarfi. En mikið hefur verið rætt undanfarið um stórkostlega áætlun sem Alusuisse hafi gert um fjöldann allan af álverum hér á landi. Mér kemur ekkert á óvart þó að slíkt félag láti gera slíka áætlun. Það er álíka eðlilegt að þeir geri það, eins og það er eðlilegt að Landsvirkjun geri áætlun um næstu stórvirkjun, hafi hana tilbúna. En hitt þykir mér furðulegra, að ráðamenn þessa fyrirtækis, sem ættu að þekkja til íslendinga eftir skipti við þá, skyldu taka þá fáránlegu ákvörðun að sýna íslenskum ráðamönnum þessa áætlun. Ég fagna því að viðbrögð hafa verið slík hjá tveimur ráðh. að þeir hafi ekki sinnt þessu á nokkurn hátt, og vona ég að svo verði áfram. Ef hér hefði verið einvörðungu farið í áframhaldandi aukningu á álframleiðslu og notað meira og meira af óbeislaðri orku okkar í þá iðngrein eina, þá er mikil hætta á því að Ísland hefði smám saman orðið að „álýðveldi" sem að því leyti til væri sambærilegt við bananalýðveldin í Mið-Ameríku sem eitt eða tvö stórfyrirtæki í Bandaríkjunum hafa til skamms tíma ráðið yfir og ráða kannske einhverjum þeirra enn þá. En það er einmitt allt slíkt sem ég tel að við verðum framar öllu öðru að forðast. Það getur verið óhagkvæmt fyrir okkur að setja of mörg egg í sömu körfu, eins og það er stundum orðað, að hleypa nokkrum einum aðila hingað með of mikil áhrif. Að svo miklu leyti sem við þurfum að hleypa erlendum félögum inn í landið eigum við að reyna að dreifa því og tryggja að ekkert þessara félaga fái hér óeðlilega aðstöðu gagnvart okkur.

Í öðru lagi verðum við að athuga mjög vel alla samningagerð. Mörgum er minnistætt þegar samið var við svissneska álhringinn. Við áttum nokkra lögfræðinga sem voru sérlærðir í þessum efnum, og þeir voru að sjálfsögðu hafðir með í ráðum. Þar að auki leitaði þáv. ríkisstj. til lögfræðingafyrirtækis í New York sem hafði milliríkjasamninga af þessu tagi sem algera sérgrein. Í þriðja lagi hafði Alþjóðabankinn lánað okkur fé í orkuverið og voru því ríkir hagsmunir hans að við semdum ekki af okkur, svo að orkuverið gæti staðið við afborganir sínar og vexti. En þrátt fyrir það að við hefðum þarna, að því er við héldum þrefalda tryggingu í samningunum, hafa komið fram annmarkar á þessum samningum sem hafa valdið okkur vonbrigðum. Ég vil aðeins nefna tvennt án þess að fara frekar út í það. Það er annars vegar framleiðslugjaldið, sem hefur að því er virðist ekki reynst nálægt því eins hagstætt og mönnum var talin trú um hér á Alþ. a. m. k., og hins vegar að svisslendingar hafa í rúman áratug getað smeygt sér undan því að setja hreinsunartæki í verksmiðjuna, enda þótt þeim tækist að sannfæra okkur í upphafi um að mengunarhætta frá henni væri engin. Það var aðallega gert með þeim rökum, að veðurfarsrannsóknir í Straumsvík hefðu leitt í ljós að þar væri svo að segja aldrei logn og það, sem frá verksmiðjunni kæmi af illum öndum, mundi því berast út á sjó fljótlega. Þessu trúðu menn almennt hér og létu þeim þetta eftir. (Gripið fram í.) Er það rangt með farið? (Gripið fram í.) Jæja. En hitt var þó skoðun okkar, að það hefði verið búið þannig um það atriði, að þegar við óskuðum eftir mundu þeir þurfa að setja upp hreinsitæki, og það taldi ég mikilvægt. Engu að síður hefur þeim tekist að draga þetta mjög á langinn.

Við þurfum að sjálfsögðu í sambandi við hvaða fyrirtæki sem er að íhuga mjög vel mengunarmál og læra af þeirri reynslu sem aðrir hafa nú fengið jafnvel enn þá frekar en við. En ég hef ekki trú á að þau séu ekki yfirstiganleg í flestum starfsgreinum nú á dögum, enda þótt fullkomnar mengunarvarnir séu oft mjög dýrar. Þær geta leitt til þess að mörg stórfyrirtæki muni á næstu árum leita til vanþróuðu landanna, þar sem þau vita að mótstaða í þeim efnum er minni en í iðnþróuðu ríkjunum. Svo vill líka til, að þar er víða um stórvirkjanir að ræða þar sem raforkuverð er lágt.

Að lokum verður að huga að félagslegum áhrifum í sambandi við orkufrekan iðnað, og hygg ég að athygli manna á þeim hafi í vaxandi mæli beinst t. d. að reynslu norðmanna. Ýmsir héldu að þegar stórt atvinnufyrirtæki risi á sæmilega góðum stað, þá mundi eðlilega rísa byggð í kringum það eða mjög nálægt því á skömmum tíma og gæti það allt saman blessast ágætlega. Reynslan í Noregi hefur því miður orðið önnur, t. d. í Norður-Noregi, þar sem til eru slíkir bæir. Norðmenn eru nú komnir á þá skoðun að það sé mjög óviturlegt að reisa byggðir á þennan hátt, þær verði svo einhæfar, svo háðar þessu eina fyrirtæki, að félagslega sé þróun þeirra engan veginn æskileg og afkoma þeirra engan veginn eins trygg og hún þarf að vera með eðlilegri fjölbreytni. Menn sjá í hendi sér að þetta atriði eitt getur haft mikil áhrif á staðsetningu slíkra fyrirtækja hér á Íslandi.

Á sínum tíma var um það talað, að sjálfsagt væri að reyna að fá erlent fjármagn inn í landið og erlend fyrirtæki, eins mikið og hægt væri. Talið var á árunum eftir heimsstyrjöldina að sjálfsagt væri fyrir flest lönd Vestur-Evrópu að fara þessa leið. Ýmsum er minnistætt að norska ríkisstj., stjórn jafnaðarmanna, fékk Trygve Lie til þess, eftir að hann hafði verið aðalritari Sameinuðu þjóðanna, að taka það verkefni að sér að ferðast land úr landi og reyna að smala fyrirtækjum til Noregs. Ég hygg að skoðanir manna varðandi þetta hafi mjög blandast síðan. Viðhorf okkar í Alþfl. hefur alla tíð verið og er enn að um þessa hluti eigi ekki að setja neinar almennar reglur eða almenn lög, heldur verði hvert fyrirtæki, sem til greina kemur að fái ítök í atvinnurekstri á Íslandi, að takast fyrir á Alþ. sérstaklega. Sú hefur raunar verið venjan og frá henni tel ég að við megum alls ekki víkja, Alþ. verði að fjalla um hvert einstakt atvik, jafnvel þó að sum þeirra séu ekki mjög stór.

Um raforkuverð til málmblendiverksmiðjunnar hefur þegar verið rætt mikið og hef ég litlu við það að bæta að öðru leyti en því, að ég

treysti því að þeir sérfræðingar, sem um það hafa fjallað, geri viðunandi grein fyrir að það nái a. m. k. því algera lágmarki að um kostnaðarverð eða eitthvað meira sé að ræða. Virðingarverður er sá áhugi sem kemur fram í flutningi till. sem útbýtt var í dag, um að Alþ. álykti að eftirleiðis sé óheimilt að gera samninga um raforkusölu nema framleiðsluverð sé tryggt. Ég er efnislega sammála þessu. En ég hygg að það sé ekki eftir starfsháttum Alþ. að gera ályktun sem bannar þinginu að gera vitleysur í framtíðinni! Með þál. er ekki hægt að banna Alþ. í framtíðinni að setja lög eða staðfesta samninga nokkurn veginn eftir því sem það vill. En ég skal gjarnan taka viljann fyrir verkið hvað þetta snertir.

Það væri æskilegt, þó að oft sé búið að leggja fram skýrslur um raforkuverðið, að fá þær nýjar, því að margt breytist og marga hluti þarf að endurtaka og gefa mönnum ítrekuð tækifæri til þess að kynna sér. Það er flókið mál hvernig raforkuverð og kostnaðarverð á raforku er reiknað út í stóru kerfi. Ef einhver ætti kost á því að fá keypt Sogsrafmagn núna gæti það orðið ærið ódýrt, enda nálega búið að greiða niður þau orkuverð. En það þarf að blanda saman bæði gömlum orkuverum og nýjum eða hafa eingöngu hliðsjón af nýjustu orkuverunum þegar er ákveðið raforkuverðið á hverjum tíma. Auk þess er ekki nóg að mæna á raforkuverðið eitt, eins og það er við þær aðstæður sem ríkja hverju sinni, heldur verður að bera saman aðra möguleika sem við höfum átt. Ef ekkert álver væri hér, þá væri engin Búrfellsvirkjun, og ef engin Búrfellsvirkjun væri, þá hefðum við ráðist í miklu minni virkjun þar sem rafmagnið hefði orðið miklu dýrara. Allar líkur benda til þess, að ef svo hefði farið væri rafmagnsverðið enn þá hærra í dag og er það þó nógu hátt.

Þessum málum verður að gefa aukinn gaum af því að rafmagnsverðið veldur mjög ört vaxandi áhyggjum almennra neytenda. Þeir eiga margir erfitt með að skilja hvers vegna útlendir sérfræðingar eru að fullyrða að raforkuverð hér sé lágt miðað við það sem er í öðrum löndum. Þar að auki heyra menn um orkuverðið til stórnotendanna svokölluðu. Mér hefur verið sagt að t. d. hér á suðvesturhorni landsins sé heildsöluverðið á rafmagni aðeins 25% eða ¼ af því sem fólkið verður að borga. Það væri fróðlegt að vita hvort þessu veldur hið dýra dreifikerfi. Það þarf enginn að efast um að dreifikerfi er dýrt í strjálbýlu landi. Þar að auki, þar sem rafmagnshitun hefur farið vaxandi, þarf að stórstyrkja dreifikerfið til þess að hægt sé að leyfa hana. Í þriðja lagi þurfa menn að gera sér ljóst hve mikið við borgum í verðjöfnunarskatt af rafmagninu til þess að jafna hækkun olíuverðsins yfir þjóðina alla. Útskýringar á þessu eru í fyrsta lagi nauðsynlegar, miklu meiri en fram hafa komið, þannig að neytendur geri sér grein fyrir hvernig þetta verð er til komið. Svo verður að reyna að haga raforkumálunum í heild og stefnunni þannig að raforkuverðið til neytenda geti orðið lægra en um er að ræða. Það er ekki hægt fyrir óbreytta alþýðumenn, sem ekki setja sig inn í allar þær upplýsingar sem eru í þykkum doðröntum, eða hvar sem þær eru, eintómar tölur frá byrjun til enda, að skilja hvernig á því stendur að það er alltaf verið að virkja stórt hér til þess að fá ódýrt rafmagn út úr stærðinni, en á sama tíma er rafmagnið til notenda alltaf að hækka.

Ýmislegt er flókið í sambandi við þetta. Mér skilst að verði stórkostleg hækkun á raforku til svokallaðra stórnotenda, þá sé það ekki bara álverið og þessi væntanleg verksmiðja sem um verði að ræða, heldur áburðarverksmiðjan líka og sementsverksmiðjan, þannig að þær hækkanir mundu þá koma fram í verðlagi á öðrum stöðum. En ég vil leggja á það ríka áherslu, að þessi mál í heild eru komin í hreint ófefni og verður að taka þau til gagngerðrar endurskoðunar. Það verður að endurskoða heildarstefnuna eða móta heildarstefnu — það er varla hægt að segja að hún hafi verið til undanfarin ár — og sameina allt landið í eitt rafmagnskerfi, a. m. k. eitt kerfi hvað snertir framleiðslu og megindreifiæðar, kannske fleiri rafmagnsseljendur. Það þarf að tryggja almennum íslenskum iðnaði, þ. á m. fiskiðnaði og iðnaði landbúnaðarafurða, betri raforkukjör, að ég ekki tali um hin almennu heimili.

Ýmsar fleiri hliðar eru á þessu verksmiðjumáli í Hvalfirði sem óhjákvæmilegt er að drepa á. Ein er sú, að þar þarf allmikil hafnarmannvirki. Það er í sjálfu sér dálítið óþægileg staðreynd fyrir þjóð, sem byggir alla afkomu sína á sjávarútvegi og þar af leiðandi notkun góðra hafna, þar sem fólk um allt landið er að berjast fyrir oft frumstæðustu hafnarbótum og stundum þaðan af einhverju betra, að í hvert skipti sem reisa þarf erlenda stórverksmiðju er eins og sjálfsagt, varla þurfi að tala um að þar komi hafnarframkvæmdir fyrir stórfé. Nú hefur farið svo t. d. í sambandi við álverið að þar var mjög vel á þessu haldið. Þar var byggð góð og dýr höfn, en það var tryggt að álverið eitt stæði undir þeirri höfn. Hún er samt eign Hafnarfjarðarhafnar að hluta. Það finnst mér vel verjandi. Þar er a. m. k. ekki verið að leggja byrðar á ríkissjóð eða taka fé sem hefði getað runnið til annarra. En í þetta skipti í Hvalfirði er ekki hagað svo til. Að því er ég fæ best séð hefur hafnarmannvirkið ekki verið tengt við verksmiðjuna þannig að hún tryggði afkomu þess, heldur þarf að veita fé á fjárl. til að hefja þessa hafnargerð. Fyrst í stað var leikmönnum, sem fréttu um þróun þessara mála á skotspónum, talin trú um að þarna þyrfti að vera höfn fyrir risaskip, stóriðja notaði ekkert annað en risaskip, og þá e. t. v. átt við 40—50 þús. tonna skip. Jafnvel var gefið í skyn að staðarvalið væri byggt á því, það takmarkaðist við slíka höfn. En síðar heyrðist um það orðrómur sem varð allsterkur, að það væri alls ekki ætlun fyrst ameríska fyrirtækisins né heldur norðmanna að nota svo stór skip, þeir ætluðu sér að nota skip sem væru 2—4 þús. tonn eða svipað og allur þorri Eimskipafélagsskipanna okkar. Þá vaknaði í hugum manna, a. m. k. í því héraði þar sem verksmiðjan á að rísa, spurningin: Þurfum við þá að reisa sérstaka höfn sem eftir síðustu áætlunum, sem ég hef séð, á að kosta um 600 millj., en hærri tölur voru nefndar hér í gær? Er ekki hægt að nota höfnina á Akranesi, a. m. k. með breytingum sem hvort eð er þarf að gera á henni á allra

næstu árum? Ekki veit ég hversu nákvæmlega þetta mál var kannað. Auðséð er að flutningur á efni frá höfninni að verksmiðjustað mundi verða dýr. Þó veit maður ekki hvort það er óyfirstíganlegt. Vegalengdin er stutt, mjög stutt, sviþuð og á milli vestustu og austustu hverfa í Reykjavík, að ég hygg. Mér er kunnugt um að það vaknaði mikill áhugi á þessu máli hjá bæjarforustu á Akranesi. En það virðist ekkert hafa orðið úr því, því að enn eru uppi áform um að gera þarna höfn, sem hefur að vísu tekið miklum breytingum í meðförum. Samkvæmt síðustu upplýsingum, sem ég hef fengið, var aftur farið að tala um að það þyrfti að vera hægt að losa 20 þús. tonna skip í höfninni, en ekki veit ég hvort það er brýn nauðsyn. Það stendur að meginhluti skipanna verði miklu minni. Ég hygg að allir þeir sjómenn og útgerðarmenn og aðrir tengdir þeim, hafnarnefndarmenn og bæjarstjórnarmenn, kringum allt land, sem standa í baráttu um hverjar 10 milljónirnar til þess að geta bætt hafnarskilyrði hjá sér, mundu verða því fegnir ef hægt væri að dreifa á fiskihafnirnar 600 millj. kr. eða hvað það nú verður, endanlegt verð þessarar Hvalfjarðarhafnar, í stað þess að þurfa að setja það fé í höfn sem fyrst um sinn mun þjóna aðeins þessari verksmiðju einni, þó að því sé ekki að neita að möguleikar séu á því að hagnýta höfnina frekar síðar. Það var talað mikið um það á sínum tíma, að Straumsvíkurhöfnina mætti nota til margs annars, en af því hefur, að ég best veit, lítið sem ekkert orðið.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gerst nokkuð langorður um þetta mál og er mál að linni. Ég hef dregið fram ýmis atriði, sem hafa orðið mér og félögum mínum í Alþfl. umhugsunarefni í sambandi við þróun þessa máls, og ýmsa gagnrýni varðandi verksmiðjumálið og sérstaklega bakgrunninn, þ. e. rafmagnsmálin í heild. Engu að síður studdi Alþfl. frv. um verksmiðjuna þegar það var flutt á sínum tíma og mun gera það aftur. Við teljum að breytingin við það að losna við Union Carbide og ná sambandi við norska fyrirtækið ætti að vera til bóta. Við trúum því að þrátt fyrir allt muni Sigölduvirkjun og þessi verksmiðja reynast þjóðinni hagkvæmar í framtíðinni og góð viðbót við atvinnulíf okkar. Það er mikið deilt um álverið enn í dag, en í öllum þeim deilum og skrifum hef ég ekki heyrt einn einasta mann, hversu ofstækisfullur sem hann annars er í málflutningi, láta í ljós ósk um að álverið væri ekki þar sem það er. Enda býst ég ekki við að það þýddi mikið fyrir þá menn að fara í framboð í umhverfinu þar sem fólkið hefur notið atvinnunnar og alls þess óbeina hagnaðar sem atvinnulíf hefur af slíkum mannvirkjum.

Þá er þess að gæta, að ef nú væri hætt við byggingu þessarar verksmiðju, þá mundi ekkert breytast varðandi Sigölduvirkjun. Hún er þegar staðreynd. Við erum búnir að stofna til skulda við byggingu hennar og við yrðum að standa við að greiða afborganir og vexti af þeim skuldum. Ef hætt er við þessa verksmiðju í dag án þess að komi með sama hraða annar stór orkunotandi, þá er verið að leggja á íslenska rafmagnsnotendur margra milljarða hækkun á rafmagnsverði frá því sem er í dag. Hjá þessu er ómögulegt að komast. Ef menn vildu hugsa rökrétt ættu jafnvel þeir, sem voru upphaflega á móti verksmiðjunni, að sætta sig við hana í dag, þó ekki væri af annarri ástæðu en þessari.

Mér segja sérfróðir menn að ekki sé raunhæft að tala um að það sé hægt að hefja rafmagnshitun um allt land þegar í stað og nota þetta orkuver til þess. Í fyrsta lagi þurfi gífurlega fjárfestingu til að styrkja dreifikerfið og í öðru lagi muni slík notkun, jafnvel þó að dreifikerfi væri fyrir hendi, ekki taka svo mikið að hún þyrfti á öllu því rafmagni að halda sem þarna er. Það er því hægt að fylgja stóraukinni rafmagnshitun húsa án þess að grundvallaratriði þessa máls breytist.

Ég vil svo að lokum vænta þess að gefnar verði frekari upplýsingar, sérstaklega varðandi raforkuverð, varðandi hafnarmálin og annað það sem fram hefur komið í máli mínu, en áskil mér rétt til þess, eftir að n. hefur farið yfir einstök atriði, að taka afstöðu til þeirra ef tilefni gefst til.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Svo bar til á allra síðustu dögum fyrir jól, um það leyti sem Alþ. var að fara í jólaleyfi, að hér kvaddi sér hljóðs utan dagskrár hv. 5. þm. Vesturl. og gerði að umræðuefni það sem hann taldi óeðlileg vinnubrögð við meðferð þess máls sem hér er nú til umr. Þessi óeðlilegu vinnubrögð, sem hann taldi vera og lýsti, voru á þann veg að hæstv. iðnrh. mun hafa dreift því frv., sem hér er nú til umr., til hluta hv. þm. en aðrir teknir út úr óverðugir og fengu ekki að sjá málið. Þessi hv. þm. taldi að einungis þeir alþb.-menn hefðu verið settir á óæðri bekk í þessu sambandi. En svo var ekki, því að a. m. k. fékk ég ekki þetta merka plagg til aflestrar fyrr en ég sá því dreift og fékk það hér á þingborðið. Þessi hv. þm. gagnrýndi að sjálfsögðu og réttilega vinnubrögð af þessu tagi. Hæstv. iðnrh. sagði hér á Alþ. í ræðu af þessu tilefni að hann hefði talið ástæðulaust að senda þeim þm. þetta frv. sem vitað var að voru á móti málinu. Þeim kom það sem sagt ekkert við hvað hér væri að gerast. Óneitanlega hlýtur að koma upp í hugann, þegar hæstv. ráðh. gefur yfirlýsingu af þessu tagi, hvað hafi gerst með þá stjórnarliða sem greiddu atkvæði gegn lögunum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði vorið 1975 þ. e. a. s. hv. þm. Pál Pétursson, þm. úr Framsfl., stjórnarliða, og hv. þm. Jón G. Sólnes, þm. úr Sjálfstfl. sem barðist hatrammri baráttu gegn þessu frv. Voru þeir þess verðugir, þessir hv. þm., að fá þessa sendingu frá hæstv. iðnrh. á þessum tíma? Það væri fróðlegt að fá upplýst hvort svo hafi verið eða hvort þeir hafi lent á hinum óæðri bekk meðal okkar hinna sem ekki fengum málið.

Ég tek undir þá gagnrýni sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vesturl. um meðferð málsins af þessu tagi. Það er auðvitað óeðlilegt að þm. allir eigi ekki til þess rétt og hafi til þess aðgang að fá að sjá plögg af þessu tagi þegar þau eru tilbúin, eins og í þessu tilviki var. Þetta ber því að gagnrýna og fordæma vinnubrögð af þessu tagi, enda er mér ekki um það kunnugt að neinn annar hæstv. ráðh. hafi meðhöndlað mál með þessum hætti.

Fyrir tveim árum var hér til umr. á Alþ. svo til sams konar frv. og það sem nú er hér til umr. Það fór ekkert leynt að það frv. sætti mjög mikilli og harðri andstöðu og gagnrýni hér á Alþ., ekki bara frá stjórnarandstæðingum, heldur og frá sumum hv. þm. stjórnarliðsins. Sumir þeirra tóku virkan þátt í andstöðunni gegn frv. og greiddu atkv. gegn því, aðrir voru sáróánægðir, tjáðu sig með óánægjuröddum, en voru með einhverjum hætti til þess knúðir í lokin að fylgja þessu máli, meira og minna óánægðir og særðir í hjarta sínu, þessir hv. stjórnarþm. Þannig var ljóst að hér var um að ræða mál sem mjög voru skiptar skoðanir um, og fór það ekki eftir pólitískum flokkum, ég hygg að einum undanskildum.

Í því frv. var, eins og hér hefur komið fram og þarf ekki að ítreka, gert ráð fyrir samvinnu við Union Carbide. Í umr., sem þá áttu sér stað, mátti heyra forsvarsmenn þess frv. blessa þann aðila, Union Carbide, í bak og fyrir og með öllum hætti réttlæta það að slík samvinna yrði tekin upp, a. m. k. mætti treysta því að þeir aðilar vissu svo sannarlega hvað þeir væru að gera í þessum efnum. Öllum er kunnugt hvað hefur gerst síðan. Þessi hinn sterki aðili hefur kúplað sér út úr þessari samvinnu og hefur kosið að borga hundruð milljóna til þess að losa sig út úr fyrirtækinu, mér skilst um 800 milljónir sem sá aðili bauðst til að borga til þess að hann losnaði. Hann hafði ekki meiri trú á fyrirtækinu en það, að hann vildi leggja þetta af mörkum til þess að losa sig við það.

Maður skyldi ætla að eftir þessa reynslu hefðu þeir, sem mest og harðast börðust fyrir því að koma þessu samstarfi á og koma þessu fyrirtæki upp í hinu mikla trausti á þennan aðila, endurskoðað hug sinn og farið hægar í sakir með tilliti til þeirrar reynslu sem hafði fengist í samskiptunum við Union Carbide, — menn hefðu farið hægar og velt því betur fyrir sér og ígrundað betur hvort hér væri í raun og veru verið að leggja grunn að jaíngóðu, arðbæru og þjóðhagslega hagkvæmu fyrirtæki og þessir sömu aðilar létu í veðri vaka í öllum sínum lofræðum um fyrirtækið á sínum tíma. En á því frv., sem hér er nú til umr., er ekki að sjá, að nein breyting hafi orðið á hugarfari þeirra sem ferðinni ráða í þessu máli. Nú fáum við málið í annað sinn, að vísu með smávægilegum breytingum, en í grundvallaratriðum eins og í fyrra.

Ég hef lýst því hér áður á Alþ., að ég er enginn höfuðandstæðingur þess að taka upp samstarf við útlendinga um rekstur fyrirtækja ef mér sýnist það vera á góðum grunni og með eðlilegum hætti og þá auðvitað fyrst og fremst okkur í hag. Þá getur það vissulega komið til mála. En fyrir tveim árum, þegar þetta mál var hér til umr. og afgreiðslu, tókum við þm. SF afstöðu gegn því, fyrst og fremst á þeirri forsendu að kringumstæður allar í landinu mæltu síður en svo með því að í slíkt yrði ráðist á þeim tíma og enn síður að mínu viti mæla þær með því nú. Við vorum í andstöðu við þetta mál þá vegna þess að við töldum að það bæri fremur að snúa sér að því í þeirri gífurlegu orkukreppu sem þá hafði gengið yfir og margir landshlutar í okkar landi höfðu svo sannarlega orðið varir við varðandi orkuskortinn, þá bæri fremur að snúa sér að því að leysa úr þeim vanda og létta þær gífurlegu byrðar sem lagðar hafa verið á fólk víðs vegar úti um land vegna ört hækkandi markaðsverðs á þeim orkugjafa sem við höfum notast við, þ. e. a. s. olíunni. Þá var, eins og nú er, orkuskortur í heilum landsfjórðungum. Og mönnum hlýtur að vera í fersku minni það ástand sem verið hefur á Austurlandi t. d. að undanförnu. Á Vestfjörðum er orkuskortur og hann verður gífurlegur innan örstutts tíma. Og á Norðurlandi er sömu sögu að segja. Við töldum því og teljum enn að fremur beri að snúa sér að því verkefni að leysa þetta vandamál áður en farið er að gera sérstakar ráðstafanir til þess að reisa orkufrekt fyrirtæki með erlendum aðilum og selja þeim orkuna undir eða í besta falli á kostnaðarverði. En það er ljóst að það er nú eins og það var þá, að hæstv. ríkisstj. er á allt öðru máli.

Á sama tíma og þetta gerðist fyrir tveim árum, að lagt var til að fara út í stórkostlega fjárfrekar framkvæmdir sem ríkissjóður varð að leggja til milljarða, var framkvæmdur stórkostlegur niðurskurður á framkvæmdum í orkumálum í þessum hinum sömu landsfjórðungum sem ég hef verið að tala um og eru í orkusvelti. Það var ekki síst á þessari forsendu sem við byggðum andstöðu okkar gegn þessu máli og gerum enn.

Það er auðvitað lágmarkskrafa, ef mönnum á annað borð sýnist réttlætanlegt að fara út í byggingu og rekstur slíks fyrirtækis sem hér er, að það sé ekki gert á kostnað okkar sjálfra, að þessir aðilar njóti ekki sérstakra fríðinda umfram íslendinga sjálfa. Það hefur mikið verið rætt, ekki bara núna á síðustu vikum eða mánuðum, heldur á miklu lengri tíma, hversu mikið í raun og veru við íslendingar sjálfir þurfum að borga með þeirri raforku sem álverið í Straumsvík notar. Það er orðið upplýst og hefur mér vitanlega ekki verið vefengt af neinum, að á árunum frá 1974—1977 er þetta 1/4 milljarður sem við höfum þurft að borga með rafmagnsverðinu til þessa fyrirtækis. Ég sé að hv. 1. þm. Suðurl. brosir í kampinn og honum þykir greinilega ekki mikið þó að þessar byrðar séu lagðar á umbjóðendur hans í landinu. Þessu hefur verið haldið fram alllengi af ýmsum aðilum, að það væri svo og svo mikið greidd niður af okkur íslendingum sjálfum sú orka sem til álversins færi. Stuðningsmenn þessa samnings, sem var á sínum tíma gerður og í gildi er, hafa eytt þessu tali. (Gripið fram í.) Þeir hafa leiðrétt það, segir hv. þm. Jóhann Hafstein. Nú liggur fyrir niðurstaða manns sem ég held að allir geti orðið sammála að telja hlutlausan í þessu máli, og hún er birt í einu af stuðningsmálgögnum hæstv. ríkisstj., tekin þar upp og birt, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Óhlutdræg rannsókn sérfræðings á þessu hefur ekki legið fyrir fyrr en nú.“ — Þetta er leiðari úr Dagblaðinu í síðustu viku. — „Samkvæmt beiðni Dagblaðsins gerði Gísli Jónsson prófessor úttekt á málinu og komst að því, að rafmagnsverð til

álversins er stórlega niðurgreitt og almenningur borgar brúsann. Margur kann sjálfsagt að spyrja," segja þeir áfram, „hvaða áhrif niðurgreiðslan á raforkuverði til stóriðju hefur á verð til hins almenna neytanda. Árið 1974 hefur niðurgreiðslan valdið um það bil 30% hærra útsöluverði, en árið 1976 um það bil 20% hærra verði," segir Gísli Jónsson." Og áfram segja þeir Dagblaðsmenn, stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. „Menn rekur í rogastans yfir þessari niðurstöðu. Almenningur hafði ekki hugsað til þess þegar hann greiddi hina háu rafmagnsreikninga, að allt að þriðjungur verðsins væri vegna niðurgreiðslna vegna álversins. Vinir Alusuisse munu enn halda því fram að rétt hafi verið að fá álverið hingað vegna þess að það gerði Búrfellsvirkjun mögulega og gjaldeyristekjur séu okkur svo mikilvægar. Þó má nú öllum vera ljóst að upphaflegi samningurinn við Alusisse var vondur samningur, svisslendingum tókst að plata sveitamanninn," segir Dagblaðið. „Reynslan síðar, t. d. gífurlegur áhugi Alusuisse á frekari útfærslu hér, sýnir okkur glöggt, að við þurfum ekki að betla til að fá hingað erlenda stóriðju." En svo kemur í áframhaldi: „Hroðalegast í þessu máli," segir Dagblaðið, „er hvernig stjórnmálamenn hafa haft almenning að fíflum með þögn sinni og vífilengjum um niðurgreiðslurnar. Reglur lýðræðisskipulagsins hafa verið þverbrotnar. Auðvitað hefði hið eina heiðarlega verið að leggja spilin á borðið þegar í upphafi. Sérfræðingar ríkisvaldsins áttu að skýra frá um hversu mikla niðurgreiðslu væri að ræða, svo gátu menn út frá því rætt um rökin fyrir byggingu álversins."

Svo mörg eru þau orð í einu af málgögnum og stuðningsblöðum núv. hæstv. ríkisstj. um það sem verið hefur að gerast varðandi orkusölumálin og orkuverðið til álversins í Straumsvík. Og ég held að það sé nokkuð ljóst, að það er meiningin að halda nákvæmlega sömu stefnu og sömu braut varðandi Grundartangaævintýrið í því plaggi sem hér er lagt til. Ég hef ekki neins staðar séð koma fram á prenti eða í fjölmiðlum eða frá einum eða neinum aðila athugasemd eða leiðréttingu við þetta. Og ég er sannfærður um það, að ef einhverjir hefðu talið að hér væri farið með fleipur eitt, þá væri slík athugasemd komin fram og hefði komið strax. Ég held því að það sé nokkuð ljóst hverjar staðreyndirnar eru varðandi álverið. Það er einnig ljóst hverjar staðreyndirnar verða ef úr því verður að reist verður járnblendiverksmiðja á Grundartanga og samningarnir byggðir á því sem hér liggur fyrir.

Ég vék að því aðeins áðan sem gerst hafði í áframhaldi af lögunum sem samþ. voru hér á Alþ. fyrir tveim árum, þegar Union Carbide fór út úr spilinu og teknir voru upp samningar við aðra aðila, norska. Mér finnst ástæða til að vekja á því athygli hvernig vinnubrögð voru viðhöfð varðandi þetta, — ekki að það sé neitt nýtt í sögunni hér á hv. Alþ. að ríkisstj. hagi vinnubrögðum sínum með þessum hætti, — þ. e. a. s. með þeim hætti að ganga fullkomlega frá samningum, í þessu tilfelli um þetta mál, og láta síðan Alþ. standa frammi fyrir gerðum hlut, segja við stuðningsmenn ríkisstj. úr stjórnarflokkunum: Svona er þetta, svona verður þetta að vera og þið skuluð fylgja því. — Þetta eru auðvitað ólýðræðisleg og óþingræðisleg vinnubrögð. Því er nú verr að það eru allt of margir hv. stjórnarþm. veikir fyrir því að gera eins og forustan segir, hvað svo sem sannfæringunni líður eða réttlætinu. Með þessum hætti er mönnum stillt upp við vegg og þeir knúðir til þess að fylgja málinu, nema því aðeins að þeir hafi nægilegt mótstöðuafl til þess að standa á móti, en það hefur viljað brenna við allt of oft að því hafi núv. hv. stjórnarliðar allt of lítið af.

Ég tala nú kannske í svolítið öðrum dúr en þeir hv. þm., sem hér hafa talað um þetta mál áður, og kannske út frá öðrum forsendum og kem kannske minna inn á ýmislegt í frv. sem vissulega er ástæða til að ræða, en hefur verið rætt hér. Ég kem þeim mun frekar að þeim verkunum, sem þetta hlýtur að hafa á annað í landinu, og þá ekki síður þeirri efnahagsmálastefnu, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur, og hvaða afleiðingar það hefur haft og kemur til með að hafa.

Það er auðvitað meginmálið varðandi þetta, að hér er verið að leggja til að selja þessum aðila orkuna í besta falli á kostnaðarverði, um 1 kr. kwst. Þegar íslensk iðnfyrirtæki og íslenskur atvinnurekstur er látinn borga allt upp í 19 kr., þá eiga þessir aðilar að fá orkuna á 1 kr. Það eru engir smápeningar, hefðu a. m. k. ekki verið taldir smápeningar ef einhver þm. utan af landi, ég eða hv. þm. Sverrir Hermannsson, svo að dæmi sé tekið og nafn nefnt eða einhver annar hefði beðið um í einu 2.5 milljarða í hlutafé til þess að koma á fót fiskvinnslufyrirtæki einhvers staðar úti á landi, sem er þó grundvöllurinn að öllu því sem við erum að gera, en hér ætlar hæstv. ríkisstj. að leggja með sér strax í upphafi 2.5 milljarða í hlutafé í fyrirtækið. Hér er sennilega um að ræða framkvæmdir upp á 14—16 milljarða eða eitthvað ekki langt frá því. (Gripið fram í.) 18, segir hv. þm. Jónas Árnason, og ekki förlast honum í reikningnum. En burt séð frá því, það skiptir kannske ekki meginmáli hvort það er 14 eða 18, allavega er þetta stórfjárhæð á okkar mælikvarða. Og þetta á að gera á sama tíma og þessir hæstv. ráðh., ekki síst hæstv. iðnrh. og fjmrh., margítreka það hér á Alþ. að það sé gjörsamlega útilokað að veita eina eða neina fyrirgreiðslu til uppbyggingar í fiskiðnaði, hversu brýnt og nauðsynlegt sem það er, til þess að auka útflutningsverðmæti, skapa gjaldeyri.

Þessum 2.5 milljörðum í hlutafé eiga svo að fylgja ca. 800 millj. úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda. Það er nærri því sama fjárupphæð og er á fjárl. ársins 1977 til allra fiskihafna í landinu. Það kostaði ekkert lítið að kreista rúmar 900 millj. undan nöglunum á hæstv. samgrh. og fjmrh. í allar fiskihafnir í landinu, þó að það sé hægt að rétta svo til umyrðalaust 800 millj. til hafnargerðar á Grundartanga. Þá er ekki fjárskorturinn. Nei, það er ekki að sjá á gerðum hæstv. iðnrh. eða hæstv. ríkisstj. eða stuðningsliðs hennar hér á Alþ. að það sé neinn fjárskortur, ef marka má það sem hér er lagt til. Hér er sem sagt lagt til að láta hafa forgang uppbyggingu atvinnurekstrar af þessu tagi, sem fyrir fram er sýnilegt að er ekki jafnþjóðhagslega hagkvæmur og nauðsynlegur og ýmsar þær framkvæmdir sem beðið hefur verið um, en hafnað hefur verið fjármagni til.

En þetta hefur verið og virðist eiga að vera efnahagsstefna hæstv. ríkisstj. þ. e. að stuðla fyrst og fremst að áframhaldandi byggðaröskun, stuðla fyrst og fremst að uppbyggingu alls konar stórframkvæmda hér á suðvesturhorni landsins, en skera niður nauðsynlegar framkvæmdir úti á landsbyggðinni.

Ég get ekki stillt mig um að geta þess í þessu sambandi, af því að það er auðvitað nátengt þessu í sambandi við orkumál, að á sama tíma og þetta átti að gerast, þó ekki hefði orðið af því vegna þess að Union Carbide taldi fyrirtækið a. m. k. vafasamt, ef ekki glatað, og dró sig út úr, þá var á sama tíma af hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðum hér á Alþ. staðið fyrir því að skera niður ákveðnar framkvæmdir í fjárlögum ársins 1976 í orkumálum til Vestfjarða um 200 millj. kr., á sama tíma og hægt var að verja fjármagni af þessari stærð í byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Og það er allt útlit fyrir að sama eigi að endurtaka sig á árinu 1977, að eins eigi að fara með vestfirðinga, að það eigi að skera á bilinu 150—200 millj. af fjárveitingum ársins 1977 til orkuframkvæmda á Vestfjörðum. Það kallast að vísu ekki beinn niðurskurður, en kerfið er látið sjá um það. Það eru settar í fjárl. ákveðnar framkvæmdir, ákveðnir verkþættir, en það er ekki búið að panta efni til þeirra enn, þannig að það verður ekki unnið. Það er hinn óformlegi niðurskurður sem kerfið er látið sjá um, og það gerðist líka 1976. Þetta er talið sjálfsagt gagnvart landsfjórðungi eins og Vestfjörðum sem eru í orkusvelti og verður þar enn verra ástand áður en langt um líður. Og það er ekki ýkjalangt síðan, þó að það sé að vísu ekki tengt þessu máli, en það er ekki ýkjalangt síðan hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar hér á Alþ. neitaði fyrirgreiðslu til uppbyggingar hafnaraðstöðu í litlu sjávarþorpi vestur á fjörðum til þess að hægt væri að gera ráðstafanir til þess að mæta því breytta og góða viðhorfi sem átt hefur sér stað varðandi loðnuveiðar. Það þurfti að fá 100 millj. kr. til þess að flýta um tvö ár framkvæmdum í höfn vestur í Bolungarvík til þess að væri hægt að mæta þeirri miklu þörf, sem þar hefur skapast, og sinna loðnuflotanum. Þessu var hafnað. Þetta var talinn of góður biti vestfirðingum til handa og þjóðinni til handa, því að hér var ekki bara um að ræða Bolungarvík og Vestfirði, hér var um að ræða þjóðarhagsæld. Þetta var þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, átti að kosta 100 millj., og það átti að tvöfalda afköst viðkomandi verksmiðju, loðnuverksmiðju, en því var samt hafnað. En þetta er hægt að gera sem hér er lagt til, upp á marga milljarða.

Þetta er það, sem við höfum ótal dæmi um, það er í hnotskurn byggðastefna hæstv. ríkisstj. En það er talið sjálfsagt, á sama tíma og neitað er um 100 millj. kr. til þessara framkvæmda, að setja 800 millj. í höfn í Hvalfirði. Það er ekkert við það að athuga, að því er virðist, þó að mér heyrðist á hv. síðasta ræðumanni að verði eitthvað til þess að koma hiki á hann við fylgi þessa máls, þá er kannske fyrst og fremst spurningin um höfnina. (Gripið fram í.) Nei, hér geysist hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar fram í þessu máli. En hann er ekki jafnhraðstígur, hæstv. orkumrh., í sambandi við framkvæmd þeirra laga sem samþ. voru hér á Alþ. fyrir skömmu varðandi Orkubú Vestfjarða. Þar eru skrefin styttri. Þar er hægar farið, að því er virðist, og kannske á það við í því máli að áliti hæstv. ráðh. að kapp sé best með forsjá. En því er ekki stillt á þann veg varðandi þetta mál. Mér vitanlega er legið á því máli og er það þó brennandi spursmál fyrir þann landsfjórðung. En þar virðist ekkert gert, að því er best verður séð, eða a. m. k. hef ég ekki um það upplýsingar að neitt hafi frekar gerst né sé að gerast varðandi það mál. Það er þó orkumál og á heima undir þessum lið.

Ég var ekkert hissa á því þó að hv. þm. Benedikt Gröndal kæmi inn á það hér að það þyrfti vissulega að hafa í huga varðandi ákvörðun um slíkt sem þetta jafnvægi í byggð landsins, byggðastefnuna, hvort ákvörðun af því tagi sem hér er verið taka eða ætlast til að tekin verði samrýmist því að hér sé verið að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Mér urðu það mikil vonbrigði að heyra formann Alþfl. svo gott sem lýsa því ákveðið að hann teldi að hér væri verið að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, vegna þess að hann lýsti fylgi sínu við frv. Mér urðu það mikil vonbrigði og ég fyrir mitt leyti skil ekkert í því hvernig hv. þm. dreifbýliskjördæma, — kjördæma sem eru í algjöru orkusvelti eða er fyrirsjáanlegt að þau verða það á allra næstu tímum, — hvernig í ósköpunum þm. slíkra kjördæma, t. d. Austfjarða, Vestfjarða eða Norðurlands, geta léð stuðning sinn við slíkt fyrirtæki eða mál eins og hér er á ferðinni. Mér er ómögulegt að skilja það. Hvort sem þessir hv. þm. eru í liði stjórnarflokkanna, stuðningsmanna ríkisstj., eða í stjórnarandstöðu, þá á ég ómögulegt með að skilja hvernig þeir geta varið það fyrir sinni sannfæringu og fyrir réttlætinu gagnvart sínum umbjóðendum að ætla sér að stuðla að því að slíkt mál eins og hér er nú til umr. nái fram að ganga á kostnað sinna umbjóðenda, því að það er augljóst mál að það verður það.

Nei, hér er enn eitt og kannske hvað augljósasta dæmið um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. sem er andstæð byggðaþróun. Hér er lagt til að hefja framkvæmdir við fyrirtæki sem kostar 14—18 milljarða kr., á sama tíma og neitun á neitun ofan er hjá hæstv. ríkisstj. um að fá tiltölulega litla fyrirgreiðslu til þess að bæta aðstöðu undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar, sjávarútvegsins og fiskvinnslunnar. Auk þess er nokkurn veginn fyrirsjáanlegt að orkan til þessa fyrirtækis á að vera seld á kostnað íslendinga. Þeir eiga að borga svo og svo mikið með henni. Eins og ég sagði áðan, er lágmark að þeir erlendir aðilar, sem teknir eru í samstarf með þessum hætti, séu látnir borga fyrir sig. Og mér sýnist að allt bendi til þess að hæstv. ríkisstj. ætli að halda áfram uppteknum hætti að vera í andstöðu við uppbyggingu á þeim stöðum sem hennar er fyrst og fremst þörf, en setja strikið þess í stað á stórframkvæmdir á því sama horni sem uppbyggingin hefur verið hvað mest og örust á undanförnum árum.

Það hefur í þessum umr. verið nokkuð minnst á væntanlega næstu stórvirkjun. Við umr. fyrir

jólin um fjárl. og lánsfjáráætlun, framkvæmdaáætlun, var því hvað eftir annað lýst yfir af hæstv. fjmrh. að engar hugmyndir væru uppi um það að ráðist yrði í að virkja Hrauneyjafoss. En tiltölulega fljótlega eftir að Alþ. hafði farið í þingleyfi kom tilkynning um að búið væri að ákveða, hvar virkja skyldi næst, og farið að undirbúa á þessu ári næstu stórvirkjun við Hrauneyjafoss. Og ég hallast að því að það sé rétt, sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði áðan, að hér er það kerfið sem ræður. Stjórnvöld hafa ekki tilbúnar neinar fyrirætlanir eða áætlanir um virkjanir á öðrum svæðum en því svæði sem Landsvirkjun sér um, og það má raunar segja að stjórnvöld hafi engar áætlanir tiltækar á því svæði. En landsvirkjunarstjórn hefur tilbúnar áætlanir um framkvæmdir á því svæði sem hún hefur umsjón yfir, og það er því í raun og veru hún, það er kerfið, það eru embættismennirnir sem ráða ferðinni í þessu tilfelli. Þetta kemur þvert ofan í allar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. hér á Alþ. Hæstv. iðnrh. var ekki aldeilis á þeim buxunum að næsta stórvirkjun ætti að vera við Hrauneyjafoss. Hún skyldi vera á Norðurlandi og Blanda skyldi það verða. En þarna hefur kerfið gripið fram fyrir hendurnar á hæstv. ráðh. Og það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir það í framtíðinni að slíkt sem þetta endurtaki sig, ekki bara á þessu sviði, við höfum um það ótalmörg dæmi hvernig embættismannakerfið tröllríður öllu í landinu að því er varðar að taka fram fyrir hendur löggjafans og fjárveitingavaldsins. Þannig standa í þessu tilfelli ráðh. frammi fyrir þessu og verða að segja já og amen við öllu sem landsvirkjunarstjórn leggur til. Það er mál að slíku linni.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan hef ég hér viljandi talað út frá talsvert öðrum forsendum varðandi þetta mál heldur en aðrir hv. þm. sem hér hafa talað. En ég taldi rétt og raunar nauðsynlegt að koma inn í umr., ekki síst um þetta mál, hvernig í raun og veru hæstv. ríkisstj. hefur staðið að málum varðandi framkvæmd stefnu í efnahagsmálum og ekki síður varðandi byggðastefnuna margumtöluðu sem ekki var svo lítið gert úr í stjórnarsamningi núv. hæstv. ríkisstj.

Ég tel að ef hér fer fram sem horfir, að úr því verður að Alþ. fallist á það sem hér er um beðið, þá sé það enn eitt áfallið fyrir þá sem í raun og veru vilja snúa þróuninni við til hins betra varðandi uppbyggingu landsbyggðarinnar og stuðla að vaxandi jafnvægi í byggð landsins. Ef þetta mál nær fram að ganga eins og það nú liggur fyrir verður það enn eitt áfallið fyrir þá menn sem vilja berjast fyrir aukinni uppbyggingu úti á landsbyggðinni og þróttmeiri byggðastefnu. Ég vænti þess fastlega að þeir hv. þm., ekki síst úr stjórnarliðinu, sem greinilegt var að voru í hjarta sínu andvígir þessu máli þegar það var afgreitt hér á Alþ. fyrir tveim árum, hafi nú séð að hverju fer og að þeir endurskoði afstöðu sína til atkvgr. Hugarfarið þarf ábyggilega ekki að endurskoða. Ég geri ráð fyrir að það sé með sama hætti og var áður, að þeir séu í hjarta sínu andvígir því. En ég vænti þess að þeir endurskoði afstöðuna til atkvgr. og að þeir sjái um það ásamt mér og öðrum, sem vilja koma í veg fyrir að þetta sé gert, að málið verði fellt hér í atkvgr.

Sigurður Magnússon: Hæstv. forseti. Nú þegar þetta frv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði liggur hér fyrir d. tel ég rétt að nota tækifærið og ræða almennt um þá valkosti sem þjóðin stendur frammi fyrir í þróun atvinnumála með hliðsjón af nýtingu orkuauðlinda landsins, ræða almennt um iðnþróun og stóriðjustefnu og afleiðingar slíkrar stefnu á þjóðfélag okkar, nú þegar rætt er um að ráðstafa stórum hluta af raforkunni frá Sigöldu á verði sem rétt lafir í því að vera framleiðslukostnaðarverð raforkunnar, eins og orkumálastjóri ríkisins hefur orðað þetta á fundi í iðnn. Nd. Þótt það sé í eðli sínu nokkur munur á þeim samningum um járnblendiverksmiðju á Grundartanga, sem ríkisstj. hyggst nú gera við erlent auðfyrirtæki, og þeim samningum, er áður hafa verið gerðir við einokunarhringinn í Straumsvík, svissneska hringinn þar, um álbræðslu, þá stendur valið eigi að síður á milli íslenskrar, þjóðlegrar iðnþróunar og verksmiðjurekstrar með útlendingum, — verksmiðjurekstrar þar sem byggt er á aðfluttum hráefnum. Það er rétt að ræða þessi mál hér og nú almennt, þar sem komið hefur fram og einkum af hálfu iðnrh. að hann hefur á prjónunum margvísleg áform um erlenda stóriðju í landinu, m. a. stækkun álversins í Straumsvík og uppsetningu nýrra stóriðjuvera undir handleiðslu útlendinga, og horfir jafnvel til samvinnu við þá um byggingu og rekstur orkuvera, og nú síðast hefur frést af því að hann eða fulltrúar hans séu á förum til Sviss að ræða þessi mál við fulltrúa svissneska álhringsins. Á sama tíma mótar aðgerðaleysið allar athafnir stjórnvalda um innlenda orkunýtingu í landinu. Ég þarf ekki að fjölyrða um það, að slík áform hljóta að stefna sjálfstæði þjóðarinnar í mikinn voða. Slík áform hljóta að knýja okkur til að meta áhrif slíkrar samvinnu við erlend fyrirtæki á efnahagslegt vald okkar.

Í þessu sambandi vil ég í upphafi undirstrika rækilega þá staðreynd að milli efnahagslegs og stjórnarfarslegs sjálfstæðis þjóðar liggja engin skýr mörk. Án efnahagslegrar sjálfstjórnar verður aldrei um stjórnarfarslegt fullveldi að ræða. Þessi sannindi ættu að vera okkur íslendingum augljós, svo mjög sem þjóðfrelsisbarátta okkar áður varpar skýru ljósi á þau, því að um aldir var frelsi þjóðar okkar njörvað niður með fjötrum erlendrar einokunar á verslun og siglingum og í atvinnumálum yfirleitt. Það var fyrst með vaxandi yfirráðum þjóðarinnar í upphafi þessarar aldar á atvinnutækjum sínum sem vonir hennar um endurheimt sjálfstæðis fengu raunsætt pólitískt gildi. Og alveg eins og sú barátta var hörð og torsótt mun það verða sífelld barátta okkar fámennu þjóðar að varðveita fengið þjóðfrelsi, — barátta sem í heimi harðnandi tækni og auðvaldsþróunar verður e. t. v. stöðugt torsóttari.

Ég ætla ekki að lýsa því, hvernig hið erlenda vald hélt frelsi og hamingju íslensku þjóðarinnar í dróma um langar dimmar aldir. En það er hollt fyrir okkur íslendinga að minnast þess og

þá einkum á stundum þegar við ræðum framtíðarmarkmið okkar í atvinnu- og efnahagsmálum og samskiptareglur okkar við erlenda aðila. Ég get þó ekki stillt mig um að vitna í lítinn bókarkafla sem ég hef nýlega lesið úr æviminningum Tryggva Emilssonar verkamanns, þar sem hann lýsir vel þeirri kúgun sem þjóð okkar mátti búa við í þessum efnum fyrr á árum, en þar segir Tryggvi frá Akureyri aldamótaáranna, svo að ég vitni til orða hans, með leyfi yðar, forseti:

„Lengi höfðu danskir kaupmenn ráðið lögum og lofum í bæjarfélaginu á Akureyri, þar sem fátækir og ríkir skiptu afla úr hendi þeirra ríku, þar sem kaupmennirnir verðlögðu allt, sem selt var og keypt, og höfðu lífsafkomu fólksins til sjávarins og sveitanna í kring í hendi sinni. Segja má með fullum sanni að hvert fiskiskip, smátt og stórt, og auk þess vinnslustöðvarnar væru þeirra eign. Allur fiskur gekk á einhvern hátt þeim um greipar og föng áttu þeir í hverjum heybagga fjörð um kring og fram til dala, og haustlömbin voru þeim pantsett. Þessir dönsku kaumenn áttu að sönnu þau erindi ein til Íslands að versla við landsfólkið, græða á viðskiptunum og flytja gróðann úr landi.“

Lýk ég þá tilvitnun í orð Tryggva Emilssonar og ég vil ekki við þau bæta neinu, en það aldarfar, sem þau lýsa, er hollt að hafa í minni. En það fóru vakningartímar í hönd á Íslandi og hin erlenda valdastétt varð að láta undan síga. Fólkið hafði skynjað mátt samstöðunnar og félagshyggjunnar, alþýða Íslands til sjávar og sveita bast böndum í samvinnufélögum og verkalýðssamtökum, og fyrir forustu hinna ýmsu félagasamtaka hennar var hafin sókn til framfara í atvinnu- og efnahagsmálum. Áhrifa þeirrar forustu og þess frumkvæðis, sem hinar miklu félagsmálahreyfingar alþýðunnar áttu í þessum efnum, hefur gætt allt fram á þennan dag í atvinnuþróun á Íslandi. Hlutur félagasamtaka og síðar ríkis og sveitarfélaga í atvinnumálum er stærri á Íslandi en í flestum öðrum þjóðfélögum sem búa við líkt hagkerfi og við. Og hlutur einkafjárfestingar hefur að sama skapi verið lítill, þótt vafalítið hafi hallað á hina opinberu og félagslegu fjárfestingu hin síðari ár og þó einkum á valdaskeiði viðreisnarstjórnarinnar á áratugnum milli 1960 og 1970, enda beinlínis stefnt að slíku af hálfu stjórnvalda. En þessi sérkenni íslenska efnahagslífsins hafa um leið verið sérkenni þess kapítaliska þjóðfélags sem við búum við, og þetta sérkenni hefur mótað skoðanir þeirra pólitísku afla sem einkafjármagnið á Íslandi styður sig við. Vanmáttur þess og hin litla hlutdeild í fjárfestingu á landinu hefur gert það ósjálfstætt og um leið óþjóðlegt. Þannig hefur það löngum reynt að sækja þann styrk, sem það hefur ekki getað sótt til þjóðarinnar, út fyrir landsteinana. Um þetta mætti nefna mörg dæmi.

Kunn eru tengsl ýmissa fésýsluafla við erlent herlið í landinu bæði fyrr og síðar. Það fór ekki heldur leynt að þeir voru ýmsir sem höfðu áhuga á inngöngu Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu á árunum eftir 1960, þótt vitað sé að innganga okkar í Efnahagsbandalag Evrópu sé í raun afsal okkar á stjórn eigin fjárfestingar. Ákvæði Rómarsáttmálans gera ráð fyrir því að allar hindranir í löggjöf aðildarlandanna á gagnkvæmum rétti ríkja til atvinnurekstrar og fjárfestingar séu felldar niður, allar slíkar hindranir, og ákvæði um starfsemi banka í sambandi við tilflutning auðmagns milli landa numin úr gildi. En nær í tímanum eru e. t. v. stóriðjudraumar viðreisnarstjórnarinnar um miðjan áratuginn 1960—1970 þegar tímabundnir erfiðleikar í sjávarútvegi okkar, sem einkum stöfuðu af áralöngu sinnuleysi stjórnvalda til endurnýjunar fiskiskipastóls landsins, gáfu slíkum draumum byr undir vængi. Slíkt kappsmál var þá stóriðjustefnan stjórnvöldum að þau auglýstu jafnvel í erlendum fjármálatímaritum að á Íslandi væri föl ódýr orka og ódýrt vinnuafl. Það var á þessum árum sem Sjálfstfl. vildi reisa 21 álbræðslu í landinu. Þá voru álbræðslurnar lausnarorðið við efnahagsvanda þjóðarinnar.

Til gæfu fyrir íslensku þjóðina urðu þessir stóriðjudraumar aldrei að veruleika og einungis ein álverksmiðja var reist, — verksmiðja sem alla tíð hefur notið sérstakra friðinda umfram annan atvinnurekstur í landinu í skatta- og tollamálum og auk þess notið þeirra einstöku hlunninda að fá íslenska orku keypta undir framleiðsluverði og með sérstökum afhendingarskilmálum. Arðinn af þessum verksmiðjurekstri hefur hið erlenda auðfélag flutt óskiptan úr landi, líkt og dönsku kaupmennirnir gerðu áður fyrr á Akureyri.

Það var fyrst og fremst fyrir harða baráttu Alþb. gegn stóriðjuáformum viðreisnarstjórnarinnar og framhaldi slíkra samninga við erlend auðfélög á borð við samninginn við svissneska auðhringinn sem tókst að stöðva þessa þróun. Undir forustu Alþb. var trú fólksins í landinu á eigin möguleika til fjölbreytts atvinnurekstrar og trú á möguleika sjávarútvegs og þjóðlegs iðnaðar endurvakin. Í kosningunum 1971 er ekki hvað síst tekist á um þessi grundvallarsjónarmið íslenskra stjórnmála með þeim árangri að fyrri stjórnarherrar urðu að víkja úr sessi. Og undir forustu Alþb. í vinstri stjórninni á árunum 1971—1974 er hafin endurreisn íslensks sjávarútvegs, endurnýjun fiskiskipastólsins og fiskvinnslustöðvanna og verndun fiskstofnanna með útfærslunni í 50 mílur. Á sviði iðnaðarmála voru gerðar margvíslegar ráðstafanir til að efla starfsemi hans með breyttum lögum um lánamöguleika hans og rannsóknar- og tækniaðstoð. En því miður tókst ekki að leiða öll þau framfaramál til lykta fyrir stjórnarskiptin. Miklar athuganir fóru þá fram á möguleikum til fjölbreytts nýiðnaðar í landinu sem var byggður á íslenskum hráefnum og orku til framleiðslu sinnar. Sum þessara áforma tókst að leiða til lykta, en önnur hafa um sinn verið lögð á hilluna eða þeim hefur verið drepið á dreif með tilkomu nýrrar ríkisstj. Stefnan í raforkumálum landsins var einnig tekin til endurmats og sett fram það markmið að samtengja raforkukerfi landsmanna, sem er grundvallarforsenda þess að hægt sé að virkja orku landsins hagkvæmlega og reka raforkuverin á hinn hagkvæmasta hátt. Og síðast, en ekki síst var hafist handa um áætlanagerð og framkvæmdir við húshitun með innlendri orku og stefnt þannig að stórkostlegum sparnaði olíu-

kaupa sem með hækkuðu olíuverði eru að verða einn stærsti kostnaðarbaggi á þjóðinni.

Þannig var hinni íslensku stefnu rudd braut og að sinni hafnað stefnu viðreisnarstjórnarinnar í atvinnumálum sem boðaði hömlulausan innflutning erlendrar fjárfestingar í landið í samvinnu við erlenda einokunarauðhringi. Hinn pólitíski sigur vinstri aflanna í landinu í kosningunum 1971 með myndun vinstri stjórnarinnar að þeim loknum markaði því afdráttarlaus tímamót í atvinnumálum þjóðarinnar, og óvíst er hvernig farið hefði um efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar ef fram hefði haldið sem horfði.

Fram til þessa hefur okkur íslendingum tekist að forðast mjög náið samneyti við erlenda einokunarauðhringi, og enn er hlutur þeirra í íslensku efnahagslífi ekki svo stór að veruleg hætta stafi af. En svo er ekki um allar þjóðir. Margar þeirra og þó einkum þær, sem teljast með hinum svonefndu þróunarlöndum, hafa ekki farið varhluta af starfsemi þeirra, og nú er svo komið að þær telja það eitt helsta verkefni sitt að losa um þessi tengsl við hin erlendu einokunarfyrirtæki *og endurheimta efnahagslegt frelsi sitt.* En jafnvel nágrannaþjóðir okkar, eins og norðmenn, þekkja þennan vanda í upphafi aldarinnar, og fram eftir öldinni gerðu norsk stjórnvöld margs konar samninga við erlenda fjárfestingaraðila um verksmiðjurekstur í Noregi, svo sem álbræðslur, jafnvel samninga til 100 ára, án þess að norðmenn ættu þar nokkurn hlut að máli hvað varðar eignarrétt eða önnur yfirráð. Nú er þetta liðin tíð í þessu landi og þessir frændur okkar telja það eitt helsta verkefni sitt að afnema slíka samninga og ná yfirráðum yfir fjárfestingu í landi sínu. Þótt varkárni og aðgæsla sé alltaf *nauðsynleg í samskiptum við erlenda aðila eða* erlent fjárfestingarfé, gildir það sér í lagi um samskipti við erlenda einokunarhringi eða fjölþjóðaauðhringi, sem þeir gjarnan eru nefndir vegna þess eðlis þeirra að þeir starfa í hinum ýmsu löndum og ráða yfir öllum stigum þeirrar framleiðslu er þeir vinna að. Og áður en lengra er haldið vil ég gjarnan vekja athygli þm. á vexti og viðgangi hinna fjölmörgu fjölþjóðlegu auðhringa sem þenja starfsemi sína stöðugt út til fleiri landa, en segja má að starfsemi þeirra sé nýtt stig þess kapitalíska þjóðfélagskerfis sem hinn vestræni heimur býr við. Hlutverk þeirra er *líkt og nýlenduveldanna forðum, og helst er* hægt að segja að þeir séu framhald hinnar gömlu nýlendustefnu.

Í efnahagsumróti áranna eftir síðustu heimsstyrjöld notuðu ýmsar þjóðir tækifærið til þess að hrista af sér klafa kúgunar og sóttu fram til frelsis meðan hin gömlu nýlenduveldi Evrópu voru í sárum eftir átök styrjaldarinnar. Um þetta leyti má segja að vöxtur og uppgangur fjölþjóðaauðhringanna hefjist. Einkum voru það stærstu og auðugustu fyrirtæki Bandaríkjanna sem riðu á vaðið, og enn eru þau fjölmennust í þessum hópi með um 80% þeirrar fjárfestingar sem fjölþjóðaauðhringir *hafa í heiminum.*

Hin nýfrjálsu ríki áttu við margvíslegan efnahagsvanda að stríða, vanþróað, tæknisnautt atvinnulíf, enda höfðu þau um aldir einungis verið hráefnanámur nýlenduveldanna sem héldu niðri allri þekkingarleit og viðleitni heimafólksins til sjálfsbjargar. Þetta ástand kunnu fjölþjóðahringarnir að notfæra sér, enda víða og þá einkum í Bandaríkjunum farið að þrengja að starfsemi þeirra af ýmsum ástæðum. Hráefni, orka og ódýrt vinnuafl nýfrjálsu landanna gerðu þau girnileg í augum hringanna, og stjórnmálaástandið heima fyrir í nýfrjálsu löndunum gerði þau ginnkeypt fyrir margvíslegri samvinnu við þá. Enda þótt þeir hafi síðar fært starfsemi sína út, einnig í *sjálfum iðnríkjunum, hafa þróunarlöndin* svonefndu einkum verið vettvangur þeirra til arðráns og gróðasöfnunar, en 2/3 hlutar alls fjárfestingarfjármagns hringanna eru enn í þessum löndum.

Valda- og forréttindastétt auðvaldslandanna hefur með fjölþjóðaauðhringunum fundið sér nýjan farveg til arðráns og auðsöfnunar til viðhalds sínum drottnunarmætti. Efnahagslega pólitísk völd fjölþjóðahringanna eru mikil og geigvænleg vegna þess eðlis þeirra og uppbyggingar sem ég gat um áðan, — þeirrar uppbyggingar sem gerði þeim kleift að sniðganga allt vald þjóð*ríkjanna. Með auði sínum og yfirráðum yfir hinni* háþróuðustu tækni og vísindakunnáttu geta þeir iðulega virt að vettugi vilja og stefnu kjörinna stjórnvalda. Uppgangur þeirra hlýtur því að vera mikið áhyggjuefni öllum lýðræðissinnum.

Ég læt hér fylgja nokkrar upplýsingar um framleiðslumagn og umsvif fjölþjóðahringa sem varpa skýru ljósi á veldi þeirra. Upplýsingarnar eru m. a. fengnar úr skýrslu sænska alþýðusambandsins sem eins og mörg önnur verkalýðssamtök í heiminum hefur stórar áhyggjur af þróun þessara hringa, en skýrsla þessi er frá árinu 1975. Í henni segir m. a. að framleiðsla fjölþjóðahringa vaxi um þessar mundir tvöfalt hraðar en efnahagsstarfsemi heimsins í heild. Árleg aukning heimsframleiðslunnar er talin vera um 5% að meðaltali á ári, en aukning á framleiðslu hringanna um 10%. 1971 var öll framleiðsla hringanna um 450 milljarða dollara til samanburðar við samanlagða þjóðarframleiðslu í öllum löndum sem var þá um 3000 milljarða dollara. Og hvað varðar sérstaklega iðnaðarframleiðslu í heiminum er því spáð að 1985 muni um 300 fjölþjóðaauðhringir ráða yfir um 50% af allri iðnframleiðslu heimsins og 1995 um 70% af þessari framleiðslu.

Margir einstakir fjölþjóðahringar velta árlega þúsundum milljarða dollara. Ef við tökum svissneska álhringinn, Alusuisse, móðurfyrirtæki ÍSALs, sem dæmi, þótt hann teljist ekki í hópi hinna stærri fjölþjóðahringa, þá var ársvelta hans 1973 um 727 millj. dollara, en það ár mun þjóðarframleiðsla íslendinga hafa verið um 1 milljarð dollara. Ég vil skjóta því hér að, þegar Benedikt Gröndal gengur í salinn, hann talaði um í ræðu sinni áðan að þetta væri lítill auðhringur, og það kann vel að vera að hann sé lítill í augum Benedikts Gröndals, en hann veltir þó fjármagni, sem er líkt og öll þjóðarframleiðsla íslendinga.

Ef við hins vegar berum saman framleiðslu erlendra útibúa fjölþjóðahringa, þá er hún u. þ. b. 20 milljörðum dollara meiri að verðmætamati en útflutningsframleiðsla allra landa heims. Nákvæmar tölur 1971: útflutningsverðmæti í

heiminum 310 milljarðar dollara og framleiðsla erlendra útibúa fjölþjóðahringa 330 milljarðar dollara eða ívið meiri.

Þessar upplýsingar eða tölur má skoða frá ýmsum sjónarhornum. Ef við skoðum þetta með hliðsjón af einstökum löndum, þá er t. d. framleiðsla bandarískra fjölþjóðahringa á erlendri grund fjórum sinnum meiri 1971 en öll útflutningsframleiðsla Bandaríkjanna unnin í heimalandinu sjálfu. Sambærilegar tölur frá Sviss og Bretlandi eru tvöföld framleiðsla hringanna. Franskir og sænskir fjölþjóðahringir framleiða hins vegar jafnmikið utanlands og nemur útflutningsframleiðslu þessara landa.

Þessar upplýsingar um framleiðslumagn fjölþjóðaauðhringa segja nokkuð um veldi þeirra og hver þróunin er í þessum efnum. Áhrifa þeirra gætir nú í auknum mæli hvarvetna í heiminum þannig að allar fyrri hugmyndir manna um vald og ríkisvald hljóta að endurmetast. Sérlega er vert fyrir verkalýð heimsins að gera sér grein fyrir áhrifum fjölþjóðahringa á verkalýðsbaráttu og launabaráttu alla. Vegna viðleitni hringanna að leita alltaf að hámarksgróða án tillits til þarfa og hagsmuna verkafólks í hverju einstöku landi og vegna þeirrar staðreyndar, að auðveldara er að flytja á milli landa fjármagn en vinnuafl, mun starfsemi fjölþjóðaauðhringa aldrei veita verkafólki það atvinnuöryggi sem þjóðlegir atvinnuvegir geta veitt. Með hótunum um stöðvun framleiðslu eða flutning hennar á milli landa geta hringarnir ógnað og kúgað verkafólk undir vilja sinn og dregið úr því að krefjast aukinnar hlutdeildar í arði framleiðslunnar hverju sinni. Þannig geta fjölþjóðahringar miklu frekar en þjóðleg fyrirtæki komist hjá því að viðurkenna hefðbundinn rétt verkafólks og verkalýðssamtaka. Einnig er rétt að gefa því gaum í allri umræðu verkafólks um atvinnulýðræði, að framleiðsluskipan fjölþjóðahringa er í fullri mótsögn við hugmyndir verkalýðssamtaka og verkafólks um aukin áhrif á vinnuna, fyrirkomulag hennar og skiptingu arðs. Yfirstjórn og miðstýring fjölþjóðahringa á útibúum sínum í einstökum löndum er slík að þau hafa ekki olnbogarými til sjálfstæðrar ákvarðanatöku nema að mjög litlu leyti. En þessi miðstýring fjölþjóðahringa er ein forsenda þess að þeir geti tryggt sér hámarksgróða hverju sinni, því að með slíkri stýringu velur hringurinn í hvert skipti hvar í framleiðsluferlinum, í hvaða landi gróðinn er látinn koma fram, og tekur hann svo mið af skatta- og tollakerfi einstakra landa og þeim öðrum reglum er þau setja um yfirfærslu hagnaðar úr landi, svo að eitthvað sé nefnt.

Mér hefur í ræðu minni orðið tíðrætt um þá ógnarhættu sem sjálfstæði okkar kann að stafa í framtíðinni af samneyti við hina fjölþjóðlegu auðhringi. Ég hef talið rétt að nota það tækifæri, sem hér gefst, til að vara við hættunni af þessum erlendu félögum, sérstaklega af því að við vitum um áform og áhuga vissra aðila í núv. ríkisstj. um enn frekari samvinnu við útlendinga um stóriðjurekstur, eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar. En slíkt gengur þvert á vilja þeirra sem vilja auka efnahagsleg lýðréttindi fólksins í landinu og skiptir sköpum um það hver þróunin verður í atvinnumálum þjóðarinnar. Undan þessum staðreyndum getur enginn þm. vikið sér.

Þessar staðreyndir um eðli hins alþjóðlega fjármagns voru okkur alþb.-mönnum efstar í huga þegar við börðumst á sínum tíma gegn hinum erlendu stóriðjuáformum viðreisnarstjórnarinnar. Það markaði því tímamót í allri umræðu um samstarf við erlenda aðila í fjárfestingarmálum þegar fyrir forgöngu fyrrv. iðnrh. voru settar fram ákveðnar lágmarksreglur sem fylgja skyldi í slíkum viðræðum. Að þessum lágmarksskilyrðum stóð öll vinstri stjórnin á sínum tíma og þá um leið annar stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar, Framsfl. Þessi lágmarksskilyrði voru efnislega þessi:

1. Að hlutafjármeirihluti væri alltaf í eigu íslenska ríkisins og fyrirtækið væri skrásett sem íslenskt fyrirtæki.
2. Að fyrirtækið þyrfti að lúta íslenskum lögum og lögsögu í einu og öllu.
3. Að raforkuverð yrði að vera þannig að viðunandi væri fyrir rekstur orkuveranna í landinu.

Einnig var um sama leyti komið á samstarfsnefnd milli iðnrn. og Náttúruverndarráðs um orkumál.

Með þeirri forskrift, sem hér var ákveðin, var hafnað í raun þeirri stefnu, sem áður hafði verið fylgt undir sömu kringumstæðum, og lagt fram verðugt innlegg í framtíðarstefnumörkun þjóðarinnar í þessum efnum. Á grundvelli þessara skilyrða heimilaði fyrrv. ríkisstj. viðræðunefndinni um orkufrekan iðnað að undirbúa drög að samningi um kísiljárnverksmiðju, og skilaði n. niðurstöðum sínum til ríkisstj. í upphafi ársins 1974. Þessi drög voru hins vegar aldrei tekin til frekari meðferðar, hvorki af þingflokkum ríkisstj. né af sjálfu Alþ., enda voru þá komin upp gerbreytt viðhorf í orkumálum vegna olíuverðhækkana.

Þótt Alþb. sé ekki alfarið andsnúið aðild erlendra fyrirtækja eða félagasamtaka að fjármögnun stóriðjufyrirtækja sem geta á eðlilegan hátt samrýmst þjóðlegu atvinnulífi landsmanna og raska ekki æskilegri atvinnu- og byggðaþróun og uppfylla önnur þau skilyrði er fullnægja hagsæld landsmanna, þá setur það mikinn vara við slíku samstarfi. Okkur alþb.-mönnum er jafnframt ljós nauðsyn þess að mynda meðal þjóðarinnar pólitískan meiri hluta um þessar hugmyndir okkar og síðan mótun stefnu í þessum málum sem fylgi skynsamlegri auðlindanýtingu og æskilegri þróun atvinnuvega og byggðar í landinu. Það er álit mitt að þau lágmarksskilyrði, sem fyrrv. iðnrh. setti viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, séu spor í þessa átt og ótvíræður sigur þeirra sem varað höfðu við hugmyndum um erlenda stóriðju á Íslandi. En þótt þessi skilyrði hafi þótt röng og óraunsæ, er þau voru sett fram, af ýmsum þeim sem hvað áhugasamastir eru um samstarf við erlenda aðila í atvinnumálum, hafa þau hlotið þann hljómgrunn meðal fólks að núv. ríkisstj. hefur ekki talið sig geta hunsað þau. Með viðurkenningu þessara skilyrða erum við á vissan hátt að reisa skorður við flutningi erlends fjárfestingarfjármagns til landsins, skorður, sem markast af möguleikum

okkar sjálfra til fjárfestingar í slíkum stóriðnaði. Hér á ég við ákvæðið um meirihlutaeign íslenska ríkisins í slíkum fyrirtækjum.

Það er kannske rétt að rifja það upp, að í tíð fyrri stjórnvalda var því haldið fram, að ekki væri kleift að ráðast í neinar stórvirkjanir á Íslandi nema orkusala væri tryggð til erlendra stóriðju, og því haldið fram, að erlendar lánastofnanir m. a. mundu ekki veita íslendingum fjárfestingarlán nema slíkur markaður væri tryggður. Þessar kenningar voru í raun afsannaðar í tíð vinstri stjórnarinnar því að lán til virkjunar Sigöldu voru tryggð án neinna slíkra skilyrða, þannig að viðræður um kísiljárnverksmiðju voru aðeins fyrst og fremst könnunarviðræður og upplýsingaöflun um þá möguleika sem voru á nýtingu orkunnar frá Sigöldu. Við ákvörðun um þessar virkjunarframkvæmdir höfðu stjórnvöld algerlega frjálsar hendur um að velja á milli þessara kosta síðar.

En þó að ég telji það á vissan hátt tímamót að nást skyldi sá pólitíski meiri hluti fyrir þessum skilyrðum sem ég gat um áðan, er viðræðunefndin um orkufrekan iðnað fékk sem veganesti á sínum tíma, er ljóst að þau ein út af fyrir sig geta aldrei ákvarðað hvort til samvinnu sé gengið við erlenda aðila um atvinnurekstur eða ekki. Hvert slíkt tilfelli, sem upp kemur, þarf að skoða, og kynna þarf sér alla starfsemi mótaðilans, eðli hráefnamarkaða og sölumarkaða og áhrif á náttúru og umhverfi og annan atvinnurekstur og byggð í landinu. Umfram allt þarf að forðast að slík samvinna geti sett til hliðar aðra og heppilegri valkosti í atvinnuþróun landsins og orkunýtingu.

Ég hef nú vikið hér nokkuð almennt að þeim skoðunum, sem ég hef á stóriðjumálum, og jafnframt að þeim hættum, sem alltaf eru því samfara að veita erlendu fjárfestingarfé til landsins. Ég vil þá víkja sérstaklega að því frv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga er hér liggur fyrir.

Af aðstandendum þessa frv. er því haldið fram að það tryggi hagkvæma orkunýtingu landsins og hafi jákvæð áhrif á þjóðarhúskap íslendinga, og það skulum við skoða svolítið nánar.

Þegar hafist var handa um virkjun Sigöldu voru samhliða af hálfu fyrrv. ríkisstj. og iðnrh. settar í gang margvíslegar athuganir á nýtingu þeirrar orku. Hafin var rannsókn á möguleikum margbrevtilegs nýiðnaðar sem ynni úr íslenskum hráefnum. En þar sem ljóst var að í þessum efnum var víða um byrjunarrannsóknir að ræða vegna þess að fyrri stjórnvöld höfðu vanrækt öll iðnþróunaráform voru einnig kannaðir möguleikar á kísiljárnverksmiðju sem tæki til starfa um sama levti og afli frá Sigöldu yrði tiltækt. Frá þessum hugmyndum um kísiljárnverksmiðju var síðan horfið, eins og ég gat um áðan, þegar ný viðhorf komu upp í orkumálum með þeim mikla hækkunum sem urðu á olíuverði í heiminum. Í stað þess ákvað fyrrv. iðnrh að hraða áformum um notkun raforku til húshitunar, en sá orkumarkaður var og er enn ekki nema að nokkru nýttur. Það alvarlega hefur skeð, að núv. iðnrh. hefur ekki sinnt þessum verkefnum og sýnt áformunum um raforkuhitun áhugaleysi og ekki fylgt eftir af neinum krafti heldur þeim hugmyndum sem iðnþróunarnefndin benti á um margvíslegan nýiðnað í landinu. Vegna þeirrar vanrækslu skeður nú það einsdæmi í virkjunarsögu okkar, að verið er að taka stóra virkjun í gagnið án þess að orkumarkaður hafi verið tryggður. Þessa vanrækslu munu íslenskir neytendur raforku borga dýru verði í hækkuðum raforkugjöldum.

1974 var lögð fyrir Alþ. af fyrrv. iðnrh. skýrsla um nýtingu innlendrar orku í stað olíu. Er þessi skýrsla að mestu byggð á skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, og er þar gerð mjög ítarleg athugun á hagnýtingu orkunnar til húshitunar, bæði með hitaveitu og raforku. Segir m. a. í skýrslunni að um áramótin 1972—1973 hafi um 46% þjóðarinnar notað jarðvarma til húshitunar og um 7% hafi notað rafhitun. Jafnframt segir í skýrslunni að ef og þegar olíu hafi verið útrýmt til húshitunar megi ætla að 66% landsmanna noti jarðvarma til húshitunar, en um 34% muni nota raforku. Mælt í orku var rafhitunin 1972 um 130 gwst., en hefði vaxið upp í einar 927 gwst. eftir að olíu hefði verið útrýmt að fullu.

Nú er þess að geta að þessi áætlun hefur nokkuð breyst vegna þess að jarðvarmi hefur fundist á svæðum, sem ekki voru talin líkleg vinnslusvæði jarðvarma 1974. Munar þar mestu um heitavatnsfund á Laugalandi í Eyjafirði. Því er líklegt að rafhitunarmarkaðurinn fullnýttur sé nú um 20% í stað 34% áður, þannig að fullnýttur sé rafhitunarmarkaðurinn nú um 500—600 gwst. miðað við mannfjölda á árunum 1980— 1981. Til viðmiðunar má ætla að nú séu notaðar um 300 gwst. til rafhitunar eða um helmingur þessa markaðar. Nákvæmar tölur liggja reyndar ekki fyrir um þetta, en miðað við þær tölur, sem liggja fyrir um notkunina 1975, er þetta nærri lagi.

Ég vil koma því hér að, að sá áróður, sem hafður hefur verið uppi um að engin áhersla hafi verið lögð á rannsóknir og framkvæmdir við jarðvarmaveitur í tíð ríkissti., er alrangur. Í tíð hennar voru gerðar vandaðar áætlanir um nýtingu jarðvarma og áætlað að ljúka framkvæmdum við hitaveitur á árinu 1976 í nágrannabyggðum Revkjavíkur, á Suðurnesjum, á Akranesi, Borgarnesi, Siglufirði, Evrarbakka, Stokkseyri og í Þorlákshöfn. Í þeirri skýrslu iðnrh., sem ég vitnaði til áðan, segir m a. um þetta: „Einnig má búast við að áframhaldandi rannsóknir á hitaveitu í nánd við bétthýli leiði í ljós hagkvæmni á hitaveitu þar sem vafi leikur á um hagkvæmni nú. Mikil nauðsyn er því á að jarðhitarannsóknir verði styrktar mjög, til þess að sem fyrst verði hægt að skera úr um það með fullri vissu hvar um nýtanlegan jarðvarma er að ræða."

Þær hitaveituframkvæmdir, sem nú eru í gangi, eru því aðeins rétt og eðlilegt framhald þeirra rannsókna og framkvæmda, sem ákveðnar höfðu verið áður, og geta á engan hátt og mega ekki á neinn hátt koma í veg fyrir að ráðist sé af fullum krafti í rafhitun húsa. Þótt vitað sé að í framtíðinni kunni að finnast jarðvarmi til virkjunar hitaveitna víða þar sem slíkt er ekki talið líklegt nú, þarf það ekki að koma í veg fyrir fram-

kvæmdir um raforkuhitun húsa, því að slíkri hitunaraðferð má koma fyrir með tvennu móti: annars vegar með 100% rafofnahitun þar sem litlar eða engar líkur eru taldar á hagkvæmni jarðvarmaveitu síðar, og svo hins vegar upphitun vatns með raforku á hitunarkerfi húsa þar sem líkur eru miklar á að jarðvarmi kunni að finnast síðar. Í þessum efnum er höfuðatriðið að þjóðin stefni hratt og ákveðið að útrýmingu olíunotkunar til húshitunar, eins og að var stefnt 1974.

Nauðsyn þessa sést best á því ef skoðaðar eru tölur um olíukostnað þjóðarinnar. Þannig má sjá að þrátt fyrir það að olíunotkun til húshitunar hafi minnkað úr um það bil 180 millj. lítrum 1972—1973 í um það bil 130 millj. lítra, sem áætlað er að notaðir verði á þessu ári til húshitunar, hefur innflutningsverð húshitunarolíu vaxið um helming á þessu árabili, úr rúmum einum milljarði í það sem ætla má að fari til þessa í ár, 2.4 milljarða. En á útsöluverði til íslenskra neytenda má gera ráð fyrir að þessir 230 millj. lítrar, sem verða notaðir í ár til húshitunar, muni kosta um 4 milljarða. Minnkun olíunotkunar um ca. 28% milli áranna 1972 og 1977, þótt lítil sé, nemur þó hvorki meira né minna en 1½ milljarði á verði til neytenda.

Árið 1975 voru gerðar í Bolungarvík kannanir á kostnaðarmun rafhitunar húsa og kostnaðar með olíukyndingu. Voru valin til þessarar könnunar 20 sambærileg hús, 10 sem voru hituð upp með raforku og önnur 10 sem voru hituð upp með olíukyndingu. Kom fram í könnun þessari að kostnaður á ári við upphitun með olíu var um 204 þús. á hús, en kostnaður við raforkuhitun um 101 þús. kr. á hús. Á þessu ári, sem um ræðir, var olíustyrkur til meðalfjölskyldu um 30 þús. kr., og þótt hann sé reiknaður með í dæminu er samt olíuhitunin um 40% dýrari fyrir húseigandann heldur en upphitun með rafmagni. Í þessum útreikningum er aðeins verið að kanna beinan rekstur, en ekki stofnkostnað og viðhald hitakerfis, en fullvíst er að rafhitun er miklu hagkvæmari hvað því viðkemur heldur en olíukyndingarkerfið.

Þótt þannig sé ljóst að þjóðin geti sparað umtalsverðar fjárhæðir með betri nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar, eru þar með ekki taldir allir möguleikar þessara orkugjafa okkar til hitunar. Þannig er það verðugt viðfangsefni að útrýma olíunotkun við fiskmjölsþurrkun og kanna möguleika á notkun jarðvarma og raforku til heyþurrkunar. Vitað er að ýmis tæknileg vandamál þarf að leysa svo að þetta sé mögulegt. Þannig er það ákveðnum erfiðleikum bundið að nota þessa orku við fiskmjölsþurrkun vegna erfiðleika á því að ná upp sama þurrkhita með jarðvarma og raforku og kleift er að ná með olíubrennslu. En full ástæða er til að kanna þessa möguleika mjög nákvæmlega því að hér er mikið í húfi.

Rétt er að taka það fram, að alger forsenda þess að hægt sé að auka að nokkru marki raforkunotkun landsmanna, hvort heldur er til húshitunar eða annarra þarfa, svo sem í iðnaði, er samtenging landshlutanna í eitt orkuveitusvæði eða línukerfi og brevtingar og styrkingar á því dreifikerfi sem fyrir er. Þessar framkvæmdir eru vitaskuld kostnaðarsamar. En hafa ber hugfast að þær eru, burt séð frá aukinni raforkusölu, mjög brýnt þjóðhagslegt verkefni því að það öryggisleysi, sem margir landshlutar búa við í dag í þessum efnum vegna lélegs og úr sér gengins dreifikerfis, er óþolandi og kostar þjóðina að auki ótaldar fjárhæðir í framleiðslutjóni. Dæmigert er t. d. ástandið á Vestfjörðum. Það kom fram í fréttauaka Ríkisútvarpsins s. l. fimmtudag í viðtölum fréttamanns við forráðamenn rafmagnsmála þar að vestfirðingar hafa þungar áhyggjur af ástandi raforkumála sinna. Kom þar fram að raforkuskortur er mikill á Vestfjörðum, þannig að aðeins væri tryggð orka til fiskvinnslustöðva, en hins vegar væri engin orka til iðnaðar, sem mikil nauðsyn væri að koma upp, né til hitunar húsnæðis sem mikil og aukin ásókn væri í, sérstaklega eftir að tilraunaboranir eftir heitu vatni hefðu skilað litlum eða engum árangri. Kom fram í þessum fréttapistli að engar fjárveitingar væru fyrirhugaðar á þessu ári til stofnlínuframkvæmda fyrir vestfirðinga, en slík lausn væri eina varanlega lausn þeirra mála eins og nú stæðu sakir. Koma þyrfti stofnlínu úr Hrútafirði í Búðardal og þaðan í Króksfjarðarnes og um Barðastrandarsýslu til Mjólkárvirkjunar. Línustæði þetta hefur þegar verið mælt út og framkvæmdaáætlun gerð, en einungis fjármagnið vantar. Nú væri ástandið þannig að keyrðar væru dísilvélar til að bæta úr brýnustu þörfinni, og miðað við að aukning raforku yrði sú sama í ár og á síðasta ári yrði olíukostnaður einn af þessum sökum um hálfan milljarð. Það má geta þess að kostnaðaráætlun um þessa línu hljóðar upp á 1½ milljarð. Þannig er nú ástandið í þessum landshluta. Og ekki er ástandið betra víða annars staðar á landinu, svo sem á Norðurlandi og á Austfjörðum. Ég furðaði mig því mikið, þegar maður hefur allar þessar staðreyndir í huga, á orðum Benedikts Gröndals í umr. áðan, þar sem hann afgreiddi húshitunarmarkaðinn með raforku í einni setningu með þeim orðum að það væri ekki hægt að koma slíkri rafhitun á strax, auk þess sem það kostaði ótaldar fjárhæðir í styrkingu dreifikerfisins. Ég vil minna þennan hv. þm. á að þessi járnblendiverksmiðja, sem hann ber fyrir brjósti, kemur ekki heldur í gagnið strax, og ég vil minna á það, sem ég hef sagt í ræðu minni, að styrkingu dreifikerfisins um landið þarf að framkvæma hvort eð er. En þessi orð lýsa vel því skilningsleysi sem þetta mál hefur hjá ýmsum hm. og stjórnvöldum. Og það er eftir öðru í stjórn raforkumála að bessum bætti heirra hefur verið lítill gaumur gefinn. Áhugaleysið um stofnlínuframkvæmdir og endurbætur á dreifiveitunum er e. t. v. besta sönnun þess að núverandi yfirmaður raforkumála hyggur ekki á neitt stórátak í nýtingu raforkunnar til innlendra nota. Grunninum, sem þarf að byggja á, er ekki sinnt. Þennan grunn þarf nú að leggja og hefjast samhliða handa um gerð iðnbróunaráætlunar sem rennir traustari stoðum undir þjóðlega íslenska atvinnuvegi er byggi á orkuauðlindum landsins. Efla þarf og styrkja framleiðslu úr sérstæðum íslenskum hráefnum, svo sem skinnum og ull, fiski og fiskúrgangi, sjávarefnum og jarðefnum, jafnframt því sem komið verði upp iðnaði er framleiði tæki og vélar fyrir grundvallaratvinnuvegi okkar, svo sem sjávar-

útveginn, — iðnaði er byggi á sérþekkingu okkar, tækniþekkingu okkar og reynslu sem fiskveiðiþjóðar.

Þegar er mikill iðnaður í landinu sem vinnur úr afurðum landbúnaðarins, svo sem ull og skinnavöru, en þó eru þessir möguleikar ekki nema að litlu nýttir vegna skipulagsleysis, bæði í fjárfestingarmálum og í framleiðslu- og markaðsmálum. Úrvinnslu úr íslenskum fiskafurðum þarf að stórefla, en með aukinni vinnslu fisksins má margfalda útflutningsverðmæti þessa helsta hráefnis þjóðarinnar. Veita þarf skipulega auknu fé til þessa iðnaðar og tæknivæða hann enn frekar. Fiskúrgang þarf að nýta betur, svo sem til lífefnavinnslu, en hún er nú vaxandi atvinnugrein víða um lönd og þá sérstaklega til lyfjagerðar. Sem dæmi um iðnað úr sjávarefnum mætti nefna saltverksmiðju og síðan ýmsan annan iðnað í framhaldi af saltvinnslunni. Árið 1974 lágu þegar fyrir nákvæmar rannsóknir á möguleikum saltverksmiðju á Reykjanesi. Nú fyrst 1977 er verið að hrinda þessum áformum af stað.

Jarðefnaiðnaður á mikla möguleika hér í landi og vaxandi vegna þeirrar hækkunar sem orðið hefur í heiminum á byggingarefnum eins og plasti og trjávörum. Víðtækar rannsóknir voru gerðar á möguleikum jarðefnaiðnaðar í tíð fyrri ríkisstj., svo sem vinnslu á perlusteini, vikri og gjalli, en land okkar er mjög auðugt af slíkum efnum. Úr þessum efnum má vinna hvers konar þilplötur til byggingariðnaðar og einangrunarefni og steypa úr basalti hellur og flísar. Það má gjarnan geta þess, að til landsins eru nú flutt plastefni til einangrunar svo að skiptir hundruðum millj., því mætti vitaskuld hætta ef við frmaleiddum efni í landinu sjálfu sem gætu komið okkur að notum í stað þessara efna. Í skýrslu iðnþróunarnefndarinnar, er fyrrv. iðnrh. skipaði, segir m. a. um iðnað af þessu tagi:

„*Starf gosefnanefndar iðnrn. hefur leitt í ljós*, að nokkur verkefni gætu leitt til nýrrar framleiðslu innan tiltölulega skamms tíma, önnur verkefni þarf að kanna nánar, og rétt er að halda við undirstöðurannsóknum með langtímamarkmið fyrir augum, jafnframt því sem reynt verði að hrinda skammtímaverkefnum í framkvæmd. Það er ekki síst áhugavert við þetta svið, að gosefnaiðnaður getur skapað mörg tækifæri til framleiðslu í smærri fyrirtækjum með tiltölulega lítilli fjárfestingu í byrjun."

Þessar rannsóknir, *sem ég gat um, hafa nú* þegar leitt til þess að hafin er vinnsla á perlusteini, en önnur verkefni á þessu sviði bíða framkvæmdanna. Tækja- og vélaiðnað fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar má byggja upp með ýmsum hætti, svo sem nýsmíði í járniðnaði fyrir skip og fiskvinnsluver, raftækjaiðnað fyrir orkuver og dreifikerfi rafmagns og rafeindaiðnað þar sem lögð yrði áhersla á smíði hvers kyns mælitækja. Þá má ekki gleyma því heldur að fyrir er í landinu stóriðja eins og áburðarverksmiðja og sementsverksmiðja, en þessa starfsemi mætti mjög auka. T. d. mætti nefna að þrátt fyrir mikla framleiðslu á sementi hér í landinu eru samt flutt inn til landsins um 40 þús. tonn af sementsgjalli á hverju ári, og skiptir sá innflutningur vafalaust hundruðum millj. kr. Margt fleira mætti nefna um þá möguleika sem þjóð okkar býr við á sviði iðnþróunar og flestir eru vannýttir. Þessa möguleika þarf að nýta og þróun atvinnumála þarf fyrst og fremst að taka mið af þessum staðreyndum, og innan þess ramma, sem ég hef hér lauslega dregið upp, má víða þróa orkufrekan stóriðnað sem byggi á íslenskum hráefnum og íslenskri tækniþekkingu.

Stóriðnaður, sem byggir á erlendum aðföngum, eins og sú járnblendiverksmiðja sem hér er til umr., getur aldrei komið til greina ef valið stendur á *milli hans og þeirra íslensku iðnþróunar*verkefna, er ég hef hér talið upp. Með þeim rökum fyrst og fremst hafna ég þeim samningi, er hér liggur nú fyrir um byggingu kísiljárnverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Valið stendur á milli íslenskrar iðnþróunar og verksmiðjurekstrar er byggir á aðfluttum aðföngum og erlendri tæknikunnáttu og fjármagni. Þegar ég segi, að valið standi á milli þessa, horfi ég á þá staðreynd að orkusala til slíkrar verksmiðju 1979 þýðir í raun orkusvelti til innlendra þarfa allt fram til þess árs er Hrauneyjafossvirkjun fer að framleiða raforku. En vegna þessa samnings hefur framkvæmdum við þá virkjun verið flýtt um tæp þrjú ár, en fyrirhugað er nú að Hrauneyjafossvirkjun taki til starfa 1981—1982. Af reynslunni þekkjum við íslendingar hins vegar að slíkar áætlanir geta gjarnan raskast og vilja gera það, sbr. t. d. framkvæmdirnar við Sigöldu sem nú þegar eru orðnar á eftir þeim áætlunum sem gerðar voru, þannig að allt eins má ætla að gangsetning Hrauneyjafossvirkjunar verði 1982—1983. *Þessa fullyrðingu mína um*, að samningurinn leiði til orkusveltis, byggi ég á nýlegum orkuútreikningum sem Verkfræðistofan Hönnun hefur gert eftir orkuspám Landsvirkjunar, þar sem fram kemur að aflskortur er þegar orðinn í raforkukerfinu 1980—1981 og orkuskortur strax á árinu 1982. Þessi orkuspá miðast við að landið allt sé samtengt í eitt veitusvæði og gert ráð fyrir því varaafli í kerfinu sem nauðsynlegt er til að tryggja raforkunotendum öryggi þrátt fyrir ófyrirséðar bilanir og aðrar slíkar aðstæður.

Við þessa orkuspá er gert ráð fyrir því að Kröfluvirkjun komi inn á fyrrum áætluðum tíma með sín 70 mw. eða 110—115 gwst. Nú er hins vegar ljóst að mikil óvissa er um hvenær vænta megi raforkuframleiðslu frá Kröfluvirkjun. Einkum hljóta menn að setja mikinn vara við því að hún komi inn í kerfið með fullum afköstum næstu árin. Ljóst er því að þessi orkuspá er frekar bjartsýnisspá en hitt og aflskortur getur því alveg eins verið orðinn alvarlegur fyrr en þarna er gert ráð fyrir eða jafnvel strax á árinu 1979, ef af þessum samningi verður um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Þannig er ljóst að jafnvel þó að hæstv. iðnrh. vildi nú taka sig á og auka framkvæmdir við stofnlínur og dreifikerfi landsins, t. d. ef hann vildi taka sig á og byggja línuna fyrir vestfirðinga, þá er ekki víst að hann hafi neina raforku til að flytja eftir þeim línum þegar að því kæmi.

Ég hef nú gert grein fyrir því sem ég tel vera meginatriði þessa máls, og vil þá víkja aðeins að nokkrum einstökum greinum þess frv. sem hér liggur fyrir, þótt væntanlega gefist síðar tækifæri og betra tækifæri til að athuga þær í iðnn. Nd. Lúðvík Jósepsson hefur þegar gert hér

að umtalsefni orkuútreikningana í samningnum við Elkem um járnblendiverksmiðjuna og bent á, að raforkuverðið sé undir framleiðsluverði raforku á landsvirkjunarsvæðinu og reyndar á Íslandi, og jafnframt að það séu helmingi lægra en í Noregi til sambærilegra fyrirtækja. Ég ætla því ekki að eyða löngu máli í þetta orkuverð, en ég tel þó rétt að undirstrika alveg sérstaklega þann skrípaleik sem hafður er í frammi um þá skilgreiningu á forgangsorku og afgangsorku sem er í frv.

Afgangsorku höfum við hingað til skilgreint orku sem afhent er kaupanda án neinna tryggginga um afhendingu og án allra skilyrða, og ég tel að með þeirri skilgreiningu, sem frv. gerir ráð fyrir, sé farið inn á mjög hættulega og vítaverða braut. Einnig má segja það um þetta hugtak, afgangsorku, að í sjálfu sér getum við aldrei fyrir fram ákveðið hvað raforkukerfið hefur af slíkri orku, því að aðstæður, sem við sjáum ekki fyrir hverju sinni, geta alltaf breytt þessari stærð. Þarna kemur m.a. til að þetta hlýtur að fara eftir gerð þeirra virkjana sem um er að ræða. Ef um er að ræða rennslisvirkjun, þar sem vatnið rennur ónýtt fram hjá, en vélarnar geta framleitt meiri orku, þá er um hreina afgangsorku að ræða sem ekki er nýtt. Séum við hins vegar með orkuver sem geta með stíflumannvirkjum geymt sér vatnið á þeim tímum, sem ekki þarf að nota það, til tíma þegar álagið er mest, þá framleiðir slíkt vatn ekki afgangsorku. Við vitum það aldrei fyrr en að liðnum vetri, e.t.v. að vori, hvað við höfum í raun og veru átt af afgangsorku.

En það er einnig furðulegur samningamáti í þessu sambandi, sem ég hef aldrei þekkt áður, að annar samningsaðilinn skuli vera bundinn ströngum skilyrðum um afhendingu vöru án þess að um neinar gagnkvæmar skuldbindingar sé að ræða af hálfu hins samningsaðilans. Það er ekkert í frv. sem tryggir Landsvirkjun skaðabætur þótt verksmiðjan af einhverjum ástæðum ákveði að kaupa minna af raforku en ráð er fyrir gert, miðað við fullan rekstur. Í þessu sambandi vil ég vitna til orða í frv. sjálfu, en þar segir að kísiljárnsverksmiðjur séu nú mjög háðar orkumarkaði og háðari en áður og búast megi við að framleiðsluaukning verði fyrst og fremst í löndum þar sem hægt sé að tryggja hagkvæma samninga um kaup á raforku. Hér er beinlínis slegið fram að helsta forsendan fyrir hagkvæmum rekstri þessarar verksmiðju sé ódýr raforka, þannig að það fer ekki á milli mála og um það geta menn ekki deilt. Arðsemisútreikningar hafa verið gerðir á verksmiðjunni, en litlar upplýsingar eru um þær forsendur er reiknimeistararnir gefa sér. Þó sýnist mér að miðað sé við söluverð á framleiðslu verksmiðjunnar við tiltölulega hagstæð markaðsskilyrði. Vitað er hins vegar að miklar verðsveiflur eru á sölu kísiljárns, sem er aðallega notað til framleiðslu stáls og járnsteypu. Um þetta segir orðrétt í frv.:

„Mikill samdráttur varð á stálmarkaði á árinu 1975 og var hann í lágmarki í ágúst og september það ár. Síðan hefur orðið verulegur bati, þó enn vanti talsvert á að framleiðslan hafi náð sama magni og 1974. Á síðustu mánuðum hefur aftur gætt samdráttar á stálmarkaðinum. Verð á kísiljárni hefur fylgt þessari þróun."

Síðan kemur og fram í grg. með frv. að gert sé ráð fyrir að þessi bati verði hægur og hikandi. Ég get ímyndað mér að það verði nokkurt hik á sumum þm. þegar að því kæmi hér á hv. Alþ. að það þyrfti e. t. v. að fara að útdeila rekstrarstyrkjum til járnbræðslu eins og hér um ræðir. Menn sjá alls ekki fyrir, held ég, hver afrakstur verður af þessari verksmiðju, og til þessa gæti vel komið.

Í þessu sambandi öllu, þegar maður hugsar um arðsemi verksmiðjunnar, er full ástæða til að rifja upp ástæðurnar fyrir því að Union Carbide óskaði eftir því að hætta þátttöku í þessum rekstri, en ríkisstj. hafði áður, sem kunnugt er, gert samning við þetta bandaríska fyrirtæki um byggingu verksmiðjunnar. Í frv. er þessi þáttur nokkuð rakinn þar sem rætt er um aðdraganda málsins. Þar segir að á árinu 1975 hafi orðið verulegur samdráttur á markaði fyrir kísiljárn, og töldu þá fulltrúar Union Carbide hugsanlegt að vöxtur og eftirspurn yrðu hægari en fyrr hafði verið áætlað, jafnframt því sem fjölgun og endurnýjun til kísiljárnsverksmiðja gæti orðið meiri næstu árin en fyrri kannanir hefðu bent til. Einnig töldu þeir líkur á hækkandi byggingarkostnaði. Með hliðsjón af þessu var tekinn um það sameiginleg ákvörðun á stjórnarfundi í járnblendifélaginu í nóv. 1975 að takmarka frekari fjárskuldbindingar félagsins þar til búið væri að endurskoða áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað félagsins og gera nýja markaðsathugun. Síðar, þegar þessar niðurstöður stjórnar járnblendifélagsins lágu fyrir snemma á árinu 1976, töldu fulltrúar Union Carbide þær niðurstöður staðfesta fyrri áhyggjur sínar frekar en hitt og töldu mjög vafasamt að fara út í framkvæmdir við verksmiðjuna. Þetta leiddi síðan til þess að þeir óskuðu eftir að vera lausir allra mála og kusu að borga — ja, nefndar hafa verið 800 milljónir til þess að losna við fyrri skuldbindingar.

Nú hefur mér ekki gefist kostur á að kynna mér þessar niðurstöður stjórnar járnblendifélagsins og athugasemdir Union Carbide, en ég hef óskað eftir því, að öll gögn verði lögð fyrir iðnn. Nd. Alþ., og reyndar fengið um það dræm svör að slíkt sé hægt. Nú óska ég eftir því að iðnrh. geri þm. grein fyrir þessum niðurstöðum og þessum nýju markaðsrannsóknum sem leiddu til þess að Union Carbide óskaði eftir að ganga út úr samstarfinu. Og ég tel fullkomlega óeðlilegt að neinu sé haldið leyndu í þessum efnum.

Breytingar hafa verið gerðar nokkrar frá fyrra samningi við Union Carbide um hvernig hátta skuli yfirstjórn, hönnun og tæknilegri útfærslu verksmiðjunnar. Í fyrra samningi var gert ráð fyrir því að breskt fyrirtæki, þ. e. a. s. þriðji aðili, annaðist þetta. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að hinn norski meðeigandi íslendinga í verksmiðjunni hafi þessa yfirstjórn með höndum. Full ástæða er til að skoða gaumgæfilega hvort þessi háttur sé eðlilegur og hvort hann veiki ekki aðstöðu íslenska ríkisins til ákvarðana um fyrirkomulag byggingar og val tækja,

svo sem hreinsitækja sem miklu varðar að séu valin þannig að engin mengunarhætta sé af.

6. gr. frv. þykir mér einnig óeðlileg, en þar er gert ráð fyrir að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til lántöku umfram það sem gert er ráð fyrir í frv. sjálfu til stofnkostnaðar verksmiðjunnar án þess að nokkur sérstök upphæð sé ákveðin, þannig standi þessi heimild alveg opin fyrir ríkisstj. hvað fjárhæð viðkemur. Mun þetta vera sett í frv. að kröfum Norræna fjárfestingarbankans sem gerði það að skilyrði fyrir lánveitingu sinni væntanlega vegna þess að hann hefur talið að stofnkostnaður verksmiðjunnar væri vanreiknaður og nauðsynlegt væri að hafa tryggingu Alþ. og ríkisvaldsins á Íslandi fyrir frekari fjárskuldbindingum til verksmiðjunnar ef á þyrfti að halda. Mörg fleiri atriði mætti gera hér að umtalsefni. En ég geri það ekki að þessu sinni.

Meginatriði þessa máls er það, sem ég hef sett fram fyrr í ræðu minni, að í vali á hagkvæmustu möguleikum til nýtingar hinnar auðugu orkulindar landsins, raforkunnar, vil ég frekar myndarlega uppbyggingu iðnaðar í landinu, sem byggi á íslenskum hráefnum, og nýtingu orkunnar til húshitunar heldur en verksmiðjurekstur eins og hér er boðið. Slíkur verksmiðjurekstur má ekki hindra þá nýtingu auðlindanna sem hagkvæmust er og ég hef gert hér að umtalsefni.

Reyndar finnst manni að ýmsir séu nú í vaxandi mæli orðnir gagnrýnir á þessa stóriðjustefnu með erlendri þátttöku, ekki þá síst kannske vegna raforkusölunnar. Þannig hefur t. d. nú verið dreift á borð þm. þáltill. tveggja framsóknarmanna sem er óánægjuvottur þeirra hv. þm. Páls Pétursonar og Ingvars Gíslasonar, en þar leggja þeir til að komið sé í veg fyrir að Íslendingar þurfi að greiða niður orkuverð til orkufreks iðnaðar og óheimilt sé að gera samninga um raforkusölu til orkufreks iðnaðar nema þeir séu þannig úr garði gerðir að hagsmunir okkar á Íslandi séu tryggðir. Það kom reyndar einnig fram í ummælum Benedikts Gröndals fyrr í dag, að hann virðist nú vera horfinn frá fyrri skoðunum sínum og þá væntanlega þeir alþfl.-menn, að hagstætt sé að byggja upp áliðnað í landinu, en sem kunnugt er voru þeir dyggir fylgisveinar íhaldsins á viðreisnarárunum við að boða þá stefnu. Hann sagði — og það er vitaskuld alveg rétt hjá Benedikt Gröndal — í umr. í dag að álverksmiðjur væru nú orðnar skammaryrði á vörum fólksins í landinu, og það er gott. Hins vegar virtist viðsýni hans ekki vera nægjanleg, þannig að honum kom helst í hug annar stóriðnaður með þátttöku útlendinga, svo sem demantaverksmiðjur og e. t. v. eitthvað fleira sem hann nefndi, en hann lagði litla áherslu á nýtingu orkunnar til innlends iðnaðar og upphitunar húsa.

Ég tel að það, sem alþm. beri nú að gera, sé að fella þetta frv. Þeir eiga að færa ákvarðanirnar um framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun fram til fyrri dagsetningar og undirbúa betur hagnýtingu þeirrar orku sem Hrauneyjafoss kemur til með að framleiða. Það þarf að taka ákvörðun um byggingu nokkurra meðalstórra virkjana á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum svo að hægt sé að taka úr sambandi þær dísilvélar sem nú framleiða raforku með ærnum kostnaði fyrir þessa landshluta. Það þarf að hraða áformum um stofnlínuframkvæmdir til þess að samtengja allt raforkukerfi landsins og styrkja dreifikerfi rafveitnanna svo að grundvöllur skapist til aukinnar raforkunotkunar landsmannanna sjálfra. Það þarf að hraða áformum um húshitun með raforku, þar sem það telst þjóðhagslega hagkvæmt, og útrýma olíunotkun til þessara þarfa, setja upp stórhuga iðnþróunarverkefni til næstu 10 ára og veita íslenskum iðnaði aukinn stuðning með lánveitingum og tækniaðstoð. Þær fjárhæðir, sem nú á að verja til járnblendiverksmiðju, á að veita til þessara verkefna.

Í fátækt og við bjargarleysi átti þjóð okkar gæfu til þess á sínum tíma að reisa stór og mikil áform um uppbyggingu íslenskra atvinnuvega og framkvæma þau. Ég vil trúa því að enn sé með þjóðinni sá dugur að hún geti af eigin viti og afli séð sér farborða.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég er andvígur þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því. Ég var andvígur stækkun álversins í fyrra, flutti þá ítarlega ræðu um afstöðu mína til slíkra fyrirtækja. Ég var andvígur samningunum við Union Carbide í hittiðfyrra og gerði þá grein fyrir afstöðu minni. Þess vegna get ég verið stuttorður núna, en vísa til Alþingistíðinda og minnisgáfu þm.

Þetta frv. er lítið breytt frá 1975, en félaginn er annar. Bandaríkjamenn sáu við nánari athugun ekki þá gróðavon, sem þeir héldu að í þessu fyrirtæki væri, og greiddu okkur 850 millj. til að sleppa. Hvers vegna veittu Elkem-greifarnir þá biðlum iðnrn. viðtöku? Voru þeir vanari kísiljárnsframleiðslu en Union Carbide? Voru þeir fundvísari á aurahefinn? Eða stóðum við einungis svona vel við höggi? Þessari spurningu svaraði raunar forsvarsmaður Norræna fjárfestingarbankans þegar hann upplýsti alþjóð um að það raforkuverð, sem við vildum semja um, væri helmingi lægra en það sem Elkem hefði þurft að greiða ef það fyrirtæki hefði fært út kvíarnar í Noregi. Þeim hefur væntanlega verið vandi á höndum vel boðnu að neita.

Þessi verksmiðjubygging er landbúnaði til hnekkis í nágrenni sínu. Jafnvel nú þegar draga bændur saman seglin sunnan Skarðsheiðar. Mér var um daginn sagt látið kúnna í Stóra-Lambhaga. Raunar er þessari verksmiðju nauðgað upp á fólkið þarna upp frá. Um afstöðu flestallra bænda hefur aldrei verið neinn vafi. En 1975 létu ýmsir akurnesingar sjá á sér græðgisvott. Iðnaðarmenn þaðan fóru í kynnisferð til Noregs s. l. sumar og misstu lystina. Samfélög þau, sem myndast í kringum svona verksmiðjur, eru ekki samfélög heimamanna. Um það vísa ég til norskra félagsfræðikannana sem hafa verið framkvæmdar á vegum Oslóarháskóla.

Það er dýrt spaug að reisa svona verksmiðju, 19 þús. millj. Ég vek athygli á því, að þetta er talsvert hærri kostnaður en t. d. við þangverksmiðjuna á Reykhólum, sem þó var einu sinni reiknað út að væri hyggileg fjárfesting. Ég vil lesa — með leyfi forseta — úr frv. til l. um þörungavinnslu við Breiðafjörð sem lagt var

fyrir Alþ. á 94. löggjafarþingi, 1973. Þar segir á bls. 4 í aths. við frv.:

„Stofnkostnaður verksmiðjunnar er nú áætlaður um 211.2 millj. kr. og er þá starfsfé ekki reiknað með. Gert er ráð fyrir niðurfellingu tolla af innfluttum vélum og tækjum, en þeir mundu nema um 15 millj. kr. við núverandi form tollskrár.

Rekstrarafkoma við full afköst mótast af sölutekjum sem áætlaðar eru nálægt 98 millj. kr., en rekstrarkostnaður er áætlaður 82 millj. kr. Rekstrarafgangur fyrir skatta yrði um 16 millj. kr., en afskriftir yrðu um 17 millj. kr.

Arðsemi fyrirtækisins verður tæplega mæld á einfaldan hátt. Átján ára rekstraráætlun gefur til kynna, að endurheimta á upprunalegri fjárfestingu verði 9½%, endurheimtutími stofnkostnaðar um 7.4 ár og innri afkastavextir fjárfestingarinnar 12%."

Ég vil taka það fram, að ég hygg að þessi tilraun, sem gerð var á Reykhólum um nýtingu þörunga úr Breiðafirði, hafi að mörgu leyti verið eðlileg og ber að harma að útreikningar þeir, sem verksmiðjan var byggð á, og áætlanir um verksmiðjuna skyldu hafa verið svona hrapallegir.

En hér er um stærri tölur að gera við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Þetta félag nýtur að vísu skattfríðinda og þarf líklega á því að halda. Það nýtur tolla- og söluskattsfríðinda og þarf líklega á því að halda líka. Það nýtur lækkunar á þinglýsingar- og stimpilgjöldum og ekki veitir því af. Þá verður að reisa félaginu höfn, — félaginu einu — því að öll önnur hafnarstarfsemi er betur komin úti á Akranesi. Það tekur engu tali að ætla þessari Grundartangahöfn að sitja við sömu kosti og aðrar hafnir á landinu og skerða með því hlut þeirra. Höfnin á að kosta á 9. hundrað millj. kr. og það er hér um bil jafnhá upphæð og verja á til allra fiskihafna á landinu á einu ári, eins og glögglega hefur komið fram hér í umr.

Tækniaðstoð og tækniþekking er hátt metin. Tækniþróunin er 612 millj. En búvit og rökhugsun er náttúrlega kaupandi dýru verði.

Um náttúruverndarþáttinn mætti tala langt mál, en ég ætla að geyma mér hann til síðari tíma. Nú er þó annað og raunsærra hljóð í strokknum en þegar samningurinn við Union Carbide var á döfinni. Hæstv. iðnrh. upplýsti í gær að tilraunir með endurnotkun ryks hefðu ekki gefið góða raun og verksmiðjan verði að fá leyfi til þess að losa sig við ryk. Þarna kemur haugur sem vex með tímanum og hraðar en þær dysjar sem ferðamenn kasta steinum í. Ekki vildi ég eiga þar minnisvarða.

Þá er eftir raforkusalan og um hana vil ég fara nokkrum orðum.

Ég leyfi mér að vitna til till. til þál., sem við hv. þm. Ingvar Gíslason höfum flutt. Ég harma það að hv. þm. Benedikt Gröndal hefur misskilið till. okkar og ekki lesið grg. hennar nógu nákvæmlega. Raunar er ekki úr vegi að Alþ. varist að gera vitleysur, og mér þætti tímabært að þingflokkur Alþfl. tæki ákvörðun um að reyna nú að verjast því eftir fremsta megni að gera vitleysur. (Gripið fram í.) Já, það er ykkar mál. En í till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. e., segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að eftirleiðis sé óheimilt að gera samninga um raforkusölu til orkufreks iðnaðar nema þeir séu þannig úr garði gerðir að tryggt sé að ætíð sé greitt meðalframleiðslukostnaðarverð fyrir heildarframleiðslu raforku í landinu, þannig að öruggt sé að íslendingar þurfi aldrei að greiða niður orkuverð til orkufreks iðnaðar.

Þessi trygging sé þannig úr garði gerð að verðlag raforku sé endurskoðað árlega og samninga sé óheimilt að gera til mjög langs tíma.

Í grg. segjum við:

„Dapurleg reynsla af samningum þeim, sem íslendingar hafa gert um sölu á raforku til orkufreks iðnaðar, gerir það brýna nauðsyn að Alþ. taki af skarið um það að þannig sé óheimilt að leggja drög að samningum. Það hefur verið leiðarljós íslenskra samningamanna að reikna út af mikilli bjartsýni orkuverð frá hverju orkuveri, sem í byggingu hefur verið, fyrir sig og gera síðan samninga til mjög langs tíma um sölu á mestallri orkunni á því verði sem þeir vonuðu að hægt yrði að framleiða hana í orkuverinu og verðjafna við eldri virkjanir sem afskrifaðar voru. Að sjálfsögðu hafa orkuverin sífellt orðið dýrari, orka frá Sigölduvirkjun dýrari en frá Búrfellsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun verður dýrari en Sigölduvirkjun og orka frá Kröfluvirkjun kann að verða nokkru dýrari í framleiðslu en ráðh. spáði þegar hafist var handa um framkvæmdir við Kröflu. Þessari þróun valda ýmsar ástæður. Verðbólga hefur verið í veröldinni, vaxtakjör sífellt óhagstæðari, hagkvæmustu virkjunarvalkostirnir væntanlega teknir fyrst, ófyrirsjáanleg atvik geta hent í náttúrunni, þannig að næsta virkjun verður dýrari þeirri seinustu.

Samningar þeir, sem gerðir hafa verið — meira að segja við fyrirtæki í eigu útlendinga, hafa verið á þá lund að raforkunotendur hafa fyrr en varir verið farnir að greiða niður raforkuverðið til stóriðjunnar. Svo er nú komið, að orkuverð til stóriðju er hér verulega lægra en í nálægum löndum, t. d. helmingi lægra en í Noregi.

Norðmenn hafa í undirbúningi löggjöf um orkusölu Statskraftverkene til orkufreks iðnaðar, og gera þeir ráð fyrir ákveðnu lágmarksverði (áætlað 6 aurar 1. 1. 1976 við stöðvarvegg) og breytist það síðan árlega samkv. kostnaðarbreytingum. (Sjá St. proposal nr. 81 1975—1976 Om pris og andre vilkår for Statskraftverkenes leveringer av kraft til kraftkrevende industri. Tilrådning fra Industridepartmentet av 9. jan. 1976, godkjent ved kongelig resolution samme dag. (Foredraget av statsråd Ingvald Ulveseth). Enn fremur Indstilling til Stortinget nr. 211. Indstilling fra industrikomitéen fra 11. mars 1976).

Þrátt fyrir það að norðmenn ákveði lágmarksverð á stóriðjuraforku svo miklu hærra en íslendingar gera samninga um, þá er raforkuverð í Noregi samkv. upplýsingum Sambands ísl. rafveitna 11. 1. 1976 til heimilisnotkunar 5.29 kr. kwst., en á Íslandi (meðaltal á landinu) 12.54 kr. kwst. og heildsöluverð í júní 1976 miðað við 100 gwst. og 4500 stunda nýtingartíma í Noregi 1.89 kr. á móti 3.28 á Íslandi.

Flm. telja að þetta ástand sé óviðunandi og óhjákvæmilegt sé að Alþ. setji reglur sem tryggi

að aldrei geti komið til þess að almennir notendur greiði niður raforkuverð til orkufreks iðnaðar og glati þannig því hagræði sem við ættum að geta haft af okkar dýrmætu orkulindum.“

Og nú hef ég lesið þessa grg. vandlega fyrir hv. þm. Benedikt Gröndal.

Í frv. á bls. 13 er vitnað til samanburðar í reglur norsku ríkisrafveitnanna frá 1962—1972 og getið um orkuverð sem ætti að taka gildi 1. júlí 1977 samkv. þeim reglum. Þær reglur eru að falla úr gildi. Kötturinn hefur verið keyptur í sekknum. Samningamennirnir virðast ekki hafa fylgst með því hvað er að gerast í Noregi. Hér er vitnað í úreltar reglur og þarna hefði mátt kaupa búvit og þekkingu.

Nú veit ég að einhver spyr um afgangsorku sem næstum er gefin. En samkv. upplýsingum orkumálastjóra er alls ekki um neina afgangsorku að ræða vegna hinna ströngu afhendingarskilyrða og nýtingartíma, heldur það sem í Noregi á að borga með 75% af forgangsorkuverði, hér 10 aura íslenska. Þá er þess að geta, að norski taxtinn er um orku við stöðvarvegg, en hér á landi er um að ræða orku sem við framleiðum við Sigöldu fyrir 2—3 kr. kwst., flytjum með ærnum kostnaði alla leið á Grundartanga og seljum á 112 aura. Það er ekki við öðru að búast en reiknimeisturum okkar verði vel til viðskiptavina úti í hinum stóra orkusveltandi heimi. Það er ekki óeðlilegt að gráðug sé sókn erlendra stórfyrirtækja í rafmagn sem selt er langt undir framleiðslukostnaðarverði. Á þetta atriði benti ég í hittiðfyrra, og augu manna eru nú óðum að opnast fyrir þessum staðreyndum. Ég nefni einungis ágæta útreikninga Gísla Jónssonar prófessors máli mínu til sönnunar.

Það er kominn tími til að stinga við fótum. Þessi þróun stuðlar ekki að æskilegri þjóðfélagsuppbyggingu. Fjárhag þjóðarinnar er illa komið og þar er glannaleg stefna í raforkumálum meginbölvaldurinn. Við rjúkum til og virkjum, ráðgerum meira að segja að reisa orkuver sem hafa óbætanleg náttúruspjöll í för með sér, við virkjum of stórt í einu og það er farið eftir röngum forsendum. Það er reiknað út að kwst. sé ódýrari úr stórum virkjunaráfanga en litlum, en orkuskammtarnir verða of stórir í einu. Þá eru gerðir samningar eins og þessi um sölu á mestum hluta orkunnar á of lágu verði. Síðan verður að okra á þeim hluta sem íslendingar kaupa. Við eigum að snúa við á þessari braut, virkja þar sem óbætanleg spjöll á landinu eru ekki unnin, virkja í hóflegum áföngum, virkja fyrir okkur sjálfa, okkur eina, leggja megináherslu á samtengingu dreifikerfisins og styrkingu þess þannig að við getum notað orkulindirnar sjálfar og dreift orkunni um landið.

Hugsjón um 20 álver í eigu útlendinga er að mínum dómi lítilmótleg. Hún er full vantrúar á landið og þjóðina. Við eigum gott land og erum nógu duglegir til þess að geta búið hér einir. Vantrúin á landið, vantrúin á sjálfan sig, kjarkleysið er hættulegra en allt annað. Rigningin hefur þvegið kjarkinn af einhverjum á óþurrkasvæðunum svo illilega að þeir ljá máls á því að grípa til örþrifaráða til þess að afla sér viðurværis eða eignast höfn. Ég treysti því nú að þurrkurinn sé kominn. Við eigum þetta góða land og við eigum að halda áfram að eiga það einir. Það er hættulegt að glata umráðarétti yfir því og fela gildustu efnahagsþættina í hendur erlendra stórfyrirtækja. Við bárum gæfu til þess að hleypa útlendingum ekki varanlega í fiskvinnslu okkar eða útgerð héðan. Þykir ykkur sennilegt að okkur hefði nú auðnast að ná fullum yfirráðum yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu ef útibúin frá breskum auðfyrirtækjum hefðu verið umsvifamikil í fiskveiðum okkar og fiskiðnaði? Ég held ekki.

Fyrir 60—70 árum var braskhneigt skáld sem ól með sér drauma um stóratvinnurekstur útlendinga á Íslandi. Hann gekk erinda þeirra við þjóð sína og náði undir þá mjög mikilvægum vatnsréttindum. Gifta okkar var slík að þessi spilaborg hrundi. Þau risaskref, sem skáldið vildi stiga í virkjunarmálum og stóriðju, voru ekki stigin. Hugleiðið það með mér litla stund, hvort sennilegt sé að hér væri betra mannlíf í dag fyrir þessa þjóð ef áform Einars Benediktssonar hefðu náð fram að ganga. Ég er þess fullviss að þá væri hér skuggalegra um að litast, þá værum við ekki sjálfstæð þjóð og þetta mönnuð. Þá væri þetta land ekki svona gott. Ég treysti því, að jafnvel þótt stóriðjuórar hafi gripið einhverja í svo ríkum mæli að jafnvel lítillega hafi verið spjallað við erlend auðfélög sem áhuga hafa á nýjum umsvifum hér, vatnsréttindum, virkjunarmögueikum og álframleiðslu, svo sem Integral-áætlunin og Hydro-pukrið bera vott um, þá verði gifta okkar slík að þeir nái áttunum aftur. Ég óttast að þessi samningur verði samþykktur hér á Alþ., en ég heiti á hv. þm. að láta þennan stóriðjusamning verða þann seinasta af þessu tagi og fallast á sjónarmið okkar Ingvars Gíslasonar, vegna þess að svona samningar eru ekki til þess fallnir að stuðla að uppbyggingu þess þjóðfélags sem við viljum lifa í og skilja eftir handa afkomendum okkar þegar við erum dauðir.

Jónas Árnason: Herra forseti. Enn er komin til umr. hér á hinu háa Alþ. Grundartangaverksmiðjan. Og enn lemja stjórnvöld járnblendihausnum við steininn. Og enn er maður kominn í þennan ræðustól til að lýsa yfir eindreginni andstöðu við þessa verksmiðju, þó að nú hafi orðið lítils háttar breytingar á með nýjum félagsskap við framkvæmdina.

Hv. síðasti ræðumaður sagðist svartsýnn á það að Alþ. bæri gæfu til að fella þetta frv. Nokkru áður hafði hann í ræðu sinni beint því til hv. þm. Benedikts Gröndal að hann flytti till. um það í þingflokki Alþfl. að flokkurinn gerði ekki vitleysu. Hvers vegna er hv. þm. Páll Pétursson svona bölsýnn á að þessi d. eða hv. Alþ. felli þetta frv.? Það er vegna þess að hann veit ætlan flokksbræðra sinna um atkvgr. Og þó að mikil sé þörfin á því að þingflokkar yfirleitt geri samþykktir um að gera ekki vitleysu, þá held ég að sú þörf sé í þessu máli brýnust í Framsfl. Við þyrftum ekki að standa hér upp hver á fætur öðrum og láta í ljós þann ugg, að þetta sé tapað mál, ef hv. þm. Páll Pétursson og félagi

hans Ingvar Gíslason hefðu borið gæfu til þess að koma vitinu fyrir þingflokk Framsfl. — eða eigum við kannske að segja: ef óbreyttir kjósendur Framsfl. hefðu borið gæfu til þess.

Úrslit í þessu máli ráðast hér á Alþ. Það er að líkindum orðið of seint að koma í veg fyrir þetta óheillaspor. En það er ekki orðið of seint að koma í veg fyrir önnur slík. Það gæti t. d. gerst með því að hv. þm. Páll Pétursson fengi samþykkt í þingflokki Framsfl., að horfið skuli frá þessari stefnu. En áður þyrftu úrslit að fást úti á meðal þjóðarinnar.

Eyfirðingar risu nýlega upp og mótmæltu því að byggt yrði álver við Eyjafjörð. Það dugði. Stjórnvöld sáu að sér. Að vísu var strax reynd önnur leið, og hún var sú að æra sunnlendinga upp í kröfu um að fá álíka álver til sín. Og þó að hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, gangi nú í að koma þessu frv. í gegn, þá má hann eiga það, að honum ofbauð upphlaupið á Suðurlandi. Og hann lét hafa eftir sér í blaði að því færi fjarri að framtíð giftusamlegs mannlífs og hagsældar á Suðurlandi væri tengd stóriðju, — því færi fjarri. Auðvitað var hann að segja að þetta væri eitt hið versta sem menn gætu fengið þarna. Þessi gamli bóndi, nákunnugur bændum og hugsunarhætti þeirra, hann lét landslýðinn vita það og mælti af stolti að Suðurlandið gæti brauðfætt þessa þjóð og mörgum sinnum það, minnir mig. Vel mælt og drengilega. Ef Ingólfur Jónsson léti sér eins annt um mannlíf í Borgarfirðinum og á Suðurlandi, þá mundi hann í krafti áhrifa sinna segja slíkt hið sama um Grundartangaverksmiðjuna.

Stuðningur við þetta sérstaka mál, opinber stuðningur við þetta sérstaka frv., þýðir ekki endilega að menn séu skilningslausir á það, hvað boðar gæfu fyrir þessa þjóð og hvað ekki. Ég hef ástæðu til þess að ætla að meiri hl. þingflokks Framsfl., — það eru allmargir góðir bændur og menn sem skilja hugsunarhátt íslenskra bænda, — ég hef ástæðu til þess að ætla að þeir í hjarta sínu skilji hver alvara er hér á ferðum. Það er eitt til marks um að þeir skilji þetta, að þeir treysta sér ekki til þess að vera viðstaddir þessa umr. Heyrandi nær sýnist mér núna, þegar ég lít yfir salinn, að sé aðeins einn framsóknarmaður. Framsóknarmenn láta hins vegar dragast til stuðnings við málið af því að forustumenn þeirra segja að það sé ýmislegt í húfi, fyrst og fremst náttúrlega stjórnarsamstarfið.

Eins og öllum er orðið ljóst leggur Sjálfstfl. undir forustu hæstv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens mikla áherslu á að koma þessu máli fram, þrátt fyrir reynsluna sem við höfum fengið. Þrátt fyrir þá hlálegu útreið sem ríkisstj. fékk af hálfu þess aðila sem fyrr skyldi vera samstarfsaðili, Union Carbide, er þessi ráðh. heldur en ekki kominn á stúfana aftur með þessa verksmiðju, ætlar sér fram með hana. Þessi þrjóska er býsna ríkur þáttur í svonefndu íslendingseðli, þessi þvermóðska. Menn vilja ekki viðurkenna að þeir hafi haft á röngu að standa. Og þetta getur magnast töluvert eftir því sem menn komast hærra í valdastiganum. En þetta er alls staðar til. Ég veit t. d. um mann sem vann í fiskiðjuveri vestur á landi. Hann var svo þrjóskur að hann viðurkenndi aldrei nein mistök. Eitt sinn ætlaði hann að svala þorsta sínum. Það voru þarna tvær slöngur, önnur með köldu vatni, hin með sjóðheitu. Og maðurinn tók óvart heitu slönguna og fékk sér sopa úr henni. Og þegar hann tók eftir því að vinnufélagarnir kímdu, þá fékk hann sér umsvifalaust annan stóran sopa úr sömu slöngunni. Svipað sýnist mér að hæstv. iðnrh. sé að gera í sambandi við Grundartangaverksmiðjuna. Hann skal ekki viðurkenna, hvað sem tautar og raular, að hafa fengið sér gúlsopa af heitu slöngunni eða látið sér bregða við það.

Þau mál, sem hér eru til umræðu, varða framtíð þessarar þjóðar, hvort við ætlum að halda áfram að lifa sem íslendingur í þeim skilningi sem við höfum lagt í orðið. Það hefur verið sannað á ríkisstj. að uppi eru áætlanir um að gjörbreyta svo þessu þjóðfélagi að ef þær áætlanir ná fram að ganga er lokið sögu okkar sem íslendinga í þeim skilningi sem við höfum lagt í orðið. Þá er lokið sögu þess þjóðfélags sem byggt hefur afkomu sína fyrst og fremst á landinu sjálfu og sjónum í kringum það. Allt þetta átti sinn þátt í því að skapa það sem stundum er nefnt þjóðarsál. Verðmætamat okkar íslendinga er meira og minna tengt þessu og hamingja okkar fyrst og fremst. Hamingja þessarar þjóðar, íslendinga sem slíkra, hefur verið tengd því að rækta landið, lifa á afrakstri þeirrar vinnu og að nýta fiskimiðin. Þegar upp væru komnar allar þessar verksmiðjur væri búið með þennan ríka þátt í þjóðarsálinni, allt mundi endurmetast.

Ég veit að það er enginn vandi fyrir hagspekinga að sýna fram á það tölulega, sýna fram á það í dálkunum „debet“ og „kredit“, að við gætum orðið stórríkir hver og einn, ef við vildum taka þeim tilboðum sem okkur hafa borist og eiga eftir að berast. Það er ég viss um að tvö stórveldi a. m. k. mundu vilja borga svo ríflega fyrir þennan hólma okkar — ef við settum hann á uppboð — að við gætum í staðinn keypt okkur sælueyju einhvers staðar suður í höfum og lifað þar það sem eftir væri í sundfötum, sólbakaðir. En það er ekki þar með sagt að við yrðum að sama skapi hamingjusamir.

Það vill svo til að við erum tengdir þessu landi. Hamingja okkar er tengd þessu landi. Og hún verður fyrir bí um leið og við tökum upp þá stefnu sem ríkisstj. vinnur að. Hún verður fyrir bí, ekki hvað síst vegna þess að þjóðin mun eftir það finna að hún hefur svikið þetta land. Við erum afkomendur fólks sem þrátt fyrir allt og allt vildi setjast hér að. Eitt af því ríkasta í fari okkar er það sem við erfðum frá þessu fólki sem þótti landið vænlegt til þess að leita þar hamingjunnar. Í verksmiðjum glatast þetta allt saman. Í tengslum við stóriðjuna og það nýja verðmætamat, sem henni mun fylgja, mun íslensk hamingja glatast. Fyrir mér má hver sem er eiga þá milljarða og aftur milljarða sem okkur kunna að verða boðnir. Mig gildir einu um allt þetta tal um að ef við gerum þetta ekki þá kunni kannske að vera hæpið að tryggja svokölluð mannsæmandi lífskjör. Þessi stefna öll og öll þau fyrirheit, sem henni fylgja, eru af hinu illa.

Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði áðan að okkur

væri nauðugur einn kostur að taka upp þessa stefnu. Ef við gerðum það ekki, þá mundi það binda lífskjörin eða a. m. k. rýra þau og slíkt væri hrein íhaldssemi. Álítur formaður Alþfl. að það sé ekki nógu mikil verðmætasköpun í þessu landi til að tryggja þjóðinni mannsæmandi lífskjör? Það vantar réttlátari skiptingu arðsins, ekki annað. Verðmætasköpunin er yfrið nóg til að tryggja öllum íslendingum mannsæmandi lífskjör. Heldur þessi hv. þm. að þetta mundi eitthvað batna ef fram næði sú stefna sem ríkisstj. vinnur að? Heldur hann að með stóriðju mundu jafnast eitthvað kjörin í þessu landi, að eitthvað mundi draga úr þeirri vinnuþrælkun alþýðunnar sem er komin á það stig að til háborinnar skammar er fyrir þetta þjóðfélag? Þvert á móti: Eðli sínu samkvæmt mun stóriðjustefnan magna misrétti, — auka þrældóm alþýðunnar.

Um leið og Benedikt Gröndal lýsti yfir stuðningi við stóriðju í ræðu sinni áðan sagði hann: Það má ekki trufla atvinnulíf með neinum slíkum framkvæmdum. Álítur hann að Grundartangaverksmiðjan trufli ekkert atvinnulíf? Er hann alveg hættur að skreppa upp á Skaga? Veit hann ekki að hjá verkalýðsfélaginu þar eru þegar komin hátt í 100 nöfn á listann yfir þá sem bíða þess að komast í byggingarvinnu á Grundartanga? Það er næg atvinna uppi á Skaga. Allt þetta fólk er að fara úr vinnu sem þegar er þar fyrir hendi, frá atvinnurekstri sem er þar í gangi. Þetta fólk ætlar allt að steðja frá þeim atvinnurekstri og inn á Grundartanga. Ef Benedikt Gröndal hefur nýlega komið t. d. í Dráttarbrautina, þá á hann að vita að það eru allar líkur á því að þetta þýðingarmikla fyrirtæki á Skaganum, Dráttarbrautin, verði að stórdraga úr skipasmíðum sínum og skipaviðgerðum þegar Grundartangaframkvæmdirnar fara að soga til sín vinnuaflið, jafnvel hætta. Mörg fleiri slík fyrirtæki mætti nefna.

En hvað skeður svo eftir 2—3 ár, þegar þessum byggingarframkvæmdum á Grundartanga lýkur, en til þeirra mun þurfa um 300 manns. Atvinnureksturinn, sem þeir hurfu frá, hefur stöðvast. Þeir eiga ekki lengur afturkvæmt þangað. Þarf mikla spádómsgáfu til að átta sig á hvernig kringumstæðurnar verða þá? Þá kemur auðvitað einhver fabrikkuráðh., hvort sem það verður núv. fabrikkuráðh. eða einhver annar, og leggur fyrir þetta fólk áætlun um nýja verksmiðju. Og þá reynir á siðferðisþrekið. Þá reynir líka á það að þm. meti málið út frá einhverju öðru sjónarmiði en því sem kom fram hjá Benedikt Gröndal áðan, þegar hann spurði: Þorir nokkur þm. að lýsa því yfir í dag að hann vildi gjarnan að burtu væri álverið? — Ég þori að gera það. Ég geri það hér með. Hann bætti við að slíkum manni mundi lítt þýða að fara í framboð. Mig varðar ekkert um atkv. í þessu sambandi. Ég læt mig einu gilda þótt það mundi kosta svo og svo mörg atkv. að beita sér gegn því að reist yrði önnur verksmiðja, eftir að búið væri að reisa þessa verksmiðju, sem mundi halda um 300 manns í vinnu í 2—3 ár í viðbót.

Hvað er að ske? Til hvers leiðir þessi stefna? Til hvers leiðir þessi stigmögnun stóriðjuframkvæmda?

Ég segi enn: Við, sem erum andstæðingar þessarar stefnu, ættum að gera okkur ljóst að það er ekki hérna, það er ekki í þessum sal sem úrslit þessara mála ráðast. Það er úti á meðal fólksins. Og þar kemur til okkar kasta að taka höndum saman. Ég vil beina því til þm. eins og Páls Péturssonar að við athugum hvað við getum gert. Þeir framsóknarmenn beiti áhrifum sínum í bændasamtökunum, og aðrir, sem áhrif hafa í verkalýðshreyfingunni, beita áhrifum sínum þar, til þess að þessar tvær voldugu alþýðuhreyfingar sameinist gegn þessum voða. Það er eina leiðin. Það er þýðingarlaust að standa í þessum ræðustól og tala yfir manni eins og Gunnari Thoroddsen — alveg þýðingarlaust. Hann er tilbúinn að taka þriðja, fjórða, fimmta gúlsopann úr heitu slöngunni hvenær sem er.

Það gleður mig að hér eru farin að sjást fleiri framsóknarandlit núna, þau hafa fjórfaldast í salnum. Ég vona að siðferðisþrek Framsóknar margfaldist að sama skapi í þessu máli í náinni framtíð.

Þá ætla ég að víkja að máli sem snertir Grundartangaverksmiðjuna, þó annars eðlis sé en þau mál sem ég hef nú rætt. Upphaflega var gert ráð fyrir að byggðalínan, sú sem Grundartangi á að fá rafmagn úr, færi yfir Hvalfjörðinn. Það átti að vera sæstrengur frá Hvalfjarðareyri og yfir að Grundartanga. Svo er þessari áætlun breytt. Það er tilkynnt að nú eigi að leggja hana inn fyrir fjörðinn. Einhverjir skrifstofumenn komast að þeirri niðurstöðu, að það sé best að leggja hana inn fyrir fjörðinn. Þá er það að hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps samþykkir í júní s. l. mótmæli gegn þessu, og rökstyður þau á ýmsan hátt, hún telji að það séu spjöll á náttúru og spjöll á náttúrufegurð að leggja línuna svona.

Ég hygg að allir hv. þm. hafi farið það oft um Hvalfjörðinn að þeir geri sér ljóst hvað gerist þarna, með þessari lagningu línunnar. Ef maður kemur t. d. yfir Tíðaskarðið eða við skulum segja að maður sé kominn að Kiðafelli, þá blasir við þessi fagra hlíð að norðanverðu Hvalfjarðar. Eftir að þessi lína er komin eftir þessari hlíð blasir líka við manni röðin af þessum mekkanóþursum sem halda uppi raflínunni. Ég segi „mekkanóþursum“, ekki fyrir það að ég sé að kasta rýrð á viðleitni þeirra manna sem vilja dreifa rafmagni um landið, en það er mikil óprýði að þessu. Ég held að allir séu sammála um að reyna beri að gera allt sem hægt er til að forða náttúru okkar frá slíkri óprýði. En þegar við komum þarna blasir sem sé við marsérandi röð af þessum mekkanóþursum ef þeirri áætlun verður haldið sem nú hefur verið tilkynnt.

Það er eins með vinnubrögðin og fyrri daginn. Í Þjóðviljanum 26. jan., þar sem segir í fyrirsögn: „Flýta ber sem unnt er lagningu byggðalínunnar frá Geithálsi í Andakíl“, er vitnað í verkfræðing sem Jóhann heitir Már, settan yfirverkfræðing Landsvirkjunar, að þarna sé ekkert til fyrirstöðu. Jóhann Már segir að þegar hefði verið samið við flesta landeigendur.

„Samið við flesta landeigendur,“ segir hann. Sama dag og hann lætur blaðið hafa þetta eftir sér, — og blaðið hefði að sjálfsögðu ekki þurft að hafa þessa vitleysu eftir ef það hefði hringt í bændur uppi á Hvalfjarðarströnd eða einhvern forsvarsmenn þeirra, — þá standa málin þannig að það er búið að semja við 10 af 24 landeigend-

um. Tíu eru „flestir" samkv. skilgreiningu Landsvirkjunar. Skylt er að virða það, að Landsvirkjun ræddi þó við viðkomandi bændur. Virkjunarmenn fóru ekki eins að og þeir hafa oft gert. Þeir eru farnir að læra mannasiði. Mývetningar kenndu þeim mannasiði. Ýmsir aðrir hafa gert það. Þeir fara því ekki fram með sama offorsi og frekju gagnvart bændum og þeir tíðkuðu áður.

Þrátt fyrir þessa samþykkt, sem hreppsnefndin gerði, fullyrðir Landsvirkjun í bréfi, að það sé „samhljóða" álit bænda á þessu svæði að þetta sé hagkvæmasta leiðin. Það er ekki meira „samhljóða" en svo, að eina ályktunin, sem hægt er að vitna til, er ályktunin, sem ég nefndi, frá hreppsnefndinni á Hvalfjarðarströndinni. Það er eina ályktunin, eina formlega afstaða landeigenda. Þó að mannasiðir landsvirkjunarmanna hafi skánað, eru þeir ekki alveg orðnir fullkomnir. Í ályktun sinni beinir hreppsnefndin því til Landsvirkjunar að haldinn verði fundur um þetta mál, menn fái að segja álit sitt. Það er ekki gert. Hins vegar eru sendir sendimenn, kurteisir agentar, heim á bæina til þess að tala við einn og einn. Og þannig hefur talan þokast upp í 10 þegar yfirlýsing kemur um að flestir séu búnir að samþykkja.

Það, sem bændum er boðið, er þetta: Fyrir staura á óræktanlegu landi greiðist 10 þús. kr. á staur. Fyrir staura á ræktanlegu landi greiðist 25 þús. Ef staur stendur á túni eða öðru ræktuðu landi eru það 50 þús. kr. Þetta eru að sjálfsögðu hundsbætur. En þetta hafa þó nokkrir bændur samþykkt. Aftur á móti hafa ýmsir aðrir staðið hart gegn þessu.

Ég veit ekki hvað landslög segja um það, en sannleikurinn er sá, að þarna eru margir bændur mjög harðir gegn þessu. Og fremstur í flokki er séra Jón Einarsson í Saurbæ. Hann hefur skrifað Landsvirkjun og minnir þar á þessa hreppsnefndarsamþykkt, sem ég var að nefna áðan og var gerð 26. júní s. l., en bréfið er skrifað í des.:

„Hreppsnefndin ákvað að mótmæla þessari framkvæmd, þar eð slík lína með svo háum möstrum mundi verða til stórra lýta í landslaginu og af framkvæmdinni mundi óhjákvæmilega hljótast jarðrask og tjón, jafnvel á ræktuðu landi, svo og á varplendi og skóglendi, en áformað er að setja möstur í Saurbæjarhlíð og Þyrilsey."

Þeir bændur eru ekki sannfærðir um að þeir fái sitt fram gagnvart stjórnvöldum og segja þess vegna:

„Til vara gerir hreppsnefndin þá kröfu, að ef ekki verði hjá þessu komist, þá skuldbindi Landsvirkjun sig til þess að leggja rafmagn á þá tvo bæi í sveitinni sem ekki hafa rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins."

Ég beini því til hæstv. ráðh. hvort ekki ekki hafi a. m. k. verið gengið að þessum varaskilyrðum hreppsnefndarinnar.

Presturinn vísar algerlega á bug þeim ummælum, að það sé „samdóma" álit bænda á Hvalfjarðarströndinni að þessi staðsetning sé hentugust, vísar til fyrri samþykktar og spyr hvað Landsvirkjun hafi fyrir sér í þessu. Hann bendir líka á ýmsa annmarka sem náttúran veldur eða náttúruhættir þarna, veðurfar sérstaklega, að láta línuna liggja svona, fyrir utan þau spjöll sem hún muni vinna náttúrufegurð og náttúru að öðru leyti. Og hann lýkur bréfi sínu til Landsvirkjunar með þessum orðum, sem ég vildi óska að gætu orðið einkunnarorð — eða eitthvað í þeim anda gæti orðið einkunnarorð fleiri manna í Framsfl. en t. d. Páls Pétursonar.

„Það er embættisskylda mín að standa vörð um réttindi prestssetursins og kirkjunnar. Ég áskil mér því að beita öllum löglegum aðferðum til að koma í veg fyrir það, að á þann rétt sé gengið og að spillt verði því landi og þeirri fegurð sem mér hefur verið trúað fyrir og fengið til varðveislu."

Það er verst að hæstv. kirkjumrh. skuli ekki vera hér. Hver verða viðbrögð Landsvirkjunar eða rn. ef klerkurinn í Saurbæ stendur harður á þessu? (Gripið fram í.) Já, er það? Það er vonandi að hann taki þetta til rækilegrar íhugunar.

Þetta var það sem ég vildi segja við þessa 1. umr.

Ég ítreka það, sem ég hef áður sagt, að þetta er allt saman algerlega óviðkomandi hagsæld íslensku þjóðarinnar. Það er ekkert annað en blekkingar að blanda þessu saman. Hér eru að sjálfsögðu að baki þeir peningaspekúlantar sem því miður hafa æ meiri áhrif á þróun mála í þessu landi, seilast æ lengra inn í líf þessarar þjóðar til þess að kremja þar ýmislegt verðmætt. Það eru þeir sem munu hagnast á þessu. Menn standa hér í ræðustól og þylja gríðarlega háar tölur um erlendan gjaldeyri sem við munum hafa upp úr þessu. Það á að vera einhver fagnaðarboðskapur fyrir gömlu konurnar í fiskiðjuverunum og útslitna verkamenn sem vinna myrkranna á milli. Halda menn að hagur þeirra hækki eitthvað við þessa gjaldeyrisveltu alla saman? Það er af og frá. Það eru peningaspekúlantar sem græða á þessu eins og öðru slíku. Þetta er fyrst og fremst þeirra hagur. Þeir braska með gjaldeyri, hafa braskað með gjaldeyri og eiga eftir að braska með gjaldeyri þangað til við breytum þessu þjóðfélagi þannig að endir verði bundinn á allt þeirra brambolt. Ég sé ekki að það verði alveg á næstunni. Maður var farinn að vona það um tíma að í stjórnarandstöðunni væri Alþfl. orðinn það sem nefnt hefur verið „afturbatapíka". En því miður, eftir ræðu Benedikts Gröndals áðan, get ég ekki séð að hann sé líklegur til stórræðanna í baráttunni fyrir réttlátara þjóðfélagi. (Gripið fram í.) Ég efast um það. Ég veit reyndar ekki hvað það var langur tími samkv. ritúali kaþólsku kirkjunnar sem gat gert spjallaða konu aftur að því sem ég nefndi áðan. En það var einhver tiltekinn tími skírlífis, líklega lengri tími en Alþfl. hefur haft.

Og enn að lokum: Þessu verður ekki bjargað með öðru en því að þjóðin rísi upp. Og ég held að þrátt fyrir allan hégómann sem veður nú uppi í þessu þjóðfélagi og allar stéttir taka þátt í, þrátt fyrir allt þetta átakanlega Majorkahúmbúkk og annað því skylt, þrátt fyrir keppnina um fáránlegan lúxus, sem allar stéttir taka þátt í, þá sé með þjóðinni enn svo stór óspilltur kjarni að það megi takast að bjarga okkur frá stóriðjuvoðanum. En frumskilyrðið er að við stóriðjuandstæðingar tökum höndum saman og förum út til fólksins og leiðum því fyrir sjónir, að ef takast á að bægja frá þjóðinni þessari ógæfu, þá verður hún sjálf að rísa upp.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Margt af því, sem hefur komið fram í þessum umr. verður tekið til athugunar og meðferðar í hv. iðnn. sem fær málið væntanlega til meðferðar. Varðandi t. d. ummæli og fullyrðingar sumra hv. þm. um orkuverð, bæði að því er snertir álverið og hina væntanlegu járnblendiverksmiðju, hefur Landsvirkjun verið beðin um grg. um þau mál sem mun verða tilbúin næstu daga og lögð fyrir iðnn. og svo að sjálfsögðu gerð heyrinkunn hér í þinginu.

Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, síðasti ræðumaður, sagði okkur sögu af manni sem hefði drukkið heitt vatn og hefði af þrákelkni tekið meira af heita vatninu, og hann líkti mér við mann sem hefði tekið og vildi nú taka gúlsopa af heitu vatni. Það er nokkuð til í þessu, að ég hef áhuga á heitu vatni og hef haft það síðan ég bæði tók við þessu embætti og raunar löngu áður. Ég hef reynt að beita mér fyrir því að hagnýta þetta heita vatn í okkar landi í stærri stíl en áður. Ég held að á síðustu tveimur árum hafi orðið töluvert ágengt í því. Með nýjum vinnubrögðum, stórauknum rannsóknum, jarðhitaleit og með öflun stórvirkra nýrra tækja, afkastameiri en til höfðu verið áður hér á landi, hefur tekist að fá fram verulega breytingu í þessum efnum, og þær framkvæmdir, sem ýmist eru í gangi eða fyrirhugaðar til nýtingar þessa heita vatns til húshitunar, eru í rauninni miklu stærri en flest þau virkjunarmál sem mönnum verður nú tíðræddast um.

Ef við t. d. tökum Hitaveitu Suðurnesja sem ég flutti frv. um haustið 1974, var lögfest þá þegar og nú er að nokkru tekin til starfa, þá nemur afl hennar, þegar hún er fullgerð, hvorki meira né minna en 96 mw. Ef þannig er litið á málin er Hitaveita Suðurnesja um það bil jafnmikil orkustöð og Búrfellsvirkjun var í fyrsta áfanga. Ef við lítum t. d. á Hitaveitu Akureyrar, sem nú er í góðum undirbúningi og verður væntanlega framkvæmd á allra næstu árum, þá mun hún samsvara u. þ. b. 43 mw. Þannig mætti lengi telja. Þau miklu átök, sem nú eru gerð í nýtingu heita vatnsins hér á landi, eru vissulega meðal mikilvægustu framkvæmda sem íslenska þjóðin hefur með höndum.

Hv. 5. þm. Vesturl. fagnaði því mjög að eyfirðingar hefðu risið upp gegn byggingu álvers eða stóriðju þar nyrðra og síðan sagði hann: það dugði, stjórnvöld sáu að sér. — Hvaða stjórnvöld voru það sem sáu að sér eða gáfust upp á einhverjum áformum? Ekki ég. Ég hef aldrei látið í ljós neinar sérstakar óskir eða áform um að reist yrði álver í Eyjafirði. Ég hef þvert á móti, þegar farið var að ræða um þetta nýlega opinberlega, lýst því yfir að það yrði ekki, meðan ég sæti í þessu embætti, byggt álver þar gegn vilja heimamanna. Hvað á hv. þm. við? Hann veit ósköp vel að upptökin að þessu máli um álver í Eyjafirði eru frá tíð vinstri stjórnarinnar, þegar Magnús Kjartansson var iðnrh. Þá óskaði Norsk Hydro eftir að byggja álver hér á landi og var vísað á að rannsaka möguleikana á Austurlandi og Norðurlandi og var sérstaklega bent á Eyjafjörð. Þetta mál er þannig til komið, og þær athuganir, sem Norsk Hydro hefur látið fram fara, eru því eftir ábendingu iðnrh. Alþb. Ef hv. þm. þarf að vera með einhverjar sneiðar til einhverra, þá held ég að hann ætti að höggva sér nær.

Varðandi viðhorf mín til stóriðju þá hef ég nýlega gert nokkra grein fyrir þeim. Ég tel rétt — með leyfi hæstv. forseta — að rifja hér upp nokkur orð sem ég sagði 3. jan. í sambandi við undirritun lánssamnings milli Járnblendifélagsins og Norræna fjárfestingarbankans. Þar komst ég m. a. svo að orði:

„Þegar um stóriðju á Íslandi er að ræða eigum við að fara fram með gát og varfærni. Með jafnfámennri þjóð býr nokkur uggur í sambandi við erlent fjármagn og erlend áhrif sem því kunna að fylgja. Í annan stað þarf að gæta þess að stóriðja raski ekki byggð og byggðajafnvægi né dragi um of vinnuafl frá öðrum atvinnugreinum. Í þriðja lagi verður að hafa í huga að íslendingar hafa jafnan búið við hið tæra loft og hið langdræga útsýni og eru næmir fyrir öllu því er valda kann mengun lofts, láðs og lagar. Því verður að gera strangar kröfur um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að því er stefnt að þessara sjónarmiða verði gætt við þá verksmiðju sem nú er fyrirhugað að reisa."

Ég rifja þetta upp vegna ummæla hv. 5. þm. Vesturl. sem voru gjörsamlega tilefnislaus og órökstudd í minn garð. Um leið og ég undirstrika þessi þrjú meginsjónarmið, sem ég setti hér fram, tel ég hins vegar að við eigum jafnan að skoða það vandlega í hvert sinn hvort það þjónar íslenskum hagsmunum að ráðast í stóriðju. Ég held að nú sé varla um það deilt að það hafi verið rétt spor að ráðast í þá stóriðju, sem áburðarverksmiðjan var á sínum tíma, og einnig sementsverksmiðjan. Ég held að það hafi verið rétt spor þegar samið var við svissneska álfélagið um byggingu álvers og að við þá tilraun hafi verið eðlileg og hyggileg sjónarmið að íslendingar ættu ekki þá verksmiðju að neinu leyti og tækju ekki áhættuna af þessari stóru fyrstu tilraun. Ef við lítum á álverið, þá skal ég ekki ræða orkuverðið sem þá var um samið. Eins og ég gat um verður því svarað og gerð grein fyrir því máli af hálfu Landsvirkjunar innan skamms. Hins vegar verðum við í sambandi við nýtingu okkar orkulinda og okkar efnahagskerfi í heild að meta hverju sinni hvort stóriðja, annaðhvort á vegum íslendinga eingöngu eða í samstarfi við erlenda aðila, er okkur til hags eða ekki.

Hér kemur til greina í fyrsta lagi, þar sem gjaldeyrisskortur hefur verið lengst af einn okkar helsti vandi í efnahagsmálum, að það verður að meta hvort þessi stóriðja sé líkleg til að verða okkur að gagni gjaldeyrislega. Ef við lítum yfir þau ár, sem álverið hefur starfað, verður því ekki neitað að töluverður gjaldeyrishagnaður hefur verið af því fyrir íslensku þjóðina. Frá upphafi og til ársins í ár eru það hvorki meira né minna en 24 þús. millj. miðað við núv. gengi — 24 milljarðar kr. í erlendum gjaldeyri sem við höfum haft frá þessu álveri. Þetta er eitt atriðið sem vissulega er mjög mikilvægt.

Annað atriðið er svo það, hvort stóriðja getur gert mögulegt að framkvæma stórar, hagkvæmar, ódýrar virkjanir. Það var mat manna, þegar ákveðið var að ráðast í Búrfellsvirkjun, að virkj-

un af þeirri stærð væri ekki möguleg nema stór notandi kæmi til, vegna þess að ella yrði ónotuð orka svo mikil að útilokað væri að slík virkjun gæti borið sig í náinni framtíð. Í þetta var ráðist vegna þess að með þessum hætti var hægt að ráðast í mjög hagkvæma virkjun sem leiddi það af sér að rafmagn til almenningsnota og þar með til innlendra atvinnuvega varð ódýrari heldur en ef þyrfti að ráðast í smærri virkjun.

Þá er vinnuaflið mál sem jafnan þarf að athuga, hvort stóriðja sé líkleg til að auka hér atvinnu. Rúmlega 600 manns hafa atvinnu við álverið.

Við þurfum að athuga að sjálfsögðu áhrif á byggð og það sjónarmið að stóriðja raski ekki byggðajafnvægi. Ég hef ekki heyrt að talið sé að álverið hafi raskað byggð eða byggðajafnvægi í Hafnarfirði eða nágrenni. Það hefur þá farið mjög hljótt ef einhverjir hafa þær skoðanir.

Varðandi svo mengun og mengunarvarnir þá er þar um að ræða mjög alvarlegt mál. Það er ljóst að flúormengun frá álverinu er nú komin að því marki að ekki verður við unað. Í samningunum var lögð sú skylda á félagið að setja upp hreinsitæki. Það hefur dregist allt of lengi, og ekki bólaði neitt á því í tíð iðnrh. Alþb. að nein breyting yrði þar á. Á síðasta fundi, einum hinna reglubundnu funda íslendinga og fulltrúa svissneska álfélagsins, sem jafnan hafa verið haldnir frá því að álverið tók til starfa, — á síðasta slíkum fundi, sem haldinn var hér í Reykjavík í nóvembermánuði, lagði ég fyrst og fremst áherslu á eitt mál, að álfélagið gerði gangskör að því að koma upp fullnægjandi hreinsitækjum. Er ákveðið að á næstu slíkum reglulegum fundi, sem haldinn verður í næstu viku í Sviss, þá leggi félagið fram ákveðnar áætlanir með tímasetningu hvenær hafist verður handa og hvenær lokið verði uppsetningu slíkra hreinsitækja.

Þessi sjónarmið öll þurfum við að sjálfsögðu að hafa í huga, þegar við erum að meta hvort við eigum að ráðast í stóriðju eða ekki.

Þegar nú þm. Alþb. rísa hér upp hver eftir annan og gagnrýna stofnun járnblendifélags í samráði við norðmenn, þá er því ekki að neita að þessi andstaða og gagnrýni Alþb. missir nokkuð marks þegar menn renna augum til forsögu þessa máls, og öll hneykslunaryrði þeirra út af stóriðju verða náttúrlega markleysa ein þegar athugað er hvernig þeir hafa sjálfir staðið að þessum málum.

Skömmu eftir að vinstri stjórnin var mynduð og Alþb. fékk iðnrh. haustið 1971 skipaði ráðh. nefnd til þess að eiga viðræður við erlenda aðila sem kynnu að hafa áhuga á orkufrekum iðnaði hér á landi í samvinnu við íslendinga. Það liðu ekki margir mánuðir þangað til ráðh. Alþb. þótti nauðsynlegt að setja á stofn sérstaka n. til að eiga viðræður við þessa erlendu aðila, alþjóðlegu auðhringi, eins og hv. þm. Sigurður Magnússon orðaði það áðan. Þeir áttu sem sagt að kanna hverjir hefðu áhuga á þessum málum. Ef Alþb. hefði verið því andvígt að ráðast í nokkurs konar stóriðju með útlendingum hefði aldrei komið til mála að þessi n. hefði verið sett á laggirnar með þeirra samþykki.

Síðan gerist það að þessar athuganir standa yfir í þrjú ár, viðræður við einn og sama aðila. Það var hjá hv. þm., staðgengli Magnúsar Kjartanssonar hér, Sigurði Magnússyni, ákaflega fróðleg lýsing á hinum fjölþjóðlegu auðhringum, og ekki var nú fríður flokkurinn eftir þeirri lýsingu. En það var einmitt einn þessara fjölþjóðlegu auðhringa sem ráðh. Alþb. valdi sér til samstarfs og var á sífelldum fundum með og samstarfi í þrjú ár. Allan þann tíma, sem vinstri stjórnin sat að völdum, voru viðræður milli Magnúsar Kjartanssonar iðnrh. í umboði stjórnarinnar við þennan auðhring, Union Carbide. N. sú, sem hann kom á laggirnar, viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, hafði þær viðræður að verulegu leyti með höndum, en gaf honum að sjálfsögðu jafnan skýrslu um framgang mála og fékk samþykki hans varðandi það, hvernig að málum var staðið.

Nú segir hv. þm. Sigurður Magnússon, að drög að samningi um járnblendiverksmiðju við Union Carbide hafi verið undirbúin, þau hafa legið fyrir í ársbyrjun 1974, en þessi drög voru þó aldrei tekin til frekari meðferðar. Sem sagt, eftir ársbyrjun 1974 voru þessi drög lögð til hliðar, aldrei tekin til frekari meðferðar, og rökin fyrir því voru þau, að þá hafi verið komið gjörbreytt viðhorf vegna olíukreppunnar.

Nú vill svo til að það gerist 21. maí — ekki í ársbyrjun, heldur 21. maí 1974, að iðnrh. Alþb. Magnús Kjartansson, ritar J. C. Malone varaforseta Union Carbide bréf þar sem hann segir m. a.:

„Ríkisstj. Íslands hefur nú um nokkurt skeið haft til meðferðar drög að samningi milli ríkisstj. Íslands og Union Carbide um sameignarfyrirtæki til að reisa og reka kísiljárnbræðslu á Íslandi. Þessar till. hafa verið ræddar ítarlega undanfarna mánuði í stjórnarflokkunum."

Alþb. var með. Hann skýrir frá því, að forsrh. og hann hafi „notið þeirrar ánægju að hitta fulltrúa yðar og ræða við hann um framgang þessa sameiginlega fyrirtækis okkar". Hann segir, að hin óvissa stjórnmálastaða á Alþ. undanfarnar vikur hafi valdið því, að honum hafi þótt „óráðlegt að leggja fyrir Alþ. frv. um járnblendiverksmiðjuna á þeim tíma sem við höfðum upphaflega áformað". Eins og menn muna komu stjórnmálaerfiðleikar upp sem urðu þess valdandi að þing var rofið 8. maí.

Það, sem hv. þm. sagði, er því algjörlega rangt. Mér þykir ákaflega leitt að þessi ungi þm., Sigurður Magnússon, skuli hafa látið Magnús Kjartansson, hv. þm., nota sig til þess að flytja mál sitt eins og hann gerði hér, því að það er ekki aðeins í þessu efni, heldur mörgum öðrum þar sem var um algjörlega rangar staðhæfingar og upplýsingar að ræða.

Staðgengill Magnúsar Kjartanssonar segir að þessi drög hafi verið lögð til hliðar í ársbyrjun 1974, ekki rædd frekar. 21. maí skrifar Magnús Kjartansson þetta bréf, þar sem hann segir að málin hafi verið til umr. í stjórnarflokkunum þá undanfarna mánuði. Síðan segist hann, þar sem þing hafi nú verið rofið og hann gat ekki lagt fram frv. eins og hafði verið áformað í viðræðum hans við Union Carbide, vilja „full-

vissa yður um, að ríkisstj. og ég sjálfur erum þeirrar skoðunar að ákvæði og skilmálar, sem rætt hefur verið um við yður, eru aðgengileg í öllum meginatriðum og að við höfðum og hö.um enn sterkan og áframhaldandi áhuga á framkvæmd þessara áforma sem allra fyrst". Hann segist harma það að þessi dráttur skuli verða, en hann lætur í ljós þá von að málið verði tekið upp eins fljótt og unnt sé eftir komandi kosningar.

Ég skal taka það fram, að hér hefur því verið yfirlýst af formanni Alþb. áður, að Alþb. hafi aldrei samþ. járnblendiverksmiðjuna, og ég rengi það ekki. Ég dreg ekki í efa að ekki hafi verið gerðar formlegar samþykktir. En ætli þm. Alþb. hafi verið ókunnugt um það í þrjú ár að iðnrh. bandalagsins hafði haustið 1971 skipað n. til þess að eiga viðræður við erlenda aðila sem kynnu að hafa áhuga á stóriðju hér á landi? Skyldi Alþb. hafa verið ókunnugt um það, að í 3 ár hafi Magnús Kjartansson ásamt n. sinni staðið í beinum samningum við Union Carbide um að koma hér upp járnblendiverksmiðju? Það má vel vera að það sé rétt og ég rengi það ekki, að engin formleg samþykkt um stuðning við málið hafi verið samþ. í Alþb., en eitthvað hlýtur þeim að hafa verið kunnugt um þetta mál. Ég trúi því ekki að slíkt sambandsleysi hafi verið við ráðh., sem var einn áhrifamesti talsmaður bandalagsins, öll þessi ár á þingi eins og þetta gæti gefið til kynna.

Það er e. t. v. rétt að rifja hér einnig upp annað. Það var í janúarmánuði 1974, þegar umr. voru hér á Alþ. um frv. sem ríkisstj. flutti um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, að þá spurði einn þm. þáv. iðnrh. að því, hvort það væri stefna ríkisstj. að ekki skyldi rísa stóriðnaður á Norðurlandi. Því svaraði Magnús Kjartansson, ráðh.: „Hv. þm. minntist á hvort það væri stefna ríkisstj. að ekki skyldi rísa upp stóriðnaður á Norðurlandi, ekki orkufrekur iðnaður." (**Gripið fram í:** Hvenær var það?) Þetta er 30. jan. 1974. (**Gripið fram í:** Hvaða þm. var það?) Ég veit það ekki. Ég hef það ekki í þessu plaggi. Mér finnst að það skipti ekki máli hvaða þm. það var. Það, sem skiptir máli, er svar ráðh. Hann segir: „Því fer mjög fjarri" — að það sé stefna stjórnarinnar að ekki rísi upp orkufrekur iðnaður á Norðurlandi. „Ég tel það vera ákaflega mikilvægt atriði að meiri háttar fyrirtæki af slíku tagi rísi ekki aðeins hér á Suðvesturlandi, heldur einnig á Norðurlandi og Austfjörðum þar sem aðstæður eru hentugar til þess. Og þær aðstæður eru vissulega hentugar bæði á Norðurlandi og á Austfjörðum." Síðan talar hann um virkjunarmöguleika í þessum landshlutum, nefnir Dettifossvirkjun og segir að það sé að henni komið, — „þá virkjun yrði greinilega að tengja við einhvern orkufrekan iðnað sem mundi þá að eðlilegu rísa á Norðurlandi."

Þegar maður athugar þessa sögu, þá verður manni auðvitað spurn: Hvernig stendur á þessum látum í hv. þm. Alþb. út af járnblendiverksmiðjunni, þar sem þeir voru í þrjú ár að sjálfsögðu með Magnúsi Kjartanssyni að fjalla um þetta mál? (Gripið fram í.) Alltaf á móti. Var allur flokkurinn á móti því? (**Gripið fram í:** Eins og hann lagði sig.) Allur flokkurinn var á móti, segir hv. þm. Garðar Sigurðsson, en vissi þó um það að ráðh. hans var í þrjú ár að berjast fyrir málinu. Ég fæ þetta dæmi ekki til að ganga upp. Þeir verða auðvitað að gera það upp við sjálfa sig. En að sjálfsögðu er nánast brosleg þessi andstaða, þessar hrókaræður hv. þm., hneykslun þeirra á stóriðjuhugmyndum, hneykslun þeirra á járnblendiverksmiðju sem ráðh. þeirra hafði lengi undirbúið og var búinn að samþ. og lýsti yfir harmi sínum yfir því, að vegna þess að þing var rofið skyldi hann ekki geta lagt frv. fyrir þingið.

Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sem flutti hér í gær mjög ítarlega ræðu, varði miklu af sínum ræðutíma til að ræða um orkuverðið. Út í það ætla ég ekki að fara hér. Við skulum bíða með þær umr. þangað til svör og skýrslur Landsvirkjunar liggja fyrir um það mál. En hv. þm. sagði að ég væri afskaplega glaður virkjunarmaður, eins og hann komst að orði, og ég skal viðurkenna að ég hef áhuga á virkjunum. Þegar hv. þm. heldur svo áfram, þá fer hann að gagnrýna virkjunarleyfi fyrir Hrauneyjafossi. Hann sagði að það væri þvert ofan í yfirlýsingar fyrir jól. Ég kannast ekki við þær yfirlýsingar, a. m. k. hef ég ekki gefið neinar yfirlýsingar neitt í þá átt. Mér er ekki kunnugt hvað hv. þm. á við. En hann telur að virkjunarleyfi fyrir Hrauneyjafossi hafi verið gefið vegna fyrirætlana um stóriðju, virkjunin sé tengd stóriðju. Í annan stað taldi hann að hún væri allt of stór. Nú er það dálítið einkennilegt, að í rauninni svaraði hv. þm. Sigurður Magnússon þessu, því hann benti á að eftir orkuspám yrði hér aflskortur 1980—1981, taldi jafnvel að það gæti orðið fyrr eða 1979, og mér skildist á honum að ég hefði verið helst til seinn að veita þetta virkjunarleyfi. Það er nú ágætt að þeir eigist við um þetta, flokksbræðurnir. Aðalatriði málsins er að það var óhjákvæmilegt að veita nú leyfi til þess að hefja undirbúning útboðs fyrir Hrauneyjafossvirkjun. Svo er nefnilega mál með vexti, eins og Sigurður Magnússon sagði, að orkuspár benda til þess að hér verði aflskortur í síðasta lagi árið 1981. Þá er Sigölduvirkjun að fullu notuð. Til þess að ekki lendi í hreinum vandræðum og orkusvelti verður auðvitað nú þegar að hefjast handa.

Hrauneyjafossvirkjun er nauðsynleg vegna almenningsnotkunar. Þó að engin stóriðja kæmi til á næstu árum var engu að síður óhjákvæmilegt að veita leyfi fyrir Hrauneyjafossvirkjun nú eins og gert var.

Þá hafa tveir þm. a. m. k. talið þau vinnubrögð ámælisverð að málið skyldi ekki lagt að nýju fyrir Alþ. þegar ljóst var að Union Carbide mundi ganga úr skaftinu. Ég get ekki fallist á þetta sjónarmið. Ég veit ekki almennilega hvernig menn hugsa sér að málið hefði þá átt að bera að á Alþ. Áður en Union Carbide ákvað endanlega að hætta og þegar við töldum líkur til þess að þeir mundu draga sig út úr, þá töldum við sjálfsagt að hafa fyrra fallið á og kanna aðra möguleika. Mér er ekki alveg ljóst hvernig hefði átt að leggja málið fyrir Alþ. á þeim grundvelli,

að líklegt væri að Union Carbide mundi hætta, og spyrja Alþ. hvort það vildi leyfa að kanna hvort einhverjir aðrir aðilar einhvers staðar í heiminum væru tilbúnir til samstarfs. Slík vinnubrögð er ekki hægt að viðhafa í þessum efnum. Í stað þess að telja þessi vinnubrögð ámælisverð, þá held ég að ætti frekar að telja þau þakkarverð, að um leið og líkur voru til að þessi aðili drægi sig til baka var gert tvennt í senn: annars vegar að krefja hann skaðabóta, þannig að íslendingar yrðu algjörlega skaðlausir af þessum skiptum, og það tókst með samningunum í júní um 850 millj. greiðslu frá þeirra hendi, og samtímis var kannað hjá þessu viðurkennda og virta norska fyrirtæki, sem áður hafði kynnt sér mál hér og óskað eftir samstarfi um að vísu aðra tegund málmvinnslu, hvort það væri til þess búið að hlaupa þarna í skarðið. Ég held að viðræður um slík mál hafi ekki verið hægt að leggja fyrir fram fyrir Alþ. til umr. og atkvgr. Mér er ekki heldur kunnugt um að þegar fyrrv. ríkisstj. og iðnrh. Alþb. voru að semja við Union Carbide hafi hann lagt það mál fyrir Alþ., hvorki í byrjun, hvort hann mætti hefja viðræður við þá, né á síðari stigum. Ég held að hann hafi aldrei lagt þau mál fyrir Alþ. eða leitað heimildar, ekki einu sinni gefið Alþ. skýrslu um, hvernig þessar viðræður stóðu, þessi þrjú ár.

Ég held að með þessum hætti, með því að kanna viðhorf Elkem-Spigerverket, kanna hvort hægt væri að ná samningum við þá aðila, ganga frá þeim samningum, auðvitað að áskildu samþykki Alþ., undirbúa eins og gert hefur verið fjáröflun til þessa fyrirtækis, hafi verið rétt að farið og séu ekki rök fyrir því að telja þau vinnubrögð ámælisverð.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki fara frekar út í þessi mál nú. Eins og ég tók fram í upphafi máls míns verða þessi mál rædd og ýmsar skýrslur og upplýsingar lagðar fyrir iðnn. og kemur þá að sjálfsögðu fyrir hv. deild að nýju við 2. umr. málsins. En ég vil aðeins út af ummælum hv. 5. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar, um Orkubú Vestfjarða leiðrétta misskilning hjá honum. Hann segir að frá því að lögin voru afgreidd hér á s. l. vori um Orkubú Vestfjarða hafi verið legið á því máli og ekkert gerst né sé að gerast. Þetta er alger misskilningur. Að þessu máli hefur verið unnið og í það lögð mikil vinna. Áður en Orkubúið er formlega stofnað hefur þurft að gera margvíslegar kannanir á fjárhagsstöðu, eignum og skuldum bæði rafveitna á Vestfjörðum og Rafmagnsveitna ríkisins að því er Vestfirði varðar. Að þessu hefur verið unnið og er þetta mál að komast á lokastig. Þetta hefur kostað tíma og vinnu. Einnig hafa verið haldnir nokkrir fundir með fulltrúum vestfirðinga um þetta mál, sem ég hélt að hv. þm. hefði verið kunnugt um. Það er á misskilningi byggt að ekkert hafi verið gert í þessu máli. Það hefur verið unnið að því, og ég vonast til þess að það sé að komast á lokastig.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Satt að segja var ég ekkert viss um að ég mundi fara að ræða mikið um þetta mál, kannske ekki síst vegna þess að í gær gerði hv. 2. þm. Austurl. ákaflega glögga grein fyrir meginatriðum hvað snerti efnahagslega hlið þess, um sölu raforku, um raforkuverð í Noregi og allt þar fram eftir götunum. Þess vegna er kannske ekki ástæða til að fara að fjalla um þá hlið málsins sérstaklega. En ég var svo sem ekkert hissa á því þó hæstv. iðnrh. ákvæði það, eins og hann sagði sjálfur áðan, að láta alveg liggja á milli hluta hvað hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði um raforkuverðið, sem hæstv. ráðh. gat þó um að hefði verið aðalinntak hans ræðu sem stóð í 2½ klst. Ég get mér þess til og þykist vita að hann hafi ekki viljað fara að fjalla um ræðu hans hvað snerti peningahlið þessara mála ósköp einfaldlega vegna þess, að ég get ekki séð að hæstv. ráðh. hafi nokkurn möguleika til þess að hrekja þær niðurstöður sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson komst að í sinni ræðu.

Hæstv. ráðh. fjallaði nokkuð um það sem Magnús Kjartansson fyrrv. hæstv. iðnrh. hefði gert í sinni stjórnartíð, og er slæmt að Magnús Kjartansson skuli ekki geta verið hér sjálfur til andsvara. Hæstv. ráðh. leyfði sér að fara afar frjálslega með sannleikann, en á ákaflega penan hátt, eins og sagt er á góðu máli, enda af skáldum kominn. En ég vil segja það varðandi þau ummæli hæstv. ráðh., að álverið í Eyjafirði hafi verið einhver póstur Magnúsar Kjartanssonar hér í embætti, að þá er það algjörlega rangt því að Magnúsi Kjartanssyni hefði aldrei dottið í hug að semja um slíka verksmiðju.

Hæstv. ráðh. fjallaði einnig um það í sinni ræðu að samningar við útlendinga af þessu tagi væru okkar hagur, kastaði fram þeirri spurningu að við þyrftum að rannsaka það vel hvort slíkir samningar væru okkur til hagsbóta eða ekki, en nefndi það sérstaklega að gjaldeyrislega kæmum við mjög vel út úr þessum viðskiptum. Mér þykir afar einkennilegt að komast að þessari niðurstöðu með tilliti til þess ef litið er á samninginn um álverið í Straumsvík, þar sem ljóst er að við þurfum að greiða með raforkuverðinu og auk þess höfum við þurft að greiða ótaldar milljónir dollara í neikvæðan skatt til fyrirtækisins. Sá gjaldeyrir, sem við fáum út úr fyrirtækinu, er þar með keyptur á allt öðru gengi en því sem skráð er, og ég fæ ekki séð að það sé okkar hagur.

Auk þess þýða þessir samningar það, að við þurfum sífellt að vera að ráðast í nýjar og nýjar virkjanir, um leið og við vanrækjum ár eftir ár uppbyggingu okkar eigin rafveitukerfis og það í stórum landshlutum sem enn eru í raforkusvelti. Þrátt fyrir það að nú sé þegar búið að taka ákvörðun um að smíða þriðju stórvirkjunina í landinu og þó þessar stóru virkjanir væru komnar upp, þá get ég ekki séð að með því verði í neinu komið í veg fyrir þann orkuskort sem hefur verið viðvarandi, ekki síst á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þessir landshlutar þurfa á orku að halda í sín stóriðjuver sem heita í daglegu máli hraðfrystihús og fiskbræðslur, og sannleikurinn er að frá þessum landshlutum kemur megnið af þeim fiski og fiskafurðum og megnið af þeim gjaldeyri sem stendur undir hinu íslenska þjóðarbúi.

Með þessari stefnu erum við sífellt að halda lengra á þeirri braut að selja óunnið hráefni,

sem sagt raforku, til útlendinga og um leið að vanrækja að styðja við okkar þjóðlegu atvinnuvegi sem fram á þennan dag, og um langa framtíð eiga eftir að vera meginundirstaða íslensks atvinnulífs.

Hæstv. ráðh. gerði það að umtalsefni, að við þm. Alþb. gagnrýndum nú hver á eftir öðrum stofnun járnblendifélagsins í samvinnu við norðmenn, og öll okkar stóryrði í þessum efnum, sem hann kallar svo, séu markleysa, en það er þó ekkert annað en upplesnar staðreyndir sem hafðar eru upp úr opinberum skýrslum. Hann vikur einnig að því, að Magnús Kjartansson hafi í sinni iðnrh.-tíð staðið í samningum við þessa menn. Það er þó staðreynd að Magnús Kjartansson samdi aldrei við þessa menn, og það er aðalatriðið. Þingfl. Alþb. var alltaf á móti þessum samningum.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja meira það sem þá gerðist í sambandi við þær hugmyndir, sem upp höfðu komið og ræddar höfðu verið í þessari svokölluðu viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, en um það mætti vissulega margt segja og greinilega fleira, þó ekki væri nema til þess að upplýsa hæstv. iðnrh. um meginstaðreyndirnar á þessu sviði. Það var ekki aðeins ástæðan, sem hann segir að Magnús Kjartansson hafi gefið um í sínu bréfi, að hér væri óviss stjórnmálastaða. Það var auðvitað fyrst og fremst vegna þess að þingfl. snerist á móti þessu, og það ætti hæstv. iðnrh. að vera fullkunnugt og raunar öllum landsmönnum ljóst og það fyrir löngu, að í okkar þingfl. hafa verið frá öndverðu, frá því að þetta mál bar fyrst á góma, allra hörðustu og sterkustu og bestu baráttumenn gegn stóriðjustefnunni. Það fer ekkert á milli mála og ætti alls ekki að geta vafist fyrir hæstv. ráðh., jafnvel þó að hann vilji líta á þetta mál og þessa forsögu í gegnum hau sérkennilegu gleraugu sem gefa honum alveg nákvæmlega öfugar niðurstöður ef ætlast er til að sannleikurinn komi upp.

Ég vil samt sem áður, þó ég vilji ekki gera þetta að sérstöku umtalsefni, nefna eitt enn máli mínu til stuðnings, og það er sú staðreynd að landsfundur Alþb. tók stóriðjumálin til meðferðar á þessum tíma sem hæstv. ráðh. nefnir. Þar var mörkuð alveg skýr stefna sem síðan var gefin út og stóð öllum landsmönnum opið að lesa. Frá þessu var greint í öllum helstu fjölmiðlum landsins þegar samþykktin var gerð, og hún var í þá veru að snúast gegn stóriðjustefnunni. Að vera núna í trausti þess, að menn séu búnir að gleyma þessum staðreyndum, að velta sér upp úr því að Magnús Kjartansson og þingfl. Alþb. og okkar flokkur hafi verið æstir í stóriðju á þessum tíma, það eru hinar mestu rangfærslur og slíkur málflutningur sæmir ekki að mínum dómi hæstv. iðnrh. (Gripið fram í.) Ég veit allt um þetta mál. Eins og ég sagði áðan, þá ætla ég ekki að eyða öllum mínum ræðutíma, sem verður líklega ekki mjög langur, í það að ræða um þetta. En ég hygg að það, sem ég hef nú þegar sagt í þessum efnum, sé og eigi að vera nægjanlegt fyrir hæstv. ráðh. til þess að reyna ekki að vekja upp drauga sem endanlega höfðu verið kveðnir niður af þeim stofnunum í okkar flokki sem ráðin hafa.

Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég ákvað að taka þátt í þessum umr., var ekki síst sú að ég var hérna kallaður íhaldsmaður. Nú er það svo að það má leggja ýmsar merkingar í orðið íhaldsmaður, og ég vil leyfa mér að halda því fram að sumar þeirra séu góðar. Í vissum efnum er nauðsynlegt að sýna ákveðna íhaldssemi. Það er öllum ljóst, sem eru komnir á miðjan aldur eins og ég, að ekki þýðir ævinlega að hlaupa eftir hvers kyns nýbreytni sem í boði er. Þvert á móti er nauðsynlegt að reyna að staldra við og koma í veg fyrir eyðileggingu gamalla og nýrra verðmæta í þessu þjóðfélagi. Það er einnig vegna þess að þegar slík mál eru á dagskrá eins og hér um ræðir, þá neyðast þeir til þess, sem að jafnaði eru ekki íhaldssamir, að reyna að gera sér grein fyrir því, hverjar afleiðingar það geti haft fyrir þjóðina, fyrir félagslega röskun, fyrir verndun náttúruverðmæta, og fyrir margra hluta sakir að gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar slík skref geta haft. Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði sem sé að við værum íhaldsmenn, alþb.-menn, vegna þess að við vildum ekki álverksmiðjur. Alþfl. hefur nú um alllangt skeið legið undir því ámæli að hafa nálgast íhaldsflokkinn okkar raunverulega, Sjálfstfl., meir og meir og stefnt sífellt meir í íhaldsátt, og kannske eru þessi orð hv. þm. Benedikts Gröndals, formanns hins litla Alþfl., ein lítil, en þó misheppnuð tilraun til þess að koma íhaldsnafninu yfir á aðra. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka það sem ég sagði meðan hæstv. ráðh. var frammi, en hann hefur greinilega misst af því þegar ég sagði að þetta orð, íhaldssemi, mætti skilja á ýmsa vegu og ég vildi gjarnan teljast íhaldsmaður í vissum skilningi a. m. k. En ég á við Sjálfstfl. þegar ég segi að hv. þm. Benedikt Gröndal sé að nálgast íhaldið. Það var það sem ég var að segja nú. En það vill nú svo til að hv. þm. Alþfl. hafa rifið sig mest á þessu þingi, sem nú stendur yfir, út af alls kyns málum og komið þar með meira og minna órökstuddar fullyrðingar sem þeir naga sig nú í handabökin sjálfsagt fyrir að hafa látið renna fram af sínum munni og þarf ekki að rekja það nánar. T. d. hafa þeir ráðist heiftarlega á allt sem viðkemur Krófluvirkjun, og ætla ég ekki heldur að eyða tíma í að fara að ræða um það mál. En sannleikurinn er sá, að þeir hafa tekið þátt í hneyksli, sem er mörgum sinnum verra en svokallað Krófluhneyksli, eins og þeir alþfl.-menn nefna það, jafnvel þó að það væri allt satt og rétt sem þeir segja, sem er auðvitað ekki. Þeir hafa nefnilega tekið þátt í því að gera samninginn við Alusuisse um álverið í Straumsvík, og sá samningur er með þeim endemum, svo sem alþjóð má nú vera ljóst orðið, að nánast engu tali tekur. Við höfum þurft að greiða niður raforkuverðið fyrir Alusuisse, og það er staðreynd að verð til neytenda hefur sjöfaldast á meðan verð til álversins hefur aðeins tvöfaldast. Við höfum sem sagt þurft að velta yfir á raforkuneytendur í landinu því sem við höfum tapað í raforkusölu til álversins. Þessar upphæðir eru talsvert á annað hús. millj. kr. — Þessar upphæðir einar. Er það íhaldssemi að berjast

gegn slíkum samningum? Er það virkilega íhaldssemi í hugum alþfl.-manna þegar við viljum ekki endurtaka aðra eins dómadagsvitleysu og þarna er um að ræða?

Í samningnum við Alusuisse var um það samið að þeir greiddu framleiðslugjald svokallað á hvert tonn af áli. Þó skyldi það aldrei fara hærra en svo að það næmi meiru en 55% af nettótekjum fyrirtækisins. En þannig er þetta mál vaxið að þeir Alusuisse-menn geta alveg ráðið því sjálfir og hafa það í hendi sinni hver verður nettóhagnaður hjá þessu fyrirtæki hér á Íslandi. Þegar deilan stóð um þetta á sínum tíma 1974, þegar myndast hafði neikvæður skattur upp á 4.4 millj. dollara, um 850 millj. kr., þá var hlutlausu bresku fyrirtæki, endurskoðunarfyrirtæki, falið af ríkisstj. að fara yfir reikninga Alusuisse. Þeir gerðu það auðvitað sómasamlega, tæknimenn í þessum efnum og hlutlausir, eins og ég sagði áðan. Það er óþarfi að segja frá því öllu sem þar kom fram, en ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp örfá orð úr ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar sem hann flutti í hv. Ed. 31. mars 1976. Hann segir svo:

„Ítarleg endurskoðun fór fram á reikningum þess (ÍSALs). Endurskoðun framkvæmdi breskt endurskoðunarfyrirtæki. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar varð sú, að fyrirtækið taldi að ýmislegt mætti finna athugunarvert við reikningsuppgjör ÍSALs og þá fyrst og fremst að þar væri ekki þess gætt að viðskipti við móður- og dótturfyrirtæki færu þannig fram að gætu talist á milli óskyldra aðila, en sú grundvallarstefna er mörkuð í upphaflegum samningi við ÍSAL. Einkum taldi endurskoðunarfyrirtækið vafasama þá verðlagningu sem fram kemur á súráli til ÍSALs. Þar er um að ræða kaup frá öðru dótturfyrirtæki Suisse Aluminium og verðlagningin að sjálfsögðu þar algjörlega á valdi Suisse Aluminium. Engu að síður kom í ljós að ekki var unnt að lækka þessa inneign fyrirtækisins að neinu ráði, þannig að 1. okt. 1975 mun ÍSAL hafa átt innistæðu hjá íslenska ríkinu sem nam 4.4 millj. dollara.“

Það er sem sagt niðurstaða þessa hlutlausa breska endurskoðunarfyrirtækis að Suisse Aluminium geti haft nákvæmlega í hendi sér hver verður nettóhagnaður fyrirtækisins hér á landi. Það getur haft þennan hagnað svo lítinn að við fáum afar takmarkað af framleiðslugjaldinu. Hins vegar hefur nú orðið nokkur breyting á þessu í nýjum samningi við Alusuisse, en þannig var hinn upphaflegi samningur sem nú er verið að fordæma og hefur alltaf verið gert af okkar hálfu, jafnvel þó hv. þm. og núv. hæstv. ráðh. Sjálfstfl. hafi látið blekkjast af útreikningum misviturra manna sem þrátt fyrir þessa reikningsvitleysu eru sí og æ notaðir til sama verkefnisins.

Neikvæð skattgreiðsla Suisse Aluminium nam í októberbyrjun 1975 aðeins 4.4 millj. dollara. En vegna afkomunnar — hinnar líklegu afkomu á árinu 1975 og fyrri hluta árs 1976, og eins og ég sagði áðan var það niðurstaða breska fyrirtækisins að þeir geti skammtað sér þessa afkomu og það er þeirra hagur að hafa sem minnst út úr þessu, en sem mest út úr súrálinu, skattainneignin neikvæða stækkar alltaf og stækkar, — þá var áætlað að í lok ársins 1975 yrði inneignin 8—9 millj. dollara. En menn skyldu athuga það, að á þessum tíma höfðu hinar nýju reglur tekið gildi, þannig að það var sífellt verið að borga þetta niður. Það er því ekki óeðlilegt að það sé réttari tala, þegar það er frá dregið, sem fram kemur í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. frá 9. febr. árið 1976. En þar segir hann á einum stað orðrétt, ég leyfi mér að lesa það hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar um er að ræða 5 ára tímabil er greiðsla samkv. núgildandi samningum vegna orkusölu 14.1 millj. dollarar, skattgreiðslur 10.6 millj. dollarar, skattinneign 12 millj. dollarar.“

12 millj. dollarar eru 2 300 millj. ísl. kr., og ef ég man nokkurn veginn rétt, þá mun þetta vera ekki langt innan við helming af öllum tekjuskatti, sem þjóðin greiddi í ríkissjóð 1975. Þó að sú tala væri ekki alveg rétt, þá vegur þetta örugglega á milli þess að vera þriðjungur og helmingur þess tekjuskatts, sem þjóðin borgaði. Nú er haft sérstakt lag á því að greiða þessa skuld, það er rétt. En ef hún væri ekki til, þá færu þessir peningar í ríkissjóð, þannig að það má segja að íslenskir skattborgarar láti þriðjunginn af tekjuskatti sínum á þessu ári renna til fyrirtækisins Suisse Aluminium. Það er ekki nóg að við borgum fyrir þá rafmagnið — við borgum á annan milljarð fyrir það — heldur er það upphæð á þriðja milljarð kr. sem við greiðum þeim í skatt, sem svo sannarlega síst skyldi, vegna þess að þetta fyrirtæki hefur ekki verið skattpínt hér á Íslandi. Mér þætti gaman að sjá framan í þann mann sem héldi því fram. Þeir fengu allar sínar vörur og allan efnivið og útbúnað fluttan til landsins án þess að borga nokkurn toll, og þar gilda yfirleitt allt aðrar reglur en gagnvart íslensku fyrirtæki. Ofan á þetta þurfum við að greiða þeim fyrir raforku og fyrir skattgreiðslu hátt á 4. þús. milljóna.

Ég hef ekki valið tilvitnanir hér af neinu handahófi. Ég leitaði eftir þeim hjá formönnum iðnn. í báðum hv. d. þingsins, merkum og gamalreyndum þm. Þau orð, sem ég hef lesið, eru eftir Steingrími Hermannssyni, hv. þm., og hv. 1. þm. Suðurl., og ég hygg að þau verði ekki hrakin. Kannske vill hæstv. ráðh. gera það.

Hv. þm. Benedikt Gröndal vill kannske kalla það íhaldssemi af okkur alþb.-mönnum að taka ekki þátt í slíkri vitleysu. Við erum kannske íhaldsmenn í augum þessa sósíaldemókrata fyrir að vilja ekki taka út úr höndum þjóðarinnar talsvert á 4. þús. millj. í þetta gímald fyrir ekki neitt. Það er ekki svo að við séum að fá neitt í staðinn. Ef þetta er að vera íhaldssamur, þá vil ég vera íhaldssamur.

Herra forseti. Svo sannarlega mætti ræða miklu lengur alla þessa hluti, hvernig samninginn við álverið bar að, hvernig hann var gerður, hvernig hann var útlits og hvernig hann hefur verkað. En satt að segja hefur það verið gert hér áður svo rækilega og röggsamlega að ég sé ekki ástæðu til að gera nú enn á ný. Hins vegar er þetta aðeins 1. umr. og þar af leiðandi tvær eftir í þessari deild, og getur þá verið tækifæri til þess að láta menn finna fyrir stórskotahríð réttlætisins í þessum efnum. Verður það ekki mikið tilhlökkunarefni fyrir hæstv. núv. iðnrh. að

verjast því og síst með tilliti til þess að hann þarf nú að fara að hrekja orð hv. þm. Ingólfs Jónssonar. Ég hef ekki staðið í því í mínu kjördæmi að fara að veitast mikið að svo gömlum og reyndum höfuðsmanni úr þeirri sveit. Kannske verður hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen fyrri til. Og ekki hygg ég að samkomulagið á hæstv. stjórnarheimili kunni að batna að mun ef hæstv. ráðh. ætlar að leyfa sér að fara að taka hv. þm. Steingrím Hermannsson á hné sér fyrir að hafa látið hafa þetta eftir sér.

Nú hefur hins vegar komið geysilegur fjörkippur í stóriðju á Íslandi og við höfum margir orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að sjá heilmikið prógram sem gert hefur verið um áframhaldandi stórkostlegar stóriðjuframkvæmdir á Íslandi, í áföngum að vísu. Fyrsta áfanga er nú þegar lokið, þ. e. a. s. það er búið að ákveða að stækka um 10 þús. tonn álverið í Straumsvík. Hæstv. iðnrh. fer nú um miðjan mánuðinn til Zürich eða eitthvað annað suður eftir til að ræða við Suisse Aluminium um enn frekari stækkun á verksmiðjunni í Straumsvík, kannske 40 þús. tonna stækkun, þ. e. a. s. bæta einum nýjum kerskála við. Þetta atriði er líka á áætluninni sem þeir Alusuisse-menn hafa gert. Mér býður í grun að hæstv. iðnrh. sé nú ekki að gera sér sérstaka ferð til þess að ræða við þá um það mál erlendis sem auðvitað hefur oft verið rætt, það vitum við. Það hafa verið haldnir stöðugir fundir um þetta efni í mörg ár. (Gripið fram í: Mörg ár?) Alveg stöðugir fundir. (Gripið fram í: Hvað mörg ár?) Alllangan tíma. Það vill svo til að þetta plagg hefur ekki legið alveg í þagnargildi eða innihald þessa plaggs. Við vitum hvað þar stendur og við vitum hverju við eigum von á ef haldið verður áfram að stefna í stóriðjuátt.

Það er sem sagt fyrsta stækkun í Straumsvík. Á fundinum um miðjan mánuðinn verður rætt um stóru stækkunina í Straumsvík. Og nú í dag erum við að ræða um stóriðjuna á Grundartanga. Það er ekki aðeins þetta sem hefur verið á dagskrá að undanförnu.

Einn daginn kvað einn ágætur bóndi norður í Eyjafirði upp úr um það, að það var búið að teikna verksmiðju á hlaðið hjá honum, álverksmiðju. Það var ekki aðeins verið að ræða það lauslega hvað þar væri í bígerð. Það var búið að teikna verksmiðjuna.

Það kom að því að eyfirðingar neituðu þessu alveg, þeir vildu alls ekki sjá fyrirtækið. En hæstv. iðnrh. hafði gert ráð fyrir að menn yrðu bara býsna ánægðir með þetta, og hann hefur kannske verið búinn að gefa Norsk Hydro eitthvert vilyrði fyrir því að fá að reisa þarna verksmiðju, því það er vitað mál að Norsk Hydro hefur gefið út skýrslu um athugun á möguleika á verksmiðju í Eyjafirði, um mögulega álverksmiðju á Húsavík og um mögulega álverksmiðju á Reyðarfirði. En þarna kom allt í einu babb í bátinn, að eyfirðingar afpöntuðu fyrirtækið. Nokkrir — fáir samt — forustumenn á svæðinu voru samt með þessu og eru enn.

Þetta var auðvitað áfall fyrir hæstv. ráðh. og stóriðjudrauma hans, að svo skyldi fara að eyfirðingar væru svona voðalega lítið hrifnir af verksmiðjunni. Og hvað var þá til ráða? Þá vantaði þantanir annars staðar að af landinu. Það varð að fá einhverja landsmenn til þess að biðja um álverksmiðju. Og eins og segir í gömlu máltæki: Þegar neyðin er stærst, þá er hjálpin næst.

Upp úr þessum ógnarlegu vandræðum birtist einn virðulegur öldungur hér í höfuðborginni, Sveinbjörn í Ofnasmiðjunni, sem kallaður er, og hann lýsti miklum áhuga á vaxandi stóriðju á Íslandi og sagðist ekki vilja kalla sig Sveinbjörn Jónsson lengur, heldur nefndi hann sig „vin norðmanna“ þar sem hann fór. Þessi „vinur norðmanna“ hafði að hætti konunga með sér hirðfífl nokkurt sem ég hafði þá ánægju að berjast á móti í kosningum í Suðurlandi fyrir síðustu kosningar og einn af fyrrv. þm. einmitt krata hér á hv. Alþ. Nú tók þessi umtalaði „vinur norðmanna“ á rás með þennan aðstoðarmann sinn með sér og hafði samband við stjórn sveitarfélaganna á Suðurlandi og þeir gerðu mikla reisu um Suðurland, enda hafði þá „vinur norðmanna“ og kannske einhverjir aðstandendur hans reynt að leggja niður fyrir sér dæmin, hvar væri líklegast að koma, hvar væru mestar líkur á að menn færu að velta þessu fyrir sér eða jafnvel yrðu svo fljótir að gleypa beituna hráa og það strax. Þeir hugsuðu sér: Hvar er nú minnst um atvinnu. En einhvers staðar, þar sem atvinna er að minnka, vandræðaástand? Getur það verið að það sé til staður þar sem hlutaðeigandi menn hafi eitthvert forgangsáhugamál, alveg sama hvað það kostar, sem unnt væri að nota sem beitu? Og það skaðaði ekki heldur að reyna að finna eins og einn þm. úr Framsfl. til þess að standa með sér í þessu, til þess að aðstoða við að ýta á starthnappinn, því að Framsfl. hafði tekið nokkuð aðra afstöðu í þessum efnum í fyrri ríkisstj.

Þeir hugsuðu sig um góða stund, öldungurinn og aðstandendur hans, og komust að þeirri niðurstöðu að líklegast væri að bera niður í Skaftafellssýslu, og þá var Vík í Mýrdal auðvitað staðurinn. Þar flutti hinn virðulegi öldungur þau boð, að hann vissi um það, skilst mér að það hafi verið orðað, að Norsk Hydro hefði áhuga á því að gera höfn í Dyrhólaey í því skyni að geta komið þar upp aðstöðu fyrir álverksmiðju.

Það gefur auga leið og þarf ekkert að skýra það mjög náið, að þetta var auðvitað allt saman tóm blekking, gerð í ákveðnum tilgangi, eins og ég sagði áðan, til þess að framkalla þantanir annars staðar af landinu, ósköp einfaldlega. Ef flett er upp í skýrslu Norsk Hydro, þá höfðu þeir sjálfir komist að þeirri niðurstöðu að eini staðurinn af þeim þrem sem ég nefndi áðan: Akureyri, Húsavík og Reyðarfirði, sem til greina kæmi, þar sem ekki yrði um mjög mikla félagslega röskun að ræða, þar væri nægilegur fólksfjöldi, að vísu yrði félagsleg röskun mikil vegna þess, hvernig atvinnuástandið og atvinnuvegirnir eru þar á staðnum, og kannske einnig vegna þess, að það er sett í miðju blómlegu landbúnaðarhéraði, en þó völdu þeir samt Akureyri nr. eitt.

Um Reyðarfjörð var það að segja, að þó þeir vissu það auðvitað og sæju strax að Reyðarfjörður hefur sem sagt tilbúna höfn fyrir hvað stór skip sem er, djúpur, langur, kyrr fjörður þar sem hægt er að setja bryggjukant hvar sem er

næstum því undir fjallshlíðinni, þannig að hafnarframkvæmdir þar kosta ekki neitt, a. m. k. ef miðað er við þær upphæðir sem þar er yfirleitt um að ræða. En þeir höfnuðu þessu algjörlega eða svo gott sem. Þeir höfðu það að vísu nr. tvö, en höfðu alla fyrirvara á samkv. eigin reynslu í Noregi og samkv. þeirri stefnu sem þeir höfðu tekið upp þar og höfðu orðið fyrir biturri reynslu af, að flytja stóriðjuver til Norður-Noregs þar sem um fátt fólk var að ræða og þeir höfðu gjörsamlega sett byggðarlög um koll eyðilagt þar allt eðlilegt líf sem fyrir hafði verið. Þeir höfnuðu Reyðarfirði vegna þess að þar væri allt of fátt fólk — og ekki aðeins fátt fólk á Reyðarfirði, heldur tóku þeir líka með og lögðu saman fólksfjöldann á Reyðarfirði, nálægum fjörðum og á Egilsstöðum með. Samt þótti þeim útilokað að koma með slíka verksmiðju, 100 þús. tonna álverksmiðju á þann stað.

Það skyldi maður ætla að Húsavík væri næst, en sú varð raunin og norðmenn höfnuðu líka Húsavík. Þeir bentu einnig þar á alvarlega félagslega röskun, en þeir bentu fyrst og fremst á að þar væri ekki nægileg hafnaraðstaða.

Svo kemur maður til þeirra í Vík í Mýrdal og segir að Norsk Hydro hafi áhuga á að gera höfn við Vík í Mýrdal til þess að koma upp álverksmiðju. Það má vera meira en lítið blindur maður sem sér ekki strax að þetta er hrein blekking, þetta er bara bragð, því höfn í Vík í Mýrdal kostar ekki aðeins milljarð, heldur tugi milljarða. Það er áætlað að höfn í Vík í Mýrdal fyrir skip að stærð 40—60 þús. tonn, sem notuð eru, kosti a. m. k. 10—12 þús. millj. Hafnargarður á Húsavík, sem hefði getað tekið við þessum skipum, vestur í flóann hefði kostað kannske nokkur hundruð millj. kr. En Húsavík var hafnað. Dettur þá nokkrum í hug að þeir hafi ætlað sér að fara að gera höfn í Vík í Mýrdal fyrir 10—12 þús. millj. kr.? Auðvitað var augljóst hverjum manni að það gat ekki átt sér stað.

En nokkrir forustumenn þar eystra létu blekkjast. Þeir voru teknir með trompi. Þetta gekk yfir með mikilli sveiflu og þeir létu blekkjast. Það var auðvitað fyrst og fremst þeirra draumur um að fá þarna höfn sem vafðist fyrir þeim. Það var þessi aldagamli draumur um höfn í Vík í Mýrdal sem sló ryki í augu þessara manna og sumir létu hafa sig að ginningarfíflum.

Það er ekki ný hugmynd, höfn við Dyrhólaey, hún er 250 ára gömul sú elsta, en á annað hundrað ár hafa menn alltaf verið að halda því fram að þarna þyrfti að koma höfn fyrst suðurströndin var til skamms tíma hafnlaus.

Sama er að segja um ferðalag þessara manna, öldungsins og hirðfíflsins með fylgdarliði, í Þykkvabæ og á Þorlákshöfn. En það var aðeins eitt sem þeir pössuðu sig á — kannske tvennt: Í fyrsta lagi að láta ekki nokkurn mann vita af þessu nema bara þá sem til fundar voru kvaddir. Það mátti undir engum kringumstæðum bera þetta undir fólkið. Og ekki nóg með það, þær sambykktir, sem þar eystra voru gerðar, t. d. í Þorlákshöfn, svo að við förum ekki lengra, voru afbakaðar á leiðinni frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur svo að þar var um hreinar rangfærslur að ræða. Það var sagt að allir hefðu verið sammála um að láta athuga um álverið og helst að fá álver. En það kom þó greinilega í ljós að einn hreppsnefndarmanna, Hrafnkell bóndi á Hrauni í Ölfusi, hafði lagst á móti málinu af fullum þunga og vildi hvorki sjá né heyra og þaðan af síður kanna. En ólánið skeði, þeir létu blekkjast af þessari tálbeitu, sem var fals, og tilganginum var náð, sem heyrðist fljótt í fréttum, það kom hver álverksmiðjupöntunin á fætur annarri frá þröngum hópi manna á hverjum stað.

En von hæstv. ráðh. og sjálfsagt „vinar norðmanna“, öldungsins hér í bænum, rættist. Þeir vöktu upp aftur álverksmiðjuhugmyndir norðlendinga, ekki aðeins á Melrakkasléttu, heldur fóru nú álpostularnir að taka við sér í Eyjafirði líka. Til þess var líka leikurinn allur gerður. Það er illa gert að beita svona bragði og misnota vonir manna um bætta aðstöðu, meiri atvinnu og höfn í því skyni að koma hér allsherjar álvæðingu af stað.

Um þetta mál mætti auðvitað segja margt fleira, en ég tel ekki ástæðu til að fjalla lengur um það atriði, en vík nú örfáum orðum að þeirri verksmiðju, annarri stórverksmiðjunni af þessu tagi hér á Íslandi, þeirri sem nú er til umr.

Þó að ég hafi sagt áðan að ekki væri ástæða til þess að minnast mikið á raforkuverð, þá held ég að það sé rétt að nefna hér örfáar staðreyndir. Við vitum að lægsta verð af þessu tagi er 6.6 norskir aurar í Noregi, þ. e. a. s. 2.36 kr., en hér á sem sagt að selja orkuna til Grundartangaverksmiðjunnar á 9½ millj., þ. e. a. s. helminginn af orkunni. Það er forgangsorkan sem talað er um. Hinn helmingurinn af orkunni er kallaður afgangsorka, en er það ekki vegna þess að sú „afgangsorka“ er bundin ströngum skilyrðum þegar tekið er tillit til þess hvað verksmiðjan á að skila í afköstum á árinu. Hér er einnig um orku að ræða sem gæti verið óhætt að nefna forgangsorku. Þó skal ég viðurkenna að þarna er ekki um nákvæmlega sams konar forgangsorku að ræða og hina, því að þarna má rjúfa strauminn á vissum tímum, en þó ekki meira en svo að það þarf að skila til verksmiðjunnar á ári hverju nokkurn veginn sem samsvarar fullri keyrslu á báðum ofnunum. Ef notuð væri regla norðmanna að hafa skilyrta forgangsorku reiknaða með 75% af forgangsorkuverði, þá ætti verðið hér ekki að vera 0.5 fyrir afgangsorkuna, heldur miklu meira, ef við fengjum sama verð hér og fæst í Noregi. Verðið á forgangsorkunni er þar 6.62 aurar, og verðið á afgangsorkunni, miðað við þær útreikningsreglur sem ég nefndi áðan, 4.95 aurar norskir, og meðaltalið af þessu er 5.8 aurar norskir. En við ætlum að selja þetta á 3½ eyri.

Afgangsorkan fyrstu tvö árin er aðeins 0.5 millj., þ. e. a. s. hálfur þúsundasti hluti úr dollar. Það er ekki stór upphæð. Þeir eiga að fá helminginn af raforkunni í tvö ár á 10 aura kw. Þetta stendur í samningnum. Ef menn trúa því ekki, þá skulu þeir bara skoða það sjálfir. Þeir eiga að fá helminginn af orkunni fyrir þessa stóriðju á 10 aura, meðan Íslendingar borga — ja, ég veit ekki hvað mikið núna, 12 kr. á kw. M. ö. o.: Íslenskir notendur, að vísu í smásölu, ég skal taka það fram greiða

meira en 120 sinnum hærra verð heldur en norðmenn fyrir þessa orku. Þar sem þessi forgangsorka og svokallaða aigangsorka, sem er forgangsorka að langmestu leyti, er seld á annars vegar 9.5 millj. og hins vegar 0.5 millj., þá er meðaltalið innan við 5 millj. í raun. Mér skilst að með beirri breytingu, sem gerð var á samningnum, sé verðið nokkru hærra fyrst í stað, þ. e. a. s. nálægt 6 millj., en heildarorkuverðið allan samningstímann á að vera það sama og var í gamla samningnum við Union Carbide og á þar að standa.

Það, sem ég hef nú verið að segja hérna, hefur að vísu verið úr ýmsum áttum. Það er í fyrsta lagi um það, hvernig álsamningurinn var, hvaða áhrif hann hefði. Hann kostar okkur við að greiða niður raforkuna á 2. þús. millj., hann kostar okkur í skattgreiðslu til álfélagsins talsvert á 3. milljarð kr., eða samtals tæplega 4000 millj. kr. Ég greindi svolítið frá þeirri blekkingaraðferð sem öldungurinn var sendur í hér á Suðurlandi og er til mikillar skammar. Eins reyndi ég að gera ofurlitla grein fyrir því hversu hraksmánarlega er samið um orkuverð við þessa verksmiðju. Sá. sem hefur talið, að þetta verð væri gott, hvort sem hann hefur talið það fyrr eða síðar, hefur ekki viljað sjá hinar raunverulegu staðreyndir, því að staðreyndin er sú, að helmingur orkunnar er seldur á 10 aura íslenska kw. núna fyrst um sinn, a. m. k. fyrstu tvö árin.

Sigurður Magnússon: Hæstv. forseti. Ég hélt nokkuð langa ræðu í dag undir þessum umr. og hafði ekki í hyggju að bæta við það nú við þessa 1. umr. málsins. En ég sé mig til knúinn að gera stutta aths. eftir þau ummæli sem hæstv. iðnrh. hefur látið sér um munn fara hér í umr. Þar á ég við þær ásakanir sem hann bar á fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson.

Það er mér á vissan hátt reyndar sérstök lífsreynsla að þurfa að standa hér upp á Alþ. og verja Magnús Kjartansson og hrekja þau ósannindi sem höfð eru um störf hans sem iðnrh. hér á hv. þingi. Ég hygg að Alþ. viti það og allir þm., að Magnús Kjartansson hefur bæði fyrr og síðar verið einn harðasti talsmaður gegn allri erlendri stóriðju á Íslandi, og okkur ætti að vera öllum vel í minni hversu hatrammlega hann barðist gegn áformum viðreisnarstjórnarinnar um áliðnað á Íslandi. Ég hygg að enginn þm. hafi lagt þar stærri hlut af mörkum, bæði í ræðustól hér á Alþ. og í blaðaskrifum á meðan hann var ritstjóri Þjóðviljans. Þetta veit Gunnar Thoroddsen eins vel og ég. Magnús Kjartansson var á þessum árum hundeltur í blöðum íhaldsins og af talsmönnum þess hér á Alþ. fyrir þá stefnu, sem hann boðaði, og fyrir andstöðu sína gegn erlendri stóriðju. Þetta veit Gunnar Thoroddsen líka mætavel. Enda stendur sú staðhæfing mín óhögguð, að þær viðræður, sem Magnús Kjartansson stóð að eða veitti n. um orkufrekan iðnað leyfi til að fara út í við erlenda aðila, voru könnunarviðræður til að kanna um hvaða möguleika væri að ræða fyrir okkur íslendinga í þessum efnum. Þær viðræður fóru fram með allt öðrum hætti en áður hafði átt sér stað við erlenda aðila. Þar var í fyrsta skipti slíkri viðræðunefnd sett það skilyrði að íslenska ríkið þyrfti að eiga meiri hluta í slíkum fyrirtækjum þar sem erlendir aðilar kæmu sem mótaðilar, og fleiri skilyrði voru sett sem ég gat um í fyrri ræðu minni. Þetta var nýtt í umræðum um samskipti við erlenda aðila um atvinnurekstur á Íslandi og skiptir vitaskuld miklu máli.

Það er líka staðreynd, sem stendur óhögguð, að Magnús Kjartansson lagði þetta mál aldrei fyrir Alþ. vegna þess að það voru komin upp ný viðhorf í orkumálum þjóðarinnar og því ekki talin ástæða til að skoða þennan möguleika frekar. Í þessu sambandi getum við skoðað ýmis ummæli sem ráðh. lét hafa eftir sér hér á þingi um þetta mál. Hins vegar reynir Gunnar Thoroddsen nú jafnvel að gera því skóna að Magnús Kjartansson hafi haft í hyggju erlenda stóriðju á Norður- og Austurlandi. Slíkt er alger fásinna. Þegar Magnús Kjartansson svarar þm. hér um það, að hann telji ekki óeðlilegt að það komi upp stóriðnaður á Norður- og Austurlandi, sem hann vissulega gerði, þá var aldrei nefndur erlendur stóriðnaður í því sambandi. Ég hef undirstrikað það hér í máli mínu áður og ýmsir talsmenn Alþb., að ýmis stóriðnaður getur átt sér stað hér í landinu sem vinnur úr íslenskum hráefnum, og hann getur vitaskuld verið á Norðurlandi og Austurlandi ekki síður en hér sunnanlands.

En þetta er ekki ný aðferð misviturra stjórnmálamanna, að reyna að bregða fyrir sig lyginni og ósannindunum þegar ekkert annað gefst. Þetta er þekkt í stjórnmálasögunni og er einmitt eitt af því sem hefur oft og tíðum fjarlægt stjórnmálamenn fólkinu sem þeir eru þó umbjóðendur fyrir. Það hefur t. d. verið reynt að koma að svipuðum ósannindum í sambandi við afstöðu Alþb. og þm. og ráðh. þess til útfærslu fiskveiðilandhelgi okkar. Það hefur verið reynt að halda því fram að Alþb. hafi verið andsnúið útfærslunni í 200 mílur. Og þessu hafa þeir haldið helst fram sem börðust hatrammlega gegn útfærslunni í 50 mílur sem Alþb. hafði forgöngu um. Og þetta hefur íhaldið á Íslandi sagt og reynt að telja fólki trú um þótt það viti manna best, að Alþb. og sósialistar á Íslandi hafa verið fremstir í flokki alla tíð að verja hagsmuni íslendinga í landhelgismálinu og verið fremstir í flokki að vernda fiskimiðin í kringum landið.

En það hefur verið með þennan áróður að hann hefur misst marks. Fólkið í landinu veit hvað er satt í þessum efnum, og fólkið í landinu veit líka hver hefur verið afstaða Magnúsar Kjartanssonar til erlendrar stóriðju á Íslandi. Það þýðir ekki að ljúga því að þjóðinni að hann hafi og vilji hafa forgöngu um slíkan rekstur á Íslandi. Allar slíkar ásakanir munu missa marks.

Annars verð ég að segja það hér, úr því að ég er kominn upp í ræðustól, að mér fannst innlegg ráðh. í þessar umr. vera skelfilega smátt og ekki margt markvert, sem þar kom fram, eða nýtt. Þó vil ég vekja athygli á einu sem kom fram í máli hans, og það er full ástæða til þess að þm. veiti því eftirtekt. Ef ég hef skilið orð hans rétt, þá tók hann undir þau orð mín og þær spár sem ég hafði í frammi um þær staðreyndir, sem eru í orkumálum okkar, að miklar líkur væru á orkuskorti jafnvel 1979.

Úr því að ráðh. fellst á þessi orð mín, — ég gat ekki skilið hann öðruvísi, — þá vil ég spyrja hann: Hvernig ætlar hann að leysa raforkumál landsins þar til Hrauneyjafossvirkjun kemur til framkvæmda 1982, t. d. ef það gerðist sem ég gaf í skyn í ræðu minni, að það væri alls ekki víst að orkan frá Kröfluvirkjun kæmi inn að fullu eins og ráð var fyrir gert? Ég vildi gjarnan spyrja ráðh.: Ætlar hann að verða við óskum vestfirðinga og koma stofnlínu úr Hrútafirði til Mjólkárvirkjunar til þess að leysa orkuvandann á Vestfjörðum? Ætlar ráðh. að verða við þessum óskum vestfirðinga? Ef hann ætlar að verða við þessum óskum vestfirðinga, þá getur hann ekki gert þann orkusölusamning sem hann vill nú fá samþykktan hér á Alþ. um járnblendiverksmiðjuna, því að þá verður ekki til orka til að verða við þessum innlendu þörfum. Í þessum orkuspám er ekki heldur gert ráð fyrir að verulegt stórátak sé gert í uppbyggingu iðnaðar á Íslandi. Þar er gert ráð fyrir eðlilegri þróun miðað við mannaflaaukningu í landinu, en ekki neinu verulegu stórátaki. Þessi orkusölusamningur, þessi samningur og þetta frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði þýðir því hiklaust að þessum áformum verður slegið á frest. Ráðh. hefur með orðum sínum hér í dag viðurkennt þetta, og hann getur ekki tekið þau orð sín til baka. Þetta er kannske mergurinn málsins, og þess vegna vil ég vekja athygli hv. Alþ. á þessari staðreynd.

Hins vegar er það, að mér sýnist að það muni ekki takast hér á Alþ. nú að koma í veg fyrir samþykkt þessa frv. og ber að harma það. Það ber að harma það þegar menn geta ekki endurskoðað fyrri afstöðu sína og viðurkennt staðreyndir, — viðurkennt að þeir eru að gera rangt. En ég treysti því að í þeim kosningum, sem fara í hönd, og það kann að vera að það styttist í þær kosningar, muni þjóðin taka afstöðu í þessu máli. Og úr því að það tekst ekki að láta núv. ríkisstj. fá þá ráðningu, sem hún á skilið, hér á Alþ. í þessu máli, þá treysti ég því, að þjóðin geri það við fyrsta tækifæri og það gerist sama í næstu kosningum og gerðist í kosningunum 1971, að hin íslenska stefna, sem Alþb. berst fyrir, um innlenda hagnýtingu orku okkar verði ofan á og þeir stjórnarherrar, sem nú sitja við völd, víki úr sessi. Þá mun renna upp nýr tími á Íslandi og hagsæld í landinu.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Ég vil beina því til hv. síðasta ræðumanns, að á Alþ. ríkja ákveðnar reglur um þinglegt orðbragð, og vil mælast til að hann kynni sér ákvæði þingskapa um það.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Það er nauðsynlegt að leiðrétta vissar missagnir hjá hv. þm.

Hann minntist á orkuspá í fyrri ræðu sinni, sem er á þá lund og ég hef áður skýrt frá opinberlega, að talið er að hér verði aflskortur 1981 ef ekki verði komin ný virkjun. Af þeirri ástæðu var ákveðið að veita virkjunarleyfi fyrir Hrauneyjafossvirkjun sem er sú eina sem er tilbúin til útboðs. Þurfti að veita það virkjunarleyfi nú til þess að hún yrði tilbúin í tæka tíð.

Hv. þm. segir að ég hafi viðurkennt að það yrði orkuskortur árið 1979. Þetta er tilbúningur einn. Orkuspáin, sem ég hef gengið út frá og virkjunarleyfið er byggt á, er um árið 1981.

Mér dettur ekki í hug að fara að deila við hv. þm. frekar um viðhorf Magnúsar Kjartanssonar til stóriðju.

Ég held að þessi hv. þm. ætti að athuga betur sinn gang áður en lengra er haldið á stjórnmálabrautinni, því að það er ekki álitlegt ef hann ætlar að haga málflutningi sínum með þeim endemum sem hann gerir hér. Þó að búið sé að lesa upp og skýra frá skipun n. um orkufrekan iðnað haustið 1971, sem Magnús Kjartansson iðnrh. skipaði til þess að eiga viðræður við erlenda aðila um orkufrekan iðnað hér á landi, þá skiptir það hann engu máli. Það skiptir hann engu máli þó að fyrir liggi bréf frá Magnúsi Kjartanssyni til Union Carbide frá 21. maí 1974 þar sem hann lýsir gangi þessara mála, eftir að hann hefur unnið í þrjú ár að samningum um járnblendiverksmiðju í samlögum við Union Carbide, og lýsir yfir brennandi áhuga sínum á því máli, leiður yfir því að vegna þingflokksins hafi hann ekki getað lagt fram frv. um þetta, en vonast til að það geti orðið sem fyrst eftir að þing kemur saman að nýju. Ég er sannast sagna óvanur því, þó að ég hafi verið samtímis mörgum þm. á þingi, bæði ungum og eldri, að ungur þm. skuli leyfa sér að berja svona höfðinu við steininn og halda fram hlutum alveg þvert ofan í staðreyndir; bréf, sem liggja fyrir, og skjöl. Svo heldur hann lofræðu um Magnús Kjartansson, að hann hafi alltaf verið mesti baráttumaður gegn stóriðju, þó að þetta liggi allt saman skjallega, sannanlega fyrir, að í þrjú ár er hann að beita sér fyrir stóriðju í samlögum við erlendan aðila. Ég þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 48. fundur.

Föstudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:7 atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 50. fundur.

Föstudaginn 11. febr., að loknum fundi í Nd.

Söfnun og úrvinnsla íslenskra þjóðfræða, þáltill. (þskj. 126). — Ein umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Á þskj. 126 flytjum við fimm alþm. þáltill. um söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða. Eins og till. þessi ber með sér fjallar hún um það að safna upplýsingum um líf og störf manna á liðnum áratugum og í öðru lagi að vinna úr þeim upplýsingum sem kunna að fást við söfnun þessa.

Það segir sig sjálft að íslenskir þjóðhættir, þ. e. lífsvenjur manna, vinnubrögð þeirra og listiðkun, hverfa úr huga fólks með hverju ári sem líður. Hvort tveggja er að aldnir falla í valinn og nýir siðir, nýir þjóðhættir ryðja sér braut og eldri venjur hverfa í skugga hins nýja.

Við íslendingar erum taldir vera þjóð sögu og sagna og viljum gjarnan vita sem mest frá liðinni tíð. Varla hittast svo tveir eða fleiri íslendingar að þeir vilji ekki vita um ættir hvor annars, helst ef hægt er til sögualdar. Þannig er ættfræðin okkur í blóð borin. Eins er með margt annað sagnfræðilegs eðlis sem okkur leikur hugur á að vita. Ættfræði er hægt að rekja eftir kirkjubókum. Stærstu viðburðir þjóðarinnar sem heildar eru einnig víða skráðir og hægt að fá þær upplýsingar síðar meir í dagblöðum, ritum og miklu víðar, ef vel er leitað. En líf og störf fyrri tíma eru ekki jafnaðgengileg, og því þarf að gera sérstaka gangskör að því að leita uppi þá eldri menn sem lifðu þessa tíma og geta sagt frá því sem algengt var í lífi og störfum þjóðarinnar fyrir mörgum áratugum.

Ýmsir munu hugsa sem svo að ekki liggi mikið á í þessum efnum, en það er fjarstæða, því að einmitt þeir, sem elstir eru og muna langt aftur í tímann, hverfa smám saman af sjónarsviðinu með hverju árinu sem líður. Því þarf að hraða söfnun þessari sem mest að hægt er.

Hálfnað er verk þá hafið er. S. l. sumar ferðuðust margir ungir menntamenn um landið til þess að safna gömlum fróðleik. Þennan fróðleik og árangur þessarar söfnunar hafa hv. þm. þegar fengið í útþýttri skýrslu. Liggur hún á borðum hjá hv. þm. og ætla ég ekki um það að ræða.

En betur má ef duga skal því að enn þá er marga að hitta. Þótt líf manna áður fyrr væri á ýmsan hátt einfaldara í sniðum en nú er, þá var það samt mjög fjölþætt, því að atvinnulíf heimilanna náði yfir allt það er nú tilheyrir okkar atvinnulífi: landbúnað, iðnað og sjávarútveg. Sérhæfingin hefur smáþróast hin síðari ár, ekki aðeins að atvinnuvegirnir séu sundurgreindir hver frá öðrum, heldur og það, að nú er innan hvers atvinnuvegar komin sérhæfing og ótal sérfræðingar. Áður urðu allir helst að geta gert alla hluti, geta gripið inn í öll þau heimilisstörf sem til féllu, án tillits til þess hvort tilheyrði iðnaði, sjávarútvegi eða landbúnaði.

Till. þessi, ef samþykkt verður, felur það í sér að ríkisstj. er með henni veittur stuðningur Alþ. til þess að verja meira fjármagni til þessara mála en verið hefur eða að efla þjóðháttadeild Þjóðminjasafns sem hefur þessi mál með höndum.

Herra forseti. Ég vona að hv. alþm. taki máli þessu vel. Ég legg til að umr. um till. þessa verði frestað, þegar henni er lokið að þessu sinni, og málinu vísað til hv. fjvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við þessa till. sem hér er komin fram. Mér er persónulega kunnugt um hvílíkt afbragðsverk var unnið á vegum þjóðháttadeildar s. l. sumar, þar sem unnið var fyrst og fremst að tveimur afmörkuðum verkefnum. Annars vegar var safnað upplýsingum um fráfærur á Íslandi, til þess kostað að reyna að ná tali af öllu því fólki sem mundi fráfærur, hafði starfað við fráfærur. Ég veit að mjög miklum upplýsingum var safnað með þessum hætti í sumar, einnig upplýsingum sem varða vindmyllur á Íslandi, og gæti verið fróðlegt fyrir ýmsa hv. alþm. að kynna sér þær upplýsingar sem þarna var safnað um e. t. v. höfuðandstæðing þeirra.

Ég vil undirstrika og taka undir það sem hv. frsm. sagði áðan um hættuna sem nú vofir yfir okkur á þessu sviði, raunverulega þau áföll sem við verðum fyrir daglega núna. Þeir menn eru að falla frá sem ólust upp við nokkurn veginn sömu atvinnuhætti, störf með sömu verkfærum og landnámsmenn beittu, hafa lifað þrenna tíma í atvinnuháttum: fyrst handverkfæri, árina og orfið, síðan hestverkfæri og seglið á fiskiskipunum okkar og nú síðast vélaöldina. Þessir menn, sem kunna að gefa eðlilegar orðskýringar, útskýra með hvaða hætti einstök orð, sem nú eru notuð af takmörkuðum skilningi og jafnvel skilningsleysi á uppruna, — með hvaða hætti þau spruttu upp úr starfi fólksins. En svo er um velflest orð þessarar tungu, að þau eiga sér rætur í starfi þessarar þjóðar, starfi liðinna kynslóða og stöku orð í starfi þeirrar kynslóðar sem nú er uppi og í fullu fjöri.

Ég leyfi mér að rifja upp í þessu sambandi fyrir hv. alþm. sögu sem ég hygg að sé sönn, sem sögð hefur verið í salarkynnum þessa virðulega húss um það með hvaða hætti merking orða hefur viljað falla í gleymsku, jafnvel hv. alþm., þar sem ónefndur forseti Alþ. sagði í votta viðurvist fyrir 6 árum: „Nú er svo komið að ungir alþm. vita ekki einu sinni hvað skreið merkir. Ég hef heyrt ungan alþm. segja að það sé ekki nema svo sem eins og ein skreið af barnum á Borginni yfir í alþingishúsið.“

Ég ítreka stuðning minn við þessa till. Ég er þess fullviss að ef við látum hjá líða að stuðla að því að þjóðháttadeild verði séð fyrir nauðsynlegum fjármunum til þess að vinna nú á þessum síðasta snúningi úr visku þeirra manna sem unnu, eins og ég áðan sagði, með hinum fornu verkfærum við hinar gömlu aðstæður sem ríktu á þessu landi frá því að það var numið í byrjun, — ef við látum hjá líða að sjá þjóðháttadeild fyrir því fé sem til þess þarf að ræða við þetta roskna fólk, safna þeim upplýsingum og þeim fróðleik sem það býr yfir, þá fer þessi fróðleikur, með gamla fólkinu í gröfina og þaðan náum við honum ekki. Og það er ákaflega skammur tími til stefnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 49. fundur.

Mánudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Hundraðföldun á verðgildi íslenskrar krónu, þáltill. (þskj. 307). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 233). — Frh. 1. umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta síðbúna, en mikilvæga frv. er því miður um annað en vera ætti. Ég segi að þetta frv. sé síðbúið, vegna þess að því var þegar heitið í stjórnarsamningi núv. hæstv. ríkisstj. að endurskoða hin stórgölluðu lög um tekjuskatt og eignarskatt sem sett voru í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. Um það getur enginn ágreiningur verið, að skattalöggjöfin undanfarið og þá einkum og sér í lagi sú löggjöf, sem sett var í tíð síðustu hæstv. ríkisstj., er svo meingölluð að hina brýnustu nauðsyn ber til þess að endurskoða hana. Þess vegna segi ég að nýtt frv. um endurskipun tekju- og eignarskattálagningar af hálfu ríkisins sé mikilvægt mál.

Ég endurtek að þetta frv. ætti að vera um annað en það er í raun og veru. Grundvallaratriðum gildandi löggjafar um tekju- og eignarskatt er haldið, þó að ýmis ákvæði löggjafarinnar séu vissulega lagfærð, eins og ég mun síðar víkja að. Það, sem við þm. Alþfl. hins vegar teljum að gera hefði átt, þegar nýtt frv. væri borið fram um tekju- og eignarskatt, er gagngger breyting á grundvallaratriðum tekjuskattsheimtu af hálfu ríkissjóðs, þ. e. að afnema að fullu og öllu tekjuskattsgreiðslu af hálfu launþega nema þeirra sem hæstar hafa tekjurnar. Frv. hefði eiginlega átt að fjalla um og heita frv. til l. um afnám tekjuskatts af launatekjum nema hátekjum. Um þetta höfum við flutt till. í nokkur skipti á hinu háa Alþ. M. a. liggur fyrir þessu háa Alþ. till. frá okkur þm. Alþfl. í Sþ. um þetta efni, um að sú endurskoðun, sem nú hefur staðið hátt á þriðja ár, skuli miða að því að afnema tekjuskatt af launatekjum nema af hátekjum. En vegna þess að frá þingbyrjun hefur þess verið vænst að hæstv. fjmrh. legði frv. þetta, sem lagt var fram skömmu fyrir jól, fyrir hið háa Alþ., hefur það orðið að samkomulagi milli okkar í þingflokki Alþfl. annars vegar og hæstv. fjmrh. hins vegar að till. okkar kæmi ekki á dagskrá í Sþ., heldur biði málflutningur okkar, rökstuðningur fyrir skoðunum okkar þess að 1. umr. um frv. hæstv. ríkisstj. kæmi fram.

Þegar við leggjum til að afnema tekjuskatt af launatekjum öðrum en hátekjum á að sjálfsögðu að vera ljóst, að um það má deila hvað telja skuli hátekjur. Við höfum lagt til að við það yrði miðað, að hátekjur yrðu taldar tekjur sem væru tvöfalt hærri en meðaltekjur kvæntra karla næsta skattár á undan. En okkur er ljóst og erum til viðræðu um að ákveða þetta tekjumark með öðrum hætti, enda hlýtur slíkt að verða samkomulagsatriði.

En hver eru þá meginrök okkar þm. Alþfl. fyrir því að afnema beri tekjuskatt af venjulegum launatekjum? Meginrökin eru þau, að tekjur af tekjuskatti eru nú orðnar sáralítill hluti af tekjuöflun ríkissjóðs og miklu minni en hann var í upphafi, þegar fyrst voru sett lög um tekjuskatt, og verið hefur undanfarna áratugi. Hlutdeild tekjuskatts hefur farið síminnkandi í heildartekjum ríkissjóðs og er satt að segja nú orðin svo hverfandi lítil að við teljum þegar orðið tímabært að afnema að fullu og öllu tekjuskatt af venjulegum launatekjum.

Í fyrra nam upphæð fjárlaga um 60 þús. millj. kr. — um 60 milljörðum. Ef tekjuskattur hefði ekki verið innheimtur í fyrra hefði ríkisstj. misst 6600 millj. kr. tekjur, en sú upphæð, sem ríkissjóður greiddi til einstaklinga vegna barnabóta eða til sveitarfélaga vegna útsvars, nam 1200 millj. kr. Heildartekjumissir ríkissjóðs í fyrra hefði orðið 7800 millj. kr. af rúmlega 60 þús. millj. kr. fjárlögum ef tekjuskattur af launatekjum hefði verið afnuminn að fullu. Sjá væntanlega allir að hér er engan veginn um þann fjárhagsvanda að ræða sem menn virðast telja og hafa erft frá fyrri tímum, þegar tekjuskattur skipti meira máli í fjármálakerfi ríkisins heldur en nú á sér stað.

Fyrstu rök okkar eru þau að benda á að innheimta tekjuskatts af launatekjum hefur nú orðið hverfandi litla þýðingu fyrir heildarfjármál ríkisins þar eð tekjuskattsheimtan er ekki nema rúmlega 10% af heildartekjuöflun ríkissjóðs. Hefur þessi breyting smám saman verið að eiga sér stað á undanförnum áratugum.

Meginrök fyrir afnámi tekjuskatts af launaskattstekjum eru þó ekki þau að í raun og veru skiptir tekjuskatturinn litlu máli fyrir ríkissjóð. Meginrökin eru fólgin í hinu, að tekjuskatturinn er orðinn launamannaskattur. Hann er orðinn skattur svo að segja eingöngu á launþega. Þetta er breyting sem hefur verið að eiga sér stað á allra síðustu árum. Launþegar greiddu í fyrra 6600 millj. kr. í tekjuskatt. Félög, sem stunduðu atvinnurekstur, greiddu aðeins 1750 millj. kr. í tekjuskatt. Og einstaklingar, er stunduðu atvinnurekstur, greiddu 1200 millj. kr. Hér er um grundvallarstaðreyndir að ræða í augum okkar þm. Alþfl. Af öllum atvinnurekstri í landinu var í fyrra greiddur 2 900 millj. kr. tekjuskattur meðan launþegar voru látnir greiða 6 600 millj. kr. í tekjuskatt af launum sínum. M. ö. o.: launþegar greiddu meira en helmingi meiri tekjuskatt af launum sínum heldur en allur atvinnurekstur í landinu var látinn greiða af atvinnutekjum sínum. Þó er þessi athyglisverða saga ekki sögð að fullu með þessum orðum. Það verður enn fremur að hafa í huga að þeir atvinnurekendur, bæði félög og einstaklingar, sem greiddu tekjuskatt af tekjum sínum, voru ekki nema 55—60% af öllum þeim aðilum í landinu sem stunda atvinnurekstur. 40—45% af atvinnurekendum í landinu greiddu í fyrra alls engan tekjuskatt, og þó telja sérfræðingar að heildarvelta atvinnurekenda í fyrra, félaga og einstaklinga, hafi aldrei verið undir 300 milljörðum kr. En af þessari 300 milljarða kr. veltu var aðeins greiddur 2900 millj. kr. tekjuskattur.

Þetta er skýrasta dæmi þess — skýrara dæmi verður ekki fundið — að gildandi tekju-

skattskerfi er hrunið til grunna. Það verður ekki talið viðunandi kerfi sem ætlar launþegum að greiða af tekjum sínum 6600 millj. kr. í skatt, miðað við aðstæður í fyrra, en hins vegar lætur aðeins 55—60% af þeim, sem stunda atvinnurekstur, greiða tekjuskatt, en sleppir 40—45% af því að þeir eru ekki taldir hafa tekjur sem skattskyldan nær til, og heildartekjuskattsgreiðslan af 300 millj. kr. veltu til ríkisins er aðeins 2900 millj. kr. Í þessum einföldu staðreyndum er að mínum dómi fólginn dauðadómur yfir því tekjuskattskerfi, sem enn á þó að viðhalda á þessu landi.

Auðvitað voru á sínum tíma góð og gild rök fyrir því að taka upp almennan tekjuskatt, eins og hér var gert árið 1921 og gert hafði verið áður í fjölmörgum löndum, enda er tekjuskattur enn víða innheimtur í þeim mæli að hann er í raun og veru aðaltekjustofn ríkisins eða a. m. k. færir ríkisvaldinu mjög verulegan hluta af tekjum þess, mér er nær að halda hvarvetna mun hærri hlutfallstölu af heildartekjum ríkisins en á sér stað hér á Íslandi.

Rökin fyrir því að taka upp og viðhalda tekjuskatti hafa sem kunnugt er fyrst og fremst verið þau, að það sé eðlilegt að menn greiði til sameiginlegra þarfa af tekjum sínum, það eigi bæði atvinnurekendur og einstaklingar að gera, og menn greiði stighækkandi tekjuskatt af tekjum sínum, bæði atvinnurekendur og einstaklingar, vegna þess að í stighækkun tekjuskatts felist félagslega réttlát og nauðsynleg tekjujöfnun. Þessi rök höfðu fullt gildi meðan tekjuskattur var meginhluti af tekjum ríkissjóðs, og þau hafa enn fullt gildi þar sem svo stendur enn að tekjuskattur er meginhluti ríkissjóðstekna. En þau hafa misst gildi sitt smám saman eftir því sem þýðing tekjuskatts fyrir tekjuöflun ríkissjóðs hefur minnkað, og þýðing þessara raka er sáralítil orðin þegar svo er komið að tekjuskatturinn er ekki nema rúmlega 10% af tekjuöflun ríkissjóðs, eins og hér á sér stað. Áður fyrr var það og algeng regla, er víða enn, að skattþrepin eru mörg, þ. e. a. s. skatturinn fer stighækkandi — verulega stighækkandi í mörgum skattþrepum — með auknum tekjum. En hér á landi er nú svo komið að skattþrepin eru orðin aðeins tvö, og með fækkun skattþrepanna hefur að sjálfsögðu dregið úr tekjujöfnunaráhrifunum. Hér á landi hefur dregið úr tekjujöfnunaráhrifunum annars vegar vegna þess, að tekjuskatturinn hefur orðið síminnkandi hluti af heildartekjuöflun ríkissjóðs, og hins vegar vegna þess, að skattþrepunum hefur farið sífækkandi og eru, eins og ég sagði, nú orðin aðeins tvö. Til viðbótar þessu hefur sú þróun gerst, að hér var áður fyrr og víða annars staðar er tekjuútsvar stighækkandi, þ. e. að menn greiða ekki aðeins til ríkisins, heldur einnig til sveitarfélaga stighækkandi og þar með tekjujafnandi gjald af tekjum sínum, bæði atvinnurekstur og einstaklingar. En hér hafa öll tekjujafnandi áhrif verið afnumin að því er snertir greiðslu af tekjum atvinnurekstrar til sveitarfélaga. Svo sem kunnugt er greiða félög núna ekki tekjuútsvar til sveitarsjóðs, heldur aðstöðugjald til sveitarsjóðs, sem er veltuskattur. Og nú í nokkur ár, hefur tekjuútsvar einstaklinga ekki verið stighækkandi, heldur er nú orðið flatur bruttóskattur, 10—11% af bruttótekjum án tillits til þess hversu háar þær eru.

Í þriðja lagi er þess að geta, að áður fyrr, þegar tekjuskattar voru teknir upp, — og á það bæði við um Ísland og um nágrannalönd þar sem tekjuskattsheimta af tekjum er eldri en hér á Íslandi, — var yfirleitt ekki um að ræða aðrar tekjujöfnunaraðferðir en stighækkandi tekjuskatt og útsvar. Nú hefur það ekki aðeins gerst að tekjujöfnunaraðferðin hafi verið algjörlega afnumin hér á landi í sambandi við útsvarsinnheimtuna, heldur hefur það líka gerst, eins og ég sagði áðan, að tekjuskatturinn er síminnkandi hluti af tekjuöflun ríkissjóðs og skattþrepum hefur farið sífækkandi, þannig að nú eru aðeins tvö eftir. Hitt er þó miklu mikilvægara í sambandi við félagslega nauðsynlega tekjujöfnun, að á undanförnum áratugum hafa allt aðrar og miklu mikilvægari tekjujöfnunaraðferðir komið til skjalanna heldur en stighækkandi tekjuskattur. Nú hafa aðrar tekjujöfnunaraðferðir, sem komið hafa til skjalanna á undanförnum áratugum, jafnvel sumar hverjar á allra síðustu árum, margfalda þýðingu til tekjujöfnunar á við tekjujöfnunaraðferð tekjuskattsins. Í raun og veru er það ekki ofmælt, þó það sé nokkuð djúpt tekið í árinni, að tekjujöfnunaráhrif tekjuskattsins, eins og hann er núna, eru hégóminn einber í samanburði við tekjujöfnunaráhrif annarra mikilvægra hagstjórnar- og fjárstjórnartækja, tækja á félagsmálasviðinu, fyrst og fremst almannatrygginga, ókeypis skólagöngu, niðurgreiðslu o. s. frv. Sannleikurinn er sá, að tekjujöfnunaráhrif gildandi tekjuskattslaga eru þvílíkur hégómi í sambandi við tekjujöfnunaráhrif almannatrygginga, ókeypis skólagöngu, niðurgreiðslna o. s. frv., að sáralítill fjárhagslegur vandi væri að bæta að fullu þá minnkun tekjujöfnunar sem afnám tekjuskatts af venjulegum launatekjum hefði í för með sér, t. d. með auknu barnabóta. Væri það að mínu viti langsamlega skynsamlegasta og réttlátasta leiðin til þess að tryggja að ekki drægi úr nauðsynlegri og sjálfsagðri tekjujöfnun í þjóðfélaginu þótt tekjuskattur af venjulegum tekjum væri afnuminn, en einmitt slíka tekjujöfnun teljum við þm. Alþfl. nauðsynlegt að efla, en láta hana ekki minnka.

Sannleikurinn er sá, að misræmið milli skattgreiðslu launþega og atvinnurekenda er orðið svo hróplegt misrétti í þessu þjóðfélagi að við það verður ekki lengur unað. Á það vil ég leggja áherslu, að ríkjandi misrétti milli tekjuskattsgreiðslu launþega og atvinnurekenda og nauðsyn þess að afnema þetta misrétti eru meginrökin fyrir því að tími sé kominn til að afnema tekjuskatt af venjulegum launatekjum. En á það ber í öðru lagi að leggja áherslu, að sannleikurinn er sá, að gildandi tekjuskattskerfi hefur lamandi áhrif á vinnuvilja. Þegar svo er komið að menn verða að greiða mjög verulegan hluta af umframtekjum sínum, yfir helming umframtekna sinna í tekjuskatt og útsvar, þó ekki um sé nema venjulegar launatekjur að ræða, þá þarf ekki að fara í neinar grafgötur um að slíkt hlýtur að hafa lamandi áhrif á vinnuviljann. Í þriðja lagi ber að nefna að tekjuskattur, sérstaklega stighækkandi tekjuskattur, þó stighækkunin sé ekki mikil, dregur úr sparnaði. En fátt er eins nauðsynlegt,

sérstaklega í fátæku, fjármagnsvana landi eins og Íslandi, og að efla sparnað, en haga ekki fjárstjórn ríkisins þannig að úr honum dragi. Og í fjórða og síðasta lagi ber að nefna það, að við innheimtu tekjuskatts samkv. gildandi löggjöf og þeirri löggjöf, sem gilda mun ef þetta frv. næði fram að ganga, er óhæfilegur kostnaður. Hundruð ríkisstarfsmanna sitja við að taka á móti framtölum á tekjum af hálfu aðila sem síðan greiða e. t. v. engan tekjuskatt, ekki eyri, hvorki til ríkis né sveitarfélaga. Hundruð manna sitja við að leiðrétta og fara yfir þessi framtöl og síðan sjá um að skattur sé innheimtur með eðlilegum og réttlátum hætti. Starf þessara hundraða manna, sem eflaust vinna störf sín af mikilli samviskusemi, bera hörmulega lítinn árangur að því er snertir skattgreiðslu atvinnurekenda, eins og ég gat um áðan, þar sem 40—45% þeirra skila framtölum, sem sýna að þeir eru ekki skattskyldir samkv. gildandi lögum, og hinir, sem greiða skatt, greiða innan við 3 milljarða í tekjuskatt af 300 milljarða veltu.

Að sögðum þessum rökstuðningi fyrir því að afnema algjörlega tekjuskatt af venjulegum launatekjum er ekki nema eðlilegt að skynsamir menn spyrji: Er hægt að afnema tekjuskattinn? Er það framkvæmanlegt? Að sjálfsögðu mundum við ekki leggja fram till., um að afnema tekjuskatt af venjulegum launatekjum ef við hefðum ekki gengið úr skugga um að það væri framkvæmanlegt, og að því skal ég nú leiða rök.

Ég sagði áðan að í fyrra hefði þurft að útvega 7800 millj. kr. til þess að bæta ríkissjóði afnám alls tekjuskatts af launatekjum, að meðtöldum neikvæðum skattgreiðslum upp í útsvör. Þá er spurningin hvernig hægt væri að bæta ríkissjóði, miðað við rauntölu frá því í fyrra, þennan 7800 millj. kr. tekjumissi.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að við gerum ekki ráð fyrir að hátekjumenn sleppi framvegis við að greiða tekjuskatt. Við gerum ráð fyrir að þeir, sem hafa tvöfaldar meðaltekjur kvæntra karlmanna á síðasta ári, haldi áfram að greiða tekjuskatt, eins konar hátekjuskatt. Auðvitað er mjög erfitt að áætla hversu miklu slíkur hátekjuskattur mundi skila í ríkissjóð. Þó höfum við leyft okkur að áætla að hann hefði í fyrra numið um það bil 800 millj. kr.

Við gerum ráð fyrir að söluskattur verði óbreyttur frá því sem nú er, þ. e. a. s. 20%. Við minnum á að 2 af þessum söluskattsstigum voru á sínum tíma lögð á vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og á Norðfirði og þau áttu samkvæmt lagaákvæðum, sem um þau giltu, að falla niður þegar greiðslum vegna þessara náttúruhamfara væri lokið. Hins vegar varð það ekki. Ríkissjóður tók tekjurnar vegna þessara lagaákvæða, þessi 2 söluskattsstig, til almennra þarfa sinna. Við þm. Alþfl. greiddum atkv. gegn því á sínum tíma, minntum á og minnum enn á að í raun og veru hefði átt og ætti að lækka söluskattinn í 18 stig og draga úr útgjöldum ríkisins sem því svarar. Tekjur ríkissjóðs af hverju söluskattsstigi hafa numið 1400 millj. kr., svo að 2 söluskattsstig svara til um 2800 millj. kr. tekna. Með hliðsjón af því, að ríkisútgjöld voru í fyrra yfir 60 milljarða, en gert er ráð fyrir um 90 milljarða kr. ríkisútgjöldum á yfirstandandi ári, og ef jafnframt er höfð hliðsjón af því, að árið 1970 voru ríkisútgjöldin 30 milljarðar kr., þá ætti mönnum ekki að vaxa í augum nauðsyn þess að draga úr ríkisútgjöldum sem svarar tæpum 3 milljörðum kr. M. ö. o.: ríkisútgjöldin voru 30 milljarðar árið 1970, þau höfðu tvöfaldast í fyrra og nú í ár verða þau orðin þrisvar sinnum hærri en þau voru fyrir 7 árum. Aukning ríkisútgjaldanna á þessum áratug hefur m. ö. o. numið 60 milljörðum kr. Skyldu ekki í þessum 60 milljörðum einhvers staðar leynast útgjöld sem gera kleift, jafnvel gera nauðsynlegt af mörgum ástæðum, einnig almennum fjárhagsástæðum, að lækka ríkisútgjöldin um 2 800 millj. kr., eða tæpa 3 milljarða, án þess auðvitað að skerða nauðsynleg útgjöld vegna þjónustu við almenning og nauðsynlegar framkvæmdir? Ég tel rétt að benda á að lækkun útgjalda ríkisins er nauðsynleg af almennum fjárhagsástæðum, sem þáttur í baráttunni gegn aukinni verðbólgu, ekki aðeins til að bæta ríkissjóði þann tekjumissi sem hann mundi verða fyrir af ákveðið yrði að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Þó er sjálfsagt að sýna fyllstu sanngirni, sýna raunsæi. Það er sjálfsagt að játa og það kann að vera erfitt að framkvæma í einum áfanga lækkun á ríkisútgjöldum, þó þau séu 90 milljarðar og þó ekki sé nema um 3 milljarða. Það ber heldur enga brýna nauðsyn til að afnema tekjuskatt af venjulegum launatekjum í einu lagi. Það mætti vel gera það í áföngum, á t. d. 2—3 árum, einungis ef markmiðinu væri slegið föstu. Það mætti afnema tekjuskatt á launatekjum á næstu tveim árum og ætti að vera algjörlega vandalaust að draga saman ríkisútgjöld sem svarar 2 söluskattsstigum, þ. e. að söluskatturinn yrði aðeins 18% á tímabili sem næmi 2—3 árum.

Framlög til trygginga-, heilbrigðis- og menntamála nema 40—50 millj. kr. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála að lækka þessi útgjöld frá sjónarmiði okkar í þingflokki Alþfl. En bein rekstrarútgjöld á fjárlögum nema rúmum 10 milljörðum kr. Lækkun þeirra um t. d. 15%, sem engan veginn virðist vera ofætlun, mundi spara ríkissjóði 1500 millj. kr.

Þá er þess að geta, að fjárveitingar til opinberra framkvæmda og framlög til ýmissa fjárfestingarsjóða, sem hafa farið mjög vaxandi á þessum áratug og einkum á allra síðustu árum og mjög hæpið er að skattborgarar eigi að leggja fé til með þeim hætti sem nú á sér stað, nema tæpum 20 milljörðum. Á allra síðustu árum hefur sú regla verið tekin upp að veita fé beint á fjárlögum til ýmissa fjárfestingarsjóða og opinberra framkvæmda sem að réttu lagi og miðað við heilbrigðar aðstæður ætti að fjármagna á lánsfjármarkaðnum. En vegna þess, hversu óeðlilega fast hefur verið sótt á þann markað, hefur svo þrengt að frá því sem var, að farið hefur verið inn á þá braut að afla fjár til fjárfestingarsjóða og ýmiss konar opinberra framkvæmda með beinum framlögum af hálfu ríkisins, sem engum hefði dottið í hug að gera fyrir einum áratug, það leyfi ég mér að fullyrða. Þessi gjöld nema nú milli 20 og 30 milljörðum kr. Með lækkun á slíkum fjárveitingum væri hægt að spara ríkissjóði um 10% — væri hægt að spara ríkissjóði a. m. k. 2 milljarða kr.

Með þessum tveim ráðstöfunum, með því að lækka bein rekstrargjöld ríkisins um 15% og með því að lækka beinar fjárveitingar, sem telja má nýmæli og eru óeðlilegar, til fjárfestingarsjóða og ýmissa opinberra framkvæmda um 10%, mætti spara 3½ milljarð eða mun meira en svarar til missis tekna af 2 söluskattsstigum.

Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að minna á, að á þessu ári er gert ráð fyrir að útgjöld vegna útfluttra landbúnaðarafurða nemi hátt á þriðja milljarð króna. Auðvitað geri ég mér ljóst að þessar uppbætur verða ekki afnumdar í einu vetfangi. En brýna nauðsyn ber til þess af mörgum ástæðum, bæði vegna hagsmuna skattborgaranna og vegna hagsmuna landbúnaðarins sjálfs, að gera nú þegar áætlun um lækkun þessara gjalda. Ætti að vera unnt að lækka þær smám saman á móti tekjumissi ríkissjóðs vegna lækkunar tekjuskatts af almennum launatekjum.

Við gerum m. ö. o. ráð fyrir því, að samhliða afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum verði söluskatturinn óbreyttur 20%, þó að hann ætti í raun og veru ekki að vera nema 18%, en að á 2—3 árum gangi tekjur af 2 söluskattsstigum, þeim sem ríkissjóður hefur tekið til sín, til að mæta hluta af tekjumissinum vegna afnáms skatts af launatekjum.

Þá höfum við bent á að reglum um fyrningarfrádrátt og vaxtafrádrátt í atvinnurekstri verði breytt svo og reglunum um tekjuskatt af söluhagnaði eigna. Lagðar eru til ýmsar breytingar á þessum atriðum í þessu frv., sem ég vona að séu til bóta þó að eftir sé að skoða þær mun nánar en þegar hefur verið gert í fjh.- og viðskn. beggja hv. d. Mér er til efs að í þessum reglum sé gengið eins langt og ganga mætti með fullri sanngirni. Við höfum leyft okkur að áætla að með breytingum á þessum reglum mætti auka tekjur ríkissjóðs um einhvers staðar á milli 600 og 1000 millj. kr. frá því sem á sér stað samkvæmt gildandi skattalögum.

Ef þessar upphæðir eru lagðar saman kemur í ljós að það, sem á vantar til þess að ríkissjóði séu bættar þær 7000 millj. kr. sem hann mundi missa við afnám tekjuskatts af launatekjum öðrum en hátekjum, nemur 3200—3700 millj. kr. — 3—4 milljörðum. En þess var áður getið, að heildarvelta allra atvinnufyrirtækja í landinu hafi í fyrra numið a. m. k. 300 milljörðum kr., en að 55—60% af þeim aðilum, einstaklingum og félögum, sem stunda atvinnurekstur, hafi ekki greitt í fyrra í tekjuskatt til ríkisins nema 2900 millj. kr. eða tæpa 3 milljarða. Þarf ekki að orðlengja um það, að slík tekjuskattsgreiðsla til ríkissjóðs af 300 milljarða veltu, eins og átt hefur sér stað samkvæmt gildandi lögum, er óeðlilega lítil. Þessi staðreynd sýnir, svo ekki verður um villst, að það er ekki hægt að láta einstaklinga og fyrirtæki, sem stunda atvinnurekstur, greiða réttlátan hluta sinn af skattbyrðinni með því móti að leggja á hagnað þeirra eða nettótekjur. Ég leyfi mér að fullyrða, þó að þetta frv. hafi ekki verið athugað til hlítar í fjh.- og viðskn., sem ég á sæti í, að ákvæði þessa frv. bæti ekki nægilega úr þessum grundvallarágalla sem í raun og veru hlýtur að fylgja tekjuskattskerfi af því tagi sem hér er um að ræða.

Þessa staðreynd, að það sé í raun og veru ekki hægt að láta atvinnurekstur greiða réttlátan skatt með því að skattleggja nettótekjur, hefur löggjafinn í raun og veru viðurkennt að því er snertir greiðslu af tekjum atvinnurekstrar til sveitarfélaga. Þau greiða ekki útsvar af tekjum sínum eins og einstaklingar, heldur aðstöðugjöld sem miðuð eru við veltu og eru mishá eftir ýmsum ástæðum og eftir því um hvers konar atvinnurekstur er að ræða. Tekjur sveitarfélaga af þessu aðstöðugjaldi voru í fyrra áætlaðar rúmlega 2000 millj. kr. — rúmlega 2 milljarðar kr. Ef lagður hefði verið í fyrra sérstakur veltuskattur á fyrirtæki, sem stunda atvinnurekstur, og tekjur af slíkum veltuskatti verið látnar renna í ríkissjóð, hefði hann ekki þurft að nema 1% af veltunni, eins og hún var áætluð á því ári, til þess að tekjur af honum næmu þeim 3—4 milljörðum sem á vantar til þess að ríkissjóði yrði að fullu bættur sá tekjumissir, sem afnám tekjuskatts af venjulegum launatekjum hefði haft í för með sér á því ári, ef gert er ráð fyrir þeim sparnaði í rekstri ríkissjóðs, sem rætt var um að framan, þeim niðurskurði á fjárlögum til fjárfestingarsjóða og ýmissa opinberra framkvæmda og tekjuauka af hátekjuskatti og tekjuauka vegna breyttra reglna um fyrningarfrádrátt og vaxtafrádrátt.

Með þessu móti, með samræmdum aðgerðum til lítils háttar, leyfi ég mér að segja, — til lítils háttar sparnaðar í rekstri ríkissjóðs og með breyttum reglum um fyrningarfrádrátt og vaxtafrádrátt og með veltugjaldi á atvinnurekstur, sem ekki þyrfti að nema 1% af heildarveltunni, væri hægt að bæta ríkissjóði að fullu missi tekna af ranglátasta skatti sem ríkissjóður nú innheimtir, tekjuskatti af venjulegum launatekjum. Með þessu tel ég mig hafa sýnt fram á að það er ekki rétt, sem þó heyrist oft sagt, að afnám tekjuskatts af venjulegum launatekjum sé ekki framkvæmanlegt af fjárhagsástæðum, ríkissjóður geti ekki misst þær tekjur eða geti ekki aflað sér nýrra tekna í stað þeirra tekna sem hann mundi missa við þessa breytingu. En þetta er framkvæmanlegt. Sannleikurinn er sá, að slíkt spor, ef menn hafa kjark til að stíga það, er í raun og veru ekki mjög miklu stærra en það spor sem stigið var þegar útsvarinu var breytt úr stighækkandi tekjuskatti í hlutfallslegan bruttóskatt ásamt stórbreyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en um það var tekin ákvörðun fyrir nokkrum árum. Þessi breyting, sem við þm. Alþfl. leggjum til, er í raun og veru ekki mjög miklu stærra spor en það spor sem þá var stigið og var að vísu stórt, en var að mínu viti í réttlætisátt í grundvallaratriðum.

Þetta spor, sem við leggjum til að verði stigið og mér er ljóst að er gagnger breyting á skattheimtukerfi ríkissjóðs, er í raun og veru í grundvallaratriðum ekki miklu stærra en breytingin, sem lögð er til í þessu frv. og ég tel að vísu líka vera til bóta, fjallar um að einstaklingi, sem stundar atvinnurekstur, sem færir honum ekki eðlilegar tekjur, skuli áætlaðar tekjur, m. ö. o. það nýmæli þessa frv. að greint skuli milli einstaklinga sem hafa framreiknuð laun, annars vegar og einstaklinga, sem hafa framfæri sitt af atvinnurekstri, hins vegar. Það hefur verið till. okkar alþfl.-manna

á undanförnum árum að slíkt yrði gert. Nú loksins í þessu frv. sjáum við raunhæfar till. um að slíkt verði gert. Hér er í raun og veru um að ræða grundvallarbreytingu á reglum sem gilt hafa í áratugi og gilda annars staðar þar sem tekjuskattur er innheimtur af bæði launatekjum og atvinnurekstri. Þetta er róttæk breyting. Hún er að mínu viti til mikilla bóta. En að því er sagt er þykir þessi breyting svo róttæk að hún veldur stórdeilum hjá þeim sem standa að þessu frv., þ. e. a. s. stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj.. En þessi breyting á fullan stuðning þingflokks Alþfl., þó að sum framkvæmdaatriði þurfi að sjálfsögðu að athuga í þessu sambandi eins og fjölmörgum öðrum í sambandi við jafn viða mikla löggjöf og hér er um að ræða. En ég bendi á, að að því er grundvallaratriði snertir kemst þessi breyting nokkuð nálægt því að vera jafnróttæk grundvallarbreyting og það mundi vera að afnema að innheimta tekjuskatt af almennum launatekjum, en halda honum á hátekjum og halda honum á öllum atvinnurekstri.

Einmitt vegna þess að ríkisstj. hefur sem betur fer haft kjark til að leggja þessa grundvallarbreytingu til, þeim mun meira harma ég að hana skuli hafa brostið kjark til að stíga sporið til fulls og afnema algjörlega tekjuskattsskyldu almennra launatekna.

Þetta frv. hefur sem betur fer ýmsa kosti. Fyrsti kosturinn er að mínu viti sá, að þar er greint á milli þess, hvort skattgreiðandi er launþegi eða hefur tekjur af atvinnurekstri. Í öðru lagi er reglum um fyrningar, söluhagnað og vaxtafrádrátt breytt til bóta, til tvímælalausra bóta, að því er séð verður við fyrstu athugun, þó að nánari athugun í n. sé að sjálfsögðu nauðsynleg. Þetta eru meginbreytingarnar, sem í frv. eru til bóta, og þeim ber að fagna.

Gallar frv., auk þess að vera ekki það sem það ætti að vera, eins og ég sagði í upphafi, eru fyrst og fremst þrír. Í fyrsta lagi ber að nefna reglurnar um áframhaldandi samsköttun hjóna, þótt gert sé ráð fyrir helmingaskiptum á tekjum hjóna sem er mikilvæg breyting á grundvallaratriðum. Í öðru lagi vil ég nefna ákvæði frv. um skattlagningu tekna einstæðra foreldra, sem þurfa tvímælalaust nánari athugunar við og gera þarf breytingar á við meðferð málsins í nefnd. Og í þriðja lagi vil ég nefna ákvæði frv. um minnkun sjómannafrádráttar sem, ef að lögum yrðu, mundu tvímælalaust valda því að sjómenn gerðu meiri kaupkröfur í komandi samningum en aðrar launastéttir og það með réttu. Gildandi reglur um sjómannafrádrátt hafa verið hugsaðar sem hein kjarabót til sjómanna, og þeir láta að sjálfsögðu ekki svipta sig honum án þess að gera kröfu um bætur fyrir.

Af hálfu okkar þm. Alþfl. hafa verið margfluttar till. um sérsköttun hjóna. Þessar till. hafa aldrei fengið nokkurn hljómgrunn hér á hinu háa Alþ. fyrr en þær fá nú óbeinan hljómgrunn í till. hæstv. ríkisstj. um skiptingu tekna hjóna til helminga. Það má í raun og veru líta á þessar till. hæstv. ríkisstj. sem eins konar bergmál af málflutningi okkar þm. Alþfl. hér á hinu háa Alþ. um mörg ár, jafnvel í áratugi, þar sem við höfum stungið upp á ýmsum breytingum á gildandi reglum um algjöra samsköttun hjóna. Við munum þegar við þessa 1. umr. flytja ákveðna brtt. við ákvæði frv. um sérsköttun hjóna til þess að það komi í ljós hver stefna okkar í því máli er og til þess að hv. fjh.- og viðskn. beggja d. geti fengið ákveðnar till. til athugunar í þessu máli.

Það er alveg augljóst mál að skattamál hjóna eru eitt af fjórum megnideiluefnunum í sambandi við þetta frv. Hin eru ákvæðin um að greina á milli einstaklinga sem hafa launatekjur og stunda atvinnurekstur, ákvæðin um fyrningar, vaxtafrádrátt og söluhagnað eigna og ákvæða um sjómannafrádráttinn.

Segja má að þetta séu meginágreiningsefnin í frv. En við teljum að ýmsu leyti, að reglurnar um sérsköttun hjóna hafi sérstöðu, og viljum því flytja þegar við 1. umr. ákveðnar till. um sérsköttun hjóna. Þar mun verða gert ráð fyrir því að sérhver einstaklingur skuli greiða tekjuskatt af þeim tekjum sem hann aflar og eigi þetta einnig við um hjón sem eru samvistum, bæði varðandi tekjur af sératvinnu og séreign. Hafi annað hjóna ekki sérstakar tekjur af starfi utan heimilis skuli þeim aðila samt reiknaður persónuafsláttur einstaklings eins og hann að öðru leyti er ákveðinn í lögunum, þannig að hann njóti þess, þannig að gift kona, sem vinnur eingöngu heimastörf, njóti þess með sama hætti og einstaklingur, sem aflar sér sjálfstæðra tekna, að hún á rétt á persónuafslætti. Nýti hún sér ekki allan persónufrádráttinn, skal honum ráðstafað þannig, að hann komi til lækkunar á skattgreiðslu maka eða til lækkunar á útsvari.

Meginhugsunin í till. okkar og það, sem við eigum við með sérsköttun, er að fara skuli eins með alla einstaklinga í hjúskaparfélaginu, hvort sem um er að ræða karl eða konu og hvort sem hjúskaparfélagsstaða karlsins eða konunnar er þannig að þau búa saman í hjónabandi eða ekki, hver einstaklingur skuli vera sjálfstæður skattborgari án tillits til kynferðis eða hjúskaparfélagsstöðu, með gifta konu eða það hjóna, sem eingöngu vinnur innan heimilis, — það getur átt bæði við karlinn og konuna, — með það hjóna skuli farið eins og einstakling sem aflar sér tekna með venjulegum hætti í hjúskaparfélaginu. Á sá aðili þá auðvitað rétt á persónuafslætti og getur fengið að njóta þess ef persónuafsláttur inn verður neikvæður, þannig að það kemur honum til hagsbóta, annaðhvort í greiðslu eða til lækkunar á útsvari. Um þetta munum við flytja sérstaka till. sem við munum leggja fram síðar í dag.

Í fjh.- og viðskn. munu fulltrúar Alþfl. einnig beita sér fyrir nánari skoðun og væntanlega breytingum á reglum frv. um sköttun einstæðra foreldra og um sjómannafrádráttinn. Fjölyrði ég því ekki meir um þessi efni við þessa 1. umr.

Að lokum vil ég leyfa mér að segja þetta, herra forseti, um þá gagngeru stefnubreytingu sem við í þingflokki Alþfl. berjumst fyrir í skattamálum ríkisins með till. okkar eða hugmyndum okkar um afnám tekjuskatts af beinum launatekjum:

Byrði beinna skatta er orðin óbærilega þung og álagning þeirra er að mörgu leyti mjög ranglát, auk þess sem hún er afar dýr í framkvæmd. Álagningarkerfið er orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra og ólög-

legra. Hlutfall tekjuskatts af tekjum er orðið svo hátt að almennir launþegar eru farnir að greiða frá þriðjungi og allt að helmingi tekna sinna í beina skatta af tekjum sínum. En samtímis verða þeir vitni þess að fyrirtæki, sem hafa gífurleg umsvif, greiða litla eða jafnvel alls enga tekjuskatta né útsvör vegna rekstrar síns. Þessi óhóflega skattheimta er í mörgum tilfellum og verður í fleiri fjötur á framtakssemi einstaklinga — á heilbrigða framtakssemi einstaklinga og heilbrigðan vinnuvilja og er því beinlínis orðin hemill á eðlilegan og nauðsynlegan vöxt þjóðartekna.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum er ekki einungis orðið vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum, þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Það er ekki bara hér á Íslandi sem hugmyndir eru uppi um að hverfa frá beinum sköttum yfir til óbeinna skatta. Um þá hreyfingu er að ræða mjög víða í nálægum löndum.

Þegar vitað er að um eða yfir helmingur viðbótartekna venjulegs launþega fer til greiðslu skatta af tekjunum, þá getur bókstaflega ekki hjá því farið að það hafi lamandi áhrif á framtakssemi og vinnuvilja, að ekki sé talað um þýðingu þess fyrir hvers konar kjarasamninga, enda hefur það verið svo og mun væntanlega verða svo í þeim kjarasamningum, sem nú standa fyrir dyrum, að launþegasamtökin munu leggja ríka áherslu á það, hvernig ríkisvaldið hagar skattheimtu sinni, ekki síður en hitt, hvernig peningalaun eða peningatekjur verða ákvarðaðar.

Ég minni að síðustu á það enn, að þegar tekjuskattur var upphaflega lögfestur hér og annars staðar, þá var hann eitt helsta tækið sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. En síðan — og það verður ekki nógsamlega sterklega eða oft undirstrikað — hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til þess að ná hinu sjálfsagða og réttláta tekjujöfnunarmarkmiði og þá fyrst og fremst almannatryggingakerfið, en einnig ókeypis eða ódýr þjónusta af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðis- og skólamála, og enn fremur margs konar niðurgreiðsla á neysluvörum almennings og nú á síðari árum, sem er nýmæli, trygging lámarkstekna og neikvæður tekjuskattur. Þess vegna er óhætt að fullyrða að álagning stighækkandi tekjuskatts hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannaryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslukerfið, og sáralítill fjárhagslegur vandi væri fólginn í því að bæta þá minnkun, sem yrði á tekjujöfnuninni, með einföldum ráðstöfunum, svo sem með hækkun barnabóta sem ég teldi fyrir mitt leyti vera réttlátustu og skynsamlegustu leiðina í því skyni. En tekjuskattskerfið er orðið lamandi afl í þjóðfélaginu. Auk þess er það ranglátt, þar sem reynslan hefur sýnt að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta sem þeim ber samkvæmt kerfinu, bæði með því að hagnýta heimildir laga til frádráttar með vafasömum hætti og með beinum undandrætti skatta. Það er mjög mikilvæg röksemd í þessu sambandi, að þegar óbeinn skattur eins og söluskattur er greiddur, þá ræður skattgreiðandinn meira um það sjálfur, hversu mikið hann greiðir, með því að ákveða hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Og enn og að síðustu má minna á að framkvæmd tekjuskattsheimtu er óhemjudýr og miklu dýrari en innheimta söluskatts.

Herra forseti. Lokaorð mín skulu vera þessi: Stefnubreyting í skattamálum, sú sem við þm. Alþfl. erum málsvarar fyrir, þ. e. a. s. afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, samfara því að atvinnurekstur greiði bæði stighækkandi tekjuskatt og nokkurn veltuskatt í ríkissjóð, — þessi stefnubreyting er stórkostlegt réttlætismál frá sjónarmiði launþega og mundi afnema eitt alvarlegasta misréttið sem nú ríkir í íslensku þjóðfélagi. Þessi nauðsynlega og réttláta stefnubreyting er framkvæmanleg. Að því hef ég leitt rök í þessu máli mínu.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að rekja hér einu sinni enn, það hafa bæði ég og aðrir gert fyrr, að margoft er búið að boða það frv. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt sem nú liggur fyrir. Eins og lýst er í grg. með frv. er það ávöxtur áratugs endurskoðunarstarfs og aðdragandinn er orðinn ærið langur. Og það hefur komið í ljós, eftir því sem á þann tíma hefur liðið, að það er almennt viðurkennt í landinu að ríkjandi tekjuskatts- og eignarskattskerfi hefur verið og er þannig úr garði gert að það nær síður en svo tilgangi sínum. Í stað þess að jafna niður framlagi landsmanna til sameiginlegs sjóðs af jöfnuði og réttsýni, þá hefur kerfið valdið misrétti sem orðið er svo tilfinnanlegt að árviss má teljast, eftir að álagning er birt, mótmælakliður úr öllum landshlutum og starfshópum.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á einstökum atriðum skattalaga, en þær hefur einatt borið þannig að, t. d. eftir að framtalsfrestir eru liðnir og úrvinnsla framtala er hafin í skattstofum, að þær hafa bæði komið aftan að skattgreiðendum og torveldað eðlilegt og kerfisbundið starf skattayfirvalda. Því ber að fagna því að þetta frv., sem nú liggur fyrir hv. d., er borið fram með ríflegum fyrirvara og ekki ætlunin að það taki gildi fyrr en á öðru skattári eftir að það er lagt fram. Þó hefur verið gefið í skyn af hæstv. ráðh. að hann hefði hug á því að einstakar breytingar, ótilteknar enn þá, gengju samt í gildi þegar á þessu ári. Verði það niðurstaðan hjá hæstv. ríkisstj. að haga málum svo, tel ég mjög áríðandi að það komi sem allra fyrst í ljós hver þau atriði eru sem hún vill leiða í lög þegar í stað svo þau geti gengið í gildi og haft áhrif við þá álagningu skatta sem verður í sumar.

Því er yfirlýst af hæstv. ríkisstj. að breytingarnar, sem leiða mundi af frv. sem hér liggur fyrir, eigi ekki að breyta heildartekjum ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti, en jafna gjöldunum öðruvísi niður á gjaldendur og þá að sjálfsögðu í réttlátari átt. Því er það ljóst þegar í upphafi, að eðli málsins samkv. hljóta þær nýju reglur, sem gerðar eru till. um, valda því að gjöld léttast á sumum aðilum, en þyngjast á öðrum. Því er það að mínum dómi út í hött að ætla sér að taka afstöðu til þessa máls í heild eftir einstökum dæmum eftir því hvort þyngist

eða léttist á þessum eða hinum. Þar verða menn að líta yfir kerfið allt og gera sér grein fyrir hvort þessar breytingar, þyngingar skattgjalda eða lækkun, eru réttmætar og stuðla að því að uppfylla almennan tilgang skattalaganna.

Gagnvart einstaklingum, sem einvörðungu eða aðallega hafa launatekjur, eru ýmsar mjög djúptækar breytingar gerðar á fyrirkomulagi skattamála. Ég vil sérstaklega geta um það, að hverfa á frá frádrætti frá skattskyldum tekjum að verulegu leyti og breyta þeim í afslætti frá álögðum skatti. Sé rétt á haldið, þá tel ég að þessi breyting eigi að horfa til heilla og aukins jafnaðar við álagningu tekjuskatts, því að bæði hefur sýnt sig að frádrættirnir, sem leiddir eru í lög í einhverjum ákveðnum tilgangi, geta haft allt önnur áhrif og miklu víðtækari heldur en gert var ráð fyrir í upphafi, og sömuleiðis er það viðurkennd staðreynd að almennir, ótakmarkaðir tekjufrádrættir duga langbest þeim sem hæstar hafa tekjurnar, en koma þeim að miklu minna gagni, sem lágar hafa tekjur, og verka því gegn almennum tilgangi laganna um stighækkandi tekjuskatt, sem sagt auka á kjaramismun frekar en að draga úr honum.

Vaxtafrádrátturinn almenni, sem gilt hefur, er að mínum dómi sígilt dæmi um þetta. Hinn ótakmarkaði vaxtafrádráttur hefur tvímælalaust ýtt undir skuldasöfnun, og er þó síst bætandi á hversu verðbólgan hefur verkað í sömu átt. Þar að auki hefur það sýnt sig að þessa frádráttarheimild er hægt að misnota með því að einstöku gjaldendur kunna að geta búið sér til skuldir og vaxtagjöld af þeim sem ekki eru raunhæf. Nú er gert ráð fyrir að fjórðungur vaxtagjalda verði frádráttarbær eftir frv. Ég tel fyrir mitt leyti að samfara því þyrfti að setja þak á vaxtafrádráttinn. Ég tel að það hafi sýnt sig að fenginni reynslu, að eðlilegt sé að setja hámark á vaxtafrádrátt og miða þá við vaxtabyrði af meðalíbúð. Ótakmarkaður vaxtafrádráttur ásamt eignamyndun af óverðtryggðu lánsfé hefur t. a. m. ýtt undir það, þegar fólk byggir yfir sig, að menn byggja oft og einatt stærra en eðlilegar þarfir segja til um, til þess að græða bæði á verðþróun fasteigna og vaxtafrádrætti. Undir slíkan leka verður að mínum dómi ekki sett nema með því að vaxtafrádráttur hafi eitthvert hámark.

Afar þýðingarmikið atriði er, að nú er gert ráð fyrir að skilja algjörlega á milli launatekna manna og atvinnurekstrartekna. Það er strax mikil bót að því, að fyrir er tekið að reikningslegt tap af rekstri geti komið til frádráttar launatekjum af annarri starfsemi sama manns. Þarna er vegið að einni meginundirrót ósamræmis og óréttlætis í skattbyrði. Það er alkunna að ýmsir, sem rekstur hafa með höndum, eru í þeirri aðstöðu að þeir geta í rauninni ákveðið algjörlega að eigin geðþótta hverjar tekjur þeir telja sér til lífsframfæris. Reynt er í frv. að sjá við þessum vanda með því að leggja skyldu á sjálfstæða atvinnurekendur að telja sér fram eigi minni tekjur en þeir mundu hafa ef þeir ynnu sama starf í annarra þágu. Þetta er, eins og eðlilegt er, eitt umdeildasta atriði þessa frv. Ég vil gera þá grein fyrir afstöðu minni til þess, að séu öll ákvæði þess skoðuð í samhengi, bæði þau, sem fjalla um skylduna til að telja sér lágmarkslíf-eyristekjur, og þau ákvæði, sem um það fjalla að skattyfirvöld meti aðstæður í hverju tilviki, þá sé ég ekki betur en niðurstaðan verði í æðimörgum tilvikum að skattstjórar þurfi að framkvæma, hvað þessa menn varðar, álagningu sem mun mjög nálgast það að vera eftir efnum og ástæðum, eins og lengi gilti um útsvar. Slík álagning er að sjálfsögðu ætíð vandasöm, en ég tel að hún sé þó skárri kostur heldur en að halda áfram því fyrirkomulagi að það blasi við hinum almenna skattgreiðanda eftir hverja álagningu að nokkur hópur manna hefur þá aðstöðu að geta lækkað framtaldar tekjur sínar mjög verulega og langt niður fyrir það sem sannanlegt og sýnilegt er að hlutaðeigandi ver sér til lífsframfæris. Svo eru auðvitað enn önnur tilvik þar sem menn sem hafa rekstur með höndum og eru einyrkjar í sínum rekstri, takmarka kannske við sig neyslu meðan þeir eru að koma undir sig fótum, skulum við segja, eða vegna þrenginga í rekstri, og þá er sagt, að óréttlátt sé að skattleggja þá eins og þeir hefðu tekið meira út úr rekstrinum en þeir gera, og slíku jafnvel jafnað við eignaupptöku. Á það get ég ekki fallist, því að tekjurnar hafa myndast í rekstrinum, líka þær sem í hann eru lagðar, og það er ákvörðun rekstraraðilans hvort hann tekur þær sér til neyslu eða lífsframfæris eða hvort hann leggur þær í reksturinn til að styrkja hann. En tekjurnar hafa myndast á þessu tiltekna tímabili, og ég sé ekki að neitt réttlæti sé í því að þær séu ekki skattlagðar á eðlilegan hátt, alveg eins og t. d. tekjur launþega, því að hver er kominn til að segja að launþegi, t. d. iðnaðarmaður, sem vinnur hjá öðrum, vildi ekki gjarnan leggja einhvern hluta tekna sinna í rekstur eða fyrirtæki, og ég sé ekki annað en að þarna sé um að ræða mismun sem sé verið að taka fyrir með þessum nýju ákvæðum.

Þá er enn mjög umdeilt og áhrifarikt ákvæði um hvernig fara skuli með tekjur giftra kvenna af launavinnu. Svokölluð 50% regla, sem nú hefur gilt í tvo áratugi u. þ. b., var að mínum dómi mjög vanhugsuð í upphafi og hefur haft í för með sér sívaxandi mismunun og misrétti eftir því sem lengra hefur liðið. Það blasir við, að sú regla, að kona, sem býr í hjónabandi, skuli geta dregið helming launatekna sinna frá skatti, veldur stórfelldri mismunun, t. a. m. meðal kvenna á vinnumarkaði eftir hjúskaparstétt þeirra svo og meðal heimila eftir því hvort eru tvær fyrirvinnur eða ein o. s. frv. Í stað þessarar reglu, sem allir virðast nú vera komnir að niðurstöðu um að sé ótæk, setur frv. reglu um helmingaskipti tekna hjóna í staðinn. Það er ljóst að þar er látið ráða tillit til framfærsluhlutverks heimilisins, bæði hvað snertir börn og hjónin, sem bera framfærsluskyldu hvort gagnvart öðru. En gegn þessari reglu er haldið fram sérsköttun og ýmis afbrigði tilnefnd sem til greina kæmu. Ég fæ ekki betur séð, en að öll þessi afbrigði, sem rædd hafa verið, eigi það sammerkt með helmingaskiptareglunni og reyndar þeirri reglu sem gilt hefur, að hjúskaparstaða konunnar hafi stórfelld fjárhagsleg áhrif á það, hvernig með tekjur hennar er farið, og einnig í mörgum tilvikum á það, hvernig farið er með tekjur beggja hjóna eftir því hver sérsköttunarregla ætti að gilda,

t. d. þegar persónuafsláttur væri færanlegur milli hjónanna. Ég held það sé borin von að í þessu efni finnist regla sem allir geti orðið fyllilega ásáttir um, en niðurstaða þess starfs, sem fram undan er, að móta haldbetri reglu en þá sem hingað til hefur gilt, verði að það eigi sér stað nokkur tilfærsla á skattbyrði til þeirra, sem hafa notið mestra hlunninda af 50% reglunni, frá hinum, sem ýmissa ástæðna vegna hafa notið hennar í engu. Ég hef ekki orðið var við að því sé mótmælt, að slík tilfærsla eigi sér stað, en hún verður auðvitað mismunandi mikil eftir því hvort horfið er t. d. að helmingaskiptareglunni, þá yrði tilfærslan einna mest af þeim leiðum sem ég hef séð haldið fram, svo þarna er tvímælalaust um að ræða eitt flóknasta og erfiðasta úrlausnarefnið sem felst í þessu frv. En mismununin, sem fólk býr við eftir hjúskaparstétt, verður að mínum dómi ekki umflúin, hvort sem um er að ræða sérsköttun eða samsköttun hjóna. Það liggur í þeim ákvæðum, sem um heimilishald gilda og hjónaband, að með það er öðruvísi farið í okkar samfélagi heldur en afkomu og aðstöðu einstaklinga sem ekki eru í hjónabandi.

Þá vil ég víkja sérstaklega að þeim atriðum sem varða skattlagningu atvinnurekstrar, og þar ber hæst ákvæðin um meðferð söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum og reglurnar um fyrningu. Það er mjög til bóta að með þeim ákvæðum, sem frv. gerir ráð fyrir, á ekki að vera unnt að margfyrna sömu eign með því að færa hana milli vasa við gervieigandaskipti. Hins vegar tel ég mjög orka tvímælis að það sé sanngjörn og heppileg regla, að fyrning lausafjár skuli geta átt sér stað um 30% á ári, þegar til lausafjár er talinn t. d. allur vélakostur fyrirtækja, öll skip útgerðarfyrirtækja og annað slíkt. Þarna held ég að of ríflega sé í lagt. Sömuleiðis sé ég ekki hver rök eru fyrir þeirri þriggja íbúðareglu, sem sett er fram í frv., að sérstaklega skuli fara með leigutekjur og söluhagnað af fyrstu þremur íbúðum sem sami eigandi á og rekur eða ráðstafar.

Loks vil ég leggja áherslu á það, að ákvæðið um meðferð varasjóðs, sem sagt að hann gangi til að mæta tapi fyrirtækja áður en að því kemur að tap sé frádráttarbært frá rekstrartekjum, er rétt ákvæði og samsvarar eðlilegri meðferð á því fé sem varasjóður er myndaður af.

Ég ætla ekki að víkja að fleiri atriðum af þessu tagi þó að ástæða væri til, en vil leggja sérstaka áherslu á þýðingu þeirrar kerfisbreytingar á meðferð skattamálanna sem gert er ráð fyrir í frv. og að sjálfsögðu má fylla út með mismunandi ákvæðum um einstök atriði. Það hefur oft verið talað um að einfalda skattakerfið, og því verður ekki á móti mælt að í þá átt er stefnt með því frv. sem hér liggur fyrir. Upp á síðkastið hefur heyrst það viðkvæði, að þarna séu embættismenn og skattyfirvöld í rauninni bara að búa í haginn fyrir sig og vinna sér til hægri verka á kostnað skattgreiðenda, skattyfirvöldum sé eiginlega engin vorkunn að búa við flókið skattakerfi, það sé þeirra að leysa þau vandamál sem það hefur í för með sér. En þetta er að mínum dómi mjög skammsýnt sjónarmið. Skattyfirvöld hafa sannarlega nóg að gera að fylgjast með því að skattkerfið vinni eins og því er ætlað, þó að ekki sé verið að gera það flóknara og erfiðara í framkvæmd en það endilega þarf að vera í samræmi við tilgang löggjafans. Það er vonlaust að skattyfirvöld, sem þurfa að standa í því að framkvæma óþarflega flókið, margbrotið og jafnvel í sjálfu sér sundurþykkt skattkerfi, geti sinnt því höfuðverkefni að fylgjast með að framkvæmdin í heild sé í samræmi við tilgang löggjafans og í samræmi við þau sanngirnis- og jafnréttissjónarmið sem verða að ríkja gagnvart skattborgurunum. Einföldun af þessu tagi er því ekki síður í þágu skattgreiðenda heldur en skattyfirvalda, því það eru þeir skattgreiðendur, sem telja rétt og samviskusamlega fram og greiða sín tilætluðu gjöld, sem líða við það ef þannig er búið í hendur sakttyfirvalda að þau komast ekki til þess að framkvæma skatteftirlit að neinu gagni. Í þessu sambandi skiptir mjög miklu að færa stofna tekjuskatts og útsvars í svipað horf. Ég tek undir þær raddir, sem fram hafa komið, að mjög væri æskilegt að stiga það skref til fulls, en það er ekki gert eins og ákvæði þessa frv. eru.

Þá hefur það afar mikla þýðingu fyrir framkvæmd skattalaganna og skatteftirlitið, að allt sparifé og öll verðbréf eru gerð framtalsskyld skv. ákvæðum þessa frv. Slík almenn framtalsskylda er alger forsenda fyrir að skatteftirlit geti náð tilgangi sínum. Reglan, sem gilt hefur og gildir um undanþágu frá framtalsskyldu sparifjár þegar skuldir eru ekki fyrir hendi og um skattfrelsi sparifjár og vaxta af því sem umfram er skuldir, hefur í framkvæmd ruglað marga framteljendur svo í ríminu að það er mjög mikill misbrestur á því, að framtöl svari þeim kröfum sem skattalög gera. En reglan hefur verið svo flókin og svo erfitt að átta sig í einstökum tilvikum á hvernig henni beri að fylgja á réttan hátt, að fjöldi manna hefur komist upp með að láta eins og hún væri ekki til og eins og gilti regla um algera undanþágu fyrir sparifé og vexti af því. Og skattyfirvöld hafa ekki vegna þessarar óvissu og misskilnings, sem ríkt hefur í huga fólks, treyst sér til að framfylgja þeim ákvæðum sem nú eru í gildi. En breyting í þá átt, sem lagt er til í frv., er að mínum dómi ómissandi undirstaða fyrir virkt skatteftirlit í landinu.

Eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, er einn flokkur í landinu sem hefur tekið þá stefnu að afnema alfarið tekjuskatt einstaklinga neðan við ákveðið tekjumark, og er þá talað um hátekjur einar sem skuli skattlagðar. Ég fyrir mitt leyti er andvígur þessari stefnu. Ég tel að það væri ástæðulaus uppgjöf að hætta við að framkvæma tekjuskattlagningu vegna þess að það liggur fyrir að um skeið hefur framkvæmdin tekist frekar óhönduglega. Ég held að reynslan af þeim sérfrádráttum og ívilnunum, sem við höfum haft í lögum um nokkra áratugi, hafi fært mönnum heim sanninn um hvernig einfalt og sæmilega skilvirkt skattkerfi getur verið, og ég tel tvímælalaust að þetta frv. sé verulegt skref í þá átt.

Það er almennt viðurkennt að eina skattakerfið, sem starfar til kjarajöfnunar og aðstöðujöfnunar, er tekju- og eignarskattur. Neysluskattar

hafa hins vegar það eðli að þeir leggjast langþyngst á þá tekjulægstu. Ég tel að það væri óráð að hverfa alfarið í þá skattheimtu. Þar að auki vil ég nefna tvennt sem að mínum dómi mælir mjög eindregið gegn fráhvarfi frá tekjuskattskerfi og þá stighækkandi tekjuskatti, hversu mörg eða fá sem menn vilja hafa skattstigin. Það hlýtur að mínum dómi að vera forsenda fyrir því að afnema tekjuskatt, að menn telji að fyllsta réttlæti í tekjuskiptingu sé komið á. Og það er langt frá því að svo sé hér á landi eða reyndar í öðrum nálægum löndum sem ég þekki til. Í því sambandi vil ég alveg sérstaklega benda á dæmi sem ég tel að sé hróplegt víti til varnaðar þeim sem leggja nú til að horfið sé frá tekjuskatti og neysluskattar gerðir einráðir í skattheimtukerfinu. Það er fordæmi Sovétríkjanna, þau eru, held ég, eina iðnþróaða þjóðfélagið sem forðast tekjuskatt og tekur nær einvörðungu ríkistekjur í formi neysluskatta. Það þarf ekki lengi um það að ræða fyrir þá, sem fylgst hafa með málum og þekkja ástand þar, að þar mun tekju- og kjaramisrétti meira en er í nokkru sambærilegu iðnvæddu þjóðfélagi. Ég fæ ekki séð, með slíkt fordæmi fyrir augum, hvers vegna hv. 9. þm. Reykv. vill fara í fótspor Stalíns eða Bresnéfs í þessu efni.

Þegar skattskrár voru birtar s. l. sumar kvað við, eins og ég nefndi í upphafi máls míns, mikið ramakvein úr ýmsum áttum, eins og reyndar endranær, og fram komu lýsingar á því misrétti sem blasti við á skattskrám. Sérstaklega hafa mótmælin verið eindregin á ýmsum stöðum úti á landi, þeim stöðum þar sem fólk veit nokkurn veginn um afkomu hvert annars og sér hvernig ýmis undanþáguákvæði og sérfrádráttarákvæði gildandi skattalaga hafa valdið stórkostlegum mismun á skattbyrði einstaklinga og heimila. Þá gerðist það, að fram komu í málgögnum beggja stjórnarflokka mjög eindregnar yfirlýsingar um stefnu þeirra í þessum málum. Með leyfi hæstv. forseta, langar mig að lesa það sem stendur um skattamál í forustugrein Tímans, málgagn Framsfl., 5. ágúst í sumar. Þar segir undir fyrirsögninni: „Hvað mikið þarf til að löggjafinn vakni?“ — með leyfi hæstv. forseta:

„Nú ætti hins vegar að vera nóg komið, ósóminn hríðmagnast ár frá ári, meira ætti ekki að þurfa til þess að löggjafinn vaknaði eftir langan og ljótan draum. Það yrði ríkisstj. til mikils sóma ef hún tæki með festu á þessu máli sem gæti í senn skapað möguleika fyrir hækkun almenna frádráttarins og auknu jafnrétti. En taki stjórnin ekki forustuna verða einstakir þm. að hefjast handa og sjá hverju verður unnt að koma fram.“

Þetta birtist í Tímanum, málgagni annars stjórnarflokksins, 5. ágúst. Og 6. ágúst tekur Morgunblaðið, málgagn hins stjórnarflokksins, undir og vill ekki vera minna og segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðfélagsómagar dagsins í dag eru hins vegar þeir sem ranglega komast hjá eðlilegri sköttun til samfélagslegra þarfa, þiggja samfélagslega þjónustu er aðrir greiða. Það er lítil reisn yfir slíku hlutskipti, enn minni en hinna fyrri sveitarlima. Það er því óhjákvæmilegt að setja upp í þau göt, sem á skattkerfinu eru, og standa að því verki með hyggindum, en ekki heift. ... Það eina, sem þó er ekki hægt að gera í skattamálum nú, er það að gera ekki neitt. Þess ættu stjórnvöld að minnast.“

Hér liggja fyrir stefnuyfirlýsingar málgagna beggja stjórnarflokka um það mál sem nú hefur verið tekið á í frv. því sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram. Stjórnarflokkarnir hafa þann mikla meiri hl. á Alþ. sem allir vita. Nú er að því komið, sem málgögn þeirra hvöttu til í sumar, að fyrir liggja till. um nýja skattalöggjöf. Nú er tækifærið fyrir stjórnarflokkana að standa við stóru orðin frá í sumar og áður. Með því hlýtur að verða fylgst hvernig þm. þeirra standa við yfirlýsta stefnu flokka sinna í meðferð þessa máls.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. hefur þegar lýst afstöðu okkar alþb.-manna til frv. í heild og hinna einstöku atriða þess. Ég ætla að einskorða mig í þessum umr. við þau ákvæði frv. sem varða tekjuskatt hjóna, helmingaskiptaregluna svokölluðu, og get sagt það strax að ég er henni ákaflega andvíg. Ég er andvíg henni fyrst og fremst vegna þeirrar grundvallarhugsunar sem að baki henni liggur.

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, um leið og hann tók við embætti, að nú ætlaði hann að leggja fram frv. til nýrra skattalaga og þar ætti að koma á sérsköttun. Því oftar sem hæstv. ráðh. boðaði þetta frv. sitt því oftar sem hann talaði um það hér ár eftir ár, þá lýsti hann því nánar og betur hvernig framkvæmdin á þessu ætti að vera, og þá kom auðvitað í ljós að hér var ekki um neina sérsköttun að ræða, heldur gömlu stefnu Sjálfstfl. til margra ára, helmingaskiptaregluna. Það er meira en ár síðan ég benti hæstv. ráðh. á að hér væri ekki um sérsköttun að ræða, smám saman fór mönnum að skiljast það og eftir að þetta frv. er fram komið talar ekki einu sinni hæstv. ráðh. sjálfur um sérsköttun. Er það sannarlega framför að hann skuli þó hafa getað lært það í öllum þeim umr. sem fram hafa farið.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason lýsti því úr ræðustól áðan að Alþfl. hefði árum saman flutt till. um sérsköttun og hefði alla tíð verið forustuflokkur í þeim efnum. Það kom auðvitað fram í máli hans — hálfgert óviljandi — að hann var þrátt fyrir allt dálítið hrifinn af þessari helmingaskiptareglu Sjálfstfl., því að hún er nefnilega alveg samskonar og till. Alþfl. til margra ára. Ég held að þingskjöl tali sínu máli, því að síðasta till. Alþfl. um þetta mál var flutt á þinginu 1971—1972 og urðu þá einmitt mjög harðar umr. um helmingaskiptaregluna. En í þessari till. Alþfl. stendur svo með leyfi hæstv. forseta, um hvernig skuli fara með heimavinnandi húsmóður: „Vinni annar aðilinn utan heimilis skulu þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum hins, þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum hans.“ Þarna er sem sagt helmingaskiptareglan í fullum blóma, en engin sérsköttun, og ég ætla að vona að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason fari nú ekki að halda áfram þeirri sögufölsun sinni sem hann viðhafði hér áðan.

Sannleikurinn er sá, að það er Alþb. eitt sem

hefur gert till. um hreina og fulla sérsköttun, eins og menn almennt skilja það orð. Ég flutti sjálf um það till. á þingi 1972, þar sem ég vildi fela þeirri n, sem vann að endurskoðun skattalaga, að koma á sérsköttun. Þáv. fjmrh. Halldór E. Sigurðsson, fór þess á leit við mig að ég drægi till. til baka, en hann lýsti því úr þessum ræðustól að n. skyldi vinna að þessu verkefni undir hans forustu. Þetta var skýlaus yfirlýsing frá hæstv. ráðh. Halldóri E. Sigurðssyni, og vænti ég að hann standi nú við það loforð sitt um stuðning við sérsköttun þó hann hafi aðeins skipt um stól.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því margoft að þetta sé eitthvert sérstakt jafnréttisfrv. Ég meira en dreg það í efa. Ég hafna því algjörlega. Ég tel að þarna komi fram meiri fyrirlitning á konum, giftum konum, bæði þeim, sem vinna eingöngu heima, og þeim, sem afla tekna utan heimilis, en ég hef í seinni tíð séð í nokkru öðru plaggi. Þegar um heimavinnandi húsmóður er að ræða, þá er hugsunin sú að störf hennar skuli metin eftir tekjum eiginmannsins. Menn ætla sér sem sagt að veita henni einhverja viðurkenningu fyrir störf hennar á heimilinu og gera það með þessu móti, að reikna henni helming af tekjum eiginmannsins. Það er eiginmaðurinn, karlmaðurinn, sem er þarna viðmiðunin. Þetta segi ég að sé andvígt öllum jafnréttishugmyndum.

Í öðru lagi yrði þarna auðvitað gífurlegt misræmi á mati heimilisstarfa, því að hátekjumanninum er auðvitað gert að greiða vinnu konu sinnar miklu dýrar en lágtekjumaðurinn. Það er því algerlega út í hött að halda því fram, að hér sé um að ræða mat á því starfi sem unnið er heima. Það er vitanlega hægt að hugsa sér, að slíkt starf sé metið. En þá verður að spyrja að því: Eru skattalög rétti vettvangurinn, eða eru það önnur lög eins og t. d. tryggingalögin? Ef aðili er bundinn heima við umönnun ungra barna eða sjúklinga, þá kæmi vel til greina að bæta það upp með tryggingagreiðslum. En þá er ég hrædd um að sú greiðsla yrði skattskyld. Og hér erum við komin að mínu mati að kjarna málsins og ástæðunni fyrir því, hvers vegna vefst svo fyrir mönnum hvernig fara skuli með gifta konu gagnvart skattalögum, því að heimilisstörf eru einfaldlega skattfrjáls. Það er alveg sama hve mikil verðmæti eða hve mikil verðmætaaukning verður á heimili, þar sem kona er heima, sá verðmætaauki er skattfrjáls. En ef við getum ekki viðurkennt þennan verðmætaauka, þá erum við um leið að fyrirlíta, hafa að engu þau störf sem unnin eru. En „viðurkenningin“ getur ekki komið fram í skattalögum. Ef það fer hins vegar svo, að menn sjá ekki þennan verðmætaauka, ef menn sjá hann ekki nema búa til einhverjar tölur sem miðist við starf mannsins og hans tekjur, þá er ekki von að menn viðurkenni þann kostnaðarauka sem verður á heimili við það að annar aðilinn fellur frá eða er einfaldlega ekki fyrir hendi, því að öðruvísi er ekki hægt að útskýra að skattar muni þyngjast á einstæðum foreldrum og þyngjast svona gífurlega fljótt samkv. helmingaskiptareglunni eða frv. ef konan hefur rétt miðlungstekjur. Þarna er auðvitað gífurlegt misræmi sem ég vænti að stjórnarsinnar hljóti að sjá.

Sú venja, að kvæntur karlmaður er skattgreiðandi fyrir hönd konu sinnar, á sögulega séð rætur í þeim hugsunarhætti að karlmaðurinn sé eina fyrirvinna heimilisins og í rauninni fjárhaldsmaður þess. Ein af ástæðunum fyrir því, að ógift kona er sjálfstæður skattgreiðandi, er bara einfaldlega sú, að „fyrirvinnuna“ vantar. Gagnvart skattalögum telst gift kona varla fjárráða. Henni er meinað að skýra sjálf frá efnahag sínum, en það gerir aftur á móti bóndi hennar fyrir hana. Hér er því fyrst og fremst um að ræða misrétti milli kvæntra karlmanna og giftra kvenna. Það er ekki um að ræða brot á almennu, óskilgreindu jafnrétti kynjanna og í því liggur hugsanavilla hæstv. fjmrh. En vegna þess að hugtakið jafnrétti virðist hafa verið túlkað eingöngu sem svo eða menn hafa talið að jafnrétti næðist eingöngu með því að búa til einhvers konar kynlaust frv., þá koma út hinir furðulegustu hlutir. Þá fara menn að hugsa sem svo, að ef gift kona, sem aflar tekna, verður sjálfstæður skattgreiðandi, hvað á þá að gera við gifta konu sem einvörðungu vinnur heima og er því tekjulaus? Menn gleyma því, að hún er tekjulaus af því að vinnan er skattfrjáls, og þá vefst fyrir mönnum framkvæmdin og þeir athuga ekki að galdurinn er einfaldlega fólginn í því að hún á sjálf að gera það sem maðurinn hefur hingað til gert fyrir hana. Hann hefur hingað til væntanlega án þess að blikna, sett núllið á skattskýrsluna, og það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að hún geri það sjálf og sé ábyrg þeirra gerða. Hins vegar er hægt að fara þá leið sem svíar gerðu á leið sinni til sérsköttunar og ég hef áður lýst á þessum stað, að ef persónuafsláttur félli af þessum sökum niður, þá er réttlætanlegt að færa það hinum aðilanum til tekna til þess að persónuafslátturinn nýtist heimilinu. Þetta er í rauninni afskaplega einfalt, og það er líklega of einfalt til þess að karlmenn geti skilið það.

Ég held að það væri stórhættulegt að taka upp þessa helmingaskiptareglu. Ég hef orðið vör við að menn hugsa sér að bæta þetta frv. með því að gera einhverja valkosti, hafa helmingaskiptaregluna sem aðalreglu og láta sérsköttunarheimild í núgildandi lögum halda sér. En ég held að það sé stórhættulegt að fara inn á þessa braut, því að út úr helmingaskiptareglunni verður afar erfitt að komast. Það sést best á dæminu í frv. hvílík áhrif hjúskaparstéttin hefur á tekjuskatt fólks, því að um leið og hjúskaparstéttin breytist, um leið og menn færast úr hjónabandinu yfir í það að vera einbleypir, þá verður skattþyngingin alveg gífurleg. Ég hef raunar hér eitt dæmi sem bæði sýnir það, hvernig útkoman er, og líka hug þann til húsmóðurinnar sem kemur fram í þessu frv. Gefum okkur það, að húsbóndinn á heimilinu hafi 2 millj. í tekjur og konan vinni einvörðungu heima, og við skulum segja að þau eigi eitt barn. Samkv. frv. ættu þau að greiða í skatt 52.4 þús. kr. En ef konan fellur frá, þá þyngist skattur mannsins um hvorki meira né minna en 211.3 þús. kr. — yfir 200 þús. kr. þynging. Og það er raunar íhugunarvert að reyna að sjá

einhverja ástæðu fyrir þessu, því að þeir, sem telja að konan geri eitthvert gagn heima hjá sér, hefðu haldið að það yrði einhver kostnaðarauki fyrir manninn ef vinnu hennar nyti ekki lengur við. En útkoman sýnir að hæstv. fjmrh. telur að það hafi verið svona afskaplega dýrt að hafa þessa konu á heimilinu. Öðruvísi er ekki hægt að skýra þá skattaívilnun, sem hún fær meðan hún vinnur heima.

Það mætti margt fleira segja um þetta frv. og það hefur margt verið sagt. Ég hef sagt flest þetta og meira til áður. Og líka vegna þess að ég var búin að lýsa því yfir við hæstv. fjmrh. að ég mundi ekki flytja langa ræðu, þá ætla ég að láta hér að mestu staðar numið vegna tímans.

En ég vil í lokin lýsa því yfir, að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að nú verði komið á sérsköttun, og þá á ég við sérsköttun í því formi að hver einstaklingur, sem orðinn er fullra 16 ára, skuli vera sjálfstæður skattþegn, hann skili framtali og hvort hjóna um sig telji fram eigið aflafé og séreign og greiði skatt í hlutfalli við það. Ég tel að alger sérábyrgð eigi að vera fyrir skattgreiðslum af eigin tekjum og séreign. Þó held ég að það væri rétt varðandi ábyrgð á séreign að hafa þar einhvern varnagla, ef menn teldu að um óeðlilega millifærslu milli hjóna væri að ræða. Þá mætti undir vissum kringumstæðum krefja hinn aðilann um greiðsluna eða ganga að séreign, en hitt sé alger meginregla.

Ég tel ekki framkvæmanlegt á þessu stigi málsins að hafa algera sérsköttun á sameign. En ég tel rétt að sameign sé talin fram hjá því hjóna, sem hærri hefur tekjurnar, og að skattur skiptist af sameign í hlutfalli við tekjur. Og hvað sameign varðar, þá tel ég óhjákvæmilegt að hafa gagnkvæma ábyrgð á skattgreiðslu.

Ég tel að það eigi að auka barnabótaaukann verulega frá því sem er í frv., því að það er tvímælalaust svo mikill kostnaður því samfara að kaupa gæslu að það er ekki viðunandi annað en mið sé tekið af því og lágmarksviðmiðun sé a. m. k. gjald á opinberum dagvistunarstofnunum. Við vitum þó að hér í Reykjavík er þetta gjald miklu, miklu hærra, þar sem gæsla á einkaheimilum er orðin algeng. Þar getur gæslukostnaður farið upp í 40, ef ekki 50 þús. kr.

Ég vænti þess að hv. fjh.- og viðskn. íhugi þessar hugmyndir mínar. Eðlilegast hefði mér þótt að það hefðu fylgt útreikningar varðandi sérsköttun. Það hefði auðveldað mjög allar umr. ef slíkir útreikningar hefðu fengist. En þeir lágu nú ekki á lausu, þeir voru ekki til. En þetta tel ég rétt að n. geri við áframhaldandi vinnu.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur verið til umr. á meðal almennings um tæplega tveggja mánaða skeið. Í allri þessari umr., sem birst hefur í ýmsum fjölmiðlum, hefur mér oft dottið í hug alkunn vísa, sem er svona:

> Lastaranum líkar ei neitt,
> lætur hann ganga róginn.
> Finni hann laufblað fölnað eitt,
> þá fordæmir hann skóginn.

Mér hefur fundist umr. einkennast af þessu, að ef menn hafa fundið eitthvert eitt atriði, sem snertir viðkomandi gagnrýnendur, eitthvert eitt atriði sem ekki fellur þeim í geð í frv., þá sé frv. dæmt ómögulegt. Gagnrýnin frá talsmönnum þessara ýmsu hópa í þjóðfélaginu, gagnrýni á þá liði, sem snerta þá, hefur verið með þessu markinu brennd, og ef í frv. er einhverju hróflað sem ekki fellur viðkomandi hópi í geð, þá er sem sagt frv. dæmt óhæft og þær óskir eða kröfur settar fram að það nái alls ekki fram að ganga.

Hverjir eru það nú sem svona tala? Ég fullyrði að það eru í mörgum tilvikum þeir hinir sömu og hvað harðast hafa gagnrýnt gildandi skattalög og það í flestum tilfellum með réttu. Ég tek það þó fram, að gagnrýni frá einstökum hagsmunahópum er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þegar viðkomandi hópi þykir að sér vegið og ef gagnrýnin þá takmarkast við þau atriði frv. sem snerta viðkomandi hópa. En þegar jafnframt er kveðið á um að frv. í heild sé ótækt, þá finnst mér að þessi gagnrýni sé farin að bera nokkurn keim af lýðskrumi. Og þetta á alveg sérstaklega við um yfirlýsingar ýmissa þm. hv. Mér finnst eins og það sé einhver framboðskeimur af ýmsum þeim yfirlýsingum sem við höfum séð að undanförnu.

Mér finnst óneitanlega líka leitt til þess að vita, að umr. um svo viðamikið mál sem þetta, sem hér er á ferðinni, skuli að nokkru leyti hafa drukknað í hávaða út af einu atriði, þ. e. skattlagningu hjóna. Skattlagning hjóna er vissulega mikilvægur þáttur og viðamikill í þessu frv., en aðrir þættir kunna samt að eiga skilið jafnmiklar umr. engu að síður. Enn aðrir gagnrýnendur þessa frv. afgreiða það með því að segja að fyrst frv. feli ekki í sér almenna skattalækkun, þá beri að hafna því. Þetta sýnist mér vera fávíslegt tal, og ég nefni í því sambandi þann einfalda hlut, að tölum í þessu frv. er að sjálfsögðu hægt að breyta ef meiri hl. er fyrir því hér á hv. Alþ. En áður en við förum að tala um tölur, þá ber okkur að ræða um markmiðin, síðan um leiðirnar sem við skulum fara að þeim markmiðum.

Meginstefnuatriðum þessa frv. hefur verið lýst. Ég legg áherslu á þessi atriði:

Í fyrsta lagi er það markmið að einfalda skattalögin. Leiðir að því marki eru margar. Þessar eru m. a. valdar í frv.: Tekjuskattsgrunnur er færður í svipað horf og gildir um útsvar. Ég held að það sé vart deiluefni að þetta beri að gera. Leið að þessu marki er svo niðurfelling frádráttarliða og upptaka afsláttarkerfis. Í öðru lagi nefni ég skattlagningu hjóna. Í þriðja lagi að skattmeðferð þeirra, sem fást við atvinnurekstur, er breytt. Í fjórða lagi nefni ég einföldun fyrningarreglna. Í fimmta lagi breyttar reglur um skattlagningu söluhagnaðar. Í sjötta lagi nefni ég framkvæmdakaflann, sem er ekki hvað minnst mikilvægur. Og í sjöunda lagi nefni ég svo það, að með frv. er gerð tilraun til þess að ná meira réttlæti í skattlagningunni heldur en hægt er að ná við núgildandi lög.

Um þessi atriði ber að ræða hér á hv. Alþ. í stað einhvers slagorðaglamurs sem allt of mikið hefur borið á. Við eigum fyrst að ræða það og kanna hvort samstaða náist um megin-

markmiðin, síðan hvort frv., eins og það er lagt fyrir, varði veginn að þessum markmiðum. Ef það gerir það ekki, þá er því aðeins tækifæri til að ná settu marki að þm. leggi þá vinnu fram sem þarf til þess að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á frv. Það er verkefni þn. og síðan þingsins í heild. Leiðin er ekki sú að hafna frv. vegna einhverra einstakra vankanta sem á því kunna að vera, eins og óskir hafa komið fram um, jafnvel frá sumum hv. þm. Það er ekki rétta leiðin að gefast upp vegna gagnrýni, sem fram hefur komið, og segjast ætla að taka þráðinn upp aftur á næsta þingi.

Parkinson segir einhvers staðar í lögmáli sínu að málin leysist á þeim tíma sem er til umráða. Tíminn, sem við höfum til umráða, er til vorsins, og sá tími er nægur til þess að frv. fái vandlega meðferð og þennan tíma eigum við að nota vel.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson spurði hér í umr. í fyrri viku hvort ríkisstj. styddi yfirleitt þetta frv., jafnvel hvort hæstv. fjmrh. styddi eigið frv. Auðvitað svara ráðh. fyrir sig. En ég verð að segja að engum ætti að vera það kunnara en hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að stjfrv. geta tekið breytingum, jafnvel og ekki síður þótt þau séu lögð fram án undangenginnar atkvgr. í ríkisstj., sem mér skilst að stundum hafi komið fyrir í þeirri ríkisstj. sem hann átti sæti í. Og ráðh. geta áreiðanlega greitt atkv. með slíkum breytingum án þess að missa andlitið.

Ég vek athygli á því með hvaða hætti þetta frv. er lagt fram. Það er lagt fram hér skömmu fyrir þinghlé, fyrir síðustu jól. Það er lagt fram án þess að það sé búið að binda einn eða neinn af stuðningsmönnum stjórnarinnar. Það er lagt fram með lýðræðislegum hætti. Hverjum þm. er gefið tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri við meðferð málsins á þingi. Þetta er sú eðlilega aðferð sem á að viðhafa, ekki síst um svo viðamikil mál sem skattamálin eru. Of oft held ég að það hafi komið fyrir að frv. eru raunverulega afgreidd í þingflokkunum og þá náttúrlega sérstaklega í stjórnarflokkunum. Síðan koma þau fyrir þingið og eftir það er ekki við neinn að tala, frv. skuli svona fram. Þetta er ekki aðferðin sem beitt er við þetta frv.

Ég hefði gjarnan viljað fara nokkrum orðum um ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Því miður er hann ekki staddur hér í þingsalnum, ég skal þá takmarka mig við nokkur atriði sem hann nefndi. Annars var alveg ótrúleg tevgja í þessari ræðu, og satt að segja var ég jafnnær, eftir að hann flutti hana, hver væri afstaða hans til frv. Þegar hann hafði rætt eða talið upp aðalatriði frv., eins og frá þeim er sagt í grg., þá segir hann að hetta sé fjarri því að vera nægilegt, önnur og stærri atriði komi til greina sem ekki sé fjallað um að neinu leyti. En ég komst ekki að því hvaða atriði þetta voru. Þau voru ekki nefnd í ræðu hv. þm.

Frv. tekur raunverulega á öllum meginþáttunum, þeim sem ég nefndi hér áður og hv. þm. reyndar rakti líka. Hann kvaðst sammála sumum þeirra, aðrir væru vafasamir. En hann nefndi ekki þau atriði sem frv. fjallar ekki um og honum sýnast svo mikilvæg. Að vísu sagði þm. að fyrst og fremst hefði átt að glíma við að breyta lögunum þannig að þeir, sem ekki greiða nú tekjuskatt, gerðu það, og nefndi til eitthvað um 500 fyrirtæki í Reykjavík sem engan tekjuskatt borgi. Þetta virtist mér vera meginmarkmið hjá hv. þm., að koma fyrirtækjunum endanlega á hausinn með enn meiri skattpíningu, í stað þess að búa þannig að atvinnurekstrinum í landinu að hann geti greitt skatta, þ. e. hafi hagnað, sem skattur greiðist af, og veiti þar með þegnunum örugga vinnu. Þetta virðist mér vera ríkara áhugamál hv. þm. en að færa skattbyrðina milli einstaklinganna í réttara horf.

Mér finnst raunverulega ólíkt hv. þm. Lúðvík Jósepssyni að tala svona. Hann er eini þm. Alþb. sem eitthvað þekkir til atvinnurekstrarins, og við önnur tækifæri hefur hann talað allt öðruvísi. Reyndar gerði hann það síðar í ræðunni, og ég kem kannske að því síðar. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki vafasöm fullyrðing?) Hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni? (**Gripið fram í:** Hjá þér?) Ég var að taka hér upp orð hv. þm., þannig að það er enginn vafi á því að það var rétt eftir haft. Annars er ekki ætlun mín að fara að rekja í smáatriðum hvað hv. þm. sagði. Ég virði hann fyrir það sem hann sagði sem þm. stjórnarandstöðu, að hann sá þó einhverja glætu í frv. Það er meira en ýmsir aðrir hafa séð.

T. d. lýsti hann sig samþykkan þeirri viðleitni að samræma álagningarstofn tekjuskatts og útsvars og vildi reyndar ganga lengra en gert er í frv., og undir það get ég tekið. Ég teldi mjög æskilegt ef hægt væri að gera þessa álagningarstofna að einum stofni fyrir hvort tveggja.

Hann er einnig samþykkur því stefnumarki frv. að breyta skattmeðferð einstaklinga í atvinnurekstri. Ég er einnig sammála því stefnumiði frv. Þetta er hins vegar það atriði sem hvað mestri gagnrýni hefur valdið, og þetta er það atriði í gildandi skattalögum sem hvað mestri óánægju hefur valdið og hefur valdið misskiptingu skattbyrða milli einstaklinga. Ef þessi leið, sem frv. gerir ráð fyrir, verður valin, þá legg ég áherslu á að það þarf að liggja fyrir vissa um hvernig þessi atriði verði framkvæmd. Með þessu er mikið vald fært í hendur skattstofanna í landinu, og það er ekki hver sem er fær um að fara með þetta vald. Þess vegna legg ég áherslu á það, að áður en þetta atriði frv. verður samþ., liggi ljóst fyrir hvernig framkvæmdin verður.

Ef menn hins vegar fallast ekki á þessa leið, þá verða menn að hafa á takteinum aðrar till. Þær hafa ekki komið fram til þessa, ekki heldur hjá þeim sem gagnrýnt hafa þetta atriði frv. Kannske er til sú leið að rýmka heimildir skattalaga í þá átt að áætla mönnum tekjur, og kannske er svo sú leið að gefast einfaldlega upp og viðurkenna að við búum við harla góðar reglur í þessum efnum. Ég vona að þingið gefist ekki upp við þetta verkefni, þótt erfitt sé, og tek þar undir með hv. þm. Lúðvík Jósepssyni.

Þm. taldi einnig réttmætt að fara há leið varðandi skattlagningu á söluhagnaði af lóðum og löndum sem frv. gerir ráð fyrir, en bætti svo við — hann var einnig að ræða um fyrningarnar, — að með varúð þyrfti að fara í skattlagningu í sambandi við atvinnureksturinn. Þarna kom sem

sagt svolítið annað upp á teninginn heldur en þegar hann var að tala um fyrirtækin 500 í Reykjavík sem engan tekjuskatt greiddu. Ég leyfi mér að ætla að þetta hafi þm. meint, en ekki hið fyrra sem hann sagði um þetta.

Ég er fylgjandi því að teknar verði upp reglur um skattlagningu söluhagnaðar af lóðum og löndum. Þær reglur, sem við búum við, eru algerlega óhæfar, þ. e. a. s. að hafa þarna fullt skattfrelsi á. En ég get ekki látið vera að tjá skoðun mína um það, að mér þykir vafasamt að ríkið sé að ásælast þarna nýja tegund skattstofns. Ég teldi miklu eðlilegra að þessi skattur rynni til sveitarfélaganna. Hjá ýmsum þjóðum er sérstök löggjöf um þetta, hinn svokallaða „capital-gain"-skatt, og ég tel mjög æskilegt, að þetta atriði verði sérstaklega kannað.

Um sérsköttun hjóna hafa orðið miklar deilur, og ég skal ekki fara um þann þátt mörgum orðum. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði að breyting sú, sem frv. gerir ráð fyrir, væri nánast hlægileg og þá væri vægt til orða tekið. Mér hafa satt að segja ekki þótt viðbrögð manna vera í þá áttina, að þetta væri hlægilegt, þvert á móti væri hér um mjög alvarlegt mál að ræða og engum væri raunverulega hlátur í huga. Ég vil aðeins um þetta segja, að ég hef tekið það svo að alger sérsköttun væri nánast ómöguleg nema þá að skatturinn væri flatur skattur með engum eða útborganlegum afslætti. Raunverulega er það ekki heldur það sem um hefur verið beðið af hálfu þeirra sem vilja sérsköttun, heldur er talað um sérsköttun með millifærslu ónýtts persónuafsláttar, sem mér sýnist vera aðeins annað form á samsköttun, sem hins vegar er ekki mjög vinsælt orð nú um stundir. En með reglu frv. næst niðurstaða sem kveður á um meira jafnræði milli heimila, án tillits til þess hvernig teknanna er aflað. Þetta sýnist vera hlutlaus aðferð.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason gerði hér grein fyrir till. sem þm. Alþfl. munu flytja nú við 1. umr., og að sjálfsögðu verður þessi till. könnuð í n., sem fær frv. til meðferðar, eins og málið í heild. Hv. þm. Svava Jakobsdóttir benti hins vegar á fyrri till. Alþfl. um þetta efni og fór þá mesti glansinn af stefnu flokksins við þá uppljóstrun. En engu að síður verður till. að sjálfsögðu athuguð í n. Og mér finnst eðlilegt að n. kanni sérstaklega viðhorf hinna ýmsu samtaka kvenna sem láta þetta mál alveg sérstaklega til sín taka. Satt að segja líst mér ekkert á það ef Alþ. með sinn mikla meiri hluta karlmanna ætlar að fara að setja reglur í lög sem eru í andstöðu við vilja allrar kvenþjóðarinnar. Ég held að við hljótum að verða að athuga þetta af mikilli alvöru.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði um þetta, að hún teldi að það yrði erfitt að komast út úr þessari reglu, sem frv. gerir ráð fyrir, ef hún yrði sett á, og vill þess vegna ekki neina valkosti, sem ég hef að vísu ekki heyrt sérstaklega nefnda. En ég held að það sé varla erfitt að komast út úr slíkri reglu ef hún er svo slæm sem látið er í veðri vaka. Og mér sýnist satt að segja líka að það ætli að verða erfitt að koma reglunni inn, þannig að við þurfum kannske ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu. En varðandi það, sem hv. þm. sagði um útreikninga á þeim kostum, sem eru kannske í boði varðandi skattlagningu hjóna, þeirra útreikninga verður að sjálfsögðu aflað í n. og þm. geta fengið þá í hendur.

Um frádráttarliðina, sem nú er breytt í afsláttarkerfi, hefur ýmislegt verið rætt og ég skal ekki fara mjög mörgum orðum um þá. Ég fullyrði aðeins að frádráttarliðir samkv. gildandi skattalögum valda misræmi og óréttlæti. Það er hægt að nefna dæmi um hjón sem hafa 2—2.2 millj. kr. í tekjur og þessi hjón geta haft í tekjuskatt á bilinu frá 0 og upp í 380 þús. kr., allt eftir því hvernig frádráttarliðirnir nýtast. Afslættir, eins og gert er ráð fyrir í frv., nýtast hins vegar öllum jafnt sem á annað borð ná reiknuðum skatti, en frádrættir nýtast þeim mun betur þeim sem eru í hærri skattþrepum. Þannig er hægt að fullyrða að afsláttarkerfið, sem gert er ráð fyrir að taka upp, sé réttarbót fyrir láglaunafólk fyrst og fremst.

Það hefur reyndar verið gagnrýnt sérstaklega að fella niður sem frádráttarliði suma þessara liða og þá kannske fyrst og fremst sjómannafrádráttinn sem er í gildandi lögum. Ég held satt að segja að það sé of mikið gert úr þessu og menn athugi ekki hvaða upphæðir er um að ræða. Sjómannaafslættinum samkv. 5. tölul. 64. gr. frv. er ekki mjög mikið breytt, eftir því sem útreikningar sýna. Aftur á móti 6. tölul., sem fjallar um fiskimannaafsláttinn og er gert ráð fyrir að verði 3% af beinum tekjum, þýðir nokkra skerðingu frá því sem er. Nú eru 10% dregin frá tekjum. Ef við tökum lítið dæmi sjáum við betur um hverjar tölur er að ræða. Tökum dæmi um sjómann sem hefur 3 millj. kr. í tekjur. Það er kannske lágt, ég treysti mér ekki til að meta það. Sumum finnst nokkuð gott að hafa 3 millj. kr. í tekjur. Ég veit að þm. þætti það, ef þeir hefðu það, en það er önnur saga. Samkv. gildandi lögum fær sjómaðurinn 300 þús. kr., 10%, frádrátt frá þessum tekjum sínum, og hann er í 40% skattstiga sem þýðir 120 þús. kr. lækkun á skatti vegna fiskimannafrádráttarins. Þessi 3%, sem frv. gerir aftur ráð fyrir, þýða 90 þús. kr. Sem sagt, þetta hagræði sjómannsins skerðist um 30 þús. kr. Þetta er vissulega skerðing. En tölurnar eru þessar, og ég hygg að það sé gagnlegt fyrir menn að gera sér grein fyrir því líka. En þessa tölu má að sjálfsögðu lagfæra ef mönnum sýnist svo, að í stað 3% komi þá 4%. Það mundi þýða óbreytta reglu frá því sem er. Þetta þarf að sjálfsögðu að kanna í nefnd.

Ég held að ég fari ekki frekar út í umr. um þetta frádráttar- og afsláttarkerfi, það fer of mikill tími í það. En aðeins langar mig til að koma hér að atriði sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson nefndi í ræðu sinni. Hann rakti hér mjög skilmerkilega, hverjar breytingar hefðu orðið á tekjuöflun ríkisins síðustu árin. Þar kom greinilega fram að hlutur tekjuskatta í tekjuöfluninni hefur minnkað til mikilla muna, en hlutfall óbeinna skatta vaxið að sama skapi. Þetta er sú stefna sem fylgt hefur verið að undanförnu, og þess vegna er óþarfi fyrir hv. þm. Lúðvík Jósepsson að hafa mörg orð um það, að okkur skorti stefnumörkun í skattamálum.

Alþfl. hefur gert um það till. að tekjuskatturinn verði felldur niður. Þær till. hafa að vísu nokkuð breyst hjá Alþfl. Fyrir tiltölulega skömmu var Alþfl. með till. um að tekjuskatturinn yrði *algerlega lagður niður*. Það *þykir ekki góð latína* í dag, og nú er talað um að leggja tekjuskattinn niður á öllum lægri tekjum, en halda honum hjá hátekjumönnum. Þetta er nokkur breyting frá því sem var. En ég bendi á það, að tekjuskatturinn er eini skatturinn sem við nú höfum og er „prógressívur". Það má segja að við höfum áður haft annan, *meðan við bjuggum við aðra tollalöggjöf* og miklu hærri tolla. Þá má segja að þar hafi að nokkru leyti verið um „prógressívan" skatt að ræða líka. En svo er ekki lengur.

Þarna kemur fram nokkur ágreiningur á milli stjórnarandstöðuflokkanna. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði beint í sinni ræðu að hann teldi varhugavert að fella tekjuskattinn *niður*, og reyndar sagði hann að hann vildi að ríkið tæki meira í tekjuskatti heldur en það gerði. Þetta er í algerri andstöðu við það sem Alþfl. vill. En látum það vera.

Ég vil aðeins í sambandi við þessar umr. um tekjuskattinn og mikilvægi hans nefna hér örfáar tölur sem sýna hver skattlagningin raunverulega er.

Við höfðum á síðasta ári rúmlega 106 þús. framteljendur. Þar af voru skattlausir 55 500 eða meira en helmingur. En af 51 300 greiðendum eru 15 550 með innan við 5% í tekjuskatt af brúttótekjum sínum, en tæplega 42 400 greiða innan við 15% af brúttótekjum sínum. Tæplega 9000 gjaldendur greiða aftur meira en 15%, og þeir hafa tekjur á bilinu frá 1 millj. og yfir 6 millj. Þetta eru staðreyndir sem óþarfi er að deila um og liggja fyrir.

Aftur á móti ber að fagna því að Alþfl. vill veita atbeina sinn til þess að lækka ríkisútgjöldin. Stundum hefur hann verið kenndur við annað og viljað meiri ríkisumsvif en aðrir flokkar. En þessu ber að fagna. Hins vegar er tekið skýrt fram að það komi ekki til mála að spara á þeim liðum þar sem varið er fé til félags-, heilbrigðis- og menntamála. Ýmsir mætir hagfræðingar hafa bent á að þessir liðir séu einhver mesti verðbólguhvatinn sem þekkist. En þarna má sem sagt ekkert spara.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð mín miklu fleiri. Ég legg áherslu á að þm. fordæmi ekki frv. þótt gagnrýnisraddir heyrist. Ég vil spá því að þær umsagnir, sem munu berast til þn. um frv., verði neikvæðar. Þessar umsagnir koma frá hinum ýmsu samtökum í þjóðfélaginu sem hafa vissulega hagsmuna að gæta. Hagsmunir þeirra eru í sumum tilfellum þeir, að engu verði breytt að því er þeim viðkemur vegna þess að þau hafa gegnum árin náð því að fá sérreglur inn í skattalögin, — sérreglur sem eru viðkomandi hópum til hagsbóta. Ef þm. ætla að taka tillit til allra þessara umsagna í þeim tilgangi að styggja engan af *kjósendum sínum*, þá eru þeir þm. auðvitað á móti þessu frv. Ef þm. með þetta hugarfar eru í meiri hl. hér á hv. Alþ., þá verður auðvitað engu breytt. En menn verða að athuga það, að um leið er verið að segja að við búum við harla góða skattalöggjöf, sem ekki sé nein ástæða til að hrófla við, og að sú gagnrýni, sem uppi hefur verið höfð á skattalöggjöfina, sé nánast vitleysa eða byggð á misskilningi. Ég held að það verði ekki Alþ. til álitsauka ef þm. koma sér þannig hjá því að glíma við erfitt mál.

Ég tek að lokum undir þau orð hæstv. fjmrh., að meðferð þessa máls verður nokkur prófsteinn á getu Alþ. til þess að ráða fram úr vandasömu löggjafaratriði sem snertir hagsmuni flestra landsmanna.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ummælum hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, 5. landsk. þm., um skattamál hjóna og þá sérstaklega um þá till. sem ég boðaði fyrir hönd okkar þm. Alþfl. í þessari hv. d. Hún hefur greinlega misskilið hvert efni till. er, og hefur hún þessu til afsökunar að till. hefur ekki verið prentuð enn þá og henni því ekki gefist kostur á að lesa hana. En þeim mun meir ber að harma það að hv. síðasti ræðumaður skyldi hafa tekið undir ummæli hv. þm. Svövu Jakobsdóttur sem voru augljóslega á misskilningi byggð.

Við Svava Jakobsdóttir erum sammála um það að vera andvíg ákvæðum núv. stjfrv. um áframhaldandi samsköttun hjóna og almenn helmingaskipti á tekjum hjóna. Hins vegar lýsti hún sig fylgjandi sérsköttun, þ. e. a. s. að allir aðilar, bæði karlar og konur, án tillits til hjúskaparstéttar skyldu greiða tekjur af eigin aflafé og séreign. Um þetta erum við sammála. Hins vegar gat ég ekki heyrt að hún segði neitt um það, hvernig fara ætti með tekjur þess maka sem ynni á heimili og hefði ekki sjálfstæðar tekjur.

Sú till., sem hún minnti á að við þm. Alþfl. hefðum flutt 1971, var auðvitað miðuð við þágildandi skattalög. Þá var hugtakið neikvæður tekjuskattur ekki til. Það er til núna. Þess vegna var sú aðferð okkar til að leiðrétta það ranglæti, sem hjón, þar sem aðeins annað aflaði teknanna, en hitt ynni heima, yrðu fyrir, sú að ætla þeim makanum, sem heima ynni, hluta af tekjum mannsins og lækka þannig skattbyrði hjónanna. Þetta var eina leiðin sem á grundvelli þágildandi skattalaga var fær til þess að lækka skattgreiðslu hjóna þar sem annað aflar teknanna, en hitt vinnur heima.

Síðan 1971 hefur sú *grundvallarbreyting* orðið á skattalögum að inn í þau er nú komið hugtakið neikvæður tekjuskattur. Þess vegna leggjum við nú til að ná þessu markmiði, að lækka skattbyrðina á hjónum þar sem annað aflar teknanna, en hitt hjónanna vinnur heima, með þeim hætti að veita þeim aðilanum, sem heima vinnur, *rétt á persónuafslætti með sama hætti* og hverjum öðrum einstaklingi og láta afleiðinguna geta orðið neikvæðan tekjuskatt, þ. e. a. s. frádrátt frá útsvarinu, þannig að heildarskattgreiðslur heimilisins lækki. Við gerum ráð fyrir að nákvæmlega sama regla komi til með að gilda um það hjóna, sem heima vinnur, eins og gildir *um einstakling sem hliðstæðar tekjur hefur* eða engar tekjur hefur.

Ég tel að orðið sérsköttun geti átt við um báðar þessar till., báðar þessar leiðir, bæði till. okkar núna og þá till. sem við fluttum miðað við þágildandi skattalög árið 1971. Orðið sérsköttun getur átt við báðar aðferðirnar sem eiga að leiða

að hliðstæðu marki, vegna þess að í báðum till., báðum hugmyndunum felst það, að allir einstaklingar verði sjálfstæðir skattgreiðendur, líka það hjóna sem aflar ekki sjálfstæðra tekna, heldur vinnur heima. Í báðum tilfellunum er markmiðið að létta skattbyrði slíks heimilis frá því sem er í gildandi skattalögum og alla tíð hefur verið í skattalögum frá því að þau voru lögleidd fyrst hér 1921. Það var einungis önnur aðferð, sem við höfðum áður, vegna þess að við önnur skattalög var miðað. Nú eru komin skattalög með hugtakinu neikvæður tekjuskattur, og þess vegna breytum við tæknilegri framkvæmd þess að ná sama marki, að létta skattbyrði hjóna þar sem annað aflar teknanna, en hitt vinnur heima.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Tryggingamál sjómanna, fsp. (þskj. 100). — Ein umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrirspurn þessi var flutt af hv. varaþm. Eyjólfi Sigurðssyni þegar hann átti sæti hér um hríð fyrir áramót. Fsp. til samgrh. um tryggingamál sjómanna, á þessa leið:

„Hvað hefur samgrn. gert til að tryggja sjómönnum og fjölskyldum þeirra raunhæfar tryggingabætur vegna örorku eða dauðsfalls sjómanna við störf sín, í framhaldi af frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 1963, er vísað var til ríkisstj. 15. maí 1975?“

Forsaga þessa máls er sú, að Eyjólfur Sigurðsson átti hér einnig sæti sem varamaður snemma á árinu 1975 og flutti þá frv. til l. um breyt. á siglingalögum varðandi bætur til sjómanna. Í frv. hans var gert ráð fyrir verulegum hækkunum á dánarbótum sjómanna og einnig hækkunum á slysadagpeningum og örorkubótum. Tilgangi hans með flutningi frv. hygg ég að sé best lýst með þessum orðum, sem áttu að verða 3. mgr. í 1. gr. laganna samkv. frv. og hljóða svo, með leyfi forseta:

„Framangreindar upphæðir vegna dauðsfalls eða örorku skulu umreiknaðar samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar einu sinni á ári, eins og Hagstofa Íslands gefur hana út, fyrst 1. des. 1975.“

Þetta frv. fékk þá afgreiðslu að því var í maí 1975 vísað til ríkisstj. Efnið er sem sagt að reyna að láta dánarbætur, slysadagpeninga og örorkubætur sjómanna, sem látast við störf sín eða slasast, fylgja almennu kaupgjaldi og verðlagi í landinu. Ég vænti að hæstv. samgrh. hafi einhver jákvæð og góð svör við fsp. eins og hún er fram komin.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fsp. þessi var, eins og hv. 2. landsk. tók fram, flutt af hv. varaþm. Eyjólfi Sigurðssyni á haustmánuðum. Ég var þá tilbúinn með svarið meðan hann var hér á þingi, en vegna umr. utan dagskrár dagaði það uppi og því verður það flutt nú.

Frv. það, sem hv. fyrirspyrjandi gerir hér að umtalsefni, gerði annars vegar ráð fyrir helmingshækkun þeirra bóta er getur í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 108 1972, þ. e. dánar- og örorkubóta, og hins vegar vísitölubindingu vegna mikilla verðbreytinga, og skyldi taka mið af byggingarvísitölu. Frá því að ríkisstj. barst frv. hefur málið verið til athugunar í samgrn., og er nú svo komið að samið hefur verið frv. til l. sem einmitt kveður á um hækkun þá sem áður gat. Fyrirhugað var að stefna að samþykkt þess samhliða afgreiðslu brbl. um kaup og kjör sjómanna, en þar voru þessar fjárhæðir lögfestar til bráðabirgða fyrir nokkurn hluta sjómannastéttarinnar.

Sá hluti frv. þess, er hv. fyrirspyrjandi nefnir og varðar tryggingar, raungildi bóta þeirra er hér um ræðir, hefur verið til athugunar allgaumgæfilega og virðast þar ýmsar leiðir koma til greina. Að lokum var komist að þeirri niðurstöðu, að tenging dánar- og örorkubóta einhvers konar vísitölu, t. d. framfærsluvísitölu eða þá byggingarvísitölu, eins og áminnst frv. gerði ráð fyrir, var alfarið hafnað, enda finnast þess engin dæmi í hinni almennu tryggingalöggjöf að bætur séu bundnar á þennan hátt.

Önnur leið, sem athuguð var og vænlegust þótti, var aðferð laga nr. 67 1971, um almannatryggingar, þar sem ráðh. er heimiluð hækkun tryggingabóta verði breyting á dagvinnukaupi verkamanna við almenna fiskvinnu.

Nú hefur það hins vegar skeð, að flutt hefur verið frv. á þskj. 308 af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, Garðari Sigurðssyni og Karvel Pálmasyni, þar sem lagt er til það sama og í því frv. sem samið hefur verið í hv. samgrn. Ég veit að vísu að þetta eru miklir athafnamenn, þó að ég telji að eðlilegra hefði verið að gefa kost á því að svara þessari fsp., sem hér hefur nú verið gert, og gefa þær upplýsingar, sem þar er að finna. En út af fyrir sig hef ég ekki neitt um það að segja, því að tveir af þessum hv. þm., vestfirðingarnir báðir, eru þekktir athafna- og auglýsingamenn á eigin verðleikum. Hins vegar mun ég, herra forseti, láta þetta svar nægja við fsp., því ég vona að það sé tæmandi og sýni að rn. hefur tekið málið þeim tökum sem til var ætlast.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Ég hef ekki beitt og mun ekki beita neinum ásökunum gegn honum um það, að langur tími hefur liðið frá fsp. til svarsins. Ég efast ekki um að hann hafi verið tilbúinn fyrir löngu að svara fsp. Hins vegar mætti gjarnan taka það mál almennt til athugunar, að svör við fsp. koma býsna seint og að fyrirspurnatíminn er aftur að leka niður í ekki neitt. Ef við viljum nota hann eins og þinglegt og eðlilegt er verða svör að berast fljótlega við þeim fsp. sem fram koma.

Um efnið í svari hæstv. ráðh. vil ég einnig fara þakkarorðum, því að mér fannst andinn í því vera sá, að hann væri hliðhollur grundvallarhugsun þessa máls og vildi finna á því úrlausn.

Ég fagna því, að það skuli hafa verið samið frv. sem muni ganga í þá átt sem hér um ræðir. Mér er ljóst að það eru vissir erfiðleikar á að tengja tryggingar beint við visitölu. En engu að síður verður að finna einhverja leið til þess að takmarkaðir hópar fólks, sem verður fyrir óviðráðanlegum áföllum sitji ekki eftir þannig að fjölskyldur geti varla bjargað sér, en í þeim hópi gætu hæglega orðið ekkjur sjómanna eða fjölskyldur manna sem slasast við störf við sjómennsku.

Ég lýsi þeirri von að þetta mál fái framgang, að frv., sem hæstv. ráðh. nefndi, verði sem fyrst flutt og afgr. og þingið sameinist um að búa svo um hnúta sem best er hægt fyrir það fólk sem hér á hlut að máli.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hæstv. ráðh. hlý orð í minn garð og annarra vestfirðinga út af því, að okkur skuli hafa hugkvæmst á nokkrum dögum að leggja til þá lausn sem hæstv. ráðh. og allt samgrn. hefur verið nokkuð á annað ár að koma sér niður á hvernig fara eigi með. Ég vil aðeins taka það fram til þess að upplýsa hv. þm. og hæstv. ráðh. um hvernig að þessu frv. um tryggingamál sjómanna var staðið af hálfu okkar þriggja flm., þ. e. a. s. mín, hv. þm. Karvels Pálmasonar og hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að við báðum tvo stjórnarsinna, öllu heldur þrjá, að gerast meðflm. að þessu frv. Þessir þrír stjórnarsinnar höfðu frv. til athugunar nokkuð í á þriðju viku, en þegar þeir skiluðu því til okkar aftur með frásögn um það, að þeir mundu ekki gerast flm. að því með okkur, þá tóku þeir ekki fram að þeim væri kunnugt um að hæstv. ráðh. hefði látið semja áþekkt frv. í sínu ráðuneyti. Það er því vart hægt að búast við að við stjórnarandstæðingar vitum um hugsanir ráðh., þegar stjórnarþm. vita það ekki heldur. En ég vil sem sé þakka hæstv. ráðh, fyrir mjög hlý orð og frómar óskir í minn garð og annarra þm. af Vestfjörðum og raunar einnig hv. þm. Garðars Sigurðssonar sem ég vona að hæstv. ráðh. vilji virða jafnvel og okkur hv. þm. Karvel Pálmason.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hann leitaði til þm. úr stjórnarliðinu vegna þess frv. sem hér hefur verið flutt í sambandi við þá fsp., sem hér er verið að ræða og hlaut að sjálfsögðu að koma fram. En hv. 1. flm. þessa frv. gat ekki um það, af hverju þeir stjórnarsinnar, sem hann talaði við, tóku þá afstöðu að lokum að vera ekki meðflm. að þessu frv. Það var einfaldlega vegna þess, að nú þegar er í lögum meginhluti þeirra ákvæða sem þessir þrír þm. leggja til, en þau er að finna í brbl. sem gefin voru út á s. l. ári í sambandi við kaup og kjör fiskimanna. Hitt er svo annað mál, sem ekki er ástæða til að ræða hér, að það, sem þarna bætist við í tillöguformi frá þeim félögum, er full ástæða til að taka alvarlega til athugunar af þinginu. Ég vil samt sem áður benda á það, sem á undan er farið. Ég flutti þessa till. í byrjun, brtt. við siglingalögin, og það var ekki í samráði við sjómannasamtökin. Í grg. frv. er getið um 5 flm. að þessari brtt., en það var mikið á undan skeð og sú brtt., sem við fluttum, var til þess að ná fram samkomulagi þannig að þetta þýðingarmikla mál fyrir sjómenn næðist heilt í höfn. En hvað um það, mér finnst það, sem kemur fram í frv., athyglisvert. Ég fagna líka því sem kom fram frá ráðh., en endurtek það, sem ég var kominn að segja, að hér er náttúrlega líka um þýðingarmikið samningamál að ræða á milli sjómanna og útgerðarmanna. Hér erum við að fara að nokkru leyti nýja leið ef við ætlum að ákveða þetta í siglingalögum, vegna þess að þetta mun þá taka líka til farmannanna, en þeir eru einmitt að hefja viðræður um þetta og annað í sambandi við kaup og kjör. Hitt er annað mál, að ég álít að bæði slíkur tillöguflutningur og umr. hér á þingi geti einmitt stuðlað að því að reka á eftir því að góðri niðurstöðu verði náð fyrir þessa aðila.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 2. landsk. þm. gat um áðan í sambandi við fsp., hversu seint þeim væri svarað, þá er það alveg rétt. En hvort tveggja er ekki hægt að gera á örstuttum fundartíma, að svara þeim mörgu fsp. utan dagskrár, sem ekki síður þm. í stjórnarandstöðu en aðrir hafa lagt áherslu á að yrði svarað, og taka líka fyrir fsp. sem eru á dagskrá. Því finnst mér að hv. 2. landsk. þm. eigi að ræða þessi mál innan síns flokks til þess að fá bætt þetta fyrirkomulag á fundum Alþingis.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Orð mín voru ekki sögð í ásökunartón til forseta eða eins eða neins einstaklings, heldur sem ábending fyrir þingið allt. Það er hverju orði sannara, sem hæstv. forseti segir um þessi mál. Það hafa orðið árekstrar í störfum þingsins á milli umr. utan dagskrár og fsp., og við verðum að finna einhverja lausn á þessu, því að hvort tveggja á töluverðan rétt á sér, hvort tveggja þurfum við að geta gert, að taka mál upp sem ekki þola neina bið og fá svör tiltölulega fljótt við einföldum spurningum. Það á að vera hægt. Ég hygg að það hafi enginn þm. flutt eins oft frv. og till. um breyt. á þingsköpum og ég, og ég hef meira að segja gert tilraun til þess að gera drög um lausn á þessum vanda, svo að ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja til þess að frv., sem liggja fyrir þinginu nú um breyt. á þingsköpum, verði ekki látin grotna niður í n., heldur verði tekið á þessu máli.

Flugsamgöngur við Vestfirði, fsp. (þsk. 110). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég ber hér fram á þskj. 110 svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Eru einhver áform á döfinni um það, hvernig stuðlað verði að tryggari flugsamgöngum við Vestfirði?

2. Hafa verið athugaðir möguleikar á lengingu og endurbótum flugbrauta við Holt í Önundarfirði og í Bolungarvík með tilliti til hinna sérstöku aðflugserfiðleika við Ísafjarðarflugvöll?“

Það er óhætt að segja að þróun flugmála á Íslandi hafi verið hröð frá því að hún á annað

borð hófst fyrir u. þ. b. 30—40 árum. Um hundrað flugvellir eða nánar sagt 96 eru nú á landinu, að vísu harla misjafnir og sumir raunar varla meira en nafnið eitt. Tækja- og öryggisbúnaði er í flestum tilfellum alls ekki fyrir að fara og í næstum öllum mjög svo ábótavant. Af þeim 37 flugvöllum, sem notaðir eru annaðhvort til póstflugs eða áætlunarflugs, hafa aðeins 8 það fullkomna lýsingu að lending í myrkri sé möguleg. Þessir 8 vellir eru í Reykjavík, Keflavík, á Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Á öllum Vestfjörðum er enginn flugvöllur með næturlýsingu, þ. e. a. s. föstum brautarljósum. Vafalaust er þó þessi landshluti hvað verst settur hvað snertir samgöngur á vetrum, þegar samgöngur teppast langtímum saman af snjó og skipaferðir í algjöru lágmarki, á hálfs mánaðar eða þriggja vikna fresti. Þetta eru óþægilegar staðreyndir sem hafa í för með sér einangrun og öryggisleysi, bæði að því er snertir flutninga á fólki og vörum að og frá fjórðungnum og hvers konar þjónustu og þá ekki hvað síst sjúkra- og neyðarþjónustu.

Með þessu er þó ekki verið að gefa í skyn að Vestfirðir hafi beinlínis af ásetningi eða sérstakri vanrækslu verið settir hjá í þessu tilliti, miðað við aðra landshluta. Hér mun fremur um að kenna sérstaklega erfiðum aðstæðum frá náttúrunnar hendi. T. d. gera mjög háar fjallshlíðar kringum þröngan fjarðarbotn aðstæður allar til aðflugs á Ísafjarðarflugvelli sérstaklega erfiðar, enda mun ekki ofmælt að sumum farþegum til Ísafjarðar er um og ó síðustu mínúturnar fyrir lendingu þar. Það eru einmitt þessi háu fjöll og þrengsli sem gera að verkum, segja talsmenn flugmálastjórnar, að útilokað má heita að koma við næturflugi til Ísafjarðar, nema þá hugsanlega með því að lýsa upp fjallshlíðar og brúnir, sem mundi hafa óhæfilegan kostnað í för með sér. Við Patreksfjarðarflugvöll er svigrúm nokkru meira og telur flugmálastjórn þann flugvöll rétt á mörkunum að hægt sé að koma þar við lýsingu til næturflugs. Má ætla að hún hljóti að koma þar fyrr eða síðar. Það mundi að sjálfsögðu stórauka öryggi flugsamgangna til syðri hluta Vestfjarðakjálkans, en koma hins vegar nyrðri hlutanum að takmörkuðu gagni, bæði vegna mikilla fjarlægða og erfiðra fjallvega sem eru tepptir af snjó mánuðum saman á ári hverju.

En það er fleira en vöntun á brautarlýsingu sem veldur erfiðleikum við flug til Ísafjarðar og þá fyrst og fremst að vetrinum. Þar kemur einnig til vindátt og það á við allan ársins hring. Standi vindur t. d. af austri eða suðaustri þarf ekki nema andvara til að hamlað sé flugi dögum saman, jafnvel í mesta meinleysisveðri að öðru leyti. Af þessum orsökum er sérstaklega um það spurt í 2. lið fsp. minnar hvort athugaðir hafi verið möguleikar á lengingu og endurbótum á flugbrautum við Holt í Önundarfirði og í Bolungarvík, sem mundi þannig geta nýst Ísafjarðarflugi sem varabrautir þegar austanáttin eða suðaustanáttin hamlar lendingu á Ísafirði. Segja má að vísu að lending í Holti komi að takmörkuðu gagni fyrir Ísafjörð og nyrðri hluta Vestfjarða á meðan ekki er vetrarfær vegurinn yfir Breiðadalsheiði sem er að sjálfsögðu eitt af megininsamgöngumálum vestfirðinga sem verður að sinna nú af alvöru. En það gegnir nokkuð öðru máli með Bolungarvík, sem er í svo til stöðugu vegasambandi við Ísafjörð þótt Óshlíðin á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sé raunar ekki allt af árennileg til umferðar.

Á Þingeyri við Dýrafjörð er allgóð flugbraut þar sem áætlunarvélar Flugfélags Íslands geta lent, enda heldur félagið uppi áætlunarferðum þangað tvisvar í viku. Hefur Ísafjarðarvélin iðulega nú upp á síðkastið notað þann flugvöll þegar ólendandi er á Ísafirði. En þar er Breiðadalsheiðin aftur hinn þungi þrándur í götu á vetrum og vegalengdin til Ísafjarðar einnig allmiklu lengri og erfiðari en úr Holti.

Eins og hv. þm. er kunnugt setti flugráð s. l. haust nýjar og auknar takmarkanir á innanlandsflug Flugfélags Íslands á þá flugvelli þar sem lýsing er ófullkomin eða ekki fyrir hendi. Þessar nýju takmrakanir stytta enn flugtímann að vetrinum til, sem þó var stuttur fyrir, og vissulega munar um hvert kortérið þegar skammdegið stendur sem hæst, en samgönguþörfin á sama tíma hvað mest, í desembermánuði, bæði með tilliti til fólks og vöruflutninga. Að sjálfsögðu er veðurfarið hér hverju sinni stórafgerandi þáttur, og það fáum hvorki við alþm. né aðrir við ráðið né heldur breytt um hinar erfiðu náttúruaðstæður. Þeim mun nauðsynlegra er að leita annarra tiltækra leiða til aukins öryggis og úrbóta í þessum málum.

Það er nú svo, að bæði vestfirðingar og aðrir dreifbýlismenn þurfa ýmislegt og æðimargt til Reykjavíkur að sækja og hingað á höfuðborgarsvæðið, og það er dýrt spaug að þurfa að halda sér uppi hér dögum eða jafnvel vikum saman eftir að ferð hingað og erindi er lokið

Ég benti á í upphafi máls míns að Vestfirðir væru eini landshlutinn sem ekki hefði neinn upplýstan flugvöll. Ég vænti þess að ábendingar þær, sem í fsp. minni felast um hugsanlegar úrbætur eftir öðrum leiðum, fái jákvæðar undirtektir hjá hæstv. samgrh. sem fsp. er beint til.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 110 er fsp. frá hv. 9. landsk. þm. um flugsamgöngur við Vestfirði. Þar er spurt: „Eru einhver áform á döfinni um það, hvernig stuðlað verði að tryggari flugsamgöngum við Vestfirði?“ Í öðru lagi: „Hafa verið athugaðir möguleikar á lengingu og endurbótum flugbrauta við Holt í Önundarfirði og Bolungarvík með tilliti til hinna sérstöku aðflugserfiðleika við Ísafjarðarflugvöll?“

Við þessari fsp. vil ég gefa svo hljóðandi svar:

Með hliðsjón af almennt slæmu ástandi íslenskra flugvalla og því, að enginn heildarstefnumörkun hefur verið til um úrbætur og skipulega uppbyggingu flugvallakerfis landsins, var skipuð *í jan. 1975 5 manna nefnd er hefði* það verkefni að gera úttekt á íslenskum flugvalla- og flugöryggismálum í heild. Jafnframt skyldi n. gera till. um, hverjar úrbætur séu nauðsynlegar, og áætlun um það, á hve löngum tíma sé raunhæft að stefna að því að ljúka þeim úrbótum og í hvaða röð. Í upphafi nefndarstarfsins heimilaði rn. að n. beindi athygli sinni fyrst og fremst að þeim þáttum flugvalla- og flugöryggismála er lúta að

starfrækslu mannvirkja, tækja og þjónustu fyrir reglubundið áætlunarflug og þeim nauðsynlegustu úrbótum sem stefna beri að á þeim vettvangi, án þess þó að um tæmandi úttekt yrði að ræða. Samkvæmt þessu fjallaði n. um 36 flugvelli ýmist fyrir Fokker-flugvélar eða minni gerðir, auk þess sem athugaðir voru 66 aðrir flugvellir, þ. á m. eru sjúkraflugvellirnir, en Keflavíkurflugvöllur *féll utan nefndarstarfsins af stjórnunarlegum* ástæðum.

N. lauk störfum um mánaðamótin nóv. og des. s. l. og skilaði þá skýrslu til rn. um niðurstöður sínar og till. Með skýrslunni fylgdu auk þess möppur er geyma ljósmyndir og kort og nánari upplýsingar varðandi þá 36 flugvelli er n. fjallaði einkum um. Skýrslu n. var dreift hér á hv. Alþ. fyrstu daga desembermánaðar, jafnframt því sem eintak myndamöppu var afhent skrifstofu þingsins *til afnota fyrir þm. og alla er þar vinna.* Mun ég síðar afhenda hv. fjvn. eina slíka möppu, en hún var ekki til þegar þessi skýrsla var send.

Þann tíma, sem liðinn er frá því að skýrslan barst rn., hefur hún verið þar til athugunar. Að athugun lokinni hef ég í hyggju, ef óskað er, að kynna Alþingi skýrsluna formlega og jafnframt, ef væri talin ástæða til, að leita eftir afstöðu þingsins til hennar.

Hvað varðar spurningu hv. 9. landsk. þm. um einstaka flugvelli, þá tel ég ekki ástæðu til að fjalla um þá sérstaklega, enda hefur ekki verið unnið að því frekar en gert er í þessari skýrslu n. Hins vegar ef gera ætti þar sérstakar ráðstafanir yrði það að gerast í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og sérstök fjárveiting í slíku skyni til vallarins eða á annan hátt, sem samgrh. hefur að sjálfsögðu ekki yfir að ráða því að fjárlög fyrir árið 1977 eru löngu afgreidd og hafa markað þessu sem öðru sinn bás.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Í því fólst að vísu ekki svar við fsp. minni sérstaklega og það hlýt ég að harma. Hann greindi frá skýrslu flugvallanefndar sem skilaði frá sér áliti í nóv. 1976. Þá skýrslu hef ég undir höndum, og hún er í sjálfu sér mjög fróðlegt plagg, ég vil ekki gera lítið úr mikilvægi þess. Hún fjallar um flugsamgöngur, ástand flugvalla og áætlanir um endurbætur þeirra um allt landið.

Það, sem fyrir mér vakti með fsp. minni, var að vekja athygli á sérstöðu Vestfjarða í þessu tilliti. Ég hef sjálf aflað mér nokkurra upplýsinga hjá talsmönnum flugmálastjórnar. Þeir hafa tekið ábendingum í þessari fsp., sem hér liggur fyrir, nokkuð jákvætt. Að vísu er þetta auðvitað fjárhagsspursmál, veit ég vel. En með tilliti til þess að í öllum þessum fjórðungi er enginn völlur sem getur tekið við næturflugi, þá tel ég að það sé sérstök ástæða til þess að huga að leiðum til úrbóta þar og þá með þessum hætti, sem ég tel hugsanlegt að komi til greina, að endurbæta velli í nágrenni Ísafjarðar sem gæti verið til vara. Brautin í Holti í Önundarfirði liggur nokkuð þvert á stefnu Ísafjarðarflugvallar, þannig að enda þótt ólendandi sé á Ísafirði vegna vindáttar þar, þá er lendandi í Holti. Sama á við um Þingeyri. Bolungarvík hins vegar er dálítið erfiðar að þessu leyti. Þó er þar nokkru rýmra um heldur en á Ísafirði, og ég tel eftir samtal mitt við menn hjá flugmálastjórn að það væri möguleiki, ef í það væri veitt fé, að byggja jafnvel þverbraut á Bolungarvíkurbrautina eða endurbæta hana þannig að hægt væri að lenda þar, ef ekki með stærstu áætlunarvélum Flugfélagsins, þá með annarri gerð flugvéla sem einnig gæti komið til greina og leyst þennan vanda Ísafjarðarflugvallar og þess fjölda fólks sem árlega, sumar og vetur, verður að hlíta því að komast ekki leiðar sinnar vegna ófullkominnar flugbrautar á þessum aðalflugvelli fjórðungsins.

Ég vænti þess, að sérstaða Vestfjarða að þessu leyti verði tekin til sérstakrar athugunar enda þótt ég viti að mörg önnur aðkallandi verkefni bíða í flugmálum um allt landið.

Karvel Pálmason: *Herra forseti. Ég minnist* þess ekki að hafa heyrt svör frá hæstv. ráðh., má segja, jafnsnilldarlega úr garði gerð og nú hjá hæstv. samgrh., þ. e. a. s. að tala með þeim hætti í svarinu að það var hvergi raunverulega neitað, hvergi játað, en allt hans mál í sambandi við svar við fyrirspurninni var á þann veg, að það hafði ekkert verið gert. Það er auðvitað grundvöllurinn í þessu, það er staðreynd um svar hæstv. ráðh., þó að hann svaraði engu af *spurningum hv. þm. raunverulega, þá er það eigi* að síður ljóst að í þessu máli hefur ekkert verið gert, og það sem verra er, mér sýnist af tali hæstv. ráðh. að það eigi ekkert að gera.

Það er ljóst, eins og kom fram hjá hv. 9. landsk., að Vestfirðir eru á allan hátt hvað verst settir varðandi samgöngur stóran hluta úr árinu. Það er ekki bara varðandi flugsamgöngur, það er líka varðandi samgöngur á landi og svo er einnig varðandi samgöngur á sjó, þannig að allt þetta brennt hjálpast að í því að gera Vestfirði samgöngulausa stóran hluta úr árinu. Það er því full ástæða til að undirstrika það sérstaklega, ekki síst í sambandi við flugið, að það séu gerðar raunverulegar athuganir á því og því sé hraðað, með hvaða hætti er hægt að leysa þetta stórkostlega vandamál að því er varðar flugsamgöngur við Vestfirði. Ég tel, að sjálfsögðu sem leikmaður, að það komi fyllilega til greina að gera þær lagfæringar á flugbrautinni í Holti í Önundarfirði að þar sé hægt að lenda í miklu fleiri tilvikum en nú er í sambandi við Ísafjörð. Það er öllum kunnugt, sem þekkja til staðhátta, að misvindi er mikið varðandi aðflug á Ísafjörð, en með lagfæringum á flugbraut í Holti í Önundarfirði er að minni hyggju enginn vafi á því að hægt er að auka stórkostlega flugsamgöngur við Vestfirði að vetrinum. Á þessu þarf auðvitað að gera sérstakar athuganir og á fleiri stöðum í sambandi við að koma betra skipulagi á flugsamgöngur við Vestfirði.

Ég vil taka undir það með hv. 9. landsk. þm., að það er full ástæða til þess að undirstrika það alveg sérstaklega, að þetta verkefni verði tekið út úr og athugað sérstaklega og gaumgæfilega, þannig að það verði unnið skipulega að því að koma þessum málum í betra horf. Það er enginn vafi á því, ef menn vilja líta hlutlaust á þetta, að Vestfirðir eru langverst settir að því

er varðar flugsamgöngur og auk þess bæði samgöngur á sjó og á landi stóran hluta ársins.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það má vel vera að ég hafi talað svo lágt áðan að hv. þm. hafi ekki skilið það sem ég sagði. En það, sem ég sagði, var einfaldlega sá sannleikur, að það hefði ekkert verið gert sérstaklega í sambandi við þessa flugvelli, heldur hefðu þeir verið einn af þáttunum við athugun þeirrar n. sem hefði athugað málið í heild, og einnig það, sem er líka sannleikur, að ég hef enga peninga til að setja í þetta. Málið var afgreitt í fjvn. Alþ. og þar var hv. síðasti ræðumaður áheyrnarfulltrúi og ég vona talandi líka, ef að líkum lætur, og mér er ekki kunnugt um að þetta mál hafi verið baráttumál þessara tveggja hv. þm. í sambandi við það þegar fjárveitingum til flugvalla var skipt. Hins vegar sé ég það og vissi, að til Ísafjarðarflugvallar var veitt veruleg fjárhæð og hefur verið veitt nú síðustu árin meira en áður var. En ég held að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir því, að þó að þeirra mál sé jafnréttmætt, nauðsyn endurbóta þarna, eins og annarra flugvalla, þá verður málið að bera að með réttum hætti svo það sé ekki afturfótafæðing, eins og mér skilst að þessir hv. þm. vilji hafa á þessu máli nú.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að koma aðeins í ræðustól og þakka hv. 9. landsk. þm. fyrir að hafa hreyft þessu máli hér. Ég verð að segja það í sambandi við þessar umr., enda þótt fyrirspurnatími eigi ekki að vera umr. um slík mál, að ég vil sérstaklega taka undir með hv. 9. landsk. þm., að hér er um að ræða mál þar sem er verið að auka möguleika á samgöngum, tryggja samgöngur við Ísafjörð, vegna þess að þar mun ekki koma næturlýsing á flugvelli.

Ég vil aðeins segja það, að í Holti er 800 m löng flugbraut, þannig að til þess að leysa þetta mál þyrfti 500 m, skilst mér, í viðbót svo að áætlunarvélar Flugfélags Íslands gætu lent þar. En þetta mál er aðeins einn angi af samgöngumálum okkar í heild.

Ég veit af eigin raun að í fjölmörg skipti, þegar vegna vindstöðu er ekki hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli, væri hægt að lenda í Holti. Ég veit að það væri mikil bót að því, þó ekki væri um annað að ræða en nýta þessa aðstöðu þann tíma ársins sem vegur er opinn yfir Breiðadalsheiði. En með vetrarvegi yfir Breiðadalsheiði mundi flugvöllurinn nýtast betur allt árið. Og það vill nú svo til að einmitt á þessum fundi er önnur fyrirspurn sem lýtur að því. Ég tel að þarna sé um að ræða þátt í miklu stærra máli, þ. e. varðandi samgöngur innbyrðis, tengingu Ísafjarðar við Vestur-Ísafjarðarsýslu og svo byggðarveginn í Önundarfirði sjálfum, — þetta séu allt þættir — og á það vildi ég leggja áherslu — sem eru orðnir í dag mjög aðkallandi að ákvarðanir verði teknar um.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. samgrh. sagði síðast, að málið hefði verið afgreitt í fjvn. nú fyrir jólin, þá er það auðvitað rétt. En það var hækkað um nokkra tugi millj. í fjvn. og meðförum þingsins frá því sem hæstv. samgrh. lagði til í frv. að fjárlögum fyrir árið 1977. Það er þó staðreynd. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á það, ef honum er farið að förlast minni, að bæði við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1976 og 1977 gerði ég að sérstöku umræðuefni einmitt þá stöðu — slæmu stöðu — sem flugmálin væru í, ekki síst að því er varðaði öryggisútbúnað á flugvöllum. Ég gerði sérstaklega grein fyrir þessu í umr. bæði við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1976 og 1977, þannig að það á ekki við hjá hæstv. ráðh. að því er mig varðar, að ég hafi ekki verið baráttumaður fyrir því að láta meira fjármagn í flugmálin en hæstv. ráðh. hefur viljað láta af hendi rakna sem æðsti yfirmaður þessara mála. (Gripið fram í.) Jú, jú, við getum farið lengra aftur í tímann. Það var farið betur með þessi mál í tíð fyrrv. ríkisstj., þó að hæstv. núv. samgrh. hafi þá verið fjmrh. Þá voru aðilar sem höfðu góð áhrif á hann í þeim herbúðum. Hinir, sem hafa tekið við síðar, hafa greinilega haft miklum mun verri áhrif á hæstv. ráðh. en var í fyrri tíð, og það ber að harma. Og mitt í þeim hópi er hv. þm. sem var hér að grípa fram í áðan, hv. þm. Lárus Jónsson. Hann hefur haft slæm áhrif á hæstv. samgrh. í þessu efni.

Hæstv. ráðh. talaði um að hér ætti ekki að verða afturfótafæðing. Ég tek undir það. En það virðist vera í sumum öðrum framkvæmdum sem afturfótafæðing má eiga sér stað. En væri farið að tala um það væri auðvitað höggvið nærri hæstv. samgrh., því að sumar þær framkvæmdir, sem eru í gangi og hafa verið settar á fót einmitt í hans kjördæmi, hefur borið að með afturfótafæðingu. En það á kannske bara að vera þar.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að deila um þetta, hvorki um afturfótafæðingu eða venjulega fæðingu né nauðsyn þessara mála sem hér er um að ræða. Ég hef ekki talið að þau væru ónauðsynleg, það er fjarri því. Hitt er rétt, að þau voru ekki sett fram fyrir af þessum hv. þm. í sambandi við flugmálin m. a. á Vestfjörðum, heldur var það Ísafjörður. Sú hækkun, sem hv. 5. þm. Vestf. talaði um og gerð var í fjvn., var samþ. af ríkisstj. að till. samgrh., þ. e. kaup á öryggistækjum sem munu hækka fjárveitinguna um 80 millj. kr. á yfirstandandi ári og ég vona að þeir njóti, vestfjarðamenn, eins og aðrir. Hitt held ég líka, að til þessara mála sé nú meira veitt en áður hefur verið.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég vildi aðeins benda á að gefnu tilefni að þessi fyrirspurn var lögð fram í byrjun des. og þó svo færi, að hún sé fyrst að koma til umr. núna, þá er náttúrlega ekki vonlaust um að það komi til við næstu fjárlög að þetta verði haft í huga. En vissulega var hún borin fram á sínum tíma með það í huga að hugsanlega mætti taka tillit til hennar við gerð fjárlaga. Því miður varð það ekki. En koma dagar og koma ráð, og ég vona það og ég vænti þess fastlega, að það, sem við höfum bent á hér sem aðalatriði, er að Vestfirðir hafa þarna óumdeilanlega sérstöðu, sem verður að taka sérstakt tillit til.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil að það komi strax fram, að ég tala hér ekki fyrir hönd vestfirðinga, en aftur á móti er ég flugráðsmaður og mér þykir rétt að standa hér upp sem slíkur og draga athygli þingheims að þeirri staðreynd, sem mörgum gleymist kannske, að flugmálastjóri hefur varað við ástandi flugvalla úti á landi. Flugráð hefur rætt þessi mál á mörgum fundum og komist að þeirri niðurstöðu að þar er mjög mikilla úrbóta þörf, þ. e. a. s. á flugvöllum úti á landi.

Samgrh. hefur sett á laggirnar n. sem komst að þeirri niðurstöðu að öryggismálin — eingöngu aðeins brýnustu öryggismál — væru í því ásigkomulagi að það þyrfti að láta 5—6 milljarða á næstu 5 árum til að fullnægja lágmarksskilyrðum öryggismála úti á landsbyggðinni. Flugráð sjálft með sínum starfskrafti komst að þeirri niðurstöðu að í það þyrftu að fara 800—1000 millj. á ári næstu 5—6 árin, þannig að þessar tvær n., sem starfa á vegum og undir stjórn samgrh., komast að sömu niðurstöðu.

Vegna þeirra ummæla, sem hafa fallið á fundum flugráðs í þá átt og frá reyndum flugmönnum í innanlandsflugi, að öryggismál okkar séu í því ástandi að þeir eru aldrei öruggir um að vita með neinni vissu hvar þeir eru, nema þeir sjái ákveðin kennileiti, þ. e. a. s. ljós á sveitabæjum á þeim leiðum sem þeir fljúga, þá geta menn ímyndað sér hvernig er um öryggi farþeganna, sem eru þá flestir þeir sem kjósa aðra en þá sem eru þm. Reykjavíkur, svo við bindum ekki þetta tal við Reykjavík. En öryggismál Reykjavíkurvallar sem millilandaflugvallar eru ekkert betri ef í það er farið. Sem sagt, vegna þeirra ummæla, sem í flugráði hafa fallið frá reyndum flugmönnum, átti ég þátt í því að ganga milli ráðh. og rn. með flugmálastjóra, á fund fjmrh., á fund fjvn., og ræða um það í þingflokki Sjálfstfl. líka, og ég varð ekki var við að hv. 9. landsk. þm. tæki neitt sérstaklega undir málflutnnig minn þar. Árangurinn varð sá — (SigurlB: Það er ekki rétt.) — að sú upphæð, sem flugráð fór fram á, var skorin niður um helming eða niður í 600 millj. í rn. samgöngumála og um helming aftur í fjvn., niður í 300 millj., og í því stendur framkvæmdafé flugráðs nú sem stendur. Það er rétt að þetta komi hér fram.

Jón Árnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál. — Það er ekki rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þeir í flugráði hefðu 300 millj. aðeins til ráðstöfunar. Það eru 376 millj. Það voru 300 millj. þegar málið var lagt fyrir Alþ., en bætt var við 76 millj. og skyldi ráðstafa því fé eingöngu til kaupa á öryggistækjum.

Það er rétt, sem síðasti ræðumaður sagði, að það eru öryggismálin á flugvöllunum sem verður að leggja áherslu á, ekki bara á Vestfjörðum eða Ísafirði, heldur um land allt. Það vantar ábyggilega mikið á að sé búið að koma þessum málum í það horf sem nauðsynlegt er og viðunandi, og það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði líka og hafði eftir flugmönnunum — ég hef heyrt þetta — að þeir telji að það sé allt of mikið öryggisleysi í sambandi við flugið hér innanlands til þess að það sé viðunandi og sé mjög nauðsynlegt að gera verulegt átak í þessum efnum. Fjvn. hefur rætt þetta mál sérstaklega eftir að fjárlög voru afgreidd, m. a. vegna þess að nm. er ljóst þetta mikla vandamál sem nauðsynlegt er að leysa sem allra fyrst.

Ég vil aðeins benda á afgreiðslu fjárlaganna upp á 376 millj., að megnið af þeirri upptalningu, sem þar er um að ræða, er til tækjakaupa og öryggisútbúnaðar. Megnið af fjármagninu fer til þess. En það er því miður ekki hægt að verja 800 millj. á ári til flugmála, eins og hv. þm. taldi nauðsyn á.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur nú komið hér fram, sem ég átti síst von á, að flugvallamál Vestfjarða væru komin í þann vanda að aðeins ljósmóðir gæti leyst úr, en þau störf treysti ég mér ekki til að taka að mér. Aftur á móti tel ég rétt þegar þessi mál eru rædd, að þá sé ekki gengið að því sem gefnu að Fokkervélar þær, sem Flugfélag Íslands hefur til umráða, séu einu vélarnar sem henta til innanlandsflugs. Ég vil vekja athygli á því, að norðmenn sömdu um kaup á vélum í Kanada á s. l. vetri sem gert er ráð fyrir að þurfi 600 m langar brautir og taki um 50 farþega. Við þær þröngu aðstæður, sem eru á Vestfjörðum, held ég að ætti alveg sérstaklega að taka það til athugunar hvort með öðrum tegundum af vélum er ekki hægt að halda uppi örari flugsamgöngum en nú er við Ísafjarðarflugvöll. Hitt viðurkenni ég, að í Holti í Önundarfirði væri að sjálfsögðu mjög æskilegt að byggja varavöll. En það eitt dugir ekki nema samgöngur við þann völl séu jafnframt tryggðar frá Ísafjarðarflugvelli.

Umræður utan dagskrár.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að bera hér fram nokkrar fyrirspurnir utan dagskrár til hæstv. utanrrh. vegna frétta í fjölmiðlum í dag þess efnis, að einn af borgarfulltrúum Framsfl. hafi verið settur í stöðu nýs framkvæmdastjóra hjá Sölunefnd varnarliðseigna. Meðferð hæstv. utanrrh. á þessu máli er fyrir margra hluta sakir nokkuð óvenjuleg, að ekki sé meira sagt, og þarfnast því skýringa.

Þegar starf framkvæmdastjóra Sölunefndar varnarliðseigna var auglýst laust til umsóknar kom í ljós, að hér var um sérstaklega eftirsótt starf að ræða. Eftir að umsóknarfrestur um stöðuna rann út 30. des. s. l. reyndust umsækjendur vera 34. Upplýst hefur verið að sá, sem stöðuna hlaut, Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi, hafi ekki verið þar á meðal. Þetta er upplýst af Páli Ásgeiri Tryggvasyni í viðtali við Morgunblaðið í morgun. Nú er hins vegar komið fram, eins og ég sagði, að staðan hefur verið veitt þessum sama manni sem virðist hafa sótt um hana beint til flokksbróður síns, hæstv. utanrrh., eftir að tilskilinn frestur rann út.

Því skal hér ekki haldið fram að hæstv. utanrrh. hafi með þessu brotið lög. Hann hefur sennilega lagalegan rétt til þess að fara svo að. En engu að síður eru þessi vinnubrögð mjög óvenjuleg og óviðkunnanleg og þarfnast skýringa. Eina skýringin, sem hægt er að gefa í tilfelli sem

þessu til varnar slíkum vinnubrögðum, er að enginn annar hæfur umsækjandi hafi sótt um starfið. Það væru rök sem lítandi væri á.

En hér erum við einmitt komin að öðru aðalatriði þessa máls. Hæstv. utanrrh. hefur frá öndverðu neitað að gefa upp hverjir þessir 34 umsækjendur hafi verið, og hann neitar enn samkv. nýjustu fréttum fjölmiðla í dag að veita þessar sjálfsögðu upplýsingar. Þetta er augljóslega algjört brot á þeim venjum, sem ríkt hafa um veitingu opinberra starfa. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Hver er skýringin á þessum furðulegu vinnubrögðum? Hverju er hann að leyna?

Í 5. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er kveðið á um það, að lausar stöður skuli auglýstar, og hvernig það skuli gert, og þar segir að ákvæðið eigi ekki við um störf í þágu utanríkisþjónustunnar. Þar er að sjálfsögðu átt við hvers konar sendimenn utanrrn.: sendiherra, sendifulltrúa og aðra diplómata sendiráða eða rn., en að sjálfsögðu alls ekki starfsemi innlendrar stofnunar þótt hún heyri að vísu undir utanrrn. að forminu til.

Raunar tel ég að það breyti litlu í sjálfu sér hvort þessi lagagrein á við eða ekki. Vinnubrögðin og þá alveg sérstaklega sú furðulega leynd hvað umsækjendur snertir er forkastanleg og þarfnast frekari skýringa, ekki síst þar sem umrædd stofnun, Sölunefnd varnarliðseigna, er harla óvenjulegt fyrirbrigði í íslenskri stjórnsýslu. Mér er ekki kunnugt um að nokkur lög gildi um starfsemi þessarar stofnunar. Í viðbæti við varnarsamninginn frá 1951 um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og um eignir þeirra er beinlínis tekið fram í 8. gr., að vörur, sem Bandaríkjaher eða starfsmenn hans hafa flutt til landsins tollfrjálst, skuli, eins og segir í samningnum sem hefur lagagildi, með leyfi forseta: „eigi látnar af hendi á Íslandi, hvorki með sölu, að gjöf né í skiptum. Þó má, ef sérstaklega stendur á, veita heimild til slíkrar afhendingar með þeim skilyrðum er tollyfirvöld setja". Önnur lagaákvæði munu ekki gilda um þessa starfsemi. Gömlu lögin um setuliðseignir eiga hér augljóslega ekki við. Ég vildi því biðja hæstv. utanrrh. að upplýsa í leiðinni eftir hvaða lögum þessi starfsemi fer fram. Velta af sölu nefndarinnar mun hafa numið um 210 millj. kr. á s.l. ári. N. sjálf, Sölunefndin, er ekki til. Hún var lögð niður af hæstv. utanrrh. fyrir nokkru. Síðan eru allar ákvarðanir um sölu varnarliðseigna teknar af einum manni, framkvæmdastjóra Sölunefndar. Samkvæmt upplýsingum, sem ég aflaði mér í morgun, eru eignir þessar yfirleitt ekki seldar á opinberu uppboði til hæstbjóðanda. Ákvarðanir um sölu eru teknar af margnefndum framkvæmdastjóra eftir að aflað hefur verið tilboða í hverja sölueign, og í því sambandi er sérstaklega eftirtektarvert, að framkvæmdastjóranum mun ekki vera skylt að taka hæsta tilboði. Það er hans að vega og meta tilboðin með hliðsjón af aðstæðum og persónulegum högum umsækjenda og semja síðan við væntanlegan kaupanda. Einmitt á þennan hátt voru rúmlega 200 bifreiðar seldar á s.l. ári. Framkvæmdastjóri þessarar stofnunar hefur því bersýnilega mikið fjármálavald sem hann getur beitt að eigin mati án afskipta eða eftirlits af hálfu nokkurs annars aðila, hvorki opinbers aðila né einkaaðila.

Í þetta starf er valinn pólitískur starfsmaður úr flokki hæstv. utanrrh., borgarfulltrúi Framsfl., sem reyndar mun ekki sérhæfður í fjármálum flokksins, heldur í ýmiss konar pólitískum erindrekstri og blaðamennsku. Að öðru leyti ræði ég ekki um persónulega hæfileika þessa manns. En eins og ég hef þegar gert grein fyrir er hér bersýnilega um að ræða starf sem starfsmenn stjórnmálaflokka ættu að halda sig sem lengst frá.

Ég vil því að lokum leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvort fyrir liggi við ráðningu Alfreðs Þorsteinssonar í þetta nýja starf hjá Sölunefnd varnarliðseigna að hann verði áfram í störfum fyrir Framsfl.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það mál, sem hér hefur verið spurt um, er tímabært vegna skipunar á framkvæmdastjóra fyrir Sölu varnarliðseigna.

Í sambandi við málið í heild þarf ekki að segja nokkrum að þetta fyrirtæki hefur sennilega verið meira tortryggt en nokkuð annað hér á landi um áratugi, og það væri vissulega ástæða til þess að hreinsa þar til frekar en að gera vötn öll gruggugri. Ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort það hafi ekki hvarflað að honum, þegar hann gerði breytingu varðandi stjórn fyrirtækisins, sem vafalaust gat í sjálfu sér verið til góðs, að leggja frv. fyrir Alþ. um skipan þessara mála, þannig að það lægi á hreinu hvers konar fyrirtæki þetta er, hvernig því er stjórnað og hvernig það starfar.

Þá vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort hann geti upplýst hversu mikil byggingaráform þetta fyrirtæki hafi, því hver maður sér að það er að rísa gríðarlega stórt hús sem sagt er að þetta fyrirtæki eigi. Mönnum virðist að það sé vart mögulegt að húsið allt geti verið fyrir þessa stofnun, ef það rís hátt á þeim grunni sem þegar er fyrir hendi.

Í sambandi við gagnrýni á stjórnkerfi íslendinga, sem hefur verið mjög mikil í seinni tíð, hefur skipun í embætti verið eitt af því sem oftast er tilgreint. Levnir sér ekki að sú skoðun er mjög útbreidd hjá þjóðinni, að stjórnmálaflokkarnir misnoti valdaaðstöðu sína til að koma gæðingum sínum í feit embætti. Ef stjórnkerfið sjálft vill reyna að verjast þessum bráláta áburði er nauðsynlegt að gæta sín við hvert tilvik. Í sambandi við skipun á framkvæmdastjóra Sölu varnarliðseigna er öll meðferð málsins sérstaklega til þess gerð að auka á tortryggni í sambandi við viðhorf hæstv. ráðh. og þá flokks hans og e. t. v. flokkskerfisins alls.

Það stendur að vísu í lögum að það gildi ekki venjulegar reglur um birtingu umsókna og annað í sambandi við störf í þágu utanríkisþjónustunnar. En að heimfæra þetta brask með það dót, sem gengur af hjá varnarliðinu, undir störf í þágu íslenskrar utanríkisþjónustu er hlægilegur útúrsnúningur og svo augljós að mér kemur á óvart að hæstv. ráðh. skuli beita honum ef hann ber ábyrgð á því, en það mun vera eftir starfsmanni hans haft, að þetta sé ástæðan fyrir því að nöfn umsækjenda hafa ekki verið birt.

Ég ætla ekki á þessari stund eða þessum stað að segja neitt um Alfreð Þorsteinsson eða hæfni hans í starfið. Um það get ég ekki dæmt meðan ég veit ekki hverjir hinir umsækjendurnir voru, og það liggja engar upplýsingar fyrir um sérstakar kröfur sem séu gerðar til þessa starfsmanns, og af þeirri ástæðu er ekki heldur hægt að dæma um hvort hann er til starfsins hæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. ráðh., hvort hann haldi fast við þá stefnu að birta ekki nöfn umsækjenda eins og venja er, og ráðleggja honum eindregið að hverfa frá henni því að tími leyndarinnar í íslenskum stjórnmálum er að verða liðinn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er greinilega um eitt af þeim málum að ræða sem flokkast undir það að þola ekki neina bið samkvæmt skilgreiningu hv. 2. landsk. þm. og verður að ræðast utan dagskrár í dag. Það er hans mat. Ég lít nú ekki þannig á að hér sé um slíkt stórmál að ræða að það sé ástæða til þess að taka það fram fyrir eðlilega fluttar fsp. sem margar eru hér á dagskrá og enn ósvarað og fundið er að að ekki er svarað í tæka tíð — fsp. sem með lögmætum hætti eru framsettar.

Þessu lá svo mikið á að hvorugur hv. frummælenda hafði tíma til að tala við mig um þessar spurningar. Ég fékk boð frá Sþ. að hv. 5. þm. Norðurl. v. mundi ætla að ræða um Sölu varnarliðseigna. Meira vissi ég ekki þegar ég kom á þennan fund. Meira vissi ég ekki um hvað þeir tveir hv. ræðumenn, sem nú hafa lokið sínum ræðum, höfðu fram að færa. En ég vil gjarnan ræða þetta nokkuð engu að síður, þó að tími til að kanna svör við sumum þessum spurningum hafi ekki gefist, og ég verð að játa það, að ég man þetta ekki allt til hlítar án þess að glöggva mig á því.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði að sá umsækjenda, sem starfið hlaut, hafi sótt eftir að tilskilinn frestur var útrunninn. Það gerði hann ekki. Hann lagði umsókn til mín áður en fresturinn var liðinn, en það um að nafn hans yrði ekki birt ef hann hlyti ekki starfið. Þannig var um fleiri sem höfðu lagt inn umsóknir beint til varnamálanefndar. Þeir komu að máli við mig og báðu um að nöfn þeirra yrðu ekki birt ef þeir hlytu ekki starfið. Þeir tilgreindu til þess margar ástæður sem ég get ekki farið að greina hér allar, en voru sumar að mínu mati nokkuð mikilvægar fyrir þá á þeim vinnustöðum þar sem þeir vinna. Þetta varð til þess að ég, með hliðsjón af margnefndri 5. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lofaði þessum mönnum því, að ég skyldi ekki birta nöfn þeirra ef þeir fengju ekki stöðuna. Það má vel vera að þessi túlkun á niðurlagi 5. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna fái ekki staðist. Ég skal ekki um það segja. En ég er út af fyrir sig bakklátur báðum þeim alþm., sem hér hafa gert þessi mál að umtalsefni, fyrir að hafa þó ekki borið á mig lögbrot, því að ég tel mig ekki hafa brotið lög.

Morgunblaðið var svo elskulegt að birta þá grein, sem hér um fjallar, í morgun, þannig að ég þurfti ekki að hafa með mér fagasafnið, en ég ætla að lesa þessa grein alla, ef ég má, með leyfi forseta:

„Lausa stöðu skal auglýsa í Lögbirtingablaði, venjulega með fjögurra vikna fyrirvara.“ Það var gert. „Heimilt er að taka til greina umsóknir sem berast eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn, eftir að frestur var liðinn.“ Þetta var ekki gert, en er heimilt. Hefði verið heimilt fyrir mig að ráða hvaða mann sem er, hvern hv. alþm. eða hvaða borgarfulltrúa eða hvern sem væri í þessa stöðu þó að hann hefði ekki sótt fyrir tilskilinn tíma, og það gildir um alla þjóðfélagsþegnana. „Nú hefur staða verið auglýst, en eigi þykir rétt að skipa nokkurn umsækjanda í hana, og má þá setja þann umsækjanda er næst þykir standa til þess að fá skipun.“ Þetta hef ég gert, ekki beinlínis vegna þess að ég vantreysti þeim umsækjendum sem sótt hafa, heldur vegna þess að ég tel að það sé rétt að það fáist reynsla á þann mann, sem settur er til að gegna þessu starfi, vegna þess hvers eðlis það er og hér hefur verið lýst að nokkru leyti réttilega. Þess vegna er hér ekki um skipun að ræða, heldur setningu sem getur svo leitt til skipunar ef þeim, sem með þessi mál fara þegar árið er liðið, sýnist svo. Og viðkomandi aðili á rétt á að fá skipun ef yfirvöldum þykir það henta, eins og segir í næstu mgr.: „Veita má slíkum manni stöðu án auglýsingar að nýju, eftir að hann hefur gegnt henni óaðfinnanlega eitt ár eða lengur, enda á hann þá rétt á að fá úr því skorið hvort hann eigi að fá veitingu.“ Og svo kemur að síðustu þetta ákvæði: „ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar.“

Ég sé nú við lestur þessarar gr. að Morgunblaðið hefur ekki birt hana alla, því að í gr. er enn fremur, ef ég man rétt — og ég held að ég muni það rétt, ákvæði um það, að ef umsækjendur eða félög þeirra æskja þess að fá upp gefið hverjir hafi sótt um stöðu, þá sé skylt að veita þær upplýsingar. Og ég vil láta þá vitneskju hér í té, að engin slík krafa hefur komið fram. (**Gripið fram í:** Hún kom fram hér.) Er umsækjandi hér á meðal. (Gripið fram í.) Ég kannast ekki við það, sú umsókn hefur þá borist of seint. Það er búið að setja í stöðuna, þannig að það þýðir ekki lengur fyrir einn eða neinn að sækja um stöðuna. Ég hef ekki lengur heimild til að ráða annan mann þó ég vildi, jafnvel ekki úr þessum fríða hópi.

Ég sem sagt endurtek það, að það er fyllilega til endurskoðunar sú skilgreining mín á 5. gr. umræddra laga að hér sé um stöðu að ræða í þágu utanríkisþjónustunnar. En ég vil þó benda á að þetta fyrirtæki starfar með sérstæðum hætti, eins og hér hefur verið lýst. Um það gilda ekki nein lög frá Alþ. Og hv. 2. landsk. þm. beindi því til mín, hvort ég sæi ekki ástæðu til þess að láta leggja fyrir Alþ. frv. um meðferð þessara mála. Það má vel vera að það komi til athugunar. En ég bendi honum og öðrum hv. þm. á það, að Alþfl., sá flokkur sem hann er nú formaður fyrir, fór með þessi mál í 14 ár og sá ekki ástæðu til að setja lög um þessa starfsemi. Það má vera að þörfin hafi aukist síðan, ég veit

það ekki. En ég var svolítið kunnugur þessum störfum á sínum tíma, því að ég vann við þetta fyrirtæki þegar ég var nýútskrifaður lögfræðingur, og þá var nákvæmlega sama fyrirkomulag á þessum málum og er enn í dag, þannig að þetta styðst við 25 ára gamla hefð.

Þessi stofnun heyrir beint undir rn. og er þess vegna nokkuð annars eðlis en ýmsar aðrar og framkvæmdastjórastaða hennar er nokkuð annars eðlis en ýmsar aðrar stöður vegna dvalar varnarliðsins hér, sem er skipað með sérstökum lögum, svo sem tollgæsla, löggæsla o. s. frv., o. s. frv.

Ég get ekki fallist á að það sé manni til óhelgi að hafa verið borgarfulltrúi í Reykjavík. Ég held að borgarfulltrúastarf í Reykjavík veiti margs konar innsýn í ýmisleg mál og að þess vegna eigi maður, sem því hefur gegnt og verið kjörinn til þess af fólkinu í borginni, a. m. k. ekki að gjalda þess.

Um það, hvað umræddur settur framkvæmdastjóri hyggst fyrir í stjórnmálum, get ég á þessu stigi ekki sagt neitt, en að sjálfsögðu hættir hann í því starfi sem hann hefur gegnt við dagblaðið Tímann, það liggur ljóst fyrir.

Hv. 2. landsk. þm. sagði að það væri algengt að stjórnmálaflokkar kæmu gæðingum í feit embætti. Þessu get ég mjög vel trúað, og ég er nærri viss um að hann mælir hér af nokkurri þekkingu.

Ég sem sagt mun kanna það á nýjan leik, hvort ástæða sé til að birta nöfn umsækjenda, þegar krafa hefur komið fram um það frá þeim aðilum sem rétt eiga á því, en hvað sagt er af öðrum, það skiptir ekki í þessu sambandi máli fyrir mitt leyti. En ég vil taka það fram, að ég tel mig algjörlega óhræddan að birta þann lista sem yfir umsækjendur liggur. Nokkrir hafa þegar dregið umsókn sína til baka, höfðu dregið umsóknir sínar til baka áður en sett var í stöðuna. Eins og fram kemur í Morgunblaðinu í dag hefur sá, sem gegnt hefur skrifstofustjórastarfi í stofnuninni dregið fyrir nokkru umsókn sína til baka, og það hafa nokkrir fleiri umsækjenda raunar líka gert. Um þetta fer ég ekki fleiri orðum nú, en sem sagt, ég endurtek að það má vel láta reyna á það, hvort skilningur minn á niðurlagi 5. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna fær staðist, þegar lögmælt tilefni gefst til að kanna það.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég leyfði mér að grípa fram í fyrir hæstv. utanrrh. áðan, meðan hann talaði, þegar hann sagði að ekki hefðu komið fram óskir um að nöfn umsækjenda um starf þetta væru birt. Það mun hafa verið tilskilið í máli hæstv. ráðh., þetta atriði: af hálfu þeirra sem um sóttu. En hér höfðu sannarlega í Sþ. tveir hv. alþm. óskað þess arna. Í vissum skilningi hygg ég að hv. alþm. hlióti að teljast fara með umboð af hálfu ónefndra 33 umsækjenda um þetta starf engu síður en hæstv. utanrrh., og þar til annað kemur í ljós mun ég trúa því að einnig ég geri það.

Hér hefur ekki verið farið fram á annað en það, að hæstv. utanrrh. segi okkur frá því lögum samkvæmt, hverjir þeir 33 íslendingar eru sem hann tekur Alfreð Þorsteinsson fram yfir til þessa starfs. Ég vil ekki fremur en aðrir þeir, sem hér hafa tekið til máls, bera brigður á hæfileika Alfreðs Þorsteinssonar til að gegna þessu starfi. Að vísu skortir nokkuð á að eðli þessa starfs hafi verið skilgreint hér. Af hálfu hæstv. ráðh. hafa alls ekki verið tilgreindir þeir hæfileikar Alfreðs Þorsteinssonar sem hann telur að falli að starfi þessu. Ég vil að vísu ekki boða þáltill. af því tagi, en ég mun íhuga hvort ekki muni rétt að bera fram hér í Sþ. till. til ályktunar á þá lund, að skorað verði á hæstv. utanrrh. að láta Alþ. í té upplýsingar um nöfn þessara 33 annarra umsækjenda um starfið og greina þá jafnframt frá því með hvaða hætti hæfileikar þessara manna hafa verið metnir til starfsins, þannig að það megi koma í ljós hvað það er í þekkingu eða almennu fari Alfreðs Þorsteinssonar sem gerir það að verkum að hann sé hæfari en hinir.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu þakka hæstv. utanrrh. fyrir að hafa svarað spurningum mínum, þó ég verði að segja það hreinskilnislega, að mér virðist að gjörðir ráðh. séu jafnforkastanlegar eftir að svör hans liggja fyrir.

Ég hélt því aldrei fram í máli mínu áðan að ráðh. væri sekur um lögbrot, en ég sagði að vinnubrögð hans væru algjörlega óviðeigandi. Það var haft eftir deildarstjóra varnarmáladeildar rn. í Morgunblaðinu í morgun, að nafn Alfreðs Þorsteinssonar hefði ekki verið á þeim lista 34 manna sem rn. höfðu borist umsóknir, frá um þetta starf. Ráðh. skýrir þetta með þeim hætti að hann hafi persónulega tekið við umsókninni og að því er manni skilst hafi embættismenn rn. ekki um það vitað. Ef hæstv ráðh. hefði farið rétt að, þá hefði hann að sjálfsögðu afhent þessa umsókn til skráningar, þannig að hann væri ekki einn til vitnis um að þessi umsókn hefði borist með réttum hætti.

Ráðh. kvartaði yfir því að hann hefði ekki fengið að vita um þessar umr. með eðlilegum hætti, gat þess þó að hann hefði fengið skilaboð um það í morgun að umr. færu fram um þetta efni. Ég vil láta það koma hér fram, að þessi skilaboð voru að sjálfsögðu frá mér runnin, enda þótt svo virðist af frásögn ráðh. að þau hafi ekki verið alveg jafnítarleg og ég gerði ráð fyrir og vonaðist til að þau yrðu. En af þeim átti hann ekki að þurfa að vera í neinum vafa um hvað þessar fsp. mundu hljóða.

Ég spurði um það áðan á hvaða lagagrundvelli starfsemi þessarar stofnunar væri byggð. Ég tel ekki til of mikils mælst að ráðh. utanríkismála hafi á takteinum á hvaða grundvelli starfsemi þessarar stofnunar er rekin sem hann er að skipa forstöðumann fyrir. Hann staðfestir í máli sínu að þessi stofnun starfar ekki á neinum lagagrundvelli. Hann vildi hins vegar ekki gera neina aths. við það sem ég sagði áðan, að beinlínis mætti lesa það úr lögum að starfsemi þessi væri ólögleg. Hann sagði að starfsemi þessarar nefndar hefði ekkert breyst um árabil. Ég upplýsti hins vegar áðan, vissi það reyndar ekki sjálfur fyrr en í morgun, að þessi svonefnda sölunefnd, sem sett var á laggirnar fyrir nokkrum áratugum, var lögð niður fyrir nokkru af þessum hæstv.

ráðh. Hún hefur ekki starfað að undanförnu og mun ekki vera ætlað að starfa á næstunni. Ég heyrði ekki að ráðh. gerði neina aths. við þá fullyrðingu.

Varðandi þessi mál að öðru leyti vil ég aðeins segja það, að það er almenn regla að fólki sé gefinn kostur á að vita, hverjir sækja um tiltekna stöðu, til þess að það geti áttað sig á því hvort stöðuveitingin er réttlætanleg og á rökum reist eða ekki. Þegar hins vegar ráðh. neitar að upplýsa hverjir aðrir hafi sótt um stöðuna og það meira að segja þegar um 34 menn er að ræða, þá er hann að fótumtroða lýðræðisleg réttindi almennings. Þetta er ekki spurning um það, hvort viðkomandi menn óska eftir því að nöfn þeirra séu birt. Þetta er sjálfsögð krafa almennings, að fá að vita hvort stöðuveitingin hafi verið rétt og sanngjörn. Um það getur fólk ekki dæmt öðruvísi en að vita hverjir sóttu.

Ég vil svo að lokum segja það eitt, að ég hef ekki haldið því fram í þessum umr. að ekki sé hægt að ráða borgarfulltrúa úr Reykjavík til þessa starfs. Það hef ég aldrei sagt. En ég hef sagt það og segi það enn, að þessi staða er þess eðlis að það er lítt við hæfi að náin tengsl séu annars vegar milli slíkrar stöðu og svo hins vegar stjórnmálastarfsemi, að ég tali ekki um beina starfsemi í þágu stjórnmálaflokka.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég frétti um það rétt fyrir hádegi að form. Alþb. hefði tilkynnt að hann ætlaði að hefja þessar umr. Ég er ekki frummælandi og þar af leiðandi tel ég ekki að það hafi verið mitt verk að tala við hæstv. ráðh., svo að enginn misskilningur þurfi um það að vera.

Hæstv. ráðh. bar fram þá eina afsökun á því að hann birtir ekki þessi nöfn, að sumir umsækjenda hafi beðið um að nöfn þeirra yrðu ekki birt og honum hafi fundist að það gæti verið óbægilegt fyrir þessa menn ef það væri gert opinbert að þeir hefðu sóst eftir starfinu. Þetta getum við á vissan hátt skilið. Það er mannlegt. En við skulum gera okkur grein fyrir að engu að síður felst í þessu mjög mikið óréttlæti, því hverjir eru það sem hafa aðstöðu til þess í bjóðfélaginu að biðja ráðh. um að hlífa sér við birtingum? Hverjir eru það sem hafa það ekki?

Það hefur tíðkast og það þekkjum við frá liðnum árum, að menn leggi umsóknir inn til ráðh., sem beir bekkia, og biðji hann að hafa þetta í vasanum og láta það ekki sjást, ef þeir fái ekki starfið. Það er sjálfsagt ekki hægt að koma að öllu leyti í veg fyrir þetta. En ég vil ítreka að brátt fyrir óbægindi sumra eru það sérréttindi manna, ef þeir geta fengið ráðh. til þess að birta ekki þá staðreynd að þeir hafi sótt um tiltekin störf.

Það stendur í umræddri lagagrein og er prentað í Morgunblaðinu að umsækiendur eða viðurkennd félög opinberra starfsmanna eigi rétt á að fá vitneskiu um hverjir umsækiendur um starf eru. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðh. eigi við þessa tvo aðila þegar hann segir, að þegar krafa komi frá aðilum, sem rétt eigi á að fá að vita þetta, muni hann verða við því. Ef það hefði nokkurn tíma hvarflað að alþm., þegar þessi lög voru sett, að það þyrfti að setja það í lög að Alþ. eða alþm. ættu jafnan rétt á að vita svona hluti eins og umsækjendur eða félög opinberra starfsmanna, þá hefði það auðvitað verið sett í lög. En ég tel að það sé misvirðing við Alþ. að tala við það eins og það sé aðili sem eigi ekki rétt á að fá að vita þetta, af því að það stendur ekki beinum stöfum í viðkomandi lagagrein. Ég hafna því þessum skýringum, þó að ég viðurkenni að ráðh. haldi sig innan ramma þess sem heimilað er í gr., þó að ég telji, eins og ég sagði áður, túlkun hans, að þetta starf heyri undir utanríkisþjónustuna, vera hreinan útúrsnúning.

Ég vil loks skjóta því að, að varla sé svara að vænta núna, að ég hef minnst á hina voldugu húsbyggingu þessa fyrirtækis og tel að ástæða sé til að það mál verði skýrt opinberlega sem og annað er starfsemi fyrirtækisins varðar. Ég ítreka eindregin tilmæli mín til hæstv. ráðh. að hann breyti stefnu sinni, því að það er fyrst og fremst leyndin yfir þessu máli neitunin að verða við óskum blaðamanna um að fá lista yfir umsækjendur, sem vekur tortryggni. Ef á að halda slíkum skollaleik áfram er auðvitað enginn vandi fyrir blöðin að láta einhvern blaðamanninn leggja inn umsókn um allar stöður og síðan getur hann sem umsækjandi samkv. þessari lagagrein heimtað að fá að vita hverjir sæki á móti honum. Þetta þýðir að ef menn fara að hártoga svona greinar getur það leitt út í fásinnu, og best er að hafa þetta allt á hreinu og hætta þessu laumuspili.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hefur komið fram, þá er hér um að ræða að a. m. k. mér og ýmsum fleirum virðist vera alleinkennilega að máli staðið, ekki í sambandi við það að þessi tiltekni einstaklingur, sem hér um ræðir og hnossið hlaut, skyldi verða í það settur, heldur málsmeðferðin. Það er greinilegt á þeim tíma sem það hefur tekið hæstv. utanrrh. að finna út þann einstakling af þessum 34 sem um starfið sóttu, að það hefur verið allerfitt að gera upp á milli þessara einstaklinga, og það er skiljanlegt þegar slíkur fjöldi sem hér um ræðir eða 34 sækja um þessa tilteknu stöðu. Ég veit ekki hvort önnur dæmi eru til um slíkar vinsældir, eftir umsóknum um starf að dæma, nema þá í sambandi við flugfreyjustörfin, en þau munu vera mjög vinsæl nú orðið, þannig að það er kannske helsta viðmiðunin sem hægt er að fá í sambandi við þá miklu ásókn sem um ræðir í starf þetta. (**Gripið fram í:** Hann hefur ekki sótt um flugfreyjustarf.) Nei, vonandi hefur hann ekki sótt um það, sá sem hnossið hlaut. En allur þessi tími hlýtur að hafa verkað á almenning sem svo, að hér hlyti að vera úrvalslið úr að moða, 34 einstaklingar, og að það gæti verið ýmsum erfiðleikum háð að gera upp á milli þessara aðila. Það er því engin furða, að loksins þegar búið er að kveða upp úrskurðinn í þessum efnum, þá vilji almenningur fá að vita hverjir það voru í raun og veru sem um starfið sóttu. Auðvitað er kjarninn í þessu máli sú leynd sem hvílir yfir því, hvaða einstaklinga hér er um

að ræða, sem sóttu um starfið. Og ég skil það ekki, mér er ómögulegt að skilja það, að hæstv. utanrrh. skuli velja þann kostinn að gefa ekki upp öll nöfn umsækjenda um starfið.

Ég ætla á engan hátt að ræða hér að einu eða neinu leyti um hæfileika þess einstaklings sem starfið hlaut. Það að neita að birta hin nöfnin veldur auðvitað því, að bæði ég og aðrir eigum erfitt með að gera það upp við okkur eða meta það og vega hver í raun og veru af þessum 34 hefði mesta hæfileika til að bera til þess að hljóta starfið. Og þessi málsmeðferð af hendi hæstv. utanrrh. veldur því óneitanlega að alls konar getgátur verða á ferðinni um pólitíska þægni og þar fram eftir götunum, sem ég held að hæstv. ráðh. hefði átt mjög auðvelt með að komast hjá með því bara að birta nöfnin, en ekki neita því fram í rauðan dauðann að gefa almenningi í landinu kost á því að fá að líta yfir þann fríða lista sem hugsanlega er um að ræða í sambandi við þá einstaklinga sem sóttu um þessa stöðu.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að þetta er mjög óæskileg þróun mála, óæskileg meðferð á málum. Það á ekki að vera með neitt leyndarpukur yfir þessu. Almenningur í landinu heimtar að fá vitneskju um það sem hér er um að ræða, umsóknir um — ja, sumir segja starf í þágu utanríkisþjónustunnar, sumir segja það, aðrir ekki. En hér er alla vega um að ræða starf sem auglýst er laust til umsóknar af opinberum aðilum, sem er utanrrn., og almenningur í landinu hlýtur að krefjast þess að fá að vita hverjir það voru sem um það sóttu, ekki síst þegar úr slíkum fjölda er að moða eins og hér um ræðir, 34 umsóknum um eitt starf. Ég vil því leyfa mér að taka undir það, sem hér hefur komið fram, þær áskoranir á hæstv. utanrrh. að hann falli frá þessari leynd og geri alþjóð kunnugt um það, hverjir einstaklingar sóttu um þetta starf, þannig að fólk geti vegið og metið viðkomandi og síðan hver fyrir sig fellt dóm eftir því sem hann telur sig vita best. Meðan það er ekki gert er ómögulegt að segja til um hvort þessi eini af 34 var hinn sanni og rétti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessu máli, en sé mig knúinn til þess, sérstaklega vegna þess að hér er um að ræða ráðningu á manni, Reykvíkingi, sem ég er búinn að þekkja nokkuð lengi og lengur en kannske flestir aðrir hér og dreg ekki í efa að hann er fullfær um að gegna þeirri stöðu sem hann er ráðinn til, hvort sem hann hefur verið borgarfulltrúi eða ekki þegar hann var skipaður í þá stöðu. Að vísu hefur hann gert mér margan óleikinn með skrifum sínum, bæði sem íþróttafréttaritari og pólitískur ritari. En það breytir því ekki, að hann hefur í flestum tilvikum kannske, þó að mér hafi ekki fundist það, haft nokkuð til síns máls í gagnrýni sinni. En ég held að það sé alveg óþarfi að gera hann tortryggilegan á hv. Alþ. á þann hátt sem hér er verið að gera. En þó að nafn hans slæðist hér inn í umr. og talað sé um hina 34 aðra, 34+1, þá er ekki víst að allir séu sammála um hver sé hæfastur af þeim sem ekki koma til greina. Og þegar hv. þm. Stefán Jónsson gerir það í nafni lýðræðis og í umboði umsækjenda að krefjast þess, að nöfn séu birt, vil ég gera þá sömu kröfu fyrir hönd þeirra, sem ekki vilja láta nafns síns getið. Ef mitt nafn er eitt af þessum 34, þá ætla ég að biðja ráðh. að birta það ekki, menn verða bara að giska á hvort það er þar eða ekki. Ég óska ekki eftir að það sé birt. (**Gripið fram í:** Ja, nú vandast málið.) Nú vandast málið. Já, málið er miklu flóknara en það, að einhverjir þm. geti gert kröfur til nafnbirtingar ef umsækjendur óska þess ekki sjálfir, og ráðh. hefur upplýst það.

Ég lít á þetta mál allt öðrum augum. Ég lít fram hjá þessu máli eins og það liggur fyrir og ráðningunni á Alfreð Þorsteinssyni borgarfulltrúa. Ég lít á þetta sem framhald af því tali, af þeim árásum, má segja, sem ráðh. hefur þurft að þola í mörgum málum og er komið miklu meira en nóg af. Og þá er ég kominn að ástæðunni fyrir því að ég stóð upp. Ég er orðinn þreyttur á því að sitja og hlusta á það, bæði hér á Alþ. og í útvarpi, og lesa um það í blöðum. Ráðh. hefur tæplega tíma til að stunda sína vinnu að því marki sem þjóðin krefst af honum vegna stanslausra árása úr öllum áttum, á ýmsan hátt og í mismunandi málum.

Ef við felum ráðh. að taka ákvörðun í svona máli, eins og t.d. að ráða framkvæmdastjóra fyrir einni ríkisstofnun, eigum við þá að elta hann uppi í ákvörðunum hans og henda ákvörðuninni á torg og segja: Almenningur á að geta metið hvort hann hefur gert rangt eða rétt? Hann gerir auðvitað rétt að hans eigin mati, hvað sem almenningur segir.

Ég vil segja það, að ég hef þekkt bæði ráðh. og Alfreð Þorsteinsson sem borgara hér. Ég hef átt þá sem félaga hér í bænum, og ég hef átt þá sem pólitíska andstæðinga í borgarstjórn, og ég sé enga ástæðu til að sitja hjá og hlusta á þær deilur sem hér hafa verið, bæði á Alþ. og opinberlega á öðrum vettvangi, án þess að standa upp og mótmæla því sem fram hefur komið. Ég veit af eigin reynslu, að ráðh. er nógu sterkur til að bera þetta, en þetta er kross sem enginn ráðh. á að þurfa að bera. Og ég segi við hann: Ég vona að þú látir ekki bugast og haldir áfram þeirra stefnu sem þú hefur tekið. En í guðanna bænum, hættu ekki fyrirgreiðslustarfseminni, því að fólk í borginni treystir á þig engu síður en borgarfulltrúa og aðra ráðamenn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði. Það má vel vera að Alþ. geti skorað á ríkisstj. að láta umsækjendanöfn um framkvæmdastjórastöðu Sölu varnarliðseigna koma fram, og það gerir þá það ef það telur ástæðu til. Ég hef ekkert meira um það að segja sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um það mál. En ég veit ekki hvort það fær staðist heldur, að þm. geti krafist þess að nöfn mannanna séu birt. Ég veit það ekki, það þarf að kanna það og það má vel gera það og verður gert.

Ég efa ekki að skilaboð hv. 5. þm. Norðurl. v. hafi verið ítarlegri en þau bárust mér. Ég vil

ekkert um það segja. Hann fullyrðir það og ég hef ekki neina ástæðu til að draga það í efa. Ég mun hafa sagt að starfsemin væri með hefðbundnum hætti, og það stend ég við að því er varðar alla framkvæmd, daglega framkvæmd. Hins vegar er hitt alveg rétt, sem hv. þm. einnig nefndi, að í tíð vinstri stjórnarinnar var sölunefndin lögð niður og framkvæmdastjórinn hefur heyrt beint undir rn. og haft sér til ráðuneytis mjög góðan og gegnan mann, Gunnlaug Briem fyrrv. ráðuneytisstjóra. Það má vera að þetta þyki ófullnægjandi, en svona hefur þetta verið framkvæmt. Það er vel til athugunar að breyta því, ef mönnum finnst nefndir t.d. of fáar, að fjölga þá um eina í þessu efni. Það væri kannske ástæða fyrir Alþ. til þess að álykta það, að á stofn skyldi sett sölunefnd varnarliðseigna að nýju. Ef mönnum þykir mikið við liggja, þá gera þeir það að sjálfsögðu.

Menn tala mikið um kröfur almennings hér, og bæði hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Vestf. tala um það sem skýlausa kröfu almennings að þessi nöfn séu birt. Þetta hefur nokkrum sinnum komið fram í einstaka blöðum, að menn væru áhugasamir um að vita hverjir hefðu sótt um þessa stöðu. Það er kannske skiljanlegt. Það er forvitnilegt að vita hverjir hafa gefið kost á sér í þessa stöðu. En ástæðan fyrir því, að ég hef ekki birt þessi nöfn, er sú sem ég áður greindi, að ýmsir hafa beðið mig um að láta sín ekki getið. Ef aðeins eru nefndir þeir af þessum 34 sem hafa fallist á það eða ekki sett nein slík skilyrði, koma þá ekki getgátur, eins og hv. 5. þm. Vestf. komst að orði, um það, hverjir hinir eru sem ekki vildu láta nafns síns getið. Ég held að það sé ákaflega erfitt, og ég þykist hafa reynt það nokkuð og vísa að sumu leyti til þess, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði, að það er erfitt að kveða niður getgátur og getsakir, og með því að birta hluta af nöfnunum og ekki þau öll er boðið heim annars konar tegund af sögusögnum og getgátum. Ég mun kanna hvort ekki sé unnt að fá samþykki allra til þess að nöfn þeirra séu birt. En að birta hluta, það líst mér ekki á, og ég hygg að hv. albm. hljóti að vera sammála um að það er ekki til þess fallið að kveða niður getgátur.

Það er eflaust ósiður að gefa svona loforð, og ég gerði það í þeirri trú að utanrrn. þyrfti ekki að birta nöfn. Það má vel vera að þessi lögskýring fái ekki staðist. Ég mun einnig láta kanna, hvort hún fær staðist eða ekki, og taka þá ákvörðun á grundvelli þeirrar niðurstöðu.

Ég hef ekkert á móti því að hv. þm. ræði þetta mál og er alveg tilbúinn til að taka þátt í frekari umr. um Sölu varnarliðseigna og starfsemi hennar ef það mál ber að með eðlilegum, þinglegum hætti. En þessum sífelldu hlaupum í ræðustól utan dagskrár af litlum eða engum tilefnum — þeim vil ég helst ekki taka þátt í nema sem allra minnst.

Það hefur verið talað um að setja lög um Sölu varnarliðseigna. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En í mínum vonum a.m.k. er hér um bráðabirgðaástand að ræða. Ég vona að málum geti orðið þannig skipað að hægt verði að leggja þetta fyrirtæki niður eins og aðra starfsemi sem að hernaðarbrölti lýtur.

Ég gleymdi að svara hv. 2. landsk. þm. áðan um byggingarframkvæmdir á Grensásvegi og skal fúslega gera það nú, þó að þess ætti ekki að vera þörf þar eð þessi bygging er á fjárl. Þar segir að þessi ofanábygging sé gerð af ríkissjóði fyrir Orkustofnun. Orkustofnun er í húsnæðishraki, og það hefur orðið að ráði að byggja ofan á þá hæð, sem sala varnarliðseigna fer fram í, fyrir þessa ríkisstofnun á kostnað ríkissjóðs. Þessu hélt ég satt að segja að menn hefðu almennt gert sér grein fyrir, en ekki nema sjálfsagt auðvitað að upplýsa það ef svo er ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. Ég veit að frummælandi hefur þurft að víkja af þingfundi og ég skil það vel, og ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð nema enn frekari tilefni gefist til.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það var sagt, að þegar hinn þekkti og alræmdi Al Capone lá banaleguna, þá hafi hann kveðið upp úr um það að hann ætti sér ósk til handa sonum sínum tveimur, sem stóð til að erfðu hann, og það var að þeir kæmust í sölunefnd setuliðseigna á Íslandi. Hafði sá góði maður þó oft komist í feitt um ævina. En nú er búið að leggja þá sölunefnd niður. En ég vil að það komi hér fram, og hv. 12. þm. Reykv. má skoða það sem persónulega árás ef dómgreind hans er þann veg vaxin, og ég vil að hæstv. utanrrh. viti það af minum eigin vörum, að ég er undrandi á vinnubrögðunum í sambandi við embættisveitingu þessa, og ræður þar ekki úrslitum þótt svo kunni að vera að lög hafi ekki verið brotin í leiðinni.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega, en auðvitað á ekki að taka við umsókn um opinber embætti frá huldumönnum. Ég vil sem sé að það sé alveg ljóst, að öll aðferðin er mér í hæsta máta óskapfellileg.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar vil ég leggja á það áherslu, að það hefur alls ekki vakað fyrir mér að gera Alfreð Þorsteinsson persónulega tortryggilegan á nokkurn hátt í þessu sambandi. Einhvern veginn hefur mér heyrst að aðrir ræðumenn, sem hér hafa kvatt sér hljóðs, hafi ekki heldur gert neina tilraun til slíks. Hann á engan möguleika á því að svara fyrir sig í þessum sal, en enn þá situr hann í blaðamannastúku hér og skrifar fyrir Tímann fréttir úr sölum Alþingis, að því er ég vænti af þeim alkunna heiðarleik sem hefur einkennt þessi störf hans undir bæjarvegg Alþingis á liðnum árum.

Ég fékk ekki heyrt það að nokkur þeirra ræðumanna, sem hér hafa kvatt sér hljóðs um þetta mál, hafi ráðist á hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson fyrir eitt eða neitt, en gagnrýnt hann aftur á móti harðlega fyrir að gera Alfreð Þorsteinsson tortryggilegan í máli þessu með því að neita að tilgreina, nafngreina þá þegna, 33 eða 34 að tölu, sem nefndur Alfreð Þorsteinsson hefur verið tekinn fram yfir í þessu sambandi í starf þar sem hann á samkv. fram komnum upplýsingum og játningu hæstv. ráðh. að fjalla á eigin spýtur, fyrir utan lög, um verðmæti sem nema eða numið hafa um það bil 200 millj. kr. á ári, og

að því er virðist með sams konar upplýsingaskyldu gagnvart opinberum aðilum, og þá skulum við vænta Alþ. líka, eins og hæstv. ráðh. telur nú, að hvíli á sér um ráðstöfun þessa starfs.

Auðvitað liggur það í augum uppi að láta átti í té nöfn þeirra umsækjenda sem sótt höfðu um þetta starf áður en umsóknarfrestur rann út. Ég fæ ekki séð að við getum tekið gilda þá afsökun hæstv. ráðh. að hann hafi gefið einhverjum umsækjanda einhvers konar loforð, sem hann hefði e. t. v. ekki átt að gefa þeim, um að halda nöfnum þeirra leyndum. Ég veit, að ekki eru í gildi lagaákvæði þar að lútandi. En einhvern veginn finnst mér að það liggi í augum uppi, að hafi einhver íslendingur sótt um opinbert starf sem auglýst er, þótt starfið sé þess háttar að hann skammist sín fyrir það, ef það er þann veg launað eða veitir þess háttar aðstöðu að honum finnist hún þess verð eigi að síður, þá eigi hann að sæta því að nafn hans og umsókn verði gerð opinber, þó hann hafi ekkert upp úr því annað en þessa skömm.

Ég er þess fullviss að starfið, eins og það er nú í pottinn búið, án ákvæða í lögum og eins og í það er skipað, án þess að ég vilji bera hæstv. ráðh. á brýn neins konar óheilindi, — eins og í það er skipað, þá er þetta mál til þess fallið, eins og að því er staðið, að flestir þeirra, sem nærri því koma, hafi af því litla sæmd og þeir, sem mesta bera ábyrgð á meðferð þess, talsverð vandræði.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka upplýsingarnar um bygginguna. Það rifjast upp að efri hæðir hússins eru á fjárlögum til ákveðinna nota, en neðsta hæðin, allmikið mannvirki mun vera gerð af varnarsölunefndinni.

Annars vil ég láta í ljós mikla undrun yfir ræðu Alberts Guðmundssonar, sem kallar það árásir og ræðst á það með illyrðum að menn skuli gagnrýna ráðh. Ekki man ég betur en hann hafi sjálfur haldið hér uppi umr. um það, hvernig veitt voru læknisembætti við sjúkrahús eitt, og datt þá engum manni í hug að bera það á hann, að hann væri með því að gera persónulegar eða óeðlilegar árásir á viðkomandi ráðh. Hann virðist hafa býsna frumlegan skilning á því hvað lýðræði er, hvert hlutverk andstöðu er. Ég held að hann hafi aldrei gegnt því hlutverki. Og ég held að hann ætti að íhuga það betur, hverjar eru grundvallarhugmyndir manna um þjóðfélög nú, því hann talar satt að segja svona eins og Gaulle-isti eða franskur keisari.

Ég mótmæli því að hér sé um neinar árásir að ræða. Það geta flestir hér inni og b. á m. ég sagt, að þeir menn, sem er verið að gagnrýna, sérstaklega utanrrh., séu menn sem við höfum þekkt lengi og berum persónulega virðingu fyrir. En íslensk stjórnmál eru einu sinni þannig, þau eru oft sárt návígi, og hjá þessu verða menn að reyna að sneiða. Það er ekkert tilefni til þess fyrir hv. þm. að standa hér upp með aðra eins hræsnisræðu og hann flutti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég furða mig ekkert á ummælum hv. síðasta ræðumanns þegar hér er búið að reka ofan í hann hvað eftir annað vinnubrögð hans eigin flokks með hans eigin samþykki í sambandi við sölu varnarliðseigna um áratugi og þá sérstaklega þegar stefnan um meðferð sölu varnarliðseigna var sett. Ég vísa á bug öllu því, sem hann vitnaði til sem hræsni sem marklausum orðum sem ekkert er bak við, enda get ég ekki séð í hvaða samhengi þau voru sögð hér.

Í sambandi við veitingu læknisembættis, sem hann vitnaði til, og þær umr. hafa farið fram hér, þá hélt ég fram þeirri niðurstöðu sem var niðurstaða sérfræðinga, erlendra sérfræðinga, þar sem innlendir sérfræðingar í að meta umsækjendur voru ekki fyrir hendi. Það voru ekki til menn sem höfðu sérfræðiþekkingu á því sem dæma þurfti, og dómnefndin var sett á laggirnar að ósk læknadeildar, þó læknadeildin snerist gegn niðurstöðu n. á lokastigi, það er allt annað mál.

Ég skammast mín ekkert fyrir að vera tengdur Gaulle-istum í tali. Ég held að De Gaulle hafi verið einn af mestu ræðusnillingum sem a. m. k. frakkar hafa átt, viðurkenndur sem slíkur, og ég þakka fyrir það lof, þó ég vilji nú ekki eigna mér það sjálfur.

Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Austf. sagði, veit ég ekki hvað hann var að fara þegar hann talaði um óeðlilega embættisveitingu hér. Hann er sjálfur í embætti sem ekki var auglýst. Ég hefði talið eðlilegt að það hefði verið auglýst. Það var engin samkeppni, það var bara skipað í það. Hann óskaði eftir því og fékk það. (Gripið fram í.) Já, það má segja að þm. beri alltaf af þegar hann er eini umsækjandinn, það fer ekki á milli mála. Annað starfið var veitt fyrir, það voru tveir sem komu til greina, þannig að það var ekki nema einn umsækjandi um það sem laust var.

Hitt er svo annað mál, dæmisagan um Al Capone, ég hef aldrei heyrt það áður. En mér kæmi ekki á óvart, þegar synir Al Capones komu svo til Íslands og ætluðu sér þetta starf hjá sölunefndinni, að þeir hafi hætt við það vegna þess að þeir fréttu um Framkvæmdastofnunina.

Brúargerð yfir Eyjafjarðará, fsp. (þskj. 115). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 115 fsp. til samgrh. um hagkvæmni brúargerðar yfir Eyjafjarðará. Alþ. samþ. á sínum tíma þál. um þetta mál 18. maí 1976 og gerði ég þá grein, þegar þetta mál var flutt, fyrir því hvað fælist í þessari þáltill.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta nú, en vænti svara hæstv. ráðh.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fyrirspurnin er á þskj. 115, og svar það, sem ég kem hér með, er samið af Vegagerð ríkisins og er svo hljóðandi:

Í grg., sem fylgdi ofangreindri till., var bent á nokkur atriði sem til álita kæmu um mat á hagkvæmni umræddra framkvæmda. Meðal þeirra atriða er bætt nýting húsnæðis og starfsliðs skólanna á Hrafnagili og Laugalandi og enn fremur

sá möguleiki að væntanleg hitaveita frá Laugalandi til Akureyrar færi yfir Eyjafjarðará á þessum stað.

Í umsögn um till. frá vegamálastjóra var á það bent, að ef raunveruleg könnun ætti að fara fram þyrfti til þess fjárveitingu, annaðhvort á fjárlögum eða vegáætlun, þar sem könnunin þyrfti að taka til margra þátta og aðrir aðilar en Vegagerð ríkisins kæmu inn í þá mynd. Engin fjárveiting hefur verið fyrir hendi og því hefur ekki orðið af könnuninni.

Vegagerð ríkisins hefur þó haft samband við verkfræðifyrirtæki þau er annast hönnun aðfærsluæðar Hitaveitu Akureyrar. Í þeim viðræðum hefur komið fram að á þessu stigi er ekki talið hagkvæmt að fara með aðfærsluæð þessa leið, heldur er fyrirhugað að fara frá Laugalandi austan ár og yfir Eyjafjarðará á móts við Ytra-Gil, en sú leið er bæði styttri og liggur um betra land en ef fara ætti yfir ána hjá Hrafnagili. Hitaveitulögn frá Laugalandi til Akureyrar virðist því ekki hafa áhrif á hagkvæmni áðurnefndrar framkvæmdar.

Vegagerð ríkisins gerði fyrir allmörgum árum mjög lauslega athugun á kostnaði við lagningu vegar og brúar á þessum stað. Séu þær tölur færðar til verðlags í dag ætti kostnaðurinn að vera um 150 millj. kr. Leggja ber þó áherslu á að hér er um tölu að ræða sem einungis sýnir grófa stærð kostnaðar. Ef gera á raunverulega könnun þyrfti að rannsaka bæði vegar- og brúarstæði til þess að fá raunhæfan kostnað. Enn fremur þyrfti að athuga og meta hvern hagnað má fá með bættri nýtingu skólaaðstöðunnar. Þá þyrfti að taka til skoðunar hugsanlega hitaveitu frá Laugalandi að Hrafnagili og/eða samtengingu hitaveitna á Hrafnagili og Laugalandi, ef til kæmi að aflað yrði vatns á báðum þessum stöðum.

Loks má benda á að umferð um þessa leið færi mjög eftir þeirri uppbyggingu sem á sér stað í framtíðinni á Hrafnagili og Laugalandi.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að raunhæf könnun mun snerta marga aðila. Má þar nefna skólayfirvöld, skipulagsstjórn, auk Vegagerðar ríkisins og þeirra byggðarlaga sem tengja á saman. Mundi það því taka töluverðan tíma og kosta umtalsvert fjármagn og þyrfti þar að koma til sérstök fjárveiting, eins og áður hefur verið bent á.

Frekara svar hef ég ekki við fyrirspurn þessari.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans sem voru nú eiginlega fyrst og fremst rökstuðningur fyrir því að þessi athugun þyrfti að fara fram, en ekki beint að búið væri að láta gera það sem í þál. felst.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., sem rétt er, að það hefur ekki verið fé á vegáætlun til að láta kanna brúarstæði eða vegarstæði yfir Eyjafjarðará á þessum stað. En vegáætlun er nú til meðferðar í hinu háa Alþ. og þá er tækifæri til að hyggja að því máli.

Ég vil taka undir flest það sem kom fram í svari hæstv. ráðh. um nauðsynina á að láta kanna þetta mál. Ég er persónulega sannfærður um að það er hægt að leysa margvíslegan vanda í Eyjafirði, bæði fjárhagslega, hagkvæmar og félagslega, með því að þessi framkvæmd komi, og kannske hefði hún átt að koma miklu fyrr, þannig að ekki yrðu byggð félagsheimili beggja vegna við Eyjafjarðará með örstuttu bili og skólamannvirki, íþrótta- og sundlaugamannvirki, eins og stefnt er að að gera núna. Ef samgöngur hefðu verið bættar í þessu einu blómlegasta sveitahéraði landsins með brúargerð yfir Eyjafjarðará, þá hefði kannske mátt komast hjá ýmissi slíkri tvöföldun á fjárfestingu sem þarna hefur átt sér stað.

Það er m. a. þetta sem vakti fyrir mér með flutningi þessarar till. á sínum tíma, og vonandi átti Alþ. einnig við það með samþykkt þeirrar till. Ofan á þetta bætist svo spurningin um hitaveituna, og ég vil gera þá eina athugasemd við svör hæstv. ráðh., að mér hefur skilist að það kæmi til greina að bora eftir heitu vatni Hrafnagilsmegin við ána og þá þyrfti að koma til við aðveituæð yfir Eyjafjarðará á þessum stað í hina æðina sem fyrir er, þannig að til greina gæti komið enn að hitaveitumálið kæmi inn í þessa mynd.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þau rök sem fram hafa komið hjá hv. fyrirspyrjanda í sambandi við það, að það hefur vissulega eða getur haft mjög mikla hagkvæmni í för með sér að gera brú á þessum slóðum sem þarna er til tekið, þ. e. a. s. um Laugaland eða Hrafnagil. En hins vegar verða menn líka að gera sér grein fyrir því, að þetta er ekki að öllu leyti einfalt mál, þannig að við getum náttúrlega ekki skoðað þetta alveg án samhengis við þau verkefni sem fyrir liggja í brúargerð í Eyjafjarðarsýslu, því að þar eru mörg óleyst verkefni. Vandamál okkar, sem höfum áhuga á því að koma fram málum fyrir þetta hérað og þetta nágrenni, liggur náttúrlega fyrst og fremst í því, hvaða þunga við getum gefið hverri framkvæmd.

Ég vil mjög taka undir það, sem fram hefur komið hjá hv. fyrirspyrjanda, að þessi brú hjá Laugalandi eða á þeim slóðum mundi geta leitt margt gott af sér fyrir þessar myndarlegu sveitir sem þarna eru, aukið mjög öll samskipti á milli sveitanna austan og vestan Eyjafjarðarár, þannig að það hefði og gæti haft mjög mikið að segja. En eins og ég segi, þá held ég að við verðum að skoða þetta í víðara samhengi, því að það er ansi margt ógert í vega- og brúargerð á þessum slóðum. Ég nefni þá alveg sérstaklega að það, sem okkur skiptir nú ekki hvað minnstu máli, það er að leysa gömlu brýrnar á aðalþjóðleiðinni yfir Eyjafjarðará af hólmi með nýrri vega- og brúargerð yfir Leirurnar hjá Akureyri, fyrir utan margar aðrar brýr í Eyjafjarðarsýslu sem við höfum í huga.

En ég vil af þessu gefna tilefni leyfa mér að beina því til hæstv. samgrh. að gera það sem í hans valdi stendur til þess að sú könnun verði framkvæmd sem báltill. á sínni tíð gerði ráð fyrir, því ég tel að það sé mjög mikilvægt mál út af fyrir sig.

Sparnaður í rekstri Ríkisútvarpsins, fsp. (þskj. 115). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 115 að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um sparnað í rekstri Ríkisútvarpsins. Fyrirspurnin er svo hljóðandi:

„1. Hvert er aðalefni till. fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar um sparnað í rekstri Ríkisútvarpsins, sem nú liggja fyrir?

2. Hvað hyggst rn. gera til þess að framkvæma meginatriði þessara sparnaðartillagna?"

Það mun hafa verið fyrir allmörgum árum, einum 3—4 árum, að sett var á laggir n. til þess að athuga rekstur Ríkisútvarpsins í því skyni að koma þar við hagræðingu og sparnaði. Í þessari n. voru, ef ég man rétt, útvarpsstjóri, fulltrúi úr menntmrn. og fjárlaga- og hagsýslustjóri. Þessi n. gaf út mikla og þykka skýrslu í maí 1975, en ég hef ekki orðið var við að margar af þessum till., sem virðast við fyrstu sýn, a. m. k. frá leikmanns sjónarhóli, nokkuð skynsamlegar sumar hverjar, hafi verið framkvæmdar.

Það hefur verið tekinn upp sá háttur í seinni tíð af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar að efna til samvinnu milli ríkisstofnana og rn. um slíkar kannanir víða í ríkiskerfinu. Því miður hefur það viljað við brenna að ekki væri ýtt nægilega hratt á eftir slíkum till. í framkvæmd. Það er ekki síst af þessum ástæðum sem ég ber fram þessa fyrirspurn. Það væri sjálfsagt ástæða til þess að bera fram hliðstæða fyrirspurn um margar aðrar ríkisstofnanir, og ég er ekkert sérstaklega að beina spjótum mínum að hæstv. menntmrh. eða Ríkisútvarpinu með þessari fyrirspurn, en mér finnst persónulega að það sé til lítils að gera miklar og margvíslegar till. um sparnað og hagræðingu ef þær komast síðan ekki í framkvæmd.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil nú leitast við að svara fyrirspurnum hv. þm.

Hv. þm. spyr í fyrsta lagi: „Hvert er aðalefni till. fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar um sparnað í rekstri Ríkisútvarpsins, sem nú liggja fyrir?" Mér virðist þessi liður fsp. koma örlítið á skakk, að vísu ekki nema mjög lítið. Mér er nefnilega ekki kunnugt um að það liggi fyrir sérstakar sparnaðartillögur frá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni sem slíkri. Hins vegar starfaði milliþn., eins og hv. fyrirspyrjandi vék að, og fjallaði um rekstur Ríkisútvarpsins, en hagsýslustjóri átti þar sæti og var raunar formaður n. Menntmrn. og fjmrn. skipuðu þessa n. sameiginlega, en nefndarskipunin kom í kjölfar aukinnar viðleitni fjárlaga- og hagsýslustofnunar til að efla samstarf á milli rn., fagráðuneyta og fjmrn., og forstöðumanna hinna ýmsu stofna ríkisins, efla samstarf þeirra um ítarlega athugun á skipulagi og rekstri viðkomandi stofnana. Nál. var þar að auki út gefið á vegum fjmrn. svo að það skakkar nú ekki miklu um form fyrirspurnarinnar.

Þessi n. skilaði mjög ítarlegu nál. í stórri og mikilli bók í maí 1975 og hafði þá starfað í rösklega tvö ár. Það er náttúrlega allt of langt mál að skýra frá till. n. í einstökum atriðum hér og skilgreina hvað fyrirhugað er að gera í hverju einstöku atriði. Till. liggja auðvitað fyrir, og hv. þm. geta gluggað í nál. sjálft. En ég vil víkja að tveimur meginbreytingum sem í þessum till. felast.

Önnur meginbreytingin er sú að gerbreyta innheimtu afnotagjalda, hætta skráningu tækja og jafna afnotagjöldunum niður á alla greiðendur tekjuskatts, og ég mun aðeins víkja að þessu atriði í lok máls míns.

Hitt meginatriðið er nokkuð veigamikil skipulagsbreyting á yfirstjórn eða eins og segir í nál.: „að fá fjármáladeild í hendur eiginleg verkefni á sviði fjármálastjórnar á grundvelli fastmótaðrar áætlanagerðar og reglubundinna upplýsinga úr vel skipulögðu bókhaldi". Það hefur þegar þokast nokkuð í áttina að þessu leyti og kemur það fram í því sem ég segi hér á eftir.

Að öðru leyti legg ég ekki í að rekja þessar till. í einstökum atriðum í tengslum við fyrri lið fsp.

En í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hvað hyggst rn. gera til þess að framkvæma meginatriði þessara sparnaðartillagna". Í svari við þessum lið fsp. koma hins vegar fram nokkur þau atriði, sem felast í till. milliþn., og ég vil þá nefna nokkur þessi atriði úr till. n. sem þegar hafa verið tekin til skoðunar og eftirbreytni að öllu eða að verulegu leyti. Ég vil geta þess, að þá styðst ég við bréf til menntmrn. frá útvarpsstjóra og hagsýslustjóra frá 8. mars s. l., þar sem að beiðni rn. er greint frá því hvað gerst hefur að þessu leyti.

Ég ætla fyrst að nefna nokkur almenn atriði: 1) Að útvarpsstjóri hafi endanlegt ákvörðunarvald þegar hann telur að dagskrárgerð leiði til kostnaðar sem fari út fyrir ramma fjárhagsáætlunar. 2) Starfssviði deildarverkfræðings tæknideildar Sjónvarps verði breytt í almenna umsjón tæknilegra mála Ríkisútvarpsins og samskipti við Póst og síma vegna dreifikerfisins. 3) Nokkrar skipulagsbreytingar á fjármáladeild og rekstrarskrifstofu Hljóðvarps sérstaklega. 4) Settar fastar reglur um meðferð beiðna frá dagskrárdeildum til bókunarskrifstofu og bókunarmanni fengið tiltekið ákvörðunarvald. 5) Að framkvæmdastjórar Hljóðvarps, Sjónvarps og fjármáladeildar annist öll starfsmannamál. Fjármáladeild annist samskipti við rn. vegna þessara mála.

Til greina hefur komið að ráða sérstakan starfsmannastjóra, ef það sýnist við nánari athugun en þegar hefur farið fram munu geta leitt af sér aukna hagkvæmni.

Þá skal ég nefna örfá atriði sem varða sjónvarpið sérstaklega. Þá nefni ég fyrst að haldið sé þeirri venju að setja reglur um hámarksverð á aðkeypt efni, að ekki verði að sinni komið upp öðru stúdíói, eins og raunar hafði komið til tals, að sérstakir forstöðumenn verði settir yfir kvikmyndadeild og upptöku- og útsendingardeild, jafnframt því sem verkfræðingur fái nýtt starfssvið.

Varðandi hljóðvarpið sérstaklega vil ég nefna þetta: Að haldið verði áfram að ráða dagskrár-

gerðarmenn tímabundið og gerðir verði þá fyrirframsamningar um sérstök verkefni, og að leiklistardeild sjái um allan leiklistarflutning í hljóðvarpi og þar verði komið á nokkru hagstæðara skipulagi en áður hafði verið.

Ég skal svo að lokum nefna nokkur atriði sem varða stofnunina í heild og hafa verið til meðferðar og til framkvæmda. Þá nefni ég fyrst aukið samstarf með fréttastofum Sjónvarps og Hljóðvarps, t. d. þegar senda þarf fréttamenn úr landi. Sérstök athugun á yfirvinnugreiðslum og bifreiðakostnaði stofnunarinnar. Athugun um hagræðingu við styttingu vakta og endurskipulagningu þeirra á grundvelli sérstakrar könnunar sem fram hefur farið á því efni. Og í síðasta lagi, að hætt sé að greiða ráðh., stjórnmálamönnum og opinberum starfsmönnum fyrir að koma fram í sjónvarpi og útvarpi nema við alveg sérstakar aðstæður.

Eins og sjá má af þessari upptalningu, sem ekki er tæmandi, — þetta eru aðeins dæmi sem hér hafa verið nefnd, — hefur verið unnið við framkvæmd mjög margra atriða sem auðvitað vega misjafnlega þungt í sparnaðarátt, en eiga þó að stuðla að auknum sparnaði og hagræðingu.

Ég vil að lokum rifja upp till. n. um innheimtu afnotagjalda, en þær voru á þessa leið: Afnotagjöld hljóðvarps og sjónvarps verði lögð niður. Upp verði tekið eitt þjónustugjald útvarps, þjónustugjaldið verði ákveðið árlega í fjárlögum, lagt á gjaldendur tekjuskatts og eignarskatts af skattstjórum og innheimt með opinberum gjöldum af innheimtumönnum ríkisins. Ríkissjóður ábyrgist skil þjónustugjaldsins til Ríkisútvarpsins með tíu því sem næst jöfnum greiðslum á ári. Innheimtudeild Ríkisútvarpsins yrði þá lögð niður.

Það hefur ekki verið ráðist í að framkvæma þennan annan veigamesta þátt nál. Eru ýmsar ástæður sem valda því að ekki hefur verið ráðist í að framkvæma þessar till. og ég get aðeins vikið að fáum atriðum af þeim sem þar koma til greina. Sumpart er þar um að ræða mína persónulegu skoðun, en fleiri eru sama sinnis. Ég tel óeðlilegt að þeir einir greiði fyrir útvarpsnot sem gjalda tekjuskatt ár hvert. Mér finnst það of þröng skilgreining á því. Tekjuskatturinn er nokkuð óstöðugur, og því tel ég að hann sé óheppilegur grundvöllur til að byggja á ákvörðun útvarpsgjaldanna. Væri hins vegar farið í nefskatt á miklu breiðari grundvelli en þarna er stungið upp á, þá tapast hins vegar sú hagræðing, sem stefnt er að í till., að nota við innheimtuna gjaldseðlana sem nú eru í gangi vegna tekjuskatts og útsvars.

Herra forseti. Ég er alveg að ljúka svari mínu. Ég vil enn nefna að í till. n. er gert ráð fyrir að hætta skráningu tækja, en nú þykir það nauðsynlegt, og talað er um að leggja hærra afnotagjald á litasjónvarpstæki en svarthvít tæki, en slíkir hættir gera nauðsynlegt að skráningu sé haldið áfram. Það er ýmislegt fleira sem mælir raunverulega með því að skráningu tækja sé haldið áfram að mínum dómi a. m. k. T. d. gæti komið til greina að ætla útvarpinu sérstakan tekjustofn af útvarpi til tiltekinna framkvæmdaliða. En ekki meira um þetta að sinni.

Ég vil að lokum aðeins geta þess, að þessi sparnaðar- og hagræðingarmál hafa verið rædd ítrekað milli Ríkisútvarpsins og rn. og hafa allmörg bréf farið á milli varðandi þetta efni. Verður að sjálfsögðu haldið áfram á þeirri braut að leita leiða til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar í rekstri Ríkisútvarpsins, um leið og ég vona að nú verði unnt að hefjast handa um ýmsar þær framkvæmdir sem setið hafa á hakanum síðustu missirin, en alveg óhjákvæmilegt er að sinna ef unnt á að vera að halda í horfi með rekstur þessarar þýðingarmiklu þjónustustofnunar.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Það er rétt, sem kom fram í svari hans, að það hefði kannske verið hægt að orða fsp. um tillögugerðina örlítið nákvæmlegar, þ. e. a. s. það var n., sem vann þessar till., en skýrslan var gefin út á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, svo að það eru kannske blæbrigði á því, hvernig þetta ber að orða.

Það kom fram í svari hæstv. ráðh. að nokkuð hefur verið framkvæmt af till. þessarar n. En ég minni á að það eru tvö ár liðin síðan hún skilaði áliti og að þær till., sem mestu máli skipta um sparnað í rekstri þessarar ríkisstofnunar, hafa ekki enn verið framkvæmdar.

Það má auðvitað lengi um það deila hvernig haga á innheimtu gjalda til stofnunar sem Ríkisútvarpsins, en ég held samt sem áður að við getum orðið ásáttir um að það hljóti að vera hægt að finna leið til þess að innheimta þessi gjöld með ódýrari hætti en þau hafa verið innheimt fram að þessu, með öllu því starfsliði sem sérstaklega þarf til þess að innheimta þessi gjöld. Við höfum stigið nokkur skref í þá átt að hagræða innheimtu opinberra gjalda, t. d. með stofnun Gjaldheimtunnar hér í Reykjavík, og ég held að það hljóti að vera hægt að finna á því flöt að laga þetta.

Við vitum að það er margs konar tvíverknaður enn í rekstri Ríkisútvarpsins, hljóðvarpsins annars vegar og sjónvarpsins hins vegar, og skal ég ekki fara nánar út í þá sálma.

Ég ítreka svo að þetta er ekki einsdæmi um þessa ríkisstofnun. Það mun vera á mörgum öðrum sviðum sem liggja fyrir till. um sparnað og hagræðingu í rekstri ríkisstofnana, og ég vil beina þeirri áskorun til rn. allra að reka tryppin betur í þessum efnum.

Innflutningur á frosnu kjöti, fsp. (þskj. 115). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 115 að leggja fram fsp. til hæstv. fjmrh. um innflutning á frosnu kjöti. Það er III. fsp. á því þskj. í fjórum liðum. Ég sé ekki ástæðu til að lesa fsp. upp, enda geri ég ráð fyrir að efni hennar komi fram í svari ráðh.

En ástæða þess, að ég ber þessa fsp. fram, er sú, að síðla í nóv. 1975 barst bréf frá tollgæslu-

stjóra til áhafna verslunarskipa, sem þá voru í Reykjavík, og svo á næstu dögum og vikum til þeirra, sem til Reykjavíkur komu og líklega til annarra hafna, a. m. k. hér í nágrenninu, þar sem þeim var tilkynnt um það, að ef þær hefðu í farangri sínum frosna kjötvöru, þá mundi hún skilyrðislaust verða gerð upptæk. Nú vil ég skýrt undirstrika að það hefur og hafði verið þá um mjög langan tíma, í mörg ár, sú hefð að þessir starfsmenn mættu hafa slíkt með sér til heimilisnota, sérstaklega þó fyrir stórhátíðar, án þess að tollgæslan gerði nokkrar aths. við. Ég geri ráð fyrir að tollgæslan hafi ekki gert aths. við þetta m. a. vegna þess, að hún hafði séð að á þessu sviði einmitt voru ákvæði laga eða reglugerða þverbrotin, og þar á ég að sjálfsögðu við innflutning sendiráða og innflutning til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Þetta var leyft í mörg ár, eins og ég segi, án þess að aths. væru gerðar við, en hins vegar ef farmenn gerðu þetta að innflutningi, þá var slík vara skilyrðislaust gerð upptæk.

Nú þóttu mér þetta heldur kaldar kveðjur, þegar þetta bréf kom frá þessum embættismanni. Í sjálfu sér mátti strax álíta að þarna væri verið að efna til ófriðar sem ástæðulítið þótti að efna til, þar sem í fyrsta lagi allflestir þessir áhafnamenn höfðu þegar hafið þá ferð, sem venjulegast kallast á sjómannamáli jólaferð, og áttu þess ekki kost að sjá þessa nýju framkvæmd laganna og auk þess var þeim enginn kostur gefinn á því að fara með þessa vöru til baka og skila henni til þeirra sem seldu þeim, sem í alflestum tilfellum voru sömu aðilar og seldu til sendiráðanna hér í Reykjavík sams konar vöru sem fór í gegn og til neyslu hér athugasemdalaust.

Ég álít að það sé ærin ástæða til að breyta reglum, sem um þetta munu gilda, og leyfa þetta áfram, einfaldlega vegna þess að þarna er um slíka vöru að ræða að útilokað er að hægt sé að telja að hún hafi neitt sem heitir skaða í för með sér, þótt til landsins komi, því að þannig er frá henni gengið. Það er hins vegar miklu frekar hægt að hugsa sér að aðrir skaðvaldar geti verið þar að verki.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri að þessu sinni, fyrr en þá máske þegar hæstv. ráðh. hefur lokið svari sínu.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í fsp. hv. 8. þm. Reykv. er í fyrsta lagi spurt um hvaða reglur gilda um innflutning ferðamanna, flugmanna og sjómanna á forsnu kjöti, svo sem alifuglakjöti (kjúklingum og kalkúnum), og hver hafi sett þessar reglur.

Svarið er, að á nefndum kjötvörum gildir sérstakt innflutningsbann. Innflutningsbann þetta er að finna í 2. gr., stafl. a gildandi laga nr. 11/1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Orðrétt hljóðar stafl. a í 2. gr. nefndra laga svo: „Bannaður er innflutningur á þessum vörutegundum: a) Heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk“ o. s. frv. Ákvæði þetta er ekki undanþægt. Alþ. hefur því sjálft sett þessar reglur.

Í öðru lagi er spurt um hvaða ástæður liggi til grundvallar setningu gildandi reglna.

Svarið við því er: Ástæður þær, sem liggja að baki setningu laga nr. 11/1928, felast í sjálfu heiti laganna, þ. e. varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Í þriðja lagi er spurst fyrir um hvort þeim reglum, sem gilda um innflutning á nefndri vöru, sé framfylgt eins gagnvart öllum innflytjendum þessarar sömu vöru.

Til svars þessum lið skal tekið fram, að á því svæði, sem fjmrn. fer með yfirstjórn á framkvæmd tollalöggjafar, er þessu banni skilyrðislaust framfylgt. Þess skal þó getið, að ástæða er til að ætla að eitthvert óverulegt magn af hráu kjöti hafi til skamms tíma borist til landsins með svonefndum stjórnarpósti erlendra ríkja. Fjmrn. fór þess á leit við utanrrn. á s. l. ári að það beitti áhrifum sínum til þess að sendiráðin flyttu ekki inn slíka vöru og þeim jafnframt gerð grein fyrir ákvæðum laga nr. 11/1928 og því, að þeim verði framfylgt af hálfu rn. eða tollgæslunnar. Utanrrn. varð við þessari ósk og hefur tilmælum verið beint til sendiráðanna um þetta efni.

Hvað varðar framkvæmd reglna þessara þar sem fjmrn. hefur ekki tollalögsögu, þ. e. á Keflavíkurflugvelli, er mér ekki kunnugt um að settar séu hömlur við innflutningi til varnarliðsins á þeim vörum sem hér um ræðir, frekar en á öðrum matvörum, og þá stuðst við lagagildi varnarsamningsins. Fjmrn. hefur hins vegar nýlega vakið sérstaka athygli utanrrn., sem fer með tollalögsögu á Keflavíkurflugvelli, á ákvæðum laga nr. 11/1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. En rétt er að geta þess, að yfirdýralæknir hefur fylgst með því að matvælainnflutningur þangað sé ekki frá löndum þar sem upp hefur komið gin- og klaufaveiki.

Í fjórða lagi er spurst fyrir um hvernig ráðh. hyggist „ráðstafa þeim tonnum slíks kjöts sem nú hefur verið til geymslu á kostnað ríkisins í tæpt ár. Er ætlun ráðh. að láta undan kröfunni um að þessi matvara verði brennd eða henni sökkt í sæ?“

Um ráðstöfun vöru þeirrar, sem hér um ræðir, fer samkv. ákvæðum laga þeirra sem fyrr greinir, en þar segir m. a. að bannvaran skuli gerð upptæk og ónýtt að tilhlutan lögreglustjóra.

Hv. þm. gerði grein fyrir forsendu fsp. sinna í upphafi máls síns og gat auglýsingar, sem tollgæslustjóri gaf út haustið 1975 varðandi þessi mál. Af hálfu fjmrn. var fsp. tollgæslustjóra svarað, eftir að umsagnar hafði verið leitað hjá landbrn. og yfirdýralækni, á þá lund að fjmrn. gerði engar aths. við framkvæmd tollgæslunnar á þessum ákvæðum laganna frá 1928.

Þessu til viðbótar er rétt að geta þess, að það rn., landbrn., sem fer með löggjöfina frá 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki berist til landsins, hefur ekki í hyggju aðspurt að gera breytingu á umræddri löggjöf varðandi þau atriði er fsp. fjallar um.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans sem var ítarlegt. Hann hefur komist fram hjá því, sem olli mér á sínum tíma nokkurri undrun, þegar sjálfur hæstv. dómsmrh. lét svo ummælt í einum fjölmiðli að það væri ekki annað en að hringja í sig til þess að fá út kjúklinga eða annan fiðurfugl sem hefði verið gerður upptækur af tollgæslunni, svo að það eitt réttlætir e.t.v. að spurst sé fyrir um þessa vöru.

Nú verð ég að láta í ljós undrun mína þegar því er lýst yfir af ráðamönnum að þarna þurfi enga bót að gera á, hafandi í huga að þessi lög, sem við er stuðst, eru frá 1928 eða frá þeim tíma þegar nútíma frystitækni var ekki til hér á landi og jafnvel ekki heldur í nágrannalöndum okkar, og hafandi í huga að þessi vara kemur til landsins í loftheldum umbúðum, helfrosin, þá verður að ætla að það séu ákaflega lítil líkindi á því að með þessari sömu vöru sé ástæða til þess ótta um smit á gin- og klaufaveiki sem kemur fram hjá hv. ráðuneytum. Hlýtur eitthvað annað að liggja til grundvallar hjá þeim í sambandi við framfylgd þessa banns, hafandi það líka í huga, að sendiráðin hafa getað fengið ekki aðeins lítið magn, heldur ótakmarkað magn til sinna nota af sömu vöru í sams konar pakkningum allt til þessa og, eins og ég sagði áðan, *vöru sem er keypt hjá sömu aðilum og sjómennirnir* hafa keypt þessa vöru hjá.

Þá er rétt að undirstrika enn einu sinni, að til varnarliðsins hefur komið slík vara ómæld allt til þessa, að mér er kunnugt um og ekki aðeins frá Bandaríkjunum sjálfum, heldur hefur hluti hennar komið frá öðrum löndum. Við skulum líka hafa það í huga, að út af Keflavíkurvelli eða áhrifasvæði varnarliðsins þar, þar sem þessa matar á að neyta, hefur hann farið til sendiráðsmanna og starfsmanna sem utan vallar búa. Og að sjálfsögðu gildir hið sama um starfsmenn hinna einstöku sendiráða, sem utan þeirra búa, að þessi vara hefur dreifst á meðal þeirra. En auk þess að þetta hefur farið út af Keflavíkurflugvelli til þeirra starfsmanna, sem þar vinna, hefur slík vara farið bæði hrá og soðin til svínabúa í nágrenni vallarins, sem svo aftur hafa alið svín á þessum sama mat, þessum hættulega mat, og svo er svínakjötið aftur selt víðs vegar um land í kjötbúðum. Það, sem hér er að ske, er því alls ekki í samræmi við þann anda sem kom fram í lögunum á sínum tíma.

Auðvitað ber að draga fram þá staðreynd líka, að þeir, sem vit hafa á þessum málum um smithættu, eru alls ekki sammála um hvernig slíkt smit geti borist. Það er tekið fram um umbúðir eða það sem notað er til umbúða, eins og hálm. Það hefur jafnvel verið talað um að skófatnaður þeirra, sem kæmu á þá staði þar sem slíkt smit er uppi, t.d. á bændabýli í nágrannalöndum okkar, hann gæti orsakað smit hér heima ef óvarlega væri farið. Nú höfum við í huga að á undanförnum árum — guði sé lof, þau hafa átt þess kost — hafa bændur og bændakonur farið í tugatali og heimsótt þessi sömu býli í nágrannalöndum okkar. Ég skal ekki fullyrða um að þeir hinir sömu hafi farið í fjósin í sama skófatnaði og þeir notuðu á þessu ferðalagi, en hins vegar hefur þetta fólk allt saman komið jafnhrátt til baka og jafnléttsaltað, það get ég fullyrt. Og það má auðvitað segja alveg hið sama um farfuglana. Ég satt að segja veit ekki hvernig hæstv. ráðh. og rn. ætla að fyrirbyggja að þeir drepi niður fæti á þessum búum sem gin- og klaufaveiki herjar á og þar með beri hana hingað til landsins.

Ég held að það væri alveg óhætt fyrir viðkomandi rn. að taka til endurskoðunar þessar algerlega úreltu reglur og fyrir hæstv. fjmrh. að taka til vinsamlegrar athugunar þá ábendingu, sem ég gaf honum í bréfi um að þessari vöru, sem á að brenna eða eyðileggja á annan hátt, verði skipt á milli stofnana hér í Reykjavík og nágrenni og jafnvel víðar, þar sem tryggilega verði séð um að hún verði unnin án þess að smit geti af henni stafað, og þar með verði á nokkurn hátt létt undir með ríkissjóði. En ég sé nú ekki annað en þegar sé fundin lausn fyrir þá sem vilja koma með slíka vöru til landsins. Það segir skýrt í lögunum að hún megi ekki vera hrá og ekki lítið söltuð. Fyrir sjómenn er ekki annað að gera en að hleypa upp á þessu fiðurfé á leiðinni til landsins og komast með það þannig fram hjá hæstv. **fjmrh.**

Veitinga- og gistihúsarekstur, fsp. (þskj. 138). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hinn 29. apríl 1974 var samþykkt hér á Alþ. ályktun sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa n. til þess að athuga og gera till. um úrbætur á vanda þeirra aðila sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins. Skal nefndin m. a. taka til athugunar rekstrarafkomu og rekstrarfjárþörf þessara þjónustuaðila yfir vetrarmánuðina, ásamt leit að leiðum til bættrar afkomu, enn fremur tillögur um aðstoð hins opinbera, ef þess er þörf, og samræmingu slíkrar aðstoðar.

N. skal skila áliti eigi síðar en svo, að leggja megi tillögur hennar fyrir Alþ. á næsta hausti."

Frá því að þessi ályktun var gerð hér á hv. Alþ. eru senn liðin þrjú ár, og enn hefur ekkert komið fram opinberlega um það, hvernig staðið hefur verið að framkvæmd þessa máls. Þó er mér kunnugt um að skipuð var n. til þess að fjalla um þetta efni og hefur hún væntanlega skilað áliti til rn. Till. n. hafa þó ekki verið birtar og raunar ekkert af þeim heyrst, a. m. k. opinberlega. Tæplega getur það verið vegna þess að sá vandi, sem um er rætt í ályktun Alþ., sé úr sögunni, því að eftir því sem mér hefur virst og ég hef getað kynnt mér þessi mál, þá hefur hann fremur aukist en hið gagnstæða. Þar kemur vitaskuld margt til, en þó e. t. v. ekki síst hin erfiðu kjör á lánum Ferðamálasjóðs sem þessir aðilar hafa orðið að sæta.

Á allmörgum undanförnum árum hefur Alþ. veitt á fjárl. lítils háttar fjárhæð fyrst og fremst til styrktar þeim aðilum sem annast þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi á erfiðum samgönguleiðum. Þessu fé hefur fjvn. skipt og er þar auðvitað smátt skammtað, auk þess sem skipting fjárins getur auðvitað verið umdeilanleg. Á fjárl. þessa árs er áætlað að verja til þessa viðfangs-

efnis 4 millj. kr. og er það auðvitað lítið fé og til að mynda lítið eitt hærra en varið er til styrktar einum snjóbíl í tilteknum landshluta, og eru það þó vissulega þörf tæki. En þetta er lítil fjárhæð miðað við þær fjárhæðir sem veittar eru á fjárl. til þess að greiða fyrir samgöngum bæði á sjó og á landi um vetrarmánuðina í einstökum landshlutum. Á næstu dögum liggur fyrir að fjvn. taki til við það verk að skipta þessu fé, en það hefur ekki enn verið gert.

Það var von mín að í framhaldi af ályktun Alþ. frá 29. apríl 1974 væri unnt að móta nokkuð heildstæða stefnu í úthlutun þeirra styrkja sem hér er um að ræða, ef þeirra væri á annað borð þörf, því að að því er vikið í ályktun Alþ. Vel má líka vera að svo sé í till. þeirrar n., sem um þessi mál hefur fjallað. En ég tel að orðið hafi nokkur bið á því að frá till. hennar hafi verið greint og hvort hæstv. samgrh. teldi ástæðu til þess að nokkuð frekar væri aðhafst í þessu máli. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram fsp. á þskj. 138 til hæstv. samgrh. sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður framkvæmd þál., sem samþ. var á Alþ. 29. apríl 1974, um athugun og till. til úrbóta á vanda þeirra aðila sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins?“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við fsp. þeirri, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði hér grein fyrir, vil ég veita svo hljóðandi svar:

Samkv. þál., sem hann vitnaði til, var skipuð nefnd 4. des. 1974, og í henni voru Páll Pétursson alþm., Kjartan Lárusson viðskiptafræðingur, sem var tilnefndur af Ferðaskrifstofu ríkisins, Lárus Ottesen, tilnefndur af ferðamálaráði, Sigtryggur Albertsson fyrrv. hótelstjóri, tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, Tómas Sveinsson viðskiptafræðingur, tilnefndur af Framkvæmdastofnun ríkisins, og starfsmaður nefndarinnar var Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgrn.

Um störf n. er það að segja, að ákveðið var að takmarka gagnasöfnun og athugun n. við 28 gisti- og veitingastaði, en umræddir staðir voru unnir upp úr skrá yfir gistirými á hótelum og gistiheimilum frá Ferðaskrifstofu ríkisins. Að gagnasöfnun lokinni og úrvinnslu úr þeim varð n. sammála um að gera eftirfarandi till., og skilaði hún þeim 19. des. 1975:

1. N. telur að verulegur þáttur í vanda margra veitinga- og gistihúsa sé hinn mikli fjármagnskostnaður lána úr Ferðamálasjóði. Þess vegna telur n. ástæðu til þess að samgrn. kanni til hlítar þann möguleika, hvort ekki væri unnt að gera þeim veitinga- og gistihúsum, er þess óska, kleift að greiða upp lán sín úr sjóðnum með hagstæðara lánsfé annars staðar frá. Bendir n. í því sambandi á Byggðasjóð sem eðlilegan aðila til þess að aðstoða við lausn vandans.

2. N. vekur athygli á því, að ein af orsökum rekstrarörðugleika sumra þeirra veitinga- og gistihúsa, sem n. hefur athugað, er hörð samkeppni aðila sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að sumarlagi. Telur n. eðlilegt að samgrn. kanni nánar hvort ekki væri unnt að koma á aukinni samvinnu milli þeirra veitinga- og gistihúsa, sem hafa opið allt árið, og sumra þessara aðila, enn fremur að því verði beint til viðkomandi stjórnvalda, að höfð verði hliðsjón af því, sem að framan greinir, við veitingu leyfa til tímabundins veitinga- eða söluturnarekstrar svo að það þrengi ekki um of kosti þeirra veitingahúsa, sem fyrir eru í fyrirsjáanlegri samkeppni.

3. Nefndin telur nauðsynlegt að áfram verði á fjárl. veitt fé til að styrkja þau veitinga- og gistihús sem óhjákvæmilegt er að halda opnum allt árið vegna samgangna á landi, hafi þau ekki til þess rekstrargrundvöll með öðru móti.

Um þetta álit n. er það að segja, að 1. liðurinn, er varðar lánin, er óframkvæmanlegur nema annað komi til, vegna þess að Ferðamálasjóður hefur ekki haft yfir öðru fé að ráða en verðtryggðu og hefur orðið að greiða það á þann veg. Hins vegar er því til að svara, að á s. l. sumri eða hausti, eftir að búið var að skipa ferðamálaráð samkv. lögum sem samþ. voru hér á síðasta þingi, á árinu 1976, um ferðamál, þá var þessu máli vísað þangað. Ferðamálaráð hefur síðan fengið í hendur reikningsyfirlit allra þessara staða og stöðu þeirra við Ferðamálasjóð. Hefur komið í ljós að það er rétt, sem n. heldur fram, að staðan er mjög erfið. Að því hefur verið unnið að leita leiða til úrbóta á því, og ferðamálaráð sendi 20. des. út af þessari fsp. svo hljóðandi svar:

„Um þessar mundir er stjórn Ferðamálasjóðs að taka til gaumgæfilegrar athugunar ýmis þau atriði er tengjast mjög náið mörgum þeirra efnisatriða, er reifuð eru í umræddu áliti, og þó að niðurstöðu sé vart að vænta innan mjög skamms tíma þykir sjóðsstjórninni rétt að tengja umbeðna umsögn þeirri athugun. Mun ferðamálaráð því senda yður, eins fljótt og kostur er, niðurstöður þeirrar athugunar, á þann hátt sem hún kann að tengjast umbeðinni umsögn“ — þ. e. um fsp.

Ferðamálaráð hefur nú sent samgrn. yfirlit yfir stöðu þessara veitingastaða.

Upp hafa verið teknar viðræður við Byggðasjóð um þessi mál og hvernig leysa mætti, og erum við enn að ræða þá leið sem kemur fram í 1. till. n., að koma lánunum að einhverju leyti inn á þá braut sem þar er bent á. Hins vegar er ekki búið að fá niðurstöðu í því máli enn þá, en er unnið að því nú af fullum krafti.

Að því er varðar rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins á gististöðum í skólum landsins, þá hefur komið til athugunar að tengja þetta saman á einum eða tveimur stöðum. Það hefur hins vegar ekki tekist enn þá, en hvort það tekst veit ég ekki. Þó er stefnt að því í ríkara mæli að fara inn á að ná samstarfi við heimaaðila um slíkan rekstur. Rekstur hótela Ferðaskrifstofu ríkisins hefur gengið betur en áður tvö síðustu árin vegna breytts fyrirkomulags um vinnutilhögun og bónuskerfið, sem þar hefur verið tekið upp og hefur skilað umtalsverðum árangri.

Hitt atriðið, um söluturnana, er ekki á valdi samgrn. að hafa áhrif á nema þá óbeint, því að það er viðkomandi sveitarstjórn sem gefur leyfi til slíkrar starfsemi hver á sínum stað.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri, en endurtek það, að unnið er að þessum málum núna. Verið er að athuga um fjárhagserfiðleika viðkomandi veitingastaða og viðskipta þeirra við Ferðamálasjóð og reynt að leita eftir hagkvæmari lausn á því máli en verið hefur. Með breytingunni, sem gerð var á lögunum í fyrra, skapast vissir möguleikar til að koma þessu í verk, en ekki hefur tekist enn að koma þeim lögum í framkvæmd að fullu hvað varðar fjármálin. En ég vona að það sé stutt í það.

Þetta svar held ég að nægi við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. þau svör sem hann hefur hér gefið. Ég er honum þakklátur fyrir að það kemur í ljós, að nú er verið að vinna að þessu máli með þeim hætti að líkur virðast benda til að vænta megi nokkurs árangurs. Mér er kunnugt um það, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hér, að fjárhagsvandi þessara aðila stafar að verulegu leyti af hinum erfiðu lánakjörum og fullri vísitölubindingu lána Ferðamálasjóðs. Ef hægt er að koma þeim málum fyrir á annan hátt, þá væri það verulegur áfangi í því að bæta stöðu þessara þjónustuaðila. Það er ábyggilega leið, sem kemur til greina, eins og hæstv. ráðh. ræddi um, að breyta um með þeim hætti að þessi lán verði greidd upp og síðan verði útveguð önnur lán, annaðhvort að hluta eða að fullu, — lán sem þá verða með betri kjörum.

Ég vil einnig fagna því, að það kemur fram hjá hæstv. ráðh. skilningur á því að aðrir aðilar, sem stunda veitingarekstur einungis að sumarlagi, eins og Ferðaskrifstofa ríkisins, mega ekki með of sterkri samkeppnisaðstöðu drepa niður þau fyrirtæki sem sinna ferðamannaþjónustu fyrir okkur íslendinga sjálfa allt árið um kring og eiga í sérstaklega miklum erfiðleikum með að reka starfsemi sína að vetrarlagi, einmitt á þeim tíma sem brýnast er að geta leitað til þessara aðila um þjónustu. Er þá oft og tíðum svo, að sú *þjónusta getur orðið jafnvel lífsnauðsynleg.*

Ég varð hins vegar fyrir nokkrum vonbrigðum með það, að í till. þeirrar n., sem skilaði áliti 19. des. 1975, skyldi ekki koma fram nein stefna um hvernig skyldi úthluta eða ráðstafa því fé af fjárl., þótt lítið sé, sem ætlað er til að styðja einstaka aðila á þessum vettvangi, þá aðila fyrst og fremst sem sinna þessari þjónustu að vetrarlagi. Sú skipting, sem þar hefur átt sér stað, er að mínu mati umdeilanleg og hefði verið ákjósanlegt að fá fram í áliti n., sem athugaði þessi mál væntanlega ofan í kjölinn, einhverjar leiðbeiningar um það fyrir fjárveitingavaldið hvaða leiðir ætti fyrst og fremst að velja við þá skiptingu. Um það er ekki hæstv. ráðh. að saka og ekkert um að segja frekar, eins og þetta liggur fyrir. En ég tel að þarna verði þó sumpart að breyta um stefnu og veita þessu fjármagni, jafnnaumt og það er skammtað, þeim aðilum sem halda uppi þessari bráðnauðsynlegu þjónustu fyrir ferðamenn að vetrarlagi.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að lengja þessa umr. Ég fagna þeim upplýsingum, sem komu fram hjá hæstv. ráðh., og þakka honum enn fyrir svörin.

Jöfnun símgjalda, fsp. (þskj. 303). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 303 að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„Hvers vegna var ekki við síðustu gjaldskrárhækkun Pósts og síma framkvæmd jöfnun símgjalda í samræmi við samþykkt Alþ. frá 25. mars 1974.“ — Ég biðst afsökunar á þeirri villu, sem þarna er, því að þessi samþykkt Alþ. mun hafa verið gerð 28. mars 1974, hvernig sem á því stendur að þessi dagsetning er þarna komin inn.

Það er rétt til að taka af öll tvímæli um það, að mjög ákveðið var að orði kveðið í þál., að unnið skyldi að því að jafna símkostnað þannig að hann væri hinn sami hvar sem væri á landinu, og hún var því mjög ótvíræð. Þetta kom einnig fram í yfirlýsingu hæstv. ráðh. á sínum tíma við fsp. um þessi mál, þar sem hæstv. ráðh. vék einmitt að því, að við gjaldskrárbreytingar yrði reynt að koma auknum jöfnuði á, og greindi þá frá hvað hefði verið gert einmitt við gjaldskrárhækkunina þá næst á undan í þessu efni, sem var til töluverðrar lagfæringar.

Þegar svo mikil hækkun verður sem nú varð, þá orsakar það auðvitað að fólk spyr um það almennt úti á landi, hvers vegna þetta skref hafi ekki verið notað til þess að þoka í átt til aukins jafnaðar, þó við gerum okkur ljóst að þetta tekur lengri tíma. Einmitt með sérstöku tilliti til þessarar yfirlýsingar hæstv. ráðh. á sínum tíma held ég að menn hafi almennt vænst aðgerða í þessa átt nú. Ég hef verið mjög spurður að því eystra, þar sem þessi símgjöld eru hvað þungbærust, hvað gert hefði verið í þessu efni, og eftir því sem ég fæ best séð, þá mun það eitt hafa gerst að næturtaxtinn eða afsláttarinn, sem er á símgjöldunum að næturlagi, hafi verið lengdur um eina klukkustund. Það kemur raunar öllum til góða jafnt varðandi persónuleg samskipti. En allt sem snertir samband okkar landsbyggðarmanna við þær fjölmörgu stofnanir, sem eru staðsettar á Reykjavíkursvæðinu, er óbreytt með öllu fyrir þessu. Þeim er lokað löngu fyrr en þessir næturtaxtar hefjast.

Það fer auðvitað ekki á milli mála hversu gífurlega mikill mismunur ríkir enn á þessu sviði. Þar um eru auðvitað mörg persónuleg dæmi sem skipta tugþúsundum, þrátt fyrir þá lagfæringu sem gerð var á sínum tíma og ber að meta og þakka hæstv. ráðh. fyrir að hann gerði. En þegar um er að ræða 25% hækkun á gjaldskrá að meðaltali, þá spyr landsbyggðarfólk eðlilega almennt um það, hvers vegna ekki hafi verið framkvæmd sú jöfnun símgjalda að hluta til, nokkur áfangi í átt til fulls jafnaðar, sem þál. segir til um og ég veit að var á sínum tíma meining allra flm., sem voru úr byggðanefnd Alþ., og hæstv. ráðh. hefur tekið myndarlega undir áður. Við fengum það æ ofan í æ frá yfirvöldum Pósts og síma á þessum tíma, að það væru margar tæknilegar ástæður sem hér væru í vegi: álagið yrði t. d. gífurlegt, allar línur mundu eyðileggjast og alls konar slíkar mótbárur. Ég veit að hæstv. ráðh. er ekki frekar en við trúaðir á algildi þess arna, svo að það getur ekki verið ástæðan, þó að ég viti að póst- og síma-

málastjóri hafi komið inn á þetta æ ofan í æ. En ég sem sagt óska eftir svörum við því, hvers vegna þetta hafi ekki verið gert við síðustu gjaldskrárhækkun, og þá í framhaldi af því í raun og veru, hvort ekki megi vænta einhverra aðgerða til þess að reyna að koma þessari þál. meira í framkvæmd en þegar er.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. á þskj. 303 vil ég gefa svar. Mér skildist á ræðu hv. fyrirspyrjanda að ég þyrfti ekki að rekja fyrri aðgerðir í þessum efnum, heldur það sem gerst hefði við síðustu hækkun. Er það ekki rétt skilið? Annars get ég gert hitt ef ástæða er til. (Gripið fram í.) Það, sem gerðist við síðustu hækkun, var að skrefum á ársfjórðungi var breytt úr 525 í 600 í dreifbýlinu, en er óbreyttur á Reykjavíkursvæðinu, 300 skref í ársfjórðungsgjaldi á höfuðborgarsvæðinu, auk þess, sem hann tók svo fram, að næturtaxtinn og helgartaxtinn byrjar kl. 19 á kvöldin og gildir til kl. 8 á morgnana og byrjar kl. 19 á föstudagskvöldum og nær til kl. 8 á mánudagsmorgna. Þrátt fyrir þessar aðgerðir hefur ekki verið hægt að fá Hagstofuna eða þá, sem reikna út vísitölu, til að taka tillit til þessa, sem ég tel nú samt að komi þegnum landsins að notum. En þetta hvort tveggja var gert.

Þessu til viðbótar vil ég svo geta þess, að nú er verið að ganga frá skipun samstarfsnefndar póst- og símamálastjórnarinnar annars vegar og fulltrúa samtaka sveitarfélaga og munu verða þrír aðilar frá þeim sem vinna að þessu með póst- og símamálastjórninni. Enn fremur er verið að athuga að setja upp mælingu eða klukku á skrefafjöldann hér á þéttbýlissvæðinu. Þetta er mál sem hefur verið til umr. alllengi. Fjárhagur símans hefur verið erfiður, en lagaðist á s. l. ári og við vonum að geta haldið því, en það kostar þó nokkra fjárhæð að koma þessu upp. Þess vegna er nú verið að athuga þetta eins nákvæmlega og tök eru á, en það mundi breyta verulega miklu á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Að þessu og fleira hliðstæðu verður unnið af þessari n. sem nú er verið að ganga frá skipun á, þannig að það var ekki talið tímabært að fara inn á þetta núna og því látið nægja það sem var gert í haust, enda var það nokkurs virði. En að frekari aðgerðum er unnið, eins og ég hef þegar upplýst.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég fagna því alveg sérstaklega að ég hef haft um þetta atriði frá póst- og símamálastjóra sjálfum rangar upplýsingar varðandi skrefafjöldann, þ. e. að hann hafi verið lengdur þetta mikið í dreifbýlinu. Það er mikið fagnaðarefni, enda mætti það heita með miklum ódæmum ef hæstv. ráðh. hefði ekki notfært sér þetta tækifæri svo sem hann hafði áður sagt að hann mundi gera við hverja gjaldskrárhækkun. Er því skylt að biðjast afsökunar á fsp., hvernig hún er orðuð, úr því að þetta var gert.

Ég treysti auðvitað hæstv. ráðh. til enn frekari aðgerða í þessu efni, því að það er honum áreiðanlega jafnvel ljóst og mér hvað hér ríkir enn gífurlegur ójöfnuður. Það kom mjög glögglega fram í máli hans. Þetta er þung byrði og alveg sérstaklega meðan allt þetta miðstjórnarvald og miðstýring er eins mikil á þessu svæði og raun ber vitni. Þetta mundi allt lagast ef við framkvæmdum örlítið meiri byggðastefnu í raun en við gerum og t. d. hristum rykið af álitinu um stofnanaflutninginn og færum að flytja þær eitthvað út á land eða deildir og útibú frá þessum stofnunum, svo að við þyrftum ekki alveg eins mikið að leita til þessara aðalstofnana hér í Reykjavík um hvað eina. Það væri strax mikið til bóta og mundi létta símakostnað margra, bæði einstaklinga og fyrirtækja.

Ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur frekari aðgerðir í huga, og eins skipun þessarar samstarfsnefndar, sem ég efa ekki að eitthvað komi út úr.

Ég verð var við það mér til vissrar gleði, að það gengur mikil sparnaðaralda nú yfir þessa ágætu stofnun, að því er mér er tjáð af kunnugum aðilum. Mér þykir hins vegar leitt ef það er rétt, sem ég hef aðeins um sögusagnir, að sú sparnaðaralda rísi hæst úti á landsbyggðinni, en það verði minna vart við hana hér í Reykjavík, þar sem er þó orðinn ærinn starfsmannafjöldi og ég hygg að um næstum því að segja ofmettun sé að ræða á vissum sviðum. Ég veit að það eru uppi áætlanir um það að opnunartími minni stöðva eigi að styttast verulega og jafnvel hinna stærri einnig með því að fækka þar starfsfólki. Ég veit að um sumt getur þetta verið eðlilegt og sjálfsagt. En sú þrenging, sem hefur t. d. átt sér stað á mínum heimastað nú fyrir skömmu og aðeins á að vera fyrsta skrefið, hefur komið sér nokkuð illa einmitt nú á þessum tíma vegna loðnuvertíðarinnar og sjómannanna, sem þurfa mikið að koma á símstöðina vegna hringinga til sinna heimabyggða. Ég viðurkenni að allur sparnaður í rekstri er góður og veitir eflaust ekki af. En þá mætti ég biðja hæstv. ráðh. um það að sjá til þess, að það verði ekki of mikið þrengt að okkur með þessar smærri stöðvar og það verði þá líka hugað að því, hvort ekki mætti spara við þessa ágætu stofnun hér í Reykjavík sem annars staðar, því að hér segja mér einmitt fróðir menn að um hreina ofmettun sé að ræða á ýmsum fræðingum.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins til upplýsingar geta þess að ég mun, sennilega í næstu viku, leggja fram frv. að nýjum lögum um Póst og síma, en heildarlög um þessa stofnun hafa ekki verið endurnýjuð síðan 1935, og þar er staðfest sú skipulagsbreyting sem hefur verið unnið að. Það er tvennt sem á að vinnast með henni: Í fyrsta lagi að fækka störfum, og ég held að það sé nokkurn veginn öruggt að ég megi segja að það muni verða fækkað hér um nokkra tugi starfsmanna. Það eru viss störf sem hafa verið að ganga út, við höfum ekki auglýst og munum ekki auglýsa, heldur láta falla inn í þetta nýja kerfi, og það gætu orðið 50—60 störf. Þá mun einnig verða stefnan úti á landsbyggðinni að reyna að fækka stöðvum og um leið að lengja notendatímann fyrir notendur með því að tengja þá stærri stöðvunum sem hafa lengri tíma opið, og þá sérstaklega t. d. að reyna að tengja þá kauptúnunum sem sveitirnar hafa viðskipti við. Það er þegar farið að vinna að þessu, og hinir nýju umdæmisstjórar, sem hafa

verið settir, vinna nú óðfluga að því að skipuleggja og undirbúa þetta. En það er ekki von að það sé nema að litlu leyti komið til framkvæmda, vegna þess að það var frá 1. júlí sem reglugerðin tók gildi. En þegar ég geri grein fyrir þessu máli hér mun ég reyna að gera grein fyrir þessum atriðum líka.

Vetrarvegur um Breiðadalsheiði, fsp. (þskj. 303). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 303 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Er lokið þeirri athugun, sem gera átti um gerð varanlegs vetrarvegar yfir Breiðadalsheiði, svo og kostnaðaráætlun því að lútandi?

2. Ef svo er, hverjar eru þá niðurstöður þeirrar athugunar?

3. Hvenær má búast við að framkvæmdir geti hafist?“

Hinn 18. mars 1975 var hér í Sþ. til umr. fsp. varðandi þetta mál, og í svörum hæstv. ráðh. þá kom fram að það þyrfti að athuga fleiri leiðir til þess að fá úr því skorið með hvaða hætti væri hagkvæmast og ódýrast að gera vetrarveg yfir Breiðadalsheiði. Þar kæmi í fyrsta lagi til athugunar að sprengja klauf í fjallið, í öðru lagi bygging vegsvala og í þriðja lagi jarðgöng og þá mun ofar en gerð var tilraun með boranir á sínum tíma.

Í Vestfjarðaáætlun frá 1965—1968 var gert ráð fyrir að gerð yrðu 500 m löng jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði. Það var borað til tilrauna þarna á sínum tíma, og samkv. niðurstöðum, sem út úr því fengust, var talið óhagkvæmt að framkvæma jarðgangagerð á þessu svæði vegna þess hversu laus berglög væru. Hæstv. samgrh. gat þess í svari sínu 1975, að unnið yrði að þessum athugunum og að því stefnt að niðurstöður lægju fyrir við endurskoðun vegáætlunar fyrir árið 1976. Nú hittist svo á að við erum hér á næstunni að fara að ræða vegáætlun næstu fjögurra ára, þannig að mér þótti tímabært að bera fram fsp. vegna þessa.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að þröskuldur í samgöngum milli byggða norðan Breiðadalsheiðar og sunnan er Breiðadalsheiðin sjálf. Það var síðast undirstrikað hér í umr. í dag hversu brýn nauðsyn væri á því að á þessu fyndist lausn, þannig að um eðlilegar samgöngur gæti verið að ræða á þessu svæði.

Ég hef áður vikið að því hér, að þetta er eitt með brýnni verkefnum sem þarf að vinna í samgöngumálum á Vestfjörðum, þó að vissulega séu mörg fleiri sem knýja á um lausn. Ég vænti þess að nú liggi þessar niðurstöður fyrir, þannig að hægt sé að taka ákvarðanir um það með hvaða hætti skuli úr leyst.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. þm. Vestf. vil ég svara með þeim upplýsingum eða því svari sem mér hefur borist í hendur frá Vegagerð ríkisins, en það er svo hljóðandi:

Samkv. Vestfjarðaáætlun var áformað að á árunum 1965—1968 yrðu gerð 500 m löng jarðgöng á Breiðadalsheiði til þess að fá öruggari samgöngur milli byggðarlaga við Djúp og vestan heiðar. Jarðfræðilegar rannsóknir sýndu að berglög lágu þannig, miðað við legu jarðganga, að fara þyrfti gegnum mörg millilög. Tilraunaboranir og sprengingar við fyrirhugaða gangamunna leiddu í ljós, að bergið var svo feykið og millilögin svo laus í sér, að ef gera hefði átt jarðgöng á þessum stað hefði þurft að fóðra þau jafnóðum og þau voru sprengd. Hefði það gert gangagerðina bæði seinlega og mjög dýra. Var því fallið frá þessari lausn, a. m. k. í bili, meðan leitað væri annarra úrræða, en vegurinn í kinnunum beggja vegna breikkaður og hækkaður verulega.

Lausnir, sem m. a. eru taldar koma til greina og athugaðar hafa verið, eru þessar:

1. Að grafa og sprengja klauf niður í háskarðið og nota efnið, sem úr henni kemur, í vegfyllingu beggja vegna, byggja síðan þak yfir klaufina í hæfilegri hæð og fylla með jarðefni yfir. Má því segja að hér sé einnig um göng að ræða þó að með öðrum hætti sé fyrir komið en þeim sem áður voru hér ráðgerð. Áætlaður kostnaður á verðlagi dagsins í dag mundi vera um 800 millj. kr.

2. Vegsvalir yfir veginn í kinnunum annars vegar eða beggja vegna háskarðsins. Hér er um það að ræða að byggja yfir veginn þar sem snjóþyngsli og hætta af snjóflóðum eru mest. Áætlaður kostnaður er 450—560 millj. kr., eftir því hvort miðað er við einbreiðan eða tvíbreiðan veg. Kostnaðartölur þessar eru fyrir yfirbyggingu á 300 m kafla í suðurkinn.

3. Jarðgöng mun ofar en upphaflega var gert ráð fyrir með miklum fyllingum við gangamunnanna. Er með þessari lausn stefnt að því að komast með göngin í þykkari berglög og velja stefnuna þannig að ekki þurfi að fara í gegnum nema fá millilög. Áætlaður kostnaður við þessa lausn er um 580 millj. kr.

Allar þessar lausnir eru mjög dýrar og þörfnuðust frekari rannsókna, ef ákveðið yrði að fara í slíkar framkvæmdir.

Á undanförnum árum hefur verið kannað hvort hægt er í venjulegu árferði að halda veginum opnum að væntanlegu gangaopi. Niðurstaða þeirrar athugunar er í stuttu máli sú, að með bættum vélakosti til snjómoksturs og með minni háttar lagfæringum á veginum sjálfum er framkvæmanlegt að halda veginum opnum. Á hinn bóginn er það oft veðurofsi, en ekki snjómagn, sem hindrar snjómokstur og það jafnvel þótt blíðviðri sé á fjörðum niðri.

Í ljósi þess, hvað um háar upphæðir er að ræða í fyrrgreindum framkvæmdum, er það álit Vegagerðar ríkisins að það sé tilraunarinnar virði að reyna að gera veginn í kinnunum jafngóðan og aðra hluta leiðarinnar yfir Breiðadalsheiði. Í þessu skyni hafa verið settir upp snjóskermar á fjallbrúnina ofan við suðurkinn til þess að hafa áhrif á hengjumyndun í fjallinu og draga þannig úr snjóflóðahættu. Virðist svo sem þetta hafi tekist þótt óyggjandi sönnun sé enn ekki fengin vegna lítilla snjóa í vetur. Með þessu eykst bæði umferðaröryggi á heiðinni og opnunartími lengist á vetrum. Auk þessa er hægt að lækka veginn og færa hann framar frá fjallinu og hafa þannig

áhrif á skaflamyndun á veginum sjálfum og lengja einnig þannig opnunartíma hans. Hefur þegar verið tekið úr hliðinni í háskarðinu og sést strax jákvæð breyting á skaflamyndun við þessar aðgerðir. Ekki hefur verið gerð kostnaðaráætlun yfir fyrrnefndar aðgerðir, en líklegt er að með 100 millj. kr. megi gera veginn um háheiðina þannig úr garði að hann verði ekki verri en aðrir hlutar leiðarinnar.

Þetta er það svar sem ég get gefið hv. fyrirspyrjanda, og vona ég að það skýri nokkuð þetta mál og sýni að það hafi verið í athugun þó að betur þurfi þar að framkvæma ef duga skal.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja fáein orð í þessu máli, því að hér er örugglega um að ræða eitt alstærsta og brýnasta málið í samgöngumálum vestfirðinga í dag. Ég vil til viðbótar við það, sem fram kom í umr. um flugsamgöngur á Vestfjörðum, benda á það alveg sérstaklega, að fyrir utan hinn almenna samgönguþátt er sunnan Breiðadalsheiðarinnar eitt besta landbúnaðarhérað Vestfjarða, Önundarfjörðurinn, sem hefur hvað best skilyrði til mjólkurframleiðslu. Það er staðreynd að mjólkurframleiðsla í Önundarfirði hefur dregist saman á undanförnum árum, býli hafa lagst í eyði einfaldlega vegna örðugleika við að koma mjólkinni á markað. Þarna er því ákaflega mikilvægt atriði að því er varðar mjólkurframleiðslu, sem er eitt af stærstu vandamálum vestfirðinga og þá sérstaklega ísfirðinga og norðursvæðisins að því er varðar neysluvörur almennt.

Ég hef oftar en einu sinni bent á það hér á hv. Alþ., að mér virðist það vafasöm hagfræði að búa svo um hnúta að það þurfi að flytja mjólk á milli landshluta flugleiðis með 25 kr. gjaldi á hvern einasta lítra. Góð tenging Önundarfjarðar við aðalmarkaðssvæðið á Ísafirði og þar fyrir norðan mundi bæta að þessu leyti stórlega úr skák. Þetta er þess vegna mikið atriði, bæði samgöngulega séð og að því er varðar neyslu á mjólk á einu stærsta markaðssvæði Vestfjarða.

Þessar lausnir, sem hæstv. ráðh. hefur bent á í svari frá Vegagerð ríkisins, eru ekki nýjar fyrir mér. Ég hef heyrt þessar tölur áður. Mér líst að sjálfsögðu best á þriðju lausnina, jarðgöngin, sem yrði varanleg og mundi tryggja vetrarsamgöngur hvað best þarna á heiðinni. Þetta er framkvæmd upp á 580 millj. Það er stór upphæð, ég viðurkenni það, en þó ekki það stór, miðað við aðrar framkvæmdir sem ráðist er í á landinu hér og hvar, að það þurfi algerlega að fráskrifa þessa hugmynd. Þetta hlýtur að verða sú lausn sem við í framtíðinni stefnum að, þótt í bili sé hugsanlega ekki talið fært að ráðast í hana.

Það er góðra gjalda vert að reyna með snjóskermum á fjallabrúnum og lagfæringum á veginum, öðrum en þeim þremur lausnum sem hér er bent á, að bæta hér úr. En ég held að það sé enginn vafi á því, að við hljótum að stefna að því og það sem fyrst að fá varanlega samgöngubót á þessa erfiðu heiði sem er allt of lengi búin að vera allt að því óyfirstíganlegur tálmi í samgöngum á Vestfjörðum.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Eftir þeim liggur ljóst fyrir að það er hægt að taka ákvarðanir um hvað gera skuli. Samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf, er ljóst að fyrsta lausnin, sem menn höfðu í huga, þ. e. klauf í gegnum fjallið, er langdýrust eða upp á um 800 millj. kr., vegsvalir eru á bilinu frá 450—560 millj. kr., en jarðgöng eru áætluð á 580 millj. kr.

Ég hef verið þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar enn, að í þessum efnum séu allar aðrar framkvæmdir en jarðgöng hreint kák. Ég held að það sé ekkert vit í því að vera að einblína á aðrar hugsanlegar lausnir heldur en jarðgöng. Ég hef verið þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar enn.

Í sambandi við svar ráðh. kom fram, að mér skildist, að þeir vegagerðarmenn telja að hægt sé að halda veginum opnum til jafns við það sem er um aðra hluta þessarar leiðar, hafi ég skilið þetta rétt. Mér virðist því á öllu, sem fram kemur í svari hæstv. ráðh., sem er frá Vegagerðinni, að menn hafi staðnæmst í bili og ætli sér að halda áfram tilraunastarfsemi á þessum kafla þessarar leiðar í nokkurn tíma enn. Þá kom einnig fram, að það væri álit Vegagerðarinnar að hægt væri að gera þennan kafla jafngóðan öðrum hlutum þessarar leiðar. Í því sambandi kom fram í svarinu hjá hæstv. ráðh. að upp hefðu verið settir snjóskermar í hliðina eða upp undir fjallsbrúnum og það væri talið gefa góða raun. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé ekki um nema kák eitt að ræða, það sé algert kák að vera með hugleiðingar eða áform um að það sé hægt að leysa þennan þröskuld í samgöngunum með því að vera að breifa sig áfram í þessum tilraunum. Ég held, eins og ég sagði áður, það er mín skoðun, að nú sé tímabært orðið samkv. þessum niðurstöðum af þeim könnunum, sem fram hafa farið, og athugunum að slá því föstu hvað beri að gera. Og ég tel að það eigi tvímælalaust að taka um það ákvörðun nú við afgreiðslu vegáætlunar fyrir næstu 4 ár, að það verði ráðist í gerð jarðganga í gegnum Breiðadalsheiði, það sé hin eina rétta lausn og sú eina sem verði til þess að bæta úr því ástandi sem þarna hefur verið.

Mér er það ljóst að mörgum hverjum mun þykja það há upphæð að tala um 580—600 millj. í framkvæmd af þessu tagi. En það er svona ¼ til ⅕ hluti af framkvæmd sem nú er í gangi, stórframkvæmd eins og Borgarfjarðarbrúnni. Það verður lítill hluti af framkvæmd sem búið er að setja stefnuna á, brú yfir Ölfusárós. Ég held því að það sé ástæðulaust að láta það hræða sig frá því að fara í þessa framkvæmd vegna þess, eins og margoft hefur verið bent á og ég þarf ekki að ítreka, að hér er um svo brýnt hagsmunamál að ræða fyrir þessa staði, sem þessa yrðu aðnjótandi, að það verður ekki komist hjá því að ráðast í framkvæmdir. Ég vænti þess að ég og hæstv. samgrh. getum nú tekið upp gott og ánægjulegt samstarf, eins og var í tíð fyrrv. ríkisstj., til þess að hrinda í framkvæmd þessu nauðsynjamáli og að hann verði ekki einungis stuðningsmaður minn í því, heldur miklu frekar að hann hafi forustuna í því sem æðsti maður samgöngumála í landinu, að nú verði tekin um það ákvörðun við afgreiðslu vegáætlunar fyrir næstu 4 ár að gerð skuli jarðgöng í gegnum

Breiðadalsheiði til þess að hrinda úr vegi þessum þröskuldi sem verið hefur og verður áfram ef ekki verður ráðist í þessa framkvæmd.

Sameinað þing, 52. fundur.

Þriðjudaginn 15. febr., að loknum 51. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 43. fundur.

Miðvikudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Viðbótarsamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 139, n. 312). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. N. leggur til, að frv. verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Axel Jónsson.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál í einstökum atriðum. Það er gerð nákvæm grein fyrir því í grg. með frv. Það er í gildi samningur í skattamálum milli Norðurlandanna frá árinu 1972. Hér er því fyrst og fremst um endurnýjun og endurbætur á þeim samningi að ræða í þeim tilgangi að auðvelda skatteftirlit og samstarf á milli þjóðanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 291, n. 313). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Hér er um það að ræða í fyrsta lagi að ríkisstj. sé heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 23 millj. sérstakra dráttarréttinda í 29 millj. sérstakra dráttarréttinda. Þýðing þessa er einkum sú, að við hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum aukast lántökumöguleikar landsins hjá sjóðnum, auk þess sem úthlutun sérstakra dráttarréttinda er ákveðin í hlutfalli við kvótann. Í öðru lagi er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að semja um hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans úr 18.4 millj. bandaríkjadollara í 22.2 millj. bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollarans 1. maí 1944. Hér er ekki um það að ræða að þetta framlag verði greitt að fullu. 10% framlagsins verður greitt nú á næstunni og fram til ársins 1980, en 90% er ábyrgðarfé sem stendur til tryggingar á skuldbindingum bankans.

N. leggur til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Axel Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 73, n. 314). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð bænda, á þskj. 73, og er n. sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og fram kemur í nál. á þskj. 314. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Axel Jónsson.

Í aths. við frv. þetta segir að það sé flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru á s. l. sumri, en tilgangur þeirra var fyrst og fremst að veita Lífeyrissjóði bænda heimild til að hækka greiðslur til lífeyrisþega sjóðsins. Við almenna kjarasamninga í febr. 1976 gerðu samningsaðilar með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða, þar sem m. a. var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka veittu lífeyrisþegum sínum sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar yrðu betur verðtryggðar en hingað til. Samkomulag þetta var síðan staðfest á Alþ. með lögum nr. 33 20. maí 1976, þar sem hinum almennu lífeyrissjóðum er veitt lagaheimild til þessarar hækkunar.

Lífeyrissjóður bænda hafði samkv. lögum sjóðsins ekki heimild til breytinga í þessa átt og því gerði stjórn sjóðsins till. til ríkisstj. um þær breyt. á lögum um Lífeyrissjóð bænda sem settar eru fram í brbl. Stjórn sjóðsins treysti sér þó ekki að fylgja að fullu fordæmi annarra lífeyrissjóða með útgjaldahækkun, þar sem útgjaldaaukning hans var hlutfallslega meiri vegna óhagstæðrar aldursskiptingar félaga Lífeyrissjóðs bænda. Samt sem áður hækkuðu greiðslur til lífeyrisþega sjóðsins mjög verulega.

Þeir aðilar, sem höfðu eftirlaun miðað við grundvallarlaun 1969—1973, fengu 121.3% hækkun frá og með 1. jan. 1976, og þeir, sem fengu fyrstu greiðslur fyrir árið 1975, fengu 86.2% hækkun. Hinn 1. júlí s. l. hækkuðu allar eftirlaunagreiðslur aftur um 18.7%. Heildarlífeyrisgreiðslur Lífeyrissjóðs bænda urðu á árinu 1976 209.2 millj. kr. í stað 83.7 millj. kr. árið 1975, þannig að greiðslubyrði sjóðsins hefur vaxið mjög mikið, en auknar tekjur hafa aðeins að litlu leyti komið á móti.

Í 1. gr. þessa frv. eru þó ákvæði sem hækka tekjur sjóðsins um 30 millj. kr. á s. l. ári.

Í 2. gr. er tekið upp það nýmæli að greiða sjóðfélaga barnalífeyri ef maki fellur frá. Er það stutt þeim rökum að hjón í landbúnaði

vinna yfirleitt saman að búrekstrinum og giftur sjóðfélagi greiðir hærra gjald til sjóðsins heldur en ógiftur.

Í 3. gr. frv. er ákvæði sem heimila nokkra hækkun lífeyrisgreiðslu til aldraðra öryrkja, og breyting í 4. gr. í samræmi við það. Er það hvort tveggja svipað og lög nr. 33 frá s. l. ári, sem fyrr er getið, gera ráð fyrir.

6.—9. gr. fjalla síðan um hækkun þá á almennum lífeyri sem ég gat um að framan.

10. gr. er ákvæði um gildistíma laganna. En þar hefur orðið prentvilla, þannig að í stað orðanna „ákvæði 1. gr.“ á þar að koma: „Ákvæði 2. gr.“ Þar sem þetta kom í ljós eftir að n. hafði afgreitt málið vil ég leyfa mér að flytja skriflega brtt. um þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 321) samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 321 samþ. með 15 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Miðvikudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 233). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. (þskj. 308). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Við þrír þm. í þessari hv. d., auk mín þeir hv. þm. Garðar Sigurðsson og Karvel Pálmason, höfum leyft okkur að flytja á þskj. 308 frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 frá 1963.

Meginefni þessara breytinga er að lögleiða það ákvæði, sem fram kemur í 3. mgr. frv. eins og það kemur á þessu þskj., að reyna að tryggja bætur, sem sjómenn fá, dánarbætur og örorkubætur, nokkru betur en verið hefur, þ. e. a. s. á sama hátt og aðrar bætur eru verðtryggðar, eins og fyrir er mælt í lögum um almannatryggingar.

Haustið 1972 var lagt fram hér á Alþ. stjórnarfrv. um breytingu á siglingalögum þess efnis að samræma ákvæði þeirra laga fyrirhuguðum breytingum á almannatryggingalögum. Við meðferð málsins í Nd. Alþ. lögðu 5 alþm., þeir Sverrir Hermannsson, Karvel Pálmason, Jón Skaftason, Garðar Sigurðsson og Pétur Sigurðsson, fram brtt. við frv. þar sem m. a. var lagt til að við siglingalögin yrði bætt nýju ákvæði, bráðabirgðaákvæði, þar sem tiltekið væri hvaða tryggingar útgerðarmaður þyrfti að kaupa fyrir skipverja til þess að teljast laus undan frekari ábyrgð samkv. 1. gr. þessa frv. Tillaga þm. var á þá lund, að bráðabirgðaákvæði þetta hljóði sem hér segir:

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara.

1. Dánarbætur:

a) 1 millj. kr. við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.

b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkv. a-lið 1. mgr. 35. gr. almannatryggingalaga.

c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. sömu gr.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. og nema ¾ hluta þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.

b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.“

Þannig hljóðaði sú brtt. sem þessir hv. þm. lögðu fram á Alþ. haustið 1972 við frv. til l. um breyt. á siglingalögum.

Þessi brtt. hafði átt sér nokkra forsögu, en þessu máli hafði áður verið hreyft m. a. af hv. alþm. Pétri Sigurðssyni, m. a. vegna eindreginna óska frá sjómönnum og samtökum þeirra.

Þessi brtt. var síðan samþykkt og frv. ásamt þeirri breytingu samþ. sem lög frá Alþ. 21. des. 1972 og ákvæði um tryggingabætur sjómanna því komið sem bráðabirgðaákvæði inn í siglingalögin. Þó mun það hafa verið tilgangur flm. að það skyldi ekki vera sem bráðabirgðaákvæði í þeim lögum nema um skamma hríð, en ætti að færast inn í aðra lagasetningu þar sem þessi ákvæði kynnu að eiga betur við.

Þannig stóðu þessi mál þangað til hinn 6. sept. s. l., er gefin voru út brbl. um kaup og kjör sjómanna og með þeirri afgreiðslu lögfestir samningar þeir sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febr. 1976, 1. og 27. mars 1976, 14. maí 1976 og 28. júlí 1976 og prentaðir voru sem fylgiskjöl með brbl. Eitt atriði þeirra samninga, sem þannig voru lögfestir, var um tryggingamál. Ég tek sérstaklega fram að um það atriði var ekki ágreiningur innan sjómannastéttarinnar. Þessir samningar, sem voru lögfestir með brbl. frá því í sumar, voru eins og menn muna felldir af sjómönnum við allsherjaratkvæðagr., en það var ekki út af þessu ákvæði um tryggingabætur sem hér er fjallað um, heldur út af öðrum beinum kaup- og kjaraatriðum. En eitt atriði í þessum samningum, sem þannig voru lögfestir, var sameiginlegt ákvæði fyrir vertíðarsamning, síldar- og loðnusamning og flutningasamning, þess efnis, að um líf- og örorkutryggingu færi samkvæmt ákvæðum framangreinds bráðabirgðaákvæðis siglingalaganna, sem ég las upp hér áðan, en með þeirri breytingu þó, að dánarbætur voru hækkaðar úr 1 millj.

kr. í 2 millj. kr. og örorkubætur úr 3 millj. kr. í 6 millj. kr.

Bráðabirgðaákvæði siglingalaganna hefur enn ekki verið breytt til samræmis við þessi ákvæði í brbl., með þeim afleiðingum að þessi hækkun á tryggingaupphæðum, þ. e. a. s. hækkun á dánarbótum úr 1 millj. kr. í 2 millj. og örorkubótum úr 3 millj. kr. í 6 millj., nær ekki til allrar sjómannastéttarinnar. Er að þessu leyti um talsverðan aðstöðumun að ræða milli þeirra sjómanna, sem annars vegar njóta þessarar hækkunar, og hinna, sem ekki hafa notið hennar enn.

Eins og fram kemur við athugun á efni bráðabirgðaákvæðisins gætir nokkurs ósamræmis milli hinna einstöku tryggingarfjárhæða sem þar eru ákveðnar. Annars vegar er um að ræða bætur, hverra bótafjárhæðir ráðast af ákvæðum almannatryggingalaganna, en það eru stafliðir b og c í tölulið 1, þ. e. a. s. mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils og mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri falli fyrirvinnan (sjómaðurinn) frá, og enn fremur töluliður a í lið 2, slysadagpeningar og örorkubætur, þ. e. a. s. ákvæði um dagpeninga. Samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga eiga þessar bótafjárhæðir að breytast samkvæmt ákveðnum reglum til samræmis við breytingu á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og njóta því nokkurrar verðtryggingar. Hins vegar eru svo dánarbætur samkvæmt staflið a í tölulið 1, þ. e. a. s. sem nú eru 2 millj. við dauða, og hins vegar slysabætur samkvæmt staflið b í tölulið 2, þ. e. a. s. örorkubætur. Um þessar bætur er aðeins ákveðin föst upphæð sem tiltekin er í lögunum, og sú upphæð breytist ekki nema lögunum verði breytt eða samningar takist þar um milli sjómanna og útvegsmanna. Þessi hluti tryggинga sjómanna er sem sé ekki undir sömu ákvæðum og það annað sem ég las áðan og nýtur nokkurrar verðtryggingar.

Sjómenn hafa eðlilega unað þessari skipan mála illa, bæði því, að sömu reglur um breytingar skuli ekki gilda um tryggingabætur þeirra, án tillits til þess hvers eðlis þær bætur eru, og ekki síður hinu, að með ört hækkandi verðlagi og rýrnun á gildi peninga glata bótafjárhæðir, svo sem eins og dánarbætur og örorkubætur sem ákveðnar eru sem föst fjárhæð, fljótlega gildi sínu. Vísast í því sambandi m. a. til ályktunar um tryggingar- og örorkumál sem samþ. var á 10. þingi Sjómannasambands Íslands í okt. s. l., en þar er stjórn sambandsins falið að vinna að því að lögum um slysa- og örorkutryggingu sjómanna verði breytt þannig að tryggingaupphæðir haldi raungildi sínu.

Tilgangurinn með flutningi frv. þessa er tvíþættur: Annars vegar að lögfesta í bráðabirgðaákvæði siglingalaganna þá hækkun á dánarbótum og örorkubótum sem lögleitt var með brbl. frá 6. sept. s. l. að tæki til hluta sjómannastéttarinnar, þannig að sú hækkun bóta nái til allra sjómanna. Megintilgangurinn með flutningi frv. er þó annar, sem sé sá, að gengið sé til móts við óskir sjómanna um að þessar tryggingaupphæðir haldi raungildi sínu. Í því sambandi mætti ganga út frá ýmsum viðmiðunum, sem við flm. höfum sérstaklega kynnt okkur. Svo dæmi sé tekið mætti umreikna bótafjárhæðirnar reglulega til samræmis við breytingar á framfærsluvísitölu, kaupgreiðsluvísitölu eða vísitölu vöruverðs og þjónustu. Einnig mætti hugsa sér að áætla í upphafi árs breytingar á meðaltekjum sjómanna sem verða kynnu á árinu, áætla tryggingaupphæðir í samræmi við þá spá og gera síðan endanlega upp við lok ársins, þegar tölur um raunverulegar breytingar á meðaltekjum liggja fyrir. Að athuguðu máli og í samráði við sérfræðinga hefur sú leið þó verið valin hér að hafa sama hátt á og segir í 78. gr. almannatryggingalaga, þ. e. a. s. að miða við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skuli ráðh., eins og þar segir, innan 6 mánaða breyta upphæðum bótanna til samræmis við það. Ástæður til þess, að þessi leið var valin, eru ýmsar, m. a. sú, að þá ríkir fullt samræmi í ákvörðun bótaupphæða hinna ýmsu bótategunda, sem bráðabirgðaákvæðið tekur til, og auk þess fullt samræmi við sambærilegar ákvarðanir bótaupphæða almannatrygginga. Í öðru lagi er tiltölulega mjög auðvelt og fyrirhafnarlítið að ákveða breytingar á umræddum tryggingabótum sjómanna með þessum hætti, þar eð ráðherra þarf hvort eð er að láta gera alla þá útreikninga, sem til þarf, í sambandi við ákvörðun bótafjárhæða almannatrygginga.

Það var upplýst hér á Alþ. í gær af hæstv. samgrh., að eftir um það bil eins og hálfs árs athugun á sama máli hafi rn. hans komist að nákvæmlega sambærilegri niðurstöðu um, hvernig þessum málum ætti að haga, og þeirri sem lögð er til í þessu frv. Skýtur það enn frekar stoðum undir það, að sú leið, sem hér er lögð til, er hyggileg og sanngjörn og mjög auðveld í framkvæmd. Okkur flm. er hins vegar ljóst, að þótt frv. þetta verði samþykkt næst ekki full trygging þess að tryggingaupphæðir til sjómanna haldi raungildi sínu því að vissulega hefur verðbólga verið meiri en nemur hækkun vikukaups í almennri verkamannavinnu og því ekki kaupmáttur þessara bóta fulltryggður þó að sú viðmiðun sé notuð. En talsvert ætti þó að hafa miðað í rétta átt ef sú breyting verður gerð sem í frv. felst, þ. e. a. s. miðað í þá átt sem m. a. kemur fram í ályktunum sjómannasambandsþings að sjómenn óska eftir að farið verði.

Ég held að ekki þurfi að fjalla frekar um þetta mál. Frv. er mjög ljóst og skýrt. Hér er sem sé aðeins lagt til að lögfesta í bráðabirgðaákvæðum siglingalaganna þau atriði sem þegar eru í lögum, brbl. frá því í sumar, um upphæðir bóta, en þó þannig að eins og brbl. eru nú ná þessar tryggingar ekki til allra sjómanna. Ef hins vegar bráðabirgðaákvæði yrði sett inn í siglingalögin, eins og við gerum ráð fyrir, munu allir sjómenn njóta jafnstöðu. Í frv. er sem sé ekki gert ráð fyrir að tryggingabæturnar eða bótafjárhæðirnar hækki frá þeim ákvæðum sem í gildi eru nú.

Nýmæli frv., sem hvorki er í núgildandi bráðabirgðaákvæðum siglingalaganna né heldur í ákvæðum brbl. frá því í sumar, felst í síðustu mgr. 1. gr. frv. og er í því fólgið að beita sömu aðferð og beitt er í lögum um almannatryggingar til þess að verðtryggja að nokkru bætur þær sem sjómenn eiga að njóta samkvæmt þessu frv. og brbl. frá því í sumar.

Það kann að vera að frv. þetta eigi heima í heilbr.- og trn. þessarar hv. d., en þegar síðast

var fjallað um slíkt mál var um það fjallað í sjútvn. d. Því leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til hv. sjútvn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á siglingalögum.

Eins og hv. 1. flm. vitnaði til voru gefin út 6. sept. á s. l. hausti brbl. um kaup og kjör sjómanna og með þeirri afgreiðslu lögfestir þeir samningar, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu í febrúarlok á s. l. ári og 27. mars, 14. maí og síðast 28. júlí, og þeir voru prentaðir sem fylgiskjöl með þessum brbl. Það er eitt atriði í þessum samningum, sem voru lögfestir með brbl., sameiginlegt ákvæði fyrir vertíðarsamning, síldar- og loðnusamning og flutningasamning, þess efnis, að um líf- og örorkutryggingu færi samkvæmt ákvæðum framangreinds bráðabirgðaákvæðis siglingalaganna, með þeirri breytingu þó að dánarbætur hækkuðu úr 1 millj. í 2 millj. kr. og örorkubætur úr 3 millj. í 6 millj. kr. Ég vil láta það koma fram og leiðrétta misskilning hjá hv. 1. flm. þessa frv., að þessar bætur ná einnig til togarasjómanna. Um það urðu umr. á milli sjútvrn. og Landssambands ísl. útvegsmanna, að þeir sjómenn, sem ynnu samkvæmt þeim samningum, nytu þessa sama réttar. Og mér er kunnugt um það og hef það raunar staðfest í bréfi frá heildarsamtökum útvegsins, að tryggingar voru teknar í samræmi við þetta einnig fyrir þessa sjómenn. Þetta ákvæði nær því til allra fiskimanna. Hitt er annað mál, að það nær eðlilega ekki til farmanna þar sem lögfesting þessa skriflega samkomulags náði ekki til þeirra, enda fjallaði þetta mál í heild ekki um kjör þeirra, heldur eingöngu kjör fiskimanna.

Brbl. voru lögð í þingbyrjun fyrir hv. Ed., og það má segja að það hafi farið fram sérstök athöfn hér í Nd. í sambandi við þessi brbl. og langar umr. En ég held daginn eftir eða tveim dögum síðar fór fram umr. um þau í Ed. Ég hef því innt af hendi þá skyldu að leggja brbl. fyrir Alþ., gerði það þegar í byrjun á stjórnskipulegan hátt. Ed. hefur ekki afgreitt málið enn frá sér, en lögin eru í gildi frá því að þau voru gefin út og þau staðfesta m. a. þessi réttindi til handa sjómönnum sem ég tel að hafi verið mikils virði. Og þau fela ekki eingöngu í sér, eins og nokkur hópur manna hélt fram og hafði mjög hátt um og hóf undirskriftasafnanir til þess að mótmæla þessum lögum, að þau félög, sem samþykktu samningana á sínum tíma fá hækkun á bæði kaupi og aukin réttindi sem í þeim felast, sem annars hefðu ýmist verið bundin til síðustu áramóta eða verða bundin til 15. maí. Og mér fannst það í sjálfu sér broslegt — og þó ekki broslegt, heldur kannske alvarlegt — hvað hægt var að þyrla miklu moldviðri upp á stöðum sem höfðu gengið frá slíkum samningum, að það er mótmælt kjarabótum, sem brbl. tryggðu öllum, eins þeim sem gengið höfðu frá samningum. Hitt var svo annað atriði málsins sem um urðu deilur, að skiptaprósentan var lögfest samkv. því samkomulagi sem leiðtogar sjómanna höfðu ýmist skrifað undir einu sinni, tvisvar, þrisvar og jafnvel fjórum sinnum, sem þeir töldu sæmilega eða viðunandi lausn til þess að koma á samningum, en var fellt í fjölmörgum félögum sjómanna og á sumum stöðum ekki einu sinni haft við að bera það undir atkvæði sjómanna, þrátt fyrir skriflegar yfirlýsingar um það, að breyting sjóðakerfisins fæli í sér að allir aðilar, sem að breytingu sjóðakerfisins stæðu, kæmu sér saman um að vinna að því, hver á sínum vettvangi, að ná samkomulagi á þessum grundvelli.

Það má segja að ég sé kominn nokkuð út fyrir umræðuefni þessa máls. En ég vil aðeins benda á það, að brbl. tryggja fiskimönnum þennan rétt til 15. maí. Það eru úti samningar á stóru togurunum frá síðustu áramótum. Þar þori ég að fullyrða að engar breytingar verða gerðar í þessum efnum til lækkunar, það vita allir og því engin hætta þar á ferðum. Við þurfum að breyta almannatryggingalögunum og það ríkir allmikil óvissa um margvíslega útreikninga í þessu sambandi, eins og fyrsti flm. frv. gat réttilega um. Ég tel því best og ég hef ekki á móti því að þetta frv. fari til sjútvn. Það er um breyt. á siglingalögum og því eðlilegt, að það fari í þá n. En hér er auðvitað um mjög nána samvinnu að ræða væntanlega á milli heilbr.- og trn. og sjútvn. og almannatryggingalögin verða auðvitað fyrst og fremst að ráða ferðinni, en breytingin á siglingalögunum að vera svo aftur síðast eða jafnhliða til staðfestingar á þeirri stefnu sem þar er tekin. En þó getur annað komið til, að það er auðvitað hægt að semja í frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og launþega um þessar bætur og staðfesta síðar með lögum. Það er nú unnið á öllum þessum vígstöðvum að þessum útreikningum, og þegar viðræður hefjast á milli aðila vinnumarkaðarins eða réttara sagt á milli sjómanna og útvegsmanna, þá koma e. t. v. fram skýrari kröfur og vel rökstuddar sem löggjafinn verður að taka mið af.

Hæstv. samgrh. svaraði hér fsp. í gær, sem hv. 1. flm. minnti á, og hann hefur sagt mér að hann væri tilbúinn með sínar till., en vitaskuld þyrftu þær að vera í samræmi við breytingar á almannatryggingalögunum.

Nú vitum við í sambandi við allar dánarbætur samkvæmt almannatryggingalögum að þar var fyrir allmörgum árum tekið upp nýtt bótafyrirkomulag, svokallað 8 ára bætur, sem hafa reynst þeim fjölskyldum ólíkt betur en að fá ákveðna upphæð greidda í einu lagi, því að þar er trygging fyrir það fólk, sem missir fyrirvinnuna, að fá bætur í 8 ár og uppbót eftir því sem bætur almannatryggingalaganna hækka á hverjum tíma. Þessar bætur eru að mörgu leyti mjög erfiðar í framkvæmd, ekki kannske beint fyrir Tryggingastofnunina, en þó verður að taka mið af þeim árlega, hvernig þær eru, og reikna þær út með jafnaðarhækkunum, að mig minnir á fjögurra ára fresti. Aftur eru bætur, sem ekki eru magnbætur, eins og í hinni svokölluðu frjálsu tryggingu eða hjá hinum frjálsu tryggingafélögum, mjög erfiðar í framkvæmd. Þar verða ákaflega miklar og stórstígar hækkanir á iðgjöldum. Ef bætur verða miklar á einu ári, ef þetta meðaltal hækkar veru-

lega, þá verður samkvæmt lögum um vátryggingafélög, sem sett voru á árinu 1973, að mig minnir, auðvitað að taka tillit til aðstæðna tryggingafélagsins um leið. Þessi iðgjöld hafa því hækkað mjög verulega. T. d. urðu mjög þung bótaár 1973 og 1974, en aftur verið miklu minna á árinu 1976, þannig að nú verða hækkanir slysatrygginganna mun minni í framkvæmd á árinu 1977 heldur en verðbólgan gefur til kynna, vegna þess að það hefur dregið hlutfallslega úr tjónabótum.

Ég tel því að n., sem fær þetta frv. til athugunar og umfjöllunar, hljóti að taka mið af þessu öllu og þó alveg sérstaklega að fylgjast vel með því sem er að gerast í sambandi við breytingar á almannatryggingalögunum.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki frekar en hæstv. ráðh. að fara að ræða hér brbl. frá því í haust eða afgreiðslu þeirra. Ég hef þegar gert það og gefst sjálfsagt tækifæri til þess ef frv. um staðfestingu á þeim lögum kemur nokkurn tíma frá Ed. og hingað til okkar Nd.-manna, sem maður skyldi nú vona að yrði.

En ég ætla að vekja athygli á því, að mótmæli þau, sem gerð voru við þá brbl.-setningu, voru að sjálfsögðu ekki mótmæli gegn hverjum stafkrók í þeim samningum sem gerðir höfðu verið og síðan felldir af fjölmörgum félögum sjómanna, en svo bundnir í lögum með aðgerðum hæstv. ráðh. Að sjálfsögðu voru sjómenn ekki að mótmæla því, að dánarbætur væru hækkaðar um sömu upphæð og þá sem í lögunum var eða örorkubætur hækkaðar úr 3 millj. kr. í 6 millj. Sjómenn voru að mótmæla því, að til þess ráðs væri gripið, sem hæstv. ríkisstj. greip til, að lögfesta með brbl. kjarasamninga sem höfðu verið felldir í allsherjaratkvgr. á vegum sjómannasamtakanna í fjölmörgum þeirra félaga sem fara með samningsrétt fyrir umbjóðendur sína. Sjómenn mótmæltu því einnig, að sú ástæða yrði notuð, sem fólst í frv., að banna með brbl. að grípa til verkfalla eða vinnustöðvana, án þess að slíkar aðgerðir hefðu svo mikið sem komið til umr., verið ræddar eða um þær fjallað á vegum samtaka sjómanna. Þessu var mótmælt og meira að segja dregið í efa að þetta samræmdist ákvæðum stjórnarskrár um setningu brbl. En hins vegar voru mótmælin ekki í því fólgin að afneita hverjum stafkrók í þessum brbl., t. d. því efni þeirra sem ég hef verið að gera hér að umræðuefni. Þetta vildi ég aðeins að fram kæmi vegna orða hæstv. ráðh. áðan.

Þá staðfesti hæstv. ráðh. enn fremur það, sem ég sagði, að eins og málum er nú skipað njóta ekki allir sjómenn sambærilegra tryggingaréttinda. Hann tók fram, hæstv. ráðh., að farmenn t. d. nytu ekki sömu tryggingabótaréttinda og fiskimenn. Þeir mundu hins vegar njóta slíkra réttinda, farmennirnir, til jafns við fiskimennina ef þetta yrði samþ. Þá væri réttarstaða allra sjómanna, án tillits til þess við hvers konar sjómennsku þeir starfa, ein og hin sama.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að að sjálfsögðu getur Alþ. ekki annað, þegar fjallað er um mál eins og þetta, en tekið tillit til þeirra laga sem í gildi eru hverju sinni. Nú eru ákveðin ákvæði í gildi í almannatryggingalögum hvernig eigi að verðtryggja, ef má nota það orð, bætur skv. lögum um almannatryggingar. Auðvitað verður Alþ. að horfa á hvaða reglur um þetta eru í gildi en ekki taka tillit til þess að vera kunni að þeim reglum verði breytt einhvern tíma í framtíðinni, án þess að nokkrar till. um það séu komnar, og slá því á frest samræmingarbreytingum sem gerðar eru á öðrum lögum, svo að sambærileg verðtryggingarákvæði gildi í almannatryggingalögum og t. d. varðandi þær tryggingar sem þetta frv. fjallar um. Alþ. verður að sjálfsögðu að ganga út frá því hvaða reglur og lög eru í gildi og miða við það. En jafnvel þó að hæstv. ráðh. vilji benda mönnum á að taka til hliðsjónar einhverjar breytingar á almannatryggingalögum, þá á Alþ. ákaflega erfitt með að gera það, eingöngu vegna þess að alþm. hafa ekki hugmynd um hvaða breytingar það eru sem hæstv. ráðh. er að ræða um. Við höfum ekki séð þær. Við höfum ekki um þær heyrt. Og auðvitað er ekki hægt að taka til hliðsjónar einhverjar breytingar sem enginn veit hverjar eru eða hvenær muni koma fram. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að ef þessum reglum í almannatryggingalögunum verður brevtt, þá er ákaflega auðvelt verk — og þarf ekki nema breytingu á orðalagi í einni setningu í þessu frv. — að samræma bráðabirgðaákvæðin siglingalögunum þeim breytingum sem gerðar yrðu á lögum um almannatryggingar. Það, sem hér er lagt til, er að bráðabirgðaákvæði í siglingalögum um tryggingar sjómanna sé hvað varðar verðtryggingu samræmt þeim ákvæðum sem nú er í gildi í lögum um almannatryggingar, og ef lögum um almannatryggingar verður breytt, þá er að sjálfsögðu mjög auðvelt að breyta þessu bráðabirgðaákvæði í siglingalögunum til samræmis við það.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því sem hæstv. samgrh. sagði hér í gær. Hann sagðist vera búinn að hafa þessi mál til athugunar í 1½ ár skv. till. sem til hans var vísað og flutt var af þm. Alþfl. í þessari d. Og hann sagði að athugun síns rn. hefði leitt til þess að samið hefði verið frv. í rn. sem ætti væntanlega að leggja fram á Alþ. innan skamms, og í þessu frv., sem búið væri að semja í samgrn., væri lagt til að málið yrði leyst með sama hætti og okkur flm. þessa frv. hefur hugkvæmst. Þannig verður ekki betur séð en a. m. k. hæstv. samgrh. telji engin vandkvæði á því að leysa málið með þeim sama hætti og við flm. þessa frv. höfum lagt til og ég tel mig hafa rökstutt hér að sé unnt að gera og óhjákvæmilegt að gert verði og sé mjög auðvelt að breyta aftur til samræmis við breytingar sem gerðar kynnu að verða einhvern tíma í framtíðinni á lögum um almannatryggingar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Umboðsmaður Alþingis, frv. (þskj. 309). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 309 ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni, 3. þm. Austurl., frv. til l. um umboðsmann Alþingis. Þetta mál er ekki nýtt hér í sölum Alþ., og í grg. hef ég skýrt tekið fram hvað stóð að baki því að þetta frv. var samið, en það var þáltill. sem ég flutti á hv. Alþ. fyrst veturinn 1970—1971, en hún var þá ekki útrædd, og ég endurflutti hana á þinginu 1971—1972 og 16. mars 1972 var hún samþ. Þessi samþykkt Alþ. fól í sér að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Þetta var gert fljótt og vel, og mun hæstv. dómsmrh. þá þegar hafa falið Sigurði Gizurarsyni að semja þetta frv. sem síðan var lagt fram á Alþingi seint á árinu 1973 og vísað til n. 10. des. 1973. Í ítarlegri framsöguræðu hæstv. ráðh., þar sem hann skýrði einstakar gr. frv. mjög skilmerkilega, eins og hans er von og vísa, tók hann m. a. fram að það væri ekki óeðlilegt þótt bæði þn. og þingið í heild ætluðu sér góðan tíma til að athuga þetta mál. Enn fremur benti hann á þá staðreynd, sem þá blasti við öllum hv. þm. og kannske þeim, er þá áttu sæti í hæstv. ríkisstj., frekast allra, að lítið var um fjárráð og erfiðir tímar fram undan og ef frv. yrði samþ. mundi það hafa í för með sér verulegan kostnað. Ég minnist þess að ég tók til máls við þessa umr. málsins og tók undir þetta með hæstv. ráðh. og taldi ekki heldur óeðlilegt að málið yrði vel athugað. Það var einnig gert. Allshn., sem hafði málið til meðferðar, skilaði áliti næsta vor þar sem allir nm. mæltu með samþykkt frv. þótt þeir svo áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Nú höfum við leyft okkur að endurflytja þetta frv., m. a. hafandi í huga þau orð dómsmrh. sem voru viðhöfð 1973, að það væri ekki óeðlilegt þótt mál sem slíkt væri athugað á tveimur þingum. Nú er nokkuð um liðið, nær 4 ár, þannig að ekki er óeðlilegt að málið verði tekið fyrir að nýju. Við tökum fram í grg. með frv. að öll þau rök, sem dregin voru fram í þáltill. þeirri sem ég hef hér minnst á og samþ. var á sínum tíma, séu enn í gildi, en til viðbótar komi það, sem ég hef hér drepið á, tímalengdin frá því að málið var athugað hér á hv. Alþ., og einnig það atriði, að hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, hefur flutt frv. um umboðsnefnd Alþ. Við flm. þessa frv. teljum að það sé í hæsta máta eðlilegt að þetta frv. fái jafnhliða því frv. athugun hv. allshn. deildarinnar.

Þá má og geta þess, sem dregið er fram í grg. af okkur flm., að það hefur líklega aldrei í sögu Alþ. verið ætlað að stíga stærri spor í sambandi við eflingu og umbætur á okkar réttarkerfi, bæði á sviði rannsókna og dóma. Hef ég ekki heyrt í þeim umr., sem fram hafa farið um þessi mál, að í veðri hafi verið látinn vaka ótti um kostnaðaraukann sem óhjákvæmilega hlýtur að verða af samþykkt þeirra frv. Við teljum því, ef sá ótti í sambandi við umbætur á lögum til úrbóta á okkar réttarkerfi er úr sögunni nú, að þá sé ærin ástæða til að athuga þetta frv. mjög alvarlega nú.

Við bendum svo í okkar grg. enn á nauðsyn þess að allt sé gert sem hægt er af löggjafans hálfu til þess að tryggja réttindi borgaranna og hindra að misrétti og valdníðslu sé beitt við einstaklinga og þá oft lítilmagnann sem hefur ekki efni á að standa á rétti sínum. Ég held að mörg dæmi megi finna á síðustu árum sem réttlæti þau orð sem ég hef hér vitnað til í grg. frv.

Að sjálfsögðu er látin fylgja með frv. hin ítarlega grg. höfundar, Sigurðar Gizurarsonar, sem m. a. felur í sér miklar sögulegar upplýsingar og upplýsingar um hvernig þessum málum er hagað í okkar nágrannalöndum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu, en leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Snemma á þessu þingi flutti ég frv. um umboðsnefnd Alþingis sem ætlað er að gegna hlutverki sem er nálega hið sama og umboðsmanni er ætlað í því frv. sem hér liggur fyrir, en dálítil blæbrigði mundu þó verða á framkvæmdinni.

Í grg. með því frv. og framsögu rakti ég forsögu máls þessa hér á Alþ., þ. á m. till. hv. 8. þm. Reykv. sem hann flutti og fékk samþ. á sínum tíma og leiddi til þess að ríkisstj. lét semja frv. sem að mörgu leyti var ágætlega unnið.

Með frv. um umboðsnefnd kom ég á framfæri nýlegri hugmynd um hvernig skipa megi þessum málum — hugmynd sem hefur um tveggja til þriggja áratuga skeið verið reynd með mjög góðum árangri í Vestur-Þýskalandi og mér sýnist að mundi að mörgu leyti eiga mjög vel við íslenskar aðstæður.

Ég fagna því að frv. um umboðsmann Alþingis skuli vera komið fram á nýjan leik. Ég tek undir ummæli hv. 8. þm., sem talaði á undan mér, um að eðlilegt er og æskilegt að þessar tvær hugmyndir verði vandlega bornar saman. Meginatriðið er að ekki líði langur tími þangað til kemur að framkvæmdum á þessu sviði, hvor leiðin sem verður valin af meiri hl. Alþ. Ég býst við að allir, sem hafa sýnt þessu máli áhuga, sætti sig við þá leiðina sem ofan á verður ef tilganginum verður náð.

Við skulum ekki gleyma því, að ríkiskerfi okkar, löggjöf og skrifstofubákn er að verða sífellt flóknara, umfangsmeira og stærra og líkur á, að það geti komið fyrir að einstaklingar nái ekki rétti sínum eða séu beinlínis misrétti beittir, fara ört vaxandi. Þess vegna væri mikil réttarbót ef til væri aðili, hvort sem það yrði umboðsnefnd Alþingis eða embætti umboðsmanns, sem allir landsmenn gætu snúið sér til með slík mál og fengið leiðréttingu, ef þess er kostur, eða komið á framfæri þeim göllum á þjóðfélagskerfinu sem um er að ræða, þannig að Alþ. geti úr þeim bætt.

Ég vil eindregið hvetja þá n., sem fær þessi frv. bæði til meðferðar, til að athuga þau vel. Ég er reiðubúinn að veita henni miklar viðbótarupplýsingar um þá hugmynd sem ég lagði fram, sem er nýrri og nýstárlegri en hugmyndin um umboðsmann, ef n. vill á þær líta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Heimild til að selja Húseiningum húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 310). — 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 310 hef ég leyft mér ásamt tveimur öðrum þm. Norðurl. v., þeim hv. þm. Páli Péturssyni og Eyjólfi K. Jónssyni, að flytja frv. um heimild til að selja Húseiningum hf. húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins í Siglufirði. Hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, stendur einnig að flutningi þessa frv., en hann á eins og kunnugt er sæti í Ed.

Fyrirtækið Húseiningar hf. var stofnað á árinu 1972. Það hefur rekið starfsemi sína í húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins í Siglufirði síðan, en þá hafði tunnusmíði legið þar niðri um hríð. Eftir þennan tíma, sem liðinn er frá stofnun fyrirtækisins, er ljóst að þessu fyrirtæki vex fiskur um hrygg. Framleiðsla þess líkar vel og eftirspurn eftir framleiðslunni virðist næg, eða a. m. k. eins og nú standa sakir, þannig að tryggt er að nægileg eftirspurn er eftir framleiðslu þess fyrir þetta ár.

Frv. felur það í sér, eins og fram hefur komið, að ríkisstj. verði heimilað að selja húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins þessu fyrirtæki, Húseiningum hf., en forráðamenn Húseininga hf. hafa óskað eftir að slíkrar lagaheimildar verði aflað. Fyrirtækið býr við nokkurt öryggisleysi hvað húsnæði snertir og þarf að eignast sjálft þak yfir höfuðið, og er sjálfsagt að athuga til hlítar hvort þetta er ekki rétta leiðin til þess. Það býr einnig af þessum sökum við nokkurt öryggisleysi að því er snertir eðlilega fyrirgreiðslu fjárfestingarlánasjóða, eins og augljóst er, því að veðhæfar fasteignir eru auðvitað forsenda þess að eðlileg fyrirgreiðsla geti fengist.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta efni langa framsögu. Þetta er einfalt mál og hlýtur athugun í n. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að ræða efnislega innihald frv. sem var verið að ljúka við að mæla fyrir, heldur aðeins fara þess á leit við þá n., sem frv. fær til meðferðar, að hún sendi það stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins, sem er síldarútvegsnefnd skv. lögum, svo að hún geti átt þess kost að koma að sjónarmiðum sínum í sambandi við frv. og alþm. geti átt þess kost að kynna sér þau áður en þeir taka endanlega afstöðu til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Hundraðföldun á verðgildi íslenskrar krónu, þáltill. (þskj. 307). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 307 till. til þál. um könnun á hundraðföldun verðgildis íslenskrar krónu. Till. hljóðar svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé og tímabært að auka verðgildi íslenskrar krónu þannig að 100 kr. verði að einni. Við mat á hagkvæmni þessarar breytingar á verðgildi gjaldmiðilsins skal þess gætt, hvort hún stuðlar að hagkvæmri myntsláttu og seðlaútgáfu jafnframt því að auka virðingu almennings og traust á gildi peninga. Í þessu sambandi er ríkisstj. falið að láta meta, hvort kostnaður við áðurnefnda gjaldmiðilsbreytingu yrði verulegur, ef hún yrði framkvæmd þannig að núgildandi seðlar og mynt yrðu í umferð að meira eða minna leyti samtímis nýjum gjaldmiðli í ákveðinn umþóttunartíma, t. d. 2—3 ár.“

Ástæður fyrir því, að ég flyt þetta mál hér, um að þetta verði kannað, eru margþættar.

Kunnara er en frá þurfi að segja að verðgildi krónunnar hefur rýrnað mikið á undanförnum áratugum. Ef miðað er við gengi bandaríkjadollars, sem tekið var upp árið 1941, þá var hægt að fá 1 bandaríkjadollar fyrir 6.49 kr., en hann kostar nú 191 kr. rúma, og ef miðað er við vísitölur hefur verðgildi krónunnar rýrnað á milli 20- og 30-falt frá því 1950, eftir því við hvaða vísitölu er miðað. Þetta er fyrsta ástæðan fyrir því að hyggja að hvort ekki sé rétt að auka á ný verðgildi krónunnar.

Í annan stað var gefin út fyrir skömmu af Seðlabankanum króna sem er svo léttvæg að hún flýtur á vatni, og býst ég við að flestir hv. þm. hafi prófað það af eigin raun. Þetta er mynt sem ég tel að hafi það í för með sér, þó ekki sé tekið dýpra í árinni, að auka mjög virðingarleysi almennings fyrir gjaldmiðlinum. Einn góður kunningi minn sagði mér að hann hefði greitt manni laun hans upp á gamla móðinn í umslagi, fyrir nokkru, hann hefði sett í það seðla að sjálfsögðu og hefði staðið á tveimur krónum, og maðurinn hefði rifið umslagið upp, tekið krónupeningana og hent þeim í ruslakörfuna og sagst ekkert hafa með þetta að gera. Slík afstaða til gjaldmiðilsins getur ekki stýrt góðri lukku.

Það er þörf á stærri mynt núna en 50 kr. peningum. Það hefur komið fram hjá ábyrgum aðilum að í athugun sé að slá stærri mynt, slá 100 kr. pening. Enn fremur er talin þörf á því að búa til stærri peningaseðil en nú eru, 10 000 kr. Er þetta hvort tveggja í athugun í Seðlabankanum. Vakna því þær spurningar í sambandi við þetta, hvort ekki sé rétt að taka ákvörðun um að auka nú verðgildi krónunnar, þannig að í stað þess að slá 100 kr. pening verði slegin ný króna sem gildi 100 kr., það verði teknir upp aurar að nýju, allt niður í 5 aura, sem þá yrðu jafngildi 5 kr. í dag. Þá yrðu að sjálfsögðu líka prentaðir, eftir því sem þörf er á, seðlar allt upp í 100 kr., sem þá giltu 10 þús. kr. eftir núverandi gildi gjaldmiðils.

Ég held að þetta mundi stuðla að aukinni virðingu fólks á gjaldmiðlinum og þetta sé einn af þeim þáttum sem mundu verða til þess að hægt væri með áhrifaríkari hætti en tekist hefur að hemja verðbólgu. Mér er fyllilega ljóst að hér er aðeins um að ræða einn þátt í því að ráða niðurlögum verðbólgunnar, en hér sé ekki um þá aðgerð að ræða sem ein dugi til þess. Nú vitum við að það er að störfum n., sem í

eru fulltrúar allra flokka, sem er falið að taka út verðbólguvandann og setja fram till. til að leysa betur úr því vandamáli en tekist hefur fram til þessa. Það er von á till. þessarar ágætu n. innan skamms. Ég býst við að menn verði ekki sammála um leiðirnar til að hemja verðbólguna. Það er engu að síður ljóst, að það verður að gera til þess mjög ákveðna tilraun, og þá verður að grípa til mjög margvíslegra ráðstafana til að reyna að koma í veg fyrir þá miklu verðbólgu sem ég fullyrði að sé ekki bara fjármálalífi þjóðarinnar hættuleg, heldur og beinlínis siðspillandi á mörgum sviðum, sú mikla verðbólga sem verið hefur. Það er því mikilvægt að taka föstum tökum á þessu máli, og ég endurtek að hér er aðeins um einn þátt þess máls að ræða sem fylgja þarf að minni hyggju, ef verulegalega á að grípa á þessu máli.

Ég legg til í þessari till. að það verði kannað, hvort ekki sé hægt að koma þessari gjaldmiðilsbreytingu þannig fyrir að taka hana upp smám saman, þannig að ég hef kallað nýja gjaldmiðilinn nýkrónu, að nýja krónan yrði í umferð og þær gjaldmiðilseiningar yrðu í umferð jafnt gömlu myntinni og seðlunum í nokkur ár. Með þessum hætti má komast hjá miklum kostnaði sem yrði af því að gera þessa gjaldmiðilsbreytingu í einu vetfangi. Það er líka annar kostur sem fylgir þessari framkvæmd málsins, og hann er sá, að það ætti að draga úr tortryggni fólks á því að með þessu væri ríkisvaldið á einn eða annan hátt að skerða kjör þess, því að ef menn geta fengið nýja krónu fyrir hundrað króna seðil og öfugt í ákveðinn tíma, þá sjá menn svart á hvítu að það er ekki verið á neinn hátt að rýra kaupmátt manna eða færa verðgildi til öðruvísi heldur en að það er verið smám saman að vinna að því að verðgildi peninganna hækki hundraðfalt.

Það hafa verið settar fram ýmsar till. um breytingu gjaldmiðilsins á undanförnum árum. Árið 1962 starfaði n. á vegum ríkisstj. að könnun á því að tífalda verðgildi krónunnar. Í þessari nefnd voru Sigtryggur Klemensson, Jóhannes Nordal og Klemenz Tryggvason. Þessir ágætu menn komust árið 1962 að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt til þess að auka virðingu og traust almennings á gjaldmiðlinum að tífalda verðgildi krónunnar. Þá gátu stjórnvöld ekki fallist á þetta, m.a. að ég hygg vegna þess að ef verðgildið hefði verið tífaldað, þá hefði orðið að gera það í einu vetfangi og það hefði kostað allmikið fé. En þessi n. sem sagt komst að þessari niðurstöðu 1962. Það er athyglisvert að síðan hefur vísitala framfærslukostnaðar tífaldast og verðrýrnun krónunnar sem sagt orðið tíföld, þannig að það ætti að vera tímabært nú, ef það hefur verið tímabært 1962 að tífalda verðgildi krónunnar, að hundraðfalda það núna. Og eins og ég gat um áðan, þá er miklu hægara að gera það vegna þess að það er hægt mjög auðveldlega að gera það í áföngum, og það er reikningslega miklu hagkvæmari breyting á verðgildi gjaldmiðilsins að hundraðfalda hann en tífalda hann.

Árið 1972 var samþ. þáltill. á Alþ. frá Birni Pálssyni, og meginefni hennar var að fela ríkisstj. að láta athuga hvort tímabært þætti og hagkvæmt að auka verðgildi krónunnar í 10 kr. Þá fékk allshn. Sþ., sem ég átti sæti í, ítarlega umsögn frá Seðlabankanum um þessa till. Seðlabankastjórnin var heldur neikvæð í þessari grg. sinni, en bætti því við, að hún teldi tímabært síðar að athuga hvort hundraðfalda ætti krónuna. Orðrétt segir bankastjórn Seðlabankans í grg. sinni til allshn. 1972:

„Loks telur bankastjórnin æskilegt, að kannað verði með almennum umr. innan Alþ. og utan, hvort menn telja upptöku stærri gjaldmiðilseininga gagnlega ráðstöfun og líklega til þess að auka virðingu og traust manna á gjaldmiðli þjóðarinnar. Fái þessi hugmynd nægilega jákvæðar undirtektir mætti hugsanlega stefna að því, að tekin yrði upp ný gjaldmiðilseining, er væri jafngildi 100 kr. Verður það varla fyrr en eftir nokkur ár, svo að nægur tími er til að athuga tæknilegar hliðar málsins betur. M.a. þarf að áætla þann kostnað, sem gjaldmiðilsbreytingu yrði samfara, en hann hlyti að verða mjög verulegur.“

Ég vek athygli á því, að ég geri ráð fyrir að bankastjórnin hafi allan tímann átt við þann kostnað sem hlytist af því að gera þessa gjaldmiðilsbreytingu í einu vetfangi. Það sjá allir menn, að ef 100 kr. yrðu prentaðar nú í staðinn fyrir 10 þús. kr., 100 nýkrónaseðill, þá mundi það kosta mjög svipað og að prenta 10 þús. kr. seðil, þannig að ef menn gera þetta á nokkrum tíma, að taka upp nýtt gjaldmiðilskerfi, þá kostar það auðvitað miklu minna en ef það væri gert í einu vetfangi.

Ég vil svo að lokum aðeins leggja á það áherslu, að ég tel brýnt að þetta mál sé tekið upp í fullri alvöru. Þessi till. er aðeins um að málið verði kannað, hvort þetta sé hagkvæmt og tímabært. Ég held að menn hljóti að geta orðið sammála um að það saki a.m.k. ekki að fara ofan í saumana á því, hvort gjaldmiðilsbreyting sé talin hagkvæm og tímabær, því að ef þetta yrði til þess að auka traust fólks á gjaldmiðli þjóðarinnar, þá er alveg ljóst að það yrði þáttur í því að ráða niðurlögum þeirra miklu verðbólgu sem verið hefur undanfarna áratugi á Íslandi.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 53. fundur.

Fimmtudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Raforkusala á framleiðslukostnaðarverði til orkufreks iðnaðar, þáltill. (þskj. 306). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárhagslegur grundvöllur framhaldsskóla, þáltill. (þskj. 316). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Söfnun og úrvinnsla íslenskra þjóðfræða, þáltill. (þskj. 126). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fræðsla í þágu áfengisvarna, þáltill. (þskj. 99). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. „Áfengi verður ekki upprætt úr okkar þjóðfélagi, en okkur ber skylda til að sporna við ofneyslu þess og um leið við þeim hörmulegu afleiðingum sem það hefur.“ Þetta var ein af niðurstöðunum á ráðstefnu um áfengis- og fíkniefnavandamálið sem haldin var á vegum Landssambands ísl. sjálfstæðismanna s. l. haust. Ég held að þessi niðurstaða sé á raunsæi byggð. Ég hygg að við séum öll sammála um að algert bann á áfengi þjóni ekki þeim tilgangi sem til væri ætlast, en að við hljótum að beita öllum tiltækum ráðum til þess að koma í veg fyrir þær hörmungar sem það leiðir og hefur leitt yfir allt of margar íslenskar fjölskyldur fyrr og síðar.

Þáltill. sú á þskj. 99, sem við sex þm. úr öllum flokkum stöndum að, fjallar um þann þátt áfengismála sem veit að upplýsingum og fræðslu. Ég leyfi mér að lesa till. upp, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega beri að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþ. á ríkisstj., að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsókna ríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á reglugerð um slíka fræðslu.

2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í þessu skyni. Þannig verði reglulega teknir upp í dagskrá sjónvarpsins fræðslu- og skemmtiþættir í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum.“

Þessi þáltill. var flutt á síðasta þingi í framhaldi af störfum n. er kjörin var á Alþ. 1975 af öllum þingflokkum til að kanna ástand í áfengismálum okkar og leggja að starfi loknu fram ábendingar og till. er að gagni mættu koma til að ráða nokkra bót á þessu mikla þjóðfélagsvandamáli. Ásamt till. kom fram annað mál, frv. til laga um breyt. á áfengislögum, sem ekki fremur en till. náði fram að ganga á síðasta þingi, en þau hafa nú bæði verið endurflutt lítils háttar breytt þó.

Fyrri hluti till. okkar fjallar um að flýtt sé starfi Skólarannsókna ríkisins að áfengisfræðslu í öllum skólum. Ég hef haft nýverið samband við fulltrúa Skólarannsókna ríkisins og komist að raun um, því miður, að þar hefur heldur lítið verið að þessu unnið. Ég hef orð þess fulltrúa, sem ég talaði við, fyrir því að vinnu í þessa átt hefur í rauninni seinkað um heilt ár.

Eins og kunnugt er og kemur fram í grg. með till., er meiningin að fella áfengisfræðsluna inn í nám í samfélagsfræði, en samfélagsfræði nær yfir bæði félagsfræði, sögu og landafræði. Þessar námsgreinar hafa til umráða 2—3 kennslustundir í viku hverri, þannig að ljóst er að þar er þröngt setinn bekkurinn og í rauninni helst til lítið svigrúm að koma þessari fræðslu við. Hins vegar, á móti samfélagsfræðinni, er ætlunin að áfengisfræðslan komi inn í nám í líffræði.

Það eru, eins og ég hef bent á, því miður ekki líkur til að mjög mikill skriður hafi komist á þessi mál né sé á þeim nú. Þar er um kennt eins og víðar fjárskorti til að borga mannafla sem ynni að þessum málum. Hér eins og annars staðar, þar sem nauðsynjamál eiga í hlut, hlýtur þess að verða krafist að fjárhagsatriðið verði ekki lengur látið sitja í vegi fyrir nauðsynlegum aðgerðum í þessu efni. Við bendum í grg. á að áfengisfræðsla sé mjög vandmeðfarin í skólum og hún geti vafalaust gert meiri skaða en gagn sé ekki rétt á haldið.

Annar þáttur þessarar till. fjallar um fjölmiðla. Ég neita því ekki að þar hef ég og ég hygg aðrir flm. ekki síst augastað á sjónvarpinu, að vísu einnig öllum dagblöðum og Ríkisútvarpinu, þ. e. a. s. hljóðvarpinu. Þessum málum hefur sorglega lítið verið sinnt, og þá vil ég sérstaklega benda á sjónvarpið. Hljóðvarpið hefur undanfarin ár haft á boðstólum mjög merka þætti um áfengismál sem áhugasamir starfsmenn hafa staðið fyrir, og ég hygg að það sé fremur að þakka áhuga þeirra heldur en stefnumótun stofnunarinnar sjálfrar sem slíkrar. Það er einnig heldur lítið um það að við sjáum í dagblöðum, sem koma út hér í höfuðborginni, og öðrum blöðum markvissa fræðslu eða upplýsingar um þessi efni. Beint lægi þó við að ætla að íþróttahreyfingin tæki þessi mál sérstaklega fyrir. Ég hygg að ég fari ekki með rangt mál, því miður, þegar ég bendi á eftir staðhæfingum manna, sem mér þekkja betur til í íþróttamálum, að áfengið hafi teygt sig ískyggilega langt inn í raðir íþróttahreyfingarinnar á undanförnum árum. Það væri eðlilegt og sjálfsagt að þeir, sem rita um íþróttamál, bentu á að áfengi og íþróttir fara ekki saman. Ég hygg að íþróttasíður dagblaðanna séu það efni sem hvað mest er lesið af ungu fólki, og þess vegna væri sjálfsagt og eðlilegt rúm fyrir slíka fræðslu, upplýsingar og áróður gegn áfengi, í íþróttaþáttum fjölmiðla, bæði í dagblöðum og í ríkisfjölmiðlunum.

Það er enginn vafi á því, að sjónvarpið er hvað áhrifaríkasti fjölmiðillinn til þess að ná til ungra sem aldinna í hvaða máli sem er. Þess vegna bendum við í þessari till. sérstaklega á sjónvarpið sem máttugasta aflið til að hafa áhrif til góðs í þessu efni. Ég hef persónulega talað við forráðamenn sjónvarpsins alloft um þetta og jafnan fengið góðar og jákvæðar undirtektir. En ekki get ég sagt að mér hafi þótt sjónvarpið sækja sig sérstaklega á í þessum efnum. Þvert á móti líður varla sá dagur að ekki beri fyrir augu í sjónvarpinu glasaglaum og áfengisneyslu sem sjálfsagðan hlut í daglegu lífi. Mér hefur verið tjáð af mönnum, er til þekkja, að ýmsir áfengisframleiðendur og áfengisseljendur, t. d. í Bretlandi, beinlínis komi ár sinni þannig fyrir borð að þeir auglýsa vöru sína

í gegnum sjónvarpsþætti, þá gjarnan í gegnum vinsæla skemmtiþætti, fjölskylduþætti svokallaða, sem líklegir eru til að ná inn á mörg heimili og til margra einstaklinga. Þetta er lævís áróður, en hann nær vafalaust takmarki sínu. Koma mér þá óneitanlega í hug einmitt ýmsir breskir sjónvarpsþættir, ágætir að öðru leyti en þessu, að áfengi og áfengisneysla skipar þar óeðlilega mikinn sess sem nokkurs konar tískustimpill á framleiðsluna. Þarna hygg ég að sjónvarpið sérstaklega ásamt öðrum fjölmiðlum þurfi að taka málin alvarlegum tökum og hefja slíka fræðslu og upplýsingastarfsemi með skipulegum hætti. Það er ekki nóg að taka við myndum sem kunna að berast um þetta efni og hafa jákvæð áhrif. Það verður að leita að efni, og við þurfum ekki endilega að leita til erlendra kvikmyndaframleiðenda. Við höfum nóg af fólki hér heima sem vill leggja þessum málum lið og gæti, ef það mætti, komið á framfæri ýmsu sem líklegt væri til að hafa bætandi áhrif. Þannig detta mér í hug ýmsir íslenskir samræðuþættir í sjónvarpinu sem mikið er hlustað á, eins og t. d. Kastljós, þáttur sem tekið er mark á og margir vilja ekki missa af. Þarna væri tilvalið rúm til að veita þessu máli meiri athygli og meira liðsinni en hingað til hefur tíðkast.

Ég vænti þess, að það, sem veit að fjölmiðlunum, verði tekið alvarlega og reynt verði að fá samvinnu við þá menn, sem með þessi mál fara og ég hef ekki ástæðu til annars en að ætla að séu málinu hlynntir, en þarna verði ekki lengur látið sitja við að yppta öxlum og leiða málið hjá sér.

Þá er bent á það í grg., sem að sjálfsögðu er afar þungt á metunum, og þá er ég komin aftur að hlið skólanna, að hugað sé alveg sérstaklega að þessum fræðsluþætti í menntun kennaraefna úr Kennaraháskóla Íslands. Þessi fræðsla í skólunum verður lögð á herðar kennara. Þetta er vandasöm fræðsla, eins og ég benti á áður, og það er tvímælalaust þörf á að kennaraefnin í Kennaraháskólanum búi sig undir hana sérstaklega, engu síður en það er talin nauðsyn á að veita sérstaka kennsluþjálfun í hinum ýmsu námsgreinum.

Ég vil ekki láta hjá líða að minnast á það sem vel hefur verið gert í þessum efnum, og vil ég þá sérstaklega benda á starfsemi ungtemplara sem hafa á undanförnum árum unnið frábært starf. Það er gleðilegt einmitt að þessi aldursflokkur hafi tekið sig fram um að hafa þarna áhrif, úr því að þeir, sem eldri eru, hafa ekki sinnt því meira en raun ber vitni hingað til. Þannig stóðu ungtemplarar t. d. s. l. haust að sérstakri fræðslustarfsemi og viðræðustarfsemi í gagnfræðaskólunum, þar sem könnuð voru viðhorf til vímugjafa. Þar var ekki aðeins áfengi tekið fyrir, heldur einnig aðrir vímugjafar, eins og hass og önnur fíknilyf sem jafnan renna í kjölfar hassneyslu. Till. þessi fjallar að vísu fyrst og fremst um áfengi, en að sjálfsögðu þyrftu þær upplýsingar og sú fræðsla, sem till. gerir ráð fyrir, að ná ekki síður til annarra skaðlegra fíkniefna. Verkefnið, eins og segir í grg., yrði að sjálfsögðu umfangsmeira, en þeim mun meiri ástæða til þess að öll ábyrg þjóðfélagsöfl: heimili, skóli og fjölmiðlar, leggist á eitt í baráttunni gegn þessum bölvaldi, ekki hvað síst með tilliti til hinnar upprennandi kynslóðar sem hvað helst þarf verndar og leiðbeiningar við.

Ég vil einnig benda á að nýlega er út komin á vegum bindindissamtaka kennara mjög handhæg handbók fyrir kennara sem stunda áfengisfræðslu. Þetta er lausblaðabók sem er því handhægari í notkun og má bæta inn í hana öðru efni sem á fjörurnar rekur og þykir eiga erindi í þessa fræðslu.

Eitt helsta áhyggjuefni allra hugsandi íslendinga varðandi áfengisneyslu í dag er einmitt þessi uggvænlega staðreynd, að áfengisneyslan færist æ neðar og neðar, þ. e. a. s. fólk allt niður í 12 ára aldur er nú byrjað að neyta áfengis. Það er þó talin staðreynd, sem ekki mun verða á móti mælt, enda liggja nákvæmar rannsóknir þar að baki, að eftir því sem maður byrjar yngri að neyta áfengis því meiri og ótvíræðari er hættan á að hann verði áfenginu að bráð og verði að áfengissjúklingi. Þannig segir yfirmaður áfengisvarna í Noregi að táningur, maður á unglingsaldri, geti á fáum mánuðum orðið áfengissjúklingur. Ef hann hefði byrjað neyslu fullorðinn yrði hann e. t. v. drykkjusjúklingur á 10 árum, en á jafnmörgum mánuðum ef hann hefur áfengisneyslu innan tvítugs. Með þessa staðreynd í huga, sem ekki mun verða vefengd, tel ég að því brýnna sé að skólarnir taki þessi mál nú og nú strax fastari tökum en verið hefur.

Við þurfum ekki yfir því að kvarta að við höfum ekki í lögum haft áferðarfalleg ákvæði um þetta mál. Ég held ég geti ekki stillt mig um að lesa upp 31. gr. gildandi áfengislaga um áfengisfræðslu, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherslu skal leggja á að upplýsa hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis. Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á á hverju skólastigi."

Þessi áfengislög eru frá 1971, og ég hygg að þessi grein hafi staðið í eldri lögum líka, þannig að það er ekki löggjöfinni að kenna að framkvæmdin á þessu hefur verið í molum. En það er í þessu máli eins og öðrum, að þar duga skammt falleg lagaákvæði ef ekki eru tilburðir til þess að framkvæma þau.

Á einum degi í nóv. s. l. var selt áfengi í Reykjavík fyrir 40 millj. kr. á dag, og þá vil ég taka fram að þar voru ekki inni í kaup veitingahúsa, heldur voru það aðeins einstaklingar í einni borg á Íslandi sem keyptu áfengi fyrir 40 millj. á einum degi. Mér reiknast til að það sé andvirði um 5 meðalstórra íbúða sem þar fóru á einni dagstund. Sala og hagnaður af sölu áfengis er ein af drýgstu tekjulindum íslenska ríkisins. Það er heldur ömurleg staðreynd, hljót-

um við að segja, og þessi hagnaður er að sjálfsögðu blekking ein ef farið væri út í og gerð skipuleg könnun á því hvað það kostar íslensku þjóðina í beinhörðum peningum. Fyrir utan allar þær mannlegu þjáningar og böl sem af áfengisneyslunni leiðir, þá hygg ég að það mundi koma allverulegt skarð í milljarðana, sem ríkissjóður innheimtir árlega fyrir sölu áfengis. En með þessa staðreynd í huga tel ég enn þá ótvíræðara að ríkisfjölmiðlunum sérstaklega ber siðferðileg skylda til þess að bæta fyrir eitthvað af því böli sem sannarlega og óumdeilanlega leiðir af sölu áfengis hér í landinu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja hér nokkur orð, þó hér hafi verið flutt mjög ítarleg framsaga, — framsaga sem ég hef út af fyrir sig fáu við að bæta almennt séð. Ég vil alveg sérstaklega færa fyrir hönd okkar, sem höfum starfað í áfengismálanefnd Alþingis, svo sem hún heitir og hefur unnið að þessum málum nokkuð, athugun þeirra sérstaklega og tillögum til úrbóta, færa fyrsta flm. till. bestu þakkir fyrir það hvað hér hefur verið vel að staðið, bæði hvað till. snertir og ekki síður þá framsögu sem hér hefur verið uppi höfð.

Það er auðvitað, eins og hv. frsm. kom inn á, ekki því að neita að ýmislegt er gert í okkar áfengismálum til lausnar, til hjálpar, sem mest er það þó til hjálpar þeim sem alla fótfestu hafa þar misst. Það skal síst vanmetið. Hitt er engu að síður staðreynd, að það er miklu minna sem að því er unnið sem kalla mætti beinar fyrirbyggjandi aðgerðir. Þar koma ýmsir alvarlegir hlutir inn í, svo sem oft hefur verið að vikið, eins og hið margumrædda frelsistal, vínmenningartal og ýmislegt annað sem ber vott um alvöru- og ábyrgðarleysi í þessum efnum, ekki síst þegar við unga og óreynda er talað. Og varla hygg ég, þó að það skuli ekki rætt hér, að neinum detti í hug að sú brtt., sem nú liggur á borðum þm. og hér hefur verið útbýtt í dag, muni tilheyra fyrirbyggjandi aðgerðum í áfengismálum. En um það mun ég fjalla síðar á öðrum vettvangi, og síst skal spillt fyrir þessum þætti málsins á þann hátt að fara út í almennar deilur um þessa brtt. hér. Það er nóg um það að við séum ósammála um leiðir þó að við hljótum að geta verið sammála, að ég vona, um þá leið sem hér er farið fram á, þann fyrirbyggjandi þátt sem hér er að vikið, fræðsluþáttinn almennt.

Hér hefur till. okkar í áfengismálanefnd Alþ. verið færð í betri og fyllri búning af hv. 1. flm., og sú till. er fyrst og fremst fyrirbyggjandi eðlis, hversu langt sem hún kann að ná, hversu mjög sem menn deila um það hve rétt sé þarna að staðið. Menn greinir á um það áreiðanlega, hvers virði það er, sem við köllum fræðslu í þessum efnum, hvert gildi fræðsla hefur almennt, hvaða áhrif hún hefur á mótun og viðhorf hvers einstaklings, ekki síst þegar þarf að berjast á móti andsnúnu almenningsáliti sem hvarvetna verður þungt á metum. Hitt er þó alveg ótvírætt, að fræðsla getur aldrei orðið annað en til góðs, einkum ef hún er hlutlaus, raunhæf og fyrst og fremst byggð á bláköldum staðreyndum.

Þess vegna er sjálfsagt að neita allra bragða á þessum vettvangi og nýta til þess þá aðila og þær stofnanir sem hafa mestan áhrifa- og áróðursmáttinn. Ég hef sjálfur af eigin raun kynnst þessum þætti við skólastarf mitt áður, og þrátt fyrir allt, vonbrigði á vonbrigði ofan, í óteljandi tilvikum, þá hef ég aldrei séð eftir þeim tíma sem í hlutlausa fræðslu var varið og hef enn á því trú að gildi þessa tíma hafi verið meira en gildi augnabliksins eins. Ég var þó ætíð sannfærður um það, að því betur sem t. d. skólinn og aðrir aðilar gætu fyllt upp í tómstundir unglinga með heilbrigðu félags- og skemmtanalífi, því betur sinntu þessir aðilar og þó alveg sérstaklega skólinn andófshlutverki sínu gegn áfengisneyslu. Og það hefur mér orðið æ ljósara að þar er mikið verk óunnið og skortir alla skipulagningu, þar sem áhugastarfið sem slíkt í þessum efnum fer ört dvínandi.

Ég skal vera fyrstur manna til þess að taka undir það, að frjálst og lifandi félagsstarf er það besta ef þar er rétt á málum haldið: félagsstarf að þroskandi verkefnum ýmsum, svo sem leiklist, tónmennt, skáklist, og margt fleira mætti nefna. Þetta allt saman er óneitanlega mikilvægt. Hér er um að ræða bandamenn okkar. En e. t. v. er þó ekkert að mínu viti á borð við íþróttaiðkanir af ýmsu tagi, ef í för er sá sanni félags- og áhugaandi, sem ekki setur alltaf og endilega í öndvegi afreks- og keppnismennskuna, þótt að henni beri einnig að gæta.

Á þessu sviði hins almenna félagsstarfs er einnig mikið verk óunnið og þá aðallega með beinni samtengingu alls þessa annars í mörgu blómlega starfs og andófsins gegn áfengisneyslunni, og þá einkum og sér í lagi, svo ég verði ekki sakaður um ofstæki svo sem stundum hefur komið fyrir, gegn ofneyslu áfengis. Samtenging þessa ætti í raun að vera eitt brýnasta verkefni okkar ásamt fræðslunni almennt, því einmitt á sviði félags- og ekki síður skemmtanalífsins — og á það legg ég sérstaka áherslu — er sá vettvangur sem baráttunni hæfir, þar sem af gæti hlotist nokkurt gagn ef rétt væri að staðið. Að slíta skemmtanalíf æskunnar úr þeim tengslum við áfengisneysluna, sem það er í dag, er ekki auðgert. En hvernig væri nú af þeim eldri, sérstaklega þeim sem oft hneykslast hvað mest, vínmenningarpostulunum margfrægu, að ganga hér í nokkru á undan í stað hins, að gera þetta sjálfir alltaf og ævinlega að ómissandi lið í hverju gleðimóti? Hér er áreiðanlega verk að vinna fyrir þessa aðila ef þeim er í raun og veru nokkur alvara með sínu tali, með allri sinni hneykslan. Það dreg ég oft í efa ef miðað er við almenna hegðun og þá fyrirmynd sem þetta sama fólk sýnir.

Við höfum mjög hugleitt það í þessari áfengismálanefnd, hvort við gætum ekki, áður en þar er upp staðið og áliti skilað til þingflokka, svo sem við eigum að gera, komið á framfæri beinum, ákveðnum tillögum til úrbóta einmitt á sviði félags- og skemmtanalífs. Það mun reynt, hvernig sem til tekst.

Á þessum vetri, svo sem löngum áður, hefur áfengisvandamálið birst okkur glögglega, þó einkennin séu þau verst, sem hv. 1. flm. till. vék hér að áðan, hve drykkjan færist niður í aldursflokkunum, sem er ærið áhyggju- og umhugsunarefni út af fyrir sig. Hins vegar skal ég því hvergi leyna, að mér þykir alltaf sem fjölmiðlar allir

og þó alveg sérstaklega blöðin geri sig sek um að hrópa hátt í einstaka tilfellum þegar allt keyrir úr hófi, ég tala nú ekki um þegar eitthvað krassandi er að gerast, sem hægt er að slá upp með stríðsletri, svo sem er siður síðdegisblaðanna. En síðan fellur þessi áhugi niður í lágmark logndeyðunnar, að manni stundum flýgur í hug í réttu hlutfalli við mismikla timburmenn þeirra sem rita og hrópa hæst.

Ég vil þó í þessu sambandi benda á það sem vel gert í þessu efni. Ég vil benda á ritstjóra Alþýðublaðsins, Árna Gunnarsson, sem aðila er ég tel til fyrirmyndar í málflutningi og rökum öllum í þessu máli. Hann hefur margsinnis notað leiðara sína til skynsamlegra og raunhæfra ályktana um þessi mál. Auðvitað koma hér fleiri við sögu, sem betur fer. En þetta hefur þó nú um langt skeið verið jákvæðasta framlag af hálfu einstaks fjölmiðils í þessum efnum. Og það ber vissulega að virða það sem vel er gert í þessum efnum, þegar það er gert á jafnágætan hátt og hér hefur verið að staðið.

Ég vil víkja að öðru, þó ég hafi gert það nýlega í Ed. varðandi frv. til l. um breyt. á áfengislögum þar. Ég vil víkja að því, hvers vegna ætíð er haft svo hátt um unglingana og öll þeirra afglöp. Þau eru vissulega nógu sorgleg og ógnvekjandi, það er ekki hægt að leyna því, en þeim er aðeins slegið upp og oft ógætilega með farið, vægast sagt. Hvers vegna? Hvað veldur þessum ósköpum sem slegið er upp? Því er látið ósvarað að mestu af þessum sömu aðilum. Og hví er ekki að hinu vikið, sem einnig ber að hafa í huga og ekki síður og minna á, hinni gífurlega auknu drykkju hinna fullorðnu, alveg sérstaklega í heimahúsum við hliðina á kornabörnum sem unglingum, þar sem, eins og ég sagði áðan, vínið er sett upp af þeim eldri sem hinn eðlilegi og ómissandi gleðigjafi, hinn óhjákvæmlegi förunautur á skemmtistaði, hinn vísi fylgifiskur hverrar veislu, hvers gleðimóts á vegum fjölskyldunnar, jafnvel á heimilinu? Mætti maður kannske gerast svo djarfur að segja það hreint út, að með öllu þessu séu hinir eldri, fyrirmyndin, fordæmið, að læða því að meðvitað og ómeðvitað, að hér sé í raun um mannsins besta vin og félaga að ræða og hví þá ekki barnanna besta vin líka? Hvers vegna er þessi þáttur ekki tekinn rækilega fyrir? Fjölmiðlar fara á vettvang, taka unglingana tali. Það er útvarpað og sjónvarpað á ýmsan veg drykkjulátum þeirra og margt fleira í þeim dúr. En hvað um heimahúsin? Það mætti kannske skyggnast inn á saklaust bridge-kvöld eða saumaklúbb jafnvel. Væri máske hugsanlegt að þar, í faðmi fjölskyldunnar, kynni að finnast eitthvað álíka? Að skella skuld á unglinga og börn og úthrópa þau með þeim hætti, sem oft hefur verið gert, er bein afleiðing slæmrar samvisku okkar hinna eldri. Sá tíðarandi, það almenningsálit, sem nú er ríkjandi, á ekki þangað rætur að rekja, síður en svo. Þar erum það við sem verðum að axla ábyrgðina.

Ég hlýddi fyrir áramótin — og á það var minnt hér á Alþ. þá — á hina mætustu menn í þessum málum ræða þau fyrst og fremst á fræðilegum grundvelli. Eitt var þó einkennandi við þetta. Þeir höfðu ekki lausn á reiðum höndum fremur en ég og margir fleiri sem að þessum málum höfðu hugað. Ég held að það hafi verið landssamtök sem hafa mikinn hluta þjóðarinnar innan sinna vébanda sem til þessa fundar boðuðu. Það kom helst í ljós hjá þessum ágætu mönnum, sem þarna höfðu framsögu og töluðu á eftir, að þeim þættu fáir þm. á þessum fundi og vorum við þar þó alla vega fjórir eða fimm. Ég gat ekki stillt mig um á þessum fundi einmitt að benda á það einnig, hve fáir af félögum þessara samtaka hlutfallslega væru þarna mættir. Samanburðurinn við þm. var sannarlega ekkert voðalegur fyrir okkur, þó ég hefði gjarnan viljað sjá þarna fleiri úr okkar hópi, ekki síst af því hvað erindin, sem flutt voru, voru fræðileg og ágæt. Hins vegar kom fram mjög glögglega frá þeim ágætu læknum og fræðimönnum, sem þarna töluðu, að allra tiltækra ráða yrði að leita til meiri upplýsinga og hlutlausrar fræðslu um þessi mál, þennan mesta bölvald þjóðfélagsins, sem þeir kölluðu svo, og fjölmiðlarnir komu þar í fremstu röð. Um það fjallar einmitt till. okkar og um hagnýtingu skólakerfisins einnig í þágu þessarar baráttu. En þessir menn lögðu líka áherslu á það, sem er fyrsta atriðið í ítarlegum till. sænskrar þingnefndar sem fyrir skömmu skilaði áliti eftir margra ára starf, — þeir lögðu einnig áherslu á það, að númer eitt væri að svipta áfengið því sem sænska þingnefndin kallar dýrðarljóma, þeim ljóma sem yfir það er breiddur í dag, ekki af unglingum, heldur af hinum fullorðnu, okkur hinum eldri. Það er rétt. Almenningsálitið er hvort tveggja í senn: sorglega sljótt og um leið að miklu leyti á bandi áfengisneyslunnar. Það er oft falið á bak við **frelishjal sem lætur vel** í óvitaeyrum. Þetta almenningsálit er það sem skiptir mestu máli. Því þarf að breyta og það þarf að virkja. Það þarf að virkja fyrst og fremst til fyrirbyggjandi aðgerða í þessum efnum, þó að ég dragi á engan hátt úr hinu hlutverkinu, að hjálpa þeim sem þegar hafa misst fótfestuna. Að þessu beinist þessi tillögugerð, fyrirbyggjandi aðgerðum fyrst og fremst. Raunhæf og alvarleg framkvæmd hennar gæti orðið skref í áttina, veikburða skref eflaust, en skref þó.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Það var einungis af því að mér láðist að biðja ákveðna þingnefnd fyrir þessa till. að ég stend hér upp aftur. En mig langar í leiðinni til að þakka hv. þm. Helga F. Seljan fyrir hans skelegga stuðning. Við stöndum saman að þessari till., þannig að ég átti ekki annars að vænta úr hans átt. Ég vil nú vona að þessi tvö mál, sem borin eru fram eftir mikla og góða vinnu hinnar þingkjörnu milliþn., ég vil óska að þessi mál nái nú fram að ganga, hugsanlega með þeim breytingum sem hv. Alþ. vill á þeim gera, en að þau verði ekki svæfð nú, eins og jafnan hefur hent í málum sem borin hafa verið fram á Alþ. og miða að umbótum í áfengismálum.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á það, að svo skemmtilega eða kannske öllu heldur óskemmtilega vill til, einmitt nú er við mælum fyrir þessari till., að það kemur fram þriðja þingmálið í dag sem fjallar um áfengismál Íslendinga, og það er um leyfi til bruggunar áfengs öls. Þetta er auðvitað greinileg afturganga hér í

þingsölum, og ég fyrir mitt leyti hef litlar áhyggjur af því að hún fái ekki þá meðferð sem hún á skilið. En alla vegar eru hér þrjú þingmál, sem snerta áfengismál, komin fram. Ég vona að þingheimur taki þeim og afgreiði þau sem vert væri. Ég vil svo biðja um að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr. þar sem nýlokið er umr. um hliðstætt mál, samið af þeirri sömu n. sem hér hefur verið vitnað til og að baki báðum þessum till. stendur, bæði frv. í Ed. og þál. hér. Ég hef það eitt um hvort tveggja að segja, að ég tel þetta mjög sjálfsögð mál og sjálfsagt að þau nái fram að ganga. En það, sem ég vil leggja höfuðáherslu á, eins og ég reyndar gerði í hv. Ed. og hér hefur einnig verið komið inn á af tveim hv. síðustu ræðumönnum, er sjálf fræðslan, að til fræðslunnar um skaðsemi ofneyslu áfengis verði ekkert sparað.

Við alþm. höfum á undanförnum árum fengið sent blað, fjölritað blað sem gefið er út að ég hygg á kostnað og með eigin fyrirhöfn ritstjórans, Steinars Guðmundssonar. Blaðið nefnist Snepill. Þetta blað hefur stundum verið talið af ýmsum þm. vera ærið hvassyrt í okkar garð og löggjafans. En þrátt fyrir ýmis stóryrði, sem ég mundi persónulega hafa orðað með einhverjum öðrum hætti, hef ég ekki séð neitt það á þingmenn borið eða réttara sagt löggjafarsamkomuna sem ekki er hægt að rökstyðja að er hreinn sannleikur. Það er staðreynd að Alþ. hefur ár eftir ár og áratugum saman haft það sem sinn feitasta tekjulið í fjáröflun til ríkisins að selja nægjanlega mikið áfengi. Og þegar okkar ágætu fjmrh. hefur skort fé, þá hefur áfengið einfaldlega verið hækkað, þannig að íslenska ríkiskerfið mundi riða til falls ef allir íslendingar tækju saman höndum um að hætta að neyta þess, og ýmsa þá þjónustuliði, sem taldir eru jákvæðir í okkar löggjafarstarfi, mundi dragast úr hömlu að framkvæma vegna þess að skortur væri á áfengisneyslu í landinu. Þetta eru þversagnir annars ágætra laga sem um þessi efni eru til, en hafa ekki náð framkvæmd vegna þess að fé hefur skort til umræddra framkvæmda, þ. e. a. s. fyrirbyggjandi framkvæmda og fræðslu og aðstoðar við þá sem hafa orðið áfenginu að bráð um lengri eða skemmri tíma. Þessi iskalda staðreynd blasir við okkur, og við komumst ekki hjá að viðurkenna að þó að nokkuð djúpt sé tekið í árinni utan þings í okkar garð, þá er þetta sannleikur, — sannleikur sem við verðum að horfst í augu við.

Það var aðeins eitt atriði sem ég var ekki sammála hv. 1. flm. um áðan, og ég hygg að sé á röngum upplýsingum byggt, að áfengið hafi haldið innreið sína í raðir íþróttamanna meira nú en áður hefur verið. Ég veit að íþróttasamtökin hafa það á stefnuskrá sinni að vinna gegn áfengisneyslu, og ég hygg að þau hafi ekkert slakað á þeirri kló nú frekar en áður.

En væri ekki umhugsunarefni fyrir okkur að taka stærri hlut áfengiságóðans til þess að koma í veg fyrir áfengisneyslu og til að bjarga þeim sem bjargað verður af þeim, sem þegar neyta of mikils áfengis, og veita betri aðstöðu til að framkvæma þau lög og þær reglur sem í gildi eru? Ég benti á það í hv. Ed. um daginn að hér er ágætis áfengisvarnaráðunautur og áfengisvarnaráð skipað valinkunnu fólki í þessum efnum. Eini vonarneistinn í sambandi við þá, sem orðið hafa áfenginu að bráð, hefur reynst nýbyggingin á spítalalóðinni á Vífilsstöðum. Áður var þetta sérdeild frá geðveikrahælinu að Kleppi sem átti að sjálfsögðu sáralitla samleið með þeim sjúklingum sem þar verða að dvelja. Þetta eru ljóslustu blettirnir sem hafa sést í viðbrögðum löggjafans á undanförnum áratugum. En áfram höldum við að treysta á afraksturinn af aukinni neyslu áfengis til annarra nauðsynlegra þarfa í landinu.

Ég held að það taki enginn mark á þessum lögum okkar og lagasetningu, ályktunum og reglugerðum, ef ekki verður skipt um af hálfu okkar sem löggjafarsamkomuna skipum á hverjum tíma. Það er ekki heldur við því að búast að almenningur taki slíka löggjöf alvarlega meðan ekki er gert kleift að starfa samkvæmt gildandi lögum sem sett eru með annarri hendinni, en hindruð í framkvæmd með hinni. Um þetta erum við öll sammála.

Ég bendi á það, sem ekki hefur verið orðað hér, að ég hygg, í þessum umr. nú frekar en áður, að það er vaxandi skoðun með atvinnurekendum hjá erlendum þjóðum að þeir bókstaflega kosta og styðja fjárhagslega opinberlega stór sjúkrahús til þess að hjálpa nauðsynlegustu vinnukröftum sínum til þess að losna úr viðjum áfengisneyslunnar, — vinnukröftum sem þeir mega ekki við því að missa og hafa e. t. v. varið löngum tíma til að þjálfa til sérstakra starfa, en verða áfengisnautninni að bráð. Í launaskyni, þegar viðkomandi hefur fengið fullan bata af þessum sjúkdómi sínum, hefur hann fengið vinnuna aftur og jafnvel hæri laun. Hér er einn liðurinn sem vert væri fyrir íslenska atvinnurekendur að hugsa um. En þá þarf að vera aðstaða til að taka við slíkum sjúklingum.

Meginatriðið í þessu tali okkar öllu um áfengismálin er þó það, að við séum sjálfum okkur samkvæmir, framkvæmum þau lög og þær reglur um áfengismál sem við höfum samþykkt og afgreitt héðan frá okkur, gerum það kleift með fjárhagslegum stuðningi að þau verði framkvæmd í raun og sannleika.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að þm. allir viti að ég er ekki bindindismaður, hef ekki verið það og geri vart ráð fyrir að ég fari að breyta um stefnu í þeim málum, úr því sem komið er. Hins vegar vil ég láta það koma fram hér, að ég er eindregið samþykkur þeirri till., sem hér er lögð fram, og tel hana stefna í rétta átt í þessu máli.

Eitt kom fram hjá hv. frsm. till. varðandi framkvæmd málsins að því er varðar fræðslu í skólum. Hún taldi að sú fræðsla ætti að innast af hendi af kennurum viðkomandi skóla. En ég tel að það mál þurfi að athuga miklu betur. Við vitum það öll að kennarar eru eins og aðrir menn, misjafnir, og í þessum málum hafa þeir

misjafnan áhuga. Ég tel að það þurfi að koma þar aðrir aðilar til utan skólans, til að veita þá fræðslu sem nauðsynlegt er að veita í sambandi við áfengismál.

Hv. frsm. benti á það réttilega, að í 31. gr. áfengislaga, sem í gildi eru, er gert ráð fyrir þeirri fræðslu sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. En úr framkvæmdum í samræmi við gildandi lög hefur, eins og hún sagði réttilega, ekki orðið. Ég tel að það sé c. t. v. það alvarlegasta hjá okkur í þessum málum, að ekki hefur örlað neitt á því að þau ákvæði um fræðslu, sem á að framkvæma, hafi komið til framkvæmda. Það vill þannig til, að ég get talað af nokkurri reynslu að því er varðar fræðslu um neyslu áfengis, því að fyrir 30—40 árum var ég í skóla erlendis, í Danmörku, og þá skeði það nokkurn veginn í upphafi skólatímabilsins að sú bekkjardeild, sem ég var í var kölluð inn í hátíðarsal skólans og okkur tilkynnt að þar ætti að halda fyrirlestur um ofneyslu áfengis. Þar var ekki neinn kennari skólans, heldur var þar kominn yfirlæknir við eitt af geðsjúkrahúsunum í Danmörku, og undir hann heyrði sérstaklega sú deild þar sem áfengissjúklingar höfðu endað æviskeið sitt, eins og hann sagði, orðnir ólæknandi vegna ofneyslu áfengis. Hann tilkynnti það í byrjun, að hann væri ekki bindindismaður og í landi eins og Danmörku, þar sem vín væri selt svo að segja á hverju götuhorni hlyti það að vera matsatriði hjá hverjum einstaklingi hvort hann vildi neyta áfengis eða verða bindindismaður. En hann gerði annað sem verkaði þannig á mig að ég man enn í dag margar setningar úr fyrirlestri hans. Hann sýndi okkur mynd af mönnum sem höfðu lent í því að verða áfenginu að bráð, rakti sögu þeirra í myndum og útskýrði fyrir okkur hvernig færi ef menn réðu ekki við það að meðhöndla áfengi eins og best væri, án þess þó að vera bindindismenn. Það, sem hann sagði valda því að menn gerðust ofdrykkjumenn, var að þeir drykkju meira en einn dag í röð. Hann sagði að manni, sem neytir áfengis kannske við viss tækifæri, lætur það síðan vera á milli, væri yfirleitt ekki hætt við að verða áfenginu að bráð. Aðeins þeim, sem hefðu ekki þrek til þess að neita sér um áfengi daginn eftir að þeir hefðu drukkið það, væri hætta búin. Það var einmitt þess vegna sem þeir enduðu á þeirri stofnun sem hann var að lýsa fyrir okkur og sýndi okkur kvikmyndir af hvernig ástandið væri þar.

Ég verð að játa að óhugnanlegt var að horfa á þessa kvikmynd, og þær látlausu útskýringar, sem hann hafði við myndina, hlutu að verka á hvern þann sem hlustaði á. Hann gerði okkur alveg ljóst að það væri á okkar valdi einna, hvaða stefnu við tækjum í þessum málum eftir að við hefðum fengið að heyra og sjá það sem hann sagði okkur. Hver einasti nemandi, sem á þetta hlustaði, hlaut að gera sér það ljóst, að ef hann leyfði sér að misnota áfengi, eins og sagt er, drekka meira en einn dag í röð, þá þyrfti mikil átök — átök sem hann sagði að því miður allt of fáir hefðu styrk til — til þess að verða ekki áfenginu hreinlega að bráð.

Ég tel því að það þurfi að taka upp breytta stefnu í þessu máli og að þetta eigi að framkvæma á annan hátt en kom fram í framsögu hv. frsm., hv. 9. landsk. þm., að það eigi ekki að fela kennurunum í skólunum þá fræðslu sem þar á fram að fara, heldur eigi að fá til þess viðurkennda lækna sem geta rakið og sýnt bæði með myndum og á annan hátt þá skaðsemi sem áfengið veldur mönnum ef þeir hafa ekki á því hemil. Ef öllu ungu fólki er gert þetta ljóst á þennan hátt og það hefur það á tilfinningunni og veit að það er alveg á þess valdi, hvaða stefnu það tekur varðandi misnotkun áfengis, þá eru minni líkur fyrir að það verði áfenginu endanlega að bráð. Ég hygg að ef þannig væri að staðið, þá væri það mjög gott veganesti fyrir alla unglinga, sem í skólum eru, og yrði þeim örugglega til mikillar umhugsunar og uppfræðslu, miklu meira en þó að kennarar væru vissan tíma í viku eða mánuði að stagla um áfengismál, kannske með mismunandi miklum áhuga. Ég tel einnig, eins og 2. töluliður þessarar till. gerir ráð fyrir, að ef slíkir fyrirlestrar væru fluttir og sýndar myndir í sjónvarpi, þá mundi það vissulega hafa miklu meiri áhrif en sú fræðsla sem hingað til hefur verið veitt um þessi mál.

Það, sem ég hef alltaf fundið að í sambandi við allt tal um áfengismál frá hendi þeirra aðila sem eru bindindismenn og vilja þessu máli svo sannarlega vel, eru þær öfgar sem yfirleitt hafa komið fram í öllum umr. frá þeirra hendi um þessi mál. Það þýðir ekki fyrir okkur að vera að reyna að ætla að bannfæra áfengið. Við vitum að áfengi verður ekki útilokað hér á landi né sennilega annars staðar. Jafnvel þó það væri sett hér á áfengisbann, þá mundi áfengið fljóta eftir ýmsum leiðum inn í landið, hjá því verður ekki komist. Það er því að mínum dómi fræðslan ein sem getur bjargað í þessum málum. Ég tel að þessi till. stefni í alveg rétta átt, en ég tel að það þurfi að koma þarna inn aðilar sem fólkið verulega tekur mark á að sýna mönnum bæði í gegnum sjónvarp og eins unglingum í skólum hver áhrif það hefur ef misnotkun áfengis á sér stað. En boð og bönn, eins og mest hefur borið á undanfarið, held ég að verki jafnvel öfugt við við það sem til er ætlast af þeim aðilum sem áhuga hafa á bindindismálum. Ég tel að þessi boð og bönn og hörðu dómar um náungann verki á allt annan veg en æskilegt er.

Ég hef hlustað á einn ágætan mann, — mann sem ég hef metið einna mest um ævina, — segja, þar sem var fjöldi manns, að hann teldi að enginn einasti maður, sem víns neytti, ætti að vera hlutgengur í nokkrar opinberar stöður, hvorki eiga sæti á Alþ. né gegna nokkru trúnaðarstarfi fyrir hið opinbera, hvorki hjá sveitarstjórnum né ríkinu. Ég tel að slíkar öfgar verki hreinlega öfugt og ef menn, sem annars vilja kannske hugsa um málin, fá ekki annað en slíka hleypidóma og slíka harða dóma, þá verki þetta á allt annan veg en til er ætlast af þeim mönnum sem þó sannarlega vilja þessum málum vel.

Mér finnst vanta eitt atriði inn í þáltill., það sem hv. frsm. aðeins kom að, en það er í sambandi við neyslu fíkniefna. Ég tel að inn í þessa till. mætti einnig koma 3. töluliður sem væri um fræðslu í sambandi við skaðsemi af neyslu fíkniefna. Það mál er að verða ekkert minna vanda-

mál en áfengið og miklu hættulegra ef það nær frekari útbreiðslu. Það hefur verið reynsla annarra þjóða. Við heyrum orðið næsta daglega í fjölmiðlum að fíknidómstóllinn hefur haft til meðferðar aðila sem hafa verið staðnir að því annaðhvort að selja fíkniefni eða að flytja þau inn ólöglega til sölu. Ég tel að einmitt þetta mál sé í samhengi við áfengismálin og að þessi till., sem hér liggur fyrir, mætti einnig gjarnan fjalla um þennan þátt, fíknilyfjaneyslu. En eins og ég sagði tel ég að ef þessi till. verður samþ. væri best að fela ekki endilega kennurum áfengisfræðsluna. Þeir geta vel verið góðir og eru án efa margir góðir og gegnir, en hafa misjafnan áhuga á áfengisvarnamálum. En kennarar eru bæði bindindismenn og ekki bindindismenn, og ég hygg að þegar börn í skólum eru búin að hlusta á kennara sinn dag út, dag inn og kannske ár eftir ár, þá verði miklu áhrifameira að til kæmi einhver nýr aðili sem þau hlytu að taka tillit til. Væri það þekktur starfandi læknir, þá mundu þau taka miklu meira tillit til þess, sem hann segði, heldur en þó að þetta væri tekið inn í hið almenna fræðslukerfi í skólum landsins.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. tók svo margt fram í sinni ágætu ræðu af því, sem ég hefði viljað sagt hafa í sambandi við þessa till. sem hér er til umr., að ég þarf ekki að tala hér langt mál. Aðeins vil ég láta það koma skýrt fram, að ég held að hverrar skoðunar sem við erum almennt um meðferð áfengis, þá getum við öll verið sammála um það, að við viljum öll stuðla að og veita stuðning hverju því sem er hægt að segja að sé fyrirbyggjandi aðgerð til að hindra þær hroðalegu afleiðingar sem við öll viðurkennum að ofneysla áfengis hefur.

Hitt er svo annað mál, að okkur greinir á hvernig sé best að standa að þessum málum og hver sé mesta orsök þess að verr hefur farið í okkar þjóðfélagi heldur en skyldi. Aðeins vil ég láta það koma fram hér, að ég er í hópi þeirra sem telja að margt það, sem hefur farið miður vel í þessum málum hjá okkur, megi rekja til rangrar, stórgallaðrar áfengislöggjafar og þá ekki síður gallaðrar framkvæmdar á þeirri löggjöf. Það er eitthvað bogið við að hafa löggjöf sem heimilar sölu og neyslu á sterkasta hluta þessa vímugjafa sem um er að ræða, en bannar dreifingu og neyslu á veikustu tegundinni sem hér er um að ræða, og segja svo að menn vilji framfylgja fyrirbyggjandi aðgerðum.

Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er vakin athygli á mjög mikilvægum þætti, sem er fræðslan um áfengismálin og leiðbeiningar um varnir í sambandi við þetta mál. Ég tel að það, sem felst í þessari till., geti verið til bóta, og það er sjálfsagt að kanna það allt saman. Hins vegar fer ég ekki ofan af því, að við þurfum að gera betur. Við þurfum að athuga þessi mál meira frá grunni. Ég efast ekki um getu skólanna og uppeldisstofnananna til þess að verða að því liði sem óskað er eftir og stefna er mörkuð um í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir. En einhvern veginn er ég nú þannig skapi farinn, þannig gerður, að ég lít á þetta mikla vandamál fyrst og fremst sem uppeldisatriði, og ég treysti miklu meira á heimilin sjálf til að rækja þennan hluta svo vel megi fara.

Hv. 3. þm. Suðurl. varaði við ýmsu sem miður fer í margs konar áróðri, sem vissulega á að sumu leyti rétt á sér í sambandi við áfengisvarnir og umr. um áfengismál. Ég get verið honum sammála um það, að mér finnst stundum að þar sé unnið meira af kappi en forsjá. Og mér er til efs að ýmsar ráðstafanir, sem er verið að gera, nái tilgangi sínum. Ég get til að mynda gefið þá yfirlýsingu hér, að ég gat aldrei skilið þá ráðstöfun, að það tilheyri fyrirbyggjandi vörnum eða nái einhverjum ákveðnum tilgangi að banna almennar áfengisauglýsingar. Mér er ómögulegt að skilja viturleik þeirrar ráðstöfunar, að slíkar auglýsingar megi ekki birtast í fjölmiðlum þjóðarinnar, en ekki er fyrr komið í venjulega bifreiðaafgreiðslu, þar sem eru afgreiddir miðar í langferðabifreiðar, að ég tali ekki um þar sem eru afgreiddir farmiðar í flugstöðvum innanlands, en þar blasir við söluop þar sem maður kaupir alls konar útlend tímarit sem eru meira og minna löðrandi í slíkum auglýsingum. Svona boð og hömlur að mínu mati smásmuguleg bönn ná ekki tilgangi.

Ég tek undir með þeim, sem hér hafa talað, og hv. flm. þessarar till., að okkur ber siðferðileg skylda til að styðja á sem bestan máta allar þær ráðstafanir sem eru fyrirbyggjandi í sambandi við hættuleg áhrif sem ofneysla áfengis getur haft í för með sér, og þá ekki síst að styðja almenna fræðslu bæði í skólum og fjölmiðlum. Skal ekki standa á mér að styðja till. til fjárútláta í því sambandi. En ég vil þó um leið allra vinsamlegast fara fram á það, að það megi ræða það af rósemi og fullu raunsæi hvort ekki sé svo mikið ábótavant þeirri löggjöf, sem þjóðin býr við, og framkvæmd hennar allri, að þörf sé einhverra úrbóta.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sala Grasköglaverksmiðjunnar í Flatey á Mýrum, þáltill. (þskj. 168). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 168 flyt ég till. til þál. um athugun á sölu Grasköglaverksmiðjunnar í Flatey á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu. Í till. er lagt til að ríkisstj. sé falið að rannsaka möguleika á að selja samtökum bænda í Austur-Skaftafellssýslu Grasköglaverksmiðjuna í Flatey á Mýrum.

Ég vil í upphafi leggja ríka áherslu á að hér er einungis lagt til að rannsaka möguleika á sölu verksmiðjunnar. Í stuttri grg. er bent á þá staðreynd, að framkvæmdin var fyrst og fremst fyrir frumkvæði heimamanna sjálfra, og sú eindregna skoðun flm. látin í ljós, að fyrirtæki sem þetta sé best komið í höndum þeirra.

Um langan aldur hefur íslenskur landbúnaður verið mjög fast mótaður. Hinar ytri aðstæður, svo sem landkostir, ræktunarkostir og veðráttа, hafa mótað landbúnaðinn að nokkru að staðháttum hvers byggðarlags. Þótt á síðari árum hafi átt sér stað mikil uppbygging og vélvæð-

ing í landbúnaði, þá hefur fjölbreytni í framleiðslu hans á framleiðslustigi lítt aukist. Í vinnslu og dreifingu hefur hins vegar átt sér stað mikil breyting. Vinnslustöðvar hafa verið reistar og iðnaður, sem fær hráefni frá landbúnaði, stóraukist. Það er svo mál út af fyrir sig, að hin mikla verðmætaaukning í landbúnaði hefur ekki síður komið þéttbýlinu til góða, þar sem verslun með vörur landbúnaðarins fer að mestu fram þar. Menn standa sem sagt gagnvart þeirri staðreynd, að umsvif í landbúnaði á síðari árum hafa ekki að marki lagfært byggðaþróunina í landinu. Sá þáttur verður þó ekki rakinn nánar hér, þótt erfitt sé að hugsa sér að til langframa verði litið fram hjá þessari staðreynd, heldur reynt að efla sveitirnar að nýjum verkefnum.

Í þessum efnum sem öðrum eru þó til undantekningar. Ný framleiðslugrein í landbúnaði hefur á síðari árum hafist til nokkurs vegs, en það er fóðuriðnaðurinn. Árið 1962 voru fyrstu grænfóðurverksmiðjurnar reistar, en þær voru, eins og kunnugt er, í Gunnarsholti, sem raunar má telja að hafi ekki hafið framleiðslu fyrr en 1963, og á Hvolsvelli. Síðan bættust við verksmiðjurnar í Brautarholti á Kjalarnesi litlu síðar og svo í Dölum vestur 1973, enn fremur þrjár litlar verksmiðjur til framleiðslu á heykökum: á Svalbarðsströnd, í Brautarholti á Skeiðum og Fjallafóður undir Eyjafjöllum, og síðast verksmiðjan í Flatey á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu sem till. þessi fjallar einmitt um.

Aðdraganda að byggingu verksmiðjunnar í Flatey er ótvírætt að rekja til þeirra ræktunarframkvæmda sem bændur í sýslunni höfðu unnið að, m. a. á félagslegum grundvelli, allt frá árinu 1962. Sú ræktun var stærri í sniðum en áður hafði þekkst, auk þess sem í landbúnaði í sýslunni náðist nú stórbættur árangur. Voru mönnum nú enn ljósari en áður hinir ákjósanlegu ræktunarkostir þar í sýslu. Er þá ótalið það sem mestu varðaði og réð raunar úrslitum um stofnun verksmiðjunnar, en það var hið mikla starf samtaka bændanna í sýslunni að vinna að framgangi málsins og síðar við upphaf framkvæmdanna, að taka að sér framkvæmd ræktunarinnar sem var auðvitað forsenda þess að verksmiðjurekstur gæti hafist.

Þessi fáu orð um aðdraganda að verksmiðjuframkvæmdum læt ég nægja til að sýna hvern hlut bændur í Austur-Skaftafellssýslu hafa átt að þeim framkvæmdum og þar af leiðandi hversu starfsemi verksmiðjunnar er eða a. m. k. ætti að vera nátengd störfum bændanna þar. Margir þeir, sem unnið hafa að uppbyggingu Flateyjarverksmiðjunnar, hafa lagt af mörkum gott starf, og meta verður það að verðleikum að verksmiðjan er nú komin í sæmilegt rekstrarhorf. En ýmsa og raunar marga erfiðleika og tafir, sem orðið hafa á hraða hinna einstöku verkþátta, er að rekja til þess eignarforms sem nú er á verksmiðjunni. Þar veldur þó þrennt mestu um: í fyrsta lagi það sem ég vil kalla hringdansinn í kerfinu, sem embættismennirnir slá undir af setningi, í öðru lagi takmarkanir á fjármagnsöflun sem bundnar eru við það eignarform, sem nú er, og í þriðja lagi og ekki síst, að ekki er eins hnitmiðuð forusta um framkvæmdirnar og þörf er á vegna fjarlægðar forustunnar.

Mér þykir ekki ástæða til að ræða þessa þætti frekar nú. Þar sem uppbyggingu verksmiðjunnar er að verulegu leyti lokið, ætti þessi skipan að gera starfseminni í Flatey minna til hér eftir en hingað til. Þótt reynslan af byggingu verksmiðjunnar í Flatey bendi ótvírætt til að heppilegra sé að slík fyrirtæki séu í eigu aðila í héraði, sýnist mér þó að röksemdir, er snerta framtíðina, séu enn ótvíræðari.

Það, sem kemur fyrst fyrir sjónir, er að hér er um landbúnað að ræða og fram til þessa hefur þótt best hæfa að hann væri í höndum bændanna sjálfra. Verksmiðjurekstur til fóðurframleiðslu og búskapur bændanna á það sammerkt að hann grundvallast á ræktun túna og grænfóðurakra. Því er það, að þar sem bændurnir hafa náð tökum á að rækta og uppskera fyrir eigin bú er þeim hægur vandinn að inna af hendi hliðstætt verkefni fyrir grænfóðurframleiðslu, og raunar er reynsla þeirra dýrmæt trygging fyrir að vel farnist í þeim efnum.

Oftlega hefur verið á það bent, að einhver tiltekinn atvinnuvegur eða framleiðslugrein gæfi færi á nýjum verkefnum á öðrum sviðum. Formaður Stéttarsambands bænda sagði nýverið frá því, að framleiðsla einnar fjölskyldu í landbúnaði fengi fimm fjölskyldum starf við sölu og vinnslu á framleiðsluvörum atvinnugreinarinnar. Að þessu ber mjög að hyggja varðandi verksmiðjuna í Flatey. Þegar slík framleiðsla er fjarri þéttbýli og vinnuafl því ekki tiltækt á staðnum væri æskilegt, ef unnt reyndist, að fá önnur viðfangsefni við hliðina á verksmiðjunni. E. t. v. gætu ýmis verkefni beinlínis átt þar samleið, t. d. viðgerðarþjónusta af ýmsu tagi, enn fremur ýmsar greinar létts iðnaðar. Þótt gengið sé út frá þeirri forsendu að ríkið skili verksmiðjurekstrinum skammlaust, er augljóst að það megnar ekki að laða fram önnur þau áform sem æskileg væru þar einnig. Slíkt getur ekki orðið með öðrum hætti en þeim, að heimaaðilar og þá sérstaklega sveitarfélögin sjálf hafi þar forgöngu um.

Enn er ótalinn sá þátturinn sem ég tel hvað mestan, en það er að samræma sjónarmið og hagsmuni framleiðandans og kaupandans. Á þetta vil ég leggja mikla áherslu. Þar kemur þá fyrst til athugunar verðlag á framleiðslu verksmiðjunnar. Þótt að baki kostnaði af slíkri framleiðslu séu margir þættir, mun þó hagkvæmni og vinnutilhögun valda mestu um þegar fram líða stundir. Með því að fá samtökum bænda slíkan rekstur í hendur verður um leið eðlilegt aðhald í rekstri verksmiðjunnar, þar sem sameinast í einum punkti sjónarmið bóndans, að framleiðslan verði verðlögð á því verði að hún reynist í búrekstri fjárhagslega hagkvæm, og framleiðandans að framleiða vöru sem tryggir verksmiðjurekstrinn, en nýtur jafnframt trausts kaupandans.

Vera má að mönnum þyki sú till., sem hér liggur fyrir, ótímabær, þar sem mþn. skipuð af landbrh. hefur málið í heild til endurskoðunar og mun skila áliti bráðlega. Ég vil þó leggja áherslu á að þessu tvennu er óþarft að blanda

saman, m. a. vegna þess að hér er einvörðungu rætt um eignarform á verksmiðjunni og nálega útilokað að hugsa sér að breytt skipan í þeim efnum varðandi verksmiðjuna í Flatey geti gengið í berhögg við væntanlegar till. í þessum málum.

Að lokum legg ég áherslu á að sú till., sem hér er til umr., felur aðeins í sér könnun á hvort hugsanlegt sé að breyta um eiganda grasköglaverksmiðjunnar í Flatey. Auðvitað er jákvæð afstaða beggja aðila, þ. e. samtaka bænda í Austur-Skaftafellssýslu og ríkisins, forsenda þess að svo geti orðið. Afstaða þessara aðila hlýtur að mótast að undangengnum viðræðum milli þeirra um málið. Á það vil ég leggja áherslu, að sala er vart hugsanleg af hendi ríkisins, heldur öllu heldur afhending. Afhending eða sala ríkisins á fyrirtækjum, sem það hefur reist eða eignast með öðrum hætti, í hendur sveitarfélögum, samtökum heimaaðila eða einstaklingum er sú valddreifing sem ég álít að við eigum fyrst og fremst að leggja höfuðáherslu á nú.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til að þegar umr. verður frestað nú verði málinu vísað til atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vinnuvernd og starfsumhverfi, þáltill. (þskj. 301). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þm. Alþfl. hafa leyft sér að flytja í annað skipti till. til þál. um vinnuvernd og starfsumhverfi. Till. hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir þingið frv. til l. um vinnuvernd og starfsumhverfi og hafa um það samvinnu við Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Tilgangur laganna verði að tryggja öllum landsmönnum starfsumhverfi, þar sem ekki er hætta á líkamlegu eða andlegu heilsutjóni, en vinnuskilyrði eru í samræmi við lífskjör þjóðarinnar og tæknilega getu, stuðla að virðingu vinnunnar og starfsgleði.

Lögin geri ráð fyrir eðlilegum íhlutunarrétti vinnandi fólks varðandi starfsumhverfi sitt, en stefni að því, að verkefni og vandamál á því sviði verði sem mest leyst í samstarfi verkafólks og atvinnuveitenda, svo og af samtökum vinnumarkaðarins, allt innan ramma laga og reglugerða. Núverandi stofnanir, er gæta öryggis á vinnustöðum, fái aðstöðu til að annast óhjákvæmilegt eftirlit með því, að opinberum kröfum sé fylgt á þessu sviði.

Þá skulu lögin hafa ákvæði um starfsaðstöðu fyrir fólk, sem hefur skerta vinnugetu, og stuðla að því að það fái í sem ríkustum mæli vinnu með heilbrigðum á venjulegum vinnustöðum.

Lögin komi í stað laga um öryggi á vinnustöðum frá 1952.“

Þannig hljóðar till. Eins og segir í síðustu orðum hennar tóku gildi hér á landi árið 1952 lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Samkv. þeim var komið á fót Öryggiseftirliti ríkisins sem síðan hefur starfað samkv. lögunum og reglugerðum sem settar hafa verið samkv. þeim. Lög þessi voru á sínum tíma sett af framsýni og skilningi.

Meðal þess, sem fólk í þróuðum löndum hefur hvað mestan áhuga á, eru umhverfismál, þ. e. meðferð mannsins á náttúrlegu umhverfi sínu, og í öðru lagi atvinnulýðræði, sem veita á hverjum einstaklingi íhlutunarrétt um atvinnu sína á vinnustað til að gera hann að virkum þátttakanda í samfélaginu. Þessi viðhorf hafa fætt af sér meiri kröfur til starfsumhverfis en áður hafa verið gerðar. Það hefur runnið upp fyrir verkafólki að þau lífskjör, sem móta umhverfi á heimili, í skóla og félagslífi, eru ólíkt betri en það umhverfi, sem aftur fjöldinn verður að sætta sig við á vinnustað. Því spyrja menn nú: Hví skyldu óhreinindi og margs konar óhollusta ríkja á vinnustöðum fólks sem aldrei mundi sætta sig við annað en hrein, heilnæm og vistleg heimili, skóla, samkomustaði eða aðra dvalarstaði? Jafnframt þessu hefur aukin tækni leitt til þess, að fjölgað hefur til muna störfum með margvísleg efni og efnasambönd sem geta verið hættuleg. Mikill og vaxandi hávaði fylgir nútíma lífi. Margir vinnustaðir, sem ekki eru beinlínis hættulegir, geta, þegar til lengdar lætur, valdið streitu og ýmsum kvillum sem nú eru taldir til atvinnusjúkdóma og slíta fólki um aldur fram.

Það er tilviljun að einmitt í morgun sat iðnn. Nd. á einum af mörgum fundum sínum um væntanlega verksmiðju til bræðslu á silikonjárni, sem rís í Hvalfirði ef Alþ. samþykkir frv. sem liggur fyrir því nú. Á þessum fundi voru fulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, og þeir skýrðu frá því, að ef innri aðstæður í slíkum verksmiðjum eru ekki í nútímalegu og fullkomlega góðu lagi, þá er starf í þeim stórhættulegt. Það er þekkt, t. d. á hinum Norðurlöndunum, að allmikill fjöldi verkafólks í slíkum verksmiðjum og öðrum skyldum þeim hefur beðið tjón á heilsu sinni og sumir jafnvel látist af völdum sjúkdóma sem af þessu stafa. Sem betur fer eigum við í Heilbrigðiseftirlitinu unga mjög færa menn sem hafa starfað að þessum málum í öðrum löndum og kynnst þeim, þannig að ég vænti þess að samkv. ráðum þeirra muni Alþ. og ríkissti. bera gæfu til að sjá um að þarna verði fylgt ítrustu kröfum. En ég nefni þetta aðeins sem dæmi um hversu brýnt mál það er orðið að endurskoða löggjöf okkar og allt viðhorf okkar til vinnuverndar og starfsumhverfis, en starfsumhverfi er notað hér fyrir norræna orðið arbejdsmiljö. Má segja, að almennar umbætur á starfsumhverfi séu nú eitt mesta baráttumál verkalýðshreyfingar í öllum nágrannalöndum okkar. — baráttumál sem atvinnurekendur hafa yfirleitt tekið mjög vel í, því að þeir sjá auðvitað að fyrir utan mannúðlegu hlið málsins er þeim beinlínis í hag að heilsufar vinnandi fólks sé sem allra best.

Ég nefni þetta eina dæmi til að leggja áherslu

á þvðingu þessa máls. Um leið og ég nefni hversu mikið mál þetta er varðandi þessa einu verksmiðju sem nú er verið að ræða um, ég hygg að álitsgerð Heilbrigðiseftirlits sem send var heilbrrn, hafi verið um 150 síður, — um leið skulum við minnast þess, að það er rúmlega áratugur síðan við samþykktum hér stóriðju til framleiðslu á áli og það er almennt viðurkennt í dag að þar brást okkur bogalistin. Mengunarvarnir eru ekki komnar í verksmiðjuna og heilbrigðisaðstaða í verksmiðjunni er langt frá því að vera fullnægjandi. Þetta leyfi ég mér að fullyrða og bendi á að þetta er mál sem getur ekki staðið svo til lengdar. Það verður að leggja á það ríka áherslu að koma við fullkomnum mengunarvörnum, bæði vegna ytri mengunaráhrifa slíkra iðjuvera á umhverfi sitt og vegna innri mengunar, og vegna þess andrúmslofts sem fjöldi verkafólks verður að lifa í þriðjung starfsævi sinnar.

Enda þótt ég hafi tekið þessi tvö dæmi af stóriðju á þetta mál við um svo til allar atvinnugreinar. Það getur verið margs konar hætta fyrir heilsufar manna á litlum vinnustöðum, á litlum verkstæðum, þar sem unnið er með ýmsum efnum sem voru óþekkt fyrir nokkrum áratugum. Það getur skipt verulega miklu máli hvernig hreinlæti er háttað við sjálfa vinnuna og hvernig vinnustaðirnir líta út. Við höfum nýlega lifað það, að okkur var skyndilega bent á að allur þorri frystihúsa í landinu mundi sennilega ekki standast þær kröfur sem gerðar væru til matvælaframleiðslu í markaðslöndum okkar. Hvað sláturhúsin snerti gekk málið svo langt, að aðrar þjóðir neituðu að kaupa héðan svo mikið sem einn kindarskrokk fyrr en endurbætur hefðu verið gerðar á sláturhúsunum. Undanfarin ár höfum við varið milljörðum kr. til að endurbæta frystihúsin og byggja ný sláturhús til að gera þau að mannsæmandi vinnustöðum þar sem við getum verið þekkt fyrir að framleiða matvæli fyrir nútímafólk. Jafnframt hefur aðstaða fólksins, sem vinnur á þessum stöðum, verið bætt til mikilla muna.

Alþfl. flytur þessa till. í þeirri trú, að með henni sé hreyft stórmáli sem varðar stöðu einstaklingsins í þjóðfélaginu. Málið stefnir að aukinni þátttöku hvers og eins í mótun umhverfis. Það eitt, að menn fái að hafa íhlutun á einn eða annan hátt um það vinnuumhverfi sem þeir starfa í, er veigamikill þáttur lýðræðis og stórt skref sem gæti orðið til að gera fleiri að virkum borgurum, en ekki óvirkum eins og verið hefur hingað til, þar sem menn hafa flotið í gegnum lífið án þess að ráða nokkru um það umhverfi, sem þeir lifa og hrærast í, eða annað viðkomandi þeim stofnunum sem þeir starfa fyrir.

Það er mikið og vandasamt verk að gera drög að löggjöf um þetta efni. Ég tel tvímælalaust að það eigi að gera í samstarfi á milli samtaka vinnandi fólks og atvinnurekenda. Stundum þarf að gera mengunarráðstafanir í stórfyrirtækjum sem kosta mikið fé, og þá verður að horfast í augu við það af raunsæi og gera atvinnufyrirtækjunum kleift að bæta vinnuaðstöðu eins og þörf er á. En engir þekkja þessi mál jafnvel og aðilar sjálfir. Þriðji aðilinn, sem ég tel að ætti að eiga hlut að samningu slíkrar löggjafar, er Heilbrigðiseftirlitið með þeim sérfróðu mönnum sem þar eru, og svo að sjálfsögðu Öryggiseftirlit ríkisins, sem hefur að takmörkuðu leyti unnið að þessum málum, — ég segi að takmörkuðu leyti, vegna þess að löggjöfin, eins góð og hún var á sínum tíma, er orðin úrelt og fullnægir ekki þeim kröfum sem við eigum að gera til slíkra mála í dag.

Herra forseti. Ég vonast til þess að þessari till. verði vel tekið og hafið verði starf við að gera drög að nútímalegri og fullnægjandi löggjöf um þessi mál. Ég legg til að málinu verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lausaskuldir bænda, þáltill. (þskj. 260). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 260 um lausaskuldir bænda. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því hvort nauðsynlegt sé að útvega Veðdeild Búnaðarbanka Íslands aukafjármagn á árinu 1977 þannig að Veðdeildinni verði gert kleift að veita þeim bændum, sem verst eru settir, tækifæri til þess að breyta lausaskuldum í föst lán. Leiði könnunin í ljós að hagur einhverra sé það bágur að þetta komi ekki að fullum notum, þá verði kannað hvort unnt sé að gera Stofnlánadeild og Veðdeild kleift að veita þeim bændum, sem eiga í mestum erfiðleikum, frest á afborgunum af lánum við deildirnar."

Þessari till. lét ég fylgja grg., svo hljóðandi:

„Eitt alvarlegasta vandamál, sem íslensk bændastétt á við að stríða, er það hve fjárhagsafkoma bændanna er misjöfn. Reynsla undanfarinna ára hefur verið sú, að bændur hefur vantað talsvert upp á að ná því kaupi sem þeim hefur verið áætlað í verðlagsgrundvelli, oftast 20—30%. Verðlagsgrundvöllur byggist á meðalbúi, en aðstaða hinna einstöku bænda er að sjálfsögðu mjög mismunandi, bæði hvað varðar jarðnæði, starfsaldur og aðstöðu alla. Sem betur fer hefur nokkur hluti bænda ágæta fjárhagsafkomu og verulegur hópur þolanlega, en þeir, sem lakast eru settir, eiga við afleit kjör að búa, og það er alvarlegast við þetta, að það virðist draga mjög hratt í sundur, þeir ríku verða ríkari, en þeir fátæku fátækari.

Margir af þeim, sem fjárhagurinn þrengist örast hjá, eru frumbýlingar. Það skapast m. a. af því að bústofnunin er mjög fjármagnsfrek og stofnlánafyrirgreiðsla til ýmissa þátta, svo sem jarðakaupa, hefur verið gjörsamlega ófullnægjandi og til annarra þátta skorin mjög við nögl. Stafar þetta af því að Stofnlánadeild og Veðdeild hafa aldrei haft nógu rúman fjárhag til þess að sinna verkefnum sínum svo sem þurft hefði. Frumbýlingar hafa því neyðst til þess að taka mjög óhentug og dýr lán og uppbygging verðlagskerfisins ekki gefið svigrúm til þess að reka búskap með miklu lánsfé á háum vöxtum.

Sumir þeirra, sem á annað borð skulda verulegar

fjárhæðir, virðast nú orðið eiga í miklum erfiðleikum og bæta mjög ört við skuldirnar.

Árin 1962 og 1968 hafði skapast áþekkt ástand, þar sem nokkur hópur bænda var kominn í skuldakröggur. Þá var í bæði skiptin tekið það ráð að gefa mönnum kost á því að breyta lausaskuldum í föst lán, og enn fremur var 1971, 1972 og 1973 veitt sérstök fyrirgreiðsla til þess að þeir, sem verst voru settir, gætu frestað afborgunum af stofnlánum. Þessi aðstoð gaf ótrúlega góða raun. Stéttarsamband bænda hefur gert könnun á því, hvernig hinum einstöku bændum, sem aðstoðarinnar nutu, hefur vegnað síðan, og leiddi hún í ljós að búskapur langflestra hefur komist á réttan kjöl.

Það er skoðun flm. að sama reynsla mundi verða nú, þar sem í flestum tilfellum sé um að ræða tímabundna erfiðleika í rekstri vegna mikils fjármagnskostnaðar og ef skuldabyrðin yrði gerð léttbærari gæti það ráðið úrslitum um framtíðarbúrekstur þessara bænda. Á það má einnig benda að skuldabreyting í sjávarútvegi hefur nýlega verið gerð og gefið góða raun."

Þarna lýkur grg.

Ég er þess fullviss, að mörgum alþm. er ljós sá vandi, sem hér er við að etja. Það fylgir starfi okkar dreifbýlisþm. a. m. k. að komast í nána snertingu við atvinnureksturinn í kjördæmum okkar og þá ekki síst rekstur þeirra fyrirtækja sem í erfiðleikum eiga. Það er talsverður tími liðinn síðan ég fór að velta því fyrir mér, hvort ekki væri rétt að láta fara fram könnun á skuldamálum þeirra bænda sem í mestum erfiðleikum eiga, og ef könnunin leiddi í ljós að nauðsynlegt væri að veita þeim sérstaka fyrirgreiðslu, hvort sú fyrirgreiðsla, sem till. getur um, væri ekki sú heppilegasta.

Ég gerði þetta að umtalsefni á landbúnaðarráðstefnu á Blönduósi í fyrrasumar, kjörmannafundi Stéttarsambands bænda á Blönduósi, og á aðalfundi Stéttarsambandsins í fyrrahaust. Stéttarsambandsfundurinn gerði ályktun um málið, og stjórn sambandsins fór að afla gagna. 400 bændur óskuðu eftir því að framtöl þeirra fyrir 1975 yrðu athuguð. Þeirri athugun er ekki lokið. Mér þykir eðlilegt að Alþ. og ríkisstj. láti málið til sín taka sem fyrst. Það er sjálfsagt að athuga framtölin fyrir árið 1976 strax og þau verða tiltæk, enda eru sterkar líkur fyrir því að hjá ýmsum hafi enn sigið á ógæfuhlið. Ég undirstrika sérstaklega, að ég tel verulegan hluta bændastéttarinnar búa við allgóð kjör. En hinu er ekki unandi, að einhver hluti stéttarinnar er að sligast, og þá er siðferðileg vesöld að rétta þeim ekki hjálparhönd.

Talsverð umræða hefur verið um kjör bænda nú í vetur og láta ýmsir bændur í ljós óánægju með það ástand sem skapast hefur. Samkv. lögum er bændum ætlað að bera úr býtum sömu laun og svokallaðar viðmiðunarstéttir. Reynslan hefur þó orðið önnur. Hagskýrslur áranna 1966—1975 sýna að fjölskyldutekjur bænda á aldrinum 25—66 ára hafa til jafnaðar aðeins verið 75% af tekjum viðmiðunarstéttanna. Ef gert er ráð fyrir að innan þessara aldursmarka séu 4000 bændur, þá vantar á tekjur þeirra á þessu 10 ára tímabili 6548 millj. kr. Búnaðarmálastjóri hefur bent á að þessi upphæð er 668 millj. hærri en það fé, sem varið hefur verið til útflutningsbóta á sama tíma, og sýnist þá lítil ástæða til að vera að fárast yfir útflutningsbótafénu.

En hvers vegna tekst bændum ekki að fá lögboðin vinnulaun sín? Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara er samningsatriði. Við gerð hans er unnið mikið starf af glöggum og góðviljuðum mönnum, og ég hef ekki sannfæringu fyrir því að annað form en það, sem nú tíðkast við verðlagsákvörðun, gæfi réttlátari eða skárri raun. Þó eru skekkjur augljósar á hverjum tíma, en ég geri hér einungis eina þeirra að umtalsefni, þ. e. a. s. vaxtaliðinn í grundvellinum.

Samkv. dæmi, sem sett hefur verið upp af Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins, kostar 32.5 millj. að stofna 400 kinda bú, en það er nokkru minna en umsamið grundvallarbú. Þar er land reiknað á 11 millj., ræktun á 3 millj., byggingar á 9 millj., vélar á 5½ millj. og bústofn á 4 millj. Það er auðvelt að rökstyðja, að þessar tölur eru ekki áætlaðar of háar, enda gefa nýlegar sölur á jörðum með áhöfn og vélum vísbendingu í þessa átt. Sú stofnlánafyrirgreiðsla, sem unnt væri að fá út á þessa 32.5 millj. kr. fjárframfestingu, er samkv. áður nefndu dæmi einungis 36.4%. Það er jarðakaupalán 1.6 millj., ræktunarlán 600 þús., lán vegna byggingar útihúsa 5.2 millj., vélalán 800 þús., bústofnskaupalán 1232 þús. og lán vegna byggingar íbúðarhúsa 2.3 millj. Þarna er miðað við að allt sé byggt frá grunni. Stofnlánafyrirgreiðslan er þannig einungis 11 millj. 432 þús. af 32.5 millj. kr. heildarkostnaði. Það, sem á milli ber, verður bóndinn að útvega með öðrum hætti, eigin eignum eða með því að stofna til lausaskulda.

Með hinum ógurlegu vaxtakjörum, sem nú gilda í landinu, er róður með miklar lausaskuldir fyrirsjáanlega erfiður. Hvernig ætlar verðlagsgrundvöllurinn bóndanum að standa undir vöxtum? Samkv. grundvellinum frá 1. des. 1976 ætti bóndinn að fá 5% vexti af eigin fé, —— ég endurtek: 5% vexti af eigin fé, 2 068 560 kr., þ. e. a. s. 103 428 kr., gert er ráð fyrir að hann greiði 9.91% vexti af 660 þús. kr. skuld við Stofnlánadeild eða 65 406 kr., hafi lausaskuldir 343 841 kr. og greiði í vexti af þeim 16.75%, eða alls í vexti 226 427 kr. Á þessu sést að ekki er óeðlilegt þó að skór kreppi að einhverjum frumbýlingnum, þar sem það fjármagn, sem þarf til búrekstrarins yfir árið, er þar að auki og hann þarf að sjálfsögðu einnig að greiða vexti af því.

Þá er rétt að hafa í huga hvernig skiptingu stofnlánafjár er háttað milli atvinnuveganna. Formaður Stéttarsambands bænda hefur gert könnun á því og levfi ég mér að vitna til hennar.

Um áramótin 1975—1976 var staðan þannig: Stofnlánadeild landbúnaðarins hafði lánað bændum 2935 milli., Veðdeild Búnaðarbanka Íslands 507 millj., Byggðasjóður 104.1 millj., samtals þá til landbúnaðar 3546 millj. kr. Til iðnaðar höfðu farið frá Iðnlánasjóði 1428 millj., frá Iðnþróunarsjóði 2194 millj., Iðnrekstrarsjóði 88 milli., Veðdeild Iðnaðarbankans 91 og úr Byggðasjóði 552 milli. Þetta voru samtals til iðnaðar 4 milljarðar 353 millj. kr. Til sjávarútvegs og fiskiðnaðar höfðu farið úr Fiskveiðasjóði 14 milljarðar 263 millj., úr Byggðasjóði 2 milljarðar 374 millj., samtals 16 milljarðar 637 millj. kr. til sjávarút-

vegsins. — Stofnlánadeild landbúnaðarins hafði auk þess lánað til íbúðarhúsa í sveitum 680 millj. Stofnlánadeild hafði lánað vinnslustöðvum landbúnaðarins 586 millj. og Byggðasjóður vinnslustöðvunum 89.7 millj., en um þessi lán er álitamál hvort ekki er eðlilegast að telja þau til iðnaðar.

Bændur hafa á fundum sínum gert kröfu um aukin afurða- og rekstrarlán, þannig að þeir fengju kaup sitt greitt fyrr. Allir sjá að það er ekki hagkvæmt að fá ekki verulegan hluta launa sinna greiddan fyrr en eftir árið, jafnvel þó að vaxtafært sé hluta af þeim tíma.

Þrátt fyrir það að mér sé ljós nauðsyn þess að hækka rekstrarlánin, þá sé ég ástæðu til þess að þakka hæstv. landbrh. fyrir þann árangur sem hann hefur náð til leiðréttingar þeirra í ráðherratíð sinni frá 1971. Þar hef ég orðið var við ljón á vegi hans.

Mönnum hefur verið tamt að gagnrýna útflutningsbæturnar og telja eftir það fé sem til þeirra hefur verið varið. Ég tel að ef við eigum að geta verið okkur sjálfum nógir um framleiðslu landbúnaðarafurða til innanlandsneyslu, þá sé óhjákvæmilegt að stundum sé framleitt of mikið. Tíðarfar og fleiri óvissir þættir ráða svo miklu um framleiðslumagnið. Mér er t. d. ómögulegt að segja til um það í dag hvort bú mitt gefur af sér sömu afurðir og það gerði í fyrra. Þær gætu orðið 10% meiri eða minni. Það má ekki skoða útflutningsbætur sem niðurgreiðslu til útlendinga. Ef þeirra nyti ekki við yrði verð innanlands að hækka að því skapi. Það var fyrirkomulagið sem gilti áður en þær voru teknar upp. Ég legg áherslu á að útflutningsbætur koma öllum íslenskum neytendum til góða, og ég tel að þær þurfi að vera. Það er enn fremur mjög mikilvægt að greiðslur útflutningsbótafjár og afurða- og rekstrarlána berist reiðulega og réttstundis.

Ef af lausaskuldafyrirgreiðslu verður þarf að útvega aukafjármagn. Það þýðir ekki að taka það af annarri fjármagnsfyrirgreiðslu til landbúnaðarins eða ráðstöfunarfé Stofnlánadeildar eða Veðdeildar sem er af of skornum skammti. Þessi fyrirgreiðsla verður að vera í því formi sem að gagni kemur. Hér duga ekki skuldabréf sem ekki seldust nema kannske með afföllum. Bændum er ekki hjálp í slíku og það er óviturlegt að setja viðskiptastofnanir bænda í slíkan vanda. Þessi lán verða að vera með viðráðanlegum vöxtum og án verðtryggingar. Vaxtaaukalán eru gersamlega ófær lausn. Rekstur bænda, allra síst þeirra sem verst eru settir, getur alls ekki staðið undir vaxtagreiðslum upp á 22 eða 23%. Þannig yrði misræmið milli bændanna að hyldýpisgjá.

Sá aðili, sem mér þykir eðlilegur til aðstoðar, er Byggðasjóður. Samkv. því, sem ég sagði áðan, hafði Byggðasjóður lánað um áramótin 1975—1976 til sjávarútvegs og fiskiðnaðar 2 milljarða 374 millj., til iðnaðar 552 millj., til iðnaðar á landbúnaðarvörum í þorpum og bæjum 89.7 millj., en til landbúnaðar einungis 104.1 millj. Og þá er rétt að athuga hvernig þessar landbúnaðarlánveitingar Byggðasjóðs skiptust: til veiðifélaga 12.2 millj., til grænfóðurverksmiðja 29.1 millj., til reiðskóla og verktaka 2 millj., til hænsnabúa 5.5 millj., til minkabúa 38.8 millj., til ræktunarsambanda, búnaðarsambanda, garðræktarfélaga og vatnsveitna 6.3 millj. og til bænda við Inn-Djúp 9 6 millj. kr. Þannig var þessum 104.1 millj. ráðstafað.

Ef það er haft í huga að rúmur fjórðungur þeirra, sem búa utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis, er sveitafólk, þá sýnist mér hlutur þess mjög fyrir borð borinn og ástæða til að nefna aðstoð Byggðasjóðs. Enn fremur mundu lánskjör Byggðasjóðs vera eðlileg.

Ég heiti á Alþ. og ríkisstj. að hugleiða þetta lausaskuldamál og ráða bót á því. Ég er þess fullviss að hér er einungis um tímabundna erfiðleika nokkurs hluta bænda að ræða. Landbúnaðurinn á sér bjarta framtíð í okkar góða landi, og fá eða engin störf eru lífrænni og eftirsóknarverðari í þjóðfélaginu.

Ég óska eftir því, herra forseti, að hlé verði gert á þessari umr. í dag og málið sent atvmn. til athugunar.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil geta þess svona í framhjáhlaupi í sambandi við þessa umr., að það vildi svo til að ég var staddur á fundi í hádeginu, þar sem voru góðborgarar þessarar borgar, og ræddi þar um útflutningsuppbætur. Ég held að mér hafi tekist að sanna það með óyggjandi tölum, að ríkissjóður hefði orðið beinan hag af útflutningsuppbótum, svo hefði verið á árinu 1976. Þetta gerist með þeim hætti að útflutningur á landbúnaðarvörum hefur aukist. Menn hafa tekið eftir því í blöðum að útflutningur á ullar- og gæruvarningi hækkaði á s. l. ári um 55—56%. Þetta gefur í gjaldeyristekjur 5.5 milljarða. Ef tekinn er venjulegur innflutningur og miðað við að um helmingur af innflutningsverðinu sé álögur sem fara til ríkisins, sem mun vera tölulega sannað, þá er afgangur sá, sem ríkissjóður hefur af útflutningsuppbótunum, 1100—1300 millj. kr.

Út af fyrir sig var þetta, að mér fannst, ánægjulegt. Hitt er svo annað mál, að ýmislegt taldi ég upp sem ég taldi að athuga þyrfti í sambandi við framkvæmd á þessum málum og er verið að athuga. M. a. er verið að athuga nú undir forsæti dómstóla útflutningsuppbætur, niðurgreiðslur á vöruverði innanlands, verð á ull og gærum og áhrif söluskatts á landbúnaðarvörur hér innanlands. Allt þetta tel ég mikla nauðsyn bera til að skoða af fullu raunsæi til þess að reyna að tryggja að framleiðendur beri ekki skarðan hlut frá borði og neytendur þurfi ekki heldur að búa við of hátt vöruverð.

Í sambandi við þessa þáltill. á þskj. 260 vil ég segja það, að samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, eru hagstæðustu ár fyrir afkomu bænda árin 1972, 1973 og 1974. Á árinu 1975 sígur hins vegar mjög á ógæfuhliðina. Árin 1972 og 1973 skera sig úr, og þá tek ég allt árabilið frá 1964. Næst um afkomu eru svo árin 1964 og 1965, þau voru hagstæð landbúnaði, en árabilið þar í milli var yfirleitt mjög óhagstætt, eins og kunnugt er. Það hefur svo tvennt komið til, auk þess að almenn afkoma þjóðarinnar versnaði mjög á árinu 1975, hjá bændum eins og öllum öðrum stéttum. Ekki síst hafði þetta veruleg áhrif hjá

bændastéttinni þegar á það er litið að tvö ár í röð hafa verið jafnmikil óþurrkasumur og sumurin 1975 og 1976 í einum stærstu landbúnaðarsvæðum landsins hér sunnan- og vestanlands. Ofan á þetta bætist það, að framkvæmdir hafa verið geysimiklar í sveitum landsins á árunum á undan og reyndar á þessum árum líka og mikið af ungu fólki hefur farið í landbúnað. Það fær því þessa dembu yfir sig.

Það er alveg rétt sem hv. flm., 3. þm. Norðurl. v., sagði hér, að það eru einmitt frumbýlingar sem mesti vandinn er hjá, og það er mjög mikið áhyggjuefni hvernig úr málum þeirra á að leysa. Því til viðbótar hefur þetta fólk, sem hefur orðið að byggja upp á síðustu árum, búið við miklu verri lánakjör en áður hefur verið. Við vitum það allir, hv. þm., að lánakjör í þessu landi hafa versnað mjög, þar sem ekki hefur verið hægt að fá lánsfé í stofnlánasjóðina nema annaðhvort gengis- eða verðtryggt. Þetta hefur gert það að verkum, að það hefur orðið að lána úr stofnlánasjóðunum aftur með slíkum kjörum, ýmist gengis- eða verðtryggt að öllu leyti, eins og til vinnslustöðva í landbúnaði, eða að nokkru leyti, eins og til bændanna sjálfra. Þetta allt segir til sín og hlýtur að gera það að verkum að afkoma bænda er mun verri en verið hefur.

Út af þessu máli vil ég annars segja það, — ég man nú ekki alveg nákvæmlega hvorum megin við áramótin það var, ég held nú samt eftir áramót, sem ég skipaði n. til að athuga afkomu þeirra bænda sem búa á óþurrkasvæðinu, þ. e. Vestfjörðum, Vesturlandi og Suðurlandi, og raunar gera sér grein fyrir hvað miklu tjóni þessir óþurrkar hafa valdið og hve mikið fjármagn þurfi til að bæta úr þessu, svo að bændur geti keypt þann fóðurbæti sem þeir þurfa til að komast sæmilega af þennan vetur. Í n. eru hinir færustu menn sem best þekkja til þessara mála, formaður hennar er Gísli Kristjánsson, sem fer með forðagæslumál af hálfu Búnaðarfélags Íslands, en auk hans eru ráðunautarnir Hjalti Gestsson og Leifur Jóhannesson og svo er frá Stéttarsambandi bænda Árni Jónasson og úr rn. er Haukur Jörundsson. Þessi n. manna var hjá mér í morgun og gerði mér grein fyrir þessu ástandi eins og það liggur fyrir frá hennar sjónarmiði. Hún mun hraða vinnubrögðum sínum og síðan verður að reyna að leita ráða til að leysa úr þessum þáttum í gegnum Bjargráðasjóð, en ljóst er að það mun ekki verða framkvæmanlegt af hans hálfu nema honum verði útvegað fé til. Ég hafði hugsað mér í framhaldi af þessu að athuga þau mál sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur hér flutt till. um. Í fyrramálið mun formaður Stéttarsambands bænda verða hjá mér ásamt Árna Jónassyni starfsmanni Stéttarsambandsins til þess einmitt að ræða þessi mál og hvernig við getum tengt þetta saman. Mér er það fullkomlega ljóst, sem hv. þm. sagði, að um vandamál er að ræða. Og það er alveg ljóst og þekki ég það í þeim héruðum sem ég er best kunnugur, að mismunur á milli bændanna er að verða verulega mikill hjá þeim, sem voru búnir að byggja upp fyrir dýrtíðarsveifluna sem nú hefur gengið yfir, með hagstæðari lánakjörum og koma upp sínum bústofni, og svo hjá hinum, sem allt þurfa að gera nú.

Hins vegar vil ég endurtaka það, að öll síðustu árin, nema árið 1975, náðu bændur verðlagsgrundvallarverði. Hins vegar var það ekki í öllum greinum árið 1975. Og eftir því sem ég veit best eru horfur á að það takist á árinu 1976, þó að mér finnist það ekki öruggt, fyrst og fremst vegna óþurrkanna, því að ekki draga lítið úr mjólkurframleiðslunni þau áhrif sem óþurrkarnir hafa.

Það, sem ég þarf því að segja að sinni, — ég ætla ekki að fara almennt út í þessi mál, — er að það er mín skoðun að vinnslustöðvar landbúnaðarins séu meira landbúnaðarmál en iðnaðarmál. En mér er í raun og veru alveg sama hvernig ég tengi þetta saman, því að eins og ég sagði í dag, þá lifa heil byggðarlög á því að vinna úr frumefnum frá landbúnaði. Við hv. 3. þm. Norðurl. v. vitum að staðir eins og Blönduós, Borgarnes, Selfoss, Hvolsvöllur, Hella o. fl., o. fl., að fólkið þar lifir á þjónustu við landbúnaðinn, iðnaði úr hráefnum og á því sem landbúnaði er tengt. Nauðsyn bar til að koma þessum vinnslustöðvum upp og hefur verið veitt mikið fé til þeirra nú síðustu árin. Á s. l. ári var hægt að fullnægja eftirspurn í Stofnlánadeild landbúnaðarins að öðru leyti en því sem var vísað frá í upphafi. Ég geri mér vonir um að það verði á þessu ári hægt að sinna þeim beiðnum sem fyrir liggja vegna þess hvernig gengið var frá þessu máli í lánsfjáráætlun.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri. Mér er fullkomlega ljóst að hér er alvörumál á ferðinni sem þarf að athuga, og ég hafði hugsað mér að reyna að láta vinna það að einhverju leyti í sambandi við óþurrkamálið eða í beinu framhaldi af því. Um fjárútvegun skal ég engu spá að sinni, því að það mun sennilega verða kökkurinn sem mest stendur í hálsinum á okkur.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að koma í þennan ræðustól og lýsa stuðningi við þá till. sem hér er til umr. Hv. flm. till. hefur lýst því, að bændastéttin á við mikinn fjárhagslegan vanda að etja um þessar mundir, og hann hefur enn fremur lýst því, að sá vandi er ærið misjafn frá einum bónda til annars. Ég hef heyrt því slegið fram, að svo sé ástatt með fjárhag bænda um þessar mundir að ⅓ þeirra búi við góð kjör og góðan efnahag, ⅓ hafi sæmilega afkomu eða komist af og ⅓ búi við mjög þrönga afkomu og raunar afleit kjör. Hvort þetta er rétt skal ég ekki segja, en ég hygg þó að þar sem ég þekki gerst til sé þetta ekki fjarri sanni.

Ég skal ekki eyða tíma í að útmála þessa stöðu meir. Það hefur komið fram á almennum bændafundum víða um land nú að undanförnu að þetta er alvarlegt mál sem við er að fást, — mál sem þarf að bregðast við með eðlilegum hætti þannig að bót verði á ráðin.

Nú er það svo, að þótt horfið sé að því að veita bændum svokölluð lausaskuldalán, eins og till. þessi stefnir að, enda þótt hún geri einungis ráð fyrir könnun í þessum efnum, þá heggur það auðvitað ekki að rótum þess vanda sem við er að etja. Þetta getur þó verið nauðsynlegt og hefur verið gert a. m. k. tvívegis áður, í fyrsta lagi rétt eftir 1960 og í annan stað árið

1968, á miðju því kuldaskeiði sem hafði alkunn vandamál í för með sér í sveitum landsins, kal og grasbrest. Slíkar aðstæður, eins og sérstaklega erfitt árferði ásamt grasbresti, eru í sjálfu sér nokkuð skýranlegar orsakir þess að bændastéttin þarf á slíkri sérstakri aðstoð að halda og aðstoð sem vænta má að ekki þurfi að koma til þegar árferði er sæmilegt. Það er að öðru leyti ekki nægilega góður vitnisburður um hvernig búið er að bændastéttinni, ef svo á til að ganga að það þurfi á nokkurra ára fresti að hverfa að því að breyta lausaskuldum bænda í föst lán með þeim hætti sem hér er um rætt. Ég skal svo ekki fara lengra út í það. Hitt er meginatriði, að ráðast til atlögu við þann vanda sem orsakar þessa stöðu.

Hv. flm. þessarar till. kom inn á sum af þeim atriðum, sem ég tel að þarna skipti verulega miklu máli. Ef ég á að telja þau atriði upp, sem ég tel að þarna skipti mestu máli, er það í fyrsta lagi hversu seint bændur fá greitt fyrir afurðir sínar. Það verður ekki leyst með öðru en því að auka afurða- og rekstrarlán til bænda, þannig að þeir geti fengið það sem ég kalla eðlilegan hluta af andvirði vöru sinnar greitt þegar við afhendingu, og að því tel ég að eigi að stefna að þeir geti fengið 90%, eins og farið hefur verið fram á af bændafundum á undanförnum mánuðum. Þegar svo hagar til eins og í okkar þjóðfélagi, með þeirri verðbólgu og verðþenslu sem ríkir á öllum sviðum, þá er augljóst hver tekjuskerðing sprettur af því að fá ekki andvirði framleiðslunnar greitt fyrr en sumpart kannske allt að ári eftir að varan er afgreidd, — eða mundi nokkur stétt í landinu þola það að fá ekki nema sem svarar ¾ af sínum vinnulaunum greidd fyrr en löngu eftir á? Ég hygg ekki. Og þó að ég nefni hér ¾, sem er ekki fjarri sanni að bændur fái greitt skömmu eftir afhendingu varanna nú, þá segir það ekki nema hálfa sögu vegna þess hve sá hluti, sem eftir stendur, rýrnar stórkostlega í þeirri verðbólgu sem geisar í þjóðfélaginu. Þetta tel ég að sé eitt höfuðatriðið.

Í annan stað vil ég nefna að undir sömu sök er auðvitað seld greiðsla útflutningsbóta úr ríkissjóði. Ef svo fer að útflutningsbætur fást ekki greiddar að verulega miklum hluta fyrr en rétt fyrir árslok, eins og var á síðasta ári, þá rýrna þær fjárhæðir einnig að sama skapi og hin réttmætu laun stéttarinnar sem ættu að fást að mestu leyti við afhendingu vörunnar. Ég get tekið það fram, að greiðsla útflutningsbóta á árinu 1976 var vissulega sérstökum tilvikum háð vegna þess að fjárlög gerðu ráð fyrir miklu lægri upphæð til þeirra en allir vissu að mundi þurfa. Því hafði þó verið lýst yfir af hálfu stjórnvalda, að þó að sú tala, sem fjárl. fólu í sér, 890 millj., dygði ekki, þá mundi það eigi að síður verða greitt. Og það var gert, en að vísu ekki fyrr en svo seint á árinu sem raun ber vitni eða verulegur hluti af því rétt fyrir jól. Nú lítur þetta dæmi allt betur út á þessu ári og er ekki ástæða til að ætla annað en að greiðsla þessa fjár til bænda verði með eðlilegum hætti. Þær orsakir liggja til þess, að bændur eiga nú í erfiðleikum, að þetta fé hefur rýrnað við að greiðsla þess dregst vegna þeirrar verðbólgu sem geisar í þjóðfélaginu. Og ef svo ætti að fara áfram, þá væri nauðsynlegt að setja um það reglur að útflutningsbætur skyldu greiddar með nokkru samræmi eftir því sem líður á árið.

Í þriðja lagi vil ég minnast á það, sem hv. flm. gerði nokkuð að umtalsefni í ræðu sinni, en það er fjármagnsliður verðgrundvallarins sem raunar um mjög mörg ár hefur verið stórlega vantalinn. Þetta kom ekki að eins mikilli sök meðan fjármagn var ódýrara, vextir voru lægri, verðtrygging á lánsfé óþekkt eða nær óþekkt og búreksturinn krafðist ekki eins mikils rekstrarfjár og nú er orðið í dag. En þegar allt í senn hefur gerst, að búreksturinn krefst æ meira fjármagns, vextir eru svo háir sem raun ber vitni, verðtrygging er komin á stofnlán og fjármagnið svo stórkostlega vantalið sem raun ber vitni í verðgrundvellinum, þá er augljóst að þarna er einn stærsti þátturinn í því að bændur geta ekki náð sambærilegum kjörum við þær stéttir sem þeim er ætlað. Og það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þar hefur skort nú á undanförnum árum um 25%.

Enn vil ég nefna að það er auðvitað nauðsynlegt fyrir bændur sjálfa að huga að því að haga sínum búrekstri á þann veg að sem mestrar hagkvæmni sé gætt. Er sjálfsagt, um leið og bændur gera kröfur bæði til ríkisvaldsins og til þjóðfélagsins í heild um greiðslu á andvirði varanna, þá geri bændur einnig kröfu til sjálfra sín og freisti þess eftir öllum leiðum að haga svo búrekstri sínum að sem mestrar hagkvæmni sé gætt. Að því er enda ævinlega stefnt og til þess notið hinna færustu manna og leiðbeininga búvísmanna sem völ er á. Einnig þarf að gæta hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu vinnslustöðva og huga vendilega að því máli, hvort þar hafi ekki verið gerðar e. t. v. skyssur eða hvort þar sé stefnt í rétta átt með því að haga uppbyggingu þeirra með þeim hætti sem að hefur verið stefnt á undanförnum árum. Að því hygg ég að þurfi að huga með tilliti til þess, sem komið hefur fram hjá form. Stéttarsambands bænda og í grein sem hv. þm. Steinþór Gestsson hefur ritað nú nýverið í eitt af dagblöðunum, þar sem dregið er í efa að rétt sé stefnt í uppbyggingu sláturhúsa, að byggja einungis stór og fá sláturhús með því kerfi sem þau hafa inni að halda.

Enn tel ég mjög svo þýðingarmikið að hugað sé að því af þeirra hálfu, sem fara með sölumál á vörum landbúnaðarins, ekki síst að því er snertir sölu á landbúnaðarvörum til útlanda, að þar sé gætt, eftir því sem nokkur kostur er, að ná eins hagstæðu verði og hagkvæmum mörkuðum og fyrirfinnast. Ég hef ekkert í höndum sem tortryggir það að hér hafi verið vel að verki staðið. En það þarf að koma fram betur en gerst hefur á undanförnum missirum að svo sé gert, og ég tel að það sé full ástæða til að segja það, því að ef það er ekki gaumgæfilega skýrt fyrir alþjóð hvernig að slíkum málum er staðið, þá gefur það tilefni til tortryggni sem vonandi er ástæðulaus, en eigi að síður kann að fá byr undir báða vængi.

Það eru sem sé ýmsir þættir, sem stuðlað hafa að því að bændastéttin hefur í fyrsta lagi ekki náð þeim tekjum út úr búrekstrinum eins og að hefur verið stefnt með framleiðsluráðslög-

um. Fleira kemur þar auðvitað til en hér hefur verið upp talið og skal þó látið staðar numið.

Ég vil aðeins víkja að því í sambandi við stofnlán til landbúnaðar, sem hér hefur borið á góma, að þar er alkunnur fjárhagsvandi Stofnlánadeildar og Veðdeildar sem við hefur verið að etja á undanförnum árum og er enn, og er svo komið að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er í raun gjaldþrota. Þennan vanda er verið að athuga nú af stjórnskipaðri n., og held ég að ég megi segja að sú n. muni skila áliti til hæstv. landbrh. áður en langur tími líður. Í till. þeirrar n. verður, *eftir því sem ég hygg og veit best*, að því stefnt að gera kleift að frumbýlingar geti hlotið betri og meiri lánafyrirgreiðslu en verið hefur til þessa eða á undanförnum árum a. m. k. Það gerist vitaskuld best með því að auka jarðakaupalán *og gera þau hagstæð*. Það gerist *einnig* með því að gera mögulegt að lána til vélakaupa frumbýlinga, jafnvel án þess að um nýjar vélar sé að ræða. Og svo skiptir vitaskuld mjög miklu máli að takist að halda eða auka fyrirgreiðslu til bústofnskaupa. Fjármagn til þeirra lána hefur, eins og kunnugt er, verið veitt úr Lífeyrissjóði bænda, og það er auðvitað á valdi stjórnar hans hvernig þau lánakjör eru og hversu mikið fé verður fáanlegt til þeirra hluta. En ég held að enda þótt vandi frumbýlinga sé mikill og nú sé ástandið þannig að fjármagnskostnaður við að setja saman bú sé svo gífurlegur að megi með ólíkindum teljast að það sé kleift ungum og efnalitlum manni án þess að standa í skjóli einhverra venslamanna sem veita honum mikinn stuðning, þá sé sá vandi, sem bændastéttin á við að etja í dag, ekki eingöngu bundinn þessum mönnum. Sá vandi nær lengra. Og um leið og gerð er sú athugun, sem þessi till. fer fram á að gerð sé, þá held ég að við verðum að ráðast að rótum þessa vanda alfarið og horfast í augu við það, að við verðum að búa svo að þessum atvinnuvegi að hann geti staðist.

Ég skal ekki fara hér út í það að ræða þýðingu landbúnaðarins fyrir þjóðina. Það er, vona ég, öllum hér ljóst hversu mikil hún er, hversu þjóðfélagið byggist allt á því að framleiðsluatvinnuvegir gangi, hversu byggð um landið er því háð að blómlegur landbúnaður megi haldast og hversu atvinna fólksins er því háð að framleiðsla landbúnaðarvara dragist ekki saman. Ég vonast til þess að allir, sem hér eru, séu mér sammála um þetta. En ég vil líka segja það, að ég tel að íslenskir bændur geti í raun borið höfuðið hátt. Þó að því sé haldið á loft af einstökum öfgaskriffinnum að íslensk þjóð væri bættari með því að stórfækka í bændastétt eða jafnvel leggja landbúnaðinn niður, þá álít ég að það mundi í fyrsta lagi leiða til hruns okkar þjóðfélags og í annan stað held ég að sú fyrirgreiðsla, sem hið opinbera hér á landi veitir bændastéttinni, sé síst meiri en gert er í flestum eða öllum okkar nágrannalöndum. Þess vegna og m. a. vegna þess að á síðustu árum og áratugum hefur bændastéttin skilað mjög mikilli framleiðsluaukningu og mikilli framleiðni fyrir bjóðarbúið, þá tel ég að íslensk bændastétt geti borið höfuðið hátt. Og þó verið sé að finna að því t. d. að greiddar séu útflutningsbætur sem verða kunna á þessu ári í kringum 2 milljarða, þá er ég ekki í neinum vafa um að það hefur ekki vafist fyrir hæstv. landbrh. að sanna að það sé þjóðinni til hags og jafnvel að það sé ríkissjóði til hags. Þess vegna vil ég aðeins ljúka þessum orðum með því, að það er mín skoðun að við séum að efla okkar þjóðfélag, við séum að styrkja fjárhagsstöðu þjóðarinnar og treysta byggð *um allt Ísland með því að gera vel* við landbúnaðinn svo að hann megi blómgast á komandi tíð.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. *Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs* hér aftur, var að áðan féllu niður hjá mér tvö eða þrjú atriði sem ég vildi upplýsa.

Í fyrsta lagi var það um rekstrar- og afurðalánin, að enda þótt rekstrarlánin væru hækkuð *um 100%* vorið 1975, þá er það svo að *mjög fer* fjarri að þau nægi til þess sem þau eiga að annast vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á verðlagi. Ég hef rætt það við Seðlabankann að umræða um þessi mál yrði tekin upp nú á nýjan leik, bæði um rekstrar- og afurðalánin, og hefur verið vel undir það tekið, og bankinn er með sjálfur á prjónunum að taka upp þessa þætti fyrir allar atvinnugreinarnar. Afurðalánin hjá landbúnaðinum hafa verið miðuð við sjávarútveginn og þau hafa að verulegu leyti batnað. En ég er hv. síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Norðurl. v., og hv. 3. þm. Norðurl. v. sammála um að útborgun út á afurðir að haustinu til verður að ná 90%, það er ekki hægt að komast hjá því. Þar sem ég þekki best til, eins og hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, er það búið að vera 80—82% lengi. Með uppgjörslánum að vorinu, sem hafa verið tekin upp, ætti að vera hægt að ljúka að gera upp sláturafurðirnar að haustinu. Ef það væri gert í maí og ekki geymt nema um 10%, þá væri það eðlileg afgreiðsla að minni hyggju.

Í öðru lagi vil ég segja það, að það eru orðnar fastar reglur — um það hefur orðið samkomulag milli mín og fjmrh. — um greiðslur á útflutningsbótum. Það er búið að skipta þessu niður á ákveðna mánuði og verður búið að greiða 1 milljarð í aprílok. Bæturnar verða greiddar út í 2. og 4. viku hvers mánaðar fyrir hvern mánuð. Frá þessu er nú fullkomlega gengið og er verið að afgreiða þessi mál fyrir jan. og febr. í samræmi við þetta. Þetta er afskaplega mikils virði, og við vorum báðir ánægðir með að þurfa ekki að vera með einlægt suð út af þessum málum, eins og við urðum að gera í fyrra.

Þriðja atriðið, sem ég vildi hafa nefnt áðan, var svo það, að landbrn. hefur haft nokkurt samstarf við þá aðila sem annast sölu landbúnaðarvara á erlendum mörkuðum, m. a. fór ráðuneytisstjórinn og fleiri í ferðalag á s. l. hausti út af þessu. En það er skoðun okkar að í þessu eins og öðru, þó að vel hafi verið gert, þurfi slíkt alltaf að vera í endurskoðun og getur verið breytingum háð. Besti markaður okkar á kindakjöti er í Noregi. En norðmenn fylgja þeirri reglu að greiða niður verðbólguna eins og við og ákváðu það á s. l. hausti. Norski landbrh. sagði mér vorið 1976 að þeir mundu hækka verð á kjöti um haustið og það mundi bæta okkar hag. Þeir hækkuðu verðið sem svaraði

135 kr. á hvert kg kjöts í ísl. kr., en þeir greiddu það allt niður. Það þýddi það að við fengum enga hækkun. Svíar nota í niðurgreiðslur núna sem svarar 3.2 milljörðum ísl. kr. og það hefur náttúrlega sitt að segja. Og svo er annað sem þarf að gefa mjög gaum að í þessum efnum, að norðmenn eru núna með afskaplega mikinn áhuga á að auka og efla sinn landbúnað. Ástæðan er m. a. sú, að þeir óttast verulega byggðaröskun í sambandi við sína olíuvinnslu. Ef þeim tekst að auka verulega framleiðslu sína á kindakjöti, þá rýrnar markaður okkar þar. Þess vegna er þetta afskaplega vandasamt mál sem við verðum að hyggja að, og skoðun mín er sú, að við verðum að reyna að komast inn á Efnahagsbandalagsmarkaðinn og þá að fá felldan niður eða lækkaðan tollinn sem við þyrftum að greiða að öðrum kosti. Þetta hef ég rætt við bæði landbrh. Þýskalands og fleiri, — landbrh. Austurríkis var lítið áhugasamur um þetta, þjóðverjinn var miklu betri viðskiptis, og t. d. konsúll okkar í Berlín hefur mikinn áhuga á því að vinna að þessum málum og telur sig hafa nokkra möguleika þar.

Í byrjun næsta mánaðar verður árlegur Norðurlandafundur landbrh. á Norðurlöndum sem féll niður á s. l. ári vegna kosninganna í Svíþjóð, því að hann átti að vera í Svíþjóð að kosningunum rétt afstöðnum. Þegar þeir urðu að skipta um mann var fundurinn felldur niður. Þessi fundur verður í byrjun næsta mánaðar, og þá hef ég hugsað mér að nota tækifærið til þess að ræða bæði við norska landbrh. og danska og sænska. Það eru taldir meiri möguleikar í Danmörku, en þar er nú tollur Efnahagsbandalagsins sem hefur áhrif á okkar mál í þeim efnum. En mér er það alveg fullkomlega ljóst að tryggja þarf landbúnaðinn, sem ég hef alveg tröllatrú á að sé einn af hornsteinum þessa þjóðfélags, enda hef ég ekki í því, sem ég hef lesið í sögu þjóða, nokkurn tíma séð að þjóð hafi lifað eðlilegu lífi ef hún hefur ekki hagnýtt kosti landsins. Ég trúi því ekki að það sé hægt að komast af án þess og síst fyrir þjóð eins og okkur, sem bæði býr í eylandi og hefur lifað á landbúnaði frá upphafi vega.

Hitt vil ég svo segja að lokum, að það sýnir best hvað verðbólgan reynist okkur erfið á mörgum sviðum, til viðbótar því sem ég sagði hér um rekstrarlán áðan, að afurðalán voru eitthvað um 900 millj. um árslok 1971, þau voru milli 5 og 6 milljarða á s. l. ári, og jarðakaupalán, sem var 200 þús. 1971, er nú 1600 þús. En þrátt fyrir það eru erfiðleikar okkar síst minni nú en áður var. Þetta sýnir bara við hvað er að búa. Jarðaverð hefur fyrst farið að hækka að ráði á þessum tímum, og þess vegna er okkur ljóst að við þurfum að gefa gaum að þessum málum á víðum vettvangi. Fleira ætla ég nú ekki að segja.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka jákvæðar undirtektir við þessa till., bæði hv. þm. Pálma Jónssyni og þó sérstaklega hæstv. landbrh.

Ég vil undirstrika það, að framkvæmdir í landbúnaði hafa verið ákaflega miklar og fjárfestingin mjög ör. Byggingarnar verða sífellt dýrari. Það eru sífellt gerðar meiri og meiri kröfur um frágang þeirra og þær verða vandaðri og vandaðri með hverju árinu sem líður. Ég hef stundum látið það fljúga mér í hug að Teiknistofa landbúnaðarins eigi að hjálpa mönnum til að koma undir sig fótunum, en ekki til þess að fara á hausinn. En í sumum verkum er dýrt að fullnægja þeim kröfum sem Teiknistofan gerir um frágang á mannvirkjum og traustleika þeirra.

Ég lít svo á að það sé ekki nægilegt að fela óþurrkanefndinni að athuga þetta mál. Hennar verk er að gera yfirlit um ástandið á óþurrkasvæðunum og benda á leiðir til úrbóta þar. En það er víða pottur brotinn heldur en á óþurrkasvæðinu. Það er því miður við erfiðleika að etja víðar. Ég lít svo á að það eigi að vera hlutverk Bjargráðasjóðs að rétta þeim hjálparhönd sem eiga í mestum erfiðleikum vegna óþurrkanna, það sé sérstakt mál og ekki nema í lauslegum tengslum við hinn hluta vandans um lausaskuldirnar. Og raunar eru lausaskuldirnar, sem myndast vegna óþurrkanna, fjarri því að vera komnar fram. Það er fóðurbætirinn, sem keyptur verður núna síðari hluta vetrar, sem kemur þar inn í dæmið.

Það hefur verið unnið á vegum þess landbrh., sem við nú höfum, mikið starf til þess að koma bættu skipulagi á landbúnaðarmál. Þó að við vanda sé að etja núna út af ýmsu, þá er ég bjartsýnn á að það rétti sig af þegar fara að verka til hagsbóta fyrir landbúnað lagabálkar sem settir hafa verið nýlega, bæði jarðalög og ábúðalög og lög um Bjargráðasjóð. Það er verið að endurskoða lög um Stofnlánadeild og lög um Framleiðsluráð, og um hvort tveggja verður maður að vona að takist þannig til að það verði til þess að tryggja hag bænda og afkomu og til þess að koma í veg fyrir að grípa þurfi til skyndiráðstafana eins og lausaskuldabreyting er í eðli sínu.

Það er rétt hjá landbrh. að grundvallarverð hefur náðst undanfarin ár nema árið 1975. Vonir standa til að það náist 1976 eða nærri því. En grundvallarverðið segir náttúrlega ekki alla söguna um afkomu bænda í samanburði við aðrar stéttir. Í fyrsta lagi ef grundvöllurinn er ekki réttur, þá verður grundvallarverðið ekki rétt heldur. Ef kostnaðarliðir í verðlagsgrundvelli eru vanmetnir, þá verða kjör bænda ekki eins og þau ættu að vera lögum samkv. Þar á ofan kemur að tekjur viðmiðunarstéttanna hafa farið fram úr því sem búist var við á hverju ári. Koma þar til t. d. yfirborganir, meiri eftirvinna o. fl., o. fl.

Ég legg sem sagt áherslu á að þessi könnun verði gerð. Ég held að það sé úrbót í bili. En ég tek undir með 2. þm. Norðurl. v., að það er engin framtíðarlausn í því.

Ég er nú ekki svo svartsýnn að halda að það sé afleit afkoma hjá þriðjungi bænda. Ég minni á að einungis 8—10% bænda sneru sér til Stéttarsambandsins og báðu um að framtöl þeirra yrðu könnuð í framhaldi af þeirri samþykkt sem Stéttarsambandsfundur gerði í sumar. Það var alveg hárrétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, að það var fyrst og fremst drátturinn á afgreiðslu afurðarlána og rekstrarlána og út-

flutningsbóta sem var meginvandinn á s. l. ári. Hann olli aðalerfiðleikunum. Ég fagna því þess vegna ákaflega að landbrh. og fjmrh. skuli hafa komist að samkomulagi um það, hvernig þessum greiðslum verði háttað í framtíðinni. Þessir tveir ráðh. þurfa endilega að vera samstiga, þeir þurfa að ganga í takt. Mér þótti ágætt meðan þeir voru í sama manninum, en ef þeir geta komið sér vel saman og gengið í takt, þá er allt í lagi að þeir séu sinn á hvorum staðnum.

Ég fagna þeim umr. sem eru að fara í gang um endurskoðun á upphæð afurða- og rekstrarlána við Seðlabankann. En ég legg á það áherslu að það verði fitjað upp á þróun landbrh. fremur en Seðlabankans.

Ég ætla nú ekki að hætta mér út í það að fara að ræða útflutningsmálin. Þar er mikið starf óunnið. Ýmislegt hefur verið gert, en mikið er óunnið og sannarlega ástæða til að leggja höfuðkapp á að koma á þau mál sem allra bestu lagi.

Ekki hefur borið á góma í þesum umr. hinn sálræna þátt sem ég lít svo á að sé tengdur þessum fjárhagsmálum landbúnaðarins öllum. Ég held að aðstoð eins og lausaskuldalán verði mönnum þeim, sem eru í vandræðum, til uppörvunar. Það má ekki vanmeta það ef svo gæti orðið, ef þetta gæti hjálpað þeim til að koma reglu á rekstur sinn og auka kjark og bjartsýni þeirra sem í erfiðleikum eiga. En ég held að það versta, sem hægt sé að gera manni sem er í vanda staddur, sé að telja úr honum kjarkinn og efla með honum bölsýni. Menn verða að líta raunsæjum augum á ástandið, en þeir mega ekki heldur gleyma sólskinsblettunum.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja þessar umr. mjög. Mér þykir rétt að benda hér á örfá atriði frekar en gert hefur verið til þessa við þessa umr.

Hæstv. landbrh. gat þess að yfir stæði könnun á því, hversu það tjón væri mikið sem orðið hefði af óþurrkunum á s. l. sumri á stórum hluta landsins. Ég fagna því að sjálfsögðu að þetta er í gangi. En ég er ekki eins sannfærður um það og hæstv. ráðh., að það sé svo ýkja-þægilegt að tengja þá könnun við það efni sem þessi till. fjallar sérstaklega um. Ég er þeirrar skoðunar að það sé rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að það væri víðar pottur brotinn í efnahagsmálum bænda heldur en á óþurrkasvæðunum. Því miður hygg ég að þetta sé rétt. Athyglisvert er að bera saman ummæli hæstv. ráðh. hér áðan, þar sem hann gat þess að árin 1972, 1973 og 1974 hefðu verið sérstaklega hagstæð ár fyrir landbúnaðinn, bera þau saman við þær upplýsingar sem er að finna í grg. með þessari till., þar sem sagt er að á árunum 1971, 1972 og 1973 var sérstök fyrirgreiðsla veitt þeim sem verst voru settir með því að fresta afborgunum af stofnlánum. Fyrst þetta getur verið nauðsynlegt á allra bestu árum sem yfir landbúnað hafa komið, þá sannar það hversu aðstaða bænda er misjöfn og hversu afkoma þeirra er misjöfn, og þeir þættir eru áreiðanlega ekki að fullu þekktir sem hafa þarna ríkustu áhrifin.

Það er greinilegt að það er allajafna heima á búunum sjálfum sem er orsaka að leita. Einn bóndi nær ekki þeirri hagkvæmni í rekstri sem annar nær. Ég hygg líka að það geti eyðilagt hvern bónda á mjög stuttum tíma ef hann kemst í rekstrarfjárskort. Þeir menn, sem hafa orðið fyrir því og sjá ekki fram úr því hvernig þeir eigi að greiða fyrir þær rekstrarvörur sem þeir þurfa að nota í búskapnum, eru illa settir. Hver einasti bóndi í landinu er kominn út í mjög umsvifamikinn viðskiptabúskap, og hann verður þess vegna að hafa rekstrarfé í höndum í mjög ríkum mæli. Þeir, sem fá ekki rekstrarfé í gegnum afurðir sínar nægilega hratt, reyna að verða sér úti um það í lánastofnunum, og það gefur auga leið hversu óhagstætt það er í búrekstrinum, þegar miðað er við það sem ætlast er til að vaxtaþátturinn sé stór í framleiðsluverðinu.

Ég vil því enda þessi fáu orð mín með því að leggja á það áherslu, að þessi till. um athugun á lausaskuldum bænda verði samþ. En ég held að það þurfi einnig að vinda að því bráðan bug að fela Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins að kynna sér rækilega hvers vegna þeir menn, sem nú standa höllum fæti, eru svo illa settir að þeir þurfi á sérstakri aðstoð að halda. Ég er ekki í vafa um að ef það lægi nægilega ljóst fyrir á hverju einstöku búi, þá mætti með góðra manna hjálp setja undir þann leka sem hér hefur orðið skaði af.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil gera örstutta aths. Það er vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni. Hann vitnaði til fyrirgreiðslu, sem drepið er á í grg. með till. minni, um vaxta- og afborganafrestinn sem veittur var við Stofnlánadeildina árið 1971. Þannig var að árið 1971 var ráðist í að gera þetta. Þá var góðæri, en þetta var náttúrlega vegna skulda sem myndast höfðu á erfiðum árum þar á undan. Það var verið að hjálpa mönnum við að komast á réttan kjöl. Stofnlánadeildin fékk 10 millj. kr. árið 1971 og 5 millj. árin 1972 og 1973, 5 millj. hvort ár, til þess að hjálpa þessum mönnum eða umlíða þá þessi ár. Stéttarsambandið athugaði hvernig þeim hefði vegnað, og það er ótrúlegt hvað þetta virtist koma að miklu gagni. Yfirleitt heppnaðist það í langflestum tilfellum. Þetta sannar að svona fyrirgreiðsla getur átt rétt á sér. Svona fyrirgreiðsla á náttúrlega ekki rétt á sér æ ofan í æ, og menn geta ekki farið að reikna með því að fá svona fyrirgreiðslu annað hvert ár. En hún á rétt á sér í sérstökum tilfellum til þess að hjálpa mönnum að komast á réttan kjöl í trausti þess að þeir kollsigli ekki aftur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 44. fundur.

Mánudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Póst- og símamál, frv. (þskj. 324). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 324 er frv. til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. Frv. þessu er ætlað að leysa af hólmi liðlega 40 ára gömul lög um sama efni, lög um starfrækslu póst- og símamála nr. 8 frá 1935. Þau setja mjög víðan ramma um starfsemi stofnunarinnar, og hefur hann verið það teygjanlegur að reynst hefur innan marka hinnar gömlu löggjafar rúm fyrir margs konar breytingar, sem æskilegar eða nauðsynlegar reyndust er tímar liðu vegna nýrrar þjónustu, sem tekin var upp, nýrrar tækni eða vegna nýrra stjórnunaraðferða sem kölluðu á nýtt eða breytt skipulag.

Þar sem hér er um að ræða stærstu stofnun ríkisins og reyndar stærstu stofnun landsins og stofnun, sem snertir beint eða óbeint daglegt líf hvers mannsbarns í landinu, tel ég rétt að rekja nokkuð sögu stofnunarinnar, þeirrar sem í daglegu tali er nefnd Póstur og sími, sem er einnig a. m. k. að hluta til ein elsta stofnun landsins.

Elstu ákvæði um póstmál á Íslandi felast í tilskipun um póstmál frá 13. maí 1776. Póstþjónustan skyldi kostuð af opinberu fé og var hún undir stjórn embættismanna: stiftamtmanns, amtmanna og sýslumanna. Um 1785 var þessi þjónusta komin í það horf sem hún hélst síðan í um 100 ára skeið, þ. e. tiltekinn fjöldi ferða landpósta milli aðsetursstaða helstu embættismanna. Með tilskipun 26. febr. 1872 var þó gerð sú breyting að sett var upp póstskrifstofa í Reykjavík og skipaður þar póstmeistari sem ætlað var að hafa umsjón með „hirðing bréfa“ um allt land. Landshöfðingi hafði þá á hendi „stjórn póstmála innanlands“.

Með póstlögum nr. 44 1907 er sú breyting gerð í samræmi við stofnun Stjórnarráðs Íslands 1904, að póstmeistarinn í Reykjavík skyldi hafa á hendi stjórn hinna íslensku póstmála undir yfirstjórn Stjórnarráðs Íslands.

Með breytingu á póstlögunum frá 1907, nr. 64 1919, var sett á fót embætti aðalpóstmeistara í Reykjavík með póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn sér við hlið og auk þess póstmeistara í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði.

Síminn var lagður hingað til lands og frá Seyðisfirði til Reykjavíkur árið 1906. Var sú nýbreytni byggð á löggjöf frá 1905. Með lögum nr. 13 1905, um ritsíma, talsíma o. fl., var einkaréttur ríkisins lögfestur til að „stofna og starfrækja ritsímasambönd og málmþráða, svo og hvers kyns önnur rafmagnssambönd til skeytasendinga á Íslandi og í landhelgi við Ísland.“ Lög um „forstjórn Landssímans“ voru sett sem lög nr. 31 1907, og var þar í stuttu máli gerð grein fyrir helstu þáttum í starfi forstjóra starfseminnar og launum hans.

Þannig má segja að málin hafi staðið í meginatriðum þegar sameining pósts og síma kom fyrst til alvarlegrar athugunar upp úr 1920. Eru því máli gerð rækileg skil í áliti póst- og símamálanefndar, sem skipuð var 16. okt. 1928, og er álitið prentað sem fskj. með frv. til laga um stjórn póstmála og símamála 1929, sbr. Alþingistíðindi, 41. löggjafarþing, þskj. 195.

Urslit málsins 1929 voru í bili ráðin með lögum nr. 40 1929, um stjórn póstmála og símamála, en með þeim lögum er stefnt að hægfara sameiningu póst- og símastöðva utan Reykjavíkur, „eftir því sem stöðvarnar losna“. Jafnframt var embættisheiti „aðalpóstmeistara“ breytt í „póstmálastjóra“ og embættisheitið „landssímastjóri“ lögfest.

Yfirstjórnin var því í höndum tveggja embættismanna og allt bókhald og reikningsskil tvískipt.

Þessi sameining samkv. lögum nr. 40 1929 þótti innan skamms ganga of hægt og á Alþingi haustið 1935 var flutt frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála sem skipulagsnefnd atvinnumála hafði samið. Samkv. þessu frv., sem samþ. var og er birt sem lög nr. 8 1935, var yfirstjórn Pósts og síma sameinuð hjá einum embættismanni, póst- og símamálastjóra. Kveðið var á um skipulag stofnunarinnar og taldar upp helstu stöður og umdæmaskipting. Utan Reykjavíkur skyldi sami maður gegna starfi yfirmanns Pósts og síma nema sérstaklega stæði á að dómi ráðh.

Umrædd lög nr. 8 frá 1935 fjalla um skipulag Pósts og síma í víðri merkingu og hafa síðan að geyma ýmsar heimildir fyrir ráðh. til þess að kveða nánar á um tiltekin atriði í reglugerð. Þessi gömlu lög eru enn í gildi og hafa allar síðari reglugerðir um stjórn Pósts og síma verið á þeim byggðar.

Stofnunin heyrir nú samkv. lögum nr. 73 1969, um Stjórnarráð Íslands, undir samgrn., en allt frá 1935—1970 heyrði stofnunin beint undir ráðh. samgöngumála og póst- og símamálastjóri hafði stöðu til jafns við ráðuneytisstjóra gagnvart ráðh.

Samkv. lögum nr. 8 1935 voru helstu skipulagseiningar í stofnuninni undir stjórn eftirtalinna embættismanna sem allir heyrðu undir póst- og símamálastjóra: Póstmeistarinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík, bæjarsímastjórinn í Reykjavík, yfirverkfræðingur, loftskeytastöðvarstjóri. Starfsheiti póstritara, sem stóð næstur póst- og símamálastjóra varðandi póstmál, en sú staða hafði árum saman verið til, virðist af vangá hafa fallið niður úr lögunum, enda starfaði hann áfram eftir að lögin frá 1935 voru gengin í gildi. Þessu starfsheiti var síðan breytt í starf skrifstofustjóra póstmála, en síðan í starf forstöðumanns póstmálaskrifstofunnar. Enn fremur var loftskeytastöðvarheitið í ofangreindum lögum byggt á misskilningi. Voru tildrögin þau, að á árinu 1934 var þáv. stöðvarstjóri loftskeytastöðvarinnar settur til þess að gegna starfi skrifstofustjóra Landssímans og starfaði hann síðan fullan starfsdag sem slíkur jafnframt því sem hann hafði umsjón með loftskeytastöðinni. Starfsheiti skrifstofustjórans var síðan breytt í forstöðumann símarekstursdeildar, starfsemi Loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík var árið 1963 flutt í Gufunes og sameinuð Radíóflugþjónustunni þar.

Árið 1956 var viðfangsefnasviði yfirverkfræð-

ings skipt í tvennt og tæknisviðinu skipt í radíótæknideild og símatæknideild.

Samkv. reglugerð um stjórn og skipulag pósts og síma, nr. 177 1960, voru helstu skipulagseiningar 4 aðaldeildir og 4 sérdeildir. Var skipting viðfangsefna á milli þessara deilda í aðalatriðum þessi:

Aðaldeildir:

1. Hagdeild: Aðalendurskoðun, sjóðskoðanir, helstu skýrslugerðir, yfirlit yfir fjárreiður, almenn starfsmannamál og gerð endanlegra fjárlagatillagna.

2. Rekstursdeild: Almenn viðskiptamál Pósts og síma, þ. á m. fjárreiður stofnunarinnar og gjaldeyrismál, almenn póstmál og reglugerðir, umsjón með rekstri allra póst- og símastöðva á landinu utan þess, sem sérdeildum var falið, enn fremur aðalbókhald. Hún sá einnig um frímerkjaútgáfu.

3. Radíótæknideild: Öll radíótæknimál símans, þ. á m. rekstur radíóstöðva og radíósambanda, þar undir komu einnig lóranstöðvarnar á Reynisfjalli og Gufuskálum og allar framkvæmdir á þessu sviði, einnig framleiðsla á radíótækjum.

4. Símatæknideild: Öll símatæknimál önnur en þau, sem að ofan er getið eða sérdeildum var falið. Þar undir komu allar sjálfvirkar símstöðvar og sæstrengir, enn fremur aðalbirgðavarsla símans og húsbyggingar.

Sérdeildir voru hins vegar:

Aðalpóststofan í Reykjavík: Rekstur póststofunnar, þ. á m. póstafgreiðslur til og frá útlöndum, ásamt útibúum í Reykjavík.

Bæjarsíminn í Reykjavík: Rekstur bæjarsímanna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og nágrenni og verklegar framkvæmdir.

Ritsíma- og langlínumiðstöðin í Reykjavík: Viðskiptalegur rekstur ritsímans og langlínustöðvarinnar í Reykjavík svo og umsjón með rekstri símstöðvanna í Suðurlandsumdæmi, nema þeirra málefna sem voru falin Bæjarsímanum og Aðalpóststofunni í Reykjavík.

Rekstur póstgíróstofunnar, er annast rekstur gíróstarfsemi Pósts og síma, kom síðar til.

Með hliðsjón af almennum skipulagssjónarmiðum og nútíma stjórnunarþekkingu var ljóst, þegar málið var íhugað, að þáverandi skipulag pósts og síma hafði ýmsa galla. Þeir helstu voru þessir:

1. Skilgreining á ábyrgðar- og valdsviðum einstakra aðaldeilda og undirdeilda var óljós.

2. Skortur á skilgreiningu á valdi og almennum reglum um starfshætti leiddi til þess, að ákvarðanataka jafnt um smáa hluti sem stóra og sérfræðiþekking safnaðist á hendur æðstu yfirmanna stofnunarinnar í Reykjavík.

3. Eitt umdæmi, Suðurlandsumdæmi, heyrði undir sérdeild, en önnur undir rekstrardeild. Það hafði í för með sér að póst- og símastöðvar í Suðurlandsumdæmi heyrðu undir ritsímastjórann í Reykjavík, en allar almennar póst- og símastöðvar utan Suðurlandsumdæmis og Reykjavíkur undir rekstrardeild.

4. Stýrikerfi í formi rekstraráætlana fyrir einstakar ábyrgðareiningar ásamt rekstraryfirliti hafði ekki almennt verið komið á og það ekki talið unnt nema skýra skipulag og verkefnaskiptingu betur.

5. Þótt miklar framfarir hafi orðið á almennri áætlanagerð og fjárlagatillögugerð stofnunarinnar, hafði ekki tíðkast að gera reglubundið heildaráætlanir til nokkurra ára um rekstur og framkvæmdir stofnunarinnar, þar sem fram kæmu meginmarkmið sem stofnunin þyrfti að ná til að geta á hverjum tíma mætt þeim kröfum sem ríkisvaldið og viðskiptamenn stofnunarinnar gerðu til hennar.

Sem fyrsta skrefi til þess að koma á breyttum starfsháttum í stofnuninni var ákveðið að breyta skipulagi hennar og var það gert með reglugerð nr. 384 1974 og nr. 277 1976.

Er lögin um stjórn og starfrækslu höfðu staðið óbreytt í nær 40 ár, þótti eðlilega kominn tími til að athuga skipulag og starfsemi stofnunarinnar frá grunni. Með bréfi hinn 19. mars 1973 skipaði þáv. samgrh., Hannibal Valdimarsson, í samráði við þáv. fjmrh., n. til þess að gera allsherjarathugun á skipulagi og rekstri Pósts og síma. Í skipunarbréfi n. voru verkefni hennar nánar tilgreind þessi:

1. Að taka til heildarathugunar skipulag og rekstur póst- og símamálastjórnar með það í huga að gera starfsemina hagkvæmari og markvissari.

2. Að kanna skipulag stofnunarinnar og athuga sérstaklega vald og ábyrgðarsvið einstakra deilda og starfseininga ásamt valddreifingu innan stofnunarinnar og gera till. um nýtt heildarskipulag fyrir póst- og símamálastjórnina með tilheyrandi verkefna- og starfslýsingu eftir því sem n. telur ástæðu til.

3. Að athuga sérstaklega og gera till. nm., hve rétt sé að setja mörk í starfsemi pósts- og símamálastjórnar, og kanna, hvort ekki sé hagkvæmt að hætta þjónustu eða framleiðslustarfsemi sem unnt er að fela öðrum.

4. Að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag á framkvæmdaáætlun póst- og símamálastjórnar, þannig að gerð yrði áfangaskipt langtímaáætlun, t. d. til 4 ára.

5. Að semja frv. til laga um stjórn póst- og símamála á grundvelli framangreindra athugana.

6. Að gera tillögur um breytingar á rekstri og skipulagi póst- og símamálastjórnar að öðru leyti, eftir því sem athugun n. og niðurstöður gefa tilefni til.

N. var falið að gera reglulega grein fyrir störfum sínum til samgrh. og fjmrh. og hefur hún gert það.

Í n. þessa voru skipaðir Jón Skúlason póst- og símamálastjóri, og var hann formaður n., Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri samgrn. og Hörður Sigurgestsson, rekstrarhagfræðingur, sem þá starfaði hjá hagsýslustofnuninni og var tilnefndur af henni. Jón E. Böðvarsson deildarstjóri hefur starfað með n. síðan 28. okt. 1974 og verið ritari hennar frá þeim tíma.

N. sendi frá sér grg. til ráðh. hinn 30. nóv. 1973 og enn fremur grg. og till. hinn 18. des. 1974 og gerði samgrh. og fjmrh. skriflega grein fyrir störfum sínum. Í apríl 1976 gaf n. út í bókarformi ítarlega skýrslu og tillögur.

N. var um það sammála í upphafi starfs síns, að brýnasta verkefni hennar væri að taka allt skipulag Pósts og síma til endurskoðunar og gera

till. um breytta skipan þess í samræmi við kröfur og tækni dagsins í dag og næstu framtíðar. Hún taldi að nýtt skipulag væri forsenda þess, að hægt væri að gera starfsemi stofnunarinnar hagkvæmari og markvissari. Því beindist aðalstarf hennar að þessu verkefni. Jafnframt vann n. að öðrum þáttum verkefnis síns.

Endurskoðun skipulags jafnstórrar stofnunar og Pósts og síma er mikið starf og vandasamt. Sífellt er unnið að slíkum verkefnum í nágrannalöndum okkar. Algengt er að byrjað sé á þessum verkþætti þegar gerðar eru kröfur til stofnana eða fyrirtækja um aukna framleiðni eða hagkvæmari rekstur. Litið er á endurskipulagningu sem fyrsta þátt í meiri háttar hagræðingarstarfsemi. Traustur skipulagsrammi í samræmi við nútímakröfur skapar grundvöll fyrir því, að hægt sé að takast á við önnur innri vandamál. N. ákvað því í upphafi að fá sérfróða menn til að aðstoða við þennan þátt verks hennar. Var strax í upphafi leitað til norsku póstmálastjórnarinnar og norsku símamálastjórnarinnar um aðstoð. Vitað var að þessar stofnanir höfðu nýlega verið endurskipulagðar. Var mjög vel brugðist við þessari beiðni og unnu tveir menn frá norsku póststjórninni og frá norsku símamálastjórninni með n. að skipulagsmálum nærri frá upphafi. Í samráði við þá var ákveðið að fá enn fremur til aðstoðar ráðgjafarfyrirtæki í Osló til frekari aðstoðar. Ráðgjafarfyrirtæki þetta hefur m. a. nýlega lokið þátttöku í endurskipulagningu sænsku símamálastofnunarinnar og vinnur nú að skipulagsverkefnum í dönsku póst- og símamálastjórninni, auk svipaðra starfa fyrir fjölmarga aðra aðila í Skandinavíu og víðar. Hefur aðstoð og vinna þessara aðila verið þýðingarmikil. N. hefur einnig notið framlags og þýðingarmikillar aðstoðar fjölmargra starfsmanna Pósts og síma, sem leitað hefur verið til. Auk þess og jafnframt hefur n. rætt við ýmsa yfirmenn stofnunarinnar um hugmyndir sínar og um breytt skipulag á stofnuninni. Má þar nefna m. a. forstjóra aðaldeilda og sérdeilda stofnunarinnar og enn fremur fulltrúa frá Félagi ísl. símamanna, Póstmannafélagi Íslands og Félagi háskólamenntaðra póst- og símamanna.

Í jan. 1976 kynnti póst- og símanefndin framangreindum félögum meginatriði hugmynda sinna og nýtt skipulag Pósts og síma og óskaði eftir áliti þessara samtaka á því. Bárust umsagnir þessara þriggja félaga um mánaðamótin febr.—mars 1976, og verður að telja að félögin hafi tekið almennt jákvæða afstöðu til þeirrar stefnu sem mörkuð var í skipulagstillögum nefndarinnar.

Þýðingarmikið skref var stigið í átt til nýs skipulags 3. júní 1976 þegar út var gefin reglugerð samkv. till. n. Var það álit mitt og nefndarmanna að mál það, sem um var fjallað, væri svo margþætt og flókið að rétt væri að gefa út reglugerð fyrst og bíða með nýja lagasetningu þar til nokkur reynsla hefði fengist af hinum nýju skipulagshugmyndum.

Frv. þetta er í höfuðatriðum byggt á sömu grundvallarsjónarmiðum og till. n. og reglugerð nr. 227 frá 3. júní 1976. Með frv. þessu er lagt til að mörkuð verði eftirgreind stefna í skipulagsmálum og starfsemi Pósts og síma í samræmi við till. nefndarinnar.

1. Aðskilnaður stefnumörkunar og rekstrar. Leitast er við að aðskilja annars vegar þær deildir, sem hafa þau meginverkefni að annast yfirstjórn, áætlanagerð og aðra stefnumörkun, og hins vegar þær deildir stofnunarinnar, sem annast daglegan rekstur í einstökum umdæmum, stöðvum og öðrum starfseiningum. Leggja þarf meiri áherslu á að hverju stefnt skuli með rekstri stofnunarinnar og hvernig markmiðum hennar skuli náð. Aukna áherslu verður að leggja á heildaryfirsýn og horfa lengra fram í tímann og létta ákvörðunartöku daglegs rekstrar af þeim sem fást við yfirstjórn stofnunarinnar.

2. Valddreifing. Flytja ber meira af rekstrarstjórnuninni, þ. e. ákvarðanatöku, almenna skipulagningu, framkvæmd og eftirlit, tækniþekkingu og aðra þekkingu í umdæmi þar sem hinn eiginlegi rekstur fer fram. Með því verði stytt boðleiðin á milli vandamálanna og þeirra sem geta tekið ákvarðanir um lausn þeirra. Gera ber rekstrareiningarnar, sem dreifðar eru um landið, sjálfstæðar um sinn rekstur innan ramma rekstraráætlana og almennra rekstrarfyrirmæla.

3. Aukin formleg stefnumörkun og rekstraryfirlit. Með stefnumörkun er átt við skipulega setningu markmiða fyrir stofnunina í heild og undirmarkmið fyrir einstakar starfseiningar og áætlanir í samræmi við þessi markmið, sem geri grein fyrir hvernig menn hyggjast ná markmiðunum. Liður í þessu verði kerfisbundið rekstrareftirlit með virku stjórnunarbókhaldi og samanburði við áætlanir sem liggi fyrir áður en það verður saga ein.

4. Aukin kynningar- og fræðslustarfsemi. Með kynningarstarfseminni er átt við aukna áherslu á að kynna starfsemi stofnunarinnar út á við og hvað hún hefur viðskiptamönnum sínum að bjóða. Með aukinni fræðslustarfsemi er átt við meiri áherslu á menntun og endurmenntunarstarfsemi innan stofnunarinnar, þ. á m. verði lögð sérstök áhersla á aukna stjórnunarfræðslu og stjórnunarþekkingu.

5. Stjórnunarleg sameining póst- og símaverkefna. Leggja ber áherslu á sameiningu og samræmingu póstverkefna og símaverkefna innan sömu stjórnunareiningar eftir því sem nokkur kostur er.

6. Starfsskipulag. Áhersla hefur verið lögð á skipulag miðað við aðalstarfssvið og veitta þjónustu, en ekki tæknisvið eða sérþekkingu.

Til þess að ná þessum markmiðum var ákveðið að skipa starfsemi stofnunarinnar í tvo meginhluta: stjórnunarhluta og rekstrarhluta. Stjórnunarhlutinn skiptist í 4 aðaldeildir og rekstrarhlutinn í 4 umdæmi.

Þessi breyting felur í sér verulega uppstokkun eldra skipulags og eru höfuðbreytingarnar þessar:

1. Gerður er aðskilnaður í stórum dráttum á milli stefnumörkunar og rekstrar. Stefnumörkun og heildaráætlun verði í aðaldeildum, en rekstur í umdæmunum. Þetta hefur í för með sér verulegan flutning á verkefnum og forsjá mannafla úr aðaldeildum til umdæma.

2. Umdæmum fækkar frá því sem nú er, en stefnt er að því að nýju umdæmin verði stærri

og sjálfstæðari starfseiningar. Starf umdæmisstjóra verði til muna meira að umsvifum og ábyrgð. Þeir verða meðal áhrifamestu stjórnenda Pósts og síma, en allir heyra þeir og umdæmin undir póst- og símamálastjóra.

3. Aðaldeildum fjölgar í 4. Nýrri tæknideild svipar til eldri tæknideildar nema hvað rekstrarmál eru lögð undir umdæmin. Fjármáladeild fer að mestu með mál sem áður voru hagdeildar- og rekstrardeildarmál. Umsýsludeild fer að mestu með mál sem áður voru undir hagdeild eða tæknideild, en aðalbreytingin er stofnun viðskiptadeildar sem ber ábyrgð á þeim viðfangsefnum sem lúta að þróun, áætlunargerð og rekstri þeirra þátta sem annast hina beinu þjónustu við almenning.

Þetta skipulag skýrist í meginatriðum í skipuriti nr. 4 á bls. 10 í grg. með þessu frv.

Það er ekki ætlun mín að ræða mikið á þessu stigi um einstakar gr. frv. Læt ég um það mál að mestu nægja að vísa til hinna ítarlegu skýringa í aths. sem frv. fylgja.

Ég hef hér að framan reynt að rekja aðdraganda málsins og meginstefnu frv. Auk skilnaðar milli yfirstjórnar og daglegs rekstrar vil ég leggja áherslu á þá valddreifingu sem skipulagi þessu fylgir, — valddreifingu sem auka mun áhrif hinna dreifðu byggða á gang þessara mála. Flest venjuleg rekstrarmál verða útkljáð heima í viðkomandi umdæmi og frumkvæði að áætlanagerð umdæmisins á þar uppruna sinn. Þetta er í beinu samræmi við þau byggðastefnusjónarmið sem fylgt er víða í samgöngumálum okkar, t. d. lögfest að nokkru hjá Vegagerð ríkisins. Stjórnunar- og rekstraraðilar stofnunarinnar gera sameiginlegar áætlanir, sem lagðar verða fyrir Alþ. ýmist með fjárlagatill. eða langtímaáætlunum. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði frv. mundi fyrsta áætlunin, fyrir árin 1978 og 1979, send Alþ. haustið 1977, ef frv. þetta verður afgreitt sem lög frá þessu þingi sem ég vona að verði.

Í till. n. er gert ráð fyrir nokkrum sparnaði í rekstri. Taldi n. að með hinu nýja skipulagi gæti starfsliði stofnunarinnar fækkað á næstu tveim árum um 75 manns. Yrði það aðallega gert með því að endurráða ekki í stöður sem losnuðu og að nokkru með tilflutningi starfsmanna milli starfsþátta. Þegar hafa verið lagðar niður um 20 stöður. Þessi fækkun á þó aðeins við að óbreyttu umfangi stærða, en að sjálfsögðu er einhver aukning nauðsynleg af og til ef fólksfjölgun eða ný bæjarhverfi kalla á aukna þjónustu Pósts og síma.

Árin 1975 og 1976 voru lagðar niður 8 símastöðvar og á þessu ári er í ráði að leggja niður um 10 stöðvar til viðbótar. Hafa þessar stöðvar verið tengdar við aðrar sem hafa lengri þjónustutíma. Þannig fá viðkomandi byggðarlög betri þjónustu með minni kostnaði fyrir stofnunina.

Rétt er að benda á ákvæði 10. gr. frv. um starfsmannaráð. Á s. l. hausti tókst samkomulag um aðild póstmanna að ráðinu og eiga því nú fulltrúar beggja stærstu starfshópa stofnunarinnar setu í ráðinu. Það er nýmæli í starfsemi ráðsins, sem fram kemur í grg frv., að gert er ráð fyrir að það fjalli um fleiri mál en hrein starfsmannamál, og mætti því með nokkrum sanni segja að hér væri stigið spor í átt að atvinnulýðræði.

Í 1. mgr. 3. gr. frv. felst meginmarkmið stofnunarinnar, sem er að tryggja sem best að hér á landi sé kostur á hagkvæmri og fullkominni póst- og símaþjónustu.

Í 2. mgr. 11. gr. frv. segir að stefnt skuli að því, að tekjur samkv. gjaldskrá fyrir póst- og símaþjónustu skuli nægja til þess að markmiði 3. gr. verði náð og stofnunin sé sjálfri sér nóg með fé og kosti sjálf með almennri gjaldskrá allan rekstur og venjulegar fjárfestingar.

Um stefnu í gjaldskrármálum undanfarandi ár læt ég nægja að vísa til svara minna við fsp. þar að lútandi undanfarið, einkum fsp. nr. I á þskj. 303, sem ég svaraði s. l. þriðjudag, svo og skýringa á bls. 18—19 í aths. með þessu frv. Að sjálfsögðu koma af og til upp fjárfestingarmál sem ekki er eðlilegt að ætlast til að leyst séu með gjaldskrártekjum á einu ári, heldur frekar með lánsfé eða á annan hátt. Verður því að undirstrika þann fyrirvara, sem hafður er í aths. við 2. mgr. 11. gr. að því er þetta varðar. Stórmál eins og aðalpósthúsbyggingu í Reykjavík eða jarðstöðvarsamband um gervihnött er ekki skynsamlegt að leysa með eigin tekjum stofnunarinnar í einu stökki, heldur verður þar lánsfé að koma til.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt og sé ekki ástæðu til að fara út í einstakar greinar frekar en orðið er, enda er málið það vel kynnt með þeirri grg. sem frv. fylgir. Og ég vil einnig segja að málið sé sérstaklega vel unnið, enda hefur það verið í vinnslu um nokkurra ára skeið og beitt til þess sérstakri þekkingu og mikilli vandvirkni. Ég vil því við þetta tækifæri þakka nm. þeirra mikla og góða starf sem póst- og símamálastofnunin og þjóðin öll á eftir að njóta góðs af.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því við hv. samgn. þessarar d. að hún leiti eftir samstarfi við samgn. hv. Nd., þar sem ég tel brýna nauðsyn til að þær vinni saman að athugun þessa frv. Kemur þar tvennt til: að hér er um það að ræða, að nm. sem unnu að frv., og sérfræðingar stofnunarinnar verða að vera á fundum með samgn.-mönnum vegna margra tæknilegra atriða er í frv. felast, og svo hitt, að ég mun mjög leita eftir því að þetta frv. verði afgreitt sem lög frá þessu þingi þar sem til þess ber brýn nauðsyn. Hér er ekki heldur um að ræða pólitískt deilumál, nema síður sé, heldur til þess að koma á löggjöf sem byggð er á mikilli vinnu og nokkurri reynslu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta skulu ekki vera mörg orð. Ég hygg að það fari ekki á milli mála, að þetta frv. sé, eins og hæstv. ráðh. tók fram, það vel unnið að við þurfum litlar aths. út af fyrir sig við það að gera, og miðað við það, hvernig hér hefur verið að staðið, þá efast ég ekki um að margt í þessu frv. er til mikilla bóta. Ég legg sérstaklega áherslu á það atriði frv. sem

snertir umdæmisstjórana og það aukna vald, sem hæstv. ráðh. lagði áherslu á að þar með væri flutt út í héruðin sem liður í því að flytja vald og áhrif heim í héruðin, þannig að öll ákvarðanataka um hvað eina færi ekki alltaf og ævinlega fram í höfuðstöðvunum hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég vona sem sagt að af þessum ákvæðum leiði það, að umdæmisstjórarnir fái meiri áhrif, fái meiri völd og reynslan af þessu verði í alla staði jákvæð, svo sem hún hefur verið í öðrum þeim tilfellum þar sem slík valddreifing hefur átt sér stað.

Hitt atriðið, sem ég tel einnig til mikilla bóta og þá alveg sérstaklega fyrir Alþ. og fjvn., er áætlanagerðin sem gert er ráð fyrir í frv., í 9. gr. þess, þ. e. a. s. áætlun um framkvæmdir stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hér er tvímælalaust um skref til bóta að ræða. Við væntum þess auðvitað að hér verði um raunhæfa framkvæmd að ræða og að þessar áætlanir geti orðið sem réttastar og þá ekki hvað síst með tilliti til þess, að verðbólgan hægi a. m. k. það á sér að það verði eitthvað að marka þær tölur sem þar verða gefnar upp, þær verði ekki orðnar úreltar þegar á næsta ári, eins og raun hefur orðið á um flestar þær áætlanir, sem opinberar stofnanir hafa þurft að gera á liðnum árum. En fyrir Alþ. og þá alveg sérstaklega fyrir fjvn. er þetta atriði til mikilla bóta.

Frv. í heild vekur eðlilega upp spurningar um símaþjónustuna í landinu almennt. Það er vitað, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, að þar hefur margt breyst og margt orðið til mikils batnaðar. Hér er líka um þá stofnun að ræða sem er hvað nátengdust fólkinu hvað snertir hin ýmsu mannlegu samskipti, og því veltur á miklu að þar takist vel til um allt starf. Uppbyggingu sjálfvirku stöðvanna í þéttbýli er nú að ég hygg lokið. Við austfirðingar urðum þar eins og oft áður einna seinastir til að fá á fulla leiðréttingu, en hún er þó nú komin. Og síðan er þessi uppbygging hafin að vissu marki í sveitum. Sjálfvirku stöðvarnar eru auðvitað um allt mikil bót og ekki vildi ég missa þá stöðu. Þó að vinur minn. Sigurður Blöndal, segist vilja helst banna að sjálfvirkur sími komist nokkurn tíma inn í Hallormsstað til þess að rjúfa friðhelgi sína á þeim tímum sem hann vill hafa hana ríkjandi, þá hygg ég að mikill meiri hluti sé á því að hið sjálfvirka kerfi hafi reynst til mikilla bóta.

Það hefur hins vegar áreiðanlega fyrst í stað og kannske alla tíð leitt til allmiklu meiri símakostnaðar hjá fólki almennt. Og þá kemur auðvitað upp hin mikla spurning um það, sem hæstv. ráðh. vék að í lok ræðu sinnar og var reyndar til umr. hér í sambandi við fsp. frá mér á dögunum, hvernig við getum reynt sem allra fyrst að ná jöfnuði í símgjöldum um allt land, þannig að landið verði í raun allt eitt gjaldsvæði og afnotin af símanum verði sem minnst forréttindi fyrir það fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu, — forréttindi segi ég vegna þeirrar miklu miðstöðvarbyggingar á öllum sviðum sem er á þessu svæði. Ég sem sagt ítreka þær áskoranir, sem ég hef áður haft uppi til hæstv. ráðh. og hann tekið vel undir, að stefna sem hraðast og best að því að jöfnun símgjalda verði sem fyrst raunhæf, að fólk, hvar sem það býr á landinu, njóti sama réttar í þessum efnum og þurfi ekki að greiða okurverð fyrir það eitt að vera á fjarlægu landshorni til að ná sambandi við hinar ýmsu þjónustustofnanir sem eru á höfuðborgarsvæðinu og reyndar líka út fyrir sitt oft tiltölulega takmarkaða svæði eða byggðarlag.

Áður hefur verið minnst á það og hæstv. ráðh. kom inn á það, að margar stöðvar hefðu verið lagðar niður og það væri ætlunin að halda þeirri stefnu áfram að vissu marki, en um leið að tengja þessar stöðvar og þá aðila, sem þeirra njóta, við stöðvar sem hefðu lengri tíma. Um þetta er ekki nema gott eitt að segja, enda hlýtur að vera mjög nauðsynlegt að símaþjónustan, einkum þó hvað snertir neyðarþjónustu í sveitunum, geti orðið sem allra best, en á það hefur mjög skort. Auðvitað batnaði það ekki við það að símatími sumra þessara stöðva var fyrir nokkru styttur og um leið versnuðu möguleikarnir í þessu sambandi. Hér er aftur sem sagt ætlunin að ráða á þessu bót. Hins vegar hef ég verið svolítið efins um, að opnunartíma hinna ýmsu stöðva í þéttbýli ætti að stytta, vegna hinna mörgu sem enn hafa þó ekki síma, en þurfa að hafa þar að vissan aðgang, og á vissum tímabilum verður álag á þessum stöðvum geysimikið. Ég nefni núna aðeins t. d. fyrir austan hjá okkur loðnutímabilið og það mikla álag sem er á símstöðvunum á þessum tíma. Og þá er auðvitað rétt að hafa í huga að hafa vissan sveigjanleika líka í opnunartíma þessara stöðva og möguleikum fólks til þess að komast inn á stöðvarnar til þess að hringja, einmitt með tilliti til sveiflna í atvinnulífi svipað og er með loðnuvertíðina nú.

Ég sem sagt ítreka enn einu sinni áskorun til hæstv. ráðh. um að hann vinni sem hraðast og best að jöfnun símgjalda, vinni sem hraðast og best að framkvæmd þeirrar þál., sem hér var samþ. á Alþ. fyrir nær þrem árum og allir voru sammála um að vinna bæri að. En ég get ekki farið héðan án þess að bera fram eina litla spurningu til hæstv. ráðh. Ég veit ekki hvort hann getur svarað henni, en ég vona það þó. Það er varðandi umdæmisstjórana og símaumdæmin. Ég ætla að vona að varðandi okkar umdæmi eystra verði engin breyting á hvað snertir aðalstöðina, ef svo mætti segja, eða aðsetur umdæmisstjórans. Ég vona að það sé ekki meiningin með þessu frv. að breyta þar til, þ. e. a. s. að umdæmisstjóri okkar austfirðinga haldi áfram að sitja á þeim merka stað, Seyðisfirði, sem er orðinn sérstaklega merktur auðvitað í þessu tilliti, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, með það verði ekki farið að hringla eins og maður hefur stundum heyrt raddir um.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. landsk. þm., Helga Seljan, fyrir undirtektir hans undir þetta frv. Segir mér svo hugur að eins muni verða um aðra hv. þm., að þeir séu fúsir til að styðja málið, enda er megintilgangur málsins, eins og hefur komið fram í umr., að gera skipulagninguna hagkvæmari og betri og stjórnunina auðveldari á þessari stærstu stofnun landsins. Það er besta tryggingin fyrir því að gjald til stofnunarinnar geti verið í sæmilegu hófi, því að stofnun, sem hefur ekki tekjur nema af eigin rekstri, verður að-

vitað að gæta hvors tveggja: að ná í hæfilega háar tekjur og fara vel með. Að þessu er stefnt með frv. sem hér er lagt fram.

Út af því, sem hv. þm. sagði um að austfirðingar hefðu orðið síðastir með sjálfvirka kerfið, þá datt mér nú í hug hvort það hafi ekki verið gert til þess að jafna upp, af því að þar kom síminn fyrst á land. Það hefur sennilega ekki verið haft í huga.

En út af fsp., sem ég ætla að svara, því að annað í ræðu hans gefur ekki tilefni til þess, þá vil ég segja það um umdæmisstjórastörfin að þeim hefur þegar verið breytt í nútímahorf þar sem hefur fallið til af sjálfu sér, eins og t. d. þegar bæjarsímastjórinn í Reykjavík varð að hætta vegna aldurs. Þá var ákveðið með reglugerð að sameina starf ritsímastjóra og bæjarsímastjóra í eitt starf stöðvarstjórans í Reykjavík. Það er eins og þetta frv. og reglugerðin gera ráð fyrir og er þegar komið í framkvæmd. Bæjarsímastjóri, sem þá var, tók við starfi umdæmisstjóra. En hann var því miður ekki langlífur í því svo að það hefur komið annar maður í hans stað. Á Akureyri varð umdæmisstjórinn að hætta vegna aldurs og þá var umdæmisstjóri skipaður fyrir allt Norðurland, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Aftur á Austurlandi hefur ekki verið nein breyting og það er enga breytingu að finna í þessu frv. um tilfærslu á umdæmisstjóranum þar. En sá, sem í því embætti situr, situr meðan honum endist aldur til eða hann hættir af öðrum ástæðum. Það verður svo endurnýjað þegar þar að kemur, en frv. gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 291). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 322 (sbr. 73)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Viðbótarsamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 139). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skotvopn, frv. (þskj. 52, n. 317, 318). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur á nokkrum fundum sínum fjallað um frv. til l. um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Eins og fram kom í ræðu hæstv. dómsmrh., er hann mælti fyrir frv. hér í hv. Ed., var það afgreitt í d. á síðasta þingi, en varð ekki afgreitt þá í hv. Nd. Brtt. þær, sem samþykktar voru í Ed. í fyrra, voru nú felldar inn í frv.

Enn gerir allshn. Ed. till. um nokkrar breytingar og eru þær prentaðar á þskj. 318. Er í þessum brtt. verulega stuðst við umsögn og tillögur lögreglustjórans í Reykjavík sem hann setti fram í vetur. Þá hefur n. haft samráð við dómsmrn. um brtt.

1. brtt. er um viðbót við 5. gr., þar sem gert er ráð fyrir að dómsmrh. geti sett í reglugerð kröfur um vörslu hleðslutækja, púðurs og hvellhettna og sömuleiðis um lágmarkskunnáttu handhafa skotvopnaleyfis til að fara með hleðslutæki. Þá er gert ráð fyrir að setja megi reglugerðarákvæði um að sérstakt leyfi lögreglustjóra þurfi til að fara með hleðslutæki.

Við 6. gr. frv. er brtt., sem gerir ráð fyrir að þeir, sem fái leyfi til framleiðslu skotvopna, skotfæra, sprengiefnis eða skotelda, þurfi að uppfylla sömu skilyrði og þeir, sem fá leyfi til að eignast skotvopn. Inn í 15. gr. eru þegar komin ákvæði um kunnáttu þeirra sem leyfi þessi fá. Fellt er niður orðalag um að þeir, sem fá leyfi til að versla með þetta, skuli vera ábyggilegir, en í staðinn tekin upp viðmiðun við þá sem hafa skotvopnaleyfi, vegna þess að mönnum þótti fyrra orðalagið dálítið teygjanlegt og gæti verið örðugt að dæma fullkomlega þar um.

Brtt. við 10. gr. er tilsvarandi við breytingu á 6. gr. Er vísað til skilyrða 15. gr. um veitingu skotvopnaleyfis og gert ráð fyrir að leyfi til verslunar með skotvopn sé því bundið að verslunarfyrirtæki, sem leyfi fái til sölu á skotvopnum, hafi í þjónustu sinni mann sem fullnægi skilyrðum 15. gr. um skotvopnaleyfi og sé ábyrgur fyrir vörslu varanna.

Allshn. leggur til að viðbótarákvæði komi við 11. gr., þar sem lögreglustjóri fái heimild til að leggja hald á skotvopn og skotfæri, ef hann telur vörslu varanna ábótavant, enda tilkynni hann dómsmrn. tafarlaust um framkvæmdina. Verður þá í verkahring dómsmrn. að ákveða framhaldsaðgerðir.

Við 20. gr. frv. eru gerðar tvær brtt. Önnur er um rétt lögreglu til að færa mann til skoðunar hjá lækni, ef lögreglan telur sig hafa ástæðu til að ætla að brotin séu ákvæði gr. um bann við því að þeir, sem eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa, fari með skotvopn. Þarna er um hliðstæð ákvæði að ræða og eru í umferðarlögunum. Hin brtt. felur í sér að ekki megi skjóta úr ökutæki á ferð.

Þá er loks lagt til að í 22. gr. komi ákvæði um geymslu skotvopna, þar sem eigendur þeirra séu skyldaðir til að geyma skotvopn og skotfæri í aðskildum læstum hirslum, þannig að skotvopn og skotfæri séu ekki í sömu hirslunni.

Eins og fram kemur, ef brtt. allshn. eru athugaðar, var sú skoðun uppi í n. að fremur bæri

að herða ákvæði frv. um alla meðferð og geymslu skotvopna og skotfæra.

N. telur nauðsynlegt að sett séu ákvæði í reglugerð sem stuðli að því að auðvelda allt eftirlit með meðferð og vörslu skotfæra og skotvopna, hvort sem er í verslunum, heimahúsum eða við notkun. Fram kom að nm. töldu nauðsynlegt að fram færu kannanir á því, hvort lögum væri hlýtt um vörslu skotvopna og skotfæra. Þá var rætt um nauðsyn þess að skotvopnum og skotfærum fylgdu nákvæmar upplýsingar á íslensku um alla meðferð tækja þeirra og hættulegra efna sem fjallað er um í lögum þessum. Nm. voru sammála um að nauðsynlegt væri að fylgjast sem best með skráningu skotvopna og skotleyfa og æskilegt væri að halda allsherjarskrá um skotvopn og skotleyfi. Ekki er í frv. ákvæði um bann við að skjóta úr flugvél, en fram kom að e. t. v. mætti finna dæmi um að hér á landi hefði verið skotið á dýr úr flugvélum og ástæða gæti verið til að setja í reglugerð bann við slíku.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka það, sem segir í nál., að allshn. Ed. leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hér hefur verið lýst. Hv. 2. þm. Norðurl. e. var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins í stuttu máli lýsa yfir ánægju minni með brtt. frá allshn. í heild sem hv. frsm. gerði grein fyrir. Að því er ég best fæ séð miða þær allar að því að herða eftirlit og auka aðhald um skynsamlega og mennilega meðferð á þessum veiðivopnum. Og ég er enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að mjög mikið sé í húfi að við drögum sem allra mest úr hættunni á misnotkun þessara tækja, hvort heldur af gáleysi, vankunnáttu, kjánaskap eða giftuleysi. Mér virðast allar þessar till. miða í þá átt.

Ég geri mér að vísu ekki alveg grein fyrir því, hvað við er átt þar sem rætt er um tæki til hleðslu á skotfærum. Mér er það minnistætt, í þann mund sem ég fór að fara með byssu austur á landi, áður en löggjöf um byssuleyfi gekk í gildi, að tæki notuðum við engin til þess að hlaða með patrónur önnur en þau sem við sjálfir bjuggum til og var þá stauturinn til þess að þjappa við forhlaðinu. Nú hef ég frétt það mér til dálítillar gleði, að ýmsir veiðimenn eru farnir að hlaða haglabyssuskot sín að nýju og spara með því allmikið fé, en þetta mun hafa byrjað aftur vegna þess að í stað pappaskothylkjanna, sem flutt voru inn um langa hríð og komu í staðinn fyrir messingpatrónurnar, er nú farið að flytja inn þessi skotfæri eða skot í plastpatrónum eða skothylkjum sem hægt er að hlaða aftur nokkrum sinnum með ágætis árangri. Hvað sem því líður, þá er ég eflaus um að það er rétt að stuðla að gætilegri meðferð á hvellettum og púðri sem til þessara hluta eru notuð, því að dæmi veit ég þess að orðið hafi slæm meiðsli af klaufalegri meðferð á þessu sprengiefni við hleðslu á skotfærum.

Enn sem fyrr er ég þeirrar skoðunar, að taka beri það til alvarlegrar athugunar hvort ekki beri að setja sérstök lög um skotveiði sem brúað geti bilið á milli þeirrar löggjafar, sem hér um ræðir, og t. d. fuglafriðunarlaganna og fyllt geti upp í ýmis önnur göt varðandi skotveiðar á landi hér. Ég er vissulega samþykkur brtt. við 3. mgr. 20. gr., sem kveður á um að ekki megi hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, úr ökutæki á ferð. Ég vildi gjarnan einmitt í þess háttar löggjöf sem ég ræddi um, um skotveiði yfirleitt, að bannað yrði að skjóta úr bíl á ferð. Ég hef heyrt sögur eins og hv. frsm. allshn. gat um áðan, en ekki fengið sönnur á þeim, að skotið hafi verið hreindýr úr flugvél. Aftur á móti veit ég sönnur á því, að hreindýr hafi verið skotin úr bíl. Fyrir allmörgum árum fundust hræ inni í Hamarsdal af 12 hreinkúm sem höfðu verið skotnar í kviðinn með haglabyssu. Sá fannst ekki sem þennan verknað hafði framið, en ummerki sýndu það ljóslega að kýrnar höfðu verið eknar uppi, hreinkýrnar komnar að burði og höfðu verið eknar uppi af jeppa og þessi vesalings maður, sem hlýtur að hafa verið illa sjúkur, vann á þeim með þessum hætti. E. t. v. gætum við aldrei komið í veg fyrir að óhappamenn eða sjúklingar gerðu þetta, hvað svo sem við færðum í lög, að aka uppi veiðidýr á bíl og vinna svona á þeim. En ég hneigist til þess að styðja nokkuð skoðun þeirra manna sem telja að við gætum dregið úr hættunni, sem veiðidýrum okkar og aðallega fuglum er búin af of hörðum atgangi skotmanna, með því að kveða á um það t. d. að óleyfilegt sé við rjúpnaveiðar eða fuglaveiðar inni á hálendinu eða inni á heiðunum okkar að aka á bílum af alfaravegi eða nota snjósleða eða vélsleða til slíkra hluta, heldur verði þeir, sem þetta sport vilja stunda, að gera svo vel að hafa fyrir því að fara gangandi. Ég hef mjög sterka tilhneigingu til að styðja þetta sjónarmið, og ég er alveg viss um að við gerðum rétt í því að athuga þetta, hvort við gætum ekki í fyrsta lagi stuðlað að aukinni vernd þessara veiðidýra okkar fyrir of mikilli hörku af atgangi veiðimanna og í öðru lagi gert þessa skemmtilegu iðju, sem sportveiði með byssu er ef almennilega er að unnið, — gert þetta sport skemmtilegra og göfgað það dálítið með því að kveða á um það í lögum hversu þar skuli að unnið. En ég ítreka sem sagt stuðning minn við þessar brtt. í heild.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv., sem hér liggur fyrir, og tel, að það sé margt í því til bóta. Samt get ég ekki stillt mig um að koma með ábendingar um tvö atriði sem ég tel að ættu að vera innan þessara laga, skal þó ekki fullyrða, hvort annað atriðið er til í öðrum lögum varðandi leyfi til dýraveiða.

Fyrra atriðið er það, að mér sýnist að með þeim reglum, sem hér eru settar fram um eigendaskipti á skotvopnum, sé alltaf gert ráð fyrir verslun milli manna í þessum efnum. Þar er um mikinn misskilning að ræða. Sennilega ganga flest skotvopn á Íslandi í dag að erfðum. Maður deyr og einhver annar fær skotvopnin. Það er einmitt í þessum tilfellum sem hættan er mest. Menn hafa geymt skotvopn á einhverjum stað, hvort sem þeir hafa gert það í útihúsi eða heima hjá sér, og það er ekkert eftirlit með því almennilegt, að það sé tryggt að það taki við þessu skotvopni aðili sem hefur leyfi til þess að hafa

það undir höndum. E. t. v. er hægt að koma þeirri skyldu á lögreglustjóra, að þeir innkalli skotvopn við dauðsföll og þannig sé tryggt að það verði aldrei nema skamman tíma sem þetta á sér stað, þeirra sé sem sagt skyldan að sjá til þess að einhver afkomenda afli sér tilskilinna leyfa ella sé skotvopnunum skilað. Að þetta eftirlit sé í höndum lögreglustjóra eða sýslumanna er ein leiðin sem kæmi þarna sterklega til greina að fara, og önnur er sú að óska hreinlega eftir því að öll skotvopn séu tryggð og menn verði að greiða tryggingariðgjald af þeim. Þannig yrði það þá í höndum tryggingarfélaga að sjá til þess, ef eigandi fellur frá, að þá sé einhver sem greiði af því iðgjald og þess vegna bundin við ákveðinn mann áfram yfir ákveðnu skotvopni.

Hitt atriðið, sem ég vildi vekja athygli á, varðar veiðiskap. Við íslendingar höfum stundað það lengi að veiða sjófugl okkur til matar, og ekki ætla ég að mæla gegn því að það verði gert áfram. Hins vegar tel ég algerlega óviðeigandi að þær veiðar geti átt sér stað með hraðbátum. Það, sem veldur því, er í fyrsta lagi að mikið af þessum sjófugli er það seinfær til flugs að það er varla hægt að flokka það undir veiðiskap lengur, nema þá bara hreina slátrun, ef menn vinna saman að því á hraðbáti, við skulum segja að það séu tveir bátar sem séu notaðir samtímis. (**StJ**: Það er bannað samkv. lögum.) Það má vera að þetta sé í öðrum lögum og þess vegna þurfi ekki að ræða það, og þá tek ég það af dagskrá.

En ég get ekki stillt mig um, af því að ég er farinn að ræða um veiðiskapinn, að geta þess, að ég tel að hreindýraveiðar þeirra austfirðinga eigi að leggjast niður og af því að íslendingar telja sig nú vera á svo háu menningarstigi, þá reynum við að komast upp á menningarstig lappanna að slátra þeim eftir eðlilegum leiðum. Ég lít það alveg sömu augum, að okkur er heimilt að fara að veiða hreindýr austur á fjörðum, eins og ef leyft væri að skagfirskir stórbændur mættu selja réttinn til að skjóta úr stóðinu. Ég er alveg viss um að klárarnir mundu hreyfa sig og það gæti orðið álíka mikið sport og kúaveiðarnar þar austur frá.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. allshn. gerði grein fyrir, hefur verið haft samráð við dómsmrn. um þær brtt. sem n. ber fram. Ég er þess vegna samþykkur þeim og tel að þær horfi til bóta, bæði að því er varðar það, að þær veita í sumum tilfellum meira aðhald en gert var ráð fyrir samkv. frv. í upphafi, svo og af hinu, að þær kveða skýrar á um viss atriði. Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um þetta.

En út af þeim ábendingum, sem hér hafa komið fram, er að sjálfsögðu eðlilegt að n., ef hún telur ástæðu til, taki þær til athugunar áður en málið kemur til 3. umr. Ég hygg þó að frv. taki til þess í raun og veru sem á var minnst. T. d. þegar maður fellur frá sem hefur haft byssuleyfi, hafa erfingjar hans náttúrlega ekki leyfi til þess að fara með þá byssu fyrr en einhver þeirra hefur fengið slíkt leyfi. Auðvitað má segja að það sé ekki hægt að koma í veg fyrir á vissu tímaskeiði að það sé ólöglega farið að, en það væri sem sagt óleyfilegt og ólöglegt ef þannig væri á haldið. Þetta hygg ég að komi fram eða megi leiða af ákveðinni gr. í frv.

Út af því, sem sagt var um skot við veiðar, þá er aðeins rétt að taka það fram, að það eru sérstök lög um fuglaveiðar og fuglafriðun og þar eiga ákvæði heima sem lúta að því sem bent var hér á.

Ég vil leyfa mér að þakka allshn. fyrir það starf, sem hún hefur lagt af mörkum við athugun á þessu frv. Ég tel mikla nauðsyn á því að fá þessar reglur lögteknar. Hitt er svo annað mál, eins og oft endranær, að það er auðvitað ekki alveg nægilegt að hafa góð lög, heldur verður mikið undir framkvæmdinni komið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 318,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 318,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 318,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 318,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
14.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 318,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 318,6 samþ. með 12 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Atvinnulýðræði, frv. (þskj. 315). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Við þm. Alþfl. í þessari hv. d. höfum leyft okkur að flytja á þskj. 315 frv. til l. um atvinnulýðræði. Það skal fram tekið að þingfl. Alþfl. stendur allur að flutningi málsins og er frv. þetta stutt af alþfl.-mönnum í Ed. eins og af okkur sem gerst höfum flytjendur þessa máls í þessari hv. deild.

Í kjölfar samþykkta, sem ítrekað hafa verið gerðar á flokksþingum Alþfl. um þessi mál, þ. á m. vegna ákvæðis um baráttu flokksins fyrir auknum áhrifum vinnandi fólks á stjórn atvinnufyrirtækja sem samþ. var sem liður í nýrri stefnuskrá Alþfl. á síðasta flokksþingi hans, var afráðið í þingflokki Alþfl. á s. l. sumri að vinna að

gerð frv. um þessi efni og taka það til flutnings á þinginu í vetur. Einn þáttur þeirra undirbúningsstarfa, sem þingflokkur Alþfl. hefur unnið í því sambandi, var sá, að þingflokkurinn safnaði mjög ítarlegum gögnum um framkvæmd atvinnulýðræðis, einkum og sér í lagi á hinum Norðurlöndum, svo og upplýsingum um fyrirhugaðar aðgerðir og tillögur einstakra áhrifaaðila þar í löndum um frekari framkvæmdir á þessum sviðum. Þessar upplýsingar, sem þingflokkur Alþfl. safnaði sér, voru síðan hafðar til hliðsjónar við gerð frv. þess sem hér er til umr., einkum þó og sér í lagi gildandi lagaákvæði um þessi efni í Noregi. Við gerð frv. var þó talsvert vikið frá þeim vegna sérstakra aðstæðna hérlendis svo og vegna þess, að þessar þjóðir, hinar Norðurlandaþjóðirnar, hafa öðlast talsverða reynslu af framkvæmdum í atvinnulýðræðisátt og byggt á þeirri reynslu, en hér á landi er slík reynsla ekki fyrir hendi, þannig að menn verða að verða sér úti um hana á næstu árum, ef þetta frv. verður að lögum.

Í grg. með frv. er fjallað nokkuð um skipan þessara mála í ýmsum nálægum löndum, þá einkum og sér í lagi í Noregi og Danmörku. Ýmsar upplýsingar þar að lútandi hafa áður komið fram hér á Alþ. í grg. með þáltill. og lagafrv. sem flutt hafa verið hér. Vil ég t. d. í því sambandi benda á grg., með frv. til l. um breyt. á l. um sementsverksmiðju, sem hv. þm. Benedikt Gröndal flutti á 87. löggjafarþingi 1966—1967, enn fremur á grg. með till. til þál. um atvinnulýðræði frá öllum þingmönnum Alþfl. sem flutt var á 93. löggjafarþingi 1972—1973 og var þá samþ. Einnig eru ítarlegar upplýsingar um þessi mál í tveimur þáltill. sem hv. þm. Ragnar Arnalds lagði fram á Alþ. fyrr á árum, en hlutu þá ekki afgreiðslu.

Það hafa orðið talsverðar umr. um þessi mál hér á landi og verið ritað ýmislegt um þau. Ég vil í því sambandi vísa til bókar eftir Ingólf Hjartarson, sem ber heitið „Atvinnulýðræði, tilraun til skilgreiningar", en sú bók kom út árið 1975 að tilhlutan Stjórnunarfélags Íslands, en höfundur bókarinnar, Ingólfur Hjartarson, hafði árið 1972 fengið styrk úr Minningarsjóði Ármanns Sveinssonar til samningar ritgerðar um þetta efni. Í þessari bók, sem kom út, eins og áður er sagt, árið 1975, eru mjög ítarlegar upplýsingar um fyrirkomulag atvinnulýðræðis í öllum nálægum löndum svo og um skilgreiningar og úttektir og rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu efni. Þá hefur Samband samvinnustarfsmanna einnig fjallað um þetta mál og gert ítarlega úttekt á því og till. um fyrirkomulag innan samvinnuhreyfingarinnar.

Ég vil láta þessar vísbendingar og ábendingar nægja um atvinnulýðræði almennt, auk þess sem sagt er um það í grg. þessa frv. hér.

Allt frá árum fyrri heimsstyrjaldarinnar hafa verið uppi, einkum á Norðurlöndum, Vestur-Þýskalandi og í Júgóslavíu, mjög miklar umr. um hvernig tryggja megi vinnandi fólki rétt til íhlutunar um ákvarðanatökur á vegum atvinnufyrirtækja sem fólkið vinnur hjá. Talsverður árangur hefur orðið af þessu í þessum löndum sem ég nefndi hér áðan, einkum þó og sér í lagi í Júgóslavíu, Vestur-Þýskalandi, Noregi og Danmörku. Hér á Íslandi hefur hins vegar lítill sem enginn áþreifanlegur árangur orðið af þeim umr. sem farið hafa fram um atvinnulýðræði hérlendis, bæði á vegum pólitískra aðila, svo sem stjórnmálaflokka og stofnana þeirra, og á vegum verkalýðshreyfingar og á vegum starfsmanna samvinnufélaga.

Eins og kemur fram í grg. með þessu frv. er vakin athygli á því, að umr. um, hvernig tryggja megi launþegum aðild að ákvarðanatöku á vegum atvinnufyrirtækja, eiga upptök sín í umr. sem um þessi mál fóru fram í Vestur-Evrópu á árunum í kringum fyrri heimsstyrjöldina. Um og eftir síðustu heimsstyrjöld höfðu hugmyndir manna um þessi efni hins vegar fallið í ákveðinn og mjög fastmótaðan farveg og var þegar, t. d. eins og í Noregi, byrjað á ýmsum framkvæmdaatriðum, en fyrst mun hafa verið gerð tilraun til þess að innleiða atvinnulýðræði í Noregi árið 1920. Tilgangurinn var sá, að auk þess að styrkja hefðbundin lýðréttindi manna í þessum löndum með því að veita almenningi aukin ítök til áhrifa á héraðamál og landsmál, þ. e. a. s. með því að styrkja hið pólitíska lýðræði, ættu menn að leggja til atlögu á vettvangi atvinnu- og efnahagsmála í því skyni að innleiða þar þau hin sömu grundvallarlögmál og búa að baki hinu svonefnda pólitíska lýðræði. Meginkjarni þessarar baráttu var og er að sjálfsögðu sá, að vinnan öðlist viðurkenningu sem framlag er veiti rétt til áhrifa og ákvarðanatöku í málefnum atvinnufyrirtækja, að maðurinn og vinnuframlag hans öðlist þá viðurkenningu og þau áhrif sem hingað til hafa verið einskorðuð við fjármagnið og þá sem því ráða.

Aðferðir þær og hugmyndir, sem fram hafa komið til þess að náð verði þessum tilgangi, eru margvíslegar og ólíkar við fyrstu sýn, þótt þær stefni allar að einu og sama marki. Þannig hafa t. d. komið fram ýmsar hugmyndir um hvernig launþegar eða samtök þeirra eigi að öðlast hlutdeild í arði af starfsemi atvinnufyrirtækja, ýmist í formi beinna arðgreiðslna til einstakra launþega, t. d. eins og gert var í Vestur-Þýskalandi um tíma, eða í þeirri mynd að stofnaðir verði sérstakir sjóðir í umsjá launþegasamtaka sem atvinnurekendur greiði til ýmist ákveðinn hundraðshluta af útborguðum launum eða ákveðinn hundraðshluta af arði. Slíkar till. hafa t. d. komið fram í Danmörku, bæði hjá félagasamböndum og samtökum og stjórnmálaflokkum, og er ætlast til í þeim till. að þeir sjóðir, sem þannig yrðu stofnaðir, veiti síðan atvinnufyrirtækjum lán eða ávaxti fé sitt með öðrum hætti í atvinnulífinu með þeim afleiðingum m. a., að þegar tímar líða fram mundi meginhluti atvinnufyrirtækja í viðkomandi landi vera kominn í eigu launafólks sem þannig öðlaðist þann rétt til áhrifa sem fjármagnseign fylgir. T. d. að nefna hafa slíkar till. komið fram á vegum danska alþýðusambandsins og voru ræddar á þingi þess árið 1971, og samtök málm- og skipasmiða í Danmörku hafa fyrir sitt leyti fallist á þær till., sem þar voru gerðar, og sett á baráttuskrá sína. Hugmyndir og till. í þessa veru hafa oftast verið nefndar efnahagslýðræði hér á landi, þótt merking þess orðs sé nokkuð á reiki.

Þá hafa einnig komið fram hugmyndir og till. um að ná sambærilegum markmiðum með öðrum hætti, þ. e. a. s. án þess að launþegar hljóti arð-

greiðslur í einni eða annarri mynd að launum fyrir vinnuframlag sitt eða fái í sínar hendur yfirráð yfir fjármagni í atvinnutækjum. Þessar hugmyndir, sem ég hef leyft mér að kalla efnahagslýðræði, hafa talsvert verið gagnrýndar, m. a. af ýmsum vinstri mönnum, á þá lund að með því að færa launþegum bein yfirráð yfir fjármagni eða hlutdeild í arði væri raunverulega verið að gera alla þegna samfélagsins að smákapítalistum og leiða þannig viðhorf auðmagnshyggjunnar til jafnvel meiri vegs og virðingar en verið hefur. Grundvallarsjónarmið þeirra, sem heldur kjósa að ná því marki, að vinna verði metin framar fjármagni, með því að veita launþegum aðild að ákvarðanatöku og stjórnun í atvinnulífi, fremur en að veita þeim hlutdeild í arði eða fjármagnseign, er byggt á þeirri skoðun að í raun og sannleika skipti það ekki meginmáli hver sé talinn eignaraðili atvinnufyrirtækis, heldur hvernig því sé stjórnað og af hverjum, stjórnendur fyrirtækis ráði oft miklu meira um stefnu þess en eigendur, sem ekki eru jafnframt stjórnendur, og það séu stjórnendurnir, sem hafi úrslitaáhrifin á stefnu og ákvarðanatöku fyrirtækisins, en ekki eigendurnir.

Í þessu sambandi hefur m. a. verið vitnað til atvinnufyrirtækja í kommúnistaríkjunum sem talin eru vera í eigu þjóðarinnar, en ekki stjórnendanna, og einnig til svonefndra almenningshlutafélaga á Vesturlöndum, sem talin eru vera í eigu jafnvel hundraða þúsunda einstaklinga. Algerum úrslitum um meðferð mála í slíkum fyrirtækjum ráða stjórnendur þeirra, og geta ákvarðanir stjórnenda í einstökum málum jafnt verið í ósamræmi við hagsmuni og vilja eigendanna sem launþega er hjá þeim starfa.

Í ljósi þessa hefur verið sagt að áhrif vinnunnar verði best tryggð í málefnum atvinnulífs með því — ekki að starfsmenn fyrirtækja gerist eignaraðilar, heldur með hinu að þeir tengist stjórn fyrirtækjanna með einhverjum hætti. Þeir, sem þessum hugmyndum fylgja, nefna þær gjarnan atvinnulýðræði, þótt merking þess orðs sé eigi síður á reiki en merking orðsins efnahagslýðræði.

Það, sem hér hefur verið nefnt atvinnulýðræði, þ. e. a. s. réttur launþega til íhlutunar um ákvarðanatöku á vegum fyrirtækja, sem þeir starfa hjá, með einhvers konar aðild að stjórn þeirra, hefur öðlast mun meiri viðurkenningu og fremur náð fram að ganga en það sem hér að framan var nefnt efnahagslýðræði. Trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum er einn þáttur atvinnulýðræðis svo og samstarfsnefndir sem komið hefur verið á fót í einstökum fyrirtækjum hér á landi milli starfsfólks annars vegar og stjórnenda hins vegar til þess að fjalla sameiginlega um vinnustaðamál og mál þeim tengd. Trúnaðarmannakerfið er gamalt og gróið fyrirbæri hér á landi, en samstarfsnefndirnar nýjung sem aðeins nær til örfárra fyrirtækja á Íslandi, þótt slíkt fyrirkomulag sé gamalkunnugt í flestum nágrannalöndum okkar og hafi raunar fyrir löngu vikið fyrir öðrum markverðari nýmælum. Í þessum efnum stöndum við Íslendingar sem sé langt að baki flestum eða öllum nágrannaþjóðum okkar. Jafnvel frumstæðustu réttindaveitingar til vinnandi fólks til þess að hafa áhrif á starfsumhverfi sitt og aðbúnað, svo ekki sé einu sinni talað um ráðstafanir til þess að veita launafólki rétt til að hafa áhrif á stefnumótun atvinnufyrirtækja, hafa aldrei farið fram hérlendis svo nokkru nemi, á sama tíma og einmitt þessi mál hafa nú um áratugaskeið verið efst á baugi í félagslegri umræðu og framsókn meðal nágrannaþjóða og þær hafi þegar orðið sér úti um mikilvæga og góða reynslu á þeim sviðum. Skortir þó ekki á að hugmyndir um slíkt hafi verið ræddar og reifaðar hér á landi og till. komið fram. En einhvern veginn hafa mál ávallt atvikast svo, að ekkert hefur orðið úr framkvæmdum. Sofandaháttur og sinnuleysi hafa ráðið hér ríkjum, þótt hér sé um að ræða málefni sem í raun réttri eru ekki viðkomandi frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör, heldur eru grundvallarmannréttindi sem að sjálfsögðu eiga að vera löggjafaratriði, enda mun reynsla nálægra þjóða vera sú hin sama og reynsla okkar Íslendinga hefur orðið, að um tómt mál sé að tala að búast við því að mál þessi verði leyst í samningum um kaup og kjör milli launþega og atvinnuveitenda. Hér er að sjálfsögðu um að ræða pólitískt mál sem á að leysa á pólitískum vettvangi, á vettvangi löggjafarsamkomunnar, þó að sjálfsögðu sé rétt og nauðsynlegt að hafa aðila vinnumarkaðarins til samráðs um þá lausn. En það verður, þegar allt kemur til alls, hlutverk löggjafarsamkomunnar, Alþingis, að leysa hnútinn eða höggva á hann, náist ekki samstaða um að veita launþegum þau grundvallarmannréttindi að vinnuframlag þeirra sé metið a. m. k. til jafns við dautt fjármagnið hvað varðar ráð um mótun stefnu og ákvarðanatöku hjá atvinnufyrirtækjum sem launþegar leggja orku hugar og handa í sölurnar fyrir.

Eins og ég sagði hér áðan, hafa talsverðar umr. orðið um þessi mál hér á Íslandi þó að framkvæmdir hafi raunar litlar sem engar orðið. Ástæðan fyrir því, að enginn áþreifanlegur árangur hefur orðið í efnahags- eða atvinnulýðræðismálum hér á landi, er því ekki sú að málinu hafi enginn áhugi verið sýndur. Flestir, ef ekki allir stjórnmálaflokkar hafa ályktað um þessi mál og lýst fylgi sínu við atvinnulýðræði í einni eða annarri mynd. Þá hafa margar ályktanir verið um það gerðar á þingum Alþýðusambands Íslands, sérsambanda þess og annarra launþegasamtaka, þar sem fram hefur komið eindreginn stuðningur við atvinnulýðræðishugmyndirnar og ráðstefnur hafa verið haldnar um málið. Alþýðusambandið hefur t. d. tekið upp baráttu fyrir þessum málum inn í nýsamþykkta stefnuskrá sína. Sama má segja um starfsmenn samvinnufélaga. Þeir hafa einnig fjallað mjög rækilega um hugmyndir um atvinnulýðræði og lýst sig mjög fylgjandi þeim.

Þá hafa þessi mál einnig nokkuð oft komið til umfjöllunar á Alþ., ýmist sem till. til þál. eða frv. til l. eða sem fsp. til ráðh. Oftast hefur þeim verið hreyft á Alþ. af þm. Alþfl.

Fyrstur til að hreyfa atvinnulýðræðismálum hér á Alþ. var þó hv. þm. Ragnar Arnalds, en á 85. löggjafarþingi árið 1965 flutti hann till. til þál. um atvinnulýðræði, þar sem m. a. var ráð fyrir því gert að Alþ. fæli 11 manna n. að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá. Átti slík löggjöf að till. flm. að vera fyrsti áfanginn í áætlun til næstu tveggja ára-

tuga um aukið lýðræði í íslenskum atvinnuvegum. Þessi till. hv. þm. Ragnars Arnalds fékkst ekki afgreidd á því þingi.

Sami þm. flutti aftur á þingi 1968 till. til þál. um sama efni. Sú till. fékkst eigi heldur afgreidd.

Á 87. löggjafarþingi árið 1967 flutti Benedikt Gröndal í Nd. Alþ. frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 frá 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju. Efni frv. var á þá lund, að til viðbótar við 5 stjórnarmenn verksmiðjunnar, sem Alþ. kýs, skuli fastráðið starfsfólk hennar kjósa úr sínum hópi 2 til setu í stjórninni. Áttu fulltrúar starfsmanna í stjórn sementsverksmiðjunnar skv. frv. þessu að sitja þar með öllum sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn og kjörtími þeirra að vera hinn sami og annarra. Gert var ráð fyrir því í frv. Benedikts Gröndals að ráðh. setti reglugerð um hvernig kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórn verksmiðjunnar skyldi háttað. Frv. þetta var rætt á þingi 1967 og sent í n., en átti þaðan ekki afturkvæmt.

Árið 1970 fluttu tveir þm. Alþfl. í Ed., þeir Jón Þorsteinsson og Jón Árm. Héðinsson, frv. til l. um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja. Ákvæði frv. þessa tóku til atvinnufyrirtækja sem rekin voru af hlutafélögum, samvinnufélögum, ríkinu eða sveitarfélögum og höfðu að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, enda lytu fyrirtækin sérstakri stjórn eða stjórnarnefnd. Í 2. gr. þessa frv. sagði, að starfsmenn slíkra atvinnufyrirtækja öðluðust rétt til að kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa og annan til vara í stjórn fyrirtækisins til viðbótar við aðra stjórnarmenn. Kosningarrétt hefðu aðeins starfsmenn sem væru á viku- eða mánaðarkaupi og væru í störfum hjá fyrirtækinu þegar kosning færi fram. Jafnframt var gert ráð fyrir því, að félmrn. setti með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

Frv. þessu var vísað til ríkisstj. að fengnum jákvæðum umsögnum frá stjórnum Alþýðusambands Íslands og Sambands ísl. samvinnufélaga, en neikvæðri umsögn frá stjórn Vinnuveitendasambands Íslands. Sagði í till. um að frv. yrði vísað til ríkisstj., að lagt væri til að sú afgreiðsla yrði gerð þar eða, eins og þar segir, „nú fer fram athugun hjá aðilum vinnumarkaðarins á því með hvaða hætti launþegar geti haft stjórnunarleg áhrif í fyrirtækjum". Þetta var, eins og áður sagði, árið 1970 eða fyrir 7 árum og enn er þessari athugun aðila vinnumarkaðarins ekki lokið. Enn hefur engin niðurstaða af henni orðið.

Árið 1973 fluttu svo allir þáv. þm. Alþfl. undir forustu Benedikts Gröndals till. til þál. um þessi mál er hljóðaði svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til þess að semja frv. til l. um atvinnulýðræði þar sem launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra." Till. fylgdi ítarleg grg. þar sem m. a. var sagt frá fyrirkomulagi slíkra mála í nálægum löndum.

Þessi þáltill. þm. Alþfl. var samþ. á þessu þingi árið 1973, hinn 10. apríl það ár. 30. ágúst sama ár skipaði þáv. félmrh., Björn Jónsson, n. þá sem till. kvað á um að skipuð yrði. Í n. áttu sæti Hallgrímur Dalberg, form., Baldur Óskarsson, Jón Snorri Þorleifsson og Óskar Hallgrímsson, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Jón H. Bergs og Ólafur Jónsson, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Skúli Pálmason, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Hinn 10. des. árið 1974 spurðist ég fyrir um það á Alþ. hvað liði störfum þessarar n. Kom þá í ljós að fram til þess tíma hafði n. aðeins haldið tvo bókaða fundi, auk óbókaðra viðræðufunda. Í okt. árið 1973, nokkrum mánuðum eftir að n. var skipuð, ákvað hún að gera ótímabundið hlé á störfum sínum svo að aðilar vinnumarkaðarins gætu rætt nánar við um málið.

Nú er komið fram á árið 1977, fjögur ár að verða liðin frá skipun n., og enn hefur ekkert frá henni heyrst.

Við flm. þessa frv. teljum það nánast borna von að n. þessi muni ná samkomulagi eða skila af sér verkefnum og þá ekki vegna þess að nm. séu ekki starfanum vaxnir, heldur vegna hins, að málið mun fljótlega hafa snúist þannig að það væri rætt milli aðila vinnumarkaðarins í tengslum við kaup og kjaramál og hugsanlega gerð kjarasamninga, e. t. v. jafnvel á þeim grundvelli að slík framkvæmd, þ. e. a. s. að launþegar öðlist íhlutunarrétt um stjórn atvinnufyrirtækja, væri metin til jafns við einhvers konar kjarabætur eða kauphækkanir.

Reynsla annarra þjóða er sú, að ekki sé unnt að leysa þau mál, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. framfarir í atvinnulýðræðisátt, á slíkum grundvelli, þar sem jafnframt er þingað um kaup og kjör. Reynslan hérlendis virðist alveg koma heim og saman við þessa reynslu, því án efa hefur það staðið í vegi fyrir aðgerðum að einmitt þannig hefur verið um málið fjallað til þessa. En hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða kaup- eða kjaraatriði sem ætti t. d. að meta til jafns við einhverja kauphækkun í almennum launasamningum, heldur réttlætismál, mannréttindamál, sem á heima í löggjöf og á að leysast af löggjafanum sjálfum. Því er ekki um annað að ræða, úr því sem komið er, en að Alþ. taki frumkvæði og leysi þessi mál, en hafi að sjálfsögðu um það samráð við aðila vinnumarkaðarins, eins og eðlilegt má telja. Í þeim tilgangi að Alþ. taki slíkt frumkvæði er frv. þetta flutt.

Ef við víkjum að frv. sjálfu, þá er það í átta köflum.

Í I. kafla, sem fjallar um hlutdeild starfsmanna í stjórn fyrirtækja og stofnana, er fjallað um almennan tilgang frv. Þar segir m. a. í 2. gr., að með lögum þessum öðlist starfsmenn, sbr. 1. gr., þ. e. a. s. starfsmenn hlutafélaga, samvinnufélaga, sameignarfélaga, einstaklinga, ríkis eða sveitarfélaga er hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, — starfsmenn slíkra stofnana öðlist rétt til hlutdeildar við ákvarðanatöku á vegum þeirra, ýmist með aðild að stjórn þeirra, ef um er að ræða hlutafélög, samvinnufélög eða ríkisfyrirtæki sem lúta sérstakri stjórn, eða með þátttöku í samstarfsnefndum, eins og nánar er ákveðið í lögunum. Í 2. gr. er enn fremur sagt að fulltrúar starfsmanna í stjórnum eða samstarfsnefndum sitji þar með öllum sömu réttindum og fulltrúar eigenda, forstöðumanna eða stjórnunarnefnda. Þessi I. kafli fjallar sem sé um almennan tilgang þessa frv.

Tilgangur frv., þ. e. a. s. að veita starfsmönn-

um fyrirtækja, sem uppfylla skilmála frv., er sem sé sá að veita starfsfólki rétt til íhlutunar um ákvarðanatöku hjá þessum fyrirtækjum með aðild að stjórn þeirra með einum eða öðrum hætti. Þeim tilgangi er ætlað að ná skv. ákvæðum frv. með tvennum hætti.

Annars vegar er um að ræða fyrirtæki sem starfrækt eru skv. lögum um samvinnufélög, þ. e. a. s. fyrirtæki sem lúta sérstaklega kjörnum stjórnum, annaðhvort stjórnum hlutafélaga eða stjórnum samvinnufélaga. Lagt er til að starfsmenn slíkra fyrirtækja, þ. e. a. s. hlutafélaga eða samvinnufélaga, er hafi 40 starfsmenn að jafnaði í þjónustu sinni eða fleiri, fái beina aðild að stjórn þessara fyrirtækja með því að kjósa til viðbótar við aðra stjórnarmenn, sem kjörnir eru af eigendum fyrirtækjanna, tvo starfsmenn úr sínum hópi til setu í stjórninni og tvo varamenn þeirra. Þetta er önnur aðferðin sem lagt er til í frv. að höfð verði gagnvart atvinnufyrirtækjum er lúta sérstakri stjórn.

Hins vegar eru svo fyrirtæki og stofnanir sem ekki lúta sérstakri stjórn eða stjórnunarnefnd, og má þar t. d. nefna opinberar stofnanir, einkafyrirtæki, þ. e. a. s. fyrirtæki, sem rekin eru af einstaklingi, eða fyrirtæki, sem rekin eru af sameignarfélögum. Að sjálfsögðu er ekki hægt að koma við sambærilegu ákvæði um starfsfólk slíkra fyrirtækja og gildir skv. frv. um fyrirtæki sem rekin eru skv. lögum um hlutafélög eða lögum um samvinnufélög. Þess vegna gerir frv. ráð fyrir því, að við slíkar stofnanir, eins og ég hef hér nefnt, og slík fyrirtæki, sem ég hef hér nefnt, fyrirtæki sem rekin eru af einstaklingum, sameignarfélögum, ríkinu eða sveitarfélögum, verði komið á fót samstarfsnefndum sem skipaðar séu jöfnum höndum fulltrúum stjórnenda eða eigenda annars vegar og fulltrúum kjörnum af starfsmönnum hins vegar. Þessar samstarfsnefndir fjalli síðan um vinnustaðamál, vinnuskipulag, vinnutilhögun, aðbúnað á vinnustöð o. s. frv. Um þetta eru ákvæði í II. kafla frv., kaflanum um samstarfsnefndir.

Nákvæmari skýringar við einstakar gr. frv. eru í aths. þess, en eins og þar kemur fram eru 4. og 5. gr. í sérstökum kafla og fjalla um samstarfsnefndir.

Í 3. gr. er kveðið á um við hvaða fyrirtæki og stofnanir samstarfsnefndir skuli settar á fót. Skv. ákvæðum gr. eru það öll önnur fyrirtæki en þau sem rekin eru af hlutafélögum eða samvinnufélögum, þ. e. a. s. samstarfsnefndum skal komið á fót við öll þau fyrirtæki og stofnanir sem starfrækt eru af einstaklingum, sameignarfélögum, ríkinu og sveitarfélögum og hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni. Í því sambandi er miðað við starfsmenn sem skila 20 vinnustundum eða fleiri á viku, þ. e. a. s. eru í hálfu starfi eða meira, og meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár. Þetta eru sömu takmarkanir og settar eru í sambærilegum norskum lögum um þessi efni.

Undanþegin ákvæðum um samstarfsnefndir í opinberum fyrirtækjum eru hins vegar tvö ríkisfyrirtæki, Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan. Ástæðan er sú, að fyrirtæki þessi hafa nokkra sérstöðu, og er lagt til í 11. og 12. gr. frv. að starfsfólk þessara ríkisverksmiðja öðlist rétt til þess að kjósa fulltrúa í stjórnir þeirra og fái því nokkru meiri íhlutunarrétt um stjórn þessara tveggja atvinnufyrirtækja og stofnana.

Ég hef látið gera athugun á því, — Hagstofa Íslands hefur unnið það verk fyrir mig, — hvað ætla megi að ákvæði þessa frv. taki til margra fyrirtækja og stofnana. Hagstofan gerði könnun á því, hversu mörg atvinnufyrirtæki bæði í einkaeigu, rekin af hlutafélögum, samvinnufélögum, einstaklingum eða ríkinu eða sameignarfélögum, mundu falla undir ákvæði frv. þessa. Í ljós kom við þá athugun, að atvinnufyrirtækin eru alls 220 sem þetta frv. mundi ná til og starfsmenn þessara atvinnufyrirtækja eitthvað í kringum 15 þús. manns. Þar af eru t. d. 10 einkafyrirtæki sem mundu falla undir II. kafla um samstarfsnefndir, stór einkafyrirtæki eins og t. d. Hagkaup, svo eitt slíkt sé nefnt. Við slík fyrirtæki ætti að setja upp samstarfsnefndir, eins og frv. gerir ráð fyrir, þar sem fjallað yrði um málefni vinnustaðarins og starfsumhverfi. Athugun Hagstofunnar náði hins vegar ekki til opinberra stofnana, þ. e. a. s. stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem ekki eru bein atvinnufyrirtæki og stunda ekki beinan atvinnurekstur. En slíkar stofnanir eru fjölmargar sem mundu falla undir ákvæði II. kafla um samstarfsnefndir. Má þar t. d. nefna alla ríkisbankana, Póst og síma, Vegagerð ríkisins, Orkustofnun, stjórnarráðið, Raunvísindastofnun Háskólans, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnunina, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Landhelgisgæsluna, Bifreiðaeftirlit ríkisins, tollstjóra, Hljóðvarp, Sjónvarp, Þjóðleikhús, Tryggingastofnun ríkisins, ríkisspítalana alla, flugmálastjórn, Rafmagnsveitur ríkisins, og Gutenberg og er þó hvergi nærri allt upp talið. Enn fremur falla undir þetta ákvæði fyrirtæki og stofnanir rekin af bæjarfélögum, svo sem Hitaveita Reykjavíkur, Rafmagnsveita Reykjavíkur og fjölmargar aðrar slíkar stofnanir. Allar þessar opinberu stofnanir mundu sem sé falla til viðbótar opinberum atvinnufyrirtækjum undir II. kafla um samstarfsnefndir.

Í 4. gr. frv. er svo fjallað um hvernig skipa eigi í þessar samstarfsnefndir. Þar er lagt til að samstarfsnefnd verði skipuð 4 mönnum ásamt jafnmörgum til vara. 2 aðalmenn ásamt varamönnum þeirra verði kjörnir af starfsfólki úr þess hópi og setji félmrh. reglugerð um hvernig að þeim kosningum skuli staðið, þ. á m. um atriði eins og kosningarrétt, kjörgengi, framboðsfrest, gerð kjörgagna, fyrirkomulag kjörfunda o. fl. Nákvæm ákvæði um þessi efni eru í síðari greinum frv. hvað varðar kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórnir hlutafélaga og samvinnufélaga, og er gengið út frá því að í samningu reglugerðar um kjör fulltrúa starfsfólks í samstarfsnefndir verði höfð hliðsjón af þeim ákvæðum.

Þá segir einnig í frv., að hinir tveir aðalmennirnir í samstarfsnefndum ásamt varamönnum þeirra skuli tilnefndir af eigendum, ef um sameignarfyrirtæki eða einkafyrirtæki er að ræða, af stjórnunarnefnd, ef um er að ræða fyrirtæki eða stofnun í eigu ríkis eða sveitarfélaga — af for-

stöðumanni, ef engin stjórnunarnefnd er yfir fyrirtækinu eða stofnuninni.

Starfstímabil samstarfsnefndar — þ. e. a. s. skipunartími fulltrúa eigenda eða stjórnenda í samstarfsnefnd og kjörtími fulltrúa starfsmanna í n. — er í frv. ákveðið til eins árs í senn og skal skipun samstarfsnefndar vera lokið eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert.

Í 5. gr. frv. eru svo ákvæði um verkefni samstarfsnefndar. Gr. þarfnast ekki frekari skýringa, nema hvað rétt er að benda á, að samþykktir samstarfsnefndar eiga ekki að vera bindandi fyrir viðkomandi fyrirtæki eða stofnun, eigendur eða stjórnendur. Í þessari gr. er kveðið á um að verksvið samstarfsnefndar skuli vera að vera stjórnendum fyrirtækisins eða stofnunarinnar til ráðuneytis um hvaðeina er varðar vinnuaðstöðu, vinnutilhögun og starfsumhverfi, ávallt skuli leita umsagna n. um allar umtalsverðar breytingar á húsnæði, búnaði, starfsháttum og vinnuskipulagi og í skyldum málum. Samstarfsnefndin á einnig að eigin frumkvæði að fylgjast með hollustuháttum á vinnustað, öryggismálum og aðbúnaði starfsfólks og gera till. til stjórnenda um breytingar eða umbætur ef þurfa þykir.

E. t. v. væri ástæða til þess að hafa verksvið samstarfsnefnda nokkru víðara en ákveðið er í gr., t. d. þannig að láta leita umsagnar hennar um allar stöðutilfærslur innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar. En frá því ráði hefur þó verið horfið við samningu frv. af ýmsum ástæðum. Þá er einnig rétt að geta þess, að í ákvæðum laga, bæði norskra og danskra, um samstarfsnefndir er ekki gert ráð fyrir að slíkar n. fjalli um fjárhagsmál fyrirtækisins, taki neinar ákvarðanir um fjárfestingar eða annað, en hins vegar geti þær kallað eftir upplýsingum um þau mál ef ósk um það komi fram.

Þetta er um II. kafla frv. að segja, um samstarfsnefndir, en ég var áður búinn að nefna til hvaða fyrirtækja og stofnana þessi ákvæði mundu ná.

III. kafli frv. er síðan um breyt. á lögum um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921.

6. og 7. gr. frv. tilheyra þessum sérstaka kafla og lúta að breyt. sem lagt er til að gerðar verði á lögum um hlutafélög í því skyni að starfsmenn hlutafélaga, sem hafa 40 manns eða fleiri í þjónustu sinni, öðlist rétt til þess að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn hlutafélagsins samkvæmt reglum sem nánar eru ákveðnar.

6. gr. frv. er í tveim stafliðum, og gerir greinin aðeins ráð fyrir minni háttar breyt., nánast aðeins orðalagsbreyt., á ákvæðum tveggja gr. í hlutafélagalögum í því skyni að kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélaga verði við komið. Í staflið a er lagt til að síðari málsliður 4. mgr. 30. gr. laganna, sem nú hljóðar þannig: „Þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri“ — orðist eins og segir í frv.: „Þá skal og kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn.“ Er lagt til að þessi breyt. verði gerð til þess að taka af öll tvímæli um að einnig sé hægt að kjósa í stjórn hlutafélagsins annars staðar en á aðalfundi, þ. e. a. s. af starfsmönnum fyrirtækisins á sérstökum kjörfundi, eins og nánari ákvæði eru um í 7. gr.

Stafliður b í þessari gr. er einnig umorðun gerð í sambærilegu skyni á 1. mgr. 32. gr. laganna. Efnislega er breyt., sem lögð er til, á þá lund að 1. mgr. 30. gr. laganna, sem nú er einn málsliður, verði gerður að tveimur. Í fyrri málsliðnum verði fram tekið, sem einnig er í gildandi lögum, að engan megi kjósa í stjórn hlutafélags nema hann sé lögráður og fjár síns ráðandi, og á ákvæði þessa málsliðar við samkvæmt frv. hvort heldur er um að ræða stjórnarmenn sem kjörnir eru af eigendum á aðalfundi eða stjórnarmenn sem kjörnir eru af starfsmönnum á kjörfundi þeirra. Síðari málsliður 1. mgr. 32. gr. laganna, samkv. frv., er einnig tekinn efnislega alveg óbreyttur úr gildandi lögum, en á samkv. frv. aðeins að taka til þeirra stjórnarmanna sem kjörnir eru á aðalfundi. Samkv. þessari breyt. frv. er þannig ekki gert ráð fyrir að fulltrúar kjörnir af starfsmönnum í stjórn hlutafélagsins þurfi að uppfylla öll þau skilyrði sem sett eru stjórnarmönnum kjörnum á aðalfundi, þ. e. a. s. fulltrúar starfsmanna þurfa ekki að eiga hlut í félaginu og þurfa ekki að fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu sem félagið rekur eða ætlar að reka o. s. frv. Þessi aðgreining milli þeirra skilmála, sem þeir annars vegar verða að uppfylla, sem kjörnir eru í stjórn hlutafélags á aðalfundi, og hins vegar þeirra, sem kjörnir eru af starfsmönnum, sem fulltrúar þeirra í stjórn hlutafélagsins, er eðlileg og óhjákvæmileg og m. a. algerlega sambærileg við ákvæði norskra laga um sama efni. Hér er sem sé ekki breytt í neinu frá gildandi lögum um skilmála þeirra sem kjörnir eru á aðalfundi í stjórn hlutafélags, heldur aðeins gerð smávægileg orðalagsbreyt. til þess að tryggja að starfsmenn hlutafélaga þurfi ekki að uppfylla öll hin sömu skilyrði og stjórnarmenn sem kjörnir eru til setu í stjórn hlutafélaga af aðalfundi.

Í 7. gr. frv. er hins vegar lagt til að nýjum kafla verði bætt inn í lög um hlutafélög. Verði kafli þessi VI. kafli laganna og hljóti heitið: „Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.“

Í 7. gr. frv. er því fólgin sú meginbreyting sem lögð er til að gerð verði á lögunum um hlutafélög í því skyni að tryggja starfsmönnum slíkra félaga rétt til hlutdeildar í ákvarðanatöku á vegum þeirra.

Í þessum nýja kafla, sem till. er gerð um að bætt verði inn í lög um hlutafélög, eru alls 8 gr. er verða, ef frv. verður að lögum, 38. til og með 45. gr. hlutafélagalaganna. Hér á eftir verður fjallað um hverja þessa grein fyrir sig eins og þær eru tölusettar í frv.

38. gr. 1. mgr. þessarar gr. eru ákvæði um við hvað miða eigi þegar segir í 1. gr. frv. að ákvæði laganna skuli ná til fyrirtækja sem hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni. Gengið er út frá meðalfjölda starfsmanna næstliðin 3 ár og aðeins þeir starfsmenn taldir með sem skila hálfu starfi eða meira. Er þetta í samræmi við ákvæði norskra laga um sama efni.

Þá er einnig í 1. mgr. ákveðinn fjöldi þeirra stjórnarmanna sem starfsmenn eignast rétt á að kjósa úr sínum hópi, og skulu þeir vera sem næst 1/3 hluti stjórnarmanna, en þó aldrei færri en 2. Þar sem aðalfundur má eigi kjósa færri en 3 menn í stjórn hlutafélags samkvæmt ákvæðum gildandi laga getur stjórn hlutafélags, sem hefur að jafn-

aði 40 eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni, minnst verið skipuð 5 mönnum, 3 kjörnum á aðalfundi af eigendum og 2 kjörnum af starfsmönnum úr þeirra hópi, og er þá að sjálfsögðu gengið út frá því að starfsmenn slíks hlutafélags notfæri sér þann rétt sem frv. þetta mundi færa þeim. Ákvörðun um fjölda fulltrúa starfsmanna í stjórn hlutafélags, þ. e. a. s. ákvörðun um hvort þeir eigi að vera fleiri en 2 vegna stærðar stjórnarinnar, tekur svo kjörnefnd, sbr. 3. mgr. 39. gr. Rísi ágreiningur um þá ákvörðun má skjóta ágreiningsefninu til félmrh. til fullnaðarúrskurðar.

Í sambandi við 2. mgr. þessarar gr., sem yrði 38. gr. laga um hlutafélög ef samþykkt yrði, ber fyrst að vekja athygli á því, að frv. þetta gerir ekki ráð fyrir að skylda starfsmenn hlutafélags, sem uppfyllir skilmála laganna, til þess að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn félagsins, heldur veitir frv. starfsmönnunum slíkan rétt. Í 2. mgr. 38. gr. eru ákvæði um hvernig með eigi að fara ef menn vilja notfæra sér þennan rétt. Samkvæmt þeim ákvæðum er það hægt með tvennum hætti: Annars vegar þeim, að meira en helmingur starfsmanna hlutafélags, sem uppfyllir skilmála frv. um starfsmannafjölda, sendi stjórn hlutafélagsins skrifleg tilmæli um að kosning verði látin fara fram á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins samkvæmt þeim réttindum sem starfsmennirnir öðlast samkvæmt frv. þessu. Ef slík tilmæli berast á tilskildum tíma er stjórn hlutafélagsins samkvæmt frv. skylt að verða við henni. Önnur aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, er svo sú, að verkalýðsfélög, sem eiga trúnaðarmenn á vinnustöð, sem hlutafélagið starfrækir, sendi stjórn hlutafélagsins skrifleg tilmæli um að kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn þess verði látin fara fram. Einnig þá er stjórn hlutafélagsins skylt að verða við slíkum tilmælum.

Ýmsar ástæður liggja til grundvallar því að báðir þessir möguleikar eru gefnir, en t. d. ekki látið við það eitt sitja að meira en helmingur starfsmanna félagsins óski skriflega eftir að nota sér þann rétt sem fólginn er í ákvæðum frv. Ein ástæðan er sú, að starfsemi hlutafélagsins getur verið þannig háttað, að erfitt sé að ná til tiltekins fjölda starfsmanna á tilteknum tíma, t. d. ef starfsmenn hlutafélagsins eru sjómenn. Önnur ástæðan er sú, að eigendur eða stjórnendur hlutafélags kynnu að vera andvígir því að starfsmenn notfærðu sér rétt sinn samkvæmt frv., ef að lögum verður, og gætu af þeim sökum fylgt ýmsir erfiðleikar fyrir þann eða þá meðal starfsmanna sem tækju frumkvæðið að söfnun undirskrifta. Undir slíkum kringumstæðum og ýmsum öðrum er eðlilegt og nauðsynlegt að viðkomandi verkalýðsfélög geti haft frumkvæðið í sínum höndum. Þá er í þessari mgr. einnig sett tímamörk um hvenær tilmæli eins og hér um ræðir verða að hafa borist stjórn hlutafélags til þess að henni sé skylt að verða við þeim.

Í 3. mgr. er svo mælt fyrir um að stjórn hlutafélags skuli án tafar tilkynna starfsmönnum félagsins og hlutaðeigandi verkalýðsfélögum um að kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látin fara fram, eftir að stjórninni hefur borist lögmæt ósk þar um.

Í 39. gr., eins og lagt er til í frv. að hún verði, er lagt til að skipuð verði sérstök þriggja manna kjörnefnd til þess að stýra kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags eftir að lögmæt ósk um það hefur borist. Í 1. mgr. eru ákvæði um fjölda kjörnefndarmanna svo og um að stjórn hlutafélagsins skuli tilnefna einn kjörnefndarmann ásamt varamanni hans, en viðkomandi verkalýðsfélög hina tvo ásamt varamönnum þeirra. Í 2. mgr. eru ákvæði um, hvenær skipun kjörnefndar skuli vera lokið. Í 3. mgr. eru ákvæði um hvert skuli vera hlutverk kjörnefndar svo og um að rísi ágreiningur vegna starfa n. megi skjóta málinu til félmrh. til fullnaðarúrskurðar. Í 4. mgr. segir svo að hlutafélögin skuli bera allan kostnað af starfi kjörnefndarinnar svo og allan beinan kostnað sem stafar af kosningunni sjálfri.

Í 40. gr. eru síðan ákvæði um hvaða skilyrði starfsmenn þurfi að uppfylla til þess að öðlast annars vegar kosningarrétt og hins vegar kjörgengi vegna kosninga á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags. Samkvæmt þeim ákvæðum hafa allir þeir starfsmenn kosningarrétt sem unnið hafa hjá hlutafélaginu samfellt starf í hið minnsta 3 mánuði áður en kosning fer fram. Engir aðrir skilmálar eru settir, svo sem varðandi lágmarksaldur eða lágmarksstarf. Til þess að öðlast kjörgengi verður starfsmaður hins vegar samkvæmt ákvæðum þessarar gr. að uppfylla frekari skilyrði en til þess að öðlast kosningarrétt. Hann verður umfram það, sem hér er sagt, að hafa unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram og fullnægja auk þess ákvæðum fyrri málsliðar 1. mgr. 32. gr. laganna um hlutafélög eins og hann verður eftir þá breyt. sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að starfsmaðurinn verður að vera lögráður og fjár síns ráðandi.

Öll þessi ákvæði eru sniðin eftir sambærilegum ákvæðum um sama efni í norskum lögum.

Í 41. gr. eru síðan ákvæði um framboðsfrest, um lágmarksfjölda meðmælenda og fleira varðandi kosningu og kosningaundirbúning.

Í 42. gr. eru ákvæði um kjörfund og kjörstað. Samkvæmt þessari gr. er kjörnefnd t. d. heimilað að láta kosningu fara fram á fleiri dögum en einum eða hluta úr dögum, en þó skulu kjörfundir eigi standa skemur en samtals í 10 klukkustundir. Er þetta m. a. gert til þess að auðvelda öllum starfsmönnum að taka þátt í kosningunni, en ef kjörfundur er aðeins háður t. d. hluta úr degi einn dag getur verið að hluti starfsmanna sé við vinnu eða eigi ekki kost á því að taka þátt í kosningunni.

Í 43. gr. eru síðan ákvæði um gerð kjörseðla og um kosninguna sjálfa, sem á samkv. ákvæðum gr. að vera óhlutbundin, þ. e. a. s. hér á ekki að vera um listakosningar að ræða. Rétt kjörnir sem fulltrúar starfsmanna í stjórn hlutafélags verða þannig þeir frambjóðendur sem flest atkvæði hljóta og varamenn þeirra þeir sem ganga þeim næstir að atkvæðatölu.

Í 44. gr. er kveðið á um að stjórnarmenn í hlutafélagi, sem kjörnir eru af starfsmönnum, taki sæti í stjórninni um leið og þeir stjórnarmenn, sem kjörnir eru af hluthöfum, og sitji stjórnarfundi með öllum sömu réttindum og þeir. Þá er ákvæði um að kjörtímabil allra stjórnarmanna skuli vera hið sama, án tillits til þess hver þá kýs.

Í síðasta málslið gr. er svo kveðið á um að fulltrúar starfsmanna í stjórn hlutafélags skuli hafa þá skyldu umfram aðra stjórnarmenn að efna til reglulegra funda með starfsfólki hlutafélagsins til þess að ræða málefni þess og hlýða á óskir og erindi starfsmannanna.

Í 45. gr. er mælt svo fyrir um að hafi kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags farið fram, þá þurfi ekki að kjörtímabili þeirra loknu að endurtaka allan aðdraganda slíkra kosninga eins og þegar þær fóru fram fyrst, þ. e. a. s. með skriflegum tilmælum meiri hluta starfsmanna eða viðkomandi verkalýðsfélaga innan tilskilins tíma, heldur verði kosningar á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins endurteknar sjálfkrafa reglulega einu sinni á ári, svo lengi sem hlutafélagið uppfyllir ákvæði um fjölda starfsmanna. Í gr. eru einnig ákvæði um hvenær heimilt er að láta slíka kosningu niður falla þótt starfsmönnum hlutafélags hafi eigi fækkað. Til þess að svo megi verða þarf meiri hluti starfsmanna hlutafélagsins að samþykkja það svo og viðkomandi verkalýðsfélög að mæla með því. Fari svo hverfa fulltrúar starfsmanna í stjórn hlutafélagsins að sjálfsögðu úr stjórn þess þegar kjörtíma þeirra er lokið. Komi síðar upp ósk um að starfsmenn slíks hlutafélags fái á ný að kjósa fulltrúa í stjórn þess, verður framgangsmátinn sá hinn sami og þegar slík kosning var látin fara fram í fyrsta skipti.

Það kann að virðast við fyrstu sýn, að þessar reglur sem ég hef skýrt hér að nokkru og felast í frv., séu nokkuð flóknar, a. m. k. þegar menn lesa þetta yfir fyrst. En hér er alls ekki um flókna framkvæmd að ræða. Hugmyndin er raunar ákaflega einföld. Það mætti í sjálfu sér segja að það hefði allt eins getað verið rétt að fella mikið af þessum gr. út með skírskotun til þess að félmrh. gæti sett slík ákvæði í reglugerð, þ. e. a. s. ákvæði um hvernig skyldi staðið að kosningu fulltrúa starfsmanna í stjórn. En ég vil þó taka það fram, að t. d. í breyt. á hlutafélagalögum, sem gerðar voru í Noregi um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga, var valin þessi leið sem hér er valin, að binda í lögum, en ekki í reglugerð, einstök framkvæmdaatriði, og er þar raunar farið miklu nánar í saumana heldur en hér er gert. Enn fremur ber á það að líta, að gert er ráð fyrir varðandi samstarfsnefndirnar og það annað, sem ég á eftir að fjalla um og er í frv., ákvæði um að félmrh. setji reglugerð um hvernig að kosningu manna í samstarfsnefndir og stjórnir tveggja ríkisfyrirtækja skuli staðið. Til þess er beinlínis ætlast af þeim, sem flytja þetta frv., að þær reglur, sem ég hef hér lýst um hvernig að þessum kosningum skuli staðið varðandi hlutafélög, verði svo til fyrirmyndar hæstv. ráðh., ef frv. verður samþykkt, um þær reglur sem hann gæfi út í reglugerð varðandi kosningu í samstarfsnefndir og í stjórnir tveggja ákveðinna ríkisfyrirtækja.

IV. kafli þessa frv. fjallar svo um breyt. á lögum um samvinnufélög. Ekki þarf að fara mjög nákvæmlega út í hann og er raunar lítið um hann að segja annað en það, að þær breyt., sem lagt er til í frv. að gerðar verði á lögum um samvinnufélög, eru nánast algjörlega sambærilegar og hliðstæðar við þær breyt. sem frv. gerir ráð fyrir að gerðar séu á lögum um hlutafélög, nema þar sem stendur „hlutafélög“ í síðara tilvikinu verði „samvinnufélög“ í því fyrra.

8. og 9. gr. frv. eru með sama hætti og 6. gr. þess var aðeins orðalagsbreyt. á lögum um samvinnufélög, gerðar í því skyni að í stjórnir samvinnufélaga og samvinnusambanda megi kjósa annars staðar en á aðalfundum, þ. e. a. s. starfsmenn geti kosið fulltrúa í stjórnir samvinnufélaga og samvinnusambanda annars staðar en á aðalfundum. Enn fremur er sú breyt. gerð á gildandi lögum í þessum gr., að maður, sem kjörinn er til setu í stjórn samvinnufélags eða samvinnusambands, þurfi ekki að vera félagsbundinn samvinnumaður, en slík skilyrði eru um þá stjórnarmenn sem kjörnir eru á aðalfundum.

Meginbreytingin á lögum um samvinnufélög, sem frv. gerir ráð fyrir, er hins vegar falin í 10. gr., þess efnis, að aftan við VI. kafla gildandi laga komi nýr kafli, VII. kafli. „Um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufélaga og samvinnusambanda.“ Efnislega er þessi kafli nákvæmlega samhljóða kaflanum sem gert er ráð fyrir að bæta inn í lögin um hlutafélög, og læt ég þær skýringar, sem ég hef rætt hér um varðandi þann kafla, nægja varðandi það sem kemur fram í 10. gr.

11. gr. og 12. gr. eru V. og VI. kafli þessa frv. Í þessum gr. er gert ráð fyrir því að tvö ríkisfyrirtæki: Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan, verði sérstaklega tekin út úr hópi ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana vegna sérstöðu þessara tveggja atvinnufyrirtækja, og í stað þess að skipaðar verði samstarfsnefndir milli stjórnenda annars vegar og starfsmanna hins vegar, eins og gert er ráð fyrir að gert sé varðandi önnur ríkisfyrirtæki og stofnanir, þá er í 11. og 12. gr. þessa frv. lagt til í fyrsta lagi varðandi Áburðarverksmiðjuna, í öðru lagi varðandi Sementsverksmiðjuna, að stjórnarmönnum verði fjölgað um 2. Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins verði þannig skipuð 9 mönnum, 7 mönnum kjörnum af Sþ., eins og ákvæði er um í gildandi lögum, og að auki 2 stjórnarmönnum kjörnum af starfsfólki. Eins er hvað varðar Sementsverksmiðjuna. Þar er gert ráð fyrir að stjórnarmönnum hennar fjölgi úr 5 í 7, 5 menn verði hér eftir sem hingað til kjörnir af Sþ. í stjórn verksmiðjunnar, en þar að auki bætist við 2 sem kjörnir verði af starfsmönnum verksmiðjunnar úr hópi starfsmanna.

Ég sagði hér áðan, að ég hefði fengið nokkrar upplýsingar frá Hagstofu Íslands um hversu mörg atvinnufyrirtæki mundu falla undir ákvæði þessa frv. ef að lögum verður. Þar kom fram að hér er um að ræða um 220 atvinnufyrirtæki fyrir utan opinberar stofnanir, stofnanir sveitarfélaga og ríkisvalds, þannig að það mætti áætla að eitthvað í kringum 250—270 fyrirtæki og stofnanir mundu falla undir ákvæði þessa frv., ef að lögum verður, og ákvæði þess ná til um 15 þús. starfsmanna. Af hlutafélögum, sem mundu falla undir III. kafla frv. þessa, þ. e. a. s. starfsmenn fengju beina aðild að stjórnun hjá, mætti t. d. nefna bæði flugfélögin, Eimskipafélag Íslands, væntanlega málmblendiverksmiðju á Grundartanga, nærfellt öll hraðfrystihús og fiskvinnslustöðvar í landinu, öll umsvifamestu

útgerðarfyrirtækin í landinu, öll olíufélögin, flestöll fyrirtæki Sambands ísl. samvinnufélaga sem rekin eru í hlutafélagaformi, nærfellt allan verksmiðjuiðnaðinn, flest stærstu innflutningsfyrirtæki landsmanna, flest stærstu járniðnaðarfyrirtæki landsmanna, svo sem eins og Sindra og Héðin, og fjölmörg önnur stórfyrirtæki sem landsmenn þekkja til. Ef frv. þetta verður að lögum mundu starfsmenn allra þessara hlutafélaga öðlast rétt til þess að kjósa úr sínum hópi 2 stjórnarmenn til viðbótar við þá stjórnarmenn sem aðalfundur kýs.

Varðandi samvinnufélögin mundu flest kaupfélaganna falla undir ákvæði IV. kafla þessa frv., sem gerir ráð fyrir því að starfsmenn samvinnufélaga öðlist beina aðild að stjórnun þeirra. Flestöll kaupfélögin mundu falla undir ákvæði þess kafla, að auki Sambandið sjálft, fjölmörg framleiðslufyrirtæki á sviði landbúnaðar, sem rekin eru á samvinnugrundvelli, og flestöll, ef ekki öll dótturfyrirtæki Sambandsins, eins og ég lýsti hér áðan, þannig að hér er um það að ræða að öll stærstu fyrirtæki landsmanna yrðu að lúta nýjum ákvæðum og reglum er mæltu svo fyrir að starfsmenn þessara fyrirtækja og stofnana öðlist íhlutunarrétt um stjórn þeirra.

Ég held að ég hafi ekki þessi orð öllu fleiri, en vildi þó aðeins víkja örfáum orðum frekar að efnisatriðum þessa frv.

Eins og áður er fram komið hefur því verið lýst, að við gerð frv. var mjög stuðst við gildandi ákvæði um sama efni í Noregi, en þó ekki farið alveg eftir þeim. T. d. eru stærðarmörk fyrirtækja, þar sem starfsmenn hafa rétt til að kjósa fulltrúa í stjórn, ákveðin nokkru lægri í frv. þessu, 40 starfsmenn að jafnaði, en á sér stað í Noregi, en þar taka sambærileg lög til fyrirtækja sem hafa 50 starfsmenn að jafnaði eða fleiri í þjónustu sinni. Þá er ekki heldur gert ráð fyrir því í frv. þessu, að stofnsett verði fyrirtækjaráð eins og ákvæði eru um í norsku hlutafjárlögunum hvað varðar fyrirtæki sem hafa 200 starfsmenn eða fleiri í sinni þjónustu, enda eru slík fyrirtæki næsta fá á Íslandi. Í norskum lögum er gert ráð fyrir að fyrirtækjaráð séu stofnuð við slík félög sem hafa meira en 200 starfsmenn í sinni þjónustu. Þessi fyrirtækjaráð, sem skipuð eru jöfnum höndum fulltrúum starfsmanna og fulltrúum eigenda, kjósa svo stjórnir viðkomandi hlutafélags úr sínum hópi, þannig að fulltrúar starfsmanna geta átt sæti í fyrirtækjaráðunum og í stjórnum félaga. Fyrirtækjaráðin fjalla um öll málefni atvinnufyrirtækisins, þ. á m. fjárhagsmál og fjárfestingarmál og áætlanagerðir, og stjórnir síðan um þau mál sem stjórnir fjalla um, eins og gert er ráð fyrir í íslensku hlutafjárlögunum. Það var ekki lagt út á þá braut að gera þá till. í þessu frv., að sams konar háttur yrði hafður uppi hér á Íslandi, m. a. vegna þess hve fá fyrirtæki það eru hérlendis sem hafa svo mikinn starfsmannafjölda.

Þá eru ákvæðin um samstarfsnefndirnar, sem eru í II. kafla frv., einnig talsvert önnur en gilda um slíkar nefndir bæði í Noregi og í Danmörku. M. a. er verksvið n. samkv. þessu frv. nokkru þrengra en verksvið sams konar n. í Noregi og Danmörku. Er þetta m. a. gert í því skyni að við Íslendingar höfum enn ekki öðlast nema mjög svo takmarkaða reynslu af starfsemi slíkra nefnda. Þykir því rétt að menn verði sér úti um nokkra reynslu í þeim efnum áður en lengra er haldið.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því, að sambærileg ákvæði séu lögleidd um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufyrirtækja og samvinnusambanda og lögleiða á samkv. frv. varðandi hlutafélög. Þetta er ekki gert í Noregi. Þar eru ekki lagafyrirmæli um að starfsmenn samvinnufélaga eða samvinnusambanda skuli taka sæti í stjórnum þeirra. Hins vegar þegar breyt. voru gerðar á norsku lögunum um hlutafélög var því lýst yfir, að til þess væri ætlast af hálfu norskra stjórnvalda að samvinnufélög tækju þessi mál upp að eigin frumkvæði og tækju sér breyt. á lögunum um hlutafélög til fyrirmyndar. Ef samvinnufélögin gerðu það ekki mundi norska ríkisstj. hins vegar flytja frv. um að sérstök lög um sambærilegar breyt. og þá, sem gerð var á hlutafjárlögunum, yrðu sett varðandi starfsmenn samvinnufélaga og aðild að stjórn samvinnufélaga og samvinnusambanda.

Í þessu frv. höfum við valið þann kostinn að gera sams konar breyt. bæði á lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög. Í þessu er ekki af okkar hálfu fólgin nein vantrú á vilja samvinnufélaga eða samvinnusambanda hér á Íslandi til að tileinka sér slík vinnubrögð án fyrirmæla í lögum. Raunar hefur Samband ísl. samvinnufélaga þegar riðið á vaðið með því að gefa fulltrúum starfsfólks kost á setu í stjórn Sambandsins og er það vel. Þó er ástæða til þess að nefna að fulltrúar starfsmanna í stjórn SÍS sitja þar ekki með sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn. Þeir hafa aðeins málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt eins og aðrir stjórnarmenn. Þann atkvæðisrétt mundu fulltrúar starfsmanna í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga hins vegar fá ef frv. þetta yrði að lögum, því þá fengju þeir nákvæmlega sama rétt sem stjórnarmenn eins og aðrir stjórnarmenn Sambandsins.

Þrátt fyrir það að mikill áhugi sé á þessum málum innan samvinnuhreyfingarinnar, bæði meðal stjórnenda hreyfingarinnar og starfsmanna, þykir okkur flm. eigi að síður rétt að láta breyt. á lögum um samvinnufélög fylgja breyt. á lögum um hlutafélög, til þess m. a. að ekki sé hægt að segja að aðrar reglur og önnur meðferð eigi að gilda um einn hóp stóratvinnurekenda í landinu en aðra. Auk þess er ekki víst að þótt Samband ísl. samvinnufélaga hafi gengið á undan með góðu og lofsverðu fordæmi, þá muni önnur samvinnufélög strax fylgja í kjölfarið, um leið og hlutafélög, sameignarfélög, ríkisfyrirtæki og fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga eru skylduð til að veita starfsmönnum íhlutunarrétt um stjórnun með lögum.

Þá viljum við flm. þessa frv. enn fremur benda á, að þótt frv. hljóti samþ. er ekki þar með búið að tryggja endanlega og til fulls þann meðákvörðunarrétt starfsmanna um stjórn fyrirtækja sem að er stefnt. Með samþykkt frv. yrðu fyrstu skrefin hins vegar stigin á braut atvinnulýðræðis, og á fyrstu árum eftir gildistöku ákvæða þess fengist mikilsverð reynsla sem hægt yrði að byggja á hvað varðar frekari aðgerðir á sviði atvinnulýðræðis. Fyrir löngu er orðið tímabært að þessi skref

verði stigin, og eins og reynslan hefur þegar sýnt, þá verður það að öllum líkindum ekki gert nema fyrir frumkvæði Alþ., eins og gert er ráð fyrir með flutningi frv. þessa.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hér er hreyft stóru og mikilvægu máli. Mig langar til að vekja athygli á einu, er sérstaklega varðar formsatriði þess, öðru, er varðar sögulegan aðdraganda, og loks, að örlitlu leyti þó, efnisatriði, sem vitanlega er þó það mikilvægasta sem þetta frv. hefur inni að halda. — Málið er rétt á frumstigi að þessu sinni í Alþ. og til þess að fjalla nákvæmlega um það efnislega gefst tækifæri síðar.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því, að það form, sem þessu frv. er valið, er með þeim hætti að ég tel að sú n., sem fær málið til umfjöllunar, þurfi þar að gera breyt. á. Hér er um það að ræða að í einu og sama frv. felast mikilvægar breyt. á mörgum lögum. Þetta er að vísu engin ný saga í störfum Alþ., en það þýðir ekki að þessi aðferð sé til fyrirmyndar. Ég held að sú þróun að steypa mörgum breyt. á mörgum ólíkum lögum saman í ein lög sé þróun sem sporna þarf gegn. Ef menn af einhverjum illviðráðanlegum ástæðum hafa freistast til þess að nota þessa aðferð, þá sýnist mér nauðsynlegt að geta þess í fyrirsögn frv., þannig að nokkuð gæti nefnd hér hætt um með því að nefna í fyrirsögn frv. hvaða lögum ætlað er að breyta í frv. Betra hefði mér fundist að málinu væri skipt upp í mörg frv. eftir efni. Þessi aðferð veldur því oft að vinna lögfræðinga eykst. Það eru margir — og ég er í þeim hópi — sem ætti e. t. v. síst að harma það. En það flækir nú einu sinni löggjöfina óþarflega mikið að hafa breytingar á tilteknum lögum, mikilvægum lögum sem fólk þarf oft að fletta upp í, — hafa slíkar breyt. dreifðar í annarri löggjöf. Þetta er atriði sem mér sýnist að hljóti að vera hægt að bæta úr. Mér virðist þó tæplega unnt að vísa málinu frá úr forsetastóli af þessum sökum. Slík aðferð hefur oft verið látin viðgangast á undanförnum árum í Alþ., og hafa ríkisstj. þar satt að segja ekki gefið allra besta fordæmið að þessu leyti. Það hefur komið fyrir æ ofan í æ, að flutt hafa verið svokölluð bandormsfrv., sérstaklega í sambandi við efnahagsráðstafanir, og það hefur þá yfirleitt verið til þess að spara tíma skömmu fyrir þinglok eða þinghlé. Sú ástæða sýnist ekki vera fyrir hendi að þessu sinni. Auk þess er um að ræða allviðtækar og mikilvægar breyt. á þeim lögum sem um er fjallað í frv.

Frv. þetta fjallar um atvinnulýðræði. Það fjallar nánar tiltekið um áhrif launþeganna á vinnustað sinn og á stjórn þeirra fyrirtækja þar sem þeir vinna. Í grg. frv. er rakin nokkur söguleg þróun um flutning slíkra mála, og það er m. a. nefnt að fyrst muni slíku máli hafa verið hreyft á Alþ. af Ragnari Arnalds 1965. En ég vil benda á það, að mál mjög skyld þessu hafa verið oft á ferðinni á Alþ. og það fyrir áratugum. Ástæðan til þess, að þau hafa ekki náð fram að ganga, hefur vitanlega verið að þau hafa að einhverju leyti verið umdeild eða e. t. v. ekki verið unnið nægilega vel að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að hægt væri að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Fyrir svo löngu sem 40 árum, má ég segja að till. hafi verið flutt af þeim Jóhanni Möller og Thor Thors um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri. Slíkar till. voru hvað eftir annað fluttar af þm. Sjálfstfl. yfirleitt þeim yngstu úr þeirra hópi. Hér hef ég m. a. í höndum hefti af Alþingistíðindum frá 1962, þar sem þeir Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson og Matthías Á. Mathiesen flytja till. til þál. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri íslendinga. Þar er um að ræða að mörgu leyti ákaflega svipaðar hugmyndir og koma fram í þessu frv. Ég les hér upp úr grg. það sem best skýrir hugmyndina á bak við þetta. Þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirleitt er það stefnumið þeirra manna, sem berjast fyrir þessu máli, að allir verkamenn fyrirtækjanna fái hluttöku í arði þeirra, eignist hluti í þeim og hafi íhlutun um stjórn þeirra eða eftirlit með henni. Má í sem stystu máli segja að grundvallarsetningar þessa fyrirkomulags séu:

1) að verkamennirnir fái auk hinna föstu launa einhvern hluta í arðinum;

2) að þeim gefist kostur á að safna arðhluta sínum eða einhverjum hluta hans til þess með honum að eignast hluta í atvinnufyrirtækinu;

3) að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því a) að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hluthafa, eða með því b) að nefnd verkamanna hvers fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess.

Eru þetta þær grundvallarsetningar sem sérstaklega hefur verið byggt á í þessu efni. En fjölbreytni þessa fyrirkomulags er svo að segja takmarkalaus, enda hægt að beita því við svo til allar greinar atvinnulífsins. Er fengin í þessum efnum mikil reynsla erlendis.“

Ég nefni þetta aðeins til að benda á að hugleiðingar um þessi efni hafa verið uppi á Alþ. um langan tíma og aftur og aftur. Ljóst er hins vegar að menn hafa ekki í einu og öllu komist að sameiginlegri niðurstöðu. Sú niðurstaða þó, sem menn hafa best sameinast um, er hugmyndin um samstarfsnefndir. Um samstarfsnefndir flutti hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, þáltill. árið 1959. Það var till. til þál. um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefndar launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja. Till. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar rannsókn á og gera till. um hvort finna megi starfsgrundvöll fyrir samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.“

Þessi till. var samþ. á sama þingi eftir breytingu, og var orðuð svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samráði við félög launþega og vinnuveitenda að hefja nú þegar **rannsókn á og gera till.** um hvort finna megi starfsgrundvöll fyrir samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.“

Þingnefndin klofnaði um þetta mál. Þáv. hv. þm. Hannibal Valdimarsson var andvígur þessari

till. vegna þess að honum væri ekki ljóst hvernig sú rannsókn ætti fram að fara, og hann væri andvígur ríkisafskiptum af slíku samstarfsfyrirkomulagi, eins og hann sagði í nál. sínu.

En hvað sem þessu máli leið, þá var það svo, og mér er óhætt að segja að það hafi verið í framhaldi af þessu þingmáli, að hv. þm. Pétur Sigurðsson mun hafa beitt sér fyrir því að slíkum samstarfsnefndum væri komið á milli Sjómannafélags Reykjavíkur og eigenda farskipanna.

Þetta fyrirkomulag, samstarfsnefndafyrirkomulag, virðist mér vera þess eðlis að menn hljóti að geta um það sameinast. Hins vegar er mér kunnugt um að það atriði, að starfsmenn kjósi í stjórnir hlutafélaga eða stjórnir annarra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá, og slíkt sé lögbundið, það kann aftur á móti að vera umdeilt. Þar getur svo margt komið til skoðunar, t. d. hversu lengi þyrfti viðkomandi starfsmaður að hafa unnið hjá fyrirtæki til að öðlast slíkan rétt og til hvaða ákvarðana ætti slíkur réttur starfsmanna að taka. Sú leið hefur sums staðar verið farin að veita slíkan rétt að því einungis er til þeirra ákvarðana tekur sem snerta aðbúnað starfsmanna fyrirtækisins og fyrirkomulag á vinnustað. Hins vegar hefur það verið umdeildara, að hve miklu leyti starfsmenn ættu að eiga lögbundinn rétt á því að stjórna því, hvernig ráðstafað er fjármunum fyrirtækisins, og hvaða þátt þeir ættu að eiga í ýmsum slíkum ráðstöfunum. Ef um er að ræða ríkisfyrirtæki, þá mætti um það spyrja hvort þessi leið væri í sjálfu sér eðlilegri en t.d. að þegnar ríkisins, sem leggur fyrirtækinu til fé, ættu þar fulltrúa. Ég á hér við t. d. hluti eins og það, að mér sýnist fyllilega lýðræðislegt að í slíkum fyrirtækjum ættu fulltrúar almennings, þá í formi fulltrúa stjórnmálaflokkanna, aðild að stjórnum. Ég get ekki séð að það liggi alveg í augum uppi, að það sé sjálfsagt og þurfi endilega að vera lýðræðislegra að starfsmenn, sem e. t. v. hefðu unnið einungis skamman tíma í ríkisfyrirtæki ættu fremur að fara með stjórn þess. Hitt sýnist mér augljóst og mjög skynsamlegt, að stefna að því að koma á samstarfsnefndum þar sem starfsmenn fyrirtækjanna hafa raunverulegan rétt til þess að hafa áhrif á hvernig ýmiss konar aðbúnaði á vinnustað er háttað. Þar getur fjölmargt komið til greina. Þeir eru í raun og veru manna færastir til að gefa skynsamlegar ábendingar um slíkt, og af því er þegar fengin mjög góð reynsla í ýmsum öðrum löndum. Hins vegar hef ég heyrt töluvert um það, að ekki sé alveg víst að það sé sama hagsmunamál fyrir hina einstöku starfsmenn í mjög stórum fyrirtækjum að þar sitji í stjórn einhver sem e. t. v. að nafni til er fulltrúi þeirra í stjórn fyrirtækisins sem fer að öðru leyti með rekstur þess. Það atriði þarf ekki að varða hag starfsmannanna sjálfra jafnmikið eins og það sem snertir aðbúnaðinn á vinnustað og fyrirkomulag vinnunnar að ýmsu leyti.

Herra forseti. Þessi atriði, sem ég hef bent hér á, eru að sjálfsögðu mjög lítil og fá í samanburði við sjálft það mál sem hér er um fjallað. En hér er um að ræða stórt mál sem þarf að athuga vel og gera sér grein fyrir því, hvort samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir, nær nákvæmlega þeim tilgangi sem ég veit að menn stefna að þegar þeir tala um atvinnulýðræði.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér í upphafi og ég held einnig í lok ræðu sinnar, að hér sé um mjög mikilvægt málefni að ræða og sannarlega athyglisvert og þess vert að það sé rætt.

Þetta frv. fjallar um svokallað atvinnulýðræði, en ég vil benda á að þetta orð hefur tæplega neina fasta eða óyggjandi merkingu, það ég best veit. Það hefur, að því er ég held, ekki verið svo fast skýrgreint að menn þurfi endilega að vera alveg á eitt sáttir um það, hvað felist í þessu orði. En það er þó ákaflega mikilvægt þegar slík orð eru notuð, t. d. í löggjöf, að þá sé náin skýrgreining á því hvað í því felist. Ég held þó að það sé augljóst mál, að þegar talað er um atvinnulýðræði, þá er fyrst og fremst átt við einhvers konar hlutdeild starfsmanna í stjórn fyrirtækja. Ég hygg að sameiginlegt skýrgreiningaratriði sé að um sé að ræða hlutdeild starfsfólks í stjórn fyrirtækja. En af því leiðir auðvitað að það getur falist meiri eða minni hlutdeild starfsfólksins í stjórn atvinnufyrirtækjanna. Þetta getur verið allt þess á milli að vera afmörkuð hlutdeild, lítil eða stór, allt upp í það að vera alger yfirtaka starfsfólksins á stjórn fyrirtækjanna. Ég hygg nú, einmitt vegna þess hve orðið er lítið skýrgreint, að þá hafi menn lítið svo á að í atvinnulýðræði kynni allt eins að felast slík alger yfirtaka starfsfólksins á stjórn fyrirtækjanna. En mér sýnist, eftir að hafa lesið þetta frv., að vísu allt of lauslega, að ekki felist slíkt í þessu frv., heldur sé hér eingöngu, eins og segir í 2. gr. þess, talað um rétt til hlutdeildar í ákvarðanatöku, og síðan er nánari ákvæði víðar að finna í frv. um það, hvernig þetta eigi að fara fram. En ég vil því benda á þessi atriði, þegar almennar umr. eru um þessi mál. Ég vil endurtaka það, að mér finnst þetta vera mjög athyglisvert frv., þó að ég játi jafnframt að ég er ekki í færum að dæma um hvert einstakt efnisatriði þess eftir að hafa lesið það næsta lauslega. Ég vil leggja það til að þetta mál verði rækilega athugað og að það verði rætt eins og unnt er.

Ég vil líka minna á það, sem raunar hefur komið fram bæði í ræðu hv. frummælanda og ekki síður hjá hv. síðasta ræðumanni, að atvinnulýðræði hefur verið talsvert mikið rætt hér á landi undanfarin ár og jafnvel áratugi, og það á áreiðanlega mikinn hljómgrunn hjá ýmsum aðilum hér á landi. Hins vegar held ég að það liggi engan veginn ljóst fyrir hversu almennt áhugamál þetta er í rauninni. Við vitum að það eru margir sem hafa mikinn áhuga á þessu og sjá í því mikla framför og réttarbót að koma atvinnulýðræði á. En hins vegar er mér til efs, því miður, að þetta eigi þann almenna hljómgrunn sem auðvitað þarf að vera ef málin eiga að fá einhverja farsæla lausn og verða til frambúðar.

Ég vil í framhaldi af því, sem hv. 5. þm. Reykv. var að rekja hér áðan um það sem rætt hefur verið um þessi mál af hálfu sjálfstæðismanna fyrr og síðar, benda á að þetta málefni hefur áreiðanlega verið rætt innan allra stjórnmálaflokka á Íslandi, þ. á m. í Framsfl., a. m. k. svo lengi sem ég hef starfað þar, enda hafa flokksþing og einstakar samkomur innan Framsfl.

ályktað um þessi málefni. En hitt er auðvitað rétt, sem fram hefur komið hjá flm. þessa frv. og frsm. þessa máls, að útbreiðsla atvinnulýðræðis hefur orðið mjög hæg hér á landi, af hvaða ástæðum sem það kann nú að vera. Og ég held að við þurfum einmitt að leiða hugann vel að því, af hverju það er að atvinnulýðræði er ekki komið lengra hér á landi en raun ber vitni. Það hljóta að vera einhverjar sérstakar ástæður fyrir því, og ég held að við þurfum að hugleiða það vel hvernig besta leiðin sé til að koma atvinnulýðræði á, ef við höfum áhuga á að svo verði.

Mér sýnist að það sé um tvær leiðir að ræða. Annars vegar er löggjafarleiðin, en hins vegar er svo samningsleiðin. Þessar leiðir getum við farið til þess að koma þessu máli fram. Mér sýnist að flm. þessa frv. hallist algerlega að löggjafarleiðinni og virðist alveg hafna því að hægt sé að koma slíku máli fram með samningum. Þetta tel ég ákaflega vafasamt, og m. a. af þeirri ástæðu hef ég dálítinn fyrirvara strax í upphafi um þetta frv., vegna þess hvernig það er markað af þessari oftrú á að fara skuli löggjafarleið til þess að koma á atvinnulýðræði í stað þess að hyggja að samningaleiðinni líka. Ég held þvert á móti, að samningaleiðin sé að ýmsu leyti miklu farsælli heldur en þessi stífa aðferð að ákveða allt með lögum. En mér þykir jafnframt trúlegt að það sé eðlilegt að fara báðar þessar leiðir að markinu, beita löggjafaratriðum þar sem það á við, en leggja jafnframt áherslu á að ná þessu fram með samningum og þá að sjálfsögðu með samningum milli starfsfólks, launamannastéttarinnar, verkamannanna og annarra launamanna, og þeirra sem eiga eða reka fyrirtækin. Ég held að við þurfum að hyggja vel að þessu, því að ég efast um að þetta mál hafi verið kynnt nógu vel fyrir launamannastéttinni, fyrir verkamönnum, hvers konar málefni þetta er og hvort menn hafa raunverulegan áhuga á því að þetta verði gert. Og ef svo er, að verkamannastéttin og launþegar yfirleitt hafi áhuga á atvinnulýðræði og því að eignast meiri eða minni hlutdeild í stjórn atvinnufyrirtækja, þá sýnist mér að það sé hægt að taka slíkt mál upp sem samningsmál eins og hvert annað mál sem leiðir til réttarbóta fyrir verkafólk. Mér virðist að það komi fram í grg. að það skuli ekki fara þessa samningaleið og það sé tæpast málefni verkalýðsfélaganna að gera kröfur um atvinnulýðræði með samningum. Þessu vil ég hafna og tel að það væri miklu eðlilegri leið að ná þessu marki með samningum.

Ég minntist á það, og það hefur komið fram hér í ræðum áður, og ég hygg að allir séu sammála um það, að það hefur miðað mjög hægt í þá átt að koma hér á atvinnulýðræði, hverju sem um er að kenna. En ég verð þó að segja það eins og er, að ég saknaði þess bæði af því sem ráða má af grg. þessa frv. og raunar einnig af framsöguræðunni, þá saknaði ég þess hvað flm. gera lítið úr því mikilvægasta skrefi sem stigið hefur verið í átt til atvinnulýðræðis hér á landi, en þar á ég við það samkomulag milli Sambands ísl. samvinnufélaga og starfsmannafélags Sambands ísl. samvinnufélaga, að tveir kjörnir fulltrúar starfsmanna eigi sæti á fundum stjórnar SÍS með málfrelsi og tillögurétti. Hér er e. t. v. stigið stutt skref ef við setjum markið hátt. En eigi að síður er þetta mjög mikilvægt skref og mér finnst fullkomin ástæða til þess að benda á þetta og halda þessu á loft. Ég held að þarna sé engan veginn um að ræða neitt endanlegt mark í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti efa það ekki, að síðar verður gengið miklu lengra á þessu sviði, og að samvinnuhreyfingin á eftir að ganga lengra í þessu efni og þetta á eftir að ná til fleiri félaga og deilda innan samvinnuhreyfingarinnar og kaupfélagsskaparins. Ég er alveg sannfærður um það. En hins vegar er ekkert óeðlilegt þó að við bíðum einhvern tíma og sjáum hvernig það gefst, að nú sitja tveir kjörnir fulltrúar samvinnustarfsmanna fundi Sambands ísl. samvinnufélaga. Ég held að það sé gott fyrir okkur að fá reynsluna til að skera nokkuð úr um þetta áður en lengra er haldið. En þar með er ég ekki að segja að við eigum ekki að ræða þetta mál og halda því vakandi sem umræðuefni. En ég held líka að við ættum ekki að láta það liggja í láginni sem vel er gert í þeim málum sem hér er nú verið að ræða á Alþ., og þá á ég við þetta mikilvæga framtak sem orðið hefur með samningum og samkomulagi milli Sambands ísl. samvinnufélaga og starfsmanna þess um það að starfsmenn sitji stjórnarfundi, hafi þar málfrelsi og tillögurétt, m. ö. o. nokkuð verulegan áhrifamátt í því að koma fram sjónarmiðum starfsmanna og hafa áhrif á gang mála innan þessa stóra fyrirtækis.

En ég skal nú ekki eyða lengri tíma í umr. um þetta. Ég vil endurtaka það, að ég tel að hér sé um mjög mikilvægt málefni að ræða, og ég vil síst af öllu gera lítið úr flutningi þessa frv. eða gagnsemi þess. Hins vegar held ég að við þurfum að skoða efnisþætti frv. vel og finna sameiginlega leið til þess að ná því marki sem ég hygg, að margir okkar vilji ná, og þá er ekki heppilegt, held ég, að binda sig við einhverja eina leið, heldur að reyna að freista þess að finna fleiri leiðir og aðferðir sem dugað geta málefninu til framdráttar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þm. úr báðum stjórnarflokkunum hafa nú látið í ljós skoðanir sínar á þessu frv. um atvinnulýðræði. Þeir hafa að vísu laumað út úr sér ýmsum viðurkenningarorðum um málið, en engu að síður eru ræður þeirra hreinar úrtöluræður. Það leynir sér ekki að þm. eru báðir a. m. k. hræddir við þetta mál, ég vil ekki segja á móti því, en taka því af furðulegri tregðu og jafnvel með útúrsnúningum.

Hv. 5. þm. Reykv. tók að sér að vera hinn lögfræðilegi siðapostuli deildarinnar, sem er okkur dm. að sjálfsögðu til mikillar ánægju, og er það virðingarvert að hún skuli vera á móti bandormum. Hins vegar vil ég benda á að þetta er að því leyti sérstakur bandormur, að hann er ekki um allt milli himins og jarðar sem kallað er „sparnaður", eins og algengt er, heldur er hann allur um eitt ákveðið efni, sem sagt þátttöku starfsmanna í stjórnum fyrirtækja og stofnana. Það var hægt að semja eitt frv. og segja í því frv.: Í hlutafélögum skal gera þetta, í samvinnufélög-

um skal gera þetta, í opinberum stofnunum skal gera þetta og að breyta ekki þeim lögum sem fyrir eru. Þá hefði þetta ekki verið bandormur, heldur samfellt frv. um þátttöku starfsmanna í stjórn fyrirtækja og stofnana. En það hefði orðið enn þá meiri vinna fyrir vesalings lögfræðingana ef þetta hefði verið gert. Bandormurinn verður væntanlega skorinn í sundur og breytingarnar á hinum ýmsu lögum færðar í lögbókum hver á sinn stað, þannig að það verði auðveldara að átta sig á því og láta sér ekki sjást yfir þessi atriði heldur en vera mundi ef þetta væru sérstök lög.

Það er athyglisvert, að báðir þessir hv. þm. tala um forsögu málsins, og komst sjálfstæðismaðurinn að sjálfsögðu að þeirri niðurstöðu að þetta sé ævagömul hugmynd sjálfstæðismanna, og framsóknarmaðurinn sagði okkur að málið hefði mjög verið rætt innan Framsfl. Ég gleðst yfir þessu, því það er góðs viti fyrir málið að nú þegar megi segja að allir vilji Eddu kveðið hafa. Við leggjum ekki áherslu á að eigna okkur þetta mál, enda kom í ljós af þeim upplýsingum sem 1. flm., sem er ungur þm., hafði, að hann taldi alþb.-mann hafa flutt fyrstu beinu till. um þetta.

Það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að fyrir 40 árum eða svo komu fram hugmyndir um arðskiptifyrirkomulag í fyrirtækjum. Það átti sem sagt að veita starfsfólkinu hlutdeild í arðinum og var í því sambandi minnst á hugsanlegar samstarfsnefndir og sitthvað fleira. Það var að vísu lærdómsríkt, að hún sagði að sjálfstæðismenn hefðu oft flutt svona mál, sérstaklega hinir yngri. Það virðist sem sagt eldast af þeim fljótt í þeim flokki áhuginn á slíkum málum. En ég vil engu að síður benda á með virðingu fyrir þeim þm., sem hún nefndi og fluttu þessi mál fyrir síðasta stríð af góðri meiningu, að það er hæpið að telja þetta sömu hreyfingu. Á þeim árum var það algengt að veita vinnandi fólki hluta úr arði. En þetta var eins konar bólusetning kapítalismans. Þetta voru náðargjafir sem stjórnir fyrirtækjanna veittu til fólksins í þeirri von að geta dregið úr þeim hreyfingum, sem á þeim tíma fóru ört vaxandi, um að það efnahagskerfi, sem við búum við, sé engan veginn réttlátt og engan veginn viðunandi.

Hreyfingin um raunverulegt lýðræði í atvinnufyrirtækjum komst ekki af stað að marki í núverandi mynd sinni fyrr en síðar, en hún hefur náð mikilli útbreiðslu. Það er þegar staðreynd í flestum nágrannalöndum okkar og víðar um heim, að atvinnulýðræði er framkvæmt á þessu sviði, starfsfólk hefur fengið rétt til að eiga fulltrúa í stjórnum stofnana og fyrirtækja með fullum rétti. Við munum að öllum líkindum staðfesta það með lögum áður en langt um líður, að Spigerverket í Noregi, sem hér er kallað voldugur, alþjóðlegur auðhringur, fái aðstöðu hér á landi með íslenska ríkinu, en í stjórn þessa fyrirtækis sitja tveir kjörnir fulltrúar verkamanna í málmbræðslunum í Noregi. Lengra frá okkur er þetta ekki. Ef ég má nefna annað dæmi, þá er þegar búið að lögbinda það og byrjað að framkvæma í Þýskalandi, að stjórnir stórfyrirtækjanna skiptast næstum því til helminga, því að það er aðeins oddamaðurinn sem fjármagnið hefur enn þá umfram fulltrúa vinnuaflsins.

Fleiri dæmi gæti ég nefnt sem sýna að hér er um að ræða þjóðfélagslegar breytingar sem hafa orðið miklar og örar í nágrannalöndum okkar, en við sitjum eftir. Við sitjum algerlega eftir.

Það er talað um að hugtakið atvinnulýðræði sé óskilgreint, og má það til sanns vegar færa. En í þessu frv. þarf enginn að hafa áhyggjur af því að orðið stendur í fyrirsögninni. Það nær ekki lengra en efni frv., ef að lögum yrði. Hins vegar tel ég að atvinnulýðræðið sé víðtækara og ræddi það m. a. nýlega í Sþ. þegar til umræðu kom till. um vinnuvernd og áhrif vinnandi fólks á nánasta starfsumhverfi sitt, sem er oft í ærið langri fjarlægð frá stjórnum fyrirtækjanna. Það er líka atvinnulýðræði.

Mikið var gert úr því að við alþfl.-menn leggjum til löggjöf um þessi mál, eins og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar, en að við skulum ekki leggja til að hér verði farin samningaleiðin. Á þessu er einföld og augljós skýring. Hún er sú, að við teljum atvinnulýðræði, þ. e. a. s. rétt vinnuaflsins til að hafa hömu áhrif á stjórn framleiðslunnar eins og fjármagnið, vera mannréttindi sem Alþingi íslendinga á að samþykkja fyrir þjóðina, en það á ekki að vera mál sem verkafólkið þarf að kaupa í samningum og e. t. v. láta af svo miklum kauphækkunum í hvert skipti sem skref er stigið. Þetta er reginmunurinn. Fólkið á heimtingu á því að Alþingi íslendinga ödlist þann félagslega skilning og þroska, sem blómstrar allt í kringum okkur, að lögfesta þetta án þess að láta verkalýðsfélögin berjast fyrir því í verkföllum og færa fyrir það fórnir. Við í Alþfl. höfum ekki verið hrifnir af afskiptum ríkisvaldsins af samningamálum, þó að til þeirra hafi því miður stundum komið. En þetta er alls ekki mál í þeim flokki. Hér er um að ræða grundvallarmannréttindi, og um þau ber Alþ. að fjalla sjálfu og lögfesta, þannig að allir þegnar lýðveldisins geti notið þeirra laga til jafns eftir því hvar þeir starfa.

Það er næsta furðulegt hversu hægt hefur verið um þessi mál. Eins og rakið var af frsm. hafa till., sem lúta beinlínis að atvinnulýðræði í þeirri mynd sem við nú tölum um það, verið fluttar hér hver á fætur annarri og einnig lagafrv. í meira en áratug. Yfirleitt hefur þessum málum ekki verið sinnt, þau hafa verið hægt og hljóðlega svæfð. Þó var ein till. frá Alþfl. samþykkt í tíð vinstri stjórnarinnar og skipuð allmyndarleg n. til að gera drög að lögum um þátttöku starfsmanna í stjórnum fyrirtækja. Þessi n. virðist hafa gefist upp við verkefni sitt. Þess vegna hefur þingflokkur okkar, þó að fámennur sé, lagt í það að afla sér gagna og skrifa jafnflókið frv. og þetta þó er. Við gerum það til þess að sýna viljann og alvöruna, en engan veginn til þess að leggja fram bókstaf sem í engu megi breyta svo að við getum við unað. Við munum svo sannarlega fagna því ef Alþ. vildi af alvöru fjalla um þetta mál og gæti þá gert sínar breytingar varðandi framkvæmdaatriði og allt annað en sjálfa grundvallarhugsjónina.

Því miður eru íslendingar að verða félagslega vanþróuð þjóð á mörgum sviðum, ef miðað er

við þær þjóðir sem við að flestu leyti viljum bera okkur saman við. Það ríkir hér á landi ótrúleg íhaldssemi í þessum efnum. Það er hún og ekkert annað sem hefur valdið því, að við höfum ekkert komist áfram á þessu sviði og við erum komnir langt aftur úr nágrannaþjóðum okkar. Ég vil því hvetja eindregið til þess að Alþ. reyni að rífa sig upp úr því að geta ekki talað um annað en beinharða peninga, fjárlög, skattalög og efnahagsmál, og geri sér grein fyrir því að þjóðfélag okkar verður að taka félagslegum þroska, sem getur til lengdar verið enn meira virði heldur en deilur okkar um skiptingu á kökunni hverju sinni. Því miður hefur pólitíkin þróast svo, og ríkisstj. ber á því mikla ábyrgð, að félagsmálin eru skilin eftir og hafa ekki fengið að þróast hér á Alþ. eða í íslenskum stjórnmálum neitt svipað því sem gerst hefur í nágrannalöndum okkar. Ég bið menn að íhuga og að gefa sér tíma til að hugsa um mál eins og atvinnulýðræði á raunhæfan hátt, gera sér grein fyrir því, að ef við ætlum ekki að dragast enn þá lengra aftur úr verðum við að taka til höndum og reyna að koma á umbótum á þessu sviði.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Það fer ekkert á milli mála að það frv., sem hér hefur nú verið reifað í framsögu, fjallar um stórmál, og það er ekkert minna fyrir það, þó að um það hafi verið fjallað áður bæði hér í sölum Alþ. og víðar, m. a. í verkalýðshreyfingunni allnokkuð, en þó kannske mun minna en ætla mætti.

Ég tel að þetta frv., sem hér er til umr., sé allrar athygli vert og virðingarvert að setja þetta mál, sem hefur verið áður flutt að mestu í þáltill., setja það nú í frv.-form þannig að menn geti áttað sig betur á efnisatriðum málsins og fyrirkomulagi heldur en ef um er að ræða þáltill. sem aðeins er áskorun um rannsókn eða eitthvað í þá áttina.

Ég er fullkomlega sammála því sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði áðan um þann þátt þessa frv. sem er kjarni þess, þ. e. aukin áhrif verkafólks til stjórnar á fyrirtækjum og þá einnig til áhrifa á umhverfi sitt á vinnustað. Það er einkum og sér í lagi þessi stjórnunarþáttur sem ég tel að sé ekkert vafamál að löggjafinn á að fást við, og með því er ekki verið að grípa inn í samningamál aðila vinnumarkaðarins. Það væri kannske frekar varðandi samstarfsnefndirnar í því formi sem þær hafa verið hugsaðar og þróast hér í nágrannalöndum og fyrst og fremst þróast með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, enda hefur verksvið þeirra nefnda yfirleitt verið miklu takmarkaðra en það, að verkafólkið eigi beina aðild að stjórn fyrirtækjanna. Ég gæti sem sagt vel hugsað mér að sá þátturinn væri frekar og meira í höndum samningsaðilanna. Það er sá þáttur sem verkalýðsfélögin hafa lengi fengist við og hljóta að gera áfram, þrátt fyrir það að slíkar samstarfsnefndir yrðu til í ríkari mæli en nú er. Sú er reynslan, að þar sem þessar samstarfsnefndir eru til hér, en það er í ákaflega smáum stíl, ég undirstrika það: í ákaflega smáum stíl reynsla af þeirra störfum, þá hafa verkalýðsfélögin í raun og veru áfram haft bein afskipti af þessum málum.

Það er ekki neinn efi á því að þau stóra í þessu máli eru áhrif verkafólksins, verkamannanna á stjórnun fyrirtækjanna, og þá er spurning hve víðtæk sú þátttaka á að vera. Þá er rétt, held ég, að hafa í huga að í öllum okkar nágrannalöndum er ekki aðeins sá þátturinn, sem hér er kallaður atvinnulýðræði, sem um er að ræða, heldur er í vaxandi mæli og í mjög vaxandi mæli lögð áhersla á efnahagslýðræði, þ. e. a. s. að hinir svokölluðu eigendur fjármagnsins, hvort sem það eru peningar eða vélar og allt slíkt, þeir hafi ekki óskoraðan rétt um ráðstöfun fjármagnsins.

Það er hugsanlegt að það liggi í sérkennum íslensks atvinnulífs, að þessi mál eru eins á vegi stödd í okkar landi og raun er á og hér er búið að taka fram, þ. e. a. s. þau eru ekki neitt líkt því jafnmikið umrædd eða málin jafnmikið í sviðsljósinu, ef svo mætti segja, eins og þau eru og hafa verið í öðrum löndum, þó einkum okkar nágrannalöndum. Það er í fyrsta lagi ekki mikið um stór fyrirtæki á borð við það sem annars staðar er. Í öðru lagi er eignaraðildin að atvinnutækjum á Íslandi áreiðanlega einhver þáttur í því, á hvaða vegi þessi mál eru stödd. Hvað skyldi það vera stór hluti af íslenskum atvinnufyrirtækjum sem hreinlega er rekinn af opinberum aðilum og samvinnuhreyfingunni? Það mætti segja mér, ég þori ekki að fara með tölur, en ég gæti trúað því að það væri jafnvel ekki undir 60—70%. Hér kemur ríkið, sveitarfélögin og almenningur þá einnig og svo samvinnufélögin, þannig að fólkið hér er sjálfsagt að mörgu leyti nær því að vera þátttakendur, stjórnun atvinnulífsins er kannske miklu nær en víðar annars staðar. Ég held að það væri ómaksins vert að einmitt þessi þáttur væri rannsakaður meira, og hefði kannske verið gott að sú n., sem átti að taka þessi mál til meðferðar samkv. samþykktri þáltill. á sínum tíma, 1971 eða 1972, hefði einmitt litið á þetta atriði.

Ég held sem sagt að við eigum ekki að einblína á erlendar fyrirmyndir í þessu máli, og ég er engan veginn að segja að þetta frv. geri það, heldur nokkuð aðhæft íslenskum aðstæðum þótt fyrirmyndirnar séu út af fyrir sig erlendar. En ég held að það væri þess virði að taka málið allt í heinum tengslum við rannsókn á íslensku atvinnulífi og aðhæfa betur stjórnunarþátttöku verkafólksins, og svo er fyrst og fremst skylda verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsflokkanna að huga einnig meira og rækilegar að þeim þætti sem ég vil nefna hreint efnahagslýðræði.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir taldi að sá þáttur þessa máls, sem fjallar um samstarfsnefndir og aðbúnað á vinnustað, væri allra góðra gjalda verður, en hafði hins vegar meiri fyrirvara í máli sínu þegar kom að því, að verkafólkið tæki beinan þátt í stjórnun fyrirtækjanna, og taldi, að það þyrfti ekki að snerta hag starfsmanna á sama hátt og störf samstarfsnefnda um aðbúnaðarmál og annað slíkt. Ég held að ekki sé rétt að líta á málin þannig. Við höfum fyrir okkur núna ákaflega ferskt dæmi, þar sem stjórn fyrirtækis tók ákvörðun sem hafði ákaflega afdrifarík áhrif á afkomu stórs hluta af starfsfólki þess fyrirtækis. Ég á hér við ákvörðun stjórnar Mjólkursamsölunnar að leggja niður all-

ar mjólkurbúðir fyrirtækisins. Er nú ekki hugsanlegt að þetta mál hefði fengið aðra og miklu farsælli meðferð ef fulltrúar verkafólksins hjá Samsölunni hefðu átt aðild að stjórn fyrirtækisins? Ég held að það sé ekkert vafamál, að hagsmunir starfsfólksins séu ekki minni í því, hvernig rekstur fyrirtækisins er, heldur en hinu, í hvaða ástandi tiltekinn aðbúnaður er á vinnustað og annað slíkt.

Ég vil leggja ríka áherslu á að það er ekki vandalaust verk og ekki endilega öfundsverð aðstaða sem það fólk er sett í sem kosið er úr hópi starfsmannanna í stjórn fyrirtækja. Það er ekki langt síðan ég átti tal um þessi mál við forustumann úr verkalýðshreyfingunni í nágrannalandi okkar. Það má e. t. v. segja að hann hafi málað myndina nokkuð svarta, en hann sagði, að vandinn væri slíkur að fólk væri þarna á milli tveggja elda. Ef menn stæðu sig ekki eða verkafólkinu fyndist menn ekki standa sig, þá ættu þessir menn í raun og veru þann kostinn einan, þegar stjórnartími þeirra væri útrunninn, að segja upp hjá fyrirtækinu og hverfa á braut, þeir væru ekki vinsælli en það. Ef hins vegar þetta fólk stæði sig verulega, þá væri tilhneiging fyrirtækisins til þess að losna við það svo sterk, að því væri helst gert ólíft á vinnustað. Það er því áreiðanlega ekki öfundsvert starf, og þegar löggjöf verður sett um þessi mál, sem ég álít að eigi að gera, þá þarf að búa svo um hnútana að betta geti ekki gerst.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um málið að þessu sinni. Ég tel að hér sé um stórmál að ræða sem þingið þarf að skoða vel. Og það er enginn efi á því, að það er tímaspursmál hvenær ákvæði í þessa átt verða í lög leidd, en ekki hitt, að það eigi ekki að gerast.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 54. fundur.

Þriðjudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Samstarf við grannþjóðir um sjávarútvegsmál, fsp. (þskj. 299). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til sjútvrh. svo hljóðandi fyrirspurn:

„Hvað líður framkvæmd þál., er samþ. var á Alþ. 10. apríl 1973, um samstarf Íslendinga, norðmanna og færeyinga að fiskveiðum og fisksölumálum?“

Raunar var það hæstv. sjútvrh. sjálfur sem rifjaði þessa þáltill. upp fyrir mér, og það var skömmu eftir að þing kom saman að loknu jólaleyfi. Réðst raunar þá svo á milli okkar að ég legði þessa fyrirspurn fram og hann svaraði henni. En mér er kunnugt um að ýmsar ófyrirsjáanlegar orsakir valda því að þetta hefur dregist.

Það var á vetrinum 1972—1973, að við Jónas Árnason lögðum fram svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir viðræðum milli Íslendinga, færeyinga og norðmanna um samstarf þessara þjóða og skynsamlegri hagnýtingu fiskimiðanna á Norðaustur-Atlantshafi, verndun fiskistofna og að fisksölumálum. Jafnframt verði athugað með hvaða hætti grænlendingar geti orðið aðilar að slíku samstarfi.“

Í grg. með þessari till. til þál. segir:

„Talið er, að rúmlega 70% af fiskafla Norðaustur-Atlantshafs komi af fiskimiðum Íslands, Færeyja og Noregs. Með útfærslu fiskveiðilögsögu okkar í 50 sjómílur höfum við íslendingar fengið vald á því að takmarka sókn í einstaka fiskistofna á landgrunni okkar við þol þeirra. Ljóst má telja að færeyingar og norðmenn muni senn feta í fótspor okkar og færa út fiskveiðilögsögu sína á svipaðan hátt og við höfum gert og fá sams konar tök á fiskistofnum heimamiða sinna.

Fyrir skemmstu,“ segir enn fremur í grg., „svöruðu Lúðvík Jósepsson sjútvrh., Klaus Sunnanaa fiskimálastjóri Noregs og Erlendur Patursson lögþingsmaður í Færeyjum spurningu, sem fyrir þá var lögð í Ríkisútvarpinu, um það, hvort þeir teldu samstarf þessara þjóða um nýtingu og vernd fiskimiðanna og markaðsmál æskilegt. Þeir luku upp einum munni um að náið samstarf um nýtingu fiskistofnanna væri ekki aðeins æskilegt, heldur sjálfsagt. Einnig hlyti að teljast eðlilegt að íslendingar, færeyingar og norðmenn, sem hafa mundu á hendi svo stóran hluta af fiskafla Vestur-Evrópu sem að framan greinir, ynnu saman að markaðsmálum — og þá fyrst og fremst í Vestur-Evrópu, en einnig á öðrum mörkuðum.

Ýmsir nytjafiska okkar flakka á milli norskra, færeyskra og íslenskra fiskimiða með þeim hætti, að friðunaraðgerðir á miðum eins þessara landa koma ekki að fullkomnum notum, nema samsvarandi ráðstafanir séu gerðar á fiskimiðum hinna. Nægir að nefna örlög norsk-íslenska síldarstofnsins sem dæmi um afhroð sem sjávarútvegur þessara landa getur beðið samtímis vegna rányrkju á einum fiskistofni.

Er þessar þrjár þjóðir hafa náð valdi hver um sig á sókninni á fiskimiðin undan ströndunum, gæti samstarf þeirra um vernd fiskistofna einnig leitt til mikilsverðrar samvinnu um nýtingu þeirra.

Vafalaust er að samkeppni norðmanna og íslendinga á fiskmörkuðunum, sem e. t. v. var afsakanleg, meðan þeir héldu að Norðaustur-Atlantshafið væri þrotlaus nægtabrunnur sjófangs, og tíðum leiddi til undirboða, er fásinna nú þegar ljóst er að flestir arðbærustu fiskistofnarnir eru þegar í hættu vegna ofveiði og draga verður úr sókninni í ýmsa þeirra, ef komast skal hjá gjöreyðingu. Á hinn bóginn er ljóst, að íslendingar, færeyingar og norðmenn munu í sameiningu hafa mjög sterka aðstöðu á mörkuðunum við Norður-Atlantshaf og geta með samræmdum markaðsaðgerðum sparað sér stórfé í sölukostnaði og jafnvel afstýrt fjárhagslegum áföllum, sem leiðir af því þegar draga þarf vegna verndunar á einum fiskistofni úr framboði einnar vöru á fiskmörkuðunum, en bjóða aðra í staðinn.

Sem fyrr segir eru allar horfur á því, að norðmenn og færeyingar muni fyrr en varir færa út fiskveiðilögsögu sína í líkingu við okkar, og er ljóst að málstað okkar væri styrkur að slíkum aðgerðum af þeirra hálfu, eins og nú er ástatt. Má

ætla að gerðar verði tilraunir til þess að beita granna okkar þvingunum af hálfu andstæðinga okkar í landhelgismálinu til þess að koma í veg fyrir útfærslu af þeirra hálfu, — og gæti þá verið styrkur í því fyrir þessar þrjár þjóðir, ef ljóst yrði nú þegar að þær hygðu á mjög náið samstarf varðandi nýtingu og verndun fiskistofna og jafnframt um fisksölumál."

Svo segir í lok grg.:

„Í þessu máli ber að taka tillit til hagsmuna grænlendinga, sem eru hinir sömu og hinna þjóðanna þriggja, og hafa samvinnu við þá að svo miklu leyti sem pólitísk aðstaða þeirra leyfir."

Nú er þess að geta, sem þó allir vita, að það var ekki fyrr en eftir útfærslu okkar í 200 sjómílur og það rétt á síðustu dögum eða vikum, að færeyingar og norðmenn fylgja í fótspor okkar að þessu leyti og færa út sína landhelgi. Er þá komið að því, að rök þau, sem til voru talin er till. þessi til þál. var samþ. óbreytt samhljóða á Alþ. hinn 10. apríl 1973, eru orðin að staðreynd, eru orðin aðkallandi, og nú vildi ég gjarnan vita hvað gert hefði verið af hálfu ríkisstj. til þess að koma á formlegu samstarfi þessa eðlis á milli þessara þjóða.

Það er orðið alllangt, eins og ég sagði áðan, síðan ég bar fram þessa fyrirspurn. Óviðráðanlegar orsakir hafa valdið því að ráðh. hefur ekki getað svarað henni fyrr en núna. En eftir að ég lagði fsp. fram gafst að vísu enn átylla til að ætla að viljayfirlýsingin, sem felst í þessari þál. muni gleymd. Þriðjudaginn 8. þ. m. var boðað að fjallað mundi í sjónvarpi þá um kvöldið í fræðslu- og fréttaþættinum Kastljósi um tillögur sem dr. Gunnar G. Schram hafði sett fram í Morgunblaðinu nokkru áður um nákvæmlega sams konar samstarf þessara þjóða Norðaustur-Atlantshafsins að útgerðarmálum og því, sem ráðgert er í samþykkt Alþingis.

Í Morgunblaðsgrein dr. Gunnars G. Schram var þess náttúrlega ekki getið að hér væri hann að taka upp mál sem Alþ. hefði áður gert samþykkt um, aðeins getið þess, að Erlendur Patursson hefði á sínum tíma komið fram með hugmynd í þessa átt. Af þessum sökum sendi ég stjórnanda þessa sjónvarpsþáttar, Jóni Hákoni Magnússyni, þáltill., ekki af neins konar litilsvirðingu við dr. Gunnar G. Schram, heldur í því skyni að þess mætti geta við umr. um málið að Alþingi íslendinga hefði samþ. till. doktorsins með öllum greiddum atkv. fjórum árum áður en hann bar hana fram. Nú fór svo, að enda þótt fyrrnefndur stjórnandi Kastljóss fengi þessi plögg í hendur í tæka tíð fyrir upptöku þáttarins, þá var þáltill. bar í engu getið. Eftir á gaf stjórnandinn þá skýringu, að Már Elísson fiskimálastjóri, sem var annar sérfræðinganna sem hann ræddi við og mjög náinn ráðunautur hæstv. sjútvrh. um allt það er að sjávarútvegi lýtur, hefði tjáð sér að mikil breyting hefði verið gerð á þáltill. í meðferð Alþ. og hún væri alls ekki rétt svona, þ. e. a. s. eins og Alþ. samþ. hana. Hinn viðmælandinn og höfundur till., dr. Gunnar G. Schram, kvaðst alls ekki hafa séð þessa till.

Norska skáldið Arne Garborg lýsti Björnstjerne Björnson þannig einhvers staðar, að í huga hans hefðu keppt tvö ljós: ljós heiðarleika og visku, um það hvort leiftrað gæti skærar. Það var oft æsispennandi, sagði Garborg, hvort ljósið bæri af hinu. Ef mér leyfist að nota svipaða lýsingu, þá fór ekki svo í þessu tilfelli að samanlagður heiðarleiki sjónvarpsins og fiskimálastjóra skyggði á visku dr. Gunnars G. Schram. En ég hef sem sagt staðfestan grun um, að ríkisstj. hafi sinnt þessari samþykkt Alþ. ekki miklu meira en sjónvarpið virti hana, og mundi fagna því ef hæstv. sjútvrh. gæti nú leitt annað í ljós.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að svara neinu í sambandi við Kastljós eða sjónvarpið, það verða aðrir að gera, en sný mér að því að svara fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda á þennan veg:

Íslendingar eru aðilar að norrænni samstarfsnefnd um sjávarútvegsmál sem hefur fundi tvisvar á ári og hefur það að markmiði að efla samstarf Norðurlanda í fiskveiði- og fisksölumálum. Íslendingar buðu til norrænnar fiskimálaráðstefnu í Reykjavík í ágúst 1976, þar sem miklar umr. urðu einnig um þessi mál, en ráðstefnuna sóttu 200 fulltrúar frá flestum greinum sjávarútvegsins á öllum Norðurlöndunum. Á ofangreindum vettvangi og svo auðvitað á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna hafa íslendingar rekið áróður fyrir því að Norðurlöndin og aðrar þjóðir nái sem fyrst valdi á sóknninni á fiskimiðum undan ströndum þeirra, en eins og kemur fram í þáltill. frá 1973 er það forsenda samstarfs um vernd og nýtingu fiskstofnanna. Fulltrúar Norðurlanda á Hafréttarráðstefnunni hafa stofnað til sérstakrar norrænnar samstarfsnefndar í því skyni að samræma og efla sjónarmið sín á þeim vettvangi.

Eins og allir vita, hafa íslendingar til þessa alltaf verið skrefinu á undan öðrum Norðurlanda- og Evrópuþjóðum í þessu efni. Þannig var það ekki fyrr en um síðustu áramót að norðmenn og færeyingar tóku sér 200 sjómílna fiskveiðilögsögu. Það er því í raun og veru nú fyrst sem hægt er að tala um grundvöll gagnkvæmrar samvinnu og fiskveiðiréttinda. Þótt liðinn sé rúmur mánuður — eða senn tveir mánuðir — frá því að þessi grundvöllur skapaðist hefur þegar verið gerður samningur við færeyinga í þessum anda. Frá því að þál. var samþ. 1973 og til þessa tíma hafa íslendingar svo auðvitað sýnt í verki vilja sinn til samstarfs við norðmenn og færeyinga í fiskveiðimálum með því að gera fiskveiðisamninga við báðar þessar þjóðir. Það má nefna sem dæmi um samvinnu þessara briggja landa loðnuveiðarnar við Nýfundnaland í fyrra og hittiðfyrra, en þá fiskuðu bæði íslensk og færeysk skip með norskum í bræðsluskipið Norglobal. Loks hafa þessar þjóðir haft gott samstarf t. d. í Norðaustur-Atlantshafsnefndinni, aðallega um síldveiðikvóta í Norðursjó, og gott samstarf hefur einnig verið á milli íslendinga, norðmanna og dana í Alþjóðahvalveiðiráðinu. En hér skal staðar numið og vikið að hinum þætti þessa máls, samstarfi á sviði fisksölu.

Á liðnum árum hefur átt sér stað þróun í átt til aukins samstarfs og upplýsingaskipta á milli íslendinga og fiskútflutningsþjóða við Norður-Atlantshaf á vettvangi fisksölumála. Hafa hin vaxandi samskipti komist í fastari skorður með árunum. Í byrjun var þetta byggt á upplýsinga-

skiptum milli einstakra útflutningsaðila, en hefur þróast til þess að hið opinbera á þar nú beina aðild í vissum tilfellum. Sem dæmi um slíkt skulu nefnd: upplýsingaskipti við skreiðarútflutningsráð norðmanna um skreiðarsölumál, samskipti við norðmenn, dani, færeyinga, grænlendinga og kanadamenn um upplýsingar um freðfiskmarkaði, samvinna við þessar þjóðir um sameiginlega útbreiðslu- og auglýsingastarfsemi á Bandaríkjamarkaði vegna sölu á frystum fiski veiddum úr Norður-Atlantshafi. Þá hafa átt sér stað skoðana- og upplýsingaskipti við sömu þjóðir í sambandi við rækjusölu og við norðmenn vegna hrognsölumála, en þau eru lausari í reipunum. Þessu til viðbótar má nefna að hvers konar bein samskipti fiskútflytjenda frá umræddum löndum hafa einnig farið vaxandi. Svo er t. d. á sviði sölu saltfisks, freðfisks og mjöls. Ýmislegt bendir til að sú þróun, sem hér er gerð að umtalsefni, muni halda áfram. Þau sambönd, sem tekist hefur að skapa í þessum efnum, ættu að geta verið ákjósanlegur grundvöllur til að byggja á frekara samstarf þegar ástæða þykir til. En allar ákvarðanir um aðild hins opinbera að slíkri starfsemi hafa verið teknar í samráði við viðkomandi útflytjendur.

Eins og hér kemur fram, hefur samstarf íslendinga í fisksölumálum við aðrar þjóðir ekki verið bundið við færeyinga og norðmenn, eins og fjallað er um í þál., heldur einnig við aðrar fiskveiðiþjóðir við Norður-Atlantshaf.

Þá ber einnig að minna á það hér, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna selur mikið af frekfiski fyrir færeyinga í Bandaríkjunum, og einnig hefur Félag ísl. fiskmjölsframleiðenda haft samstarf við samsvarandi félagsskap í Noregi.

Það, sem mjög háir samstarfi á sviði fisksölumála, einkum við norðmenn, er sú styrkjastefna sem norska ríkisstj. tók upp fyrir allmörgum árum og hefur haldið við og hefur haft skaðleg áhrif fyrir okkur í samkeppni um sölu á fisktegundum á erlendum mörkuðum. Á vegum íslensku ríkisstj. og einstakra rn. hafa farið fram allítarlegar umr. við norsk stjórnvöld og m. a. við forsrh. Noregs og sjútvrh. Noregs á s. l. sumri um breytingar í þessum efnum. Þar er aftur um vanda að ræða heima fyrir, einkum hvað snertir búsetu og þá í Norður-Noregi, og þessi stefna helst um sinn. Á hinu er aftur að verða mikil breyting, að þegar færeyingar og norðmenn hafa nú fært út í 200 mílur og við íslendingar, þá er miklu frekari grundvöllur til þess að auka og efla samvinnu á milli þessara landa um fiskvernd og yfirleitt allar upplýsingar um fiskstofna í landhelgi hverrar þessara þjóða fyrir sig.

Ég held að ég hafi þetta svar ekki ítarlegra að sinni, en hér er um vaxandi samskipti að ræða á milli þessara þjóða sem og annarra þjóða sem veiða í Norðaustur-Atlantshafi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hér er til umr. stórmál, mjög mikilvægt mál. Kannske er ekki skynsamlegt, þar sem ég hef ekki nema 2—3 mínútur til umráða, að fara að blanda í þetta öðru stórmáli, en ég ætla samt að gera það, enda er það mál náskylt þessu.

Alþjóðleg viðurkenning á útfærslu fiskveiðilögsögu í 200 mílur sprettur af þeirri forsendu, að það sé ekki aðeins réttur strandríkisins að gera allt sem í þess valdi stendur til þess að vernda fiskstofna í hafinu út af ströndum þess og bægja frá hættum sem kunna að steðja að lífinu í sjónum heldur sé það líka skylda þess.

Öðru hverju berast fréttir um miklar flotaæfingar sem eiga sér stað á hafsvæðinu innan 200 mílna lögsögu okkar og þeirra annarra þjóða sem hér er rætt um eða koma við þá ályktun sem hér er til umr. Það er enginn vafi á því, að þessum flotaæfingum, flotaæfingum Atlantshafsbandalagsins og flotaæfingum Varsjárbandalagsins, fylgir mjög mikil hætta fyrir fiskstofna.

Þess eru dæmi, þegar slíkar æfingar hafa átt sér stað, að skip hafa rekist á og sokkið. Það er ekki langt síðan þetta gerðist á Ermarsundi. Hugsum okkur að kjarnorkuknúin skip rækjust á og sykkju einhvers staðar á hafsvæði okkar eða annarra þeirra þjóða, sem koma við þessa ályktun sem hér er til umr., — jafnvel þótt ekki tækist svo illa til að eitrun yrði á miðunum, en það gæti hæglega orðið ef slíkur árekstur yrði á okkar hafsvæði, að öll þýðingarmestu mið okkar eitruðust af þessu, — jafnvel þó ekki tækist svo illa til, þá er ekkert vafamál að fregnir um slíkan atburð kynnu að vekja upp grunsemdir um það, að fiskur af Íslandsmiðum væri eitraður. Efnahagur okkar mundi að sjálfsögðu hrynja í rúst um leið og markaðurinn mundi lokast.

Ég álít, með skírskotun til þess að forsendurnar fyrir rétti okkar til fiskveiðilögsögunnar eru þær, að við eigum að vernda fiskstofnana, að það hljóti einnig að vera réttur okkar og skylda að gera allt það sem í okkar valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að hættur af því tagi, sem ég nú nefndi, steðji að fiskstofnunum og lífinu í sjónum — hættur af völdum flotaæfinga.

Við megum vera stoltir af því, íslendingar, að hafa verið í forustu fyrir útfærslu fiskveiðilögsögu sem nú er komin út í 200 mílur og alþjóðleg viðurkenning fengin fyrir því. Við eigum einnig að vera í forustu fyrir þessu. Það á að vera næsta hlutverk okkar á alþjóðavettvangi. Við eigum að beita okkur fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á því, að strandríkið geti harðbannað allt slíkt hernaðarbrölt, flotaæfingar af þessu tagi sem ég nú nefndi. Og ef þær þjóðir, sem hér um ræðir, tækju höndum saman um þetta, þá þýddi það að drjúgur partur af því hafi, sem við nefnum Norðaustur-Atlantshaf, væri friðlýstur. Og það fordæmi, sem við mundum setja með þessu mundi eflaust hafa mjög mikla þýðingu varðandi friðarviðleitni í heiminum yfirleitt Það mundu bætast við fleiri svæði sem yrðu friðlýst. Og hver veit nema þá renni einhvern tíma upp sú stund að öll höf á þessum hnetti okkar verði friðlýst.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þegar þessi þáltill. var til umr. tók ég til máls og benti á það, að hér væri hreyft merkilegu máli, en jafnframt undirstrikaði það, að norðmenn hafa oft verið okkur erfiður ljár í búfu. Og því miður er það að gerast núna eða hefur gerst á undanförnum vikum, að við höfum fengið að kenna á því að norðmenn koma að nokkru leyti aftan að okkur.

Ég held að ég hafi heyrt það rétt af vörum hæstv. sjútvrh. áðan, að hann sagði að nokkrar umr. hefðu farið á milli ríkisstj. Íslands og norsku ríkisstj. um þessi vandamál og einkum varðandi fisksölumálin. Nú er það staðreynd, að íslendingar og norðmenn gætu haft af því ávinning að starfa heiðarlega saman, vegna þess að þessar tvær þjóðir selja sína vöru langmest á vissa markaði og réðu raunar markaðsverði ef þær stæðu heiðarlega saman. Nú var skýrt frá því í norsku blöðunum fyrir 2—3 vikum, á forsíðu, að norska ríkisstj. ætlaði að styrkja sölu saltfisks til Portúgals með a. m. k. í íslenskum krónum talið 500—600 millj. kr. Auk þess hafði verið frá því sagt nokkru áður, — ég held að ég muni það rétt, — að þeir hafi gefið portúgölsku þjóðinni sérstakt hafrannsóknaskip. Þess vegna óska ég eftir því að það sé gerð grein fyrir þessum umr. hér á hv. Alþ. Þetta er svo stórt mál að það á að skýra frá þessu opinberlega, þegar vitnast um svona aðgerðir af hálfu norsku ríkisstj.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við höfum ráðið markaðnum í Portúgal og þetta hefur haft í för með sér erfiðleika fyrir okkur. Portúgalar eru í greiðsluvandræðum, það er heldur ekkert leyndarmál, og ef þarf að hjálpa þeim með sérstökum aðgerðum, t. d. auknum viðskiptum á móti, þá þarf að hugleiða það mál mjög alvarlega. Einnig mættu norðmenn okkur með betri boðum í Nígeríu og auknum fyrirgreiðslum vegna þess að við vorum þar stórir á markaðnum. Hér er því um stórmál að ræða varðandi sölumálin. Við höfum ekki mætt þar heiðarlegri samkeppni af hálfu norðmanna. Það sagði ég hér fyrir rúmum þremur árum og ég staðhæfi það enn.

Um hina þættina í þessari ályktun hefur orðið árangur, eins og hæstv. ráðh. gat um og ég veit að var tilgangur flm. Og það er heilbrigt og gott. En við skulum ræða hinn þáttinn, fisksölumálin, einnig og fá um þau opinbera skýrslu. Þess vegna kom ég hér í ræðustól nú, til að óska eftir því, vegna þess að ráðh. gat þess að slíkar umr. hefðu farið fram, að við fáum á Alþ. grg. um a. m. k. hvað þessar umr. hafa snúist um og hvort við megum vænta heiðarlegrar samkeppni eða samstarfs af hendi norðmanna í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka fyrst og fremst hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans við þessari fsp. Þau voru í aðalatriðum eins og ég bjóst við og þar af leiðandi ekki á þann veg sem ég hefði helst kosið, að greint væri frá því að a. m. k. væri í undirbúningi af hálfu íslensku ríkisstj. frumkvæði að annars konar, fastmótaðra og itarlegra samstarfi við þessar grannþjóðir okkar, fiskveiðiþjóðirnar hérna við Norð-austur-Atlantshaf, — samstarfi sem gæti leitt til þess, að við snerumst sameiginlega gegn ýmiss konar vanda af meiri röggsemi en við höfum áður gert og að sneitt yrði hjá árekstrum eins og hv. síðasti ræðumaður, Jón Árm. Héðinsson, gerði grein fyrir.

Við heyrðum það, þm., í útvarpsfréttum síðari hluta sumars að efnt hefði verið til þessarar norrænu fiskimálaráðstefnu hér í Reykjavík sem hæstv. ráðh. greindi frá. Þar voru tilgreindir fulltrúar, að vísu ekki með nafni, frá ýmsum greinum sjávarútvegsins og einnig við bætt að þar hefðu verið stjórnmálamenn. Ég hafði símasamband þá við formann sjútvn. Ed., hv. þm. Steingrím Hermannsson, og spurði, hvort hann hefði verið boðaður til þessarar ráðstefnu. Hann kvað svo ekki vera. Og mér skilst að sjútvn. Nd. hafi þar á engan hátt verið til kvödd heldur. En nú fréttum við að þarna hafi verið 200 manna ráðstefna haldin í ágúst í sumar, og hefði mér í gamla daga, á meðan ég vann þessi 25 ár eða aldarfjórðung við fréttir, þótt orðið tímabært að sögð væru tíðindi af niðurstöðu þessarar ráðstefnu, því þarna hefur bæði verið kostað til nokkru fé og eflaust itarlegu undirbúningsstarfi.

En hvað um það, ég ítreka þakkir mínar til hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Þótt frá litlu væri að segja, þá veit ég að tíundað var hvað eina það sem hann gat um þetta mál sagt, þótt mér finnist það augljóst mál að ríkisstj. sem slík hafi ekki sinnt þessari þál. Alþ. sem slíkri í neinu og þess vegna sé e. t. v. skiljanlegt að sjálfum fiskimálastjóra skuli vera gjörsamlega ókunnugt um innihald þessarar þál.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. landsk. þm. sagði, þá snerust þær viðræður, sem einstakir ráðh. áttu við norska áhrifamenn og m. a. forsrh. og sjútvrh. Noregs, í fyrsta lagi um það, sem slíkar umr. hafa vafalaust snúist áður um, í tíð fyrri ríkisstjórna, þ. e. styrkveitingar til norsks sjávarútvegs. Við létum þar í ljós mikla óánægju okkar yfir framhaldi þessara styrkveitinga og bárum fram þá ákveðnu ósk að dregið yrði verulega úr þessum styrkveitingum. Fyrstu samskipti á milli okkar í þessum efnum voru þau, að við óskuðum eftir að fá að kynna okkur uppbótakerfi norðmanna, og fóru tveir menn til að kynna sér það. Norska sjútvrn. var boðið og búið að veita þessum mönnum allar þær upplýsingar sem fyrir hendi voru, og ég get sagt það hér, að þeir leyndu okkur engu í þeim efnum. Hér er litið svo á að sé verið að tryggja norskum sjómönnum samsvarandi laun og hliðstæðum öðrum stéttum, það sé byggðavandamál, en það sé ekki um að ræða óheilbrigða samkeppni í sölu á fiskafurðum við önnur lönd.

Það er rétt, sem hv. þm. nefndi áðan, að það hefur komið í norskum blöðum um gjöf norðmanna til portúgala, að þeir hafi gefið hafrannsóknarskip. Við því er auðvitað ekkert að segja út af fyrir sig. En hitt væri óheilbrigt og óheiðarlegt, ef við stæðum frammi fyrir því að norðmenn undirbyðu okkar samningamenn. En um það vil ég ekki fullyrða og á engan hátt væna norsku ríkisstj. um það á þessu stigi málsins. Þeir fulltrúar okkar, sem eru nýfarnir til Portúgals til þess að semja um sölu á saltfiski, ræddu við forsrh., viðskrh. og mig um þessi mál og hétu því að láta okkur fylgjast með því sem gerðist, ef slíkt sem þetta kæmi upp. En fyrr megum við ekki og getum ekki ásakað norsku ríkisstj. eða norsk stjórnvöld. Hitt er svo annað mál, sem er okkur öllum áhyggjuefni, að viðskipti okkar við portúgölsku þjóðina eru allt of lítil miðað við þau miklu kaup sem þeir hafa gert hjá okkur. Hér er um fátæka þjóð að ræða sem þarf að auka

verslun sína og viðskipti, og það er okkar hagur að auka verulega viðskipti við portúgölsku þjóðina.

Varðandi það, sem hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Norðurl. e., sagði um fiskimálaráðstefnuna, þá var það auglýst að öllum væri frjálst að taka þátt í þessari ráðstefnu. Það var sérstakt þátttökugjald sem hver og einn varð að greiða. Og það var fulltrúi í sjútvrn. sem hafði allan veg og vanda af undirbúningi þessarar ráðstefnu, Arnmundur Backman lögfræðingur, sem vann þar mikið og gott starf. Það er rétt hjá fyrirspyrjanda, að því miður voru allt of fáir þm. þátttakendur í ráðstefnunni. En þetta var auglýst víða, að allir aðilar hefðu rétt til þátttöku í fiskimálaráðstefnunni. Ég veit að heildarsamtök í sjávarútvegi stóðu að því að senda nokkra fulltrúa hver fyrir sig, og það sem var eiginlega verra, að hlutfallslega var meiri þátttaka úr hópi þm. a. m. k. tveggja annarra þjóða en okkar íslendinga þó að ráðstefnan hafi verið haldin hér.

Í sambandi við samskipti á milli þessara þjóða vil ég ekki á nokkurn hátt gera lítið úr því sem hefur verið gert á undanförnum árum. Þau eru allveruleg á sviði fisksölumála, en þau eru takmörkuð á öðrum sviðum, vegna þess að við höfum verið á undan í okkar útfærslu. En nú eru þessi viðhorf breytt, og ég hygg að ég megi alveg örugglega segja að það er áhugi ríkisstj. í heild fyrir því að auka samskipti og upplýsingaskyldu á þessum sviðum á milli þessara þjóða og nokkurra annarra þjóða sem liggja næst okkar fiskveiðilandhelgi, en ekki síst, heldur frekar þessara þjóða sem hér hafa verið nefndar og þál. frá 1972 fjallaði um.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Stefán Jónsson virtist taka það mjög nærri sér, að hann taldi að dr. Gunnar G. Schram hefði „nappað“ frá sér hugmynd eða talið sig eiga uppgötvun sem þm. bæri og hefði verið fyrstur til að gera í sambandi við samvinnu okkar við færeyinga og norðmenn um fiskveiðimál, fisksölumál og fiskverndarmál. Nú er það alveg ljóst að íslendingar hafa gert sér grein fyrir því um langa tíð, að þessa samvinnu þyrfti að auka, enda hefur hún verið talsverð um marga áratugi og raunar við fleiri þjóðir en þessar. En ég get gjarnan vakið á því athygli, að það munu vera ein sjö ár síðan ég flutti hér till. um að auka samskipti við færeyinga, ekki síst á þessum sviðum. Mig minnir að meðflm. hafi verið þm. Eysteinn Jónsson, Hannibal Valdimarsson, Benedikt Gröndal, Lúðvík Jósepsson og Birgir Kjaran. Auðvitað eigna ég mér engar hugmyndir í þessu efni. Það er alveg ljóst mál að þessar þjóðir eiga að starfa nánar og betur saman. Ég leyfði mér að ræða um það úr þessum ræðustól fyrir allmörgum árum, að jafnvel gæti svo farið í framtíðinni að unnt yrði að hafa sameiginlega landhelgi færeyinga, íslendinga og grænlendinga. Ég veit ekki nema svo kunni að fara um það eru lýkur, þó það sé ekki tímabært eins og er.

Auðvitað er ástæðan til þess, að þessi samvinna hefur ekki verið mikil að undanförnu, einmitt sú, að norðmenn hafa verið ótrúlega seinir í landhelgismálum, afturhaldssamir, vil ég segja, færeyingar raunar líka og það af skiljanlegri ástæðu, vegna þess að þeir sækja mikið á erlend mið.

En ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, er ekki þessi, heldur hin, að hv. þm. leyfði sér að dróttа óheiðarleika að fiskimálastjóra, Má Elíssyni. Hann brigslaði honum um óheiðarleika, og hann gerði það með sínum venjulega hætti, með dylgjum. Ég þekki Má Elísson best ykkar hér inni, býst ég við, þótt allir hér hljóti að þekkja hann að góðu, að drenglund einni og heiðarleika. Ég leyfi mér að mótmæla svona framferði að viðkomandi manni fjarstöddum. Ég fullyrði að Már Elísson er heiðarlegur maður í hvívetna, ekki síst í málflutningi, og það er meira en hægt er að segja um hv. þm. Stefán Jónsson.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hv. síðasti ræðumaður hafi gert sér grein fyrir því, að ég væri búinn að nota ræðutíma minn, þegar hann kvaddi sér hljóðs — (**EKJ:** Ég það um orðið áður.) að hann hafi fylgst með því, þegar ég kvaddi mér hljóðs, og vil nú gjarnan að þessi örstutta aths. yrði dregin frá þeim tíma sem ég fæ ella undir mína stuttu aths.

Ég bar ekki fram fsp. mína hér til þess að efna til neins konar keppni um frumleik í hugmyndasmíð, hvorki við hv. þm. Eyjólf K. Jónsson né við nokkurn annan. Fsp. þessi, eins og ég tók fram í upphafi, var borin fram nokkru áður en þessi sjónvarpsþáttur í Kastljósi kom á dagskrá. Aftur á móti vakti ég athygli á því, hversu fjarri því færi að ríkisstj. hefði getað sinnt þessari samþykkt Alþ., þar sem svo mikið vantaði á það að jafnvel fiskimálastjóra, Má Elíssyni, hefði verið ókunnugt um efni þessarar þáltill. Þrátt fyrir það að Eyjólfur Konráð Jónsson þekki Má Elísson eflaust miklu betur en ég, sem ég efast ekkert um, þá var það nú svo, vegna þess að ég þekki Má Elísson líka og einnig að heiðarleika, að ég hringdi til hans og spurði hann hvort satt væri sem stjórnandi þáttarins hefði sagt mér, að hann hefði borið það fram þarna að þessari þáltill., sem samþ. var óbreytt með öllum greiddum atkv., hefði verið breytt mjög mikið í meðförum Alþingis. Már Elísson, sem ekki brást fremur en fyrri daginn í því að segja satt, sagði: „já, mig minnti það.“ Hitt má svo Eyjólfur Konráð Jónsson eiga við fornvin sinn, Má Elísson, hvernig á því hafi staðið. Ég bar ekki Má Elíssyni á brýn neinar annarlegar hvatir.

Ég hefði sem sagt ekki kvatt mér hljóðs í þriðja sinn, ef ekki hefði sprottið upp þessi ágæti þm. Norðurl. v. til þess að bæta dálitlum ómerkilegheitum, eins og oft fyrri daginn, saman við þó nokkuð skynsamlegar umr.

Eyjólfur K. Jónsson: Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umr., aðeins vekja athygli á því, að hv. þm., sem síðast talaði hér, var kunnugt um að það hafði ekki verið um að ræða óheiðarleika af neinu tagi af hálfu fiskimálastjóra, Más Elissonar, heldur að Má Elíssyni höfðu orðið á einhver mistök. Honum var kunnugt um það þegar hann brigslaði honum um

óheiðarleika, dylgjaði um óheiðarleika hans. Hann hafði sjálfur við hann talað og Már hafði þar játað það, eftir hans upplýsingum, að sér hefðu orðið á mistök. Þó leyfir hv. þm. sér í fjarvist Más Elissonar, án þess að upplýsa samtalið við hann, að halda hér fram óheiðarleika Más. Það sannar hans eigin óheiðarleika.

Sameinað þing, 55. fundur.

Þriðjudaginn 22. febr., að loknum 54. fundi.

Lausaskuldir bænda, þáltill. (þskj. 260). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vinnuvernd og starfsumhverfi, þáltill. (þskj. 301). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegáætlun 1977—80, þáltill. (þskj. 311). — Fyrri umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 311 er till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1977—1980. Till. þessi er í sama formi og lögin frá 1965 gerðu ráð fyrir, þ. e. að nú í till. er gert ráð fyrir áætlun um vegagerð næstu fjögur ár. Hins vegar er þó gert ráð fyrir að í framkvæmdinni verði þetta með þeim hætti, að skipt verði niður fjárveitingum til vegaframkvæmda næstu þrjú ár, en aftur síðasta árið verði heildarfjárhæðir settar upp, en ekki skipt á hin einstöku verk eins og á hinum þrem fyrri árum.

Eins og vegalögin gera ráð fyrir, er þessi þáltill. um vegáætlun byggð á því að verða endurskoðuð að tveim árum liðnum. Þess vegna eru tölur notaðar fyrir tvö síðustu árin eins og fyrir annað ár þessarar vegáætlunar, því að þegar að því kemur að nota þarf þá fjármuni, sem eru ætlaðir á árunum 1979 og 1980, verður Alþ. búið að fjalla um vegáætlunina á nýjan leik.

Tekjur vegáætlunarinnar hækka um 26% í krónum á árinu 1977 frá 1976. Þá er gert ráð fyrir að heildarfjárhæðin hafi svipað gildi og á s. l. ári, þar eð hækkun á verðlagi á milli þessara ára er a. m. k. ekki reiknuð meiri en þessari hækkun nemur. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að á árinu 1978 hækki framkvæmdagildi fjárins frá 1977 um 5%. Fjárhæð tekna frá árinu 1976 hækkar fyrir árið 1978 um 48%. Eins og ég áður sagði eru hins vegar fjárhæðirnar 1979 og 1980 óbreyttar að krónutölu, enda fer fram endurskoðun á þinginu 1978—1979, og á því þingi munu þá sitja einhverjir þm., sem ekki sitja hér nú, og aðrir héðan farnir, sem nú eiga hér sæti.

Um tekjuáætlun vegáætlunarinnar er það að segja, að markaðar tekjur hafa orðið fyrir miklu áfalli síðan 1965, að þær voru fyrst upp teknar að verulegu marki. Er það bensínskatturinn fyrst og fremst, sem var höfuðþáttur tekjustofna til vegagerðar og skal vera það núna áfram. Verðhækkun á bensíni á heimsmarkaði hefur að sjálfsögðu eytt að nokkru þeim möguleikum, sem Vegagerðin ætlaði sér að hafa af bensínskattinum, og svo hitt, að notkunarauki bensíns hefur ekki orðið eins mikill og reiknað var með, sem m. a. stafar af verðhækkuninni á bensíninu á alþjóðamarkaði og þess vegna höfum við stefnt í þá átt að nota sparneytnari bíla en áður.

Mörkuðu tekjurnar miðast við að notuð verði lagaheimild um hækkun gjaldstofna í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar. Bensíngjaldið, sem er hæsti liðurinn í mörkuðu tekjustofnunum eða ¾ hlutar þess, er nú 19.96 kr. á hvern lítra eða fjórðungur bensínverðsins. Innkaupsverð á bensíni er annar fjórðungur, helmingurinn er önnur gjöld, þar af til ríkissjóðs 31.3%, dreifingarkostnaður 15.2% og jöfnunargjald 2.6%. Á þessu hefur orðið allveruleg breyting hin síðustu ár sem ég skal nú gera frekari grein fyrir.

Hluti bensíngjalds í útsöluverði bensíns hefur farið minnkandi síðan 1973. Hinn 1. jan. 1964, eftir að gjald þetta var fyrst lagt á, var það um 48% af útsöluverðinu og hélst þannig með smábreytingum til 1973, var 1. jan. það ár 51.9%, en lækkaði á því ári og í ágústmánuði var það tæp 43%. Þá voru önnur gjöld til ríkissjóðs um 20.2%, innkaupsverðið 17%, dreifingarverðið 17.7% og jöfnunargjaldið 2.2%. Þetta hefur þó haldið áfram að breytast. 1. jan. 1974 var bensíngjaldið 38% af heildarverðinu, 1. jan. 1975 33%, 1. jan. 1972 27% og nú 25% eða 19.96 kr. af 80 kr. sem bensínlítrinn kostar.

Um raunverulegar greiðslur vegna vegamála frá 1971—1980 og framlag ríkissjóðs þeirra vegna vil ég nú fara nokkrum orðum.

Útgjöld ríkissjóðs vegna vegagerðarinnar á verðlagi ársins 1977 verða lögð til grundvallar í því dæmi, sem ég ætla nú að gera grein fyrir. Inn í það dæmi kemur greiðsla ríkissjóðs vegna vaxta, verðtryggingar og afborgana af lánum til vegagerðar, markaðir tekjustofnar, beint framlag ríkissjóðs og lán sem tekin eru til vegagerðar. Með því að færa þetta á þennan hátt til verðlags ársins 1977 lítur dæmið þannig út að til vegamála hafi verið veitt á þessum árum sem hér segir: 1971 7 milliarðar 210 millj. kr., 1972 7 milliarðar 865 millj. kr., 1973 8 milliarðar 773 millj., 1974 8 milliarðar 469 millj. kr., 1975 6 milljarðar 968 millj. kr., 1976 6 milljarðar 710 millj. kr., 1977 6 milljarðar 935 millj. kr. og 1978 7 milljarðar 296 millj. kr. Ég sé ekki ástæðu til að fara lengra út í þessa upptalningu.

Ef þetta er hins vegar tekið hlutfallslega og samanlögð útgjöld, miðað við vísitölu framfærslukostnaðar 1971, eru lögð til grundvallar sem 100, þá verður árið 1972 með 109, 1973 122, 1974 117, 1975 97, 1976 93, 1977 96 og 1978 101.

Rétt er að hafa það í huga, að þegar verið var að leggja veg og byggja brýr yfir Skeiðarársand var því haldið fram hér á hv. Alþ. að raunverulega væri ekki rétt að taka fjárveitingu eða fjármagnsútvegun til þess inn í heildardæmið í

vegagerðinni. En í þessum tölum, sem ég hef hér notað er það gert. Ef þessu væri hins vegar breytt og enn er miðað við það verðlag sem við notum 1977, þá hefði fjármagnsútvegun til Skeiðarársands verið 433 millj. 1972, 816 millj. 1973, 950—960 millj. 1974.

Ef þetta er reiknað út á þennan veg breytist það nokkuð, því að alls var fjárveiting til Skeiðarársands 2 milljarðar 350—360 millj. kr. Ef dæmið væri tekið með þessum hætti og umreiknað til verðlagsins 1977 og árið 1971 sem 100, þá er þetta 108 til vegagerðarinnar 1972, 110 1973, 104 1974, 94 1975, 93 1976, 97 1977 og 101 1978.

Við þennan samanburð verður einnig að hafa það í huga, að á árunum 1973—1974, sem eru hæstu árin með fjárveitingar, var aukafjárveiting til Þingvallavegar vegna þjóðhátíðarinnar um 80 millj. kr. Þess vegna eru þessar tölur ekki sambærilegar við það sem nú gerist. Þessu til viðbótar má svo minna á það, að á þessum árum, 1970 og þar á eftir, var einnig tekið lán hjá Alþjóðabankanum vegna hraðbrautarframkvæmda hér á Suður- og Vesturlandi og Kópavogi 1974 tekið alveg inn í ríkissjóð. Allt þetta kemur inn í þetta dæmi og gerir það ekki raunverulega sambærilegt við það sem nú er við að fást.

Þessu til viðbótar er svo rétt að geta þess, að greiðslur vegna lána hafa aukist verulega á síðari árum. 1972 voru vextir og afborganir og verðtrygging aðeins 100 millj. kr. 1973 var það hins vegar 1155 millj., 1974 um 1200 millj., 1976 1357 millj., árið 1977 tæpar 1300 millj. og 1978 verður það 1360 millj. Þetta ber að hafa í huga í sambandi við þessar fjárveitingar.

Um lánamálin vil ég segja það til viðbótar því, sem fram hefur komið, að fyrstu árin var þannig með farið að Vegasjóður greiddi vexti og afborganir af lánum. Svo var t. d. um Vestfjarðaáætlun. Árið 1970 var hins vegar greitt með ríkisframlagi og sú fjárhæð var tæpar 600 millj. kr., en frá og með árinu 1972 hefur ríkissjóður greitt alla vexti, afborganir og verðtryggingar af vegalánum. Þessu til viðbótar er svo að geta þess, að ríkissjóður greiðir nú upp halla sem hefur orðið á vegáætlun síðustu ára, en hann hefur numið hundruðum millj. kr. og gerir því stöðu Vegasjóðs betri. Sá eini halli, sem tekinn er inn í vegáætlun nú, eru þau útgjöld, sem ríkissjóður hefur ekki greitt, heldur hefur Vegagerðin sjálf annast greiðslu á þeim eða skuldað er á annan veg, en það eru 92 millj. kr. Allt annað sem hefur verið umframgreiðslur eða ofáætlaðar tekjur, hefur ríkissjóður nú borgað að fullu og Vegagerðin því notið þess.

Ekki er ég þó ánægður með þær fjárveitingar sem verða til vegamála nú og á næsta ári. Hins vegar er það skýranlegt, að fyrri framkvæmdir draga úr því sem nú verður unnt að framkvæma, því auðvitað væri mikill munur ef við hefðum til ráðstöfunar í nýjar framkvæmdir þær 1300 millj. kr., sem fara til þess að greiða vexti og afborganir af lánum á árinu 1977, og tæpar 1400 millj. kr., sem þarf að nota í sama skyni á árinu 1978. Þetta er rétt að hafa í huga þegar málið er skoðað í heild. Þessu til viðbótar vil ég vekja athygli á því, að þegar framlag ríkissjóðs er raunverulega gert upp með réttum hætti, eftir að ríkissjóður er búinn að taka á sig öll lán vegna vegagerðarinnar, má segja að í vegáætlun fyrir 1977 sé framlag ríkissjóðs ekki 779 millj. kr., heldur eigi að bæta þar við 1600 millj. sem teknar eru að láni og sé framlagið því 2379 millj. kr. og á árinu 1978 sé það 2700 millj.

Í sambandi við lántökurnar á vegáætlun fyrir árin 1977 og 1978 vil ég vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir að á þeim árum verði notuð heimild í lögum um Norður- og Austurveg um happdrættisskuldabréfalán, þannig að allt að 1000 millj. kr. verði notaðar á þessu ári af þeirri fjárhæð til sölu á bréfunum og þá afgangurinn á næsta ári eða 850 millj. kr. Þetta þýðir að sjálfsögðu það, að skiptingin verður að vera í samræmi við lögin þannig, að 60% fari til vegarins frá Reykjavík til Akureyrar og 40% frá Reykjavík austur til Egilsstaða.

Að sjálfsögðu verður að nota af þessu fé í þær nýbyggingar sem unnið verður að á þessum landssvæðum, eins og t. d. brúargerð yfir Borgarfjörð, vegagerð á Holtavörðuheiði, áframhald á veginum kringum Blönduós og austur þaðan. Einnig verður haldið áfram með veginn frá Þjórsá til Hvolsvallar, hvort sem það verður tekið að einhverju leyti milli Hvolsvallar og Hellu, því þar eru verulegir kaflar sem eru það vel undirbyggðir að leggja mætti varanlegt slitlag á þá. Ég geri einnig ráð fyrir því að af þessu fé verði tekið í veg um skriðurnar fyrir Lónsheiði og önnur slík verkefni sem þegar er unnið að.

Þá vil ég og segja það í þessu sambandi, að ég tel að við afgreiðslu vegáætlunar næstu tveggja ára a. m. k. verði í raun og veru að draga úr þeim Austur- og Norðurlandsáætlunum sem í gangi eru. Það er ekki hægt að komast fram hjá þeim á þessum árum og verður að taka tillit til þeirra við skiptingu á þeim fjárveitingum sem við höfum nú til vegaframkvæmda, þó að þær séu, eins og ég hef áður sagt, allt of litlar. Það verður ekki hjá því komist að afgreiða málin á þennan hátt í þessari vegáætlun, a. m. k. á næstu tveim til þrem árum.

Um útgjaldahlið þáltill. vil ég hins vegar segja það, að á árinu 1976 fóru 9.3% af heildarútgjöldum til vegamála til viðhalds, en á árinu 1977 er gert ráð fyrir að það verði 36.5% og á árinu 1978 38.8%. Það er því gert ráð fyrir að með þessari vegáætlun verði veruleg stefnubreyting í þá átt að sinna viðhaldinu betur en gert hefur verið. Öllum er nú orðið ljóst að það verður ekki hjá því komist, en um það má segja að þm. hafi verið tregir og er ég þar engin undantekning.

Til framkvæmda við hraðbrautir og þjóðbrautir var í fyrra varið um 86% af þeirri fjárhæð sem fór til nýrra framkvæmda, en nú er hins vegar gert ráð fyrir að 80% fari til stofnbrauta, þeirra greina í þjóðvegakerfinu sem áður voru hraðbrautir og þjóðbrautir, en 20% fari til þjóðbrauta, sem áður voru landsbrautir. Þarna er því dregið úr fjárveitingum til stofnbrauta miðað við hina tvo flokkana, sem áður voru, og hlutur landsbrautanna gerður betri.

Um aðra þætti í skiptingu útgjalda vil ég segja þetta:

Í till. er reiknað með hækkun á vísitölu vega- og brúargerða sem nemur umsömdum hækkunum. Þar til viðbótar er svo reiknað með að það

geti orðið 18—20% hækkun frá árinu 1977 til 1978 þegar miðað er við heildarkostnaðinn.

Skrifstofukostnaður og annar kostnaður í liðnum stjórn og undirbúningur hækkar frá fyrri áætlun í samræmi við verðhækkanir, þar sem eingöngu er reiknað með fjölgun um þrjá starfsmenn á áætlunartímabilinu.

Í grg., sem till. fylgir, er mjög ítarleg og sparar mér því útskýringar, sem ég að öðrum kosti hefði orðið að gera, — og henni fylgja góðar töflur sem hv. þm. hafa þegar kynnt sér, að ég geri ráð fyrir, — er gerð ítarleg grein fyrir viðhaldinu. Er það ráðamönnum vegagerðarinnar áhyggjuefni hvað viðhaldið hefur dregist aftur úr. Í þessari till. að vegáætlun er gerð tilraun til þess að snúa þessari þróun við og vinna smátt og smátt upp það sem tapast hefur á undanförnum árum vegna hinnar miklu verðbólgu. Gerð er úttekt á viðhaldsþörfinni í heild og gerð till. um að veitt verði fé til að standa undir um 72% af æskilegu viðhaldi á árinu 1977 og síðan að auka þetta ár frá ári.

Eins og í síðustu vegáætlun er viðhaldinu skipt í þrennt: sumarviðhald, vetrarviðhald og vegmerkingar.

Í þeirri vegáætlun, sem nú er lögð fram, er reiknað með snjóruðningi eftir nýjum snjómokstursreglum, en það hefur lengi staðið til að endurskoða gildandi reglur sem eru frá 1968. Þessar nýju reglur, sem nú hafa verið settar, fela í sér mun meiri þjónustu en áður hefur verið. Fleiri vegir eru mokaðir á kostnað ríkisins og vegir eru mokaðir oftar en áður. Heimild er og í þeim reglum að endurgreiða til sveitarfélaga ef um mjög mikinn snjómokstur er að ræða, en það skal gert eftir umsókn frá viðkomandi sveitarfélagi, og skal endurgreiðslan þó aldrei fara fram úr 50% kostnaðar.

Í kaflanum um fjárframlög til nýrra þjóðvega eru þrír liðir í staðinn fyrir fimm áður. Er þetta í samræmi við nýgerðar breytingar á vegalögum, en skv. þeim er þjóðvegum nú skipt í stofnbrautir og þjóðbrautir. Enn fremur eru landshlutaáætlanir felldar niður í vegáætluninni.

Ég hef nú gert grein fyrir viðhorfum mínum gagnvart meðferð þessara mála við afgreiðslu vegáætlunar að þessu sinni og þarf því ekki að fara frekar út í það. En ég endurtek, að ég tel að innan vegáætlunar þurfi allar fjárveitingar til vegaframkvæmda að vera og skiptast af Alþ. Þau vinnubrögð, sem áður voru við höfð í þessu efni, hafa ekki gefist vel. Þess vegna eiga þau ekki að halda áfram. En umþóttunartímabil, eins og ég talaði um áðan, er eðlilegt í þessu sem öðru.

Ef litið er á þessa liði fá þjóðbrautir hlutfallslega meira en landsbrautir höfðu áður, eins og ég þegar hef greint frá. Til girðinga er fjárveiting sú sama árið 1977 og hún var árið 1976, en hækkar í 60 millj. á næsta ári. Fjárveiting til sýsluvega og vega í kaupstöðum og kauptúnum hækkar verulega, sérstaklega á árunum 1978 og 1979, eins og á hefur verið bent. Hvað sýsluvegina snertir stafar þetta af vegalagabreyt., sem kveður á um að heimaframlag tvöfaldist og ríkisframlag verði 2½ sinnum það, en það var tvöfalt áður. Einnig hækka gjöld til sýsluvegasjóða af fasteignum utanhéraðsmanna.

Herra forseti. Hér hefur nú verið gerð grein fyrir vegáætlun í höfuðatriðum. Ég hef sýnt fram á hvað hinar mörkuðu tekjur hafa rýrnað frá árinu 1965 til 1976, frá því að vera mestur hluti af vegáætluninni í 60% sem þær eru nú, þar af er bensíngjaldið, sem fer til vegagerðar, 25% af heildarverði bensínsins, en var áður um 50%. Ég hef einnig sýnt fram á það, hvað greiðslur ríkissjóðs eru orðnar mikill hluti af vegáætlun og bæta henni að nokkru upp þá fjárhæð sem ríkissjóður tekur af umferðinni, en þar er söluskatturinn fyrirferðarmestur.

Sú stefnubreyting, sem er gerð í þessari áætlun, er að auka hlut viðhaldsfjár, en því miður verður að gera það á kostnað nýbygginga, og verulega aukning sýsluvegafjár er gerð vegna mjólkurflutninga eftir að tankvæðingin kom til og akstur skólabarna, sem gerir það að verkum að nauðsyn ber til að þungir og stórir bílar komist heim á hvert heimili að kalla. Ég neita því ekki og tel í raun og veru enga ástæðu til að leyna því, að mjög er þessi till. að vegáætlun fjarri því sem ég hefði kosið hvað fjárhæðir snertir. Hinu má þó ekki gleyma, að þrátt fyrir það að ósk mín væri sú, að fjárveitingar til vegagerðarinnar gætu verið hærri, t. d. eins og þær hafa raunverulega verið hæstar, þá voru á þeim árum, sem sérstaklega skera sig úr og standa árunum 1977 og 1978 framar, verið að framkvæma stór verkefni, eins og ég hef þegar skýrt, og teknar sérstakar fjárhæðir til þessara stóru verkefna, eins og Skeiðarársands, og lán Alþjóðabankans til hraðbrautanna og Kópavogs, og þá lítur málið öðruvísi út. Þetta er ekki gert nú. Stærsta verkefnið sem nú er unnið að, Borgarfjarðarbrúin, er ekki meðhöndlað með þeim hætti sem áður var gert við stórframkvæmdir þó að þörf væri á því að svo væri gert. Þegar þetta er haft í huga og að greiðslur vaxta og afborgana af lánum vaxa ár frá ári er ljóst að sótt er fram til raunverulegrar aukningar fjárveitinga til vegaframkvæmda í heild með þessari vegáætlun, sérstaklega árið 1978.

Þó að verðhækkun á bensíni og tekjuþörf ríkissjóðs til að mæta þeim gjöldum, sem ákvörðuð eru á fjárlögum 1977, komi í veg fyrir auknar fjárveitingar til vegagerðar, að því er nú verður best séð, þá breytir það ekki því, að þörf fyrir verulegt átak í vegagerð er þjóðarnauðsyn.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj., sem styðst við yfirgnæfandi meiri hl. á Alþ., leggur nú fram þriðju áætlun sína um framkvæmdir í vegamálum, svo að stefna hennar varðandi þennan mikilsverða málaflokk er nú orðin fullljós.

Þm. þess flokks, sem fer með stjórnarforustu, deildu mjög harkalega á þá vegáætlun, sem vinstri stjórnin lagði fram á Alþ. vorið 1974, og töldu að þar væri gert ráð fyrir allt of naumu fjármagni til svo mikilsverðra framkvæmda. Ég ætla ekki að rifja upp hvaða orð þeir hv. þm. viðhöfðu þá, en niðurstaða þeirra varð sú, að einungis með aðild Sjálfstfl. að ríkisstj. yrði tryggt stóraukið fé til vegaframkvæmda fram yfir

það sem gert var ráð fyrir í vegáætlun fyrir árið 1974.

Ýmsum kann því að hafa komið á óvart að í fyrstu vegáætlun hæstv. núv. ríkisstj. vorið 1975 var gert ráð fyrir verulegum samdrætti í framkvæmdum í vegamálum. Það dróst svo langt fram á s. l. vor að vegáætlun fyrir árin 1976—1979 væri lögð fram, en hæstv. samgrh. taldi að ástæðan til þess væri augljós: það var alltaf verið að reyna að fá meira fé til vegaframkvæmda. Þegar vegáætlunin var loks lögð fram, þegar um það bil vika var eftir til þinglausna s. l. vor, kom í ljós að árangurinn í fjáröfluninni hafði verið í öfugu hlutfalli við erfiðið, því að enn var gert ráð fyrir verulegri minnkun framkvæmda frá vegáætlun fyrir árið 1975, að ekki sé nú talað um áætlunina 1974.

Í ljós kom að sú upphæð, sem gerð var till. um að verja til nýrra þjóðvega árið 1976, var einungis 0.47% hærri að krónutölu en sú fjárhæð sem varið var á vegáætlun til sams konar framkvæmda árið 1975, og þessi fjárveiting, sem rýrnaði svo mjög að verðgildi vegna verðbólgunnar, var fengin með þeim hætti að gera ráð fyrir að ráðstafa til almennrar vegagerðar 500 millj. kr. upphæð sem aflað var með sérstakri heimild í lögum og skylt var að verja einungis til framkvæmda við Norður- og Austurveg. (Gripið fram í.) Þegar þessi uppbygging vegáætlunar og þessi fyrirætlan var þm. ljós fór svo, að afgreiðsla vegáætlunar lenti í algjöru óefni og hæstv. ríkisstj., sem styðst við atfylgi 42 þm. af 60, reyndist sem fyrr risi á brauðfótum og gafst upp við að afgreiða vegáætlun til 4 ára samkv. gildandi lögum. Barin var saman bráðabirgðavegáætlun sem gilti einungis fyrir árið 1976 og með þeim hætti að af þeim 500 millj. kr., sem bundnar voru samkv. lögum við framkvæmdir við Norður- og Austurveg, var einungis varið 150 millj. kr. í þær framkvæmdir sem fé átti að fara til samkv. lögum, en 350 millj. kr. voru lánaðar til almennra vegaframkvæmda. Þá var enn fremur gert ráð fyrir að af heildarupphæðinni, sem var svo til óbreytt að krónutölu frá árinu 1975 og minnkaði svo mjög að raungildi, væri 250 millj. kr. fengnar með verktakalánum sem yrði að endurgreiða á 1—2 árum. Með þessum hætti var barin saman bráðabirgðavegáætlun til eins árs. Væntu þm. þess áreiðanlega að með þessari áætlun væri náð því lágmarki fjárveitinga til nýrra vegaframkvæmda, sem hæstv. ríkisstj. treysti sér að leggja fram till. um, og að því leyti væri jákvætt að slík afgreiðsla gilti aðeins fyrir eitt ár. Gert var ráð fyrir að ný vegáætlun til 4 ára yrði lögð fram haustið 1976 og afgreidd fyrir áramót, svo að fyrir hendi væri gildandi vegáætlun á nýju ári.

Í grg. með fjárlagafrv. s. l. haust var skýrt og skorinort tekið fram á hvern veg yrði staðið að þessu máli. Þar sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir afgreiðslu vegáætlunar samtímis afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977 og mun samgrh. leggja hana fram í nóv. n. k."

Hæstv. ríkisstj., sem með slíkum endemum hafði staðið að afgreiðslu vegáætlunar vorið 1976, tókst ekki að standa við þetta fyrirheit varðandi nýja vegáætlun, og árið leið svo að vegáætlun var ekki einu sinni lögð fram, hvað þá afgreidd, og engin vegáætlun var til á nýju ári. Það var komið fram í miðjan febrúar þegar till. sá loksins dagsins ljós.

Án efa hefðu flestir hv. alþm. látið sér þessa frammistöðu hæstv. ríkisstj. lynda ef í ljós hefði komið, þegar vegáætlun loks birtist, að tíminn hefði verið notaður til þess að leysa þann vanda, sem efnahagsóstjórn ríkisstj. hefur komið Vegasjóði í, og aflað hefði verið fjár a. m. k. í þeim mæli að stöðvuð væri sú öfugþróun að framkvæmdafé rýrnaði stórlega með hverri nýrri vegáætlun hæstv. ríkisstj., að ekki sé nú talað um ef framkvæmdafé í nýrri vegáætlun, þótt síðborin væri, hefði nálgast eitthvað það raungildi sem um var að ræða í vegáætlun, t. d. fyrir árið 1974. Alþm. og landsmenn yfirleitt hefðu án efa ekki sett fyrir sig seinkunina á birtingu vegáætlunar ef í ljós hefði komið, þegar hún seint og um síðir var lögð fram, að öfugþróuninni í málefnum Vegasjóðs í tíð núv. hæstv. ríkisstj., markvissum og stöðugum samdrætti í vegaframkvæmdum, hefði verið snúið við. En reyndin er því miður ekki sú. Öfugþróuninni hefur ekki verið snúið við. Hún hefur ekki einu sinni verið stöðvuð. Hún heldur markvisst áfram á sama hátt og í sama mæli og verið hefur síðan Sjálfstfl. og Framsfl. tóku við stjórnartaumunum.

Hæstv. ríkisstj. heldur af stefnufestu áfram á þeirri braut sem hún markaði í upphafi stjórnarferils síns, að skera niður vegaframkvæmdir með hverri nýrri vegáætlun sem hún leggur fram. Allt hjal um byggðastefnu er öfugmæli og endileysa þegar þannig er staðið að þeim málaflokki sem er ein aðalundirstaða byggðastefnu, uppbygging vegakerfisins í landinu.

Við afgreiðslu vegáætlunar s. l. vor blöskraði þm. yfirleitt, hversu samdráttur í framkvæmdum var stórkostlegur, og gerðu sér vissulega vonir um að uppgjöf ríkisstj. við að gera á þeim tíma áætlun um framkvæmdir á árinu 1977 á þeim sama grundvelli fjárveitinga þýddi í raun, að hæstv. ríkisstj. mundi nota tímann til að ráða einhverja bót á högum Vegasjóðs og að á annan og álitlegri hátt yrði staðið að áætlunargerð fyrir árið 1977 og næstu ár. Niðurstaðan í því efni liggur nú fyrir í þeirri till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1977—1980, sem hér er til umr.

Grundvöllur fjárveitinga til vegaframkvæmda á þessu ári og hinum næstu er ekki sá sami og s. l. vor. Nei, lagt er til að á árinu 1977 verði varið til framkvæmda við nýja þjóðvegi 14 millj. kr. lægri upphæð en á s. l. ári, — 14 millj. kr. lægri upphæð til allra nýrra framkvæmda á öllu landinu en í fyrra. Á bls. 20 í grg. með þáltill. segir, að líklegt megi telja að hækkun framkvæmdavísitölu vegagerðar frá vísitölu í ágúst 1976 verði um 25%. Það þýðir einfaldlega, að til þess að ráðstöfunarfé til nýrra þjóðvega á árinu 1977 væri jafngildi hliðstæðrar fjárhæðar í hinni vesölu vegáætlun í fyrra þyrfti á vegaáætlun nú að vera gert ráð fyrir 2 842.5 millj. kr., en samkv. þeirri áætlun, sem hér er lögð fram, er fjárhæðin 1977 2 264 millj. Þar skortir nær 580 millj. kr. og bótti þó niðurskurðurinn í fyrra ærinn og fjárveitingin ekki beysin. Hver skyldi hafa trúað því í fyrra, þegar hæstv. ríkisstj. gafst upp við að afgreiða áætlun um framkvæmdir á árinu 1977 á sama grundvelli og fyrir árið 1976, að þessi yrði raun-

in í ár: hrein lækkun í krónutölu samtímis 25% hækkun framkvæmdakostnaðar? En það, sem er alvarlegast, er að á þennan veg hefur niðurstaðan verið við hverja einustu afgreiðslu hæstv. ríkisstj. á vegáætlun. Óstjórnin í efnahagsmálunum, óðaverðbólga þrátt fyrir óverulegar verðhækkanir á innfluttum vörum og þrátt fyrir batnandi ytri aðstæður á allan hátt, er að koma Vegasjóði í algjört þrot. Tekjur Vegasjóðs verða að engu í óðaverðbólgunni, en ríkisstjóður hirðir á sama tíma stórauknar tekjur af tollum og sölusköttum af bensíni og bifreiðum. En það fer allt til þess að standa undir síauknum rekstrarkostnaði ríkissjóðs, en fjárveitingar til verklegra framkvæmda ríkissjóðs eru einnig skornar niður.

Það vantaði ekki að fulltrúar þess flokks, sem fer með stjórnarforustuna og flestu ræður í ríkisstj., teldu að allt of litlum fjármunum ætti að verja til vegaframkvæmda á árinu 1974. Þá voru fluttar hér á hv. Alþ. yfirlýsingar um að eina ráðið til að stórauka framkvæmdir í vegamálum væri að fá Sjálfstfl. völdin. Hvað þyrftu framlög til nýrra þjóðvega að vera mikil á árinu 1977 til að jafngilda þeim fjárhæðum sem þm. Sjálfstfl. töldu allt of vesældalegar í vegáætlun fyrir árið 1974? Fjárveitingin til nýrra þjóðvega á vegáætlun fyrir árið 1974 nam 1633.3 millj. kr., og framkvæmdavísitala vegagerðar nam í ágúst 1974 2094 stigum. Samkv. grg. með vegáætlun nú er áætlað að sama vísitala verði í sumar 5804 stig eða hafi hækkað um 177.2% á þrem stjórnarárum ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. Fjárveiting til nýrra þjóðvega á árinu 1977, sem væri jafngild fjárveitingu á vegáætlun 1974, þyrfti að vera ekki 2260 millj. kr., eins og hér er lagt til, heldur 4527.5 millj. kr. Til þess að vera jafngild — ekki hærri, eins og lofað var — þyrfti upphæðin að vera 4527.5 millj. kr. í stað 2260 millj. sem till. er gerð um í þeirri vegáætlun sem hér er lögð fram eftir dúk og disk.

Framkvæmdir við nýja þjóðvegi eiga samkv. þeirri till. til þál. um vegáætlun, sem hér er til umr., að nema 49.9% af hliðstæðum framkvæmdum á vegáætlun fyrir árið 1974, — 49.9% af þeim framkvæmdum sem þm. Sjálfstfl. þótti mikil fjarstæða að sætta sig við. Ef fjárhæðin, sem ætluð er til framkvæmda við nýja þjóðvegi á þessu ári, er á sama hátt borin saman við fyrri áætlanir af hendi núv. stjórnarflokka um þær sömu framkvæmdir, þ. e. a. s. þær framkvæmdir sem í 4 ára vegáætlun, sem samþ. var vorið 1975, var áformað að vinna á árinu 1977, kemur fram að miðað við vísitölu vegagerðar 3339 stig í ágúst 1975 og 5804 stig í ágúst í ár ætti fjármagn í þessari till. til vegáætlunar, sem hér liggur fyrir, að nema 3518 millj. kr. í stað 2260 millj. Fjárhæðin í þeirri vegaáætlun, sem nú er lögð fram, nemur því aðeins 64.2% af raungildi þeirrar fjárhæðar sem stjórnarflokkarnir ætluðu sjálfir til þessara framkvæmda á árinu 1977 í þeirri vegáætlun sem samþykkt var í maí 1975. Má þó bæta því við að frá þeirri upphæð, sem í vegáætlun nú er ætluð til nýrra framkvæmda við þjóðvegi á þessu ári, dragast endurgreiðslur framkvæmdalána, 158 millj. kr., bráðabirgðalán, sem unnið var fyrir 1976, nema um 60 millj. kr. Það fjármagn, sem á vegáætlun 1974 var áætlað til vegaframkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum, nam 204.9 millj. kr. og svarar til 568 millj. á þessu ári, miðað við verðbreytingar. En í þeirri till. um vegáætlun, sem hér liggur fyrir, er þessi tala 396 millj. kr. Fjárhæðin er að raungildi 69.7% af fjárhæðinni í vegáætlun 1974.

Fjárhæðin, sem ætlunin er að verja á þessu ári til nýrra þjóðvega, er því innan við 50% af þeirri fjárhæð sem áætlað var fyrir þrem árum að verja til samsvarandi framkvæmda, og er þess þó enn að gæta, að hluti þeirrar fjárhæðar, sem á að ráðstafa á þessu ári, er fenginn með sérstakri skuldabréfasölu samkv. lögum frá 1975, þar sem samþykkt var að afla fjár til framkvæmda við Norður- og Austurveg til viðbótar almennum framkvæmdum í vegagerð. Við vitum hvernig tókst til um meðferð þess fjár við afgreiðslu vegáætlunar í fyrra, þegar 350 millj. kr. af þessari fjáröflun, sem samkv. lögum er mörkuð þessum sérstöku framkvæmdum, voru lánaðar til almennra framkvæmda með yfirlýsingu um að sú upphæð, 350 millj. kr., yrði síðan endurgreidd af framkvæmdafé til annarrar vegagerðar.

Nú eru heildarfjárveitingar til framkvæmda við nýja þjóðvegi enn rýrðar mjög verulega að raungildi, en þrátt fyrir það er í heildarfjárhæðinni gert ráð fyrir þessari sérmörkuðu fjáröflun sem lögbundið er að verði einungis varið til framkvæmda við Norður- og Austurveg. Rýrnun á framkvæmdafé til annarra framkvæmda er þá þeim mun meiri, og þykir þó víst flestum nóg um að rýrnunin er 50% nú á nokkrum árum.

Ég held að það sé alveg ljóst, að hefði það legið fyrir við afgreiðslu laga um fjáröflun til Norður- og Austurvegar árið 1975, að það fjármagn kæmi ekki til viðbótar þeim fjármunum sem þá var varið til vegamála, heldur ætti að dragast af heildarfjármagni til almennrar vegagerðar og jafnvel af stórrýrðu framkvæmdafé til annarrar vegagerðar í landinu, þá hefðu fæstir hv. alþm. samþykkt þessi lög. Þau voru óumdeilanlega samþykkt á þeirri forsendu að fjáröflunin yrði grundvöllur viðbótarframkvæmda, en framvindan yrði ekki sú sem raun hefur á orðið, að heildarfjármagnið, jafnvel að meðtöldu þessu fé sem átti að vera viðbót, yrði miklu minna, já, helmingi minna að raungildi. Lánveitingin á þessu fé frá Norður- og Austurvegi til almennrar vegagerðar í fyrra gerir þetta mál allt enn fráleitara þegar enn verður að rýra framkvæmdafé til annarrar vegagerðar með endurgreiðslum.

Stjórnarflokkarnir hafa haldið þannig á málum að grundvöllur lagasetningarinnar um fjáröflun til Norður- og Austurvegar er í raun brostinn. Þm. gátu fallist á að afla sérstaks viðbótarfjármagns til þessarar sérstöku vegagerðar. En það er ekki þar með sagt að þeir hefðu samþykkt að taka 500 millj. kr. á ári til þessara afmörkuðu framkvæmda af því framkvæmdafé sem fyrir hendi var, hvað þá ef legið hefði fyrir að það framkvæmdafé yrði stórminnkað, eins og gert hefur verið. Ég vek sérstaka athygli á þessu. Hér er farið að með algerum endemum. Ég tel að í raun sé ógerlegt að nota heimildina um lántöku til framkvæmda við Norður- og Austurveg með þessum hætti. Hún er byggð á því og samþykkt á þeim grundvelli af hv. þm., að um viðbótarfjármagn sé að ræða. En þannig blasir veruleikinn við. Hæstv. ríkisstj. hefur staðið svo að efnahags-

og verðlagsmálum að það er engin leið greið til þess að leysa mál Vegasjóðs sem hún hefur komið í alger þrot.

Þeir þm. Sjálfstfl., sem harðast deildu á það vorið 1974 að áætlaðar fjárhæðir til framkvæmda væru allt of lágar, vísuðu óspart á ríkissjóð, ríkissjóður ætti í ríkara mæli að koma til styrktar Vegasjóði, því að hann hefði sífellt meiri tekjur af umferðinni og ætti að skila þeim aftur til framkvæmda við vegagerð. En hafa þá framlög ríkissjóðs til þessara mála ekki aukist frá þeirri áætlun sem þessir hv. þm. deildu mest á? Árið 1974 greiddi ríkissjóður vegna Vegasjóðs í afborganir og vexti og í beint framlag 785 millj. kr., samkv. því sem fram kemur í ræðum þáv. hæstv. samgrh. og hv. 1. þm. Suðurl. við umr. um vegáætlunina 1974—1977. Miðað við breytingar á vísitölu vegagerðarkostnaðar samsvarar þetta 2175.8 millj. kr. á árinu 1977. Menn skyldu nú ætla að þessi tala væri mun hærri í ár, þegar hafður er í huga sá mikli áhugi sem þm. Sjálfstfl. sýndu á því að ríkissjóður styddi Vegasjóð í mjög auknum mæli. Nei, þessi tala hefur þvert á móti minnkað að raungildi. Samkv. fjárl. er áætlað að ríkissjóður greiði um 1300 millj. kr. í afborganir og vexti af lánum Vegasjóðs, og samkv. þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, er beint framlag ríkissjóðs á þessu ári áætlað 779 millj. kr., eða samtals 2079 millj. Skortir þá um 100 millj. kr. á að upphæðin sé jafngild þeirri sem þótti svo lág vorið 1974.

Á hinn bóginn hafa tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og bensíni stórlega aukist. Það vantar ekki mikið á að innflutningsgjald af bifreiðum, ef það rennur í ríkissjóð, nemi jafnhárri upphæð og allt framlag ríkissjóðs, vextir og afborganir lána og beint framlag vegna vegagerðar. Innflutningsgjaldið er á þessu ári áætlað 1600 millj. kr., en afborganir og vextir af lánum Vegasjóðs og beint framlag ríkissjóðs nema samtals 2079 millj. kr., eins og ég áðan sagði. 1974 námu greiðslur ríkissjóðs til Vegasjóðs 785 millj., en innflutningsgjaldið í ríkissjóð 410 millj. kr., og var það hlutfall Vegasjóði mun hagstæðara en nú. Þróunin hefur því orðið sú, að með innflutningsgjaldinu einu fær ríkissjóður nær alla þá upphæð sem hann greiðir vegna vegagerðar, en þar til viðbótar er áætlað að á árinu 1977 nemi tekjur ríkissjóðs af tollum af bensíni 1250 millj. kr., af tollum af bifreiðum 2300 millj., af söluskatti af bensíni 1450 millj., af söluskatti af bifreiðum 1550 millj., eða samtals 6550 millj. kr. Með innflutningsgjaldinu nemur upphæðin 8150 millj. kr. á þessu ári, en framlög ríkissjóðs til Vegasjóðs eru, eins og ég áðan sagði, um 2079 millj. Þarna er um að ræða 6071 millj. kr. mismun nettó í ríkissjóð eða nær því þrefalda þá upphæð sem varið er til framkvæmda við nýja þjóðvegi á sama ári.

Um fjölmörg einstök atriði varðandi vegamál væri e. t. v. ástæða til að ræða við fyrri umr. um vegáætlunina, svo sem skiptingu fjár annars vegar til stofnbrauta og hins vegar til þjóðbrauta, ákvarðanir um skiptingu milli kjördæma, mismunandi mat á mikilvægi þess að leggja bundið slitlag þar sem umferð er mest og hins vegar á uppbyggingu vega í snjóþungum héruðum, og svo mætti lengi telja. Allt kemur þetta til kasta fjvn. við afgreiðslu málsins, og að sjálfsögðu ber að stefna að því að ná um þessi atriði sem bestu samkomulagi. Það verður erfitt, en ég held að það erfiða hlutverk verði síst auðveldað með því að festa sig um of í yfirlýsingum um einstök atriði á þessu stigi málsins og læt ég það því vera. En ég hef sérstaklega viljað vekja athygli á þeirri alvarlegu og stórfelldu öfugþróun sem orðið hefur í vegamálum við hverja einustu vegáætlun sem hæstv. ríkisstj. leggur fram. Hér er um að ræða málaflokk sem er meðal hinna allra mikilvægustu af samfélagslegum framkvæmdum. Framvindan á þessu sviði ræður miklu um byggðaþróun í landinu, og aðrar aðgerðir sem kunna að verða gerðar til úrbóta í byggðamálum, koma ekki að því haldi sem þeim er ætlað ef áfram er staðið svo að vegamálum sem hæstv. ríkisstj. hefur gert. Það ríður því á miklu að hæstv. ríkisstj. takist ekki að halda áfram þeirri stefnu sinni að draga úr framkvæmdum í vegamálum með hverri nýrri vegáætlun. Þannig er ekki unnt að standa lengur að málum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram er þessi vegáætlun, sem hér er lögð fram, síðbúin eins og var um vegáætlun fyrir s. l. ár. Það virðist nú vera orðinn háttur þessarar hæstv. ríkisstj. að flýta sér ekki allt of mikið að leggja fram till. sínar í mikilsverðum málum, og ef heldur fram sem horfir verður vafasamt að henni endist árið til þess að leggja fram þær till., sem hún á að framkvæma, á því ári sem till. eru miðaðar við. Auðvitað hefur þetta valdið miklum vandkvæðum fyrir þá sem eiga að undirbúa framkvæmdir varðandi vegagerð. Starfsmenn Vegagerðar ríkisins hafa raunar til þessa lítið sem ekkert vitað eftir hverju fara eigi. Það getur að sjálfsögðu orðið til tafar við undirbúning framkvæmda og framkvæmdir á þessu sumri og verður örugglega til mikilla erfiðleika.

Það má vera að afsökun fyrir því, hve þessi vegáætlun er síðbúin, sé sú, að gerðar voru á þessu þingi breytingar á vegalögum sem vegáætlun verður að sjálfsögðu að taka mið af. Þó er rétt að benda á að sú afsökun á ekki stoð í raunveruleikanum, vegna þess að fulltrúar allra stjórnmálaflokka voru í þeirri n. sem vann að till. um breyt. á vegalögum. Þessir nm. gáfu sér mjög góðan tíma við samningu frv. sem afgreitt var á þinginu í vetur, höfðu m. a. samið við þingflokka sína svo og einstaka þingmannahópa um þær breytingar sem gerðar voru. Mátti því ætla að breytingar þessar gengju greiðlega fyrir sig hér í þinginu, enda varð raunin sú. Þess vegna var ekkert því til fyrirstöðu að hægt væri að vinna að vegáætlun þegar að endurskoðun vegalaga lokinni, sem var á s. l. hausti, og jafnvel að vinna að vegáætlun jafnhliða því að n. vann sitt starf, enda áttu vegamálastjóri og fulltrúar Vegagerðar ríkisins sæti í þessari nefnd.

Breytingin, sem gerð var á vegalögum í vetur, mun ekki hafa valdið því hversu vegáætlunin er seint fram komin. Ástæðan fyrir drættinum mun hafa verið sú, að ríkisstj. horfði fram á óleystan fjárhagsvanda í vegamálum, hvernig fjármagna ætti vegaframkvæmdir í ár og á næstu árum. Og í þessari vegáætlun er sá vandi ekki leystur. Hæstv. ríkisstj. hefur gefist upp við að leysa þennan vanda eins og flest önnur vandamál

sem að henni hafa steðjað. Í sumum tilvikum er jafnvel um að ræða lægri fjárhæðir til framkvæmda í vegamálum samkv. till að þeirri áætlun, sem hér liggur fyrir til vegaframkvæmda á yfirstandandi ári, heldur en unnið var eftir á s. l. ári, þrátt fyrir a. m. k. 25% hækkun framkvæmdaskostnaðar milli ára. Því er um að ræða að hér er um beinan niðurskurð, beinan samdrátt að ræða, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að.

Eins og áður var sagt, er hér um að ræða fyrstu vegáætlun sem gerð er eftir gildistöku nýrra vegalaga sem höfðu m. a. í för með sér nýja flokkun þjóðvega. Þessi breyting, sem fullt samkomulag var um í vegalaganefnd og afgreidd var hér á þinginu í vetur, var óhjákvæmileg og réttmæt, m. a. til þess að leystur yrði vandi ýmissa vegkafla milli kjördæma sem sniðgengnir höfðu verið í framkvæmd samkv. fyrri flokkun vegalaga. En þótt ýmislegt mælti með því að sú ákveðna breyting væri gerð á vegalögunum sem gerð var, og full samstaða ríkti um það í þeirri n. sem þá endurskoðun vann, ber þó ýmislegt að athuga og varast í sambandi við framkvæmd mála. Með gerð vegáætlunar nú er lagt fordæmi að gerð slíkra áætlana til framtíðar samkv. hinum nýju vegalögum, og er mikið undir því komið að vel sé að því verki staðið, þannig að tilgangur hinna nýju laga spillist ekki í framkvæmdinni. Í því sambandi vil ég sérstaklega minnast á samgöngumál sem unnin eru varðandi gerð sérstakra landshluta- eða byggðaáætlana. Eins og vegalögin eru nú eftir breytinguna frá í vetur falla framkvæmdir og röðun verkefna, sem unnin eru samkv. þessum sérstöku landshlutaáætlunum og oft er útvegað fé til með sérstökum fjáröflunum, innan ramma vegáætlunar, þannig að fjvn. og Alþ. eiga að fjalla um þessar sérstöku framkvæmdir jafnhliða öðrum við gerð vegáætlunar svo að allar framkvæmdir í vegamálum séu innan eins og sama ramma, en ekki unnar sitt af hvorum aðila. Um þetta var full samstaða í vegalaganefnd og hér á þingi. Hins vegar tel ég ástæðu til þess að geta þess hér og nú, einkum og sér í lagi með tilliti til framkvæmda á lögum við gerð vegáætlunar, að einnig var um það full samstaða í vegalaganefnd milli allra nm., þm., vegamálastjóra og formanns n., sem var ráðuneytisstjórinn í samgrn., hvernig bæri að túlka þetta ákvæði, hvernig standa ætti að framkvæmdum í málunum. Sú túlkun var m. a. á þá lund, að væri aflað fjár með sérstökum hætti til slíkra áætlunarverkefna ætti að koma fram í vegáætlun og við afgreiðslu hennar hvert það fé væri og í hvaða skyni þess væri aflað, og hliðsjón yrði svo af því höfð, bæði hvað varðar framkvæmdir í vegamálum í viðkomandi landshlutum og við gerð vegáætlunar eða við vegaframkvæmdir í landinu í heild.

Eins og áætlun er nú úr garði gerð, sakna ég þess að fram komi í henni hvert tillit hefur verið tekið til vegaframkvæmda samkv. sérstökum landshlutaáætlunum, og þó enn frekar sakna ég þess að ekki er tekið fram í áætluninni sérstaklega hvert er það fé sem sérstaklega er aflað með fjáröflunum í ákveðnu augnamiði. Í fyrri vegáætlun kom þetta fram með tvennum hætti: Í fyrsta lagi teknamegin í yfirliti yfir sérstakar fjáraflanir til vegamála, sem skipt var annars vegar í almennar lánsfjáraflanir og hins vegar í sérstakar lánsfjáraflanir, þ. e. a. s. lánsfjáraflanir með sérstökum hætti til sérstakra verkefna. Hins vegar kom þetta fram í útgjaldahlið vegáætlunar í liðnum til nýrra þjóðvega, þar sem fram kom hvernig fé væri varið til einstakra og sérstakra áætlunarverkefna, svo sem eins og á vegáætlun fyrir s. l. ár til Austurlandsáætlunar, til Norðurlandsáætlunar, til Djúpvegar og til Norður- og Austurvegar. Samkv. núv. fyrirkomulagi samkv. nýsamþykktum lögum á ekki lengur að taka fram slíkar skiptingar sérstaklega gjaldamegin, þar sem ekki er lengur um að ræða sérverkefni utan ramma almennrar vegáætlunar, eins og áður var. En mér finnst nauðsynlegt og sjálfsagt að taka fram teknamegin í áætluninni ef um er að ræða sérstakar fjáraflanir til ákveðinna vegaframkvæmda og þá ekki hvað síst ef um er að ræða fjáraflanir sem ákveðnar eru með sérstökum lögum. Þannig sakna ég þess, að ekki skuli getið í yfirlitinu teknamegin, þar sem fjallað er um sérstaka fjáröflun að andvirði 1600 millj. kr., hversu mikill hluti þessarar sérstöku fjáröflunar er fenginn með sölu happdrættisskuldabréfa samkv. lögum um Norður- og Austurveg og hve mikill hluti með öðrum hætti, þeim hætti sem áður var nefndur almenn lánsfjáröflun. Hæstv. ráðh. hefur nú greint frá því, að af þessum 1600 millj. kr., sem afla á með sérstakri lánsfjáröflun, séu um 1000 millj. kr. sem eigi að koma með sölu skuldabréfa í anda laga um Norður- og Austurveg, en þetta verður að sjálfsögðu að koma fram teknamegin í áætluninni sjálfri. Vil ég beina því til fjvn. að hún breyti þessari till. í þá veru, þannig að annars vegar komi í sérstökum fjáröflunum almenn lánsfjáröflun og svo í sérstökum lið fjáröflun til Norður- og Austurvegar samkv. sérstökum lögum þar um.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni að af þessum 1600 millj. kr. eigi að afla 1000 millj. með sölu happdrættisskuldabréfa samkv. lögum um Norður- og Austurveg. Ég vil í því sambandi vekja athygli hv. þm. á því, að þarna er um að ræða að tvöfalda á einu ári þá fjáröflun sem ráð var fyrir gert að verja til framkvæmda við Norður- og Austurveg. Ráð var fyrir því gert í lögum um Norður- og Austurveg að um það bil 500 millj. kr. færu árlega samkv. þeim lögum til framkvæmdanna við þennan veg. Það fer ekki hjá því í þessu sambandi, að sú grunsemd læðist að manni, enda hefur hæstv. ráðh. staðfest það, að það sé með ráðum gert, að þessu sé svona hagað, og ástæðan sé m. a. sú, að með því að tvöfalda sölu happdrættisskuldabréfanna samkv. lögum um Norður- og Austurveg frá því, sem ráðgert var, sé verið að afla fjár til brúargerðarinnar yfir Borgarfjörð, því að svo undarlega vill til að það fé, sem þarf til þess að kosta ráðgerðar framkvæmdir við Borgarfjarðarbrúna á þessu ári, er því sem næst sú hin sama fjárhæð og áætluð sala happdrættisskuldabréfanna vegna Norður- og Austurvegar er látin hækka um. Sé þetta svo, eins og hæstv. ráðh. hefur raunar þegar upplýst, þá tel ég nauðsynlegt í fyrsta lagi að taka slíkt fram í vegáætlun, svo það sé ljóst, og í öðru lagi vil ég að hæstv. ráðh. gefi um það yfirlýsingu hér á Alþingi, hvort það sé ætlan

hans að tekjurnar af sölu happdrættisskuldabréfanna vegna Norður- og Austurvegar verði látnar til þess að kosta framkvæmdir við Borgarfjarðarbrúna eða hvort ráð sé fyrir því gert að veita af tekjum vegna sölu happdrættisskuldabréfanna bráðabirgðalán til Borgarfjarðarbrúarinnar sem síðan yrði endurgreitt aftur til framkvæmda við Norður- og Austurveg. Ég efast mjög um að það sé heimilt að taka tekjurnar samkv. sölu þessara happdrættisskuldabréfa til þess að kosta brúargerðina yfir Borgarfjörð. A. m. k. veit ég ekki betur en þeir þm., sem beittu sér fyrir flutningi frv. um Norður- og Austurveg, standi í þeirri trú að þetta sé ekki unnt að gera og ef það verður tekið af þessu fjármagni til brúargerðarinnar yfir Borgarfjörð, þá geti þar aðeins verið um að ræða lán sem ætti að koma til endurgreiðslu síðar. Um þetta held ég að ég verði að biðja hæstv. ráðh. að upplýsa okkur hér, svo að það fari ekki á milli mála.

Í þessu sambandi og í beinu framhaldi af því, sem ég hef hér sagt, vil ég vekja athygli á að allar slíkar sérstakar fjáraflanir til einstakra verkefna, sem fengnar eru t. d. með sölu happdrættisskuldabréfa þar sem kaupendur eru látnir standa í þeirri trú að með því að kaupa slík bréf séu þeir að flýta fyrir ákveðinni vegagerð umfram það sem ella yrði, eiga auðvitað að miðast við það að þessi ákveðnu verk séu unnin eins og til stendur, og slík fjáröflun á að koma til viðbótar við aðrar tekjur Vegasjóðs, en ber ekki að skoðast sem almennar tekjur sem Vegasjóður fær í stað annarra ráðstafana sem gera ætti. Þannig er hins vegar ekki haldið á málum í þessari vegáætlun. Þessar sérstöku lánsfjáraflanir hafa í æ ríkara mæli verið skoðaðar sem almennt vegafé er komið gæti í staðinn fyrir ráðstafanir til þess að tryggja Vegasjóði almennt auknar tekjur. Út í þetta er enn frekar farið að þessu sinni, eins og sjá má af því, að tekjur Vegasjóðs árið 1977 mundu ekki nema meira en 4650 millj. kr. af almennri fjáröflun, þ. e. a. s. ef undan væri skilin sérstök lánsfjáröflun sem ætti að vera viðbótarfjáröflun með sölu happdrættisskuldabréfanna samkv. lögum um Norður- og Austurveg. Þannig hafa almennar tekjur Vegasjóðs að mestu staðið í stað milli ára. Hin óverulega hækkun, sem nú er, er öll til komin fyrir tilstilli sérstakra viðbótarfjáraflana til sérstakra verkefna sem auðvitað áttu að vera viðbótarframkvæmdafé umfram almennt framkvæmdafé.

Tekjumál Vegasjóðs eru því komin í ógöngur, því að fastar tekjur hans ásamt ríkisframlaginu, eins og það er fram sett í vegáætlun, minnka í rauninni um það bil um ⅓ frá því í fyrra. M. ö. o.: ef ekkert annað kæmi til, engin sérstök fjáröflun með sölu happdrættisskuldabréfa, mundu almennar tekjur Vegasjóðs tákna samdrátt í vegaframkvæmdum milli ára um a. m. k. ⅓ hluta. Hinar sérstöku viðbótartekjur, sem aflað er með sölu happdrættisskuldabréfa, gegna því ekki lengur því hlutverki að vera viðbótarframkvæmdafé, heldur er hér aðeins um að ræða tilraun til þess að halda í horfinu um almennar tekjur Vegasjóðs og dugir það þó hvergi nærri til að svo geti orðið.

Ef skoðaðir eru enn betur hinir einstöku framkvæmdaliðir í skiptingu útgjalda í þeirri vegáætlun, sem hér er til umr., kemur þetta enn betur í ljós, en af því verður ekki annað séð en hin sérstaka lánsfjáröflun til nýbyggingar vega á árinu, þ. e. a. s. þessar 1000 millj. kr. sem afla á með sölu happdrættisskuldabréfa, fari einmitt ekki til þeirra framkvæmda sem til er ætlast, heldur til greiðslu óhjákvæmilegs kostnaðarauka, til að greiða verðbólgukostnað við stjórn og undirbúning og viðhald þjóðvega. Þannig hækkar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður um 130 millj. kr. frá fyrra ári, viðhaldskostnaður um 683 millj. kr. frá fyrra ári, eða samtals um 813 millj. kr. á ári, á sama tíma og framkvæmdakostnaður er lækkaður samkv. till. þessari um 14 millj. kr. á ári þrátt fyrir öflun hins sérstaka lánsfjár samkv. lögum um Norður- og Austurveg. Sú sérstaka fjáröflun er því ekki til að auka framkvæmdir við Norður- og Austurveg, ekki einu sinni til þess að auka almennt framkvæmdafé í vegamálum á Íslandi, heldur til þess eins að standa undir verðbólgukostnaði, og eru menn þá komnir talsvert langan veg frá tilgangi hinna sérstöku laga um sölu happdrættisskuldabréfa til frekari framkvæmda við Norður- og Austurveg.

Þessi samdráttur, sem orðið hefur í valdatíð núv. hæstv. ríkisstj., kemur glöggt fram, ef litið er á nokkrar samanburðartölur um framkvæmdafé. Ég hef leitað upplýsinga frá Þjóðhagsstofnuninni um hvernig reikna beri framkvæmdakostnað við vegagerð til þess að fá samanburð milli ára í jafnvirðiskrónum. Eins og raunar kemur fram í grg. með þessari till. ætti að margfalda framkvæmdafé, þ. e. a. s. fé til nýrrar vegagerðar, frá árinu í fyrra með 1.25 til þess að fá út þá upphæð sem veita þyrfti til þeirra mála í ár, miðað við að framkvæmdastigi væri haldið óbreyttu. Ef þetta er gert kemur í ljós, að til að halda óbreyttri framkvæmdagetu við gerð nýrra þjóðvega á árinu 1977 miðað við árið 1976 þyrfti að verja til nýrra þjóðvega 2843 millj. kr. Samkv. vegáætlun er hins vegar gert ráð fyrir lækkun frá áætluninni frá í fyrra þannig að framlög til nýrra þjóðvega verða aðeins 2260 millj. kr. Vantar því hvorki meira né minna en um 600 millj. kr. upp á að framkvæmdastig frá árinu í fyrra sé óbreytt miðað við árið í ár. Þetta vantar upp á hið almenna framkvæmdafé til nýbyggingar þjóðvega, þrátt fyrir það að nú eigi að taka tvöfaldan ráðgerðan skatt af sölu happdrættisskuldabréfanna vegna Norður- og Austurvegar.

Ég hef gert það nokkrum sinnum áður að miða við ástandið eins og það var árið 1972, fjárveitingar og ráðstafanir sem gerðar voru af ríkisstj. sem a. m. k. forustuflokkur núv. hæstv. ríkisstj. taldi einhverja verstu ríkisstj. sem setið hefur að völdum á Íslandi, og skal ég ekki draga það í efa þó að fljótt hafi það met verið slegið. Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar þyrfti að margfalda framlög til nýbyggingar vega árið 1972 með 5 til þess að fá út samanburð á framkvæmdastigi nú og þá. Framlög þá, á verðlagi ársins 1972, til nýrra þjóðvega námu 1119 millj. kr. eða á verðlagi yfirstandandi árs ígildi 5595 millj. kr. Samkv. þessari þáltill. á hins vegar að-

eins að verja 2260 millj. kr. til nýrra þjóðvega. Til þess að halda framkvæmdastigi ársins 1972 óbreyttu vantar því hvorki meira né minna en 3335 millj. kr. upp á að sama framkvæmdastig haldist árið 1977 og var árið 1972. Svo mikið hafa þessi mál dregist aftur úr á ekki lengri tíma en liðinn er. Framkvæmdagetan nú er langt innan við helming framkvæmdagetunnar í vegamálum eins og hún var fyrir 5 árum.

Þá vil ég enn fremur benda á að á bls. 19 í yfirliti um fjáröflun til vegamála kemur m. a. fram spá um innflutning bifreiða á árunum 1977—1980. Þar kemur m. a. fram að á árinu 1977 verði aðeins fluttar 4400 nýjar bifreiðar til landsins og hækki sú tala upp í 6100 bifreiðar árið 1980. Þó kemur fram í aths. að miðað við bifreiðaeign landsmanna þyrfti að flytja árlega inn a. m. k. 8000 bifreiðar til þess að standa undir eðlilegri endurnýjun. Það þyrfti sem sé til þess að standa undir eðlilegri endurnýjun bifreiðaflota landsmanna að flytja inn tvöfalt fleiri bifreiðar á ári heldur en spá sú gerir ráð fyrir sem lögð er til grundvallar við tekjuáætlun Vegasjóðs.

Nú segir það sig að sjálfsögðu sjálft og þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hversu dýrt það er til lengdar fyrir þjóðarbúið að geta ekki haldið eðlilegri endurnýjun bifreiðaflotans. Hvert heimili og hver einstaklingur, sem á bifreið, getur ekki varið nema hluta tekna sinna til rekstrar á bifreiðinni. Það má e. t. v. segja að það skipti ekki meginmáli hvernig bifreiðaeigandi ráðstafar þeim hluta tekna sinna sem hann getur varið til þessara mála. En eftir því sem bifreiðaflotinn eldist og gengur meira úr sér, eftir því fer stærri hluti af þessu fé, sem bifreiðaeigendur hafa til ráðstöfunar, til þess eins að greiða viðgerðarkostnað, kaupa varahluti og annað slíkt sem til þarf til þess að halda gömlu bílunum við, en sífellt minni hluti af þessum tekjum, sem til ráðstöfunar eru, fer þá t. d. eða getur farið til kaupa á bensíni sem bæði ríkissjóður og Vegasjóður hafa tekjur af. Þegar verð á bifreiðum er farið að nálgast tveggja ára meðaltekjur venjulegs kvænts verkamanns, þá er orðið um nokkuð breitt bil að ræða. Ég vil benda á það, að þegar orkukreppan skall yfir í Bandaríkjunum, þá dró mjög úr sölu á nýjum bifreiðum. Bílaframleiðendur í Bandaríkjunum hugsuðu þá með sér hvað þeir ættu að gera til þess að reyna að halda tekjum af bifreiðaframleiðslu lítið breyttum, jafnvel þótt dregið hefði úr sölu nýrra bifreiða. Sú ákvörðun, sem þeir tóku, var að lækka talsvert mikið verð nýrra bifreiða til þess að ýta undir sölu þeirra, en hækka á móti verðið á varahlutum og annarri þjónustu sem veitt var. Út úr þessu dæmi töldu þeir sig fá nokkuð hagstæðari útkomu en með því að halda bifreiðaverðinu óbreyttu og varahlutaverðinu óbreyttu. Ég held að hér sé um mál að ræða sem ætti mjög grandgæfilega að skoða hér á Íslandi, hvort það sé ekki bæði þjóðhagslega hagkvæmara fyrir tekjuöflun Vegasjóðs og hagkvæmara fyrir einstaklingana í landinu að lækka verð á nýjum bifreiðum mjög verulega og ýta þannig undir eðlilega endurnýjun á bifreiðaflotanum, en hækka í staðinn t. d. verð á bensíni með það að marki að reyna að útvega ríkissjóði frekari tekjur þeim megin frá í staðinn fyrir þær tekjur sem ríkissjóður mundi e. t. v. tapa með því að lækka verðið á bifreiðum til landsmanna. Þessi hugmynd hefur áður komið fram hér í þingsölum frá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni. Þá voru höfð af hálfu formælanda ríkisstj. ýmis fögur orð um þessar hugmyndir. Mér er ekki kunnugt um að þetta hafi verið kannað neitt nánar. En ég vil gjarnan grennslast eftir því hjá hæstv. samgrh. hvert viðhorf hans sé til slíkra hugmynda, hvort það hafi verið kannað að hans tilhlutan hver áhrif slík breyting mundi hafa á tekjur ríkissjóðs og á tekjur Vegasjóðs.

Ef litið er aftur á vegáætlunina sjálfa og frá aths. og grg., sem henni fylgja, þá er mjög athyglisvert að skoða tekjur Vegasjóðs sem hlutfall af ríkistekjunum allt frá árinu 1972 til ársins 1977. Árið 1972 voru markaðar tekjur Vegasjóðs að frádregnu sérstöku ríkisframlagi og að sjálfsögðu að frádregnum sérstökum lánsfjáröflunum alls 5.43% af ríkistekjunum það ár. Sambærileg tala fyrir árið 1977, þ. e. a s. markaðar tekjur Vegasjóðs að frádregnu ríkisframlagi og sérstökum fjáröflunum, er hins vegar ekki nema 3.63% af ríkistekjum og hefur lækkað í hlutfalli af ríkistekjum um hvorki meira né minna en 2 prósentustig. Framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs árið 1972 nam 200 millj. kr. eða 1.18% af tekjum ríkissjóðs það ár. Ríkisframlagið 1977 nemur hins vegar 779 millj. kr. eða 0.86% af ríkistekjunum það ár. Tekjur Vegasjóðs, væru þær enn óbreytt hlutfall ríkistekna eins og var á árinu 1972, ættu í ár að vera 4887 millj. kr. og framlag ríkissjóðs 1056 millj. kr. eða alls markaðir tekjustofnar og ríkissjóðsframlag 5943 millj. kr.

Öllu betri dæmi er ekki hægt að finna um hversu óskaplega illa og raunar ekkert hefur gengið að leysa tekjuvandræði Vegasjóðs og þá lausn hefur hæstv. ríkisstj. ekki fundið enn. Ég á ekki von á því, að fjvn. muni geta fundið þá lausn á þessum málum sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki fundið. En ég vil leggja áherslu á það, að jafnvel þótt þessi till., sem hér liggur fyrir, verði afgreidd og samþykkt með einhverjum breytingum hér á hinu háa Alþ., þá er ómögulegt að líta á það öðrum augum heldur en hér sé um hreina bráðabirgðaráðstöfun að ræða, einfaldlega vegna þess að ég held að allir þm. og þá ekki síður hæstv. ráðh. séu sammála um það, að það þarf að leita nýrra leiða til þess að afla Vegasjóði viðbótartekna umfram þá tekjustofna sem Vegasjóður hefur í dag og hafa ekki reynst honum haldbærari en svo, að hlutfall tekna Vegasjóðs af ríkistekjum hefur stöðugt farið minnkandi ár frá ári að undanförnu og vegaframkvæmdir dregist saman að sama skapi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er raunar þyngra en tárum taki að hlusta á þá harms- og raunasögu, sem hér hefur verið rakin í dag, og hugsa til þeirrar hörmulegu þróunar sem átt hefur sér stað í sambandi við fjárveitingar, framkvæmdir og meðferð alla á vegamálum í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Og eins og var vikið að áðan, þá hlýtur að vera hugsað til baka, aftur í tímann til ársins 1974, vorsins 1974, þegar hin fríða og fagra sveit hinna hreinu engla úr þáv.

þingliði Sjálfstfl. barðist hér um á hæl og hnakka í gagnrýni og aftur gagnrýni á það, hversu litlu fjármagni ætti að verja þá til framkvæmda í vegáætlun fyrir það ár. Þetta hefur hér verið rifjað upp og ekki að ástæðulausu, því að það hlýtur að vera mönnum í fersku minni hversu mikil ósköp þá gengu á hjá þessum hv. þm. Allt ætlaði af göflum að ganga vegna þess sem þeir töldu hina hörmulegu frammistöðu þáv. hæstv. ríkisstj. varðandi framkvæmdir í vegamálum. Og eins og var vikið að áðan af hv. 11. landsk. þm., Geir Gunnarssyni, var lýst þeirri bjartsýni að þetta yrði eitthvað annað og með öðrum hætti ef Sjálfstfl. kæmist í valdaaðstöðu og gæti haft áhrif á þessar framkvæmdir á komandi árum.

En það er annað hörmulegt í þessu sambandi. Það er hörmulegt til þess að vita að sá öndvegismaður, hæstv. samgrh., einn af máttarstólpum þess flokks hér á landi sem markað hefur í orði hvað mest allt tal um byggðastefnu, — þessi hæstv. ráðh. skuli verða til þess að stjórna þeirri hörmulegu þróun, sem hér hefur átt sér stað á árunum 1975 og 1976, og því sem hér er nú lagt til í sambandi við framkvæmdir í vegamálum á árinu 1977. Ég hefði svo sannarlega óskað þess, að hæstv. samgrh. hefði ekki þurft að ganga undir þetta jarðarmen, að teljast höfuðábyrgur fyrir því hver þróun hefur orðið í þessum efnum á undanförnum árum, þó að ég vilji með engum hætti og síður en svo undanskilja ábyrgð þeirra hv. þm. Sjálfstfl. sem styðja núv. ríkisstj. og hafa stutt hana til þeirra verka sem framkvæmd hafa verið varðandi þróunina í vegamálum. Það er kannske tímanna tákn að enginn úr þeirri forustusveit, sem mest hafði sig frammi hér vorið 1974 af þáv. þingliði Sjálfstfl., enginn þeirra sést við umr. um þá vegáætlun sem nú er hér til umr., ekki einu sinni hv. 1. þm. Suðurl., sem hvað lengst gekk í gagnrýninni á sínum tíma vorið 1974. Ég minnist þess ekki að hann hafi vantað við umr. um vegáætlun fyrr en nú. Og það er kannske það tímanna tákn sem takandi er mark á, að nú finnst honum að öllum líkindum, eins og kannske sumum fleirum, best að vera í skugganum af því sem hér er verið að ræða nú.

Eins og hér hefur komið fram áður, þá er þetta þriðja vegáætlun sem lögð er fram af hálfu hæstv. núv. ríkisstj. Hin fyrsta var fyrir árið 1975. Þá var niðurskurðurinn 25%. Þá var að vísu tæpt ár síðan Sjálfstfl. komst í ríkisstj. og kannske fyrirgefanlegt að ríkisstj. hefði ekki tekist umsköpunarverkið, að skapa allt fjármagnið sem þeir töluðu um á vorinu 1974 til aukinna framkvæmda og meiri hraða í vegamálum. En niðurskurðurinn var 25%. Nákvæmlega sama gerðist varðandi framkvæmdir í vegamálum á árinu 1976. Þá var einnig niðurskurður um 25%. Og þá voru komin tæp tvö ár frá því að þeir umsköpunarmeistararnir í Sjálfstfl. tóku við stjórnvelinum og hefðu átt að geta verið búnir að bæta um samkv. eigin kenningu og líklega sannfæringu frá vorinu 1974. En niðurskurðurinn var eigi að síður einnig 25% árið 1976. Og hér er nú í þriðja skiptið lagt til að skera niður nýframkvæmdir í vegum um 30% til viðbótar öllu hinu árin 1975 og 1976.

Það er vissulega þungbært, þó af stjórnarandstæðingum sé, að þurfa að horfa upp á þróun mála með þessum hætti og vera lagt það ok á herðar að búa við slíkt a. m. k. 3—4 ár undir forsjá þeirra sem nú fara með stjórnartaumana í þessum málum. Það voru rakin hér áðan vinnubrögð í sambandi við framlagningu vegáætlana, og ég skal ekki endurtaka það. Það var líka komið inn á það, að kannske væri ein orsökin fyrir því, hversu erfiðlega hefur gengið hjá hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstj. í heild að koma fram þáltill. um vegáætlun, að það hefði verið að endurskoða vegalögin og það mætti fyrirgefa hæstv. ráðh. vegna þess að þeirri endurskoðun lauk ekki fyrr en nú rétt fyrir áramótin 1976 og 1977. En ég held að það skipti engu varðandi þetta mál. Teknanna þurfti að afla eigi að síður, nema þá því aðeins að fyrir fram hafi verið ákveðið að skera niður með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Það er tímanna tákn að í þessari vegáætlun er á árinu 1977 gert ráð fyrir að skera niður í krónutölu frá framkvæmdum ársins 1976. Ég skil ekki hvað hæstv. samgrh. hefur átt við áðan, þegar hann sagði að heildarfjárhæðin á árinu 1977 hefði svipað gildi og sambærilegt við árið 1976. Hér er um hreinan niðurskurð í krónutölu að ræða, og síðan eru allar þær verðhækkanir sem hafa átt sér stað á þessu tímabili, þannig að hreinn niðurskurður varðandi raungildi framkvæmda er í kringum 30% milli þessara ára, 1976 og 1977. Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að á árinu 1977 verði varið um 2 milljörðum 260 millj. kr. til nýframkvæmda í vegum, en voru 2 milljarðar 274 millj. árið 1976. Þegar menn hafa fyrir sér staðreyndir af því tagi sem hér er um að ræða, þá er náttúrlega um tómt mál að tala að halda áfram að lemja höfðinu við steininn og halda því fram, að hér sé uppbyggingarhraði í þessum málaflokki, hér sé fullkomin byggðastefna á ferðinni fyrir þá staði sem verst hafa verið settir og eru settir að því er varðar vegakerfið. Að tala um byggðastefnu í orði, en hafa framkvæmdina með þessum hætti á borði er hreint öfugmæli og fær alls ekki staðist, að með neinum hætti sé hægt að flokka þær ákvarðanir og þá stefnu, sem verið hefur í vegamálum, að einu eða neinu leyti undir aukna byggðastefnu.

Það væri auðvitað ástæða til að fara hér út í hina ýmsu þætti þessarar vegáætlunar. Ég ætla þó ekki að gera það á þessu stigi. Það má vera að breytinga megi vænta í meðförunum, þannig að hér komi meira í raun og veru til skipta heldur en vegáætlunin gerir ráð fyrir, þó að ég sé hins vegar vondaufur um það. Á árinu 1976, í beirri bráðabirgðavegáætlun sem þá var afgreidd eftir að hæstv. ríkisstj. hafði gefist upp við að afgreiða fjögurra ára áætlun eins og lög gerðu ráð fyrir, var varið 1 milljarði 707 millj. til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta. Auk þess voru á þess árs áætlun, 1976, sérstakar áætlanir eins og Austurlandsáætlun, Norðurlandsáætlun, Djúpvegur og Norður- og Austurvegur. Ég hef því miður ekki komist til botns í því enn hvað hugsanlega verður ofan á í sambandi við þessar séráætlanir. Ég heyri ekki betur en um það séu mjög deildar meiningar, ekki síst

innan stjórnarliðsins, með hvaða hætti verði farið með þær sérâætlanir sem voru í gangi árið 1976 og í sumum tilfellum eru gildandi lög, eins og nú er varðandi t. d. Norður- og Austurveginn. Það er ekki ljóst enn með hvaða hætti verður að þessu staðið. En vonandi skýrist það innan tíðar hvort slá á striki algerlega yfir allar sérâætlanir með þeirri breytingu sem gerð var á vegal. á s. l. hausti og eins og hér er gert ráð fyrir í framlagðri vegáætlun eða hvort eitthvert tillit á að taka til þessa. Mér skildist á hæstv. samgrh. áðan að hann teldi nauðsynlegt að taka tillit til þessara áætlana næstu 2—3 árin, þannig að þetta yrði ekki aflagt með einu pennastriki, ef svo má segja, heldur yrði það að hafa aðlögunartíma að strika þetta allt saman út.

En það er athyglisvert, að á sama tíma og hæstv. ríkisstj. leggur til að skerða raungildi nýframkvæmda í vegum um 30%, þá leggur hún á sama tíma til að hækka verkfræðilega þjónustu um 80%, þ. e. a. s. minni framkvæmdir þýða stórkostlega hækkun á undirbúningi og verkfræðilegri þjónustu. Þetta kemur ekki heim og saman við það sem í mínum huga býr. Ég kem því ekki heim og saman að það sé nauðsynlegt, á sama tíma og lagt er til að minnka framkvæmdir um 30%, að hækka verkfræðilegan undirbúning um 80%, nema þá því aðeins að grundvöllurinn að þessari hækkun sé hin geysilega tæknilega og verkfræðilega þjónustu sem hlýtur að vera samfara þeirri yfirlýsingu hæstv. samgrh., að nú skuli næst byggð brú yfir Ölfusárósa. Ef svo er, þá skil ég ósköp vel að það skuli lagt til að hækka verkfræðilegan undirbúning um 80% á sama tíma og hann ætlar að skera framkvæmdirnar niður um 30%. Þó að enginn tæknimaður sé hér nú að tala, þá sýnist mér líklegt að þetta mikla mannvirki, sem búið er að setja stefnuna á að loknu því ævintýri sem nú er að gerast í Borgarfirði, þurfi allmikinn undirbúning, sérfræðilega þjónustu og tæknilega áður en af framkvæmdum verður. Þannig má skýra þessa hækkun, að ég hygg, að verulegu leyti. Það kemur sem sagt fram eins og rauður þráður í gegnum þetta plagg, sem hér liggur nú fyrir, stórkostlegur niðurskurður á framkvæmdum að raungildi. En hitt skal viðurkennt, að nokkuð er til hins betra í sambandi við viðhaldið. Það er aukið, þó að það sé víðs fjarri því að vera neitt í námunda við það sem það ætti í raun og veru að vera til þess að hafa fylgt hækkandi tilkostnaði. En það er eigi að síður aukið. Og það er aukið hvað mest á þeim hinum góðu vegum sem hraðbrautasérfræðingar, sérfræðingar bundins slitlags og varanlegrar gatnagerðar, hafa haldið fram hér á þingi ár eftir ár að væri forsenda fyrir því og hin hagkvæma lausn við byggingu vega með bundnu slitlagi væri sú, að þá hyrfi allt viðhald. Nú er hér lagt til að nálægt því ein millj. fari á hvern km til viðhalds vega með bundnu slitlagi. Nú er þetta alveg öfugt orðið allt í einu, miðað við það sem haldið hefur verið fram af spekingunum hér innan þings varðandi hina miklu hagkvæmni í því að framkvæma gatnagerð með varanlegu og bundnu slitlagi, þannig að mér sýnist að ekki hafi vegalagabreytingin orðið til hins betra fyrir hina verr settu að því er þetta ákvæði varðar. Og svo mun að öllum líkindum verða um fleiri ákvæði vegna þeirrar breytingar sem gerð var á vegalögunum á s. l. hausti.

Það hefur borist í tal hér í umr. og raunar hefur það gerst áður og ekki nema eðlilegt, að hin sérstaka löggjöf um Norður- og Austurveginn hafi verið samþykkt á þeirri forsendu að til þeirrar framkvæmdar kæmi sérstakt aukið fjármagn fyrir utan þetta almenna, en ætti ekki að takast þar af. Nú er allt í einu gert ráð fyrir því að hér verði um að ræða að taka svo og svo stóran hluta, — ég skal enga tölu nefna á þessu stigi, við skulum bíða og sjá hverjar till. koma fram — en nú er talað um að taka svo og svo stóran hluta af því, sem gert er ráð fyrir að fari í stofnbrautir samkv. vegáætluninni, til Norður- og Austurvegarins, taka af þessu sameiginlega fé, sem er auðvitað algert brot á þeirri hugsun sem á bak við stóð í sambandi við löggjöfina um Norður- og Austurveginn. Það fjármagn, sem þar átti að koma, átti að koma til viðbótar hinu, en ekki taka af því til framkvæmdanna. Væntanlega skýrist þetta eins og allt annað í sambandi við þetta mál. En ég held að það sé nauðsynlegt að menn glöggvi sig á því, að ef það er meiningin að fara á þennan hátt með þetta, að ekki komi til sérstök fjáröflun varðandi Norður- og Austurveginn, þá sé, sjálfsagt að nema þau lög úr gildi, þá hafa þau engan tilgang. Og ég veit ekki hvað forsvarsmenn þeirrar löggjafar á sínum tíma mundu segja við slíku. Ég er ansi hræddur um að það mundi heyrast hljóð úr horni. (Gripið fram í.) Já, það yrði vart minna, sem þá gengi á heldur en var í sambandi við hrútsmálið á sínum tíma, þannig að það er enginn vafi á því að þar yrði vel tekið til hendi í orði og verki. (Gripið fram í: Hvern á að skjóta?) Ja, ætli það yrðu ekki helst þeir sem leggja til að lögin verði brotin? Ég hygg að það væri réttlætanlegast. Og hv. þm. Páll Pétursson veit sjálfsagt hver það er sem það leggur til.

En ég held sem sagt að það sé svo ótalmargt óljóst í sambandi við þetta mál, að það sé ekki í raun og veru sérstök ástæða til þess að tína hér út hina ýmsu þætti, sem að sjálfsögðu koma þó til verulegrar skoðunar, fyrr en menn sjá nokkurn veginn með hvaða hætti skipting á að eiga sér stað í sambandi við hinar ýmsu framkvæmdir.

Ég sagði hér ekki alls fyrir löngu í ræðu, að það væri gert ráð fyrir því, og það er enginn vafi, hvað sem hver segir, hvort sem hæstv. ráðh. mótmælir og þeir spekingar hjá Vegagerðinni eður ei, — það er enginn vafi á því að hugmyndir hafa komið fram um þá skiptingu á þeim 1700 millj. sem gert er ráð fyrir að fari til stofnbrauta, að 700 millj. af þeim fari í Borgarfjarðarbrúna á árinu 1977 og álíka upphæð í Norður- og Austurveginn á árinu 1977, þannig að þá eru eftir — ja, við skulum segja 300—400 milli. í allar aðrar stofnbrautir á landinu. Og þá sjá menn hvað verður um rifist í hinum ýmsu kjördæmum, hver sú upphæð verður. Það er enginn vafi að þessi hugmynd hefur komið fram, hvort sem menn treysta sér til að leggja hana fram á pappírnum þegar að því kemur eður ei, en þessi hugmynd hefur komið fram og sjálf-

sagt þá á réttum stöðum. (**Gripið fram í:** Hvar er það?) Hvað heldur hv. þm. að sé rétti staðurinn í þessu?

Það kom fram hjá hæstv. samgrh. áðan, að í þessari vegáætlun er gert ráð fyrir að það verði endurgreiddar um 1300 millj. á árinu 1977 í vexti og afborganir, og 1400 millj. í sama tilgangi á að greiða á árinu 1978, í vexti og afborganir af lánum. Þetta er auðvitað gífurlega há upphæð. Einnig kom fram hjá hæstv. samgrh. að það væri gert ráð fyrir, að mér skildist, — ég hef kannske ekki skilið það alveg rétt, — en mér skildist að það væri gert ráð fyrir 1 milljarði sem færi í sölu happdrættisskuldabréfa varðandi Norður- og Austurveginn í ár og af því á að endurgreiða a. m. k. 350 millj., ef ég man rétt, vegna ársins 1976 sem þá var tekið að láni í aðrar framkvæmdir. Hvort það verður eða ekki skal ég ekki um segja. En hvað sem gerist í þessum efnum, þá er ljóst að sú vegáætlun, sem hér er nú til umr., er slíkt hörmungarplagg að ég efast um, að hv. stjórnarþm., aðrir en þá hæstv. samgrh., hafi í raun og veru gert sér ljóst hvað hér er verið að leggja til. Það er engu líkara en þessum málaflokki hafi að engu leyti verið sinnt, þegar það getur gerst ár eftir ár þrjú ár í röð, að skera niður um 25—30% á hverju einasta ári þennan þó lífsnauðsynlega málaflokk að því er varðar þá hugsjón að halda uppi eða auka byggðastefnuna í landinu.

Það hefur talsvert borið á góma í umr. um vegamál á undanförnum árum, þegar vegáætlun hefur verið hér til umr., hina óæskilegu skiptingu annars vegar milli hraðbrautaframkvæmdanna og hins vegar landsbrauta og þjóðbrauta. Það var svo í vegáætlun fyrir árið 1976, að um eða yfir helmingur alls framkvæmdafjárins fór til hraðbrauta, og hraðbrautir voru ekki viðurkenndar nema á tiltölulega afmörkuðu svæði á landinu. Því hafa geysilegir fjármunir farið til framkvæmda einmitt í þessum málaflokki í vegakerfinu á undanförnum árum samanborið við landsbrautirnar og þjóðbrautirnar. Menn hafa gert sér vonir um, og sjálfsagt vona það enn sumir hverjir, að hér hafi átt að gera á breytingu með breyttum vegalögum frá s. l. hausti, þannig að réttlátari skipting ætti sér stað milli þessara framkvæmdaflokka með því að taka upp þá stefnu sem nú er í lögum um stofnbrautir og síðan þjóðbrautir að nokkru leyti. Ég hef verið talsvert vantrúaður á að þetta yrði svo í raun. Ég óttast að hér hafi einungis verið reynt að festa á blað orðalag sem einhverjir halda kannske að sé breyting frá því sem áður var og verði í framkvæmd, en ég held því miður að reynslan verði sú, að hér verði status quo, ekki betra en var ef ekki verra, varðandi þá staði sem fyrst og fremst þurfa á þessum auknu framkvæmdum að halda. En einnig þetta kemur í ljós, kannske innan fárra daga, hver var í raun og veru meining manna með þessu og hvað verður lagt til og hvort útkoman verður hugsanlega betri samkv. hinum nýju vegalögum en var áður en breytingin átti sér stað.

Það er þó einn þáttur í þessu sem a. m. k. ég tel að fagna beri, en það er, að mér skilst, að í þessari nýju vegáætlun sé gert ráð fyrir að taka inn hinar nýju snjómokstursreglur sem búnar eru að vera á blaði og hafa beðið framkvæmda líklega í tvö ár. En í þessu plaggi er gert ráð fyrir að þær komi til framkvæmda, og það verður að minni hyggju talsverð breyting til hins betra á ýmsum hinum fámennari stöðum a. m. k. og fámennari landssvæðum, þannig að það er jákvætt. En það auðvitað vegur ekkert upp á móti hinni ófreskjunni, sem niðurskurðurinn er á nýframkvæmdunum. Það er eins og dropi í hafið til samanburðar við það.

Mér skilst að til þess að halda svipuðu raungildi framkvæmda á árinu 1977 í nýframkvæmdum vega og var á árinu 1974 þyrfti fjárveiting til þessa þáttar vegamálanna að vera um 4.5 milljarðar, en er 2.2 milljarðar. Menn sjá því glöggt hvað hæstv. ríkisstj., hæstv. samgrh., stjórnarliðið í heild hefur aðhafst á þessum þremur árum sem þeir eru búnir að vera í ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþ., ef við tökum með framkvæmdaárið 1977. Hér er svo hrikalegt dæmi á ferðinni um niðurskurðarstefnuna á þessum stóra málaflokki, að ég efast um að finnist dæmi slíks þótt lengi og langt sé leitað aftur í tímann varðandi niðurskurðarpólitík valdhafa á hinum ýmsu tímum.

Ég skil ekki hvernig t. d. hv. þm. dreifbýliskjördæmanna, sem barist hafa í því ár eftir ár og áratug eftir áratug að fá umbætur, hvernig í ósköpunum þeir hv. þm. geta hugsað sér að ljá máls á því að leggja blessun sína yfir stefnu sem þessa sem ríkt hefur undanfarin tvö ár og hér er lagt til að ríki a. m. k. næsta ár og þar næsta. Ég botna ekkert í hvernig þessir hv. þm. geta hugsað sér að styðja slíka framkvæmd, enda efast ég um að þeir verði margir til að gera það. En það á líka eftir að koma í ljós.

Ég veit a. m. k. að það eru ærin verkefni og brýn, mjög svo nauðsynlegar framkvæmdir, sem bíða í mínu kjördæmi þess að fá grænt ljós hjá valdhöfum til þess að hægt sé að fara í framkvæmdir, — framkvæmdir sem síður en svo eru ónauðsynlegri en þær sem núna eru í framkvæmd sumar hverjar og þær sem búið er að taka stefnuna á á næstunni. Ég á erfitt með að hugsa mér að þm. stjórnarliðsins úr Vestfjarðakjördæmi geti hugsað sér að neita um allar framkvæmdir í því kjördæmi á þeirri áætlun sem hér er lagt til að samþykkt verði fyrir næstu 4 árin, allar þær nauðsynlegu framkvæmdir sem nú knýja á um að hafist verði handa við og eru a. m. k. á okkar mælikvarða ekki ýkjastórar eða fjárfrekar samanborið við sumar aðrar sem unnið hefur verið að, þó að vísu sé annars staðar á landinu. En einnig á eftir að koma í ljós með hvaða hætti að þessu verði staðið.

Áður en ég lýk hér máli mínu nú, langar mig til þess að fara örfáum orðum um mál sem ég hef alltaf við hverja vegaáætlun verið talsmaður fyrir og er enn og enginn bilbugur þar á. Og þess vegna vek ég máls á því nú að aldrei hefur verið minna um fjármagn til þeirra framkvæmda sem hér er lagt til að fara í, aldrei hefur verið verri staða að því er varðar það að veita fjármagn til hinna ýmsu framkvæmda, og því ætti ekki að þurfa mann eins og mig til þess að brýna það fyrir ráðandi mönnum, sem hér ráða ferðinni, að nýta hvern og einn einasta tekjustofn sem hugsanlegur er, ekki síst þegar hann er kannske allra tekjustofna réttlátastur í viðbót, en þar á ég við vegskattinn. Ég hef verið þeirrar skoðunar og er enn, að það sé í alla staði réttlætanlegt að innheimta

slíkt gjald, ekki hvað síst þegar við erum í slíkri gryfju eins og við virðumst vera nú að því er varðar það að fá fjármagn til framkvæmda í vegamálum. Og það ætti ekki að þurfa stjórnarandstæðing til þess að benda hæstv. samgrh. á að það sé sjálfsagt að hagnýta þennan tekjustofn.

Við afgreiðslu síðustu vegáætlunar, fyrir árið 1976, bar ég ásamt fleiri hv. þm. fram till. um að tekinn skyldi upp vegskattur á svipuðum grundvelli og hann var innheimtur á sínum tíma, — vegskattur sem gæfi nokkur hundruð millj. á áætlunartímabilinu og engin ástæða til þess að sleppa. Í umr. um þetta mál við afgreiðslu vegáætlunar 18. maí taldi hæstv. samgrh. öll tormerki á því að afgreiða þessa till. við afgreiðslu þeirrar vegáætlunar sem þá átti sér stað, vegna þess að hann taldi að slík upptekning á skattheimtu þyrfti að koma fram í undirbúningi að gerð vegáætlunar og þyrfti þannig að bera að með eðlilegum og skikkanlegum hætti, eins og ég held að hann hafi orðað það, hæstv. ráðh. Mér kemur það því illa að hæstv. ráðh. skyldi ekki nýta sér þennan tekjustofn og taka hann upp í þessa vegáætlun, því að ég veit, hvað sem hæstv. ráðh. kann að segja, að hann er innst inni í hjarta sínu nákvæmlega sammála mér um að þetta er réttlætanlegt, ekki síst þegar slíkir erfiðleikar eiga sér stað eins og menn standa frammi fyrir nú. Mig langar því til þess að spyrja hæstv. ráðh., af því að þetta var ekki tekið með í þessa vegáætlun, þetta plagg, hvort hann mundi ekki taka jákvætt till. svipaðs eðlis og lögð var fram við afgreiðslu síðustu vegáætlunar og leggja nú sitt af mörkum til þess að hún næði fram að ganga, till. sem mundi gefa nokkur hundruð millj. á þessu áætlunartímabili. Mér finnst ólíklegt annað en hæstv. ráðh. mundi taka slíku fegins hendi í þeirri erfiðu raun sem hann nú stendur í. Það er enginn vafi á því að slík till. kemur fram, og það er mikill stuðningur og fengur í því, ef strax nú við 1. umr. væri hægt að fá liðsinni hæstv. ráðh. í þeirri baráttu sem hugsanlega yrði þá framundan við andstæðinga þessa réttlætismáls sem ég tel vera.

Helgi F. Seljan: *Herra forseti.* Það hefur áður verið á það bent, hversu síðborið plagg hér er á ferðinni, jafnvel svo að menn örvæntu um að það sæi dagsins ljós, hversu svo sem það kann nú að þola birtuna. Ég ætla ekki að rekja vanefndir, sjúkdóma og sjúkdómseinkenni frá því í fyrra, sem orðið hafa hér, þær eru of kunnar til þess. Það var um tíma borið við endurskoðun á vegalögum. Það held ég að sé óhætt að segja að hafi verið hreinn fyrirsláttur, ekki síst í ljósi þeirrar niðurstöðu sem þar fékkst og kom að lokum sem málamiðlun frá ráðh. og hans mönnum. Það var hins vegar ekki laust við að menn væru þó með þá von, að þessi langi meðgöngutími bæri ríkulegan og fagran ávöxt í fyllingu tímans, og vildu raunar afsaka biðina með því. Og ég skal játa að ég var einn í þeirra hópi. En á engan veg hefur afkvæmið fegrast, nema síður væri, og ég er viss um að síðbúin fæðing þess vekur fáum fögnuð, þó að enn sé e. t. v. einhver von um að einhverju megi til betri vegar þoka í þessum efnum.

Það þarf ekki að ræða lengi um þýðingu þessa þáttar í þjóðlífinu og þá ekki hvað síst úti um hinar dreifðu byggðir. Um það efni allt hefur svo ítarlega umr. orðið í vetur að engu er þörf þar við að bæta. En það er ekki að ástæðulausu sem íbúar landsbyggðarinnar spyrja meira um þessa þáttill., en allar aðrar samanlagt. Samskipti manna á meðal, þjónusta hvers konar, atvinnumöguleikar, menntamál sveitanna og margt fleira veldur því, að hér er um eitt stærsta og þýðingarmesta byggðamálið að ræða, sem tekið er til umr. á Alþ., og betur er með afgreiðslunni fylgst en flestum öðrum þingmálum, svo nátengd eru þessi mál lífi og högum fólksins, svo miklum sköpum geta þau valdið á hvorn veginn sem er, til ills eða góðs.

Í vegamálum á hver ríkisstj. sitt gullnasta tækifæri til að sýna af eða á um alvöru sína í stefnumörkun og framkvæmd allri í svokölluðum byggðamálum, og það væri synd að segja að það hefði þessi ríkisstj. ekki gert rækilega. Andhverfa réttrar byggðastefnu hefur sennilega hvergi birst í skýrara ljósi, og er þá mikið sagt, því að afrekaskráin er ærin. Síminnkandi vegaframkvæmdir ár eftir ár segja sína sögu. Till. sú, sem hér var til umr. fyrir skömmu um sérstakan forgang á uppbyggingu vega í snjóahéruðum, er fyrst og fremst veikburða tilraun til þess að breiða yfir þá raunverulegu stefnu sem ríkt hefur í valdatíð þessarar ríkisstj. og hefur svo sannarlega birst í öllu öðru frekar en forgangi þessa verkefnis. Síminnkandi hluti vegafjárins í þennan þátt, í það að gera lélega vegi landsbyggðarinnar sæmilega akfæra, hefur verið einkenni og aðalsmerki undangenginna vegáætlana, á meðan stöðugt hærri hundraðshluti hefur runnið til hraðbrautanna út frá Reykjavík. Ég veit að engum er þetta í raun ljósara en sjórnarþm. landsbyggðarinnar, því að ekkert hafa þeir verið gagnrýndir eins harðlega fyrir og einmitt það að hafa samþykkt og lagt fulla blessun sína yfir hraðminnkandi hlut landsbyggðarveganna í síðustu vegáætlun. Sérkapituli er svo það, hve framkvæmdagildið hefur rýrnað í heild, hve illa hefur verið að því staðið að tryggja a. m. k. það, að heildarframkvæmdirnar yrðu svipaðar að raungildi og áður var. Um það ber síðasta ár gleggst og órækast vitni. Og hér er um áframhald að ræða, eins og þegar hefur verið að vikið hér, enn stórkostlegra en menn áttu von á, því að upphæðin til nýbygginga er lækkuð að krónutölu og framkvæmdagildi þannig stórlækkað vegna mikilla verðlagshækkana milli ára.

Það mun staðreynd, eins og hér hefur þegar komið fram, að vegna þessarar stefnu muni framkvæmdir í vegagerð, þ. e. nýbyggingum, minnka um yfir 25% minnst, og þó segir það ekki alla sögu, ef til einnar stórframkvæmdar á að verja um ¼ eða ⅓ af öllu framkvæmdafénu, eins og raddir hafa heyrst um, enda munu vegagerðarmenn sammála um það, að verði hér engin leiðréttíng á gerð til verulegrar hækkunar, þá sé augljóst að segja verði upp verkstjórum, sem hafa verið að sumarlagi, vegna algers verkefnaleysis og þar með fækka vinnuhópum í vegagerð í sumar með þeim alvarlegu afleiðingum sem það mun hafa mjög víða, einkum fyrir skólafólk, sem oft hefur þarna fengið kærkomna sumarvinnu. Enn skal því ekki trúað að eftir síðasta ár mikils

samdráttar í nýbyggingum sé nú ætlunin að rýra framkvæmdir en allt að þriðjungi jafnvel, ef allt er reiknað þar inn í, ofan á þá raunverulegu miklu rýrnun sem sannarlega varð á síðasta ári. Enn skal ekki fullyrt um það heldur, hve hart það kemur við landsbyggðarvegina, hvort ótti okkar, sem í vegalaganefnd vorum frá landsbyggðinni úr stjórnarandstöðunni, hefur verið á rökum reistur og málamiðlunin, sem þar varð ofan á, hefur aðeins verið til þess að ryðja þeirri stefnu til rúms bakdyramegin, sem opinskátt var talað fyrir í upphafi og ég vík e. t. v. að síðar.

Þegar litið er á tölur og uppsetningu þessa plaggs, þá vakna a. m. k. upp ýmsar spurningar og ákveðnar grunsemdir sem engin leið er að segja fyrir um fyrr en í starfinu í fjvn. að uppskiptingu þessa fjármagns til einstakra verkþátta. Þessi vegáætlun er sú fyrsta eftir endurskoðun vegalaganna sem hefur verið oftlega vikið að fyrr í þessum umr. Ég átti þátt í henni. Þó að um margt væri ég ósáttur um þá niðurstöðu sem þar fékkst, þá var hér í mörgu um málamiðlun að ræða og besti viðunandi kosturinn þó. Ég sætti mig alveg sérstaklega betur við þessa málamiðlun af þeirri einföldu ástæðu, að þær hugmyndir og sú gerbreyting, sem uppi voru á tímabili í vegalaganefnd, voru ótvírætt neikvæðari og óhagstæðari landsbyggðinni í alla staði, að ég taldi að þar sem lengst var gengið, ef þar hefur verið alvara á bak við, væri blátt áfram verið að festa hraðbrautarstefnuna í sessi sem einu stefnuna er fara bæri eftir í vegamálum næstu ára. Hins vegar kemur ýmislegt nú nokkuð á óvart miðað við umr. í n. og yfirlýsingar þar. Ég hef heyrt að því vikið, bæði í umr. hér um þessar breytingar á vegalögunum og eins núna við þessar umr., að menn virðast ekki hafa lesið 1. gr. frv. nægilega vel varðandi landshlutaáætlanirnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sé veitt fé til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í till. til þál. um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur."

Það er að vísu rétt, að álit sumra er að með þessu séu áætlanir sem þessar felldar niður með öllu. Hér tel ég að sé um algerlega ranga túlkun að ræða, ef því er haldið fram. Ég tel að landshlutaáætlanirnar séu einmitt staðfestar með þessu, lögin séu að staðfesta réttmæti þessara landshlutaáætlana, að þær eigi rétt á sér, þær fari aðeins inn í vegáætlunina, þær fari inn í þennan heildarramma. Túlkunin fer auðvitað líka eftir ákvörðun stjórnvalda hverju sinni, hvað stjórnvöld vilja gera í sérstakri uppbyggingu í landshlutaáætlunum eða til einhverra annarra stórframkvæmda. Hér er auðvitað spurning um það, hvort stjórnvöld hafa með þessu tekið ákvörðun um að engar landshlutaáætlanir skuli vera í gildi á næstu tveimur árum. Ég vil ekki trúa því. Ég vil alveg sérstaklega ekki trúa því varðandi Austurlandsáætlunina sem nú er felld beint inn í stofnbrautaflokkinn, óskilgreind með öllu og að því er virðist með túlkun á einmitt þessu ákvæði, sem ég var að lesa hér áðan, gagnstætt því sem ég hef talið að ætti að gera. Hið sama á að vísu við um aðrar áætlanir, svo sem Norðurlandsáætlun. En þó er Austurlandsáætlunin sérstök að því leyti, að þar er um bindandi verkefni að ræða sem um var gert ótvírætt skriflegt samkomulag milli stjórnvalda og þm. Austurlands um fjárhæðir og þá miðað að sjálfsögðu við þágildandi verðlag, en til þess að ljúka við tiltekin verkefni, vera fullnægjandi til þess. Þó að þar hafi mjög sigið á ógæfuhlið með efndir, þá held ég að það hafi engum dottið í hug, og allra síst skal ég trúa því á hæstv. samgrh., að honum hafi dottið í hug að rifta þessu bindandi samkomulagi. Og vonandi dettur engum það í hug enn og ekki heldur að rýra eigi hlut Austurlands vegna þessa átaks sem verða átti til þess að bæta nokkuð úr hörmulegu ásigkomulagi austfirskra vega.

Þegar um þetta var rætt í vegalaganefndinni, þá fór víðs fjarri að þessi löngu gerða og ákveðna áætlun kæmi inn í þessa heildarmynd samkv. lagabreytingunni, enda kemur hún að mínu viti ekki þessari lagabreytingu á nokkurn hátt við. Hún er miklu fremur staðfest í lögunum heldur en að henni sé kippt þar í burtu. Sá var minn skilningur a. m. k., að þessi áætlun hlyti í einu og öllu að standa áfram, og ég hlýt að lýsa furðu minni á því, ef þessi áætlun á ekki að halda sér sem sjálfstæður þáttur í vegáætlun. Ég hlýt auðvitað að tryggja það eftir getu minni í fjvn. að hún verði þar sér á parti og á engan hátt okkur til refsingar og frádráttar við úthlutun vegafjár að öðru leyti. En ég hef ekki viljað trúa því og endurtek það hér, að þessi 7 ára gamla áætlun, margstaðfest hér í vegáætlunum á Alþ. og með bindandi samkomulagi stjórnvalda og þm., verði nú að engu gerð. Lok hennar nú í ár og helst þegar á næsta ári hlutu að hafa forgang miðað við það að henni átti að vera fullokið 1975. Á þetta verður a. m. k. að reyna, og ég hlýt nú við 1. umr. að fara ákveðið fram á yfirlýsingu hæstv. samgrh. um það, að Austurlandsáætlun haldi sínu fulla gildi í vegáætlun nú og framvegis, þar til öllum umsömdum verkþáttum er lokið, einnig skýlausa yfirlýsingu um það, að lúkning þessara verkefna, sem stjórnvöld sömdu um á sínum tíma, skerði heldur á engan hátt hlut Austurlands annars í vegafé. Ef hér á að fara aðrar leiðir, þá tel ég allar yfirlýsingar áður í vegalaganefndinni markleysu eina, og á það vil ég ekki trúa.

Þegar hraðbrautirnar og gömlu þjóðbrautirnar voru felldar í einn flokk, þá taldi ég það jákvætt að því leyti, að í þá stóru upphæð, sem til stofnvega rynni, gætum við austfirðingar sótt stærri hlut en við höfðum áður gert sakir þess að við höfum verið utan við hraðbrautadæmið, ekki verið á blaði sem sagt í úthlutun yfir 50% vegafjárins, eins og var í síðustu vegáætlun. Nú reynir hér á í fyrsta sinn. Nú reynir á áhrif tillögumannanna um uppbyggingu vega í snjóþungum héruðum gagnvart þeim hluta þeirra, sem til stofnvega teljast, og yfirlýsta stefnu ráðh., að ég best vissi, að með breytingum á vegalögunum væri m. a. og kannske alveg sérstaklega verið að vinna að því að samgöngur milli landshluta yrðu sem bestar og greiðastar, með alhliða áherslu á hinn svokallaða hringveg, að gera hann fyrst allan vel ökufæran. Nú kemur það og í ljós hvernig framkvæma eigi skiptingu

vegafjárins til hinna raunverulegu hraðbrauta, hvort uggur manna, sem hér hefur komið í ljós, bæði í þessum umr. og alveg sérstaklega í umr. um vegalögin, um það hvort orðin í 13. gr. vegalaganna núverandi, að stefnt skuli að bundnu slitlagi miðað við ákveðinn umferðarþunga, hvort þau eigi að hafa forgangsþýðingu innan stofnvegakerfisins, eins og vitanlega kom upp uggur hjá okkur í vegalaganefndinni, eða eins og ég skildi nánustu embættismenn ráðh. í vegalaganefnd, að hér væri einungis komin skilgreining í stað gömlu hraðbrautanna um að hér skyldi að stefnt, svo sem sjálfsagt er að vissu marki, ég tek undir það, en án þess, og á það legg ég skýra áherslu, án þess að þar væri um forgangsverkefni að ræða innan þessa flokks, stofnvegaflokksins. Á þetta verður nú að reyna, og öðru vil ég ekki trúa að óreyndu en okkur hafi þarna verið sagður allur sannleikurinn og þessi túlkun fái staðfestingu í skiptingu vegafjárins. Ég skora a. m. k. á hæstv. samgrh. að sjá svo til, því að að öðrum kosti hefur hér verið um alfgrófa mistúlkun að ræða innan þessarar n. Ég vissi hins vegar mætavel um meirihlutafylgi hér á þingi við þessa grein og þó hún hefði verið enn ákveðnari, jafnvel meirihlutafylgi við það að setja þetta verkefni sem forgangsverkefni, því að fyrir því hefur verið mikill áhugi. Því var á þessa grein sæst með þeirri skýru túlkun sem ég tel að verið hafi.

Sama er að segja um núverandi þjóðbrautaflokk. Því var margyfirlýst, að síst af öllu skyldi stofnvegaflokkurinn hafa forgang þar fram yfir og enn síður að þar yrði um einhverja annars flokks vegi að ræða sem meira og minna yrðu vanræktir. Mér sýnist enda fljótt á litið að hér sé við staðið á viðunandi hátt miðað við skiptinguna milli stofnvega og þjóðvega. En þá verður auðvitað að líta á það, hve hörmuleg útkoman er í heildina tekið, og þá er varla hægt að segja að um jákvæða niðurstöðu sé að ræða, þó að óneitanlega hafi hæstv. ráðh. staðið hér við hvað hlutfallstölu snertir.

Um Norður- og Austurveginn hefur verið þegar rætt það mikið, lögin um hann og ótvíræða skyldu þar um, að ég tel að óþarft sé að ræða það frekar. Lagasetningin þar um, fjáröflunin og skiptingin er svo ótvírætt í lögum að þar þarf engu við að bæta. Þar hafa menn það svart á hvítu, og eftir því á vitanlega að fara í einu og öllu eins og eftir öðrum lögum sem við a. m. k hér á þingi eigum að reyna að halda, úr því að við ætlum fólkinu úti í þjóðfélaginu að gera það.

Sá eini ljósi punktur — og er þó kannske ekki mikill geislabaugur þar yfir — sem er í þessari vegáætlun er þó það sem varðar viðhaldsfé, enda löngu viðurkennt að það hefur verið svo harklega vanrækt og vanáætlað til þess, að sums staðar sjást þess tæpast merki, t. d. úti um sveitir í mínu kjördæmi, að um veg hafi verið að ræða, nema þá sem fornminjar. Um þetta eru ýmis alvarleg dæmi, svo að hvergi var hér vanþörf að bæta að nokkru úr, þó hins vegar beri að gæta að því, að framkvæmdagildi þessa þáttar muni í raun hækka allt of lítið, kannske ekki neitt, fyrir sæmilega krónuhækkun. Því veldur fyrst og fremst geysileg vanáætlun síðustu ára og einnig það, að mikil hækkun hefur orðið á þessum lið milli ára.

Við þessa 1. umr. vil ég ekki gera stöðu Vegasjóðs almennt að umræðuefni. Það hefur verið gert af þeim fulltrúa Alþb. í fjvn. sem þar á kann gleggri og betri skil í hvívetna og hefur gert það rækilega hér. Þó skal hvergi úr því dregið, heldur þvert á móti lögð á það áhersla að við alþb-menn höfum áður við afgreiðslu vegáætlunar í stjórnarandstöðu lýst yfir fullum vilja okkar til þess að leita leiða til aukinnar tekjuöflunar fyrir Vegasjóð, vitandi þá gífurlegu þýðingu sem vegamálin hafa fyrir okkur Það hefur að vísu af okkar hálfu, a. m. k. af minni hálfu, verið því skilyrði háð, að auknu fé yrði varið til vegagerðar þar sem þörfin væri mest, þar sem vegirnir eru lélegastir eða um hreinar vegleysur er að ræða. En niðurskurðar- og samdráttarástin hjá ríkisstj. hefur verið meiri en svo, að á þessi tilboð hafi verið hlustað. E. t. v. hafa skilyrðin líka staðið í þessum ágætu hraðbrautaherrum og brúarmeisturum. Allt þetta verður nú að reyna og þá alveg sér í lagi á hvern veg megi gera kleift að halda a. m. k. raungildinu frá í fyrra, þegar þó var þar um 20% lækkun að ræða. Til meira er ekki hægt að ætlast af núv. stjórnvöldum. Væri þó sannarlega gaman að rifja nú upp enn frekar en hv. þm. Geir Gunnarsson gerði, rifja upp frá dögum vinstri stjórnarinnar orð margra sjálfstæðismanna, stór og þung, um lélegan hlut veganna, um allt of lítið fjármagn, þrátt fyrir hvort tveggja þá: mikla hækkun í krónutölu og verulega raungildishækkun, eins og hér hefur þegar verið rakið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum nú. Hér mætti vissulega margt fleira um segja. En það verður umfjöllunin í n. og beinar ákvarðanir stjórnvalda í framhaldi af því og til hliðar það sem auðvitað ráða því, hvernig þessi mál skipast svo á endanum og endanleg afgreiðsla málsins verður.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Vegáætlun hefur verið lögð fram eða rammi hennar, og þar kemur glögglega í ljós að það er minna fjármagn til umráða og minni framkvæmdamáttur nýbyggingar vega. Það má spyrja: hvað veldur þessu? Á að leggja út frá orðum sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson og fleiri? Ég hygg að það sé með öllu óraunhæft að gera það nú, þótt þeir hafi gert það. Þar mælti óábyrg stjórnarandstaða sem vildi ekki horfast í augu við efnahagsvandann 1974. Svo hefur einnig verið um margt sem ýmsir hafa sagt hér.

Það er mjög leiðigjarnt að heyra það, þegar rætt er um að ríkissjóður hrifsi til sín söluskatt af bensíni. Það eru tekjur sem ríkissjóður þarf til annarra hluta, enda hafa ekki komið fram hér á Alþ. neinar raunhæfar till. um sparnað í ríkisrekstrinum. Vissulega væri gott að hafa þetta fjármagn til ráðstöfunar í Vegasjóð, en það er ekki fyrir hendi. Staðreyndirnar blasa hins vegar við: Markaðir tekjustofnar hafa lækkað, eins og hæstv. samgrh. rakti hér, úr 43% af bensínverðinu 1973 í 25%. Við höfum átt við efnahagserfiðleika að stríða, og það hefur haft mjög mikil áhrif á Vega-

sjóð og þar liggur fyrst og fremst meinsemdin. Hins vegar hefur framlag ríkissjóðs hækkað nokkuð, því að eins og kom fram í ræðu hæstv. samgrh., þá er í sjálfu sér villandi að tala um ríkisframlag 1977 779 millj., þar ætti einnig að vera lánsfjáröflun 1600 millj. sem er í reynd ríkisframlag.

Það verður sjálfsagt erfitt að skipta því vegafé sem nú er til skipta, og ég hygg að það sé næstum óvinnandi verk fyrir fjvn. Þess vegna hlýtur að koma mjög til athugunar, hvort unnt er að afla meiri tekna í Vegasjóð. Ef það sést einhver leið til að gera það, þá er vonandi að flestir hv. þm. geti staðið saman um það, því að það er ekki nægilegt að ræða um lítið fjármagn í Vegasjóð, menn verða einnig að geta staðið að því að afla tekna í hann.

Í þessari vegáætlun kemur fram að fjármagn til nýbygginga lækkar, en hins vegar hækkar framlag til viðhalds. Ég held að það sé í sjálfu sér rétt stefna að auka viðhaldið. Það hefur verið haldið uppi á síðustu árum í raun og veru falskri framkvæmdagetu. Það er ekki nóg að byggja vegina upp, það verður einnig að halda þeim við, og það er hörmulegt að sjá nýlega vegi grotna niður vegna viðhaldsleysis.

Ástæðan fyrir því fyrst og fremst, að ég kvaddi mér hér hljóðs, er sú staðreynd, sem einnig kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan, að ekki er gert ráð fyrir því í þáltill. að haldið verði áfram með landshlutaáætlanir. Hins vegar kom það fram hjá hæstv. samgrh., að hann taldi nauðsynlegt að þessar áætlanir stæðu. Hann orðaði það svo að þær stæðu næstu tvö árin, að þessar áætlanir mundu þá fjara út. Ég hlýt að skilja það svo að við þær verði lokið. Það, sem ég á fyrst og fremst við í þessu sambandi, er samgönguáætlun Austurlands. Sú samgönguáætlun var í till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1972—1975 og það átti að ljúka þessari samgönguáætlun á þessum árum. Ég vil leyfa mér að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í þessa samgönguáætlun. Í henni segir m. a.:

„Um fjárhæð áætlunarinnar var í fyrstu ætlunin að hafa hliðsjón af Vestfjarðaáætluninni er alls var tæpar 200 millj. kr. auk fjármagnskostnaðar. En frá þeim tíma hafa orðið verulegar kostnaðarhækkanir, auk þess sem óhjákvæmilegt var að leitast við að fá fram heilsteypta lausn á samgönguvanda landshlutans. Varð að samkomulagi milli þm. Austurlands og ríkisstj. að miða við 300 millj. kr., og hét ríkisstj. að beita sér fyrir öflun þeirrar lánsfjárhæðar til áætlunarinnar á 5 árum, 1971—1975. Gerðu þm. sameiginlega till. um skiptingu fjárins í höfuðdráttum milli framkvæmda."

Það liggur sem sagt fyrir, að það var stefnt að því og gert um það samkomulag að þessari áætlun yrði lokið á árunum 1971—1975, og þá að sjálfsögðu miðað við það að hún héldi raungildi sínu. Um ástæður fyrir þessari áætlun — þær eru náttúrlega margar — segir m. a. í þessari áætlun:

„Hinn 1. jan. 1969 voru þjóðvegir á Austurlandi 1500 km, að undanskildum vegum í þéttbýli, en þar af voru ruddir, illfærir eða ólagðir vegir 596 km eða 40%. Séu aðrir landshlutar teknir sem heild eru 21% af þjóðvegum ruddir, illfærir eða ólagðir."

Þessi munur segir nokkra sögu um ástand vega á Austurlandi. En þar við bætist, sem að vísu á einnig við um suma aðra landshluta, að margir þessara vega eru snjóþungir fjallvegir. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að þessi samgönguáætlun var gerð, og það er rétt að hafa það í huga. Og það er langt frá því að þessari áætlun sé lokið. Ég hef ekki fengið nýlegar tölur um það, hversu mikið er eftir af þessari áætlun, en ég kannaði það vorið 1975, hversu mikið væri eftir af till. til Þál. um vegáætlun fyrir árin 1972—1975, miðað við þær fjárveitingar sem voru ráðgerðar 1975 og 1976. Og þá kom í ljós að það, sem var eftir af þeirri vegáætlun, var samtals 1023 millj. Það voru 36 millj. á Suðurlandi, 174.3 millj. á Vesturlandi, 70.6 millj. á Vestfjörðum, 55.9 millj. á Norðurl. v., 114.4 millj. á Norðurl. e. og 572.3 millj. á Austurlandi. Síðan þá hefur kostnaður við vegaframkvæmdir hækkað um 50%. Það er hins vegar nauðsynlegt að geta þess, að hluti af þessari upphæð í Austurlandsáætlun er breyttar forsendur eða 196.3 millj. kr. Það er einnig ástæða til að geta þess, að Norðurlandsáætlun er ekki inni í vegaáætlun, þannig að þótt ég hafi ekki á reiðum höndum hversu mikið er eftir af Austurlandsáætlun, þá er ljóst að þar er um nokkur hundruð millj. að ræða. Það er ekki lokið vað að gera vegi um erfiða fjallgarða, eins og t. d. Vopnafjarðarheiði, Oddsskarð, Fjarðarheiði. Eftir að þessi áætlun var gerð kom vegurinn um Skeiðarársand sem var ekki í gömlu vegáætluninni og var náttúrlega gífurleg samgöngubót fyrir þennan landsfjórðung, og er ástæða til að minnast þess áfanga. En síðan þessi leið opnaðist hefur komið í ljós hversu gífurlegur farartálmi Lónsheiði er og hversu hún torveldar samgöngur frá Austurlandi til Suðurlands og svo Vesturlands. Ég vil sem sagt leggja á það áherslu, og ég hygg að allir þm. Austurl. séu sammála um það, að það komi ekki annað til álita en að ljúka við þá áætlun sem var hafin með gerð Austurlandsáætlunar.

Að öðru leyti um skiptingu þess fjármagns, sem hér er fyrir hendi, er lítið að segja. Það er ástæða til þess að binda nokkrar vonir við það að breytingar á vegalögunum hafi áhrif í þá átt, að það verði lögð meiri áhersla á næstunni á aðrar framkvæmdir en hraðbrautaframkvæmdir. Sumar þessara hraðbrauta eru komnar í þann flokk vegna mjög tímabundinnar sumarumferðar, og það gefur alls ekki tilefni til að álykta í öllum tilfellum um mikilvægi þeirra. Eins og margoft hefur komið fram, eru það sérstaklega Austurland og Vestfjarðakjördæmi, sem vart eru á blaði í þessum flokki, og hljótum við að binda miklar vonir við það að þessi breyting var gerð.

Ég vil að lokum taka það fram, að mér er fullkomlega ljóst að ætlum við að halda áfram að sinna ætlunarverki okkar í vegamálum, þá verðum við að afla meiri tekna í Vegasjóð. Ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn að standa að því. Ég tel að það sé ekki um annað að ræða. Það er að vísu gert ráð fyrir því í þessari vegáætlun að það verði aflað meiri tekna á árunum 1978 og 1979, en það hlýtur hins vegar að koma mjög til álita að það spor verði stigið nú þegar.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Eins og eðlilegt er hafa inn í þessar umr. blandast mjög lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar. Sá háttur er nú á hafður, að

í einum lið er færð í vegáætlun tekjuöflun vegna lánsfjár, en ekki sundurliðað hvað sé vegna t. d. þessara sérstöku framkvæmda. Út af fyrir sig hef ég ekkert við þetta að athuga, þótt skemmtilegra hefði verið að sundurliða þetta strax frá upphafi, en það mun hafa verið af mistökum sem það var ekki gert. En hæstv. samgrh. hefur gert grein fyrir því, að fjár vegna þessara sérstöku framkvæmda verði aflað með útgáfu happdrættisskuldabréfa, og ég skildi hann svo, að það mundi jafnvel nema allt að einum milljarði kr. A. m. k. hljóta það að verða 850 millj. kr., því að yfirlýsing var gefin hér í fyrra um það, þegar ekki var talið unnt að veita til þessara framkvæmda nema 150 millj. kr., að þær 350 millj sem þá voru lánaðar, mundu endurgreiddar á árinu 1977, en auk þess a. m. k. boðnar út 500 millj. kr., þannig að til þessara framkvæmda sérstaklega mundi ekki fara minna fé en 850 millj. kr., en gott er ef það getur orðið meira því að vissulega hafa peningarnir rýrnað í verðgildi, sérstaklega frá því að frv. var flutt, en einnig frá því að þetta fé var lánað, þannig að ætlunarverkið næst ekki með því fjármagni, þ. e. a. s. að ljúka þessum vegi á tiltölulega skömmu árabili, nema aukafjárveitingar komi til. Ég vil sérstaklega undirstrika það, þó að það ætti kannske að vera óþarft, enda hafa þm. hér hver af öðrum gert það, að þessu fé er algerlega óheimilt að verja til nokkurra annarra framkvæmda en þessara sérstöku framkvæmda. En í 7. gr. laganna segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að 2/3 hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að 1/3 hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða.“

Það er sem sagt skylt að verja þessum fjármunum í þessum tilgangi. Og í 1. gr. segir: „Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 millj. kr.“ Það fer sem sagt ekki á milli mála að þessum fjármunum má ekki verja með öðrum hætti en hér greinir.

En þá er komið að því, hvort hugsanlegt sé að skerða aðrar fjárveitingar til þessara vega á vegáætlun vegna þess að þeir fá þarna talsvert mikið fjármagn umfram aðra vegi. Það tel ég einnig að sé með öllu óheimilt. Það fer ekki á milli mála þegar skoðaðar eru umr. um þetta mál og strax grg. með frv. eins og það var upphaflega flutt, að vísu þá um Norðurveg einan, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið er nú að nýjum kostnaðaráætlunum við gerð framtíðarvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur á Vegamálaskrifstofunni og munu þær væntanlega liggja fyrir þegar mál þetta kemur til umr. og afgreiðslu í n. Ljóst er að heildarkostnaður við vegagerðina verður mun hærri en þær 200 millj. kr., sem ríkisstj. er heimilað með frv. þessu, ef samþykkt verður, að afla að láni, en til viðbótar yrði framkvæmdin fjármögnuð með fé samkv. vegaáætlun og samgönguáætlun Norðurlands.“

Og í framsögu fyrir nál. í hv. Nd. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og að líkum lætur spunnust miklar umr. um mál þetta er það var til fyrstu meðferðar hér í d. Fjallaði málið þá einungis um fjáröflun til Norðurvegar og ræðumenn allir lýstu skilningi á því að hraða framkvæmd við gerð þess vegar, en bentu margir á brýn og aðkallandi verkefni við vegagerð annars staðar. Síðan hafa miklar viðræður farið fram um málið á nefndarfundum og í viðræðuhópum alþm. En loks auðnaðist í gærmorgun að ná fullri samstöðu í hv. fjh.- og viðskn. um breytingar á frv. og stuðningi allra nm. við framgang þess. Leyfi ég mér að vænta þess, að aðrir hv. þdm. séu málinu samþykkir og það geti jafnvel fengið lokaafgreiðslu hér í hv. d. nú í dag.“

Og enn segir:

„Rétt er að leggja á það áherslu, að hugmyndin hefur ætíð verið sú, að því fé, sem með þessum hætti er aflað, sé varið til sérstakra meiri háttar verkefna án þess að skipting vegafjár á vegalögum raskist. Þannig var það um Skeiðarársand, Djúpveg o. s. frv.“ Og enn: „Hitt er að mínu mati mjög mikilvægt, og þá skoðun hafa margir tekið undir, m. a. hér í þessum ræðustól, að happdrættisútboð sem þetta eigi að vera einskorðað við ákveðnar vegaframkvæmdir, þannig að fólk hafi það ekki á tilfinningunni að það sé að verja fé sínu í hina svokölluðu ríkishít.“

Í umr. hvorki í Nd. né Ed. kom fram ein einasta rödd, að ég hygg, í þá átt að þarna væri ekki um sérstakt verkefni að ræða og sérstaka fjárútvegun sem ætti að koma til viðbótar eðlilegum fjárframlögum á vegalögum. Það væri sem sagt ekki unnt að taka þetta fé eða svipta þessa vegi öðrum fjárframlögum vegna þessarar viðbótarfjármögnunar. Ég get þessa sérstaklega vegna þess að ég skildi hæstv. samgrh. svo, að hugsanlegt væri að eitthvað af þessum fjármunum, sem nú yrði boðið út, rynni til Borgarfjarðarbrúarinnar. Ég tel vafasama lögskýringu að það fái staðist. Ég vil ekki fullyrða það nema kanna það mál betur. En þannig hagar því máli, að ákvörðun um Borgarfjarðarbrú hafði verið tekin áður en frv. þetta var samþ., og það var a. m. k. ekki skilningur þm., að ég hygg, að neitt af þessu fé færi til byggingar hennar. A. m. k. var það ekki skilningur minn, og ég hef aldrei ætlað að einn eyrir af því, færi til þeirrar framkvæmdar, og er ég þó ekkert að lasta þá framkvæmd. Hún þarf að koma, hvort sem hún hefði burft að koma þetta snemma eða eitthvað síðar. En ég tel sem sagt að það sé mjög vafasamt, að unnt sé að fjármagna þá framkvæmd með þessum hætti.

Ég tel að meginákerslu eigi að leggja á það að því er varðar Norðurveg — og skal ég ekki skipta mér af Austurvegi í því efni — að fullgera veginn á Holtavörðuheiði, á Öxnadalsheiði, að bæta veginn í Norðurárdal og í Húnavatnssýslum og Skagafirði, þar sem víða eru enn slæmir vegir, eins t. d. Hrútafjarðarháls, sem var að sögn vegamálastjórnarinnar versti vegarkaflinn á öllum hringveginum á s. l. vori, hann var bókstaflega ófær, og þar er um mikla framkvæmd að ræða.

Ég vil sérstaklega geta þess, að strax í grg. með þessu frv., eins og það var í upphaflegri mynd, var lögð á það áhersla að þetta fé færi til uppbyggingar vega í fullkominni mynd að öðru leyti en að lagt yrði bundið slitlag. En þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ætti þá að vera séð fyrir fjármagni til að ljúka uppbyggingu vegarins og hefjast handa um

að leggja hann bundnu slitlagi. En til að ljúka verkinu yrði jafnframt leitað eftir láni erlendis og ákvörðun tekin um slíka lántöku þegar kostnaðaráætlanir liggja fyrir og upplýsingar um hugsanleg lánakjör."

Það var sem sagt hugsun flm. frá upphafi, að að fyrst og fremst yrði vegurinn byggður upp og þá sérstaklega á snjóþungum köflum, og falla þar saman sjónarmið flm. þessa frv. og þeirrar þáltill. sem hér hefur verið til umr. í þá áttina að leggja áherslu á að gera fjölfarna vegi og mikilvæga vegi, sem tengja héruð landsins, færa allt árið. En ég hef lagt á það áherslu, að þegar við höfum efni á því að leggja bundið slitlag svo að verulegu nemi, sem við höfum því miður ekki haft undanfarin tvö ár, þá eigi ekki að byrja alla slíka vegalagningu út frá Reykjavík, það sé eitthvert lögmál. Ég tel að það eigi jafnframt að taka fjölfarna kafla annars staðar. Þegar þannig vill til að t. d. vegurinn út frá Akureyri og vegurinn kringum Blönduós eru fjölfarnari en vegurinn uppi í Hvalfirði, þá er það ekkert sáluhjálparatriði að leggja endilega veginn uppi í Hvalfirði fyrst. Ég tel það beinlínis rangt. Ég tel að það eigi að leggja þessa vegarspotta út frá þéttbýliskjörnum þar sem umferðin er mest. Það er það sem ég hef haldið fram, en út úr því hefur að vísu verið snúið. En það þarf ekki að deila neitt um þetta. Það er skjalfest þegar í upphaflegri grg. með þessu frv.

Um þetta mál náðist á sínum tíma mjög víðtæk samstaða og var það ánægjulegt, sérstaklega t. d. að svo til allir þm. þéttbýlisins hér á Suðvesturlandi skyldu greiða atkv. með þessu frv., með stórfelldri fjárútvegun. Við getum kallað það skattlagningu ef við viljum, ég tel það ekki vera það. Ég tel að það sé hvorki verið að leggja skatt á núverandi kynslóð né komandi kynslóðir með því að verja fjármagni með þessum hætti til vegamála. Ég hygg að allir geti verið sammála um að næsta kynslóð verði að leggja þessa mikilvægu vegi ef við gerum það ekki og yrði þá að borga þá með verðlagi sem þá yrði. Þeir vextir, sem af þessu greiðast óneitanlega á meðan, borgast áreiðanlega af sparnaði á ökutækjum og þeim hagsbótum sem fólkið hefur af því að hafa góðar samgöngur.

Ég nefni hér eða við flm. í grg. strax í upphafi þann möguleika að afla erlends lánsfjár til þess að hrinda í framkvæmd þessu mikilvæga verkefni. Ég er enn þeirrar skoðunar, að það geti komið til greina að gera það og reyna að ljúka þessu verkefni, sérstaklega að fullgera veginn á milli Reykjavíkur og Akureyrar, höfuðborgar landsins og höfuðborgar Norðurlands, sem er auðvitað bein hagsbót fyrir yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar og auðvitað til hags fyrir þjóðina alla. Jafnvel þótt svo sé komið að við skuldum of mikið erlendis, þá eiga þau rök, sem ég áðan greindi frá, við um það, jafnvel þótt um erlenda lántöku væri að ræða, að veginn verður að leggja. Ef við gerum það ekki, þá gera eftirkomendur okkar það, og vegurinn á að standa um aldur og ævi, vonum við, og vextirnir mundu áreiðanlega greiðast af sparnaði í bensínnotkun og minna sliti á bílum. Að vísu er nú spenna í efnahagslífi, og við viljum sjálfsagt allir, hv. alþm. reyna að stemma stigu við því að hún aukist a. m. k. og reyna að draga úr henni. Þess vegna væri kannske óvarlegt á þessu ári að fara að taka meiri háttar erlent lán til þess að örva þessar framkvæmdir, þó að til greina gæti komið að taka það í eitthvað litlum mæli. En það mætti vel hugsa sér að gera áætlun um að fullgera þennan veg t. d. á næstu 3—4 árum undirbúa þær og leita eftir lánsfjármagni, ef samstaða gæti um það orðið.

En ég skal ekki fjölyrða um þetta. Það liggur alveg ljóst fyrir, að hvað sem öðrum vandkvæðum líður, þá verður þetta fé ekki tekið frá þessum vegum og ekki heldur skert eðlilegt framlag til þeirra á vegáætlun að öðru leyti. Það væri brot á lögum og brot á þeim vilja sem kom fram í Alþ. með meiri samstöðu en tíðast á sér stað hér.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að taka undir orð síðasta ræðumanns um ráðstöfun á happdrættispeningunum, sem ég held að orki ekki tvímælis að hafi átt að koma til uppbótar annarri fjármögnun, en ekki sem einn liður í dæminu.

Ég get ekki tekið undir þá gagnrýni sem hér hefur verið hreyft á Vegagerðina og ráðh. fyrir það að vegáætlun sé seint fram komin. Ég hygg að hún sé á réttum tíma núna. Það hefði ekkert gert til þó hún hefði komið mánuði fyrr, en fyrr gat það náttúrlega ekki orðið vegna þess að vegalögin höfðu ekki hlotið afgreiðslu fyrr en um jól og þar af leiðandi var ekki hægt að leggja fram vegáætlun sem hafði ekki stoð í lögunum.

Alþ. ætti að geta haft tíma til þess að fjalla um þessa vegáætlun og fjalla um af skynsamlegu viti á næstu vikum, og þá gæti hún orðið til happa og farsældar á komandi árum.

Hin nýju vegalög, sem sett voru í vetur, hefðu e. t. v. getað orðið enn þá betri en þau urðu. Ég skal ekki fjölyrða um það. En ég held að það hafi verið ávinningur að þeim og þess vegna hafi það verið vel ráðið að bíða með vegáætlun eftir því að þau væru sett. Það eru í þeim lögum ýmis ákvæði sem horfa mjög til bóta, t. d. um skiptingu vega í flokka og kannske ekki síst um aukið fjármagn til sýsluvegasjóða sem sannarlega var langt of lítið. Hinu er ekki að neita, að vald alþm. sem slíkra er minna eftir nýju lögunum heldur en það var eftir gömlu lögunum.

Við erum svo heppnir að hafa ágæta stofnun sem fjallar um þessi mál, Vegagerðina. Hún er ævinlega tekin sem fyrirmynd annarra ríkisstofnana hér í Alþ., þegar menn eru að ræða um þær, og þessi stofnun hefur á að skipa hæfum mönnum. Þeir hafa leitað samstarfs við alþm. og ég veit að þeir munu gera það áfram. En ég gæti hugsað mér samt sem áður að vald þm. mætti vera meira og enn þá betur tryggt. Ákvörðunarvald Vegagerðarinnar er að sjálfsögðu mjög mikið, því að þessir nýbyggingarþættir, sem þm. hafa hönd í bagga með að skipta, eru náttúrlega ekki mjög veigamikill hluti af heildarsummunni. Vegagerðin hefur með að gera t. d. skiptingu á viðhaldsfénu sem er rúmir 2 milljarðar á þessu ári.

Hvað varðar þá gagnrýni, sem komið hefur fram um það, að þessi vegáætlun sé of lág og of

lítið sé til einstakra verka, þá get ég ósköp vel skilið hana. Að sjálfsögðu er það þó nokkurt átak að útvega þó þessa peninga, og það ber ekki að vanþakka. En ég get tekið undir með þeim mönnum, sem hér hafa talað, um það að ég gæti hugsað mér að þessi áætlun hefði verið rýmri. Svona áætlun veitir stórvirkjum ekki nægilegt svigrúm til þess að þau fái að njóta sín. Það eru miklar fjárhæðir í þessari vegáætlun og væntanlega gengur vel að eyða þeim því að verkin, sem framkvæma á, eru dýr. Verkin eru dýr og verkin eru íborin, e. t. v. stundum um of íborin. Ég minni á að ég þekki dæmi þess að í örfámennum byggðarlögum er fyrirhugað að leggja veg sem er 6½ m á breidd, en til samanburðar má geta þess, að skotar munu hafa tekið upp hjá sér nýja reglu fyrir skömmu um að leggja ekki bundið slitlag á vegi ef þeir eru mjórri en 2.07 m. Við erum að hanna vegi yfir Laxárdalsheiði í Skagafirði, í byggðarlag þar sem ekki búa nema tæpir 80 menn, en þarfan og góðan veg sem endilega verður að koma, en ætlum að hafa hann 6½ m á breidd og það er náttúrlega ofrausn.

Ég vil nota þetta tækifæri — og það er aðalerindið í þennan ræðustól strax við 1. umr. málsins að leggja á það áherslu að ég held að vegurinn milli Blönduóss og Skagastrandar hljóti að teljast í stofnbrautaflokki. Hann er ekki hér á blaðinu. Ég hygg að hann muni hafa fallið e. t. v. af vangá, af stofnbrautalistanum, en þar á hann alveg tvímælalaust heima, vegna þess, sem segir í 2. gr. nýsettra vegalaga, þ. e. a. s. klausunnar um stofnbrautirnar: „Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði.“ Ég hygg, að Skagaströnd og Blönduós myndi samræmda heild frá atvinnulegu og félagslegu sjónarmiði. Þess vegna beini ég því til fjvn. og þeirra, sem koma til með að fjalla um þetta frv., að athuga það mjög rækilega hvort Skagaströnd eigi ekki heima í þessum flokki, hvort þeir hafi ekki sama skilning og ég á þessu atriði. Það má rekja mörg rök fyrir því, að þarna sé um að ræða samræmda heild frá atvinnulegu og félagslegu sjónarmiði hjá þessum tveimur þorpum.

Ég hefði enn fremur óskað eftir eilítið öðru formi á einum lið í þessari áætlun, þ. e. a. s. annarri uppsetningu á álaginu sem lagt er á framkvæmdir. Mér finnst það mesta ómynd, og ég trúi ekki öðru en að menn gætu fellt sig við að fara öðruvísi að en gert er hér, að setja niður á blað ákveðna tölu, en ekki vera með prósentureikning við álag á einstök verk. Þetta vekur mönnum fyrst undrun, þegar þeir átta sig á þessu, og síðar gremju. Það er óóeðlilegt að vera að birta tölur um fjárveitingar til einstakra verka og klípa svo af þeim kannske allt upp í 14%, eins og mun hafa verið gert á s. l. árum. Þessa peninga þarf Vegagerðin vafalaust að fá eða, áhaldahús og sú starfsemi sem þannig er fjármögnuð. En ég hygg að það mætti allt eins taka þetta öðruvísi og stilla þessari upphæð upp við hliðina á þeim upphæðum sem hér eru settar til stjórnunar og undirbúnings, þ. e. a. s., svo að ég nefni tölurnar í ár, skrifstofukostnaður hjá Vegagerðinni 133 millj., til verkfræðilegs undirbúnings 182 millj., í umferðartalningu og vegaeftirlit 26 millj., í eftirlaunagreiðslur 20 millj. Þetta eru samtals 361 millj. Þá eru til áhaldahúsanna og til véla- og verkfærakaupa 80 millj. Ég hygg að það væri allt eins hægt að setja þetta upp á annan hátt og það væri allra hluta vegna heppilegra. Ég beini því til fjvn. að reyna að koma þessu í annað form. Ég hygg að það sé ekki ætlunin að klípa svo mörg prósent af núna sem gert var í fyrra, en allt um það á að vera hægt að gera áætlun um þessa tölu eins og aðrar og prenta hana hér á sínum stað í áætluninni. Og þá veit líka Vegagerðin enn gleggra hvaða fjármagni er úr að spila.

Síðasti ræðumaður fjallaði eingöngu um eitt tiltekið verkefni á hringveginum eða um Norður- og Austurveg. Ég vil prjóna ofurlítið við það. Mér finnst þessi fjárveiting til þjóðvegaflokksins, 400 millj. í ár, of naumt skömmtuð. Að vísu er þetta í prósentutölum leiðrétting. En allt um það, þá er það ekki mikið sem kemur í hvern veg, í hverja einstaka framkvæmd, þó við ekki tökum nema það albrýnasta, ef á að skipta þessum 400 millj. í alla þá staði og síðan að klípa af þeim álag. Ég nefni að þetta er aðeins 4 millj. hærra í ár til nýbygginga þjóðbrauta heldur en er ætlað til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum og svo breytist það hlutfall enn á næstu árum, þar sem vegir í kaupstöðum og kauptúnum fara langt upp fyrir þjóðvegina. Mér finnst þessi flokkur, nýbygging á þjóðvegunum, vera sá sem er nú naumast ætlað til.

Hér hafa orðið í vetur geysilega langar umr. og miklar og stórfróðlegar um varanlegt slitlag á þjóðvegum og ég hef ekki verið barnanna bestur með að lengja þær. Þess vegna er leiðinlegt að þurfa að viðurkenna það eftir allar þessar snjöllu ræður, að við höfum raunverulega ekki verið að tala um varanlegt slitlag, því að þetta slitlag, sem við vorum að tala um, er ekki eins varanlegt og við vildum vera láta í okkar ræðuhöldum. Ég minni á það, að hér eru ætlaðar töluverðar upphæðir til viðhalds á vegum með bundnu slitlagi, 140 millj. í ár og 182 millj. á hverju ári þar á eftir. Ég vitna til bls. 23 í þessari vegáætlun, en þar segir að kostnaður við viðhald á olíumalarvegum við áðurnefndan umferðarflokk, þ. e. a. s. með 750—1000 bíla umferð á dag, er um 76% af kostnaði við samsvarandi malarveg. Það er meira en lítið. Þeir eru ekki aldeilis afgreiddir í eitt skipti fyrir öll olíumalarvegirnir þó að á þá komi olíumöl, ef til þeirra þarf að verja svo miklu fjármagni. Það mun vera óhjákvæmilegt að gera það, því að vondur olíumalarvegur er enn þá verri en vondur malarvegur.

Ég ætla svo að geyma mér umr. til seinni umr. um önnur atriði. Ég vildi þó láta þetta koma fram hér við 1. umr. málsins. Ég vil þakka fyrir það, sem vel er gert í þessari áætlun, og heita á þá, sem fá hana nú til umfjöllunar, að gera nú enn þá betur og klípa af henni þá litlu agnúa sem ég hef bent á. Og ég vona að þeir, sem hér hafa ákafast talað um nauðsyn þess að verja meira fé til Vegagerðarinnar, finni góðar og léttbærar leiðir til þess að geta hækkað þetta framkvæmdafé.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hér er nú verið að fjalla um það mál sem þm. og raunar allir landsmenn hafa einna mestan áhuga á í sambandi við afgreiðslu mála hér á Alþ., því að sannast sagna eru vegirnir lífæðar byggðanna. Þess vegna er ekki óeðlilegt þó að menn ræði þessi mál, ekki síst þegar í ljós kemur að í sjálfu sér minnkar alltaf það fjármagn sem við höfum milli handanna til þess að byggja upp vegakerfið, sem er þó mjög lélegt, og sumst staðar væri hægt að hafa enn sterkari orð um ástand sumra vega.

Ég var að hugleiða það í sambandi við þær áætlanir, sem hafa verið hér mjög til umr., þ. e. a. s. Austurlandsáætlun og Norðurlandsáætlun, hvernig þetta hefur lent hjá okkur í verðbólgunni. 1973 voru í Norðurlandsáætlun lagðar til veganna um 150 millj. kr. En ef framkvæmdamátturinn ætti að vera hinn sami nú mundi þetta vera í kringum 630—640 millj., miðað við það sem áætlað er að vísitalan verði á sumarmánuðum. Á þessu sjáum við hvernig þetta er að fara hjá okkur. Og ég verð að segja það, að ég sé ekki hvernig er hægt að ganga frá vegáætlun nú nema við finnum meira fjármagn til skipta heldur en sú áætlun, sem hér liggur fyrir, ber með sér.

Til stofnbrauta t. d. eiga að fara eftir áætluninni 1820 millj. kr. Ég held að það sé rétt að það sé skuld frá því í fyrra um 150 millj. Mér skilst að það muni þurfa að fara á milli 400 og 500 millj. í brúna yfir Borgarfjörð. Það voru á áætlun 390 millj., að mig minnir, á s. l. ári, og það væri ekki fjarri lagi að það þyrfti a. m. k. 500 millj. til þess að vera eitthvað líkt eða mundi varla duga. Þá sjáum við hvað verður eftir til skipta. Nú eru uppi kröfur um það, að mér finnst eðlilegar kröfur frá þm. Austurl., að það verði ekki horfið frá Austurlandsáætlun. Það voru 177 millj. í fyrra. Mér er líka spurn: Til hvers var verið að gera Austurlands- og Norðurlandsáætlun í vegagerð ef á raunar að stinga þeim hálfvegis undir stól? Þó að það færu ekki nema 100 millj. í áætlun Austurlands, sem ég geri ráð fyrir að þm. Austurl. muni finnast lítið, og 200 millj. í Norðurlandsáætlun, þá eru ekki eftir til skiptanna eftir þessari áætlun nema um 945 millj. kr. til annarra verkefna.

Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson sagði áðan að happdrættisvegaféð hefði átt eingöngu að fara til vegarins til Akureyrar og Austurvegar, eins og það heitir. Það er alveg rétt. En þegar var fjallað um þetta mál og þegar málið í raun og veru stóð svo broslega, að hringvegurinn náði annars vegar til Egilsstaða og Akureyrar hins vegar, — það var hringvegurinn, ég hef aldrei heyrt um hringveg sem á væri þannig stórt bil, það var til þessara hluta á hringveginum sem þetta fé átti að ná til, þá ræddum við um það hér í þessum ræðustól fleiri en einn og fleiri en tveir, að það mundi þá verða reynt að færa til á Norðurlandsáætlun austar til þess að það kæmi ekki að sök, jafnvel þó að svona hjákátlega væri frá málinu gengið í n. Og eins og málið stóð, þá var það látið fara svona í gegn samt sem áður með það í huga að þetta væri gert. Og það var gert á áætluninni síðast, það var fært austur fyrir af þessum ástæðum, eins og ég veit við nánari athugun að hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson minnist.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði áðan að það væri ekki nein Norðurlandsáætlun í síðustu vegáætlun, þ. e. a. s. áætluninni 1974—1977. Þetta er mikill misskilningur. Hér er auðvitað ný vegáætlun og við norðlendingar hljótum að leggja áherslu á að við þessa áætlun verði staðið, og í sjálfu sér þarf til þess bara fjármagn. Það þarf nýtt fjármagn í þessar áætlanir. Það er það sem þarf. Það þýðir auðvitað ekki að koma með till. á Alþ. um að byggja upp vegina og jafnvel að setja slitlag á þá ef ekki fæst meira fé en hér er búið að setja á blað. Samgönguáætlun Norðurlands til veganna, miðað við verðlag í ágúst 1975, nam rúmlega 6.6 milljörðum og mundi því verða nú, með því verðlagi sem er reiknað með í vegáætlun, upp á 10.4 milljarða, ef ég reikna rétt.

Ég legg áherslu á að við hverfum ekki frá þessum áætlunum, heldur verði reynt að finna leiðir til að fjármagna þær sérstaklega. Ég vil ekki ræða um hvaða leiðir við finnum til þeirra hluta. Þó að ég hafi jafnvel ákveðnar skoðanir á hvernig að því skuli staðið, þá tel ég ekki rétt að gera það hér og nú. En umfram allt, hvort sem sú leið eða einhver önnur yrði farin, þá skora ég á alla þm., — og ég veit að ef hæstv. samgrh. fær stuðning þm. til þess, þá muni hann áreiðanlega hafa forustu í því máli, — að reyna að fá meira fjármagn í þessa hluti, því að öllum er ljóst hvert stefnir ef þetta á að fara eins og nú horfir.

Einhver sagði áðan, og ég hugsa að það sé rétt, að framkvæmdaféð hafi minnkað um 20% í fyrra. Ég sé ekki annað en það sé a. m. k. 30% minna nú en í fyrra, miðað við þá verðbólgu sem hefur orðið. Ég sé ekki betur. Þarna á ég við fyrst og fremst framkvæmdaféð til stofnbrauta og þjóðbrauta.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en vil leggja að síðustu áherslu á það, að ég sé ekki að það sé hægt að skipta þessu fjármagni öðruvísi en að fá verulega til viðbótar og það mundu ekki duga okkur hundruð millj. að mínu mati. Það þarf meira til.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er nú margt óráðið, að manni sýnist, í þessu plaggi sem við höfum hér fyrir augunum, og fánýtt kannske að hafa um það mörg orð nú við 1. umr., áður en séð verður hvernig málið útartar sig í hv. fjvn., sem mun víst nú þegar hafa tekið málið til meðferðar. Ég vil nú fyrst, af því að ég, eins og aðrir þm. sem hér hafa talað, er nokkuð uggandi um útlit vegáætlunar nú, ég vil byrja á því að tjá mig jákvætt um það sem ég tel mig geta tjáð mig jákvætt um, og það er vegaviðhaldið sem greinilega er meira tillit tekið til nú en áður. En það get ég tekið undir með öðrum þm., sem hér hafa talað, að nokkuð virðist manni óeðlilega mikið viðhaldsfé til vega með bundnu slitlagi. Þetta segi ég af því að okkur hefur fundist það nokkuð almenn skoðun þeirra slitlagsmanna hér á hv. Alþ., að með bundnu slitlagi

væri vandinn leystur og við þyrftum svo sem lítið að huga að vegunum eftir það.

Ég hlýt ásamt öðrum, sem hér hafa tjáð sig, að leggja megináherslu á það, að vitanlega er hér um fjármagn að ræða, okkur vantar bara peninga, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði. Og ég er líka í flokki þeirra sem telja að við hljótum og verðum að finna einhverjar tekjuöflunarleiðir fyrir Vegasjóð til þess að styrkja hann meira en nú er gert og til þess að treysta minna á lánsöflun á hverju ári, að ég ekki tali um erlend lán. Ég er á móti meiri erlendum lántökum. Hversu mjög sem ég er áfram um bætta vegi, þá sé ég ekki að við getum tekið á okkur að bæta við meiri erlendum skuldum en við erum að burðast með á bakinu nú þegar. Ég sé ekki betur en það sé alveg ljóst, að inn í þessa nýbyggingarfúlgu, sem nemur 2260 millj., eigi að koma allar þessar séráætlanir. Það segir bæði í nýafgreiddum lögum um breyt. á vegalögunum skýrum orðum, eins og hv. þm. Helgi Seljan benti á, og það er sérstaklega tekið fram í grg. með vegáætlun nú á bls. 27. Með leyfi hæstv. forseta les ég það upp, sem þm. mun raunar kunnugt:

„Í till. þessari eru fjárveitingar til sérstakra áætlana felldar inn í fjárveitingar til stofnbrauta og þjóðbrauta. Á þetta við um Austurlandsáætlun, Norðurlandsáætlun, Djúpveg og Norður- og Austurveg. Er þetta gert til að fá betri yfirsýn yfir áætlanagerðina, auka samræmingu hennar og auðvelda hana á margan hátt."

Ég þarf ekki að fara út í samlagningu þá, sem hér hefur verið gerð af ræðumönnum á undan mér, en hún kemur þannig út óneitanlega, ef við gerum ráð fyrir 500 millj. til Norður- og Austurvegar að viðbættri 350 millj. skuld frá í fyrra, álíka fjárhæð til Norðurlandsáætlunar og Austurlandsáætlunar eins og gert var ráð fyrir í fyrra, 170—180 millj. hvor, og svo er litli Djúpvegurinn, sem er settur þar í halann með einar litlar 25 millj., sem er nú ekki stórt hlass, en gjarnan viljum við að fá að halda þeim. Í vegáætlun frá í fyrra er gert ráð fyrir þessum 25 millj. fram til ársins 1979. Ef þar að auki ofan á allt þetta kemur svo fé Borgarfjarðarbrúar, þá sé ég ekki að það sé mikið eftir til skiptanna, þannig að ég hlýt að lýsa yfir þungum áhyggjum mínum yfir framgangi vegamála á okkar kæra landi í sumar. Ég vil bara vona að hæstv. ráðh. flytji okkur hér á eftir einhvern óvæntan fagnaðarboðskap sem leysi okkur frá þessari hrellingu.

Alls staðar í öllum landshlutum bíða stórkostlega aðkallandi verkefni. Ég get ekki látið hjá líða, þegar menn hafa nú freistast til þess að tæpa á þörfum eigin kjördæma, að minna á verkefni eins og Breiðadalsheiðina milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar, á Óshlíðina milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, sem það líður að að verði óforsvaranlegt að aka vegna hættuástands á veginum. Ég minni á vegagerð yfir Önundarfjörð, yfir Dýrafjörð. Allt eru þetta hundraða milljóna, ef ekki milljarða verkefni, þannig að ég held að við hljótum að gera það upp við okkur, þó að ég viðurkenni að að sjálfsögðu verðum við að gæta hófs og taka tillit til okkar efnahagsvanda, hvort við ætlum að láta vegamál dragast aftur úr, hvort þau eigi að standa í stað eða hvort þeim á að miða örlítið fram á við.

En mig langaði til að spyrja hæstv. samgrh., hver væri túlkun hans á 3. gr. í nýju vegalögunum, hvort gömlu hraðbrautirnar, dulbúnar nú sem stofnbrautir, eiga að halda áfram með sinn forgang eða hvort við megum treysta því að stofnbrautirnar, sem við leggjum mikið upp úr, eigi að koma víðar til góða. En eins og ég hef áður sagt, þá gefur þetta ákvæði um að stefnt skuli að bundnu slitlagi á vegum sem innan 10 ára kunna að fá 1000 bifreiða umferð á dag, vissulega ástæðu til áhyggna.

Úr því að hæstv. samgrh. er vikinn af fundi, þá ætla ég ekki að lengja þetta mál mitt meira nú, en það voru vissulega margar brennandi spurningar sem aðrir hafa borið fram hér og ég vil taka undir og fá nú við 1. umr. svar við, áður en haldið verður lengra í umfjöllun vegáætlunar. En ég vil að lokum lýsa yfir fullri samúð minni með fjvn. sem á eftir að leysa úr öllum þeim málum sem hennar bíða í sambandi við þessa vegáætlun.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef hlustað hér á mál manna og óneitanlega finnst mér það einkennast af tvennu öðru fremur. Í fyrsta lagi vilja menn fiska eftir því eftir ýmsum leiðum hvernig þeirra svæði sleppi út úr þessu, hvort það sé búið að tryggja það með samningum, áætlunum eða eftir öðrum leiðum að þeir nái örugglega út úr þeim upphæðum, sem hér er um að ræða, þeim fjárhæðum sem þeir óska eftir. Satt best að segja virðist það liggja ljóst fyrir, að ef allir þeir, sem telja sig hafa komið ár sinni nokkuð vel fyrir borð með samningum og áætlunum, eiga að halda sínum hlut, þá verður harla lítið eftir handa hinum. Og ég get ekki varist því, að mér finnst eins og menn forðist að taka það til umr. sem er þyngst á metunum, og það er hvort sé hægt að verja það frá þjóðhagslegu sjónarmiði að verja mun meiri upphæðum til vegagerðar en nú er gert.

Ég held að það sé rétt að byrja á því að hætta hugleiðingunum um það, hvort það séu stofnbrautir eða þjóðbrautir eða sýsluvegir sem um er að ræða, heldur hitt, hvort við höfum í landinu heils árs vegi sem þjóna því hlutverki sem þeim er ætlað samkv. grunnskólalögunum, samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, samkv. lögum um mjólkurframleiðslu og margt, margt fleira. Það blasir við að lög um grunnskóla komast ekki til framkvæmda ef heilsársvegir komast ekki á lög um læknisþjónustu og heilsugæslustöðvar eru fyrst og fremst ákvörðun um það að viss svæði skuli þá ekki njóta eðlilegrar þjónustu, og mjólkurframleiðslan heldur áfram með þeirri stefnu, t. d. vestur á fjörðum, að það sé hagkvæmara að borga 25 kr. á lítra með því að flytja mjólk með flugvélum vestur á firði heldur en að framleiða hana á svæðinu með því að auka þar fjármagn til vegagerðar.

Ég held að það sé rétt að setjast niður og horfa örlítið á stöðu íslenskra efnahagsmála. Það er verið að segja okkur mjög oft að við megum ekki auka erlendar skuldir. Tilkynningar um þetta

koma gjarnan frá æðstu stofnun landsins, Seðlabankanum. En maður getur ekki varist þeirri tilhugsun að sá hinn sami, sem þar virðist mestu ráða, virðist jafnframt djarftækastur að ráðleggja þessari þjóð erlendar skuldir aðeins til annarra framkvæmda. Og ég held að það hafi komið fram mjög skýrt í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs, að það er hægt að sanna það með óyggjandi rökum reikningslega, að það er þjóðhagslega séð hagkvæmt að stórauka fé til vegaframkvæmda í þessu landi. Þegnarnir þurfa, ef það er ekki gert, að borga hærri fjárhæðir, m. a. til aukins viðhalds á farartækjum sínum, m. a. til mun kostnaðarsamari ferðalaga með öðru móti. Þess vegna hljóta umr. um þessi mál fyrst og fremst að snúast um það á þessu hv. Alþ., hvort menn eru almennt fylgjandi því að stórauka fjárveitingar til vegamála eða hvort menn eru ekki fylgjandi því að það verði gert.

Það hefur verið talað um það, að á dögum vinstri stjórnarinnar stóðu margir sjálfstæðismenn upp og héldu því fram að framlag til vegamála væri allt of lágt. Ég vil ekki að óreyndu gruna þá alla um það, að þeir hafi mælt þar þvert um hug sinn. Ég held að það sé rétt að láta reyna á það á þingi nú, hvort það er ekki til mikill meiri hluti fyrir því að verja meira fjármagni til vegamála en hér er ætlað, m. a. með því að setja inn heimildir til lánsfjártöku, innlendrar eða erlendrar, í þessu skyni.

Við, sem búum á Vestfjörðum, höfum gjarnan heyrt að það væri búið að framkvæma Vestfjarðaáætlun, þess vegna hlyti flest að vera í lagi þar vestur frá hvað vegamál snertir. Við viljum gjarnan minna á að norsku sérfræðingarnir lögðu til að vissir vegir yrðu heils árs vegir. Í veðurblíðu þess vetrar, sem nú er að líða, hefur farið svo að þó nokkuð af þessum vegum hefur verið fært, og kannske er það einmitt þess vegna sem manni er ljósara en nokkru sinni áður hve óhemjumikið atriði þetta er til að treysta búsetu á þessum stöðum. Ég vil líka leyfa mér að benda á að fjárhagslegt gildi þessa fyrir atvinnufyrirtækin virðist vera mjög mikið. S. l. haust t. d. var loðnu landað í Bolungarvík, og vegna þess að vegurinn var fær til Súgandafjarðar, vegurinn var fær til Flateyrar, þá hagnýttu útgerðarmenn sér það að flytja beitu frá Bolungarvík til þessara staða. Verðmismunurinn á þessari beitu var margfaldur á við þá beitu sem þeir ella hefðu notað, að því viðbættu að þeir fiskuðu mun meira með því að beita loðnunni nýrri heldur en að skera smokk til beitu. Þess vegna má segja að vegakerfið sé slagæðakerfi þessa lands og þegar það fer úr skorðum, lokast um langan tíma, þá hægir á þjónustu, þá er eins og tiltrú manna á þessum svæðum minnki líka.

Ég vil lýsa því yfir, að ég er í hópi þeirra manna sem telja að það sé fullkomlega réttlætanlegt að verja mun hærri fjárhæðum til vegagerðar en hér er lagt til, hvort sem það er gert með innlendri lántöku, erlendri lántöku eða auknum sköttum. Dýrustu skattarnir og mesta byrðin, sem við leggjum á komandi kynslóð í þessu efni, er að hafast lítið að í þessum málum.

Umr. **frestað.**

Efri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Skotvopn, frv. (þskj. 326 (sbr. 52)). — 3. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við er málið var tekið til 2. umr., því að við þm. í Reykjaneskjördæmi, sem erum hér í hv. d., vorum kallaðir á vettvangsrannsókn eins konar út af öðru máli og urðum að yfirgefa þingsalinn rétt áður en málið var tekið til meðferðar. Ég hefði hins vegar talað hér við 2. umr. og bent á nokkur atriði, sem ég er óánægður með í þessu frv., eða a. m. k. óskað eftir skýringu við þau atriði.

Þá er fyrst til að taka hvernig á að framkvæma ákvæði til bráðabirgða. Eins og segir á bls. 7, þá kemur á eftir 37. gr. ákvæði til bráðabirgða á þessa leið:

„Öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. jan. 1978. Fyrir þann tíma skulu þeir, sem óska eftir framlengingu leyfa, sækja um það til viðkomandi lögreglustjóra. Nú sækir maður eigi um leyfi eða er synjað um það, skal hann þá tafarlaust skila lögreglu þeim skotvopnum og skotfærum, sem hann hefur undir höndum.“

Nú vil ég fá þær upplýsingar hjá formanni n.: Á að krefjast nýs gjalds fyrir endurútgáfu leyfa eða ekki, og hve mörg leyfi eru skráð á Íslandi, því ef það á að gera, eins og mér skilst að þetta ákvæði feli í sér, þá er hér sett á stað óhemju skriffinnska og mun kosta mikið. Ég tel þess vegna þetta ákvæði ekki eðlilegt, ég segi það alveg hiklaust. Hins vegar hljóta lögregluyfirvöld að vita, hvaða aðilar það eru sem getur talist hæpið að hafi skotvopnaleyfi, og geta tekið þá til viðtals og endurmetið nauðsyn þeirra á því að hafa leyfi. En ætla að kalla til alla menn á landinu til þess að fá ný leyfi með tilheyrandi skriffinnsku og kostnaði tel ég fjarstæðu eina.

Hér urðu nokkrar deilur um 7. gr. og sé ég að hún heldur áfram óbreytt, en það er að menn megi ekki eiga byssu sem getur haft 5 skot og er það sem kallað er sjálfvirk í daglegu tali. Þetta tel ég fjarstæðu að banna að nota, því þeir sem geta ekki notað svona vopn, eiga ekki undir neinum kringumstæðum að hafa vopn undir höndum. Það er engin hætta af púðurtunnu fyrr en við kveikjum í henni. Það er engin hætta af skotvopni fyrr en við tökum í gikkinn. Og þeir, sem ekki geta farið með skotvopn, eiga ekki að hafa það undir höndum. Þess vegna á a. m. k. í framtíðinni að gæta þess vel að ekki hafi aðrir leyfi til þess að fara með skotvopn en þeir sem geta handfjallað skotvopn eðlilega.

Síðan kemur nýtt ákvæði í 22. gr. sem mér finnst merkilegt að menn skuli bæta við í n., en 22. gr. frv. er svona:

„Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.“

Þannig er frvgr. í upphafi. En í meðförum n. kemur:

„Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum. Dóms-

mrh. setur reglur um vörslu skotvopna og skotfæra.“

Hér finnst mér æðilangt gengið, ef þarf að fara að búa til sérstakar skotfærageymslur í hverju heimili á landinu þar sem skotvopn eru. Ég vil nú varpa fram einni spurningu: Þegar bjórinn verður kominn inn á hvert heimili, hvernig á að fara með kökukeflið? Verður það ekki næst hendi? Mér dettur það svona í hug skyndilega í ræðustól. Ég held að það verði að fara að læsa það vandlega niður ef slær í brýnu á heimilinu. Ég held að það sé hæpið fyrir Alþ. að setja svona ákvæði í löggjöf sem engin leið er að framfylgja, ekki nokkur leið. Ef svo slysalegir og ógæfusamlegir atburðir kynnu að eiga sér stað, að maður þarf að grípa til skotvopns til þess að verja sig eða deyða annan, þá auðvitað gerir hann það nema geymslan sé úr slíku efni að maðurinn ráði ekki við það undir neinum kringumstæðum nema opna með lykli. Ég tel svona ákvæði ekki skynsamlegt, ég segi það sem mína skoðun.

Svo kemur ákvæði í 20. gr., nýtt:

„Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir um.“

Hér er að vísu eðlilegt að setja takmörk og það ströng takmörk varðandi þetta mál. Ég hefði þó talið rétt að bæta hér við lítilli setningu í þá átt, að hér gildi um reglur innan girðingar, því annars manns land getur verið uppi á öræfum og langt til mannabyggða, svo kílómetrum skipti, og auðvitað geta menn bannað með einfaldri auglýsingu að hleypt sé af skoti á þessu landi. En ég tel þetta óeðlilegt nema skýrgreina nokkru nánar það svæði sem þetta bann takmarkast á. Að vísu er sett þarna ein setning til viðbótar. Hún hljóðar svo:

„Mál út af þessari málsgr. skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.“

Menn finna raunverulega að hér er seilst æðilangt varðandi notkun á skotvopni. Sjálfsagt og eðlilegt er að takmarka þetta sem mest á landareign annarra og rökrétt og eðlilegt. En mér finnst samt einum of ef þetta er fullkomlega ótakmarkað og ekkert tiltekið á einn eða annan hátt. Þá getur maður, sem á landareign sem er þúsundir hektara, takmarkað alla meðferð skotvopna á landareign sinni uppi til fjalla, inni á öræfum eða úti við sjó eftir eigin geðþótta, þó engin hætta stafi að nokkru leyti af meðferð skotvopns. Þetta kann að vera stefna mikils meiri hl. hv. þm., en þetta tel ég ekki rétt og vildi heldur takmarka það við svæði sem mótast af girðingum, þó um heiðarlönd væri að ræða.

Þessar athugasemdir, herra forseti, vildi ég að kæmu fram, vegna þess að ég held að hér hafi verið ofgert í n., settar reglur sem ekki er hægt að framfylgja, hreinlega ekki er hægt að framfylgja. Ég tel það miður að vera að setja löggjöf sem ekki er hægt að framfylgja með eðlilegu móti, sérstaklega þegar hér er um að ræða mikilvæga löggjöf sem er bráð nauðsyn að taki gildi sem fyrst. En hún má ekki vera svo öfgafull að ekki sé með nokkru móti hægt að vera öruggur um að henni verði framfylgt. Og ef á að framfylgja henni bókstaflega, þá skapar hún líka vandamál. Það er mitt mat á þessu eins og til hefur tekist nú eftir 2. umr. En ég vildi sérstaklega óska eftir svari við því, hvernig á að fara með ákvæði til bráðabirgða og hvernig hæstv. ráðh. eða viðkomandi yfirvald ætlar að túlka þessa grein.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. hefur gert nokkrar athugasemdir við frv. það, sem hér er til meðferðar í hv. Ed., og beðið um skýringar, sem ég er e. t. v. ekki fær um að gefa nema að einhverju leyti.

Samkvæmt frv. held ég að það sé algjörlega ljóst, að það eigi að innkalla öll skotvopnaleyfi, og hugsunin sé sú, að þau skuli endurnýjuð eftir því sem efni standa til. Það kann vel að vera að á þessu séu örðugleikar, um það þori ég ekki að dæma, og vafalaust er það rétt hjá hv. ræðumanni, að þetta kostar verulega vinnu. En ég lít a. m. k. svo á, að megintilgangurinn með stningu þessara laga sé að herða mjög hvers konar eftirlit með skotvopnum, hverjir eigi þau, hvernig sé með þau farið, hvernig þau séu varðveitt og hvernig þau séu notuð. Það má vafalaust um það deila, hversu langt eigi að ganga í þessu efni, eins og t. d. hvort krefja eigi nýs gjalds við endurnýjun skotvopnaleyfis, en um það hljóta að verða sett ákvæði.

Þá minntist ræðumaður á örðugleikana á því að geyma skotvopn í læstum hirslum. Ég hef ekki skoðað þetta ákvæði þannig að það þyrfti að búa til nýjar geymslur fyrir skotvopn, þó kann að vera að þess þyrfti undir sumum kringumstæðum, heldur hitt, að skotin væru t. d. geymd í skúffu, ef byssan væri geymd inni í læstum skáp. Tilgangurinn með þessu er vitanlega sá, að óvitar geti ekki náð til þessara tækja fyrirhafnarlaust í einu og verði með þessu betur en áður séð fyrir því að ekki hljótist af óvarkárni slys af þessum tækjum.

Þá er atriðið um það að ekki megi skjóta yfir annars manns land eða í annarra manna landi. Þarna er verið að tryggja rétt þeirra sem yfir landinu ráða. Það er öllum kunnugt að það eru nokkur brögð að því að skotvopn eru þannig notuð, jafnvel heima við bæi eða þar sem búfé gengur þétt í högum, að hætta getur af stafað, og vissulega hafa orðið slys af slíku. Þarna eins og annars staðar má auðvitað um það deila, hversu langt skuli ganga, og örugglega má finna dæmi um það, að mjög örðugt sé að sjá til þess, að þessar reglur verði ekki brotnar.

Ég ætla ekki að fjölyrða miklu frekar um þetta. Það hlýtur að verða álitamál hversu ströng lög þurfi að gilda um skotvopn og meðferð þeirra. En allshn. Ed., sem hefur fjallað allverulega um þessi mál, hefur komist að þeirri niðurstöðu að fremur sé rétt að herða þau ákvæði, sem voru í upphaflega frv., heldur en að slaka á þeim, og í samræmi við það hafa einstök atriði verið hert nokkuð frá því sem áður var.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

148

Neðri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 291). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið til meðferðar í hv. Ed. Alþ. Hefur það verið samþ. þar óbreytt og samhljóða.

Efni þessa frv. er í stuttu máli það, að í því felst heimild fyrir ríkisstj. til þess að auka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og framlag Íslands til Alþjóðabankans. Er um að ræða almennar hækkanir aðildarlandanna í samræmi við nýjar ákvarðanir um hækkun stofnfjár þessara stofnana. Hækkun stofnfjár hefur farið fram áður, síðast samkv. l. nr. 28 frá 28. apríl 1970. Ísland hefur verið aðili að sjóðnum og bankanum frá stofnun þeirra 1945 og hefur notið ýmiss konar hagræðis af aðildinni. Víðtæk endurskoðun á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur átt sér stað undanfarið og mun sérstakt frv. um staðfestingu Íslands á þeim breytingum verða lagt fyrir Alþ. síðar.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri um þetta frv., en vísa til frv. og aths. við það og leyfi mér að gera það að till. minni að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Ég hef ekkert við efni þessa frv. í sjálfu sér að athuga, og mér er ekkert að vanbúnaði að veita því samþykki. En þar sem hér koma til meðferðar atriði varðandi tvær veigamiklar alþjóðastofnanir, sem við eigum mjög margvísleg viðskipti við, langar mig til að varpa fram tveim eða þrem spurningum til hæstv. viðskrh., hvort sem hann er við því búinn að svara þeim nú eða við síðari umr.

Við höfum fengið allmikil lán frá Alþjóðabankanum, og það hefur verið á flestra vitorði að þau lán muni, miðað við íbúafjölda íslendinga, vera einhver hin hæstu sem tíðkast. Nú hef ég lesið það einhvers staðar fyrir skömmu að Alþjóðabankinn teldi að íslendingar væru búnir að fá svo mikil lán, miðað við stærð þjóðarinnar og efnahagsumsvif, að bankinn hefði ákveðið að stöðva frekari lánveitingar til okkar. Mér leikur forvitni á að vita, hvort þetta er á nokkrum rökum reist. Ef svo er ekki, þá væri einnig fróðlegt að vita hvort nú eru nokkur áform uppi um frekari lántökur og þá til hvers.

Hin stofnunin, sem frv. fjallar um, er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Hann hefur á síðari árum starfað mikið að því að styrkja gjaldeyri hinna ýmsu þátttökuríkja, sem munu vera flest ríki heims að undanteknum kommúnistaríkjunum. Þetta hefur m. a. verið gert í formi svonefndra dráttarréttinda. Nú hefur mér skilist að íslendingar hafi mjög hagnýtt sér þessi dráttarréttindi í þeirri efnahagskreppu sem þjóðin hefur átt við að stríða. Mig minnir að ég hafi lesið það í skýrslu frá OECD, að íslendingar væru nú komnir mjög nærri því að hagnýta sér að fullu þessi dráttarréttindi, lántökur samkv. þeim. Mér leikur einnig nokkur forvitni á að vita hvernig þessum málum er háttað, þar sem fyrirhugað mun vera að Ísland taki um 20 milljarða kr. að láni erlendis á þessu ári, en af því mun rúmlega helmingurinn verða notaður til að greiða niður eldri lán og vexti þannig að hrein aukning yrði líðlega 10 milljarðar. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að það sé töluvert erfiðara fyrir okkur að fá lán með hagstæðum kjörum á opnum lánamarkaði heldur en innan marka sjóðsins, og þessi dráttarréttindi í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafa sannarlega orðið okkur til mjög mikillar hjálpar, sumum hefur sýnst svo mikillar hjálpar að án þeirrar aðstoðar hefði vel getað komið til þess að íslensku gjaldeyrisbankarnir hefðu komist í þrot með erlendan gjaldeyri.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég held að ég hafi náð þessum spurningum hv. þm. Benedikts Gröndals á blað hjá mér, og ég mun kjósa að mega svara þeim síðar, þegar málið verður tekið til 2. umr., af því að ég hef ekki þær tölur í huga sem hér þyrftu að koma fram. Ég vil þó strax segja það, að ég held að blaðafregnir, sem kunna að hafa komist á kreik, hvernig sem á þeim stendur, um að Alþjóðabankinn hafi ákveðið að lána ekki meira til Íslands, séu úr lausu lofti gripnar. Að öðru leyti skal ég með ánægju afla upplýsinga um þetta og vera við því búinn að svara því við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Atvinnulýðræði, frv. (þskj. 315). — Frh. 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Hv. þm. Benedikt Gröndal hefur raunar þegar tekið af mér ómakið við að svara ýmsum fram komnum aths. hv. þm. við frv. það sem hér er til umr. Þó vil ég nota tækifærið til þess að fjalla um örfá atriði.

Það er alveg rétt, eins og fram kom í máli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, að það getur verið varhugavert að setja í eitt lagafrv. í ýmsum köflum ákvæði um breytingar á mörgum lögum. Þó hefur það verið gert, eins og hún tók raunar fram í sinni ræðu, og þá einkum og sér í lagi af ríkisstjórnum. En eins og hv. þm. Benedikt Gröndal raunar benti á, þá er talsvert öðruvísi farið um þetta frv., sem hér er lagt fram, vegna þess að þær breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að gerðar verði á ýmsum lögum, eru fyllilega sambærilegar og varða aðeins eitt tiltekið málefni. Ég vil benda þm. á það til glöggvunar, að ef þetta frv. verður samþ. og afgreitt eins og það liggur fyrir, þá verður III. kafli þessa frv. settur inn í lög um hlutafélög og verður þar tiltækur og fellur niður úr sérstökum lögum um atvinnulýðræði sem kæmu til með að standa eftir. Sama máli gegndi um IV. kafla, um breytingar á lögum um samvinnufélög. Hann yrði felldur inn í lög um samvinnufélög og félli

því niður úr sérstakri lagasetningu. V. kafli, um breytingu á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins, færi beint inn í þau lög og breytti þeim lögum, en félli niður úr sérstakri lagasetningu um atvinnulýðræði. Og VI. kafli, um breytingu á lögum um sementsverksmiðju, sömuleiðis. Öllu skýrar og einfaldar er ekki hægt að útfæra þessa hluti heldur en með þeirri aðferð sem hér er höfð. Eftir stæðu þá í sérstökum lögum um atvinnulýðræði I. kafli, um almennan tilgang laganna, og II. kafli, um samstarfsnefndir, svo og síðasti kafli frv., um gildistöku. Ég hef leitað mér upplýsinga um þetta hjá lögvísum mönnum, og þeir hafa tjáð mér að öllu einfaldari skipun væri ekki hægt að hafa á því, þegar svona breytingar stæðu fyrir dyrum eða ætti að gera, heldur en að leggja þær fram eins og hér er gert.

Ég ætla ekki að fara að deila, hvorki við hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur né hv. þm. Ingvar Gíslason, um sögulegan aðdraganda þessara mála. Ég skal ekki draga það í efa, að það sé rétt hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur að nokkrir þm. Sjálfstfl., — ég tók nú ekki eftir því að í þeirra hópi væri neinn þm. sem nú situr á Alþingi, — en að nokkrir þm. Sjálfstfl. hefður áður við ýmis tækifæri fjallað um þessi mál. Ég dreg það ekki heldur í efa hjá hv. þm. Ingvari Gíslasyni að það sé áhugi á þessum málum innan Framsfl., enda vil ég vísa til þess, að þegar þáltill. alþfl.-manna um skipun n. til þess að semja frv. um atvinnulýðræði var samþ. hér á Alþ., þá var það með atkvgr. allra flokka. Af því má marka að það sé pólitískur vilji á Alþ., sem þegar hafi komið fram í afgreiðslu Alþ. á þessum málum, fyrir því að einmitt lög um atvinnulýðræði verði sett. Og ég eins og ég segi, ég efa það ekki, enda hefur það fram komið, að það er áhugi fyrir því í öllum flokkum.

Ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, að nú eru liðin fjögur ár frá því að þessi þáltill. Alþfl. um atvinnulýðræði var samþykkt. N. sú, sem skipuð var í framhaldi af þeirri samþykkt, hefur ekki lokið störfum og mun að öllum líkindum ekki ljúka störfum, svo að Alþ. þarf að horfast í augu við þá staðreynd að sú afgreiðsla, markaði þar vilja Alþ., mun ekki bera árangur. Þá verður Alþ. að sjálfsögðu að staðfesta sinn pólitíska vilja, sem þegar er fram kominn, með því að taka sjálft frumkvæði til lausnar þessum málum. Og einmitt það frumkvæði hefur nú verið tekið af okkur þm. Alþfl. í þessari hv. d., og ef marka má orð og yfirlýsingar frá öðrum þingflokkum, þá trúi ég því ekki fyrr en ég tek á, að Alþ. heykist á því að framkvæma þann vilja sem þegar hefur komið fram frá Alþ. sjálfu í samþykkt þess á þáltill. Alþfl. um atvinnulýðræði. Hér er aðeins um það að ræða að gera tilraun til þess að Alþ. taki frumkvæðið og leysi þessi mál eftir að reynslan hefur orðið nákvæmlega sú sama hér á Íslandi og í öðrum löndum, að þessi mál verði ekki leyst af öðrum en löggjafanum sjálfum. Sú hefur reynsla okkar íslendinga þegar orðið, og sú var reynsla nágrannaþjóða okkar. Það var vegna þess sem nágrannaþjóðir okkar, norðmenn, danir og vestur-þjóðverjar og júgóslavar raunar einnig völdu þá leiðina að tryggja þetta með lagasetningu, en ekki með frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins, enda er ég fyllilega sammála hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, að hér er um mannréttindamál að ræða, réttindaveitingu, en ekki mál sem á að fjalla um á vettvangi kaup- og kjaramála, á t. d. alls ekki að meta á þann veg að verkalýðshreyfingin eigi að láta af hendi einhverjar kjarabætur eða beinar kauphækkanir í skipti fyrir mannréttindi eins og þetta frv. fjallar um.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði einnig í sinni ræðu, að það yrði að athuga hvaða skilyrði stjórnarmenn, sem kjörnir væru af starfsfólki, ættu að uppfylla til þess að öðlast kjörgengi í stjórnir, og einnig hvert valdsvið þeirra í stjórnum ætti að vera. Ég vil aðeins benda hv. þm. og öðrum þm. á það, að um þessi atriði er einmitt fjallað í þessu frv. Þar er nákvæmlega sagt hvaða skilyrði starfsmenn eigi að uppfylla til þess að öðlast kjörgengi í stjórnir atvinnufyrirtækja. Þau skilyrði eru tvíþætt. Starfsmaðurinn verður annars vegar að vera lögráður og fjár síns ráðandi og hins vegar að hafa starfað hjá viðkomandi fyrirtæki hið minnsta eitt ár áður en kosningin fer fram. Það kemur einnig glögglega fram í þessu frv. hvert valdsvið þessara fulltrúa starfsmanna í stjórnum á að vera. Það á að vera hið sama og annarra stjórnarmanna, sem kjörnir eru af eigendum á aðalfundi eða ársfundi. Þetta eru nákvæmlega sömu skilyrði varðandi bæði valdsvið og kjörgengi eins og t. d. í norskum lögum, og mér er ekki kunnugt um að þeir, sem um þessi mál hafa fjallað sérstaklega, hafi komist að niðurstöðu um að það eigi t. d. að setja fulltrúum starfsmanna í stjórnum slíkra fyrirtækja þrengri skilyrði en hér er frá sagt. Mér ekki kunnugt um að það hafi komið fram í einni eða neinni ályktun hjá Sjálfstfl., mér er ekki kunnugt um að það hafi komið fram í einni eða neinni ályktun hjá Framsfl., það hefur ekki komið fram í þeirri afgreiðslu sem Alþ. hefur þegar gert á þessum málum, og mér er kunnugt um að í þeim starfsmannafélögum og verkalýðsfélögum, sem um þessi mál hafa fjallað, er einmitt gengið út frá því að fulltrúar starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja sitji þar með sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn, enda er eðlilegt og sjálfsagt, að svo sé, og í fullu samræmi við hvernig þessum málum er fyrir komið í öllum nálægum löndum.

Hv. þm. Ingvar Gíslason hafði það einkum við þetta frv. að athuga, að atvinnulýðræði væri þar ekki skilgreint. Ég vil aðeins taka það fram og benda hv. þm. á að þetta orð, atvinnulýðræði, kemur hvergi fyrir í frv. nema í fyrirsögn þess. Það kemur hvergi fyrir í einstökum greinum frv. Þar er ekki minnst á orðið atvinnulýðræði. Það, sem frv. segir, er mjög nákvæmlega útlistað og þarf ekki að draga neina dul á hvað þar er átt við, þannig að þessi viðbára hefur ekkert gildi gagnvart frv. Sú skilgreining, sem notuð er við samningu þessa frv. á orðinu atvinnulýðræði, kemur hins vegar fram í grg., en þar er rætt um að með atvinnulýðræði sé átt við aðild verkafólks og annarra launþega að stjórnun atvinnufyrirtækja með einhverjum hætti. Ég vil einnig benda hv. þm. á að pólitískt lýðræði

hefur ekki heldur verið skilgreint til fullnustu. Þó sjá menn engin vandkvæði á að samþykkja lög sem menn telja almennt vera til lýðræðisframfara á hinu pólitíska sviði, þó að orðin sjálf, pólitískt lýðræði, hafi aldrei verið fyllilega skilgreint. Sú viðbára, að það vanti einhverja fullnægjandi skilgreiningu á orðinu atvinnulýðræði og því sé ekki hægt að samþykkja lög þar sem það orð kemur fyrir í fyrirsögn, er auðvitað markleysa ein.

Þá vék hv. þm. Ingvar Gíslason einnig að því, að um tvær leiðir væri að velja til þess að ná þessu markmiði: annars vegar löggjafarleið og hins vegar samningsleið. Það er auðvitað alveg rétt hjá þessum hv. þm., að þarna er um tvær leiðir að velja. En eftir að við erum búnir að velta þessu fyrir okkur áratugum saman út frá þeim grundvelli, að málin eigi að leysa eftir samningsleiðinni, og höfum fyrir augum að sú lausn skilar engum árangri, þá hljótum við að komast að sömu niðurstöðu hér á Íslandi árið 1977 eins og norðmenn og danir komust að árið 1940, að atvinnulýðræði sé þess eðlis að það fjalli um grundvallarmannréttindi sem ekki eigi að leysa á samningavettvangi aðila vinnumarkaðarins. Mér kemur þetta harla spánskt fyrir sjónir, og það lýsir raunverulega því, sem hv. þm. Benedikt Gröndal talaði um fyrr við umr. þessa máls, þegar hann sagði að hann ætti bágt með að skilja þá íhaldssemi og afturhaldssemi sem væri ríkjandi í félagslegum málefnum á Íslandi. Það skýrir þetta einmitt glöggt, að núna, árið 1977, skuli menn hér á Íslandi vera að velta fyrir sér hvernig leysa eigi félagsleg mál, sem allir nágrannar okkar komust fyrir mörgum áratugum að niðurstöðu um að væru hrein löggjafaratriði, en ættu ekkert skylt við samninga aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör.

Ég vil benda hv. þm. Ingvari Gíslasyni á það, að þó að við íslendingar séum orðnir talsvert á eftir nágrönnum okkar á hinu félagslega sviði, þá held ég að það sé óþarfi fyrir okkur að fara að taka þessar umr. upp á því herrans ári 1977, ekki síst þegar fyrir liggur samkv. þm. sjálfs og orðum hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur að einmitt þetta mál hafi ekki aðeins verið áhugamál verkalýðsflokkanna og stefnumál þeirra, heldur einnig sérstakt áhugamál Framsfl. og Sjálfstfl. En þrátt fyrir þennan eindregna pólitíska vilja í landinu hefur málinu ekki þokað nokkurn skapaðan hlut fram, einmitt vegna þess að allir hafa búist við því að þessi mál yrðu leyst eftir samningaleiðinni, í samningaviðræðum milli aðila vinnumarkaðarins. Einhvern tíma hljóta menn að læra af reynslunni, og ég held að reynslan liggi alveg á borðinu og við hljótum að komast að sömu niðurstöðu í þessum efnum og allar nálægar þjóðir, sem sé þeirri, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að ef á annað borð á að veita launþegum slík grundvallarmannréttindi, þá sé það Alþingis að gera það, en hins vegar eigi ekki að þurfa að beita verkalýðshreyfingunni í verkföllum eða hörðum átökum á vinnumarkaðnum til þess að fá slík mannréttindi fram, e. t. v. á kostnað almenns kaups og kjara verkafólks.

Ég held að við alþm. og Alþingi íslendinga verði að gera sér grein fyrir því, að það þjónar heldur litlu hlutverki að vera stjórnmálamaður hér á Íslandi ef á að viðurkenna það í verki, að hver ein og einasta meiri háttar úrbót sem gerð sé í félagsmálum þessarar þjóðar, verði ekki gerð nema af verkalýðshreyfingunni í harðri kjarabaráttu. Það er hún sem hefur þurft að knýja í gegn atvinnuleysistryggingar. Það var ekki pólitísk ákvörðun, heldur varð verkalýðshreyfingin að berjast fyrir því í harðri kjarabaráttu, þó að hér væri um að ræða fyrst og fremst atriði sem löggjafinn átti að leysa. Það er ekki heldur verkefni verkalýðshreyfingarinnar að leggja út í harða baráttu við aðila vinnumarkaðarins til þess að fá einhverjar úrbætur í húsnæðismálum launafólks. Hér er um að ræða pólitíska ákvörðun sem pólitískir aðilar eiga að taka og leysa hér á Alþ. af alþm. án þess að verkalýðshreyfingin þurfi að fórna sér í langri og harðri baráttu til að fá því framgengt. Nákvæmlega sama máli gegnir um úrbætur á almannatryggingakerfinu. Nákvæmlega sama máli gegnir um úrbætur á hinu pólitíska lýðræðissviði. Eða á það t. d. að vera afsökun fyrir aðgerðarleysi Alþ. til þess t. d. að veita ungu fólki aukin pólitísk réttindi með því að lækka kosningaaldur niður í 18 ár, að þetta sé ekki verkefni Alþ., heldur eigi verkalýðshreyfingin að berjast fyrir þessu í samningum við aðila vinnumarkaðarins og fórna e. t. v. einhverju af kaupkröfum sínum fyrir að ungt fólk fái þessi sjálfsögðu mannréttindi? Það er nákvæmlega sama viðbáran sem hér er höfð uppi gagnvart umbótum í þeim grundvallarmannréttindum sem lúta að áhrifum hins vinnandi fólks á vinnustað sinn, starfsumhverfi og stjórn fyrirtækja, sem þessir launþegar vinna hjá, þegar sagt er að það sé ekki í verkahring Alþ. að leysa þetta, heldur eigi verkalýðshreyfingin að gera það í átökum við vinnuveitendur. Hérna eru Alþingi íslendinga, stjórnmálaflokkarnir og alþm. raunverulega að gefast upp við það meginverkefni sitt að leysa úr félagslegum umbótamálum eins og þessum með því að segja: Við ætlum ekki að berjast fyrir þessu. Það er verkalýðshreyfingin, sem á að gera þetta. Það er verkalýðshreyfingin sem á að taka við félagslegri framsókn landsmanna úr höndum stjórnmálamanna. Stjórnmálamenn eiga ekki að láta þessi mál til sín taka, það er verkalýðshreyfingin sem á að leysa þau. — Svona viðbárur eru hrein uppgjöf. Þeir stjórnmálamenn, sem nota slíkar afsakanir til þess að koma sér hjá því að þurfa að taka afstöðu til svo sjálfsagðra réttlætismála eins og hér er um að ræða, slíkir stjórnmálamenn valda hreinlega ekki verkefni sínu, og ef þeir stjórnmálamenn svo í þokkabót orða sig við félagshyggju, eins og hv. þm. Ingvar Gíslason væntanlega gerir, þá er það orð í Framsfl. með nokkurri annarri merkingu en í verkalýðsflokkunum.

Ég vil enn fremur taka fram í sambandi við það sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði, að e. t. v. væri skýringin á því, að þessi mál hafi ekki náð eins langt hér og í nágrannalöndunum, sú að atvinnufyrirtækjum væri öðruvísi farið hér á Íslandi heldur en þar, launþegar hefðu meiri samskipti við stjórnendur slíkra fyrirtækja hér en þar og sú væri skýringin. Ég er ekki fyllilega ásáttur með þá niðurstöðu. Hún kann að vera

rétt í sumum tilvikum, en þó held ég að þetta sé ekki skýringin. Ég held einmitt að skýringin sé sú, sem ég hef verið að lýsa, sem sé að það virðist ætla að verða niðurstaðan úr síðari tíma sögu stjórnmálabaráttu á Íslandi, að stjórnmálaflokkarnir og Alþ. sjálft hafi raunar látið lönd og leið að leysa úr ýmsum slíkum félagslegum vandamálum, en ætlað verkalýðshreyfingunni að gera það með kjarabaráttu. Þeir félagslegu þættir, sem verkalýðshreyfingin hefur hugsanlega getað metið sem ígildi kauphækkana eða beinna kjarabóta, hafa því náð fram að ganga, svo sem eins og umbætur á húsnæðismálum, umbætur í atvinnuleysistryggingamálum o. s. frv. En félagsleg framsókn sem verkalýðshreyfingin hefur ekki getað sætt sig við að hægt væri að meta til móts við einhverjar kauphækkanir, t. d. eins og framfarir í atvinnulýðræðismálum og hefur því ekki tekið til lausnar á vettvangi samninga, — úrbótum í þeim málum hefur ekki þokað áfram, einfaldlega vegna þess að Alþ. hefur ekki viljað leysa þau, sú skýring, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson gaf og ég lýsti hér áðan, er því að mínu viti ekki rétt. Ég tel að það sé ekki síður nauðsynlegt fyrir íslenskt verkafólk og launþega almennt að öðlast íhlutunarrétt um stjórn þeirra fyrirtækja, sem þetta fólk vinnur hjá, heldur en það var talið nauðsynlegt fyrir t. d. norska verkamenn, danska verkamenn, vestur-þýska verkamenn eða júgóslavneska verkamenn að öðlast slík réttindi.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég held að eftir öll orðin, sem menn hafa haft í hinum ýmsu stjórnmálaflokkum árum og áratugum saman um hinn geysilega áhuga þeirra á því að einhverjar framkvæmdir verði unnar í atvinnulýðræðisátt, þá verði nú að reyna á hvað af þessu alþm. eru tilbúnir til að samþykkja. Eru alþm. tilbúnir að samþykkja ákvæði II. kafla um samstarfsnefndir? Eru þeir tilbúnir að samþykkja ákvæði III. kafla um beina aðild starfsmanna hlutafélaga að stjórnun þeirra? Eru þeir tilbúnir að samþykkja ákvæði IV. kafla um beina aðild starfsmanna samvinnufélaga að stjórnun þeirra? Vissulega hafa þessi mál oft komið til umfjöllunar á Alþ. áður, en það hefur yfirleitt verið í formi þáltill., þ. e. a. s. hugmyndin hefur verið sett fram, en síðan hafa viðkomandi þm. ætlað öðrum að vinna úr þessum hugmyndum, öðrum að sýna fram á hvernig ætti að framkvæma þetta. Það hefur komið í ljós að þessir „aðrir" hafa ekki getað skilað því starfi. Þeir hafa ekki náð árangri, það hefur ekkert frá þeim komið. Það, sem nýtt er í málinu að þessu sinni er, að nú höfum við alþfl.-menn lagt vinnu og mikla vinnu í að sýna fram á ekki aðeins að við séum fylgjandi hugmyndinni um atvinnulýðræði, heldur einnig hvernig hægt sé að framkvæma hana, hvernig hægt sé að stíga fyrstu sporin í þá átt nú á næstunni hér á Íslandi. Og eftir öll fögru orðin er þá komið að þm. í öðrum flokkum að tjá afstöðu sína, ekki bara almennt til hugmyndarinnar án þess nokkurn tíma að þurfa að standa að því hvernig á að framkvæma hana, heldur ekki síður til einstakra framkvæmdaatriða, sem hér eru lögð fram í fyrsta sinn. Fram hjá því komast ekki þm. á Alþ., hvorki hv. þm. Ingvar Gíslason og hans flokksbræður né hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og flokksbræður hennar.

Ellert B. Schram: Hæstv. forseti. Ég hafði áhuga á því að segja nokkur orð við þessa umr. um það frv. sem hér liggur fyrir, frv. til l. um atvinnulýðræði, og umr., sem fram fóru hér s. l. mánudag, hafa gefið mér enn frekara tilefni til þess. Það hefur verið réttilega bent á það í þessum umr., að margoft áður hefur verið rætt um till. sem lúta að svokölluðu atvinnulýðræði, en þær till. hafa verið í einu eða öðru formi. Og satt að segja hefur þetta hugtak og skilgreining á því verið mjög á reiki, allt frá beinni aðild eða hlutdeild að stjórn og valdi í fyrirtækjum og til tillöguréttar starfsmanna um tiltekin, ákveðin atriði í rekstri fyrirtækjanna.

Það hefur verið bent á það í þessum umr., að fyrir réttum 40 árum var hér á ferðinni till. flutt af nokkrum þm. Sjálfstfl. sem gerði ráð fyrir að launþegar eða starfsmenn fengju aukna aðild að stjórn fyrirtækjanna. Sú till. tengdist hugmyndum þessara þm. um þátttöku fjöldans, eignaraðild launþega og um leið ábyrgð og stjórnun í fyrirtækjum. Hv. þm. Benedikt Gröndal taldi, að þessar till. tengdust viðhorfum sjálfstæðismanna á þessum tíma til kapítalisma, og vildi þar af leiðandi gera frekar lítið úr þeim. En þær voru ekki ómerkilegri en svo, að mér sýnist jafnaðarmenn um gervalla Evrópu hafa verið mjög hlynntir sams konar hugmyndum sem m. a. hafa komið fram í almenningshlutafélögum og öðrum hliðstæðum rekstrarformum. Og reyndar byggist till. þeirra alþfl.-manna frá árinu 1973, sem samþ. var hér í þinginu, á þessari sömu grundvallarhugsun, en sú till. hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til þess að semja frv. til l. um atvinnulýðræði, þar sem launþegum væri tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra."

Það er auðvitað ljóst mál, að tilgangur þessarar till. var að starfsmennirnir tækju þátt í rekstri fyrirtækisins og nytu góðs af, ef um arð væri að ræða, og eignuðust þar af leiðandi fjárhagslega hlutdeild í fyrirtækinu. Að þessu leyti eru till. frá því fyrir 40 árum, sem fluttar voru hér af sjálfstæðismönnum, og till. alþfl.-manna frá 1973 algerlega hliðstæðar, hvort sem menn vilja kenna það við kapítalisma eða ekki.

Það er mín persónulega skoðun, að þessi aðferð, þ. e. a. s. hlutdeild í arði jafnframt því sem launþegar eða starfsmenn fái aukna aðild að rekstri fyrirtækjanna um ákveðin, takmörkuð efni, það sé besta aðferðin til þess að tryggja rétt launþega og til þess að gera öllum almenningi kleift að eignast og að ráðstafa fjármagninu í landinu, vera með í atvinnulífinu, uppbyggingu atvinnutækjanna og njóta góðs af ef um arð er að ræða. Afleiðingin af þessu verður efnahagslegt sjálfstæði alls fjöldans. Ég held að allar aðrar leiðir, sem lúta því að auka rétt og hag launþega í þessu landi, séu gervilausnir meðan við vikjum frá því meginatriði, að fólkið sjálft eignist fjármagnið og hafi áhrif á hvernig því sé ráðstafað. Ég tel að við eigum nú í dag mjög alvarlega að athuga hvort ekki sé rétt að formi margvíslegra opinberra fyrirtækja, sem teljast atvinnufyrirtæki og veita ýmsa þjónustu, sé breytt þannig að ekki aðeins starfsmennirnir, heldur almenningur eigi kost á því að eignast hlut í þessum fyrirtækjum og þannig geti fleiri fylgst með rekstri þeirra

heldur en einstakir embættismenn í þjónustu ríkisins.

Í þeim umr., sem fram hafa farið um svokallað atvinnulýðræði, hafa komið fram, eins og fyrr segir, mjög margvíslegar hugleiðingar og skilgreiningar á þessu hugtaki. Hafa verið settar fram mjög róttækar hugmyndir um að starfsmenn tækju þátt í stjórn fyrirtækjanna og það yrði lögleitt að launþegar hefðu meiri völd í stjórnum fyrirtækja. Jafnvel hefur þeim hugmyndum verið hreyft, að atvinnurekendur greiddu ákveðið fé í sjóð sem síðan yrði ráðstafað þannig að launþegum yrði kleift að eignast meira hlutafé, eignast meiri hlut í fyrirtækjunum og tækju þau þannig smám saman yfir. Á það hefur verið bent í þessu sambandi, að slíkar hugleiðingar og slík lög brytu í bága við stjórnarskrá sem í gildi er á Íslandi, enda hefur enginn hreyft þessu í fullri alvöru hér svo að ég viti til. En ýmsar aðrar leiðir hefur verið bent á um stjórn eða íhlutun launþega um ýmis málefni fyrirtækjanna, og menn hafa verið mjög að fóta sig á þessu og margvíslegar athuganir farið fram, ekki síst á vegum aðila vinnumarkaðarins.

Nú hafa nokkrir þm. Alþfl. valið þann kostinn að leggja til að lögleitt yrði að á stofn skyldu settar svokallaðar samstarfsnefndir, þar sem starfsmenn fyrirtækja, sem hefðu að jafnaði 40 starfsmenn í þjónustu sinni, hefðu möguleika á því í gegnum þessar samstarfsnefndir að hafa tillögurétt um hvað eina er varðar vinnuaðstöðu, vinnutilhögun og starfsumhverfi. Mér finnst þetta frv. vera athyglisvert að því leyti til, að þarna virðist Alþfl. hafa mótað sér þessa stefnu. Hann hefur m. ö. o. hafnað þeim leiðum sem ganga lengra og m. a. komu fram í till. hans á árinu 1973. Þetta finnst mér mjög athyglisvert og ánægjulegt. (**SighB:** Hefur hv. þm. ekki lesið frv.?) Það hef ég gert mjög vel.

Eins og margoft hefur komið fram, hafa svokallaðir aðilar vinnumarkaðarins, þ. á m. Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands, verið mjög andvígir hvers konar löggjöf um þessi efni. Ég hygg að enda þótt till. frá 1973 hafi verið samþ., þá hafi frekari úrvinnsla hennar strandað einmitt á andstöðu þessara aðila, vegna þess að þeir hafi talið frekar að þessi mál skyldu þróast með samningum. Við getum líka haft í huga í þessu sambandi viðbrögð Hannibals Valdimarssonar, þáv. þm. og þáv. forseta Alþýðusambandsins, hvernig hann brást við till. sem m. a. kom fram frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni hér fyrir nokkrum árum, en þá taldi hann að það væri viturlegast að ráða þessum málum með samningum, en ekki með löggjöf. Þess vegna var það líka athyglisvert í umr. hér s. l. mánudag, að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, sem er áhrifamikill aðili í verkalýðshreyfingunni og vissulega maður sem mark er á takandi, lýsti sig fylgjandi því að slík ákvæði sem frv. felur í sér væru sett í lög. Ég get ekki dregið af þessu aðra ályktun en þá, að þarna sé um nokkuð breytta afstöðu af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að ræða.

Benedikt Gröndal taldi sjálfsagt að Alþ. tæki nú af skarið, hafnaði því að hér væri farin samningaleiðin, en löggjöf yrði sett um þessi félagslegu mál sem frv. fjallar um. Ég get tekið undir þessi viðhorf. Mér finnst vera allt of mikil linkind á Alþ. varðandi og gagnvart aðilum utan þings. Það er allt of mikið tillit tekið til æsingamanna og skrifa í blöðum eða hagsmuna eða viðhorfa einstakra samtaka úti í bæ. Gleggsta dæmið er kannske umr. sem fram hafa farið um væntanlegt frv. um breytingar á vinnulöggjöf. Öllum er kunnugt um að samið hefur verið frv. um breytingar á vinnulöggjöfinni. Þetta frv. hefur ekki verið lagt fram enn þá, og e. t. v. eru ástæðurnar fyrir því að einhverju leyti þær, að ýmis hagsmunasamtök, fjölmiðlar og ákveðnir einstaklingar utan þings hafa sett sig mjög gegn hvers konar breytingum, og af einhverri hræðslu eða tillitssemi hefur Alþ. ekki enn þá mannað sig upp, a. m. k. ekki þeir sem eiga að leggja fram frv., — ekki mannað sig upp í að leggja það hér fram og taka afstöðu til þess. Ég held að Alþ. eigi að taka af skarið í ýmsum félagslegum málum, eins og því, sem hér er um að ræða, og eins t. d. um hugsanlegar breytingar á vinnulöggjöfinni.

Mjög er deilt á Alþ. og alþm. fyrir að hafa sett niður á undanförnum árum, að það sé ekki sama reisn yfir þessari stofnun og var á árum áður. Ég held að skýringin sé að einhverju leyti a. m. k. sú, að Alþ. hefur of mikið látið snúa sér eftir vindi og veðrum annars staðar og utan þings. Við eigum ekki að hlaupa eftir goluþyt. Við eigum auðvitað að sýna vissa reisn og rétta úr kútnum og vera menn til þess að hafa þor og kjark til þess að taka afstöðu enda þótt málin séu umdeild utan þings.

Hv. þm. Benedikt Gröndal taldi að Alþ. hefði sýnt ótrúlega íhaldssemi á þessum vettvangi og ekki sem skyldi fylgst með þeirri þróun sem átt hefur sér stað varðandi atvinnulýðræði í öðrum löndum. Það má til sanns vegar færa. En ég vil þó minna á í þessu sambandi að ýmsir aðilar hafa vissulega tekið upp slíkt samstarf milli launþega og milli stjórnar fyrirtækja. Má þar nefna Reykjavíkurborg og ýmis fyrirtæki á hennar vegum. Bent hefur verið á í þessum umr. að samstarf hafi komist á milli farmanna og fiskimanna annars vegar og útgerðarfyrirtækja hins vegar.

Ég vil vekja athygli á því, vegna þess að hér er fullyrt að Alþfl. og alþfl.-menn hafi tekið sérstaka rögg á sig og það sé nýtt í þessu máli að þeir hafi unnið það mjög gaumgæfilega, þá vil ég að gefnu því tilefni vekja athygli á því, að árið 1972 réðust ungir sjálfstæðismenn í það að láta taka saman mjög ítarlega og fróðlega skýrslu um atvinnulýðræði og þróun þess. Þar eru settar fram hugmyndir um markmið og leiðir, gagngerar till. í því sambandi, og ég veit ekki betur en ýmis samtök á vegum Sjálfstfl. hafi ályktað í framhaldi af þessari skýrslu um atvinnulýðræði. Og það er skemmst frá því að segja, að margar þær ályktanir hníga mjög í sömu átt og þetta frv.

Ég vil taka það fram, að ég persónulega tel að þetta frv. sé efnislega þess eðlis, að vel sé hægt að samþykkja það. Það hafa verið gerðar hér aths. við form og uppsetningu frv. Það skal ég láta liggja á milli hluta, en lýsa því yfir, að ég er efnislega hlynntur því að slík ákvæði séu sett í löggjöf. Ég tel að eftir atvikum séu þau ákvæði í frv., sem hér um ræðir, þannig úr garði gerð að vel megi við þau una. Það er reiknað með því að þau nái til fyrirtækja eða félaga sem hafi að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu

sinni. Samkv. 5. gr. skulu samstarfsnefndir, sem þannig eru settar upp, vera til ráðuneytis um hvað eina er varðar vinnuaðstöðu, vinnutilhögun og starfsumhverfi. Síðan segir í síðustu mgr. þessarar 5. gr. að engar samþykktir samstarfsnefndar séu bindandi fyrir fyrirtæki eða stofnun né heldur stjórnendur eða eigendur. Ég held að þarna sé eftir atvikum skrefið stigið nokkuð varlega, en verið sé á réttri leið.

Mér sýnist það vera rétt ábending hjá hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, að þetta eigi að ná og nái fyrst og fremst til ýmissa opinberra fyrirtækja, og ég tel heppilegt að byrjað sé hjá þeim.

Kostirnir við slíkar samstarfsnefndir og slíkt samstarf, sem hér er gert ráð fyrir, eru ýmsir, m. a. þeir, að þarna er komið til móts við þá almennu kröfu vinnandi fólks, að það geti látið heyra til sín, og með því er stigið skref í átt til aukins lýðræðis. Í öðru lagi hafa starfsmenn meiri möguleika á að fylgjast með því að réttur starfsmanna sé virtur þegar ákvarðanir eru teknar af stjórnendum fyrirtækja. Meiri líkur eru á því að ráðstafanir, sem fyrirhugað er að ráðast í af hálfu fyrirtækjanna séu ekki beinlínis í fullri andstöðu við hagsmuni starfsmanna og séu þá ekki svo óvinsælar að þær nái ekki fram að ganga. Þarna er í fjórða lagi tekið tillit til margvíslegra hagsmuna starfsmanna. Og í síðasta lagi eru miklu meiri líkur á að starfsmenn hafi skilning á því, af hverju ákvarðanir eru teknar, og hafi meiri skilning á því, hvernig fyrirtæki eru rekin og hvernig aðstaða og hagur fyrirtækis er hverju sinni.

Ég vil herra forseti, um leið og ég lýk máli mínu, endurtaka það, að ég er í öllum aðalatriðum fylgjandi þeirri hugsun sem fram kemur í þessu frv.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Ég skal ekki verða ákaflega langorður að þessu sinni, vegna þess að ég gerði fullnægjandi grein fyrir afstöðu minni til þessa máls þegar það var til umr. nú á dögunum. Hins vegar verð ég að segja það eins og er, að mér þykja umr. um málið hafa tekið dálítið einkennilega vendingu, og ég get ekki neitað því, að það hefur hvarflað að mér að hugsa sem svo, að hv. flm. þessa frv., og þá ekki síst hv. þm. Benedikt Gröndal, eigi erfitt með að þola rökræður um þetta mál. Kemur mér það raunar á óvart vegna þess að ég er búinn að hafa kynni af þessum hv. þm. býsna lengi og verð að segja eins og er, að yfirleitt hefur hann verið mjög fús til að rökræða mál og haft þolinmæði til að hlusta á annarra manna rök og annarra manna mál. Þess vegna verð ég að segja það, að ég skildi illa þá viðkvæmni og vanstillingu sem einkenndi ræðu hans hér um daginn.

Ég held að hv. flm. þessa máls verði að átta sig á því einu sinni fyrir allt, að alþfl.-menn geti ekki fengið neitt sérleyfi á því að hafa haft áhuga á atvinnulýðræði eða á hlutdeild verkafólks og starfsfólks í stjórn atvinnufyrirtækja. Eins og hér hefur komið fram og við leyfum okkur í allri hógværð að benda á hér, tveir þm., í upphafi þessara umr. um daginn, þá bentum við þeim á það, eins og ég segi, í fullri hógværð og góðvild, að þessi mál hafa verið til umr. hér áratugum saman, raunar innan allra stjórnmálaflokka, svo að ég held að Alþfl.-menn ættu ekki að taka málið svona upp og fara að jagast um þessi atriði, vegna þess að það er alveg ljóst að þetta er mjög mikið áhugamál innan flokka eða a. m. k. hjá einstökum mönnum, og það hefur margt verið ályktað á flokksþingum — ég hygg allra flokka — um þessi efni. Ég benti á að þetta hefði verið gert innan Framsfl. svo lengi sem ég hef starfað þar, og það er orðinn alllangur tími, a. m. k. yfir 20 ár. Og ég hef nú hérna hjá mér flokksþingstíðindi, m. a. frá síðustu flokksþingum, þar sem ályktað er um þessi efni og þar sem flokksþing Framsfl. fagnar sérstaklega starfsemi framleiðslusamvinnufélaga og hvetur verkafólk til að hagnýta sér þá leið í kjarabaráttu sinni og vinna einnig að auknu atvinnulýðræði. Og hér er ég með annað hefti af flokksþingstíðindum frá flokksþinginu 1971, og þar er einmitt ályktað í þessa sömu átt, að hafin verði stór sókn fyrir atvinnulýðræði á Íslandi sem þróist stig af stigi. Í fyrsta áfanga verði komið á samstarfsnefndum í fyrirtækjum og atvinnugreinum þar sem fulltrúar starfsfólks og stjórnenda eigi sæti.

Þess vegna er það, að ef þessir hv. þm. vilja vinna máli sínu fylgi raunverulega, þá munu þeir, ef þeir eru til viðræðu og rökræðu um þessi mál, áreiðanlega finna hljómgrunn fyrir sínu máli hér meðal flokksmanna annarra flokka. En eins og ég segi, þá mega þeir ekki ímynda sér það, hv. flm. þessa frv. sem ég er margbúinn að lýsa yfir að fjallar um mjög mikilvægt efni og er meira en athyglisvert, þá vil ég benda á það, að þetta málefni á hljómgrunn áreiðanlega hér hjá mörgum í þinginu og hjá mönnum í öllum flokkum.

En ég vil minna á það, að ég varpaði fram þeirri spurningu í ræðu minni um daginn, hvernig stæði á því að við værum ekki komnir lengra á sviði atvinnulýðræðis heldur en raun ber vitni þrátt fyrir mikinn áhuga einstakra manna um kannske margra áratuga skeið. Ég gerði ekki mikla tilraun til að svara þessari spurningu. En þetta er staðreynd, sem liggur fyrir, að við erum komin mjög skammt á veg í þessu efni. Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði eitthvað sem svo í sinni ræðu, að þetta væri vegna íhaldssemi. Ég get vel fallist á það með honum að þetta sé íhaldssemi. En íhaldssemi hverra er þarna um að kenna? Ég býst við að sú íhaldssemi nái nokkuð víða út um þjóðlífið.

Það var mjög eftirtektarvert, sem hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar, hafði um þetta mál að segja. Hann sagði það held ég hreinlega berum orðum að þetta mál hefði „lítið verið rætt“ innan verkalýðshreyfingarinnar. Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar þegar verið er að ræða þetta mál hér í Alþ. Hann segir að þetta mál hafi lítið verið rætt innan verkalýðshreyfingarinnar. Og skyldi það vera vegna íhaldssemi? Líklega er hægt að flokka þetta undir íhaldssemi. En þetta sýnir bara það, að umr. um atvinnulýðræði eru ekki ýkjamiklar innan verkalýðshreyfingarinnar og meðal starfsfólks og þetta er ekki nægilega útbreitt áhugamál hjá laun-

þegum þegar öllu er á botninn hvolft. Og þetta tel ég vera ákaflega athyglisverðan hlut og í minum augum hryggðarefni. Ég held að það væri fullkomin ástæða til þess að fara að vekja launþega til áhuga á þessu mikilvæga máli, og þegar svo er komið að við verðum virkilega varir við þann mikla áhuga hjá launafólki til þess að fara að taka þátt í stjórn félaga, þá skal ekki standa á mér að standa hér fyrir löggjöf um þessi efni. Það skal ekki standa á mér að svo verði gert. Og það var einmitt þess vegna sem ég andæfði að nokkru þeirri aðferð og því hugarfari sem fram kemur í ræðu og í grg. fyrir þessu frv., að þeir sjá enga aðra leið, hv. flm., heldur en þetta verði gert með löggjöf, í stað þess, sem ég benti á, að önnur leið kynni að vera jafnfarsæl á þessu stigi, samningaleið, að það verði gert samkomulag á milli vinnuveitenda og starfsfólks um að koma slíku atvinnulýðræði á. Þetta hefur verið gert með góðum árangri, eins og ég benti á, innan samvinnufélaganna, og ég tók líka fram að það væri augljóslega aðeins fyrsta skrefið til miklu víðtækara atvinnulýðræðis. En hv. flm. þessa frv. sáu ástæðu til að gera eins lítið úr þessu framtaki samvinnufélaganna og samvinnustarfsmannanna og þeir frekast gátu. Þetta er nokkuð athyglisvert, en er líklega einmitt liður í því, sem augljóslega kom fram í ræðu hv. 2. landsk. þm., Benedikts Gröndals, um það, að hann gengi hér sérstaklega fram í því að reyna að fá eins konar löggildingu Alþfl. á þessu mikilvæga áhugamáli og mikilvæga réttindamáli starfsfólks og verkamanna. En ég held að marggefnu tilefni af ræðu hans að reynt verði að andmæla þeirri löggildingu. Alþfl. mun ekki komast upp með það að fá neitt sérleyfi á þessari hugmynd. En hitt þykir mér aftur verra, að þeir skuli ekki, hv. flm., hafa þolinmæði og geðprýði til þess að ræða þetta mál í rólegheitum og með rökum.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson flutti hér mjög athyglisverða ræðu um daginn, og átti ég mjög auðvelt með að verða sammála honum í flestum greinum. Hann benti m. a. á líklega ástæðu fyrir áhugaleysi launþega á því að krefjast þess að hafa hönd í bagga með stjórn fyrirtækja. Hann benti á skýringu sem ég bóttist raunar hafa komið auga á sjálfur og ég hygg að flestir muni átta sig á ef þeir fara að hugleiða þetta mál, að atvinnulífið hér á landi er á ýmsan hátt mikið öðruvísi uppbyggt heldur en gerist í hinum stóra heimi. Við höfum hér t. d. mikinn bæjarrekstur víða og bæjarfélög okkar eru yfirleitt ekki stór, eða sveitarfélög okkar eru ekki stór, og ég veit að það eru úti um allt land og þ. á m. í kjördæmum þeirra hv. þm., sem flytja þetta frv., slíkar aðstæður að mjög mikið af atvinnulífinu er einmitt á vegum sveitarfélaga, jafnvel verkalýðsfélaganna, kaupfélaganna á staðnum eða annarra almannasamtaka, sem á heimsmælikvarða a. m. k. er auðvitað ákaflega fámennur hópur. Og fólkið, sem ég þekki til, a. m. k. í kauptúnunum okkar og kaupstöðunum fyrir norðan, það er sér vel meðvitandi um hvað er að gerast í atvinnumálunum og fylgist vel með því sem þar er að gerast, og það eru margir sem hafa bein áhrif á þetta, bæði kjörnir fulltrúar þessa fólks og jafnvel einstaklingarnir sjálfir sem eru að vinna á vinnustöðunum. Og ég vil þá líka minna á það, að samvinnufélögin hafa mikinn atvinnurekstur með höndum og þau eru mörg hver þannig upp byggð, að áhugasamir félagsmenn í samvinnufélögunum, þ. e. í kaupfélögunum, geta haft veruleg áhrif á hvernig kaupfélögin starfa og hvað þau vilja taka sér fyrir hendur. Þetta kemur m. a. til af því, að deildaskipting er í samvinnufélögunum, kaupfélögunum, sem ná yfirleitt til allra hreppanna á félagssvæðinu. Á hverju einasta ári eru haldnir deildarfundir og a. m. k. í sveitum eru flestir bændur eða allir í kaupfélögunum. Þeir koma á deildarfundina, og þessir deildarfundir eru yfirleitt vel sóttir og miklar umr. um þau mál sem efst eru á baugi. Það má að vísu segja sem svo að þegar bændur koma saman í kaupfélagi sínu í deildum, þá eru það ekki starfsmenn félaga. Þetta eru þó venjulegir alþýðumenn sem þarna eru að fjalla um atvinnumál, og margir af þessum mönnum eru vissulega starfsmenn kaupfélaganna.

Þetta vil ég nú minna á í sambandi við þessar umr. sem orðið hafa og þá spurningu, hvernig á því standi að atvinnulýðræði er ekki útbreiddara en það er. Og ég vil endurtaka það, að mér þykir það ákaflega óheppilegt og óeðlilegt að við skulum vera settir í þá aðstöðu að fara að ræða þetta mál með mikilli stífni og út frá einhverjum rétttrúnaðarsjónarmiðum, eins og ræður hv. flm. þessa frv. gefa fyllilega tilefni til að verði. Ég held að aðalatriðið í þessu máli sé að það sé af einlægni reynt að vinna að því að auka áhuga launþega á atvinnulýðræði. Og þegar sá áhugi er fyrir hendi, þá er ég viss um að það verður ekki einasta knúið á af þeirra hálfu um að þetta verði gert að lögum eftir virkilegar umr. og athugun, heldur muni það verða metnaðarmál allra flokka sem slíkra að gera þetta að löggjafarmáli. Og það kann að vera að það verði þá metnaðarmál m. a. ráðh., sem fara með félagsmál, að koma slíku máli fram. En á þessu stigi held ég að það hæfi best, að við reynum að ræða þessi mál vítt og breitt og reynum að sjá á því allar hliðar., en vera ekki með það orþodox-sjónarmið sem hv. þm. Benedikt Gröndal virðist manna mest haldinn af í þessu máli.

Ég hef nú raunar gert skýra grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, bæði á mánudaginn og eins nú, þannig að ég þarf ekki að eyða öllu meiri tíma í þetta og ætla ekki að fara að eltast við einstakar athugasemdir sem fram hafa komið frá flm. þessa máls, sem þó væri full ástæða til að svara.

Í sambandi við ummæli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem hefur mælt fyrir þessu máli og gert það að mínum dómi vel og rökvíslega, þá held ég að það skipti máli hvaða orð við notum í löggjöf og þess vegna skipti máli að við notum ekki orðið atvinnulýðræði alveg óskýrgreint né þannig að við gerum okkur ekki grein fyrir því að það eru margir sem líta svo á að í þessu orði felist miklu meira en fram kemur í því frv. sem hér er til umr. Hv. 1. flm. frv., Sighvatur Björgvinsson, benti á það, sem rétt er, að frv. heitir: Frumvarp til laga um atvinnulýðræði, en hins vegar er síðan hvergi notað orðið atvinnulýðræði í greinum frv. Aftur

á móti er því slegið föstu, að atvinnulýðræði samkv. þessum lögum skuli heita „hlutdeild í ákvarðanatöku“ á vegum fyrirtækja og stofnana, sem vissulega er rétt út af fyrir sig, og þá á þann hátt sem síðar greinir nánar frá í frv. Ég held þess vegna að þetta frv. hefði vel mátt heita: Frv. til l. um hlutdeild starfsmanna í stjórn fyrirtækja. Það hefði alveg nægt. En ég hefði getað hugsað mér að hafa þetta orð, atvinnulýðræði, meira í friði og gefa okkur tíma til að átta okkur á því, hvað í því felst, því að fyrir mjög mörgum og meira að segja fyrir mér felst í þessu orði, atvinnulýðræði, miklu meira en fram kemur í þessu frv. Og ég held að það sé eitt, sem hv. flm. ættu að hafa þolinmæði til að hlusta á, þ. e. hvaða álit menn hafa, einstakir þm., á greinum þessa frv. og á orðanotkun, því að ég get ekki ímyndað mér að þeir búist við því að þetta frv. fari gagnrýnislaust hér í gegnum þd. eða n. þingsins. Þeir geta naumast búist við því og verða auðvitað að vera við því búnir að slaka eitthvað á um orðalag og e. t. v. efnisatriði ef þeir eiga að búast við því að þetta mál verði tekið til eðlilegrar afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs rétt aðeins til að leiðrétta tvennt sem fram kom í ræðu hv. 1. flm., hv. 8. landsk. þm.

Hann svaraði aths. mínum í sambandi við form þessa frv. af svipaðri viðkvæmni og hv. síðasti ræðumaður lýsti að fram hefði komið í viðbrögðum hv. 2. landsk. þm. einnig í umr. um þetta mál. Það er engu líkara en að þeim finnist ábendingar okkar hljóma eins og verið sé að stjaka við viðkvæmu uppáhaldsafkvæmi þeirra eða eitthvað slíkt. Það er ekki meiningin að gera þessu afkvæmi þeirra neitt mein, heldur þvert á móti að reyna að snurfusa það dálítið til og koma því í það stand að það sé frambærilegt að senda það frá Alþ. og láta það gegna því hlutverki sem því er ætlað.

Það er satt að segja enginn hégómi, hvernig frá málum Alþingis er gengið. Það er ekkert hégómamál, hvort menn ætla að flýta sér svo mikið að setja saman frv. að menn gefi sér ekki tíma til að skrifa það á nokkur blöð. Eins er ef menn gera mál, sem eru efnislega mörg þingmál, að einu, einungis til þess að spara pappír. Hv. 8. landsk. þm. lýsti því mjög skörulega og greinilega að þetta gerði nú aldeilis ekkert til. Ef við samþykktum málið í þessu formi, þá mundi það bara vera prentað upp í einhverju allt öðru formi fyrir landsins borgara sem kynnu að ætla sér að fræðast um hvernig löggjöfin sé. Það detti af sjálfu sér út úr þessum nýsamþykktu lögum kaflinn um hlutafélög og fari af sjálfu sér inn í hlutafélagalögin, og af sjálfu sér detti kaflinn um samvinnufélögin út og fari inn í lögin um samvinnufélög, eftir muni bara standa, I. og ég held II. kafli frv. Ef það er meiningin að fá frv. í því formi eftir að það er samþykkt, að það verði þannig útlítandi þegar það er orðið að lögum, þá er miklu skynsamlegra að standa þannig að málinu strax í upphafi. Það er ekki svo mikill pappirsskortur og prentsvertuskortur í landinu að þetta sé ekki hægt. Það er ekki heldur svo mikill tímaskortur nú á þessum tíma í Alþ. að þetta sé ekki hægt. Þegar það hefur verið látið viðgangast að bandormsfrv. hafi verið samþ. hér á Alþ., þá hefur þar yfirleitt verið um að ræða tímabundnar skyndiráðstafanir sem snert hafa mörg lög, og af þeim ástæðum, vegna algers tímaskorts og vegna þess að efni laganna hefur verið tímabundið, hefur það verið látið viðgangast að allt efnið væri sett inn í eitt frv., en þó þannig, að það væri tekið fram, hvaða lög ættu að breytast í þessu sambandi, og breytingarnar stílaðar inn í þau lög.

Það má til sanns vegar færa, að það getur verið ritstjórnaratriði í lagasafni að taka t. d. kafla, sem samþykktur kynni að vera, eða ef þetta frv. yrði samþ. að taka þá kaflann um hlutafélög og prenta hann upp í hlutafélagalögunum og samvinnufélagakaflann upp í samvinnufélagalögunum, rétt eins og hv. flm. sagði. Það getur verið ritstjórnaratriði í sambandi við útgáfu lagasafns og kann að vera gert, og er þá prentað jafnvel á báðum stöðunum bæði í væntanlegum lögum um atvinnulýðræði og í hinum lögunum tvennum. Ég held að ef við ætluðum að spara okkur tíma og einfalda mál með því að standa að frágangi þeirra með þessum hætti, þá yrði lagasafnið með tímanum ærið þykkt. Það yrðu þá nokkuð mörg lög sem yrðu prentuð tvisvar sinnum í einu og sama lagasafninu. Auk þess er á það að líta, að það líða nokkur ár milli útgáfu lagasafna okkar, og í Stjórnartíðindum er ekki verið að standa í svona tilfærslu á milli lagabálka, það sér auðvitað hver maður. Þar yrðu bara prentuð lög um atvinnulýðræði, og þeim, sem ætlaði að stofna hlutafélag og fræðast um hlutafélagalögin, dytti e. t. v. ekki í hug að fletta upp í lögum með allt annarri fyrirsögn í ýmsum Stjórnartíðindaheftum. Ég vil undirstrika þetta, að það er ekkert hégómamál að gengið sé þannig frá lögum á Alþ., að borgarar landsins sjái nokkurn veginn um hvað er að ræða í löggjöfinni, hvað hver lög hafa inni að halda. Þess vegna er það algert lágmark í sambandi við mál eins og þetta, að það sé tekið upp í fyrirsögn frv. hvaða lögum eigi að breyta með því.

Hitt atriðið, sem ég vildi leiðrétta, kann að byggjast á misheyrn minni. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. væri að tala um að líklega mundi ekki vera í hópi þeirra þm., sem nú sætu á Alþ., neinir þeirra sjálfstæðismanna sem staðið hefðu að málum eins og þessu áður á tíð. Var það ekki rétt heyrt? En þetta er vitanlega rangt. Hér á móti mér sat áðan einn hv. þm. sem hafði einmitt forgöngu um mikilvægan þátt þessa máls, sem þegar er víða kominn í framkvæmd, þ. e. a. s. samstarfsnefndirnar. Það er hv. 8. þm. Reykv. Sjálfur hæstv. fjmrh. stóð að frv. um hlutdeildar- og arðskiptafyrirkomulag. Nú játa ég það, að ég hef ekki flett upp í öllum þeim þingtíðindum þar sem till. sjálfstæðismanna um þessi mál hafa verið prentaðar þegar þær hafa verið endurfluttar, en ef mig misminnir ekki, þá mun á einhverjum tíma hafa verið meðal flm. slíkra till. hv. 6. þm. Reykv. Hann ber það þá af sér ef það er rangt munað hjá mér. Alla vega er þetta ekki neitt forsögulegt fyrirbrigði í Sjálf-

stfl., eins og hv. 11. þm. Reykv. lýsti raunar áðan. Mikið starf að þessu hefur verið unnið á vegum sjálfstæðismanna.

Ég ætla ekki að fara efnislega út í umr. um þetta stóra mál, það koma vafalaust ábendingar í n. Ég get ítrekað að það, sem ég sagði í upphafi þessarar umr., að mér sýnist mjög æskilegt að útfæra sem best og víðast hugmyndina um samstarfsnefndirnar. En ég er ekki jafnsannfærð um að það sé sami áhugi meðal launþega fyrir einfaldri ákvörðun um aðild að stjórn fyrirtækja. Það fer vitanlega eftir því, hvaða hlutverk sú stjórn hefur og hvaða hagsmuni viðkomandi launþega starfsemi slíkrar stjórnar snertir hverju sinni.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja neitt fyrir framgangi þessa máls, en vil þó mega segja nokkur orð.

Ég er efnislega sammála ýmsu því sem fram hefur komið í umr. um þetta mál, en ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni, að mér mislíkar mjög formhlið málsins. Það tel ég atriði sem kæmi til athugunar í þeirri n. sem fengi málið til meðferðar, hún gæti lagfært það ef henni sýnist svo. Auk þess held ég að það sé miklu eðlilegra og heppilegra að málið fái að fara sem fyrst til n. og þar verði málið rætt og leitað umsagnar þeirra aðila sem menn álita að sé rétt og eðlilegt að fá umsögn frá um málið, heldur en að halda hér dag eftir dag áfram 1. umr.

Ég vil minna á að það hefur verið mikið rætt um þessi mál fyrr og síðar innan Sjálfstfl., bæði utan þings og á þingi, og hef ég átt, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, nokkurn þátt í því. En það má segja að það, sem þar hefur verið um að ræða, sé aðallega að laða saman fjármagnið og vinnuna. Ég álít að það sé miklu mikilvægara en þetta atvinnulýðræði sem enginn skilur hvað er, að þetta væri frv. í þá átt að laða saman fjármagn og vinnu. Það kynni líka, ef eitthvert samkomulag verður um það, að hafa heppileg áhrif á vinnulöggjöfina sem hvað eftir annað hefur verið talað um hér í þinginu og utan þings, en samt sem áður búum við alltaf við þessa gömlu vinnulöggjöf sem er að mínum dómi meingölluð og mætti bæta mjög mikið báðum aðilum til hags, vinnuveitendum og verkamönnum.

Meira ætla ég í raun og veru ekki um þetta mál að segja núna. Ég tel mjög æskilegt að það komist sem fyrst til n. og þar verði málið athugað og menn reyni að laða saman hugmyndir sínar, sem virðast vera að ýmsu leyti allverulega samstæðar í þessu atriði. Það er auðvitað mjög erfitt að finna réttu leiðirnar og réttu ákvæðin um það, hvernig á að laða saman fjármagn og vinnu eða koma á atvinnulýðræði, ef menn vilja kalla það svo. Ég hef á síðari árum orðið var við hjá nágrannaþjóðum okkar ýmsar ráðstefnur og umr. um atvinnulýðræði. Ég man eftir því, að þegar ég var iðnrh. sendi ég fulltrúa á eina slíka ráðstefnu um atvinnulýðræði sem haldin var í Noregi. Og ráðstefnur hafa einnig verið haldnar um þetta hugtak hér af ópólitískum aðilum.

Ég hef ekki orð mín fleiri, en við skulum vinna að málinu, vanda löggjöfina og reyna að samræma hugsjónirnar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt að svo miklar umr. skuli hafa spunnist um þetta frv. og það mál sem frv. fjallar um, enda þótt gengið hafi á ýmsu í umr. og stundum hafi þær snúist um efnið og stundum um sitthvað annað.

Ég vil taka sérstaklega undir nokkur ummæli hv. síðasta ræðumanns, Jóhanns Hafsteins fyrrv. forsrh., og þá sérstaklega þann grundvallarskilning hans, að á bak við frv. og málið í heild er sú hugmynd að reyna að laða saman fjármagnið og vinnuna, sem ég tel að væri þjóðfélagslega æskilegt. Í öðru lagi er ég sammála honum um að sjá má í gegnum þessar umr., að hugsanir ræðumanna eru að verulegu leyti samstæðar þrátt fyrir allt. Þetta er annað mjög jákvætt atriði. Er þá um leið ástæða til þess fyrir mig sem einn af flm. að þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að lýsa í lok ræðu sinnar yfir grundvallarstuðningi við þetta mál.

Hvað snertir umr. um efni frv., þá hafa þær í fyrsta lagi snúist um formsatriði. Ég sé ekki ástæðu til að teygja úr þeim umr. Það er mikið rétt í því sem sagt hefur verið til að gagnrýna bandormsfrv. yfirleitt. Ekki verður sagt að efni þessa frv. sé ekki einfalt og skýrt, þannig að það fari ekki fram hjá mönnum, og ef ekki stendur á öðru en að endurbæta formið munum við flm. verða reiðubúnir til samstarfs um það.

Í öðru lagi hefur verið rætt um fyrirsögn frv. og hefur mönnum þótt í of mikið ráðist að nota þar orðið atvinnulýðræði. Það má vel vera. Ég hef sagt það í fyrri ræðum, að ég tel að atvinnulýðræði nái yfir víðtækara svið en felst í þessu frv. En fram hjá hinu verður ekki gengið, að það, sem í frv. er, heyrir allt undir atvinnulýðræði og er meðal veigamestu þátta atvinnulýðræðis. Ég get því sagt eins um fyrirsögnina og form frv.: ef hún stendur í mönnum skal ekki standa á flm. að hafa fullt samstarf um að finna betri fyrirsögn.

Hvað sjálft efnið snertir hafa spunnist heldur misjafnlega skemmtilegar umr. um fortíðina. Í því sambandi vil ég taka fram, að það hefur ekki verið áform flm. eða ætlun þeirra að draga fjöður yfir það að menn hafi áður fjallað um ýmis atriði sem snerta þetta mál, þó að það hafi oft verið við allt aðrar aðstæður, eins og t. d. fyrir 40—50 árum, þegar mörg fyrirtæki, bæði hér á landi og e. t. v. öllu meira í öðrum löndum, veittu starfsmönnum hlutdeild í arði, tvímælalaust í þeim tilgangi að reyna að friða þá og draga úr mætti verkalýðssamtaka eða annarra samtaka sem beittu sér gegn því efnahagsskipulagi sem ríkti. Þetta hefur tekið breytingum, og nú á síðustu áratugum hafa bæði hér á landi og annars staðar verið ört vaxandi umr. um atvinnulýðræði í öllum formum þess og þá alveg sérstaklega um hlutdeild starfsmanna í stjórn fyrirtækja.

Ef mönnum finnst ekki nógu mikill áhugi hafa komið fram hér á landi til þess að Alþ. fjalli um þetta mál og taki nú ákvarðanir um það, þá tel ég að það sé á misskilningi byggt. Forráða-

menn Sambands ísl. samvinnufélaga hafa lagt annað mat á málið. Þeir hafa talið það vera tímabært til ákvörðunar og þeir hafa tekið þá ákvörðun. Í framsöguræðu var frá þessu skýrt og um það rætt í einum kafla og farið mjög lofsamlegum orðum um þann áhuga, sem stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga hefur sýnt, og þá forustu, sem hún hefur tekið, enda þótt fulltrúar starfsmanna, sem nú þegar sitja í stjórn Sambandsins, hafi þar ekki atkvæðisrétt. Þetta út af fyrir sig er vitnisburður. Og stjórn Sambandsins er ekki að gera þetta í lausu lofti. Ég átti þess t. d. kost í fyrra, frekar en hittiðfyrra, að mæta á fundi áhugamanna meðal samvinnumanna, en þeir höfðu komið upp umræðuhópi einmitt um þessi mál. Sams konar umræðuhópar hafa starfað t. d. í félagi starfsfólks í ríkisfyrirtækjum, og þar kom líka fram mjög víðtækur og mikill áhugi á því að stigin yrðu raunhæf skref í þessu máli til þess að byrja göngu okkar í áttina til meira atvinnulýðræðis og þar með fjölbreyttara og betra lýðræðis yfirleitt heldur en við höfum gert hingað til.

Það hefur verið minnst á starfshóp innan Sjálfstfl. sem skilaði ítarlegri skýrslu. Það hefur verið minnst í framsöguræðu á bók, heila bók, sem hefur komið út um þessi mál. Það hefur verið lesið úr ályktunum Framsfl. En þrátt fyrir allt þetta, sem sýnir að áhugi hefur verið fyrir hendi og hann hefur farið ört vaxandi, hefur ekkert gerst í málinu á landsgrundvelli. Það hafa verið stigin skref eins og í Sambandinu, en á landsgrundvelli og hér á Alþ. hefur ekkert gerst í málinu. Vinstri stjórnin féllst á að stuðningsmenn hennar veittu fylgi sitt ályktunartill., sem ég hygg að hafi verið samþ. einróma, um að setja n. til að vinna að slíkri löggjöf sem hér er um að ræða. Síðan eru fjögur ár liðin og kunnugir vita að störf þessarar n. fóru út um þúfur, hverju sem um er að kenna. Ég er ekki grunlaus um að nm. hafi hreinlega haft of mikið af störfum á sinni könnu, en skal ekkert um það fullyrða.

Ég dreg engan veginn í efa að áhugi sé fyrir hendi, en vil aðeins benda á að þrátt fyrir áhugann innan Sjálfstfl. og þrátt fyrir áhugann innan Framsfl. hafa þessir flokkar ekki tekið frumkvæði hér á Alþ. til þess að gera neitt ákveðið í þessu máli. Þegar hefur komið að raunverulegum aðgerðum hefur oft verið beitt af hálfu þessara flokka þófi eða tilraunum til að eyða málunum. Mér er það minnistætt að á síðasta ári viðreisnarstjórnarinnar, þinginu 1970—71, var hér til umr. frv. að nýjum lögum um Áburðarverksmiðjuna, og ég flutti till. um nýja grein í þeim lögum þar sem fjallað var um að setja skyldi upp samstarfsnefnd, sem allir mæla nú með sem góðu fyrirbrigði, — samstarfsnefnd milli starfsmanna og stjórnar Áburðarverksmiðjunnar. Það fór svo að þessi till. var samþ. með atkv. Alþfl. og þáv. stjórnarandstöðu, ekki náðist samkomulag um þetta atriði innan ríkisstj. og báv. landbrh., Ingólfur Jónsson, beitti sér af hörku hér í salnum gegn þessu ákvæði. Nú vill svo til að starfsmenn Áburðarverksmiðjunnar bentu mér á það mjög nýlega, að þrátt fyrir þetta lagaákvæði hefði ráðh. verksmiðjunnar aldrei gefið út reglugerð um samstarfsnefnd milli starfsmanna og stjórnar. Starfsmennirnir kusu menn af sinni hálfu, eins og þeir áttu að gera, til að vinna að þessu, en rn. brást og enn í dag, 6 árum síðar, er ekki búið að setja upp þessa samstarfsnefnd. Hygg ég þó að yfirráð Áburðarverksmiðjunnar séu ekki það langt frá stjórnendum og áhrifamönnum í Sjálfstfl. og Framsfl. að þeir gætu ekki, ef þeir hefðu raunverulegan áhuga, ýtt við því að það væri a. m. k. fylgt lögum um þetta mál. Þetta er aðeins dæmi til þess að sanna að það hefur ekki legið á lausu að stiga skref í þessu máli hér á Alþingi.

Rætt hefur verið um það, hvort ástæða sé til að starfsmenn fyrirtækja eigi aðild að stjórnum þeirra eða ekki. Það er vafalaust mikið til í því, sem hér hefur komið fram, að fyrr á tímum og kannske fram til síðustu áratuga hafa atvinnuvegir íslendinga verið þannig, að það lá ekki eins í augum uppi að fara inn á þessa leið eins og hjá þeim þjóðum sem iðnvæddust miklu fyrr en við. En þessar aðstæður hafa á síðustu áratugum gjörbreyst, og það eru sannarlega þegar í okkar þjóðfélagi nokkur hundruð fyrirtæki þar sem rík ástæða væri til að starfsmenn ættu aðild að stjórn fyrirtækjanna. Með því væri þáttur vinnunnar viðurkenndur á móti þætti fjármagnsins og eins og hér var orðað: laðað saman fjármagnið og vinnan. Væri ekki ástæða til þess t. d. í álverinu? Ég býst við að starfsmenn, sem fengju sæti í stjórn þar, hefðu ýmislegt sem þeir vildu koma á framfæri. Væri ekki ástæða til þess í Kísilgúrverksmiðjunni t. d., í Sementsverksmiðjunni eða í Áburðarverksmiðjunni, þar sem ekki einu sinni má setja upp samstarfsnefnd sem lög þegar mæla fyrir um? Þannig gæti ég talið fjöldamörg fyrirtæki. Og ég vil taka sérstaklega undir ábendingu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, þegar hann minnti á að það hefði getað skipt sköpum fyrir hóp starfsmanna ef þeir hefðu átt aðild að stjórn Mjólkursamsölunnar hér í Reykjavík síðustu missirin. Dæmi um slíkt verða fleiri með hverju árinu sem líður.

Það er ekki ætlun okkar alþfl.-manna að sækja þetta mál með neinu offorsi þó að við svörum fyrir okkur þegar við mætum andófi og úrtölum gegn málum sem rík ástæða er til að ætla að mjög almennt samkomulag sé um hvað grundvallaratriði snertir. En látum það kyrrt liggja.

Ég vil að lokum ítreka það sem við sögðum í fyrri hluta umr., að það hefur aldrei hvarflað annað að okkur en að Alþ. tæki þetta mál til meðferðar í n. og rannsókn þeirrar n. gæti leitt til margvíslegra breytinga á málinu. Við munum verða reiðubúnir til fullkomnis samstarfs um það, að svo miklu leyti sem þess er þörf af hálfu flm., en viljum vænta þess að nú hreyfist þetta mál og menn láti sér ekki nægja orðin ein öllu lengur, heldur byrji að stíga fyrstu raunverulegu skrefin.

Sigurður Magnússon: Hæstv. forseti. Mig langaði lítillega að ræða þetta mál sem hér liggur fyrir um atvinnulýðræði. Ég ætla mér ekki að fara neitt efnislega ofan í þetta frv., heldur áskil mér rétt til að athuga það frekar ef ég fæ tækifæri til hér í þinginu. En ég vil láta það koma fram, að ég tel að hér sé góðu máli hreyft og að það verði ekki komist undan því

hér á Íslandi að taka þessi mál til víðtækrar og alvarlegrar umr., eins og víða annars staðar í löndunum í kringum okkur. Ég vil þó segja það, að jafnvel þó að það frv., sem hér liggur fyrir, yrði að lögum, þá leysir það alls ekki allan vanda, leysir alls ekki þær mótsetningar sem eru á milli vinnunnar og fjármagnsins. Það gæti hins vegar verið spor í þá átt að verkafólki takist að eyða þessum mótsögnum og ná yfirráðum yfir vinnunni. Atvinnulýðræði, eins og ég skilgreini það hugtak, er ekki einungis takmarkað lýðræði til að hafa áhrif á stjórnun fyrirtækja, aðbúnað þeirra og vinnuaðstöðu, heldur fullkomið efnahagslýðræði þar sem verkafólk og vinnan stjórna fjármagninu og stjórna fyrirtækjunum og hafa eytt þessum mótsögnum. Einungis með þeim hætti höfum við skapað það ríki verkafólks og launafólks sem við sósialistar a. m. k. viljum stefna að.

Ég vil líka benda á það, að jafnvel í löndunum hér í kringum okkur, sem hafa fyrir mörgum árum komið á hjá sér löggjöf af þessu tagi eða eitthvað svipaðri og haft hana árum saman, hefur ekki dregið úr völdum auðmagnsins í þessum löndum, jafnvel löndum eins og Svíþjóð, þar sem ég hygg að tilraunir hafi verið gerðar hvað mest með skipulag af þessu tagi. Hvergi í Skandinavíu eru til stærri og meiri auðfélög en í Svíþjóð, og það er vitað að þessi fyrirtæki eru í eigu fárra aðila og hafa mikil völd í þjóðfélaginu.

Ég lít svo á að fullkomið atvinnulýðræði og efnahagslýðræði, þ. e. a. s. að réttur vinnunnar til að stjórna fjármagninu og atvinnutækjunum, sé eitt af baráttumálum verkalýðsins um allan heim, — baráttumál sem verkalýðurinn mun fyrr eða síðar leiða til lykta. Og við skulum líta til baka. Hér á Íslandi er ekki nema rúmlega hálf öld síðan skipulögð verkalýðshreyfing hóf baráttu sína, og víða í Vestur-Evrópu er það ekki miklu lengri tími. Á þessu tímabili hafa margir sigrar unnist og verkalýðshreyfingin hefur unnið sér mörg réttlætismál. Það er tekið meira tillit til vinnunnar en áður var. Og það mun koma að því líka síðar, ef þetta þjóðfélag og mannlíf á yfirleitt að standast til lengdar, að vinnan mun stjórna efnahagslífinu og þjóðfélagskerfinu. Þau átök, sem við sjáum í okkar þjóðfélögum milli vinnunnar og fjármagnsins, eru í sjálfu sér ekki annað en þau átök sem eru í heiminum, einfaldlega hér í hnotskurn, átök milli fátækra og ríkra þjóða, þar sem auðugar þjóðir kúga hinar fátækari. Það ástand getur ekki viðgengist endalaust ef þessi heimur á yfirleitt að halda áfram að vera til.

Ég er því í sjálfu sér hlynntur að máli eins og þessu sé hreyft, þó að ég telji langt frá því að það levsi þau vandamál sem hér er um að ræða. Ég líka get þess, að ég tel að hugmyndir manna um að lausn fáist með því að laða saman fjármagn og vinnuafl séu um tómar gervilausnir. Við getum aldrei í sjálfu sér leyst vandann með því að kalla saman fulltrúa þessara tveggja aðila til þess að stjórna saman. Vinnan sjálf verður að fá að ráða fjármagninu.

Hér hafa komið fram hugmyndir um að þetta mætti levsa með ýmsu móti, jafnvel verið bent á að félög eins og almenningshlutafélög gætu verið spor í þessa átt. Ég vara við slíkum hugmyndum. Ég held að við nálgumst þetta markmið, að tryggja launþegum yfirráðarétt yfir vinnu sinni, á engan hátt með slíkum almenningshlutafélögum, því að hlutur hinna ríkari, þeirra sem fjármagnið eiga, verður alltaf stærri í slíkum félögum og þeirra verður yfirráðarétturinn. Þessar till., sem víða hafa komið fram og víða hafa breiðst út, eru einungis tilraunir fjármagnseigenda til þess að hefta þá þróun sem farið hefur af stað.

Hér á Íslandi og við okkar aðstæður er eðlilegast að félagshyggjumenn og verkalýðssinnar einbeiti sér að því að opinber rekstur, félagslegur rekstur og samvinnufélög verði látin ryðja brautina til þess að sanna kenningar okkar. Við eigum mikla möguleika til þess hér að gera það með þessum hætti. Það hefur verið vakin athygli á því hér í umr., að þessi rekstur er mjög sterkur þáttur í atvinnulífi á Íslandi. Opinber rekstur er tiltölulega meiri hér en gengur og gerist annars staðar, og sama er að segja um samvinnuhreyfinguna. Ég held að við félagshyggjumenn og verkalýðssinnar eigum að einbeita okkur að því að þróa þetta atvinnulíf í þá átt, að verkafólk öðlist fullkominn rétt yfir vinnu sinni.

Ég get sagt ykkur sem dæmi, að ég hef sjálfur af eigin reynslu tekið þátt í því 3 eða 4 ár að starfa í framleiðslusamvinnufélagi þar sem hópur einstaklinga í tiltekinni starfsgrein tók sig saman og stofnaði félag um vinnu sína. Við byrjuðum einir 20 rafvirkjar á þessu fyrir 4 árum og höfum störf 4 eða 5. Í dag standa að þessu milli 70 og 80 rafiðnaðarmenn á landinu, þeir munu vera í kringum 500—600 í allt, og í vinnu eru milli 30 og 40 félagsmenn. Þetta fyrirtæki er orðið hið stærsta sinnar tegundar á Íslandi. Þrjú ár eru ekki langur tími, en þetta litla dæmi og sú reynsla, sem ég hef fengið í þessu starfi, sannar mér að ef fólkið tekur sig saman um að stjórna vinnu sinni og ráða henni og skipuleggja hana og eiga arðinn af henni og skipta honum jafnt, þá er það hægt. Og um leið og ég hvet íslenska verkalýðshreyfingu til þess að taka í auknum mæli upp umræður um atvinnulýðræði og yfirráðarétt yfir fjármagninu og þreifa sig áfram með leiðir sem reynist farsælar til að ná þeim lokasigri sem verkalýðshreyfingin hlýtur að stefna að, þá vil ég sérstaklega vekja athygli verkalýðshreyfingarinnar á þessu félagsformi, því að ég held að það sé auðveld leið til þess að koma þessu baráttumáli fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 56. fundur.

Fimmtudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 327). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stóriðja á Norðurlandi og Austurlandi, þáltill. (þskj. 333). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegáætlun 1977—80, þáltill. (þskj. 311). — Frh. fyrri umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs um þetta mál undir umr. s. l. þriðjudag og skal ekki lengja þær umr. mikið, enda kemur þessi till. til vegáætlunar til umfjöllunar í hv. fjvn. þar sem ég á sæti. Mér þykir þó rétt að fara hér örfáum orðum um nokkur þau atriði sem hún hefur inni að halda.

Í umr. á þriðjudaginn var kom fram allskörp óánægja hv. þm. yfir því, hvað framkvæmdafé samkvæmt þessari vegáætlun er lítið. Það er vitaskuld skiljanlegt, að Alþ. taki því ekki með neinni sérstakri ánægju þegar framkvæmdafé til vegamála skerðist á milli ára um 25%, eins og sú till., sem hér liggur fyrir, virðist bera með sér. Það þýðir þó ekki að koma í þennan ræðustól og berja sér á brjóst og óskapast yfir niðurskurði fjár til vegamála ef ekki er bent á fjáröflunarleiðir til þess að mæta auknum útgjöldum, og fyrir því fór nú næsta lítið hjá hv. stjórnarandstæðingum sem hér töluðu.

Þær heildarniðurstöður, sem þessi þáltill. felur í sér, þurfa raunar engum að koma á óvart, vegna þess að þær eru í samræmi við afgreiðslu fjárl. og afgreiðslu lánsfjáráætlunar nú fyrir jól. E. t. v. hafa menn ekki að fullu áttað sig á að af þessu fé skyldi ekki meira en raun ber vitni ganga til beinna nýframkvæmda, og er það út af fyrir sig skiljanlegt. Enda þótt ég sé engin undantekning frá öðrum hv. þm. um það, að mér þyki erfitt við að búa að ekki skuli meira fé fást til framkvæmda í vegamálum en þessi till. ber með sér, eins og hún liggur nú fyrir, þá verðum við að hafa það í huga, að við höfum átt við mikinn efnahagsvanda að etja. Íslenska þjóðin er að freista þess að vinna bug á honum, og að ýmsu leyti verðum við að sæta því, meðan svo stendur, að minna fáist til framkvæmda á ýmsum sviðum heldur en ella væri og miklu minna en æskilegt væri.

Um endanlegar niðurstöður þessarar vegáætlunar skal ekkert sagt nú, því að hún á eftir, eins og ég hef þegar sagt, að fá athugun í hv. fjvn. og Alþ. á að öðru leyti eftir að fjalla um hana. En sjálfsagt væri öllum hv. þm. mikil þökk á því, ef tækist að ráða þessu máli til lykta með þeim hætti að unnt yrði að veita meira fé til framkvæmda en þáltill. um vegáætlun bendir til.

Í sambandi við þær till., sem hér liggja fyrir um ráðstöfun þess fjármagns sem hér er um að tefla, vil ég segja það, að í samræmi við nýsett vegalög er hér áætlað að verja 400 millj. kr. til þjóðbrauta. Ég hef miklar áhyggjur af að það muni reynast svo lítið að erfitt gangi að þoka áfram mjög þýðingarmiklum verkefnum á þeim vettvangi. Það eina, sem getur sætt mig við þá tölu, miðað við aðrar tölur í þessari till., er að viðhaldsfé er verulega aukið eða um 683 millj. kr. frá síðasta ári. Ég hygg að þetta sé nauðsynlegt. Við, sem búum úti á landi, verðum a. m. k. þess áþreifanlega varir hve víða skortir á um eðlilegt viðhald veganna. Það má segja kannske eins og einn hv. þm. sagði hér í umr. í fyrradag, að með þessum hætti sé verið að skerða völd Alþingis. Ég tel það þó vafasamt, vegna þess að auðvitað getur Alþ., ef því sýnist svo, skipt þessu viðhaldsfé á milli einstakra kjördæma eða einstakra verkstjórnarumdæma. En ég dreg í efa að það væri út af fyrir sig hyggilegt, enda þótt um það efni þurfi að gilda sanngjarnar reglur.

Það er vitaskuld ákaflega mikils virði hvernig meðferð þeirra fjármuna er sem ætlaðir eru til vegamála í heild hverju sinni, svo sem er um það fjármagn sem rennur til annarra framkvæmdaþátta. Í þessari till. er gert ráð fyrir verulegri hækkun fjármagns til stjórnarkostnaðar og undirbúningskostnaðar vega, og er þó hækkunin langsamlega mest á þeim lið er fjallar um verkfræðilegan undirbúning eða um 80% frá fyrra ári. Þetta á sér a. m. k. sumpart skýranlegar orsakir, sem sé þær, að við afgreiðslu bráðabirgðavegáætlunar á síðasta Alþ. var þessi liður skorinn verulega niður og einnig að nú er ráðgert að minni hluti verði tekinn af einstökum verkum til undirbúnings og til áhaldahúsa en áður hefur verið gert. Á síðasta ári voru tekin 14% af hverju verki fyrir sig og lagt í annan kostnað sem verkum eru samfara, en nú er áætlað samkv. þeirri till., sem hér liggur fyrir, að þessi prósenta lækki niður í 8.5. Ég lít svo til, að það sé vitaskuld ástæða til að vanda vel undirbúning verka í vegagerð og um það fjalli sérfræðingar á því sviði. En það er ákaflega auðvelt að fara yfir strikið við að eyða fé í þessum efnum og þarf að hafa hóf á því eftir því sem frekast er unnt, a. m. k. þar sem um hin einfaldari verk er að ræða, og spara þennan kostnað svo sem mögulegt er. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þessa skiptingu, vegna þess að hún á eftir eins og annað í þessari þáltill. að fá meðferð og sérstaka athugun í nefnd.

Ég get fyllilega tekið undir með hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hér talaði s. l. þriðjudag, að það skiptir einnig miklu máli að ekki sé sóað fé í of iburðarmikla vegi í útsveitum, þar sem mestu máli skiptir að vegirnir standi undir því að geta annað samgöngum þess fólks sem þær byggir. Hv. þm. nefndi í þessu tilviki Skagaveg, sem áætlanir eru uppi um að byggja 6.5 m breiðan, þar tel ég óhóflega ráðstafað fjármunum miðað við þá litlu umferð sem þar fer um. Ég tel fyllilega nóg að þar væri um 4 m breiðan veg að ræða, ekki síst vegna þess, að eftir því sem vegurinn verður breiðari kostar snjómokstur meira og snjór sækir meira á veginn. Þannig er ýmislegt í þessum efnum, sem er kannske ekki alfarið ástæða til að sérfræðingar og verkfræðingar hafi síðasta orð um, heldur verði brjóstvit og þekking heimamanna einnig að koma til, ekki síst ef það má verða til þess að spara það fjármagn og lengja þá vegkafla sem nást fyrir það fjármagn sem úr er að spila.

Ég get sagt það í tilefni af aths. hv. 3. þm. Norðurl. v. um skiptingu á vegum í vegflokka samkv. nýjum lögum, að um það hefur þegar verið rætt í fjvn., að vegurinn milli Skagastrandar og Blönduóss verði í tölu stofnbrauta, og samkv. þeim frumtill., sem Vegagerðin er að vinna að um skiptingu fjármagns á stofnbrautir, reiknar hún einnig með því að þessi vegur verði í stofn-

brautatölu. Ég býst við að fjvn. leggi fram brtt. um skiptingu veganna í flokka í samræmi við það.

Að loknum þessum orðum vil ég fara örfáum orðum um það sem ég lít svo á að sé megininntak í þessari ræðu minni, en það er að ég vil gjarnan að það komi hér skýrar fram en gert hefur verið af hálfu hæstv. samgrh., hvort hann telji að byggðaáætlanir í samgöngumálum og Norður- og Austurvegur, sem gerðir eru samkv. lögum um happdrættislán ríkissjóðs þar um, rúmist innan þessa ramma. Ég lít auðvitað svo á um þær byggðaáætlanir í samgöngumálum, sem hefur verið unnið að á undanförnum árum, þ. e. Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun og áætlun um Djúpveg, meðan þeim er ekki lokið nema að nokkru leyti, að óeðlilegt sé að Alþ. hlaupi frá því að verja fjármunum til þessara áætlana nema samþykktir séu gerðar um annað. Því hefur verið lýst hér af öðrum ræðumönnum, að verk samkv. þessum áætlunum eru ýmist hálfnuð, nýhafin, sumum kannske lokið, en önnur eru ekki hafin. Ég tel að það sé ákaflega óþægileg staða ef ekki kemur skýrt fram að þessum áætlunum verði haldið áfram.

Sömu sögu er að segja um Norður- og Austurveg sem á að leggja í samræmi við lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs, að hæstv. ráðh. hefur lýst því í þessum ræðustól að til þeirra sé áætlað að verja á þessu ári allt að 1 milljarði kr. Við vitum að á síðasta ári var frestað af 500 millj. kr. fjáröflun til þessara vega um 350 millj. kr. Þó að ekki væri farið lengra en að vinna upp það, sem frestað var á fyrra ári, til vegarins áætlaðar á þessu ári 850 millj. kr., og haldið áfram með byggðaáætlanirnar, þá sýnist mér að harla lítið sé eftir af því framkvæmdafé sem áætlað er að verja til stofnbrauta á þessu ári. Ef það er rakið nokkru nánar lítur dæmið þannig út, að í stofnbrautir er áætlað að verja 1820 millj. kr. Þó ekki væri um neinar hækkanir að ræða á fjárveitingum til byggðaáætlana á þessu ári frá því sem var í fyrra og sömu tölur notaðar, væri staðan þannig, að Norðurlandsáætlun fengi 175 millj. kr., Austurlandsáætlun 177 millj., Djúpvegur 25 millj. og Norður- og Austurvegur — ég nefni hér 850 millj., sem mér sýnist eðlileg tala og mundi vega upp það sem á skorti við gerð bráðabirgðavegáætlunar í fyrra. Þá eru þessar fjárhæðir samtals 1227 millj. kr. Þegar Alþ. ákvað að verja fé í byggðaáætlanirnar og ákvað samkv. lögum að verja fé í Norður- og Austurveginn var það undirskilið að það væri til viðbótar annarri almennri fjáröflun Vegasjóðs. Í samræmi við það er t. d. fjáröflun og skipting útgjalda á vegáætlun sem samþykkt var árið 1972 fyrir árin 1972—1975. Nú liggur það einnig fyrir að bráðabirgðaskuldir Vegasjóðs vegna stofnbrauta á síðasta ári nema um 150 millj. kr. Þegar það leggst við hina fyrri tölu, þá eru komnar 1377 millj. kr. og einungis 443 millj. kr. eftir af 1820 millj., sem væru þá fé Vegasjóðs sem ætti að skiptast á stofnbrautir um land allt. Það fé, sem ég hef hér áður rakið, til byggðaáætlana og samkv. lögum um happdrættislán vegna Norður- og Austurvegar, kæmi svo þar til viðbótar. Nú spyr ég í framhaldi af þessu, þegar ég hef rakið þetta, hvort hæstv. ráðh. telji að þessar áætlanir og lög um happdrættislán vegna Norður- og Austurvegar rúmist innan þessarar þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1977—1980. Ef hann telur það, þá sýnist að það fé sé harla lítið sem ætlað sé að verja til stofnbrauta um landið, ef lögin um happdrættislán og ákvarðanir um landshlutaáætlanir í samgöngumálum kæmu ekki til.

Ég tel að það sé ekki ástæða til fyrir mig að hafa um þetta fleiri orð. Ég tel að það yrði ákaflega einkennilega að staðið af hálfu Alþ. ef það hyrfi frá þessum áætlunum og framfylgdi ekki lögunum um happdrættislán ríkissjóðs til Norður- og Austurvegar. Ég hef raunar enga ástæðu til annars en að ætla að það verði við allt staðið — og legg á það mikla áherslu. En þá sýnist mér að það fjármagn, sem er ætlað til stofnbrautanna utan þessara tilteknu áætlana, sé harla lítið. Og trúir því nokkur hv. þm., að ef ekki hefði verið farið í áætlanirnar og lög um happdrættislán verið samþ., þá hefði verið áætlað að verja einungis 443 millj. kr. til stofnbrauta á árinu 1977?

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í þeim umr., sem hér hafa farið fram að þessu sinni um vegáætlun, hefur á það verið bent, að sú till. til þál. um vegáætlun, sem hér liggur fyrir, muni vera þriðja vegáætlunin sem lögð er fram í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Það hafa orðið allmiklar umr. um allar þessar till. sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fram. Ég hef m. a. tekið þátt í þeim umr. öllum og þá bent á það eins og aðrir þm., að þessar till. hafa allar miðað í þá áttina að draga mjög verulega úr fjárveitingum til vegaframkvæmda frá því sem áður hafði verið um nokkra hríð.

Það hefur einnig komið fram í þessum umr. nú, að svo sé nú komið í þessum efnum að það fé, sem ætlað er samkv. þessari till. að gangi til nýbyggingar vega, sé rétt í kringum 50% að framkvæmdamagni miðað við það, sem var árið 1974, og jafnvel nokkru minna ef samanburðurinn væri gerður við árið 1973. Hér er auðvitað um mjög stórfelldan samdrátt að ræða í framkvæmdum. Till. af þessu tagi hafa leitt til þess, að hér á Alþ. hafa komið fram miklar aths. við þessar till., og þar hefur ekki aðeins verið á ferðinni stjórnarandstaðan, sem hefur fundið að þessari tillögugerð, heldur hafa einnig komið hér fram fjölmargir þm. úr stjórnarliðinu og varað við þessari stefnu og mjög beint því til hæstv. samgrh. að hann athugaði betur sinn gang í þessum efnum og leitaðist við að snúa þessari öfugþróun við með því að afla meira fjár til vegagerðarmála en nú er gert ráð fyrir.

Við vitum að þessi almenna óánægja hér á Alþ. leiddi til þess, að á s. l. ári var horfið frá því að gera vegáætlun samkv. gildandi lagafyrirmælum og vegáætlun var aðeins afgreidd þá fyrir yfirstandandi ár, þ. e. a. s. áætlunin, sem var í gildi fyrir árið 1976, var endurskoðuð og gengið frá henni þannig að hún gilti fyrir árið 1976, en ekki lengra fram í tímann. Vissu allir að hér var um neyðarráðstöfun að ræða, og enginn vissi það betur en hæstv. ráðh., að það tókst í raun-inni ekki að fá Alþ. til að samþykkja nýja vegáætlun í samræmi við gildandi lög, vegna þess að menn töldu að það fjármagn, sem fyrir hendi var til framkvæmda, væri orðið allt of lítið og það yrði að taka á málinu með öðrum hætti.

Nú vitum við að þessir erfiðleikar hafa meira að segja leitt til þess, að það lá engin vegáætlun fyrir um síðustu áramót, og nú, þegar komið er fram undir lok febrúarmánaðar á árinu 1977, er í rauninni engin vegáætlun í gildi, þó að ráð sé gert fyrir því í lögum að jafnan skyldi vera vegáætlun til fjögurra ára.

Það er, eins og ég sagði, engin tilviljun að þetta hefur farið á þessa leið. Það er vegna þess að þm. almennt hafa talið að þessi mál væru komin í slíka stöðu að það yrði að taka á málunum með öðrum hætti, hér yrði að afla viðbótarfjár. Ég hef m. a. sagt það hér nokkrum sinnum í ræðu, að ég vildi gjarnan taka upp samstarf við hæstv. ríkisstj. um það að leita eftir færum leiðum til viðbótarfjáröflunar fyrir Vegasjóð, fyrst svona væri komið. En að sjálfsögðu þyrfti að nást þá samkomulag bæði um það, hvernig peninganna skyldi aflað, og einnig um meginatriðin í því, hvernig þeim yrði aftur varið. Í framhaldi af þessum umr., verð ég að segja, fannst mér lengi vel að hæstv. samgrh. tæki þessu ótrúlega fálega eða léti þetta akast á undan sér. Þó fór svo við lokaafgreiðslu málsins á s. l. ári, að hæstv. ráðh. sagði þá orðrétt, eins og ég skal hér lesa upp úr þingtíðindum um þetta atriði, — hæstv. ráðh. sagði í framhaldi af því, sem hann hafði talað um, orðrétt á þessa leið:

„En að þessum málum verðum við að vinna, og það gleður mig stórum að heyra að það er almennur áhugi á því að gera þetta. Þess vegna treysti ég því, að okkur takist að sameinast um fjáröflun til Vegasjóðs, enda er ljóst að það verður að koma til tekjuöflun ef vel á að fara, því að því eru takmörk sett sem við getum framkvæmt fyrir lánsfé í sambandi við vegina, þó að ég hins vegar taki það fram, að það verðum við einnig að gera."

Ég hafði litið svo á, með tilliti til þess hvernig þessi mál höfðu gengið fyrir sig, að hér var í rauninni allt komið í strand, og þm. höfðu tekið jafnalmennt undir þetta sjónarmið og ég hef minnst hér á og hæstv. ráðh. þó gefur þessa yfirlýsingu, þá hélt ég að nú yrði tekið á þessu vandamáli á annan veg en áður var gert. En ég get ekki séð að svo hafi verið, nema síður sé. Hæstv. ráðh. hefur a. m. k. ekki rætt við mig eða minn flokk um neinar hugsanlegar nýjar leiðir til fjáröflunar fyrir Vegasjóð. Hann hefur hins vegar dregið málið allan þennan tíma og kemur nú með till. að nýrri vegáætlun þegar þetta er þó liðið á árið og heldur þá áfram á sömu braut og áður, leggur enn fram till. um viðbótarniðurskurð á raunverulegum framkvæmdum.

Ég fyrir mitt leyti get ekki skýrt þetta með neinum hætti á annan veg en þann, að hæstv. ráðh. hafi ekki fengið ríkisstj. til þess að styðja sig í þessum efnum og vegna þess sé hann knúinn til að leggja fram hér till. um nýja vegáætlun í þeim búningi sem raun ber vitni um. Það sló mig að vísu nokkuð að heyra það í framsöguræðu hæstv. ráðh. fyrir vegáætluninni að þessu sinni, að hann virtist leggja allmikla áherslu á að það hefði ekki orðið um samdrátt að ræða í fjárveitingum til vegagerðarmála frá því sem áður hefði verið. Og ég hygg að margir alþm. hafi tekið eftir því, að blað hæstv. ráðh. slær því beinlínis upp að það sé um aukningu á fjárveitingum að ræða til vegagerðarmála. Þetta virðist skjóta nokkuð skökku við það sem hér er almennt sagt um þessi mál og við þm. almennt höldum fram um stórfelldan samdrátt varðandi nýbyggingar vega. Þegar betur er að gáð er hæstv. ráðh. í þessum efnum að tala um allt annað en við þm. erum að gera, og ég get ekki séð að það, sem hæstv. ráðh. talar um í þessum efnum og blað hans, geri annað varðandi það vandamál, sem hér er við að glíma, en að villa um fyrir mönnum og í rauninni að draga úr því að þörf sé á að takast við þennan vanda.

Það, sem hefur verið rætt á Alþ., og það, sem fyrst og fremst brennur á mönnum hér, er að framkvæmdaféð til nýbyggingar vega er alltaf að minnka. Það hefur verið gerður nokkur samanburður á því í þessum umr., hvernig þessu sé háttað með vegagerðarmál og önnur framkvæmdamál í landinu. Ég hef sagt það og segi það enn, að gerum við samanburð á því, hvernig staðið er t. d. að öðrum framkvæmdamálum í landinu, þrátt fyrir vissa erfiðleika sem hafa gengið yfir í efnahagsmálum, — þeir hafa ekki gengið sérstaklega yfir vegamálin frekar en önnur mál, — ef við gerum t. d. samanburð á því, hvernig hefur verið staðið að skólabyggingarmálum í landinu, þá er ævinlega miðað við það fjármagn sem fer til nýbyggingar skóla, ekki til viðhalds eða rekstrar á skólum. Þegar við ræðum um framkvæmdafé til byggingar á heilbrigðisstofnunum, þá miðum við líka við fjárveitingar til þess að byggja nýjar heilbrigðisstöðvar, ekki til viðhalds þeim eða almenns rekstrar. Það er tekið undir allt öðrum lið. Þetta gerum við líka þegar við erum að ræða um hvað mikið fjármagn er veitt til hafnargerða í landinu. Þar er um nýjar framkvæmdir að ræða, en ekki um rekstur hafnanna eða annað af því tagi.

Sá samanburður, sem hér hefur farið fram, og sá vandi, sem hér er við að glíma, er fólginn í því að fjármagn til nýbyggingar vega í landinu minnkar í sífellu og minnkar miklum mun meira en fjárveitingar til annarra stofnframkvæmda. Auðvitað þarf að halda vegagerfinu við, eins og þarf að halda við öðru því sem byggt hefur verið og rekið er. Auðvitað þarf yfirstjórn vegagerðarmála líka að fá fjármagn. Það þarf skólakerfið og heilbrigðiskerfið og hafnarkerfið í landinu líka. Samanburðurinn í þessum efnum þarf vitanlega að vera á réttum grundvelli. Hér er um það að ræða, að það er dregið stórkostlega miklu meira úr fjárveitingum til nýbyggingar í vegagerðarmálum en til nýbygginga í sambandi við allar aðrar verklegar framkvæmdir í landinu. Það er þessi staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Það er þetta atriði sem hæstv. ráðh. þurfti auðvitað að ræða um, en ekki að blanda þessu saman við það að fram færu talsverðar greiðslur á vöxtum og afborgunum af lánum sem tekin voru til vegagerðarmála fyrir nokkrum árum, eða að nú er áætlað heldur meira fé til vegaviðhalds en áður var. Þarna er verið að ræða um allt annað mál og ekki sambærilegt á neinn hátt. Ef samanburður væri gerður um aðra liði á fjárlögum á þennan hátt, þá kæmi vitanlega allt annað út úr dæminu.

Nei, það er síður en svo ástæða til þess fyrir nokkurn hv. þm. og allra síst fyrir hæstv. sam-

grh. að draga nokkra dul á það, að hér er um að ræða till. sem gerir ráð fyrir miklu meiri niðurskurði á framkvæmdafé til nýbyggingar vega en gert er ráð fyrir í nokkrum öðrum málaflokki. Á þetta er búið að benda hér á Alþ. æ ofan í æ, og ég er satt að segja alveg hissa á því, og það hlýtur að vera eitthvað meira en lítið afl sem þar er á ferðinni, að það skuli knýja hæstv. samgrh., með þá burði sem hann er hefur til margra góðra hluta, — knýja hann til þess að standa að slíkri tillögugerð eins og hér er á ferðinni. Ég held að það væri rétt af hæstv. ráðh. að leyfa alþm. almennt að takast á við þetta voðalega afl sem rekur hann til þess að koma með þessar till. sem ganga þvert á alla aðra pólitík í þessum efnum.

Hér hefur verið á það bent, að það er ekki nóg með að hér stöndum við frammi fyrir því, að það sé gert ráð fyrir 50% minna fjármagni miðað við framkvæmdagetu heldur en gert var ráð fyrir árið 1974 í sambandi við nýbyggingu vega. Það er ekki aðeins að við stöndum frammi fyrir þessum vanda, heldur stöndum við einnig frammi fyrir hinu vandamálinu, að það er búið að gera hér bindandi ráðstafanir um vegagerðarmál sem grípa inn í þessa takmörkuðu fjárveitingu, þannig að út úr dæminu kemur í rauninni algjört öngþveiti. Á það hefur réttilega verið bent, að hér hafa verið í gangi sérstakar vegagerðaráætlanir: Austurlandsáætlun, Norðurlandsáætlun og Djúpáætlun. Ég trúi því ekki, að það sé meiningin hjá hæstv. samgrh. að horfið verði frá framkvæmdum samkv. þessum áætlunum. Það yrði að mínum dómi saga til næsta bæjar og þó öllu lengra, ef það ætti eftir að verða hlutskipti núv. hæstv. samgrh. að standa t. d. fyrir því að sniðganga skriflega gerðan samning um Austurlandsáætlun, sem gerður var fyrir nokkrum árum, undirskrifaður þá af öllum þm. Austurl., sem þá sátu á Alþ., og þeim ráðh., sem þá töldust ábyrgir í þeirri ríkisstj. fyrir þessum málum, þ. e. a. s. Magnúsi Jónssyni sem fjmrh. og Ingólfi Jónssyni sem samgrh. Þá var gert bindandi og skriflegt samkomulag á milli allra þm. Austurl. og þessara tveggja ráðh. um tilteknar framkvæmdir í vegagerðarmálum sem nefnt var Austurlandsáætlun, þar sem gert var ráð fyrir að ljúka tilgreindum verkefnum, sem var bæði lýst í mæltu máli og teiknuð á kort, og síðan hefur Alþ. samþ. þessa áætlun með því að standa að framkvæmd hennar ár eftir ár og framkvæmdinni er enn ekki lokið. Ég segi það fyrir fram: mér dettur ekki í hug að trúa því, að það sé til svo sterkt afl einhvers staðar á bak við þingsalina, að það geti knúið hæstv. samgrh. til að standa að því að það eigi svíkja þessa áætlun, það eigi að hlaupa frá henni. Ég reikna fastlega með því, að það sé raunverulega gert ráð fyrir því að halda áætluninni áfram, standa við þennan skriflega gerða samning og ljúka verkinu. Svipað er að segja um Norðurlandsáætlun. Þó að ekki hafi verið gengið alveg jafnformlega frá henni og þessari áætlun, þá vil ég ekki trúa öðru en það sé ætlunin að halda henni áfram á svipaðan hátt og verið hefur. Og sama er að segja um Djúpáætlun. Við þær verður að standa þar til þeim verkum er lokið sem um var samið.

Ef gengið er út frá þessu sem alveg sjálfsögðum hlut, sem mér sýnist vera, þá er þarna búið að binda þarna, bara miðað við sömu krónutölu og var á síðustu áætlun, tæpar 400 millj. kr., eða 377 millj. kr. Síðan kemur, eins og hér hefur verið bent á, löggjöfin um Norður- og Austurveg, þar sem eru bein lagafyrirmæli um að það skuli aflað fjár með sérstökum hætti í tilteknar vegaframkvæmdir þ. e. a. s. í Norðurveginn frá Reykjavík til Akureyrar og Austurveginn frá Reykjavík um Suðurland austur til Egilsstaða. Þar er bundið að ⅔ af því fjármagni, sem þannig er aflað, skuli ganga til norðurhlutans ⅓ til austurhlutans. Á það hefur réttilega verið bent, að gert er ráð fyrir að tekjur samkv. þessum lögum nemi í kringum 500 millj. á þessu ári, 350 millj. voru geymdar frá árinu í fyrra og átti að skila á þessu ári, og þá er hér um 850 millj. kr. að ræða óumdeilanlega sem eru bundnar samkv. lögum. Sé þetta tekið saman, eins og hv. þm., sem talaði næst á undan mér, Pálmi Jónsson, rakti skilmerkilega, sé þetta tekið saman ásamt því að greiða þær skuldir, sem eru fyrir, eru ekki eftir af fjármagninu, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill. um vegáætlun, nema rétt rúmar 400 millj. til allra annarra stofnbrauta á landinu.

Ég efast ekkert um að allir þm., hver og einn einasti, og að sjálfsögðu hæstv. samgrh. segja: Þetta er útilokað með öllu. Þetta er ekki framkvæmanlegt. Það er engin leið að standa svona að málunum. — Ef þá er ekki um að ræða að afla viðbótarfjármagns, þá liggur ekkert annað fyrir en að fara að velja á milli, hvern á að svíkja og hvað mikið. Á að strika yfir samninginn um Austurlandsáætlun? Á að strika yfir Norðurlandsáætlun? Á að láta ógert að fara að lögum um Norður- og Austurveg? Eða á að fara út í það öngþveiti að ætla sér að skipta til allra annarra stofnbrauta í landinu 400 millj. kr. nú á þessu ári eða rétt rúmlega þeirri upphæð? Ég endurtek það sem ég hef sagt hér áður við svipað tækifæri: Þetta er ekki framkvæmanlegt. Þetta dæmi gengur ekki upp, það er alveg útilokað. Því er þarna ekki nema um eitt að ræða, að það er alveg óhjákvæmilegt að takast á við þann vanda að afla meira framkvæmdafjár, og það er líka til samræmis við það sem gert er til annarra hliðstæðra framkvæmda. Ég fellst ekki á þau rök fyrir mitt leyti, að vegna erfiðleika í efnahagsmálum eigi að stöðva vegagerðarframkvæmdir í landinu ferkar en aðrar framkvæmdir. Og þó að það finnist einhverjir hagspekingar einhvers staðar úti í bæ sem séu á þeirri skoðun, að það megi stöðva þessar framkvæmdir frekar en aðrar, þá gildir álit þeirra ekki nema það fáist staðfest hér á Alþ. með samþykkt alþm.

Ég verð því að segja það, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar ég sá þessa áætlun. Ég hafði áður sagt það, þegar fyrri áætlanir komu fram, að ég væri í rauninni alveg undrandi að sjá þær áætlanir. En mér finnst ég ekki geta sagt núna að ég sé alveg undrandi, það er allt of veikt. Ég þarf á einhverju miklu sterkara að halda. Þegar þetta er endurtekið æ ofan í æ, að koma með till. af þessu tagi, þá verður manni eiginlega orðfátt, á ekkert orð til.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, aðeins

ítreka það sem ég hef sagt hér áður. Ég skora á hæstv. samgrh. að taka nú á þessu máli með öðrum hætti en hann hefur gert og leita eftir því, hvort ekki er hægt að ná hér samstöðu, allvíðtæku samkomulagi í þinginu, þó ekki sé hægt um vik, til viðbótarfjáröflunar til þess að komast út úr þessum erfiðleikum. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að mér finnst í rauninni alveg sjálfsagt og í rauninni allt annað fjarstætt en það, að ríkissjóður komi hér til, kannske ásamt með öðrum, og leggi fram nokkurt fé. Það hefur verið bent á í þessum umr., að ríkissjóður muni hafa út úr umferðinni í landinu í nettótekjur á þessu ári, árinu 1977, miðað við áætlanir, í kringum 6 þús. millj. kr., í kringum 6 milljarða. Það hefur nefnilega verið þannig, að hver erlend verðhækkun, sem skollið hefur yfir, t. d. á bensíni, hefur orðið happafengur ríkissjóði. Hann hefur lagt sinn 20% söluskatt ofan á verðhækkunina. Hann hefur alltaf hirt sínar hækkanir. En Vegasjóður hefur hins vegar ekki fengið sambærilegar hækkanir.

Ég geri mér grein fyrir því, að það er hægara sagt en gert, eins og mál standa nú, að leggja til að hækka t. d. bensínverð. Það er búið að leyfa hækkanir á bensíni núna æ ofan í æ og í ýmsum tilfellum umfram það sem ég tel að hafi verið ástæða til. En það er mál út af fyrir sig. En ekki verður um það deilt, að Vegasjóður hefur ekki fengið sama hlutfall af verðhækkunum á bensíni og aðrir. Þar hefur ríkissjóður alveg sérstaklega skóflað til sín, og það er full ástæða til þess við endurskoðun á þessum málum, að ríkissjóður hlaupi undir bagga í miklu ríkari mæli en hann hefur gert, hann láti hér nokkurt fé til viðbótar við annað sem kynni að fást út úr samkomulagi á milli einstakra þm. og þingflokka.

Ég sem sagt ítreka aðeins áskorun mína til hæstv. ráðh., að hann beiti sér nú fyrir því að reynt verði að leysa þessi mál á annan hátt en þann sem gert hefur verið, sem hefur í rauninni einkennst af því að loka augunum og láta vaða á súðum.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að fara örfáum orðum um þessa till. til þál. við þessa umr.

Svo sem hv. alþm. er kunnugt, voru samþ. lög um breyt. á vegalögum í desembermánuði s. l. Þær breyt., sem þá voru gerðar, ættu að vera mönnum í fersku minni. Þær voru ekki stórvægilegar, en þóttu eigi að síður tímabærar og nauðsynlegar. Um þær náðist tiltölulega góð samstaða í meginatriðum. Samkv. þeim var flokkun vega gerð einfaldari og greinilegri og fjármagn nokkuð aukið til sýsluvegasjóða, sem full þörf var á. Þá var og lögfest sú sjálfsagða regla, að sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í till. til þál. um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skuli fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á þann hátt, að Alþ. og fjvn. fjalli um þau mál í heild og samhengi.

Það var vitað, að þær vegalagabreytingar, sem gerðar voru og nú voru nefndar, mundu ekki valda neinum straumhvörfum í vegaframkvæmdum af sjálfu sér. Það er svo með þessa löggjöf, að hún verður ekki virk að marki nema nægu blóði sé dælt í æðar hennar með fjárveitingum. Nú þykir mörgum, sem yfir þessa áætlun líta, vegáætlun til næstu 4 ára, að naumt sé skammtað og dimmt fyrir augum þegar litið er fram á veginn. Allir eru sammála um að aukin átök í vegagerð séu þjóðarnauðsyn. En til þeirra þarf mikla fjáröflun.

Auðvelt er að benda á mjög brýn og aðkallandi verkefni í vegagerð. Sumir leggja höfuðáherslu á varanlega vegi þar sem umferðarþunginn er mestur, aðrir á samgöngur í snjóþungum byggðarlögum þar sem gera þarf upphleypta vegi í stað niðurgrafinna götuslóða og troðninga sem lyfta þarf upp úr snjónum til þess að vegfarendur geti komist leiðar sinnar allan ársins hring. Báðar þessar leiðir má styðja sterkum rökum, svo sem gert hefur verið. Það hafa komið fram till. á þessu þingi frá báðum hliðum og sjónarmiðin skýrð með fullum rökum. Ber því allt að sama brunni, okkur vantar mun meira fjármagn en ráðið verður í af þessari till. til vegáætlunar, ef eitthvað sem verulega munar um, á að framkvæma á næstu árum í vegagerð.

Þetta kom m. a. fram hjá hæstv. samgrh. þegar hann fylgdi till. úr hlaði. Þá sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Ég neita því ekki og tel í raun og veru enga ástæðu til að leyna því, að mjög er þessi till. að vegáætlun fjarri því sem ég hefði kosið hvað fjárhæðir snertir.“ Ég held að flestir eða allir alþm. geti tekið undir þessi orð hæstv. ráðh., að mjög hefðu þeir kosið að meira fé væri nú til ráðstöfunar til þessa mikilvæga málaflokks.

Nokkrir ræðumanna, sem töluðu um þetta mál hér í fyrradag, minntu á að sjálfstæðismenn hefðu viðhaft stór og þung orð um lágar fjárveitingar til vegamála á vinstristjórnarárunum, ræddu um óábyrga stjórnarandstöðu í því sambandi og sögðu sem svo, að varla hefðu þeir talað allir um hug sinn, sjálfstæðismenn. Það er vafalaust rétt, að sjálfstæðismenn hafi oft og iðulega gagnrýnt of lág framlög til vegamála, einkum á þeim tímum þegar óráðsíu og fyrirhyggjuleysis hefur gætt úr hófi fram í meðförum opinbers fjár, enda auðvelt að sýna fram á að vegaframkvæmdir eru yfirleitt þjóðhagslega hagkvæmar sé rétt að þeim unnið.

Það hefur nokkuð verið minnst hér á landshlutaáætlanir eða byggðaáætlanir í vegagerð af nokkrum hv. ræðumönnum. Þar heldur að sjálfsögðu hver fast í sína áætlun. Ég minnist þess fyrir nokkrum árum að Vestfjarðaáætlunina bar oft á góma. Menn voru þá ekki sammála um hvort nokkur Vestfjarðaáætlun væri til eða ekki. Það var talsvert deilt um það. Hvar hún væri geymd vissu fáir. Flestir óskuðu að vita eitthvað nánar um hana. Samt hefur verið unnið samkv. þessari áætlun, og mér er tjáð að nú sé a. m. k. samgöngumálaþætti hennar lokið, þó að önnur og aðkallandi verkefni tækju þá við, eins og Djúpáætlunin eða Djúpvegurinn, eins og okkur er kunnugt um. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.) Nú, þá er að leiðrétta það hér á eftir.

Um Norðurlands- og Austurlandsáætlun gegnir sama máli. Menn vilja halda í þessar áætlanir og

hafa spurt um það m. a., hvort þær ættu að rúmast innan þess ramma sem dreginn er upp í þeirri vegáætlun sem fram hefur verið lögð. Ég ætla að þessar áætlanir séu nokkuð sérstaks eðlis. Hv. þm. Austurl. sagði að vísu að fyrir lægi skriflegur, undirritaður samningur um Austfjarðaáætlun, og skal ég ekki efast um að hann fer þar rétt með. Annars hafa þessar áætlanir a. m. k. ekki venjulegt lagagildi, þ. e. a. s. þær hafa verið afgreiddar frá ári til árs við meðferð fjárlaga. Ég hef litið svo á, og það þótti raunar sjálfsagt þegar breytingin á vegalögunum var gerð sem ég nefndi áðan, að þessi mál þurfi að skoða öll í samhengi, eins og núgildandi vegalög gera raunar ráð fyrir. Til þessa tíma hef ég satt að segja frekar litið á þessar landshlutaáætlanir eða byggðaáætlanir sem nokkurs konar óskalista en lög. Og við vitum það, að óskalistar eru yfirleitt með því marki brenndir að óskir samkv. þeim rætast ekki á einni Jónsmessunótt. Það þarf talsvert fyrir þeim að hafa áður en þeim er komið í framkvæmd. (Gripið fram í.) Já, ég vona að hv. talsmenn austfirðinga dreymi vel yfirleitt, svo þeir megi þess vegna halda ró sinni. En hvort sem er ástæða til að ræða þetta mál lengur eða skemur, þá blasir sú staðreynd nú við allra augum, að við eigum litlu vegafé úr að spila í nánustu framtíð samkv. þeirri till. að vegáætlun sem hér liggur fyrir, nema einhverjar breytingar verði á gerðar.

Viðhaldsfé er eini ljósi punkturinn, sagði einn hv. ræðumanna í fyrradag, og það eykst samkv. till. Bent hefur verið á að síðasta ári, 1976, hafi 29.3% af heildarútgjöldum til vegamála runnið til viðhalds, en gert sé ráð fyrir að sambærileg hlutfallstala verði 36.5% á þessu ári og 38.8% á næsta ári. Því ber að sjálfsögðu að fagna. Vissulega er mikilvægt að akvegakerfið teygi arma sína sem lengst um byggðir landsins, og að því marki hefur viðleitnin yfirleitt beinst á liðnum áratugum að vega landið, að gera það vegfært sem víðast hvar. Nútíminn heimtar á hinn bóginn traustbyggðari vegi, ryklausa og greiðfæra allan ársins hring. Að ná því marki alls staðar á langt í land, þó að stefna beri að því með öllum tiltækum ráðum. En víða er hægt að bæta gamla vegi til mikilla muna. Viðhald og endurbætur haldast í hendur. Kunnugir heimamenn vita best hvar skórinn kreppir að í þessum efnum. Með því að leita uppi erfiðustu kaflana, helstu snjóastaði og aðrar tálmanir, sem oft koma í ljós vetur eftir vetur, má mörgu breyta til betri vegar.

Ekki má gleyma þeim allsherjarvanda í efnahagsmálum sem við er að fást um þessar mundir og menn hafa bent á hér í ræðum sínum. Margir okkar þekkja ýmis dæmi þess — og skal ég nú láta þessum fáu orðum mínum lokið — hvað góðum fjármönnum tekst oft giftusamlega að fóðra vel á litlum heyjum. Nú er að sjá hvort slík gifta fylgir hv. fjvn. þegar máli þessu verður til hennar vísað.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það er ekki að ósekju, þegar umr. fara nú fram um vegaáætlun, að þær verði með því yfirbragði, sem var í fyrradag, og því yfirbragði, sem er og í dag. Og það eru e. t. v. fyrst og fremst tvær ástæður fyrir því: Önnur sú, að nú hefur vegalögum nýlega verið breytt og við erum að setja fyrstu þál. um vegáætlun eftir þá breytingu. Og í hinn stað, að svo óvenjulega stendur á að engin vegáætlun er raunar í gildi. Það er þess vegna ekki óeðlilegt að mönnum sé mikið niðri fyrir þegar skipta skal tiltölulega litlu fjármagni í marga staði þar sem verkefnin eru yfirþyrmandi.

Það eru tvö atriði fyrst og fremst sem mig langaði til að koma að. Annað er varðandi þær umr., sem hafa spunnist hér um landshlutaáætlanirnar, og hins vegar þær umr., sem áttu sér fyrst og fremst stað í fyrradag um fjármagnið til hringvegarins og ráðstöfun á happdrættisfé.

Ég verð að segja það, að ég hef talið bakgrunn breytinganna á vegalögunum í haust byggðan á allt öðrum forsendum en þeim, sem flestir þeir ræðumenn hafa túlkað sem hafa komið hingað upp það sem af er þessari umr. Ég fór að athuga hver væri bakgrunnurinn að setningu laga um happdrættislán ríkissjóðs. Ég fór að athuga hvort það stæði einhvers staðar svart á hvítu, sem hefur verið haldið fram hér, að þetta fjármagn megi alls ekki skerða önnur framlög sem ætluð eru til viðkomandi vega, eins og hér hefur verið haldið fram, og að sjálfsögðu liggur það hvergi fyrir í lögunum. Hitt er rétt, að því fjármagni, sem þannig er aflað, skal varið til þessara vega og ekki til annars. Mig minnti að það hefðu farið fram ítarlegar umr. og settar fram hugmyndir um, að þessu fé yrði veitt alfarið í Vegasjóð og kæmi þar til úthlutunar, og um það kom fram brtt. Það kom líka fram brtt. í þá átt, að þessu fé yrði varið til hringvegarins og tengivega, eða þeirra vega sem tengja hann við aðra landshluta, eins og Vesturland og Vestfirði. Og það er hægt að finna það í ræðu eftir ræðu, að menn láta liggja að því sem fyrirvara um stuðning sinn við frv. að þetta sjónarmið verði uppi þegar farið verður að vinna eftir lögunum. Ég skal hins vegar viðurkenna að það kemur fram hjá hv. frsm. þegar málið er flutt í upphafi, þar sem reiknað er með 1200 millj. kr. happdrætti vegna Norðurvegar, og eins þegar hann flytur framsögu sína fyrir málinu eftir að það kemur úr n. og er þá orðið um fjáröflun í Norður- og Austurveg eftir þeim hlutföllum sem hv. 2. þm. Austurl. lýsti áðan, þá lætur hann í ljós í sinni ræðu að hann telji að þetta sé utan við skiptingu vegafjár á vegalögum. En hann segir líka — með leyfi forseta — í framhaldi af þessu: „Vera má eðlilegt við gerð vegáætlunar til næstu ára að taka sérstakt tillit til þess kafla hringvegarins, sem frv. þetta nær ekki til, t. d. aðalvegarins austur frá Akureyri og í vesturátt frá Egilsstöðum, og á sama hátt til þess hluta hringvegarins meiri, sem um Vestfirði á að leggja, og tengingu þess landshluta við Norðurland og Vesturland.“ Þarna tel ég að hann túlki alveg réttilega þau sjónarmið, sem hafa e. t. v. komið fram í n., sem ég veit ekki um, en í þeim umr. sem áttu sér þarna stað. Ég held þess vegna, ef við lítum á þetta mál, á hringveginn annars vegar og þær umr., sem hafa farið hér fram um landshlutaáætlanirnar, hins vegar, að þessi forgangssjónarmið, sem hafa komið upp, hafi verið undirrótin m. a. að breyt. á vegalögunum.

Það er í raun og veru um að ræða fjórar samgönguáætlanir og þær hafa verið misjafnar að

formi og tekið misjafnlega langan tíma í framkvæmd. Það var minnst hér af hv. síðasta ræðumanni áðan á Vestfjarðaáætlun, og það var alveg hárrétt hjá honum, að það voru margir sem spurðu eftir henni í eina tíð. Ég vil segja það í sambandi við hana, að hún kom til framkvæmda á árunum 1965 og 1966 og e. t. v. einhverjar eftirhreytur á árinu 1967 að því er snertir vegasamgöngur á landi. Þessum þætti var lokið þegar á þessum árum og síðan hefur ekki verið unnið skv. þeirri áætlun í landssamgöngum eða að vegabótum. Þær vegabætur, sem þá voru unnar, voru að sjálfsögðu mjög mikilsverðar. Þær leystu viss heiðavandamál hjá okkur þann tíma árs sem hægt var að komast yfir heiðar, en hins vegar var ekki haldið áfram í þá veru að gera vegi um byggðirnar sjálfar færa og við það búum við enn í dag. Og þar er nú svo komið, að það verður ekki undan því vikist að marka þar ákveðna stefnu ef ekki á illa að fara í byggðalegu tilliti varðandi framleiðsluvörur og flutninga bæði að og frá framleiðendum og neytendum.

Djúpáætlun er miklu síðara fyrirbrigði, og hún er önnur af tveim áætlunum og e. t. v. eina áætlunin sem hefur verið alveg sérstaklega aflað fjár til með happdrættisskuldabréfum, 80 millj., sem unnið var fyrir á árunum 1974 og 1975.

Norðurlandsáætlun og Austfjarðaáætlun, sem hér hefur margsinnis verið vitnað til, ég held að þær séu búnar að standa — a. m. k. Norðurlandsáætlun 7—8 ár, Austurlandsáætlun kannske eitthvað skemur. Ég er að vísu ekki kunnugur þessum áætlunum eða hvernig um hefur verið samið, hvorki um tímalengd né fjármagn á ári. En það var vitnað hér áðan í 1. gr. vegalaga og vitnað þar í orðalag — ég er því miður ekki með þetta hér hjá mér — en það er vitnað þar í ákveðið orðalag sem hv. síðasti ræðumaður las upp og ég þarf ekki að endurtaka, og það er talað um það í sambandi við þessar áætlanir að þarna eigi að vera um sérstakan forgang að ræða.

Ég veit ekki til þess að til Norðurlandsáætlunar eða Austurlandsáætlunar hafi verið sérstaklega aflað fjár utan við það sem hefur verið lagt til þessara áætlana af ríkisfé almennt, fé til vegamála. Ég lít svo á að ef það væri gert eftir einhverri annarri leið, ef það væri gert með sérstöku happdrættisskuldabréfaláni, ef það væri gert með erlendri lántöku eða innlendri lántöku, þá væri sú fjáröflun að sjálfsögðu fyrst og fremst mörkuð og skylt að nota það fé til framkvæmdar þeirra áætlana, en að öðru leyti hafi þær ekki forgang.

Ég skildi það svo, þegar verið var að breyta vegalögunum, að þar væri verið að móta nýja stefnu, þar væri ætlast til að það yrði gerð ein samfelld áætlun um framkvæmdir vegamála í landinu. Og hvers vegna? Hvaða staða hefur komið upp? Það mátti heyra á hv. 2. þm. Norðurl. v. í gær, að Borgarfjarðarbrúin ætti að vera sérverkefni, hringvegurinn væri líka sérverkefni og af máli manna má ætla að svo séu landshlutaáætlanirnar líka sérverkefni. Við skulum athuga þessi sérverkefni. Við skulum hugsa okkur sem svo, að við tökum hringveginn sem sérverkefni. Við erum að tala um 850 millj. kr. í því skyni, e. t. v. meira, e. t. v. einn milljarð. A. m. k. er ekki sagt neitt til um það í lögunum, hvort þetta eigi að vera 500 millj. á einu ári í fjögur ár eða kannske meira á einu ári. Við skulum taka þessar 850 millj. og svo skulum við taka landshlutaáætlanirnar, og mér finnst menn, sem tala um forgang landshlutaáætlananna, tiltölulega hógværir að framreikna ekki töluna frá því sem hún var í fyrra. Af hverju á að miða við töluna í fyrra frekar en í hittiðfyrra? Af hverju framreikna þeir hana ekki? Við skulum hugsa okkur að við framreiknuðum hana um rúmar 400 millj. Og við skulum taka Borgarfjarðarbrúna líka upp á rúmar 400 millj. Hvað erum við komnir með mikið fjármagn þarna? Við erum komnir með rúmar 1700 millj. Það er hér um bil ekkert eftir af stofnbrautafénu. Ég er hv. þm. alveg sammála: Þetta dæmi gengur ekki upp. Ég er alveg sammála um það. En ég tel að breytingin á vegalögnunum með þeim skilningi, sem ég hef lagt í hana, hafi verið til þess að það sé hægt að taka á þessum málum utan við öll forgangsverkefni, þannig að við reynum að byggja á ákveðinni þróun og ákveðnu skipulagi í landinu öllu.

Hitt vil ég taka fram, að ég er sammála um, að landshlutaáætlanirnar eiga ekki að vera úr sögunni. Það á hver landshluti að hafa rétt til þess að móta sína stefnu og velja sín forgangsverkefni. Það hefur Fjórðungssamband vestfirðinga gert t. d., og mér skilst að á Vesturlandi séu líka til slíkar hugmyndir. Og það er alveg útilokað að halda því áfram, eins og málið stendur í dag, að sumir landshlutar séu með áætlanir um forgang, en aðrir landshlutar ekki.

Ég held að ég hafi ekki öllu meira um þetta að segja á þessu stigi. Ég vil bara endurtaka það, án þess að lengja hér umr., að það væri hægt að vitna til ummæla ýmissa þm. þegar lögin voru sett um happdrættisskuldabréfin. En ég vil segja að lokum að það er út af fyrir sig ánægjulegt ef stjórnarandstaða og stjórnarþm. eru sammála um að það þurfi að leysa vissa þætti. Ég fagna því alveg sérstaklega, að í þessum umr. hefur hvergi komið upp sá tónn sem við höfum heyrt og lesið um í fjölmiðlum hér á undanförnum mánuðum, þar sem talið er að fjármagnið til sameiginlegra þarfa og samneyslu sé að sliga þjóðfélagið. Ég lýsi sérstaklega ánægju minni yfir því að þessi tónn hefur ekki komið hingað inn. Og ég vil segja það, að að sjálfsögðu hljóta hin ýmsu viðfangsefni ríkisvaldsins að hafa mismunandi vægi. Þegar verið er að bera fram lög til samgöngumála nú saman við þau framlög, sem runnu til þessa þáttar fyrir orkukreppu, gleyma menn því kannske að orkumálunum var gefinn alveg sérstakur forgangur. Í þessu felst ekki það, að ég sé ekki sammála um að við þurfum að fá meira fjármagn til nýbyggingar vega og til viðhalds vega. En nú erum við fyrst og fremst að tala um nýbyggingar. Og ég fagna því, ef hægt væri að finna leið til þess nú, sem ekki var opin þegar fjárl. voru sett og enginn benti á þegar fjárl. voru sett, — ef það er hægt nú að finna þá leið sem leitt getur til þess að við getum leyst stærri verkefni á næsta ári eða innan ramma þeirrar áætlunar sem nú á í senn að setja.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Mér þykir miður að hv. þm. Stefán Valgeirsson er ekki staddur hér í salnum á þessari stundu, því ég hafði ætlað mér að þakka honum sérstaklega fyrir upphafið á ræðu hans um vegáætlun á þriðjudaginn, þar sem

hann kvað svo að orði að vegirnir eru lífæðar byggðanna, sagði hann. Hér hygg ég að honum hafi orðið satt á munni eins og stundum oftar, og mér fannst hann kveða vel að þessari aths. sinni. Hann átti raunar aðeins ósagt frá því, hvers vegna hann styður með ráðum og dáð ríkisstj. sem heggur á þessar æðar.

Nú ætla ég ekki að eyða tíma hv. þm. í að rekja það, sem áður hefur verið gert mjög vel við þessar umr. á undan mér, með hvaða hætti þessi vegáætlun í heild brýtur í bága við fyrirheit um — svo við notum orð hv. þm. Framsfl. hér — þróttmikla byggðastefnu. Raunar hygg ég að hv. þm. Friðjón Þórðarson hafi á látlausan og eðlilegan hátt lýst þessari stefnu manna best í ræðu sinni áðan, þar sem hann rifjaði upp hina fornu íþrótt að fóðra margt fé vetrarlangt á litlu heyi, þessa aðferð sem venjulega var kölluð að setja á Guð og gaddinn, og þeir fjármenn, sem þá íþrótt stunduðu af mestu dirfsku, fengu yfirleitt fyrr eða síðar viðurnefnið horkóngar.

Svo við víkjum aftur að líkingu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar þegar hann nefndi vegina lífæðar byggðanna, þá má vera að hin nýja merking, sem hv. þm. Friðjón Þórðarson lagði í þessa fornu sögn: að vega, sé nokkuð nærri lagi, þegar það skaust upp úr honum að slíkt væru góð áform: að vega landið, — aðeins með því að víkja þessu örlítið við og segja sem svo, hvort það væri þá ekki nær að kalla þessa aðferð stjórnarliðsins að vega byggðirnar eða byggðafólkið í hinni upprunalegu merkingu sagnarinnar að vega.

Hv. þm. Pálmi Jónsson lét þau orð falla, að það þyrfti ekki að koma neinum á óvart þótt lítið sé nú ætlað til vegaframkvæmda, því allt þetta hafi komið fram við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar fyrir jól. Það er alveg rétt, þetta blasti við okkur við afgreiðslu fjárl. Athygli var vakin á því, hvers konar plagg hv. stjórnarliðar voru að afgr. hér á þingi þá. En það var eins og fyrri daginn, það þarf ákveðna hæfileika til þess, andlega hæfileika, að verða af því vísari að mönnum sé sannleikurinn sagður. Það þarf líka ákveðna andlega hæfileika til þess að vera nákvæmlega jafnblankir eftir að hafa hlustað á sannleikann í grundvallaratriðum.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson lýsti hér yfir þeirri skoðun sinni að Norðurlands- og Austurlandsáætlanir hefðu ekki venjulegt lagagildi, heldur bæri að líta á þær sem óskalista. Nú hefði ég gjarnan viljað að hv. þm. Lárus Jónsson rifjaði það nú upp fyrir okkur með hvaða hætti hann notaði einmitt Norðurlandsáætlunina á sínum tíma til þess að réttlæta stuðning sinn við sérstaka fjáröflun í hringveginn, með þeim hætti að þá yrði til reiðu meira fé frá Norðurlandsáætlun til vegaframkvæmda í Þingeyjarsýslunum, á þeim stóru svæðum á Norðurlandi sem ætlað var að njóta einskis góðs af hringvegarfénu.

Ég er ekki vongóður um það að fjvn. vinni nein kraftaverk í umfjöllun sinni um það fé sem hér er ætlað til vegaframkvæmda. Ég ætla að fjvn.-menn muni tæplega taka glöðu geði við verkefnum horkónganna sem þeim eru hér ætluð. Og fari það nú svo, að hlutur Norðurl. e. verði ekki bættur frá því, sem hér er fyrirhugað, við umfjöllun í n., þar sem ætlað er 17 millj. minna fé að krónutölu til vegaframkvæmda á næsta ári heldur en á árinu sem leið, auk þeirrar 25% lækkunar á framkvæmdagildi sem hér hefur verið gerð grein fyrir, þá mun ég að sjálfsögðu bera fram till. um sérstaka lántöku til vegagerðar á Norðurl. e. þar sem reiknað yrði með sérstökum framkvæmdum við Víkurskarðsveg, sem mun kosta um 300 millj. kr., sáralítið fé samanborið við brúna yfir Borgarfjörð, og svo við Sléttuveginn, sem ætla má að leggja megi fyrir 200 millj. kr. Veginn yfir Víkurskarð má leggja, að sögn verkfræðinga vegagerðarinnar, hvað tæknihliðina snertir á tveimur árum ef ekki skortir til þess fé, og Sléttuveg mætti fullgera á sama tíma. Mun þá á það reyna hversu fúsir hv. þm. Framsfl. í kjördæminu eru til þess að styrkja lífæðar byggðarlaganna, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson kallaði vegina réttilega.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar alllangar og merkilegar, og út af fyrir sig er það svo sem nokkurt ánægjuefni að umr. um vegáætlun skuli taka orðið meiri tíma á hv. Alþ. heldur en umr. um sjálf fjárl., jafnvel þó að þau leggi þann ramma sem vegáætluninni er markaður, eins og þau gera nú og hafa reyndar alltaf gert. Nú skal ég ekki fara að fara langt út í einstakar ræður. Ég vil hins vegar segja það, að ræða hv. 11 landsk. þm. skar sig á margan hátt úr öllum þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar. Hún var, eins og hans var von og vísa, málefnaleg og rökstudd, þó að sumt væri í henni byggt á öðrum forsendum en þeim sem ég hafði. En hann gerði líka grein fyrir því og þess vegna var það eðlileg ræða af hálfu stjórnarandstöðu. Ég ætla því ekki að fara út í aths. í sambandi við það, sem þar kom fram, ekki síst þar sem hv. 11. landsk. þm. lýsti því yfir að mestu máli skipti að reyna innan fjvn., sem fjallar um þetta mál í umboði þingflokka og í samstarfi við þá, að ná sem bestri samstöðu. Þetta met ég og virði og mun því ekki fara frekar út í umr. um það.

Út af því, sem fram hefur komið hér á hv. Alþ. um að þáltill. væri seint á ferð, þá hefur það einnig komið fram, að þau lög, sem þessi þáltill. er byggð á, voru ekki samþykkt fyrr en í lok þingsins fyrir jólahléið, og það tók að sjálfsögðu eðlilegan tíma að koma vegáætluninni saman eftir það og prenta hana. Þingið kom saman seint í janúar og till. var lögð fram um miðjan febrúar. Ég verð því að segja það, að þó að hv. þm. haldi uppi gagnrýni á það, þá sé ekki ástæða til þess, því að það hlaut að fara svo, að það tæki nokkurn tíma frá því að vegalögin voru afgreidd þangað til vegáætlunin kæmi fram hér til umr.

Það, sem hefur komið fram í þessum umr. og hv. þm. hafa rætt einna mest um, eru framkvæmdaáætlanir þær, sem gerðar hafa verið og menn vilja halda í, og löggjöf, sem sett var hér um tekjuöflun og notkun þess fjár sem hún byggðist á. Nú verð ég að segja það um þessar framkvæmdaáætlanir, að um gildi þeirra hef ég litið svo á að þær væru ekki til eilífðarnóns. Hins vegar sagði ég það í framsöguræðu minni og get endurtekið það, að ég tel að vinna verði að þeim verkefnum, sem þar eru sett, og verði reynt við afgreiðslu þessarar vegáætlunar að fjármagna þau eins og önnur verk í vegagerð, þannig að

þessu ljúki nú. Það sýnir okkur hins vegar að slíkar áætlanir geta á vissan hátt skapað verulega erfiðleika. En ég tek það skýrt fram, að það er a. m. k. mín hugsun, og ég vona að það verði ofan á hér í þinginu, að þessum verkefnum verði sinnt að því leyti sem hægt er innan þess ramma sem við höfum við afgreiðslu vegáætlunarinnar.

Um það, sem fram hefur komið og kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. um skýringuna á lögum um happdrættislán ríkissjóðs, þá vil ég þar um segja, að mér kom í hug, þegar hv. þm. var að skýra þessi lög, saga af gömlum sýslunga okkar, séra Árna Þórarinssyni prófasti, en það gerðist á þeim árum þegar segulbönd voru að ryðja sér til rúms. Þá kom séra Árni í hús eitt í bænum og sagði þar góða sögu sem var tekin upp á segulband án þess að hann vissi. Nokkru seinna kom hann svo aftur í þetta sama hús og þá sagði húsráðandi: Nú hef ég góðan sögumann hér í næsta herbergi og ætla ég að láta segja sögu án þess að þú fáir að sjá hann og biðja þig nú að hlusta og meta sögufrásögn hans. Hann spilaði svo segulbandið og þegar því var lokið sagði séra Árni: Æ, æ, æ, þetta er illa sögð saga. Þessa sögu skal ég segja miklu betur. — Ég held því að ég gæti líka, þó ekki sé ég lögfræðingur, lögskýrt þessi lög frá 16. maí 1975 um happdrættislán til Norður- og Austurvegar nokkuð á annan veg en kom hér fram, þar sem segir í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að ⅝ hlutum til þess að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅛ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða um Suðurland. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna."

Mér finnst hér skýrt tekið fram að þessa fjármuni eigi að nota til vegagerðar, annars vegar á vesturleiðinni til Akureyrar og hins vegar á austurleiðinni frá Reykjavík til Egilsstaða, en það sé ekki flokkað í lögunum að það sé þessi vegur eða þessi framkvæmd, en ekki hin, sem eigi að njóta. Það finnst mér að hljóti að verða matsatriði hverju sinni, en hitt sé lögbundið, að það, sem verði selt af þessum bréfum á þessu ári, sem ég geri ráð fyrir að verði 850 millj., verði að nota á þennan veg: ⅝ til Vestur- og Norðurvegar til Akureyrar, en hinn hlutinn um Suðurland austur til Egilsstaða. En að einhver hluti vegarins sé rétthærri en annar, það held ég að við höfum aldrei látið okkur detta í hug, heldur að koma þessum málum betur áfram. Ég held að við hv. 4. þm. Norðurl. v. höfum staðið að þessu og lagt á okkur þó nokkuð til að koma þessum málum fram í þeirri von að við greiddum fyrir vegagerð í landinu á þessum brautum með þessum hætti. Hitt getur líka alltaf orkað tvímælis og verið matsatriði, hvað af þessum fjármunum er umfram það sem að öðrum kosti væri veitt, það er alveg ljóst. Ég held því að Holtavörðuheiði, Kjósarskarðsvegur eða Kiðafellsvegur, Borgarfjarðarbrú og Norðurárdalur og hvað við nefnum það, Húnavatnssýslur og allt til Akureyrar hafi allt sama réttinn og það, sem sé okkar mál og okkar vandi, sé að skipta þessu á þessa staði og gerast þar ekki of frekir, en ekki hitt, að það megi allir þessir staðir nota þessa fjármuni. Alveg sama er að segja um Suðurland. Það breytir engu þó að þetta fé sé notað í áframhaldandi lagningu hraðbrautar eða lagningu malbiks eða olíumalar sem slitlags á vegi. Þó að hafi verið byrjað á því áður að gera þetta, þá lít ég á það með sama rétti og að ryðja skriðurnar fyrir Hvalsnes, þetta sé allt saman á einum báti í þessum tilfellum. Þetta held ég að sé alveg ljóst, og þess vegna vel ég nú frásögn af sögu Árna í samræmi við það að við gerum þetta betur með þessum hætti en að öðrum kosti.

Mergur málsins er svo það, að okkur skortir fjármuni til þeirra vegaframkvæmda sem við þurfum að vinna, og það hefur okkur skort lengst af. Við höfum verið að reyna að leysa það að þeim leiðum, sem hafa verið færastar, og reynt að sameinast um það. T. d. var það svo árið 1974, þegar við hv. 2. þm. Austurl. sátum saman í ríkisstj., að þá var það hlutverk þáv. hæstv. vegamálaráðh. og okkar hinna, sem á bak við hann stóðum, að við urðum að draga úr framkvæmdum, sem voru komnar inn á vegáætlun, vegna þeirra verðhækkana sem orðið höfðu, að krónurnar nægðu ekki til þess að gera eins mikið og við höfðum ætlast til. Við höfðum sett upp okkar áætlun miðað við þann kostnað, sem þá var þekktur, en gátum ekki komið í verk af því að fjármunirnir höfðu rýrnað í verðbólgunni. Og það hefur gert það að verkum að við urðum að fresta framkvæmdum.

Nú vil ég segja það eins og ég sagði líka í framsöguræðu minni fyrir þessari þáltill., að bensíngjaldið, sem er höfuðstofninn, hefur farið verr út úr þessu heldur en aðrir tekjustofnar, sem ég veit að þarf ekki að segja jafnglöggum manni og hv. 2. þm. Austurl. Eins og ég benti t. d. á, þá var þetta svo, að bensínskatturinn var 48—51% af heildarverði bensínsins, en er nú orðinn 25%. Þetta stafar af því að bensínverðið, grunnverð bensínsins, hefur hækkað verulega og er því ekki eins notadrjúgur stofn og áður. Jafnhliða þessu hefur svo það gerst, að söluskatturinn hefur einnig verið hækkaður og hluti hans í heildarverðinu er því orðinn margfalt meiri en hann áður var.

Nú er það alveg rétt, eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði og hér hefur komið fram í umr., að það má krefja ríkissjóð um meira. En hvernig hefur okkur gengið að koma saman fjárl. síðustu árin og hvernig hefur staða þeirra orðið eftir að við höfum þó orðið að gera á þeim margar bætur eftir afgreiðslu þeirra? Það þarf enginn hv. þm. að vera neitt í vafa um það, að þegar ríkissjóður er með halla upp á 7.5 milljarð á einu og sama ári, eins og gerðist 1975, þá segir það eftir, ekki síst þegar samt var búið að bæta við nýjum tekjustofni eins og vörugjaldið var. Þetta kemur fram í öllum okkar framkvæmdum og kemur fram í þjóðlífinu í heild. Og við vitum það, hv. þm., og þeim mun betur sem menn hafa setið hér lengur á hv. Alþ., að fram hjá þessu áfalli verður ekki komist. Það kemur fram í þjóðlífinu, því að til þess að jafna þetta verðum við að ná í tekjustofna og þessir tekjustofnar koma svo aftur fram í verðlaginu sem við erum alltaf

að kljást við. Ég get sagt það hér, að ég lagði mig mjög hart fram um að fá hækkað bensínverðið fyrir afgreiðslu fjárl. í haust. En ástæðan til þess, að ég fékk það ekki, var m. a. áhrifin sem bensínskatturinn hafði á verðlag á bensíninu og verðlag í landinu. Bensínverðið er komið upp í 80 kr. lítrinn og er samt verið að ræða um að það nægi ekki. Þetta hefur gert það að verkum, að málefnið er ekki eins auðvelt og menn vildu vera láta. Ég er ekkert að efast um að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu. Hitt þekkjum við af pólitískum umr., að auðvitað notar stjórnarandstaðan alltaf veilur til gagnrýni og á að gera það. Það er hennar hlutverk að gera það. Og eins og ég sagði áðan, þá hafa margir gert það með rökum og við því er ekkert að segja. Enginn maður væri því fegnari en ég og gleddist meira yfir því, eins og kom fram í framsöguræðu minni, ef væri hægt að finna lausn á þessu máli með þeim hætti að auka fjármunina. En gæta verður þó að því, að í kjölfar þess arna sigli ekki sú verðhækkun sem geri meira en að eyða tekjuöfluninni.

Það verður að gæta að því að hjá þjóð eins og okkar þjóð, sem hefur búið síðan 1974, þá fyrst, og 1975 við halla á fjárl., vonandi verður það ekki 1976 þó ekki sé séð fyrir endann á því enn þá að mínu mati, en 1974 og 1975, halla á fjárl., gífurlegan viðskiptahalla, að það hlýtur að hafa áhrif í öllu hennar þjóðlífi, jafnvel að það snerti lífæðarnar líka, því að það eru auðvitað lífæðar hverrar þjóðar hvernig efnahagsstöðu hennar er komið. Það, sem er gert með þessari báltill., er að færa sig upp á við aftur, reyna að ná því, sem tapast hefur, og stefna inn á þá braut að bati sá, sem kann að verða hjá þjóðinni í efnahagsmálum, komi einnig fram í vegamálunum. Þess vegna er það, að miðað við verðlag dagsins í dag er heildarfjárveiting til vegamála svipuð að magni og var á s. l. ári. Hitt er svo annað mál með vegina og t. d. hafnirnar og skólana eða sérstaklega hafnirnar, að viðhaldið í höfnunum er með allt öðrum hætti. Það er venjulega greitt af hafnargjöldunum nema um meiri háttar framkvæmdir sé að ræða. Viðhaldið á skólunum var eitt af því sem ríkissjóður færði yfir til sveitarfélaganna með löggjöf á s. l. ári, svo að það var síst að þar væri betur að staðið. Ég held líka að ef við lítum á málin í heild, þá hafi framkvæmdamáttur vegafjárins ekki rýrnað meira en framkvæmdamáttur í framkvæmdum yfirleitt á þessum erfiðu árum.

Ég vil líka minna á það, sem ég gerði fyrr við þessa umr., að einmitt á þeim árum sem best var að þessu staðið eða mest var til þess arna reynt, þá vorum við með stórframkvæmdir sem þá var a. m. k. haldið fram að væru alveg sérstakar, en ekki blandað saman við vegáætlunina, eins og framkvæmdina á Skeiðarársandi. Sú framkvæmd tók á þriðja milljarð. Og þrátt fyrir allt talið, sem menn hafa nú verið með um Borgarfjarðarbrúna, hygg ég að það fari nú svo að hún reynist tæplega eins dýr og þessi framkvæmd. Við vorum sammála um þessa framkvæmd og við gerðum hana með miklu meiri hraða en við gerum Borgarfjarðarbrúna. Nú ætla ég ekki að fara að eyða neinum tíma í að ræða um þá framkvæmd. Menn geta haldið áfram, ef þeir vilja, að tala um hana, ef þeir hafa gaman af því. Ég var að hugsa um að það, sem ég ætti að gera til þess að ná fé í brúna, væri að skipta við hv. 5. þm. Vestf., því að hann tók til svo myndarlega fjárhæð að ég er alveg viss um að ég er ekki maður til þess að komast svo hátt. En það út af fyrir sig bíður einhvers tíma. Auðvitað þýðir það, að við höfum of lítið fjármagn, að við verðum lengur með þá framkvæmd eins og aðrar, eins og við höfum verið með landshlutaáætlanirnar, en inn í þær hafa líka komið margir þættir sem ekki var reiknað með í upphafi.

Nú skal ég ekki lengja þessar umr. Ég ætla mér ekki að fara hér út í neinar kappumr. um þessi mál hér, því að ég veit ósköp vel hvernig þau standa. Ég veit ástæðurnar og hef ekkert dregið undan þar um og er ekki að biðjast á neinn hátt vægðar í sambandi við þetta mál, því að ég hef góða samvisku um að hafa sótt mál af fullu kappi í hópi þeirra aðila sem ég vinn með, þó að ég hins vegar hafi orðið að beygja mig fyrir staðreyndum og eins og aðrir talið mér skylt að taka tillit til efnahagsmála þjóðarinnar. Það, sem ég tel að við vinnum með þessari vegáætlun, er að við færumst inn á nýja braut með vegaviðhaldið, sækjum þar fram til þess að ná því marki að halda því í því horfi sem talið er skynsamlegt og eðlilegt að gera.

Í öðru lagi held ég að við munum við afgreiðslu þessarar vegáætlunar geta haldið einnig í horfi með framkvæmdirnar. Ég geri mér vonir um að við munum nú afgreiða hana með þeim hætti. Ég tel líka að við séum að færast inn á þá braut að lántökur okkar verði ekki miklu meiri en það sem við greiðum af þeim lánum sem tekin hafa verið vegna vegaframkvæmda. Allt er þetta spor í rétta átt. Svo tel ég jafnsjálfsagt og við höfum orðið að slaka á vegna fjárhagserfiðleikanna að fylgja eftir með framkvæmdir í vegamálum og fjárhæðir til vegamála með batnandi efnahagsafkomu þjóðarinnar. Ég efast ekkert um að hér á hv. Alþ. verður um það fullkomin samstaða. Ég tel líka að þeir, sem ábyrgð bera á landsstjórn á hverjum tíma, verði að gæta sín í því, sem þeir hafa vilja til og löngun, að miða það við þá getu sem þjóðinni sjálfri er hagkvæmast í heild. Við það er þessi vegáætlun miðuð þó að þörf væri á meira fé.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil segja, eins og hefur komið fram fyrr í þessum umr., að það er álit mitt að þegar fjárlög og lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár voru afgreidd hér á Alþ. áður en þingi var frestað fyrir jólafrí, þá megi segja að heildarfjármagnsramminn hafi verið ákveðinn hvað fjármagn til vegamála snerti, á sama hátt og fjárveitingar til annarra þátta í ríkisbúskapnum voru þá ákveðnar. Þær aths., sem nú koma fram um of lítið fjármagn til vegamála, hefðu átt að koma fram við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunarinnar, þegar hún var afgreidd. Vitanlega átti það fyrst og fremst heima þar. Ég heyri að sumir hv. þm. minna á að þeir hafi um þetta talað við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunarinnar í vetur. En ég minnist ekki að það hafi komið ein einasta brtt. frá þm. í þá átt að hækka það fjármagn sem þyrfti að koma til vegamála eða vegáætlunarinnar sem

væntanlega átti þá að afgreiða eftir áramótin. Vitanlega hefðu menn átt, ef þeir ætluðu að vera sjálfum sér samkvæmir og raunhæfir í þessum efnum, að bera fram brtt. við þennan lið í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, en það gerðu þeir ekki. Það kann að vera að einhverjir hafi vikið að þessu og minnt á þetta þá, en lengra náði það ekki.

Í þessum umr. hefur það komið oftar en einu sinni fram, að menn ræða sérstaklega um tvær áætlanir sem gerðar hafa verið og haft hafa fjárveitingar sérstaklega á fjárl. á undanförnum árum. Það eru Austurlandsáætlunin og Norðurlandsáætlunin. Og það er spurt: Á að halda áfram með þessar áætlanir eða á að strika þær út? Vitanlega á ekki að strika þessar áætlanir út. Þær liggja fyrir og engum er ljósara en þm. viðkomandi kjördæma hvað það er brýn nauðsyn að koma í framkvæmd þessum vegaframkvæmdum sem sérstaklega hafa verið gerðar áætlanir um. Þess vegna verðum við að líta svo á að þessum þm., sem vitanlega koma til með að taka þátt í að skipta því fjármagni sem um er að ræða, sem ég tek undir eins og aðrir hv. þm. að þyrfti að vera verulega meira en það er, þeim beri að beina því fjármagni einmitt til þeirra vegaframkvæmda, hvort sem þeir vegir eru í þessum áætlunum, sem um er að ræða, eða ekki, sem miða áfram í rétta átt. Þess vegna er það alveg út í loftið þegar menn eru að tala um að það eigi að hætta við að leggja þessa vegi vegna þess að það eru ekki sérstakar upphæðir í vegáætluninni til þessara séráætlana.

Nú er það svo, og það hefur ekki farið leynt á undanförnum árum, að þm. hinna ýmsu kjördæma eru misjafnlega ánægðir með það að sama kjördæmið hafi ár eftir ár sérstakan forgang með fjármagn í þessum efnum þegar allir hafa of lítið. Og þó að það hafi átt sér stað, að það hafi verið skapað barna fordæmi og forréttindi til einstakra landshluta, þá er ekki þar með sagt að það eigi að halda því áfram án þess að litið sé á hliðstæðan hátt á málefni annarra landshluta.

Menn tala um að fjármagnið þurfi að auka, og ég held að það hafi verið hv. 2. þm. Austurl. sem sagði að hann vildi ekki og teldi ekki fært að hækka bensínskattinn til þess að auka tekjur í Vegasjóð á þann hátt, heldur sagði hann að hér yrði ríkissjóður að hlaupa undir bagga. Það hefur oft verið um það rætt, og það hefur komið fram í þessum umr. núna um afgreiðslu vegáætlunarinnar, að mikið af tekjum, sem falla af umferðinni, renni beint í ríkissjóð og bæri að stefna að því að þessar tekjur rynnu yfirleitt í Vegasjóð til þess að byggja upp vegakerfið í landinu. Þetta er sjónarmið sem sennilega allir þm. hafa haft og margir látið í ljós á ýmsum tímum. Ég man eftir því þegar viðreisnarstjórnin var, að þá leið ekki eitt einasta ár svo að það væri ekki bent á það af stjórnarandstöðunni á þeim árum hvernig betta væri og það þyrfti að breyta þessu. Síðan kom vinstri stjórnin, og þessir menn, sem tala núna í stjórnarandstöðu, eru hluti af vinstri stjórninni. Hvað gerðu þeir til að framkvæma það sem þeir eru að gera kröfur um í dag? Ef þeir hefðu verið búnir að breyta þessu á þeim árum sem þeir voru í ríkisstj., þá þyrftum við ekki að vera að deila um þetta í dag. En málið er ekki svo einfalt að það sé bara hægt að segja: Þessi skattur á að renna til þessara framkvæmda og þessi í ríkissjóð o. s. frv. Málið er ekki svo einfalt, vegna þess að öllum tekjum ríkissjóðs er Alþ. búið að ráðstafa til hinna ýmsu framkvæmda og málefna sem í ríkiskerfinu eru. Þess vegna álít ég að við þurfum ekki að eyða löngum tíma í þetta varðandi skattana af umferðinni. Við höfum þá átt að gera það alveg á sama hátt og um aðra liði fjárlagaafgreiðslunnar, að gera þá breytingu í þessum efnum áður en gengið var frá fjáröflun til vegáætlunar fyrir árið 1977 og annarra fjárútgjalda ríkissjóðs sem eru í fjárlögum.

Það hefur komið hér dálítið fram hjá mönnum í umr. um þetta samanburður á samdrætti í fjármagni til ýmissa framkvæmda í landinu. Það hefur verið minnt á framkvæmdir, nýbyggingar skóla, sjúkrahúsa og hafna og aðrar slíkar framkvæmdir, sem á sama hátt hefur verið talað um þegar þau mál hafa verið afgreidd, að þar hafi verið um verulegan samdrátt að ræða. En hér er því haldið fram, að það sé um enn þá meiri samdrátt að ræða til nýbyggingar vega heldur en þó í þessum þáttum nýbyggingarframkvæmda á vegum hins opinbera. Ég vil nú segja það sem mína skoðun, þegar verið er að tala um raunhæfan samanburð varðandi vegamálin og aðrar framkvæmdir og viðhaldsframkvæmdir í landinu, þá er það alls ekki neitt sambærilegt, vegna þess að við vitum hve stórum hluta af fjármagni þarf árlega að verja til viðhalds veganna. Það er svo mikið sem þarf í raunverulega endurbyggingu á hverju ári, stór hluti, sem er náttúrlega langt umfram nokkuð tilsvarandi til hinna þáttanna sem verið er að tala um, eins og skóla, sjúkrahús og hafna. Þar er ekkert sambærilegt um að ræða, hlutfallslega miklu meira fjármagni þarf að verja til endurbyggingar og viðhalds veganna heldur en annarra þessara framkvæmda sem ég var hér að telja upp. Þess vegna tel ég að það eigi sér ekki neinn hliðstæðan samanburð. Eftir því sem vegakerfið stækkar verðum við í enn þá ríkari og stærri mæli að verja meira fjármagni til þess að halda því vegakerfi við sem búið er að byggja upp í landinu, og þeim mun meira sem við byggjum af vegum án þess að gera þá úr varanlegu efni, þeim mun meira verður náttúrlega að verja til viðhalds þeirra til þess að segja megi að þeir geti verið í nothæfu ástandi.

Mönnum verður oft á að taka einstaka þætti og ræða um þá sérstaklega og telja að þessu og hinu megi kannske fresta og annað eigi að hafa forgang. Það hefur verið rætt um Borgarfjarðarbrúna. Ég verð að segja það, að það er ekkert minna áhugamál mitt en hæstv. samgrh. að því verki miði áfram, ekki bara með tilliti til þess að Borgarfjarðarbrúin er í Borgarfirði, í því kjördæmi sem ég er þm. fyrir. Ég hef áhuga á þessu máli vegna þess að ég tel að í heildarkerfinu í okkar landi sé þarna um svo þýðingarmikið atriði að ræða í lausn þessara mála, samgöngumála, að það eigi fullan rétt á sér. Það kom skýrt fram þegar sérfræðingar gerðu úttekt á okkar vegakerfi, erlendir sérfræðingar, fyrir nokkrum árum. Þegar það álit var lagt fram,

var því haldið fram af þessum sérfræðingum að það mætti taka lán til þeirra framkvæmda og greiða af því 18% vexti og samt sem áður ætti framkvæmdin fullan rétt á sér. Þá voru vextir í landinu í kringum 7%. Menn geta nokkuð dregið af því hve mikla arðsemi hér er um að ræða við að byggja þessa brú og koma á þeim samgöngum sem komast á með því að þessi brú verður byggð.

Þegar við lögðum veginn yfir Skeiðarársand og brýrnar yfir vatnsföllin þar, þá voru þm. á einu máli um það. Það var ekki verið með neitt sérsjónarmið í þeim efnum. Það voru allir á einu máli og ekki neitt sérstakt nöldur út í það, að þetta væri verið að gera fyrir sunnlendinga út af fyrir sig, þó að það væri í þeirra kjördæmi. Nei, menn höfðu meiri viðsýni. Þeir höfðu yfirsýn yfir allan hólmann í einu og sáu að þarna var um þýðingarmikla framkvæmd að ræða í okkar vegakerfi sem sjálfsagt var að koma í framkvæmd sem allra fyrst. Og ég vænti þess að þegar Borgarfjarðarbrúin hefur verið byggð og sú tenging á komin, þá höfum við sama áhugann á því t. d. að koma á brúnni yfir Óseyri, eins og um hefur verið rætt, að eitt stórmálið taki við af öðru. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að ef við ætlum að koma því verki áfram á skaplegum tíma, þá kostar það ekki minna en 400—500 millj. kr. á ári. Það er það allra minnsta eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá Vegagerðinni um kostnað við það. Þar er um verulega vegagerð að ræða sem verður að vera samfara þeirri brúarbyggingu, og vitanlega kostar hún mikið, en þar er um þýðingarmikinn hlekk að ræða í efnahagsmálum og raunverulega hvort verður lífvænlegt í þeim byggðarlögum sem verða tengd með Óseyrarbrúnni þegar hún verður byggð: Eyrarbakka og Stokkseyri.

Ég ætla mér ekki hér að fara út í einstaka þætti í sambandi við vegáætlunina sem nú liggur fyrir og verður vísað til fjvn. til afgreiðslu. En ég vil að lokum segja það, að ég vænti þess að nú, þegar til þess kemur að skipta því fjármagni sem fyrir hendi er til vegamála í landinu, þá hafi hv. þm. þá yfirsýn sem ég tel nauðsynlega í þessum málum, að þeir miði ekki um of afstöðu sína við þröng sjónarmið eða kjördæmissjónarmið. Við erum allir í okkar kjördæmum með vissa bætti í vegamálum sem er brýnt og nauðsynlegt að leysa sem fyrst, þó að okkur vanti verulega meira fjármagn en um er að ræða núna til ráðstöfunar, sem ég tel að geti ekki orðið meira að þessu sinni. Við erum búnir að afgreiða okkar fjárhagsáætlanir fyrir árið í ár, og ég tel að þar hafi verið spenntur boginn það hátt í sambandi við lánamál að þar verði ekki lengra gengið. Og þó að sagt sé að ríkið leggi of lítið af mörkum í sambandi við þessa vegáætlunarafgreiðslu, þá má þó benda á það, að það er hvorki meira né minna en tæplega 7 milljarðar kr. sem ætlað er að tekið verði að láni til að standa undir kostnaði við þær framkvæmdir sem hér er um að ræða ef þessi háltill. til vegáætlunar fyrir næstu 4 ár verður samþykkt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þetta mál mikið og ætlaði mér satt að segja ekki að taka til máls. En það, sem kom mér til að gera aths., var ræða hv. síðasta ræðumanns, formanns fjvn., og ekki síst síðustu orðin sem hann viðhafði hér, ef ég hef skilið þau rétt.

Eins og augljóst er, mun þetta mál ganga til fjvn., og ég gat ekki betur skilið af síðustu orðum hv. formanns fjvn. heldur en að ekki yrði nú lengra gengið í fjárveitingum til vega, við værum búnir að ákveða nánast það, sem í vegina ætti að fara, og þá væri ekki um það að gera að neinar breytingar gætu orðið á því. Þetta kemur mér satt að segja dálítið á óvart og snertir mig nokkuð harkalega, ef þetta er rétt skilið hjá mér, að það sé meiningin að fjvn. ætli sér ekki að hyggja að neinni fjárútvegun í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Ég vil benda á það og leggja á það ríka áherslu, að þó að hæstv. ráðh. hafi lagt þetta mál hér fyrir, þá er málið nú í höndum þingsins, og ég tel að þessi vegáætlun þurfi af ýmsum ástæðum að taka breytingum. Það verður að finna einhverja leið til þess að samkomulag verði hér í þinginu um aukið fjármagn til vegamála á þessu ári og á næstu árum. Þess vegna hlýt ég að gera aths. við það sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl. að þessu leyti, fyrir utan ýmsar aðrar aths. sem vel mætti hugsa sér að gera, eins og t. d. um hugleiðingar hans og kannske fleiri í sambandi við þær sérstöku landshlutaáætlanir sem í gangi hafa verið. Ég skal játa að það er kannske óæskilegt að vera með slíkar sérstakar framkvæmdaáætlanir utan við vegáætlun, ef svo má segja. Hins vegar er það staðreynd, að þessar áætlanir komu til af mjög brýnni þörf, og það er fjarri því, eins og kom nú fram, held ég, hjá hv. síðasta ræðumanni, að unnt sé að líta svo á, að þarna sé verið að skapa forréttindi fyrir tiltekin kjördæmi fram yfir önnur. Ég vil ekki líta svo á varðandi t. d. Vestfirði, sem fyrst munu hafa notið góðs af sérstakri vegáætlun. Ég veit ekki til þess að þeir hafi notið neinna sérstakra forréttinda í vegamálum. Mér er líka ókunnugt um að Austurland hafi notið einhverra sérstakra forréttinda í vegamálum. Þaðan af síður held ég að Norðurland hafi notið slíkra forréttinda. Ég held því að við ættum ekki að spila á þessum nótum, og ég held líka að við þurfum að ræða það í fullri alvöru, hver verði endalok hinna sérstöku framkvæmdaáætlana í vegamálum. Það mál getur tæpast verið alveg úr sögunni.

En á þetta vil ég benda: Ég hef sjálfur starfað í fjvn. og unnið þar að vegáætlunum, og mig langar til að minna á það, að yfirleitt, þegar best hefur tekist við afgreiðslu vegáætlana, þá hefur vegáætlunin verið lengi fyrir þinginu. Hún hefur verið rædd gaumgæfilega, það hefur tekið allt upp í 4 kannske 5 vikur að vinna að vegáætluninni og þm. hafa lagt sig fram um það, menn úr öllum flokkum, og málið hefur ekki verið afgreitt á neinu færibandi. Ég vona að sá háttur verði á hafður enn í fjvn., að þetta mál verði gaumgæfilega athugað og það sé engin fyrir fram ákveðin upphæð sem eigi að fara í þetta, heldur fáum við tækifæri til þess að koma með okkar till., bæði einstakir þm., þó að við gerum það ekki hér við umr., ellegar þingflokkar og aðrir sem áhuga hafa á því að koma vegamálunum

áfram. Til þess eru ýmsar leiðir. Ég bendi m. a. á að það er hugsanlegt að hækka þá venjulegu, mörkuðu tekjustofna sem fyrir hendi eru, og ég gæti best trúað því að það væri talsverður hljómgrunnur fyrir því í þinginu. Það ræð ég af viðtölum við þm. Ég vona sem sagt að þetta mál verði tekið föstum tökum, m. a. með það fyrir augum að aflað verði aukins fjármagns til vegamála, e. t. v. með því, og ég er því hlynntur, að hækkuð verði þau gjöld sem nú renna til vegamálanna. En að gefa þá yfirlýsingu hér fyrir hönd fjvn., ef ég hef skilið þetta rétt, að það sé naumast hægt að ganga lengra í fjárútvegunum fyrir vegamálin, það tek ég ekki sem góða og gilda vöru.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef reynt að fylgjast með þessum umr., og það má auðvitað segja að þær séu um margt fróðlegar, en misjafnlega skemmtilegar eru þær, sem líkur eru til í jafndapurlegu máli og við höfum hér til að fjalla um. Ég verð þó að segja að einna mesta undrun vakti hjá mér að hlýða á ræður þeirra hv. 4. þm. Vesturl., Friðjóns Þórðarsonar, og hv. 4. þm. Vestf., Gunnlaugs Finnssonar. Mér er nær að halda að þeir hafi lagt lykkju á leið sína hingað í ræðustólinn til þess eins að reyna að færa sönnur á að áætlanir, sem gerðar hafa verið og eru í framkvæmd, t. d. Austurlandsáætlun og Norðurlandsáætlun, væru markleysa ein.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson, fyrrv. lögreglustjóri í Stykkishólmi og löggæslumaður um dali og nes vestur, sagðist álíta að áætlanir þessar samningsbundnar milli þm. og ríkisstj. væru eins konar óskalistar. Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson var svo sem ekkert síðri í sínum lögskýringum, þegar hann ætlaði að leggja þær niður fyrir sér með því að vitna í umr., sem höfðu farið fram, og till., sem höfðu verið fluttar, en með hvorugt neitt gert, hvorki till. né heldur þau orð sem hann lagði út af og til féllu þá. Hann tók það að vísu fram, hv. þm. Gunnlaugur Finnsson, að hann væri ekki kunnugur Austurlands- og Norðurlandsáætlun, en hann áleit sem sagt að þær ættu svo sem ekki að vera úr sögunni, heldur ættu menn áfram að fá að raða niður hver hjá sér, líka innan ramma þeirra áætlana, án þess að það væri neitt sérstakt tillit tekið til þeirra.

Ég minni á það að hv. þm. Halldór Ásgrímsson las upp orðalagið á samkomulaginu milli þáv. ríkisstj. og þm. Austurl. um Austurlandsáætlun og gerði beina fsp. um það, hvort svo mætti ekki líta á að hún héldist, sem náttúrlega er og gerir enginn öðru skóna. En orðalagið hjá hæstv. ráðh. og hv. formanni fjvn. er kyndugt í meira lagi. Hæstv. ráðh. sagðist líta svo á að áætlanir ættu ekki að standa til eilífðarnóns. Það er auðvitað misjafnt hve samningar standa lengi og eins hve loforð halda lengi og samningar eru haldnir. Samningurinn um Austurlandsáætlun var mjög nákvæmur í allri gerð sinni. Hann var ekki tímasettur að öðru leyti en því, að stefnt var að því að þær framkvæmdir, sem þar voru nákvæmlega tilgreindar, næðu fram á fimm ára framkvæmdatímabili. Þegar til kastanna kom reyndist aldrei nægjanlegt fé til þess að verja í framkvæmdina þannig að þau áform stæðust. Enn er allveigamiklum framkvæmdum ólokið af því sem um var samið við hæstv. ríkisstj. í Austurlandsáætlun, og að sjálfsögðu heldur samningur þessi eins og lög væru. Ekki dettur mér í hug að ætla að fara að þræta við menn um það hér uppi.

Hv. þm. Jón Árnason, formaður fjvn., sagði að vitanlega ætti ekki að strika út landshlutaáætlanirnar, þm. úr viðkomandi kjördæmi ættu svo sem að fá áfram að hafa áhuga á því að þær framkvæmdir, sem um var samið og áætlanirnar næðu til, héldu áfram, það væri enginn að tala um að hætta þeim, það ætti auðvitað að leggja þessa vegi, en þær ættu einskis forgangs að njóta.

Hæstv. samgrh. sagði að reynt mundi verða að fjármagna þessi sérstöku verkefni eins og annað innan vegáætlunar. Hann sagðist vænta þess, hæstv. ráðh., að þessum verkefnum yrði sinnt.

Þetta tal er auðskilið. Hæstv. ráðh. og hv. formaður fjvn. eru að fikra sig upp á skaftið með það að rifta þessum gerðu samningum sem ríkisstj. ber skylda til að standa við. Og hv. þm. Friðjón Þórðarson af Vesturlandi og hv. þm. Gunnlaugur Finnsson af Vestfjörðum stökkva hér upp til þess að styðja við bakið á þeim í þessum sínum erindrekstri. En málið er alls ekki svona einfalt. Það er það ekki, vegna þess að það er ekki umræðuhæft að gerðir samningar haldi ekki.

Ég geri mér engar gyllivonir um að það takist að afla fjár umfram það sem rann í fjárl. til þessarar vegáætlunar. Að vísu má lengi um það deila, hvernig þessu verður skipt í viðhaldi eða nýbyggingar vega. En ég ætlaði aðeins í örstuttu máli mínu að víkja að því, hvort ekki væri ráð að breyta til frá því, sem gert er ráð fyrir í vegalögum og síður hefur verið um hríð, að fjvn. fái vegáætlun til umfjöllunar. Þetta er alveg greinilega verkefni fyrir samgn. Alþingis. Með þessum hætti hefur greinilega verið dregin burst úr nefi þeirrar n. Alveg sérstaklega held ég að samvn. samgm. ætti að hafa slíkt verkefni sem þetta með höndum. Fjvn. hefur lokið starfi sínu með því að leggja til og fá samþykkt það fjármagn sem til þess arna er varið. Ég held að þetta verði að koma til athugunar hið fyrsta og breyta lögum í þessa veru.

En svo að ég lengi ekki frekar mál mitt, en víki aðeins að því aftur sem menn hafa haft í orði, að einstök kjördæmi nytu sérstaks forgangs og forréttinda varðandi fjármagn til vegagerðar, þá er það sjálfsagt ekki að ófyrirsynju. Hvers vegna ætli stjórnvöldum og þingheimi öllum á liðnum árum hafi þótt nauðsyn til bera að gera sérstakar áætlanir um vegagerð á Norðurlandi og vegagerð á Austurlandi, nema fyrir það að þessir landshlutar voru svo illa settir í þessum sökum sem raun bar vitni um?

Við skulum slíta öllu tali um að hæstv. ríkisstj. muni ekki standa við þá samninga sem gerðir hafa verið vegna Austurlandsáætlunar í vegagerð og Norðurlandsáætlunar. Það er alveg óhjákvæmilegt að við þá samninga verði staðið, hvort sem menn vilja kalla það að þessi kjördæmi með þeim hætti njóti forgangs eða ekki. Um þessi mál hafa fyrir löngu verið teknar ákvarðanir

og þessum samningum verður ekki rift með ávörpum einstakra þm. eða óljósu orðalagi eins hæstv. ráðh. héðan úr ræðustól á hinu háa Alþingi.

Jón Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég taldi nauðsynlegt út af ræðu hv. þm. Ingvars Gíslasonar að taka það sérstaklega fram að ég tala alls ekki hér fyrir hönd fjvn. Það er alger misskilningur. Ég talaði hér bara sem einn af þm. Alþ., en ekki neitt í umboði hennar þó að ég sé formaður n. Ég var að túlka skoðanir mínar, en ekki n., sem hefur ekki fengið málið einu sinni til umsagnar. Alþ. er ekki búið að vísa málinu þangað, svo að það gat ekki verið fyrir hendi. Hitt er annað mál, að ég lýsti þeirri skoðun minni í sambandi við þetta mál, að Alþ. væri búið að taka afstöðu til þess hve miklu fjármagni ætti að verja hæði í sambandi við lánsfjáráætlunina og afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Þar með taldi ég að væri markað það fjármagn sem um væri að ræða, og ef hefði átt að gera eitthvað meira, þá hefði verið eðlilegt að taka afstöðu til þess við þá afgreiðslu.

Ég vil að lokum segja það, að ég hygg að öllum hv. alþm. sé það ljóst, að fram undan eru erfiðir samningar í launamálum — og halda hv. þm. virkilega að það muni auðvelda þá samninga að fara að leggja á nýja skatta? Nýir skattar, í hvaða formi sem er, munu skapa erfiðleika við að ná og koma á nauðsynlegum launasamningum í þessu landi. Þess vegna er það skoðun mín, að það verði ekki gengið það spor, hvorki í sambandi við umferðarskatta eða annað, að þeir verði hækkaðir núna. Ég held að öllum þyki skattarnir nógu háir, og ég hef ekki heyrt þann straum fara hér í þingsölunum að menn séu tilbúnir til að fara að leggja á nýjan eða hækkandi bensínskatt, eins og virtist koma fram í ræðu hv. þm.

Ég held svo að ég sjái ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Afurðalán, þáltill. (þskj. 190). — Frh. einnar umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Þar sem nokkuð er um liðið síðan ég talaði fyrir því máli, sem hér er á dagskrá, þá hafa þeir hlutir m. a. gerst, að þeir, sem þá höfðu beðið um orðið, hafa fallið frá því eða réttara sagt eru fjarverandi. Ég get þess vegna ekki látið hjá líða að rifja örlítið upp það sem ég sagði þá varðandi þetta mál.

Ég vil þá byrja á því að vekja athygli á þeirri staðreynd, að með þeirri skipan mála, sem nú er, þ. e. a. s. að viðskiptabankarnir eru skyldugir til að lána 28% ofan á afurðalánin á mun lægri vöxtum en þekkist eftir öðrum leiðum, þá hlýtur það eitt að leiða til þess að hlutafjárbankar og sparisjóðir hafi mun rýmri vaxtarmöguleika innan þjóðfélagsins. Þegar frá líður verður ekki annað séð en afleiðing þessa verði sú, að ríkisbankarnir muni smátt og smátt verða þeir litlu, en hinir þeir stóru.

Það eru allir sammála um að þannig verði að haga lánum til atvinnuveganna, að vextir verði ekki hærri en verið hefur. Þá hlýtur það að blasa við, að leita verður að því formi, hvernig hægt sé að veita öllum bönkum hliðstæða samkeppnisaðstöðu innan þjóðfélagsins, nema fyrir fram sé búið að taka um það ákvörðun að vega að ríkisbönkunum eftir óeðlilegri leið, svo að ekki sé meira sagt. Ég held að sannleikurinn sé sá, að menn hafi aldrei sest niður almennilega við að hugleiða þessa hluti og kanna hvaða afleiðingar þetta hefur þegar til lengdar lætur. Menn hafa látið nægja að segja sem svo: Þetta getur gengið, þetta hefur gengið. — En málið er margþætt. Nú er það svo, að sums staðar hér á landi eru aðalbankarnir ekki með nein útibú. Þeir staðir eru þess vegna annaðhvort með sparisjóði eða þá að þeir staðir eru með útibú frá hlutafjárbönkum. Ég vil halda því fram, að það sé engin tilviljun, ef við förum út á land, að þeir staðir, sem mest hafa vaxið upp, hafa ekki útibú frá aðalbönkunum. Aðalbankarnir eru það hart keyrðir vegna kvaðar sinnar að lána 28% ofan á afurðalánin að þeir hafa ekki gætt þess á þessum stöðum að sinna hinni almennu uppbyggingu.

Fyrir nokkrum árum var það algengt að sparisjóðir létu vald sitt yfir til aðalbankanna. En ég á eftir að sjá að það verði mikið um það eftir þetta. Ég ætla að nefna örfáa staði sem hafa notið góðs af því að þar var sparisjóður, en ekki útibú frá banka. Um suma þeirra er þannig ástatt enn í dag.

Fyrst vil ég nefna Borgarnes. Þar er sparisjóður Mýramanna. Hann hefur starfað þar mjög vel, til fyrirmyndar. Hann hefur veitt mikla fyrirgreiðslu öllum þeim sem hafa viljað byggja íbúðarhúsnæði, og þarna hefur orðið góð uppbygging. Neskaupstaður var í þessum hópi. Þar var aðeins sparisjóður þótt nú sé komið þar bankaútibú. Sparisjóðurinn gat veitt mikla fyrirgreiðslu til uppbyggingar á staðnum. Á Vestfjörðum má vekja athygli á því, að þar eru kannske fyrst og fremst tveir staðir eða tvö svæði sem hafa notið mjög góðs af þeirri skipan að þar eru sparisjóðir, en ekki útibú frá aðalbönkunum. Það eru Bolungarvík og Patreksfjarðarsvæðið. Nú hefur verið þrýst mjög á það að koma inn útibúi á Patreksfjarðarsvæðinu, og það er búið að setja upp Landsbankaútibú á Bíldudal. Sá staður aftur á móti á Vestfjörðum sem hefur goldið þess hvað harkalegast, að þetta kerfi hefur verið við lýði sem er í dag, er tvímælalaust Ísafjörður. Mér segir svo hugur um, að þeir séu nokkuð margir, ísfirðingarnir, sem gætu látið sér detta í hug að það væri réttast að stofna þar sparisjóð, koma þar upp útibúi frá bönkum, sem ekki hafa afurðalánaskyldu, ef þessi stefna á að vera óbreytt áfram. Ég verð að segja það, að það verður þung ákvörðun fyrir mig sem stjórnmálamann, ef þessi stefna á að vera óbreytt eins og hún hefur verið, að taka ákvörðun um það, hvort ég neyðist til að vinna gegn ríkisbönkunum á Vestfjörðum á þeirri forsendu að uppbygging þeirra, eins og hún er, vinni gegn uppbyggingu höfuðstaðar Vestfjarða.

Ég er búinn að láta hér falla nokkuð stór orð,

og e. t. v. eru þeir til sem telja, að þau séu sett fram í fljótræði. En svo er ekki. Þessi mál er ég búinn að hugsa í mörg ár. Ég fór í það í vetur að skoða þau tölulega, eins og ég komst í tæri við þetta, og mat stöðuna á Vestfjörðum út frá því m. a. hverjar skuldir útibúanna við aðalbankann voru 1965. Þá voru skuldirnar við aðalbankann 181 millj. 1972 voru skuldirnar við aðalbankann 179 millj. Þetta segir mér einfaldlega, að jafnt og þétt munu ríkisbankarnir stefna að því, að hvert útibú láni aðeins út það fjármagn sem kemur inn á því svæði, og í þessu tilfelli kemur það þannig út, að útibúið verður að standa undir fjármagnsbindingu vegna útflutningsatvinnuvega sem veita gjaldeyri ekki aðeins fyrir þetta svæði, heldur fyrir landið allt.

Mér er það ljóst að afstaða Seðlabankans í þessu máli mun ráða mjög miklu um hvaða örlög það fær. En í því sambandi vil ég benda á það, að auðvitað eykur það á engan hátt fjármagn í umferð þó að afurðalán komi öll úr Seðlabankanum. Hins vegar er lagt til að þau séu hækkuð í 85% í þeirri till. sem hér liggur fyrir. Og þá vaknar sú spurning: Er verið að auka fjármagn í umferð með því að taka ákvörðun um það? Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að það sé ekki verið að auka fjármagn í umferð hvað sjávarútveg snertir. Það vita allir, sem hafa komið nálægt þeirri atvinnugrein, hvað fjármagnsbindingin er mikil, og í reynd er verið að lána út á þessar birgðir um 85%. Það hafa sagt mér menn, sem hafa starfað við útlán á fjármagni til atvinnuveganna, og menn, sem hafa verið í þessum atvinnuvegum, að það sé hægt að líta á það sem mjög raunhæfa staðreynd í þessu máli að verið sé að lána 85%.

Ég ætla þá örlítið að víkja að hinu, að vafalaust yrði þarna um aukið fjármagn að ræða gagnvart afurðalánum til landbúnaðarins. Nú er það svo, ef við skoðum það mál ofan í kjölinn, hvernig þeir hlutir standa í dag, að t. d. gagnvart sauðfjárafurðum er lánað út á afurðalánin 70%. Í venjulegu sauðfjárbúi má gera ráð fyrir að skipting teknanna sé eitthvað á þá leið, að helmingurinn af tekjunum fari í rekstur og hinn helmingurinn fari í tekjur fyrir bóndann. Þetta er dálítið gróf skipting, en ég er ekki viss um að hún sé svo mjög fjarri lagi. Þá kemur fram sú staðreynd, að rekstrargjöldin verður bóndinn að sjálfsögðu að borga strax, og af sínum tekjum fær hann þá það sem er fram yfir af afurðalánunum. Í reynd kemur það þannig út, að hann fær þá 40% af sínum tekjum. Hann fær 20 hluti af þeim 50, sem eftir eru. 60% greiðast út eftir á.

Í daglegu tali er talað um að í reynd sé það þannig, að þeir fái 70% af tekjunum á árinu, 30% séu eftir. En ef við hugleiðum það, að af þessum 70 verður hann að sjálfsögðu að byrja á því að greiða rekstrargjöldin, þá kemur í ljós alvaran í málinu, sem er sú, að hann fær 40% borguð út, 60% á hann eftir. Og það sér náttúrlega hver heilvita maður, að í þeirri verðbólgu, sem er í dag, fær þetta ekki staðist. Það getur engin stétt búið við það að fá ekki greitt út af sínu kaupi nema um 40%.

Ég ætla nú ekki að hafa mál mitt lengra, en óska eftir því að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að ræða örlítið um lánamál almennt í þjóðfélagi okkar í tilefni af þeirri þáltill. sem hér liggur frammi, en hef hætt við það að sinni og ætla í þetta skipti aðeins að víkja að nokkrum atriðum, sennilega tveim, í sambandi við þessa tillögu.

Tillagan fjallar, eins og komið hefur fram hjá hv. frsm., um að Alþ. skori á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að Seðlabankinn hækki afurðalán sín úr 55 í 85% og að þeirri kvöð verði jafnframt létt af viðskiptabönkunum að lána 28% ofan á afurðalánin, og svo segir í till. að sama regla skuli gilda um rekstrarlánin og afurðalánin, að Seðlabankinn endurkaupi þau. Að mínu viti er hér hreyft athyglisverðu máli. Ég dreg ekki í efa að mikill lánsfjárskortur er ríkjandi í landinu og kemur mjög víða illa við í atvinnurekstri landsmanna, þannig að það er mikið og stórt mál hvernig úr þessum lánsfjárskorti verði helst bætt.

Í sambandi við það hið stóra mál vil ég víkja að því, sem ég tel aðalatriðið, algert grundvallaratriði að menn geri sér vel ljóst þegar þeir ræða um þetta vandamál, hvað ráði því fyrst og fremst að við Íslendingar höfum búið um langan tíma við mikinn lánsfjárskort í landinu. Í mínum huga er ekki nokkur vafi á að aðalástæðan fyrir því, að lánsfjármagnið hefur verið of lítið, er hin langvarandi og oft og tíðum geysilega verðbólga sem hér hefur ríkt. Ef menn eru sammála um að þetta sé meginástæðan, þá held ég að menn ættu að geta orðið sammála um það, að besta leiðin til þess að draga úr þessu vandamáli og auka lánsfjárframboð sé að reyna að draga úr dýrtíðinni. En því miður hefur sú barátta gengið ærið skrykkjótt hér á Íslandi mörg undanfarandi ár, og erum við hv. alþm. ekki alveg saklausir af því, hvað oft hefur mistekist í þeim efnum. En það er önnur saga sem ég ætla ekki að víkja að nú.

Ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi sem ég tel að sanni þá staðhæfingu mína, sem ég var að nefna áðan, að verðbólgan í landinu sé aðalorsök þess að hér hefur ríkt lánsfjárskortur. Það er staðreynd og er hægt að lesa í opinberum skýrslum, að á síðasta ári, árinu 1976, var ráðstöfunarfé innlánsstofnana í landinu aðeins um 28% miðað við þjóðarframleiðslu. 5 árum áður var þetta ráðstöfunarfé innlánsstofnana um 40% af þjóðarframleiðslu. Í þessu felst að á seinustu 5 árum hefur ráðstöfunarfé innlánsstofnana í landinu minnkað um 30%, ef gert er ráð fyrir að þarfir atvinnurekstrarins fyrir lánsfé hafi vaxið í svipuðu hlutfalli og þjóðarframleiðslan. 30% minnkun lánsfjár úr innlánsstofnunum landsins á 5 árum, jafnframt því að hvers kyns rekstrarkostnaður atvinnuveganna og stofnfjárkostnaður atvinnuveganna fer stórhækkandi vegna verðbólgu, hefur raunar fyrir löngu skapað þann hnút í þjóðlífi okkar sem verður ekki auðvelt að leysa. Allar skyndiráðstafanir — bráðabirgðaráðstafanir — til þess að bæta úr þessu vandamáli hjá einstaka stétt eða einstökum hópi þjóðfélagsborgaranna með því að beita pólitískum þrýstingi — skyndiráðstafanir sem ekki eru liður í neinni heildarstefnu sem miðar að því að taka á aðalvandamálinu, leiða ekki til

neinna varanlegra bóta. Þetta er mín bjargfasta skoðun, og ég þykist hafa reynt að setja mig nokkuð inn í gang þessara mála á Íslandi um nokkur ár. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vil benda á við þessa umr., að aðalástæða lánsfjárskortsins í landinu er ótvírætt hin áralanga verðbólga.

Í því sambandi langar mig aðeins til að nefna örfáar tölur sem sýna þetta vel. Ég ætla að nefna tölur um þróun spariinnlána í innlánakerfinu á föstu verðlagi frá 1970 til ársins 1975. Ég ætla að nefna hlutfall innlánsfjár í bankakerfinu sem hluta af vergri þjóðarframleiðslu, eins og kallað er. Og ég ætla, til þess að sýna samhengið á milli vaxtar innlánsfjár í bankakerfinu og dýrtíðar, að nefna þá raunvexti sem þeir þjóðfélagsborgarar hafa búið við á þessu tímabili sem hafa viljað sinna því þjóðfélagslega mikilvæga hlutverki að geyma umframfjármagn sitt í lánastofnunum landsmanna svo að þær geti lánað til atvinnuveganna.

Á árinu 1970 uxu spariinnlán á föstu verðlagi miðað við árið á undan um 5% og voru þá um 27% af vergri þjóðarframleiðslu. Á því ári voru raunvextir þeirra, sem sparifé áttu inni, + 8%.

Árið 1971 uxu spariinnlán miðað við árið á undan um 10%, hlutfall sparifjár var 27% af vergri þjóðarframleiðslu og þeir, sem spöruðu, fengu + 5% í raunvexti af sparifé sínu.

Árið 1972 var vöxtur sparilána 1% og hlutfall sparifjár af þjóðarframleiðslu var 25%. Raunvextir á því ári voru + 9%.

Svo kemur árið 1973, þegar dýrtíðin fer að hækka nokkuð skyndilega. Þá minnkar sparifé, á föstu verðlagi talið, miðað við árið á undan um 7%, hlutfall þess af vergri þjóðarframleiðslu er 22% og raunvextir þeirra, sem vilja spara, eru + 19% — 19% neikvæðir vextir fyrir sparifjárinnleggjendur.

1974 minnkar sparifé um 11% frá árinu á undan og er aðeins 19% af vergri þjóðarframleiðslu. Þá eru raunvextir sparifjáreigenda + 23% — neikvæðir vextir 23%.

Seinasta árið, sem ég nefni, er árið 1975. Þá er minnkun sparifjár 8%, þá er hlutfallið af vergri þjóðarframleiðslu orðið 18% og raunvextir eru + 18% — neikvæðir um 18%.

Þessar tölur hafa allar verið birtar opinberlega og eru staðreyndir og sýna að mínu viti þá þróun sem hefur öðru fremur leitt til lánsfjárskorts í landinu.

Hitt atriðið, sem ég ætlaði að víkja að, er það, að hér hefur verið um margra ára bil talað þannig af mörgum, bæði í þessari virðulegu stofnun og utan hennar, að það mundi vera nægilega mikið fjármagn til í bankakerfinu, og þá fyrst og fremst í Seðlabankanum, til þess að það ætti að vera mögulegt að greiða úr lánsfjárskorti, fyrst og fremst atvinnuveganna. Við könnumst flest, held ég, við að það hefur verið talað og ritað um stóra frystihúsið sem frysti peninga og héldi, að manni skilst oft á tíðum af eintómri mannvonsku, miklum fjármunum inni sem auðvelt væri að miðla út til atvinnuveganna. Ég ætla ekki að fara út í þetta nákvæmlega núna, e. t. v. verður einhvern tíma tækifæri til þess síðar. Ég ætla aðeins að gefa upplýsingar, sem m. a. má finna í febrúarhefti af Hagtölum mánaðarins. Ég er að vísu ekki með það hér.

Sú stefna hefur verið ríkjandi hér í peningamálum um nokkurra ára skeið, á annan áratug, að Seðlabankinn hefur bundið vissa hluta af sparifé viðskiptabanka og annarra innlánsstofnana í þjóðfélaginu sem síðan hefur aftur verið veitt út til atvinnuveganna. Meginhugsunin á bak við þetta er sú, að það megi þó aldrei gerast í okkar verðbólguþjóðfélagi að svo illa sé búið að undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar að þeir hafi ekki tryggingu fyrir því að fá þó eitthvert lánsfé. Bundna féð í Seðlabankanum nam um s. l. áramót 15.9 milljörðum kr. En á sama tíma hafði Seðlabankinn endurkeypt framleiðsluvíxla viðskiptabankanna, sem þeir höfðu tekið af atvinnuvegunum, fyrir rúma 16 milljarða kr., þ. e. a. s. afurðalánin og rekstrarlánin, sem eru veitt í gegnum þetta endurkaupakerfi, voru rúmum 100 millj. kr. hærri fjárhæð en bundna féð nam í árslok hin síðustu. Þetta fjármagn skiptist þannig á milli höfuðatvinnuveganna: Sjávarútvegur hafði um 7500 millj. kr. af þessu fé, landbúnaður hafði 5932 millj. kr., iðnaður hafði 1861 millj. kr. og önnur endurkaup námu 718 millj. kr. Það er ljóst af þessum tölum að bundna féð, sem safnast hefur upp í Seðlabankanum, er þegar allt í útlánum og meira til.

Ég vil þá ræða nokkru frekar efni þessarar till. Tillögumenn gera það að till. sinni, að Seðlabankinn hækki afurðalán sín úr 55% í 85% og að þeirri kvöð verði jafnframt létt af viðskiptabönkunum að lána 28% ofan á afurðalánin. Þetta er skoðun sem á fyllilega rétt á því að sé athuguð. En ef þetta yrði framkvæmt svona, þá hlýtur að vakna sú spurning, eins og tillögumenn víkja raunar að í grg. með till., hvað þyrfti að hækka bindiskylduna mikið frá því sem hún er nú. Nú er bundið 25% af heildarinnlánsfé lánastofnana í Seðlabankanum til þess að standa undir þessu afurðalánakerfi. Ég hef reiknað þetta út lauslega, og mér skilst, að ef ætti að framkvæma þá till. sem hér er flutt, þá yrði að hækka bindiskylduna úr 25% í a. m. k. 39% eða þar um bil. Og þó að ég sé þeirrar skoðunar, að vert sé að athuga þessa hugmynd um að auka afurðalánin úr Seðlabankanum og þá að auka eitthvað tilsvarandi bundna féð, þá held ég að hér sé stigið allt of stórt skref sem fái ekki staðist.

Það kom fram hjá hv. alþm. Ólafi Þ. Þórðarsyni áðan, eða ég tók svo eftir, að hann teldi að afurðalánin frá Seðlabankanum og viðskiptabönkunum næmu núna um 70%. Sem betur fer er þetta hlutfall nær því að vera 75% heldur en 70%. En eins og ég tók fram áðan, er það ekki nægjanlegt til þess að svara þeirri þörf sem fyrir hendi er um aukningu afurðalána, og verður að athuga á réttum stöðum hleypidómalaust hvernig úr þeim vanda verður helst bætt.

Hv. flm. ræddi talsvert um hvað ríkisbankarnir, eins og hann orðaði það, væru í erfiðri samkeppnisaðstöðu miðað við aðrar innlánsstofnanir vegna þeirrar kvaðar sem á þeim er um að lána viðbótarlán — afurðalán — til atvinnuveganna. Ég vil ekki gera lítið úr því að þetta bindi hendur viðskiptabankanna. Þetta er að

vísu ekki alveg rétt hjá hv. þm., að það séu ekki fleiri en ríkisbankarnir, sem þurfa að sinna þessu. Ég veit ekki betur en Iðnaðarbankinn verði í sambandi við afurðalán til iðnaðarins að gera eitthvað svipað og ríkisbankarnir gera. En ég vil benda á það, að þessi viðbótarlán ganga til góðra hluta, þau ganga til góðra verka. Það er ekkert lítið atriði að atvinnuvegir eins og sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður geti gengið á þeim stöðum þar sem viðskiptabankarnir, sem hafa þessa kvöð, eru. Ég held að það sé undirstöðuatriði að þessir atvinnuvegir geti gengið. Þess vegna dreg ég í efa réttmæti þeirrar staðhæfingar hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar áðan, þar sem hann var að segja sem svo, að ef ekki yrði á þessu breyting, þá hlyti hann að vinna gegn ríkisbönkunum, vegna þess að starfsemin, í þeim farvegi sem hún er nú í, ynni gegn uppbyggingu höfuðstaðar Vestfjarða. Ég held að hann hafi orðað þetta eitthvað á þá leið. Ég dreg í efa að þetta sé rétt ályktað hjá hv. þm., af þeirri ástæðu sem ég var að nefna áðan. Það er ekkert lítið atriði fyrir Ísafjörð að sjávarútvegurinn og iðnaðurinn og e. t. v. að einhverju leyti landbúnaðurinn þar eigi aðgang að lánsfé eftir þessari leið sem ég vék að áðan. Hitt er svo alveg rétt hjá honum, að auðvitað hafa þær lánastofnanir, sem ekki hafa þessa skyldu, tilsvarandi betri aðstöðu til að sinna þörfum annarra atvinnuvega, eins og t. d. byggingariðnaðarins eða annarra slíkra atvinnuvega, vegna þess að þær eru lausar við þessa lagalegu eða samningsbundnu skyldu. Ég held þó að sumar af þessum lánastofnunum láni talsvert til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, a. m. k. víða um landið, þó að það sé ekki beint skylda þeirra samkv. lögum eða samningum.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þennan fund með því að fara fleiri orðum um þetta. Ég lýsi því sem skoðun minni að mér finnst efni þessarar till. vera allrar athygli vert. En ég vara eindregið við þeirri skoðun að hér sé auðvelt úr að bæta eða einhvers staðar finnist a. m. k. í innlánskerfi mjög digrir sjóðir sem hægt sé að nota til að bæta úr þessu mikla vandamáli. Ég vil endurtaka það og láta það verða mín lokaorð hér, að eina raunhæfa og skynsamlega leiðin fyrir okkur alþm. til að draga úr þessum vanda er að bindast samtökum um að vinna skynsamlega að því að draga úr verðbólgunni og auka á þann hátt sparifé í bankakerfi landsmanna og þar með bæta úr þeim lánsfjárskorti sem hefur herjað hér um marga áratugi.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 4. þm. Reykn. fyrir innlegg hans í þessar umr. Það vakti athygli mína alveg sérstaklega að hann beindi þeim í annan farveg og stærri en ég hafði ætlað mér að gera hér að umræðuefni. En þar sem skeð er skeð og búið er að beina umr. í annan farveg og stærri, þá þykir mér rétt að taka málið til umræðu frá því sjónarhorni alveg sérstaklega. Og það er spurningin um það, hvernig eigi að draga úr verðbólgunni, hvernig eigi að koma fólki til þess að leggja fé í bankana og hvernig við eigum með því móti að auka innlánsfjármagnið í bönkunum.

Ég vil byrja á því að minna á þá staðreynd, að þegar verið var að taka niður klukkuna á Þingvöllum forðum, Íslandsklukkuna, þá var ekki fjölmenni viðstatt. Og það er ekkert fjölmenni viðstatt þegar rætt er um gengi íslensku krónunnar í þessu þjóðfélagi. Því miður hefur svo farið, að við sem fullvalda þjóð höfum ekki reynst þess megnugir að verja þessa krónu. Samt var sérstök stofnun sett á stofn, Seðlabanki Íslands, sem hefur vaxið hratt að starfsliði og átti og á að hafa það hlutverk m. a. að sjá til þess að krónan haldi velli. Það er ömurleg staðreynd, en hún er sönn, að mannorði hennar björgum við ekki með því að hækka vexti. Berist sú fregn um landið, að Seðlabankinn hafi ákveðið að hækka vexti, hrekkur hver einasti sparifjáreigandi í kút og hugsar með sjálfum sér: Ja, hver fjandinn. Nú ætla þeir að fara að fella gengið. — Það var gamall sparisjóðsstjóri sem sagði mér þetta, og ég trúði honum. Þetta verkar eins og viðvörunarbjalla fyrir allan landslýð. Og þá kemur hin spurningin: Bjarga hærri vextir málinu? Bjarga þeir dýrtíðinni, hinni hliðinni á vandamálinu? Svo virðist ekki vera heldur. Fljótt á litið blasir þess vegna sú staðreynd við, að við erum komnir í sjálfheldu í þessu máli. Ef við ætlum að byggja upp íslensku krónuna, þá verðum við að snúa okkur að mjög ömurlegu verkefni. Við verðum að játa það að mannorð hennar er gersamlega hrunið. Við verðum að gefa íslendingum kost á því að eiga erlendan gjaldmiðil í íslenskum bönkum á þeim vöxtum sem viðkomandi þjóð hefur fyrir þennan gjaldmiðil. Við verðum að leggja niður það kerfi sem gerir ráð fyrir því að það sé alltaf viss hópur þjóðfélagsþegna sem eigi að tapa þegar verðbólguskriðan og gengisfellingarnar dynja yfir.

Ef við förum í það að veita íslenskum aðilum rétt á að eiga erlendan gjaldeyri í íslenskum bönkum, — ekki hvaða gjaldmiðil sem er, heldur einhverja ákveðna gjaldmiðla, — og þeir fái vexti eftir því kerfi sem er í heimalandinu, sömu vexti fyrir t. d. þýsk mörk eða bandaríska dollara eða pund og gilda í viðkomandi löndum, þá getum við um leið tryggt það, að ef fólk gerir ráð fyrir gengisfellingu, þá rýkur það ekki til og tæmir bankana af peningum. Það rýkur til og leggur peninga sína inn með það fyrir augum að breyta þeim í varanlega eign. Í dag rýkur það til og tekur peningana út og eyðir þeim í kaupæði. Ég hef ekki viljað fara út í það að flytja þáltill. um þetta mál, sem ég tel þó margfalt stærra en nokkuð annað sem hægt væri að ræða um í sambandi við það að stöðva verðbólguna, vegna þess að ég hef óttast að enginn mundi nenna að hlusta. En ég hóf þessar umr. út frá þessu sjónarmiði vegna þess að á það var bent, að sú þáltill., sem hér lægi fyrir, næði ekki yfir þetta stóra vandamál, hvernig við eigum að auka fjármagnið í íslenskum bönkum. Sú rödd verður að koma úr Seðlabankanum og úr bankakerfinu, sú rödd sem krefst þess að Alþingi íslendinga starfi með ábyrgari hluta þjóðarinnar að því að byggja upp íslensku krónuna á ný sem gjaldmiðil. En ég er hræddur um að þá verði líka að liggja ljóst fyrir í vitund þjóðarinnar að bankakerfið ætli sér ekki að hagnýta sér verðbólguna, eins og nú virðist

gjarnan blasa við, með óhóflega dýrum og stórum byggingum. Það virðist nefnilega vera það ástand ríkjandi, að allir séu ákveðnir í að spila þennan póker af hörku, það vilji enginn breyta leikreglunum þannig að þær séu raunverulega viðunandi, séu réttlátar. Og það verða ekki réttlátar leikreglur í fjármálum þessarar þjóðar fyrr en það er tryggt að þeir, sem leggja peninga inn í banka, fái a. m. k. þá hina sömu peninga út úr bönkunum aftur. Þessu hlýtur hver einasti heilvita maður að gera sér grein fyrir.

Ég er hér búinn að tala nokkuð langt mál um aðra hluti en þessi þáltill. fjallar um. En ég get samt ekki gengið svo frá þessu máli að snúa ekki aftur að henni. Ef hún verður samþykkt, þá held ég að hún sé eitt af skrefunum í þá átt að stuðla að meira jafnvægi í íslenskum þjóðarbúskap og stuðla að því, að ekki sé um að ræða óeðlilega samkeppni á milli hinna ýmsu bankastofnana um þær fáeinu krónur sem almenningur í landinu ákveður að leggja til hliðar til sparnaðar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég var því miður fjarverandi, þegar hv. fyrri flm. þessarar þáltill. hóf ræðu sína, og kom inn þegar hann var að ljúka máli sínu. Svo bar til að ég þurfti ásamt öðrum þm. úr Norðurl. e. að hitta að máli sendinefnd frá Kópaskeri, hingað komna til Reykjavíkur m. a. til þess að þreyta hina eilífu baráttu bænda og sjómanna við þetta fyrirbæri sem gjarnan er nú nefnt bankakerfi.

Ég hlýt að játa það, að ég ber sálarheill þess kerfis og þá e. t. v. fyrst og fremst sálarheill Seðlabankans mjög lítið fyrir brjósti samanborið við vandamál þess fólks sem vinnur að frumframleiðslugreinunum á landi þessu og verst er sett í þessari baráttu við bankakerfið. En þar er um að ræða bændastéttina og þó fyrst og fremst sauðfjárbændur.

Fyrir mér eru það orðin gömul sannindi, að ákveðinn hópur fræðimanna hér á suðvesturhorni landsins og lærisveina þeirra úr öðrum stéttum hefur komist að þeirri niðurstöðu með mikilli íhygli og fræðilegu grúski, að bændastéttin, eins og það hefur verið orðað alloft hér í hv. sölum Alþ., sé dragbítur á hagvöxt þjóðarinnar. Ég læt þá um það sem vilja að trúa því, að bændur séu síðri matvinnungar en gengur og gerist um launamenn í Reykjavík, þ. á m. hagfræðiprófessoranna, sem fundið hafa upp þessa kenningu, og nánustu aðdáendur þeirra. Í vitund minni er það fyrir neðan allar hellur að ekki skuli lánað út á afurðir sauðfjárbænda líkt og út á aðra framleiðslu, svo að ég taki nú sérstaklega til umfjöllunar stöðu þessara manna, þannig að þeir þurfi sí og æ að una því að fá ekki greiðslu fyrir vinnu sína fyrr en mánuðum og missirum eftir að hún hefur verið innt af höndum.

Ég gerðist með ákaflega glöðu geði meðflm. að þessari þáltill. sem Ólafur Þ. Þórðarson, hv. alþm., bar veg og vanda af að semja í aðalatriðum. Og ég tek undir þau ummæli hans áðan, að hér þykist ég sjá möguleika á því að stíga á ósköp eðlilegan og skynsamlegan hátt fyrsta skrefið í þá átt að bæta hlut þeirra manna, þeirra stétta á landi hér, sem halloka hafa farið í því kapphlaupi sem betur hefði aldrei verið byrjað, kapphlaupi um arð af fjármálaástandi sem er þessari þjóð til mikils skaðræðis. Ég trúi því ekki enn að hv. Alþ. muni ekki taka þessa þáltill. til mjög gagngerðrar meðferðar og alþm. fáist ekki til liðs við hana í grundvallaratriðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 332). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við flytjum á þskj. 332, hv. þm. Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson, Ingi Tryggvason og ég, eftirfarandi frv. um breyt. á umferðarlögum nr. 40 frá 1968:

„1. gr. Aftan við 59. gr. l. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Skylt er ökumanni og farþega bifhjóls að nota hlífðarhjálm við akstur.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í stystu grg., sem ég hef átt aðild að að semja, segir:

„Höfuðmeiðsli, er leiða til örkumla eða bana, eru uggvænlega tíð í bifhjólaslysum. Löggæslumenn og læknar eru samdóma um að bifhjólamönnum sé mikil vörn í hlífðarhjálmum — og nefna dæmi þess. Notkun hjálma þessara hefur færst í vöxt síðari árin, en æskilegt er talið að kveðið verði á um hana í lögum."

Það er að segja af tilorðningu þessa frv., að fyrir skemmstu kom heim til mín ungur maður á tveimur hækjum þeirra erinda að ræða það við mig hvort ekki mundi vera hægt að fá það sett í lög að ekki megi aka mótorhjóli án öryggishjálms og gilti það jafnt um farþega sem ökumann. Þessi ungi maður hafði lent í árekstri á bifhjóli sínu á Skúlagötu í nóvember í haust. Sjálfur var hann með hlífðarhjálm og hélt því lífi, hlaut aðeins nokkur slæm beinbrot, eins og hann orðaði það og göngulag hans og limaburður allur bar ótvírætt vott um, en er nú á batavegi. Systir hans, sem var farþegi á mótorhjólinu, var ekki með hlífðarhjálm. Hún hlaut höfuðmeiðsli sem leiddu hana til bana loks nú í byrjum febrúar. Ég hét því að taka þetta mál til athugunar og fá til liðs við mig góða menn að gera það sem rétt teldist í málinu.

Ég ræddi síðan þetta sérstaka vandamál við menn úr umferðarlögreglunni, þ. á m. Óskar Ólason yfirlögregluþjón, sem tjáði mér að það væri samdóma álit lögreglumanna að nauðsynlegt væri að kveða á um það í lögum að notkun hlífðarhjálma væri skylda við akstur á mótorhjólum. Enda þótt það yrði nú æ tíðara að eigendur mótorhjóla notuðu þessa hjálma, væri það ekki algilt og eins væri hitt tiltakanlegt, að farþegarnir á mótorhjólunum væru allt of oft hlífðarhjálmalausir. Ég ræddi þetta líka við lækna sem sinna slysavöktum á sjúkrahúsunum, fékk þar samsvarandi upplýsingar. T. d. tjáði mér Haukur Kristjánsson yfirlæknir á slysavarðstofu Borgarspítalans að ótrúlega margir unglingar hlytu höfuðáverka á bifhjólunum sem líkur væru til að þeir hefðu ekki hlotið ef þeir hefðu haft hlífðarhjálma, allt of margir þeirra hlytu örkuml af þessum völdum og enn aðrir dauða.

Nú er skemmst af því að segja, að eftir að ég hafði aflað mér þessara upplýsinga rann það upp fyrir mér, að fyrir Nd. lá frv. um breyt. á umferðarlögum, flutt af frú Sigurlaugu Bjarnadóttur og Ellert B. Schram, þar sem kveðið er á um notkun hlífðarhjálma. Aftur á móti kom í ljós að í frv. þessu eru ráðgerðar fleiri — vafalítið nytsamlegar, en umdeildar breytingar á umferðarlöggjöfinni. Frv. þetta, sem lagt var fram á þingi í fyrra, fékk ekki afgreiðslu, m. a. vegna deilu um ákvæðin um skyldu til að nota bílbelti. Og enn er deilt um þetta frv. í Nd. Ég ræddi málið við frú Sigurlaugu Bjarnadóttur, þ. e. a. s. um það atriði sem að öryggishjálmunum lýtur eða hlífðarhjálmunum, og hún tjáði mér glaðlega að hún væri því meira en samþykk að þetta atriði yrði flutt sérstaklega í lagafrv. í Ed. og sagði sem svo — af drengskap í líkingu við Bergþóru forðum — að fyrir sér vekti það eitt að þetta mál kæmist fram í hversu mörgum hlutum sem það yrði.

Af viðræðum mínum við umferðarlögregluþjóna komst ég að því, að það eru fleiri atriði varðandi bifhjólaaksturinn sem lögreglumenn telja að færa þyrfti í lög, svo sem óleyfilegt sé að breyta aflvél bifhjólanna þannig að þau nái meiri hraða en leyfilegur er samkv. lögum. Þótt þess háttar hömlum hafi verið komið á aflvélar mótorhjólanna, þá freistast ungt fólk til þess að fjarlægja þá til þess að ná meiri hraða. Þetta telja löggæslumenn ákaflega óæskilegt.

Önnur er sú árátta ungra manna, sem aka mótorhjólum, að koma því til leiðar með lítils háttar breytingu að hærra heyrist í þeim heldur en góðborgurunum þykir notalegt, sérstaklega snemma morguns. Með þessum hætti er m. a. hægt að auka afl vélarinnar. Einnig þetta telja löggæslumenn mjög óæskilegt og vildu gjarnan að kveðið yrði á um það í lögum að slíkt væri óleyfilegt.

En svo ég vitni í Óskar Ólason yfirlögregluþjón, þá sagði hann að þetta væru önnur atriði sem ekki ætti að blanda saman við ákvæðin um notkun hlífðarhjálmanna. Bráðnauðsynlegt væri að fá það leitt í lög tafarlaust, að ökumönnum og farþegum á bifhjólum væri skylt að nota hlífðarhjálma, því með hverjum mánuði sem liði ykist hættan á því að enn fleiri hlytu af því bana eða örkuml að aka án þess að nota slíka hjálma.

Það er sem sagt skoðun löggæslumanna og lækna, sem búa um meiðsli af völdum bifhjólaslysa, að það sé nauðsynlegt að færa það í lög, binda það í lögum, að ökumenn bifhjóla og farþegar þeirra noti hlífðarhjálma. Ég fæ ekki betur séð en að viðurlög í umferðarlögunum eigi að nægja til aðhalds í þessu efni eins og um önnur efni umferðarlaga.

Ég óska þess að frv. verði að umr. lokinni vísað til samgn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það hafa orðið mörgum vonbrigði, sem að heilbrigðismálum vinna, að þrátt fyrir það að tekist hafi að útrýma skæðum sjúkdómum og sjúkdómum sem höfðu verið e. t. v. aðalskaðvaldar þjóðarinnar um langan tíma, þrátt fyrir það að tekist hafi að snúa blaðinu við í þeim efnum að smitsjúkdómar yrðu ekki lengur stórvandamál, þá hefur ekki tekist að fækka svo að nokkru nemi þeim sem vegna sjúkdóma eða slysa verða öryrkjar um lengri eða skemmri tíma. Þetta er vegna þess að ýmsar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið til þess að aðrar sjúkdómsorsakir hafa komið meira í sviðsljósið og orðið meira áberandi þegar þeim

sjúkdómum lauk sem áður höfðu verið hvað mestir skaðvaldar. Því er ekki að neita að umferðarhraðinn er allstórvirkur í þessu efni og veldur fjölda manns í þessu landi mikilli örorku og mörgum nýjum tilfellum á hverju ári. Þrátt fyrir mikla viðleitni til þess að ráða bót á þessu verður tiltölulega lítið ágengt. Eitt er þó víst, að bifhjólin eru undir þá sömu sök seld og opnu bílarnir voru áður, að ef árekstur verður eða ef illa fer um stjórnina, þá eru slys af þeirra völdum oft mjög alvarleg og leiða til mikils áverka og varanlegs skaða. Það er vegna þess arna sem þetta frv. er flutt, til þess að lögreglan, ef hún sér mann með óvarið höfuð á bifhjóli, geti gripið í taumana og hjálpað til með að veita það mikla öryggi sem hjálmarnir eru. Ég held að öllum jafnaði séu þeir, sem bifhjólum aka, með höfuðhlífar. En þrátt fyrir það eru þó allt of margir sem vanrækja þetta sjálfsagða öryggisatriði, og því held ég að það sé mikil nauðsyn að fá þetta frv. samþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 335). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 335 frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968, svo hljóðandi:

1. gr. Við 40. gr. laganna bætist 5. mgr., svo hljóðandi:

Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns í þéttbýli gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð skal stjórnendum annarra ökutækja skylt að draga úr hraða, eða nema staðar, til þess að hinn auðkenndi almenningsvagn eigi greiða leið út í umferðina. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann almenningsvagnsins undan öðrum ákvæðum þessara laga né því að sýna ítrustu varúð við akstur frá biðstöð."

Ég vil geta þess í upphafi máls míns, að þetta mál hefur verið mikið rætt í borgarstjórn Reykjavíkur og eins innan stjórnar Strætisvagna Reykjavíkur, og hafa staðið í broddi fylkingar innan stjórnar Strætisvagnanna forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur, Eiríkur Ásgeirsson, og Þorbjörn Broddason borgarfulltrúi. Niðurstaðan úr öllum þessum umr. þar varð sú, að borgarfulltrúarnir Kristján Benediktsson og Sigurjón Pétursson fluttu till. í borgarstjórn, svo hljóðandi:

„Borgarstjórn felur umferðarnefnd og borgarráði að beita sér fyrir þeirri breytingu á umferðarlögum, að almenningsvögnum verði veittur forgangur við akstur úr viðkomustöðum þeirra út í umferðina."

Þessi till. þeirra borgarfulltrúanna, Kristjáns Benediktssonar og Sigurjóns Péturssonar, var samþ. með öllum greiddum atkv. í borgarstjórn.

2. gr. frv. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Grg., sem ég leyfi mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta er svo hljóðandi:

„Á undanförnum árum hafa verið umr. um það víða um lönd hvort veita beri almenningsvögnum forgang við akstur af biðstöðvum út í umferð. Þannig var þetta mál rætt á ráðstefnu, sem haldin var á vegum Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg í okt. 1968. Í ályktun ráðstefnunnar er mælt með því við aðildarlöndin, að þau taki upp í löggjöf sína ákvæði um þetta efni. Á ráðherrafundi Evrópuráðsins, sem haldinn var í Genf árið 1971, var þetta mál einnig rætt og afgr. á svipaðan hátt og á Vínarráðstefnunni. Norræna umferðarlaganefndin, sem vinnur að samræmingu á umferðarlögum, hefur gert tillögu um forgang almenningsvagna í samræmi við samþykkt áður nefnds Vínarfundar.

Framangreindar samþykktir leiddu til þess, að ákvæði um forgang almenningsvagna frá biðstöðvum hafa verið lögleidd í ýmsum löndum. Á Norðurlöndum hafa þannig Svíþjóð, Danmörk og Noregur lögtekið ákvæði um þetta efni. Um Finnland er ekki vitað.

Hér á landi hafa þessi mál verið til umr. hin síðari ár, m.a. á nokkrum fundum stjórnar Strætisvagna Reykjavíkur og umferðarnefndar Reykjavíkur. Hefur þar komið fram það álit Strætisvagna Reykjavíkur, að forgangur til handa almenningsvögnum muni flýta fyrir ferðum vagnanna og auðvelda þeim þannig að standast tímaáætlun. Er það álit ekki vefengt, enda þótt vitað sé að margir ökumenn láti almenningsvögnum í té forgang þegar ekið er frá biðstöð, án þess að um lagaskyldu sé að ræða.

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 21. júní 1973 var þetta mál á dagskrá, og á þeim fundi samþ. borgarstjórn svo hljóðandi tillögu:

„Borgarstjórn felur umferðarnefnd og borgarráði að beita sér fyrir þeirri breytingu á umferðarlögum, að almenningsvögnum verði veittur forgangur við akstur af viðkomustöðum þeirra út í umferðina."

Umferðarnefnd mælir með því að sú breyting, sem hér um ræðir, verði gerð á umferðarlögunum.

Ég vil taka það fram, að mér hefur góðfúslega verið bent á að það þurfi að koma annaðhvort inn í lögin eða kannske nægi að setja það í reglugerð, að auðkenna bæði almenningsvagna og eins biðstöðvar þeirra á sérstakan hátt, þannig að það yrði samræmt um landið allt. Ég vona að sú n., sem kemur til með að fjalla um þetta frv., geri þá breyt. sem ég minntist hér á.

Það er ekki nauðsynlegt að ég hafi um þetta mörg orð. Ég held að það liggi ljóst fyrir hvað hér er um að ræða. En ég vil leyfa mér að gera það að till. minni að frv. verði vísað til allshn. og hljóti þar skjóta afgreiðslu.

Stefán Jónsson: Herra forseti: Ég tel að hér sé hreyft góðu máli og nauðsynlegu. Ég hygg að raunar hafi verið lögð of lítil áhersla á uppbyggingu almenningsvagnakerfisins hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa og mönnum hafi sést óþarflega mikið yfir þörf þeirra aðila, sem standa að þessari almenningsþjónustu, fyrir sérstakan aðbúnað. Ég er þeirrar skoðunar að framundan séu þau ár að þörfin fyrir almenningsvagna muni aukast jafnt og þétt af ýmsum ástæðum og þá fyrst þeirri, að rekstur einkabíla muni af ýmsum ástæðum verða æ dýrari eftir því sem á líður. Ég geri mér grein fyrir því, sem hv. flm. þessarar

till. minntist á, að nauðsynlegt getur verið að kveða sérstaklega á um það með hvaða hætti á að merkja sem greinilegast biðstöðvar almenningsvagnanna eða stansana, þar sem þeir taka fólk og eiga að njóta þessara sérstöku réttinda í umferðinni. Mætti einnig segja mér að nauðsynlegt yrði að kveða á um það í reglugerð sérstaklega, með hvaða hætti eigi að útbúa biðstöðvarnar, þannig að þessi sérstaki réttur almenningsvagnanna til að komast út í umferðina verði sem áhættuminnstur fyrir aðra vegfarendur. En það er eftir sem sagt að fjalla um málið í n. Ég mun veita því það atfylgi í n. sem ég get og þá reyna að stuðla að því að sérfróðir menn verði til kvaddir til þess að málið verði sem best úr garði gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 290, n. 337, 338). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. og rætt það á nokkrum fundum. N. mælir með samþykkt frv., eins og fram kemur í áliti hennar á þskj. 337, með þeim breyt. sem fram koma í till. á þskj. 338. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Jón G. Sólnes. Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson skrifa undir með fyrirvara vegna óánægju þeirra með þá fjárhæð sem ákveðin var á fjárl. þessa árs til greiðslu þeirra verkefna sem frv. þetta fjallar um.

Eins og fram kom við 1. umr. málsins í þessari hv. d., er verið að útbúa ramma til skiptingar á því fjármagni sem fjárl. ætla hverju sinni til þess að draga úr þeim ójöfnuði sem margföldun á olíuverði á síðustu árum hefur valdið milli fólks eftir búsetu þess í landinu. Það munu hafa verið nokkuð skiptar skoðanir í upphafi um hvaða reglur skyldi hafa við úthlutun þessa fjármagns, en þrátt fyrir það hefur verið haldið þeirri reglu sem ákveðin var í upphafi, og með því frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir að svo verði einnig framvegis.

Við 1. umr. þessa máls var bent á tvo fámenna hópa í þjóðfélaginu sem hækkun olíuverðsins hefur bitnað mjög þungt á, án þess að nokkuð hafi verið reynt að draga úr því.

Annars vegar eru það þeir sem enga möguleika hafa á að fá raforku til heimilisnota á annan hátt en með rekstri dísilstöðva. Það er reynsla þeirra, sem þær hafa þurft að nota, en síðan fengið rafmagn frá samveitu, að orkan frá þeim sé miklu dýrari. En þessir aðilar eru að verða svo fáir að sá styrkur, sem lagt er til að þeir fái samkvæmt fyrri lið brtt., skiptir heildina litlu, en getur munað nokkru fyrir þá sem hans mundu njóta.

Hins vegar eru það þeir nemendur grunnskóla sem verða að dvelja í heimavist meðan á námi stendur, yfirleitt nokkra daga í viku, en síðan á heimilum sínum um helgar og verða því að hafa húsnæði á tveimur stöðum. Að vísu greiða viðkomandi sveitarfélög upphitunarkostnað heimavistarskólanna. En hann lendir þá beint á íbúum viðkomandi sveitarfélaga sem yfirleitt eru fámenn og búa við erfiða aðstöðu á margan annan hátt.

Hér er um að ræða tiltölulega lágar upphæðir miðað við þá heildarupphæð sem varið er til þess að greiða niður olíuverðið. Lauslega áætlað er þetta um 3 millj. kr. samkvæmt hvorum lið brtt.

Það er augljóst að með þessum ráðstöfunum verður ekki jöfnuð til fulls aðstaða þeirra aðila á því sviði sem ræðir um í frv., það verður aðeins gert með öðrum aðgerðum sem ég minntist aðeins á við 1. umr. þessa máls. En á meðan það hefur ekki verið gert er með þessum aðgerðum verið að reyna að draga nokkuð úr ójöfnuðinum.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Eins og nál. hv. fjh.- og viðskn. ber með sér, var ég fjarverandi þegar þetta mál var afgreitt í nefnd. Ég vil því nota tækifærið til að lýsa með örfáum orðum afstöðu minni til þess.

Ég held að það sé nú orðið nokkuð almenn skoðun manna, eins góð og sú fyrirætlan á sínum tíma var að leggja eitt söluskattsstig á og nota það fé, sem þannig fékkst inn, til þess að létta kostnaðarbyrði þeirra sem þurftu að hita upp íbúðir sínar með olíu, sem er náttúrlega miklu miklu meiri kostnaður en t. d. við að hita upp með jarðhita eða rafmagni, að eins og nú er komið hafi það markmið fjarlægst allmikið.

Ég er þeirrar skoðunar að upphaflega, þegar þessar ráðstafanir voru framkvæmdar, hafi verið valin óhagstæðasta leiðin, sem völ var á, með því að miða greiðslur til heimilanna við það hve margir voru í hverju heimili.

Ég benti á það í fyrra, þegar þessi mál voru til afgreiðslu í Alþ., að ég hefði talið eðlilegra að meginhluti þeirrar upphæðar, sem ætluð er til niðurgreiðslu í tilfellum eins og þessum, þ. e. a. s. þegar hitagjafinn er olía, yrði ákveðinn á heimili, hvort heldur það væri fjölmennt eða fámennt. Færði ég þá þau rök fyrir máli mínu, að það kostar jafnmikið að hita t. a. m. upp íbúð þar sem hjónin eru eftir og börnin farin í skóla til framhaldsnáms.

Ég minnist á þetta nú vegna þess að ég sé í lok 1. gr. að viðskrn. á að ákveða fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni. Ég vil að þetta sjónarmið komi fram við umr. málsins og afgreiðslu hér í deildinni. Mér þætti ekki óeðlilegt, þegar sú reglugerð, sem væntanlega verður gefin út af viðskrn., verður samin, að þá verði tekið mið af þeim sjónarmiðum sem felast í þeim athugasemdum sem ég hef verið að gera hér grein fyrir.

Ég vil ekki setja fætur fyrir samþykkt þessa frv., þó svo að ég sé að sumu leyti þeirrar skoðunar, eins og málum er háttað nú um ráðstöfun á þessu fé sem innheimt er af þegnunum, að mér er til efs hvort það eru ekki þó nokkuð mörg tilfelli sem þar er um að ræða að þegnarnir greiða mun meira gjald með því söluskattsstigi, sem þarna er álagt, heldur en sá styrkur nemur, sem þeir fá til baka til að standa straum af

kostnaði vegna kyndingar íbúða sinna. En eins og ég sagði, ég vil ekki bregða fæti fyrir samþykkt frv. aðeins þótti mér ástæða til þess að vekja athygli á því sjónarmiði sem ég hef nú gert grein fyrir.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það var vitað, þegar hv. fjh.- og viðskn. fékk þetta frv. til meðferðar, að hún hefði lítið sem ekkert svigrúm til þess að breyta þar neinu á betri veg, þ. e. aukinn réttlætisveg.

Þó hefur það nú tekist, vitanlega að einhverju leyti á kostnað þeirra sem áður hafa notið, en *kannske ekki svo tilfinnanlega. Ég fagna því út* af fyrir sig sérstaklega að heimavistarskólarnir skuli nú komnir þarna inn í með þeirri reglu sem hv. n. hefur sett upp. Við hv. þm. Stefán Jónsson höfum flutt tvisvar frv. um að jafna þetta nokkuð. Því hafði ekki verið sinnt og n. hafði ekki afgreitt það mál, þannig að ég hlýt að fagna því, að hér er komið mjög til móts við þær skoðanir sem við settum þar fram, þó ég hafi ekki athugað hver mismunur þarna kann að vera á.

Það verður ekki af minni hálfu farið að ræða hér almennt um þann niðurskurð sem hefur orðið á hlut þeirra sem upphaflega áttu að njóta, það hefur verið áður gert. Aðeins vildi ég spyrjast fyrir um það, ef það hefði komið til umr. í n. og hefði verið kannað þar, miðað við það sem segir í lok 1. gr., að viðskrn. ákveði fjárhæð styrksins til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni og síðan setji ráðh. með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, hvort n. sé kunnugt um það, *hv. fjh.- og viðskn. eða formanni hennar*, að rn. hafi í hyggju að breyta nú þessum greiðslureglum frá því sem verið hefur. Það hefur sem sagt heyrst, forstöðumenn sveitarfélaga hafa af því fregnir, að nú muni eiga að greiða þennan olíustyrk á fjögurra mánaða fresti í stað þriggja, og þeir eru ekki beint hressir yfir því, hvorki fyrir hönd síns sveitarfélags né einstaklinganna, ef rétt reynist. Nú veit ég ekki hvort þetta hefur komið þannig til umr. í n. að nokkuð sé vitað um það. En alla vega hafa sveitarstjórnarmenn af þessu spurnir, og til viðbótar þessu segja þeir að þetta sé mjög óhagstætt að því leyti til, að um áramót hefur desember einn staðið eftir með þessar greiðslur, það hefur verið greitt til sveitarfélaganna í des. fyrir mánuðina sept., okt. og nóv., en nú muni ætlunin að draga fram yfir áramót greiðslu á öllum fjórum síðustu mánuðunum, sem sagt frá sept. til des. Ég hef af því nokkuð áreiðanlegar spurnir að þessu muni verða breytt þannig. Ég tel tvímælalaust rangt, ef þannig á að standa að, en vildi aðeins vita hvort á þessu *stigi væri hægt að upplýsa eitthvað* frekar um hvort þetta væri rétt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það var aðeins út af þessari fyrirspurn hv. þm. Helga F. Seljan. Það kom ekkert fram í störfum n. sem benti til að þessum reglum yrði breytt, og ég hef ekki heyrt um það getið fyrr. Sá starfsmaður, sem hefur með þessi mál að gera í viðskrn., kom á fund n., við kölluðum hann fyrir, og það kom ekkert fram í máli hans sem benti til að þessum reglum yrði breytt. Að öðru leyti treysti ég mér ekki til að segja neitt um það. Þetta kemur mér alveg á óvart, og ég hef ekki heyrt um það fyrr en nú.

ATKVGR.

Brtt. 338,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 338,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Innflutningur á olíupramma, frv. (þskj. 125, n. 336). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa hf. Olíuöl innflutning á olíupramma.

Prammi sá, sem hér um ræðir, er að verða 117 ára gamall og á því að baki langa og merkilega sögu. Að undanförnu hefur Olíuöl hf. haft hann á leigu til flutninga hér við land. Reynsla fyrirtækisins af skipinu hefur verið þannig, að það óskar eftir að fá það keypt, en ákvæði laga nr. 52 1970, sem banna innflutning skipa eldri en 12 ára, koma í veg fyrir það. Hins vegar er samkv. sömu lögum heimilt að veita undanþágu frá því ákvæði ef ákveðnar ástæður eru fyrir hendi, m. a. ef skip eru með sérstökum vélbúnaði eða þau eru ætluð til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi.

Siglingamálastjóri hefur skrifað samgrn. umsögn um þetta mál, og í henni kemur fram að vélbúnaður þessa skips er sérstakur þar sem hann er miðaður við notkun þess sem olíupramma, en ekki til að knýja skipið áfram, og enn fremur sé það ætlað til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi þar sem það er innréttað sérstaklega til að flytja heit olíuefni. Hins vegar segir einnig í umsögn siglingamálastjóra, að vegna þess fordæmis, sem heimild til innflutnings þessa skips gæti valdið, telji hann réttara að láta ákvörðun um kaupin og heimild til skráningar koma til kasta Alþ., eins og gert er með flutningi þessa frv.

Eftir að hafa athugað málið leggur samgn. til að frv. verði samþ. óbreytt, en *fjarverandi afgreiðslu* málsins voru Jón Árnason, Jón G. Sólnes og Eggert G. Þorsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Atvinnulýðræði, frv. (þskj. 315). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Skotvopn, frv. (þskj. 326 (sbr. 52)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Um það frv., sem hér liggur fyrir, um skotvopn, sprengiefni og skotelda, hefur verið fjallað í hv. Ed. Hefur það verið samþ. þar með þeim breyt., sem er að finna á þskj. 326.

Þetta frv. var lagt fram á síðasta Alþ. og þá í hv. Ed., en varð ekki útrætt. Allshn. Ed. hafði fjallað um það og flutt við það nokkrar brtt. Þegar frv. var svo í sumar tekið til endurskoðunar voru þær breytt., sem hv. Ed. hafði gert, teknar upp í frv. og það lagt þannig fram. En auk þess hefur, eins og ég sagði, hv. Ed. nú gert nokkrar fleiri breyt. og er þær að finna á þskj. 326. Þær breyt. voru gerðar í samráði við dómsmrn., og ég fellst á að þær séu yfirleitt til bóta. Þær breyt. ganga yfirleitt í þá átt að herða aðhaldið að þeim sem hafa með að gera notkun og meðferð skotvopna eða hafa leyfi til þess.

Ég þarf nú ekki og ætla ekki að fara mörgum orðum um þá þörf sem á því er að setja ný og fullkomin lög um þessi efni. Nú gilda um þetta mjög gömul lög, um 40 ára gömul lög sem á ýmsan hátt eru ófullkomin og svara ekki til þeirra breytinga sem orðið hafa síðan. Þessi lög hafa að nokkru leyti verið fyllt út með því að gefin hefur verið út reglugerð um þessi efni. En samt sem áður eru þau lagaákvæði og reglugerðarákvæði, sem um þessi efni fjalla, nú orðin að mörgu leyti úrelt.

Ég skal ekki, nema tilefni verði til, fara frekar út í að ræða það, hver þörf er á þessari lagasetningu, en vísa til athugasemdanna. Í þessu frv. er að finna allmörg nýmæli frá því sem er í núgildandi lögum. Ég skal aðeins fara stuttlega yfir efni frv. Þetta frv. skiptist í sjö kafla.

I. kaflinn fjallar um gildissvið frv. Þar er merking hugtakanna skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skoteldur skilgreind og afmörkuð.

Í 3. gr. frv. er ráðh. heimilað að setja reglur um önnur efni en þau, sem frv. tekur til beinlínis eftir orðanna hljóðan eða eldri skilgreiningu, ef þau hafa svipaða eiginleika og verkanir, svo sem ýmis önnur vopn en skotvopn og ýmis efni sem teljast ekki vera sprengiefni eða skoteldar, en hafa svipaða eiginleika. Aðstæður geta komið upp sem gera óhjákvæmilegt að setja reglur um þessi efni og þessa hluti, og því er talið rétt að ráðh. hafi heimild sem þessa.

Á þessum I. kafla frv. voru ekki gerðar neinar breytingar í Ed.

Í II. kafla frv. er fjallað um innflutning, útflutning, framleiðslu og verslun með nefndar vörur. Í gildandi lögum eru mjög ófullkomnar reglur um framleiðslu á þessum vörutegundum og það er út af fyrir sig eðlilegt, af því að lengst af hefur ekki verið nein framleiðsla í landinu á þessum efnum. Nú er hins vegar svo, að hér hafa verið starfandi a.m.k. tvær flugeldaverksmiðjur og er því þörf á að settar séu reglur um þá framleiðslu. Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu frá núgildandi framkvæmd varðandi innflutning til landsins að leita þurfi leyfis fyrir hverri og einni vörusendingu. Þetta er mikilvægt til þess að tryggja að ekki séu aðrar vörur fluttar inn en þær sem leyfðar eru til sölu innanlands, og einnig veitir það stjórnvöldum tækifæri til þess að fylgjast á hverjum tíma með innflutningi. Það er gert ráð fyrir að meira eftirlit verði haft með verslunum, og það er lögð ríkari skylda á verslunareigendur en nú er að þeir afhendi ekki öðrum vörur heldur en þeim sem sanni að þeir megi kaupa þær.

Hv. allshn. Ed. gerði nokkrar breytingar á þessum kafla frv., þ.e.a.s. 5. gr., 6. gr., 10. gr. og 11. gr. Það eru ekki stórvægilegar breytingar, en ganga, eins og áðan var tekið fram, almennt í þá átt að herða heldur aðhald og eftirlit í þessum efnum.

III. kafli frv. fjallar eingöngu um skotvopn og skotfæri. Þar er kveðið á um hverjir geti fengið leyfi til þess að kaupa skotvopn og skotfæri. Nokkru ítarlegri ákvæði eru um þetta heldur en í gildandi lögum. Að vísu eru þar allströng ákvæði um hverjir eigi að geta fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, en það má vera að það hafi ekki tekist að fylgja þeim lögum eftir í framkvæmd svo sem skyldi. En samkvæmt núgildandi lögum er það aðalreglan, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörslum sínum skotvopn sem sýni skilríki fyrir því að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Svipað ákvæði er í frv., en auk þess eru tilgreind ákveðin skilyrði sem leyfishafi verður að fullnægja, svo sem ákveðinn lágmarksaldur og varðandi þekkingu á hættueiginleikum þessa tækis, auk þess sem það er almennt gert að skilyrði að menn hafi ekki gerst brotlegir við almenn hegningarlög, áfengislög eða lög er varða meðferð skotvopna, nema brot sé mjög smávægilegt.

Það er nýmæli í þessu frv. að gert er ráð fyrir því að skotvopnaleyfi sé ekki gefið út til lengri tíma í senn en 10 ára. Þetta ætti að auðvelda lögregluyfirvöldum að hafa eftirlit með skráningu skotvopna, og það auðveldar þeim að fylgjast með því að leyfishafar fullnægi nauðsynlegum skilyrðum á hverjum tíma. Það eru að sjálfsögðu mörg önnur nýmæli í þessum kafla frv., sem miða að því að koma í veg fyrir misnotkun skotvopna. Öll þessi ákvæði setja ákveðnar hömlur við sölu skotvopna án þess þó að koma í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega notkun þeirra. Benda má á í þessu sambandi að víða um lönd hafa einmitt nú verið sett eða hert ákvæði um sölu og meðferð skotvopna. Er ástæðunnar fyrir því eflaust að leita í þeim vaxandi ofbeldishvötum og hryðjuverkum sem vart hefur orðið á allra síðustu tímum.

Auðvitað eru skotvopn alltaf hættuleg tæki og þau má misnota. Þau eru samt sem áður nauðsynleg og verður þess vegna að reyna að haga reglum um þau þannig að reynt sé, eftir því sem hægt er, að koma í veg fyrir misnotkun í sambandi við þau, en það verður þó auðvitað seint gert algjörlega með lagaákvæðum.

IV. kafli frv. fjallar um meðferð sprengiefnis, hverjir megi kaupa það, hverjir megi nota það, um geymslu sprengiefnis og meðferð. Til þessa hefur algjörlega skort reglur um þetta efni. Að

vísu má segja að ófullkomnar reglur séu til um það, hvar og hvernig megi geyma sprengiefni, en mjög fábrotnar reglur eru í gildi um flutning á því og meðferð þess. En þar sem nú er orðið allmikið um notkun slíkra efna er nauðsynlegt að sett séu ákvæði um það. Auk þess sem þarna er ákvæði að finna í frv., er gert ráð fyrir því að ítarlegri ákvæði séu sett í reglugerð og er það talið æskilegra þar sem hér er um mjög tæknileg atriði að tefla.

Það má segja að sem betur fer hafi notkun skotelda ekki valdið verulegum vandræðum hér. Þó er það svo að á hverju ári slasast menn eitthvað meira eða minna af völdum skotelda og því er talið nauðsynlegt að settar séu um þetta fyllri reglur en nú gilda. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu, að ekki megi selja yngri mönnum en 16 ára skotelda. Á sama hátt og um sprengiefni er þörf á setningu reglugerðar um þetta efni.

Í VI. og VII. kafla frv. er svo fjallað um heimild stjórnvalda til að svipta menn leyfi, sem hafa fengið það, um refsingar, um eignaruptöku, stjórnvaldskæru o. fl. Refsimörk eru hækkuð talsvert frá því sem nú er. Samkv. gildandi lögum varðar brot sektum allt að 10 þús. kr., en samkv. frv. getur brot varðað allt að eins árs fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Í sumum nágrannalöndum okkar eru refsimörkin hærri, svo sem í Danmörku og Svíþjóð, en þar er gert ráð fyrir að brot á samsvarandi lögum geti varðað allt að tveggja ára fangelsi. Í Noregi og Finnlandi eru hins vegar refsimörkin nokkru lægri. Ætlast er til þess að leyfissviptingu verði beitt í ríkara mæli en nú er gert. Eru allítarleg ákvæði um það í frv., hvernig fari um sölu á varningi sem leyfishafi skal skila þegar hann er sviptur leyfi, ef ekki er jafnframt fyrir hendi skilyrði til eignaruptöku. Bæði hækkun refsinga og beiting ákvæðanna um sviptingu leyfa í ríkara mæli en nú er gert ættu að leiða til meiri aðgæslu hjá þeim sem fara með og nota þessi tæki og þessi efni.

Eins og þegar er fram komið, er talin þörf á setningu reglugerðar jafnframt þessari nýju lagasetningu er kveði nánar á um ýmis atriði, svo sem um geymslu og flutning sprengiefna og um fleiri atriði.

Þarna eru einnig ákvæði um þau skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út áður en lögin taka gildi, og um önnur leyfi, sem varða þessa hluti, og er gefinn frestur, eins og í frv. segir, til þess að tryggja að þeir, sem hlut eiga að máli, leyfishafarnir — byssuleyfishafar munu þeir vera kallaðir í daglegu máli — geti fullnægt settum skilyrðum. Er gefinn allrúmur frestur til endurnýjunarbeiðni.

Ég skal, herra forseti, ekki orðlengja frekar um þetta frv. Ég vil leyfa mér að vona að það fái góðar viðtökur í þessari hv. d. eins og í hv. Ed., sem hefur fallist á að nauðsyn væri að setja ný lög um þetta efni. Ég leyfi mér að vísa aftur til aths. sem fylgja þessu frv., og að sjálfsögðu er sá deildarstjóri í rn., sem mest hefur unnið að samningu þessa frv., reiðubúinn til þess að koma til viðtals við þá nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, og gefa á því nánari skýringar. En það er svo, að það er ekki eins auðvelt og fljótt mætti virðast að setja ákvæði um þessi efni, vegna þess að þarna koma til ýmiss konar tæknileg atriði sem verður að hafa hliðsjón af, og er ekki þægilegt nema fyrir þá, sem hafa einhverja sérstaka þekkingu á þessum efnum og á meðferð þessara tækja, að setja um þau reglur.

Ég vona að með setningu löggjafar sem þessarar væri stigið spor til réttrar áttar og að það verði hægt, eftir að þau öðlast gildi, að koma þessum málum í betra horf en þau eru nú. En því miður hefur nokkuð brostið á um framkvæmd í þessum efnum, eins og ég býst við að flestir hv. deildarmanna þekki nokkuð til, bæði varðandi meðferð og geymslu eða vörslu, en úr því er æskilegt og nauðsynlegt að bæta. Auðvitað er aldrei hægt að fullyrða fyrir fram hvernig til tekst um framkvæmd laganna, en auðvitað er mjög mikið komið undir því að vel takist til um framkvæmd þeirra.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska eftir því að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jónas Árnason: Hæstv. forseti. Ég tek undir þær óskir hæstv. dómsmrh., að vel megi til takast um framkvæmd þeirra laga sem við erum hér að ræða um. En ég hygg að eitt atriði hafi gleymst, veigamikið atriði, bæði að því er varðar gildandi lög og einnig þetta frv. sem hér liggur fyrir.

Það er til „Alþjóðasamþykkt um verndun fugla", og við Íslendingar munum hafa gerst aðilar að þessari samþykkt 1956. Í 5. gr. þessarar samþykktar segir: „Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til þess að banna eftirtaldar veiðiaðferðir, sem valdið geta fjöldadrápi fugla eða föngun eða bakað þeim kvalir að nauðsynjalausu." Eitt atriði í þessari gr. er það, að sett verði bann við notkun marghlaðinna eða sjálfhlaðinna byssa. Sérstaklega er þar um að ræða haglabyssur, þ. e. a. s. haglabyssur sem taka fleiri en tvö skothylki. Mér skilst að notkun slíkra vopna hafi verið bönnuð hjá öllum nágrannaþjóðum okkar. Við Íslendingar munum vera eina Vestur-Evrópuþjóðin sem ekki hefur sett um þetta ákvæði í lög. Notkun slíkra vopna mun hafa færst mikið í vöxt á undanförnum árum, bæði við rjúpna- og gæsaveiðar, og þau eru víst flest í höndunum á nýgræðingum sem bæta sér upp takmarkaða skotfimi með því að skjóta öllum skotunum í einu í rjúpna- og gæsahópa í von um að eitthvað liggi eftir af fuglum þegar hópurinn flýgur upp. Þeir, sem flytja inn byssur, segja mér að þessar byssur komi frá Bandaríkjunum og það má skjóta úr þeim í einu, held ég, 5—6 skotum. Það fylgir þeim það sem nefnt er „magasín", og þarf þá víst ekki annað en taka í gikkinn og þá fara þessi skot 5—6 í einni hrinu. Þetta er sem sé eins og verið væri að nota hríðskotabyssu. Og má geta nærri þegar einhver asnakjálkinn uppbelgdur af byssumannsgleði sendir svona hrinu á rjúpnahóp eða gæsahóp, að þá fljúga að sjálfsögðu burt margir fuglar mjög alvarlega særðir.

Það er ekki endilega nauðsynlegt að fleygja öllum þeim byssum af þessu tagi sem þegar eru í landinu. Það mætti e. t. v. breyta þeim þannig að þær samrýmdust þessari alþjóðasamþykkt sem við erum aðilar að. En það virðist nauðsynlegt, segja mér kunnugir menn, að bann gegn notkun slíkra vopna verði tekið upp í fuglafriðunarlögin, þ. e. IV. kafla, 20. gr. Og svo er spurning, hvort hliðstæð ákvæði ættu ekki að komast inn í það frv. sem hér er til umr., þ. e. a. s. að bannaður yrði innflutningur á vopnum af þessu tagi. Þessu leyfi ég mér að beina vinsamlegast til hæstv. dómsmrh. og þeirrar n. sem fær þetta mál til athugunar.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð til leiðréttingar vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég held að það sé rétt, sem kom fram hjá honum, að hann veit afskaplega lítið um byssumál, þegar hann talar eins og hann talaði. Honum má segja það og ég get upplýst það, að til þess að skjóta úr slíkum byssum, sem hægt er að hlaða 5 skotum í einu, verður að taka í gikk þeirrar byssu í hvert sinn sem skoti er hleypt úr byssunni, nákvæmlega sama og verður að ske þegar um tvíhleypu er að ræða. Og högl úr tvíhleypu geta verið alveg jafnskaðsamleg fugli eins og úr slíkri byssu og ekki síður.

Í sjálfu sér má á nokkurn hátt taka undir það sem hv. þm. segir, sérstaklega þó vegna þess að sumum fuglategundum, sem hafa verið veiddar hér, fer fækkandi ár frá ári. Það má náttúrlega ná þeim stofnum upp aftur með öðrum aðgerðum heldur en breyta til um þau vopn sem notuð eru til þess að veiða þau, og þá á ég að sjálfsögðu við algjöra friðun.

En ég held að það sé tæknilega algjörlega útilokað að hugsa sér að slíkum byssum verði breytt. Hins vegar, eins og ég ætlaði að koma að, mætti máske hugsa sér að frá og með einhverjum ákveðnum degi yrði ekki leyft að flytja slík vopn inn til þess að nota. Mér fyndist það nokkuð mikil skerðing á eign þeirra, sem þegar eiga slíkar byssur, sem eru bæði svokallaðir sportveiðimenn, en ekki síður þeir sem fara til slíkra fuglaveiða í atvinnuskyni, eins og við þekkjum mörg dæmi um allt í kringum landið, það væri nokkuð mikil skerðing ef ætti að fara að banna þeim að nota þessar byssur sem hefur verið leyft að selja hér á landi til þessa. Ég álít, ef menn væru með slíkum bönnum, að þá ætti frekar að fara þá leið að banna sölu á slíkum vopnum frá og með einhverjum degi, en ekki hitt, að banna það sem fyrir er í landinu, sem ég held að minna sé en látið er í veðri vaka. Þó að óvanir menn skjóti öllu því sem fyrir er úr byssu sinni þá geri ég ráð fyrir að þeir eins og aðrir hafi nokkuð í huga að hvert skot kostar á annað hundrað kr., þannig að þeir geri það ekki sér til leiks að skjóta þessum skotum.

Ég held að það sé of mikið gert úr sérstakri hættu af þessum byssum, eins og ég byrjaði þessi orð mín á, það sé gert of mikið úr því, hafandi í huga að tvíhleypurnar og reyndar einhleypur líka af haglabyssugerð, sem hafa verið notaðar hér um tugi ára, valda nákvæmlega sama skaðanum fyrir fuglana, ef hagl kemur í þá, eins og úr hinum byssunum.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Ég skal játa það, að hv. þm. Pétur Sigurðsson veit eflaust meira um skotfæri heldur en ég. Og ég er sannfærður um að hann er ekki einn af þeim sem láta vaða í hugsunarleysi svo og svo mörg skot á fuglahópa. Hins vegar er ég líka sannfærður um það, að þeir eru æðimargir sem þetta gera, jafnvel þó að skotið kosti eitthvað á annað hundrað kr.

Tæknilega er útilokað, segir hann, að breyta þeim byssum af þessu tagi sem fyrir eru í landinu. Ef það er tæknilega útilokað, en sett verða lög sem banna slíkar byssur, þá sýnist mér liggja í augum uppi að það verði látið fylgja þeim lögum að þeir, sem eiga slíkar byssur, skili þeim, en fái þær þá bættar og geti þá keypt sér þær byssur sem samrýmast gildandi lögum.

Ég er sannfærður um, að þó að ekki sé kannske hægt að skjóta af þessum byssum eins og hríðskotabyssum, þá eru þær mjög hættuleg vopn í höndum viðvaninga, hættuleg fuglum, særa fugla í stórum stíl, og þeim mun meira sem meiri skussar halda á þeim. Það breytir ekki miklu hvort hægt væri að skjóta öllum skotunum í einu með því að taka einu sinni í gikkinn eða tekið er í gikkinn fimm eða sex sinnum. Þetta breytir afskaplega litlu.

Ég vil að lokum gera ofurlitla aths. við stærðfræði hv. þm. Péturs Sigurðssonar. Högl úr tvíhleyptum byssum, segir hann, eru alveg eins skaðsamleg fuglum eins og högl úr fimm skota byssum. M. ö. o.: það skaðar fuglahópinn ekkert meira, þó að skotið sé 5 skotum, heldur en þó skotin séu tvö. Það liggur í augum uppi að af tveimur skotum verður tvisvar sinnum meiri skaði en einu og af fimm skotum fimm sinnum meiri skaði heldur en af einu. Þetta er einfaldur reikningur.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég verð að játa að ég er ekki svo vel að mér í þessum efnum að ég geti dæmt um hvor hefur réttara fyrir sér í þessum atriðum og hvort hér sé mikið til af slíkum byssum sem nefndar voru eða ekki. En um hitt hljóta allir að vera sammála, að það sé óheilbrigt og ekki forsvaranlegt að nota skotvopn sem geti sært fugla við fuglaveiðar, en ekki banað þeim, og valdið þannig mjög miskunnarlausri meðferð. Það er rétt, að það er ekki í þessu frv. beint bannákvæði eða ákvæði um hvernig vopnið skuli vera að þessu leyti. Þó mætti e. t. v. koma því undir síðustu mgr. 15. gr., þar sem segir að dómsmrh. geti sett reglur um vopn sem teljist sérstaklega hættuleg. Það má vel vera að þessi vopn, eins og þeim hefur verið lýst hér, yrðu talin hættulegri en vopn eða skotfæri almennt. En ég tel sjálfsagt að hv. allshn. taki þetta atriði til athugunar og setji um það viðeigandi ákvæði ef hún telur ástæðu til og getur fundið form á því.

Annars vil ég segja það út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði varðandi fuglaveiðar og fuglafriðun, að það eru sérstök lög um það efni og þessi lagasetning haggar ekki á neinn hátt við þeirri löggjöf. Og það er alveg rétt, að í þeim

lögum, lögum um fuglafriðun og fuglaveiðar, eru bannaðar t. d. tilteknar veiðiaðferðir. Ég man nú ekki hvort breyting var gerð á þeim eftir að samþykkt var þessi alþjóðasamþykkt eða ekki. Ég tel þó líklegt að þeim lögum hafi verið breytt í samræmi við hana. En ef það er ekki, þá er sjálfsagt ástæða til að kanna það efni. En ég held ég fari ekki með rangt mál, að fuglafriðun eins og önnur friðun og þá líklega fuglaveiðarnar líka heyri undir menntmrh., en ekki dómsmrh., svo að það er hans hlutskipti að endurskoða þær reglur, sem má vel vera að sé ástæða til, því að fuglaveiðar með skotvopnum, þar sem menn fara upp um fjöll og firnindi, á nýjum tækjum jafnvel sem ekki voru áður fyrir hendi, geta kallað á nýjar reglur í þessum efnum. En það er sem sagt ekki sérstaklega hlutverk þessa frv. og þeirrar löggjafar, sem hér er um að ræða, að kveða á um þau efni, heldur yrði það að gerast, að ég held, í þeim lögum sem fjalla um fuglafriðun og fuglaveiðar. En náttúrlega er fleira friðað en fuglar og fleira veitt en fuglar og getur þurft að athuga fleira í því sambandi.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Mig langar til þess að leggja örfá orð í belg, m. a. vegna þess að ég skoða mig ekki minni fuglaverndunarmann heldur en aðra þm. hér. En ég vil staðfesta það, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði áðan, að þessar haglabyssur, sem nefndar eru manna á milli „pumpur“, úr þeim er ekki hægt að skjóta 5 skotum í einni hrinu nema taka 5 sinnum í gikkinn. Það er afturkast, sem skeður við fyrsta skot sem hleypt er af, er spennir byssuna. Ef skotmaðurinn ætlar að skjóta öðru skoti, þá verður hann að taka í gikkinn aftur. Ég vil enn fremur láta það koma fram að ég held að þessar byssur, þessar „haglapumpur“, séu mun hættulegri viðvaningunum heldur en fuglunum, einfaldlega vegna þess að ég mundi ekki í sporum hv. þm. Jónasar Árnasonar vilja láta það henda mig að skjóta 5 skotum í hrinu úr slíkri byssu, a. m. k. mundi ég þá ekki hugsa mér til skotfimi nokkuð lengi á eftir þar sem ég hefði nóg að gera við að ná mér í öxlinni. Og ég held að þessar byssur séu miklu hættulegri í höndum viðvaninga, fyrir viðvaninginn sjálfan heldur en fyrir þá fugla sem hann ætlar að nota þessar byssur gegn. En aftur á móti eru þessar byssur miklu nytsamari í höndum kunnáttumanns heldur en t. d. einhleypur. Og um þessar „haglapumpur“ svonefndu, 5 skota haglabyssur, eru miklu minni líkur að slík vopn í höndum kunnáttumanns verði til þess að særa þann fugl, sem á er skotið, heldur en einhleypurnar. Það er miklu líklegra, ef kunnáttumaður skýtur úr einhleypu og er talsvert lengi að hlaða aftur, þá sleppi særðir fuglar frá honum. Ef hann hins vegar hefur vopn eins og hér um ræðir í höndunum, þá er miklu líklegra að hann nái þeim fuglum sem hann skýtur á, enda eru það flestir kunnáttumenn, sem stunda fuglaveiðar, t. d. rjúpnaveiðar, sem nota einmitt þessi vopn út af því að þeir telja líklegra að þeir þurfi ekki að missa frá sér særða rjúpu.

Ég vil enn fremur benda á, að það er ekki nýtt, að til séu slík hálfsjálfvirk vopn og notuð hér. Ég vil benda hv. þm. Jónasi Árnasyni á að það er til hvorki meira né minna en 21 skota rifflar, hálfsjálfvirkir, á markaðnum, þannig að úr slíkri byssu er hægt að pumpa 21 skoti á örskömmum tíma og eru þessar bysssur talsvert miklu meira notaðar heldur en þessar 5 skota haglabyssur. Ég segi það nú fyrir mig, að ég mundi vart voga mér að fara í rjúpnaveiðar með manni sem væri viðvaningur og ætlaði að fara að handleika 5 skota haglabyssu. En ég vil bara benda mönnum á að hugleiða að a. m. k. hefur það verið þannig, að slíkur viðvaningur eins og t. d. hv. þm. Jónas Árnason gæti labbað inn í skotfæraverslun, útvegað sér öll tilhlýðileg leyfi og keypt slíkt vopn, án þess að hafa meiri vitneskju um það en hv. þm. hefur, hvers konar vopn þetta eru, og lagt síðan á næsta fjall til þess að veiða fugla. Það er þetta sem ég held að menn ættu að huga frekar að, þegar þeir fjalla um mál eins og þetta, að þeir menn, sem á annað borð fá leyfi til þess að kaupa skotvopn eins og hér um ræðir, viti hvað þeir eru með í höndunum, þekki til þeirrar byssugerðar, sem þeir ætla að kaupa, og hafi bæði vit og þekkingu til að nota hana.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Það kemur í ljós, að í hópi okkar þm. eru heldur en ekki kunnáttumenn á skotvopn; svo miklir kunnáttumenn að þeir finna bara töluvert til sín, þeir vilja „bara leyfa sér að benda hv. þm.“ á þetta og hitt, svo að hv. þm. asnist ekki hér aftur og aftur upp í ræðustól til þess að tala um skotvopn af mjög takmarkaðri þekkingu; menn geri svo vel að kynna sér málin áður en þeir fara að ræða þau, t. d. það, að haglabyssa er ekki lengur rétta nafnið á þessum tækjum, heldur haglapumpa. Og samkvæmt málflutningi hv. síðasta ræðumanns er það trygging fyrir því, að rjúpan liggi dauð, að hægt sé að skjóta á hvern fugl 5 skotum í röð. Ef selt væri eftir vigt, þá er hætt við að dýr mundi hver rjúpan sem keypt yrði með þeim blýþunga, sem mundi fylgja slíkum fugli. (Gripið fram í.) Já, það er engu líkara en maður hafi gerst sekur um óviðurkvæmileg ummæli um náinn ættingja hv. þm.

Ég skal játa að ég hef ekki mikið vit á þessu. Og það er að sjálfsögðu voðalegt til þess að vita, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, að ég gæti farið hvenær sem er inn í búð og keypt mér byssu. Hættan liggur sem sé í því, að menn eins og ég fari með þessi vopn sem við erum hér að ræða um, en ekki menn eins og hv. síðasti ræðumaður sem aldeilis kann á þessu lagið.

Ég tek næstum að segja undir það, sem sessunautur minn, hv. þm. Karvel Pálmason, sagði undir ræðu þessa hv. þm.: „Það þyrfti þá bara að banna þetta allt saman.“

Ég er feginn því að heyra undirtektir hæstv. dómsmrh. undir mál mitt. Hann bendir á það að beita mætti ákvæði 15. gr. III. kafla þessa frv. til þess að kippa þessu máli í lag. Þar segir að „dómsmrh. getur sett nánari skilyrði um en um getur í 1. gr. og 2. mgr., þ. á m. sett sérstakar reglur varðandi vopn, er teljast vera sérstaklega hættuleg“. Treysti ég hæstv. ráðh. til þess að setja slíka reglugerð.

Hann nefndi fuglafriðunarlögin, að þau heyrðu undir menntmrh. Og það er rétt. Ég beini því þess vegna til hæstv. menntmrh. að hann taki þessi mál til athugunar.

En hæstv. dómsmrh. sagði eitthvað á þá leið, að hann teldi að það hlytu að vera í lögum ákvæði sem fullnægðu alþjóðasamþykktinni sem ég ræddi um áðan. En svo er ekki. Kunnugur maður, sem ég leitaði til um þetta mál, segir mér í bréfi: „Núna, þegar 20 ár eru liðin frá því að við gerðumst aðilar að þessari alþjóðasamþykkt, hef ég borið þessa samþykkt saman við lög nr. 33 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Virðist mér að við gerð þeirra laga hafi í stórum dráttum verið höfð hliðsjón af samþykktinni. Þó er eitt atriði sem ekki hefur komist inn í fuglafriðunarlögin, og það er e-liður í 5. gr. alþjóðasamþykktarinnar.“ Það er sá liður sem ég las hér áðan, um marghleyptar haglabyssur. Aðilar skuldbinda sig sem sé til þess að banna notkun marghlaðinna eða sjálfhlaðinna haglabyssa.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég tel það ekkert eftir mér, ef hv. þm. Jónas Árnason skortir fræðslu um eitthvert mál og ég er í stakk búinn til þess að hafa einhverja þekkingu á því, að veita honum hana. Ég vil t. d. minna á það, að hv. þm. hefur flutt hér á Alþ. í vetur, að mig minnir, till. um aukna friðunarráðstafanir gagnvart rjúpunni. Ég man eftir því, að það var fræg saga þegar ég var í menntaskóla norður á Akureyri, að einu sinni hafi þar ágætur kennari, Brynleifur heitinn Tobíasson, verið að kenna og þá hafi komið dúfa, og sest í gluggann, og þá hafi hann sagt: Ja, alltaf er hann nú tignarlegur, krummi greyið. Það getur vel verið að það sé ástæða til þess, ef þm. ruglast svo á fuglategundum að halda að þeir séu að tala um gæsir þegar þeir eru að tala um rjúpur eða eitthvað slíkt, þá vilji menn bara láta það vera og ekkert reyna til að leiðrétta það. En mér finnst alveg sjálfsagt, ef kemur fram hjá einhverjum þm. vanþekking á einhverju atriði, sem hann leggur til, og aðrir þm. vita betur, að þeir reyni þá að leiðrétta það hjá honum.

Ég vil enn fremur taka fram til þess enn að leiðrétta frekar það sem hv. þm. hefur sagt, að mér er ekki kunnugt um að maður, sem kann að handleika haglabyssu, þótt hann komist yfir 5 skota haglabyssu sem, eins og ég sagði hv. þm., er almennt milli rjúpnaveiðimanna kölluð haglapumpa, skjóti nokkurn tíma 5 skotum í hrinu úr byssunni, enda mundi hann ekki hitta nokkurn skapaðan hlut með síðustu tveimur skotunum. Hér er aðeins um það að ræða, alveg eins og þegar farið er með tvíhleypu, að það er möguleiki á því, ef fyrsta skot misheppnast, að þá getur veiðimaðurinn náð til særðs fugls með öðru skoti. Mér er ekki kunnugt um og hef aldrei orðið var við að maður, sem kann að handleika vopn eins og þessi, skjóti 5 skota hryðju úr 5 skota haglabyssu, þannig að það er í sjálfu sér ekkert atriði hvort slíkt vopn sé bannað eða ekki. Menn geta gert það ef þeir kæra sig um. Þá er auðvitað langbest að þm., sem samþykkja slíkt, viti um hvað þeir séu að tala. Hins vegar hafa þessar byssur verið eftirsóttar einfaldlega vegna þess, að þær eru þannig byggðar að þær slá miklu minna en einskota og tvískota byssur og eru því ekki fyrir vanan veiðimann eins erfiðar í notkun.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram, vegna þess að mér er kunnugt um hvernig þessi mál standa, og mér finnst að hv. þm. Jónas Árnason geti ósköp vel tekið því vel ef hann er upplýstur um einhver efni sem hann er ekki kunnugur um, jafnvel þó að það séu þingræður hans sem verða að gegna hlutverki kennarans í því sambandi. Ég sé ekki að hv. þm. þurfi að vera mér neitt sérstaklega reiður fyrir það.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Þetta eru auðvitað búnar að vera fróðlegar umr., en á þessu stigi máls hef ég því miður engum upplýsingum við að bæta sem mér liggja mjög svo þungt á hjarta. En ég hafði, þegar þetta frv. lá fyrir til umr. á síðasta þingi, búið mig undir að gera við það ýmsar aths., en af alveg sérstökum ástæðum, sem eru óframbærilegar, er ég ekki við því búinn nú, þegar málið kemur til 1. umr. í dag, og verð þess vegna að geyma mér aths. mínar til 2. umr. Ég hafði ýmislegt við ýmsar gr. frv. að athuga, og sá raunar á dögunum að frv. hafði ekki tekið breytingum í þá veru sem ég hafði áhuga á. Þess vegna er það, þótt nokkuð seint sé, að ég verð að geyma mér rétt minn í þessu efni að flytja brtt. við 2. umr. málsins. En e. t. v. er það ekki í sjálfu sér neitt úr vegi að ég komi þeim til þeirrar n. sem væntanlega fær málið til meðferðar.

En hér hefur, auk þess sem rætt hefur verið um þetta frv., lítillega verið minnst á fuglafriðunarlögin, sem eru önnur lög og heyra undir annað rn. Vissulega væri ástæða til að mínum dómi að Alþ. tæki þau lög til sérstakrar athugunar. Ég vil þó minna á að allvel er fyrir friðun fugla séð í fuglafriðunarlögunum. Ég held að ég muni það rétt, að aðeins 5 tegundir fugla séu ófriðaðar allt árið, það munu vera veiðibjalla, kjói, hrafn, sílamávur og silfurmávur, en aðeins rúmar 30 eða 34 tegundir sem heimilt er að skjóta einhvern hluta ársins og sumar í mjög skamman tíma.

Ég hef mjög farið með — alveg frá barnæsku — skotvopn. En því lengur og meir sem ég hef haft slík vopn undir höndum, þeim mun meiri áhuga hef ég fengið á verndun t. d. fugla og friðun þeirra. En það má auðvitað ganga um skör fram í þeim efnum eins og öðrum og er orðið lítt bærilegt þegar fuglafriðunarlögin eru svo ströng, að jafnvel skólum tekst ekki að afla sér uppstoppaðra fugla til kennslu. En uppstoppaður fugl er auðvitað miklu lærdómsríkari fyrir fólk að kynna sér heldur en jafnvel hinar gleggstu litmyndir, svo sem menn auðvitað geta séð í hendi sér. Ég held einmitt að þessi tvö mál séu skyld og ástæða sé til að taka fuglafriðunarlögin til endurskoðunar.

En mála sannast er það, að þótt settar verði strangar skorður við misnotkun skotvopna og ströng lög um fuglafriðun, þá verður aldrei siglt fyrir öll sker með það, að ekki fyrirfinnist menn sem sniðganga slíkar reglur, því er nú verr og miður. Eins þótt settar verði miklu strangari

reglur um hvernig menn geti náð í byssuleyfi, þá hygg ég að ekki verði loku skotið fyrir að í þessum efnum sem svo mörgum öðrum verði margur gikkurinn í veiðistöðinni. En það er hins vegar ljóst að mínum dómi, að það þarf nokkurra viðbragða við. Það er lítt bærilegt að menn í hópum saman fari um landið með þessi lífshættulegu vopn og skjóti á allt dautt og lifandi, eins og reyndin hefur víða verið. T. d. þegar leyft er fyrst hinn 20. ágúst að hefja gæsaveiðar, þá fara þessir skotglöðu menn með vopnum sínum þannig að menn mega vara sig með búsmala sinn. (Gripið fram í.) Búsmalinn má víða vara sig á skotglöðum mönnum, annað mál er það.

Ég vildi aðeins á þessu stigi málsins taka undir það, að fuglafriðunarlögin verði endurskoðuð, því að þótt um þessi mál gildi sérlög, hvorn um sig þessara málaflokka, þá eiga þau í mörgu skylt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 322 (sbr. 73)). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Í sambandi við lausn kjaradeilunnar í febrúarmánuði á s. l. ári gerðu Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða, þar sem m. a. var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka veittu lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga samkv. l. nr. 63 1971, sérstaka uppbót á árunum 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar yrðu betur verðtryggðar en hafði verið fram að þeim tíma. Í l. nr. 33 20. maí 1976, um breyt. á l. nr. 63 frá 1971, var þessu áformi hrundið í framkvæmd. Jafnframt hafði verið gert ráð fyrir því, að sambærilegar breytingar yrðu gerðar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Hins vegar vannst ekki tími til að bera slíkt frv. fram á síðasta þingi.

Talið var nauðsynlegt til þess að ná sambærilegum greiðslum úr Lífeyrissjóði bænda og þeim, sem þá þegar höfðu verið upp teknar úr þeim lífeyrissjóðum sem ég gat um áðan, að setja brbl. á s. l. sumri og var það gert. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt til staðfestingar á þeim brbl., frv. á þskj. 73, og gerir ráð fyrir breyt. á l. um Lífeyrissjóð bænda til samræmis við þær breytingar sem gerðar höfðu verið og ég gat um áðan.

Í hv. Ed. var gerð breyting á frv. eins og það var lagt fram, nánast leiðrétting. Það hafði verið um að ræða misritun í 10. gr. Brtt. er á þskj. 322, að í 10. gr. frv., þar sem stendur að ákvæði 1. gr. skuli gilda frá 1. jan. 1975, komi: ákvæði 2. gr.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv., en leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs hér utan dagskrár, er viðtal sem birtist í Morgunblaðinu í gær við Björn Jónsson skólastjóra í Hagaskóla hér í Reykjavík, en það er varðandi hið nýja fyrirkomulag á einkunnagjöf við grunnskólapróf. Þar er vikið að máli sem að mínu mati er svo alvarlegt og viðkvæmt, að ég tel óhjákvæmilegt að gera það að umtalsefni hér á hinu háa Alþ. Viðtalið staðfestir raunar þær áhyggjur sem ég hef haft allt frá því að ég heyrði fyrst af hinu nýja fyrirkomulagi.

Efni málsins er það, að samkv. ákvörðun prófanefndar menntmrn. hefur verið tekið upp nýtt fyrirkomulag í einkunnagjöf við grunnskólapróf. Í stað gamla kerfisins, sem við öll könnumst við, er einkunnagjöfin nú samræmd í bókstöfum, bekkjardeild er skipt í 5 hópa, stærð hvers hóps er ákveðin fyrir fram, fundin er normalkúrfa, og nú er það tölva, en ekki kennari, sem ákveður námsárangur hvers nemanda. Um þetta segir nefndur skólastjóri í viðtalinu í Morgunblaðinu, með leyfi forseta, -- ég grípur niður í viðtalið:

„Þá kemur meðaltalsútreikningurinn á einkunnum út á mjög vafasaman hátt. Ef nemendahópurinn er jafn í árangri getur þetta verið neikvætt fyrir marga, og ég hygg að margir nemendur, sem hafa talið vel ganga hjá sér í þessum síðustu prófum, eigi eftir að sjá allt annað og verra þegar tölvan hefur skilað útreikningi. Þegar jöfnuðurinn er mikill í prófum getur munað svo litlu til þess að tölvan reikni einum nemanda allt að 2—3 stigum lægra af 10 mögulegum en öðrum nemanda sem e. t. v. hefur aðeins skilað örlítið betri árangri en skólafélagi hans.“ Og síðan segir skólastjórinn: „Hitt er svo, að þessi fjárans einkunnagjöf er alger vitleysa og það er enginn sem treystir sér til þess að mæla þessu bót, ekki einu sinni þeir sem standa fyrir þessu. Þetta er fáránlegt. Þjóðin er ofurseld skólakerfinu og því á svo gallað fyrirkomulag sem raun ber vitni ekki að vera í gildi.“ Hann dregur það síðan í efa að prófanefndin tali sömu tungu og þjóðin.

Enn fremur er kvartað undan því af skólum og nemendum að ýmsum skólum og hópum nemenda sé mismunað, en ég leiði það hjá mér, enda skiptir það ekki meginmáli þegar ég geri þetta að umtalsefni hér utan dagskrár. En kjarni málsins er sá, að námsárangur nemenda fer nú ekki eftir eigin frammistöðu hvers nemanda, heldur er viðkomandi nemandi dæmdur með hliðsjón af hvernig bekkjardeildinni í heild sinni gengur.

Hinn 8. maí 1974 samþykkti Alþ. lög um grunnskóla. Flestum eru enn í fersku minni þær miklu umr. sem fram fóru um þessa lagasetningu. Þar sýndist sitt hverjum. Ánægjulegt var þó að finna þann einlæga áhuga og þá alúð sem þm. sýndu þegar grunnskólafrv. var hér til afgreiðslu. Sá áhugi var spegilmynd af viðhorfum þjóðarinnar sem lætur sér tvímælalaust annt um skólamál og skilur þýðingu skyldunámsins og skólauppeldisins. Grunnskólalögin eru 88 gr. Þar er víða komið við, lögbundin hin smæstu atriði: um stjórn grunnskóla, húsnæði, starfstíma, námsefni, kennsluskipan o. s. frv., og þar er ákveði um

námsmat og próf þar sem segir m. a., að hverjum kennara og skóla beri að fylgjast vandlega með því, hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi sem skólinn setur þeim. Yfirleitt bera ákvæði laganna það með sér, að meira tillit skuli tekið til hvers nemanda sem sjálfstæðs einstaklings en áður var gert.

Ég tel að ákvörðun um breytingu á einkunnagjöf sé ekki ómerkilegri heldur en ýmislegt það sem í frv. felst, og með hliðsjón af þessari ítarlegri löggjöf skýtur það sannarlega skökku við, að prófanefnd rn. hafi það mikið svigrúm að hún geti umbylt prófafyrirkomulagi og einkunnagjöf nánast upp á eigin spýtur. Formlega séð má vera að Alþ. geti við sjálft sig sakast. En mér er til efs að fyrirkomulag það, sem nú hefur verið ákveðið, sé í samræmi við anda laganna, og vissulega starfar n. á ábyrgð menntmrh. Eftir allan þann sparðatining sem lögin innihalda — og geri ég þó ekki lítið úr þeim ákvæðum — er það sannarlega andkannalegt að svo mikilvægur þáttur í skólastarfinu og náminu sé ákveðinn að geðþótta einnar n. í rn. Mér er til efs að hæstv. ráðh. hafi áttað sig á hvaða skref hafi verið stigið hér. Sannleikurinn er sá, að nemendur jafnt sem kennarar eiga mjög erfitt með að skilja útfærslu þessa kerfis og það ríkir mjög mikil óánægja með það hjá skólastjórum og kennurum.

Ég hef áhyggjur af þróun þessa máls og tel eðlilegt og nauðsynlegt að hreyfa því hér á Alþ., ekki aðeins til að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh., heldur til að árétta þá skoðun mína, að Alþ. eigi að láta álit sitt í ljós á svo þýðingarmiklu máli.

Það vakna margar spurningar: Viljum við að tölva taki við hlutverki kennaranna? Viljum við staðla alla nemendur? Á að meta námsárangur hvers og eins nemanda í samræmi við eigin frammistöðu eða með hliðsjón af getu allra hinna? Á að jafna æskuna út í einhverja meðaltalsflatneskju? Og nú má ekki lengur spyrja: hvað getur nemandinn sjálfur? heldur: hvar stendur hann og hvar lendir hann í kúrfunni?

Hið nýja fyrirkomulag, sem prófanefnd hefur lagt til og ákveðið, er mikil breyting, róttæk breyting sem mun hafa varanleg áhrif í skyldunáminu hér á landi ef hún verður látin óátalin. Slíkt kerfi hefur verið reynt erlendis og af því hlotist mjög misjöfn reynsla. Um það hefur staðið styrr og stórpólitísk átök, og spurningin er sú, hvort við íslendingar göngum fúsir inn á þessa braut eða hvort við viljum byrgja brunninn í tæka tíð. Í raun og veru, svo að maður tali alveg hreint út úr pokahorninu: Ætlum við að líða þessa vitleysu? Þessari spurningu verður Alþ. að svara. Ég hef tjáð hæstv. ráðh., að ég mundi láta þessar áhyggjur mínar hér í ljós, og ég vil að hann upplýsi þingið, hvernig slíkt hefur borið að, og gefi þinginu tækifæri til að taka afstöðu til þessa þýðingarmikla máls í menntamálum okkar.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil nú strax taka það fram í beinu framhaldi af síðustu orðum hv. fyrirspyrjanda, að ég mun ekki leggja gerð prófa fyrir Alþingi á meðan ég er ráðh. Ég álít að það heyri ekki undir löggjafarmál samkv. lögum þar um. Mér fannst eðlilegt að verða við því að taka þátt í að svara fsp. hv. þm. utan dagskrár, enda þótt ég sé satt að segja í nokkrum vafa um að málið sé á því stigi núna að það sé í sjálfu sér eðlilegt eða gagnlegt að taka það fyrir hér á Alþ. utan dagskrár.

Það hefur þegar orðið umr. um þetta mál í fjölmiðlum og það er kannske spurningin fyrst og fremst, hvort ástæða sé til þess að taka þetta hér inn á Alþ. til umr. eður ei, hvort yfirvofandi er eða þegar orðin einhver tregða á upplýsingum um það sem er að gerast í þessu máli. Það, sem hefur komið fram í fjölmiðlum til þessa, er í örstuttu máli það, að útvarpið greindi frá óánægju sem hefði komið í ljós, daginn eftir kom það viðtal í Morgunblaðinu sem hv. þm. greindi frá. Samdægurs var tekinn útdráttur úr því í fjölmiðlum, og samdægurs og útvarpið birti þennan útdrátt kom grg. frá menntmrn. í fréttatíma útvarpsins þá um kvöldið, þar sem rakin voru nokkur þau atriði, sem í viðtalinu eru nefnd, og jafnframt því lýst yfir, að nánari grg. frá rn. yrði tekin saman og birt innan tíðar. Mér sýnist því engar horfur á að þarna sé nein tregða á upplýsingum fram undan og þess vegna hefði ekki verið nein sérstök ástæða til þess að taka þetta til meðferðar hér utan dagskrár. En það er hins vegar mat hv. þm. Því síður er ástæða til þessa, að ég fékk að vita af þessu í morgun eitthvað um kl. 10.30, var þá að fara á fund sem ég hafði verið boðaður á með fleirum um kl. 11 og annan fund kl. 12 svo að enginn tími vannst til þess að taka saman neitt nýrra í málinu heldur en það sem fram hafði komið í útvarpi og víðar og allir í sjálfu sér hafa aðgang að, því það er mjög auðvelt að fá handrit af fréttum hjá Ríkisútvarpinu.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að með grunnskólalögunum og jafnvel án grunnskólalaganna, jafnvel án þess að nokkur ný löggjöf hefði verið sett, þá hlutu menn að hefjast handa um nokkra breytingu á námsskipan og þar með prófaskipan frá því sem verið hafði um nokkuð langa hríð. Ég held að nálega allir, a. m. k. þeir sem í menntmrn. starfa, hafi verið sammála um að þetta var nauðsynlegt. Það rak svo vitanlega á eftir að sett var ný löggjöf þar sem beinlínis var gert ráð fyrir því að slík nýskipan bæði á námsefni og námsmati ætti sér stað.

Ég vil leggja áherslu á í framhaldi af þessum orðum, að fram hefur farið að mínum dómi mjög ítarleg kynning á því sem í bígerð var. Það hefur ekki komið skyndilega. Ég minni á það að í Fréttabréfi frá 15. nóv. s. l., Fréttabréfi menntmrn., sem m. a. öllum hv. alþm. er sent og fjölmörgum mönnum í skólakerfinu, fjölmiðlum og fleiri aðilum, þar er mjög ítarleg grg. um breytingarnar á námsmatinu. Síðar er enn nánari grein gerð fyrir einstökum smærri atriðum í fleiri bréfum til skólastjóra og kennara frá 9. og 10. des., en það er náttúrlega ekki von að hv. þm. hafi fengið þau í hendur. En í nefndu Fréttabréfi er mjög ítarlega um þetta fjallað. Ég vil einnig minna á það, að löngu áður en þessar upplýsingar voru gefnar hafði þetta verið rætt eða kynnt á líkan hátt í Fréttabréfi rn. frá því að

mig minnir haustið 1975, það var í 9. Fréttabréfinu, og einnig í dreifibréfum, bæði almennum dreifibréfum til skólanna og dreifibréfum þar sem fjallað var um einstakar námsgreinar sérstaklega. Þetta finnst mér skipta miklu máli að hv. þm. sem aðrir geri sér ljóst, að mikill undirbúningur hefur átt sér stað áður en þessi breyting er gerð og að leitast hefur verið við af hálfu rn. að kynna hana sem allra rækilegast sem allra flestum, þeim sem hlut eiga að máli, fyrst og fremst innan skólakerfisins, en einnig t. d. hv. alþm. sem eins og eðlilegt er hljóta að láta sig miklu varða hvernig svo þýðingarmikil löggjöf sem grunnskólalöggjöfin er framkvæmd.

Ég tel það nánast útilokað að fara að ræða hér faglega um þessi mál. Ég tel að hvorki sé eðlilegt að taka til þess tíma í fsp.-tíma í hv. þd. né heldur hef ég af ástæðum, sem ég greindi frá áðan, haft tækifæri til þess að búa mig undir slíka umr. eins og ég hefði viljað. Og ég minni aftur á það, að samfelldar upplýsingar hafa komið fram og munu koma fram áframhaldandi í blöðum, ríkisfjölmiðlum og í Fréttabréfi menntmrn. Ég hefði að vísu getað einfaldlega gert það að minu innleggi í þetta mál efnislega, flutt hér kaflann, útlistanirnar í Fréttabréfi menntmrn. nr. 17 frá 15. nóv. s. l., þar sem þetta er, eins og ég áðan sagði, útlistað mjög rækilega. En mér finnst ekki eðlilegt að gera það hér og nú. Þetta eru einar 9 vélritaðar síður.

Ég sagði áðan að breytingar hefðu verið orðnar óhjákvæmilegar á námsskipan og námsmati. Allir hv. þm. hafa orðið varir við þá miklu gagnrýni sem fram kom á undanförnum missirum á skólakerfið. Það var gagnrýnt hversu litlar breytingar þar hefðu orðið, hversu mikil stöðnun hefði orðið, og var oft tekið sterkt til orða um þetta.

Ég vil leggja áherslu á það í framhaldi af orðum hv. fyrirspyrjanda um að mikið vald væri lagt í hendur einnar n. að gera og ganga algerlega frá prófum, að þetta er ekki rétt. Prófanefnd hefur ekki úrslitaorðið um þessi mál. Það er prófanefndin sem vinnur þetta upp í fyrstu, hún er eðlilegur aðili til þess og til þess sett, en jafnframt er fjallað um málið í skólarannsóknardeild rn., sem prófanefnd starfar undir að sjálfsögðu, og síðan kemur málið til ráðh. og ráðuneytisstjóra áður en þetta er látið út ganga.

Ég skal manna fúsastur viðurkenna að slíkar breytingar sem hér er verið að gera eru ákaflega vandasamar. Það er mikill vandi á höndum fyrir alla aðila sem að þeim vinna og þá náttúrlega ekki síst fyrir ráðh. sem síðastur skrifar undir bréfin áður en þau ganga út. Og mér finnst það ekki nema vonlegt og í raun og veru óhugsandi annað en af þeim þúsundum manna, sem vinna við kennslu á Íslandi, hljóti alltaf að vera nokkur hópur sem er mjög gagnrýninn á slíkar breytingar og kannske tekur þeim ekki alveg opnum örmum. Ég held að það sé útilokað að gera jafnumfangsmiklar breytingar eins og þær, sem hér er um að ræða, án þess að fram komi einhver fremur neikvæð viðbrögð, kannske ekki alltaf að nægilega vel athuguðu máli. Og til er svo það líka, að fyrir hrein mistök verða óþægindi. Ég man eftir því, að það kom upp gagnrýni í fyrra í sambandi við breytingu, sem þá var verið að gera, að breytingin hefði ekki verið kynnt með nægilegum fyrirvara. Og þá kom það hreinlega í ljós, að bréf rn., sem sent var með mjög löngum fyrirvara, hafði hreinlega lagst til hliðar — svona eins og getur náttúrlega alltaf átt sér stað — og kom sér mjög illa. Er ekki til mikilla bóta, eins og þá átti sér stað, að fara með það í blöðin. Þó að það hins vegar kannske skaði ekki mikið, þá er það varla til bóta. Málið er nú við þessa fyrstu tilraun á mjög viðkvæmu stigi.

Það hafa orðið nokkur mistök við framkvæmdina núna. Hv. þm. sagðist ekki gera þau sérstaklega hér að umtalsefni. Hins vegar var fjallað um þau í nefndri frásögn í Morgunblaðinu og allt að því gefið í skyn að um misferli eða mjög alvarleg mistök a. m. k. hefði verið að ræða. Ég vil láta það koma fram hér, að það sem ég hef getað kynnt mér um þessi mistök — það eru þrjú atriði sem ég hef heyrt nefnd — þá hefur þetta komið fram:

Við gerð prófa í ensku, sem notuð voru í hljóðvarpi og á segulbandsspólum, urðu mistök, — mistök sem ég get ekki á nokkurn hátt afsakað og á satt að segja mjög erfitt að sætta mig við að skuli geta átt sér stað hjá fólki sem er til þess sett að vinna upp svo þýðingarmikil verkefni sem barna er um að ræða. Ég get aðeins sagt til viðbótar þessum orðum um þetta atriði, að það verður allt gert sem unnt er til þess að koma í veg fyrir að þessi mistök hafi áhrif á niðurstöður prófanna og þá sérstaklega í þá veru að skaða þá sem próf taka.

Í annan stað hefur það komið fyrir og verið gagnrýnt, að próf, sem var tímatakmarkað, hafi verið framlengt um 10 mínútur. Við þá athugun, sem ég hef getað látið gera nú þegar, virtist koma í ljós, að af ástæðum, sem örðugt var að ráða við, byrjaði þetta tiltekna próf í þessum tiltekna skóla um það bil 10 mínútum síðar en það átti að byrja og til þess að jafna það upp var tíminn framlengdur um 10 mínútur.

Þá kom það fyrir í einum skóla, að hátalarakerfi skólans reyndist ekki vera í lagi þegar til átti að taka. Um það vil ég segja líkt og ég sagði áðan um gerð prófanna og mistökin við þau, að það er mjög erfitt að afsaka svona lagað. Það er mikið í húfi þegar á að taka próf, og það er náttúrlega óforsvaranlegt af viðkomandi aðilum að hafa ekki prófað kerfið fyrir fram. Vera má þó að það hafi verið í lagi síðast þegar það var notað, og maður skyldi þess vegna ekki að litt athuguðu máli kasta steini að þeim sem hér áttu hlut að máli. En þannig var þetta barna, og þá var gripið til þess eina ráðs, sem tiltækt var, að nota segulbandið. Það er mishermt í nefndri frásögn, að í nokkrum skólum hafi prófið verið tekið upp eftir útvarpi. En prófið var bæði flutt í útvarpi og það var tekið á bönd og skólum, sem þess óskuðu, gefinn kostur á því að fá þessi bönd og nota þau jafnframt.

Mér fannst rétt að láta þetta koma fram, því það er hægt á tiltölulega stuttum tíma, þó að ekki vilji ég fara út í faglegar umr. um þetta mál í heild hér í fsp.-tíma.

Ég vil svo leggja áherslu á það, að nánari grg.

heldur en birt var í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi, þ. e. frá menntmrn., nánari grg. verður tekin saman og birt svo fljótt sem unnt er. Og ég vil enn fremur að lokum leggja áherslu á það, að *námsmat og uppbygging náms í skólakerfinu, í* þessu tilfelli í grunnskólanum, er vitanlega og á að vera stöðugt í endurskoðun, þó að auðvitað verði að forðast skyndibreytingar. En hún á að vera og er stöðugt í endurskoðun. Á þetta atriði var rækilega bent, t. d. í Fréttabréfi menntmrn. sem ég var að vitna í og hv. þm. fengu í hendur í nóv., en þar segir um þetta atriði á þessa leið:

„Þrátt fyrir þá skipan, sem hér hefur verið lýst við námsmat við lokun grunnskóla, er ekki þar með sagt, að hér sé um endanlega lausn að ræða. Fylgst verður vel með kostum og göllum þessa fyrirkomulags, eins og þeir birtast á hverjum tíma, og nauðsynlegar lagfæringar verða gerðar þegar í ljós kemur, að þeirra er þörf."

Á þetta var lögð áhersla í lok þessarar grg., sem ég nefndi, og ætla ég að svo hafi jafnan verið þar sem menntmrn. hefur látið frá sér heyra um þessi umfangsmiklu mál.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að hann teldi ekki koma til mála að bera gerð próf undir Alþ. Það er rétt. Alþ. getur ekki staðið í því að úrskurða um próf, sem lögð eru fyrir nemendur hver skuli gerð þeirra. Hins vegar er það að mínum dómi skylda okkar alþm. að láta okkur þessi mál varða. Próf eru að sjálfsögðu mjög þýðingarmikil fyrir unga fólkið og mikið undir því komið að þau séu þannig úr garði gerð, að nemendur uni sæmilega við svo og kennarar og skólastjórar.

Eins og hv. þm. Ellert B. Schram benti á hér áðan, þá hefur komið fram mjög alvarleg umkvörtun frá einum virtum skólastjóra varðandi tilhögun og gerð prófa nú nýlega, og ég er sannfærður um að undir þau orð taka allflestir skólamenn.

Hitt er svo annað mál, að próf eru mikið vandamál, hvernig þau skuli lögð fyrir, og í prófum fæst aldrei fram allt um nemandann, allt sem máli skiptir. Próf eru ekki að því leyti verri núna en þau hafa lengstum verið. Helsti gallinn, sem ég fann á prófum þegar ég starfaði að kennslu, var sá að þau gáfu manni aldrei tækifæri til þess að gefa nemandanum einkunn fyrir almennan þroska, fyrir almenna lífsvisku. Ég varð oft vitni að því að þeir nemendur, sem ég taldi efnilegasta í flestu tilliti, hreinlega féllu, af því að þeir höfðu ekki þá þjálfun sem þurfti til þess að komast í gegnum próf. Ég saknaði þess oft, að ekki skyldi vera einhver aukaliður þar sem maður gæti gefið nemandanum einkunn fyrir þroska hans og lífsvisku yfirleitt. Sem íslenskukennari fann ég þetta kannske betur en aðrir, þessi þroski og þessi lífsviska kom svo oft fram í ritgerðum. En úr því að okkur tókst þetta ekki þá, held ég okkur takist þetta enn þá síður núna, eftir að þjóðfélagið hefur þróast eins og raun hefur á orðið síðustu áratugina.

Eitt getum við gert, og það er að setja svolítinn hemil á það fólk sem kemur utan úr heimi með háskólagráður upp á það, að það viti manna best hvernig eigi að haga þessu máli hér uppi á Íslandi. Ég dreg stórlega í efa að það fólk sé alltaf hæfast til að úrskurða *um þessi mál. Satt að segja hef ég ástæðu til* þess að ætla að það nám, sem það hefur stundað við erlenda háskóla, torveldi því, þegar það kemur heim, að meta hvað hæfir þessu þjóðfélagi okkar, það hafi lært sig burt frá sannleikanum um íslenskt þjóðfélag, ef svo mætti að orði komast. Við erum hér að tala um próf. Mér sýnist varðandi þetta fólk, að það ætti að undirgangast eitt próf áður en það tekur við þeim embættum sem snerta skólamálin. Með því prófi ætti að fá úr því skorið, hvað þetta fólk veit mikið um íslenskt þjóðfélag og þá þjóð sem byggir þetta land.

Eftir því sem þéttbýli eykst fjölgar því fólki sem elst upp í þéttbýli, kynnist ekki öðru lífi en því sem lifað er í þéttbýli, fer síðan í skólana í þéttbýlinu, svo í þennan háskóla okkar íslendinga, sem því miður virðist líka vera að einangrast frá þjóðinni, og síðan í einhvern erlendan háskóla, kemur svo heim til þess að leiða okkur í sannleikann um tiltekin mál, án þess þó að vita hvernig háttar til í þessu landi. En í þessu landi háttar þannig til, í þessu þjóðfélagi okkar, — það sannfærist maður æ betur um eftir því sem maður eldist og eftir því sem maður fer víðar í heiminum, — að þetta er alveg einstakt þjóðfélag. Það er ekki til í heiminum neitt þjóðfélag sambærilegt við þetta. Þess vegna er ekki hægt að flytja hingað inn hráar neinar kenningar — ekki í skólamálum, efnahagsmálum eða almennt í stjórnmálum. Þær þurfa allar að samræmast íslenskum aðstæðum *ef þær eiga ekki að gera bölvun. Því miður er* það þannig, vegna skorts á þessari samræmingu, að þær gera oft bölvun. Og það vil ég segja hæstv. menntmrh. í fullri einlægni, að það hefur skapast bil milli menntmrn. og þeirra sem í þessu sambandi eiga að vinna á þess vegum. Bilið milli kennara og skólastjóra úti á landsbyggðinni og menntmrn. er að mínum dómi orðið ískyggilegt. Maður þarf ekki að fara víða í skóla til þess að átta sig á þessu. Hæstv. ráðh. minntist hér áðan á dreifibréf sem verið væri að senda til skólanna með ýmsum fyrirmælum, sett saman af þessum sérfræðingum sem koma með gráðurnar frá útlendu háskólunum. Ég hef komið í kennarastofu þar sem allur kennarahópurinn sat yfir síðasta bréfi og var að reyna að finna merkingu þess.

Þetta er mjög alvarlegt mál. Og þetta er án efa ein ástæðan fyrir mistökum eins og hér er um að ræða. Það er ekki nógu eðlilegt samband á milli rn. og kennara og skólastjóra.

Ég held að hæstv. menntmrh. ætti að doka við ofurlítið, meta það í rólegheitum hvort viska sérfræðinganna þurfi endilega alltaf að duga íslensku skólakerfi betur en sú viska sem hann öðlaðist sjálfur í dentíð sem kennari austur *á Mjóafirði.*

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð að játa það, að ég er sannast sagna ekkert undrandi á því þó að þetta mál beri hér á góma, ekki reyndar viss um að þetta sé sú æskilegasta aðferð

til þess að ræða þetta mál, að ræða það hér utan dagskrár, en ég er alveg sammála síðasta ræðumanni um það, að þetta er mál sem mér finnst að þingið verði að veita athygli, ekki einasta þetta mál, heldur ýmis fleiri menntamál sem þm. gefa sér allt of lítinn tíma til í dagsins önn að leggja eyrun að eða hugleiða.

Ég verð að viðurkenna að mér sýnast línurita-kerfi þeirra skólarannsókna- og prófanefndarmanna hreint ekki álitleg við fyrstu sýn. Ég verð að viðurkenna það, að ég sé ekki framförina ótvíræða við þessa tölvuvinnslu á nemendum, við þessa kerfisflokkun sem þarna á að framkvæma, við þetta hlutfallsmat á nemendum. Ég ræði ekki sérstaklega um gerð prófa á þessum vettvangi, ekki sérstaklega um þær spurningar sem fyrir nemendur eru lagðar. Það er mikill vandi að prófa, það er mikill vandi að mennta fólk, en það er mikið ábyrgðarstarf og skiptir máli hvernig það útleiðist fyrir þann sem menntunina á að hljóta.

Ég hygg að grunnskólalögin, sem hér voru samþykkt fyrir fáum árum, hafi ótvíræða kosti. En þau hafa einnig áberandi galla sem með aukinni reynslu hlýtur að vera mögulegt að sneiða af þeim. Hæstv. menntmrh. rakti í ræðu sinni að rn. hefði haft rækilega kynningarherferð á þessu máli, þessu prófunaraðferðamáli. En ég efast nú um það satt að segja að verulegur hluti skólamanna hafi gert sér grein fyrir ágæti þessarar nýskipunar fremur en ég, jafnvel þó að þeir hafi reynt að hugleiða málið með jákvæðu hugarfari og leita að þeim kostum sem þarna hljóta að vera einhverjir fyrir hendi.

Hæstv. menntmrh. taldi þetta mál á sérlega viðkvæmu stigi nú í vor. Ég hygg að það sé rétt. Hann drap líka á það, sem ég vil ítreka sérstaklega, að þeir nemendur, sem verið er að gera þessa tilraunastarfsemi á, eru líka á viðkvæmu stigi, og það er meiri hætta að misgert sé við þá fremur en nokkurn tíma hina sjóuðu starfsmenn menntmrn. í prófanefndinni og í skólarannsóknum, því fyrir þessa krakka, sem verið er að prófa, kemur þetta vor ekki aftur. Þeir eiga eftir að lifa mörg góð vor þarna í rn., og þau eru hvert öðru lík hjá okkur þegar aldurinn færist yfir, en þessi ár líða hjá hjá krökkunum og þau eru bara farin og koma aldrei aftur, eins og austfirðingur sagði.

Ég verð að játa það, að mér finnst ýmislegt í þróun okkar skólamála, t.d. eins og staða stúdentsprófs í þessu kerfi, krafan um þann námsáfanga til flestrar menntunar í þjóðfélaginu, vera gengið langt úr hófi, t.d. eins og krafa um þann námsáfanga til þess að mega læra að hjúkra fólki eða læra að fóstra börn, svo að ég nefni bara tvö dæmi. Ég þekki fjöldann allan af fólki sem hefur getað kennt handavinnu, hjúkrað sjúkum og alið og gætt barna, prýðilegt til þess fært samkv. dómi reynslunnar, þó að það hafi ekki haft að baki sér stúdentspróf eða hefði e.t.v. ekki legið svo mjög opin fyrir því latína eða hin æðri stærðfræði.

Ég ætla nú ekki að fjölyrða um það atriði meira, en mér finnst ýmislegt af þessu bera keim af sérvisku og tiktúrum sérfróðra manna, að sjálfsögðu hámenntaðra, í kerfinu. Þeir hafa mótað löggjöfina og þeir hafa mótað framkvæmdina. Ekki er hægt að kenna alþm. um að þeir hafi verið að fitla við þetta meira en nauðsyn bar til eða sletta sér fram í þessi mál. Það er eðlilegt að kennarar og skólamenn og ráðuneytismenn taki þátt í þessu mótunarstarfi á skólamálum. Nemendur hafa jafnframt tekið nokkurn þátt í því líka. Frá þeim er komið nauð um frjálsa tímasókn o.fl., o.fl. Þeir hafa líka haft ákveðnar skoðanir á því, hvernig eigi að tryggja fjárhagsafkomu þess fólks sem er í námi. En ég bendi sérstaklega á það, að foreldrar hafa ekki verið spurðir nægilega ráða. Þeir hafa ekki verið hafðir með við uppbyggingu þessa menntakerfis.

Ég get vel skilið og vel afsakað þó að einhver mistök hafi orðið einhvers staðar í einhverjum skóla við framkvæmd nýmæla eins og þessara, og ég hef fyllstu samúð með þeim kennurum sem réðu ekki við það að gera þetta með því formi sem prófanefnd ætlaðist til að gert yrði eða skólarannsóknir. Það væri kannske ekki úr vegi að minnast á það, að útvarpsnotkun við prófun getur orkað dálítið tvímælis sums staðar á landinu, því að þau byggðarlög eru nú hér sem dreifikerfi útvarpsins er ekki í sem allra bestu standi. Og ég hygg að þeir skólar hafi nú fundist þar sem í þessum upplestri var töluvert mikið af braki og brestum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar ég sit undir ræðum eins og þeim, sem fluttar voru hér af tveim síðustu hv. þm., sannfærist ég betur um það, hversu nauðsynlegt er að hér fari fram a.m.k. einu sinni á ári á Alþ. alvarleg og hreinskilnisleg umr. um mennta- og skólamál. Ég get vel fallist á það, að það geti verið spurning um hvort rétt sé að taka málið upp utan dagskrár með þeim hætti sem gert er hér nú. En ég skal trúa þingheimi fyrir því, að ég sá ekki annarra kosta völ ef þetta mál átti að komast á dagskrá á þeim tíma sem máli skipti og meðan það var í sviðsljósinu. Því til sönnunar vil ég rifja það upp, að ég hef flutt a.m.k. þrjár till. í Sþ., till. til þál., þær voru, a.m.k. einhver þeirra, lagðar fram í nóv. og þær eru ekki enn þá komnar til umr., svo að virða verður mér til vorkunnar þó að ég taki málið upp nú til umr. hér utan dagskrár.

Ég skal taka tillit til anna hæstv. ráðh. og í sjálfu sér biðjast afsökunar á því, hversu seint ég talaði við hann í morgun. Engu að síður hef ég talið að hann hefði getað tjáð sig efnislega um það grundvallaratriði sem ég gerði hér að umtalsefni. Hann vék sér undan því. Ég fer ekki fram á að hann lesi hér upp úr fréttablöðum rn., heldur að hann hefði getað tekið afstöðu til þess og skýrt út, hvort hann væri raunverulega fylgjandi þeirri grundvallarbreytingu sem gerð er hér á prófgerð og einkunnagjöf í grunnskóla. Það er stærsta málið. Það er kjarni málsins. Hér er verið að breyta í veigamiklum atriðum frá kerfi, sem við þekkjum, til nýs fyrirkomulags, sem ég a.m.k. tel að sé til hins mesta ófarnaðar. Ég sé að hér í salnum sitja mjög margir sem hafa fengist við kennslu meira og minna, þ.á m. hæstv. ráðh., og ég höfða til hans og þessara kennara þegar ég vek athygli á því, að nú er verið að taka upp fyrirkomulag sem

gerir ráð fyrir því að hver nemandi sé ekki dæmdur af eigin frammistöðu, heldur sem einn af stórum hópi. Hann er dæmdur af frammistöðu bekkjardeildarinnar og verður að hlíta einhverjum útreikningum tölvu og normalkúrfum sem búnar eru til uppi í rn. Ég held, að þetta atriði sé ekki ómerkilegra en flest annað, jafnvel miklu þýðingarmeira heldur en allt annað sem er í grunnskólalögunum, og ég harma það ef hæstv. ráðh. telur að þetta mál eigi ekki erindi hingað inn á Alþ. Ég er þar algerlega á öndverðum meiði. Ég held að ef hann er ekki tilbúinn til þess að gefa Alþ. möguleika á því að tjá sig um og taka afstöðu til þessarar breytingar, þá verði að beita öðrum ráðum.

Hann vísar til þess, að málið hafi verið kynnt. Vel má vera að það hafi verið gert. Mér er kunnugt um að það hafi verið kynnt. En þá var það bara kynnt sem orðinn hlutur. Skólastjórar og skólamenn fengu að vísu að skoða þessar hugmyndir og kynna sér hvernig ætti að framkvæma þær, en þeir höfðu ekki minnstu áhrif á hvernig þær litu út áður en yfir lauk.

Hæstv. ráðh. sagði líka að það væri ekki rétt að prófanefnd tæki slíkar ákvarðanir. Ég hef hér fyrir framan mig reglugerð um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla og þar segir í 5. gr.: „Prófanefnd skal setja reglur um framkvæmd, úrvinnslu og einkunnagjöf samræmdra prófa sem rn. ákveður að haldin skuli.“ Auðvitað er það síðan ráðh. að staðfesta slíkar reglugerðir, enda tók ég það fram, að hann bæri ábyrgð á þessari reglugerð, og ég lét þá skoðun í ljós einmitt með hliðsjón af hans miklu lífsreynslu og hans fyrri störfum, að hann hefði ekki fyllilega áttað sig á því hvaða skref hefði verið stigið.

Ég vil lýsa mig algerlega sammála því, sem fram kom í ræðu hv. þm. Jónasar Árnasonar og hv. þm. Páll Pétursson tók undir, að ástæðan fyrir þessum breytingum er sennilega sú sem hann nefndi, að mjög vel menntaðir, hámenntaðir sérfræðingar leggja til breytingar á kerfinu bara breytinganna vegna og vegna þess að þeir hafa lært þetta erlendis, en átta sig alls ekki á því, hvort það eigi við hér uppi á Íslandi eða ekki. Og ég er þeirrar skoðunar, að í okkar tiltölulega fámenna þjóðfélagi sé mjög auðvelt að haga mati á námsárangri nemanda þannig að hægt sé að taka tillit til hvers einstaklings, hugsa meira til hans heldur en að horfa alltaf til heildarinnar og meta starf skólanna út frá skólanum sjálfum, en ekki út frá nemandanum.

Ég skal, herra forseti, ekki tefja lengur þetta mál. Ég er búinn að taka fram, að erindi mitt hingað upp í ræðustólinn utan dagskrár var ekki endilega að leita mikilla svara hjá hæstv. ráðh., heldur að vekja athygli á þessum ákvörðunum og leggja áherslu á að Alþ. fái tækifæri til þess að taka afstöðu til þeirra.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðum síðustu þriggja ræðumanna.

Hv. þm. Jónas Árnason, og hv. fyrirspyrjandi tóku undir það, þeir virðast álíta að þetta mál sé svo einfalt að hæstv. menntmrh. geti afgreitt þessi prófamál á hné sér og bara byggt á einhverri reynslu austan úr Mjóafirði þegar hann var að kenna þar 10—12 börnum! Það er ekki til neins að tala svona, nema ef menn náttúrlega vilja taka upp „skemmtilegar“ umr., eins og um hríðskotabyssurnar áðan. Þá er náttúrlega hægt að hafa uppi svona tal. En þetta er alveg tilgangslaust, því að við vitum það allir þm. jafnvel, að málin eru ekki lengur leyst á þennan hátt. Við Jónas Árnason erum hins vegar innilega sammála um það, og það kom glöggt fram í skemmtilegum umr. um menntamál fyrir nokkrum árum, að við söknuðum þessara gömlu daga þegar lífið var örlítið einfaldara en það er nú. Það er alveg áreiðanlegt að við erum sammála um það. En við vitum báðir jafnvel, að við snúum ekki hjólinu til baka að þessu leyti.

En ég vil út af þeim orðum, sem hafa fallið t. d. hjá þessum tveimur hv. þm. sem ég nefndi núna, leggja áherslu á það, að þessari breytingu er alls ekki dembt á fyrirvaralaust. Það hefur haft mikinn aðdraganda og það hefur margt bréfið út gengið um það, þó að sum kunni að hafa verið torskilin, eins og hv. þm. Jónas Árnason vék hér að.

Ég kann ákaflega illa við það hjá hv. þm., hverjum eftir annan, að lýsa því nánast yfir að sú menntun, sem menn kynnu að afla sér erlendis, t. d. á Norðurlöndum, t. d. í hinum breska heimi, svo að ég nefni þau lönd sem eru næst okkur og líkust að menningu, sé bara til bölvunar. Mér finnst eiginlega ómögulegt að sitja undir slíku tali og mótmæli því algerlega. Ég er ekki þannig hugsandi, að ég geti ímyndað mér það og því síður að ég mundi nokkurn tíma setja það fram á Alþ., að fólk, sem fer út fyrir landsteinana til að afla sér menntunar, komi til landsins aftur uppblásið og tali á máli sem enginn íslendingur skilur lengur. Það er ómögulegt að taka undir þetta og ómögulegt að hlusta á þetta án þess að mótmæla því. Hitt skal ég auðvitað manna fúsastur viðurkenna, að okkur séu oft mislagðar hendur og takist ekki að samhæfa þá menntun, sem menn afla sér erlendis, við okkar íslensku aðstæður, því að það er vissulega mjög rétt og það er í sjálfu sér öllum ljóst, að okkar þjóðfélag er vegna smæðar sinnar og af ýmsum fleiri ástæðum mjög ólíkt öðrum og stærri samfélögum.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði eitthvað á þá leið, að menn gæfu sér of lítinn tíma til þess að ræða þessi mál hér og fara ofan í þau, þ. e. skóla- og menntamál. Það er ég hræddur um að sé alveg rétt. Og ég er mjög í vafa um það, að hv. þm., sem núna eru að tala um þessa nýju tilhögun prófa og fordæma hana, hafi kynnt sér það sem þm. var sent í nóv., þær upplýsingar og þá skýrgreiningu sem þá var fram sett um það. Ekki skal ég neitt fullyrða um það, en mér kemur það nú í hug samt. En ég vil taka undir þau ummæli hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. Páls Péturssonar, að það væri mjög æskilegt að hafa á Alþ. umr. um málaflokka hinna einstöku rn. og í þessu tilfelli menntamálin. Það kom fram hér á þingfundi að æskilegt væri að einstakir ráðh. gæfu einu sinni á ári skýrslu um viðfangsefni sinna rn. Nú kann að vera, að þetta yrði í reynd of umfangsmikið, þannig að við hefðum varla rúm fyrir það á okkar löngu dagskrá og þegar alltaf þarf að ætla æðitíma til umr. utan

dagskrár, fyrir utan allar fsp. á dagskránni. En þetta hefði ég haldið að væri mjög æskilegt og til þess fallið að auka tengsli milli löggjafans og framkvæmdavaldsins. Og ekki skyldi ég skorast undan því að eiga þátt að slíku fyrir mitt rn. Satt að segja hefur mér komið það í hug og hafði raunar komið í hug áður að taka saman yfirlit og dreifa til þm. — um meginatriði sem unnið er að í menntmrn. En af því hefur þó ekki orðið. En undir þetta vil ég mjög sterklega taka, að það er æskilegt að auka þannig tengslin. En hins vegar vil ég leyfa mér að benda á það, að menntmrn. einmitt gerir nokkuð mikið að því að kynna alþm. viðfangsefni rn. með því að senda þeim Fréttabréf þess því að í Fréttabréfinu eru, eins og hv. þm. hafa séð, fjölmörg atriði reifuð, ekki einasta fagleg atriði af því tagi sem hér er verið að ræða um, heldur fjölmörg önnur viðfangsefni sem fjallað er um í rn.

Það er auðvitað alveg satt sem hv. þm. Páll Pétursson sagði, þetta vor kemur aldrei aftur, og það er auðvitað slæmt ef verða mistök í prófum. En almennt skoðað er ég nú ekki eins sannfærður og hann um úrslitagildi prófa fyrir framtíð hins unga manns, þó að þau hafi auðvitað mjög mikið að segja.

Hv. þm. gagnrýndi það, að stúdentsprófs væri krafist við inngöngu í þennan eða hinn skólann. En mér virðist örlítið ósamræmi í því miðað við það, hversu menn virðast sjá eftir gamla kerfinu, landsprófinu og því öllu saman, sem þó var vissulega mjög gagnrýnt á sínum tíma.

Ég held að það sé ekki rétt og ég vil ekki láta því ómótmælt, að foreldrar, þ. e. a. s. hinn almenni borgari, hafi ekki haft aðstöðu til þess að vera með í leiknum við uppbyggingu menntakerfisins, þ. e. við undirbúning grunnskólalöggjafarinnar. Ég held að það hafi varla nokkurt frv., sem lagt hefur verið fram á Alþ., verið eins rækilega kynnt og eins rækilega farið í gegnum allar þær aths., sem fram komu eftir mikil fundahöld og kynningar, eins og einmitt það frv., því að það var mjög rækilega kynnt undir forustu fyrrv. menntmrh. Og ég vil einnig leggja áherslu á það, og grunnskólalögin fela það í sér með meiru, að það er reynt að fylgja því eftir að efla samtök foreldra, efla foreldrafélög, koma þeim á sem víðast og auka þannig gegnum foreldrafélögin samstarf heimila og skóla, samstarf foreldra og forsjármanna skólanna.

Ég veit að það hljóta að vera skiptar skoðanir um möguleika á því að nota útvarp og segulbönd við próf, bæði hér á landi og annars staðar. Ég hef sjálfur hugleitt þetta, t. d. hin mismunandi hlustunarskilyrði. Þá koma segulböndin til, þar sem ástæða þykir til að óttast þetta. Samt sem áður, hætta á mismunandi hlustunarskilyrðum er alltaf fyrir hendi. Er ástæða til að vekja athygli á því, um leið og menn velta þessu fyrir sér og gagnrýna þetta, að það verður aldrei komið við fullum jöfnuði að þessu leyti, þegar hver einstakur kennari, hver á sínum stað, þó að allir geri sitt besta, leggur prófið fyrir. Það er kannske ekki minni munur á því, hvernig próf er lagt fyrir af nokkur hundruð eða þúsund kennurum, heldur en þó það komi fram í svo og svo mörgum hljómflutningstækjum og útvarpstækjum.

Ég skal svo ekki lengja þetta miklu meira núna. Hv. fyrirspyrjandi áréttaði það, að hann vildi að ég segði gerr en ég áðan gerði álit mitt á þessari nýju tilhögun. Hann þarf ekkert að spyrja um það. Ég hef skrifað undir þessi bréf og í því felst samþykki að sjálfsögðu, þannig að það liggur alveg fyrir hvernig afstaða mín er til þess sem þarna er verið að gera. En hitt sagði ég og ég ætla að halda mig við það, enda er nokkuð liðið á fundartímann, að ég tel ekki hægt, satt að segja, að gera grein fyrir þessum málum faglega með örfáum orðum. Ég tel það nánast ekki hægt og með því sé maður bara að fella sleggjudóma án þess að reyna að rökstyðja þá.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 57. fundur.

Þriðjudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Viðgerðar- og viðhaldsaðstaða flugvéla á Keflavíkurflugvelli, fsp. (þskj. 138). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Virðulegur forseti. Á þskj. 138 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli. Fsp. hljóðar þannig:

„Hvað líður framkvæmd þál. um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli, sem samþ. var á Alþ. 11. mars 1976.“

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef hér svar frá þeim manni í utanrrn. sem falið hefur verið að vinna að því máli sem hér er spurt um, þ. e. a. s. hvað líði framkvæmd þáltill. frá hv. 4. þm. Reykn. sem samþ. var á Alþ. í fyrra. Svar hans er á þessa leið:

„Í sumar sem leið tilnefndu utanrrn. og samgrn. sinn manninn hvort til þess að annast gagnasöfnun í máli þessu. Verkefni þessarar tveggja manna n. var þó gert nokkru víðtækara en þál. gerir beinlínis ráð fyrir. Svokölluð flugskýlismál höfðu þá um nokkurt skeið verið til umfjöllunar í fjölmiðlum, einkum fyrir tilverknað Flugvirkjafélags Íslands, og bar þar margt á góma. Var margt af því innanríkismál Flugleiða og flugvirkja. Í framhaldi stórbrunans á Reykjavíkurflugvelli þótti rétt að taka einnig til athugunar ástandið þar í þessum málum. Gagnasöfnun þessari lauk í nóvember og hafa gögnin verið til athugunar í báðum rn. Þau sýna hver aðstaða til flugvélaviðhalds er á Reykjavíkurflugvelli og á Keflavíkurflugvelli.“

Þar sem fsp. Jóns Skaftasonar, hv. 4. þm. Reykn., fjallar aðeins um Keflavíkurflugvöll, eins og fram kom í máli hans áðan, verður það og aðeins gert hér.

„Íslenskir flugvirkjar starfa ekki fyrir varnarliðið. Telur varnarliðið ekki ráðlegt að íslenskir flugvirkjar annist viðgerðir herflugvéla af öryggisástæðum svo og vegna þeirrar hernaðarlegu nauðsynjar, að bandarískir hermenn séu stöðugt í þjálfun í flugvirkjun. Öll flugskýli á Keflavíkurflugvelli eru eign bandaríkjamanna

nema 4. Skýli 501, 832 og 1708 voru byggð fyrir 1944 og voru notuð áður en bandarískt herinn yfirgaf Ísland í lok seinni heimsstyrjaldarinnar, en þá urðu þessi skýli eign íslendinga, þ. e. a. s. formlega þegar samningurinn frá 1941 rann út í okt. 1946. Samningurinn frá 1946 um borgaralegan rekstur flugvallarins gilti að áramótum 1950—1951. Á þeim tíma var skýli nr. 830 byggt. Og þegar þessi samningur rann út og breyting varð á með varnarsamningnum 1951 eignaðist íslenska ríkið einnig þetta skýli.

Það er á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 sem ofangreind 4 skýli eru í rekstri bandarískra hersins á Keflavíkurflugvelli. Var þá varnarliðinu heimilað að nota skýli þessi og voru engin takmörk sett á afnotaréttinn meðan bandaríkjamenn annast varnir landsins. Íslenska ríkið getur því ekki einhliða rift þeim afnota- og umráðarétti sem varnarliðið fékk yfir skýlunum 1951. Þá viðgerðaraðstöðu, sem íslensku flugfélögin nú hafa á Keflavíkurflugvelli, hefur varnarliðið látið þeim í té í öðru húsnæði en þessum, þ. e. a. s. skýli nr. 885."

Ljóst er að Flugvirkjafélag Íslands hefur um nokkurt skeið haldið uppi gagnrýni á viðkomandi yfirvöld vegna slæms aðbúnaðar félagsmanna sinna og talið, að hans vegna hrektust fjölskyldur úr landi, og eins hitt, að engir vilji læra starfið af sömu sökum, auk þess sem þjóðin yrði af miklum fjármunum úr landi vegna aðkeypts viðhalds. Hefur Flugvirkjafélag Íslands látið Hagvang hf. gera skýrslu sem nefnist: Þjóðhagslegt mat á skoðunar- og viðhaldsrekstri flugvéla. Skýrslu þessa hafa forustumenn Flugleiða gagnrýnt og hafa fengið ráðgjafafyrirtæki til að gera allsherjarúttekt á viðhaldsmálum Flugleiða hér á landi sem og erlendis. Er þeirrar skýrslu enn beðið.

Nokkur gögn, sem ekki hefur verið minnst á hér nú, liggja og fyrir, en eru að sjálfsögðu heimil til afnota fyrir alþm. og þá hv. fyrirspyrjanda ekki síst.

Það er ljóst að aðstaða til viðgerða og viðhalds íslenskra flugvéla á Keflavíkurflugvelli er vart fyrir hendi. Verður svo að óbreyttum aðstæðum nema byggð séu ný flugskýli. Hvort það sé svo hlutverk ríkisins er önnur saga. Hefur orðið að ráði að utanrrn., samgrn. og aðrir viðkomandi aðilar tilnefni n. sem formlega gangi frá áliti um það mál og fleiri þessu að lútandi. Mun sú n. væntanlega hefja störf nú á næstunni, og skv. upplýsingum, sem ég fékk í morgun, hafa flugvirkjar þegar tilnefnt mann í slíka n., en Flugleiðir ekki. Þeir tveir menn frá samg.- og utanrrn., sem þessa gagnasöfnun hafa annast og munu skipa væntanlega n., ef úr því verður, eru frá utanrrn. Hjálmar W. Hannesson og frá samgrn. Birgir Guðjónsson, en þessi skýrsla, sem ég las hér, er frá Hjálmari Hannessyni.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf við fsp. minni. Það, sem mér fannst einna eftirtektarverðast við svör ráðh., var það, að hann upplýsti að nú stæði til að skipa n. til að vinna að þessum málum, athuga þessi mál og reyna að marka einhverja stefnu í sambandi við framkvæmd þeirra. En sá var einmitt tilgangurinn með flutningi þáltill. minnar á síðasta þingi að koma þessum málum á einhverja hreyfingu.

Því miður verð ég að segja það, að mér finnst að þetta hafi gengið hægar en skyldi, því að sannleikurinn er sá, að þarna getur verið um mikið hagsmunamál að ræða ef þessari aðstöðu verður komið upp hér. Ég veit að sumir hv. alþm. minnast þeirra upplýsinga sem finna mátti í álitsgerð Hagvangs hf. um þessi mál, en ég gat hennar að nokkru leyti þegar ég mælti fyrir þáltill. þessari.

Mér er það fyllilega ljóst, að það er ekki hægt að taka þau viðhaldsskýli, sem nú eru á Keflavíkurflugvelli, af bandaríkjamönnum einhliða. En hugsanlegt hefði verið að byrja samninga við þá um þessi atriði fyrr, ef það hefði getað orðið liður í því að koma þessari aðstöðu upp fyrr en ella.

Mér er fyllilega ljóst að það kostar verulega mikið fjármagn að byggja ný skýli þarna suður frá og koma annarri aðstöðu í það lag sem æskilegt er, og fjárhagur hins opinbera hefur nú um sinn verið ærið þröngur, þannig að ég skil það út af fyrir sig. En ég var ekki alveg vonlaus um að það væri hægt að koma upp þarna bráðabirgðaaðstöðu til að brúa þetta bil, — bráðabirgðaaðstöðu sem gæti veitt flugvirkjum miklu betri vinnuaðstöðu en þeir hafa og þjónað flugi okkar sem vaxandi og mikilvægum hlekk í atvinnulífinu.

En sem sagt, ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, og ég vil treysta því að sú n., sem er sett á laggirnar eða stendur til að setja á laggirnar til að athuga þessi mál, byrji að starfa sem allra fyrst, og ég vænti þess að innan tíðar megi einhverjar till. í þessum efnum sjást og e. t. v. koma til umr. á hv. Alþingi.

Flutningur ríkisstofnana, fsp. (þskj. 325). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 325 að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. forsrh. um flutning ríkisstofnana:

„1. Er ætlunin að leggja fram á þessu þingi frv. um flutningsráð ríkisstofnana.

2. Hvað hefur ríkisstj. aðhafst eða ákveðið varðandi álit stofnananefndar, sem fram kom í árslok 1975?"

Síðla árs 1975 kom fram nál. um flutning ríkisstofnana, mikil bók, eftir að ég hygg allmikið starf og þokkalega undirbúið. Hér var og er vissulega um vandasamt verkefni að ræða. Engum blandast þó hugur um, sem hugsa vill, að aðgerða í þessum efnum er þörf, hverja leið sem menn velja að því marki. N. benti á þrjár leiðir sem allar bæri að athuga samhliða, þ. e. beinan flutning stofnana, útibúastofnun og deildaskiptingu, allt eftir eðli, umfangi og verksviði hverrar stofnunar. N. gerði sér ljóst að til þessa þyrfti skipulega áætlun, sem stjórnvöld gengjust fyrir, þó n. legði hins vegar áherslu á að góð grundvallarumræða færi fram um öll þessi mál nokkurn tíma áður en hafist yrði handa. Hún

lagði því fram frumvarpsdrög að flutningsráði ríkisstofnana, sem hefði með yfirstjórn og skipulag þessara mála að gera.

Um það er nú spurt, hvort ríkisstj. hyggist bera fram á þessu þingi slíkt frv. eða frv. svipaðs efnis, sem hlýtur að vera forsenda þess að unnt sé að hefjast handa um framkvæmdir á þessu sviði.

Reynsla frændþjóða okkar er öll á þann veg, að ekkert dugi annað en skipulegt átak sem byggist á róttækum aðgerðum. Yfirstjórn þarf hér á að hafa, og hjá því verður vart komist með viðamikið verkefni að setja til þess vissan aðila í stjórnkerfinu að sjá þar um, svo sem við lögðum til með flutningsráðinu. Því er nú sérstaklega um þetta spurt.

Í öðru lagi leikur mörgum forvitni á að vita hvað ríkisstj. aðhefst í þessu máli eða hefur þegar ákveðið í aðgerðum. Það er mikið spurt á almennum fundum út um land um það, hvað og hvort eitthvað eigi að gera með þetta álit. Eflaust má um sumt deila í því, en þó er það eins vel grundað og ályktanir þar af dregnar sem n. hafði möguleika á á sínum tíma. Jafnframt vakna upp nýjar spurningar. Breytingar á starfsemi ýmissa stofnana eru mjög örar, og eitt er víst að frekari dreifing opinberra stofnana frá Reykjavík út á landsbyggðina er allri þjóðarheildinni til góðs og Reykjavík alveg eins. Sú hefur a. m. k. orðið raunin hjá norðmönnum, þó ekki séu þar eins hrikaleg hlutföll að vísu milli höfuðborgar og landsbyggðar sem hér. Um það er því einnig spurt, hvað ríkisstj. hafi aðhafst eða ákveðið hér um. Þetta er ekki hvað síst gert með tilliti til svara hæstv. forsrh. á þingi í fyrra við fsp. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur. Þau svör hans gáfu vissa von um einhverjar aðgerðir þegar á þessu ári.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég svara fyrirspurnum varðandi hugmyndir stofnananefndar um flutning ríkisstofnana hér á Alþingi. 7. maí 1976 svaraði ég spurningum hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugar Bjarnadóttur, um þetta mál. Í svari mínu þá kom fram að ríkisstj. hafði ekki enn talið tímabært að taka afstöðu til hugmynda um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina og af hálfu ríkisvaldsins væri ekki hafinn undirbúningur að slíkum flutningi. Ákvarðana í þessu efni væri ekki að vænta fyrr en þeir mörgu aðilar, sem fengið hefðu nál. um flutning ríkisstofnana til skoðunar, hefðu sett fram sjónarmið sín að þessu leyti.

Á þessum tíma lá það fyrir, að forsrh. hafði að till. stofnananefndar dreift áliti hennar til þm., landshlutasamtaka, fjölmiðla, viðeigandi stofnana og fleiri aðila. Í umr. um fsp. hv. 9. landsk. þm. sagði ég, að til greina kæmi að einhverjum tíma liðnum að leita beinlínis umsagnar viðkomandi aðila um nál.

Hinn 16. sept. 1976 ritaði forsrh. þeim tæplega 80 opinberu stofnunum bréf, sem stofnananefnd gerir tillögur um að fluttar verði í heild, að hluta eða standi fyrir stofnun útibúa, og óskaði eftir áliti þeirra á hugmyndum n., einkum hvað þær sjálfar snertir. Var óskað eftir svari fyrir lok okt. 1976. Með bréfi 26. nóv. s. l. ítrekaði rn. fyrrgreinda ósk gagnvart þeim aðilum sem þá höfðu ekki enn svarað fyrra bréfinu. Hafa umsagnir aðila verið að berast rn. fram á síðustu daga, og síðasta bréfið, sem því barst, er dagsett 14. febr. s. l. Hafa nú 63 aðilar sent rn. bréf, en 15 hafa ekki sent skriflegt svar. Verður að sjálfsögðu reynt að ná til þeirra í þriðja sinn og óskað eftir viðhorfum sem þeir kunna að hafa.

Með þessu tel ég mig hafa svarað spurningu fyrirspyrjanda um það, hvað ríkisstj. hefur aðhafst í þessu máli.

Spurt er enn fremur hvort ætlunin sé að leggja fram á þessu þingi frv. um flutningsráð ríkisstofnana, en það var ein af þeim leiðum sem bent var á í áliti stofnananefndar. Í stuttu máli sagt hefur ríkisstj. ekki í hyggju að flytja slíkt frv. á þessu stigi, þótt það kunni að koma til álita síðar.

Telja verður eðlilegt að lögð sé vinna í það, þegar forsrn. hafa borist svör frá öllum þeim aðilum sem það ritaði, að vinna úr þessum svörum og e. t. v. leggja á það fjárhagslegan mælikvarða, hvað framkvæmd á hugmyndum stofnananefndar kynni að kosta. Slíkt starf má vinna án þess að svonefnt flutningsráð sé sett á stofn. Þá er ekki úr vegi að hugað sé að endurútgáfu álits stofnananefndar með athugasemdum og umsögnum viðkomandi stofnana, eins og þær nú liggja fyrir.

Ég tel skynsamlegt að frekar sé unnið að útfærslu á hugmyndum n. á vegum forsrn. áður en lengra er haldið.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. svörin, þó að ljóst sé á þeim að málið er enn skammt á veg komið, og vil benda á í því sambandi, að n. sem slík taldi sér skylt að eiga mjög nánar viðræður við allar þessar stofnanir, bæði þær sem hún gerði till. um að yrðu stofnuð útibú frá, deildir frá eða yrðu fluttar í heild. N. átti mjög ítarlegar viðræður við forstöðumenn allra stofnananna, sem hún náði til, og margra þeirra oftar en einu sinni. Ég held að mér sé óhætt að segja það, að þau viðtöl muni öll vera geymd, og viðhorfin hafa varla breyst mjög mikið hjá þessum aðilum og hér er að nokkru um endurtekningu að ræða. Það er vart hægt að segja að viðbrögð þessara forstöðumanna hafi verið neikvæð, nema ef átti að flytja stofnunina í heild út á landsbyggðina, þá yfðust sumir nokkuð harkalega við og þóttu sem öll mannréttindi væru af þeim tekin ef þeir ættu að þurfa að flytjast eins konar hreppaflutningi út á land héðan af þessu svæði. Viðbrögð manna voru að vísu ólík um margt, og ég hygg að viðhorf þessara manna séu öll geymd og forsrn. eigi aðgang að þeim öllum. Það getur svo sem verið nógu fróðlegt fyrir þá ágætu menn, sem þar vinna, að bera saman það, sem þeir segja í dag, og það, sem þeir sögðu okkur á sínum tíma.

Ég ítreka það, sem ég gerði í fyrra, að hér er um mjög mikið og brýnt byggðamál að ræða. Aðstöðujöfnun fólks yfirleitt felst ekki síst í því, að það eigi greiðari aðgang að opinberri

þjónustu hvers konar en það hefur í dag. Sama er að segja um það, að við þurfum að vinna að því að eðlileg vald- og áhrifadreifing hinna ýmsu opinberu stofnana verði sem allra mest, því hún hlýtur að vera öllum til góðs, stofnunum jafnt sem þjóðarheildinni.

Ég held að það sé ljóst, að viss aðili í stjórnkerfinu þurfi að hafa alla forustu um framkvæmd ef farsællega er að staðið og ef meining hæstv. ríkisstj. er að gera eitthvað í þessu efni. Forvinnan er auðvitað eðlileg hjá sjálfu forsrn. eins og hæstv. forsrh. kom inn á. En um leið og á að fara að framkvæma þetta og ef á að taka þar rösklega til hendi, eins og ég hef löngum gert mér vonir um að yrði kannske gert einhvern tíma, þá þarf um leið að gera áætlun sem verður bæði raunhæf, en um leið róttæk, og síðan að gera vissar ráðstafanir, sem eru töluvert fyrirhafnarmiklar og kosta töluvert líka til þess að hrinda þessu í verk. N. hafði aldrei hugsað sér neitt bákn í sambandi við þetta flutningsráð, en hún gerði sér ljóst að það þyrfti skipulega vinnu og væri eðlilegast að Alþ. skipaði af sinni hálfu ráð eða yfirnefnd sem hefði þetta hlutverk, svo sem hún gerði ráð fyrir.

Ég vil alveg sérstaklega benda á í sambandi við alla vinnu að þessu, ef fyrirhugað er að vinna eitthvað að þessu í alvöru, að núv. framkvæmdastjóri byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bjarni Einarsson, var í þessari n., en ég tel mjög eðlilegt og sjálfsagt að haft verði fullt samráð á milli byggðadeildar Framkvæmdastofnunarinnar annars vegar og forsrn. hins vegar að þessum málum öllum.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. — Það er rétt, að hér er um stórt, viðamikið og mjög vandasamt mál að ræða, og ég fyrir mitt leyti er ekkert hissa á því þó að ekki sé komið enn að framkvæmdum, eins og hæstv. forsrh. tók fram í ræðu sinni. Benti hann á það, að í svari hans í fyrra kom fram að hann taldi nauðsynlegt að fá almenna umræðu um málið, heyra álit landsmanna allra, og í því skyni hafði forsrn. sent allmörgum aðilum nál. hið mikla til umhugsunar. 63 þessara aðila hafa svarað nú, að því er fram kom hjá hæstv. forsrh. Ég hef ekki orðið vör við mikla opna almenna umræðu um þetta, og ég hefði æskt þess að hún hefði orðið meiri. Sjálfsagt hafa þeir aðilar, sem hafa fengið nál. í hendur, skoðað það gaumgæfilega og sagt síðan sitt álit. En ég hef saknað þess, að þetta hefur eiginlega ekki komið upp á yfirborðið enn í almennri, opinni umræðu í þjóðfélaginu. Mér segir svo hugur um líka, þó ég þori ekki að fullyrða um það, að sveitarstjórnir sem slíkar hafi alls ekki fengið þetta nál., og hef fyrir mér ummæli sveitarstjórnarmanna úti á landi í því. Ég vona að hæstv. forsrh. og forsrn. kanni hvort það hafi ekki verið gert, og ef svo væri, að þær hefðu ekki fengið það, þá finnst mér þær vissulega sjálfsagður aðili til þess að fjalla um málið.

Að því er varðar flutningsráðið, þá hef ég nú viljað athuga það mál betur. Við höfum svo mörg ráð og svo margar n. fyrir, að ef hjá yrði komist að stofna sérstakt flutningsráð, þá held ég að við ættum að reyna að komast hjá því. Ég teldi eðlilegt að viðkomandi stofnanir og þau rn., sem stofnanirnar heyra undir, fjölluðu um þetta og undirbyggju hugsanlegan flutning. Hv. fyrirspyrjandi, Helgi F. Seljan, minntist á byggðadeild Framkvæmdastofnunar sem mér finnst líka sjálfsagður aðili að umræðum og ákvörðunum um þessi mál.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil ítreka það, að ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða. Þær stofnanir, sem þegar hafa flust að hluta til út á landsbyggðina, t. d. Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, hafa þegar sannað ágæti sitt, og þar sem þær hafa komið út á landsbyggðina hefur það vakið almenna ánægju þeirra sem þar búa.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm., fyrirspyrjandi, taldi að hér væru e. t. v. ekki nógu hröð handtök í tengslum við þær hugmyndir sem n., er fjallaði um flutning opinberra stofnana, hefði látið frá sér fara. Ég vil í því sambandi rifja upp að n. sjálf tók sérstaklega fram hvernig hún hugsaði sér að málsmeðferð yrði hagað. Með leyfi forseta, segir svo í bréfi n.:

„Reynslan af störfum sams konar nefnda í Noregi og Svíþjóð sýnir að mjög gagnlegt ef ekki nauðsynlegt er að till. n. verði til almennrar og opinberrar umfjöllunar a. m. k. í nokkra mánuði eða missiri áður en stjórnvöld taka ákvarðanir um afstöðu sína til einstakra tillagna."

Hér er talað um nokkur missiri, og við erum nú ekki komnir nema á þriðja missiri frá því að álit n. barst stjórnvöldum. Stjórnvöld hafa notað þann tíma til þess að dreifa nál. og óskað beinlínis eftir umsögnum um nál.

N. segir enn fremur í bréfi sínu, með leyfi forseta: „N. þykir einnig rétt að kynna rn. á þessu stigi þrjár mismunandi aðferðir sem stjórnvöld geta beitt við fyrsta áfanga ákvarðanatöku um flutning ríkisstofnana." Allar þessar aðferðir eru bundnar við að hin almenna umræða hafi farið fram um nokkurt skeið. Ein af þessum aðferðum er stofnun svokallaðs flutningaráðs. Það er sem sagt álit n. sjálfrar, að til stofnunar flutningsráðs eða annarra þeirra aðgerða, sem n. bendir á, komi ekki fyrr en nál. hafi verið til opinberrar umræðu í nokkur missiri.

Ég tel rétt að þetta komi fram. Ég tel að meðferð málsins hafi verið með eðlilegum hætti og það sé rétt að þm. og öðrum gefist kostur á að lesa umsagnir stofnananna um álit nefndarinnar.

Það er einnig rétt, sem fram kom hjá hv. 9. landsk. þm. áðan, að lítil opinber umræða hefur farið fram um álit stofnananefndar. Ég vakti einmitt athygli á þessu í maímánuði s. l. og taldi þá e. t. v. vafasamt að draga af því þá ályktun, að lítill áhugi væri á þessu máli hjá þeim sem það snertir. En eftir því sem tíminn líður og málið hefur verið til umfjöllunar lengur, þá læðist vissulega að manni sá grunur, eða sú skoðun hlýtur að styrkjast, að á þessu máli sé takmarkaður áhugi, og kann að vera ástæða til að íhuga hvaða ályktanir sé hægt að draga af slíku.

Ég vil ennfremur láta það koma fram, að sem betur fer hefur farið í vöxt að ýmsar ríkisstofnanir hafi sett upp starfsstöðvar úti á landi. Hér hefur verið minnst á Hafrannsóknastofnunina og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Einnig má nefna Vegamálaskrifstofu, Póst og síma. Í fræðslumálum hefur þetta og komist á að nokkru leyti.

Ég held að við náum aldrei verulegum árangri í að dreifa valdinu út til fólksins, þar sem það býr, eins og mér skilst vera skoðun velflestra sem um þessi mál hafa fjallað, nema við séum reiðubúin til þess fyrst og fremst að draga að einhverju leyti úr ríkisafskiptum þar sem það er unnt, í öðru lagi að gefa sveitarfélögum tækifæri til að glíma við fleiri verkefni, skipta svo verkefnum milli ríkis og sveitarfélaga að þau fái fleiri og veigameiri verkefni í sinn hlut og þá væntanlega tekjustofna ásamt þeim til að standa undir þessum nýju verkefnum. Þetta tvennt álít ég skipta mestu máli. En í þriðja stað væri eðlileg og heilbrigð þróun að ríkisstofnanir og verkefni, sem væru á vegum ríkisvaldsins, væru með starfsstöðvum slíkra ríkisstofnana flutt sem mest út á landið og stjórnun þeirra *mála*, sem skipta staðarmenn, sé í þeirra höndum.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Mér þótti ólíklegt af hæstv. forsrh. að hann kæmi ekki inn á þetta umdeilda orð í okkar nál.: missiri. Það var orð sem ég var lítt hrifinn af á sínum tíma, féllst þó á til samkomulags, þótti það dragast heldur mikið, að við gætum farið út í það að teygja þetta yfir nokkur missiri, ef í fleirtölu væri skilið.

Það er rétt, að umræða um þessi mál hefur ekki verið nógu opin og almenn. Mér dettur nú í hug, þegar við þrír alþm. erum á förum upp í sjónvarp bráðum til þess að ræða um gífurlega þýðingarmikið mál, að því er virðist, bjór eða ekki bjór, að ekki hefur sjónvarpið okkar séð ástæðu til að ræða þetta mikilvæga mál eða fara fram á það við nokkurn aðila, að þetta mál um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina eða valddreifinguna þar væri rætt. En um bjórinn þarf vitanlega að ræða og sem allra fyrst.

Það ber að meta það sem gert hefur verið af hinum einstöku ríkisstofnunum í þessu efni. Ég tek undir það, það er vissulega ágætt. En um áhugann í sambandi við þetta vil ég aðeins geta þess, að þegar við nm. fórum út um land og ræddum þetta við forsvarsmenn sveitarfélaga og landshlutasamtakanna, þá var áhuginn mikill. Og hann er enn þá mikill og vakandi meðal þess fólks sem býður í mörgum tilfellum eftir þeirri brýnu þjónustu sem hægt væri að veita því ef að þessu væri unnið á skipulegan og rösklegan hátt.

Síldarverksmiðjur ríkisins, fsp. (þskj. 325). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Við hv. 2. þm. Norðurl. v. flytjum fsp. í tveim liðum varðandi Síldarverksmiðjur ríkisins.

Í fyrri liðnum er fjallað um endurnýjun Síldarverksmiðja ríkisins í Siglufirði og spurt um hve víðtækar þær verði. Að þeim er nú unnið. Það er að vísu aðeins unnið þar að endurbótum á einni verksmiðjunni, þeirri nýjustu, SR-46, sem kölluð er. En seinni liður þessa töluliðs er á þessa leið: „Er hugmyndin að taka SRN eða SR-30 í notkun?“ Það eru þær af eldri verksmiðjunum sem hafa ekki verið starfræktar um langt skeið og er raunar búið að rýja að verulegu leyti að vélum eða a. m. k. aðra þeirra. Hins vegar láðist e. t. v. að spyrja um það, hvort hugsanlegt væri að vinna loðnu í SRP, sem er elsta verksmiðjan og er í notkun og er núna notuð til þess að vinna bein og fiskúrgang. Langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvort nokkuð hafi verið um það fjallað sérstaklega, og bið afsökunar á því, að það skyldi falla niður í hinni skriflegu fsp. En það er auðvitað afsakanlegt að hann hafi ekki á takteinum svör við því. Ég held að það væri samt æskilegt að huga að því að nota þá verksmiðju að einhverju leyti líka til loðnubræðslu af því að hún er í fullum gangi.

En 2. liðurinn fjallar um endurnýjun verksmiðju Síldarverksmiðja ríkisins á Skagaströnd. Þar er, eins og allir vita, verksmiðja sem byggð var skömmu eftir stríð og lítið notuð, því miður, því síldin var þá á förum. En hún var fullkomin verksmiðja á þeim tíma.

Ástæðan til þess meðfram, að þessar fyrirspurnir eru fram lagðar, eru umr. sem urðu hér fyrir nokkrum vikum, þar sem hæstv. sjútvrh. *lýsti því yfir réttilega að mínu mati*, að megináherslu bæri að leggja á það af hálfu Síldarverksmiðja ríkisins að endurnýja þær verksmiðjur, sem fyrir væru, fremur en að hefja byggingu nýrra því að bæði tæki skemmri tíma að endurnýja eldri verksmiðjurnar og eins hlyti það að verða ódýrara. Að þessu er unnið af hálfu verksmiðjustjórnarinnar. En við fyrirspyrjendur viljum gjarnan fá að vita — og ég veit að það vilja fleiri — hve langt verði gengið í þessu efni og hvernig framkvæmdum miði.

Ég held að það hljóti að vera eða eigi að vera samdóma álit manna, að megináherslu verði að leggja á uppbyggingu einmitt verksmiðjanna á Norðurlandi, því að ljóst er að eftir að sumarloðnuveiðarnar hófust verður starfræksla þessara verksmiðja miklu lengri hluta ársins en annarra verksmiðja, þannig að nærri getur legið að þær verði í gangi allt árið ef svo fer fram sem horfir. En sumarloðnuveiðar og haustloðnuveiðar geta orðið eina 6—7 mánuði. Þegar loðnan kemur upp að Norðausturlandinu liggja þessar verksmiðjur líka vel við. Og þó að þyrfti síðan þann skamma tíma, sem vetrarloðnuveiðar eru hér sunnanlands, að flytja eitthvað norður fyrir, þá væri það einnig eðlilegt og sjálfsagt, því verksmiðjurnar væru þá í fullkomnu lagi og þar væri þjálfað starfsfólk sem væri betur hæft til þess að taka við þessu hráefni heldur en annars staðar.

En sem sagt, fyrirspurnunum hef ég gert grein fyrir og vænti svars hæstv. ráðh.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Unnið er að allmiklum endurbótum á verksmiðju SR-46 á Siglufirði sem samþykktar voru af

stjórn verksmiðjanna á s. l. sumri. Veigamestu endurbæturnar eru þær, að keyptar hafa verið 2 pressur frá Noregi sem kosta munu yfir 100 millj. kr. þegar þær hafa verið settar upp. Afköst hvorrar pressu eru um 700 tonn hráefnis á sólarhring. Önnur pressan er þegar komin upp og er verið að reyna hana þessa dagana. Síðari pressan er væntanleg í maímánuði n. k. Þessar pressur koma í stað 4 gamalla sem smíðaðar voru 1946. Afköst verksmiðjunnar aukast væntanlega um 400 tonn á sólarhring þegar önnur tæki verksmiðjunnar hafa verið aukin og endurbætt til samræmis við aukin afköst pressanna.

Pantaðar hafa verið nýjar mjölvogir og áformaðar eru verulegar endurbætur á næsta vori á löndunartækjum, gufulögnum og mjölflutningsleiðslu. Í athugun eru kaup á nýjum skilvindum til verksmiðjunnar, en 6 nýjar skilvindur kosta nú um 1 millj. 666 þús. sænskar kr. í innkaupi. Hugsanlegt er að erlent lán fáist til kaupa á þessum skilvindum til þriggja ára, og er það svipað lán og fékkst til kaupa á pressum þeim sem ég hef þegar nefnt.

Í SRN-verksmiðjuhúsinu á Siglufirði eru engar vélar og hafa ekki verið um árabil. Húsnæðið er notað fyrir rafmagnsverkstæði og til birgðageymslu, og engin áform eru uppi um kaup á vélum í það húsnæði. Vélakostur í SR-30-verksmiðjunni, sem enn er eftir, er ónotaður og engin áform eru uppi um endurnýjun.

Til þess að lengja vinnslutíma verksmiðjanna á Siglufirði eru nú kannaðir möguleikar á að auka geymslurými verksmiðjanna verulega.

Um síðari hluta fsp., áform um endurnýjun verksmiðju SR á Skagaströnd, þá hefur það verið rætt í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, en engin ákvörðun verið tekin, enda þarf ítarlega athugun á hagkvæmni slíkrar framkvæmdar áður að liggja fyrir. Hafnaraðstaðan á Skagaströnd er þannig, að veiðiskip þau, sem nú stunda loðnuveiðar, a. m. k. þau stærri, gætu ekki athafnað sig í höfninni að óbreyttu ástandi. Ljóst er að enduruppbygging verksmiðjunnar kostar miklar fjárhæðir, þar sem endurnýja þarf flestallt í verksmiðjunni nema þurrkara og gufuketil sem nota mætti eftir verulegar viðgerðir.

Eins og kom fram í umr. hér fyrir nokkru, starfar nefnd að því að athuga um þörf fyrir auknar verksmiðjur eða aukin afköst verksmiðja sem fyrir eru. Hefur hún einnig í könnun að staðsetning þeirra verksmiðja verði sem næst loðnumiðum, miðað við þær veiðar sem verið hafa á undanförnum árum og líklegt er að muni verða á næstu árum. Um þetta er erfitt að fullyrða, en þessi n. hefur unnið mjög vel þann stutta tíma sem hún hefur starfað. Ég get ekki á þessu stigi skýrt frá áliti hennar, vegna þess að það liggur ekki fyrir, en á fimmtudaginn hefur formaður n. óskað eftir viðtali við mig, og ég býst við því að bráðabirgðaálit n. komi til með að liggja fyrir í þessum mánuði.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég vil færa hæstv. sjútvrh. þakkir fyrir þau svör sem hann hefur gefið og ég tel vera fullnægjandi eins og mál horfa við. Og ég vil færa honum bestu þakkir fyrir þann mikla áhuga sem hann hefur sýnt á framgangi þeirra mála sem hér er um fjallað, eins og raunar flestra þátta eða kannske allra þátta sjávarútvegsmálanna. Ég hygg að öðrum sé ekki betur treystandi en honum til þess að knýja á um það, að allt verði gert, sem skynsamlegt er, til þess að nýta þessi miklu auðæfi einmitt á þann veg að endurnýja þessar verksmiðjur og gera það sem allra fyrst.

Að því er Skagaströnd varðar og höfnina þar, þá er rétt að þar hefur ekki verið nægilega góð aðstaða fyrir hin stærri fiskiskip. En svo vill til að stórt átak verður gert í hafnarmálum skagstrendinga á yfirstandandi ári, og þá er öruggt, að ég held, að jafnvel hin allra stærstu skip geti athafnað sig í innri höfninni og það raunar alveg við verksmiðjuvegginn, þannig að ekki þurfi að óttast að erfiðleikar verði af þessum ástæðum varðandi vinnslu loðnunnar.

Það er sérstaklega ánægjulegt að nú skuli vera athugað að auka geymslurými verksmiðjanna á Siglufirði, og kemur það auðvitað að svipuðum notum og að taka enn eina verksmiðju þar til vinnslu.

Það var varla þess að vænta, að hæstv. ráðh. gæti svarað þeirri síðbúnu fyrirspurn sem hér kom fram varðandi SRP, gömlu verksmiðjuna sem í notkun er. En ég leyfi mér að beina þeim tilmælum til hans, að það verði athugað af þeirri n., sem um þessi mál fjallar, hvort ekki væri hugsanlegt, um einhvern tíma a. m. k. á hverju ári, að nota þá verksmiðju einnig til loðnuvinnslu þótt hún verði um sinn að sinna líka vinnslu á beinum. Einnig kæmi til greina að lítil verksmiðja yrði byggð eða húsnæði SRN eða SR-30 notað til þess að setja upp lítla verksmiðju til að vinna beinin, en nota hin meiri afköst SRP-verksmiðjanna til loðnuvinnslu.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég fagna því, sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh., að það sé von á áliti þeirrar n. sem falið var að gera athuganir varðandi byggingu á nýjum verksmiðjum eða endurbætur á öðrum í sambandi við aukna möguleika á að nýta loðnuna og feitfiskinn sem fellur til í hinum ýmsu verstöðvum á landinu. Þegar um það er að ræða að auka verksmiðjukostinn, þá álít ég að það eigi ekki eingöngu að líta á það, hvort er hagstæðara að endurbæta eldri verksmiðjur eða byggja nýjar. Það verður um leið að líta á það, hvernig hinar ýmsu verstöðvar eru í stakk búnar til þess að hagnýta það hráefni sem til fellur á stöðunum.

Eins og kunnugt er og hér hefur verið til umr. áður á Alþ. varðandi verstöðvarnar á Snæfellsnesi, eru þar fjórar verstöðvar sem hafa enga aðstöðu í einni einustu verksmiðju til þess að hagnýta fiskúrganginn í sambandi við bræðslu á feitfiski, og það er vitanlegt að slíkir staðir verða að sitja fyrir.

Um loðnuna er það að segja, að fiskifræðingar vita ákaflega lítið um loðnuna og göngu hennar umfram það sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, að hún gengur suður með austurlandinu og kemur upp að suðurströndinni og svo inn í Faxaflóann, eftir því hvernig viðrar. Stundum hefur hún farið fyrir Faxaflóann. Ef áttin hefur verið að norðan og hvassviðri þegar hún

hefur komið að Reykjanesinu, þá hverfur hún stundum og kemur ekki þar inn. Hitt er víst, að það hefur komið á daginn nú hin síðari ár að mikið magn af loðnu gengur upp að Snæfellsnesi. Nú síðustu daga eru að koma fréttir um það frá leitarskipunum að það sé ganga á leiðinni upp undir Kolluálinn eða við Snæfellsnesið, og þá sjá allir hvað það væri hagstætt að hafa síldar- eða loðnubræðslu eða feitfiskverksmiðju á Snæfellsnesi. En það er aðeins til viðbótar því að hagnýta það hráefni, sem fyrir er í dag og verður að henda. Ekki eru t. d. möguleikar á að bræða þann karfa sem ekki verður unninn til frystingar. Hér er um að ræða svo mikið hagsmunamál fyrir stóran landshluta að það er útilokað annað en að taka föstum og alvarlegum tökum á því máli.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vona að mér leyfist að vekja athygli hæstv. ráðh. og hv. þm. á frétt sem í dag birtist í Morgunblaðinu um það, að norsk stjórnvöld hefðu ákveðið að leyfa veiði á norsk-íslenska síldarstofninum við Noreg á þessu ári. Ég tel að hér sé um mjög alvarlega frétt að ræða fyrir okkur Íslendinga og það hljóti að koma til athugunar hvort við getum ekki eftir einhverjum leiðum fengið norðmenn til þess að falla frá þessari ákvörðun og fresta því að byrja síldveiðar í norsku fjörðunum aftur svo snemma. Hv. þm. vita það flestallir ábyggilega að fyrr á árum stóð veiði á norsk-íslensku síldinni undir verulegum hluta af gjaldeyrisöflun okkar. Þessi síld gaut við Noregsstrendur og lagði svo leið sína hingað til lands á sumrum og fram á haust, og ég held að það sé álit margra að aðalástæðan fyrir því, að þessum síldarstofni var svo algjörlega útrýmt, því hann hefur ekki sést hér við land í mörg ár, hafi fyrst og fremst verið veiðar norðmanna á smásíld í norsku fjörðunum. Ég tel því að þetta sé mál sem hljóti að vekja íslendinga til umhugsunar um það, hvort ekki sé nokkur leið með skynsamlegum viðræðum við norðmenn að fá þá til þess að fresta þessari ákvörðun.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða neitt frekar um staðsetningu loðnuverksmiðja út af þessari fyrirspurn því til þess gefst tækifæri síðar, þegar þetta nál. liggur fyrir sem ég gat um. En það verður auðvitað að fara eftir því, hversu mikil þörf er á nýjum verksmiðjum eða stækkun verksmiðja. Þrátt fyrir mikla loðnuveiði núna eru alltaf verksmiðjur sem skortir hráefni, og það er hin erfiða skipulagning á veiðunum sem gerir það að verkum. Hitt er alveg rétt, að einstaka staðir hafa orðið illa úti í þessum efnum, og það verður athugað í sambandi við meðferð þessa máls.

En út af því, sem hv. 4. þm. Reykn. minntist á áðan, þá kom þessi ákvörðun norska sjútvrh. okkur algjörlega á óvart. Það var gefin út í gær tilkynning um að hann vilji leyfa að veidd verði 10 þús. tonn af norsk-íslenska síldarstofninum á þessu ári. Þetta er, að því ég best veit, í algjörri andstöðu við álit norskra fiskifræðinga. Ef svo er ekki, þá hafa þeir skipt um skoðun nú allra síðustu daga. Við í sjútvrn. munum láta kanna þetta mál og ræða það frekar við norsk stjórnvöld.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að skjóta inn í einu atriði í sambandi við þessar umr. Það er auðheyrt að þm. frá ýmsum stöðum á landinu hafa áhuga á því að byggðar séu verksmiðjur hér og þar. En má ekki í leiðinni, þegar n. fer að athuga þessi mál, athuga hvort ekki henti að við látum smíða bræðsluskip. Við höfum góða reynslu af því að fá leigt skipið Norglobal, ég held tvisvar sinnum, og ég skýt þessu aðeins inn, að þetta verði athugað í leiðinni. Fleira hef ég ekki um það að segja.

Rannsókn á mengun í álverinu í Straumsvík, fsp. (þskj. 334). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 334 hef ég borið fram svofellda fyrirspurn til heilbrrh. um rannsóknir á mengun í álverinu í Straumsvík:

„1) Hefur farið fram rannsókn á mengun innan veggja álversins í Straumsvík eða öðrum atriðum, sem kunna að vera hættulegar heilsu starfsmanna?

2) Hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins látið í ljós álit sitt á starfsumhverfi innan veggja álversins og heilsugæslu þar?“

Það hefur ekki farið fram hjá mönnum undanfarna daga, að rætt hefur verið um að koma upp hreinsitækjum í álverinu, að því er manni virðist eingöngu gagnvart ytra umhverfi. Hafa verið um þetta miklar og harðar umr. bæði hér á Alþ. og utan Alþ. En ég hef ekki orðið var við að sérstakar umr. færu fram um það, hvernig þessi mál standi innan veggja álversins sjálfs, og ég tel sist verra að eyða tíma í að ræða þessi atriði, sérstaklega varðandi heilsugæsluskilyrði og vinnuskilyrði öll í samræmi við þær aðstæður sem þar ríkja.

Við alþfl.-menn höfum lagt fram till. til þál. um vinnuvernd og starfsumhverfi. Í grg. með henni leggjum við sérstaka áherslu á að þetta mál allt, starfsumhverfi og vinnuskilyrði, verði sérstaklega rannsakað. Nú eru mörg ný starfsvið á Íslandi, og vinnustaðir, sem ekki eru beinlínis hættulegir, geta til lengdar valdið streitu og þar verið efnavinnsla sem kann að vera heilsuspillandi þegar til lengdar lætur. Hér er því sannarlega um mikið verkefni að ræða og þarf að hefjast handa strax. Ég vildi gjarnan fá að vita með hvaða hætti hefur verið staðið að þessum þætti innan veggja álversins.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Leitað var til Heilbrigðiseftirlits ríkisins eftir svari við þessum spurningum og eru svör þess svo hljóðandi:

Veruleg bein afskipti af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins af starfsemi álversins í Straumsvík hófust ekki fyrr en 1972 þegar út komu eftirfarandi reglugerðir: 1) Heilbrigðisreglugerð fyrir Ísland frá 8. febr. 1972, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. 2) Reglugerð frá 15. júní 1972,

um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.

Í síðar nefndu reglugerðinni er Heilbrigðiseftirliti ríkisins falið að fjalla um umsóknir um starfsleyfi þeirra, er reisa vilja verksmiðjur eða iðjuver, og gera rökstuddar tillögur um skilyrði slíks rekstrar ásamt með mengunarmörkum til heilbrrh. sem endanlega úrskurðar málið.

Í samræmi við reglugerðina sendi Heilbrigðiseftirlit ríkisins þáv. heilbr.- og iðnrh. umsögn sína um mengunarhættu við álverið í Straumsvík með bréfi 22. jan. 1973 og taldi óhjákvæmilegt að setja upp hreinsunartæki við álverið, er taka ættu megnið af flúorsamböndum úr ræstilofti verksmiðjunnar, þannig að komið verði í veg fyrir frekari flúormengun umhverfisins og þar með skemmdir á gróðri og hugsanlegt heilsutjón á mönnum og dýrum. Var ályktun þessi í fullu samræmi við samþykkt Heilbrigðisráðs Hafnarfjarðar og álit borgarlæknisins í Reykjavík og ráðstafanir sem sjálfsagðar eru annars staðar í heiminum þar sem álframleiðsla fer fram. Staðfesti rn. þessa skoðun Heilbrigðiseftirlits ríkisins með bréfi, dags. 31. jan. 1973, til Íslenska álfélagsins.

Ástæðan fyrir því, að hér er bent á kröfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins um hreinsibúnað í álverinu, er sú staðreynd að í umr. um þau mál hefur nær eingöngu verið einblínt á nauðsyn slíks varnarbúnaðar til verndar gróðri og heilsufari manna og dýra í næsta nágrenni verksmiðjunnar með tilliti til flúormengunar, en minna eða lítið sem ekkert verið rætt um þá staðreynd, að með uppsetningu slíkra tækja „batnar andrúmsloft á vinnustað mjög verulega", svo að vitnað sé í orðalag og skoðun forráðamanna Íslenska álfélagsins í bréfi Heilbrigðiseftirlitsins frá 23. des. 1975.

Það er skoðun Heilbrigðiseftirlitsins, að viðunandi andrúmsloft á vinnustað við álverið í Straumsvík verði ekki til staðar fyrr en uppsetningu og starfrækslu fullkomins hreinsibúnaðar til hreinsunar á ræstilofti verksmiðjunnar er komið í gang.

Hér fer á eftir skýrsla um heilbrigðis- og öryggiseftirlit ásamt rannsóknum þeirra aðila, er um þessi mál fjalla, sem líta má á sem svar við spurningum þessum um rannsóknir á mengun innan veggja álversins í Straumsvík eða öðrum atriðum sem kunna að vera hættuleg heilsu starfsmanna þar.

Héraðslæknirinn í Hafnarfirði og Öryggiseftirlit ríkisins sáu um heilbrigðis- og öryggiseftirlitið í álverinu frá upphafi byggingarframkvæmda í mars 1967 fram til 1969 og 1970, en þá bættust við í eftirlitið heilbrigðisfulltrúinn í Hafnarfirði og Heilbrigðseftirlit ríkisins.

Einnig hefur um alllangt skeið verið starfandi trúnaðarlæknir við álverið, og síðan 1. mars 1976 hefur svo „hollustunefnd" verið starfandi þar, en í þeirri nefnd á aðaltrúnaðarmaður verkalýðsfélagsins sæti.

Frá upphafi byggingarframkvæmda í mars 1967 hefur héraðslæknirinn í Hafnarfirði haft meira eða minna regluleg bein eða óbein afskipti af heilbrigðis- og hollustumálum starfsmanna við álverið í Straumsvík, þar með talið starfsumhverfi og ytri mengunarmál. Frá 1969 hefur heilbrigðisfulltrúinn í Hafnarfirði undir umsjón héraðslæknis séð um hið reglulega eftirlit fyrir hönd heilbrigðisnefndar hafnfirðinga.

Of langt mál yrði að telja upp alla þá mörgu og margvíslegu þætti sem þeir hafa haft afskipti af og beitt sér fyrir úrbótum á og miklu máli skipta fyrir heilbrigði og heilsufar starfsmanna álversins, aðeins stiklað á stóru. Þeir hafa beitt sér fyrir endurbótum á mötuneyti og eldhúsi þess og fengið framgengt að nýtt eldhús var byggt, en eitthvað hafði borið á því, að starfsmenn fengju iðrakvef vegna lélegrar aðstöðu í eldhúsi. Í því sambandi héldu þeir fræðslufundi um hollustumál fyrir starfsfólk mötuneytisins í hollustuháttum og fengu til þess sérfróðan aðila. Sýni af matvælum og áhöldum eru tekin reglulega til gerlarannsókna og hafa niðurstöður verið góðar. Þrátt fyrir langa baráttu fyrir nýju og stærra mötuneyti og loforð forráðamanna álversins hefur ekki enn verið hafin bygging þess.

Neysluvatnssýni eru rannsökuð reglulega og hefur vatnið uppfyllt lágmarksskilyrði um hollustu með tilliti til efnasamsetningar og gerlagróðurs. Sérstaklega hafa sýnin verið rannsökuð með tilliti til flúorinnihalds, sem hefur verið á bilinu 0.05—0.06 mg í lítra, sem er eðlilegt magn, og aldrei hefur fundist cýaníð í vatninu vegna hugsanlegrar mengunar á grunnvatni frá fyrrverandi öskuhaugum Hafnarfjarðar þar sem kerbotnum var komið fyrir í upphafi. Í þessu sambandi beittu þeir sér fyrir rannsóknum á grunnvatnsrennsli á Straumsvíkursvæðinu sem framkvæmd var að ósk heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar af Orkustofnun í mars 1966, og kostaði álverið þá athugun.

Þeir hafa og beitt sér fyrir endurbótum á starfsumhverfinu í verksmiðjunni með ráðleggingum og leiðbeiningum með forsvarsmönnum álversins og verkamönnum, þó einkum trúnaðarmönnum. Í því sambandi hafa þeir lagt áherslu á að menn noti rykgrímur reglulega, þar sem rykmengun er mikil, og lagt áherslu á að rykbinda og hreinsa reglulega vinnusvæðin. Sérstaka áherslu hafa þeir lagt á betri aðbúnað í skautasmiðju og kerskála með tilliti til minni rykmyndunar með betri loftræstingu.

Krafist hefur verið, en án árangurs, betri úrlausnar á uppskipun og meðferð súráls, sem er mjög rykugt starf, og að fylgst sé með loftræstingu í vélaviðgerðarverkstæði.

Sérstaklega skal bent á árvekni og framtakssemi héraðslæknisins og heilbrigðisfulltrúans um heilbrigðishættu sem stafað getur af asbestryki á vinnustað. En niðurstöður erlendra rannsókna fóru að birtast í erlendum tímaritum á árinu 1975, þar sem bent var á að asbestryk gæti valdið krabbameini í brjóst- og lífhimnu ásamt lungum, en áður hefur lengi verið þekkt til óeðlilegrar bandvefsmyndunar í lungum vegna þessa ryks, en þessi sjúkdómur er fyllilega jafnalvarlegur og svokölluð kísillungu eða kísilveiki, sem stafar af innöndun kísilryks.

Var fyrirtækinu gert að gera grein fyrir asbestnokun sinni og gefin fyrirmæli um að draga úr þeirri notkun ásamt því að viðhafa sérstaka gát og varnir við sögun og aðra meðferð á efninu. Skilaði Íslenska álfélagið ítarlegri skýrslu um

asbestnotkun sína, og drógu þeir tafarlaust úr notkun þess eins og þeir gátu, ásamt loforði um að ekki yrði sagað asbest eða mulið lengur og að tilraunir til að draga úr notkun þess héldu áfram.

Í skýrslu félagsins kom fram, að alls nam notkunin 62 500 kg á ári miðað við framleiðslu á 70 þús. tonnum áls og fóðruð 100 ker.

Auk þess, sem hér hefur verið upp talið um almennar ráðleggingar og endurbætur á starfsumhverfi og almennum hollustu- og heilbrigðismálum, var fylgst með heilsufari starfsmanna bæði af héraðslækni, trúnaðarlækni félagsins og heimilislæknum starfsmanna, sem sendu þá til rannsóknar hjá sérfræðingum í ríkisspítölunum eftir því sem við átti. En strax á fyrstu árum álbræðslunnar fór að bera á ýmsum óþægindum, einkum frá slímhúðum nefs og öndunarfæra, hjá nokkrum starfsmönnum í kerskálunum, eins og dæmi eru til um frá öðrum álverum. Ekki voru þessir starfsmenn þó tilkynntir til héraðslæknis sem hafandi atvinnusjúkdóma.

Þegar haldið var áfram stækkun álversins á árunum 1970—1971 og menn héldu að hreinsitæki fyrir útblástur væru á næstu grösum, óttuðust starfsmenn í kerskálunum að skaðleg efni og mengun mundi aukast í andrúmslofti þeirra. Urðu þessar umræður til þess, að héraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi gátu fyrr en ella hafið mælingar á loft- og ryksýnum í andrúmslofti á vinnustað til efnagreiningar ásamt mælingu á flúormagni í sólarhringsþvagi frá starfsmönnum álversins, en það er talinn allgóður mælikvarði á flúorupptöku og mengun starfsmanna. Hófust þessar rannsóknir 1971, en verkið sóttist seint vegna ófullkomins tækjabúnaðar og ófullnægjandi rannsóknaraðstöðu.

Að ósk verkalýðsforustunnar fól þá ráðh. Heilbrigðiseftirliti ríkisins að taka þessa rannsókn að sér og hraða henni. Framkvæmd og niðurstöðum þeirrar rannsóknar, sem hófst í nóv. 1971, hefur fyrrv. forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins lýst í grg. til heilbr.- og trmrh. frá 11. ágúst 1972, og verða hér í stuttu máli raktar helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar.

Rannsókninni var hagað þannig:

1. Vinnustaðir verksmiðjunnar skoðaðir, og var niðurstaða skoðunarinnar sú, að allmikið ryk væri í þessum vinnustöðum, og fann skoðunarmaður til óþæginda í öndunarfærum vegna hins mengaða lofts.

2. Rannsakað var loftkennt flúormagn í kerskála, en niðurstöðu þeirra rannsókna er ekki getið í skýrslunni. Aftur á móti eru til rannsóknir á flúorvetni frá nóv. 1971, en þar er sagt að niðurstöður séu lægri en búast mátti við, sennilega vegna vandkvæða við sýnishornatökuna að einhverju leyti.

3. Brennisteinssýrlingur var rannsakaður í andrúmslofti í kerskála og skautasmiðju og reyndist vera að meðaltali 0.14 mg á rúmmetra, en hæstu tölur einstakra mælinga fóru upp í 0.475 mg á rúmmetra, og var talið að þessar tölur væru innan uppgefinna hættumarka.

4. Ryksýni voru tekin í kerskála og skautasmiðju, en ekki rannsökuð með tilliti til magns eða efnasamsetningar.

5. Teknar voru stikkprufur af efnainnihaldi andrúmslofts af kolsýrlingi og súrefni og reyndust þessar lofttegundir innan eðlilegra marka.

6. Raka- og hitastig var mælt og álitið eðlilegt við viðkomandi aðstæður og starfsemi.

7. Flúor í sólarhringsþvagi var rannsakað frá 10 starfsmönnum fyrirtækisins, þar af þremur skrifstofumönnum fyrirtækisins. Reyndist það vera frá 0.6 mg í lítra til 3.2 mg í lítra, en miðað er við 4.8—5 mg í lítra sem hættumörk miðað við 48 stunda vinnuviku.

8. 7 menn af 8, sem veikst höfðu í álverinu, voru kallaðir til viðtals og tekin af þeim nákvæm sjúkrasaga og aflað upplýsinga um rannsóknir á þeim frá öðrum læknum eða stofnunum. Allir höfðu reynst einkennalausir við læknisskoðun þegar þeir hófu störf hjá álverinu. Niðurstöður þessara rannsókna leiddu í ljós að þessir menn þjáðust af einkennum frá öndunarfærum sem í sumum tilfellum voru mjög slæm. Einnig kom fram ofnæmi hjá sumum þessara manna, en auk þess bar mikið á sleni og þreytu að vinnu lokinni. Flestir höfðu unnið í kerskála, en margir við súrálsuppskipun og haft mikla yfirvinnu.

Talið var að mengun andrúmslofts á vinnustöðum þessara manna svo að víst næmi 4 af 7 mönnum væru samverkandi orsök sjúkdómseinkenna þeirra og öll veikindatilfelli ættu að flokkast undir atvinnusjúkdóma. Þannig er talið af Heilbrigðiseftirliti ríkisins að aðstæður í Straumsvík séu þannig, að hætta sé á atvinnusjúkdómum hjá starfsmönnum.

Bent er á varnarráðstafanir sem beita verði við álverið gegn atvinnusjúkdómum, t. d. hreinlætis-, öryggis- og loftræstiráðstafanir. Bent er á að auk athugunar á almennu heilsufari beri sérstaklega að athuga ástand öndunarfæra og ofnæmistilhneigingar hjá starfsmönnum, og í þriðja lagi verði að stilla vinnutíma í hóf.

Þótt ljóst sé að fyrrnefndar mengunarrannsóknir séu meira eða minna ófullnægjandi, hefur niðurstaða rannsóknanna í heild verið í fullu samræmi við reynslu og þekkingu frá niðurstöðum rannsókna frá öðrum löndum við svipaðan atvinnurekstur og aðstæður.

Þá er þáttur Öryggiseftirlits ríkisins ótalinn, en starfsmenn þess fara vikulega í eftirlitsferð í verksmiðjuna og skoða þungavinnuvélar, verkstæði og aðbúnað starfsfólks, auk þess sem gasmælingar eru framkvæmdar til að finna leka í leiðslum (bútan- og própangas). Samkv. skrá Öryggiseftirlitsins frá 9. nóv. 1976 voru skráð 16 atriði sem lagfæra þurfti, og er þar um að ræða atriði vegna lélegrar loftræstingar, vöntunar á neyðarútgangi, hávaða, hitastigs og almennrar hreinlætisaðstöðu, ásamt fatageymslum. Sumt hefur verið lagfært, annað er í athugun. Einnig fór fram hávaðamæling 1972 í nokkrum vinnusölum álversins og var hávaði við mælingartilfelli undir hættumörkum á vinnustöðum. Þó skal þess getið, að þessar mælingar segja ekkert um hávaða við einstök störf starfsmanna.

10.—15. febr. 1974 framkvæmdi heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur heyrnarmælingar á 117 starfsmönnum álversins, þar með talið fólk úr eldhúsi og fleiri stöðum, og reyndust 97 starfsmenn hafa skerta heyrn, þar af 30 með verulegt heyrnartap. Þótt samanburði sé

ekki lokið á tíðni heyrnartaps við önnur hávaðasöm störf, t. d. vinnu í blikksmiðjum o. s. frv., virðast þessar tölur, — þ. e. 83% með skerta heyrn og 25.6% af öllum með verulegt heyrnartap eða 31% af þeim sem hafa skerta heyrn, — benda til þess að um óeðlilega háa tíðni heyrnartaps sé að ræða hjá starfsmönnum álversins og full ástæða til að endurtaka þessa rannsókn hið fyrsta.

Þess skal getið, að skýrslur um niðurstöður heilbrigðisrannsókna starfsmanna álversins framkvæmdar af trúnaðarlækni, liggja ekki fyrir á þessari stundu, en gerðar hafa verið ráðstafanir til að afla þeirra svo og skýrslu um slysatíðni við verksmiðjuna. Trúnaðarlæknir rannsakar alla nýráðna og síðan er framkvæmd reglubundin heilbrigðisskoðun á 6 mánaða og eins árs fresti á þeim starfsmönnum sem ástæða er til að kalla til rannsóknar eða leita til læknis.

Fram hefur komið nýlega að álverið hefur yfir að ráða nauðsynlegu rykmælitæki til rannsóknar á rykmengun í andrúmslofti starfsmanna, en ekki liggja fyrir skýrslur um það, hvort tækið hafi verið notað hin síðari ár og með hvaða árangri. Enn fremur hefur félagið sjálft mælt hávaða á vinnustöðum auk gasmælinga, en sömu sögu er um það að segja, að skýrslur liggja ekki fyrir, en gerðar hafa verið ráðstafanir af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins til þess að fá slíkar skýrslur hið fyrsta séu þær til.

Það er samdóma álit eftirlitsaðila að forráðamenn álversins hafi í flestum tilvikum verið viðræðugóðir, en efndir framkvæmda verið misjafnar. Þó hefur í flestum tilvikum verið ráðin bót á hlutunum nema stóru eða alvarlegustu mengunarmálunum, bæði innan dyra og utan, þar hafa efndir ekki verið.

Þess skal að lokum getið, að auk fyrrnefndra eftirlitsaðila hefur verið leitað til annarra aðila, þar sem það hefur átt við, eða þessir aðilar átt frumkvæði að athugunum, og skal nefnt sem dæmi eiturefnanefnd, Náttúruverndarráð, landlæknir o. fl. Gott samstarf hefur og verið á milli allra þessara eftirlitsaðila.

Miðað við mannafla, efni og allar aðstæður hafa viðkomandi eftirlitsaðilar unnið gott starf. En þeim er ljóst að betur má ef duga skal, og er unnið að viðeigandi lausn þessara mála eftir því sem aðstæður leyfa. Það eru einkum fámenni og fjárskortur viðkomandi stofnana ásamt mörgum öðrum aðkallandi verkefnum sem tefja framkvæmdir.

Það er ljóst að nauðsynlegt er að framkvæma heildarúttekt á ástandi og eðli vinnustöðva við álverið með tilliti til rykmengunar, flúormengunar, brennisteins- og kolsýrlingsmengunar, auk hávaðamælinga og fleiri atriða. Samtímis þarf að rannsaka á kerfisbundinn hátt heilsufar starfsmanna með tilliti til ákveðinna atvinnusjúkdóma og í því sambandi framkvæma flúormælingar á þvagi starfsmanna, framkvæma heyrnarmælingar og lungnaþolspróf og fleira, svo að eitthvað sé nefnt.

Þegar þessar rannsóknir liggja fyrir er fyrst hægt að meta mengun vinnustaða og væntanleg áhrif þeirra á heilsufar starfsmanna. Þá fyrst verður hægt að fylgjast með árangri aðgerða til endurbóta þegar hægt er að mæla hvaða áhrif endurbætur hafa haft. Slíkar rannsóknir sem þessar eru nauðsynlegar er fylgjast á með áhrifum starfsumhverfis og heilsufari starfsmanna yfir lengra tímabil.

Á það skal sérstaklega bent, að ekki er sama hvernig sýni eru rannsökuð og með hvaða aðferðum, og skal í því sambandi skipuleggja í tæka tíð sérstaklega vel öll þau atriði er þau mál varða. Endurskoða þarf heilbrigðisþjónustu starfsmanna álversins, en þar starfa um 630 manns, og er augljóst mál að trúnaðarlæknir með fárra stunda vinnuviku getur ekki sinnt þeim verkefnum sem gera verður kröfu til að framkvæmdar séu á jafnfjölmennum vinnustað.

Það, sem hér hefur verið nefnt um endurbætur og frekari rannsóknir, hefur verið rætt nokkuð á fundum með eftirtöldum aðilum: forstöðumanni Heilbrigðiseftirlits ríkisins, landlækni, héraðslækni Hafnarfjarðar, trúnaðarlækni Íslenska álfélagsins, prófessornum í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands og forstöðumanni Öryggiseftirlits ríkisins. Frumkvæði að þessum fundum hefur átt forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, en tilefni þeirra var fyrst og fremst bréf Öryggiseftirlitsins til héraðslæknisins í Hafnarfirði frá 25. jan. 1977 um að sjá um að framkvæma flúorrannsóknir í þvagi starfsmanna álversins og bréfi sama dag til íslenska álversins um það efni, auk þess sem Öryggiseftirlitið fór þess á leit við Heilbrigðiseftirlit ríkisins að samvinna yrði milli þessara embætta um framkvæmd þessara mála.

Í framhaldi af þessum bréfaviðskiptum leituðu bæði trúnaðarlæknir álversins og héraðslæknirinn í Hafnarfirði eftir aðstoð Heilbrigðiseftirlits ríkisins við skipulag og framkvæmd rannsóknanna. Varð það að samkomulagi milli allra aðila að fela Heilbrigðiseftirliti ríkisins stjórn og skipulag þessara mála og hefja sem fyrst rannsóknir á þvagsýnum með tilliti til flúorinnihalds. Mun stofnunin leita þeirrar sérfræðiaðstoðar sem þörf verður á í þessu sambandi.

Þessi mál voru kynnt hinn 22. febr. 1977 í grófum dráttum fyrirsvarsmönnum álversins, þar sem bent var á skyldur fyrirtækisins um reglulegar mælingar á ástandi starfsumhverfis svo og rannsóknir á heilsufari starfsmanna alfarið á kostnað fyrirtækisins, eins og tíðkast erlendis við svipaðan atvinnurekstur. Voru forsvarsmenn viðræðugóðir og féllust á þessa framkvæmd mála. Ekki hefur unnist tími til að kynna þessi mál Starfsmannafélaginu eða verkalýðsfélaginu á staðnum, en það mun verða gert við fyrsta tækifæri. Vonir standa til að framkvæmdir geti hafist bráðlega og þvagsýni rannsökuð.

Þess skal að lokum getið, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur með fjárhagsstuðningi heilbr.- og trmrn. aflað nauðsynlegs tækjabúnaðar til mælinga á ryki í andrúmslofti starfsmanna og er unnið að frágangi og öðrum nauðsynlegum atriðum í sambandi við þessi tæki þessa dagana. Kröfur heilbrigðisyfirvalda um mengunarvarnir standa óhaggaðar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. var að enda við að flytja hér röggsamlega skýrslu. En þetta var

skýrsla um mjög alvarlegt hneyksli, ekki vegna þess að Heilbrigðiseftirlitið hafi ekki staðið sig. Ég get ekki látið hjá líða að hrósa Heilbrigðiseftirlitinu fyrir það, hvernig það hefur gengið til verks. En athuganir Heilbrigðiseftirlitsins sýna að í álverinu er ekki aðeins um að ræða hættu á atvinnusjúkdómum, heldur eru mjög alvarlegir atvinnusjúkdómar þegar orðnir staðreynd í þessari verksmiðju, lungnasjúkdómar ýmiss konar, ofnæmissjúkdómar og 85% starfsmanna í verksmiðjunni eru skertir á heyrn, 85% af þessum rúmlega 600, þ. e. 500 manns, sem unnið hafa í þessari verksmiðju, eru nú með skerta heyrn. Þetta er uppskeran, þetta er heilsufarsuppskeran af þessari verksmiðju.

Argasta hneykslið er svo það, sem fram kemur í skýrslu hæstv. ráðh., að Heilbrigðiseftirlitið hefur engin bein afskipti af verksmiðjunni fyrr en í byrjun árs 1972. Þeir, sem sömdu fyrir hönd okkar Íslendinga um þessa verksmiðju, létu alveg hjá líða að athuga þessa hlið málsins. Og þó kemur fram í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins að allar niðurstöðurnar eru í fullu samræmi við reynslu og þekkingu varðandi sams konar verksmiðjur í öðrum löndum. Reynslan lá sem sé fyrir þegar þessi verksmiðja var reist, en þeir, sem þarna gengu til samninganna fyrir hönd okkar Íslendinga, létu sig þetta einu gilda, vissu kannske ekkert um það, sömdu eins og glópar.

Það er svo ekki fyrr en vinstri stjórnin er mynduð og Magnús Kjartansson tekur við þessum málum að sett er reglugerðin um Heilbrigðiseftirlitið, að það fylgist með þessari verksmiðju, sú reglugerð sem leiðir nú til þessarar niðurstöðu, leiðir í ljós þennan ægilega sannleik.

Það ætti ekki að þurfa að vekja athygli á þessu reginhneyksli. Það blasir við hverjum manni. Það blasir líka við hverjum manni, hversu treystandi er aðilum eins og þessum, hvort heldur þeir heita nú Alusuisse upp á frönsku eða Elkem-Spigerverket upp á norsku, hvað þeim er treystandi þegar til kastanna kemur. Þeir eru viðræðugóðir, segir í skýrslunni. Þeir eru alltaf nógu viðræðugóðir, þessir menn. Þeir heita öllu góðu, þeir lofa öllu fögru, en standa svo ekki við neitt. Síðasta fyrirheitið er að koma upp hreinsitækjum einhvern tíma, við fáum ekkert að vita hvenær þau eiga að koma upp. Hins vegar fáum við að vita hvað það mun kosta vesalings Alusuisse ógurlega mikla peninga, 4.5 milliarða. Það er náttúrlega skýringin á því, að þetta kunni eitthvað að dragast, og við verðum þá að fyrirgefa það.

Ég vildi svo aðeins, af því að hér er verið að ræða verksmiðjumál og hættu á atvinnusjúkdómum sem kunna að fylgja slíkum verksmiðjum, beina þeirri fsp. til hæstv. iðnrh., hvað það sé varðandi samninganna við Elkem-Spigerverket sem veldur því, að Heilbrigðisefitrlit ríkisins hefur ekki enn veitt starfsleyfi handa verksmiðjunni. En það er skýringin á því að frv. um þessa verksmiðju er ekki enn þá komið úr nefnd.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. sérstaklega flutning á þessari skýrslu og raunar forseta líka fyrir að gefa honum rýmilegan tíma fram yfir þingfundasköp í Sþ. til að gera okkur grein fyrir þessu máli. En ég verð að taka undir orð síðasta ræðumanns, að þetta var dapurleg niðurstaða, vægast sagt dapurleg niðurstaða. Það segir orðrétt, ef ég hef náð því: „Viðunandi andrúmsloft ekki til staðar fyrr en hreinsitæki eru komin upp.“ Þetta er undirstrikað í skýrslunni orðrétt, eftir allan þennan tíma. Og enn eru engin tímamörk á uppsetningu þessara tækja. Hvert stefnum við? Fram undan eru umræður um nýja verksmiðju enn verri í mengunarlegu tilliti — miklu, miklu verri. Það er viðurkennt um allan heim og til um það hafsjór upplýsinga. Hvert stefnum við? Það er rétt, að þetta er nýtt svið fyrir okkur. En við getum ekki haldið áfram með bundið fyrir augun, alls ekki. Fyrst við uppgötvum vandann verðum við að láta hendur standa fram úr ermum og framfylgja því sem hæstv. ráðh. lauk máli sínu á. Kröfur heilbrrn. standa óhaggaðar. En það vantar framkvæmd í samræmi við það.

Hæstv. ráðh. vitnaði í ýmsar reglugerðir og tilskipanir. En í svarinu kom fram að aðilar eru viðræðugóðir, en efndir misgóðar. Það þarf meira en viðræðugóða aðila. Það þarf aðila sem standa við það sem þeir segja, svo að málin verði í lagi.

Þessi skýrsla er svo dapurleg, að ég óska eftir því að hún verði ljósrituð sérstaklega sem fyrst og dreift á borð þm. svo að menn átti sig nægilega vel á málinu þegar í stað. Hún er það mikilvæg og mætti raunar birtast almenningi strax. Það er því miður viðurkennt í skýrslunni að það er margt að. Menn eru teknir til læknisskoðunar einu sinni eða tvisvar á ári, sennilega eftir óskum viðkomandi aðila. Ég náði því ekki beint, hvort það væri krafa, en það er a. m. k. lágmark einu sinni á ári, skildist mér. E. t. v. geta menn farið miklu oftar ef menn óska eftir því.

Einn þáttur var nokkuð ræddur í skýrslunni sem er afar alvarlegur, og það er asbestið og uppskipunin. Það er afar alvarlegt mál. Út um allan heim er asbestvandamálið eða rykið frá asbestinu eitt það alvarlegasta sem við er að etja, og þarf alveg sérstakar varúðarráðstafanir gagnvart því, langt fram yfir allt annað, vegna eðlis málsins. Það þekkja sumir þm., sem hér eru staddir nú, miklu betur en ég.

Það er svo margt, sem kemur fram í þessari skýrslu, að það er ómögulegt fyrir okkur að ná því öllu, en þetta er mjög alvarlegt ástand, það fer ekkert á milli mála, og það þarf miklu meira en góða viðmælendur til að laga þetta mál. Því verður að framfylgja af einurð. Og ég treysti því, miðað við getu hæstv. heilbrrh., að hann kippi hér rækilega í spottann. Það er svo margt sem kom fram í skýrslunni, eins og ég sagði áðan, að við verðum að fá hana á borð okkar og sjá nánar og eiga möguleika á því að fylgjast nánar með framkvæmd mála á þessu stóra atvinnusviði.

Það kom líka fram að það væri búið að heyja langa baráttu fyrir vissum háttum og það hefðu verið haldnir vissir fundir með aðilum. En það er ekki nóg. Það verður að standa við það sem sagt er og setja þessu einhver tímamörk. Peningar eru algert aukaatriði í þessu efni, hvort

sem upphæðin er há eða lág. Það er heilbrigði mannanna sem er mesta verðmætið þarna, hvort sem það eru fáir menn eða margir, ég tala nú ekki um ef það er svo, að fjöldi manna hefur þegar beðið heyrnarskemmdir. Það nær ekki nokkurri átt að vera að tala um einhverjar krónur í þessu sambandi, hvort sem þær eru taldar í milljörðum í íslenskum kr. í dag eða ekki. Hér verður að verða á breyting. Það er engin vafi á því.

Varðandi önnur atriði í stóriðjunni, þá er nú óhætt að fara að doka við og sjá hvernig við stöndum með þær öryggisráðstafanir sem nauðsynlegar eru þegar er á döfinni fyrirtæki sem felur í sér margfalt verri atriði í þessu tilliti heldur en álverið. Það er alveg óhætt að gera okkur grein fyrir þeirri stöðu áður en næsta skref er stigið.

En ég vil enda orð mín með því að þakka hæstv. ráðh. aftur fyrir langa og ítarlega skýrslu. Ég vænti þess að hann fylgi málinu eftir fyrst hann hefur gert þetta með sóma — ég segi það hiklaust: með sóma — að opinberu máli hér á Alþingi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þessi ítarlega skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, sem hæstv. heilbrrh. hefur flutt þinginu og hafi hann þökk fyrir það, er bæði sorgarsaga og hneykslissaga. Hún sýnir hversu gersamlega menn hafa brugðist hlutverki sínu í sambandi við heilbrigðishliðina á þessari verksmiðju þegar hún var reist og sá sorglegi sannleikur kemur í ljós, að það er ekki fyrr en eftir 1970 eða sérstaklega 1972, með nýju reglugerðunum, sem breytingar verða á þessu. Hins vegar er eini bjarti punkturinn í málinu sá, að það virðist vera vakning hjá hinum ýmsu aðilum heilbrigðisyfirvalda í sambandi við þessi mál og það virðast vera komnir til skjalanna menn sem vita hvað þeir eru að gera og við hvað er að glíma.

Ég tel, að þessi mál komi ekki við samningum við útlendinga. Í þessum efnum verða að gilda íslensk lög, og það eru þau lög, sem vantar, og það eru jafnvel reglugerðir, sem hefði verið hægt að gefa út miklu fyrr, sem vantaði árum saman, miðað við þau tiltölulega ófullkomnu lög sem við höfum. Og það er af þessari ástæðu, sem við alþfl.-menn höfum nú flutt ár eftir ár till. um nýja löggjöf um starfsumhverfi, um það hvernig búið er að fólki á vinnustöðum.

Þetta er ljót saga úr stórri verksmiðju. En við skulum ekki vera þau börn að halda að fjöldinn allur af þeim hættum, sem þarna voru nefndar, og aðrar séu ekki til á fjöldamörgum ef ekki flestum minni vinnustöðum hér á landi. Þess vegna vil ég leggja ríka áherslu á að þessum málum verði komið í gott horf.

Það eru tíðindi að komin skuli vera hollustunefnd í verksmiðjuna og að fulltrúi verkafólksins skuli fá að sitja í henni. En það er búið að standa í norskum lögum síðan 1956 eða 1957, að það skuli vera hollustufulltrúi frá starfsfólki í hverri einustu slíkri verksmiðju og það skuli vera hollustunefnd í hverri einustu slíkri verksmiðju. Þetta eigum við að færa í lög hér og það frekar fyrr en síðar.

Við erum búnir að brenna okkur illa í þessum málum. Við skulum ekki brenna okkur aftur. Við höfum stundað aðra hættulega atvinnuvegi og getað gert mikið til að forða okkur frá þeim hættum. Við þurfum ekki að neita okkur um allan nútímaiðnað. En við skulum halda vöku okkar í þessum málum og minnast þess, að það er íslensk löggjöf og íslenskt embættiskerfi sem á að tryggja það að starfsumhverfi og vinnuaðstaða íslensks verkafólks sé við öll störf eins og við viljum hafa hana.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil minna á það, að lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eru samþykkt hér á Alþ. 6. mars 1969 og taka gildi 1. jan. 1970. Þá fyrst er farið að hefjast handa um að setja þær reglugerðir. En Heilbrigðiseftirlitið þurfti tíma til að kynna sér margvísleg mál, og brautryðjendastarf forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins var mikið og erfitt. Þessar reglugerðir, sem endanlega voru settar á árinu 1972, er byrjað að semja og viða að sér efni í þær strax með tilkomu Heilbrigðiseftirlitsins. Þessi mál hafa verið að mótast og þau hafa tekið töluverðan tíma eins og eðlilegt er.

Ég dreg ekkert undan í þessari afdráttarlausu skýrslu. Ég tel að Alþ. eigi fullan rétt á því að heyra hana. Ég varð að stytta hana örlítið í flutningi. En það voru ekki atriði sem skipta máli, heldur meira um byrjun Heilbrigðiseftirlitsins, kafli sem skiptir litlu máli í þessu sambandi.

Við vitum að það er mjög margt að, bæði í okkar landi og í öðrum löndum. Við vitum t. d. ekkert hversu heyrnarskemmdir eru viðtækar við ýmis önnur störf. Slíkt fer líka mjög eftir því hvað fólk sjálft gerir í þessum efnum. Það tók langan tíma að kenna íslendingum að nota hjálma við vinnu. Mönnum fannst vera hálfgerð skömm að því að nota hjálma. En nú er þetta komið á. Einnig segja margir atvinnurekendur að erfitt sé að fá menn til þess að nota eyrnahlífar, svo að það er ekki alltaf hægt að kenna stjórnvöldum eða embættismönnum um þessa hluti. Sökin er oft og tíðum hjá fólkinu sjálfu þegar um nýjungar er að ræða og tekur tíma að koma þeim á. Það, sem er talið fáránlegt í dag, getur verið orðið sjálfsagt eftir örfá ár.

Í sambandi við hreinsitækin, þá hef ég ekki tíma til að ræða það mál. Það verður vafalaust gert síðar. En þar fékk Íslenska álfélagið frest, og var ætlunin að nota þar íslenska uppfinningu. Hún tók töluverðan tíma, að mig minnir tvö ár, en reyndist ófullkomin. Síðan var farið að rannsaka nýjar leiðir. Nú er svo komið að það liggur fyrir miklu fullkomnari hreinsibúnaður, en þá er aftur tíminn, hvað lengi verður að koma honum upp. Þegar við lítum á gang þessara mál, þá er auðvitað sá hreinsibúnaður, sem nú er á döfinni, margfalt fullkomnari en áður var um að ræða, en hann hefur í för með sér breytingu á kerum verksmiðjunnar. En á það er lögð gífurleg áhersla af heilbrrn. og Heilbrigðiseftirlitinu að hraða þessum framkvæmdum eins og frekast er unnt að gera, því að nú loksins er komist niður á það á hvern hátt eigi að leysa þetta erfiðleikamál.

Ég skrifaði Íslenska álfélaginu bréf 2. febr. á þessu ári, þar sem ég óskaði eftir frekari upplýsingum og nýrri grg., vitnaði í því bréfi í allt það sem á undan hafði farið í þessum efnum. Þeir eru ekki að öllu leyti sekir. Þeir hafa haft fresti frá öllum ríkisstj. sem setið hafa. Hins vegar hefur hér orðið breyting á vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ákveðnar leiðir, sem átti að fara, reyndust ófullnægjandi. En þetta breytir því ekki, að þetta ástand er alvarlegt. En það er líka alvarlegt ástand — og það bætir ekkert úr fyrir álverinu — í mörgum íslenskum fyrirtækjum sem við þurfum að þrengja að og ýta á. Við erum með margar fiskmjölsverksmiðjur með takmarkað starfsleyfi til skamms tíma, höfum framlengt starfsleyfi þeirra hvað eftir annað. Ef við beittum þeim ákvæðum sem við höfum í lögum og reglugerðum, þá væri ekki bræddd sú loðna sem nú er verið að bræða í landinu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins láta koma fram hér leiðréttingu á því, sem fram hefur komið í ræðum þm., að þeir menn, sem stóðu að samningsgerðinni við svisslendingana hefðu ekkert hugsað um heilbrigðismálin. Þetta er algerlega rangt, og þetta er sennilega af fákunnáttu þessara hv. þm. sem er mikil ástæða til að leiðrétta. Í aðalsamningnum um álbræðsluna, — ég hef hann ekki við höndina núna, en ég man það alveg, — þar voru mjög ákveðin fyrirmæli um að þeir skuli í einu og öllu lúta íslenskum fyrirmælum, reglugerðum og lögum varðandi heilbrigði og hollustuhætti sem sett eru og gilda á hverjum tíma. Það er ekki nokkur vafi um það.

Það er svo rétt sem hæstv. heilbrrh. sagði, að um þetta leyti eða upp úr því að við vorum að semja um álbræðsluna vorum við líka að setja ný lög um heilbrigðiseftirlit og þá voru ekki til neinar heilbrigðisnefndir víðs vegar um Ísland. Það var gert að skyldu að setja heilbrigðisnefndir alls staðar um landið og sérstök fordæmi voru gefin til þess og hafið heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlitið hefur að mínum dómi gefið mjög góða raun.

Við eigum auðvitað að gæta sem best heilbrigðishátta í verksmiðjum okkar. En ég verð að segja að þar er víðar pottur brotinn heldur en í þessari blessaðri álbræðslu. Og varðandi heyrnarskemmdir — hvað eru miklar heyrnarskemmdir hjá börnum sem eru á diskótekum og hlusta þar á ægilega, gargandi músik með mögnunum og öðru slíku? Veit einhver um það? En þetta segir ekki um það, að ekki verði þarna að fylgja öllum settum reglum og ströngustu ákvæðum. En það skal enginn halda fram þeirri röngu skoðun, að það hafi ekki verið sett um þetta hörð og algerlega föst ákvæði af þeim sem sömdu um málið, að hér skyldi tvímælalaust fara eftir íslenskum lögum sem sett yrðu á hverjum tíma.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þessar umr. um hollustuhætti eða öllu fremur hið gagnstæða, mengun frá álverinu í Straumsvík, fara fram á merkilegum tíma, í aðdraganda 2. umr. um enn aðra verksmiðju, um stóriðju á landi hér, sem undirbúin hefur verið af nákvæmlega sömu sérfræðingum og þeim sem fullyrtu, þegar fjallað var um álverksmiðjuna í Straumsvík, að við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af mengun frá henni og þar þyrfti ekki hreinsitæki, vegna þess að ryksugur háloftanna mundu annast þessa hreinsun.

Okkur er það í fersku minni á fyrstu missirum starfsemi þessarar verksmiðju suður í Straumsvík þegar forstöðumenn fyrirtækisins, forstöðumenn ÍSALs, svöruðu opinberlega með ónotum starfsmönnum sem kvörtuðu undan óhollustu í verksmiðjunni. Og mér er það persónulega minnisstætt þegar hæstv. þáv. iðnrh. svaraði íslenskum líffræðingi, Ingólfi Davíðssyni, heldur dreissuglega þegar hann lagði á borðið niðurstöður af rannsóknum sínum á mengun á gróðri, flúormengun á gróðri frá álverinu í Straumsvík, og kallaði hann þá „svokallaðan vísindamann".

Eins og ég sagði áðan, þá eru það sömu sérfræðingarnir, sem fullyrtu að við þyrftum ekki að óttast mengun frá álverinu í Straumsvík sem starfrækt yrði undir verndarvæng ryksugu háloftanna, sem hv. alþm. ætla nú að trúa þegar þeir fullyrða að það sé ekki hætta á mengun frá málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, — ætla að trúa þeim á sama hátt og á sömu forsendum.

Ég vil rétt að gefnu tilefni vekja athygli á því, að hv. þm. Benedikt Gröndal, formaður Alþfl., sem nú lýsir yfir hryggð sinni, skelfingu og hneykslun á því sem kemur í ljós um álverksmiðjuna í Straumsvík, hann lýsti því yfir hér fyrir nokkrum dögum að hann væri alveg viss um að sá alþm. fyndist ekki nú sem vildi missa álverksmiðjuna í Straumi, sem vildi missa þetta ágæta fyrirtæki. Þá var hann að réttlæta yfirvofandi samþykki Alþfl. við málmblendiverksmiðju í Hvalfirði á nákvæmlega sams konar forsendum og Alþfl. samþykkti þessa verksmiðju á sínum tíma.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Við höfum hlustað hér á skýrslu og það var eftirtektarverður lestur. Við íslendingar erum nú í tæknibúnu þjóðfélagi, en iðnaður okkar er ungur að árum, en þó sérstaklega hin svokallaða stóriðja.

Ég vil mótmæla því, að það sé samningunum eða löggjöfinni að kenna að ekki er lengra komið en orðið er með allan útbúnað til hollustuhátta í Straumsvík. Ég vil líka mótmæla því, að það hafi verið af slóðaskap hjá hæstv. fyrrv. heilbrrh., Eggert G. Þorsteinssyni, að hann gaf ekki út reglugerð um þessi efni sem hægt væri að fara eftir. Eggert G. Þorsteinsson, þáv. heilbrrh., hafði áhuga á því að þessi mál kæmust í lag. En eins og hæstv. núv. heilbrrh. sagði áðan, þurfti langan undirbúning fyrir þessa reglugerð, lengri undirbúning en örfáar vikur, fáa mánuði, sem fyrrv. heilbrrh. Magnús Kjartansson hafði. Hann hefði ekki getað gefið út reglugerðina 1. jan. 1972 ef ekki hefði áður verið búið að vinna að undirbúningi hennar undir stjórn fyrrv. heilbrrh., Eggerts G. Þorsteinssonar.

Það er dálítið hlálegt þegar hv. þm. eru að brýna hver annan um skilningsleysi og mannvonsku, jafnvel gefa í skyn að hér í þingsalnum séu menn sem láti sér raunverulega á sama standa hvernig fer með hollustuhætti landa

okkar í verksmiðjunni í Straumsvík. Meinar það nokkur hv. þm., að hér sé einhver sem kæri sig ekkert um að hafa hollustu og heilbrigði í lagi í okkar verksmiðjum, bæði í Straumsvík, fiskmjölsverksmiðjum, Áburðarverksmiðjunni, Sementsverksmiðjunni, og gera ráðstafanir í diskótekunum eins og hv. þm. grípur fram í til þess að börn og unglingar missi ekki heyrnina? Við eigum eftir að læra margt og okkur vantar margt til þess að atvinnuhættir okkar verði fullkomnir.

Nú hefur því verið lýst yfir, að það verði ekki fullkomin hollusta eða heilbrigði við störf í Straumsvík nema mengunartæki verði sett upp, og það er ákveðið að þau verði sett upp. Ef mengunartæki hefðu verið sett upp strax í byrjun, sem þá voru þekkt, þá hefðu þau tæki aðeins útilokað mengun utan húss, en ekki í kerskálanum. Þau hreinsitæki, sem nú er ákveðið að setja upp, eiga að útiloka mengun bæði innanhúss og utan. Við skulum vera sammála um að gera kröfu til þess, að þessi tæki verði sett upp í álverksmiðjunni. Og við skulum einnig vera sammála um það, allir þm., að gera ráðstafanir til þess sem allra fyrst eftir ítrustu getu að koma upp tækjum til hollustu- og heilbrigðishátta í öðrum verksmiðjum okkar þar sem óhollusta er, — í verksmiðjum sem starfa nú á undanþágu vegna þess að við höfum ekki efni á því að stöðva þær.

Ég held að ég geti tekið undir með hv. þm. Benedikt Gröndal og sagt það sem hann meinti, að það er happ fyrir íslendinga að við fengum álverksmiðjuna. En við skulum vera samtaka um að gera hana hættulausa fyrir fólkið sem vinnur þar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Hafstein sagði hér áðan að þeir, sem sömdu við svissneska álfélagið um Straumsvíkurverksmiðjuna, hafi sett það sem ófrávíkjanlegt skilyrði, að varðandi hollustuhætti, hreinlætis skilst mér, og annað slíkt skyldi framfylgt íslenskum lögum. Gallinn var bara sá, að það voru engin íslensk lög til þess að byggja á kröfurnar, skilst mér. Ef svo hefði verið, þá segi ég: Þessi samningur var glæfraskapur. (**IngJ:** Lögin voru sett 1969.) Það átti ekki að semja um eitt né neitt í þessu sambandi fyrr en nauðsynleg lög voru staðfest sem byggja mátti á kröfur okkar. Það er lítið gagn í skilyrðum sem ekki er staðið við.

Við erum alltaf að læra, segir hv. þm. Ingólfur Jónsson. Við vissum ekki neitt um stóriðju og afleiðingar hennar fyrr en við reistum verksmiðjuna í Straumsvík. Þó kemur það fram í hinni ítarlegu skýrslu hæstv. heilbrrh. áðan, að niðurstöðurnar af könnun Heilbrigðiseftirlitsins í verksmiðjunni eru allar í samræmi við þá reynslu sem þegar var fengin af sams konar rekstri erlendis. Hvers konar glópar eru íslenskir stjórnmálamenn? Hvers konar gáfnafar réð stefnunni þegar samið var við svisslendinga?

Hv. þm. Jóhann Hafstein sagði hér áðan, af því að það kemur nú fram að 85% starfsmanna í Straumsvíkurverksmiðjunni hafi nú skerta heyrn eftir vinnu sína þar: Hvernig er ekki með diskótekin? Unglingar okkar eru með skerta heyrn af því að hlusta á þessa háværu músík. Já, það er eflaust rétt. En það hafa fleiri en íslenskir unglingar farið á diskótek og hlotið af því skerta heyrn. Í Straumsvíkurmálinu gengu íslenskir stjórnmálamenn á diskótek hjá alþjóðlegum auðhringum og þeir eru enn á því diskóteki. Þeir hafa að vísu ekki hlotið af þessu skerta heyrn í öllu tilliti, þeir heyra vel músíkina á diskótekinu. En þeir eru hins vegar hættir að heyra rödd sinnar eigin þjóðar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er sannarlega hryggilegt að heyra í skýrslu þá staðreynd, að atvinnusjúkdómar skuli vera orðnir áberandi í Straumsvík. Það er hins vegar öruggt, að það hefur hvorki vantað löggjöf né reglugerðir í þessu landi til þess að hamla gegn slíku. Hér hefur á einhvern hátt ekki verið haldið nógu fast á málum, hvar sem sök liggur ef hún er til. En eitt er víst og eitt er áberandi, og það er að á síðustu árum hafa allar rannsóknaraðferðir orðið miklu fullkomnari og þægilegra og auðveldara að finna fyrstu einkenni mengunar heldur en áður var. Sem dæmi um þær breytingar, sem orðið hafa, getum við tekið Kröflu. Ef sömu aðferðir væru notaðar og notaðar voru, fyrir nokkrum árum til að mæla jarðskjálfta, þá hefðum við aldrei orðið varir við neina af smáskjálftunum við Kröflu. Sama er um mengunarvarnir. Þetta verður fullkomnara með hverju árinu.

Nú er öllum orðið ljóst að ástandið í Straumsvík er hættulegt. Það er líklegt að sú staðreynd, að reynt var að fá íslensk hreinsitæki í Straumsvík, hafi orðið til að tefja framkvæmd þessa máls, og er illa farið að svo skuli vera. En eitt er víst, að nú verður ekki lengur við það unað að við verðum dregnir á asnaeyrum í þessu efni. Reyndar blasir sú staðreynd við okkur, að ef ekki er hægt að komast hjá því að þeir starfsmenn, sem í Straumsvík starfa, eigi fyrir sér mikla hættu á atvinnusjúkdómum, þá verður að gera alvarlegar tilraunir til að fá úr því bætt, jafnvel áður en möguleiki er á að koma upp hreinsitækjum á í allri verksmiðjunni.

Það var engin ástæða fyrir íslenska ráðamenn að óttast að hér væri ekki hægt að halda fólki heilbrigðu eins og gert er annars staðar í álverksmiðjum. Því er ekki við neinn að sakast að öðru leyti en því, að þeir, sem þessari verksmiðju stjórna, hafa dregið óhæfilega lengi að koma upp þeim tækjum sem nauðsynleg eru til að vernda heilsu fólks.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt, að hér hefur verið flutt mjög athyglisverð skýrsla sem segja má um hvort tveggja, eins og hér hefur verið gert, að hún sé skýrsla um hneyksli og hún sé líka sorgleg. En mér finnst að þessar umr., sem hér hafa orðið, hafi farið ótrúlega langt á snið við kjarna málsins.

Það er enginn vafi á því, að þeir, sem eiga álverið í Straumsvík, hafa komist upp með bæði að skjóta sér undan því, sem lagt hefur verið fyrir þá, með því að biðja um frest og fá frest, og hreinlega að svíkjast um að gera það sem lagt var fyrir þá. Einnig hafa þeir komist upp með það að fá meiri hl. alþm. til þess að undanþiggja þá nauðsynlegum ráðstöfunum.

Við skulum ekki reyna að þræta neitt um þá staðreynd, að þegar upphaflegur samningur við eigendur álversins var staðfestur hér á Alþ., þá fóru hér fram feiknalega miklar umr. um mengunarhættu í sambandi við rekstur verksmiðjunnar. Hér voru uppi kröfur um að það skilyrði skyldi sett, að hreinsitæki ættu að vera á verksmiðjunni. Það fékkst ekki fram. Það var ekki talið nauðsynlegt, það yrði að athuga síðar.

Það er hins vegar rétt að mínum dómi sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Hafstein, að það hefur aldrei verið samið um það við þá að þeir væru undanskildir því að hlýða okkar reglum. Hins vegar stóð hann og fleiri að því á sínum tíma að neita því að setja þetta skilyrði, sem var auðvitað sjálfsagt skilyrði, að það ætti að setja upp hreinsitæki á verksmiðjuna. Það er ekki lengra síðan en tæplega eitt ár, á s. l. ári var þetta sama fyrirtæki enn á ný að leita eftir staðfestingu hér á Alþ. fyrir stækkun á álverinu, fyrir því að geta aukið framleiðsluna. Þá kom hér enn fram hjá okkur ýmsum kröfur um að nú skyldi sett það skilyrði, að þeir fengju ekki þessa stækkun fyrr en þeir væru búnir að setja upp hreinsitæki. En það fékkst ekki fram þá. Meiri hl. alþm. var enn á þeirri skoðun, að þarna væri líklega ekki nein hætta, það væri allt í lagi að bíða.

Þeim herrum þarna suður frá hefur tekist að plata sveitamanninn á þennan hátt, plata alþm. Það er sannleikur málsins. Og þeim hefur einnig tekist að vinda sig undan þeim fyrirmælum sem þeim höfðu verið gefin af réttum aðilum í landinu, heilbrigðisyfirvöldunum, um að breyta þessu ástandi. Þeir hafa fengið frest og aftur frest. En ég er ekki í neinum vafa um að málin eru þannig, að heilbrrh. hefur í dag leyfi til að stöðva þennan rekstur. Það erum við sem getum sett þeim fresti. Þeir eiga ekki einu sinni að sleppa út úr þessu með því að segja: Ja, við ætlum að setja upp hreinsitæki, við erum enn þá að semja framkvæmdaáætlun, og við skrifum ykkur um það seinna, hvernig við höfum hugsað okkur framkvæmdaáætlunina. — Sannleikurinn er sá, að það erum við sem getum sett reglurnar, ef við viljum, og sett þeim kostina. Við getum meira að segja stöðvað þennan rekstur svo að segja hvenær sem er.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram. Þeir eru búnir að komast upp með það að reka þessa verksmiðju í 7½ ár án þess að hafa þarna hreinsitæki, með þeim afleiðingum sem hér hefur verið lýst, að þarna eru komnir upp mjög alvarlegir atvinnusjúkdómar og hættan blasir nú við öllum. Það er auðvitað á okkar valdi að fylgja þessu eftir og draga okkar lærdóma af reynslunni, bæði í sambandi við þessa verksmiðju og aðrar, og láta ekki plata okkur á þann hátt sem gert hefur verið til þessa.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég þarf ekki að tala um gáfnafar eða glópsku við hv. þm. Jónas Árnason, tel það ekki koma þessum umr. við. En ég vil leyfa mér aðeins að lesa hér upp 13. gr. úr aðalsamningnum við Alusuisse sem inniheldur reglur um öryggi, heilbrigði og hreinlæti og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Að tilskildum ákvæðum 12. gr. skal ÍSAL byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti, og skal í þesum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum.

Það er þess vegna alveg rétt, sem hér hefur fram komið, að við höfum þessi mál algerlega í okkar höndum og við eigum að vera strangir á þessum reglum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Ég veit ekki hvort mér vinnst tími til að koma með nokkrar viðbótarskýringar við það sem hér hefur komið fram. Ég vil í beinu framhaldi af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, einnig vísa til gr. 12.02, þar sem segir:

„ÍSAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði."

Satt að segja er þessi grein nokkur þrándur í götu fyrir þá sem hafa viljað knýja þetta fram hraðar en orðið hefur. Og ég tek undir það, að þetta hefði þurft að gerast hraðar, því að staðreyndin er sú, ég veit ekki hvort hv. þm. vita það, að t. d. norðmenn og bandaríkjamenn, sem hafa verið einna strangastir í þessum efnum, hafa ekki enn sett ákveðin tímamörk eða reglur fyrir eldri bræðslur. Bandaríkjamenn gerðu drög að slíkum reglum 1974 og hafa verið einna strangastir, en þeir hafa ekki framfylgt þeim enn. Og norðmenn hafa ekki sett hjá sér ákveðin tímamörk enn. (Gripið fram í.) Ja, það breytir því að í þessari grein — við getum kannske sagt því miður — segir: „Í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum." Þetta eru lög sem samþ. voru á Alþ. á sínum tíma. Þetta eru líka lög, þetta var samþ. á Alþ. á sínum tíma. En þetta er staðreynd og varpar e. t. v. nokkru ljósi á að þetta er vissum erfiðleikum háð.

Ég vil ekki taka undir það, að einhverjir hafi verið blekktir. Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. fyrrv. iðnrh. féllst á að tilraunir yrðu gerðar í Straumsvík með tæki, sem fundin voru upp af íslenskum manni. Ég tel að það hafi verið eðlilegt. En í hverju voru þau fólgin? Þau voru fólgin í því að hleypa öllum reyknum út í skálann úr opnum ofnum, sem sagt lagfæra ekkert inni í skálanum og draga það svo upp í rjáfrið og hreinsa það þar. Ég er ekki að áfellast fyrrv. hæstv. iðnrh. Þetta var sú tækni sem var algeng í gömlum verksmiðjum, þar sem reynt var að breyta þessu þá. En við mundum alls ekki sætta okkur við þetta í dag. Þessar tilraunir tóku tvö ár. Og eins og ég segi, þessir ofnar eru opnir. Eftir þessa tilraun var reynt að loka ofnunum. Því miður vinnst mér ekki tími til að fara út í nokkra tæknilega skýringu, en vil segja það í örfáum orðum, að ofnarnir í Straumsvík og víða í verksmiðjum eru þannig, að það er bætt í þá frá hliðunum. Tilraunir, sem gerðar voru fyrst með að loka slíkum ofnum, sýndu að með því að halda áfram að sinna ofnunum frá hliðunum varð að opna eða loka þær hlífar sem settar eru yfir ofnana, og þá slapp of mikið af

flúor og reyk út í andrúmsloftið inni í verksmiðjunni.

Það munaði minnstu að þetta yrði gert hér. Ég segi fyrir mitt leyti, ég þakka að það var ekki gert. Það var gert fyrst í Bandaríkjunum, reynt þar á 40 pottum, og það sýndi sig að það mengaði svo andrúmsloftið inni í verksmiðjunni að því var kastað. (Gripið fram í.) Ja, þetta er staðreynd. Það er betra að heyra þetta nú en aldrei, ef hv. þm. skyldi vitkast eitthvað við það.

Annars vil ég segja það, að nú er búið að þróa tilraun sem felur hins vegar í sér gerbreytingu á ofnunum sjálfum. Það verður að hætta að fylla þá frá hliðunum, það verður að breyta þeim sjálfum. Við þetta eru verulega mikill aukinn kostnaður, en þessi aðferð er nú talin þaulreynd og hún verður notuð í Straumsvík. Ég verð því að segja fyrir mitt leyti, að þó að ég hefði viljað sjá hreinsitæki þar langtum fyrr, þá fagna ég því þó að þar voru ekki sett upp ófullnægjandi hreinsitæki, heldur hreinsitæki sem eru þau bestu sem þekkjast og eru fullreynd og munu einmitt einnig þjóna því markmiði, sem hv. fyrirspyrjandi var með, að hreinsa sem best andrúmsloftið inni í skálanum líka, ekki bara úti.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel að þær umr. sem hér hafa farið fram, hafi leitt þrjú atriði í ljós:

Í fyrsta lagi að þær ábendingar, sem við fengum frá okkar eigin sérfræðingum, þegar samningarnir við ÍSAL voru til umr., um að frá þeirri verksmiðju mundi ekki stafa alvarleg mengunarhætta, þessar upplýsingar reyndust ekki á rökum reistar, m. a. vegna þess að við höfðum þá hvorki nægilega sérfróða menn, nægilegan tækjabúnað né nægilega reynslu til að ígrunda þetta álit þeirra. Það, sem einnig hefur komið í ljós og er nýtt í málinu, er að það er mun alvarlegri mengunarhætta, sem orðið hefur innan verksmiðjuveggjanna, heldur en jafnvel utan þeirra.

Annað atriði, sem þessar umr. hafa einnig leitt í ljós, er að það hefur tekið okkur íslendinga talsverðan tíma að komast að því og sanna það, svo að ekki verður um villst, eins og kom fram í skýrslu hæstv. ráðh., að um mengun sé að ræða bæði innan veggja og utan veggja þessarar verksmiðju. Eins og kom fram í skýrslu hans tók það talsverðan tíma að framkvæma og ljúka þeim rannsóknum sem gera þurfti til þess að sanna þetta, og raunar lauk þeim ekki fyrr en við höfðum varið talsvert miklum tíma og talsvert miklu fjármagni til þess að breyta og bæta rannsóknaraðstöðu sem þessir aðilar áttu við að búa. Okkur vantaði ekki að þessu leyti lagasetningu eða reglugerðarákvæði. Okkur vantaði sérþekkingu, okkur vantaði reynslu, okkur vantaði tækjabúnað og okkur vantaði fé.

Niðurstaðan af þessu er í fyrsta lagi, að spurt er: Hvað verður gert af hálfu stjórnvalda nú þegar liggur fyrir sú niðurstaða sem hæstv. ráðh. hefur lýst og þarf ekki lengur að deila um hér á Alþ. hver er, heldur er skotið undir óhrekjandi sönnunum? Hvað ætla stjórnvöld að aðhafast? Gera stjórnvöld sér grein fyrir því, að ef þau aðhafast ekkert í þessu máli, þá hlýtur það að koma til álita hjá þeim verkalýðsfélögum, sem eiga trúnaðarmenn þarna á vinnustað eða eru ábyrg fyrir mönnum sem þarna vinna, að þau sjálf grípi til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir að fólk vinni við þær aðstæður, sem þarna eru?

Í annan stað hlýtur sú að vera einnig niðurstaðan af þessum umr., að við verðum á næstunni að efla mjög allt eftirlit, ekki aðeins með þessari verksmiðju, heldur með öðrum vinnustöðum, og í því sambandi að verja talsvert miklu fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna til slíkra verka. Ég vil t. d. benda á í því sambandi, að ýmsir þeir atvinnusjúkdómar, sem gætu komið til greina í verksmiðjum eins og þessari, t. d. alls konar lungnasjúkdómar o. fl., svo að ekki sé talað um krabbamein, það getur verið ákaflega erfitt að sanna það óvefengjanlega aðeins með athugunum á starfsmönnum verksmiðjunnar einum út af fyrir sig, að verksmiðjan eða vinnuumhverfi þessa fólks valdi slíkum sjúkdómum, ef engar aðrar rannsóknir eru hafðar til viðmiðunar. Ég held því að það sé nauðsynlegt, ekki aðeins varðandi þessa verksmiðju, heldur aðrar, að þeir, sem eiga að framkvæma rannsóknir um hollustuhætti á vinnustöðum, vinni þær þannig og verði sköpuð aðstaða til þess að vinna þær þannig, að þeir framkvæmi í fyrsta lagi að sjálfsögðu rannsóknir á starfsfólki í þessari verksmiðju og öðrum, en hafi til samanburðar rannsóknir sem framkvæmdar eru af einhverju ákveðnu úrtaki landsmanna til viðmiðunar, þannig að fram komi ef um óvenjulega eða óalgenga tíðni á hættulegum sjúkdómum er að ræða á einhverjum ákveðnum vinnustað. Þetta kostar talsvert mikið fé. En þetta er eina leiðin til þess að hægt sé að sanna að vinnuumhverfi, svo sem eins og í álbræðslunni í Straumsvík, skapi sannanlega ákveðna hættulega sjúkdóma, svo sem hjarta- eða lungnasjúkdóma.

Ég vil leggja mjög mikla áherslu á það við hæstv. ráðh., að hann a. m. k. fyrir sitt leyti beiti sér fyrir því að Heilbrigðiseftirlit ríkisins geti fengið það fjármagn og þann mannafla og þann tækjabúnað sem gerir Heilbrigðiseftirlitinu fært að vinna slíkt verk, þannig að það geti leitt í ljós, hvort um sannanleg áhrif sé að ræða af vinnuaðstöðu og umhverfi manna, miðað við samanburðarrannsóknir á sérstökum úrtökuhópum í þjóðfélaginu sem yrðu notaðar til viðmiðunar.

Útflutningsgjald af grásleppuhrognum, fsp. (þskj. 334). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 334 hef ég beint eftirfarandi fsp. til hæstv. sjútvrh. um útflutningsgjald af grásleppuhrognum:

„1. Hversu hárri upphæð nam útflutningsgjald af grásleppuhrognum árið 1976?

2. Hvernig var þessari upphæð ráðstafað og hvaða aðilar nutu þess fjármagns er inn kom í þessu útflutningsgjaldi af grásleppuhrognum?

3. Hvað var mikið verðmæti unnið hér á landi árið 1976 úr söltuðum grásleppuhrognum, og hvert voru þessar afurðir seldar?“

Þegar breyting varð á útflutningsgjaldi seinast, þá var nokkur óánægja, jafnvel veruleg óánægja víða um land út af því ákvæði að leggja

á grásleppuhorgnin 6% gjald. Þeir aðilar, sem fást við að veiða grásleppu, eru margir hverjir aldraðir menn og hafa ekki notið neinnar sérstakrar fyrirgreiðslu í einu eða öðru formi út á sínar litlu fleytur, og er þeirra mat að það sé ósanngjarnt að þeir séu að leggja ákveðinni stofnun í þjóðfélaginu til verulegt skattgjald. Að vísu fóru nokkru fleiri bátar á þessar veiðar en venja var vegna góðs verðs á grásleppuhrognum. Nú hefur verið sett um þetta reglugerð sem hindrar að stærri bátar en 12 tonn fari á grásleppuveiðar nema með sérstakri undanþágu, ef viðkomandi aðilar hafa starfað við þetta áður. Engu að síður er hér um verulegt skattgjald að ræða á þá menn er stunda þessar veiðar. Mér virðist, miðað við fréttir um verðmæti einnar tunnu í dag, að þetta gjald á eina tunnu geti jafnvel verið nokkuð á fjórða þúsund kr. Hér er því um verulegt skattgjald að ræða hjá þessum mönnum, hafandi það sérstaklega í huga að hér er um marga aldraða menn að ræða sem eiga ekki kost á venjulegri vinnu á venjulegum vinnumarkaði. Þrátt fyrir það að margir ungir menn stunda þessa atvinnugrein mjög víða um landið, þá er þetta óumflýjanleg staðreynd. Það er því nauðsynlegt að upplýsa þetta fólk um ráðstöfun á þessum peningum sem inn koma í gjaldið, og þess vegna leyfi ég mér að forvitnast um þetta mál.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í raun og veru hefði þessi fsp. átt að vera til iðnrh., en ekki til sjútvrh., vegna þess að lagmetisiðnaðurinn heyrir undir iðnrh. og iðnrn., en ekki undir sjútvrn., sbr. lög um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins frá 27. maí 1972. En þrátt fyrir það skal ég verða við beiðni fyrirspyrjanda og svara fsp.

Við 1. spurningu er svarið að útflutningsgjald af grásleppuhrognum á árinu 1976 nam 51 millj. 9 þús. kr.

Svar við 2. spurningu: Upphæð þessi rann í Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, sbr. þau lög sem ég var að nefna hér áðan um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, og fénu var varið til vöruþróunar, tækniaðstoðar og markaðsstarfsemi í þágu lagmetisiðnaðarins, til þess að stuðla að fullvinnslu íslensks hráefnis, þ. á m. grásleppuhrogna hérlendis. En í þessum lögum segir, að í næstu 5 ár skuli öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum undanþegin hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjöld, en renna í þess stað í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans samkv. 7. gr. Við endurskoðun útflutningslaganna eru grásleppuhrogn undanþegin, en hins vegar á lögð samkv. þessum lögum frá 1972.

3. spurning: Á árinu 1976 var fob.-verðmæti útflutnings grásleppukavíars um 45 millj. kr. Afurðirnar voru seldar til Austur-Þýskalands og Tékkóslóvakíu 60%, til Efnahagsbandalagslandanna 7%, til Bandaríkjanna 8% og til Sviss, Spánar, Svíþjóðar og fleiri landa um 25%.

Varðandi fsp. þessa er rétt að taka fram, að útflutningsgjald af grásleppuhrognum er, eins og fyrirspyrjandi gat um, 6% af fob.-verðmæti og rennur í þennan sjóð, Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, til ársloka 1977. Gjald þetta hefur verið frá því að lögin tóku gildi: 1973 13 millj. 492 þús., 1974 8 millj. 350 þús., 1975 32 millj. og 1976, eins og ég sagði áðan, 51 millj. kr.

Fjórar verksmiðjur innan vébanda Sölustofnunarinnar hafa framleitt grásleppukavíar til útflutnings: Arctik hf. á Akranesi, K. Jónsson & Co., Akureyri, Ora hf. í Kópavogi og Lagmetisiðjan Siglósíld á Siglufirði.

Útflutningsverðmæti niðurlags grásleppukavíars og saltaðra grásleppuhrogna nam 1973 — þá tek ég fiskkavíarinn — 17.2 millj., 1974 69.2 millj., 1975 36.4 millj. og á s.l. ári 45 millj. kr. En útflutningsverðmæti hrognanna nam 1973 236.9 millj., 1974 156.6 millj., 1975 584.7 millj. og 1976 871.7 millj. kr.

Útflutingsmagn fullunnins kavíars og óunninna hrogna í tunnum var sem hér segir: 1973 kavíar 600 tunnur eða um 3% af heildarframleiðslunni, en hrogn 19 þús. tunnur; 1974 1600 tunnur kavíar eða um 13% af heildarframleiðslu, en horgn 11 þús. tunnur; 1975 kavíar 400 tunnur eða 2% af heildarframleiðslu, en hrogn 20 þús. tunnur; 1976 470 tunnur kavíars eða 2%, sama hlutfall, hrogn 24 þús. tunnur.

Helstu kaupendur óunninna hrogna eru danir, vestur-þjóðverjar, frakkar, belgar og svíar. Nota þeir hrognin til kavíarframleiðslu og selja á sömu mörkuðum og íslendingar selja sinn grásleppukavíar. Fer hráefnið þannig beint til keppinauta íslenskra lagmetisframleiðenda.

Íslendingar flytja nú grásleppukavíar aðallega til Austur-Evrópu. Stærsti markaðurinn var til landa Efnahagsbandalags Evrópu og fóru um 68% af kavíarnum þangað á árinu 1973. Þegar tollaþvinganirnar fóru að hafa áhrif, þá féll magnið niður í 2% til Efnahagsbandalagslandanna, en þá var, að mig minnir, kominn um 30% innflutningstollur á kavíar til þessara landa.

Árið 1974 var mikið magn selt til Bandaríkjanna, í raun meira en markaður var fyrir og í engu samræmi við líklegan útflutning þangað í framtíðinni. Unnið er nú að því að endurvinna markað í Efnahagsbandalagslöndum með breyttri tollatilhögun, jafnhliða því sem unnið er að aukinni sölu á öðrum mörkuðum.

Þessar upplýsingar sýna okkur það, að við þurfum auðvitað að framleiða mun meira úr þessum hrognum hér heima sjálfir. En jafnhliða því verðum við að afla okkur markaða erlendis. Þessi framleiðslugrein þolir ekki jafnháa tolla og Efnahagsbandalagið setti á okkur áður en tollasamningurinn kom til framkvæmda.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svarið. Mér var ljóst að fsp. var þess eðlis að henni hefði mátt skipta á milli tveggja ráðh., en ég þakka honum fyrir að taka hana alla til meðferðar þrátt fyrir það.

Það er athyglisvert að í fyrra borga þessir framleiðendur 51 millj. kr. í þessu gjaldi af framleiðslu sinni. Ef ég man rétt er það helmingi hærra en ríkissjóður lét af hendi í þágu lagmetisiðnaðarins — hvorki meira né minna en helmingi hærra. Þeir eru kannske ekki alltaf álitnir stórir bógar í þjóðfélaginu, þessir grásleppumenn, en þegar greiðslur þeirra eru tvöfalt

gildari en framlög ríkissjóðs, þá má þeirra virðing fara að hækka. Einnig er það grátlega lítið, að verðmæti á aðeins 45 millj. kr. af kavíar skuli vera unnið hér á s. l. ári og flutt út. Ég vil sérstaklega undirstrika orð ráðh. um að nauðsyn er að vinna hér miklu betur að.

Það má auðvitað deila um það, hverjir eigi að útvega fjármagnið í aukningu á lagmetisiðnaðinum. En hlutur ríkissjóðs getur ekki verið svo rýr — alls ekki. Þó að verð á grásleppuhrognum sé mjög sveiflukennt, — það þekkja menn í gegnum árin, — þá er þetta það stórt framlag af hendi þessara manna að það er ekki sæmandi annað en að gera sérstakt átak í gegum framlag hér á Alþ. á móti þessum mönnum. Þetta er mjög blandaður hópur, í þessum hópi eru líka bændur, og þetta er orðinn verulega tilfinnanlegur skattur núna. Þegar verðmæti er orðið svo hátt að af hverri tunnu fer nokkuð á fjórða þús. kr. beint í þetta gjald, þá er þetta verulega hár skattur, því að hér er um mikil umsvif að ræða hjá þessum mönnum, hér er um erfiða vinnu að ræða og langan vinnudag. Nú hefur að vísu verið sett um þetta ákveðin reglugerð. Sumir eru, eins og gengur, ánægðir með þá reglugerð, en aðrir alls ekki. En miðað við venjur margra er starfsemi þeirra verulega heft á sama tíma sem gjaldið hækkar mjög, ekki í prósentutölu, en sérstaklega í krónutölu. Einnig hafa umbúðir hækkað mjög mikið og allur tilkostnaður verulega, þannig að mér skilst að á tunnu fari núna um fimmtungur frá þessum mönnum strax. Hér er því virkilega mikil skattheimta af þessum mönnum sem eru dreifðir um allt land og eru að reyna að bjarga hér miklu verðmæti. Á s. l. 4 árum hafa þeir lagt í þjóðarbúið í erlendum gjaldeyri um 2 milljarða kr., þessir menn, og mættu menn stundum muna eftir framlagi þeirra.

Jón Árnason: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál varðandi útflutningsgjald af grásleppuhrognum þyrfti að taka til sérstakrar endurskoðunar að ekkert af upphæðinni skuli renna til framleiðendanna eða bátamannanna. Mér finnst það vera ósanngjarnt, vegna þess að við vitum að það eru útflutningsgjöld á öllum sjávarafurðum sem fluttar eru úr landinu, en það er hluti af útflutningsgjaldinu sem rennur t. d. til þess að borga fæðiskostnað. Það væri ekki óeðlilegt að grásleppuútgerðarmennirnir fengju t. d. eitthvað af þessu útflutningsgjaldi, sem talið hefur verið nauðsynlegt að leggja á, til þess að efla þennan iðnað hér í landinu, sem má fullyrða að hefur m. a. haft það í för með sér að verðlagið á grásleppuhrognunum er miklu örugg*ara í dag. Það hefur alltaf verið stígandi upp* síðan var farið, þó að litlu leyti væri, að framleiða kavíar hér á Íslandi. Þeir, sem hafa fylgst með þessum málum, vita að s. l. 10 ár, sem það hefur aðallega verið gert, hefur verðið verið stígandi ár frá ári. En það kom oft fyrir áður, að grásleppuhrognin voru ekki seljanleg og þeir, sem ekki gátu selt fyrst, gátu ekki komið vöru sinni út nema fyrir mjög lítið verð. Þetta hefur ekki komið fyrir að undanförnu, og ég hygg að það sé íslenskum framleiðendum m. a. að þakka, að slíkt hefur ekki átt sér stað.

Víst er það rétt, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði, að hér er um mikið verðmæti að ræða í þjóðarbúið, um 2 milljarða kr. á 4 árum. Það er hreint ekki svo lítið. En ef við hugsum okkur að hagnýta þetta hráefni og gera það að verðmikilli útflutningsvöru, þá sjáum við best dæmi af því sem hæstv. ráðh. las hér upp áðan. Árið 1974, þ. e. áður en við fáum tollaþvingunina frá Efnahagsbandalaginu, eru unnin hér í landinu 13% af hrognum, 1600 tunnur. Fyrir þessar 1600 tunnur eða 13% koma 70 millj. kr., en fyrir 11 þús. tunnur koma ekki nema 156 millj. kr. í útflutningi þegar hrognin eru ekki unnin. Þarna sjá allir hvað mikið verðmæti fer forgörðum sem ætti að koma í þjóðarbúið, en fer handa útlendingum til þess að fullvinna hrognin og fá svo meiri verðmæti út úr þeim á þennan hátt, eins og við ættum að geta gert sjálfir. Það er þetta sem ég vildi benda á. Nú er það síðasta árið, 1977, sem lögin eru í gildi. Ef þau verða framlengd að einhverju leyti, þá er það eitt út af fyrir sig sem ég tel réttlætismál hrognaframleiðendum til handa, að þeir fái a. m. k. verulegan hluta af þessu útflutningsgjaldi í sinn hlut til þess að bera uppi ýmsan kostnað.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég skal taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég tel að framleiðendur eigi að fá hluta af þessu framlagi. En þegar þessi lög voru sett 1972, þá var þeim gert að skyldu að greiða þetta framlag í 5 ár. Þetta er síðasta árið samkv. þessum lögum. Þessi hluti málsins heyrir undir iðnrn., og ég hygg að iðnrh. hafi hugsað sem svo, að hann vilji ekki fara að leggja til breytingu á þessu gjaldi þar sem það sé að renna út. En hitt er alveg rétt og það hef ég verið mjög óánægður með, að hluti af útflutningsgjaldinu á auðvitað að renna til framleiðendanna sjálfra, en grásleppuframleiðendur hafa ekkert fengið. Hins vegar hafa aftur aðrir, sem fiskað hafa fyrir lagmetisiðnaðinn, notið hluta af útflutningsgjaldinu, en ekkert lagt til útflutningssjóðsins, sem er líka jafnranglátt. Ég er því alveg sammála þessu, og ég tel að þetta eigi að koma til athugunar fyrir árið 1978.

Varðandi reglugerðina um hrognkelsaveiðar, þá er sú reglugerð auðvitað fyrst og fremst sett til þess að koma í veg fyrir að það verði gífurleg aukning á þessari veiði, þannig að hrognkelsastofninn þoli ekki þá stórkostlegu aukningu. Þessi reglugerð er fyrst og fremst sett fyrir þá, sem hafa stundað þessar veiðar, og er vörn fyrir þá í þeirra atvinnu. Og hún er sett til þess að stærri bátar fari ekki í ríkari mæli á þessar veiðar og eyðileggi fyrir þeim sem hafa stundað þessa atvinnu í fjölda mörg ár. Ég held að ég geti fullyrt að það er almenn ánægja með þessa reglugerð, nema tímabilið sem hún nær yfir og svæðin. Það er það eina sem um er deilt. En það væri fullkomið sem ekki væri hægt að deila eitthvað um á Íslandi.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 1. mars, að loknum 57. fundi.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 341). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnumál öryrkja, þáltill. (þskj. 344). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, þáltill. (þskj. 345). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna, þáltill. (þskj. 134). — Ein umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það liggur við að rétt væri að neita að tala fyrir máli þar sem aðeins eru 4 aðrir þm. staddir á fundi. En ég ætla ekki að grípa til slíkra ráða þó að hér með sé komið inn í þingtíðindin hversu mikill áhugi er á þingstörfum þessa stundina. (**Gripið fram í:** Má ég biðja ræðumann um að taka fram hverjir þetta eru?) Það er sagt í salnum að ræðumanni beri að taka fram hverjir þeir viðstöddu eru. Það er rétt, ég mun a. m. k. ekki gleyma því.

Herra forseti. Bragi Sigurjónsson og tveir aðrir þm. Alþfl. hafa leyft sér að flytja á þskj. 134 till. til þál. um niðurfellingu gjalda af efni og búnaði til stofnframkvæmda heitaveitna. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, svo að niður falli aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskattur af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna (þ. e. framkvæmda að dreifikerfi)."

Það mun í flestum tilvikum vera *rikjandi* venja að fella niður gjöld ríkisins af innfluttu efni til framkvæmda við raforkuver og hefur þótt fullkomlega réttlætanlegt. Hitt ætti ekki síður að þykja réttmætt, að fella þessi gjöld niður af hitaveituframkvæmdum sem nú eru ýmist í gangi eða í athugun, til þess að nota *megi innlendan hitagjafa* og láta hann leysa dýran innfluttan hitagjafa, aðallega olíu, sem víðast og mest af hólmi.

Þetta er aðkallandi hagsmunamál þjóðarinnar, því að nú mun vera varið um 10 milljörðum kr. til kaupa á eldsneyti frá öðrum löndum og er það einn stærsti þáttur í hallanum á viðskiptum Íslands við önnur lönd.

Venjulega mun sá háttur hafa verið hafður á um raforkuver, að Alþ. hefur heimilað ríkisstj. eftirgjöf tiltekinna gjalda á hverri virkjun fyrir sig, enda varla nema ein eða tvær umtalsverðar virkjanir í gangi hverju sinni. En öðru máli gegnir um hitaveituframkvæmdir nú. Þegar eru í gangi miklar framkvæmdir á Suðurnesjum, eins og kunnugt er, einnig á Suðureyri við Súgandafjörð, Siglufirði og í þéttbýli Reykjadals í Suður-Þingeyjarsýslu. Enn fremur er fram undan hitaveita til Akureyrar og væntanlega áður en langt líður til Akraness, Borgarness, Blönduóss og ýmissa fleiri staða. Það gefur því auga leið, að mikilsvert er að Alþingi marki ákveðna heildarstefnu í þessu máli, þegar það liggur í loftinu að hagkvæmni sumra þessara hitaveitna sé undir því komin hvort framannefnd gjöld eru felld niður eða ekki. Það er mjög mikilvægt fyrir forráðamenn þeirra sveitarfélaga, sem gangast fyrir þessum framkvæmdum, að þeir viti ákveðið hvort þeir geti reiknað með því að sleppa við þessi opinberu gjöld eða ekki.

Mér er persónulega kunnugt um það varðandi undirbúning undir hitaveitu fyrir Borgarfjörð, Borgarnes og Akranes, að hin opinberu gjöld, sem um ræðir, eru talin ráða þar úrslitum um hagkvæmni þess fyrirtækis. Þegar á það er horft að verulegur hluti þessara framkvæmda hlýtur að gerast fyrir erlend lán, sem viðkomandi sveitarfélög verða að standa straum af, en þau hafa bundna tekjustofna, verður tæpast talið ósanngjarnt að ríkið rétti þeim hjálparhönd í því formi sem hér er greint. Má þá gjarnan minnast þess, að engar yrðu ríkistekjurnar af framkvæmdunum ef sveitarfélögin geta ekki ráðist í þær.

Herra forseti. Ég legg svo til að till. verði vísað til atvmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta hér í ljós þá skoðun mína, að ég tel að hér sé hreyft hinu merkasta málefni og mjög þýðingarmiklu. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hefur verið venja að gefa eftir aðflutningsgjöld og sum önnur gjöld af efni til rafvirkjana. Það er auðvitað vegna þess að það hefur ekki neinum blandast hugur um hve mikilvægar framkvæmdir raforkuvirkjanir eru. En svo mikilvægar sem raforkuvirkjanir eru, þá verður ekki annað sagt en hitaveitur séu eins þýðingarmiklar eða sambærilegar að mikilvægi. Ekki er það síst vegna þess, að nú um þessar mundir er verið að tala *um og raunverulega verið að gera mikið átak* til þess að hagnýta jarðvarma til upphitunar íbúðarhúsa. Á síðustu árum og allra síðustu mánuðum og missirum hefur verið gert alveg sérstakt átak í þessu efni. Í fyrsta lagi hefur verið kannað hvar jarðhiti er fyrir hendi sem hagnýtanlegur gæti verið til þess að hita upp íbúðarhús á þéttbýlissvæðum víðs vegar um landið. Í öðru lagi hefur, svo sem kunnugt er, verið lögð mikil áhersla á vinnsluboranir til þess að fá jarðvarma til að hagnýta til hitaveitna á hinum einstöku stöðum víðs vegar um landið, þar sem jarðvarmi er fyrir hendi.

Það er ástæðulaust fyrir mig að vera að leggja sérstaklega við þessa umr. frekari áherslu á þýðingu þessa máls. En það má gjarnan hafa það í huga, að orkulindir Íslands eru ekki síst fólgnar í jarðvarmanum. Það er einmitt á þessu sviði sem bæði í bráð og lengd er einna þýðingarmest að gera mikil átök. Í framkvæmd verður það gert með því að skapa möguleika til þess að hagnýta jarðvarmann, möguleika til þess að

koma upp hitaveitum. Af þessum ástæðum legg ég áherslu á það, hve þýðingarmikið mál það er sem hér er hreyft.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 211, n. 328, 329). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um bráðabirgðalög. Þessi brbl. voru sett 6. ágúst 1976 og þau voru gefin út til breyt. á lögum nr. 95 frá 31. des. 1975, sem fjalla um **sjúkratryggingagjald. Þessi** lög voru sett til þess að leiðrétta mistök er höfðu orðið, þannig að lög nr. 95 1975 kváðu á um innheimtu sjúkratryggingagjalds sem hefði, ef það hefði verið framkvæmt eins og lögin ákváðu, komið til greiðslu hjá ýmsum þeim aðilum sem samþykkjendur frv. ætluðust til að væru ekki gjaldskyldir. Lögin kváðu sem sagt á um að þeim, sem ekki greiddu útsvar, bæri ekki heldur að greiða sjúkratryggingagjaldið. En þegar til framkvæmdanna kom sýndi það sig að enn verður að gera smábreytingu á þessum lögum. Því er það að heilbr.- og trn. flytur með brtt. við brbl. Hún leggur til að 1. gr. laganna orðist svo:

„Á árinu 1976 skal álagningaraðili útsvars leggja á og innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu sveitarfélög standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar, né heldur þá, sem vistaðir eru á elli- eða hjúkrunarheimilum, né langlegusjúklinga á öðrum sjúkrastofnunum eða í heimahúsum.

Hjá þeim öðrum, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt á örorkulífeyri á skattárinu samkv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, skal lækka álag samkv. 1. mgr. sem hér segir:

a) Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 320 100—640 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 640 000 kr. tekjumark.

b) Hjá hjónum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 570 000 til kr. 1 140 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð sem á vantar 1 140 000 kr. tekjumark.

c) Eftirstöðvar álags þessa, sem lækkað hefur verið samkv. ákvæðum a- og b-liða, skulu að lokinni lækkun standa á heilum hundurðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 kr. skal sleppt.

Gjald þetta er háð sömu reglum og útsvar varðandi innheimtu og viðurlög.

Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóð til sjúkrasamlaga samkv. 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs."

Heilbr.- og trn. varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessari breyt. sem lögð er til á þessu sérstaka þskj.

ATKVGR.

Brtt. 329 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 347). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innflutningur á olíupramma, frv. (þskj. 125). — 3. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Svo sem fram hefur komið í nál. er ég því fylgjandi að mál þetta nái hér afgreiðslu. En þar sem ég hef verið inntur eftir því af ýmsum hv. þm., hvaða rök hnígi til þess að samgn. gengur hér gegn áliti Siglingamálastofnunarinnar, þá óska ég þess einregið að bréf Siglingamálastofnunarinnar, þar sem fram koma rök hennar gegn kaupum á skipi þessu, verði lesið hér upp í heild, og tel raunar algjörlega óverjandi að þm. fái ekki að heyra þetta bréf, þannig að í ljós komi hví samgn. gengur gegn þessu áliti Siglingamálastofnunarinnar, svo að hv. dm. geti tekið rökstudda afstöðu til þessa máls.

Umr. frestað.

Neðri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Sauðfjárbaðanir, frv. (þskj. 116, n. 340). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. var lagt fyrir á síðasta Alþ., en varð þá ekki útrætt. Frv. er samþykkt af milliþn. Búnaðarþings og kemur fram vegna þess að það hafa komið margar áskoranir um að breyta löggjöfinni um sauðfjárbaðanir í þá átt að létta böðunarskylduna.

Hv. landbn. hefur farið höndum um þetta frv. og á þskj. 340 er nál. og 9 brtt. frá n. Það eru að mestu orðalagsbreytingar og til áherslu, en efnisatriði ekki nema örfá og kem ég að því síðar.

Aðalbreytingin í frv. er í 3. gr., þ. e. a. s. að landbrh. er heimilað, að fengnum umsóknum frá sýslunefnd, að veita undanþágu frá böðunarskyldu á sérstökum afmörkuðum svæðum. En til þess að það sé leyfilegt þarf að liggja fyrir vottorð frá tilteknum aðilum um að það hafi

ekki fundist óþrif í sauðfé eða geitfé á þessu svæði á undanförnum 4 árum eða lengur. Þeir aðilar, sem eiga að gefa vottorð um þetta, eru héraðsráðunautar í sauðfjárrækt og garnaveikibólusetningarmenn, gærumatsmenn og heilbrigðiseftirlitsmenn í sláturhúsum. Þetta er meginbreytingin. Lögin um sauðfjárbaðanir eru frá 1959, en smávægileg breyting var gerð á þeim lögum 1970.

Í 5. gr. er lagt til að það verði skylda, þegar um útrýmingarbaðanir er að ræða, að þá verði slíkar baðanir auglýstar tvisvar sinnum í Ríkisútvarpinu og auk þess verði ákvörðunin um böðun birt í Lögbirtingablaði.

Þá er í 10. gr. í lögunum, eins og þau eru, ákveðið að sektir samkvæmt þessum lögum megi vera frá 1000 kr. upp í 10 þús. kr. En þarna er tekin upp ný verðmiðun, að þær megi vera allt að jafnvirði 300 kg af 1. flokks dilkakjöti.

Aðalefnisatriðin í þeim brtt., sem hv. landbn. var sammála um að flytja, eru þrjú, ég sé ekki ástæðu til að minnast á fleiri. Samkv. lögunum núna á að vera búið að baða sauðfé fyrir 15. mars, en till. n. við 2. gr. er að það verði miðað við 1. mars. Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí í sumar og að á eftir 11. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo: „Böðun samkv. 2. gr. laga þessara skal fram fara í fyrsta sinn veturinn 1978—1979.“

Landbn. Nd. kallaði yfirdýralækni á sinn fund og ráðuneytisstjórann í landbrn. ásamt skrifstofustjóra rn. Þær breyt., sem n. var sammála um og eru á þessu þskj. og ég hef lítillega minnst á, eru fluttar í samráði við þessa aðila.

ATKVGR.

Brtt. 340,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 340,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 340,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 340,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 340,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 340,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 340,8 samþ. með 22 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 340,9 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Samvinnufélög, frv. (þskj. 331). — 1. umr.

Flm. (Sigurður Magnússon): Háttvirtur forseti. Ég ætla að mæla hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 1937, um samvinnufélög, en flm. auk mín er hv. þm. Gunnlaugur Finnsson.

Frv. þetta gerir ráð fyrir svolitlum breytingum á samvinnulögunum, einkum til þess að laga þau að nýju samvinnufélagsformi, framleiðslusamvinnufélögum, auk þess sem gerð er á þeim smávægileg breyting til þess að tryggja að *starfsmenn samvinnufélaga geti verið kjörgengir* í stjórn þeirra.

Mér er ljóst að það mætti gera ýmsar aðrar breytingar á samvinnulögunum, og það er nauðsyn að endurskoða þau að mínu áliti. Þau eru gömul og hafa alls ekki fylgt þeirri þróun eftir sem orðið hefur í þjóðfélaginu. En það er ekki reynt í frv. þessu að taka þau til neinnar víðtækrar skoðunar, enda eðlilegt að ætla til þess lengri tíma og gera það þá í samráði við samvinnuhreyfinguna og samtök samvinnustarfsmanna.

Þetta frv. er í fimm greinum. Í 1. gr. þess segir svo: „Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Heimilt er þó fólki í ákveðinni starfsgrein að stofna framleiðslusamvinnufélag sem hafi að markmiði að annast atvinnustarfsemi innan starfsgreinarinnar, og þá setja það skilyrði, að félagið sé aðeins opið fólki úr viðkomandi starfsgrein.“

2. gr. frv. hljóðar svo og er viðbót við 20. gr. laganna: „Starfsmenn samvinnufélaga eru einnig kjörgengir, séu þeir félagsmenn.“

3. gr. frv. hljóðar svo og er ný gr. sem yrði 27. gr. samvinnulaganna: „Framleiðslusamvinnufélög greiða laun til starfsmanna sinna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Laun skulu þó aldrei vera lakari en gildandi kjarasamningar viðkomandi verkalýðsfélaga við atvinnurekendur á svæðinu. Framleiðslusamvinnufélög skulu hafa nána samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög vegna kaupgjaldsmála og vinna að sameiginlegum hagsmunum verkafólks.“

Og 4. gr. frv., sem er við 45. gr. núverandi laga, kemur til af sjálfu sér. Þar segir að félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“, „framleiðslusamvinnufélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þessum orðum.

Ég tel nú ekki að það þurfi að hafa mörg orð um þessa breytingu sem hér er lögð til á samvinnufélagslögunum, tel þó rétt að lesa þá grg. er frv. fylgir, en þar er stuttlega drepið á það, hvers vegna þetta mál er flutt. Þar segir svo:

„Samvinnuhreyfingin á Íslandi er öflug, áhrif hennar á atvinnu- og efnahagslíf í landinu mikil, og hefur svo verið lengi. Uppbygging hennar og það eðli, að safna kröftum með átaki fjöldans, hefur reynst alþýðufólki haldbesta ráðið auk skipulagðrar verkalýðsbaráttu, til að öðlast áhrif á uppbyggingu og þróun atvinnuvega landsins, — fyrr á tímum til að hrekja af höndum sér erlent einokunarvald og síðar til að draga úr valdi innlendrar eiginhagsmunastéttar.

Algengustu samvinnufélögin eru samvinnufélög bænda og neytenda, kaupfélögin úti á landsbyggðinni, sem er einkum ætlað það hlutverk að annast dreifingu og sölu á afurðum bænda og innkaup á vörum til framleiðslu þeirra, ásamt annarri verslunarstarfsemi. Þessi samvinnufélög hafa einnig víða komið á fót iðnaði til vinnslu úr hráefnum landbúnaðarins, ullar- og

skinnaverksmiðjum, mjólkurvinnslu og fleira þess háttar. Auk þeirra eru fjölmenn og sterk samvinnufélög neytenda í bæjum, svo sem pöntunarfélög og verslunarsamvinnufélög, eins og Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sem hafa að markmiði að útvega félagsmönnum ódýra vöru til almennrar neyslu.

Sjaldgæft er hins vegar að stofnuð hafi verið sérstök samvinnufélög til þjónustu og framleiðslu í tiltekinni starfsgrein eða iðngrein, þótt ætla megi að samvinnufélagsformið henti þar ekki síður. Þó hefur á síðustu árum komið fram vaxandi áhugi á slíku samvinnuformi meðal tiltekinna starfshópa, — áhugi sem einkum er sprottinn af þeirri umræðu um atvinnulýðræði sem verið hefur innan verkalýðshreyfingarinnar hin síðari ár.

Þannig hefur skotið upp kollinum ný tegund samvinnufélaga, sem nefnd hafa verið framleiðslusamvinnufélög, vegna þess að í þeim binst verkafólk samtökum um vinnu sína til framleiðslu og þjónustu. Félög þessi sameinast fjármagni og vinnu og standa því nær því en nokkur önnur félög innan samvinnuhreyfingarinnar að geta framkvæmt fullkomið atvinnulýðræði. Hafa nú á nokkrum árum t. d. orðið til tvö framleiðslusamvinnufélög rafiðnaðarmanna, sem þegar eru orðin öflugustu rafverktakafélög í landinu, með hátt á annað hundrað rafiðnaðarmenn sem félagsmenn. Innan fleiri starfsgreina hafa slík framleiðslusamvinnufélög verið stofnuð, og annars staðar er mikill áhugi á slíkri félagsstofnun meðal verkafólks.

Hins vegar má ætla að samvinnufélögin, sem nú eru orðin áratugagömul, séu nokkur þrándur í götu þessarar þróunar, þar sem þau gera ekki ráð fyrir slíkum félögum. Í núverandi samvinnulögum er það gert að skilyrði, að samvinnufélög séu öllum opin, en vegna þessa hafa þau framleiðslusamvinnufélög, er stofnuð hafa verið, orðið að hafa með sér deildaskiptingu, þ. e. a. s. eina almenna deild, sem er öllum opin, og síðan sérdeild eða fagdeild, sem annast atvinnustarfsemi félagsins. Þetta fyrirkomulag er óhentugt og þungt í vöfum, enda í eðli sínu ekki samrýmanlegt markmiðum slíkra framleiðslusamvinnufélaga.

Með lagabreytingu þessari er gert ráð fyrir að þetta skilyrði samvinnulaganna eigi ekki við um framleiðslusamvinnufélög og löggjafinn auðveldi með þeim hætti verkafólki í tilteknum starfsgreinum að stofna samvinnufélög um vinnu sína og hvetja til þeirrar þróunar sem þegar er hafin.

Í frv. er einnig vikið að samskiptum framleiðslusamvinnufélaga við verkalýðshreyfinguna, en það þótti rétt þar sem engin ákvæði eru í núverandi vinnumálalöggjöf um atvinnurekstur af þessu tagi. Eðlis síns vegna hljóta framleiðslusamvinnufélög að skipa sér í sveit með verkalýðshreyfingunni, þar sem það er markmið beggja að auka hagsæld félaga sinna með aukinni hlutdeild í arði vinnunnar og áhrifum á vinnustað sinn, vinnutilhögun og umhverfi. Enda er reyndin sú í þeim framleiðslusamvinnufélögum, er stofnuð hafa verið, að félagsmenn þeirra og starfsmenn eru einnig meðlimir viðkomandi verkalýðsfélaga og félögin utan allra samtaka atvinnurekenda. Álit verkalýðshreyfingarinnar liggur einnig fyrir um þetta, en hún hefur talið að félög af þessu tagi eigi að vera utan við samtök atvinnurekenda. Í frv. er því kveðið á um náin samráð þessara aðila í kaupgjaldsmálum, en þarft væri síðar að skilgreina frekar samskiptareglur þessara aðila í vinnumálalöggjöf, eftir að frekari reynsla hefur fengist af starfsemi framleiðslusamvinnufélaga.

Um leið og lagt er til, að samvinnulögunum verði breytt til aðlögunar að hinu nýja samvinnufélagsformi, framleiðslusamvinnunni, er lögð til nokkur breyting á 20. gr. samvinnulaganna til að tryggja rétt starfsmanna samvinnufélaga til kjörgengis í trúnaðarstöður, svo sem félagsstjórn. Í eldri lögum er reyndar ekkert sem meinar starfsmönnum samvinnufélaga kjörgengi, en í samþykktum nokkurra samvinnufélaga eru ákvæði þess efnis. Rétt er að ógilda þær samþykktir og koma þannig til móts við háværar kröfur samtaka samvinnustarfsmanna um aukinn rétt samvinnustarfsmanna á stjórn samvinnufélaga. Þegar hafa ýmis samvinnufélög fellt slíkar samþykktir brott úr lögum sínum, svo sem Kaupfélag Árnesinga, Kaupfélag Norður-Þingeyinga, Kaupfélag Vestmannaeyja, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, svo einhver séu nefnd. Ljóst er því, að þróunin er í þessa átt með vaxandi umræðum samvinnustarfsmanna um aukið lýðræði og áhrif manna á daglega stjórnun og rekstur samvinnufélaganna. Og þótt þessi breyting nú tryggi á engan hátt fullkomið starfsmannalýðræði innan samvinnufélaganna, er hún eðlilegt skref í þá átt, og ætla má að hún muni frekar hvetja til þróunar í átt til atvinnulýðræðis."

Við þessi orð í grg. er ekki miklu við að bæta. Ég veit ekki hvort áður hafa verið flutt frv. um þetta efni hér á Alþ., ég hygg að svo sé ekki. En þó hef ég haft af því fréttir, að fyrir mörgum árum hafi skyldu máli verið hreyft hér og e. t. v. oftar en einu sinni og þá í því skyni að auðvelda sjómönnum að stofna samvinnufélög um smærri útgerðir. Þessar tilraunir á sínum tíma urðu aldrei að lögum, og þess vegna er sem sagt í núverandi samvinnulöggjöf ekki gert ráð fyrir því, að einstakir atvinnuhópar geti myndað með sér samvinnufélög.

Við höfum nýlega verið minnt á það á stórafmæli Sambands ísl. samvinnufélaga, hversu mikið átak þessi félagsmálahreyfing hefur gert í íslensku atvinnulífi, og það er vafalaust að svo mun verða áfram. En ég held að við getum enn bætt þar við og þá sérstaklega með því að beina samvinnuhugsjóninni og því félagsformi, sem hún gerir ráð fyrir, í hvers konar smærri atvinnurekstur og iðnað í landinu. Ég tel að samvinnufélagsformið henti þar ekki síður en í hinum stóru kaupfélögum.

Sú litla breyting, sem hér er gerð á 20. gr. samvinnulaganna er, eins og segir í grg., til þess að afnema eða ógilda þær samþykktir sem enn kunna að vera til hjá einstökum kaupfélögum þess efnis, að starfsfólk samvinnufélaga hafi ekki kjörgengi. Þótti sjálfsagt að gera þessa breytingu um leið á lögunum. Hins vegar má segja að um þetta sé fjallað í öðru frv. er liggur fyrir þinginu og nokkrir þm. Alþfl. hafa flutt

um breytingu á samvinnulögunum. En ég tel að þessi breyting, sem við flm. þessa frv. gerum hér, geti staðið alveg óháð því, hvernig afgreiðslu það mál fær í þinginu, sem þeir alþfl.-menn hafa flutt hér. Þessar samþykktir kaupfélaganna, sem voru mjög algengar hér fyrr á árum, eru margar nú fallnar úr gildi, e. t. v. flestar, þannig að þessarar breytingar hafi kannske ekki þurft með. En þó hefur reynslan sýnt að þarna hefur verið brotalöm í lögunum, og er full ástæða til að setja undir þann leka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 50, n. 342). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Hæstv. forseti. Allshn. Nd. hefur fjallað um þetta frv. um opinberar fjársafnanir og mælir einróma með samþykkt þess með einni breytingu, en sú brtt. er prentuð á þskj. 342. Allshn. Ed. hefur fjallað um frv. og afgreitt það frá sér. Þetta frv., sem er mjög sniðið eftir löggjöf í Danmörku, miðar að því að hér komist á fastar og skýrar reglur um framkvæmd og skipulag opinberra fjársafnana. Hér er á engan hátt verið að bregða fæti fyrir heilbrigðar fjársafnanir. Hér er frekar um að ræða undirstrikun á tilvist þeirra og réttmæti, en um leið ætti að vera hægar að stemma stigu við fjársöfnunum sem engan rétt ættu á sér. Í 2. gr. frv. er kveðið á um hvernig skilgreina skuli opinberar fjársafnanir. Þá er kveðið á um leyfi til opinberra fjársafnana og hvert þau leyfi skuli sækja. Síðan er kveðið á um að skylda þá, sem standa fyrir fjársöfnunum, til reikningshalds og til að birta niðurstöður fjársöfnunar.

Brtt. allshn. er við 7. gr. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú stendur söfnun yfir um lengri tíma en eitt ár, og skal þá með sama hætti birta opinberlega ársreikning innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs. Heimilt er lögreglustjóra að framlengja fresti þessa. Yfirlýsingu skv. 2. málsl. 6. gr. skal og birta með sama hætti."

Allshn. þótti eðlilegt að inn í þetta frv. kæmi ákvæði um fjársafnanir er stæðu lengur en eitt ár, og er það eina ástæðan fyrir því að við leggjum til þessa breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 342 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 59. fundur.

Fimmtudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Afurðalán, þáltill. (þskj. 190). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna, þáltill. (þskj. 134). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám tekjuskatts af launatekjum, þáltill. (þskj. 68). — Ein umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessi till. var flutt snemma á þessu þingi, en vegna anna Sþ. dróst nokkuð að hún kæmi á dagskrá. Þegar hins vegar að því var komið að till. gæti komið til umr. tjáði hæstv. fjmrh. okkur flm., að innan skamms væri von á frv. frá hæstv. ríkisstj. um tekju- og eignarskatt. Varð því samkomulag um það milli hæstv. fjmrh. og okkar flm. till. að efnisumr. um það mál, sem hér er um að ræða, þ. e. niðurfellingu tekjuskatts af almennum launatekjum, skyldi sameinuð 1. umr. um frv. hæstv. ríkisstj. um tekju- og eignarskatt. Að vísu dróst enn nokkuð að sú umr. færi fram, en hún hefur nú farið fram. Við þá 1. umr. um frv. hæstv. ríkisstj. um tekju- og eignarskatt gerði ég ítarlega grein fyrir sjónarmiðum okkar þm. Alþfl., sem flytjum þetta mál, varðandi æskileika þess og möguleika þess að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að efna til umr. um málið nú, heldur legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kosningarréttur, þáltill. (þskj. 94). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á síðasta þing var flutt till. til þál. af mér og tveim öðrum þm. um kosningarrétt og var efni till. í öllum aðalatriðum það sama og till., sem nú er hér til umr., felur í sér.

Till. sú, sem ég geri nú grein fyrir, er flutt af mér ásamt 16 öðrum þm. sem eru úr fjórum þingflokkum. Af því sést að stuðningur við þessa till. er mjög víðtækur og á sér stað í flestum ef ekki öllum stjórnmálaflokkunum á Íslandi.

Efni till. er stuttlega og einfaldlega það að fela stjórnarskrárnefnd að leggja fram till. til breytinga á stjórnarskránni sem miði að jöfnun kosningarréttar.

Í grg. með þessari till. eru rakin stuttlega rökin sem búa að baki till. og þarf ég í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum um þau.

Vakin er athygli á því, að frá einum tíma til annars hafa verið gerðar verulegar breytingar á stjórnarskránni hvað snertir kjördæmaskipan og kosningarrétt og þær breytingar hafa allar

hnigið í þá átt að jafna kosningarréttinn, ekki aðeins milli einstakra flokka, heldur og milli einstakra byggðarlaga. Segja má þó að lengi framan af hafi breytingin stefnt að því að jafna kosningarrétt og aðstöðu einstakra flokka, þannig að ekki skapaðist mikið ójafnvægi milli atkvæðafylgis þeirra og þingstyrks þeirra hér á Alþ. En með breytingum á stjórnarskránni árið 1959 var reynt, um leið og jafnræði átti að verða milli flokkanna, að nálgast þetta sjónarmið hvað snerti einstök byggðarlög. Vegna þess fyrirkomulags, sem þá hafði verið ríkjandi, hafði skapast verulegt ójafnvægi milli kjósenda sem kusu í hinum ýmsu kjördæmum.

Frá því að þessi breyting átti sér stað árið 1959, eða fyrir 17—18 árum, hefur aftur sigið mjög á ógæfuhliðina. Í grg. með till. er birt tafla sem sýnir hversu mikill fjöldi íbúa var í einstökum kjördæmum annars vegar árið 1960 og svo hins vegar 1974.

Eins og öllum er kunnugt um hefur fólksfjölgun verið mjög mikil hér á þéttbýlissvæðinu, einkum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, og nú er svo komið að atkvæðaréttur hvers kjósanda er allt að fimm sinum meiri í hinum fámennustu kjördæmum, ef tekið er mið af fjölda íbúa annars vegar og þingmannafjölda þeim, sem kosinn er í hinum einstöku kjördæmum, hins vegar. Ég rek ekki einstakar tölur, sem fram koma í þessari töflu, en vek athygli á því, að þær eru fyrir hendi í grg. með till.

Hér á hinu háa Alþ. og reyndar meðal alls almennings er mjög talað um jafnrétti milli fólksins og það eru talin sjálfsögð almenn mannréttindi að allir, án tillits til kyns eða búsetu, njóti sömu réttinda í þjóðfélaginu. Ég hygg að þessi sjónarmið eigi sér fylgi innan allra stjórnmálaflokka. Allir flokkar vilja styðja að auknu jafnrétti, auknu jafnræði, og þeir vilja halda uppi í þessu landi lýðræði sem sé í samræmi við lýðræðisvitund þjóðarinnar, en það höfðar auðvitað til jafnréttis og jafnræðis. Ef lýðræði er verulega skert með einum eða öðrum hætti, þá býður það heim vissum hættum, og ég held að það sé ekki til góðs ef einstök byggðarlög eða hópar fólks telja að réttur sinn sé lítils eða einskis metinn.

Það er enginn vafi á því, að hér í Reykjavík og á Reykjanesi er nú komin upp mjög mikil óánægja með þá þróun, sem átt hefur sér stað, og kröfurnar um lagfæringu á kosningalögum og kjördæmaskipun gerast æ háværari. Þetta hljóta allir að skilja, hvaðan sem þeir koma og hvaða flokki sem þeir fylgja. En reynslan hefur sýnt að menn eru misjafnlega áhugasamir um breytingar, sem sjálfsagt stafar af hagsmunum þeirra sjálfra, hagsmunum flokka þeirra eða viðkomandi byggðarlaga.

Það er álit mitt og þeirra, sem að þessari till. standa, að ekki megi undir nokkrum kringumstæðum láta persónulega hagsmuni eða hag einstakra flokka ráða ferðinni í þessum efnum. Það er skylda okkar sem alþm. sem móta löggjöfina að færa hana í réttlætisátt og til samræmis við það sem fólkið í landinu telur rétt og sanngjarnt.

Á síðari árum hafa hinar dreifðu byggðir í þessu landi vakið athygli á margvíslegu misrétti og mismunun sem á sér stað milli byggðarlaga eftir því, hvort þau eru í þéttbýli eða dreifbýli. Byggðastefnu hefur mjög vaxið fylgi, og það hefur komið fram í margvíslegri löggjöf og margvíslegum ákvörðunum sem teknar eru m. a. á Alþingi. Þessa þróun er sjálfsagt að viðurkenna og styðja, og ég held að þeir, sem í þéttbýli búa, hafi sýnt henni fullkominn skilning, jafnt og þeir sem fyrir henni berjast af skiljanlegum ástæðum.

Það er mjög áríðandi að ekki skapist gjá á milli fólks eftir því, hvar það býr. Mikil hætta er á því, að djúptækur ágreiningur eigi sér stað milli fólks eftir því, hvar það býr á landinu, og flest verður að gera til að afstýra því.

Ég hef haft áhyggjur af þessari þróun. Ég tel að öll tregða eða skammsýni varðandi breytingar á kjördæmaskipan og breytingar í jafnræðisátt sé til þess eins að breikka bilið á milli fólksins eftir því, hvar það býr, og geti, þegar til lengdar lætur, orðið mjög hættulegt fyrir lýðræðið og fyrir stjórnmál á Íslandi. Þess vegna hefur verið vakin athygli á því af fulltrúum okkar og okkur sjálfum hér á þéttbýlissvæðinu, að nauðsynlegt sé að gera breytingar sem allra fyrst annaðhvort á stjórnarskránni eða kosningalögunum sem komi til móts við þá öfugþróun sem átt hefur sér stað þegar litið er til fólksfjölda og til þingmannafjöldans sem kosinn er í kjördæmunum.

Bent hefur verið á margar leiðir í þessu sambandi. Tillagan, sem hér er flutt, fer ekki út í það af tillitssemi við margvísleg sjónarmið og með hliðsjón af því, að nú starfar stjórnarskrárnefnd sem á að leggja fram till. að þessu leyti.

Ég vil þó aðeins geta nokkurra helstu leiða sem til greina koma ef um slíka breytingu verður að ræða.

Annars vegar kemur til greina að breyta kosningalögunum, sem hægt er að gera með einfaldri lagabreytingu hér á Alþingi. En hins vegar þarf að breyta stjórnarskránni og það er miklu þyngra í vöfum.

Þeir, sem leggja mikla áherslu á skjóta breytingu, hafa verið að gæla við þær hugmyndir að breyta kosningalögunum, þannig að þessi breyting geti átt sér stað sem allra fyrst. Hafa þeir í því sambandi bent á þá möguleika að breyta mætti reglunum sem gilda um úthlutun uppbótarsæta. Breytingar í þá átt þarfnast ekki stjórnarskrárbreytingar. Þær breytingar gætu orðið með þeim hætti að fella niður þá reglu að úthluta uppbótarsætum samkvæmt hlutfallsreglunni og taka aðeins tillit til atkvæðamagnsins sem er á bak við hvern mann sem úthlutað fær uppbótarsæti. Hins vegar er sú breyting möguleg að fella niður það ákvæði sem felur í sér að aðeins megi úthluta einu uppbótarsæti til hvers flokks í einu og sama kjördæmi.

Við nána athugun á þessum hugsanlegu breytingum kemur í ljós sú athyglisverða niðurstaða, að ef úthlutað er fleiru en einu uppbótarsæti til flokks í sama kjöræmi og miðað er við kosningatölur frá 1974, þá hefðu 8 uppbótarsæti komið í hlut Reykjavíkur í stað 4 núna, en 3 í hlut Reykjaneskjördæmis, sem er sú hin sama tala og Reykjaneskjördæmi hefur í dag. Af þessu er strax ljóst, að þessi leið er ekki mjög aðgengileg ef við viljum lagfæra hlut Reykjaneskjördæmis, og vissulega sýnist það vera brýnasta verkefnið

núna, því að munurinn á milli Reykjaneskjördæmis annars vegar og þess kjördæmis, sem fæsta kjósendur hefur, hins vegar, þ. e. a. s. Vestfjarðakjördæmið, er langsamlega mestur og meiri en þegar Reykjavík á í hlut.

Mér sýnist þess vegna þessi leið ekki vera fær ef við viljum ná því markmiði sem flutningur þessarar till. stefnir að.

Ef menn fallast á þessa niðurstöðu, þá sýnist varla mögulegt annað en að breyta stjórnarskránni. Ýmislegt kemur til greina í því sambandi. Hægt er að taka upp einmenningskjördæmi að nýju, með eða án uppbótarsæta. Hægt er að kjósa helming þm. í einmenningskjördæmum og svo hinn helminginn af landslista, og þá gæti hugsanlega atkvæðisréttur kjósandans verið tvöfaldur eins og dæmi eru til um erlendis. Enn má nefna þá leið, að taka upp tví- eða þrímenningskjördæmi með eða án uppbótarsæta. Einnig hefur verið bent á þann möguleika að landið allt væri gert að einu kjördæmi.

Í þessu sambandi er líka rétt að nefna leið sem gerð hefur verið grein fyrir í blöðum og fjölmiðlum fyrir nokkrum vikum. Það er fyrirkomulag sem ungir menn í þrem stjórnmálaflokkum komu sér saman um að mæla með. Það fyrirkomulag er sniðið eftir írsku kerfi, er nokkuð flókið, en það felur það í sér í aðalatriðum, að frambjóðendum er raðað í stafrófsröð, kjósandinn hefur eitt atkvæði, en getur einnig gefið til kynna valkosti sína að frágengnum þeim sem hann kýs, þannig að hann tölusetur frambjóðendur. Kjósandinn er því óbundinn af flokkum í valkostum sínum.

Í sambandi við persónukjör, sem þetta írska kerfi felur í sér, hefur líka verið bent á þá möguleika sem í gildi eru í Danmörku og Vestur-Þýskalandi, þ. e. a. s. að kjósanda er gert kleift að kjósa bæði frambjóðanda og flokk í stórum kjördæmum. Hann getur krossað við annaðhvort flokkinn eða frambjóðandann í þeim flokki sem hann vill styðja. En líka er leið, sem vesturþjóðverjar hafa, að kjósandinn getur bæði kosið frambjóðanda og flokk enda þótt frambjóðandinn sé ekki úr þeim sama flokki sem kjósandinn greiðir atkv. sitt.

Allar þessar leiðir þarf að athuga. Þær hafa allar sína kosti og galla. Ég skal ekki leggja neinn sérstakan dóm á þessar mismunandi aðferðir við kosningar. En eftir því sem ég hef sjálfur skoðað þetta betur, þá hneigist ég að því fyrirkomulagi sem ríkjandi er í Danmörku.

Ég geri ráð fyrir að flm. þessarar till. svo og aðrir alþm. hafi mismunandi skoðanir á þessum breytingum, og því var, eins og ég sagði áðan, ekki farið út í það í þessari tillögugerð að mæla með neinni sérstakri aðferð, heldur leggja áherslu á það meginatriði, að lögum eða stjórnarskrá yrði breytt þannig að kosningarréttur yrði jafnaður meir frá því sem nú er.

Ég geri mér fulla grein fyrir því, að þetta mál er vandasamt og þarf að ræða mjög ítarlega í stjórnmálaflokkunum. En ég tel þó að Alþ. eigi og sé fært um að láta í ljós vilja sinn eða skoðun sína á því, hvort þetta meginatriði sé ekki orðið nauðsynlegt og reyndar óhjákvæmilegt.

Þess vegna er þessi till. flutt til þess að fá fram viljayfirlýsingu af hálfu Alþ. Það er viljayfirlýsing sem þjóðin fær þá að heyra, og kjósendur átta sig þá á því, að alþm. og stjórnmálaflokkarnir eru ekki algjörlega sinnulausir um þessi málefni og vilja láta einhverjar breytingar koma til framkvæmda sem allra fyrst. Það yrði líka til leiðbeiningar fyrir stjórnarskrárnefnd, sem nú situr að störfum, og yrði gott veganesti og stuðningur fyrir hana í hennar störfum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta öllu frekar. Ég hef gert grein fyrir þeirri till., sem á dagskrá er, þeim rökum, sem búa að baki henni, og þeirri nauðsyn, sem við flm. teljum vera á því að þessu máli verði hrundið í framkvæmd sem allra fyrst.

Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til allshn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi hafa mörg orð um þá þáltill. sem hér er nú til umr. Þetta er mál sem lengi hefur verið á dagskrá og margar útgáfur komið út hjá einstaklingum um á hvern hátt skyldi með farið og með hvaða hætti skyldi breytt því fyrirkomulagi sem nú er.

Það er engu líkara en þeir, sem hæst hafa talað í þessum efnum um nauðsyn skjótrar breytingar hér á, líti svo til að þetta sé í raun og veru eina óréttlætið sem viðgengst í þjóðfélaginu að þeirra mati, það sé hversu tiltölulega fáir kjósendur standi að baki þm. úr hinum dreifðu byggðum, miðað við það sem er á þéttbýlissvæðunum. Ég dreg enga dul á að hér er á munur. En væri nú ekki rétt fyrir þessa hv. þm., sem hæst hafa haft í þessum efnum, að huga að fleiri verkefnum í réttlætisátt, þannig að það væri í leiðinni skoðað betur og gerðar um það beinar till. með hverjum hætti mætti létta af því hróplega ranglæti sem einmitt þetta fólk úti í hinum dreifðu byggðum hefur búið við og býr við samanborið við það sem er hér á stór Reykjavíkursvæðinu, sem þessir hv. þm. bera hvað mest fyrir brjósti?

Staðreyndin er sú, að þrátt fyrir þetta herfilega óréttlæti, sem þessir hv. þm. telja kjósendur hér á þéttbýlissvæðinu hafa verið beitta, hefur eigi að síður verið sú þróun í landinu að byggðaröskun hefur átt sér stað í þá átt, að það hefur fækkað stórlega í þessum kjördæmum úti á landsbyggðinni, en að sama skapi fjölgað fólki hér, sem býr þó að mati þessara hv. þm. við þetta óréttlæti. Það hefur kosið fremur að setja sig niður hér, þrátt fyrir þetta óréttlæti, heldur en að halda áfram á réttlætisstöðunum hinum miklu og búa þar við þau kjör sem hv. þm., sem að þessari þáltill. standa, svo og margir fleiri telja að hafi verið á þessum svæðum.

Það má kannske segja að í raun og veru sé ekki nema eitt svar við þessu. Og það er ákaflega einfalt og það hefði átt að vera í verkahring stjórnvalda og er það auðvitað enn. Eina svarið við þessu er auðvitað að fjölga fólki úti á landsbyggðinni. Það er hið rétta svar og raunhæfa. Ættu þessir hv. þm. fremur að beita sér fyrir að ráðstafanir af því tagi væru gerðar. Þetta er í mínum huga ekki það stórt mál í

sniðum að það sé réttlætanlegt að taka það eitt út úr dæmi um ójöfnuð og óréttlæti milli íslendinga eftir því hvar þeir búa í landinu. Það er hægt að nefna ótalmörg dæmi um það, hversu herfilegt óréttlæti hefur viðgengist og er látið viðgangast enn á hinum ýmsu sviðum í óhag fyrir dreifbýlisfólk, en til hagnaðar fyrir þéttbýlissvæði.

Hv. frsm. og 1. flm. þessarar þáltill. sagði áðan að hann og þeir flm. þessarar till. væru þeirrar skoðunar, að sömu réttindi öllum til handa ættu að vera án tillits til búsetu, og ég tók það svo, að það ætti ekki að gilda bara í þessu tilviki. Hins vegar höfum við ótal dæmi þess, að þm. úr dreifbýliskjördæmum hafa flutt hér hvert málið á fætur öðru í leiðréttingarátt í hinum ýmsu málaflokkum fyrir fólkið úti á landsbyggðinni þing eftir þing, en bæði þessi hv. þm., frsm. og fyrsti flm., hann og margir aðrir réttlætispostular í þessa átt hafa snúist gegn þessu máli og vilja viðhalda og jafnvel í mörgum tilfellum auka á óréttlætið sem er víða í þjóðfélaginu ef við berum saman aðstöðu dreifbýlisfólks og þéttbýlisfólks.

Það hefði auðvitað verið miklu heillavænlegra til árangurs fyrir bæði þennan hv. þm. og aðra, sem er mjög umhugað um að breyting verði á í þessum efnum, að þeirra réttlætistilfinning hefði komið víðar við og fyrr að því er varðar að jafna réttlætið, burt séð frá því hvar fólk er búsett í landinu.

Ég, eins og ég sagði, sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um þetta, en ég vildi aðeins að hér kæmi þó fram rödd við umr. um þessa till. sem er þeirrar skoðunar, að það sé síður en svo að þetta mál beri höfuð og herðar yfir önnur hin fjölmörgu mál sem að mínu viti ætti fyrst að snúa sér að að finna leiðréttingu á dreifbýlisfólkinu til handa. Það er hægt að færa fram ótalmörg rök fyrir því.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, ekki a. m. k. að sinni.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Smíði skips til úthafsrækjuveiða, þáltill. (þskj. 87). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Till. þessi til þál. var borin fram fyrir jól þegar sýnt þótti að hið svonefnda bankakerfi, sem menn taka sér mjög í munn á landi hér, mundi koma í veg fyrir að Snorri Snorrason skipstjóri á Dalvík fengi að kaupa sér eða láta smíða handa sér nýtísku skuttogara til úthafsrækjuveiða.

Ríkisstj. hafði með bréfi 23. júní 1976 tilkynnt Snorra, að hún fyrir sitt leyti féllist á að gerð yrði undantekning að því leyti, að hann fengi heimild til lántöku erlendis með ríkisábyrgð sem næmi allt að 13% af kostnaði við smíði á bol skipsins erlendis og auk þess yrði honum veitt heimild til lántöku innanlands eða erlendis fyrir allt að 5% af innlendum kostnaði við smíði skipsins, með ríkisábyrgð ef nauðsyn krefði. Með þessum hætti veitti ríkisstj. Snorra Snorrasyni skipstjóra á Dalvík mjög sérstaka viðurkenningu á því brautryðjandastarfi sem hann hafði unnið í sambandi við leit að úthafsrækju og veiðar á úthafsrækju hér við land, jafnframt því sem ríkisstj. braut hér að vissu leyti blað í fullkomnu samræmi við það starf, sem unnið hafði verið að frumkvæði ríkisstj. að leit að djúprækjunni hér við land, og í samræmi við niðurstöðurnar af þeirri leit.

Í þessu sama bréfi benti ríkisstj. á að Fiskveiðasjóður þyrfti að taka sjálfstæða ákvörðun um að veita 67% lán af erlendum smíðakostnaði og 75% lán af innlendum smíðakostnaði, auk þess sem Byggðasjóður þyrfti að taka sjálfstæða ákvörðun um að veita 10% lán af smíðakostnaði innanlands.

Í þessu bréfi lagði ríkisstj. einnig áherslu á það, að með þessu væri ekki verið að móta almenna heimild til að þau kjör, sem að ofan greindi, væru veitt þeim sem hygðust smíða skip til úthafsrækjuveiða. Þvert á móti bæri að líta á afgreiðslu þessa máls á þann veg, að hér væri um að ræða undantekningu í tilraunaskyni, þ. e. a. s. ríkisstj. vildi að smíðað yrði fullkomið skip til þessara veiða og fengið í hendur skipstjóra sem sýnt hafði það í starfi sínu að hann hafði til að bera bæði þekkinguna og duginn til þess að nota slíkt skip á virkan hátt.

Tillgr. sjálf í þessari þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að veita Snorra Snorrasyni skipstjóra á Dalvík þess háttar aðstoð í formi ábyrgðar, er geri honum kleift að kaupa rækjuveiðaskip það er ráð var fyrir gert með ríkisstjórnarsamþykkt á s. l. sumri samkv. bréfi sjútvrn. þar að lútandi frá 23. júní s. l., enda leggi hann fram eiginfjármagn og tryggingar í hlutfalli við það sem þar var ráð fyrir gert."

Í grg. er sagt frá undirbúningi að smíði þessa skips og einnig greint frá sérstakri reynslu Snorra Snorrasonar í sambandi við úthafsrækjuveiðar. Þar segir:

„Snorri Snorrason hóf rækjuveiðar á djúpslóð norðanlands á 26 lesta bát árið 1969" — á að standa þarna, ég vil leiðrétta þetta, í grg. stendur 1972, en á að standa 1969. Hann hóf sem sagt rækjuveiðar á djúpslóð norðanlands á 26 lesta bát árið 1969. „Er fleytan reyndist of smá til úthafsveiðanna lét hann smíða sér stærri bát, Sæþór, sem er um 50 lestir, og byrjaði rækjuveiðar á honum við Kolbeinsey haustið 1974. Óumdeilanlegt er að Snorri er frumkvöðull að djúprækjuveiðum hér við land, hefur sótt veiðar þessar af lofsverðri atorku og aflað sér reynslu við þann veiðiskap umfram aðra hérlenda menn. Árið 1975 veiddi Snorri Snorrason 259 lestir á Sæþór af þeim samtals 414 lestum af rækju sem öfluðust á úthafsmiðum norðanlands eða um 61% að heildaraflanum. Þessi afli fékkst á 1600 togtímum, eða að jafnaði 162 kg á klst."

Síðan er í grg. rakið í meginatriðum efni bréfs þess, sem ég vitnaði til áðan. Síðan segir í grg.:

„Þrátt fyrir þessa jákvæðu afstöðu ríkisstj., sem hefði vissulega átt að nægja til þess að öðru jöfnu að af framkvæmdum yrði, fór svo að málið mætti andstöðu í Fiskveiðasjóði og þar af leiðandi í Útvegsbankanum og Snorra Snorra-

syni voru sett miklu strangari skilyrði varðandi eiginfjármagn og baktryggingar en almennt hafa tíðkast við nýsmíði skipa á liðnum árum, þannig að svo virðist nú sem ekki geti orðið af smíði rækjuveiðiskipsins nema til komi aukin fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera.

Upplýsingar þær, er fyrir liggja um aflaföng færeysku rækjuveiðaskipanna af framangreindri gerð," — þ. e. a. s. af sömu gerð og skip það sem Snorri var búinn að semja um smíði á, — „svo og upplýsingar um djúprækjumiðin fyrir Norðurlandi benda til þess að skip það, er Snorri Snorrason ætlar að láta smíða, mundi skila andvirði sínu í erlendum gjaldeyri eftir 8 mánaða úthald, og rekstraráætlanir, sem lagðar hafa verið fram — og viðurkennt er að telja megi mjög varlega gerðar — benda til þess að hér yrði um trausta útgerð að ræða.

Í till. er gert ráð fyrir því að Snorri Snorrason veiti allar nauðsynlegar baktryggingar og að hagsmunir hins opinbera verði tryggðir til hins ítrasta. Það skal tekið fram að rækjuveiðiskip það, er hér um ræðir, mun kosta fullgert um 360 millj. kr. Þetta yrði rösklega 250 lesta skip af svonefndri Maritime-gerð jafnhæft til almennra togveiða, línu- og netaveiða, búið frystilest.

Líkur benda til þess að gera mætti út allmörg togskip á úthafsrækjuna fyrir Norðurlandi með góðum árangri, en slík útgerð gæti haft úrslitaþýðingu í því að halda hlífiskildi yfir botnfiskastofnum okkar vegna rányrkju undangenginna ára. Til úthafsrækjuveiðanna þarf góð skip, og fráleitt er að hefja tilraunaveiðarnar fyrir alvöru með úreltum skipum, sem ekki duga fyllilega til úthalds árið um kring á svo grimmum sjó." Þetta er niðurlag grg.

Svo að ég geri mjög langt mál stutt, þá skilaði sams konar skip og það, sem Snorri Snorrason hafði samið um smíði á og ríkisstj. raunar veitt honum atfylgi innan vissra takmarka til þess að fá smíðað, sams konar skip sem færeyingar gera út við Grænland, Suðurvarðinn, skilaði 1120 tonnum af stórri úthafsrækju árið sem leið, fiskaði fyrir 14 millj. danskra kr. eða því sem næst 500 millj. ísl. kr., og var þó helmingnum af aflanum, sem Suðurvarðinn fékk á Grænlandsmiðum, fleygt fyrir borð. Það var rækja af álíka stærð og hér þykir best, þykir ágætisrækja til hraðfrystingar hér á landi, en henni var hent fyrir borð vegna þess að hún hentaði ekki til frystingar í dýrasta verðflokki þeirrar rækju sem heilfryst er um borð í skipum. Allar athuganir benda til þess að fá mætti með fullkomnu, góðu rækjuveiðiskipi á djúpslóðinni við Ísland ekki minni afla árlega af stórri úthafsrækju í besta gæðaflokki, og mætti þá skila helmingnum, ef útkoman yrði svipuð, í land til hraðfrystingar og niðursuðu.

Ég vil ekki rekja það hér með hvaða hætti brugðið var fæti fyrir þessa framkvæmd Snorra Snorrasonar á síðustu stundu, eftir að hann hafði gengið frá samningum við breska skipasmíðastöð um að smíða bol skipsins og raunar sent litla bátinn sinn út til sölu upp í samninginn sem hann gerði við bretana. Til þessa liggja ýmsar ástæður. Ég hef fullkomna ástæðu til þess að ætla að bankastjórar Útvegsbankans sem slíkir hafi ekki komið fram í þessu máli í fyllsta samræmi við hagsmuni bankans. Ég hef einnig ástæðu til þess að ætla að þessi fyrirhugaða skipssmíð hafi mætt óeðlilegri tregðu af hálfu annarra enn þá háttsettari manna í bankakerfinu. Málið fór svo að Snorri Snorrason, sem taldi björninn unninn eftir að ríkisstj. hafði tekið svo vel og eðlilega í málaleitan hans, eftir að hann taldi sig hafa fengið þess háttar undirtektir hjá bankastjórum að þeir teldu að hann hefði til að bera nægilega fjármuni og eignir til að setja tryggingu, þá sendi hann sem fyrr segir Sæþór, 50 tonna bátinn sinn, út til Bretlands, en mátti gjöra svo vel að láta sækja hann þangað aftur, og fylgdu honum þá skaðabótakröfur frá Bretlandi upp á rösklega 15 þús. sterlingspund.

En því er ekki að neita, að menn vildu samt að keypt yrði stórt skip til úthafsrækjuveiða og að notast yrði við reynslu Snorra Snorrasonar, þannig að hann ætti aðild að slíku skipi. Það var brugðið á það ráð að hvetja aðstandendur fyrirtækisins á Dalvík, sem Snorri Snorrason hefur lagt upp rækjuna sína hjá, til þess að kaupa heldur gamlan ítalskan togara, skuttogara, sem smíðaður var fyrir veiðar við Vestur-Afríku og fékkst ótrúlega ódýrt. Mér skilst að þetta skip, sem samið hefur verið um kaup á, líti vel út og menn séu að gera sér vonir um að þetta sé gott skip þótt svona ódýrt sé, og vissulega óska ég þess að svo reynist, þó að ég sé allajafna nokkuð tortrygginn þegar ég heyri um lágt verð á notuðu skipi, fyrst og fremst vegna þeirrar reynslu, þeirrar gömlu reynslu, að sjaldgæft er að fá góð skip fyrir mjög lágt verð. En eins og ég segi, þá vona ég sannarlega að þetta skip reynist vel. Hitt er ljóst mál, að það er ekki sérsmíðað til úthalds á vetri í grimmum sjó í Norðaustur-Atlantshafi. Mér segja sérfræðingar, sem skoðað hafa skipið, að byrðingur sé t. d. ekki nema um það bil helmingur á þykkt á við það, sem færeyingar nota í togarana sína á norðurslóð, og að skipið sé ekki heldur bent til siglingar í ís. En á öllu þessu má vitaskuld ráða bót. Spurningin er bara um þetta, hvað skipið muni kosta þegar búið sé að styrkja það þannig að það henti til veiða í ís, og enn fremur þetta, hvað þess háttar skip muni kosta þegar búið sé að koma því í álíka horf og nýju færeysku skipin sem þróuð hafa verið til þess háttar veiða á Norðaustur-Atlantshafi á síðustu 8 árum, smíðað skip eftir skip þar sem ágallar hafa verið lagfærðir og hvert nýtt skip gert enn þá hæfara og betra til að leggja í þessar veiðar.

Nú skal það tekið fram strax, að Suðurvarðinn, sem orðið skyldi hafa systurskip þessarar fleytu sem Snorri Snorrason vildi fá til rækjuveiðanna fyrir Norðurlandi, er skip sem gert er til togveiða, línu- og netaveiða af þessari svokölluðu Maritime-gerð, tvídekka skip með leiðslur allar lagðar út í síður, þannig að ekki er keising á miðdekki eða reisn á miðdekki, heldur stórt vinnupláss sem hentar til fyllstu afkasta, hvort heldur sem er á togveiðum, netaveiðum eða línuveiðum, og þessi skip hafa reynst afburðavel hjá færeyingunum.

Í viku iðnaðarins, sem haldin var á Akureyri sællar minningar nú í haust, þar sem við komum, þm. Norðurl. e., okkur til mikillar ánægju og skoðuðum iðnfyrirtæki á Akureyri, þá vorum við m. a. leiddir í Niðursuðuverksmiðju Kristjáns Jónssonar í fylgd með forustumanni Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins, hv. þm. Lárusi Jónssyni, sem tók þátt í því að fræða okkur um ýmislegt varðandi niðursuðuiðnaðinn þennan dag. Eitt af því, sem hann fræddi okkur um í Niðursuðuverksmiðju Kristjáns Jónssonar, voru vandkvæðin á því að fá rækju hér á landi til niðursuðu. Hann greindi okkur frá þeim tormerkjum sem þessi skortur veldur nú á sölu annarra niðurlagðra sjávarafurða og torveldað hefur starfsemi þessarar stofnunar mjög svo bagalega. Næst áður en við komum í Niðursuðuverksmiðju Kristjáns Jónssonar höfðum við skoðað Slippstöðina á Akureyri sem átti einmitt að fullsmíða þetta skip fyrir Snorra Snorrason, en skorti þá verkefni til nýsmíða.

Ég vil undirstrika það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að hér stóð ekki á ríkisstj. Ég mun finna mér önnur mál en þetta til þess að liggja henni á hálsi fyrir, ef einu er sleppt: þeim dugnaðarskorti, að ég segi ekki því dáðleysi, sem kemur fram í því að hæstv. ríkisstj., sem vissi sig gera rétt í því að reyna að greiða fyrir Snorra Snorrasyni skipstjóra á Dalvík um útvegun á fullkomnu skipi til þess að hefja tilraunaveiðar á rækju, að sú ríkisstj. skyldi láta embættismenn bregða fæti fyrir málið. Og síðan vil ég liggja henni á hálsi fyrir ístöðuleysið sem kemur fram í því hjá hæstv. ríkisstj. að hún skuli láta þessa sömu embættismenn, háttsettu embættismenn, blekkja sig til þess að stofna til annars konar fyrirtækja heldur en útgerðar á góðum skipum á fengsæl mið, annars konar fyrirtækja sem fyrirsjáanlegt er að muni leiða til stórkostlegs taps og enn meiri bölvunar fyrir þetta samfélag okkar.

Enda þótt Snorri Snorrason skipstjóri muni nú tæpast treysta sér til, eftir að vera búinn að fá til Dalvíkur frá Danmörku skip sem verið er að gera við þar núna, ítalska skuttogarann nú í vor til fyrirtækis sem hann mun eiga 40% í, — hann muni tæpast treysta sér til þess að leggja út í kaup á öðru skipi eftir þá reynslu sem hann hefur fengið af vilyrðum opinberra aðila um stuðning í svona máli, þá vil ég mælast til þess, að till. þessi til þál. verði færð til þess vegar í n. að ríkisstj. verði falið að beita sér fyrir smíði á þess háttar rækjuveiðaskipi sem Snorri hafði látið undirbúa smíði á og sjái um í einu eða öðru formi útgerð á þess háttar skipi, fullkomnu skipi í tilraunaskyni á djúphafsrækjuslóðinni hér við land. Ég fer ekki dult með það, að ég hefði verið þess fýsandi að ríkisstj. hefði látið gera þetta strax í upphafi, látið smíða þess háttar skip og fengið það Snorra Snorrasyni í hendur, annaðhvort greitt fyrir því, að hann gæti gert það, eða ráðið hann á skipið til þess að annast þessar tilraunaveiðar fyrir Norðurlandi og annars staðar á djúpslóð í kringum landið þar sem við eigum von á djúprækju.

Svo ég víki aftur að horfunum sem á því eru að hægt sé að finna fleiri og enn þá betri djúphafsrækjumið við landið hledur en fundist hafa, þá vil ég vitna til þess að fiskifræðingar hafa sagt mér að það svæði, sem leitað hefur verið á fyrir Norður- og Norðausturlandi, sé svo lítið að við höfum fullkomna ástæðu til þess að ætla að utar og norðar finnist miklu arðgæfari mið heldur en miðin við Kolbeinsey. Að vísu hefur stóra rækjan, sem veiðist við Kolbeinsey, ekki reynst jafnþétt og úthafsrækjan á Grænlandsmiðunum, þar sem Suðurvarðinn var gerður út s. l. ár, en þar voru gerðir út 70 erlendir skuttogarar á rækjuveiðarnar. Heildaraflinn, sem fékkst á þeim slóðum, vestur af Stóru-Hrafnsey, var um 72 þús. tonn. Meðalhásetahlutur á færeysku skuttogurunum, sem gerðir voru út á þessum slóðum, 12 að tölu, meðalhásetahlutur á þeim var um 4 millj. ísl. kr. fyrir 200 daga úthald. Og enda þótt ég fengi ekki fiskifræðingana okkar til þess að skrifa undir þess háttar plagg, þá hef ég fyrir því munnlegt álit þeirra, að ekki sé fjarri lagi að ætla að a. m. k. 10 skuttogarar geti náð 10 þús. tonna afla af úthafsrækju á þessum slóðum fyrir Norðurlandi árlega án þess að gengið sé of nærri stofninum, og er þá enn eftir að tíunda þann hluta aflans sem hægt væri að leggja í land til pillunar og frystingar í landi.

En ég legg á það áherslu, að það væri mjög þýðingarmikið, ef aðrir fást ekki til þess, að hv. alþm. fengjust nú til þess að leggjast á eitt um að tjá það fyrir háttsettum embættismönnum í hagfræðingaliki í bankakerfi landsins, að það sé alls ekki sama hvers konar skip eru notuð á fiskislóðinni hjá okkur, síst af öllu þarna fyrir norðan, innan um ísinn, þar sem ætlunin er að gera skipin út 300 daga á ári.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Ég ætla ekki að gera aths. við málið sjálft nema að mjög litlu leyti.

Hér er hreyft mjög merku máli. Eins og kom fram hjá flm. hefur þetta mál nú þegar komist á nokkurn rekspöl. Snorri Snorrason, sem hann gat hér réttilega um að hefur haft forustuhlutverk í úthafsveiði á rækju, hann ásamt félögum sínum hefur fest kaup á togara til þess að hefja útgerð á úthafsrækju. Það kunna að vera skiptar skoðanir um hvort þetta skip henti, en reynslan verður að skera úr um það. Mér fannst að hv. flm., Stefán Jónsson, öðrum þræði gerði því skóna fyrir fram að þetta skip væri e. t. v. ekki hentugt, það væri ekki nægilega traust. Ég held að við ættum að láta reynsluna skera úr í því efni og ekki hefja um það umr. hér eða láta í eitt eða annað skína um þau efni. Ég hef þá skoðun að þeim mönnum, sem að þessu máli standa, sé fullkomlega treystandi til þess að velja þar og hafna.

Það er kannske rétt að geta þess í því sambandi, sem raunar kom hér fram hjá Stefáni Jónssyni, að í þetta skip er verið að setja sérstakan búnað til úthafsrækjuveiða og til þess að vinna rækjuna um borð, og það er jafnframt verið að gera á því nokkrar breytingar til þess að það henti betur til þessara veiða. Það er rétt að geta þess, að þó að þessar breytingar séu teknar með í reikninginn, þá kostar þetta skip ekki nema brot úr því sem nýtt skip mundi kosta,

og það út af fyrir sig ætti að létta eitthvað róðurinn við þessa útgerð, sem er náttúrlega að því leyti til áhættusöm, að hún hefur ekki áður verið stunduð hér á landi.

Ég get tekið undir langflest af því sem hv. flm. sagði um forustuhlutverk Snorra Snorrasonar í þessum efnum og eins þá göngu milli Heródesar og Pílatusar sem hann og fleiri menn áttu milli aðila í sambandi við hans mál þegar hann hugsaði sér að láta smíða nýtt skip í þessum efnum. Ég get tekið undir það sem hv. þm. sagði í sambandi við það. Það mál er allt þess eðlis að ég vil sem allra minnst um það hér tala. En ég vil vekja athygli á því sem mér finnst vera kjarni málsins. Hann er sá, að 1970 höfðum við þegar fundið hér fyrir Norðurlandi úthafsrækjumið. Á svipuðum tíma finnast úthafsrækjumið við Grænland. Eins og kom fram í máli hv. flm. er afli við Grænland af úthafsrækju orðinn núna yfir 70 þús. tonn. En ég held að hann hafi verið á s.l. ári hér hjá okkur um 400 tonn. Þetta er hryggileg staðreynd. Það er að vísu ekki hægt að segja að þessar tölur segi allt um það hvernig að þessum málum hefur yfirleitt verið staðið hjá okkur, þ.e.a.s. að því að leita að úthafsrækju og að því að gera út á úthafsrækju. Það má gera ráð fyrir að okkar mið þoli e.t.v. minni sókn heldur en grænlensku miðin, og það er líka vitað að á grænlensku miðunum hefur verið stunduð rányrkja. Það er óhætt að fullyrða að þar hefur verið tekið allt of mikið magn til þess að stofninn þoli það. En þetta segir samt þá sögu, að við höfum því miður beint allt of litlu bæði fjármagni og atorku til að róa á þessi mið. Þetta er gífurlega mikilvægt atriði, og þetta verður aldrei gert, álít ég, með neinni skynsemi öðruvísi en menn byrji að gera út á úthafsrækjuna.

1968 held ég það hafi verið sem skip frá Hafrannsóknastofnuninni eftir mikla hvatningu og eftirgangsmuni Fjórðungssambands norðlendinga fór að leita að úthafsrækju og fann mið bæði við Grímsey og Kolbeinsey — álitleg mið. Síðan má segja að í raun hafi fátt eitt gerst í þessu efni annað en það, að Snorri Snorrason skipstjóri á Dalvík hefur æ ofan í æ reynt að sækja á þessi mið og hann hefur á slíkri sókn langyfirgripsmesta þekkingu af öllum sjómönnum hér á landi. Síðan gerist í rauninni sáralítið frá opinberri hálfu þangað til í fyrra, að þá er farið að leita að úthafsrækju og þá finnast í viðbót allálitleg mið bæði að mér skilst fyrir vestan og fyrir Norðurlandi og Norðausturlandi. Það er álit fiskifræðinga, eins og kom fram hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að á þessum slóðum getum við fundið allmiklu meira magn af rækju heldur en nú er vitað um.

Eins og hv. flm. tók hér fram er þetta mikilvægt mál, bæði vegna þess að auðvitað þurfum við að nýta þessa auðlind okkar, en svo er einnig að rækja er verðmæt útflutningsvara, bæði fryst og niðursoðin. Og það er rétt hjá honum, sem hann tók hér fram, að niðursuðuiðnaðurinn, sem er, eins og hv. þm. þekkja, hér hjá okkur ekki margbrotin iðngrein og því miður er enn þá að slíta barnsskónum hér á landi, ef svo mætti segja, — hann stendur frammi fyrir mjög miklum vanda vegna þess að hann getur ekki fengið þetta dýrmæta hráefni til vinnslu. Þar er náttúrlega ekki einvörðungu um það að sakast, að ekki hafi verið sótt úthafsrækja, heldur eru um þetta mál í gildi reglur sem eru afskaplega þröngar og hafa þröng sjónarmið að leiðarljósi, svo ekki sé meira sagt.

Ég vildi sem sagt aðeins vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að hér er stórmál á ferðinni. Við þurfum að standa miklu betur að því að leita að úthafsrækju heldur en við höfum gert, og við þurfum að finna til þess nýjar leiðir, m.a. þá að standa við bakið á þeim sem vilja fara í þessa útgerð. Ég er sammála hv. flm. um það.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna, þáltill. (þskj. 70). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 70 er till. til þál. um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi. Flm. þessarar till. auk mín eru þeir hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Benedikt Gröndal, Sigurlaug Bjarnadóttir og Magnús T. Ólafsson. Flm. þessarar till. eru sem sagt úr öllum starfandi stjórnmálaflokkum, og með því er að sjálfsögðu skýrt dregið fram að þetta mál er hafið yfir allar flokkspólitískar þrætur.

Þessi till. er flutt í þeim tilgangi að vekja athygli á nauðsyn þess, að einstaklingar hér á landi verði lögverndaðir fyrir því að nýjustu tölvutækni sé beitt til að koma upp safni upplýsinga um persónulega hagi þeirra. Þessi vandamál hafa verið til umræðu að undanförnu í nær öllum nálægum löndum í kjölfar þess að tölvutækni ryður sér mjög til rúms og er nú beitt með stöðugt handhægari aðferðum. Nefna má að nýlega hafa verið lögleidd í Bandaríkjunum ákvæði sem eiga að tryggja rétt einstaklingsins til einkaleyndar og verja hann gagnvart persónuskrám ríkisins, en lagabálkur þessi heitir „The Privacy Act of 1974", staðfestur 31. des. fyrir liðlegum tveimur árum. Í Vestur-Þýskalandi hefur mikill lagabálkur um upplýsingavernd legið fyrir sambandsþinginu um nokkurra ára skeið, en mér er ekki kunnugt um hvort hann hefur nú hlotið endanlega afgreiðslu. Í Frakklandi starfar n. að samningu lagafrv. um þetta efni. Og í Austurríki hefur forsrn. samið frv. að tölvuskrárlögum. Í Bretlandi hefur stjórnskipuð n. skilað áliti um persónuvernd við tölvuvinnslu hjá einkaaðilum og önnur n. fékk það hlutverk að fjalla um ríkisreknar tölvuskrár. Á Norðurlöndunum öllum hefur mikið verið fjallað um þessi mál. Svíar urðu fyrstir til þess fyrir nokkrum árum að setja lög um þessi efni, og nú er komin nokkur reynsla á framkvæmd þeirra laga. Norðmenn hafa einnig fjallað mikið um þessi mál og danir. Af fjölþjóðlegum stofnunum má einkum nefna Evrópuráðið, sem gert hefur tvær ályktanir um þetta efni, einnig mannréttindanefnd Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna. Efnt hefur verið til sérstakrar ráðstefnu á vegum Efnahags-

og framfarastofnunar Evrópu, OECD, um tölvuvinnslu og presónuleynd, og í niðurstöðum þeirrar ráðstefnu var lögð á það þung áhersla, að í sem flestum löndum yrðu sett lög um tölvurekstur og persónuskrár og varði brot viðurlögum að mati dómstóla.

Án þess að fjölyrða frekar um þróun þessara mála í öðrum löndum er rétt að fara í örfáum orðum yfir það, hvaða hættur geta verið hér á ferðum og þá á hvaða sviðum.

Í fyrsta lagi er rétt að benda á að á fjármálasviðinu getur þessi hætta mjög verið á ferðinni. Það er hægt að hugsa sér að skráð sé fjármálasaga sem flestra einstaklinga með tölvutækni, t. d. þannig að skráðir væru allir vanskilavíxlar, skuldamál, sem upp kæmu í þjóðfélaginu, öll uppboð, *gjaldþrotamál og annað það sem fjármál* snertir. Tilgangur slíks verks væri að sjálfsögðu að tölvan gæti hvenær sem er verið reiðubúin að svara því til, hverjir væru eða hefðu einhvern tíma áður fyrr verið lánstrausts verðir. Stofnanir af þessu tagi eru til víða um heim, en hafa enn ekki farið af stað hér á landi. En rétt er að upplýsa að slík starfsemi er í undirbúningi hér á landi.

Annað svið, sem ástæða væri til að nefna, er heilbrigðissaga einstaklinganna. Þar gæti verið um að ræða skráningu allra þeirra læknisaðgerða eða veikleika sem læknavísindin hefðu komist á snoðir um að einstaklingar þjáðust af. Í þessu sambandi má að sjálfsögðu nefna upplýsingabanka um heilsufar allra landsmanna á vegum heilbr.- og trmrn. og með aðstoð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar sem áformað hefur verið að setja upp hér á Íslandi. Hér er ekki verið að segja að slík tölvuvinnsla eigi alls engan rétt á sér og hana beri að banna, aðeins verið að benda á að hér er um að ræða nýtt svið sem verður að setja ákveðnar reglur um. Mér var sagt frá því í morgun, að í nálægu landi væri svo komið að allir lyfseðlar, *sem gefnir væru út* á einstaklinga, væru jafnóðum skráðir í ríkisrekinni tölvu og eins væru öll áfengiskaup einstaklinga skráð með sama hætti. Vissulega er ástæða til að velta því fyrir sér hvort slík starfsemi *eigi rétt á sér. En þetta dæmi ætti að minna á* að hér gætu komið upp ærið hæpin vafatilvik. Það er rétt að láta þess hér getið, að í leiðara Læknablaðsins, sem kom út á árinu 1973, var einmitt rituð grein af hálfu ritstjórnar þar sem mjög var varað við hættu af notkun slíkra upplýsingamiðstöðva um heilbrigði manna.

Þriðja sviðið, sem minna mætti á, er tryggingasaga einstaklinganna, skrá um allar bótagreiðslur, en slíkar upplýsingar geta verið óþægilegar fyrir einstaklinga síðar meir og þar er um að ræða skráningu sem verður að fara fram af talsverðri varúð.

Fjórða tilvikið gæti verið námsferilssaga. Það er tiltölulega einfalt mál að tölvufæra allar einkunnir og öll próf sem einstaklingar hafa tekið á ævinni, skrá sem sagt hegðun þeirra í skólum. Tilgangurinn kynni að vera mjög svo heiðarlegur og einfaldur. En vonandi gera flestir sér grein fyrir því, að einnig á þessu sviði gæti verið hætta á misnotkun.

Fimmta tilvikið, sem sérstök ástæða er til að nefna, er skráning skoðana manna eða skráning þeirrar félagslegu starfsemi sem þeir hafa tekið þátt í. Þarna getur auðvitað verið um hvort tveggja að ræða: skráningu á trúarskoðunum manna og pólitískum skoðunum. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þennan þátt málsins, enda hefur hann verið margræddur hér á landi, en minni bara á að þetta svið er að sjálfsögðu eitt hættulegasta notkunarsvið tölvutækninnar.

Sjötta atriðið, sem mætti hér draga fram, er sakaskrá manna. Eins og öllum er kunnugt, þá er færð ein sakaskrá í þjóðfélagi okkar, og það er sú skrá sem saksóknari ríkisins hefur undir höndum. Hún er að sjálfsögðu meðhöndluð eftir ákveðnum reglum og þær reglur fela það m. a. í sér, að ekki getur hver og einn komið og beðið um að sjá sakaskrá einhvers annars manns. Það *eru aðeins opinberir aðilar sem geta gert* rökstudda kröfu til þess að sjá sakaskrá manns, og hún getur verið lögð fram ef dómstóll fjallar um mál manns. Eins á að sjálfsögðu viðkomandi aðili rétt á því að sjá sakaskrá sína. En aðrir eiga ekki slíka kröfu. Það er í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að einhver einstaklingur taki sig til og stofni sakaskrá, safni öllum upplýsingum um dóma, — það eru opinber gögn, — dóma sem kveðnir eru upp hér á landi, og hann gæti á þann hátt á löngu tímabili komið upp safni upplýsinga sem jafnaðist á við hina opinberu sakaskrá.

Í þessu sambandi hlýtur svonefnd tölvuskrá rannsóknarlögreglunnar að koma til umræðu, en á þingfundi 30. nóv. s. l. varpaði ég fram nokkrum spurningum til hæstv. dómsmrh. um það efni. Ég ætla ekki að fara að reifa það mál að nýju, en ég vil hins vegar leyfa mér að minna á, að dómsmrh. átti þess ekki kost á sínum tíma að svara öllum þeim spurningum sem þá voru fyrir hann lagðar. Ég hef hins vegar óskað eftir því við hann, að hann geri tilraun til að svara þeim spurningum nú sem hann treysti sér ekki til að *svara þá, vegna þess að upplýsingar voru þá ekki* fyrir hendi. Ef það er rétt sem mér sýnist, að hæstv. dómsmrh. sé ekki hér nálægur, þá vildi ég eindregið mælast til þess að hæstv. forseti kallaði til hans og sendi honum boð um að þessi fsp. yrði hér lögð fram.

Meðal þeirra spurninga, sem ég varpaði þá fram, var þessi: Hvaða einstaklingar verða skráðir í tölvubanka rannsóknarlögreglunnar? — Hæstv. dómsmrh. svaraði þá: Þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða upplýsingar verði færðar í tölvuna er ekki unnt að svara þessari spurningu að svo stöddu, en þetta er eitt þeirra meginatriða sem taka þarf ákvörðun um í sambandi við framtíðarnotkun tölvu fyrir rannsóknarlögregluna. — Hann var einnig spurður þessa: Verða þar aðeins skráðir þeir, sem fremja meiri háttar afbrot, eða einnig þeir, sem t. d. eru staðnir að minni háttar yfirsjónum í umferðinni? Og hann svaraði: Um þessa spurningu gildir það sama og þá fyrri, að ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða upplýsingar verða færðar í tölvuna, þó að eðli málsins skv. megi sjálfsagt segja að það sé ekki líklegt að smábrot verði þar færð til bókunar. — Hann var spurður um það, hvort einstaklingum yrði heimilt að krefjast þess að fá svar við því, hvort nöfn þeirra væru í tölvubanka lögreglunnar og hvað

um þá stæði þar. Hann svaraði því, að um þetta efni yrðu settar reglur. Eins var hæstv. dómsmrh. spurður að því, hvort mönnum yrði gert kleift að koma fram leiðréttingum á röngum, úreltum eða villandi upplýsingum um þá sjálfa. Hann svaraði því til, að til þessa atriðis yrði tekin afstaða þegar mótaðar verða reglur um notkun tölvubankans. En ég tel sjálfsagt að svo verði gert, sagði hæstv. dómsmrh.

Þetta voru sem sagt fjórða, fimmta, áttunda og níunda spurning sem ég varpaði fram á þingfundinum 30. nóv. Vegna þess að nú er hæstv. dómsmrh. kominn í salinn ætla ég að endurtaka þær: Hvaða einstaklingar verða skráðir í tölvubanka rannsóknarlögreglunnar? Verða þar aðeins skráðir þeir, sem fremja meiri háttar afbrot, eða einnig þeir, sem t. d. eru staðnir að minni háttar yfirsjónum í umferðinni? Verður einstaklingum heimilt að krefjast þess að fá svar við því, hvort nöfn þeirra eru í tölvubanka lögreglunnar og hvað um þá stendur þar? Og verður þeim jafnframt gert kleift að koma fram leiðréttingu á röngum, úreltum eða villandi upplýsingum um þá sjálfa? Ég vil sem sagt leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort nokkuð liggi frekar fyrir um það, hvernig þessum málum verði hagað, umfram það sem hann gat upplýst á þingfundi 30. nóv. s. l.

Ég vil að lokum segja að till. sú, sem hér er til umr., hefur verið flutt tvívegis áður, en hún hefur ekki hlotið afgreiðslu. Ég hef hins vegar ástæðu til að ætla að flutningur þessarar till. hafi haft nokkur áhrif, því að á þingfundi 30. nóv. s. l., þegar dómsmrh. svaraði fyrrnefndum fsp., þá skýrði hann frá því að skipuð hefði verið n. til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvenær þessi n. hafi verið skipuð og hvenær vænta megi að hún ljúki störfum. Ég legg sérstaka áherslu á að n. ljúki störfum sem fyrst. Með hliðsjón af þessum nýju upplýsingum, sem ekki lágu fyrir þegar till. var lögð fram í haust, og kannske hefur n. ekki þá þegar verið skipuð, en um það fást væntanlega upplýsingar hér á eftir, þá vildi ég leyfa mér að flytja hér brtt. við þessa till. til þál. Brtt. þessi er flutt af sömu þm. og flytja sjálfa þáltill. Þeim þykir eðlilegt að tillgr. verði orðuð með öðrum hætti eftir að þessar upplýsingar liggja nú fyrir. Brtt. er á þá leið, að tillgr. sjálf orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. í þingbyrjun næsta haust frv. til l. um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni."

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að gera frekari grein fyrir þessu máli, en vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn., en leyfi mér að leggja hér fram þessa skrifl. brtt.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er nú ekki í stakk búinn til þess að svara þessum sundurliðuðu spurningum hv. fyrirspyrjanda öllu meira en ég gerði á sínum tíma. En ég get þó gefið stutt yfirlit yfir það starf sem unnið er að í þessu sambandi.

Hann spurði að því, hvenær tölvunefnd hefði verið skipuð. Bréf til þessara nm. eru rituð 25. nóv. s. l. Staðið hafði til um nokkurn tíma að skipa n., en ég held að ég muni það rétt, að einn nm. var erlendis og náðist ekki til hans fyrr en um þetta leyti. Í erindisbréfi þeirra er tekið fram að þeim skuli falið að vinna að undirbúningi löggjafar um meðferð efnis í tölvum er varða einkahagi manna, þar með söfnun upplýsinga til varðveislu í tölvum, um varðveislu efnis í tölvum og um vernd gegn misnotkun slíks efnis, svo og um skyldur þeirra manna er starfa við rekstur á tölvum.

Ég gaf upplýsingar um það á sínum tíma, ef ég man rétt, hverjir eiga sæti í þessari n. Tveir þessara nm. sóttu ráðstefnu á vegum Evróputáðsins um mánaðarmótin nóv.—des. þar sem til umr. var vernd einstaklinga gegn misnotkun upplýsinga, sem geymdar eru í tölvum, o. fl. Formaður n. fór skömmu síðar til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs, þar sem hann átti viðræður við nm. í viðkomandi löndum.

Á fyrsta fundi, sem n. hélt, var ákveðið að úr því gífurlega upplýsingamagni, sem ritað hefur verið undanfarin ár, skyldi láta nægja að safna upplýsingum frá nágrannaþjóðunum, en þar liggja fyrir nál. bæði í Noregi og Danmörku, en í Svíþjóð voru sett lög árið 1973. Jafnframt var ákveðið að safna gögnum frá Þýskalandi og Bandaríkjunum, og reyndar ýmsum öðrum gögnum.

Á fundi n., sem haldinn var þegar álitsgerðir og lagafrv. annarra þjóða höfðu borist, var ákveðið að n. skipti með sér verkum, og hafa nm. síðan unnið samkv. því, þ. e. a. s. í fyrsta lagi að smíði lagafrv. og grg. með því, einn hefur tekið það að sér, annar hefur sérstaklega kynnt sér reynslu og till. annara þjóða og reglur sem þar hafa verið settar, og sá þriðji hefur sérstaklega tekið að sér að huga að tæknibúnaði við tölvuvinnslu og öryggisbúnaði í því sambandi o. fl.

Síðar í þessum mánuði er von á til landsins sérfræðingi þeim í danska dómsmrn. sem stýrt hefur norrænni samvinnu á þessu sviði, og er þess vænst að n. geti átt gagnlegar viðræður við hann um áframhaldandi störf nefndarinnar.

Þess má geta, að í öðrum löndum hefur nefndarstarf staðið í mörg ár áður en endanlegt frv. til l. lá fyrir. Ég ætla nú samt að vona og mun fyrir mitt leyti leggja áherslu á það, að þessu verki verði hér hraðað svo sem kostur er, og það ætti að vera þeim mun auðveldara þar sem við góð gögn er að styðjast, þar sem eru þau frv. eða þær reglur sem settar hafa verið í flestum öðrum löndum. Ég get hins vegar ekki sagt ákveðið um það, hvenær n. muni ljúka starfi.

Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því að af Alþingis hálfu sé gefin út viljayfirlýsing eins og sú sem felst í þeirri brtt., sem flm. hefur gert grein fyrir. Það er þó áreiðanlegt, að þrátt fyrir allt og þrátt fyrir reynslu annarra þjóða og þrátt fyrir gögn sem styðjast má við, þá er hér um mikið vandaverk að ræða, eins og ljóst er af því, að það hefur verið efnt til fundahalda og ráðstefna um þessi efni og fræðimenn bæði á sviði laga og á þessu tæknilega sviði hafa velt þessum málum mikið fyrir sér.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Hann upplýsti að n. þessi hefði verið skipuð 25. nóv. s. l., en eins og kunnugt er fluttum við þá þáltill., sem hér um ræðir, í þingbyrjun, og einnig mun þá hafa verið fram komin fsp. sem ég gerði áðan að umtalsefni, um tölvubanka rannsóknarlögreglunnar.

Í þeim umr., sem fóru fram um fyrrnefndan tölvubanka, upplýsti hæstv. dómsmrh. að um væri að ræða tilraunastarfsemi sem einungis ætti að standa í fimm mánuði eða fram í febrúarmánuð 1977 og allar ákvarðanir, sem teknar hefðu verið um starfrækslu þessa tölvubanka, væru ákvarðanir til bráðabirgða. Ég var þess vegna að vona að nú, þegar sá mánuður er liðinn, febrúar 1977, þá mundu liggja fyrir einhverjar frekari upplýsingar af hálfu dómsmrn. um það, hvaða stefnu þessi mál mundu taka. En ég heyri að svo er ekki, og verður þá við það að sitja. En ég vil eindregið leyfa mér að skora á hæstv. dómsmrh. og dómsmrn. að taka þessi mál til meðferðar, þannig að þau megi nokkuð skýrast.

Hæstv. dómsmrh. komst svo að orði, að sums staðar erlendis hefði það tekið nokkur ár að semja lög af því tagi sem hér um ræðir. Þetta er vissulega nýtt svið og mjög flókið, og þar sem þetta verk hefur verið unnið kannske án mikillar fyrirmyndar annars staðar frá, þar er eðlilegt að slíkt taki talsverðan tíma. En ég tel að þessi mál séu það langt komin alls staðar í kringum okkur og við höfum þegar dregist það mikið aftur úr í þessum efnum, að ástæðulaust sé að við þurfum að bíða mörg ár eftir því að geta fjallað um slíka löggjöf hér á Alþ. Ég vil því eindregið vekja athygli á orðum hæstv. dómsmrh., að hann hefði ekki neitt við það að athuga að Alþ. gæfi viljayfirlýsingu um að þessi löggjöf gæti verið tilbúin næsta haust. Ég vænti þess sem sagt að aðrir alþm. verði sammála um þetta.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Skýringin á því, að enn hefur ekki verið fastmótuð stefna eða fastmótaðar reglur settar varðandi þennan tölvubanka rannsóknarlögreglunnar, er sú, að ríkisrannsóknarlögreglustjóri tók fyrst við embætti frá og með 1. þ. m., en ég tel eðlilegt og sjálfsagt að það verði hann fyrst og fremst sem hefur hönd í bagga um að móta þessar reglur.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum, þáltill. (þskj. 131). — Ein umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson flutti þáltill. á þskj. 131, þegar hann átti sæti á þingi í nóv. Meðflm. hans að till. eru hv. þm. Tómas Árnason, Eðvarð Sigurðsson og Magnús T. Ólafsson. Það hefur orðið að ráði að ég mælti fyrir till. í fjarveru Braga. Till. er um fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti nú þegar semja frv. til breytinga á lögum og geri aðrar ráðstafanir til undirbúnings því, að komið verði á fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum. M. a. geti dómari ákveðið, að mál, sem höfðuð eru af viðskiptavinum verslunar eða þjónustufyrirtækis vegna viðskipta við fyrirtækið, hljóti skjótari og ódýrari afgreiðslu en nú tíðkast. Meðferð þessari megi beita við minni háttar mál, sem varða allt að 100 þús. kr. Við þessar lagabreytingar verði meðferð líkra minni háttar mála í öðrum löndum höfð til hliðsjónar, en reglur færðar til íslenskra aðstæðna."

Alloft er því hreyft, að meðferð mála hjá dómstólum landsins gangi seint, og þær raddir heyrast, að ekki borgi sig að fara með mál fyrir dómstólana, meðferð þeirra sé svo hæg og kostnaðarsöm. Til þess að bæta úr þessu er óskað eftir sérdómstólum til að fara með ákveðna málaflokka. Nægir hér að nefna dómstól í ávana- og fíkniefnamálum, sem hefur verið stofnaður, og umferðardómstól, sem sífellt er óskað eftir. Það mun mála sannast, að þeir, sem best þekkja til, séu yfirleitt andvígir sérdómstólum. Benda þeir t. d. á, að sérdómstólar, sem fyrir eru í landinu, eru starfræktir að miklu leyti af sömu mönnum og almennu dómstólarnir. Stafi þetta af því, að takmarkaður fjöldi manna hafi þjálfun í raunverulegum dómsstörfum og umdeilanlegt hljóti að teljast, hversu mörgum mönnum þjóðfélagið geti séð af til þessara starfa.

Í neysluþjóðfélagi eins og því íslenska fer ekki hjá því, að upp komi fleiri eða færri deilumál m. a. milli neytenda og þeirra sem selja þeim vörur og þjónustu. Mörg þessara mála varða hvert um sig e. t. v. ekki mikla upphæð, og verður það óhjákvæmilega til þess, að neytandanum þykir ekki borga sig að eyða tíma eða fé fyrir dómstólunum. Á þennan hátt fer forgörðum heilbrigt aðhald sem verslunarstéttunum er nauðsynlegt.

Þá má benda á, að til þess að skapa þetta aðhald, án þess að það leiði til mikils kostnaðarauka fyrir ríkið, er lagt til að þeirri þjónustu verði komið á fót, sem till. gerir ráð fyrir. Þessa meðferð mála mætti einnig nýta í öðrum skyldum smámálum og létta þannig vinnuálagi af dómstólunum, en það hlýtur þá einnig að leiða til hraðari meðferðar hinna umfangsmeiri mála.

Það mun mála sannast, að þau mál, sem fyrir dómstóla eru lögð í dag, eru mjög mismunandi. Sum þeirra eru tæpast þess eðlis, að full þörf sé á eins vandvirknislegri meðferð og nú tíðkast. Rétt er að dómari ákveði, hvort þessa meðferð megi við hafa, þar sem hann er í bestri aðstöðu til þess að meta hvort hún eigi við. Rétt er að meðferð málsins fari eftir eðli þess, en venjulega ætti ekki að þurfa að krefjast eins ríkra sannana og í venjulegu máli og aðilar ættu að mega leggja málið fyrir á þann hátt sem þeir kjósa. Stefna ætti að því, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu að mestu. Sérfræðileg atriði er að jafnaði rétt að leysa með aðstoð meðdómenda. Úrskurður samkv. þessari meðferð

ætti að hafa sömu áhrif og dómur í venjulegu dómsmáli.

Herra forseti. Ég hef tekið fram helstu atriðin úr grg. þeirri, sem Bragi Sigurjónsson reit með till. sinni, og legg til að lokum að till. verði vísað til allshn.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þessi till. til þál. sem hér er til umr., er nánast einn þáttur í því mikla umbótastarfi sem hæstv. dómsmrh. hefur beitt sér fyrir í dómsmálum og réttarfarsmálum á undanförnum árum og hefur m. a. miðað að hraðari meðferð dómsmála og meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds.

Það er sýnilegt að mönnum hættir til þess í sambandi við umr. um dómsmál og meðferð dómsmála og sakamála að skjótast yfir það, að þessi mál þurfa vandlega meðferð til þess að dómsniðurstaða verði rétt, og að því leyti til hafa íslensk lög og réttarákvæði gengið nokkuð langt í því að tryggja örugga meðferð dómsmála í því skyni að niðurstöður verði að lokum réttar. En þjóðfélagið hefur breyst og þ. á m. hefur komið til sú gífurlega verðbólga, sem við búum við. Hún hefur gert það að verkum, að mörg mál — smámál — eru þannig í eðli sínu að það borgar sig hreinlega ekki fyrir menn að leita réttar síns, ef um er að ræða peningaupphæðir, í gegnum hið almenna kerfi. Þess vegna hafa komið fram auknar kröfur um hraðari meðferð þessara mála.

Hér er um að ræða till. til þál. um fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum. Meðferðin er þannig í stuttu máli nú, sú almenna meðferð, að það þarf að stefna inn málum. Að vísu er aðalreglan sú samkv. lögum okkar, að mál skuli leggja til sátta fyrir sáttanefnd, en í reyndinni eru undanþágur frá þessari meginreglu svo margar að telja verður hana í framkvæmdinni sem undantekningarreglu. Aðalreglan er sú, að gengið er fram hjá sáttanefnd. Það er hægt að gera með samkomulagi aðila og er mjög algengt. Einnig eru margar tegundir mála sem beinlínis er ætlast til að dómari leiti sátta í, þannig að sáttastörfin fyrir sáttanefnd eru orðin mjög fátíð. Það mætti e. t. v. orða það svo, að þessi till. fjallaði m. a. um möguleika á því að auka að nokkru leyti sáttastörf dómaranna sjálfra og væri stungið upp á þeirri aðferð, að frekar væri um ákvörðun af hálfu dómara að ræða í minni háttar málum heldur en beinlínis dóm, — ákvörðun sem aðilar síðan sættu sig við, — og það væri hægt að koma þeirri skipan á meðferð slíkra mála, að meginþorri þeirra gæti sætt þessari meðferð.

Ég minntist á það áður, að þessi till. væri þáttur í miklu umbótastarfi sem hefur átt sér stað á sviði dómsmála á undanförnum árum, — miklu meira umbótastarfi en nokkru sinni hefur átt sér stað á seinni áratugum í dómsmálasögu landsins, ef svo mætti að orði komast. Ég hef tekið saman nokkurt yfirlit yfir þau lög um dómsmál sem hæstv. dómsmrh. hefur beitt sér fyrir síðan hann tók við starfi dómsmrh. Ég ætla að það sé í kringum 40 lög, sem hafa verið samþykkt á sviði dómsmála, og þessi háa tala gefur auðvitað til kynna hversu mikið umbótastarf hefur verið unnið á þessu sviði. En hún gerir það þó ekki ein, vegna þess að mörg þeirra laga, sem samþykkt hafa verið á undanförnum árum, eru stórir og merkir lagabálkar sem áreiðanlega marka djúp spor og þýðingarmikil í framvindu og þróun íslenskra dómsmála.

Það er ástæða til þess að minnast á örfá mál. Ég vil fyrst minnast á lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. frá 1972, sem fjölluðu aðallega um að fjölga sjálfstæðum dómurum bæði við dómstóla utan Reykjavíkur og einnig hér í Reykjavík, sem vitanlega var stórt skref í áttina til þess að hraða meðferð dómsmála, — fjölga þeim mönnum, sem fjalla sem sjálfstæðir dómarar um dómsmál, og hraða þessum störfum. Það mætti minna á löggjöf eins og nýja löggjöf um framkvæmd eignarnáms, sem er að vísu nokkurs annars eðlis, en þó er dómsmál og sætir sérstakri meðferð. Það mætti minnast á löggjöf eins og lög um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, þar sem settur var lögreglustjóri og síðar sýslumaður með nýsettum lögum, eins og kunnugt er. Og það mætti minna á lög eins og heildarlöggjöf um fangelsi og vinnuhæli, sem gerir ráð fyrir að ríkið yfirtaki þau málefni. Er það merk löggjöf sem bíður eftir framkvæmdum og þarf auðvitað verulegt fjármagn til. Ætla ég að það sé nokkuð sterkur vilji til þess hér á hv. Alþ. að beina meira fjármagni til þeirra mála en gert hefur verið á undanförnum áratugum. Þá er ástæða til að nefna breytingu á lögum um Hæstarétt, æðsta dómstól landsins, þar sem fjölgað var dómendum í Hæstarétti. Þeir voru 5 fyrir, var fjölgað í 6 og jafnframt heimilað að þrír þeirra dæmdu vissar tegundir minni háttar mála. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að hraða meðferð mála fyrir dómstólum.

Þá er ástæða til að nefna lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum. Það er ný tegund afbrota sem þessi dómstóll fjallar aðallega um, en hann hefur verið hlaðinn verkefnum og það e. t. v. í vaxandi mæli. Það var því vonum seinna að settur var upp sérstakur dómstóll til að fjalla um þessi alvarlegu mál og taka þau í öndverðu sterkum tökum.

Þá eru fjölmörg lög, sem fjalla um breytingar á lögum um meðferð bæði einkamála og opinberra mála. Má nefna lög um endurskipulagningu á saksóknaraembættinu, og fjölmargt fleira mætti tína til ef allt væri talið sem gert hefur verið í þessum efnum á undanförnum tiltölulega fáum árum. Ný lagaákvæði innan lagabálka, eins og t. d. almennra hegningarlaga, laga um meðferð einkamála í héraði, laga um meðferð opinberra mála og fleiri lagabálka, mætti og nefna, sem lögfest hafa verið á undanförnum árum. Á seinasta þingi voru t. d. gerðar breytingar á almennum hegningarlögum um reynslulausn fanga og á þeim ákvæðum laganna sem fjalla um röskun á friðhelgi einstaklinga. Það mætti nefna frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, þar sem breytt var ýmsum ákvæðum laganna í því skyni að heimila hljóðritanir á dómþingum. Allt er þetta gert til þess að hraða meðferð mála fyrir dómstólum. Breytingar hafa verið lagðar til á ýmsum ákvæðum umferðarlaga, m. a. að það væri hætt að um-

skrá ökutæki vegna flutninga á milli lögsagnarumdæma. Tekin hefur verið upp skráning á beltabifhjólum og hækkaðar lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja. Þó að þetta séu ekki strangt tekið dómsmál, þá eru þetta málefni sem eru skyld og koma til álita þegar um er að ræða meðferð á brotum sem varða þessi hættulegu tæki. Þá hefur verið gerð breyting á almennum hegningarlögum sem varðar nauðsynlega viðbót við lögin vegna milliríkjasamninga um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum; breyting á lögum um meðferð opinberra mála sem fjallar um sektarheimild lögreglustjóra og lögreglumanna, þess efnis að sektarmörk verði hækkuð; frv. til l. um norræna vitnaskyldu sem fjallar um að norðurlandabúum verði gert skylt að mæta sem vitni fyrir dómstólum hvar sem er á Norðurlöndum, og fleira mætti nefna. Þá er ástæða til að minna á hinn mikla lagabálk um rannsóknarlögreglu ríkisins sem var samþ. á Alþ. hér í vetur og kom til framkvæmda 1. jan. s. l. Einnig er ástæða til að minna á frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði sem gerir ráð fyrir því að leita skuli álits sérstakrar n. áður en embætti héraðsdómara er veitt. Hér er um að ræða algert nýmæli um hvernig fara skuli með veitingu dómaraembætta. Það hefur oft verið gagnrýnt hvernig að þeim málum er staðið og hverjir fá veitingu embætta, en hér er gerð markviss tilraun til þess að sérstök n. segi álit sitt um umsækjendur áður en embætti héraðsdómara eru veitt. Það ætti að vera nokkur trygging fyrir því að vandvirknislega sé unnið að þessum málum.

Varðandi þessa þáltill. er ástæða til að minna á það, að fyrir Alþ. liggur frv. til lögréttulaga sem er talsverður lagabálkur og gerir ráð fyrir verulegum breytingum á dómstólakerfinu. Segir svo í grg. fyrir þessu frv., með leyfi forseta:

„Hinn 6. okt. 1972 skipaði Ólafur Jóhannesson dómsmrh. n. til að endurskoða dómstólakerfi landsins og til að kanna og gera tillögur um hvernig breyta megi reglum um málsmeðferð í héraði til þess að afgreiðsla mála verði hraðari.“

N. þessi hefur verið kölluð réttarfarsnefnd og hefur samið umsagnir um nokkur mál sem til hennar hefur verið vísað. Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún sendi málið til umsagnar eða óski eftir því að það verði sent til umsagnar réttarfarsnefndar, þannig að hún geti athugað gildi þess. Jafnframt gæti komið til greina að fella slíka málsmeðferð sem hér er stungið upp á inn í lögréttulög. Það er hugsanlegt.

Í grg. fyrir frv. til lögréttulaga segir enn fremur á þessa leið:

„Svo sem brátt verður nánar rætt, eru aðaltillögur réttarfarsnefndar þær, að stofnaðir verði tveir nýir dómstólar, sem n. leggur til að kallist lögréttur. Dómstólar þessir skulu aðallega starfa í Reykjavík og Akureyri, en umdæmi þeirra vera landið allt. Þeir skulu fjalla um hin stærri mál sem fyrsta dómstig, en um önnur mál sem annað dómsstig, áfrýjunardómstóll. Er lögrétta hefur fjallað um mál sem áfrýjunardómstóll, ætti yfirleitt ekki að mega skjóta því til Hæstaréttar nema í undantekningartilvikum.“

Alþt. 1976. B. (98. löggjafarþing).

Það er sýnilegt af þessu lagafrv., að því er m. a. ætlað að vinna í sömu átt sem fjölmörg ný lagaákvæði og breytingar á lögum sem varða dómstóla og dómsmál er ætlað að vinna, sem sagt í þá átt að hraða meðferð dómsmála. Og eins og ég sagði í upphafi er þessi þáltill. aðeins till. um þátt í þessu máli, uppástunga um hvernig hugsanlegt væri að haga meðferð minni háttar mála, sérstaklega með tilliti til þess að hraða meðferð þeirra. Þá er sérstaklega haft í huga, eins og fram kom hjá frsm. og kemur fram í grg., að huga að þeirri meðferð, sem tekin hefur verið upp hjá sumum öðrum þjóðum, og hvaða reynslu þær hafa af þeirri málsmeðferð sem þar hefur verið tekin upp í þessu skyni varðandi minni háttar mál.

Ég taldi rétt í sambandi við þetta mál að vekja athygli hv. þm. á því, hversu gífurlega mikið starf hefur verið unnið á sviði endurbóta á dómsmálum á undanförnum árum. Það má segja, að á tímabili hafi þetta mikla löggjafarstarf í raun og veru horfið í skugga þeirra gífurlegu umr. í fjölmiðlum sem voru á köflum með þeim hætti að ekki samrýmdist umbótastarfi. Þetta mikla umbótastarf hefur fallið í skugga fyrir þeim miklu umr. Ástæða er til að minna á það hér á hv. Alþ., að í engan annan tíma á seinni áratugum hefur Alþ. verið eins mikilvirkt á sviði dómsmála og á undanförnum fáum árum, og vil ég vekja athygli á því og undirstrika það, að það hefur verið gert undir forustu hæstv. dómsmrh.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hver sú viðleitni, sem stuðlar að því að gera meðferð máls fyrir dómi skjótvirkari og ódýrari, er góðra gjalda verð. Ég tel að þessi till. sé flutt í þeim tilgangi, og þess vegna fagna ég því að þetta mál verði tekið til athugunar. Hins vegar mætti kannske, ef til kæmi, afmarka þetta nánar og á þann veg, sem mér sýnist að hafi vakað fyrir flm., sem sé að þarna er átt við fjárkröfur sem ekki ná tilskilinni fjárhæð. En ef talað er bara um minni háttar mál, þá er það nokkuð teygjanlegt hvað eru minni háttar mál og hvað ekki, vegna þess að það geta verið ýmsir hagsmunir, sem ekki verða endilega metnir til fjár, sem aðilum þykja mikilsverðir. En ég þykist sjá það raunar bæði af tillgr. og eins af grg., að það hafi verið þetta sem í raun og veru hefur vakað fyrir flm., það séu minni háttar fjárkröfur eða lágar fjárkröfur einkamálaréttarlegs eðlis sem þarna eru hafðar í huga. Tel ég gott að það sé athugað.

Ég vil benda á að það hefur sitthvað verið gert í þessu efni. Sérstaklega eru það lög sem sett voru á sínum tíma um svokölluð áskorunarmál, sem eiga að stuðla að fljótvirkari meðferð í smærri málum sem varða fjárkröfur. Sú aðferð er mikið notuð hjá dómstólum og hefur gert sitt til þess að flýta fyrir afgreiðslu þeirra.

Í annan stað vil ég sérstaklega undirstrika það, að auk lögréttufrv., sem liggur fyrir, þá liggur fyrir einnig frv. til l. um breytingu á meðferð einkamála í héraði. Það liggur fyrir í hv. Ed. Í því frv. eru einmitt ákvæði sem eiga að stuðla að skjótvirkari meðferð dómsmála. Það er engan veginn útilokað að lögfesta það

frv. út af fyrir sig þó að menn vildu athuga lögréttufrv. betur. Í þessu frv. er t. d. felld alveg niður meðferð fyrir sáttanefndum, sáttanefndir lagðar niður, og það ætti að sjálfsögðu að verða til þess að flýta meðferð dómsmála, gerandi ráð fyrir því, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, að ekki kveði ýkjamikið að sáttameðferð hjá sáttamönnum. En út af fyrir sig getur það verið gott og gilt ef sáttanefndir starfa og sáttamenn kveða upp úrskurð í allra smæstu málum, sem þeir hafa líka heimild til eftir einkamálalögum. Ég vil enn fremur nefna það, að í þessu frv. er gert ráð fyrir að úrskurði þurfi ekki að rökstyðja, og það er einmitt í samræmi við þá hugsun sem kemur fram í þessari þáltill., að einstaka úrskurði, sem kveðnir eru upp í sambandi við meðferð máls, þarf ekki að rökstyðja, en það er önnur regla en nú gildir. Þess vegna ætti eftir þessu frv., ef það verður að lögum, að verða miklu fljótunnara starf fyrir dómara að kveða upp úrskurði. Þá er enn fremur samkv. þessu frv. undirstrikuð og staðfest sú meðferð, sem átti í raun og veru að vera lögleidd með einkamálalögunum í upphafi, að unnið sé að málum í einni lotu, eftir að grundvöllur málsins hefur verið lagður með þingfestingu, greinargerða sækjanda og verjanda, þá fari fram munnlegar yfirheyrslur og gagnasöfnun í einni lotu, en ekki eins og nú á sér stað, að það eru sífelldir frestir sem koma til greina, þetta vitni tekið fyrir í þessu þinghaldi, annað í öðru þinghaldi einhvern tíma seinna o. s. frv., og loks er málið tekið til flutnings þegar allri gagnasöfnun er lokið. Sú aðferð, sem höfð er í huga í þessari þáltill., er undirstrikuð einmitt í þessu frv., að því fráskildu að það er auðvitað gert ráð fyrir vandaðri meðferð af því að þetta á við um öll mál. Þess vegna er t. d. ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að hafa þá einföldu aðferð sem gert er ráð fyrir í grg. með þessari þáltill. að það sé hægt að færa úrlausnina inn á stefnu án alls rökstuðnings.

Ég held að þetta frv. um breyt. á l. um meðferð einkamála sé mjög þýðingarmikið. Ég skil það vel að hv. alþm. þurfi að gefa sér tíma til að athuga frv. til lögréttulaga, vegna þess að þar er um að ræða gerbreytta skipun á dómsmálakerfi landsins. En ég fyrir mitt leyti held að það sé í raun og veru önnur leið til þess að flýta því að menn fái kröfum sínum mörgum hverjum fyrr fullnægt heldur en nú á sér stað. Þar á ég við það, að heimilað er í lögum að út af veðskuldabréfi, sem fullnægir tilteknum skilyrðum, þurfi alls ekki að fara í mál, heldur megi leita aðfarar eftir því beint hjá fógeta. Ég held að það þurfi að athuga hvort það eru ekki miklu fleiri skjöl sem geta sætt þeirri meðferð sem veðskuldabréf nú sæta. Hvers vegna — liggur mér við að segja — á að vera að ónáða dómstóla með víxlum, sem eru augljósir, eða tékkum? Því á ekki að vera heimilt að fara með þá beint til fógeta? Ég bara bendi á þetta í þessu sambandi. Þetta mál þarf nánari athugunar við, en mér finnst að þarna geti verið einmitt um að ræða leið til þess að létta starfi af dómstólum og koma í veg fyrir þann tvíverknað sem á sér í raun og veru stað, þar sem fyrst verður að fara til dómara til að fá dóm fyrir kröfunni, síðan verður að fara til annars dómara, fógetans, og fá hann til að fullnægja kröfunni, og svo til þriðja dómarans, uppboðshaldara, ef til kemur, og fá hann til að bjóða upp.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka vinsamlegar undirtektir hæstv. dómsmrh. undir þetta frv. Braga Sigurjónssonar og þriggja meðflm. hans.

Ég skal verða síðastur manna til að draga nokkra dul á það, sem fram kom í ræðu hv. þm. Tómasar Árnasonar, að mikið hefur gerst í sambandi við umbætur á lögum um dómskerfi landsins á undanförnum árum. En þróun þjóðfélagsins á þessum sama tíma og ýmsir atburðir hafa einnig orðið til að draga það mjög skýrt fram í dagsljósið, hversu nauðsynleg slík umbótastarfsemi var og að hún hefði raunar þurft að hefjast löngu fyrr.

Það kemur fram í till. og grg., hvað fyrir flm. vakir. Ég tel sjálfsagt að þeir mundu fagna því, ef tilganginum yrði náð á einhvern hátt, og þá alveg sérstaklega ef hægt yrði að ná megintilgangi till. með því að fella efni hennar á einn eða annan hátt inn í frv. sem þegar liggja fyrir þinginu. Meginmálið er að flýta afgreiðslu mála fyrir dómstólum, um það eru allir sammála, og til þess hefur margvísleg viðleitni verið höfð uppi, eins og fram hefur komið í síðustu tveim ræðum.

Einnig er rétt að hafa í huga að við þurfum að gera dómstólakerfið þannig úr garði að það sé aðgengilegt almenningi, hinum umkomulausa einstaklingi sem á ekki þægilegt með að leita sér faglegrar hjálpar, að kerfið sé ekki þannig að slíkt fólk fælist frá því að leita réttar síns, ýmist vegna þess hve kerfið er flókið, hve afgreiðsla tekur langan tíma eða hve afgreiðsla getur verið dýr. Ég las í blöðunum nú nýlega að rithöfundur einn, sem fór í mál til að heimta ritlaun, hafi unnið málið og fengið 3 þús. kr. greiddar fyrir nokkur kvæði. En ég held að lögfræðingurinn hafi hirt 25 þús. kr. Ég býst við að það séu margir sem hika einmitt með smáu málin, sem oft eru, eins og hæstv. ráðh. benti réttilega á, fjárkröfur út af einhvers konar viðskiptum. En ég vil benda á að umbætur á afgreiðslu mála fyrir dómstólum stuðla að því að gera þá aðgengilegri. Við þurfum að hafa þetta í huga um jafnréttismál, sem ég tel að sé í anda þess hugsunarháttar sem þjóðin hefur tileinkað sér í vaxandi mæli, eins og raunar aðrar þjóðir, það eigi að gera hverjum borgara, hversu umkomulítill sem hann er, fært að leita réttar síns ef hann telur sig vera misrétti beittan.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er viðvíkjandi þeirri skoðun sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. um að gera mönnum kleift að nota sér þá aðferð að fara hreinlega fram hjá þeirri meðferð mála sem nú er gert ráð fyrir um stefnu og dóm, eins og t. d. í víxilmálum og tékkamálum. Mér finnst þetta mjög athyglisverð hugmynd, að það verði beinlínis heimilað eigendum tékka og víxla að leggja þessi skjöl fram sem grundvöll fyrir aðför og

uppboðskröfu í stað þess að fara gegnum almenna málsmeðferð með þessi mál. Það er staðreynd, sem hefur verið upplýst, að sá fjöldi mála, sem t. d. liggur fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur á hverju ári á sviði víxilmála og tékkamála, er ótrúlegur samanborið við það sem tíðkast t. d. á hinum Norðurlöndunum, eins og t. d. í Osló. Mig minnir að það séu nokkur hundruð mál í Osló samanborið við nokkur þúsund mál hér í Reykjavík, — gott ef það voru ekki nokkrir tugir tékkamála og víxilmála í Osló, en fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur nokkur þúsund. Það gefur auga leið, að dómarar við dómstólana eru önnum kafnir við það verkefni að afgreiða þessi mál, dæma þau og afgreiða þau, og það væri mikill léttir fyrir dómskerfið ef komið yrði á þeirri reglu að heimila mönnum hreinlega að leita aðfarar beint með víxilkröfur og tékkakröfur og e. t. v. fleiri kröfur, án þess að þurfa að fara með slík mál fyrir dómstólana og fá dóm. Hitt er annað mál, að það kann að vera erfiðara að koma þessu við á ýmsum sviðum, þegar um er að ræða smærri mál og þ. á m. einmitt þau mál sem þessi till. fjallar sérstaklega um, fjárkröfur yfirleitt. Það tíðkast mjög nú, eins og kunnugt er, að í veðskuldabréfum er klásúla, sem heimil er að lögum, að menn geti notað veðskuldabréfið raunverulega sem dóm, sent það beint inn til fógeta og krafist aðfarar og uppboðs á grundvelli skjalsins sjálfs. Það kann að vera að erfiðara verði að koma þessu við þegar um er að ræða ýmsar fjárkröfur sem verða vegna samskipta manna og viðskipta, en sjálfsagt að það fái athugun.

Að öllu samanlögðu tel ég að það væri mjög eðlilegt, nú þegar þessari tillögu hefur verið tekið vinsamlega af hálfu hæstv. dómsmrh., að þessu máli yrði vísað til meðferðar réttarfarsnefndar sem hefur einmitt fjallað um þessi mál á breiðum grundvelli, bæði skipan dómstóla og einnig um meðferð mála fyrir dómstólunum.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Bygging dómhúss, þáltill. (þskj. 143). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja undirbúning, þ. e. lóðarval, hönnun og fjármagnsöflun að byggingu dómhúss yfir héraðsdómstólana í Reykjavík, rannsóknarlögreglu ríkisins og embætti ríkissaksóknara. Stefnt skal að því að byggingu hússins verði lokið fyrir 1981."

Margt hefur verið rætt og ritað um dómsmál að undanförnu, og fram hefur komið réttmæt gagnrýni á seinagang í meðferð mála og í réttarfari. Segja má að þjóðin hafi vaknað af Þyrnirósarsvefni og áttað sig á mikilvægi dómstólanna og geri nú allverulegar kröfur til aukinnar virkni og aukins hraða í meðferð dómsmála. Vissulega er þessi gagnrýni að mörgu leyti á rökum reist. En ekki er að öllu leyti um að kenna illu innræti stjórnmálamanna eða slökum dómgæslumönnum, heldur sýnast það vera aðrar ástæður sem þar um valda. Má þar nefna það sem fram kom í umr. um mál það sem hér var á dagskrá áðan, að réttarfarslöggjöfin er þannig úr garði gerð að hún greiðir a. m. k. ekki fyrir auknum hraða í meðferð mála og mætti þar margt lagfæra og bæta úr að flestu leyti.

En önnur ástæða er líka sú, að starfsskilyrði dómstóla eru afar slæm. Segja má að það sé forsenda þess að hægt sé að gera verulegt átak í dómsmálum til aukins réttlætis og til þess að bæta hag þeirra, sem þangað þurfa að leita, að starfsaðstaða dómstólanna sé bætt. Og ég held að það sé sómi réttarríkis að svo verði gert. Sannleikurinn er sá, að starfsaðstaða dómstólanna í Reykjavík er fyrir neðan allar hellur. Borgardómaraembættið, borgarfógetaembættið, embætti ríkissaksóknara eru öll í leiguhúsnæði, og ég hef fengið upplýsingar um það, að leigugjald fyrir þetta húsnæði, sem nefnd embætti eru til húsa í, sé um 10 millj. kr. á ári. Þá hef ég ekki talið með embætti sakadómara í Reykjavík. Það embætti er að vísu í húsnæði ríkissjóðs, en það húsnæði hefur ekki verið byggt fyrir slíka starfsemi og er í alla staði ófullnægjandi. Þessi starfsaðstaða, þessi húsakostur er í öllum tilfellum afar óhentugur, enda eru viðkomandi hús ekki byggð með það fyrir augum að dómstörf fari þar fram og dómstólar hafi þar aðsetur. Nú hefur verið stofnað nýtt embætti rannsóknarlögreglu ríkisins, og mér skilst að það embætti sé á hrakhólum með húsnæði.

Skoðun mín er sú, að hér sé um að ræða kotungsskap sem sé í hrópandi ósamræmi við þá reisn og þann metnað sem sérhverju réttarríki ber að hafa fyrir hönd dómsvalds síns. Ég tel því að tími sé til kominn að hér sé gerð bragarbót á og að fjárveitingavaldið veiti nokkurt fé til þess að byggja sérstakt hús yfir þessa starfsemi, þar sem öll viðkomandi dómsembætti komist fyrir. Það er viðtekin venja erlendis og þykir sjálfsagt að reisa slík hús, þar sem réttarríki er á annað borð, og þau hús eru oftast nær glæsilegar byggingar og sóma sér vel í hinum ýmsu borgum, bæði að fegurð og notagildi. Því er það að þessi till. er hér lögð fram og gert ráð fyrir að nú sé hafinn undirbúningur að byggingu dómhúss í Reykjavík og gert ráð fyrir að þeirri byggingu verði lokið 1981. Þó er það ekki í mínum augum aðalatriði að setja slík tímamörk og kemur vel til greina að breyta þeim eða fella þau niður. Aðalatriðið er að nú sé hafist handa.

Ég tek undir flest af því sem sagt var í umr. áðan varðandi till. um úrbætur á réttarfari. Þar tóku til máls tveir hv. þm. ásamt hæstv. dómsmrh. Mál þeirra hneig í sömu átt. Það var eindregur vilji til þess af þeirra hálfu að gera nú verulegt átak til þess að dómsvaldið liggi ekki áfram undir gagnrýni vegna seinagangs við meðferð mála. Ég tel að jafnframt slíku átaki geti og sé nauðsynlegt að farið sé af stað með byggingu dómhúss, það sé hægt að hnykkja á þessu máli með því að samþykkja þessa till. sem hér er nú á dagskrá.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Upplýsinga- og rannsóknarstofnun verslunarinnar, þáltill. (þskj. 144). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveim öðrum þm. að leggja fram svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að ríkissjóður veiti sérstakri upplýsinga- og rannsóknarstofnun verslunarinnar hliðstæða fjármagnsfyrirgreiðslu og aðrar höfuðatvinnugreinar í landinu eru þegar aðnjótandi."

Í nútímaþjóðfélagi er öllum augljós sú brýna nauðsyn sem á því er, að á hverjum tíma liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um stöðu allra aðalatvinnugreina þjóðfélagsins. Samtök í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði hafa sjálf og með stuðningi ríkissjóðs ráðist í umfangsmikla upplýsingasöfnun og gagnavinnslu fyrir hlutaðeigandi atvinnugreinar. Auk þess eru reknar sérstakar rannsóknarstofnanir í þágu þessara atvinnugreina.

Eins og nú er háttað málum er verslunin mjög afskipt í þessum efnum. Verslunin er ein af höfuðatvinnugreinunum og mjög margþætt, bæði að því er varðar mismunandi verslunarstig, verslunarform og tegund vöru og þjónustu. Höfuðáherslu ber að leggja á ítarlega könnun á afkomu og öðrum helstu rekstrarstærðum verslunarinnar, hinum ýmsu starfsþáttum hennar og skipulagsuppbyggingu, svo og framlagi verslunarinnar til þjóðarbúskapsins og öðru, sem yrði til að auka almenna þekkingu á versluninni í landinu og mikilvægu hlutverki hennar. Mikilvægar og afdrifaríkar ákvarðanir hafa verið teknar í málefnum verslunarinnar án þess að nægjanlegar og haldgóðar upplýsingar hafi verið fyrir hendi. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt, bæði fyrir verslunina sjálfa og ekki síður fyrir þá opinberu aðila sem ákvörðunarvald hafa í verslunarmálum. Jafnframt eru bornar fram alvarlegar ásakanir á hendur versluninni, sem að mestu leyti byggjast á misskilningi og vanþekkingu. Bæði áður og eins í tengslum við þessa gagnrýni hafa opinberir aðilar og fjölmiðlar óskað upplýsinga um afkomu verslunarinnar, starfsemi hennar og reglur, sem hún verður að hlíta. Þetta eru eðlilegar óskir og ættu upplýsingar þar að lútandi að liggja fyrir. Það er hins vegar borin von, að verslunin geti orðið við þessum sjálfsögðu óskum af því að veigamiklar upplýsingar um fjölmarga þætti verslunarinnar skortir.

Þröskuldurinn í vegi þess, að upplýsinga- og rannsóknarstofnun fyrir verslunina sé sett á fót, er fyrst og fremst fjármagnsskortur. Með samþykkt þeirrar till., sem hér er flutt, væri gefið vilyrði fyrir fjárhagslegum stuðningi hins opinbera, sem flm. eru sannfærðir um að nægja mundi til að úr framkvæmd yrði, enda verður að telja að verslunin eigi síðferðilegan rétt á slíkum stuðningi til jafns við aðrar aðalatvinnugreinar þjóðarinnar.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnumál öryrkja, þáltill. (þskj. 344). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 344 höfum við hv. þm. Stefán Jónsson leyft okkur að flytja till. til þál. um atvinnumál öryrkja, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta útbúa og leggja fram á Alþ. fyrir árslok frv. til l. um atvinnumál öryrkja. Skal frv. miða að því, að öllum með skerta starfsgetu sé tryggður réttur til vinnu við sitt hæfi, annaðhvort á sérstökum vinnustöðum á vegum ríkis og sveitarfélaga eða með því að opna þeim aðgang að hinum almenna vinnumarkaði með sérstökum ráðstöfunum."

Í grg. með till. okkar segir, að félagsleg samhjálp og félagsleg löggjöf af ýmsu tagi hafi rutt sér æ meira til rúms á undanförnum áratugum með flestum siðmenntuðum þjóðum. Tilgangur þess er að leitast við að jafna lífskjör þegnanna og tryggja með íhlutun hins opinbera, að engin stétt eða einstaklingur verði útundan og undir í lífsbaráttunni.

Við flm. bendum á það, að margt hafi hér áunnist til góðs, en engu að síður séu ýmis verkefni enn að einhverju leyti óleyst eða við eigum eftir betur að gera. Og við höfum einmitt rekið okkur á það, við hv. þm. Stefán Jónsson, að í þessu efni vantar nauðsynlega vissa rammalöggjöf sem tryggi þau meginmarkmið sem við stefnum að með þessari tillögu.

Við bendum á það í grg., að þótt margt hafi verið gert í þessum efnum, mest þó af öryrkjum sjálfum og samtökum þeirra, til að auðvelda þeim að afla sér viðbótartekna, þá er mikill fjöldi öryrkja í dag sem annað tveggja á engan kost atvinnumöguleika eða þá þeir þurfa að stunda atvinnu sem á engan hátt er við þeirra hæfi. Öryrkjum eða fólki með skerta starfsgetu er þó síst minni nauðsyn en öðrum að eiga starfsmöguleika sem fjölbreyttasta og með sem greiðustum aðgangi. Hér koma inn í beinar félagslegar þarfir þessa fólks auk hinna fjárhagslegu, nauðsyn aukinna samskipta við aðra á vettvangi starfsins er svo ótvíræð og lífshamingja og lífsfylling þessa hóps er þessu meir bundin en flestra annarra, ef grannt er að gáð.

Hér þarf því, samhliða hinu ágæta framtaki öryrkjanna sjálfra, beina forgöngu ríkis og sveitarfélaga, einkum með tilliti til verndaðra vinnustaða í stærri sveitarfélögum, og sömuleiðis mætti benda á, að breytingar eru hugsanlegar á lögum um vinnumiðlun varðandi skyldur atvinnurekenda við fólk með skerta starfsgetu og þá með vissri aðstoð ríkis og sveitarfélaga þar við.

Þessi till. er sem sagt þannig, að hún varðar mál, sem okkur öllum á að vera skylt að leysa á besta hugsanlegan veg. Og það fer vart á milli mála, að samfélagslegar aðgerðir þurfa til að koma ef von á að vera um sem víðtækasta lausn þessa vanda. Atvinna fyrir öryrkja, atvinna sem þeim hæfir og þeir geta um leið notið, er að vísu margslungið mál, svo ólíkar sem aðstæðurnar eru, svo mismunandi sem fötlunin er. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur margt verið vel gert og norður á Akureyri myndarlega að staðið. En

það eru öryrkjarnir sjálfir, sem hafa þar best og mest unnið, að vísu með góðri samfélagslegri aðstoð.

Spyrja mætti því sem svo, hvort öllu þessu þokaði ekki svo vel fram á við að óþarft væri að hafa uppi tillögugerð af þessu tagi. Auðvitað ber að fagna því, sem gert hefur verið, og aldrei verður nógsamlega þakkað hið mikla starf, sem öryrkjarnir hafa hér af hendi leyst svo að sómi er að í öllum greinum. En tvennt ræður tillögugerð okkar framar öðru: í fyrsta lagi sú fullvissa okkar, að allt of margir vinni störf sem eru algerlega óhæf þeim og beinlínis sum til þess fallin að valda þeim verulegum óþægindum, jafnvel auknu heilsutjóni, og svo það, hve margir eru enn óvirkir þrátt fyrir gott og mikið starf að þessum málum.

Ég gæti af fyrra atriðinu sagt langa sögu af góðvini mínum, sem um áratugi var ekið í hjólastól í vinnu sína að morgni og aftur upp í herbergi sitt að kvöldi. Á skrifstofustólnum sínum sat hann svo hvíldar- og úrtakalaust sína 8—9 tíma, fékk sinn hádegismat að vísu sendan og molasopa. Og haldi menn að sagan sé gömul, þá eru aðeins 5 ár síðan hann fór hingað suður í Hátún þar sem hann býr í dag. Saga hans er í raun hetjusaga, og það var hreint afrek, hversu afköst hans voru mikil, og þó ekki síður, hve andlegur styrkur hans var ævinlega mikill. Það þakkaði hann framar öðru vinnunni, sem var þó á engan hátt neinum bjóðandi sem við slíka fötlun bjó.

Í öðru lagi er okkur flm. ljóst, að lausn þessa vanda er um margt erfiðari í fámennum byggðarlögum. Þar verður aldrei um sérstaka vinnustaði að ræða, svo sem betur þarf að skipuleggja í framtíðinni. Vanda fatlaðra þarf að leysa með öðrum hætti þar, persónubundnari, sem oft er örðugleikum háð sakir einhæfni í vinnumöguleikum á mörgum stöðum, þar sem erfiðisvinnan ein ríkir víðast með sinni auka- og helgidagavinnu oft, svo að menn fái bjargast í glímunni við dýrtíðardrauginn.

Við flm. höfðum það í huga og hafði raunar verið sérstaklega á það bent, að í lög um vinnumiðlun væri unnt að setja ákvæði um vissar skyldur vinnuveitenda gagnvart atvinnu fyrir öryrkja og á móti kæmi þá viss aðstoð eða fyrirgreiðsla af hálfu viðkomandi sveitarfélags eða ríkis, sem auðveldaði vinnuveitendum að taka öryrkja í vinnu. Þetta mun vera gert sums staðar og hefur gefist vel, en er vandmeðfarið í hvívetna, ekki hvað síst að því er snertir öryrkjana sjálfa sem eðlilega vilja engir ölmusumenn vera frekar en aðrir. Þetta teljum við þó að beri að athuga sérstaklega. Ef till. yrði samþykkt og ákveðin löggjöf yrði sett væri eðlilegt að þetta kæmi þar inn, en ekki beint inn í lög um vinnumiðlunina sjálfa.

Fjölmargir öryrkjar, einkum úti á landi, en einnig hér á þessu svæði, hafa bent okkur flm. á leiðir og um leið ítrekað nauðsyn þess að fá löggjöf hér um, sem í nokkru tryggði öryggi þeirra og vissan forgang um leið til þeirra verkefna sem þeim hæfðu best. Mjög voru skiptar skoðanir meðal öryrkja um hina sérstöku, vernduðu vinnustaði, sem oft er rætt um sem allsherjarlausn og þá einkum í mesta þéttbýlinu. Hér kemur fyrst til greina óttinn við of mikla einangrun frá hringiðu mannlegs lífs og um leið of mikil samskipti fólks sem á við sömu eða svipuð vandamál að stríða. Vinur minn í Hátúni 12 sagði eitt sinn: „Mikið líður mér nú betur hér en á Reyðarfirði að flestu leyti, en samt sakna ég stólsins míns vegna þeirrar mörgu, sem þar komu og gáfu sér tíma til að spjalla við mig, þó ekki væri nema örskotsstund.“

Auðvitað eru öryrkjar það raunsæir, því að raunsæi finnst mér oft eitt aðalsmerki þeirra, að þeir gera sér fulla grein fyrir því, að hluti þeirra getur aldrei verið annars staðar en á sérhæfðum vinnustöðum. En þeir vilja einnig sjá sem flesta, er betur geta bjargað sér, á hinum almenna vinnumarkaði á einhvern hátt með a. m. k. lámarksöryggi og sama rétt og aðrir til vinnu, þó þannig, að vinnan verði þeim til ánægjuauka einnig, skapi þeim þá hamingju sem í því er fólgin að starfa, leggja sitt af mörkum.

Hér þarf því að ýmsu að gæta. Það er margvísleg hvatning þessa fólks, sem er kveikjan að þessari tillögugerð, og það með, að mörgum hefur þótt eðlilegt að á vissan hátt verði athugað um atvinnumál öryrkja í tengslum við hugsanlega löggjöf um atvinnumál aldraðra sem samkv. samþykkt Alþ. hlýtur fyrr en síðar að sjá dagsins ljós. Í till. þeirri, sem þar á að liggja til grundvallar, segir svo, að fullt samráð beri að hafa við launþegasamtökin, og á það leggjum við flm. einnig áherslu hvað okkar till. snertir, en þó fyrst og fremst samráð við Öryrkjabandalagið þar sem menn hafa rækilega og ígrundað skoðað hugsanlega möguleika og eru með á takteinum ýmsar beinar hugmyndir sem fróðlegt væri að sjá í framkvæmd.

Þrátt fyrir mikið og gott starf í þessum málum teljum við ekki vansalaust að löggjöf skuli ekki vera fyrir hendi, hvort sem hún yrði meira sem rammalöggjöf með einstökum markandi aðalatriðum eða nákvæm og ítarleg heildarlöggjöf sem fæli þá e. t. v. meira í sér en við flm. höfum gert till. um, en við vitum að uppi eru hugmyndir um hjá ýmsum forustumönnum öryrkja. Að vísu vaknar sú spurning óneitanlega, þegar um þessi og önnur álika mál er rætt, hvort skorti ekki löggjöf almennt, eina samhæfða félagsmálalöggjöf, þar sem félagsleg þjónusta og félagsmál í heild væru sett undir einn hatt. Þetta hafa danir gert og eflaust fleiri, og þá er að sjá hver reynslan þar verður, þó að mála sannast sé það, að í þessu litla þjóðfélagi okkar er og verður aldrei hægt að aðhæfa erlenda reynslu að íslenskum aðstæðum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í ýmsar þær leiðir sem við flm. höfum verið fræddir um í þessu efni. Það kemur allt í ljós á sínum tíma og verður án efa vel til skila haldið af þeim sem þekkja hvar skórinn kreppir, ef að löggjöf verður unnið. Áfram eru flm. á þeirri skoðun, að best sé að öryrkjar sjálfir hafi forustu í framkvæmd allri. En ekki hvað síst framtak þeirra bendir á nauðsyn löggjafar til frekari stuðnings og hjálpar, — löggjöf sem m. a. legði fjárveitingavaldinu meiri beinar skyldur á herðar um aðstoð en verið hefur. En við mátum málið þannig eftir samtöl við ýmsa öryrkja, einkum úti á landsbyggðinni, að svo brýn þörf væri engu

síður á beinum félagslegum afskiptum, ekki síst þar, að þar yrði heildarlöggjöf að marka tiltekna stefnu, m. a. í fjárveitingum og ýmsum beinum ákvæðum sem forsvarsmönnum opinberra stofnana sem einkaaðilum væri skylt að taka fullt tillit til. Því er þessi till. flutt og vísað á það, að æskilegt sé að hafa vissa hliðsjón af samræmingu löggjafar fyrir aldraða sem öryrkja, þótt margt fari þar á misvíxl einnig.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þessari till. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 354). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innflutningur á olíupramma, frv. (þskj. 125). — Frh. 3. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á síðasta fundi þessarar hv. d. komu fram tilmæli um það, að lesið yrði upp bréf með umsögn siglingamálastjóra til samgrn., sem vitnað er til í nál. samgn. Vil ég verða við þeirri ósk, en bréfið hljóðar þannig:

„Varðandi erindi Olíumalar hf., dags. 4. mars s.l., sem fylgdi bréfi rn., dags. 24. mars, þar sem farið er fram á heimild rn. til að mega skrásetja olíupramma Fina 5 hér á landi, skal eftirfarandi tekið fram:

Prammi þessi er smíðaður úr járni árið 1860 sem farþegaskip og bolur þess er sagður vera meðal elstu skipa sem skráð eru í sænska skipastólnum. Samkvæmt c-lið 26. gr. laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, má siglingamálastjóri því aðeins mæla með innflutningi skips að það sé eigi eldra en 12 ára. Samkvæmt 27. gr. getur ráðh. veitt undanþágu frá ákvæðum laganna skipum sem eru: a) sérstakrar gerðar, b) úr sérstöku efni eða c) með sérstökum vélabúnaði, svo og d) skipum sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi. Þó skal siglingamálastjóri mæla með undanþágunni.

Varðandi framangreind atriði skal tekið fram: a) Skipið sjálft, þ.e.a.s. bolur þess, er ekki sérstakrar gerðar nema að því leyti að bolur þess er mjög fornt farþegaskip, b) Bolur skipsins er úr járni og ekki úr neinu sérstöku efni miðað við þann tíma sem það var smíðað. c) Vélabúnaður þess miðast við notkun þess sem olíupramma, en er ekki til að knýja skipið áfram. d) Skipið er innréttað sérstaklega til að flytja heit olíuefni og því má segja að það sé ætlað til sérstakra nota.

Ekki verður fram hjá því gengið, að skipið er mjög gamalt orðið, smíðað árið 1860, þ.e.a.s. 116 ára gamalt. Ef innflutningur þess yrði leyfður þrátt fyrir ákvæði þeirrar meginkröfu laganna að skip, sem flutt eru til landsins, séu ekki eldri en 12 ára, þá þurfa að vera mjög mikilvæg rök fyrir því, að hér sé um alveg sérstakar ástæður að ræða, ef ekki slík undanþága yrði notuð til að styðja síðari umsóknir um innflutning skipa eldri en 12 ára. Veigamesta ástæðan fyrir umsókninni mun vera sú ástæða að skip þetta fæst keypt ódýrt, en það er mjög algengt að einmitt það atriði sé tiltækt þegar um kaup á gömlum skipum er að ræða. Þar eð skip þetta er dregið mannlaust milli hafna, þá er varla mikil hætta á slysum á mönnum.

Vegna þess fordæmis, sem heimild til innflutnings þessa skips gæti valdið, tel ég réttara að láta ákvörðun um kaupin og heimild til skráningar koma til kasta Alþingis, enda hafa áður verið sett sérlög um leyfi til skráningar skipa eldri en 12 ára, t.d. fyrir hvalveiðibátana og fyrir e/s Hæring.

Hjálmar R. Bárðarson."

Eins og fram kemur í þessu bréfi og sagt var við 2. umr. málsins hér, eiga tvö atriði, sem vitnað er til að geti veitt siglingamálastjóra heimild til að veita undanþágu um aldur skipa, við olíupramma þann sem hér um ræðir. Hins vegar telur hann réttara að leitað sé heimildar Alþingis til þess vegna ótta við að annað muni valda erfiðleikum með því að skapa fordæmi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki tefja afgreiðslu þessa máls með langri ræðu. Ég taldi eðlilegt að hv. þm. fengju að heyra bréf siglingamálastjóra þar sem hann gerði grein fyrir því, hvers vegna embætti hans vildi ekki mæla með því að skip þetta yrði keypt og hvers vegna hann vildi að málið kæmi til kasta Alþ. sérstaklega.

Bréfið, sem hv. frsm. samgn. las hér upp áðan, er harla ítarleg grg. og þarf raunar ekki ítarlegri. Ég tel eðlilegt að segja hér frá því, hvers vegna ég mun greiða þessu máli atkv. þrátt fyrir annmarkana sem upp eru taldir í fyrrnefndu bréfi. Hér mun vera um að ræða annað fyrsta stálskipið sem smíðað var í Svíþjóð, eftir því sem okkur hefur verið tjáð. Það var smíðað sem farþegaflutningaskip. Þegar við minnumst þess nú, að eitt farsælasta farþegaskip, sem Íslendingar hafa átt, Súðin, var upprunalega byggt sem nautgripaflutningaskip, einnig í Svíþjóð, og síðan notað hér sem farþegaflutningaskip áratugum saman, þá ríkir enginn vafi í huga mínum um það, að skip, sem svíar smíðuðu úr sænsku stáli, þó fyrir 116 árum væri, til flutninga á farþegum, eigi nú að geta dugað til flutninga á olíuměl hér við land. Það er tekið fram í bréfinu, að skipið verði dregið mannlaust milli hafna og vakin athygli á því, að slíkt dregur stórlega úr líkum á því að manntjón verði á skipinu, a.m.k. meðan verið er að draga það milli hafna. Þá má e.t.v. einnig bæta því við, að þetta skip hefur sokkið áður einu sinni, og ég hygg að skýrslur muni leiða í ljós að fátítt sé að sama skipið sökkvi tvisvar. Þegar því er síðan við bætt, að raunar muni ekki vera ætlast til þess að skip þetta verði á floti, heldur að það standi á þurru landi til geymslu á olíuměl, þá dregur það enn úr líkunum fyrir því að skip þetta farist, þó aldið sé, og kemur þá raunar til álita hvort rétt sé að kalla farkost þennan skip, hvort ekki væri réttara að nefna það t.d. olíumalargám. En nafnbreyting mun væntanlega bíða þess að skipi þessu verði komið fyrir á föstum grunni.

En ég þakka sem sagt formanni samgn. fyrir upplesturinn á bréfinu, svo að þm. geti þá tekið afstöðu til efnis þess, en eins og fyrr segir mun ég greiða þessu máli atkvæði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 367).

Fávitastofnanir, frv. (þskj. 296, n. 351). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á l. um fávitastofnanir frá 1967. Breyt. er í því fólgin að umorða 15. gr. þeirra laga. 15. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við aðalfávitahæli ríkisins skal reka skóla til að sérmennta fólk til fávitagæslu. Forstöðumaður er skólastjóri, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu. Um stjórn skólans, námstíma, námsefni, prófkröfur og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð."

Í frv. er lagt til að 15. gr. orðist svo:

„Ríkið skal starfrækja skóla, Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hlutverk skólans er að mennta fólk til að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra.

Skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

Um stjórn skólans, starfslið, námstíma, námsefni, inntökuskilyrði og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð."

Hér er sem sagt um að ræða með breyt. á 15. gr. að stuðla að því, að skólastjóri við Þroskaþjálfaskóla Íslands hafi jafnan þann lærdóm til að bera sem nauðsynlegur er. Mál þroskaheftra og möguleikar hafa breyst allmikið núna á síðustu árum. Ýmsar nýjungar í þjálfun, andlegri og líkamlegri, hafa verið teknar upp, og sömuleiðis hafa aðferðir við kennslu stórkostlega breyst. Þess vegna var talið nauðsynlegt að tryggja með breyt. á þessari grein að skólastjóri með sérþekkingu á þörfum þessa fólks yrði ráðinn við skólann.

N. kallaði á sinn fund fulltrúa þroskaþjálfa og að viðræðum loknum voru allir á einu máli um að leggja til að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki með einum eða öðrum hætti leggja stein í götu þessa frv. Þær fréttir, sem ég hef af þessum málum, stuðla allar að því að frv. nái sem allra fyrst fram að ganga. Þeim störfum, sem um er fjallað í frv., hefur verið gegnt sem nokkurs konar aukastarfi sem vart þolir dagsljósið að verði haldið áfram óbreyttu, með fullri virðingu fyrir þeim störfum sem þar hefur þó verið gegnt. Hér er um svo viðamikil mál að ræða, að ekki má láta dragast frekar en orðið er að þetta sé fullt starf viðkomandi skólastjóra, hver svo sem endanlega verður til þess valinn, og hann hafi til að bera þá þekkingu sem frv. gerir ráð fyrir.

En ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er einungis til þess að minna á að brýna nauðsyn ber til að mþn. sú, sem fjallar nú um endurskoðun þessa málaflokkks, breyti nafni þess skóla sem hér um ræðir, ekki einungis hér, heldur hvað öðrum lögum viðkemur. Þetta orð, fáviti, er í flestra huga sagt í lítilsvirðingarskyni um þá, sem annars jafnvel teljast heilbrigðir, ef þeir í einhverju tilteknu vita ekki nægjanlega um það mál sem til umræðu er. Það gefur algjörlega ranga hugmynd um þá mikilvægu starfsemi sem það fólk, sem á að útskrifast úr þessum skóla, þarf að veita. Ég tel mjög óviðurkvæmilegt að þetta nafn sé áfram um ófyrirsjáanlega framtíð í íslenskum lögum. En þar sem breytingin er ærið viðfeðm og snertir, eins og ég áðan sagði, mörg önnur lög, þá er nauðsynlegt að þessu sé ekki flaustrað af, heldur verður að gera ráð fyrir því að sú mþn., sem um endurskoðun þessara laga og annarra skyldra fjallar, breyti þessu niðrandi nafni um þá mikilvægu starfsemi sem þarna fer fram. Í trausti þess, að við þessari — ég hygg sameiginlegu ósk okkar allra þdm. verði orðið, mun ég að sjálfsögðu styðja frv., eins og ég sagði.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Varðandi orð hv. 4. landsk. þm. vil ég taka fram, að þetta atriði var rætt allmikið í n. og einnig átti formaður n. viðræður við stjórn Landssambands þroskaheftra. Við urðum ásátt um að þar sem hér væri um brtt. við ákveðin lög að ræða, þ. e. a. s. lög um fávitastofnanir, þá væri best að hleypa þessu í gegn eins og það er orðað þarna, vegna þess að nú eru lög um fávitastofnanir í endurskoðun og reyndar er verið að undirbúa heildarlöggjöf um þennan hóp. Þá mun nafninu án efa verða breytt. Frv. að þessari löggjöf mun nú vera tilbúið, löggjöf í um 35 eða 36 greinum, og ætlast er til að það fari nú til umsagnar til ýmissa aðila sem um þessi mál fjalla og með þau hafa að gera. Væntanlega verður svo frv. að nýrri heildarlöggjöf lagt fyrir næsta Alþ. Varð samkomulag um að frekari breyt. yrði þess vegna ekki gerð á lögum um fávitastofnanir í þetta sinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. mars 1977.

Skv. beiðni Lárusar Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Halldór Blöndal kennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Þorv. Garðar Kristjánsson."

Halldór Blöndal hefur áður setið á þingi á kjörtímabilinu og mun taka sæti hér í deildinni.

Sauðfjárbaðanir, frv. (þskj. 353). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 360 (sbr. 50)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 347). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í hv. Ed., en þó þannig, að þar voru gerðar á því nokkrar breytingar. Þetta frv. miðar að því að lögfesta grundvallarreglur við úthlutun olíustyrksins.

Í fjárl. fyrir árið 1977 er gert ráð fyrir að verja 698 millj. kr. í styrk til einstaklinga vegna upphitunar íbúðarhúsnæðis með olíu og til rafveitna vegna framleiðslu rafmagns með olíu til upphitunar íbúða. Sú breyting var gerð, að þessi liður er í fyrsta skipti tekinn í fjárl. nú og tekjuöflun í þessu skyni er skv. lögum um söluskatt, en áður giltu sérstök lög um tekjuöflunina og úthlutun styrksins. Framlag til Orkusjóðs er nú sérstakur liður í fjárlögum.

Eldri lög um þetta efni giltu frá 1. mars 1976 til 28. febr. 1977, en voru afnumin frá 1. jan. s. l. með breyt. á l. um söluskatt. Er gert ráð fyrir því í þessu frv., að desembergreiðsla skv. þeim lögum verði greidd með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og tekjuöflun til hennar verði skv. eldri lögum.

Ákvæði þessa frv. eru ekki tímabundin, þannig að þau gilda áfram á meðan fé er veitt í fjárl. í þessu skyni. Rétt þykir að viðskrn. ákveði fjárhæð styrksins miðað við fjárveitingu hverju sinni.

Eins og hv. þm. er kunnugt eru hitaveituframkvæmdir á döfinni á nokkrum stöðum, svo sem á Reykjavíkursvæðinu, Suðurnesjum, Siglufirði og víðar. Þær munu smám saman draga úr fjölda þeirra sem olíustyrksins njóta, þannig að meira ætti að öðru jöfnu að geta komið í hlut hvers er styrk fær.

Þegar þetta frv. var lagt fram á sínum tíma í Ed. var gert ráð fyrir alveg óbreyttum reglum um þá sem yrðu styrks aðnjótandi, þ. e. a. s. að þá voru í frv. aðeins a- og b-liður 1. gr. frv. Að till. hv. fjh.- og viðskn. Ed. var gerð sú breyt. á, að við var bætt c-lið og d-lið. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjölyrða um þá. Ég dreg ekki í efa að þörf sé þar fyrir hendi, en undirstrika aðeins það, að við afgreiðslu fjárlaga var ákveðin sú heildarfjárveiting sem er til úthlutunar á þessu ári, og því verður ekki breytt. Var í því sambandi rætt um meginstefnuna í þessum efnum, þannig að það á ekki að vera þörf á að endurtaka þær umr. Hér er aðeins um að ræða að úthluta þeirri fjárhæð sem var ákveðin í fjárl., og hún er fastákveðin fyrir þetta ár. En að sjálfsögðu er það svo á valdi fjárlagagjafans framvegis að ákveða þessa upphæð. Getur hann þá í næstu fjárl., með tilliti til þeirrar viðbótar sem nú hefur verið sett inn í 1. gr., ákveðið hana ríflegri en nú er gert. En sú fjárveiting, sem ákveðin var í fjárl., 698 millj., verður knöpp til úthlutunar og þess vegna ekki hægt að fullyrða að hægt sé að hafa upphæðina hærri í krónutölu en var á s. l. ári. Að sjálfsögðu mun það verða athugað nánar, áður en reglur verða settar um þetta, og mun reynt að stefna að því, ef mögulegt reynist, að fjárhæð geti orðið, miðað við ár, um 10 500 kr. á einstakling, en hún hefur verið 9 500 kr. Ég geri ráð fyrir að fjárveitingin mundi a. m. k. fara langt að því að hrökkva til þess að mæta þeirri úthlutun. En ég vil aðeins undirstrika það, að auðvitað verður úthlutun til hvers og eins að taka mið af þeirri heildarfjárveitingu sem þegar hefur verið samþ., þannig að mönnum verður að vera það ljóst, þegar þeir samþ. nýja aðila sem eiga að verða þessa aðnjótandi, að það hefur þau áhrif að minna verður til skiptanna á milli hinna sem áður nutu styrksins.

Þetta frv. er sem sagt fyrst og fremst til þess að fá fullkomlega lagalegan grundvöll undir úthlutunina, en nánari reglur er svo gert ráð fyrir að viðskrn. setji. Þar á meðal verður sjálfsagt að skýra nánar b-liðinn sem er ekki alls kostar ljós eins og hann er í greininni. En ég geri ráð fyrir að það verði talið að rn. hafi heimild til þess með reglugerð að skýra það nánar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Viðbótarsamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 139). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla í örstuttu máli fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. Þessu frv. fylgja svofelldar aths.:

„Árið 1972 var undirritaður samningur milli Norðurlandaþjóðanna um aðstoð í skattamálum. Veitti Alþ. ríkisstj. heimild til að fullgilda þann samning með l. nr. 111 31. des. 1972. Var síðan gengið frá fullgildingu samningsins og tók hann gildi 1. jan. 1973.

Aðstoð sú, sem í samningnum felst, er einkum tvenns konar: Annars vegar gagnkvæm aðstoð við rannsókn skattamála og skipti á upplýsingum og hins vegar gagnkvæm aðstoð við innheimtu skatta. Á þeim tíma, sem liðinn er frá gildistöku samningsins, hefur nokkur reynsla fengist af ákvæðum hans og í ljósi þeirrar reynslu hafa

sérfræðinganefndir unnið að gerð viðbótarsamnings. Náðist samkomulag milli þeirra um viðbótarsamning á þessu ári og er hann birtur á fskj. með lagafrv. þessu. Breytingar þær, sem í viðbótarsamningnum felast, varða allar gagnkvæma aðstoð við rannsókn og öflun upplýsinga. Mikilvægasta breytingin er fólgin í 3. gr. viðbótarsamningsins, en þar er gert ráð fyrir að fulltrúar skattyfirvalda í einu ríki geti fengið leyfi til að vera viðstaddir rannsókn í skattamálum í öðru aðildarríki.

Mun viðbótarsamningurinn væntanlega geta auðveldað skattaeftirlit."

Eins og segir í þessum aths. er viðbótarsamningurinn prentaður sem fskj. á þskj. 139. Sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., því ég hygg að það muni engum ágreiningi valda, heldur aðeins leyfa mér að leggja til að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Mánudaginn 7. mars, að loknum 55. fundi.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 322 (sbr. 73), n. 349). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Álit n. er á þskj. 349. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl., sem sett voru 24. ágúst 1976, um breyt. á l. um Lífeyrissjóð bænda. Í sambandi við setningu þeirra brbl. sagði svo í aths. við þau:

„Í sambandi við lausn kjaradeilunnar í febrúarmánuði s.l. gerðu Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða, þar sem m. a. var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara samtaka veittu lífeyrisþegum sínum, sem rétt eiga skv. l. nr. 63/1971, sérstaka uppbót árin 1976 og 1977, þannig að lífeyrisgreiðslur þessar verði betur verðtryggðar en hingað til.

Með l. nr. 33 20. maí 1976, um breyt. á l. nr. 63/1971, var þessu áformi hrundið í framkvæmd. Jafnframt var gert ráð fyrir að sambærilegar breytingar yrðu gerðar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Ekki vannst þó tími til þess á s.l. þingi að bera fram slíkt frv. þótt ljós væri þörf slíkrar breytingar þegar á þessu sumri," — þ. e. sumarið 1976, — „en lífeyrisfjárhæðir til aldraðra félaga í Lífeyrisssjóði bænda hafa ekki hækkað síðan á árinu 1974." Þetta var ástæðan fyrir setningu brbl. sem hér eru nú til staðfestingar. Þetta skýrir málið nægilega og hef ég því ekki neinu við það að bæta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 57. fundur.

Mánudaginn 7. mars, að loknum 56. fundi.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 322 (sbr. 73)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 366).

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 348). — 1. umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 348 flyt ég frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1969, um brunavarnir og brunamál. Frv. þetta er með allra einfaldasta móti. Aðeins er gert ráð fyrir breytingu á einu orði í 8. gr. laganna, þ. e. að notað verði orðið „menn" í staðinn fyrir „karlmenn". Fyrsta setningin í 8. gr. mundi þá hljóða svo: „Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði."

Þótt frv. sé svona einfalt hefur það í för með sér mikla breytingu frá því sem nú er um brunavarnir ef að lögum verður, þar sem þá verður heimilt að skipa konur í slökkvilið. Engin sanngirni er í því að draga lengur að konum verði heimilað með löggjöf að taka þátt í þeim slökkvistörfum sem gert er ráð fyrir í þesssum lögum. Og eins og segir í grg. með frv. verður ekki heldur við það unað á jafnréttistímum, að óheimilt sé að lögum að skipa konur í slökkviliðið.

Háværar kröfur eru líka uppi nú um þessar mundir, að löggjafinn sýni þá lágmarkstillitssemi að hætta allri aðgreiningu kynjanna í löggjöfinni. Nú um þessar mundir stendur t. d. yfir mikil umræða varðandi það efni í sambandi við skattlagningu hjóna. Hér er svo drepið niður á einum stað af mörgum í lagasafninu þar sem krafan um jafnrétti kynjanna er ekki virt.

Ástæðan fyrir því, að ég drep niður á þessum stað í lagasafninu, er sú, að ég á sæti í brunamálastjórn ríkisins og hef því orðið þess var, að það kann að geta haft áhrif í sambandi við brunavarnir ef óheimilt er að skipa konur til slökkvistarfa. En auðvitað er um miklu fleiri lög að ræða þar sem misrétti milli kynjanna er áberandi. E. t. v. væri það lausn á þessum vanda að þm. skiptu því á milli sín að lesa yfir lagasafnið og hver flytti síðan frv. til lagfæringa á því sem nú stendur í lögum og varðar þetta

efni, eftir því sem hann verður var við við slíkan yfirlestur. Mér telst til að hver þm. mundi þurfa að lesa yfir u. þ. b. 50 dálka í lagasafninu ef þessi aðferð yrði viðhöfð. En það yrði að sjálfsögðu mjög misjafnt hversu auðvelt væri að færa gildandi lög í jafnréttisátt, og fer það bæði eftir aldri þeirra, en þó einkum eftir efni. T. d. yrði sá ekki öfundsverður sem fengi það verkefni að lagfæra hjúskaparlögin að þessu leyti eða gömul lög um legorð presta, svo ég nefni eitthvað. En eitthvað þarf að gera, og ég vísa í þessu sambandi sérstaklega til l. nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla. Þar segir í 2. gr.: „Konum og körlum skulu veittir jafnir möguleikar til atvinnu“ o. s. frv., í 3. gr.: „Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það meðal annars hvað varðar ráðningu og skipun í starf“ o. s. frv. og í 4. gr.: „Starf, sem auglýst er laust til umsóknar, skal standa opið jafnt konum sem körlum. Í slíkri auglýsingu er óheimilt að gefa til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.“ Meðan lög um brunavarnir og brunamál eru þannig orðuð sem þau eru nú verður þarna árekstur á milli þessara laga.

Ég vona, að frv. þetta fái jákvæðar viðtökur hér í hv. þingdeild, og legg til, hæstv. forseti, að því verði vísað til hv. félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Gunnlaugur Finnsson: Virðulegi forseti. Þegar þessar umr. áttu sér stað um daginn, þá er það rétt að ég hafði kvatt mér hljóðs um það mál, og ég verð þó að segja það, að nú þegar þessari umr. er haldið áfram utan dagskrár — (**Forseti:** Ég vil strax taka fram að það er eindregin ósk, að hv. þdm. stilli ræðutíma sínum í hóf, þar eð þetta eru umr. utan dagskrár. Ég bið þá að stytta mjög mál sitt.) Já, virðulegi forseti, það skal tekið til greina. En ég ætlaði að segja, að síðan þessar umr. fóru fram hefur ýmislegt verið upplýst sem þá lá ekki ljóst fyrir, og síðan hafa líka átt sér stað umr. í sjónvarpi, þannig að ég hygg að alþjóð og þm. sé þetta nokkru ljósara nú en þá var. Ég ætla þó að segja það, að mér finnst, eftir að hafa í allmörg ár setið yfir því að reyna að semja sem kennari réttlát próf, próf sem hefðu ákveðna kúrfu, skulum við segja, setið yfir því að meta slík próf, að þá er ekki laust við að mér ói svolitið við því ef nemendur eiga velgengni sína og framtíðarmöguleika undir því hvernig tölva kann að vinna úr þeirra úrlausnarverkefnum, ekki síst þegar um er að ræða unglinga á þeim aldri, að það er varla hægt að ætla að þeir hafi náð reynslu til að vinna úr prófum, reynslu eins og þroskaðir nemendur hafa á síðari námsstigum skóla. Ég lít þó svo á að það kerfi, sem verið er að taka upp núna, eigi ekki að vera nema einn þáttur af slíku mati.

Ég hygg að það sé rétt hjá mér, að sú stefna hafi komið inn með grunnskólalögunum að námsstarfið sjálft, eins og það gengi fyrir sig, yrði meir metið að verðleikum en út af fyrir sig útkoman úr prófi á lokastigi. Og ég held að það sé ákaflega mikilsvert að við höldum uppi þeim markmiðum, sem voru sett í grunnskólalögunum, að slíkt námsmat, sem hlýtur að vera á valdi þess kennara sem leiðir nemandann, að slíkt sjónarmið verði í heiðri haft og að það komi til með að vera eigi minni þáttur í námsmati en sá þátturinn sem fellur undir tölvuúrvinnslu.

Mér skilst að í þeim námsgreinum, sem metnar eru með tölvu, komi ekki inn í einkunnina á nokkurn hátt mat kennarans, þannig að það sé um lágmark að ræða í báðum flokkunum, hvort sem þeir eru metnir með tölustöfum frá 1—10 eða 0—10 eða með ákveðnum bókstöfum. En í sambandi við námsmatið vil ég segja það, að ég vænti þess að þessar umr. verði þó til þess að menn hugi vel að því að ekki hljótist slys af.

Ég vil beina einni spurningu í sambandi við þetta til hæstv. menntmrh. Í grunnskólalögunum er gert ráð fyrir því, að námsefni sé þokað til á milli bekkja. Á þeirri hugsun byggjast till. rn. um skólakerfið. Og ef ég man rétt, þá var gert ráð fyrir því, að á vissu árabili yrði náð því marki að framhaldsnámið eftir grunnskólann, sem stundað verður í formi menntaskólanáms, yrði stytt um eitt ár, þannig að nemendur hafi við lok grunnskóla tileinkað sér sambærilegt námsefni við það sem að undanförnu hefur verið kennt í 5. bekk, framhaldsbekk við marga gagnfræðaskóla og héraðsskóla, eða 1. bekk í menntaskóla. Mig langar til að fá upplýsingar um það, hvort haldið verður áfram á þeirri braut og hvort þær hugmyndir, sem nú eru uppi bæði varðandi námsskipan og próf, stefna að því að þessu marki verði náð.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs þegar þessi mál voru til umr. á sínum tíma fyrir helgina til þess að taka undir það sem fram hafði komið hjá þeim þm. sem þá höfðu tekið til máls, þ. e. a. s. hjá þeim hv. þm. Ellert B. Schram, Jónasi Árnasyni og Páli Péturssyni. Ég held að það sé vissulega tímabært, að hæstv. menntmrh. og starfsmenn menntmrn. og skólamenn í landinu verði áþreifanlega varir við að það eru einnig alþm. sem farnir eru að hafa áhyggjur af þróuninni í skólamálum.

Við höfum ekki aðeins áhyggjur af þróuninni eins og hún hefur orðið varðandi hina ýmsu skóla og framkvæmd grunnskólalaganna, heldur einnig vegna þess, að það virðist hafa sýnt sig á undanförnum árum að ef eigi að framkvæma grunnskólalögin eins og framkvæmd menntmrn. gerir ráð fyrir, þá muni það kosta íslenska ríkið og íslenska þegna óhemjumikið fé, og það er meira en vafasamt að mínu mati að sú fyrirhöfn eða þær fjárveitingar skili tilætluðum árangri. Ég vil t. d. aðeins leyfa mér að benda á að á þessu eina ári, árinu 1977, þarf að verja úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og sameiginlegum sjóðum borgara í Reykjavík um 500 millj. kr. til þess að vinna hluta af ráðgerðum framkvæmdum við svokallaðan Fjölbrautaskóla í Breiðholti. Þrátt fyrir það sé ég ekki enn að sá skóli hafi leyst nokkurn þann vanda sem átti

að leysa einkum með tilliti til náms í hinum svonefndu faggreinum, þ. e. a. s. greinum sem ekki hafa verið flokkaðar undir bóknám, heldur frekar undir verknám.

Ég vil enn fremur taka undir það sem þeir sögðu, þm. sem töluðu hér áður, að þeir væru hræddir um að hráar erlendar kenningar í skólamálum ættu e. t. v. ekki alltaf við hér á Íslandi, og þá síst, hæstv. menntmrh., þegar það hefur komið í ljós að þær kenningar, sem verið er að flytja inn til Íslands, hafa þegar fengið talsverða reynslu í ýmsum nágrannalöndum okkar og menn eru þar óðum að falla frá þeim. Ég vil t. d. nefna þegar á sínum tíma var tekin upp mengjakennsla í stærðfræði í lægri bekkjum barnaskóla og svo áfram upp úr, þá var tekið upp danskt kerfi sem þá þegar var að ganga sér til húðar í Danmörku. Og síðan hafa menn verið að ástunda stöðuga tilraunastarfsemi við þessa kennslu, með þeim árangri, að þeim skólum fer sífellt fjölgandi sem eru teknir að kenna börnum, sem eru nýkomin á skólaskyldualdur, sömu kennslubækur í stærðfræði og ég og mínir jafnaldrar voru látnir læra fyrir 20 árum. Til hvers hefur þá öll fyrirhöfnin verið gerð ef þetta er niðurstaðan?

Í þessari gagnrýni okkar felst ekki nein lítilsvirðing á sérmenntun eða sérkunnáttu. En við teljum að sjálfsögðu farsælast að reynsla af skólastarfi og almenn skynsemi haldist í hendur við sérfræðikunnáttuna. En ég vil aðeins varpa þeirri hugmynd fram til þm. og biðja þá að athuga, — í því er ekki fólgin nein gagnrýni á þá menn, sem hlut eiga að máli, eða neinar árásir eða nein lítilsvirðing á hæfileikum þeirra, — þá vil ég biðja þm. að athuga — og hæstv. menntmrh. líka, hversu margir starfsmenn fræðsludeildar menntmrn. hafi reynslu í skólastörfum að öðru leyti en sem nemendur. Mér er það mætavel kunnugt, að á meðan embætti fræðslumálastjóra var og hét, þá sátu þar í skrifstofum menn sem yfirleitt höfðu mjög langa reynslu af skólastarfi sem kennarar og stjórnendur skóla. En mér er líka kunnugt um að t. d. skólamenn utan af landi komu varla til Reykjavíkur öðruvísi en að láta það verða sitt fyrsta verk að fara á skrifstofu fræðslumálastjóra til þess að ræða við þá embættismenn er þar störfuðu og höfðu langflestir reynslu af kennslu og skólastjórn að styðjast við. En ég er ansi hræddur um að það sé annað uppi á teningnum nú, vegna þess að mér er það mætavel ljóst og ef ég hefði haft meiri tíma, þá gæti ég sýnt fram á það með einstökum dæmum, að ýmislegt af þeim skýrslum og erindum og öðru því efni, sem hæstv. menntmrn. sendir frá sér til skólanna, er þannig úr garði gert, að það virðist vera því miður að þeir, sem þau skýrsluform hafa tekið saman, hafi sjálfir aldrei komið inn fyrir dyr skóla öðruvísi en sem nemendur, einfaldlega vegna þess að ég hef sjálfur getað borið það augum, að mikið af þessum skýrslum, sem sendar eru út, er fyrir suma skóla, og þar á ég ekki við neina smáskóla eða sveitaskóla, heldur jafnvel mjög stóra skóla í kaupstöðum, ógerningur að útfylla eins og til er ætlast. Ég veit að ýmsir skólastjórar við slíka skóla hafa hringt til menntmrn. eða haft samband við það á einn eða annan hátt til þess að spyrjast fyrir um hvernig ætti að ganga frá þessum skýrslum, og þeir hafa ekki getað fengið svör.

Ég vil aðeins biðja menn að huga að þessu í leiðinni og jafnframt því, að skólamenn, og þar á ég við kennara og skólastjóra, hafa fyrir alllöngu hafið háværar umkvartanir yfir því, með hvaða hætti verið er að fjarstýra skólum frá stjórnarmiðstöðinni í Reykjavík án nokkurs samráðs við kennara eða skólamenn t. d. úti á landsbyggðinni og ekki aðeins úti á landsbyggðinni, heldur einnig í Reykjavík.

Ég er með hér í höndum félagsblað Landssambands framhaldsskólakennara og Sambands ísl. barnakennara, 2. árgang, 1977, 1. tölublað. Þar er grein eftir ungan kennara í Reykjavík, Guðrúnu Helgu Sederholm, þar sem hún lýsir því hvernig þetta svokallaða samráð, sem hæstv. ráðh. var að lýsa í ræðu sinni fyrr við þessar umr., kemur út gagnvart starfandi kennurum. Þar kemur m. a. fram, að það er haft samráð svokallað við kennara í þessum skóla, þar sem þessi ungi kennari starfar, um gerð námsskrár, en sú námsskrá er ekki lögð fram fyrir fund með þessum kennurum fyrr en talsvert eftir að hæstv. menntmrh. hafði áritað þessa námsskrá og staðfest hana og gefið hana út. Það má segja að það sé þarft og gott verk að ræða við kennara um námsskrárgerð nokkrum vikum eða mánuðum eftir að búið er að gera námsskrána, gefa námsskrána út og staðfesta hana, en það er ekki hægt að kalla, hæstv. menntmrh., að það sé samráð við kennara um gerð slíkrar námsskrár.

Mér er einnig mjög vel kunnugt um að þegar grunnskólalöggjöfin var í undirbúningi, — og mikið hefur verið rætt um að haft hafi verið samráð við kennara um setningu grunnskólalaganna og má það vera, — en mér er kunnugt um að t. d. í mínu kjördæmi var samráðinu hagað þannig, að kennarar voru kallaðir á fund og frv. lagt fyrir þá á þessum eina og sama fundi þar sem um málið átti að fjalla, þannig að þeim hafði ekki t. d. verið sent málið áður til kynningar, heldur komu þeir að þessum mikla lagabálki fyrst á sama fundinum sem samráð átti við þá að hafa.

Ég vil einnig geta þess, að í þessu sama tímariti, sem ég er með hér í höndunum, er birt ályktun sem samþ. er á almennum fundi í Félagi gagnfræðaskólakennara í Reykjavík 20. jan. s. l. Þessi ályktun hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fundur í Félagi gagnfræðaskólakennara í Reykjavík, haldinn í Ármúlaskóla hinn 20. jan. 1977, lýsir fullkominni andstöðu sinni við fjarstýringu í skólakerfinu. Undanfarið hafa ýmsar veigamiklar ákvarðanir í skólamálum verið teknar á næsta gerræðisfullan hátt í menntmrn., án þess að nokkurt samráð væri haft við starfandi kennara. Hér má t. d. nefna setningu nýrrar námsskrár og afdrifaríkar breytingar á tímasetningu samræmdra prófa grunnskólans. Fundurinn álítur þessa þróun mála vægast sagt horfa til óheilla og gerir þá kröfu til fræðsluyfirvalda, að framvegis verði meiri háttar ákvarðanir um skólamál ekki teknar án þess að þær séu fyrst bornar undir álit kennarafunda í skólunum og fullkomið tillit tekið til þess álits, sem þar kann að koma fram.“

Þessi ályktun var samþ. shlj. í Félagi gagn-

fræðaskólakennara í Reykjavík 20. jan. s. l. Ef gagnfræðaskólakennarar í Reykjavík, í höfuðstjórnstöð íslenska fræðslukerfisins, hafa þessa sögu að segja af samskiptunum við menntmrn., hvaða sögu skyldu þá kennarar grunnskólastigsins utan Reykjavíkur hafa að segja af þessum sömu samskiptum?

Í sjónvarpinu var fyrir nokkrum mánuðum rætt um áhrif embættismanna í stjórnkerfi okkar íslendinga. Þar var eitt sem ég saknaði frá þeim mönnum sem gagnrýndu of mikil völd embættiskerfisins, en það var sú einfalda ábending, að það virðist vera a. m. k. nú í seinni tíð að embættismenn ríkisvaldsins séu farnir að stjórna meira og minna með reglugerðum, þ. e. a. s. með útgáfu reglugerða geta þeir, að manni virðist, hart nær sniðgengið ákvarðanir sem teknar hafa verið af Alþingi íslendinga í sambandi við lagasmíð, allténd breytt mjög verulega inntaki þessara ákvarðana. Við skulum taka eitt dæmi, ekki um að niðurstöðum Alþ. sé breytt, heldur um óvænta útkomu á slíkri reglugerðarsamningu í sambandi við menntamál.

Öllum hv. þm. eru væntanlega í fersku minni grunnskólalögin, a. m. k. þeim þeirra sem um þau lög fjölluðu á sínum tíma. En skyldu menn á þingi hafa gert sér það í hugarlund, að í framkvæmdinni yrðu grunnskólalögin túlkuð þannig, að það væri einn höfuðglæpur af kennurum eða skólastjórum að láta getið eða ræða um einkunnir nemenda? Nú er búið með reglugerðarákvæðum að banna þetta. Skólastjórar og kennarar mega ekki geta um einkunnir nemenda í skólanum, t. d. ekki þegar skóla er slitið að vori. Þá mega þeir ekki geta þess, eins og oft hefur verið gert við sérstakar skólaslitaathafnir þegar verðlaun hafa verið veitt fyrir frammistöðu nemenda. Þetta er ákvæði sem mér er ekki kunnugt um að sé í grunnskólalögunum, en þetta hefur verið sett í reglugerð, að því er ég veit, og mælt fyrir um, að með þessum hætti skuli skólar starfa og þá sennilega út frá því sjónarmiði, að það muni hafa mjög slæm áhrif, muni fylla ungt fólk af komplexum og hvers kyns sálarkreppum ef skóli láti þess getið í umræðum eða við skólasetningu hvaða einkunnir nemandinn hafi borið úr býtum. Ég veit ekki annað en þessi gömlu ákvæði hafi gilt um alla hv. þm. í þeirra skólatíð, og verð ég nú ekki mjög var við að þeir almennt séu uppfullir af sálarkreppum og komplexum vegna þess að einhver hefur fengið að vita um hvernig þeim gekk í skóla á sinni tíð. En þetta er eitt dæmið af mörgum um það, hvernig framkvæmd getur, ég vil ekki segja breytt anda laga, en a. m. k. gert framkvæmdina þannig úr garði, að ég býst varla við því að nokkur þm. hafi á sinni tíð, þegar þessi mál voru til meðferðar hér í þinginu, búist við að þetta yrði ein af niðurstöðunum.

Ég vil einnig benda hv. þm. á að þessi svonefndu samræmdu próf eru harla lítið atriði í málinu í heild og harla lítilfjörlegt, þó að það hafi verið ástæðan fyrir því að umr. hófust um þessi mál hér á hv. Alþ., og ég tel fyllilega tímabært og eðlilegt, virðulegi forseti, að slíkar umr. skuli fara fram. En ég vil aðeins láta þess getið, og ég tek það fram sérstaklega: ég er enginn sérfræðingur í þeim málum, en ég hef af afspurn aflað mér upplýsinga um framkvæmd hvers konar nýmæla í skólum í nálægum löndum og mér er ekki kunnugt um að það sé gert nokkurs staðar, eins og það er gert hér, þar sem segja má að allt íslenska skólakerfið sé undir lagt af tilraunastarfsemi út og suður, bæði skipulagðri tilraunastarfsemi á vegum menntmrn. og skólarannsókna og óskipulagðri tilraunastarfsemi á vegum hinna og þessara aðila. T. d. fæ ég það ekki inn í mitt höfuð, hvernig það getur gerst, þegar á annað borð er búið að semja námsskrá fyrir einhverja grein á skyldunámsstigi, Ríkisútgáfa námsbóka er búin að gefa út með ærnum tilkostnaði námsbækur til þess að stunda nám samkvæmt þessari námsskrá, að þá skuli vera hægt að tilkynna foreldrum að að áliti — ekki skólarannsókna, ekki menntmrn., heldur einhverra einstakra skóla séu þessar bækur, sem Ríkisútgáfa námsbóka gaf út, oft í samráði við þá menn sem sömdu námsskrárnar, gersamlega óalandi og óferjandi, ómögulegar til að nota við kennslu, þannig að menn eru vinsamlegast beðnir um að útvega nemendum sínum, t. d. í erlendum tungumálum, aðrar bækur að nema, gefnar út af útlendum aðilum, sem að sjálfsögðu verða að greiðast af nemendum eða foreldrum nemenda. Þetta er eitt af mörgum furðulegum dæmum úr íslenska skólakerfinu sem leiðir það í ljós, að það er ekki aðeins undirlagt skipulögðum tilraunum menntmrn. og skólarannsókna, heldur einnig stjórnlausum fálmaðgerðum hinna og þessara einstaklinga innan skólakerfisins, sem hæstv. menntmrn. virðist ekkert eftirlit hafa með.

Ég verð enn fremur að lýsa furðu minni yfir því, að þetta sama skólakerfi virðist ekki vita hvað það er að gera með hægri hendinni, á sama tíma og það er að vinna ákveðin verk með þeirri vinstri. Eitt af stærstu vandamálum úti í hinum dreifðu byggðum er hin svonefnda farskólakennsla, þ. e. a. s. kennsla þar sem verið er að kenna saman börnum á mismunandi aldri og mismunandi þroskastigi. Það er niðurstaða allra þeirra, sem farið hafa með slík mál, að eitt mikilvægasta verkefni í skólamálum dreifbýlisins sé að útrýma þessari farkennslu vegna þess að kennsla skili ekki árangri eða a. m. k. mjög slæmum árangri ef þurfi að kenna saman nemendum á mismunandi þroskastigi, og íslenska ríkið leggur talsvert að sér fjárhagslega til að útrýma þessu skipulagi í hinum dreifðu byggðum landsins. En á sama tíma og þetta á sér stað gerir hæstv. menntmrn. sér lítið fyrir og heimilar svokallaða opna skóla á Reykjavíkursvæðinu, þar sem kenna á í sama bekk nemendum, — ja, ekki kannske svo mjög misjafnlega gömlum og þó, allt upp í 2—3 ára aldursmunur á, og nemendum á ólíku þroskastigi, og telur þetta vera eitt merkasta nýmælið í kennsluháttum á Íslandi í seinni tíð vegna þess að það sé svo hollt fyrir börnin að láta kenna saman nemendum á mismunandi þroskastigi. Þannig sem sagt gerir hæstv. ríkisvald eða kerfið — eða hvaða nafn sem menn vilja gefa því — eitt með hægri hendinni, annað með vinstri hendinni og vantar svo algjörlega samræminguna þar á milli.

Ég vil að endingu benda á, að kennsla er að sjálfsögðu uppeldi. Þar er verið að fjalla um

mannlegar verur og mannleg viðfangsefni, og það verður harla seint sem slík vandamál verða leyst með miðstýringu eða af tölvum.

Ég vil aðeins biðja hæstv. ráðh. í lokin að huga að því ákvæði til bráðabirgða, sem sett var í lög um grunnskóla á sínum tíma, þar sem segir: „Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntmrh. gera Alþ. grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að 9 ára skólaskyldu, þannig að Alþ. gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði.“ Ég tel að þetta ákvæði sé þess eðlis, að það feli í sér endurskoðun á bæði grunnskólalögunum og ekki hvað síst á framkvæmd grunnskólalaganna eins og hún hefur verið hjá hæstv. menntmrn. Þessa úttekt á að vera búið að gera áður en þing kemur aftur saman á næsta vetri, vegna þess að næsti vetur er sá vetur sem lögin mæla fyrir um að hæstv. menntmrh. eigi að skila Alþ. þessari skýrslu. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort á hans vegum eða hans rn. séu þau störf hafin, sem þetta bráðabirgðaákvæði gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. úttekt á grunnskólalögunum og framkvæmd þeirra, og hvort hæstv. menntmrh. verði reiðubúinn til þess að gera Alþ. grein fyrir niðurstöðum þeirrar athugunar þegar á næsta vetri, svo að Alþ. gefist á ný kostur á að álykta um þessi mál.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Það eru nú einir 4—5 dagar síðan þessum umr. utan dagskrár var frestað. Ég hafði þá beðið um orðið, ætlaði að gera athugasemd við þá fullyrðingu hæstv. menntmrh., að ég hefði slegið því fram í ræðu minni, að sérfræðingar væru alltaf til bölvunar í þjóðfélagi okkar, skólakerfi sem öðru kerfi. Það var ekki þetta sem ég sagði. Ég sagði að það væri nauðsynlegt að aðhæfa reynslu og þekkingu sérfræðinganna íslenskum aðstæðum í hverju tilfelli. Mér er kunnugt um það, að margir þeir sérfræðingar, sem nú ráða æðimiklu um framkvæmd mála í menntmrn., voru til þess ráðnir upphaflega að veita aðeins leiðbeiningar eða standa fyrir þeim athugunum sem nauðsynlegt er að gera varðandi nýjungar, og ég hef ástæðu til að ætla að till. þeirra hafi oft verið framkvæmdar án þess að verulegar athuganir hafi áður farið fram á því, hvort þær hæfðu þessu þjóðfélagi okkar.

Ég stend við það sem ég sagði um daginn, að þetta þjóðfélag er svo sérstætt, þetta þjóðfélag okkar íslendinga, að það er ekki hægt að flytja neinar kenningar, hvorki í skólamálum né yfirleitt nokkrum málum, frá útlöndum óbreyttar inn í þetta þjóðfélag. Heppilegast væri að við færum að treysta meira á sjálfa okkur í skólamálum sem öðrum málum. Það er að verða nokkuð hvimleitt, finnst mér, að heyra hér æ ofan í æ, þegar einhver mál eru til umr., að svona sé þetta hjá nágrannaþjóðum okkar, frændþjóðum okkar, og þess vegna hljótum við að hafa það eins. En ýmsar þær þjóðir eru að mínum dómi að ýmsu leyti eins ólíkar okkur íslendingum og nokkrar þjóðir geta verið, bæði hvað snertir þjóðfélagsháttu, en þó fyrst og fremst upplag og allt viðhorf til lífsins.

Ég vildi sem sé biðja hæstv. ráðh. að athuga það, að ég var ekki að fullyrða að áhrif sérfræðinga væri alltaf til bölvunar. Ég sagði að til stórrar bölvunar gæti orðið ýmislegt frá þessum sérfræðingum ef því væri kastað út í kerfið athuganalaust. Ég er sannfærður um að svo hefur oft orðið.

En það er nú svo, að hvenær sem þessi mál eru til umr., þá finn ég meiri þörf en endranær til þess að koma hingað í stólinn og segja eitthvað, og það er fyrir það að ég var lengi kennari og mér finnst enn að ég geti kannske miðlað öðrum einhverri visku í sambandi við skólamál. Þó skal ég játa að það er það langt um liðið síðan ég kenndi og ástandið í dag og viðhorf í skólamálum eru það breytt frá því, sem þá var, að ég er ekki dómbær á þá hluti alla. Ég get vel trúað því, að um daginn hafi menn ýmsir og kannske ég líka tekið helst til stórt upp í mig varðandi þau mistök sem þá höfðu orðið í gerð prófa. Það voru fyrst og fremst, að ég hygg við nánari athugun, tæknileg mistök. Má vist jafnvel kalla það prentvillur. Og varð úr þessu kannske háværari blástur en ástæða hefði verið til.

Aðalatriðið var það, að við, sem hér stóðum upp, vildum benda hæstv. menntmrh. á vissa hluti, sem honum mættu verða til góðs í hans starfi. Og það, sem ég gerði fyrst og fremst, var að benda honum á að það virðist ríkja oft töluverður misskilningur á milli þeirra, sem stjórna skólunum, og þeirra, sem fara með ýmsa þýðingarmestu þætti menntamálanna fyrir hönd ráðuneytisins.

Eins og ég sagði áðan, freistast maður stundum til þess að koma hér í ræðustól þegar þessi mál eru til umr. Ég las á laugardaginn var í einu dagblaðanna grein eftir ungan kennara, sem fjallar þar um prófaform sem virðist vera orðið æði-algengt, hann nefnir þetta krossapróf. Ég kynntist þessu fyrirkomulagi fyrst þegar ég fór ungur til skóla í Bandaríkjunum. Þetta höfðum við íslendingar aldrei þekkt, það var prófað allt öðruvísi uppi á Íslandi. En svo er maður allt í einu kominn í skóla þar sem lögð eru fyrir mann, tvítugan að aldri, próf sem maður hefði haldið, að tíðkuðust ekki nema í smábarnaskólum. Manni eru gefin 4 eða 5 svör, og svo setur maður kross við það sem talið er rétt. Ég vissi þess dæmi, að menn komust í gegnum þessi próf bara á skynsemi sinni, það burfti enga þekkingu til. En það, sem gerist í þessum prófum, er það, að nemandinn þarf ekkert annað en gera krossa. Og þá kemur maður að móðurmálinu. Hér er verið að bæta við einum þætti sem stuðlar að því að spilla móðurmálinu eða hæfileika nemenda til þess að beita móðurmálinu. Það þarf ekki að svara. Það þarf bara að setja kross, næstum að segja eins og maður sé óskrifandi.

Þetta atriði og ýmis fleiri í skólakerfinu núna eru mjög þess verð að við gefum þeim gaum. Ég hef áður talað um tungumálakennsluna eins og hún tíðkast mest nú orðið. Ég skal játa það, að þegar ég var sjálfur í skóla og jafnvel þegar ég var að kenna, þá taldi ég að það væri mikil hörf á því að breytt yrði tungumálakennslunni í það horf að nemendur fengju meiri æfingu í að tala. Og þær breytingar hafa síðan átt sér stað. Nú er lögð miklu meiri áhersla á að nemandinn verði fær um að tala það mál, sem hann er að læra, heldur en áður var. En þetta hefur

haft mjög alvarlegar afleiðingar, að ég hygg, að því er varðar málkennd og leikni nemenda í að tala móðurmálið og tjá hugsanir sínar. Meðan gengið var eftir því upp á gamla móðinn, að við þýddum það sem við höfðum lesið heima, þá æfðumst við líka í því að tjá hugsanir okkar og fara sæmilega með móðurmálið, — sérstaklega þó kannske vegna þess, að þeir, sem kenndu erlendu tungumálin, voru oft sérstakir snillingar í meðferð móðurmálsins, menn eins og t. d. menntaskólakennararnir Páll heitinn Sveinsson, sem kenndi frönskuna og latínuna, og Bogi Ólafsson, sem kenndi enskuna. Þessir menn voru ekki síður íslenskukennarar heldur en ensku-, frönsku- og latínukennarar. Og mér liggur nú við að segja, miðað við íslenskukennsluna eins og hún tíðkaðist þá, að maður hafi haft meira gagn af þeirri kennslu, sem þessir menn veittu manni í móðurmálinu, heldur en þeirri sem sjálfir móðurmálskennararnir veittu.

Það var auðvitað engin vanþörf á að kennsluaðferðirnar miðuðust meira við það að kenna nemendum að tala. En of mikið má af öllu gera. Betur hefði farið að gömlu aðferðinni hefði verið viðhaldið meira. En það krefst þess þá um leið, að sá sem kennir hið erlenda tungumál, kunni sæmilega móðurmálið. Og í skólamálum gildir það náttúrlega eins og annars staðar, að veldur hver á heldur. Ég álít að góður kennari nái góðum árangri, hvernig sem aðstæður eru og hvaða aðferð sem beitt er. Þetta er allt saman einstaklingsbundið eins og annað. Það er hættulegt að uppáleggja mönnum um of aðferðir við kennslu, svona skuli þetta endilega vera. Það er heppilegast að hver maður finni sína aðferð. Að vísu verður að vera eitthvert eftirlit með því að menn ræki starfið sómasamlega.

Eitt var það, sem gerðist um það leyti sem ég var búinn að kenna í ein 10 ár. Þá kom allt í einu lingvafóntískan. Þá gerðist það, að tungumálakennslan færðist svo og svo mikið yfir á apparöt. Kennarar, sem ekki vildu hafa allt of mikið fyrir lífinu, sátu bara við púltið og létu apparötin spila tiltekinn texta sem nemendur fylgdust svo með. Þarna var verið að læra framburð. Það er nú enn eitt atriðið sem væri hægt að flytja töluverðan fyrirlestur um, nauðsyn þess endilega að kenna kórréttan framburð. Í þetta er iðulega eytt óþarflega miklum tíma. Ég gæti t. d. nú trúað því, að það hefði orðið lítið úr dönskunámi eða dönskuþekkingu almennt hjá okkur í menntaskóla í gamla daga ef allt námið hefði farið í það að læra danskan framburð. Það eru ekki nema einstök tungumálasérí sem geta náð réttum dönskum framburði. Það er viðburður að heyra íslending bera það mál rétt fram.

Tungumálakennsla er sem sé að mínum dómi ekki fyrst og fremst það að kenna nemendum að tala málið, heldur opna mönnum leið til menningar annarra þjóða, bókmennta, skáldskapar og annarrar menningar.

Ég vitnaði hér í ungan mann sem hefur verið stundakennari um nokkurt árabil og er ekki ánægður með kerfið. Hann bendir t. d. á þetta krossakerfi eða þessi krossapróf, sem hann nefnir, að þau séu ekki góð, og rökstyður mál sitt af skynsemi, sýnist mér. En niðurstöður hans eru þessar:

„Það eru tillögur mínar að samræmd grunnskólapróf verði lögð niður.“ — Ég tek það fram að þetta eru hans orð, ég tek ekki undir þetta, en ég les þetta upp til þess að menn heyri hvernig ungi kennarinn hugsar. — „Það eru till. mínar að samræmd grunnskólapróf verði lögð niður og prófanefnd sömuleiðis, jafnhliða því sem dregið verði úr afskiptum rn. af skólastarfi og valdsvið þess minnkað, en kennurum og öðrum, sem við hina einstöku skóla starfa, verði veitt aukið frelsi og frumkvæði í starfi.“

Það, sem hann á við, er það sem ég var að tala um áðan, að menn fái meira frjálsræði til þess að láta persónubundna kennsluhæfileika sína njóta sín.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um að stytta mál mitt mjög, enda er ég forseta sammála um að um svo mikilvægt mál sem hér er um að ræða beri að ræða á annan veg og öðrum tíma og með öðrum hætti en utan dagskrár í Sþ.

Ég var því miður fjarverandi við önnur skyldustörf þegar vakið var fyrir nokkrum dögum máls á því máli sem hér er nú haldið áfram að ræða um. En ég vona að vegna fyrri afskipta minna af grunnskólalöggjöfinni og skólamálum yfirleitt sé ekki talið óeðlilegt að ég segi örfá orð í þessu sambandi.

Þegar grunnskólalögin voru sett á sínum tíma höfðu þau verið mjög lengi til meðferðar hér á hinu háa Alþ. Það hafði á sínum tíma fallið í minn hlut að undirbúa þá lagasetningu sem hefur síðan verið kennd við grunnskóla. Það gerðist meðan ég fór með stjórn menntmrn., eða 1. júlí 1969, að ég skipaði n. manna til að semja frv. um gagngera breytingu á skólalöggjöfinni, sem í aðalatriðum er eins og sú sem löngu síðar var samþ. hér á hinu háa Alþ. Rækilegur undirbúningur hafði farið fram í rn. sjálfu áður en n. var skipuð til að semja frv. 1. júlí 1969. N. lauk störfum á ótrúlega skömmum tíma, einmitt vegna þess hve rækilegur undirbúningur hafði áður farið fram til að auðvelda henni nefndarstörfin, þannig að hægt var á síðasta starfsári viðreisnarstjórnarinnar svonefndu að leggja fram frv. um grunnskóla og frv. um skólakerfi. Þetta var á þinginu 1970—1971. En fyrir þetta þing lagði ég fyrir hönd ríkisstj. fimm önnur mikilvæg frv. um skólamál. Ríkisstj. lagði auk frv. til grunnskóla og skólakerfis fram frv. um Kennaraháskóla, um Fiskvinnsluskóla, um iðnfræðslu, um Hótel- og veitingaskóla og frv. til l. um breyt. á háskólalögum, þannig að þetta síðasta þing þáverandi kjörtímabils hafði mjög svo mikilvæg verkefni á sviði skólamála og þau tóku upp verulegan hluta af starfstíma þingsins. Af þessum sex frv. voru fimm afgreidd. Á þessu síðasta starfsári viðreisnarstjórnarinnar svonefndu voru samþykkt lög um Kennaraháskóla, það voru samþykkt lög um Fiskvinnsluskóla, ný lög um iðnfræðslu, um Hótel- og veitingaskóla og gerðar breyingar á háskólalögum. Hins vegar var það eindregin ósk ýmissa aðila í stuðningsflokkum þáv. ríkisstj. að afgreiðsla grunnskólafrv. og frv. um skólakerfi, sem var í nánum tengslum við það, yrði látin bíða næsta þings. Féllst ég á það

fyrir mitt leyti sem menntmrh., vegna þess að hér var um stórt og umfangsmikið mál að ræða. En jafnframt var ákveðið, um leið og tekin var ákvörðun um að láta ekki reyna á um afstöðu þingsins til grunnskólafrv. og frv. um skólakerfi, heldur láta það bíða næsta þings, að senda frv. í frumbúningi sínum öllum skólastjórum og öllum skólanefndum á landinu, til þess að þessir aðilar gætu athugað það stóra og viðamikla mál, sem hér var um að ræða, einmitt á því sumri, þannig að fyrir gætu legið skoðanir þessara aðila á málinu þegar þing kæmi saman aftur haustið 1971 og tæki málið þá væntanlega til fullnaðarafgreiðslu. Þetta var gert, og víðs vegar að af landinu eða öllu heldur hvarvetna af landinu bárust mjög mikilvægar leiðbeiningar fyrir menntmrn. og ríkisstj. varðandi efni málsins.

Því miður reyndist það eftirmanni mínum í sæti menntmrh. þungsóttari róður en ég hafði vænst að fá samþykki Alþ. eða stuðningsflokka sinna fyrir þessu frv. Hann lagði það að sjálfsögðu fyrir og gerði það meira að segja oftar en einu sinni, en ekki tókst að fá frv. samþykkt á Alþ. fyrr en á síðustu dögum þingsins 1973—1974 og þá eftir, að því er manni skildist, mjög hörð átök innan þáv. stjórnarflokka og gegn verulegri andstöðu stærri stjórnarflokksins, þó að frv. hefði fullan stuðning míns flokks, Alþfl., eins og kom fram við lokaafgreiðslu málsins. En sem sagt, lög um grunnskóla voru ekki samþ. fyrr en vorið 1974, og voru þá liðin fimm ár frá því að frv. um þá gagngeru endurskipulagningu skólanna, sem í því felst, var lagt fyrir hið háa Alþingi.

Ég hef með þessum örfáu orðum mínum viljað benda á að sú breyting, sem gerð var á íslensku skólakerfi með samþykkt Alþ. á grunnskólalögunum, á sér langan aðdraganda. Hún var rækilega undirbúin áður en n., sem samdi frv., var skipuð, hún var rækilega undirbúin í n., og Alþ. hafði málið til meðferðar á mörgum þingum, frá því að það fyrst var flutt á þinginu 1970—1971 og þangað til það var samþykkt á árinu 1974. Ég legg áherslu á þessi atriði til þess að geta með góðri samvisku bent á og undirstrikað, að mér virðist svo sem framkvæmd grunnskólalaganna, síðan Alþ. setti þau, hafi tæplega verið eins vönduð og ígrunduð og nauðsynlegt hefði verið og ekki með sama hætti vandlega að henni staðið og að sjálfum undirbúningi frv. á sínum tíma og kom einnig fram í hinni löngu meðferð Alþ. sjálfs á frv. Mér virðist að ýmsu leyti hafa verið rasað um ráð fram varðandi framkvæmd grunnskólalaganna. Þar hafa því miður orðið ýmis mistök sem hægt hefði verið að sneiða hjá, ef menn hefðu athugað gang sinn betur og vandað vinnubrögð sín betur.

Ég ræði þetta ekki frekar á þessum stað og þessum tíma, í umr. utan dagskrár á Alþ., en að sjálfsögðu er enginn vandi að finna þessum orðum stað á réttum stað og eðlilegum tíma. Ég tel að þetta eigi bæði við um ákvarðanir varðandi námsefnið og um ákvarðanir varðandi framkvæmd prófa. Þetta ber að harma vegna þess, hve hér er um mikilvægt atriði að ræða. Mér virðist sem nokkur tilhneiging hafi verið til þess á undanförnum árum, og ég segi enn í fyllstu alvöru: því miður, að rn. hafi einangrast nokkuð frá skólunum, frá skólakerfinu sjálfu, frá starfandi skólastjórum og kennurum. Á því þarf nauðsynlega að verða breyting. Hér er um svo mikla hagsmuni að ræða, hér er svo mikið í húfi, að ekkert dugir annað en mjög náið samstarf og mjög náin samráð á milli yfirvalda menntamálanna annars vegar og milli þeirra, sem starfa að framkvæmd laga og reglna um þessi efni, hins vegar. Þess vegna vil ég leyfa mér að ljúka þessum örfáu orðum mínum með því að beina ákveðinni hugmynd til hæstv. menntmrh. Hún er sett fram af góðum hug, og ég er viss um að yrði hún framkvæmd, þá mundi hún geta orðið til mikilla bóta.

Því er ekki að leyna, að það er að grafa um sig víðtæk óánægja í skólakerfinu sjálfu, meðal skólastjóra, kennara og nemenda, — óánægja sem þarf að eyða og er hægt að eyða ef rétt og skynsamlega er á málum tekið. Ég skal engan veginn gera lítið úr því, að vandasamt sé og erfitt að gera jafngagngerar breytingar á skólakerfinu og grunnskólalöggjöfin gerir ráð fyrir. Það er mér víðs fjarri að gera lítið úr þeim erfiðleikum sem eru á slíku. Ég hef nægilega þekkingu og reynslu varðandi undirbúning sjálfrar löggjafarinnar til þess, að það hvarflar ekki að mér að gera lítið úr því, að erfitt er að framkvæma jafngagngera breytingu á fræðsluháttum og samþykkt grunnskólalöggjafarinnar hefur haft í för með sér og hlýtur að hafa í för með sér. En þeim mun meiri nauðsyn er á því, að um aukið og batnandi samstarf sé að ræða á milli yfirvalda í fræðslumálum og þeirra sem framkvæma eiga lög og reglugerðir í þágu nemendanna sem njóta eiga bættra laga, sem grunnskólalögin eru sannanlega miðað við hið eldra skólakerfi. Hugmyndin, sem ég vil leyfa mér að varpa fram að gefnu tilefni í opinberum umr. í blöðum og fjölmiðlum, sem farið hafa fram, og í framhaldi af þeim umr., sem hafnar voru hér fyrir nokkrum dögum á hinu háa Alþ., er sú, að menntmrn. efni strax á vori komanda til ráðstefnu skólastjóra og kennara um framkvæmd grunnskólalaganna. Með því á ég fyrst og fremst við breytingar á námsefni og breytingar á prófum. Það er skemmst af að segja, að slík samráð milli fræðsluyfirvalda annars vegar og þeirra, sem framkvæma eiga lögin og reglugerðirnar, hafa ekki átt sér stað síðan framkvæmd grunnskólalaganna hófst fyrir alvöru nú fyrir skömmu. Framkvæmdin er enn á tilraunastigi, og það gagnrýni ég í sjálfu sér alls ekki. Það er ekkert óeðlilegt við það að lög, sem samþ. voru vorið 1974, séu enn, í ársbyrjun 1977, á tilraunastigi. En ég tek undir það sem sagt hefur verið fyrr í þessum umr., að sumt af því, sem var hugsað sem tilraun, hefur í reynd orðið að ákvörðun án þess að eðlilegt, sanngjarnt og nauðsynlegt samstarf hafi verið haft við þá sem framkvæmdina hafa með höndum. En ég tel ekki orðið of seint að bæta úr þessu. En það er komið á síðasta snúning. Það má ekki dragast lengur en til næsta vors að haft verði fullkomið, rækilegt og itarlegt samráð við skólastjóra og kennara um framkvæmd grunnskólalaganna, um námsefni samkv. þeim og um próf samkv. þeim. Þess vegna er þessari ábendingu, þessari hugmynd skotið fram hér til athugunar hæstv. menntmrh.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að andmæla sem röngum þeim málflutningi hv. síðasta ræðumanns, Gylfa Þ. Gíslasonar, að Alþb. hafi verið andsnúið grunnskólafrv. og það hafi að einhverju leyti verið vegna andstöðu Alþb., samstarfsflokks — (Gripið fram í.) Hv. þm. nefndi samstarfsflokka hæstv. menntmrh. (Gripið fram í.) Hv. þm. er ella búinn að gleyma því, að Alþb. var samstarfsflokkur hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar í vinstri stjórn. (Gripið fram í.) Ég ítreka það, að Alþb. stóð fast við hlið hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar þegar hann var menntmrh. og var að koma þessu frv. í gegnum þingið. Hitt var annað mál, eins og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason veit, að það voru skiptar skoðanir þm. úr öllum flokkum um mörg atriði þessa frv., og auðvitað var ekki við öðru að búast um svo stóran og viðamikinn málaflokk. Og margur ágreiningurinn, sem varð, var náttúrlega alls ekki af flokkspólitískum toga spunninn, heldur öllu fremur deildu menn eftir því, hvort þeir voru þm. þéttbýlis eða sveitanna.

Í öðru lagi langar mig til að beina máli mínu til annars hv. þm. Alþfl., Sighvats Björgvinssonar, sem hneykslaðist hér mikið á því, að nú væri skólastjórum ekki heimilt að lesa einkunnir nemenda upp við skólaslit eða hafa þau yfir í heyranda hljóði. Það hefði raunar komið meira á óvart ef þeir gerðu þetta, vegna þess að það er skýrt kveðið á í grunnskólalögunum sjálfum, í 57. gr., að þetta sé óheimilt. Ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þessa klausu:

„Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.“

Hér er því ekki um að ræða neina geðþóttaákvörðun rn., heldur var það hið háa Alþ. sjálft sem ákvað þetta með lögum. Þessi klausa kom inn í frv. í meðferð Nd. þegar grunnskólafrv. var til umr., og ég get upplýst þennan hv. þm. um það hér, að ég tel mig hafa átt mikinn hlut að því að semja þetta og koma því inn í lögin. Raunar man ég ekki hvort menntmn. stóð öll að brtt. um þetta eða hvort við vorum aðeins nokkrir þm. sem bárum þetta fram og fengum það samþykkt. Það má gá að því í þskj., ef einhverjir hafa áhuga á því. Það fór ekki á milli mála að við töldum þetta vera í anda grunnskólafrv. Við töldum að ákvæði af þessu tagi mundu draga úr þeim hvimleiða samkeppnisanda, sem ríkti í skólum, og væri fyllilega nægilegt ef nemandinn sjálfur og sá framhaldsskóli, sem hann leitaði til, fengi að vita einkunnina, en óþarfi væri að básúna hana út um allt. Ég er því hæstánægð með að heyra að þessum leiða sið skuli nú vera hætt.

Það ber að harma þau mistök sem urðu við framkvæmd prófanna nú á dögunum. En umr. um mistök eiga ekki að verða til þess að við höfnum stefnunni sem slíkri með órökstuddum sleggjudómum.

Hv. þm. Ellert B. Schram lýsti því yfir að próffyrirkomulagið bryti í bága við anda grunnskólalaganna. Þetta hefði ég viljað skoða nokkru nánar. Samkv. grunnskólalögunum á skólinn að koma öllum nemendum til aukins þroska, og ég held að þær breytingar, sem orðið hafa í kjölfar löggildingar nýs grunnskóla, stefni að miklum framförum einmitt í þá átt. Ég held að þetta getum við best séð með samanburði við eldra fyrirkomulag.

Það er ákaflega skiljanlegt, að það fari ekki allt fram mistakalaust í byrjun. En ég tel það mjög misráðið að veitast að rn. eða skólamönnum fyrir svokallaða „tilraunastarfsemi“, þegar verið er að varpa fyrir róða gamalli skólahefð þar sem úrvalið komst áfram nokkurn veginn hljóðalaust, en hinir urðu að fara ótal krókaleiðir eða detta alveg út. Þar segir sig sjálft, að þegar svo gagngerar breytingar eru gerðar, þá næst hið æskilegasta fyrirkomulag ekki endilega við fyrstu tilraun. En þá er bara að reyna betur. Hér verðum við að hafa í huga ekki bara það, að það er verið að hafna úreltu fyrirkomulagi, úrvalsfyrirkomulaginu, heldur er viðfangsefnið maðurinn sjálfur. Ef við ætlum að hafna öllum breytingum í framfaraátt, þá stafar það annaðhvort af því að þjóðfélagið er algerlega staðnað eða þá menn telja sig hafa komist að sannleikanum um manninn í eitt skipti fyrir öll.

Ef við lítum á gamla fyrirkomulagið, þá má fyrst geta þess, að áður fyrr gátu börn fallið á barnaskólaprófi og þá voru allar framhaldsleiðir lokaðar fyrir þeim í eitt skipti fyrir öll. Það er raunar ekki fyrr en með tilkomu öldungadeildarinnar á síðustu árum sem nokkuð hefur verið bætt úr þessu. Samkv. þessu fyrirkomulagi falla menn ekki lengur á barnaskólaprófi eða grunnskólaprófi og geta því hvenær sem er ævinnar tekið upp þráðinn að nýju ef aðstæður breytast. Áður fyrr voru sérstök inntökupróf við suma framhaldsskóla, sérstaklega menntaskólana. Það gekk svo langt að þeir, sem ætluðu sér endilega að komast í menntaskóla, vörðu heilum vetri í aukaskóla til þess að búa sig undir þetta inntökupróf og vörðu til þess óhemjutíma og fjármunum. Ég man þá tíð, að það var nær ógerningur fyrir nokkurn mann að ímynda sér að hann kæmist í fyrsta bekk menntaskóla nema hann hefði gengið í þennan einkaskóla sem hér var í Reykjavík. Úr þessu var bætt með landsprófunum, þar sem allir, sem náðu vissu marki, áttu þó rétt til setu í framhaldsskóla, og var þar reynt að tryggja jafnrétti milli allra barna, hvar sem þau bjuggu á landinu, og jafnrétti milli skólanna. Þar var vissulega um samræmt próf að ræða. Nú er verið að rýmka enn inngöngu í framhaldsskólana, og má í því sambandi telja mjög merkilegt framfaraspor að inntökureglan er sett jöfn núna fyrir alla framhaldsskóla, lágmarkseinkunnin gildir jafnt. En jafnframt er verið að fækka samræmdu prófunum í grunnskóla úr 9 niður í 4. Það sem sagt virðist þróast nokkuð í þá átt að afnema samræmd próf, og það kann vel að vera að það verði þróunin í framtíðinni að svo verði gert. Fækkun samræmdra prófa gefur

skólunum sjálfum aukið svigrúm til starfa og jafnframt er meðaleinkunn afnumin, sem þýðir það að einstaklingurinn á að hafa meiri möguleika til að nýta sérgáfu eða sérhæfileika. Það á að geta komið í veg fyrir að heill skóli lokist fyrir nemandanum eingöngu vegna þess að hann lækkar í meðaleinkunn vegna nokkurra námsgreina, þó að hann hafi nógu hátt í hinum. Þetta tel ég mjög mikla framför. Síðan er alltaf spurning hvernig á að meta samræmdu greinarnar.

Ég er sammála hv. þm. Jónasi Árnasyni, að mér þykja krossaprófin heldur hvimleið, og sérstaklega sé ég ekki hvernig þau eiga að geta komið að nokkru gagni í námsgreinum eins og sögu. En það breytir ekki því, að meðan ekki hafa komið fram betri till. hér um eitthvað sem kynni að koma í stað samræmdu prófanna, þá mun ég ekki mæla í gegn þeim og ekki telja að þau brjóti í bága við anda grunnskólalaganna.

Það er auðvitað matsatriði, hvort við fellum okkur við hlutfallseinkunn. Það er tvímælalaust spor í rétta átt, að hlutfallseinkunnin jafnar milli prófa og milli árganga. Þar er komin jöfnun sem lengi hefur verið reynt að ná, hefur raunar stundum verið hægt og stundum ekki. Ég held að það verði síðan að vera einstaklingsbundið mat hvort menn geta fellt sig við hlutfallseinkunn fyrir sjálfa sig, því að þar er auðvitað tvímælalaust um að ræða nokkra breytingu á hugsun. Nemandinn getur ekki í jafnríkum mæli miðað einkunn sína við fyrri einkunnir sínar, og er hlutfallseinkunn kannske ekki nógu góður mælikvarði fyrir hann sjálfan. Hins vegar fær hann góða mynd af því, hvernig hann stendur innan heildarinnar. Það mætti einnig segja, að það væri varhugavert að hafa tvenns konar mælikvarða í sama prófi, hlutfallseinkunn í samræmdu prófunum, en algilda einkunn í skólamatinu.

Ég held að það fylgi þessu fyrirkomulagi bæði kostir og gallar, en ég held að gallarnir séu ekki þeir sem hæst hefur verið talað um undanfarna daga. Í rauninni er vandinn kannske ekki helstur varðandi grunnskólaprófið sjálft, heldur varðandi framhaldið, og mig langar að beina til hæstv. menntmrh. af því tilefni nokkrum spurningum varðandi framhaldsnámið. Frá og með þessu vori verður gagnfræðaprófið afnumið og þá væntanlega þessi framhaldsdeild gagnfræðaskólanna lögð niður sem slík. Það eru, að mér er tjáð, um það bil 2000 nemendur sem munu þá verða á lausum kili, ef svo mætti orða það. Þetta hlýtur að verða stórt vandamál á næsta vetri og sérstaklega fyrir fólk í fámennari sveitarfélögum. Ég hefði gjarnan viljað heyra það hjá hæstv. menntmrh., hvernig hann hyggst bregðast við þessum vanda.

Í öðru lagi og í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvað frv. um framhaldsskólastigið líði. Ég hef fengið þær upplýsingar, að hann sé reiðubúinn að leggja það fram, en að það strandi á fjmrn. Ég vek athygli á því, að því lengur sem dregst að afgreiða það frv. og koma skipulagi á framhaldsskólastigið, því hættulegra verður málið í heild vegna þess að við getum ekki litið á grunnskólanámið sem afmarkaðan þátt í kennslunni eða skólanum. Ef þær hugmyndir um framhaldsskóla, sem ég held að nú séu uppi, ná fram að ganga, þá verður þetta samfelldur skóli, og því fyrr sem hann kemst á, því betra.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Það teygist nú nokkuð úr þessum umr., eins og vænta mátti. Ég fyrir mitt leyti tel að umr. utan dagskrár taki nú orðið óeðlilega mikinn tíma eða óæskilega mikinn tíma hér á hv. Alþ. Þetta segi ég þó alls ekki til að deila á einn eða neinn, allra síst til þess að deila á okkar ágætu þingforseta. Þetta er auðvitað skipulagsatriði sem þarf að koma sér niður á með sameiginlegri ákvörðun Alþingis.

Það hefur í þessum umr. verið drepið á fjölmörg atriði, óskað svara um einstök atriði, sum tiltölulega einföld, sem auðvelt er að svara í stuttu máli, en önnur líka ansi margslungin, sem kostar nokkuð mikið mál að gera grein fyrir. Svo hefur töluvert verið deilt á framkvæmd menntamálanna, hjá menntmrn. alveg sérstaklega og raunar eingöngu. Ræðutími hefur nú ekki verið takmarkaður í raun, þó að hæstv. forseti hafi reynt að biðja menn að vera stuttorða. Ég vil segja það fyrir mína parta, að ég er ákaflega fús til þess að ræða þessi mál. Ég hefði talið að það væri æskilegra, að þau væru rædd undir sérstökum dagskrárlið. En það er auðvitað ekkert aðalatriði, enda er viðtekin venja að ræða hér ítarlega um mál utan dagskrár, en það auðvitað tekur sinn tíma. En ég vona nú að virðulegur forseti sýni mér nokkra þolinmæði, þótt ég tali alllangt mál, en ég skal lofa því að fara ekki út fyrir þau atriði sem hefur borið á góma í þessum umr.

Hv. 11. þm. Reykv., sem hóf þessar umr. utan dagskrár, gerði það í tilefni af viðtali sem birtist í Morgunblaðinu við skólastjóra einn hér í bæ. Ég hlíðraði mér hjá því þá að ræða efnislega um gerð og tilhögun hinna nýju prófa án þess að hafa fengið tækifæri til að undirbúa slíka frásögn. Ég vil nú leitast við að bæta úr þessu, en vil fyrst víkja örlitið nánar að upphafi þessarar umr., að þessu fyrrnefnda viðtali. Í því segir skólastjórinn að hann viti ekki gerla hvernig túlka eigi nemendaeinkunn upp úr grunnskóla. Mér finnst þetta vera alveg ástæðulaus yfirlýsing. Eins og áður var fram komið hér hjá mér, þá hafa út gengið frá rn. allmörg dreifibréf einmitt um þetta efni, auk þess sem þessu efni hafa verið gerð rækileg skil í Fréttabréfi menntmrn. Hitt er svo annað mál, að þess finnast dæmi að upplýsingar frá rn., sem sendar eru skólastjórum o. fl., hafa ekki verið látnar berast nægilega fljótt og vel áleiðis til annarra sem í skólunum starfa, til kennara og nemenda. Þetta er auðvitað mjög slæmt, og það er ekki von á hinu besta sambandi á milli aðila, við skulum segja rn. annars vegar og kennara og nemenda hins vegar, ef þeir, sem eðli málsins samkv. verða að vera milliliðir í slíku sambandi, standa ekki fyllilega í stöðu sinni. Skýringar þær, sem gefnar eru í þessu blaðaviðtali á einkunnagjöfinni, standast ekki fyllilega. Mér hefur verið bent á að þar virðist hafa verið tekið mið af eink-

unn frá því í fyrra, þó það komi raunar ekki heldur alveg heim og saman. En þetta kemur nú betur í ljós ef borið er saman annars vegar það yfirlit, sem ég mun gefa hér á eftir um framkvæmd prófanna og tilhögun þeirra, og svo umrædd ummæli í þessu samtali. En ég tel það nokkuð gagnrýnivert að fara þannig með staðreyndir.

Í nefndu viðtali er tekið svo til orða, að þjóðin sé ofurseld skólakerfinu. Þetta eru ummæli sem ég á ákaflega bágt með að sætta mig við, satt að segja. Alþingi Íslendinga setur löggjöf um fræðslu ungmenna eins og ótalmörg atriði önnur. Síðan eru til þess kjörnir eða ráðnir menn í rn., í þessu tilviki í menntmrn., skólum, meðal sveitarfélaga o. s. frv., o. s. frv. að framkvæma þessa löggjöf. Auðvitað getur sú framkvæmd og hlýtur raunar að sæta gagnrýni frá ári til árs. En að taka svo til orða að þjóðin sé ofurseld þeirri löggjöf, sem sett er með eðlilegum hætti á Alþ. og framkvæmd af rétt kjörnum aðilum, það er hlutur sem ég kann ekki við. Og ég minni á það, að þessi ummæli hafa ekki verið borin til baka eða úr þeim dregið á nokkurn hátt. Ég vil líka minna á það og leggja á það áherslu, að því aðeins er ég að ræða þetta hér, ummæli manns sem ekki er alþm. og því ekki hér viðstaddur, að hv. 11. þm. Reykv., sem hóf þessar umr., lagði þau, einmitt þau, til grundvallar innleggi sínu hér.

Í tilefni af þeim umr., sem orðið hafa um gerð og framkvæmd samræmdra prófa í 9. bekk grunnskóla nú í vetur, hefur menntmrn. tekið saman grg. um þetta efni. Hún hefur þegar verið birt í Fréttabréfi rn. sem út kom í dag, mánudag, og verið er að senda út, þ. á m. til hv. alþm., sem að venju fá þetta Fréttabréf í hendur. Ég vil leyfa mér að fara yfir helstu atriðin í þessari grg. og vænti að ég svari með því efnislega þeirri fsp. hv. 11. þm. Reykv. sem ég hliðraði mér hjá að svara undirbúningslaust þegar hann hóf þessar umr. á sínum tíma.

Í þessari grg. er fyrst gerð grein fyrir setningu grunnskólalaga og þeirri tilhögun sem þá gilti, en ég vil til tímasparnaðar ekki fara nánar út í þann þátt grg., en síðan segir orðrétt:

„Það er almennt viðurkennt að skipulagsbreytingar, eins og þær sem felast í grunnskólalögum, nái ekki tilgangi sínum nema jafnframt eigi sér stað breytingar á innra starfi skólanna sem stefna í sömu átt. Er ljóst, ef grannt er skoðað, að lögin gera allt aðrar kröfur til skóla og starfsliðs þeirra en verið hefur, sem leiðir m. a. af aukinni einstaklingsbundinni leiðsögn og fjölbreyttara skólastarfi, og nægir að benda á 42. og 56. gr. grunnskólalaganna í þessu sambandi. Jafnframt er gert ráð fyrir minni beinum afskiptum fræðsluyfirvalda af skólastarfinu.

Meginstarf menntmrn., skólarannsóknadeildar, hefur beinst að því að veita kennurum almennar leiðbeiningar sem beina starfi skólanna í þessa átt, og má benda á gerð nýs námsefnis í mörgum greinum ásamt meðfylgjandi kennsluleiðbeiningum svo og útgáfu námsskrár sem var kynnt rækilega um allt land á s. l. ári á yfir 50 fundum með skólastjórum og kennurum. Öll þessi gögn eru fyrst og fremst ætluð til leiðbeiningar, en fela ekki í sér ákveðin fyrirmæli.

Einn viðkvæmasti og vandmeðfarnasti þátturinn í þessum skipulagsbreytingum er námsmat eða próf. Það var óhjákvæmilegt að breyta bæði tilhögun opinberra prófa svo og aðferðum við námsmat á vegum skólanna sjálfra.

Í landsprófi miðskóla fólst mikil samræming á námskröfum og námsefni, enda prófað þar í 8 greinum með 9 samræmdum prófum. Í gagnfræðadeildum náði samræmingin einungis til íslensku, stærðfræði, dönsku og ensku, þannig að þeir, sem ekki fóru í landsprófsdeildir, áttu kost á fjölbreyttara námi en hinir. Aðrar greinar, námskröfur og námsefni voru með nokkuð ólíku móti frá einum skóla til annars. Samræmdu prófin hafa haft mikil og mótandi áhrif á skólastarfið, einkum í landsprófsdeildum þar sem möguleiki skólanna til að hafa frumkvæði og skipuleggja námið í samræmi við áhuga og óskir nemenda og kennara var í lágmarki.

Á samræmdum prófum undanfarinna ára hefur dreifing einkunna í sömu grein verið nokkuð breytileg frá ári til árs. Þá hefur einnig verið verulegt ósamræmi í einkunnadreifingunni milli greina. Þetta jafngildir því að gildi einkunna í sömu grein er mismunandi milli ára og einkunnir í tveimur greinum ekki sambærilegar."

Þessi atriði, sem ég hef nú rakið, eru skýrð nánar í Fréttabréfinu með línuritum og texta sem línuritunum fylgir. Þá segir hér: „Inntaka nemenda í framhaldsnám hefur miðast við meðaltal einkunna og í mörgum tilvikum aðeins í samræmdum greinum.

Með tilliti til þess, hvað samræmdu prófin hafa verið mörg á landsprófi miðskóla, má ætla að þessar sveiflur hafi jafnast út og því ekki haft veruleg áhrif á meðaleinkunn nemenda úr öllum greinum. Með fækkun samræmdu greinanna hafa sveiflurnar aftur á móti mun meiri áhrif. Benda má á mörg dæmi þess að gagnfræðingar, sem tóku samræmt próf í fjórum greinum og stóðu sig mjög þokkalega í þrem þeirra, en fóru illa út úr einu prófinu af ástæðum, sem um var getið hér að ofan, náðu ekki því lágmarki, sem keppt var að."

Þessi frásögn er einnig nánar skýrð með línuritum í Fréttabréfinu sem hv. þm. munu fá eða hafa þegar fengið.

„Við breytingu á skipan samræmdra prófa í 9. bekk var talið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að jafna þann mun sem fram kemur í einkunnadreifingunni og hér hefur verið lýst. Ákvarðanir um möguleika nemenda til framhaldsnáms eru m. a. teknar á grundvelli þessara einkunna, og því er nauðsynlegt að þessi grundvöllur sé sá sami eða svipaður frá ári til árs og aðstaða nemenda í þessu efni sem jöfnust.

Leið til að ná þessu marki er að miða við meðaldreifingu einkunna. Þegar þannig er gefið eru úrlausnir allra nemenda, sem prófið tóku, fyrst metnar með hefðbundnum hætti og talið hvað hver nemandi hefur hlotið mörg stig í prófinu. Tiltekinn hluti þeirra, sem fær flest stig, hlýtur síðan hæstu einkunn og u. þ. b. jafnstór hluti þeirra, sem fær fæst stig, hlýtur lökustu einkunnina o. s. frv., þó þannig" — og á

það vil ég leggja áherslu — „að nemendur, sem hljóta jafnmörg stig, fá að sjálfsögðu sömu einkunn.“

Um nauðsyn nýrrar skipunar að þessu leyti segir svo m. a. í grg. okkar:

„Í grunnskólalögum er mörkuð ný stefna í skólahaldi, kennslu og námi. Þar er gert ráð fyrir að hver nemandi eigi þess kost að efla hæfileika sína og „afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska“. Í lögunum eru talin upp nokkur námssvið sem skólarnir skulu sinna, og má m. a. nefna verklegt nám og ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla. Þá er einnig nefnd þátttaka nemenda í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma.

Það er augljóst að þessum skilyrðum verður ekki unnt að fullnægja nema með mun sveigjanlegri kennsluháttum en verið hefur og aukinni einstaklingsbundinni leiðsögn. Jafnmikil samræming lokaprófa og verið hefur er því útilokuð þar eð hún vinnur einmitt gegn nauðsynlegum sveigjanleika í námi og kennslu.

Margir telja einhverrar samræmingar þörf, m. a. vegna inntöku nemenda í framhaldsskóla, og með tilliti til reynslu fyrri ára verður að gera ráð fyrir henni enn um sinn. Ljóst er þó að við framkvæmd slíkra prófa verður að gæta þess:

1) að leyfa það mikinn sveigjanleika í starfi skólanna að unnt sé að ná þeim markmiðum, sem nefnd eru hér að framan, og sinna þeim viðfangsefnum sem lög gera ráð fyrir,

2) að möguleikar séu á að bera saman árangur nemenda, a. m. k. í tilteknum greinum, á landsmælikvarða.

Þessum skilyrðum virðist helst mega fullnægja með eftirfarandi hætti:

a) Samræmdum prófum verði fækkað verulega frá því sem verið hefur á landsprófi miðskóla, t. d. verði ekki prófað í fleiri en 4 greinum árlega. Gerð prófanna verði breytt á þann veg að þau prófi aðallega grundvallaratriði viðkomandi námsgreinar í samræmi við ákvæði gildandi námsskrár. Prófin geta því allt eins tekið til þeirra atriða, sem numin eru í 7. og 8. bekk, og þeirra, sem numin eru í 9. bekk og miðast ekki jafnmikið við tiltekið námsefni og verið hefur til þessa.

b) Við námslok í 9. bekk gefi skólar nemendum vitnisburð í öllum greinum sem byggður er á sérstöku prófi sem haldið er í lok námsáfanga og/eða frammistöðu nemenda á námstímanum, þar með taldar úrlausnir sérstakra verkefna sem þeir hafa leyst.

c) Ljúka samræmdum prófum fyrr en gert hefur verið.

Bent hefur verið á að skólar í dreifbýli, þar sem kennslutími er styttri en í þéttbýlinu, sitji ekki við sama borð og aðrir skólar þegar samræmd próf eru annars vegar. Sú skipan, sem hér hefur verið lýst, er sennilega eina leiðin til þess að jafna nokkuð aðstöðu skóla í þessu efni.

Með þessu móti er einnig dregið það mikið úr samræmdum prófum að áhrif þeirra á skólastarfið ættu ekki að verða óhóflega mikil. Enn fremur hafa skólarnir innan ramma gildandi laga og reglugerða verulegt svigrúm til að móta kennsluhætti sína meir í samræmi við þarfir og áhuga einstakra nemenda og nemendahópa. Af þessu leiðir að veigamestu þættir námsmatsins hljóta að verða í höndum skólanna sjálfra.“

Ég endurtek þetta: „Af þessu leiðir að veigamestu þættir námsmatsins hljóta að verða í höndum skólanna sjálfra.“

Þá vil ég aðeins víkja að gildandi ákvæðum um lokapróf úr grunnskóla. Um það segir orðrétt í grg. okkar í menntmrn.:

„Samræmd próf voru haldin á vegum menntmrn. í 5 námsgreinum í febr., þ. e. í íslensku, einu erlendu máli, stærðfræði, samfélagsgreinum og raungreinum. Dregið var um það hvort prófa skyldi í ensku eða dönsku. En samkv. viðmiðunarstundaskrá er nemendum ætlað að stunda nám í samfélagsgreinum (landafræði, sögu og félagsfræði) og/eða raungreinum (eðlis- og efnafræði og líffræði). Nemendur fengu sjálfir að ráða í hvorri greininni þeir þreyttu samræmt próf og fengu þannig aukna valkosti innan þeirra fáu samræmdu prófa sem eftir voru. Hver nemandi tók 4 próf.

Með því að færa samræmd próf fram á mitt skólaár er skólunum gefinn kostur á auknum sveigjanleika og sjálfræði um tilhögun kennslunnar á síðasta námsmissiri grunnskólans, eins og fyrr segir.

Allar úrlausnir koma beint til prófanefndar að loknu prófi og eru metnar á vegum n. Þar eru fyrst gefin stig fyrir hverja prófúrlausn á hefðbundinn hátt. Síðan eru gefnar 5 einkunnir, A, B, C, D og E. 7% þeirra nemenda, sem leystu prófin best í hverri námsgrein, fá A, næstu 24% fá B, næstu 38% fá C, næstu 24% fá D og lægstu 7% fá einkunnina E. Þessar einkunnir sýna stöðu nemandans í námsgreininni miðað við alla þá nemendur sem þreyttu prófið. Þær sýna hins vegar ekki hversu mikinn hluta prófsins nemandinn hefur leyst rétt.

Áðurnefnd hlutföll eru í samræmi við þá niðurstöðu sem samræmdu prófin hafa gefið fram til þessa.

Þá ber að leggja áherslu á að þessar tölur eru ekki nákvæmar þar eð nemendur, sem fá sama stigafjölda, fá sömu einkunn. T. d. er ekki ósennilegt að eitthvað fleiri en 7% nemenda fái einkunnina A og að í neðsta flokknum E verði eitthvað færri en 7% nemenda. Hve mikil þessi frávik verða fer eftir því hvernig sá stigafjöldi, sem nemendur fá á prófinu, dreifist.

Einnig ber að leggja áherslu á að þessi aðferð við einkunnagjöf hentar aðeins þegar nemendahópurinn er mjög stór og er því alls ekki nothæf í einstökum skólum.

Um það bil 6 vikum eftir að prófi lýkur verður skólanum tilkynnt um niðurstöður prófanna. Þá fær hver skóli upplýsingar um einkunnir nemenda sinna og stig í hverjum prófþætti. Jafnframt fær skólinn upplýsingar um það hvernig nemendur í hans skóla hafa staðið sig í einstökum prófþáttum miðað við allan nemendahópinn. Þessar upplýsingar ættu að gefa hverjum skóla nokkra vísbendingu um það hvernig nám og kennsla hefur gengið.“

Þá vil ég aðeins víkja að skólaprófunum sem svo eru nefnd. Þar segir svo í grg.:

„Grunnskólar gefa nemendum sínum einkunnir í öllum námsgreinum, kjarnagreinum — þar með talið greinum sem prófað er í á samræmdum prófum — og valgreinum. Notaður er einkunnastiginn 1—10 og gefið í heilum tölum. Við þá einkunnagjöf er miðað við það hvernig nemendum hefur tekist í náminu að ná þeim námsmarkmiðum sem stefnt er að í skólanum.

Við þessa einkunnagjöf er skólum í sjálfsvald sett að hve miklu leyti þeir byggja lokaeinkunnina á áfangaprófum, lokaprófum eða frammistöðu nemandans á námstímanum, þar með talin sérstök verkefni sem þeir hafa fengið til úrlausnar."

Um meðaleinkunnir er þetta að segja:

„Meðaleinkunnir verða ekki reiknaðar, hvorki á samræmdum prófum né skólaprófum í 9. bekk.

Mörg rök mæla gegn því að reikna út meðalgildi einkunna. Nefna má nokkur þeirra:

1) Það orkar mjög tvímælis að reikna út meðalgildi einkunna þegar einkunnirnar eiga við margvíslegar og ólíkar greinar. Spyrja mætti t. d. hvort eðlilegt eða réttlætanlegt sé að reikna meðalgildi fyrir einkunnir í stærðfræði og sögu. Hvaða merkingu hefur slíkt meðalgildi? Hvaða upplýsingar gefur slíkt meðalgildi?

2) Hætt er við að meðalgildi einkunna beini athygli nemenda, foreldra og kennara frá veikum og sterkum hliðum hvers nemanda í náminu.

3) Meðalgildi einkunna er ekki nauðsynlegt vegna inntöku nemenda í framhaldsskóla. Eðlilegt virðist að gera ráð fyrir ákvæðum um lágmarkseinkunnir í einstökum greinum.

4) Námsgreinar munu framvegis eins og hingað til hafa mismunandi margar vikustundir á stundaskrá. Þegar öllum greinum er gert jafnt undir höfði við útreikning meðalgilda einkunna við slíkar aðstæður er slíkt gagnrýni vert fyrir það að námsgreinar með fáar vikustundir vega óeðlilega þungt í samanburði við þær sem flestar vikustundir hafa."

Þá vil ég loks aðeins víkja að inntökuskilyrðum í framhaldsskóla og segja þetta:

„Í þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram á það prófafyrirkomulag sem hér hefur verið lýst, hefur gleymst að skoða einn mikilvægasta þáttinn, þ. e. hvernig ætlunin er að nota niðurstöður prófanna. Gleymst hefur hve stóraukinn rétt hin nýja skipan veitir nemendum til að hefja nám í framhaldsskóla. Það skýrist nánar af þeim ákvörðunum sem rn. hefur tekið um inntöku nemenda í framhaldsskóla. Þær eru á þessa leið:

Nemandi, sem lýkur námi í grunnskóla, hefur rétt til að hefja nám í framhaldsskóla ef hann hefur hlotið A, B eða C í samræmdum greinum og einkunnina 4 eða hærra í skólaprófsgreinum.

Eftirfarandi frávik eru þó heimil:

a. D í tveimur samræmdum greinum, en engin skólaeinkunn undir 4.

b. D í einni samræmdri grein og ein skólaeinkunn undir 4.

c. Engin samræmd einkunn lægri en C, en tvær skólaeinkunnir undir 4.

Þetta þýðir, eftir því sem næst verður komist, að um það bil 75—80% árgangsins fullnægir að líkindum þessum skilyrðum og öðlast þannig rétt til að hefja nám í framhaldsskóla. Auk þess ber að hafa í huga að nemandi, sem ekki fullnægir framangreindum skilyrðum, getur þó hafið nám í framhaldsskóla þegar að loknum grunnskóla ef viðkomandi skóli samþykkir." — Þá er unnt fyrir viðkomandi skóla að taka tillit til skólaeinkunnarinnar, en hún er, eins og áður var tekið fram, bæði byggð á prófum í skólanum og frammistöðu nemandans almennt og mati skólans á henni. — „Þá hefur verið ákveðið að nemendur, sem ekki fullnægja áðurnefndum lágmarksskilyrðum um námsárangur við lok grunnskóla, geti sest í sérstakar deildir í framhaldsskólum til þess að bæta þekkingu sína á undirstöðugreinum og geti að því loknu hafið reglulegt framhaldsnám ef þeir óska og fullnægja tilteknum lágmarksskilyrðum."

Í Fréttabréfinu er svo einnig gerð grein fyrir þeim mistökum, sem urðu við samræmdu prófin að þessu sinni, og fyrir þeim viðbrögðum sem rn. hefur gagnvart þeim. Ég hafði áður vikið að þessu atriði, rek það ekki nánar hér. En ég endurtek og árétta að ég og rn. harma þessi mistök og við erum að sjálfsögðu öll, sem þar störfum, staðráðin í því að láta slíkt ekki koma fyrir að nýju.

Ég þykist þá hafa gert grein fyrir því máli sem var tilefni til þess að hefja þessar umr. utan dagskrár. En inn í þessar umr. hafa svo komið ýmis önnur atriði. Og ég vil nú aðeins *víkja að ummælum hv. þm. sem fram hafa komið* í dag í þessum umr.

Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson varpaði fram fsp. til mín. Henni get ég svarað játandi.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék að ýmsum atriðum. Hann hagði að Alþ. hefði áhyggjur af framkvæmd grunnskólalaganna, mjög þungar, bæði af kostnaðarhliðinni og af ýmsum öðrum atriðum. Ég kem nokkuð að framkvæmd grunnskólalaganna síðar í þessu máli. Hann nefndi dæmi um allt of dýra fjárfestingu og tók til nýbyggingarnar í Breiðholti. Það má náttúrlega alltaf deila um það, hvort lagt er of mikið í nýbyggingar við þennan eða hinn skólann, og skal ég ekki fara út í það. En ég minni á það, að það er stefna allra, sem til sín láta heyra um þessi mál, a. m. k. í orði, að reyna að auka streymi að hinum verklegu greinum. Dýrustu framkvæmdirnar í Breiðholtinu stuðla að því að unnt sé að taka við fleiri nemendum en áður í hinum ýmsu verklegu greinum, þeim greinum sem þar eru kenndar.

Hv. þm. minntist á mengjakennsluna. Ég er sömu skoðunar og hann, að það hafi verið vafasamur greiði að leggja í þá kennslu, en um það ræði ég ekki nánar hér. Aftur á móti er ég honum ekki sammála um það, að ólíklegt sé að fjölbrautaskólakerfið henti okkur íslendingum. Ég held einmitt þvert á móti að það séu miklar líkur til þess að þetta skólakerfi henti okkur hér. Þessi þjóð dreifist um þetta stóra land, býr við mjög ólíkar aðstæður. Sá mikli sveigjanleiki, sem er í fjölbrautaskólakerfinu, hefði ég haldið að hentaði okkur vel. Dæmi um mismunandi uppbyggingu fjölbrautaskóla eru þegar fyrir hendi. Hér í Reykjavík, í mesta fjölmenninu, er leitast við að byggja upp alhliða fjölbrautaskóla. Á Suðurnesjum hefur verið settur á fót fjölbrautaskóli með takmarkaðri viðfangsefnum. Ég vona það og hef enga ástæðu til annars, — ég vona að þetta fyrirkomulag eigi eftir að reynast vel

og að t. d. þessir tveir skólar, sem ég nefndi, eigi eftir að gefa mjög góða raun.

Hv. þm. gagnrýndi það, að ekki væru til menntmrn. ráðnir menn með reynslu í kennslu. Þetta má deila um. En ef maður vildi eyða tíma í það, þá væri vandalaust að telja hér upp marga menn sem nú starfa í menntmrn. og hafa starfað úti í skólakerfinu um lengri eða skemmri tíma. Hitt er annað mál, og það held ég að enginn geti deilt á menn fyrir, að ráða fremur til starfa yngri menn heldur en menn sem eru langt komnir með sína starfsævi, þó að þeir hafi um leið aflað sér mikillar reynslu. En sem sagt, þarna er gert hvort tveggja, þarna eru bæði margir menn starfandi, sem hafa unnið vel í skólakerfinu og við kennslu, og svo einnig menn, sem hafa aflað sér lærdóms og reynslu á annan hátt.

Hv. þm. minntist hér á tvær greinar í blaði sem hann hafði. Ég hef þetta blað svo sem líka, það er ekki það. Honum fannst auðsjáanlega þessar greinar vera mjög góðar greinar. Mér finnst þær mjög lélegar! Hér er grein eftir kennara, Guðrúnu Helgu Sederholm. Sú grein er fyrir minn smekk allt of stóryrt og svo finnst mér í henni beinar þversagnir. Hún deilir harðlega á allt sem hún kemst yfir að nefna sem rn. hafi gert til þess að reyna að halda uppi sambandi við fólk og sérstaklega á fundi námsstjóra og á viðtalstíma þeirra o. s. frv. Hún t. d. segir um fundina, „að þarna hafi menntamálaaðallinn orðið sér enn einu sinni til skammar“ — og fer lítilsvirðingarorðum um viðtalstíma námsstjóranna. En þó leggur hún, sem rétt er, mikla áherslu á að auka tengsl rn. og þeirra sem í skólunum vinna.

Mér finnst þetta ekki góð grein. Og það er eins með þá ályktun sem hv. þm. vitnaði til og er hér á sömu opnu, — hann hefur sem sagt lesið þessa opnu, — að mér finnst hún ekki heldur góð, en allt of stórorðasöm og allt of mikið fullyrt þar til þess að hugsanlegt sé að hægt sé að standa við. Og þetta er nú samþykkt. Ja, mér finnst þetta eiginlega dæmigerð Egilsstaðasamþykkt og skal ekki fara fleiri orðum um það, en það orð er haft austanlands um þær samþykktir sem ekki eru nægilega rökstuddar.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir minntist nú á það, en hv. Sighvatur fór að tala um birtingu einkunna og að það hefði verið sett í reglugerð allt annað en væri í lögum. En honum hefur yfirsést að lesa 57. gr. laganna. Það er þó nauðsynlegt, þegar menn fara að tala um framkvæmd laga, að hafa aðeins gluggað í þau og sérstaklega lesið þær greinar sem menn gera að umtalsefni. En þar er þetta skýrt tekið fram, hvort sem menn eru sammála um að það sé réttmætt eða ekki, að óheimilt sé að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu. Ég vil af þessu tilefni vekja athygli á því, að það er oft töluverður vandi að setja reglugerðir. Í reglugerðum vilja menn gjarnan greina nánar en sagt er í lögum um framkvæmd ýmissa atriða. En þó má ekki setja ákvæði inn í reglugerð sem ekki er grundvöllur fyrir í viðkomandi löggjöf. Þarna verða menn auðvitað að fara bil beggja, en það hygg ég að hafi tekist í þessu tilviki.

Aðeins eitt atriði enn þá sem ég vildi minnast á úr ræðu þessa hv. þm. Hann er að vísu ekki hér við, en það sakar ekki svo mikið, Alþt. eru prentuð með hraði og menn fá þetta allt, sem ég hef sagt, á borðið hjá sér eftir nokkra daga. Hann var eitthvað að tala um þessa „tilraun“, og ég hef séð það í blöðum að þar er sagt að nemendur megi ekki vera „tilraunadýr“. Ég kem nú kannske aðeins að þessu síðar. En þetta er fráleitt tal. Það er ómögulegt að koma við neinum endurbótum á nokkru sviði án þess að fyrst séu gerðar einhverjar tilraunir um það hvernig endurbæturnar reynast, og á skólasviðinu er þetta alveg sérstaklega nauðsynlegt.

Jónas Árnason tók til máls og ég get verið fáorður um ræðu hans, því að í sjálfu sér erum við Jónas Árnason yfirleitt alltaf nákvæmlega sammála um þessi mál. Hann er ákaflega mannlegur, og mig langar til þess að vera það líka og það kannske skýrir hversu sammála við erum um þetta. Það má alltaf deila um það hvort menn taka of mikið tillit til erlendra fyrirmynda eður ei. Ég álít að við höfum mjög gott af því að virða fyrir okkur það, sem gerist t. d. hjá nálægum þjóðum, og nota reynslu þeirra bæði til þess að fara eftir henni og eins til viðvörunar þar sem hún ekki hefur gefist vel. En hitt má alltaf deila um, hversu til hefur tekist um að nýta sér þessa reynslu.

Út af því, sem hann minntist á móðurmálskennsluna, — og ég er honum sammála að það verður aldrei of mikil rækt við hana lögð, — þá veit ég nú kannske ekki hvort þessi kjörseðlaútgáfa af prófgögnum er svo hættuleg fyrir móðurmálið. Við verðum a. m. k., held ég, að halda okkur við kjörseðilinn svona svipað og hann er. En ég vil skjóta því hérna inn, í tilefni af því að hann minntist á móðurmálskennsluna, að það var eitt fyrsta verkefnið við endurskoðun námsefnis skólanna að taka það mál til meðferðar og endurskoða námsefni í íslensku og hefur það verið gert. En auðvitað má deila um árangurinn. (Gripið **fram** í: Er þessu lokið?) Því er aldrei lokið. Það verður stöðugt haldið áfram við að endurskoða hina ýmsu þætti námsskrár, og má þess vegna segja að þeim sé aldrei lokið. En það hefur verið lokið þar mjög miklum áfanga.

Gylfi Þ. Gíslason ræddi um undirbúning frv. um grunnskóla og upphaf kynningarstarfsemi grunnskólalaganna. Hún var mjög víðtæk. Þannig hefur lengst af verið unnið, hygg ég, í menntamálunum að reyna að kynna sem ítarlegast frv. áður en þau verða að lögum og síðan koma til framkvæmda. Þannig á auðvitað að vinna og þannig verður unnið eftir því sem menn hafa vit og krafta til.

Hv. þm. varpaði hér fram þeirri till. að koma á stórri ráðstefnu skólastjóra og kennara, a. m. k. fulltrúa kennarasamtaka, til þess að ræða um framkvæmdir grunnskólalaganna, um breytingar á námsefni um breytingar á prófum o. s. frv., o. s. frv. Það er auðvitað dálítill vandi að ákveða hversu stórar slíkar kynningarráðstefnur skuli vera. Við höfum haldið fjölmarga fundi um þessi

efni, mætt á fjölmörgum fundum samtaka um þessi efni, en þetta er vissulega vel athygli vert, hvort ekki er rétt að koma á ráðstefnu í eitthvað líku formi og hv. þm. minntist hér á, og verður það tekið til nánari yfirvegunar.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir ræddi um einkunnagjöf og tilhögun prófa og mér virtist afstaða hennar til þeirra mála vera mjög skynsamleg. Hún spurðist fyrir um framvindu endurskoðunar eða raunar nýsmíði laga um framhaldsskólastigið. Það er ekki rétt að það hafi orðið neitt strand með þetta mál. Hins vegar er vika eða 10 dagar síðan frv. var lagt á borð menntmrh. eins og sú n., sem hefur unnið að málinu, hefur gengið frá því, og það er nú til athugunar hjá ríkisstj. Ég er sammála hv. þm. um að það er nauðsynlegt að flýta framlagningu og síðar meðferð þessa máls. Hins vegar er mér ljóst að það er miklu víðtækara en svo að unnt verði að afgreiða það á þessu þingi, svo að það kannske skiptir ekki mjög miklu máli um eina eða tvær vikur til eða frá. En annars kem ég örlítið nánar inn á þau atriði, sem hv. þm. vék að, síðar í þessu tali mínu og skal ég þá ekki ræða frekar einstök atriði í ræðum hv. þm. sem talað hafa hér á undan mér nú í dag.

Hins vegar kýs ég, ef hæstv. forseti leyfir og hefur þolinmæði, að gera örlitla grein fyrir þeim atriðum hverju fyrir sig, sem einkum hafa verið gagnrýnd í þessum umr. og raunar einnig oftlega í skrifum, sem orðið hafa í tengslum við hina nýju tilhögun samræmdra prófa, og í skrifum almennt, t. d. um framkvæmd grunnskólalaga o. fl. Þessi atriði sem ég hér á við, eru m. a. framkvæmd grunnskólalaga, tengsl rn. við fólkið sem starfar í skólunum, ásökun eða a. m. k. það álit að menntmrn. stefni sífellt að aukinni miðstýringu o. s. frv.

Varðandi framkvæmd grunnskólalaganna vil ég fyrst koma að því, að það hafi ekki verið búið að framkvæma hin eldri fræðslulög að fullu þegar grunnskólalögin voru sett og það hafi í raun og veru verið óþarfi að setja nokkra nýja löggjöf. Þetta er að mínu mati reginmisskilningur og raunar algerlega út í hött. Ég held að það sé alveg fráleitt að hugsa sér framkvæmd fræðslu- og skólamála þannig að það sé alveg lokið við að framkvæma sérhvert atriði í þeirri löggjöf sem gildir þá og þá, þegar hafist er handa um endurskoðun og breytingar. Ég held að þetta verði að gerast allt öðruvísi og eitthvað svipað og hér hefur verið gert, að þreifa sig áfram, og að ný löggjöf taki við löngu áður en sú gamla er orðin gersamlega úrelt og ómöguleg, þannig að nýja löggjöfin hljóti alltaf að tengjast með margvíslegu móti þeirri lagasetningu, sem hún leysir af hólmi, og innihalda mörg atriði, sem í þeim lögum voru. Það verður auðvitað alltaf matsatriði hversu mikið magn af nýjungum er hæfilegt. En ég held að hitt verði ekki deilt um, að í grunnskólalögunum felast mjög margar nýjungar, merkar nýjungar, vil ég segja, og ég skal aðeins nefna dæmi um það.

Ég held að það sé óhætt að segja að meginmunurinn á gamalli og nýrri löggjöf í þessu tilviki felist í því, að í nýju lögunum er megináhersla á það lögð að nemendum sé kennt að nema og kennt að starfa, auk þess sem þeir auðvitað fá fræðslu um margvísleg efni. En aftur í hinum eldri lögum hefur kannske megináherslan verið lögð á að kenna nemendum tiltekið magn gagnlegrar vitneskju og svo auðvitað jafnframt að kenna þeim að vinna og starfa. Ég held að þessi áherslumunur sé meginmunurinn.

Í 2. gr. grunnskólalaganna segir, eins og ég rifjaði upp áðan, að grunnskólar skuli veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Svona markmiðslýsingar má auðvitað gefa með margvíslegu móti, en þannig stendur þetta í lögunum, og þetta er það sem okkur ber að vinna eftir. Og þar segir líka: „Skólastarfið skal leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.“ Það er vandasamt að gera svona yfirlýsingar vel úr garði, en það er miklu vandasamara að færa þær út í lífið, og um það verður alltaf ágreiningur hversu til hafi tekist um það. En þarna er sem sagt meginmarkmið grunnskólalaganna formað og endurskoðun námsefnis, ný námsskrá gerð og nýtt námsmat er við það miðað að stuðlað sé að því að framfylgja þessari nýju stefnu.

Þá vil ég minna næst á það veigamikla atriði grunnskólalaganna sem að því lýtur að færa stjórnun og þjónustustörf menntmrn. að hluta út í byggðirnar, en að því er vissulega stefnt með ákvæðunum um fræðsluumdæmi, fræðsluráð og skrifstofur og fræðslustjóra. Þetta atriði álít ég mjög þýðingarmikið. Og ég vil segja það hér, að störfum fræðsluskrifstofanna og fræðslustjóranna hefur verið ákaflega vel tekið úti um hinar dreifðu byggðir, og það er ekki nokkur vafi á því, að fólk fagnar þessari nýju tilhögun. Það hefur hvarvetna tekist gott samstarf með skólafólki og sveitarstjórnum og fræðsluskrifstofunum. Og ég legg þunga áherslu á það, að þessum skrifstofum er ætlað að vinna hluta af þeim störfum, sem áður voru unnin í menntmrn., að fullvinna þau. Þeim er ekki ætlað að vera milliliður nema að litlu leyti, heldur er hlutverk þeirra að fullvinna ýmsa þætti, svo sem endurskoðun og samræmingu á kostnaðaráætlunum og á reikningum, og svo að veita margvíslega kennslufræðilega og skipulagslega aðstoð og leiðbeiningar. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að hliðstæð starfsemi hjá öðrum ríkisfyrirtækjum er þegar komin á fót og verið er að færa hana út, svo sem hjá Vegagerð, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins o. s. frv. Þessi viðleitni hefur hvarvetna tekist vel, og henni hefur verið vel fagnað af hlutaðeigendum sem eiga að njóta þjónustunnar. En það er auðvitað skylt að minna á það jafnframt, að starfsemi fræðsluskrifstofanna og fræðslustjóranna til þessa hefur verið í gífurlegri fjársveltu. Það stafar bæði af mistökum, sem urðu við gerð grunnskólalaganna, þar sem Alþ. hætti við það á síðustu stundu að löggilda landshlutasamtök sveitarfélaga, en þeim var ætlað að fjármagna fræðsluskrifstofurnar að hluta, og stafar það einnig af því, að fjárveitingar á fjárl. hafa verið takmarkaðar, ekki verið nægilega miklar. Þetta hefur orðið til þess að

skrifstofurnar hafa ekki notast að fullu enn þá. En auðvitað kemur það líka til, að þetta er starfsemi sem er að byrja og ekki orðin fullmótuð, og þetta stendur vitanlega allt til bóta.

Ég minni á fyrirmæli 26. gr. grunnskólalaganna, að menntmrn. skuli efna til almennrar samkeppni að ákveðinni tegund skólamannvirkja, miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu. Menntmrn. telur fulla ástæðu til þess að hefjast handa um slíkt. Það hefur ekki fengist fjárveiting til þess. Það er ekkert um það að sakast út af fyrir sig. Grunnskólalögin koma ekki öll til framkvæmda á stuttum tíma, enda gert ráð fyrir því í lögunum sjálfum að framkvæmd þeirra nái yfir 10 ára tímabil. Og það verður auðvitað alltaf matsatriði hvort eigi að ráðast í þetta eða hitt verkefnið varðandi t. d. framkvæmd þessara laga. Þetta verkefni álít ég mjög þýðingarmikið, en ég ætla að spara mér að fara út í nánari rökstuðning á því, en vísa til þess sem fram hefur komið í Fréttabréfi rn., þar sem birt er bréf rn. um þetta efni, þegar sótt var um fjárveitingu og gerð grein fyrir þessari þörf. Ég árétta það, að þegar ég er að minna á þessa till. rn. um fjárveitingar til einstakra verkefna og greini frá afgreiðslu þeirra í fjvn. á Alþ., þá er það ekki gert í ádeiluskyni, heldur til þess að minna á þá gífurlegu fjárþörf sem er fyrir hendi og ekki hefur til þessa verið unnt að sinna, bæði á þessu sviði og öðrum.

En mér þykir það auðvitað sárast þegar ekki hefur verið talið unnt að verða við fjárveitingum til þess að fjármagna tiltekin hagræðingarverk sem hugsanlegt var og raunar vænta mátti að leiddu til betra skipulags og aukins sparnaðar. Sem dæmi um þess háttar verk get ég enn aðeins nefnt það, að menntmrn. hafði látið byrja sérfræðilega könnun á hugsanlegri samnýtingu og aðstöðu til rannsókna og verklegrar kennslu hjá skyldum skólastofnunum sem eru mjög dýrar í uppbyggingu og rekstri, eins og verkfræðistofnun Háskóla Íslands, Tækniskóli Íslands, Vélskólinn og jafnvel Iðnskólinn, verknámsdeildir. Slík sérfræðileg athugun kostar auðvitað verulega fjármuni, en það fékkst ekki bein fjárveiting til hennar. Kannske verður hægt að leysa málið að einhverju leyti fyrir því. Og ég vil enn minna á eitt verkefni svona, rannsóknarverkefni sem ég álít að geti haft mjög mikið gildi og sé nauðsynlegt að sinna, en það er að láta fara fram sérfræðilega rannsókn á áhrifum lengri eða skemmri skólaskyldu á nemendur og á þjóðfélagið í heild, en ákvörðun um þetta atriði hljótum við að taka hér á Alþ. innan stutts tíma samkvæmt þeim lögum sem þar um gilda. En einnig um þetta atriði hefur verið farið á flot að fá fjárveitingar. Það var að vísu gert mjög seint, og það var ekki eðlilegt að hægt væri að verða við því að þessu sinni, en áfram verður auðvitað róið á þeim miðum.

Þessi atriði, sem ég hef nefnt, eru nátengd þeim áformum, þeirri meginstefnu, sem felst í grunnskólalögunum, og þeim áformum, sem þar eru boðuð með ýmsum ákvæðum. Ég vil enn minna á ákvæði grunnskólalaganna varðandi kennslu þeirra barna sem talin eru víkja frá eðlilegum þroska. Þau eru að mínum dómi ákaflega þýðingarmikil. Það hefur þegar verið gert töluvert mikið til þess að framkvæma þessi ákvæði og ég skal ekki rekja það í einstökum atriðum. Þetta eru ein þýðingarmestu ákvæðin í grunnskólalögunum að mínum dómi. En ég vil þó minna á það, að í þéttbýlinu hér syðra og að litlu leyti norðanlands hefur þegar verið veitt skipulagsbundin sálfræðiþjónusta um alllangt skeið þar sem hún hefur verið lengst. Þessari þjónustu hefur enn ekki reynst unnt að koma á annars staðar í landinu og þar er bæði um að kenna fjárskorti, aðstöðuleysi á viðkomandi stöðum og svo því, að við höfum ekki ótakmarkaðan fjölda sérfræðinga á þessu sviði, síður en svo.

Ég get nú ekki stillt mig um, fyrst farið er að tala um framkvæmd grunnskólalaganna, að minna á eitt atriði þar sem er veruleg ósamkvæmni í afgreiðslu Alþingis. Það er alllangt síðan, ég hygg að það hafi verið vorið 1975, að Alþ. afgreiddi þál. þar sem er skorað á menntmrh. að ráða sérstakan sérkennslufulltrúa við menntmrn. Nú sótti rn. ítrekað um fjárveitingu til að koma þessu í framkvæmd, og einnig var sótt til stöðunefndar um leyfi til þess að fá að ráða þennan fulltrúa. En það var löngu seinna, á fjárlögum 1977, að þessi fjárveiting loksins fékkst. Og ég bendi á það, að þau lög komu í gildi 1. jan. og sérkennslufulltrúinn tók til starfa 3. sama mánaðar.

En hvað um það, þrátt fyrir það að minna fjármagn fáist en æskilegt hefði verið að hafa til umráða til þessara hluta, þá hefur þegar töluvert þokast á leið í þessum málum.

Ég nefni það enn í þessu sambandi, að reglugerð um framkvæmd sérkennslunnar hefur verið í smíðum lengi og það er ekki tilviljun, því þetta er hæði viðkvæmt mál og mjög vandasamt. Það hefur verið lögð mjög mikil vinna í gerð þessarar reglugerðar, og ég vona að hún fari nú senn að sjá dagsins ljós.

Hér hef ég þegar fjallað um þær miklu breytingar sem grunnskólalögin gera ráð fyrir á námsmati. Það hefur komið fram í þeim orðum sem ég hef sagt hér um framkvæmd prófanna.

Ég vil enn nefna það, að grunnskólalögin gera ráð fyrir mjög aukinni áherslu á skólabókasöfnin, og er jafnvel gert ráð fyrir því að þau verði eins konar miðpunktur skólans og skólastarfseminnar á hverjum stað. Það hefur verið unnið að framkvæmd þessa atriðis eftir föngum, og það er jafnframt unnið að því og leitast við að stuðla að því, þar sem því verður við komið, að tekin verði upp sameiginlegur rekstur skólabókasafna og almenningsbókasafna.

Ég hef áður aðeins vikið að því — það kom fram í skýrslu rn. um framkvæmd prófanna — því merka nýmæli sem felst í grunnskólalögunum um tengsl skólans og atvinnulífsins. Það segir hér í 42. gr.: „Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna. Í 7.—9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta og skal þar við það miðað að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki.“ Í þessu er höfð mikil sveigja, eins og eðlilegt er, því hér er um ný-

mæli að ræða. Ég minni einnig á það sem segir í sömu grein, eftir að nánar hefur verið greint hvað kenna skuli í grunnskóla: „Þar sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma á skólaárinu skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám. Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekendasamtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda, þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, og skal metið að nokkru sem verklegt nám.“ Þetta nýmæli tel ég vera mjög merkt. En það er líka mjög mikið verk að koma því í framkvæmd. Nokkuð hefur verið að þessu gert og nokkuð var unnið í þessa stefnu hjá einstökum skólum, einnig áður en grunnskólalögin voru sett, en ég endurtek: það kostar mikla vinnu og líka töluverða fjármuni að koma þessu nýmæli í framkvæmd.

Í þessari sömu grein eru einnig fyrirmæli um það, að við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis skuli þess gætt að gefa nemendum sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem komið er til móts við og viðurkennd mismunandi persónugerð, þroski, geta og áhugasvið nemenda. Og það eru sérstök ákvæði um hvernig með skuli fara í fámennum skólum þar sem margir aldursárgangar þurfa að vera saman. Það verður að vera sveigjanleiki í þessum efnum. Grunnskólalögin stefna að því að það er reynt að koma honum á. Gerð hinna nýju prófa er eitt af mörgum viðbrögum til þess að svo megi verða.

Það er oft talað um það, og kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni áðan, að framkvæmd grunnskólalaganna verði ákaflega kostnaðarsöm. Þetta kemur mjög oft fram þegar fjallað er um afgreiðslu fjárlaga. Og mér finnst oft að menn gleymi því að taka það með í reikninginn, að hvort sem hefði verið sett ný fræðslulöggjöf eða ekki, þá var alveg óhjákvæmilegt að gera ýmsar breytingar og sumar kostnaðarsamar á skólakerfinu, m. a. taka námsefni og tilhögun námsmats til rækilegrar endurskoðunar.

Ég minni enn í því sambandi á mjög mikla gagnrýni á stöðnun í skólakerfinu sem verið hefur uppi svo lengi sem — liggur mér við að segja — opinberir skólar hafa starfað á Íslandi, en rekin af vaxandi hörku í seinni tíð. En ég hygg að það sé mál flestra, að þau nýmæli, sem ég aðeins hef tæpt hér á, séu til bóta og æskilegt sé að framkvæma þau svo fljótt sem við verður komið.

Það hefur oft verið rætt um það í sambandi við þessa kostnaðarhlið, að skólarannsóknadeild í rn. væri fyrirferðarmikil og kostaði mikla fjármuni að reka hana. Mér finnst ástæða til að vekja sérstaka athygli á því, hvað þarna er gert, þó með örfáum orðum. Ég minni fyrst á það sem áður hefur komið fram, að mjög margar námsgreinar á grunnskólastiginu hafa verið teknar til endurskoðunar þó nokkrar séu eftir. Í framhaldi af námsskrárgerðinni, sem ég hef áður minnst á og er auðvitað unnið að þarna, er svo hlutur skólarannsóknadeildar í námsbókagerð. Þessi deild hefur lagt þar töluvert af mörkum, t. d. greitt höfundarlaun vegna samningar kennslubóka og borið ýmsan annan kostnað af námsbókagerðinni sem ella hefði fallið á Ríkisútgáfu námsbóka. Og þá er hluti af kostnaði við tilraunakennsluna, sem menn eru nú stundum að hnýta í, en ég segi að sé óhjákvæmileg, — hluti af kostnaði við hana er færður á þessa skólarannsóknadeild. Þá eru einnig námsstjórarnir. Það hafa verið ráðnir sérstakir námsstjórar fyrir hinar ýmsu námsgreinar til þess að kynna námsverkefnið. Þeirra hlutverk hefur verið að veita ýmsar leiðbeiningar og líka að taka á móti ábendingum frá fólkinu, sem vinnur í skólakerfinu, og koma þeim til skila, því þessi mál eru í stöðugri endurskoðun, eins og ég vék að áðan. Þessir námsstjórar eru nú 9.

En ég ætla ekki að fara lengra út í þetta. Mig langaði rétt til að nefna þessi dæmi til þess að mönnum yrði kannske örlítið ljósara en áður umfang þeirrar starfsemi sem fram fer innan skólarannsóknadeildar menntmrn. Ég hygg að það þurfi ekki orðum að því að eyða að slík endurskoðunarstörf sem þar hafa verið unnin, það var óhjákvæmilegt að vinna þau, hvort sem ný löggjöf var sett eða ekki. En ég vil jafnframt láta koma fram hér, að okkur er ljóst í rn. að það er nauðsynlegt að mikil tengsl séu með skólarannsóknadeildinni í rn. og Kennaraháskóla Íslands og Æfinga- og tilraunaskóla kennaraháskólans. Og ég veit að í frv. um Kennaraháskóla Íslands verður lögð aukin áhersla á þessi tengsl.

Ég vil svo aðeins minna á það, að í ákvæði til bráðabirgða segir að að 4 árum liðnum frá gildistöku grunnskólalaganna skuli menntmrh. gera Alþ. grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að 9 ára skólaskyldu, þannig að Alþ. gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði.

Tveir hv. þm. spurðu um þetta sérstaklega og ég get upplýst það, að þegar hafa verið settir menn til að hefja gagnasöfnun og skýrslugerð sem er nauðsynlegur undanfari þess að ráðh. geti gefið Alþ. tilskildar upplýsingar um þetta. Þetta er áreiðanlega mikið verk, og það var ekki seinna vænna að hefja undirbúning að því. Það er ekki langt síðan þetta var sett í gang og ef eitthvað er, þá höfum við gert það heldur of seint en of snemma, þó ég sé ekki alveg sammála hv. þm. sem sagði að þessar athuganir bæri að leggja fram í byrjun næsta þings. Ég held það mundi ekki teljast vítavert þó það drægist eitthvað fram á þingið.

Í framhaldi af þessari upprifjun um grunnskólalögin, sem ég geri hér að gefnu tilefni, því að margir þm. hafa vikið að því að framkvæmd þeirra væri mjög ábótavant, vil ég aðeins víkja að framhaldsskólastiginu örlítið meira en ég þegar hef gert.

Í beinu framhaldi af setningu grunnskólalaganna og laganna um skólakerfið hófst endurskoðun framhaldsskólastigsins. Forustu um þá endurskoðun, það hefur raunar komið fram áður, hefur haft n. fjögurra deildarstjóra í menntmrn. og hún tók til starfa haustið 1974. Ég vil leggja mikla áherslu á það, að þessi n. studdist við margvíslegar athuganir, sem áður höfðu verið gerðar á ýmsum þáttum framhaldsskólastigsins, ekki síst þeim þættinum sem mest hefur verið gagnrýndur, en þar á ég við verkmenntaþáttinn. En á því sviði höfðu starfað milliþn. og skilað yfirgripsmiklum álitum. Þessi n. hefur leitað

álits fjölmargra aðila og frumdrög að till. hennar voru kynnt á ráðstefnu nokkurra skólamanna sem haldin var í sumar. Og eins og ég sagði áðan hefur n. skilað þessum till. til menntmrh. og þær eru hjá ríkisstj. í nánari skoðun. Mín hugsun er sú, eins og ég held að ég hafi tekið fram áðan, að leggja þetta mál fram nú á þessu þingi, svo fljótt sem við verður komið, en eingöngu til kynningar málinu þar sem það er mjög umfangsmikið og þess vegna nauðsynlegt að bera það enn undir fjölmarga aðila, bæði skólafólk, sveitarstjórnarmenn og marga aðra sem láta sig þetta mál varða, því ætlunin er að vinna þetta á líkan hátt að því leyti til og grunnskólalögin voru unnin á sínum tíma.

Það er ekki unnt að skýra frá þessum tillögum í einstökum atriðum. Ég var nú að hugsa um að greina frá meginatriðum í þeim, en ég held satt að segja að það lengi ræðu mína of mikið. En ég vil aðeins, að marggefnu tilefni raunar, láta það koma fram hér, eins og ég hef áður tekið fram í blöðum og á fundum, að stefnt er að því í þessum till. að fullt samræmi verði í kostnaðarþátttöku ríkisins og sveitarfélaga í skólum á þessu stigi og eytt verði þeim mikla og ég verð að segja þeim óþolandi mun sem nú er, þar sem ríkissjóður greiðir helming af kostnaði við iðnfræðsluna auk launa og aftur allan kostnað við menntaskólana. Það felst í þessum till. að þetta misræmi hverfi.

En þó að sjálf lagasetningin um framhaldsskólastigið sé ekki lengra á veg komin en þetta sem nú er komið fram, þá teldi ég æskilegt að það hefði verið byrjað og fyrir nokkuð löngu á endurskoðun námsefnis á framhaldsskólastiginu, því að það er mjög nauðsynlegt að mæta nýskipan náms á grunnskólastigi með samræmdum aðgerðum á næsta stigi. Það hefur ítrekað verið sótt um fé á fjárlögum til þessarar starfsemi og það hefur ekki tekist að fá inn byrjunarfjárveitingu, tókst ekki enn við gerð síðustu fjárlaga. Ég lagði á það mjög mikla áherslu og ræddi það ítrekað, en allt kom fyrir ekki. Þetta tel ég mjög miður farið, ég get ekki annað en látið það koma fram hér. En það tjáir ekki að deila við dómarann um þetta. Ég vil bara segja það, að allt verður gert sem unnt er til að greiða þeim leið inn í framhaldsskólana sem nú og á næstunni ljúka námi í grunnskóla. Til undirbúnings því að greiða fyrir nemendum inn í framhaldsskólana hefur rn. sent út spurningalista til þeirra nemenda, sem nú ljúka grunnskóla, og spurst fyrir um áform þeirra varðandi skólagöngu næsta vetur. Verður svo reynt að vinna úr því og nota það til hjálpar. En það er náttúrlega óhjákvæmilegt að hér verður eitthvert millibilsástand á meðan ný löggjöf er í smíðum og er að komast til framkvæmda varðandi framhaldsskólastigið. En ég endurtek það, það verður vitanlega að gera allt sem unnt er til þess að greiða fyrir í þessu millibilsástandi.

Það er sífellt verið að tala um miðstýringuna í skólakerfinu og það sé markvisst stefnt að því að auka þessa miðstýringu. Mér sýnist þetta vera fjarri öllu lagi. Grunnskólalögin gera ráð fyrir stórauknu valdi og verkefnum úti í byggðunum í gegnum fræðsluskrifstofurnar, eins og ég hef áður minnst á. Það er þó vissulega ekki til þess að auka miðstjórnarvald, heldur til þess að dreifa valdinu. Og eins og ég hef einnig minnt á, þá gera grunnskólalögin ráð fyrir mjög auknu frjálsræði skóla til þess að forma sína eigin starfsemi, og það er ekki heldur til þess að auka miðstjórnarvald. Það verður reynt að famfylgja þessum ákvæðum eftir því sem mögulegt er. Þetta kemur glöggt fram í þeirri grg. sem ég áðan kynnti um samræmdu prófin, að það er dregið úr því sem mætti kalla miðstýringu, með því að fækka hinum samræmdu prófum, með því að gefa skólunum aukið frjálsræði í verkefnavali, t. d. eftir að hin samræmdu próf hafa verið framkvæmd á miðjum vetri. Og ég legg ríka áherslu á það, að námsskráin, eins og hún er nú, og ýmsar slíkar reglur eru fyrst og fremst settar fram til viðmiðunar, þær eru ábending, en ekki beinhörð fyrirmæli um það hvernig hver og einn skóli og kennari skuli haga sínu starfi. Ég staðhæfi því að allt þetta tal um aukna miðstýringu í skólakerfinu og t. d. alveg sérstaklega í sambandi við setningu grunnskólalaganna og framkvæmd þeirra, það er gjörsamlega úr lausu lofti gripið. Og ég skal rökstyðja það enn betur.

Það hefur verið þrásinnis um það talað í sambandi við umr. um samræmdu prófin að menntmrh. og menntmrn. vanræki að halda lifandi sambandi við skólastjóra og kennara og nemendur skólanna, en þetta er síðasta atriðið sem ég ætlaði að koma að í þessu spjalli núna. Varðandi þessi margnefndu samræmdu próf og undirbúning þeirra vil ég minna á þetta: Þrjú dreifibréf hafa farið út um þetta efni, fyrstu tvö bréfin strax í apríl 1976 og svo í sept. 1976. Þau voru samin af fulltrúum fyrir erlend mál í prófanefnd og lýstu hugmyndum um eitt samræmt próf í erlendum málum í 9. bekk þar sem nemendur hefðu ákveðna valkosti. Í síðara bréfinu var þessi hugmynd skýrð með dæmum. Í báðum bréfunum voru kennarar í 9. bekk beðnir um að senda námsstjórum í dönsku og ensku álit sitt á hugmyndunum. Svo leyfa menn sér að halda því fram að það hafi aldrei verið leitað álits eins eða neins í þessu sambandi. 24 kennarar sendu álit skriflega, nokkrir gerðu grein fyrir viðhorfum sínum í viðræðum og á fundum, og samþykkt um þetta mál barst frá sameiginlegum fundi í félögum dönsku- og enskukennara. Þegar þessi álit kennaranna höfðu verið athuguð og metin var tekin sú ákvörðun, að einungis yrði prófað í öðru málinu, og sú ákvörðun og ástæður fyrir henni kynntar í bréfi til skólanna 10. jan. s. l. Þó að þessi lokaákvörðun kæmi nokkuð seint gat hún ekki haft nein slæm áhrif á kennsluna út af fyrir sig, að því að best verður séð. En mér finnst alveg augljóst að hér er ekki um sambandsleysi að ræða, heldur þvert á móti. Það var leitað álits kennara, þeirra er málið varðar mest, og ákvarðanir teknar í samræmi við það.

Þá hefur einnig verið rætt um það, að hin nýja námsskrá hafi verið gerð án samráðs og ekki nægilega kynnt. En ég minni aftur á þetta, sem áður hefur komið fram, að í okt. og nóv. s. l. voru haldnir fundir með kennurum í grunnskólum um allt land til þess að kynna námsskrána. Þessir fundir urðu alls 54, hvorki meira né minna. Þeir voru yfirleitt mjög vel sóttir, og ég held

að mér sé óhætt að segja að yfirleitt hafi verið ánægja með þessa fundi út af fyrir sig. Síðan er að minna á Fréttabréfið sem áður hefur verið minnt á hér. Þar er itarleg frásögn um þessa fundi og einnig um þessa tilhögun prófanna. En þessir fundir — ég vil taka það fram sérstaklega — voru skipulagðir — ekki af rn. blint, heldur í fullu samráði við hlutaðeigandi fræðslustjóra og fundatilhögun þannig, sem mjög venjulegt er á ráðstefnum, að fyrst eru flutt erindi og síðan er rætt í starfshópum.

Ég vil leggja áherslu á það enn á ný, sem segir í formála námsskrárinnar, að í þessa fyrstu útgáfu vantar vafalaust ýmis atriði sem æskilegt er að komi í námsskrá. Rn. gerir því ráð fyrir að námsskráin eða hlutar hennar verði endurskoðaðir áður en langt um líður í ljósi fenginnar reynslu. Það er því mikilvægt að kennarar og aðrir, sem nota námsskrána, komi á framfæri athugasemdum og tillögum um breytingar sem þeir telja að til bóta megi verða. Og ég vil enn minna á það, að margumrædd námsskrá er ekki samin af einum eða örfáum mönnum í rn. Námsskráin er sett samkvæmt tilheyrandi lagagrein og leysir af hólmi gamla námsskrá sem sett var 1960 og síðar endursamin. En þessi námsskrá í sínum fjölmörgu greinum er undirbúin af starfshópum sem þátt tóku í margir kennarar undir stjórn hlutaðeigandi fagnámsstjóra. En Andri Ísaksson prófessor og dr. Wolfgang Edelstein hafa verið ráðgefandi við þetta mikla verk. En hitt er svo auðvitað rétt, sem ég tók fram þegar þessar umr. utan dagskrár hófust, að námsskráin er að lokum lögð fyrir ráðh. til staðfestingar. En það breytir ekki því, að hún er undirbúin á þennan hátt sem ég nú greindi. Og til þess að stytta mál mitt vitna ég aðeins til þeirra ummæla, sem ég viðhafði hér áðan, og tilvitnana, þar sem gerð er glögg grein fyrir því að námsskráin er ekki viðjar, heldur ábending og leiðbeiningar fyrst og fremst.

Út af sambandsleysinu vil ég enn aðeins koma þessu að: Á vegum rn. hefur verið komið á fót samstarfsnefndum, föstum samstarfsnefndum: milli rn. og landssamtaka skólastjóra og kennara, sú n. hefur ekki stoð í lögum, en var sett fyrir frumkvæði rn., milli rn. og Sambands ísl. sveitarfélaga samkvæmt grunnskólalögunum, milli rn. og skóla á menntaskólastigi, sú n. starfar samkvæmt lögum um menntaskóla og í henni eiga sæti allir rektorar og skólameistarar. Og enn nefni ég fasta samstarfsnefnd um málefni Háskóla Íslands. Þá mætti enn nefna fleiri slíkar fastar samstarfsnefndir. Ég læt það vera að lengja þá upptalningu, en minni aðeins á það, að fjölmargir vinnuhópar hafa starfað og starfa að einstökum málaflokkum þar sem reynt er að tengja rn. og fólkið sem vinnur viðkomandi störf. Ég nefni aðeins eitt dæmi, en það er það starf sem unnið hefur verið við athugun á möguleikum á samnýtingu skólahúsnæðis. Fyrst störfuðu þrír menn á vegum rn. að þessu. Síðan komu menn frá Reykjavíkurborg inn í þetta starf. Og það hefur verið reynt að hafa sem allra best samstarf við þá æskulýðsfulltrúa og þá fulltrúa sveitarfélaga sem til hefur náðst. En þetta er aðeins eitt dæmi af mjög mörgum sem unnt væri að nefna. Ég minni á viðtalstíma fagnámsstjóranna sem áður hefur verið greint frá, og ég minni á fræðslustjórana 8, það er eitt af þeirra verkefnum að treysta tengslin milli rn. annars vegar og fólksins, sem starfar í skólunum, og foreldra og nemenda einnig, og þeir eiga að hafa til þess miklu betri aðsöðu heldur en starfsmaður sem er í skrifstofu á Hverfisgötu 6.

Til þess enn að undirstrika það, að menntmrn. leggur sig í framkróka um náið samstarf við sitt fólk bæði fyrr og síðar þá vil ég minna enn og aftur á meðferð grunnskólafrv. án þess að hafa um það mörg orð. Það er áreiðanlega alveg rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, fyrrverandi menntmrh., að við fyrstu gerð frv. var seilst mjög víða til fanga. Og ég held að það sé óhætt að segja að enginn ráðh. og ekkert rn. hafi lagt sig meira í framkróka um að kynna þau lög, sem verið var að setja, heldur en forveri minn, hv. þm. Magnús T. Ólafsson, gerði í sambandi við kynninguna á grunnskólafrv. Það skýrði að nokkru þann langa tíma sem meðferð þess tók hér á Alþ. frá því að það var fyrst lagt fram. Slíkum starfsháttum viljum við, sem nú störfum í menntmrn., vissulega halda áfram.

Hæstv. forseti. Ég er víst orðinn nokkuð langorður, en það er satt að segja erfitt að gera grein fyrir þessum málum öllum í örfáum orðum. Eins og ég sagði í upphafi hef ég talið æskilegra að um þetta hefði verið rætt undir föstum dagskrárlið. En þetta er orðin venja hér, t. d. að gefa stjórnarandstöðunni á hverjum tíma nokkuð ótakmarkaðan ræðutíma í umr. utan dagskrár. Ég sé þá ekki kannske svo mjög athugavert við það, þó að ráðh. taki sér nokkurn tíma til að útskýra þegar minnst hefur verið á mjög mörg atriði og sum sett fram í nokkuð skörpum ádeilutóni, sem ég auðvitað kvarta alls ekkert undan. Ég segi það og hef raunar sannað það með þessari kannske allt of löngu ræðu, að ég vil á engan hátt skorast undan því að taka þátt í umr. sem þessum þegar þær snerta mitt ráðuneyti.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 60. fundur.

Þriðjudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun á lögum um hlutafélög, fsp. (þskj. 299). — Ein umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er á dagskrá fsp. sem gerð var af varamanni mínum, Jóhannesi Árnasyni. Þessi fsp. er til viðskrh. um endurskoðun á lögum um hlutafélög. Það er spurt um það, hvað líði endurskoðun á l. nr. 77 frá 1921, um hlutafélög.

Hér er um að ræða mál sem oft hefur borið á góma hér í sölum Alþ., og skal ég ekki rekja það. En það má minna á að árið 1948 var samþykkt þál. um að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun þessara laga. Sama ár mun þáv. dómsmrh. hafa skipað tvo menn til að vinna þetta verk. Næst segir af þessu máli, að 1952 var lagt fram frv. til l. um hlutafélög. Það frv. varð ekki útrætt. Líður nú langur tími, að ég hygg,

svo að lítið hafi verið gert í málinu. En árið 1972 hygg ég að hafi verið byrjað að vinna á ný að endurskoðun laganna af viðskrn. Nú er fróðlegt að vita hvað þessu máli líður. Er enn þá verið að vinna að þessu máli, og hvað er þá þessari vinnu langt komið og hvenær má vænta þess, að árangur þessarar vinnu birtist í frv. til l. um hlutafélög?

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á vegum viðskrn. hefur verið unnið að endurskoðun laga um hlutafélög. Sú endurskoðun hefur leitt til þess, að samið hefur verið frv. til nýrra hlutafélagalaga. Þetta verk hefur staðið yfir alllengi, að því hafa sérstaklega unnið tveir menn, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari og Gylfi Knudsen fulltrúi í viðskrn. Þeir hafa fyrir nokkru gengið frá frv. um þetta efni, frv. til heildarlaga um hlutafélög. Frv. er nú í prentun. Ég vænti þess, að það verði lagt fyrir Alþ. alveg á næstunni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Um leið og ég fagna þeim tíðindum, að von sé á slíku frv., vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann sé reiðubúinn til að svara því, hvort í hinu nýja frv. sé gert ráð fyrir þátttöku starfsmanna í stjórnum hlutafélaga.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég fagna því, að við eigum von á því að fá hér frv. um hlutafélög til meðferðar. Ég geri ráð fyrir að það verði margt fróðlegt að sjá þar, án þess að ég ætli hér að fara að spyrja að einstökum atriðum. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er geysilega langur bálkur og geymir mörg nýmæli frá núgildandi lögum. Ég hef nú ekki efni frv. alveg í huga, en það atriði, sem hv. þm. Benedikt Gröndal spurði um, er þess eðlis að ég hygg að ég mundi muna það, ef það væru sérstök ákvæði um það í frv. Ég verð að segja það með öllum fyrirvara, að ég minnist þess ekki að sérstök ákvæði séu um þetta í þessu frv., enda verður náttúrlega að hafa í huga að hlutafélög geta verið ákaflega margs konar. Þess vegna getur verið spurning um það, hvort ákvæði um það efni eigi heima í lögum um hlutafélög eða hvort ekki sé eðlilegra að setja sérlög um slíkt efni.

Tenging byggðalínu við orkuveitukerfi Skagafjarðar, fsp. (þskj. 334). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var lögð háspennulína frá Akureyri til Varmahlíðar til flutnings á raforku milli þessara landshluta og síðan sams konar lína frá Varmahlíð til Sauðárkróks. Línan til Varmahlíðar var hugsuð sem fyrsti hluti svonefndrar byggðalínu, og á þessum tengipunkti í Varmahlíð var þá fyrirhugað að reist yrði spennistöð þegar byggðalínan kæmi í notkun. Þróun þessa máls hefur hins vegar orðið á nokkuð annan veg. Byggðalínan til Akureyrar hefur verið tekin í notkun, en um leið og það gerðist var einfaldlega klippt á tenginguna frá byggðalínunni til Sauðárkróks vegna þess að þar var engin spennistöð komin. Orkuveitukerfi Skagafjarðar er því ekki í neinum beinum tengslum við orku þá sem byggðalínan flytur. Línan frá Varmahlíð til Sauðárkróks er sem sagt ónotuð með öllu og stendur þarna engum til gangs. Var þetta þó 25 km löng lína. Og sama gildir um þau mannvirki sem reist höfðu verið við Sauðárkrók til að taka við orku úr þessari átt, þau nýtast ekki nema að litlu leyti. Þarna er sem sagt um að ræða fjárfestingu upp á tugi millj., ef ekki á annað hundrað millj. á núgildandi verðlagi, sem nýtist alls ekki. Það er að vísu ekki svo, að Skagafjarðarveitan sé með öllu slitin úr tengslum við hið samtengda orkuveitukerfi Suður- og Norðurlands, því að lína liggur frá Laxárvirkjun í Húnavatnssýslum um Þverárfjall yfir til Sauðárkróks. En hér er um að ræða gamla línu, sem liggur yfir háan fjallveg, þar sem enginn vegur er að vetri til. Því er ljóst að í hörðu ári og illviðrum er mikil hætta á því, að þessi lína geti brotnað niður án þess að viðgerð verði við komið, og þá er sem sagt orkuveitukerfi Skagafjarðar algerlega einangrað og getur því verið mjög mikill vandi á ferðum ef slíkt gerist. Ég hef því leyft mér að leggja þá spurningu fyrir hæstv. orkumálaráðh., hæstv. iðnrh.: Hvenær tengist orkuveitukerfi Skagafjarðar við byggðalínu milli Akureyrar og Reykjavíkur með byggingu spennistöðvar við Varmahlíð?

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í fjárl. fyrir árið 1977 er gert ráð fyrir 14 millj. kr. til efnispöntunar vegna aðveitustöðvar við Varmahlíð í Skagafirði, en að aðveitustöðin verði reist sumarið 1978 og tekin í notkun í okt. það ár. Þá tengist Norðurlína orkuveitukerfi Skagafjarðar. Heildarkostnaður aðveitustöðvarinnar er áætlaður 211 millj. kr., þannig að í fjárl. fyrir 1978 verður, miðað við þessa áætlun, að gera ráð fyrir 197 millj. kr. vegna stöðvarinnar. Samkv. upplýsingum Kristjáns Jónssonar rafmagnsveitustjóra ríkisins hefur útboðslýsing vegna aðveitustöðva, þ. á m. aðveitustöðvar við Varmahlíð, verið send út og er gert ráð fyrir að efnið verði pantað í lok apríl n. k.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Það leynir sér ekki að áætlanir um byggingu þessarar spennistöðvar hafa farið meira en lítið úrskeiðis, því að sjálfsögðu hefði verið eðlilegast að þessi stöð hefði verið byggð um leið og hefði verið tilbúin til notkunar um leið og byggðalínan var tekin í notkun. Ráðh. hefur hins vegar upplýst að þessi spennistöð verði ekki byggð á árinu 1977 og aðeins séu á fjárl. 14 millj. ætlaðar til þessa verkefnis af því fé sem Rafmagnsveitur ríkisins fá í sinn hlut á fjárl. Við verðum því að vona að þessi óeðlilegi dráttur, sem orðið hefur á tengingu orkuveitusvæðis Skagafjarðar beint við byggðalínu komi sér ekki mjög illa. Það ræðst að sjálfsögðu fyrst og fremst af veðrum og vindum á næsta 1½ ári. Verðum við

að vona það besta, en ekki er hægt að komast hjá því að áfellast það að þessi mikli dráttur skuli hafa átt sér stað.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 8. mars, að loknum 60. fundi.

Raforkumál Vestfjarða, þáltill. (þskj. 361). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Mengunarvarnir í álverinu í Straumsvík, þáltill. (þskj. 362). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum, þáltill. (þskj. 131). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bygging dómhúss, þáltill. (þskj. 143). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Upplýsinga- og rannsóknarstofnun verslunarinnar, þáltill. (þskj. 144). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnumál öryrkja, þáltill. (þskj. 344). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 327). — Ein umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem var hér nokkuð mikið til umr. fyrir nokkru. Þar sem ég tel að hér sé mál með þeim hætti, að það væri mjög eðlilegt að hæstv. samgrh. gæti verið við umr. um það, þá vildi ég mjög gjarnan óska eftir því við hæstv. forseta að hann frestaði málinu þangað til hæstv. samgrh. gæti verið við umr., því að mér sýnist hann ekki vera viðstaddur.

Umr. frestað.

Stóriðja á Norðurlandi og Austurlandi, þáltill. (þskj. 333). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 3. þm. Austurl. till. til þál. um staðarval til stóriðju á Norðurlandi og Austurlandi. Eins og till. þessi ber með sér fjallar hún einungis um athugun á því, hvar í þessum tveimur landshlutum væri heppilegast að setja niður stóriðju ef að því ráði yrði horfið að reisa fleiri stóriðjufyrirtæki hér á landi en þau sem þegar hafa verið ákveðin.

Ástæðan til þess, að við flytjum þessa till., er kannske fyrst og fremst sú, að nú að undanförnu hafa heyrst um það raddir að fleiri stóriðjufyrirtæki ætti að byggja suðvestanlands eða þá sunnanlands. Hafa verið tilnefndir ýmsir staðir og forustumenn í byggðarlögum óskað eftir því, að til þeirra yrði litið ef að ráði yrði að setja á stofn fleiri stóriðjufyrirtæki á Íslandi. Við teljum það fráleita stefnu að hrúga öllum stórfyrirtækjum niður á Suðvesturlandi. Og ég get sagt það sem mína persónulegu skoðun, að ég mundi verða eindregið andvígur því að ákvörðun yrði tekin um byggingu fleiri stóriðjuvera á Suðvesturlandi án þess að litið yrði til þeirra landshluta sem hér er um fjallað, Norðurlandsins og Austurlandsins, því að vissulega væri það einn vísasti vegurinn til byggðaröskunar að reisa fleiri slík fyrirtæki hér um slóðir. Hitt kynni að koma til álita, að líta til Skaftafellssýslna ef þar væri ástæða talin til og hægt að byggja höfn með viðráðanlegum kostnaði, því að vissulega væri höfn við Dyrhólaey mjög merkilegt og gott fyrirtæki.

En sem sagt, hér er ekki verið að biðja um neina ákvörðun um frekari stóriðju, heldur einungis að athugaðir verði þeir staðir sem best kynnu að henta, ef að ráði yrði að fara í fleiri stóriðjufyrirtæki.

Fyrir áratug eða rúmlega svo, þegar umr. voru hvað heitastar um stóriðju, var ég einn í hópi þeirra, sem vildu stóriðju, og barðist fyrir því eins og ég gat að við legðum inn á þessa braut. Ég býst ekki við að neinum hv. alþm. sé um það ókunnugt, þar sem því var þá haldið fram að ég hefði í sjónvarpsþætti óskað eftir því, að svo sem eins og 20 álbræðslur yrðu byggðar á Íslandi eða að við hefðum með að gera nokkurn veginn heimsframleiðsluna á þeim merka málmi. Þetta voru auðvitað hrein ósannindi, því að ég minntist aðeins á að álbræðslan í Straumsvík tæki ekki nema sem svaraði einum tuttugasta af virkjanlegu afli — vel virkjanlegu afli. En síðan var það nokkrum vikum eða mánuðum seinna, eftir að búið var að eyðileggja útvarpssendinguna eða sjónvarpsspóluna, að þá var það rifjað upp, að ég hefði eitthvað verið að tala um 1/20, og sagt, að ég hefði óskað eftir 20 álbræðslum.

Ég gerði iðnrh. þeim, sem síðastur var á undan núv. ráðh., það tilboð í hans ráðherratíð, að við sameinuðumst um að strika þetta núll aftan af tölunni og hefðum álverin tvö, og yrði þá annað, hið síðara, annaðhvort norðanlands eða austan. Og þá hefur einkum verið rætt um tvo staði, þ. e. Eyjafjörð og Húsavík. Talsvert mikil and-

staða er gegn byggingu álbræðslu eða álverksmiðju í Eyjafirði og alveg ástæðulaust að neyða nokkurt byggðarlag til að taka við slíku fyrirtæki ef fólkið heima fyrir vill það ekki. Þá á auðvitað ekki að ráðast í framkvæmdina. Það yrði sjálfsagt kannað nánar hver vilji manna er í raun og veru þar. Eins er sjálfsagt að huga að Húsavík. En það eru margir fleiri staðir, sem til greina koma, og engin ástæða til annars en að gera a. m. k. lauslega athugun á hvað hafnarmannvirki og slíkt mundi kosta á hverjum stað fyrir sig, þannig að menn renndu ekki alveg blint í sjóinn.

Ég held að menn hljóti líka að vera sammála um það, að ekki verði ráðist í fleiri stórvirkjanir en þær, sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um, á jarðeldasvæði eða jarðvirknisvæði. Þess vegna hlýtur Blanda að verða næsta stórvirkjunin. Nú á þessu ári verða miklar rannsóknir við Blöndu, og ég vænti þess að ákvörðun um Blönduvirkjun verði tekin nú á þessu þingi og framkvæmdum við hana hraðað eins og frekast má verða. Auðvitað væri það heppilegra við Blönduvirkjun fjárhagslega að eitthvert stóriðjufyrirtæki risi norðanlands samhliða, en þó er það ekki skilyrði, vegna þess að byggðalínuna má eins nota til að flytja orku suður um stundarsakir eins og að flytja hana norður, þ. e. a. s. þegar Blanda kæmist í gagnið, þá gæti hún séð málmblendiverksmiðjunni fyrir rafmagni að hluta til a. m. k. En hvað sem öllu öðru líður, þá kemur það ekki til greina að mínu mati að gera hvort tveggja í senn, að byggja enn eina stórvirkjun hér sunnanlands og jafnframt nýtt iðjuver.

Ég held raunar líka að það sé e. t. v. ekki sama ástæða til að berjast fyrir stóriðju nú eins og fyrir einum áratug eða svo. Kemur þar auðvitað fyrst og fremst til, að við höfum náð fullum yfirráðum yfir okkar landhelgi miklu fyrr, hygg ég, en nokkur þorði að gera sér vonir um þá og þess vegna mun sjávarfengur verða meiri en þá var áætlað. En samt sem áður teldi ég það síður en svo óæskilegt að eitt eða tvö stóriðjuver risu á næsta áratug, skulum við segja, og þá, eins og ég hef margtekið fram, nyrðra eða austanlands, og ef þau yrðu tvö, þá yrði sitt í hvorum landshlutanum.

Ég vona að þessi till. þurfi ekki að valda neinum deilum. Ég held að menn ættu að geta sameinast um að þessi skoðun fari fram alveg óháð því hver framvindan yrði. Þetta á ekki að þurfa að vera kostnaðarsamt, heldur aðeins að menn hafi augun opin og að heilbrigðar umræður um þetta mál geti farið fram algjörlega öfgalaust.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. allshn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Mér þykir þessi till., sem hér liggur fyrir, nokkuð einkennileg. Hún fjallar um það að ríkisstj. láti gera athugun á heppilegu staðarvali á Norðurlandi og Austurlandi fyrir stóriðju. Að því leyti til gerir till. ráð fyrir að eitthvað slíkt liggi beinlínis fyrir. Hér er verið að taka eins og fyrstu ákvörðun um það, að í slíka stóriðju skuli ráðast. Mér er ekki kunnugt um það t. d. varðandi Austurland, að þaðan hafi komið samþykktir frá nokkrum opinberum aðilum um að þeir óski eftir því að komið verði upp stóriðjufyrirtæki í þeim fjórðungi. Mér finnst það heldur einkennilegt að gerð sé hér samþykkt á Alþ. um að fara að athuga um staðarval fyrir eitthvað slíkt, sem t. d. heimamenn hafa ekki á neinn hátt hugsað sér að efnt yrði til.

Þá virðist einnig í þessari till. vera algjörlega hnýtt saman stóriðjuframkvæmdum og stórvirkjunum og varla sé um annað að ræða. Varðandi Austurland liggja hins vegar fyrir margar samþykktir frá fjöldamörgum opinberum aðilum og þeim samtökum þar um slóðir, sem tala fyrir fjórðunginn sem heild, þar sem lögð er á það mikil áhersla að það verði virkjað í fjórðungnum meira en þegar hefur verið gert til þess að leysa þau aðkallandi raforkuvandamál sem fyrir liggja. Alþ. hefur meira að segja gengið það langt, að það hefur gefið vissar heimildir til nýrra virkjunarframkvæmda á Austurlandi, en enn hefur ekki orðið þar neitt úr framkvæmdum, þó að þar sé tilfinnanlegur raforkuskortur sem jafnvel ógni að verulegu leyti mjög þýðingarmikilli fiskvinnslu, eins og komið hefur fram á þessum vetri. Ég vil því segja í tilefni af þessari till., að ég hygg að það sé almennt þannig meðal Austfirðinga að þeim finnist vera ástæða til þess að reyna að leysa þetta aðkallandi vandamál, sem snýr að almennri raforkuþörf í fjórðungnum, á þann heppilegasta hátt sem mögulegt er að gera, áður en farið er að tala um stóriðjuframkvæmdir og gera einhverjar athuganir um það, hvar sé heppilegast að velja þeim stað.

Það vekur einnig nokkra athygli mína í sambandi við þessa till., að flm. hennar láta beinlínis að því liggja að þeir hefðu talið eðlilegra að ákveðnar hefðu verið aðrar virkjanir á undan Hrauneyjafossvirkjun, svo það virðist vera að ákvörðun hafi verið tekin um þá virkjun. En um þá ákvörðun hafa staðið hér nokkrar deilur, án þess a. m. k. að allir stuðningsmenn ríkisstj. stæðu að baki þeirri ákvörðun. Það eru auðvitað upplýsingar út af fyrir sig, hvort það er þannig, að ákvörðun um þá virkjun hafi verið tekin af ríkisstj. einni án þess að um það hafi verið gerð formleg samþykkt í flokkum ríkisstj.

Ég er algjörlega andvígur þessari till. Ég tel að það sé allt annað, sem knýr á hjá okkur um nauðsynlegar aðgerðir í atvinnumálum þjóðarinnar, að huga að staðarvali væntanlegra stóriðjufyrirtækja. Það er skoðun mín að þau stóriðjufyrirtæki, sem rætt hefur verið um aðallega til þessa hér á landi og sumpart eru komin hér upp, hafi síður en svo reynst íslensku efnahagslífi og atvinnulífi á þann veg að við ættum að halda lengra áfram á þeirri braut. Við höfum hins vegar fjöldamörg verkefni sem við vitum að við getum snúið okkur að og gætu bæði leyst nýja verkefnamöguleika í miklu ríkari mæli en stóriðja mundi gera og mundu verða þjóðarheildinni miklu notadrýgri efnahagslega en stóriðja mundi verða. Það er því auðvitað ekki hægt að ræða um þessa till. án þess að ræða um það stóra mál, hvort stefnt skuli að því að halda lengra áfram á stóriðjubrautinni, hvort við eigum að leggja fjármuni okkar áfram í það, á beinan og óbeinan hátt, að koma hér upp stóriðjurekstri, hvort við eigum að leggja fjármuni

okkar í virkjanir sem eru að verulegu leyti hugsaðar til þess að þjóna stóriðjurekstri, og hvort við eigum sjálf að leggja fram fjármuni okkar í slíkan rekstur eða hvort við eigum að sinna öðrum verkefnum.

Sé meiri hluti á Alþ. t. d. á þeirri skoðun, eins og ég er, að við ættum að leggja stóriðjuna til hliðar og snúa okkur að öðrum verkefnum, þá er vitanlega samþykkt á tillögu eins og þeirri, sem hér liggur fyrir, alveg út í bláinn. Því er það að samþykkt þessarar till. er að vissu leyti stefnumörkun um það, hvort Alþ. lítur svo á að rétt sé að halda áfram á þessari braut.

Ég kannast við það frá umr. um þetta mál áður, að þeir menn voru til sem héldu því fram að við ættum að hverfa að stóriðju, m. a. til þess að koma í verð þeirri auðlind sem við óneitanlega eigum í all ríkum mæli, orkunni í fallvötnum okkar. En ég held að þeir séu fáir í dag sem reyni að halda því fram að reynsla okkar til þessa af stóriðjurekstri sé sú, að við höfum fengið einhverja verulega fjármuni út úr þessari auðlind með því að selja hana á þann hátt sem við höfum gert til stóriðjurekstrarins. Þegar rætt hefur t. d. verið í þessum efnum um álverið í Straumsvík, þá sýnist mér að þeir, sem þar tala hæst í hópi stóriðjumanna, komist það lengst að halda því fram, að það muni ekki hafa verið beinn hallarekstur á þeim viðskiptum, þ. e. a. s. orkusölu okkar til þeirrar stóriðju. En hinir eru ábyggilega miklu fleiri í þessu landi, sem nú telja fullsannað að þar höfum við fengið minna en ekkert fyrir okkar snúð þegar allt er gert upp.

Það er engin tilviljun að einmitt á því svæði landsins, þar sem aðstaða er langsamlega best til raforkuöflunar og raforkudreifingar, m. a. vegna þéttbýlisins í landinu, skuli staðan vera sú eftir þessa stóriðjuþátttöku, að heildsöluverð á rafmagni á því svæði, sem tvímælalaust ætti að hafa besta stöðu, skuli þó vera hærra en á öðrum svæðum í landinu, eins og bæði hjá Laxárvirkjun og Andakílsárvirkjun. Þrátt fyrir það að þetta hagstæðasta svæði hér, sem hefur getað selt svo mikið af raforku sem kunnugt er til álversins, hafi átt stærstu og bestu virkjanir landsins komnar í höfn svo til alveg skuldlausar, eins og Sogsvirkjanirnar, þá er eigi að síður útkoman þessi eftir 7 ára viðskipti við álverið, að Landsvirkjun, sem starfar á þessu svæði, verður að selja orkuna í heildsölu á hærra verði en aðrar virkjanir í landinu sem búa við miklu lakari aðstöðu.

Ég ætla ekki við þessa umr. að fara út í mjög almennar umr. um þessi mál. Það gefst eflaust betra tækifæri til þess við þá umr. sem væntanlega fer fram hér innan skamms um eitt stóriðjufyrirtækið enn, þ. e. a. s. járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. En ég held mér við það, að um það þurfi í rauninni ekki að deila, að þessi röksemdaþáttur, sem sneri að því að við værum í gegnum stóriðjuna að breyta í fjármuni fyrir okkur okkar orkumöguleikum, sú röksemd stenst ekki.

Þegar aftur á móti eru athugaðar aðrar röksemdir sem fram voru færðar fyrir stóriðjustefnunni, sem sagt þær, að við þyrftum hér á fjölbreyttara atvinnulífi að halda en við höfðum og að nýjar verksmiðjur af þessari gerð, stóriðjuverksmiðjur, gætu á þennan hátt styrkt efnahagslífið, þá held ég að reynsla okkar sé nú þegar orðin slík af þessu máli á þessu sviði, að þeir séu miklu færri nú en áður sem reyna að halda því fram að reynslan sé sú, að stóriðjan hafi á þennan hátt bjargað einhverju í okkar almenna efnahagslífi og varðandi atvinnumöguleika. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að við höfum möguleika til þess á ótalmörgum sviðum að skapa ný atvinnutækifæri í miklu ríkara mæli með því að halda áfram þeim störfum sem við höfum byrjað á, bæði á sviði iðnaðar á vegum landsmanna sjálfra og á sviði sjávarútvegs. Svo við tökum aðeins þessar tvær atvinnugreinar, þá höfum við þar miklu meiri möguleika til þess að skapa ný atvinnutækifæri en við höfum eftir stóriðjuleiðinni. Ég er því á þeirri skoðun að samþykkt um það, að ríkisstj. sé falið að fara að leita fyrir sér um staðarval fyrir ný stóriðjufyrirtæki, sé stefnumörkun sem sé í rauninni alveg röng.

Ég vil líka segja það, að auk þess sem má segja almennt um stóriðjuna, sem hefur marga hættulega fylgifiska, — fylgifiska sem ég hygg að margir íslendingar hafi gert sér grein fyrir að er ekkert þægilegt að eiga við, — þá er það svo, að það er líka mjög varhugavert að halda lengra á þeirri braut en gert hefur verið að ráðstafa langt fram í tímann okkar hagstæðustu virkjunarmöguleikum, binda þá með samningum við stóriðju til langs tíma. En það er einmitt eðli stóriðjurekstrarins að hann krefst samninga um orkusölu til mjög langs tíma. Ég tel að með því séum við hreinlega að stórspilla fyrir öðrum atvinnugreinum okkar. Við erum alltaf að færast nær og nær því að eiga það eftir af okkar virkjunarmöguleikum, sem er lakara, handa öðrum atvinnugreinum. Og það er vitanlega mjög alvarlegt þegar horft er eitthvað fram í tímann.

Ég skal ekki ræða frekar um þessa till. að þessu sinni, en aðeins lýsa því yfir, að ég er alveg mótfallinn þessari till., tel rangt að samþykkja hana og í rauninni fráleitt að fara að leita eftir staðsetningu fyrir stóriðjurekstur í landsfjórðungum eins og Norðurlandi og Austurlandi, á meðan ekki liggja fyrir neinar óskir, sem mark er á takandi, frá aðilum úr þessum umdæmum.

Þó að það finnist hér á Alþ. enn þá nokkrir þm. sem lifa í þessum stóriðjudraumum, þá held ég að þeir verði einhvern veginn að finna sér útrás á annan hátt en þann, að gera till. um slíkar atvinnuframkvæmdir í landshlutum sem hafa ekki borið fram neinar óskir um þær. Ég tel það mjög að fara aftan að hlutunum. Ég sem sagt lýsi yfir fullri andstöðu minni við þessa tillögu.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. þm. Eyjólfur Konráð — ég veit ekki hvort menn hafa tekið eftir því — hann lýsti yfir því hér áðan, að hann væri andvígur Grundartangaverksmiðjunni. Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um Grundartangaverksmiðjuna. Sú ákvörðun, sem tekin var um Grundartangaverksmiðjuna í félagi við Union Carbide, er fallin úr gildi, og Alþ. á enn eftir að samþykkja að reisa Grundartanga-

verksmiðju í félagi við Elkem-Spigerverket. Grundartangi er á Suðvesturlandi, og hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði áðan — ég skrifaði það orðrétt eftir honum: „er eindregið andvígur því að tekin verði ákvörðun um byggingu fleiri stóriðjufyrirtækja á Suðvesturlandi.“

Ég býð hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson velkominn í hóp okkar andstæðinga Grundartangaverksmiðjunnar. Ég skal þó játa það, að ég treysti því ekki fullkomlega að hann greiði rétt atkvæði þegar þar að kemur.

Grunsemdir hans um það, að til standi að reisa enn fleiri verksmiðjur en nú er rætt um hér á þessu svæði, eru hins vegar ekki ástæðulausar. Nú fyrir nokkru gekk á milli bæja á Hvalfjarðarströndinni — í sambandi við áform Landsvirkjunar um að leggja byggðalínuna inn fyrir Hvalfjörðinn og út eftir ströndinni — gekk á milli bæja teikning þar sem mönnum er sýnt hvar sú lína á að liggja sem nú er að koma. En á sömu teikningu hafði verið rissuð inn næsta lína og hún er frá væntanlegri Hrauneyjafossvirkjun. Frá Hrauneyjafossvirkjun var rissuð inn lína á Grundartanga. Og það er enginn vafi á því, að þessi lína er þar inn komin vegna þess að það eru þegar uppi áform um að reisa aðra verksmiðju á Grundartanga í viðbót við járnblendiverksmiðjuna, sennilega álverksmiðju.

Það má vera til marks um það, hvað menn hafa vitkast í sambandi við stóriðjumálin þrátt fyrir allt, hvaða tónn er nú kominn í menn eins og Eyjólf Konráð Jónsson sem um árið talaði um býsna margar álverksmiðjur, — hann segir að það hafi ekki verið 20 sem hann vildi fá, en margar voru þær, það eitt er víst, enda var þá þess háttar hugur í stóriðjumönnum að þeir drógu arnsúg í flugnum. Og þá taldi hv. þm. að sjálfsögðu óhætt að kasta fram hugmyndum um svo og svo margar slíkar verksmiðjur. Nú reynir hann hins vegar aftur og aftur að bera þetta af sér. Ég heyrði hann ekki áðan nefna hvað verksmiðjurnar hefðu verið margar, sem hann hefði talað um, en þær voru ekki 20. Kannske hafa þær ekki verið nema 10, býsna margar verksmiðjur samt. Og hann er líka farinn að viðurkenna það, að nú hafi viðhorf breyst. Hann segir að þörfin fyrir stóriðju sé ekki sú sem hún var. Heiður sé honum fyrir það. Nú sé þörfin fyrir stóriðju hvergi nærri eins mikil og hann taldi hana vera í þá daga, vegna þess að eftir að við höfum fært út landhelgina, tryggt yfirráð okkar yfir fiskimiðum okkar, þá verði sjávarfang svo mikið að það verði þörf fyrir orku og mannafla á þeim vettvangi miklu meiri en við ætluðum áður. Þetta er sannarlega rétt athugað. Það verður svo mikil þörf fyrir allt okkar vinnuafl til þess bæði að veiða fiskinn og vinna hann í landi, að við megum ekki sjá af einni einustu hendi inn í verksmiðjur stóriðjunnar. Þess verður ekki langt að bíða, eins og hér hefur verið bent á í þingræðum, samkv. áliti fiskifræðinga að botnfiskaflinn einn geti farið upp í 900 þús. tonn á ári. Með tilliti til þessa eru náttúrlega enn fáránlegri allar þessar áætlanir um stóriðju á Íslandi.

Ég endurtek þetta: Ákvörðun um Grundartangaverksmiðjuna hefur enn ekki verið tekin. Það er alveg sama hvað kann að vera að gerast í höfði hæstv. iðnrh. eða annarra slíkra. Það er eftir að fjalla um málið endanlega hér á Alþingi. Og eins og blasir við öllum þingheimi, þá dregst það mjög að það mál komi úr n. Og hver er ástæðan til þess? Ástæðan til þess er sú, að sú trygging, sem norski aðilinn veitir fyrir hreinsitækjum og öðrum mengunarvörnum, er ekki talin nándar nærri eins mikil og sú trygging sem Union Carbide gat þó veitt. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Heilbrigðiseftirlit ríkisins veitir ekki starfsleyfið vegna þess að skilyrði þess í þessu efni eru ekki uppfyllt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hafði á vissan hátt ástæðu til þess að biðja um frestun á umr. um þetta mál, því að ég ætlaði mér alltaf að taka þátt í umr., en ástæður mínar eru þannig nú, að ég á svolítið erfitt með að sjá frá mér og nær mér raunar líka gleraugnalaust. En ég sé þó ekki ástæðu til þess að fara fram á frestun, stytti aðeins mál mitt. En ég get ekki neitað því, að ég hef ástæðu til og löngun að styðja nokkuð mál mitt sérstökum gögnum, því þó að hv. flm. hafi tekið svo til orða í lok ræðu sinnar, að hann vonaðist til þess að umr. yrðu hér hófsamlegar, sem er sjálfsagt að taka undir, og með rökum, þá getur hann tæpast búist við því, þegar slíkt mál kemur fram sem þetta, að það verði ekki verulegar umr. um það og ekki verði margir sem leiða hugann að því máli sem hér er hreyft.

Sannleikurinn er sá, að hér er verið að hreyfa einhverju stærsta máli sem hugsast getur fyrir íslensku þjóðina. Hér er í raun og veru verið að marka stefnu í atvinnumálum sem ég held að eigi sér satt að segja ekki þann hljómgrunn á Alþ. að hægt sé að búast við því, að það gangi þegjandi fyrir sig eða í sérstökum rólegheitum. En hitt er satt og undir það vil ég taka með hv. flm., að það er sjálfsagt og eðlilegt að ræða þetta mál með fullum rökum. Og ég tel að ég hafi mótað afstöðu mína gagnvart þessari till. og gagnvart því málefni, sem hún fjallar um, með fullum rökum og af því að ég hef reynt að fylgjast með hvaða afleiðingar slíkt mál sem þetta getur haft og raunar hvaða afleiðingar þetta mál er þegar búið að hafa fyrir okkur íslendinga. Við vitum miklu meira nú um stóriðju en áður, og stóriðjudraumurinn er áreiðanlega fyrir mörgum ekki jafnglæsilegur nú eins og hann var fyrir segium 10—15 árum, þegar fyrst er farið út í verulega stóriðju hér á landi. Og ég held að menn hafi lært ýmislegt á þeim tíma, og raunar er það svo, að hv. flm. þessa máls, fyrri flm., sem hér talaði, hefur líka lært þó nokkuð frá þeim tíma, og er það vissulega ánægjulegt. Ég ætla ekkert að fara að sproksetja hann og er ekki að elta uppi einhver ummæli sem hann kann að hafa haft um það, hversu margar álbræðslur skyldi reisa á Íslandi. Ég hirði ekkert um það og veit í rauninni ekkert um það. En hitt veit ég, að það hafa verið menn í landinu, ef hann er ekki einn af þeim, og þ. á m. ýmsir ráðamenn, bæði hér og þar, sem hafa einmitt verið með hugmyndir af þessu

tagi. Ég segi kannske ekki að þeim hafi dottið í hug, að reisa 20 álbræðslur, en ég er ekki frá því að til hafi verið þeir menn, þó að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sé ekki í hópi þeirra, sem hafa nefnt slíka tölu. En við skulum ekki deila um það.

Skoðun mín er sú, og ég vil að það komi hér fram og hef raunar áður látið það koma fram hér á hv. Alþ. og víðar, að ég álít að við eigum að hafna með öllu þessum fyrirrætlunum um svokallaða stóriðju. Þess vegna hlýt ég að verða *á móti* þessari till. eins og hún er orðuð, vegna þess að hún felur hreinlega í sér stefnumörkun af hálfu Alþ. um það, að út á þessa braut skuli leggja. Ég vildi gjarnan að ég hefði haft aðstöðu til þess að lesa hér upp ýmis gögn, sem ég hefði viljað hafa hjá mér og rökstyðja mál mitt með því, en það er nú kannske, þegar á allt er litið, aðeins tímasóun og ég læt nægja að minnast á þetta. En ég vil taka það mjög skýrt fram, að ég er andvígur þessari till. vegna þess að hún felur í sér ákveðna stefnumótun í atvinnumálum, sem ég tel ákaflega skaðlegt og óhyggilegt að Alþingi taki.

Ég minntist á það, að menn hefðu lært talsvert mikið á síðustu 10—15 árum um stóriðju og stóriðjufyrirtæki, og ég held satt að segja að það hljóti að vera heyrnarsljóir og ólæsir menn sem ekki hafa getað dregið þær ályktanir af þessum málum, að það sé mjög óhyggilegt af okkur að fjölga stóriðjufyrirtækjum í landinu. **(Gripið fram í: Er ekki nóg að segja illlæsir?)** Kannske væri hægt að nota það orð. En a. m. k. tel ég að það jafngildi ólæsi að draga ekki þær ályktanir af því, sem við nú vitum um stóriðju, raunar hér á Íslandi, hvað þá í öðrum löndum, að það er ákaflega óhyggilegt fyrir okkur Íslendinga að fara að ráðast í fleiri slík fyrirtæki. Við lifðum, og þ. á m. ég, fyrrum margir í þeirri trú, og það er gamall stóriðjudraumur frá þjóðskáldum og öðrum ágætum fyrirmönnum þjóðarinnar, að það væri hægt að rífa Íslendinga upp úr eymd með því að virkja fallvötn og virkja með það fyrir augum að reisa hér stórar bræðslur af ýmsu tagi eða verksmiðjur, og m. a. trúðum við því, að þetta yrði til þess að sjálfsögðu að auka fjölbreytni atvinnulífsins, eins og það er kallað, *þetta yrði til þess að auka efnahag* þjóðarinnar, og ekki nóg með það: með þessu mætti m. a. líka halda uppi jafnvægi í byggð landsins. En nú hugsum við öðruvísi og vitum í raun og veru allt annað. Við vitum að það getur verið stórhættulegt fyrir jafnvægi í byggð landsins að fara að demba niður þessum stóru bræðslum og verksmiðjum sem áætlanir eru uppi um. Það er alveg stórhættulegt fyrir jafnvægi í byggð landsins að demba þessu niður úti um *dreifbýlið og ofan í okkar fámennu byggðir*. Þetta vitum við nú, þannig að ég er dálítið hissa á jafn-vellesnum manni og prýðilega gerðum manni eins og hv. 1. flm. þessa máls, að hann skuli ekki hafa lesið þetta út úr reynslu annarra og þeim umr. sem orðið hafa um þessi mál, að við erum ekki að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að koma upp þessum álbræðslum.

Það vill svo til að ég á heima í því héraðinu úti um landsbyggðina sem er einna stærst og öflugast og mundi kannske, svona eftir teoríunni, þola hvað best að taka við þessu, — þeirri teoríu sem ég er hér að lýsa, um það, að þetta geti haft áhrif á veikar og smáar byggðir. En samt fór nú svo að eyfirðingar og þar með taldir akureyringar risu upp gegn þessari hugmynd. Þegar búið var að pukrast með þetta á bak við þá nokkuð lengi og það er síðan opinberað að þeir eigi að demba þessu yfir okkur, þá urðu margir til þess að rísa upp gegn þessu og að lokum svo, að almenningsálitið er algjörlega andsnúið þeirri hugmynd að setja þarna álbræðslu.

Ég skal viðurkenna það, að ég hef heyrt raddir manna og heyri þær enn, þ. á m. á Norðurlandi og jafnvel Austurlandi, sem trúa því, að það verði til styrktar byggðunum, þessum litlu byggðum okkar, kannske með innan við 1000 íbúa, — að það verði þeim til styrktar að fá álbræðslu sem reiknað er með að mundu kannske vinna 500—600 manns í. Ég held samt sem áður að *þeir, sem svona hugsa, og þeir alþm., sem svona* hugsa, ættu að athuga sinn gang betur og skoða hvaða afleiðingar þetta mundi hafa fyrir byggðarlög af þessu tagi, fyrir nú utan það að margar af þessum verksmiðjum, sem hér er um að ræða, eru þannig, að þær forpesta allt andrúmsloft og sjó og jörð í kringum sig. Um þetta vissu menn að vísu svolítið fyrir. En það sem þeir vita meira um núna, það eru þær félagslegu afleiðingar sem þetta hefur. Og ég ætla að biðja hv. þm. að hugleiða vel þann þáttinn, því að hann er e. t. v. engu veigaminni þegar um þetta er rætt. Það má vel vera að í mörgum tilfellum og við tilteknar aðstæður sé hægt að koma í veg fyrir alvarlegustu mengun, en ég er ekki viss um það verði auðvelt að koma í veg fyrir þá alvarlegu röskun á byggð landsins sem við margir sjáum og skiljum nú að hlýtur að verða ef á að fara að demba þessum verksmiðjum niður svo sem eins og á Austfjörðum og á Norðurlandi. Það mundi hafa mikla röskun í för með sér, og a. m. k. höfum við gert það upp við okkur, eyfirðingar og akureyringar, að það mun hafa ekki *einasta forpestandi áhrif á loftið og sjóinn*, heldur mun það líka gjörbreyta samfélagi okkar, félagsháttum okkar og atvinnulífi, og þess vegna m. a. stuggum við þessu frá okkur.

En, herra forseti, ég skal ekki eyða lengri tíma í þetta. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég er mjög andvígur þessari till. og tel að það væri til óþurftar að samþ. hana, þó að ég hafi ekkert á móti því að hún gangi til nefndar og verði þar rædd. En ég vara hins vegar við því að hún verði samþ.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., er, eins og hefur fram komið, veigamikið mál sem er áreiðanlega þess vert að það sé rætt og athugað nákvæmlega, hvað í þessu felst og að hverju við eigum að stefna í þessum málum. Að vísu er tillgr. ekki löng, hún er aðeins um það að Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta gera athugun á heppilegasta staðarvali til stóriðju á Norðurlandi og Austurlandi. Heppilegasta staðarvali? Er það hugsað út frá hafnar-

skilyrðum eða er það hugsað út frá orkunni eða er það hugsað út frá einhverju öðru — hinu félagslega?

Ég held að ef á að fara að athuga slíkt mál, þá sé það ekki einn þáttur, sem þurfi að kanna, heldur margir. Og það er ekki hægt að finna það, hvorki í tillgr. né í grg., hvað eigi að kanna í raun og veru. En þó finnst manni við að lesa þetta yfir, að það muni vera fyrst og fremst hafnaraðstaðan. Það væri hægt að halda það. En það er bara einn þáttur. Og öll umr., sem fer fram um þessi málefni, er í raun og veru ekki miðuð við það strjálbýla land og það fámenni sem við búum hér við. Er ekki kominn tími til að koma fram með till. hér á Alþ. um að athuga hvernig við eigum að byggja upp okkar atvinnulíf, að hverju við eigum að stefna í þessum málum?

Ég vil alls ekki segja að við eigum skilyrðislaust að hafna stóriðju. Ég vil ekki segja það. En ég vil segja það, að við eigum fyrst og fremst að athuga alla aðra möguleika. Ég trúi því að við þurfum ekki að notfæra okkur þá möguleika, nægir aðrir séu fyrir hendi í okkar góða landi og miðað við okkar fámenni, að við þurfum ekki á slíkri stóriðju að halda. Er það virkilega þannig, **að hv. flm. vilji fara að láta byggja einhvers** staðar verksmiðjubæ, einhæfan verksmiðjubæ? Ef ætti að byggja upp stóriðju annars staðar á Norður- og Austurlandi en við Eyjafjörð, þá yrði það vitaskuld verksmiðjubær eingöngu. Það er hvergi til sá fólksfjöldi þar nokkurs staðar sem mundi henta slíku. Það yrði að byggja það upp að mestu leyti frá grunni, miðað við þær hugmyndir sem a. m. k. erlendir menn tala um hver stærðin þurfi að vera til þess að það borgi sig.

Ég verð að játa það alveg hreinskilnislega, að þær umr., sem hafa farið fram að undanförnu um þessi mál, næstum að segja skelfa **mig. Það er í sjálfu sér eins og menn séu** farnir að trúa því að við getum alls ekki komist hjá því að byggja stóriðjuver hér og þar, það sé okkar einasta lífsvon. Ég lít allt öðruvísi á þetta mál. Ég held að við þurfum ekkert á stóriðju að halda, og ég vil taka undir þau orð hv. 1. þm. Norðurl. e., að það er enginn vafi á því að það er ekki til þess að halda hér uppi byggðajafnvægi að byggja upp stóriðju, jafnvel þó hún væri á Norðurlandi og Austurlandi, heldur hið gagnstæða, því að slík stóriðja mundi draga að sér fólkið í næsta umhverfi utan um slíka verksmiðju.

Ég fellst á það, að við getum auðvitað ekki virkjað í stórum stíl öðruvísi en að hafa stóran orkukaupanda. Ég fellst á það. En þurfum við að flýta okkur endilega að virkja bestu möguleikana, gera það á nokkrum áratugum? Er ekki betra fyrir okkur að hafa þá stefnu að byggja landið allt og byggja á okkar atvinnuvegum fyrst og fremst?

Það er auðvitað margt hægt að segja um þessi mál, en ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Þessi till. kemur mér mjög einkennilega fyrir sjónir. Það er engin skilgreining á því hvað eigi að athuga. Ég hélt að þarna væru margir þættir. Ef menn ætla að láta gera athugun á svona máli til þess að það sé nokkurt gagn að því, þá þarf að skoða það frá óteljandi hliðum. Kannske eru hafnarmannvirkin þar ekki það stærsta, a. m. k. ekki í mínum huga.

Ég mun því ekki ljá þessari till atkv. mitt. Hins vegar mundi ég vilja standa að því, að það yrði samþ. till. á Alþ. um hvernig við eigum að byggja upp okkar atvinnulíf, það yrði kannað hvernig að því á að standa á næstunni. Komi það í ljós eftir nákvæma könnun, að við getum ekki haldið uppi fullri atvinnu í þessu landi öðruvísi en með einhverri stóriðju, þá verður að athuga það þegar þar að kemur. En ég trúi því ekki.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hér hefur verið lögð fram till. þess efnis, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að láta gera athugun á heppilegasta staðarvali til stóriðju á Norðurlandi og Austurlandi. Af þessum texta má skilja að þar með sé ákveðið að ráðast í stóriðju í þessum landsfjórðungum. En ég skildi það ekki svo í framsögu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að það væri í reynd till. flm., og ég tel því ástæðulaust að vera í sjálfu sér að hártoga þennan texta. Hann er í sjálfu sér óheppilegur.

En í fyrsta lagi er það afskaplega slæmt í öllum umr. um stóriðju, að það liggur í reynd engin skilgreining fyrir á því orði, hvað það er sem menn eiga við þegar rætt er um stóriðju. Er það fyrirtæki, þar sem vinna þetta og þetta margir starfsmenn, eða er það fyrirtæki, sem notar orku, sem fer umfram ákveðið mark, eða eru það eingöngu álbræðslur og járnblendiverksmiðjur? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við reynum að koma okkur niður á hvað það er sem menn eiga við þegar rætt er um stóriðju, því að það kemur í ljós að það er afskaplega mismunandi eftir því hver flytur málið.

Ég er þeirrar skoðunar eins og flestir, að það eigi ekki og beri ekki að byggja orkuver hér á Íslandi sérstaklega fyrir stóriðju. Hins vegar hefur það komið upp og orðið hlutskipti okkar að þurfa að taka ákvörðun um það, um leið og virkjun er ákveðin eins og Sigölduvirkjun, hvað eigi að gera við þá orku og hvort eigi að byggja stóriðjufyrirtæki samhliða þeirri og öðrum virkjunum. Ég tel að þá hafi í reynd verið tekin ákvörðun varðandi járnblendiverksmiðju, þegar ákvörðun um Sigöldufram kvæmdirnar var tekin. Fram hjá því verður ekki komist.

Í sambandi við till. eins og þessa hlýtur að koma upp í hugann: Hvað er það sem vantar fyrst og fremst í landsfjórðungum eins og Norðurlandi og Austurlandi? Í fyrsta lagi vantar þar orku, og það eru uppi áform um að byggja orkuver til að fullnægja þeirri þörf. Á Austurlandi er uppi áform um Þessastaðaárvirkjun sem á að fullnægja þörfum fyrir grunnorku í fjórðungnum eins og nú háttar og fyrir nokkra framtíð. Í öðru lagi vantar fjölbreyttara atvinnulíf í þessum landsfjórðungum, og í því sambandi eru menn almennt fullvissir um að það beri að leggja áherslu fyrst og fremst á þá atvinnuvegi, sem þar eru fyrir, og leggja áherslu á smærri fyrirtæki. En fram hjá því verður hins vegar ekki gengið, að miklir virkjunarmöguleikar eru í þessum landsfjórðungum. Það eru

miklir virkjunarmöguleikar t. d. á Austurlandi, og við stöndum frammi fyrir því í nánustu framtíð að þurfa að taka ákvörðun um einhverja þessara kosta, því að það er ljóst að virkjun eins og Bessastaðaárvirkjun mun ekki nægja um alla framtíð.

Það má segja að okkur vanti flestar forsendur til að taka ákvörðun um það sem menn kalla stóriðju. Ég hefði því viljað fyrst og fremst að það færi fram athugun á áhrifum stóriðju á félagslegar aðstæður og byggð í þessum landshlutum. Það er fyrst og fremst slík athugun sem okkur vantar til þess að geta tekið ákvarðanir þegar þar að kemur. Ég vil alls ekki hafna öllum hugmyndum um stóriðju, því að í minum huga er mikil breidd í því orði. Það geta verið fyrirtæki þar sem vinna starfsmenn allt frá kannske 70 og upp í 1000, eða fyrirtæki sem notar orku á bilinu 20—30 mw. eða upp í mörg hundruð mw., þannig að það er í reynd enginn í aðstöðu til þess að hafna slíku í eitt skipti fyrir öll. En okkur vantar nákvæmar rannsóknir á félagslegum áhrifum og áhrifum á byggð í þessum landsfjórðungum. Ég efast ekkert um að það kemur ekki til greina að fara að skella niður, hvorki á Norðurlandi né Austurlandi, fyrirtæki þar sem vinna — ja, við skulum segja 500—600 manns. Byggðin í kring mundi bíða ómetanlegt og óbætanlegt tjón. En hins vegar getur vel komið til greina að setja upp miklu minna fyrirtæki, þar sem gætt er ítrustu varkárni varðandi mengun og önnur áhrif á byggðina. Það eru þessar athuganir sem þarf fyrst og fremst að láta gera. Þess vegna vildi ég beina því til flm., að ég teldi heppilegra að beina slíkum athugunum í þá veru, en ekki að rígbinda slíkar athuganir við eitthvert ákveðið staðarval.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ef hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur skilið mig svo, að ég væri á móti umr. um þetta mál, þá er það mesti misskilningur. Ég tel einmitt að umr. um þetta mál séu mjög æskilegar, ekki síst umr. á þann veg sem hér hafa farið fram, hóflegar umr. þar sem komið hafa fram rök og gagnrök, bæði hjá þessum hv. þm. og öðrum þeim, flestum a. m. k., sem hér hafa talað. En það voru einmitt þessi félagslegu sjónarmið sem þessi till. í raun réttri fjallar um. Og það stendur skýrt og greinilega í grg., orðrétt, með leyfi forseta: „Ljóst er að till. þessi hnígur ekki að því að tekin sé ákvörðun um frekari stóriðjuframkvæmdir.“ En það er ekki tilefnislaust að við flytjum till. um að athuga bæði félagslegar aðstæður, hafnaraðstæður o. s. frv., sem hér var vikið að. Það er ekki að tilefnislausu, vegna þess að hér sunnan- og suðvestanlands, frá a. m. k. þremur byggðarlögum, hafa komið áskoranir frá áhrifamönnum um að næsta stóriðjuver, sem á Íslandi risi, yrði í þessum landshluta. Það er fyrst og fremst það sem við erum að undirstrika, að við erum algerlega mótfallnir því, og ég a. m. k. mundi vera eindregið á móti því að fleiri verksmiðjur en þær, sem teknar hafa verið ákvarðanir um, verði byggðar í þessum landshluta. Auðvitað hefur ákvörðun verið tekin um málmblendiverksmiðjuna og við greitt um hana atkv. Þar komu fram þessi félagslegu sjónarmið öllsömun sem hér er verið að fjalla um. Ég gerði þá upp hug minn. Ég teldi óhætt að ein slík verksmiðja til viðbótar álverinu og síðan efnaverksmiðjunni eða sjóefnaverksmiðjunni, eða hvað hún nú heitir, mætti rísa hér á þessu svæði, það væri ekkert á móti því að ein slík verksmiðja kæmi á Vesturlandi. Og þá auðvitað gerði ég upp minn hug um það, hvort ég væri með þessu eða móti og ákvörðunin var tekin, þótt það hafi síðan komið aðrir aðilar inn. Og frá félagslegu sjónarmiði get ég ekki séð að það sé óæskilegra að hafa norðmenn heldur en bandaríkjamenn, þó að okkur þyki öllum vænt um þá líka.

Þessi till. er sem sagt um stefnumörkun að því einu leyti, að við mörkum þá stefnu að við viljum ekki fleiri stóriðjuver hér sunnanlands, nema við einhvern tíma í framtíðinni, þegar slík iðjuver, eitt eða tvö, hefðu risið annars staðar, teldum það vera óhætt.

Og ég vil nú segja að við getum ekki á þessu stigi heldur fordæmt alla stóriðju. Hér hefur réttilega verið vikið að því að 500—600 manna verksmiðja gæti raskað byggðajafnvægi og mundi vafalaust gera það að einhverju leyti. En eftir 2—3—4 ár kann vel að vera að einhver orkufrekur iðnaður þurfi ekki mannafla nema 50 eða 100 manns, en það getur verið geysilega merkilegt og gott fyrirtæki engu að síður. Ég veit ekki neitt um það tæknilega. Við vitum bara að tækniframfarir í heiminum eru gífurlega miklar, og þess vegna finnst mér alveg jafnfráleitt eins og það væri að byggja 20 álbræðslur að afskrifa þann möguleika um alla framtíð að við förum út í frekari orkufrekan iðnað. Og auðvitað greiðir það fyrir virkjunum eins og Blönduvirkjun, ef orkusölusamningur er fyrir hendi. En það, sem átt er við í grg. um Hrauneyjafoss og Blönduvirkjun, á ekki heldur að fara á milli mála. Við segjum að við áteljum það að Hrauneyjafoss er ákveðinn, vegna þess að virkjunarundirbúningur var ekki nægjanlega langt kominn. Og ég veit ekki hvern á að saka um það. Það verður að játa eins og er, að það var hópur heimamanna andvígur Blönduvirkjun og það hefur dregist um of að ná þar samkomulagi, ella hefðu vafalaust orðið meiri rannsóknir á síðasta ári. En við erum ekki að átelja þar einn eða neinn. Við viðurkennum eingöngu að það varð að taka ákvörðun um Hrauneyjafoss vegna þess að undirbúningsrannsóknir á öðrum stöðum voru ekki nægilega langt komnar, og það er vissulega hryggilegt, því að ég hygg að allir þm. séu sammála um að það væri æskilegri stefna, að ein stórvirkjun kæmi úti á landsbyggðinni, heldur en að ein til viðbótar kæmi hér á Þjórsársvæðinu, þó ekki væri nema af öryggisástæðum. Þess vegna er ekki verið að deila á einn eða neinn með þessu.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr., en ég lýsi aðeins yfir ánægju minni með að þær skuli hafa farið fram einmitt á þann veg sem þær hafa gert. Og að því er varðar ræðu síðasta ræðumanns, þá er ég vissulega til viðræðu við þá sem hafa sömu sjónarmið og hann, og ég veit að meðflm. er það líka, — viðræðu um að breyta eitthvað till. og taka enn þá meira mið af félagslegum sjónarmiðum. En það eru þó fyrst og fremst þau sem við einmitt erum að ræða hér um.

Við erum að vekja athygli á þessum félagslegu sjónarmiðum fyrst og fremst, að það megi ekki kollvarpa landinu með því að öll stóriðja eigi að vera hér á einu horni. Það er það sem er stefnumörkun í þessari till., ekkert annað. Það er skýrt tekið fram, að engin ákvörðun felist í henni um frekari stóriðju. Með hliðsjón af þessu hélt ég satt að segja, að við gætum orðið nokkuð mikið sammála hér í þessum sal um afgreiðslu þessarar till. Ef hún veldur misskilningi, þá er auðvitað sjálfsagt að leiðrétta þann misskilning, og fyrstur skal ég verða til þess að breyta orðalagi og undirstrika það, sem fyrir okkur vakir, og það er þetta eitt, að ekki verði teknar ákvarðanir um fleiri stóriðjuframkvæmdir á Suðvesturlandi, fyrr en búið er þá a. m. k. að athuga hvort slíkar verksmiðjur, ein eða fleiri, gætu komið annars staðar. Og þá kemur að því að taka ákvörðun, hvort við viljum verksmiðju eða viljum verksmiðju ekki, og auðvitað hljótum að meta hvert einstakt tilvik alveg óháð öðrum tilvikum.

Eins og ég sagði áðan, þá eru miklar tækniframfarir. Núna er að vísu verið að tala um verksmiðju sem tæki kannske 500—600 manns, þar sem er tilboð eða umræður við Norsk Hydro. Við eigum að taka til þess sjálfstæða afstöðu. Ég hef í mínum huga gert það upp við mig, að ég er á móti þeirri verksmiðju nema hugsanlega norðanlands og austan, ef þar eru einhverjir staðir þar sem fólkið vill fá verksmiðjuna. Og mér finnst meira að segja að það megi gjarnan ræða um og huga að því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson nefndi hér verksmiðjubæ. Það þarf ekki að vera endilega einn verksmiðjubær. Það þyrfti ekki allt fólkið, sem ynni í verksmiðjunni, að búa í þeim bæ, kannske engir. Það gæti búið í nálægum byggðarlögum ef samgöngur væru nægilega góðar. Mér finnst ekki ástæða til að afskrifa þann möguleika algerlega að byggja bæ þar sem væri ekkert nema verksmiðjan og höfnin og kannske einhverjir eftirlitsmenn, en síðan kæmi starfsfólk úr nálægum byggðarlögum, 100—200 manns, ef það væri hægt að fá arðvænlega verksmiðju, sem notaði talsvert mikla orku, en þyrfti ekki meiri mannafla en þetta. En það er einmitt einkenni orkufreks iðnaðar eða á að vera, að það þarf lítinn mannafla, en á að skapa mikla auðlegð.

Nú er búið að rífast mikið um Búrfellsvirkjun og álbræðsluna og ég hef satt að segja ekki nennt að taka þátt í því rifrildi síðari árin, af því að það er alltaf endurtekið það sama sem talað var um fyrir 12 eða 14 árum. Það er ekki nokkur lifandi leið, a. m. k. ekki fyrir mann sem stóð daglega í því að rífast um þetta á þeim tíma starfsins vegna, að nenna að fara að taka þátt í þessum ósköpum upp aftur og aftur. En við skulum þó huga að því, að það líður nú ansi ört á afskriftatíma þessarar virkjunar og verksmiðju og tíminn er furðufljótur að líða. Við skulum segja að við hefðum engan hagnað haft af þessu eða lítinn fram að þessu. Hann verður þá ekki lítill þegar allt þetta er afskrifað og orðið okkar eign skuldlaust. En það má líka hafa hliðsjón af því.

En sem sagt, ég ætlaði ekki að taka hér upp almennar deilur um stóriðju og mun ekki gera. En ég er ánægður með þessar umr. Ég held, að þær hafi verið upplýsandi, og vona að þær haldi áfram, bæði í þingsölunum og eins úti um allt land, þannig að menn geti gert þetta upp við sig öfga- og hleypidómalaust.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég ætla að nota þetta tækifæri til þess að lýsa andstöðu minni við þessa till. Ég verð að telja að í henni felist nokkur stefnumörkun, — stefnumörkun sem ég er ekki samþykkur.

Hv. flm. orðaði það svo í framsöguræðu sinni, að það væri fráleit stefna að hrúga stóriðjuverum hér á Suðvesturland. Ég er honum sammála um það. Ég held að það sé fráleit stefna, sem sumir vilja fylgja, að óska eftir að byggja hér á landi upp stóriðju í eigu útlendinga. Flm. gat um andstöðu þá sem kom í ljós við byggingu álvers í Eyjafirði, og hann hefur og þeir félagar í grg. með þessari till. gefið til kynna að það væri ekki hugmynd flm. að á málum verði haldið á neinn þann veg sem gengi á snið við vilja heimamanna. Það er nú gott hjá þeim. En ég á von á andstöðu ansi miklu víðar en á Akureyri og í Eyjafirði. Ég á von á mjög verulegri andstöðu.

Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson nefndi stóriðjufyrirtæki í sambandi við hugsanlega virkjun Blöndu. Það náttúrlega liggur í augum uppi að þeim orkuvalkosti fylgir og verður að fylgja þvílík „fabrikka“, og ég virði það ævinlega við þennan þm., þó að ég sé honum ósammála um afar margt, að hann kemur alltaf til dyranna eins og hann er klæddur, og það er ekki lítils virði. Ég held að orkumálastefna okkar hafi verið röng, — ákaflega röng. Við höfum virkjað of ört og of stórt. Við höfum einblínt á hagkvæmni stærðarinnar, sem ekki er algild, vegna þess að við höfum orðið að selja rafmagnið til erlendrar stóriðju við allt of lágu verði. Um það atriði höfum við hv. 1. þm. Norðurl. e., sem flutti hér prýðilega ræðu áðan, flutt þáltill. og ég fæ tækifæri til þess að gera grein fyrir skoðun minni í því efni þegar hún kemur hér til umr.

Það hefur verið rætt hér nokkuð hversu mikil áhrif — þjóðfélagsleg áhrif — verði af svona fyrirtækjum. Ég ætla ekki heldur að fjölyrða mjög um það. Stærðar sinnar vegna henta þessi fyrirtæki alls ekki í þjóðlífi okkar. Það er kannske möguleiki að láta þau ganga hér í almesta þéttbýlinu, en stærðarinnar vegna henta þau alls ekki og geta ekki hentað úti á landi, vegna þess að þau drepa allt í kringum sig í miklu fleiri en einum skilningi. Stærð þeirra er þvílík að þau bera allt annað ofurliði.

Hv. 1. flm. hefur margoft flutt þá skoðun sína að SÍS væri auðhringur, háskalegur auðhringur í þessu þjóðfélagi. Ég er honum ekki sammála um það. Hann flutti þessa skoðun sína t. d. í sjónvarpsþætti nú fyrir nokkrum vikum, líklega svona hálfum mánuði. (**EKJ:** Ég notaði aldrei það orð.) Þú kannt að hafa notað einhver önnur orð en það. En ég vil þá leiða til vitnis leiðarahöfund Morgunblaðsins frá sunnudeginum 20. febr. 1977, en það blað sendi Sambandi ísl. samvinnufélaga á 75 ára afmæli þess ákaflega ein-

kennilega afmæliskveðju. Ég ætla — með leyfi forseta — að lesa niðurlagið af þeirri forustugrein, þeirri afmæliskveðju, hún er svo hljóðandi:

„Nei, hér er ósköp einfaldlega á ferðinni hugsunarháttur auðhringsins sem aldrei fær nóg, vill alltaf meira og reynir að sölsa undir sig allt sem hann kemst yfir. Gegn óeðlilegri útþenslu Sambandsins verður að snúast af hörku og dirfsku. Það þjónar hvorki hagsmunum þjóðarinnar í heild né einstakra hópa að Samband ísl. samvinnufélaga verði stórum stærra og umsvifameira en það er þegar orðið. Á 75 ára afmæli Sambandsins ber að meta að verðleikum framlag þess til íslenskrar atvinnuuppbyggingar, en vara eindregið við frekari útþenslu þess.“

Svo hljóðuðu þau orð í lok afmæliskveðjunnar. (Gripið fram í.) Þetta er ógurlegt að heyra, en þetta er áréttíng á þeim hugsunarhætti sem hv. 4. þm. Norðurl. v. er með nokkrum hætti tákn fyrir, e. t. v. vegna þess hve hann er að mörgu leyti ágætur maður og hreinskiptinn. En ekki skrifaði þessi leiðari sig sjálfur og þar hefur einhver haldið á penna. Það eru að vísu ekki stafir undir. (**EKJ**: Heldurðu að ég sé ritstjóri enn þá?) Nei, nei, en andi þinn svífur yfir vötnunum — (**EKJ**: Það vona ég.) vegna þess hvað þú komst þarna vel og rækilega við á sínum tíma og ólst þá upp að nokkru leyti, skáldið og stjórnmálamanninn þarna í höllinni. Þetta er einkennilegur hugsunarháttur.

Fasteignir Sambandsins munu að brunabótamati hafa verið í árslok 1975 eitthvað í kringum 4 milljarða. Það hefur sjálfsagt hækkað eitthvað síðan, en það er í forustugreininni vitnað til veltunnar á árinu 1975, þannig að það er ekki óeðlilegt að ég noti þá þessa tölu. En 4 milljarðar eru ekki stór biti af álveri. 4 milljarðar eru svona kannske eins og ¼ partur af álveri. Það er því ekki að undra þó að maður sé furðu lostinn yfir þessum hugsjónum öllum, að vilja stuðla að stórfyrirtækjum í eigu útlendinga og virkja til þess að hægt sé að reisa þau, en fjandskapast svo við samtök fólksins í landinu vegna þess að samvinnusamtök þess séu of stór.

Ég held að ég þurfi ekki að orðlengja þetta meira í bili, en mér gefst væntanlega tækifæri til þess fljótlega að gera grein á þessum vettvangi fyrir öðrum þáttum í skoðun minni á þessum stóriðjumálum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, gat þess að hann hefði verið að velta því fyrir sér að biðja um frestun þessarar umr. af því að hann væri ólæs um hríð. Ég hins vegar var tepptur undir lóð og átti ekki von á því að umr. hæfust svo snemma um þetta dagskrármál, svo aftarlega á dagskránni eins og raun ber vitni, þannig að ég kem dálítið af fjöllum varðandi það sem hér hefur farið fram. En þó lánaðist mér að hlýða á mál þeirra hv. framsóknarmanna, þeirra hv. þm. Ingvars Gíslasonar, hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, og ég held að það hefði gert kannske umr. styttri og einfaldari í sniðum ef þeir, sem ekki þjást af ólæsi, hefðu lesið till. og grg. með henni.

Ég veit að afsökun hv. þm. Ingvars Gíslasonar liggur í ólæsinu. En ég veit ekki hvort hinir hafa þá afsökun, hv. þm. Stefán Valgeirsson og aðrir sem hafa talað í þeim dúr, eins og þeim sem hv. þm. Stefán Valgeirsson gat um, að þessi till. fjallaði um rannsókn á hafnaraðstöðu, að því er honum virtist, nær eingöngu. Og hv. þm. Halldór Ásgrímsson taldi að það vantaði í till. að rannsökuð yrðu hin félagslegu áhrif stóriðnaðar. Ekkert af þessu vantar í till. vitanlega, vegna þess að hér er verið að leggja til að gerð verði athugun á heppilegu staðarvali stóriðju á Norðurlandi og á Austurlandi, og vitanlega felst það í þeirri tillögugerð að allir þættir málsins verði rannsakaðir.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson gat um það, að þetta væri ekki einfalt mál, og við hv. þm. Eyjólfur Konráð erum honum sammála um það og förum þess vegna fram á að úttekt á þessu og rannsókn verði gerð í heild sinni, mjög ítarleg, eftir þeim upplýsingum, sem menn hafa nú, og lærdómi, sem þeir hafa dregið af því sem þeir hafa séð og lesið og sýnir sig að vera ekkert einfalt mál.

En hv. þm. Ingvar Gíslason talar um að mikil stóriðja úti á landsbyggðinni mundi valda byggðaröskun. Það kann að vera. Það fer eftir því hvernig á málið er litið. En ef svo heldur fram sem horfir um stórvirkjun fallvatna, þar sem orkunni er beint að þessu suðvesturhorni og byggingu stóriðju á því suðvesturhorni, hvað vilja menn þá segja um áhrif þeirrar stefnu, — þeirrar einstefnu sem ég hef kallað og minn flokkur t. d. ber höfuðábyrgð á, eins og í stórvirkjunarmálunum? Ætli það mundi ekki teljast byggðaröskun í lagi? Við erum ekki að leggja til að tekin verði ákvörðun um stóriðjuframkvæmdir núna, — alls ekki. En ef Alþ. kæmist síðar að þeirri niðurstöðu að reisa bæri slík iðjuver, þá er að okkar dómi eðlilegt, heppilegt og nauðsynlegt að þá liggi fyrir hvort ekki megi velja slíku iðjuveri stað annars staðar en á þessu suðvesturhorni. Við höfum reynsluna af þessu varðandi stóriðjuna. Hér eru keðjuvirkjanir við Þjórsá, þegar einni er lokið tekur önnur við, af því að þeir sem stjórna og ráða ferðinni hafa þá þegar undirbúið hina næstu. Og þá er tekið fram að það verði að velja þann kostinn af því að hann sé undirbúinn og tilbúinn til útboðs. Þannig höfum við séð hvernig þessari einstefnu hefur verið ekið fram.

Ég hafði þá skoðun að stórvirkjun í Fljótsdal austur væri ekki möguleg nema með því að selja meginhluta orkunnar til orkufreks iðnaðar. Ég hef breytt þessari afstöðu minni, og þegar ég hafði borið fram till. mína um rannsókn á Fljótsdalsvirkjun, og í henni fólst einnig að athugaðir yrðu möguleikar á orkukaupanda á Reyðarfirði, þá nam ég þá grein brott úr tillögugerðinni — og reyndar var till. samþ. — af því að ég fór smám saman að átta mig á því að möguleikar okkar sjálfra til nýtingar orkunnar, neyslu orkunnar, væru það miklir að það væri ekki nauðsynleg forsenda fyrir stórum virkjunum að selja meginhluta orkunnar til orkufreks iðnaðar. Ég hef sannfærst enn betur um þetta og vil þess vegna leggja áherslu á áframhaldandi hringtengingu landsins. Nú hefur verið tekin ákvörðun um tengingu byggðalínunnar og lengingu hennar

austur í Eyrarteig í Skriðdal, og ég hef að mínu leyti mikinn áhuga á áframhaldandi lagningu byggðalínunnar frá Eyrarteigi og framan lands að Þjórsárvirkjun. Og þá er ég alveg viss um það, að áður en líður uppgötva menn að þá þarf að byggja stórt orkuver í Fljótsdal austur, þó ekki væri nema til öryggis vegna stóru virkjananna á eldvirka svæðinu við Þjórsá og þar getur það orkuver framtíðarinnar gegnt sínu mikilvæga hlutverki. Annað mál er það, að það líða mörg ár þar til, og á meðan þarf auðvitað að huga að því að Austurland sem aðrir landshlutar njóti ódýrrar orku frá hagkvæmum vatnsvirkjunum í eigin landshluta. En hér er lagt til að athugað verði staðarval þá og ef að því dregur að tekin verði ákvörðun um frekari byggingu slíkra iðjuvera.

Ég verð að segja það, að mér kemur út af fyrir sig ekkert á óvart afstaða hv. þm. Ingvars Gíslasonar. Ég minnist þess, að hann sat hjá við lokaafgreiðslu frv. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði ásamt mér og þriðja hv. þm. En ég veit ekki hvort hinn stóri sannleikur í þessum málum hefur runnið upp fyrir þeim við viðbrögð kjósenda þeirra í Eyjafirði norður, fyrir honum og hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, þegar á dagskrá kom till. í haust er leið um að reisa álver þar eða stóriðju. Það er auðvitað mannlegt, þó að það sé ekki beint stórmannlegt. En ég vil taka það fram, að þótt ég eigi ekki stjórnmálalegra hagsmuna að gæta norður þar, þá mundi ég ekki undir neinum kringumstæðum samþykkja stóriðju sem gæti mögulega haft mengun í för með sér á stað eins og við Eyjafjörð. Það kemur aldrei til greina. Og ég er þeirrar skoðunar að við eigum að fara okkur hægt í þessu, t. a. m. að ætla að binda kannske verulegan hluta af beislanlegri orku í heilum landshluta, á Suðurlandi t. d., í stóriðju á suðvesturhorninu, þó að fyrir liggi að orkuþörfin í þessum landshluta muni margfaldast til almennrar neyslu og smáiðnaðar og fjölþætts iðnaðar á næstu árum og áratugum. Það er hættuleg stefna í meira lagi.

Ástæður fyrir því, að ég gat ekki á sínum tíma fylgt járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði, voru í fyrsta lagi þær, að ég taldi að þar hefði verið dregin burt úr nefi okkar af útlenda auðhringnum bandaríska, og á hinn bóginn, að ég taldi þetta áframhald stórfelldrar byggðaröskunar, þar sem þetta var sett niður hér hið næsta þéttbýlinu eða að segja í því miðju, þar sem er ekki nema steinsnar úr Reykjaneskjördæmi yfir í járnblendiverksmiðjuna. Við verðum að fara með allri gát í þessum efnum um að binda stóran hluta af orku okkar í stóriðnaði. Á hinn bóginn er enginn vafi um það, að álverksmiðjan og e. t. v. væntanlega járnblendiverksmiðjan muni skjóta nýjum stoðum undir okkar efnahagslíf, og það hefur álverksmiðjan vissulega gert, bæði efnalega og eins með tilliti til gjaldeyrisöflunar.

Ég legg alla áherslu á það, og það er óþarft af mönnum að draga aðrar ályktanir af þessu en þær sem ég legg áherslu á, að hér er engan veginn verið að leggja til að horfið verði að nýrri byggingu stóriðjuvera.

Ég ætlaði aðeins að geta þess áðan, þegar ég fór að ræða um fyrri afstöðu hv. þm. til stóriðjuframkvæmda, að Framsfl. var stjórnarforustuflokkur árið 1974 þegar skriðið var tekið um byggingu járnblendiverksmiðjunnar, og það var sótt svo hart fram í því máli af hæstv. þáv. iðnrh., Magnúsi Kjartanssyni, að við í stjórnarandstöðunni, þingflokki Sjálfstfl., höfðum varla flóafrið. Þetta var stutt a. m. k. af meginhluta, nær öllum þm. í stjórnarforustuflokknum þá. Og sá veldur miklu sem upphafinu veldur um járnblendiverksmiðjuna, og það upphaf átti fyrrv. ríkisstj. og hæstv. þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, á því leikur ekki nokkur vafi. Hins vegar kunna að vera margir, t. d. í mínum flokki, sem vilja færa þeim sérstakar þakkir fyrir það forustuhlutverk, en ég er ekki í þeim hópi og ekki í þeim stellingum nú heldur.

Nei, þessi till., það má gjarnan gera hana ítarlegar úr garði. Ég vísa því til þeirrar n., sem fær þessa till. til athugunar, að í framsögu fyrir henni verði ítarlega rætt um tilgang hennar, svo sem ég hygg að hann hafi komið fram í þessum umr. nú.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði að í till. fælist stefnumörkun. Hvað vill hann þá segja um þetta sem hv. þm. Eyjólfur Konráð las hér upp og stendur hér, að ljóst sé samkv. þessari till. að hún hnígur ekki að því að tekin verði ákvörðun um frekari stóriðjuframkvæmdir?

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að blanda SÍS inn í þetta. Ég á góða samvinnu við SÍS. Ég skal ekkert dæma um það, hvort þetta er rétt fram talið hjá hv. þm., þessar eigur, en SÍS er ekki ríkt, nei, SÍS er heldur fátækt og 4 milljarðar eru ekki stór eign. En ætli það sé nú ekki gamalt fasteignamat, þannig að við þurfum kannske að grípa til margföldunartöflunnar enn einu sinni.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að hafa fleiri orð um þessa till. En það var mjög þénanlegt að okkur flm. skyldi gefast vegna þessara umr. rækilegt tækifæri til þess að taka af allan vafa um við hvað er átt með tillögugerð þessari.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið hér býsna athyglisverðar umr. um þessa till. og þó það kannske einna helst, að mér sýnist að flm. till. vilji lesa úr henni allt annað en í henni stendur. Það er auðvitað mál út af fyrir sig hvort þeir hafa meint allt annað en það sem almennt verður lesið út úr sjálfri till. Þeir leggja nú ofuráherslu á það, að í grg. till. standi að þessi till. hnígi ekki að því að tekin sé ákvörðun um frekari stóriðjuframkvæmdir. Það hefði auðvitað mátt lesa sitthvað út úr þessari setningu út af fyrir sig líka. Menn geta auðvitað meint það með orðalagi eins og þessu, að ekki sé verið að taka ákvörðun um byggingu verksmiðju á þessum eða hinum staðnum eða þessa eða hina verksmiðjuna. Það vitum við mætavel, till. liggur ekki þannig fyrir. En eins og sagt hefur verið hér: till. er afar stutt og í rauninni skýr. Hún er þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera athugun á heppilegasta staðarvali til stóriðju á Norðurlandi og Austurlandi.“

Dettur nú nokkrum manni í hug að ríkisstj. sé falið verkefni eins og þetta algerlega út í blá-

inn og svo sé komið á eftir og sagt: Ég meinti ekkert með þessu, ég ætlaðist aldrei til að það yrði nein verksmiðja byggð. — Nei, svona léttilega geta menn ekki snúið sig út úr þessu, enda er ég ekki í nokkrum vafa um það, að ef till. hefði verið samþykkt og efnt hefði verið til þessarar athugunar, þá hefði hin túlkunin komið, sem lá auðvitað beinast við, að segja: Alþingi hefur þegar stigið fyrsta skrefið. Alþ. hefur samþykkt að láta fara fram athugun á því, hvar heppilegast væri að koma þessum fyrirtækjum fyrir, og þar með tekið „prinsip"-afstöðu.

Auðvitað felst í þessari till., eins og hún liggur þarna fyrir, — þó að flm. vilji nú eitthvað hverfa frá því, kannske vegna þeirra undirtekta sem till. hefur fengið hér, — þá felst í henni viss stefnumörkun um það, að þetta sé verkefnið, að þessu sé stefnt, það sé bara verið að leita að heppilegum stað fyrir fyrirtækið. Og það var einmitt út frá þessu sem andstaða kom hér strax fram við till., að í till. fælist ákveðin stefnumörkun í öfuga átt við það, sem t. d. ég og fleiri þm. hér lýstu yfir sem sinni skoðun varðandi stefnumótun í atvinnumálum. Ég álít, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að það sé viss þörf á því að hér fari fram allítarleg umræða um notagildi og hagkvæmni stóriðju og þá aðra möguleika sem við eigum kost á í sambandi við okkar atvinnumál. Ég dró þetta aðeins saman í stuttu máli og get gert það hér enn án þess þó að eyða löngum tíma í það.

Við vitum að stóriðjan getur í rauninni ekki haft aðra þýðingu fyrir okkur efnahagslega og atvinnulega séð en þessa, að hún veiti okkur möguleika til þess að virkja með öðrum hætti og við getum haft eitthvað upp úr því að selja raforkuna til þessa rekstrar. Þetta er einn þátturinn og það ber vitanlega að skoða hann. Í öðru lagi getur stóriðjan, eins og stundum hefur verið lögð áhersla á, skapað einhver ný atvinnutækifæri. Spurningin er þá: Eru menn að leita að þeim? Og svo er auðvitað í þriðja lagi hægt að tala um það, að stóriðjan geti hugsanlega gefið okkur hreinan gróða, beinan tekjuafgang, sem alltaf getur komið sér vel.

Það væri vitanlega full þörf á því að ræða þessa þætti alla, hvern um sig, þá reynslu sem við höfum þegar haft af stóriðjunni á þessu sviði. Ég sagði það og segi það enn: ég ætla ekki við þessa umr. að fara nánar út í að ræða þessa einstöku þætti. Ég hef gert það hér nokkuð áður og á eflaust eftir að gera það betur og það gera eflaust fleiri þm. þegar frv. um stóriðju kemur hér úr n., það sem hér er á ferðinni, þ. e. a. s. frv. um járnblendiverksmiðjuna. Þá er eðlilegt að þetta sé rætt og ég ætla að geyma mér það þangað til. Ef sú verður niðurstaðan, eins og hún hefur orðið hjá mér, að þessir þættir, sem ég minntist á, séu í rauninni neikvæðir, það bendi ekkert til þess að við höfum neitt út úr raforkusölunni með þessum hætti, borið saman við aðra kosti sem við eigum, og hér sé ekki um þau atvinnutækifæri að ræða, sem við þurfum á að halda, og síður en svo líklegan rekstrarhagnað, — ef menn komast að þessari niðurstöðu, þá er auðvitað alveg ástæðulaust að vera að leggja á sig mörg aukaspor vegna athugana á stöðum fyrir stóriðjufyrirtæki. Ég hef ekki heyrt flm. þessarar till. eyða miklu máli í það hér á Alþ. að rökstyðja að það sé eitthvað verulega eftirsóknarvert í sambandi við þessa stóriðjustefnu.

En það, sem varð til þess alveg sérstaklega að ég kvaddi mér hér hljóðs aftur, að hv. 5. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, sagði í sínu máli að hann teldi að með ákvörðuninni um að ráðast í Sigölduvirkjun hefði í rauninni verið tekin ákvörðun um byggingu járnblendiverksmiðjunnar. Þetta er auðvitað alger misskilningur, ef þetta er þá ekki sagt af einhverjum enn öðrum ástæðum, vegna þess að það lá alveg skýrt fyrir allan tímann, margsinnis undirstrikað opinberlega af hálfu þeirrar ríkisstj. sem réðst í byggingu Sigölduvirkjunar, að hún væri byggð á þeim grundvelli að við værum ekki háðir því á neinn hátt að ráðstafa orkunni frá þeirri virkjun nema á þann hátt sem við teldum okkur hagkvæmast, og þá var alltaf ætlunin að koma Sigölduvirkjun í framkvæmd í tveimur eða þremur þrepum. Hún átti að vera stærri, 150 mw., og þá gert ráð fyrir því að 50 mw. vélasamstæða yrði fyrst tekin í notkun og síðar kæmu hinar eftir því sem þörf okkar kallaði á. Þegar *menn fóru að athuga um það, hvort verið gæti* hagkvæmt að taka virkjunina alla í notkun í einu lagi, þ. e. a. s. að ráðast í alla þættina um leið, sem vissulega gat verið fjárhagslega hagkvæmara á ýmsan hátt, þá kom auðvitað upp spurningin um hvernig hagkvæmast væri að nota þá orku sem þannig gæti komið skyndilega inn í kerfið. En um það hafði aldrei verið tekin nein ákvörðun í vinstri stjórninni, að orkunni frá Sigöldu skyldi ráðstafað á þennan hátt, — aldrei. Það lá líka fyrir, að þar var um tvo möguleika að ræða sem voru mikið ræddir á þessum tíma. Það var annars vegar að til viðbótar því, sem talið var að væri mjög hagkvæmt að fá inn á hið almenna raforkukerfi okkar af nýju afli, þ. e. a. s. 60—70 mw., þá yrði ráðist í byggingu svonefndrar byggðalínu til þess að leysa raforkumál Norðurlands sem þá voru algerlega óleyst. Um þetta var tekin ákvörðun í ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, að ráðast í byggðalínuna og leysa raforkumálin á Norðurlandi á vissu tímabili á þennan hátt. Þannig átti að nota þessa orku. Einnig voru lagðar fram áætlanir um að nota þá viðbótarorku, sem þarna yrði til á stuttu tímabili, til stóraukinnar húshitunar. Þessir möguleikar lágu allir fyrir, og það var vitanlega ekkert sem knúði okkur til þess að taka ákvörðunina um að selja helminginn af orkunni frá Sigöldu til járnblendiverksmiðjunnar.

Hv. 5. þm. Austurl. á ekki að reyna að koma sér undan neinum vanda í þessum efnum með því að reyna að halda því fram að einhverjir aðrir hafi verið búnir að binda hendur hans. Hann hefur sjálfur verið að taka einmitt þá afstöðu að vera með járnblendiverksmiðjunni og ráðstafa þessari orku á þennan hátt. En hann stækkar ekki mikið af því að ætla að reyna að skjóta sér á bak við einhverja aðra, að aðrir hafi verið búnir að ákveða þetta. Það er alger misskilningur. Það stendur einnig opið fyrir

okkur í dag að nota þessa orku á annan hátt. Þar skiptir aðeins máli hvaða skoðun menn hafa á málinu.

Það er enginn vafi á því, það var aldrei dregin nein dul á það af þeim mönnum sem höfðu mestan áhuga þá eins og nú á byggingu járnblendiverksmiðjunnar og sölu á raforku til hennar, að þeim var ljóst að Sigölduvirkjun var ekki stærri eða meiri en svo fyrir hinn almenna markað, að þeir lögðu til og það var í þeirra till. að það kæmi ekki til mála að taka ákvörðun um að selja raforku til járnblendiverksmiðjunnar nema taka ákvörðun um nýja virkjun samstundis, þ. e. a. s. virkjun Hrauneyjafoss. Þannig lágu málin fyrir. Salan á helmingi orkunnar frá Sigöldu til járnblendiverksmiðjunnar leiddi það af sér, að það varð að ráðast strax í nýja virkjun að áliti forustumanna Landsvirkjunar. Þær till. liggja allar skriflega fyrir frá þeim að þetta væri þeirra álit. Og þó að inn á þetta kæmi á síðara stigi Kröfluvirkjun sem átti að breyta því hvað áhrærði orkumálin á Norðurlandi — með því að taka ákvörðun um að flýta þeirri virkjun gæti þarna skapast nokkru meira svigrúm í sambandi við nýja virkjun þó að járnblendiverksmiðjan færi af stað á áætluðum tíma, — þá breytti það ekki heldur dæminu, vegna þess að það var augljóst mál að við gátum fengið miklu meira út úr því að ráðstafa orkunni til húsahitunar heldur en á þann hátt að selja hana til járnblendiverksmiðjunnar.

Reynslan hefur líka auðvitað orðið sú, að þegar það kom aftur upp að það var nokkur vafi á hvernig færi með Kröfluvirkjun í reynd, þá komu sömu menn fram á sviðið og áður, þ. e. a. s. formaður stjórnar Landsvirkjunar, aðaláhugamaðurinn fyrir byggingu járnblendiverksmiðjunnar, sá sem hafði stýrt öllum þeim samningum frá upphafi, — þá kom hann líka strax með till. um að það skyldi tekin ákvörðun um nýja virkjun, þ. e. a. s. virkjun við Hrauneyjafoss. Og það er það sem núv. ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um í krafti síns þingliðs. Það kemur því í ljós að hv. 5. þm. Austurl. og aðrir þeir, sem styðja ríkisstj. og eru samþykkir því að ráðstafa um helmingi orkunnar frá Sigöldu til járnblendiverksmiðju, bera líka ábyrgð á því að Hrauneyjafoss er tekinn fram fyrir aðrar virkjanir og á að ráðstafa í þá virkjun í þeirri röð sem nú liggur fyrir. Þetta er allt saman samhangandi keðja, og það er vitanlega á ábyrgð þessara aðila sem málin verða á þennan veg. En þeim tekst auðvitað ekki að fría sig neitt af því að þetta hafi ekki verið þeim sjálfrátt, að samþykkja járnblendiverksmiðju, og það hafi ekki verið þeirra meining að ráðist væri í Hrauneyjafossvirkjun, af því að aðrir menn hafi verið búnir að hugsa svo mikið um eitthvað annað. Allt slíkt er vitanlega tilgangslaust með öllu. Það verður séð um það af öðrum, að svona málflutningur kemst aldrei til skila.

Þá tók ég eftir því að hv. 5. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, ræddi hér allmikið um að honum væri ekki alveg ljóst hvað við væri átt þegar talað væri um stóriðju og stóriðjufyrirtæki. Ég held nú að í þessari umr., sem hér hefur farið fram, sé alveg óþarfi að látast ekki skilja hvað menn eiga við í þessum efnum. Ég held t. d. að hjá okkur ýmsum, sem höfum verið mjög á móti stóriðjupólitíkinni svonefndri, hafi komið mjög skýrt fram að við getum prýðilega hugsað okkur að ráðist verði í fyrirtæki, sem vissulega má kalla stóriðjufyrirtæki, sem með eðlilegum hætti falla inn í okkar atvinnulíf og vegna okkar eigin þarfa. Við teljum að áburðarverksmiðjan sé að vissu leyti stóriðjurekstur, og við teljum að það sé sementsverksmiðjan líka. Við erum því fylgjandi að það verði ráðist hér í nýja áburðarverksmiðju eða stækkun hennar. En hin eiginlega stóriðjupólitík, sem hér er verið að ræða um, er af allt öðrum toga. Hún er auðvitað fyrst og fremst um að samþykkja að erlendir aðilar nái undirtökunum í þessum þætti atvinnulífsins í landinu, að þeir ýmist eigi þessi stóriðjufyrirtæki einir eða að verulega stórum hluta og fái þannig raunverulega yfirráðarétt yfir þessum þýðingarmikla þætti. Svo er þessi stóriðja, sem hér er rætt um, byggð aðallega upp á því að hér sé um orkufrekan iðnað að ræða sem leiði það af sér að við þurfum að ráðstafa okkar virkjunarmöguleikum að meira eða minna leyti til þessara fyrirtækja.

Hér eru menn auðvitað ekki að berjast á móti einhverjum orðum út af fyrir sig, og málið er ekki heldur þannig vaxið að það sé hægt að snúa sig neitt út úr því með því að þetta snúist bara um hvað séu margir starfandi menn í fyrirtækinu. Samkv. áætlunum, sem lágu fyrir frá auðhringnum Union Carbide, var gert ráð fyrir að í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga ættu að starfa samtals 115 manns, þar af í rauninni í verksmiðjunni aðeins 88, en 27 áttu að vera á skrifstofum eða við önnur störf. En eigi að síður hafði þetta fyrirtæki á sér öll einkenni þeirrar stóriðju sem umr. hér hefur snúist um. Og spurningin er sú, hvort menn eru á því að styðja að því að fyrirtæki af sams konar gerð og t. d. járnblendiverksmiðjan komi hér upp og að við ráðstöfum okkar fjármunum með beinu framlagi eða því lánsfé, sem við ráðum yfir, til þess að koma upp slíkum fyrirtækjum í staðinn fyrir að beina fjármagninu í önnur verkefni sem hafa beðið og bíða enn.

Ég fyrir mitt leyti hélt að þetta væri svo skýrt að það þyrfti í rauninni ekki að halda hér uppi neinum deilum um það. Spurningin er sú, hvort menn telja að þessi margboðaða stóriðjustefna sem hér hefur verið mikið til umræðu á undanförnum árum, fyrst og fremst með þátttöku útlendinga og út fyrir það sem snertir hugsanlegar verksmiðjur sem falla eðlilega inn í okkar atvinnurekstur og okkar eigin þarfir, eins og hér hafa verið byggðar áður, — hvort menn sem sagt styðja þá stefnu eða hvort þeir telji að við eigum að beina kröftum okkar í aðra átt.

Ég heyri það líka á þeim umr., sem hér hafa farið fram, að menn ræða mikið um stórvirkjanir. Sú röksemd var eitt sinn notuð allmikið, að í rauninni yrðum við að fara að meira eða minna leyti inn á stóriðjustefnuna vegna stórvirkjanaleiðarinnar, af því að það væri heppilegra og miklu hagkvæmara að ráðast í stórvirkjanir en smávirkjanir, sem þá voru kallaðar, þá værum við í rauninni meira og minna knúðir til þess að fara inn á stóriðjubrautina. Þessi röksemd var mjög notuð á vissu tímabili, og ég heyri að hún

er hér enn nokkuð á ferðinni. En ég vil þá minna á það, að nú liggur það fyrir frá yfirvöldum orkumála, að talið er að nú aukist orkuþörf okkar, landsins í heild, um 25—30 mw. af afli á ári. Málið er því komið þannig, að þó að við séum eingöngu að virkja fyrir okkar eigin almennu þarfir og eðlilega vaxtarmöguleika þar, þá höfum við strax möguleika á því nú að virkja 100—150 mw., sem allir mundu telja mjög hæfilega stærð þegar um er að ræða landskerfið sem heild, þ. e. a. s. þarna yrði um að ræða notkun sem getur staðið í 4—6 ár. En enn er það svo, að við teljum að virkjunartími og undirbúningstími sé í kringum 4 ár minnst. Við erum því eins og nú er komið ekki á nokkurn hátt bundin við að velja stóriðjuleiðina af því að við þurfum endilega að fara í stórvirkjanir. Við getum virkjað Blöndu fyrir okkar landskerfi og þá aukningu sem þar er gert ráð fyrir. Við getum ráðist í slíkar virkjanir. Það getum við líka gert í sambandi við Fljótsdalsvirkjun. Við getum ráðist í þá virkjun að sjálfsögðu á grundvelli þess að landið sem heild sé tengt saman, og það þarf vitanlega að halda áfram þeim fyrirhuguðu framkvæmdum sem gera landið í heild að einu orkuveitusvæði.

Ég vil því segja það, að það er engin þörf fyrir okkur að velja þessa umdeildu stóriðjuleið af þessari ástæðu. Það var hægt að halda þessu að nokkru leyti fram þegar deilurnar stóðu hér á sínum tíma um Búrfellsvirkjun, því að þá var verið að ræða um hvort ætti að velja í kringum 100 mw. virkjun, sem væri í rauninni of stór fyrir okkur eins og þá var rætt um, eða fara í virkjanir sem þá voru nefndar og töflur birtar um, sem voru yfirleitt 10—20—25 mw. virkjanir og voru nefndar smávirkjanaleiðin. En þetta er búið núna. Það þarf því ekki að þvælast fyrir neinum, hvorki fyrir okkur á Austurlandi né annars staðar, að virkjunarmöguleikarnir á Austurlandi, í Fljótsdal, verði okkur eitthvað til trafala. Auðvitað kemur að því að þar verður virkjað og svo stórt, að það flokkast undir það sem sem við köllum í dag stórvirkjun, fyrir eðlilega vaxtarþörf okkar sjálfra og fyrir landið sem heild, en ekki nauðsynlega til þess að koma upp stóriðju, frekar en við viljum. Spurningin er því algerlega um það, hvort við teljum að stóriðjan sé á einn eða annan hátt okkur nauðsynleg af efnahagslegum ástæðum eða við viljum stefna á þá þróun.

Það væri vissulega í sambandi við þetta mál full ástæða til þess að ræða hér nokkuð um aðra möguleika okkar í þróun atvinnumála. En ég hef sagt það hér áður og segi það enn, eins og nú er komið hjá okkur t. d. varðandi sjávarútvegsmálin og þar með fiskvinnslumál, að ef við ætlum okkur að nýta þá möguleika sem þar liggja á borðinu hjá okkur á næstu árum og næstu áratugum, þá þarf til þess miklu meira vinnuafl en sjáanlegt er að geti orðið til hjá okkur. Það er auðvelt að sýna fram á það. Ef við ætlum svo á sama tíma að gera eins vel eða kannske enn meira á sviði okkar almenna iðnaðar, þá er þar líka um möguleika að ræða sem bæði hafa þá efnahagslegu þýðingu og veita okkur ný starfssvið í svo ríkum mæli, að það er í miklu ríkara mæli en við eigum til mannafla til að setja í.

Ég býst við því, að ýmsir hv. þm. hafi tekið eftir því, að það voru birtar nokkuð fróðlegar greinar um einn þáttinn í íslenskum iðnaði nú nýlega í einu af dagblöðum bæjarins. Þar var sérstaklega um að ræða iðnaðardeild Sambandsins, og þar kom fram að bara á vegum iðnaðardeildarinnar ynnu nú í föstum störfum, fyrir utan öll hin óbeinu störf sem fylgdu þessum rekstri, 800 manns. Það eru rúmar tvær álverksmiðjur í sambandi við atvinnutækifæri og auðvitað miklum mun meira þegar hin óbeinu störf eru talin með sem þessu fylgja. Og ársframleiðsla þessa iðnaðar er metin á 4 milljarða kr. Forustumenn á sviði þessara iðngreina benda sérstaklega á það, að þeir hafi ekki getað komist lengra áfram í sambandi við úrvinnslu á okkar hráefnum, m. a. vegna þess að það skortir verulega vinnuafl. Þeir hafa ekki nægilegt vinnuafl til þess að geta haldið áfram að vinna úr okkar hráefnum.

Það þarf auðvitað ekki að fara um þetta mörgum orðum. Ég veit að hv. alþm. vita það mætavel, að við eigum hér aðra möguleika á sviði okkar eigin iðnaðar sem vitanlega þurfa orku líka. Það er því ekkert sem rekur okkur nauðuga inn á stóriðjuleiðina. Spurningin er eingöngu sú, hvort við teljum stóriðjureksturinn okkur hagkvæmari, hann falli betur að óskum okkar um byggingu landsins og lífið í landinu, og hvort við álítum að hann muni skila okkur meiri verðmætum þegar á allt er litið, því að við eigum aðra valkosti. Við stöndum ekki eins í þessum efnum og sumar af fátækum þjóðum heimsins sem nú eru að taka við stóriðju auðfyrirtækjanna. Þær eiga fáa valkosti, sumar þeirra, og eiga við mikið atvinnuleysi að stríða.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni. Það verða hér eflaust meiri umr. um þessa till. Ég held að það væri full ástæða til þess að halda þeim áfram, vegna þess að ég tel að hér sé um stefnumörkun að ræða, nema þá að till. verði algerlega snúið við, eins og mér fannst að sumu leyti flm. vera farnir að tala um, og þá ætti hún að hljóða eitthvað á þá leið: Bannað skal að byggja frekari stóriðjuver, a. m. k. á Suðvesturlandi. Er þá a. m. k. sæmilegur biti þar búinn, og þá er bara að ganga á röðina og banna hitt á eftir. Það er mál út af fyrir sig. En ég tel að í orðalagi till. felist í rauninni ákveðin stefnumörkun og af því er ég á móti henni.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég heyrði það á hv. 2. þm. Austurl. að hann var nokkuð viðkvæmur fyrir því að ég skyldi hafa haldið því fram að ákvörðun um járnblendiverksmiðjuna hefði í reynd verið tekin um leið og ákvörðun um byggingu Sigölduvirkjunar. Hann hélt því fram að svo hefði alls ekki verið, og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að rengja það. Ég sé hins vegar ekki hvernig er að ganga fram hjá því, að þá voru hafnar viðræður um þessa verksmiðju, og ég kem ekki auga á það, hvernig þessi ákvörðunartaka hefur átt sér stað í vinstri stjórninni. Hann gat þess, að það hefði verið rætt um að nota hluta af þessu rafmagni til að flytja norður í land með svokallaðri byggðalínu. En ég veit ekki betur en einmitt hafi verið tekin ákvörðun í þeirri stjórn — annars ágætu stjórn

— að ráðast í virkjun Kröflu og Alþ. veitti heimild til þeirrar virkjunar, þannig að ég verð að segja það eins og er, að ég kem þessu ekki heim og saman. Ég tel að þegar ákveðið er að byggja virkjun eins og Sigöldu, þá sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvað á að gera við það rafmagn. Það er alveg sama hvort við erum að ræða Sigölduvirkjun eða aðra virkjun, slík ákvörðun verður að liggja fyrir. Ég hefði hins vegar talið að það væri mjög fróðlegt að við fengjum — þessir villuráfandi menn sem töldum að þessi ákvörðun hefði verið tekin samhliða — einhverjar upplýsingar um þær umr. sem hafa farið fram á sínum tíma um þessi mál í ríkisstj., í vinstri stjórninni. Ég segi fyrir mig, að ég vildi gjarnan fá upplýsingar um hvernig þessi ákvörðun var tekin, þær bókanir, sem liggja fyrir um þau mál, og að hvaða niðurstöðu menn komust þar endanlega. Ég vildi gjarnan að það yrði lagt á borð, þannig að hvorki ég né aðrir þyrftum að vera þarna í neinum vafa.

Það var rætt hér einnig um ákvörðun um Hrauneyjafoss og að við, sem styddum þessa ríkisstj., hlytum að bera ábyrgð á þeirri ákvörðun, og slíkt er mjög eðlilegt. Það hefur komið fram að heimild til virkjunar Hrauneyjafoss var veitt af Alþ. fyrir alllöngu til ríkisstj. Hins vegar er það ofureðlilegt, að ríkisstj. ræði slík mál í sínum flokkum þegar endanleg ákvörðun er tekin. En ég held að það sé allt í lagi að upplýsa það, að slíkar umr. hafa ekki farið fram, a. m. k. ekki í Framsfl. (**EKJ**: Ekki í hinum heldur.) Ég segi fyrir mig, að ég tel mig á engan hátt vera bundinn þeirri ákvörðun ríkisstj. að heimila virkjun Hrauneyjafoss, og ég hlýt að fara fram á að fá allar þær forsendur og öll þau rök, sem hnigu í þá átt að veita þessa heimild, á borðið áður en ég lýsi því yfir að ég sé samþykkur þeirri ákvörðun. Ríkisstj. hlýtur að gera sér það ljóst fyrst. Í hvorugum stjórnarflokknum var rætt um þetta mál.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að ég létist ekki skilja hvað orðið stóriðja táknaði. Ég þykist nú skilja það, og ég heyrði ekki betur en við værum nokkuð sammála um að það væri mikil breidd í því orði, þótt vera megi að sú stóriðja, sem hér er talað um, sé af einhverjum ákveðnum stærðarmörkum. Ég segi það fyrir mig eins og mér heyrðist að kæmi fram í hans máli, að ég get í vissum tilfellum verið fylgjandi því að ráðist sé í stóriðju. Og ég veit ekki betur en þegar ákvörðun einmitt um Sigölduvirkjun var tekin, þá hafi reynst nauðsynlegt að taka ákvörðun um einhvern stóran orkukaupanda og þess vegna hafi ákvörðunin um járnblendiverksmiðjuna verið tekin. Það er auðvitað ljóst, að jafnvel þótt við tengjum landið saman í eina heild, þá hvorki flytur þessi svokallaða byggðalína neitt gífurlegt magn af rafmagni eða um 50 mw., og það er annað sem skiptir líka máli, það er nýtingartími orkunnar. Það er ekki nægilegt að þeir, sem kaupa raforku, vilji fá hana allir á sama tíma. Við þurfum að reyna að nýta orkuna sem best.

Ég vænti þess, að í framhaldi af þessari umr. verði hægt að verða við því að leggja fram þau gögn sem studdu ákvörðun um virkjun Sigöldu, koma með þau fram í dagsljósið. Ég held að það væri mjög gott fyrir okkur, sem skiljum ekki alveg samhengið, að fá það fram. En ég vil aðeins vekja athygli á því, vegna þess að það kom fram í umr. að það hefðu í reynd engar beiðnir komið úr landsfjórðungunum um athuganir á þessum málum, — ég vil aðeins til þess að styðja það orðalag, sem ég kom fram með í máli mínu áðan, vitna í till. sem var samþykkt á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi á Höfn í sept. s. l. er svohljóðandi, var samþykkt shlj. og með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur S.S.A., haldinn á Höfn í Hornafirði, samþykkir að fela stjórn S.S.A. að hefjast nú þegar handa um að fá gerðar frumathuganir á mengunarhættu af völdum hugsanlegrar stóriðju á Austurlandi, svo og að láta kanna önnur áhrif hennar á byggð í fjórðungnum eftir því sem ástæða þykir til á þessu stigi.“

Það er sem sagt lögð á það áhersla þarna, að það sé gerð könnun á því hvaða áhrif stóriðja mundi hafa á byggð í fjórðungnum.

Í framhaldi af þessu hefur framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi gert nokkuð til þess að koma þessu máli áfram. Hann segir:

„Eftir viðræðurnar við heilbrrn., Náttúruverndarráð og Landvernd varð niðurstaðan sú, að rétt mundi að fela Heilbrigðiseftirliti ríkisins ráðgjöf í þessu máli, þar sem umræddir aðilar, að rn. meðtöldu, hefðu ekkert fjármagn til ráðstöfunar í þessu skyni. Er helst svo að skilja að ógerlegt sé að fá fjármagn til að kanna mengunaráhrif af neinu tagi fyrr en ákvörðun hefur verið tekin á æðstu stöðum um það, hvar stóriðjufyrirtæki skuli byggja. En þá er um leið, vitandi eða óafvitandi, búið að byggja inn í könnunina það leiðinlega atriði, að ákvörðun á æðstu stöðum má ekki ómerkja með niðurstöðum rannsóknar eftir á. Nálgast því gildi slíkra rannsókna óðfluga núllpunktinn.“

Hann hefur hins vegar skrifað Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Framkvæmdastofnun ríkisins bréf þar sem farið er fram á að annars vegar verði athuguð mengunarhætta og hins vegar áhrif hugsanlegs stóriðjufyrirtækis á byggðaþróun og félagslega þætti á Austurlandi, þannig að slíkar beiðnir hafa komið fram, þ. e. a. s. á þennan hátt, að slíkt sé athugað, hvaða áhrif slíkt fyrirtæki gæti haft á byggð, félagslegar aðstæður og mengun, þannig að ég tel fulla ástæðu til þess að þessari samþykkt sveitarstjórnarmanna á Austurlandi, sem var samþykkt shlj., verði fylgt eftir. Ef flm. þessarar till. vildu breyta þessu orðalagi sem ég tel á allan hátt vera óheppilegt, vildu athuga hvort ekki væri rétt að breyta þessu orðalagi, þá mundi ég vilja athuga fyrir mitt leyti hvort ekki væri hægt að styðja þessa till. En ég get ekki lýst stuðningi mínum við hana eins og hún er orðuð á þessu þskj.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hlustaði með mikilli athygli og ánægju á ræður tveggja framsóknarmanna áðan, Ingvars Gíslasonar og Stefáns Valgeirssonar. Það var næstum því eins og maður hefði verið að hlusta á sjálfan sig tala á móti Grundartangaverksmiðju.

Röksemdir gegn stóriðju á Norðurlandi eru

þessum mönnum mjög ljósar. Ingvar Gíslason benti t. d. á að sú byggðaröskun, sem verksmiðja þar nyrðra mundi valda, væri mjög alvarlegt mál, ofan á ýmislegt fleira sem hann nefndi til. Í sama dúr talaði Stefán Valgeirsson og dró ekkert úr. Ég held að það hljóti að vera ljóst þessum mönnum, að byggðaröskun og aðrar alvarlegar afleiðingar stóriðju eru þær sömu t. d. í Borgarfirðinum eða við Hvalfjörðinn eins og þar nyrðra. Ég tek undir allt sem þeir hafa sagt um alvarlegar afleiðingar þessa nyrðra. Og það stendur ekki á mér að styðja þá í baráttu þeirra gegn stóriðjuáformum á Norðurlandi. Hins vegar verð ég að segja það, að ég sakna þess að þeir sýni sama skilning varðandi Grundartangaverksmiðjuna. Þegar hún var hér til umr. fyrir tveimur árum, þá var aðeins einn framsóknarmaður sem talaði gegn henni, Páll Pétursson. Hann einn þessara manna hefur að mínum dómi hreinan skjöld í þessum málum. Hinir tveir, sem ég nefndi, brugðust, þegar mest var í húfi, þegar tækifæri var til að stöðva þessa þróun þegar í byrjun. Þá stóðu þeir ekki upp til þess að flytja þessar ræður um háskann sem fylgir stóriðju. Það gerði aðeins einn framsóknarmaður, Páll Pétursson. Hins vegar saknaði ég Páls Péturssonar við lokaatkvgr. og á enn eftir að sannfærast um að hann hafi verið löglega afsakaður þegar hann mætti ekki til hennar. En þakkir vil ég tjá honum fyrir þann stuðning sem hann hefur veitt okkur borgfirðingum í baráttunni gegn stóriðju í okkar heimahögum.

Heilindi manna í þessu máli eiga eftir að ganga undir eitt próf, og það verður atkvgr. um Grundartangaverksmiðjuna. Það er að mínum dómi tvískinnungur að tala svona á móti stóriðju nyrðra, en standa ekki upp, þegar verið er að ræða Grundartangaverksmiðju, og mótmæla. Það kom enginn framsóknarmaður í ræðustól um daginn þegar hér urðu langar umr. í sambandi við Grundartangaverksmiðjuna, ekki einn einasti, nema Páll Pétursson. Hann kom til þess að ítreka það sem hann hafði áður sagt.

Nú gæti maður freistast til þess að halda að Framsfl. væri að sjá að sér þegar maður heyrir þennan tón sem ég var að tala um hjá þessum tveim hv. þm. og raunar líka hjá Halldóri Ásgrímssyni. Það væri kannske orðin einhver von um það að koma í veg fyrir Grundartangaverksmiðjuna. Ég heiti á þessa menn að beita hollum áhrifum sínum í þingflokki Framsóknar. Ég er sannfærður um að þeir eru það heilir í þessu máli að þeir munu greiða atkv. á móti Grundartangaverksmiðjunni. Og ég treysti því, að þeir fylgi málinu líka eftir í þingflokknum og reyni að koma í veg fyrir Grundartangaverksmiðjuna.

Hinu er svo ekki að neita, að maður verður var við öfl innan þingflokks Framsóknar, fyrir utan ráðh. og aðra slíka, sem að sjálfsögðu eru meira og minna truflaðir í þessu máli vegna stjórnarsamstarfsins við Sjálfstfl., — maður verður var við það hjá óbreyttum þm., því miður, að þeir hafa truflast heldur en ekki. Hér situr fyrir aftan mig í skrifarasæti einn sem fór í broddi fylkingar fyrir nefnd sunnlendinga ekki alls fyrir löngu á ráðherrafund til þess að biðja um slíka verksmiðju á Suðurlandi. Ég á eftir að heyra hvort hann er sammála flokksbræðrum sínum um háskann af stóriðju.

Það er ekki búið að samþykkja Grundartangaverksmiðju. Gamli samningurinn er úr gildi fallinn, nýr samningur hefur ekki verið samþykktur hér á Alþ. Og ef sannfæringarkraftur Stefáns Valgeirssonar er hinn sami innan þingflokks Framsóknar og hann var hér áðan, þá á að vera töluverð von um að verði hægt að koma í veg fyrir þessa verksmiðju, og þá endar málið að sjálfsögðu þannig að það verður mokað ofan í þá gröf sem tekin hefur verið á Grundartanga og nefnd hefur verið stærsta mógröf á Íslandi. Mætti að mínum dómi gjarnan nota til þess eitthvað af þeim 850 millj. sem Union Carbide borgaði fyrir að sleppa út úr þessu. Þá hefðu þeir aðilar, sem þarna unnu að, a. m. k. bætt ofurlítið mannorð sitt með því að gera hreint eftir sig.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég var því miður fjarstaddur við upphaf þessara umr., löglega afsakaður við önnur störf, en hef spurt þau tíðindi, að þm. Framsfl. hafi, a. m. k. tveir, mælt eindregið gegn fyrirhuguðum stóriðjuáformum, ekki aðeins gegn þáltill. þeirri, sem hér er fjallað um, heldur mælt eindregið gegn þeim stóriðjuáformum sem ríkisstj. stendur að bæði leynt og ljóst, — enn fleiri þm. Framsfl. hafi a. m. k. gengið svo langt í ræðum sínum hér, að þingheimur leyfir sér að trúa þeim til hvors tveggja, fylgis við þessar stóriðjufyrirætlanir eða andstöðu. Og er þá hreint ekki svo skammt gengið af hálfu þessara þm.

Ég er þeirrar skoðunar að ekki þurfi ýkjamikla íhugun eða fræðslu í sambandi við stóriðjuáætlanirnar, sem settar hafa verið fram, ef svo má segja undir handarjaðri hæstv. iðnrh. og sérstakra fylgismanna hans innan Sjálfstfl., til þess að gera sér grein fyrir því, að erlent stóriðjuver á einum stað á landinu mun fyrr eða síðar hafa þess háttar áhrif að öðrum stöðum verður þá hætt. Enda hefur það verið haft uppi af hálfu formælenda þeirra stóriðjumanna við eyfirðinga, eftir að þeir afþökkuðu fullum rómi, þó óformlega væri, álverksmiðjuna við Eyjafjörð, á Gáseyri, — það hefur verið haft uppi við eyfirðinga að nú skuli þeir bara finna fyrir því að það verði ekki talað við þá í 20 ár, fyrst þeir hafi verið svona ósvífnir og heimskir að afþakka álverksmiðju við Eyjafjörð. Ég hygg að þeir hv. þm., sem mæla gegn stóriðjuveri af þessu tagi í sínu kjördæmi, en hafa það uppi að þeir séu e. t. v. til viðtals um þess háttar stóriðjuver í öðru kjördæmi, þurfi að gera sér grein fyrir því, að þær fyrirætlanir, sem hér eru á döfinni, gera ráð fyrir að orkunni, sem við erum aflögufærir um, og þá náttúrlega fyrst hinni ódýrustu orku, en síðan allri þeirri orku sem við erum aflögufærir um í bili, henni verði varið með þessum hætti, til sölu til erlendra auðhringa sem fái þá jafnframt að nýta okkar landssvæði og okkar vinnuafl í sína þágu.

Það liggur við að maður undrist þann áhuga sem ýmsir hv. þm. hafa á því að fenginni reynslu af samstarfinu við Alusuisse, af leigjandanum

Alusuisse, og viðskiptavininum Alusuisse, að þeir skuli hafa áhuga á því að gera fleiri slíka samninga. Ég vil ekki gera þessum hv. þm. upp neins konar illar eða lítilmótlegar hvatir í þessu sambandi. En ég hygg að þeir hefðu a.m.k. gott af því að ætla sér svolitinn tíma til þess að kynna sér reynslu annarra þjóða, svo sem norðmanna, af stóriðju af þessu tagi. Og þeir gerðu kannske rétt í því að hugleiða örlítið þau náttúrugæði önnur sem við eigum óunnin á þessu landi, eigum ónytjuð á þessu landi, og með hvaða hætti nýting þessara landsgæða til skamms tíma hefur mótað menningu þessarar þjóðar og með hvaða hætti einmitt hinir þjóðlegu atvinnuvegir okkar, bjargræðisvegirnir, hafa gert það fólk, sem byggir land þetta, að sjálfstæðri þjóð og sérstakri þjóð.

Raunar kom mér það helst í hug fyrir 10 dögum, þegar mengunarvandamál Straumsvíkurverksmiðjunnar bar fyrst á góma, að nú kynni svo að fara að þeir hv. þm., sem standa að þessari þáltill. sem hér er til umr., sæju að sér og reyndu að láta hana hverfa úr þingskjalabunkanum, sérstaklega þó þeir þeirra sem studdu af hvað mestri ákefð að samningunum við Alusuisse á sínum tíma og vörðu leynt og ljóst þá samninga opinberlega. Mennirnir sem ritstýrðu blöðunum, sem hæddust að kröfum um hreinsibúnað við þessa verksmiðju, skákuðu í skjóli „ryksugu háloftanna", eins og þeir kölluðu lægðirnar sem ganga yfir þetta land, níddu íslenska náttúrufræðinga sem vöruðu við mengunarhættunni frá álverinu í Straumsvík, fyrirlitu íslenska lækna sem vöruðu við heilsuspillandi aðbúnaði í álverinu, og raunverulega seldu sál sína að veði fyrir framgangi Alusuisse á Íslandi í einu og öllu, — ég hafði einhvern tíma gert mér vonir um að þeir kynnu nú að doka við og hugleiða upp á nýtt ýmis atriði sem varða þetta fyrirhugaða samstarf við erlenda auðhringa um enn þá fleiri álverksmiðjur af þessari tegund hér á landi. En það gerðu þeir ekki. Hugmynd, eins og það hefur verið kallað með réttu eða röngu, — ég treysti mér ekki til að segja um það, ég hef ekki kynnt mér skjölin, — hugmynd hv. þm. Eyjólfs Konráðs er sögð hafa verið um 20 slíkar verksmiðjur, væntanlega með sams konar hreinsibúnaði, væntanlega með sams konar fjármálaviðskiptum við íslenska aðila, væntanlega með sams konar tilliti til starfsmanna, — 20 slíkar verksmiðjur til viðbótar — eða voru þær 10, hv. þm.? Ég geri ráð fyrir því að það muni ekki koma í minn hlut að setja hv. þm. fyrir eitt né annað til lesturs til undirbúnings eða endurskoðunar afstöðu sinni til erlendrar stóriðju á Íslandi. En ég hygg að ég hafi heimild til þess að ýja að því við hv. flm. þessarar till., hvort þeir sjái sér ekki fært að taka til alvarlegrar athugunar möguleikann á því að skammast sín.

Sigurður Magnússon: Hæstv. forseti. Þær eru býsna fróðlegar þessar umr., sem fara nú fram um þessa þáltill. um stóriðju á Norður- og Austurlandi, og að mörgu leyti ánægjulegar. Það má heyra það á máli þeirra, sem hér hafa talað, flestra, að þeir eru andsnúnir þessari stóriðjustefnu, og meira að segja flm. till. reyna að gera sem minnst úr henni, telja að þáltill. sé ekki stefnumótandi þrátt fyrir það að hún sé það vitaskuld eins og orðalag hennar er. Meira að segja þeir, sem fremst vilja ganga, vilja draga úr till. Það er því ljóst, og það kemur mér reyndar ekki á óvart og er ekki alveg nýtt fyrir mér, en það er ljóst að áhugi á þessari stóriðju á Íslandi er miklu minni nú en hann var fyrir nokkrum árum, þegar hvað skeleggast var barist fyrir þessari stefnu í tíð viðreisnarstjórnarinnar, og er það út af fyrir sig ánægjulegt. Það, sem veldur, er e.t.v. fyrst og fremst tvennt. Í fyrsta lagi eru allt aðrar aðstæður í okkar þjóðfélagi í dag en voru á árunum í kringum 1966 og 1967 þegar reynt var að ryðja þessari stefnu braut. Þá voru atvinnuleysistímar og erfiðleikar hjá verkafólki vegna þess að slælega hafði verið haldið á atvinnumálum þjóðarinnar um langt árabil. Undir þessum kringumstæðum notfærðu stjórnvöld sér ástandið og boðuðu hina erlendu stóriðjustefnu til þess að bjarga þjóðinni frá atvinnuleysi og efnahagshruni. Það tókst hins vegar að sanna það í tíð síðustu ríkisstj., að við Íslendingar þurfum engu að kvíða um atvinnu okkar ef vel og rétt er á málum þjóðarinnar haldið, og það var eitt af mörgu góðu sem sú stjórn gerði, það var að sanna þetta fyrir þjóðinni. Veruleg uppbygging íslenskra atvinnuvega átti sér þá stað, og sjaldan hafa jafnmörg störf og jafnmikil atvinna verið hjá þjóðinni en einmitt á þessu stjórnartímabili. Áhrifa þess gætir enn í dag. Það er sem sagt vegna þessa ekki jafnauðvelt að telja íslensku launafólki, íslenskum almenningi trú um að stóriðjustefna sé sú stefna sem fylgja skuli í atvinnumálum.

En það kemur einnig annað til, og það er sú reynsla sem við Íslendingar höfum þegar fengið af þeirri stóriðju sem þó er til í landinu, þ.e.a.s. af álverinu í Straumsvík. Hún talar vitaskuld sínu máli. Og það er reyndar rétt sem kom fram hjá einum þm., að í þessari þáltill. er orðið stóriðja ekki skilgreint, en þó er það nú á vörum manna yfirleitt notað yfir stóriðju eins og álver og kísiljárnverksmiðjur. En vitaskuld er til ýmis stóriðja af öðru tagi. Það má hugsa sér margs konar stóriðju úr íslenskum hráefnum, og reyndar er þegar til í landinu slík stóriðja, bæði í áburðarframleiðslu og sementsframleiðslu. Og ég vil taka það skýrt fram hér, að margs konar slík iðja getur vitaskuld í framtíðinni verið staðsett á Norður- og Austurlandi, eins og víða annars staðar á landinu. En ég held að það fari þó ekki á milli mála, að í þessari þáltill. eiga flm. fyrst og fremst við þá stóriðju sem algengast er að menn hafi í huga þegar þetta orð er notað, enda er sérstaklega vitnað í það í grg. að fram hafi farið athuganir á því að staðsetja álver við Eyjafjörð og síðar hafi svo verið nefnt Suður- og Suðvesturland. Þáltill. er flutt m.a. vegna þessara athugana, þannig að ég held að það fari ekkert á milli mála hvað flm. till. eiga við þegar þeir tala þarna um stóriðju.

Það er reyndar ekkert nýtt að tala um stóriðju við Eyjafjörð. Þannig rakst ég á það nýlega í ræðu sem hv. þm. Jóhann Hafstein flutti hér á Alþ. 1966 eða 1967, ég man ekki hvort heldur var, þegar gerð var fsp. um ákveðið efni

varðandi álverksmiðjuna í Straumsvík, en þá segir hann einmitt að sá svissneski aðili, sem þá var verið að semja við, hafi áður verið búinn að gera athuganir á uppsetningu eða staðsetningu álverksmiðju við Eyjafjörð, en það hafi reynst vera verulega miklu dýrara vegna þess að þar þyrfti að koma fyrir dýrari eða meiri mengunarvörnum. Þannig hefur sem sagt oft áður verið talað um að koma fyrir stóriðju af þessu tagi á Norðurlandi.

Ég sagði að sú reynsla, sem fengist hefði af álverinu í Straumsvík, ætti sinn þátt í því að móta skoðanir almennings á stóriðjustefnu í dag. Ef við skoðum nokkra þætti þess máls, — þetta er reyndar margslungið mál og ég ætla mér ekki að fara ofan í það við þessa umr., — en ef við skoðum bara tvo veigamikla þætti þessa máls sem gjarnan eru ræddir í sambandi við stóriðjuna, þ. e. a. s. mengunarþáttinn og svo aftur orkusölumálin, þá kemur í ljós að reynslan af þessum tveim veigamiklu þáttum er mjög neikvæð fyrir okkar þjóð.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um mengunarhlið málsins. Hér á Alþ. hefur nýlega verið flutt skýrsla af sjálfum heilbrrh. um ástand þeirra mála, og væntanlega munu þau mál verða rædd frekar í þinginu á næstu dögum. En það neitar því enginn og það viðurkenna það allir, þrátt fyrir að ágreiningur væri um það á sínum tíma, að mjög alvarleg mengunarhætta hefur stafað af þessari stóriðju. Á það bæði við lífríkið umhverfis verksmiðjuna og eins heilsu þess fólks sem vinnur í verksmiðjunni. Þarna hefur verið mjög neikvæð reynsla sem þjóðin hlýtur vitaskuld að draga lærdóma af.

Hinn þáttur málsins er hvað varðar orkusöluna, og á hann vildi ég sérstaklega drepa hér. En það var nú m. a. tilefni þess að ég stóð hér upp, að því er enn einu sinni haldið fram hér í ræðustól og nú af hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, að raforkusalan til ÍSALs hafi verið hagkvæm. Hann gat þess reyndar að hann nennti ekki að rífast lengur um þetta, hann hefði gert það svo oft áður, og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að rífast um þetta við hann. En tölurnar um þetta tala sínu máli og hljóta að vera auðskildar hverjum þeim sem vill hafa það sem sannara reynist. Mig langar aðeins að víkja að þessu máli.

Hv. þm. gat þess t. d. áðan eða gaf það fyllilega í skyn, að álverið í Straumsvík væri nú að mestu búið að borga niður hina stóru og góðu virkjun, Búrfellsvirkjun. En ég vil halda því fram að það hafi ekki verið álverið í Straumsvík sem hafi borgað þessa virkjun niður. Meginbyrðarnar af þessum virkjunarframkvæmdum hafa hvílt á herðum almennings í landinu, og því verður ekki mótmælt. Ef við skoðum einfaldlega orkunotkunina á þessu tímabili annars vegar til álversins og hins vegar til annarra kaupenda raforku og skoðum jafnframt það fé, sem álverið hefur lagt þessari virkjun eða Landsvirkjun, og svo annars vegar það fé, sem almenningur hefur lagt þessu fyrirtæki, þá tala þær staðreyndir sínu máli. Og ég vil t. d. í þessu sambandi benda á að 1969 borgar ÍSAL um það bil 68% af því orkuverði sem aðrir kaupendur raforku greiða. Þetta hlutfall heldur svo áfram að rýrna með hverju árinu allt fram á þennan dag, er árið 1975 orðið 24%. Þetta er mjög athyglisverð þróun. Sem sagt, hlutur ÍSALs í orkubúskapnum hvað varðar Landsvirkjun rýrnar stöðugt á þessum árum. Og það er út af fyrir sig mjög einföld skýring á því máli. Hún liggur í því, að hækkunarreglurnar, sem gilda um raforkuna til álversins í Straumsvík, eru bundnar verði á áli, ákveðnu heimsmarkaðsverði á áli, en ekki verðlagsþróun í landinu, verðbólgunni á Íslandi eða þróun vísitölunnar. Raforkuverðið er fastbundið álverð í heiminum, og á þessu tímabili, sem um ræðir, eru sem sagt erfiðleikar á heimsmarkaði hvað varðar verð á áli sem hafa bein áhrif á raforkuverðið hér heima. Sem sagt, þó að samningurinn við ÍSAL hafi verið slæmur 1969, þá má segja að hann hriðversni öll árin fram til dagsins í dag, sé miðað við það verð sem aðrir kaupendur raforkunnar greiða Landsvirkjun. Það er líka mjög athyglisvert, ef þetta er skoðað, að á árabilinu kringum 1970 og 1971 fer að verða mjög verulegur halli á rekstri Landsvirkjunar. Þetta geta þeir skoðað sem vilja skoða reikninga þeirrar stofnunar. Hvað gerist þá? Þá gerist það að raforkuverð til annarra en ÍSALs stórhækkar og fer að fylgja þróun framfærsluvísitölu í landinu. Og það má segja að verðhækkanir á raforku til annarra frá og með þessum árum fram til þessa dags hafi fylgt hækkun vísitölu í landinu, á sama tíma og það gerist ekki með raforkuverðið til ÍSALs, þannig að ég held að það fari ekkert á milli mála að byrðarnar af okkar raforkuframleiðslu hafi verið lagðar á landsmenn.

Það má skoða þessar tölur frá mörgum hliðum. Svo að ég upplýsi þm. enn frekar, þá kaupir ÍSAL, þetta mikla stóriðjufyrirtæki í Straumsvík, á árinu 1975 raforku af Landsvirkjun fyrir 490 millj. Þetta er greiðsla á 1027 gwst. Aðrir kaupendur raforku greiða á því ári Landsvirkjun 1 milljarð 547 millj. fyrir 787 gwst. Ég greip þarna niður í árið 1975, og sambærilegar tölur getur maður haft um öll þessi ár, þær tala náttúrlega sínu máli. Það er rétt að það komi fram líka í þessum umr., að þrátt fyrir nýjan raforkusamning sem gerður hefur verið við ÍSAL á árinu 1976, þá lagast þetta ástand mjög lítið miðað við árin á undan. Enn vantar mikið á að verðið til ÍSALs eftir þessa nýju samninga sé í hlutfalli við þær greiðslur, sem aðrir inna af hendi til Landsvirkjunar, jafngott og það var 1969. Það er svipað og það var á árunum 1973—1974 gæti ég trúað. Og það er líka nokkuð ljóst að það mun fljótlega sækja í sama farið, því að enn eru þessir samningar fastbundnir verði á áli, en ekki verðþróun í landinu.

Ég held þannig að það fari ekkert á milli mála að af raforkusamningum við stóriðjufyrirtæki eins og ÍSAL, sem við hljótum að skoða sérstaklega því að það er sú reynsla sem við höfum, sé mjög slæm reynsla fyrir okkar orkubúskap. Það vantar mikið á að þessi stóriðja hafi greitt það orkuverð sem þjóðin hefur þurft að fá vegna þeirrar miklu fjárfestingar sem hún hefur lagt í sínar virkjanir.

Ég vil bæta því við, að 1975 kemur það fram í upplýsingum frá Sambandi ísl. rafveitna um orkusölu til notenda, að heildsöluverðmæti raf-

orkunnar það ár hafi verið 6 milljarðar 659 millj. kr. Á því sama ári sem ég hef notað sem viðmiðun, 1975 greiðir ÍSAL þessar umræddu 490 millj. eða rétt rúm 7% af heildarsöluverðmætinu. Ég get ekki séð betur en ef maður skoðar þessar tölur, að þá megi setja dæmið upp þannig, að með því að hækka raforkuverð í landinu um 7—8%, sem þýðir í kringum 1 kr. á kwst., — þó er verðið eitthvað breytilegt, en hér í Reykjavík mun þetta þýða sennilega um eða innan við 1 kr. á kwst. — með því að hækka raforkuna um þessa prósentu á alla aðra notendur raforku, þá mætti skrúfa fyrir raforkuna til álversins og fá samt sömu tekjur til orkuveranna. (Gripið fram í.) Já, ég ætla nú einmitt að bæta því við: og þá verður náttúrlega að taka með að þá fáum við 140 mw. til ráðstöfunar og á annað þúsund gwst. Þetta er staðreynd málsins um orkusölusamninginn við ÍSAL. Við getum sem sagt skrúfað fyrir álverið, hækkað raforkuna á kwst. um 1 kr. til landsmanna og fengið sömu tekjur til orkuveranna, — orkuveranna sem einhver nefndi hér áðan að stóriðjan væri að greiða niður fyrir landsmenn. Og enn aðrar hliðar eru vitaskuld á þessu máli. Ég er nú ekki mikill stærðfræðingur, en það hefur einhver sagt mér það og það væri út af fyrir sig gaman að fá það reiknað út, ágætur stærðfræðingur hefur sagt mér það, að ef teknar væru með allar þær miklu fjárhagsskuldbindingar, sem þjóðin hefur tekið á sig vegna þessarar stóriðju í virkjunum sínum og raforkuframkvæmdum, en allt það mikla fé, sem þar hefur verið lagt fram, hefur vitaskuld verkað á raforkuverðið allan tímann, þá mætti lækka raforku til landsmanna um 30% um það bil. Sem sagt, vegna þessarar stóriðju í Straumsvík er þjóðin að borga miklu hærra raforkuverð en hún þyrfti ella.

Ég ætla ekki að hafa orð mín um þessa þáltill. hér lengri að þessu sinni. Það mun vafalaust gefast tækifæri til þess á næstu dögum í þinginu að ræða enn frekar þessi stóriðjumál, m. a. þegar frv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga kemur aftur fyrir þingið, ef það kemur þá aftur, sem maður er nú reyndar farinn að stórefast um og vonandi yrði niðurstaðan. Ég ætla sem sagt ekki að lengja þessar umr. meira að sinni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég skil nú ekkert í þeim alþb.-mönnum, hvað þeir eru órólegir yfir því sumir að það tefst í n. þetta járnblendifrv. Ég uni því ágætlega þó að það komi ekki strax úr **nefnd.**

En út af því, sem ég sagði áðan um stærð Sambands ísl. samvinnufélaga samanborið við stóriðjufyrirtæki, þá get ég áréttað það samkv. upplýsingum sem ég hef aflað mér, að brunabótamat fasteigna Sambands ísl. samvinnufélaga í dag eru rúmir 4 milljarðar. Brunabótamat allra fasteigna kaupfélaganna — sambandskaupfélaganna — er ofurlítið meira, 4½—5 milljarðar, þannig að fasteignir kaupfélaganna og Sambandsins til viðbótar eru að brunamótamati svipað og hálft álver **kostar.**

Hér hafa fallið mörg orð og sum viturleg í þessum umr. Lúðvík Jósepsson, hv. 2. þm. Austurl., flutti hér langa og ítarlega ræðu. Margt sagði hann vel, en þó misvel, og eitt atriði kemst ég ekki hjá því að gera aths. við úr því að ég er staðinn hér upp. Hann lét í veðri vaka að við gætum virkjað mjög stórt án stóriðju. Hann vitnaði til þess að við gætum t. d. virkjað Blöndu án þess að leggja út í stórfyrirtæki í orkufrekum iðnaði. Þetta er náttúrlega ekki rétt hjá honum. Orkumarkaður á Norðurlandi er ekki stærri í sniðum en það og flutningsgeta byggðalínu ekki meiri en það, að þetta dæmi gengur ekki upp. Svo þarf að sjálfsögðu að taka það með í reikninginn, að við verðum að vona enn að Krafla komi til með að framleiða ljós og yl, og það bætist náttúrlega í þennan markað, því að að sjálfsögðu fáum við ljósið og ylinn frá Kröflu ásamt með öðrum landsmönnum. Það er ekki heldur hagkvæmt hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni að ætla að liggja með 4—5 ára forða af orku, fyrningar til 4—5 ára. Það er of stór skammtur. Menn þurfa að vera sæmilega birgir til að geta mætt ófyrirséðum atvikum, sæmilega birgir þannig að ekki komi til orkuskorts eða orkusveltis. En þetta er of stór biti til þess að liggja með ónotaðan svo langan tíma. Að þetta dæmi gangi upp, að það sé hægt að virkja mjög stórt þar sem erfitt er að koma frá sér orkunni og án þess að setja upp fyrirtæki til að nota hana, það er óskhyggja hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Ef hann setti sig inn í þetta mál og kringumstæður okkar þarna fyrir norðan, þá er ég þess fullviss að rökhyggjan mundi ná yfirhendinni og hann sjá að þetta væri ekki hægt.

Menn hafa teygt þessar umr. talsvert í áttina að Grundartanga og hv. þm. Lúðvík Jósepsson ekki síst. Ég lít svo á að hv. þm. Lúðvík Jósepsson sé sýkn saka í þessu járnblendiverksmiðjumáli. En það er miklu meira en ég held að sé hægt að segja um hinn ráðh. Alþb. í vinstri stjórninni. Hann ber að sjálfsögðu talsverða ábyrgð á þeirri þróun sem orðið hefur í því máli. Hæstv. iðnrh. hefur margbent á það og a. m. k. að ýmsu leyti réttilega, því að í stjórnartíð Magnúsar Kjartanssonar var það mál undirbúið og hann stóð í bréfaskiptum við Union Carbide fram til síðustu stundar í ráðherradómi. Það er líka verðugt viðfangsefni fyrir hv. 2. þm. Austurl. að rekja slóð fulltrúa Alþb. í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, Inga R. Helgasonar, og svo þegar hann væri búinn að rekja hana annaðhvort að leiðbeina honum vandlega og sveigja hann inn á nýja braut ellegar þá hreinlega beita sér fyrir því að skipta um fulltrúa fyrir flokk sinn í þeirri n. Ég held að það væri miklu heppilegra fyrir a. m. k. Alþb. og ég vil nú vona þjóðfélagið í heild, að andlit Lúðvíks Jósepssonar og annarra góðra þm. Alþb. hér í d. væri andlit þess flokks í orkumálum.

Hvað viðkemur því sem hv. þm. Jónas Árnason vefengdi, að ég hefði haft lögmæta afsökun fyrir því að vera fjarstaddur atkvgr. í hittiðfyrra við 3. umr. samningsins um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, þá verð ég að segja Jónasi Árnasyni, hv. 5. þm. Vesturl., að ég er ekki í nokkrum vandræðum að greiða atkv. hér í d. Ég hélt að ég hefði gert rækilega grein fyrir afstöðu minni, bæði úr þessum ræðustól og eins annars staðar,

til þessa fyrirtækis og til þessa samnings. Ég hélt að öllum hv. þm., sem á annað borð nenna að leggja að því eyrun, eigi að vera hún ljós. Ég vil ekki þreyta menn með því að fara að endurtaka það í lok þessarar umr., en ég tel nauðsynlegt að lesa örstuttan kafla úr ræðu sem ég flutti við 3. umr. málsins hér í Nd. Þetta er birt í 17. hefti Alþt. 1974—1975. Ég hafði talað í þessu máli við 2. umr. og sagt það þar sem mér fannst ég þurfa að segja. Og við 3. umr. tók ég líka til máls, og með leyfi forseta ætla ég að lesa örstuttan kafla úr þeirri ræðu:

„Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. að marki, en vegna sérstakra ástæðna get ég ekki verið viðstaddur lokaafgreiðslu þessa máls á föstudaginn, og því miður mun ekki verða atkvgr. um málið í kvöld. Því vil ég taka það fram, að ég er enn sömu skoðunar og ég var þegar ég gerði grein fyrir afstöðu minni við 1. umr. þessa máls og sagðist vera á móti þessu máli og ætlaði að segja nei þegar það kæmi til atkvgr., enda hefur málið ekki skipt neitt um svip að marki, jafnvel þó að forustumaður Heilbrigðiseftirlitsins hafi upplýst okkur opinberlega um að Fróðárundrin hafi verið taugaveikifaraldur."

Ég þreyti ekki hv. þm. á því að lesa meira úr þessari ræðu, en ég vona að þetta sé tekið gilt.

Jón Helgason: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. beindi þannig til mín orðum áðan, að mér fannst hann gefa það í skyn að stóriðja væri mér eitthvert sérstakt baráttumál. Þar sem ég tel hér um nokkurn misskilning að ræða vil ég nota þetta tækifæri til þess að leiðrétta það.

Það gengur mörgum illa að setja sig í annarra spor ef þeir búa við aðstæður sem eru ólíkar þeim sem þeir búa við sjálfir. Þetta virðist mér a. m. k. eiga við þegar vestur-skaftfellingar eru ásakaðir vegna tilmæla þeirra um athugun á möguleikum á hafnargerð við Dyrhólaey sem byggðist á stóriðju. Það er komið á aðra öld síðan fyrst var farið að tala um hafnargerð við Dyrhólaey, án þess að það hafi borið nokkurn árangur. Lengi voru íbúar héraðsins að berjast við brimgarðinn með ærnum mannfórnum til þess að sækja sér björg í bú. Á síðari áratugum hefur þessu verið hætt, en afleiðingin orðið vaxandi fólksflutningur úr héraði og nú vofir einmitt yfir mikið atvinnuleysi í Vík um næstu áramót, þar sem Lóranstöðin, sem þar hefur verið rekin í nokkra áratugi, verður lögð niður þar sem kerfi það, sem þar er notað, er orðið úrelt. Mér finnst því skiljanlegt að sveitarstjórnarmenn hafi áhyggjur af þessu ástandi.

Á undanförnum árum hefur verið reynt að fá rannsakað til hlítar hvaða möguleikar væru á hafnargerð við Dyrhólaey. En það hefur gengið allt of hægt að fá þeirri rannsókn lokið, hvað þá að hefja nokkrar framkvæmdir. Ég var staddur á fundi í Vík skömmu eftir s. l. áramót þar sem m. a. voru mættir allir sveitarstjórnarmenn í Mýrdal. Þar voru þessi mál rædd, og menn voru sammála um að hafnargerð við Dyrhólaey væri svo mikið fyrirtæki að úr henni yrði varla nema þegar í upphafi yrði ærið verkefni fyrir hana með einhverri nokkuð mikilli starfsemi. Og þá var rætt um það, hvort leita ætti eftir því að möguleikar á hafnargerð væru kannaðir með stóriðju í huga eða réttara sagt, að leitað yrði eftir hvort unnt væri að fá þar stóriðju, ef það leiddi til þess að úr hafnargerð yrði. Allir sveitarstjórnarmenn í Mýrdal voru sammála um að það væri æskilegt að þessi athugun færi fram. Ég vil taka það fram, að ég benti á það á þessum fundi að ég teldi ýmsa annmarka fylgja þessari stóriðju, fyrst og fremst að ég óttaðist þá gífurlegu röskun sem slíkt hefði á mannlífið í héraðinu. En menn voru sammála um að nota þetta tækifæri til þess að reyna að fá úr því skorið hvaða möguleikar væru þarna fyrir hendi. Þar kemur einnig fleira til. Sunnlendingar telja að á Suðurlandi séu ýmis jarðefni sem unnt væri að nota til iðnaðarframleiðslu, en undirstaðan að slíku er höfn. Þær athuganir á hafnargerð, sem fram færu í þessu sambandi, gætu því komið að gagni ef í ljós kæmi að unnt væri að hrinda slíkri vinnslu á stað. Það hefur komið fram í umr. að það séu til margar tegundir af stóriðju. Og það getur vel verið að vinnsla á slíkum jarðefnum geti kallast stóriðja, þar sem a. m. k. sum slík vinnsla þarf ærna orku. Ég fyrir mitt leyti vil ekki fordæma hagnýtingu slíkra möguleika. Ég tel að við eigum að íhuga vel alla möguleika sem gera kleift að hagnýta gæði okkar lands.

Vestur-Skaftfellingar voru sammála um að væri komin höfn við Dyrhólaey, þá væri svona athugun um stóriðju algjör fjarstæða, þar sem að þá yrði hún ekki til þess að styrkja annan atvinnurekstur í héraðinu og því kæmi það ekki til greina.

Þetta er sem sagt í stuttu máli það sem ég held að liggi á bak við tilmæli vestur-skaftfellinga. Sveitarstjórnarmenn og allir vestur-skaftfellingar hafa áhyggjur af þessu einhæfa atvinnulífi, og ég held að það sé dálítil skammsýni að álasa þeim allt of mikið fyrir það, þó að þeir vilji nota tækifærið til þess að kanna hvaða möguleikar kunni að vera fyrir hendi til þess að bæta úr þessu. Það á síðan að vega og meta, þegar niðurstöður liggja fyrir, hverju á að taka og hverju á að hafna.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. þm. Páll Pétursson tók það enn á ný fram, að SÍS hefði ekki af miklu að má eignalega. Ég vona að ræða mín hafi ekki gefið honum tilefni til þess að endurtaka þetta, því ég tók það einmitt fram að eignir SÍS væru ekkert til að fíkjast í. Ég lét þess hins vegar getið að þetta væri kannske ekki fært allt saman til nútímaverðlags. Það er þá líka kannske af hógværðarsökum, eins og SÍS sýnir í öðru, í framkvæmdum sínum og rekstri, og á það þá allt vel saman. En ég legg áherslu á það, að tillöguflutningur þessi er ekki til þess gerður að marka stefnu um frekari stóriðjuframkvæmdir. Ef menn lesa annað út úr tillgr. sjálfri, þá geta þeir séð það í grg. fram tekið að svo er alls ekki.

Hv. þm. geta sjálfsagt orðið sammála um fæst í sambandi við stóriðju, enda margþætt mál. En

um eitt hygg ég þó að landsbyggðarmenn ættu að geta orðið sammála, og það er að um frekari stóriðjuframkvæmdir að sinni verði ekki að ræða á suðvesturhorninu, í aðalþéttbýli landsins, sem nægjanlega sogar til sín fjármagn og mannafla, eins og raun ber vitni um. Um þetta ættu landsbyggðarþm. hv. a. m. k. að geta verið sammála. Og þess vegna er það, að okkur flm. þykir ástæða til að kannaðir verði þessir möguleikar sem um getur í till., vegna þess að ef til þess dregur nú að atorkusamur og framfarasinnaður ráðherra úr röðum Alþb. sest á nýjan leik í orkuráðherrastól og knýr svo fast fram eins og raun ber vitni um hæstv. fyrrv. orkuráðh. um nýja stóriðju, þá og ef svo kann að ske er alveg nauðsynlegt að okkar dómi að fyrir liggi rannsókn á því, hvort hægt er af félagslegum og öllum öðrum ástæðum að byggja upp stóriðju úti á landsbyggðinni, því ella er augljóst mál að henni yrði valinn staður hér í þéttbýlinu. Þetta er ein meginástæðan til þess að okkur þykir ekki ráð nema í tíma sé tekið að þessi rannsókn fari fram, því maður veit aldrei hvenær stjórnarskipti verða í landinu. Það hefur sýnt sig að þau getur borið að með óvæntum hætti. Ég er ekki spámannlega vaxinn og get ekki sagt fyrir um þetta, en miðað við fyrri reynslu frá árinu 1973, síðast á því ári, og þó aðallega fyrri hluta árs 1974, getur maður alveg eins átt von á því, að ef svo ber til að Alþb. kemst að stjórnarvelinum, að ég tali nú ekki um að eignast orkuráðh., þá verði djarflega tekið til höndum um uppbyggingu nýs stóriðnaðar. Við höfum ekkert annað fyrir okkur í þessu en sögulegar staðreyndir og reynsluna sem við verðum að byggja á. Ég á enn, þó ég hafi það ekki undir höndum nú, það plagg sem okkur var afhent í þingflokki Sjálfstfl. frá hæstv. þáv. orkuráðh. um samningsgerð og tillögugerð um byggingu stóriðjunnar eða járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Og satt best að segja var það skyssa að þingflokkur Sjálfstfl. skyldi ekki láta líklega við hæstv. þáv. orkuráðh. í þessu máli, því þá hefði þetta verið lagt fram á þingi í frumvarpsformi, á því leikur enginn vafi. Ef við hefðum tekið lipurlegar undir þetta, án þess þó að lofa neinu sérstöku, því það gátum við ekki gert við þá stjórnarherra, þá er enginn vafi á því að þetta hefði verið lagt fram hér á hinu háa Alþ. vorið 1974. Út af fyrir sig skiptir það engu höfuðmáli, því allt liggur það bókað fyrir um þá miklu forustu sem þáv. hæstv. orkuráðh. eða þáv. iðnrh. hafði í þessu máli.

Ég hygg að þessar umr. ættu alveg að taka af tvímæli um það, hvers eðlis þáltill. þessi er. Ég hef hins vegar ekkert á móti því að sú n., sem fær hana til meðferðar, taki til athugunar með hliðsjón af þessum umr. að breyta efni hennar á þann veg að ekki verði misskilið hvað við er átt. Hún er örstutt og í greininni sjálfri verður ekki fyrir komið öllu sem þyrfti að segja í þessu sambandi. Hér er aðeins lagt til að könnuð verði þessi mál, en ítrekað tekið fram af okkur flm., að því fer alls fjarri að verið sé að leggja til að hefjast handa um enn frekari stóriðju.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Sauðfjárbaðanir, frv. (þskj. 353). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 353 er frv. til l. um sauðfjárbaðanir. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og endurflutt á þessu þingi og flutt í hv. Nd.

Frv. er að meginefni samið af milliþn. Búnaðarþings vegna margra og ítrekaðra áskorana um breytingar á löggjöfinni um baðanir í þá átt að létta böðunarskylduna. Frv. gerir ráð fyrir því að þetta verði gert á þann hátt, að ráðh. verði heimilt að veita undanþágu í tilteknum hólfum þar sem óþrif hafa ekki sést á fé um árabil.

Til þess að auka öryggi um að böðunarundanþágan verði ekki til þess að stuðla að óþrifum á sauðfé er sett í frv. ákvæði um vottorðsgjafir frá tilteknum opinberum og hálfopinberum starfsmönnum er mæli með undanþáguheimild.

Það ákvæði í frv., að ekki skuli að öllum jafnaði baða fyrr en fé er komið á hús, á að sporna við að óbaðað og baðað fé renni saman og um leið að minnka líkur á dreifingu óþrifa í sauðfé frá einum bæ til annars. Ákvæði í núgildandi lögum um sérsmölun vegna baðana er því fellt niður.

Meginbreytingin, sem í frv. felst, — undanþáguheimildin — verður að teljast réttmæt því hún á að geta sparað fjáreigendum fé og fyrirhöfn, og þess má vænta að hún verði fjáreigendum brýn hvatning á landssvæðum, sem ekki fá undanþágu frá böðunarskyldu, til þess að herða sóknina og útrýma óþrifum í fé sínu með öllu. Væri vel farið ef svo tækist til.

Þær breytingar, sem hv. Nd. gerði á frv., hef ég ekkert við að athuga og legg því til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að frv. um sauðfjárbaðanir hefur miðað svo áfram sem raun ber vitni. Ég er samþykkur því að meginstofni til og tel það vera til mikilla bóta frá fyrri ákvæðum. Ég vil færa hér í tal ákvæði 2. gr. Ég átta mig ekki vel á hvað sú breyting þýðir sem Nd. hefur gert á frv. Í frv., eins og það var lagt fram, segir svo í 2. gr.: „Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 31. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús.“ Nd. hefur breytt þessari grein þannig: „Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 1. mars“ — sem sé stytt tímann þarna um einn mánuð, tekið aftan af tímanum sem baða má, — „þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er yfirleitt komið á hús.“ Hvort er þarna verið að herða á eða er þetta tilslökun frá ákvæðunum? Ef þetta er tilslökun, þá er það til mikils ófarnaðar og öryggisleysis um að böðun geti heppnast. Það, sem öllu máli skiptir, er að ekki sleppi fram hjá böðun ein einasta kind. Ég hefði talið að það réttasta í þessu væri að leyfa

ekki böðun fyrr en 1. des. Þá væri þó nokkur trygging fyrir að allt fé væri heimt.

Ég vildi aðeins bera þetta í tal hér við 1. umr. Þetta kemur að sjálfsögðu til athugunar í n. En mér líkar það ekki ef þarna er átt við að það eigi að hafa einhverja linkind á um það hvenær megi hefja böðun. Ég hef orðið vitni að því, því miður, oftar en einu sinni að einn og einn maður hefur tekið sig fram um að baða löngu á undan öðrum, og það þýðir að hans baðaða fé kemur oft og tíðum saman við óbaðað fé annarra og þar með böðun ónýt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 6. þm. Suðurl. sagði, vil ég taka það fram, að ég geri ráð fyrir að það verði gefin út reglugerð í sambandi við þessi lög, og ég mun halda mig við þann skilning sem var í upphaflegu greininni, að hér eigi ekki að vera um tilslökun að ræða. Ég lagði einmitt svo fyrir þegar frv. var samið í rn., að það, sem riði mest á, væri að ekki væri verið að baða á einum stað núna og öðrum síðar. Ég lít svo á og vil lýsa því hér með yfir, að ég tel að þrátt fyrir þetta orðalag eigi það að gilda að fé eigi að vera komið í hús og á sama svæði sé baðað samtímis, en ekki veittar undanþágur þar um, því það skiptir mestu máli um framkvæmdina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Fávitastofnanir, frv. (þskj. 296). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 360 (sbr. 50)). — Ein umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta frv., sem flutt var hér í Ed., er nú komið aftur frá Nd. eftir eina breyt. sem þar var á því gerð. Sú breyt. var gerð í samráði við mig sem flm. frv., og ég vænti þess að hv. allshn. þessarar deildar hafi ekkert við það að athuga. En breyt. er á þá leið, að inn í 7. gr. komi svo hljóðandi ákvæði:

„Nú stendur söfnun yfir um lengri tíma en eitt ár, og skal þá með sama hætti birta opinberlega ársreikning innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs. Heimilt er lögreglustjóra að framlengja fresti þessa. Yfirlýsingu samkvæmt 2. málslið 6. gr. skal og birta með sama hætti."

Þetta er auðvitað eðlilegt ákvæði ef söfnun tekur langan tíma, vegna þess að auðvitað getur þetta verið söfnun sem á sér lengri aðdraganda og stendur lengur yfir en safnanir almennt gerast, og þá er rétt að það sé gefið um það yfirlit innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs hvernig söfnunin stendur og hvernig mál standa þar. Ég tel þetta eðlilegt ákvæði og samþykkti það fyrir mitt leyti.

Forseti. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Eins og hv. 7. landsk. þm. hefur skýrt frá, var gerð einföld breyting á þessu frv. í hv. Nd. En til þess að gæta fyllsta formlegs réttlætis tel ég að það sé rétt, að sú n., sem hafði málið til meðferðar í þessari d., fái málið til meðferðar áður en d. gengur frá því. Er því umr. nú frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 354). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 6. ágúst um breyt. á lögum nr. 95 frá 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar. Þau lög voru gefin út til þess að leiðrétta í framkvæmd hvernig háttað var álagningu útsvars og innheimtu 1% álags á gjaldstofn útsvara, sem sveitarfélög lögðu á samkv. þessum lögum á s. l. ári og sáu um innheimtu á. Þegar til kom voru þessi gjöld lögð á þá sem höfðu lágar tekjur og heitið var, þegar frv. var lagt fram á Alþ., að ættu að vera undanþegnir þessu gjaldi. Eftir að brbl. voru gefin út hefur komið í ljós, að þrátt fyrir þessi brbl. hafa ekki allir sloppið sem til var ætlast, og þess vegna boðaði ég það, þegar ég fylgdi frv. úr hlaði í Ed., að rn. mundi senda þeirri n., sem fengi málið til umfjöllunar, till. um breyt. á brbl. til þess að taka af allan vafa í þessum efnum. En breyt., sem máli skiptir og gerð var í Ed., er að „eigi skal leggja gjald þetta á þá sem ekki er gert að greiða útsvar, né heldur þá, sem vistaðir eru á elli- eða hjúkrunarheimilum, né langlegusjúklinga á öðrum sjúkrastofnunum eða í heimahúsum." Með þessari breyt. afgreiddi Ed. frv. shlj.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 41, n. 323 og 330). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 28 1973, um dvalarheimili aldraðra. Fóru leikar þannig í n. að hún klofnaði í afstöðu til frv., og leggur meiri hl. þeirra nm., sem á fundi voru, til að frv. verði fellt, þar sem hann telji eðlilegt að lögin frá 1975 um skiptingu verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð sem heild að liðnum hæfilegum reynslutíma, en einn þáttur ekki tekinn út úr eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þessi afstaða var tekin á grundvelli upplýsinga um það, að nú fari fram endurskoðun, sem fjölmenn n. vinnur að, á starfaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins. Fannst þeim, sem standa að nál. á þskj. 323, eðlilegt að þessi þáttur félli eðlilega inn í þá endurskoðun og yrði tekinn til athugunar í sambandi við önnur þau verkefni sem gæti hugsanlega verið um að ræða að sveitarfélög og ríkissjóður ynnu sameiginlega að.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Sigurður Magnússon: Hæstv. forseti. Ég ætla að gera stutta grein fyrir nál. minni hl. n., en í því segir:

„Lögin um dvalarheimili aldraðra, sem sett voru 1973, gerðu ráð fyrir að ríkissjóður greiddi þriðjung af kostnaði við byggingu slíkra stofnana, tækja þeirra og búnaðar.

Árið 1975 var þetta ákvæði numið úr lögum að frumkvæði núv. stjórnvalda undir yfirskini verkefnaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, og með því ákveðið að sveitarfélögin ein bæru kostnað þennan að fullu.

Þessi breyting, sem er mjög óréttlát, hefur valdið sveitarfélögunum margvíslegum erfiðleikum og geysilegu misrétti milli sveitarfélaga.

Dvalarheimili fyrir aldraða eru stofnanir sem nauðsynlegt er að koma á fót sem víðast á landinu. Það er hins vegar ljóst, að fjöldinn allur af sveitarfélögum víðs vegar um land hefur ekki bolmagn til að fjármagna slíkar framkvæmdir að öllu leyti, og hlýtur því að teljast eðlilegt að ríkisaðstoð komi hér til, eins og lögin frá 1973 gerðu ráð fyrir.

Það er því skoðun minni hl. heilbr.- og trn., að allt mæli með því að breyta lögunum í hið fyrra horf, og leggur hann því til að frv. verði samþ."

Að þessu minnihlutaáliti stendur auk mín hv. þm. Karvel Pálmason.

Hér er sem sagt fyrst og fremst um það að ræða, að reynslan hefur sýnt að sveitarfélögum í landinu er ofviða að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum á þessu sviði nema með ríkisaðstoð, og því er þetta lagt til hér.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég er flm. að þessu frv. ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, og efni þess er einfaldlega á þá lund, að tekinn verði upp aftur stuðningur ríkisins við byggingu elliheimila, en hann var felldur niður í sambandi við bandormsfrv. ríkisstj. sem kennt var við sparnað í ríkisrekstri, en breytti skipan ýmissa útgjalda á milli ríkis og sveitarfélaga.

Mér eru mikil vonbrigði að meiri hl. n. skuli leggja til að þetta frv. verði fellt. Þeir nota að vísu þá röksemd að verið sé að endurskoða bandorminn og þar með útgjaldaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins. Venjulega er sýnd sú kurteisi við slíkar aðstæður að vísa þá frv. til ríkissti., þannig að sú n., sem er að endurskoða lögin, taki tillit til þess sem fram er komið á Alþ. Það er því óvenjulegt og hlýtur að sýna annaðhvort fullkomið skilningsleysi eða fjandskap, að þessir þrír nm., sem teljast til meiri hl, skuli leggja til að frv. verði fellt.

Hér er ekki um venjulega skiptingu útgjalda milli ríkis og sveitarfélaga að ræða. Varðandi byggingu elliheimila eru nokkuð sérstakar aðstæður í landinu. Hér hefur lengi verið rekið með miklum myndarskap landshappdrætti sem hefur byggt afburðagóðar stofnanir á þessu sviði hér á þéttbýlissvæðinu við höfuðborgina. Um þetta er ekkert nema gott að segja og engin ástæða til að gera á því nokkra breytingu, heldur hvetja til þess að haldið verði áfram á þeirri braut sem þar er farin. En ekki er hægt að ganga fram hjá því, að þrátt fyrir þennan myndarskap við byggingu elliheimila hér á höfuðborgarsvæðinu þurfa slíkar stofnanir að rísa annars staðar á landinu, og það hefur reynst sveitarfélögum ákaflega þungur baggi að gera það. Út úr þessu kemur augljóslega misrétti, vegna þess að samtök einstaklinga og félaga, sem hafa staðið fyrir landshappdrætti og reist myndarlegar stofnanir hér, létta að sjálfsögðu þó nokkru af þessu verkefni af Reykjavíkurborg og nágrannabyggðum. Ég mun ekki sjá eftir því. En ég vil veita hliðstæða aðstoð öðrum sveitarfélögum sem undantekningalaust eru minni sveitarfélög. Þess vegna tel ég að það eigi að taka upp á nýjan leik ríkisstyrkinn til elliheimilabygginga, og ég harma það ef niðurstaðan af stuttri meðferð þessa máls verður sú, að meiri hl. Nd. reynist vera beinlínis fjandsamlegur málinu með því að fella það. Það þýðir að meiri hl. vill ekkert hafa með þetta mál að gera.

Það er lágmark að þessi sjónarmið fái að fara til þeirrar n. sem sagt er að sé að endurskoða bandorminn um sparnað í ríkisrekstri. Að vísu er slíkt frv. samansett af hinum ólíkustu málum sem höfðu ekkert sameiginlegt annað en að í þeim fólst tilfærsla á útgjöldum. Ég er í sjálfu sér ekki að mótmæla, þó að mörgum þyki bandormar hvimleið starfsaðferð, að stundum þarf að flytja þá. En það er í eðli bandormsins að málefnalega eru greinar eða efnisþættir gjörsamlega óskyldir hver öðrum. Þess vegna er ekkert við það að athuga þó að Alþ. geri breytingar á einni grein, og þess vegna er engin ástæða til að ríghalda í bandormsformið og halda því fram að það megi ekki endurskoða neinn af þeim efnisþáttum, sem þar eru, án þess að taka frv. sem heild.

Ég vil því mælast eindregið til þess í fyrsta lagi, að d. stígi það augljósa skref að samþ. frv. og taka upp aftur það sem Alþ. áður hafði samþ. og gert að lögum, sem sagt ríkisstyrk til elliheimilanna. Ef menn geta ekki fallist á það, e. t. v. af því að það eru stjórnarandstæðingar sem flytja frv., þá finnst mér lágmarkskurteisi og velvild við málið að afstöðu meiri hl. verði breytt frá því að heimta, að frv. verði fellt, í það að heimila að n. þeirri, sem er að endurskoða það, að líta á þetta mál án þess að því fylgi neikvæð umsögn frá hálfu Alþingis.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það mun vera búið að gera grein fyrir nál. minni hl. heilbr.- og trn. á þskj. 330. Ég biðst afsökunar á því að ég var ekki mættur þegar málið kom fyrir, en er skráður frsm. fyrir nál.

Ég hef ekki mikið um þetta að segja annað en það sem hér kemur fram. Ég vil þó undir-

strika það sérstaklega, að sú breyting, sem var gerð á lögunum frá 1973, frá því að ríkið greiddi þriðjunginn af kostnaði slíkra mannvirkja til þess að láta sveitarfélögin greiða allan kostnað, hefur komið mjög illa og harkalega niður á mörgum þeim sveitarfélögum sem í góðri trú réðust í framkvæmdir við uppbyggingu á dvalarheimilum fyrir aldraða. Þessi breyting, sem gerð var 1975, var auk þess mjög óvenjuleg og harkalega að henni farið í alla staði.

Það var látið í veðri vaka fyrst og fremst af stjórnarliðum, að hér væri um að ræða verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og að með þessari breytingu væru sveitarfélögunum útvegaðir tekjustofnar til þess að standa undir þeim kostnaði sem þessu hlýtur að vera samfara. Ég held nú að ef menn skoða þetta án fordóma, þá sé það nokkuð ljóst að það er víðs fjarri að sú verkaskipting, sem þarna var ákveðin, hafi tryggt að sveitarfélögin gætu ráðist í slíkar framkvæmdir eins og hér um ræðir á sama hátt og þau gátu gert meðan lögin frá 1973 giltu. Það er því augljóst mál, að ef þessu verður ekki breytt, þá kemur mikill afturkippur í það að byggingar af þessu tagi verði reistar. Það er gjörsamlega ofviða allflestum sveitarfélögum, a. m. k. hinum smærri, að ráðast í framkvæmdir eins og hér um ræðir. Það er því brýn nauðsyn og það er í raun og veru réttlætiskrafa gagnvart þessum fámennari sveitarfélögum að breytingin frá 1975 verði tekin til baka og hafður verði á sami máti og var gert ráð fyrir með lögunum frá 1973. Það er því augljóst að hér er um réttlætismál að ræða. Að breytingunni var staðið með óeðlilegum hætti og harkalegum.

Það er álit okkar í minni hl. heilbr.- og trn. að þetta frv. eigi að samþ. og viðurkenna þar með réttmæti þess að ríkissjóður taki þátt í uppbyggingu dvalarheimila úti um landið, eins og má segja í raun og veru að gert sé og hafi verið gert hér á þéttbýlissvæðinu á undanförnum árum. A. m. k. hefur átt sér stað uppbygging á þessu svæði á slíkum stofnunum með fjármunum sem fengnir eru víðs vegar að af landinu. Ég tek því mjög undir það, sem 1. flm. frv. sagði áðan, að það er á engan hátt eðlilegt að hér sé lagt til að þetta frv. verði felllt. Ég er viss um að a. m. k. einhverjir af fulltrúum stjórnarflokkanna í heilbr.- og trn. vilja mjög gjarnan samþ. þetta frv. Þeim sýnist eins og okkur að hér sé um réttlætismál að ræða sem eigi rétt á sér í alla staði. Það er því mjög óeðlilegt að meiri hl. heilbr.- og trn. skuli með þessum hætti, sem hann gerir, eindregið leggja til að frv. verði felllt.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Vegna skráðrar fjarveru minnar við afgreiðslu málsins í hv. heilbr.- og trn. vil ég gjarnan koma að þeirri skýringu, að einhverra hluta vegna misfórst fundarboð til þessa fundar og ég hafði ekki hugmynd um hann fyrr en ég sá mig hér skráða fjarverandi.

Um málið að öðru leyti vil ég segja það, að ég get tekið undir með hv. fyrra flm. frv. að ég hefði ekki talið óeðlilegt að málinu hefði verið vísað til ríkisstj. í staðinn fyrir að fella það. Hins vegar sé ég ekki að það breyti nokkru um gang málsins. Sjálf mun ég sitja hjá við þessa atkvgr.

Það er yfirlýst stefna þeirrar ríkisstj., er nú situr að völdum, að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og færa fleiri verkefni yfir til sveitarfélaga frá ríkinu. Þessari stefnu er ég heils hugar fylgjandi. Hitt er svo annað mál, að það þýðir náttúrlega lítið að flytja yfir frá ríki til sveitarfélaga verkefni nema nauðsynlegt fjármagn fylgi með, einhverjir tekjustofnar til að standa straum af auknum byrðum sem á sveitarfélögin eru lagðar.

Nú fjallar sérstök n. um þessa verkaskiptingu og þá tekjuskiptingu um leið, og ég hlýt að leggja áherslu á það hér, að þessi góða n. hraði nú störfum sínum eftir mætti, þannig að þetta svífi ekki öllu lengur í lausu lofti. Það hlýtur að verða lögð áhersla á það, að eitthvað komi út úr störfum þessarar n. sem byggjandi sé á til framtíðar.

Það er enginn vafi á því, að þessi mál aldraðra eru best komin í höndum heimamanna, og sú þróun, sem hefur átt sér stað undanfarin ár vegna aðstöðuleysis í heimabyggðum, að fólk hefur verið sent hingað á suðursvæðið þar sem þó er aðeins rýmra um vistun fyrir þetta fólk, það er mjög slæm lausn nema í einstaka tilfelli. Það er ómannúðlegt, félagslega ótækt, að rífa jafnvel nauðugt upp úr sínu heimaumhverfi aldrað fólk og planta því niður hér á annað landshorn, í umhverfi sem það finnur sig framandi í og festir áreiðanlega aldrei yndi í, enda gera menn úti um landsbyggðina og sveitarfélög sér í vaxandi mæli grein fyrir þessu.

Eins og ég sagði áðan er mjög mikill og vaxandi áhugi á að geta sinnt þessum málum að gagni. Þá hefur þar auðvitað komið upp eins og hér, að það er ekki eina lausnin að byggja dvalarheimili í gamla stílnum, heldur koma aðrar leiðir þar til greina, svo sem íbúðir aldraðra og dagvistun aldraðra. Allar þessar leiðir hljóta að vísu alltaf að vera nauðsynlegar blandaðar hver annarri, en ég hygg að tvær þær síðari, sem ég nefndi, eigi vaxandi fylgi að fagna bæði meðal ráðamanna og ekki síst meðal aldraða fólksins sjálfs. Ég sá að hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, hefur kvatt sér hljóðs hér á eftir, og ég vænti þess að hann geri þessu nánari skil og þá einnig í sambandi við happdrættið sem hefur verið réttilega bent hér á að landsbyggðin hefur kannske ekki notið af eins og sanngjarnt væri með tilliti til þess, að mikill hluti hagnaðar t. d. happdrættis dvalarheimilis aldraðra hefur komið frá landsbyggðinni, enda mun nokkur hluti ágóðans renna til svæða utan Reykjavíkur, og ég skírskota enn til væntanlegs máls hv. 8. þm. Reykv. um þetta efni. En ég vil leggja áherslu á það, að þetta er mjög aðkallandi verkefni, og því aðeins styð ég ekki þetta frv. hér um að taka upp aftur hlutdeild ríkisins í þessu, — því aðeins styð ég það ekki að ég treysti því að það eigi ekki langt í land að sveitarfélögunum verði séð fyrir nauðsynlegum tekjum til að standa straum af þessum útgjaldalið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Áður en ég lýsi skoðun minni á þessu frv. og nál. vil ég aðeins leiðrétta nokkurn misskilning sem kemur fram

í grg. með frv. og reyndar mátti heyra líka örla á hjá hv. síðasta ræðumanni.

Í grg. segir að á höfuðborgarsvæðinu séu reist stór og myndarleg dvalarheimili fyrir happdrættisfé. Þetta er rétt hvað viðkemur hinu fyrra. En í hinni síðari fullyrðingu stenst þetta ekki, vegna þess að að sjálfsögðu eru margar fleiri tekjulindir, sem þau samtök, sem hér er óbeint vitnað til, Sjómannadagssamtökin, hafa til þess að standa undir og fjármagna framkvæmdir sínar, þótt sá hluti, sem þau hafa af happdrættisfé Happdrættis DAS, sé vissulega þýðingarmikill.

Og áfram segir í grg. að önnur sveitarfélög hafi ekki slíka tekjulind. Nú hefði náttúrlega verið ódýrt fyrir mig að segja: Þau sveitarfélög geta auðvitað bæði safnað fé og komið sér upp happdrætti þótt ekki verði á landsvísu. En ég vil benda á að það eru nú 14 ár síðan tekjum af Happdrætti DAS var skipt. Það hefði ekki starfað nema í rúmlega 8 ár þegar tekjum þess var skipt og 40% af tekjunum tekin og sett í svokallaðan Byggingarsjóð aldraðra. Hafa nokkrar breyt. verið gerðar á lögunum um þann sjóð síðan. Hann hefur þó lítið gert annað en að safna þessu fé sem þar er til. Það hefur lítið frá honum farið, eins og ég segi. En þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögunum, hafa m. a. opnað þann möguleika og ætlast var til þess með þeim breyt. og getið um það í framsöguræðum fyrir þeim breyt. á hv. Alþ., að sveitarfélög úti um land ættu einmitt kost á því að leita í þessi 40% af tekjunum til sinnar ráðstöfunar. Mér er ekki kunnugt um hvað mikið hefur verið gert að þessu.

Um tekjur happdrættisins er rétt að geta þess vegna orða síðasta hv. ræðumanns um að mikið af happdrættiságóðanum komi utan af landi, að það er mikill misskilningur í þessu fólginn, vegna þess að það er á milli 70 og 80% af tekjunum sem kemur úr Reykjavíkurkjördæmi og Reykjaneskjördæmi. En hins vegar eru 40% af tekjunum sett í þennan sjóð. Umrædd samtök, sem hafa hér komið til umr. og hefur verið vitnað til óbeint, hafa aldrei fengið neina krónu úr þessum sjóði. Þeim hefur verið tjáð að þau muni ekki fá það frekar en annars staðar, hvorki frá ríki né bæ. Má þess vegna segja sem svo, að það sé sama fyrir þau hvar þessi baggi liggur.

Það er nú samt sem áður svo, að ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið fljótræði að breyta þessum lögum. Ég er stuðningsmaður þessa frv., en ég hlusta hins vegar á þau rök sem hafa komið fram frá meiri hl. n. um, að þessi athugun standi yfir sem við vitum að stendur yfir um skiptingu á verkefnum á milli sveitarfélaganna og ríkisins. Ég tel að það væri eðlilegt að fullnaðarafgreiðslu þessa frv. yrði frestað fram undir það að sæist hvað þar væri að ske og hver stefnumótunin yrði. Og ég vil fara þess á leit nú þegar við forseta að hann ljúki ekki umr. þegar menn hafa lokið ræðum sínum, heldur fresti umr. svo að mönnum gefist tóm til þess að flytja till. um að málinu verði vísað til ríkisstj. Ef ekki verður hægt að verða við því mun ég greiða atkv. með frv.

Hv. síðasti ræðumaður kom nokkuð inn á atriði sem ég tel ákaflega þýðingarmikið að bæði Alþ. og sveitarstjórnir snúi sér frekar að heldur en gert hefur verið. Það sjá auðvitað allir að það verður ekki hægt að byggja dvalarheimili fyrir aldraða í öllum sveitarfélögum landsins. Það verður að koma þar til samstaða hinna minni sveitarfélaga um byggingar á hentugum stöðum, og þeir hentugu staðir eru skilyrðislaust í mínum huga þar sem læknisþjónusta er fyrir hendi. Ég held að á þessu sé nokkuð almennur skilningur. Hins vegar minntist hún réttilega á að það er annað sem getur komið til og orðið til mikillar hjálpar í sambandi við vandamál aldraðra og kannske þó sérstaklega í hinum minni sveitarfélögum víðs vegar í kringum landið, t. d. sjávarútvegsplássunum. Það eru svokölluð dagvistunarheimili aldraðra. Í sjálfu sér tel ég að ekki sé minni þörf fyrir slík dagvistunarheimili heldur en fyrir dagvistunarheimili barna, því oft og tíðum er um svipað vandamál að ræða á heimilum fólks, en þó kannske öllu verra þegar aldraðir eiga í hlut, sem eru orðnir þannig á sig komnir að það er ekki hægt fyrir börn þeirra, sem hafa þá á sínu heimili og vilja hafa þá þar, að biðja nágrannann um að passa aldraða, þótt það sé hægt hins vegar með börnin oft og tíðum. Þess vegna held ég að víða, þar sem ég þekki til um landið, geti þetta orðið lausn og þar með sparað dýrar byggingar — dýrar í byggingu og reyndar enn dýrari í rekstri. Þótt ég sjálfur segi frá held ég að það sé merkileg tilraun sem verið er að gera núna í sambandi við byggingu hins nýja dvalarheimilis aldraðra í Hafnarfirði á vegum Sjómannadagssamtakanna, en þar er einmitt ætlað að vera með slíka vistdeild. En þetta hugtak er ekki til í íslenskum lögum og því síður í hugum sveitarstjórnarmanna, og ég hefði talið nauðsynlegt að sett yrði ákvæði í lög um dagvistunarheimili aldraðra. Hvort það eigi að koma inn í sjálf lögin um dvalarheimili aldraðra skal ég ekki segja um. Það gæti orðið sjálfstæð löggjöf, miðað við það sem er um dagheimili barna, og væri ekki óeðlilegt að svo væri. Mig minnir að það hafi verið afstaða sem einróma var samþ. á síðasta Alþýðusambandsþingi að taka ætti, og það var í áskorunarformi á Alþ., að mig minnir líka. En það voru einmitt fulltrúar kvenfélaganna á því fjölmenna stéttarþingi sem voru einmitt mjög á því að þessa leið ætti að fara.

Það mætti auðvitað hafa langt mál um það sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, frú Sigurlaugar Bjarnadóttur, um það rými sem væri hér syðra og það væri ómannúðlegt að flytja fólk hingað suður. Ég bið til guðs að það verði aldrei fluttur neinn með valdi hingað til þeirra heimila sem eru full út úr dyrum og með langa biðlista, og þeir biðlistar eru ekki eingöngu af því svæði sem þessi heimili standa á, heldur alls staðar af landinu, vegna þess að þessi heimili sem eru hér á svokölluðu höfuðborgarsvæði, eins og segir í grg., hafa aldrei verið byggð fyrir þau sveitarfélög sem þau standa í, heldur fyrir allt landið, fyrir öll sveitarfélög, enda er held ég bæði á Elliheimilinu Grund og Hrafnistu í Reykjavík vistfólk alls staðar að af landinu. Ég skal fúslega taka undir það, að æskilegast er ef þetta fólk getur verið í sínum heimabyggðum sem lengst og helst til hinstu stundar. En það er bara svo margt annað

sem þar kemur inn í og veldur því að þetta er ekki hægt. Það, sem ég hef orðið var við að sé aðalástæðan fyrir vilja fólks til að flytja hingað, hefur verið lengst af óttinn við heilsuleysi og óttinn við að næg læknishjálp fengist ekki á viðkomandi stöðum. Við vitum að t. d. sérfræðiþjónusta, sem nú er veitt á hinn besta hátt á þessum heimilum hér syðra, hefur ekki verið til mjög víða um landið fyrir aldrað fólk. Líka verður að koma inn í þetta dæmi hinn mikli tilflutningur fólks víðs vegar að af landinu á þetta landsvæði hér suðvestanlands. Aldraða fólkið hefur viljað fylgja börnum sínum eftir eða öðrum skyldmennum og vera í grennd við þetta skyldfólk sitt. Fleira kemur einnig til. Ég held að um leið og þeirri hugsun eða skoðun er veitt full athygli og stefnt að því að gamla fólkið geti verið sem lengst í sínum heimabyggðum, þá eigum við líka að hafa í huga að varast að það sé stofnað til nýrrar sveitfesti sem áður þekktist hér á landi. Auðvitað á þetta fólk, þótt aldrað sé orðið, fullan rétt og frelsi til að velja sér búsetu ekki síður en hinir yngri, og það á ekki að setja það í neins konar hefðar- eða búsetuhöft. Ég vildi nú aðeins láta þetta koma fram.

Ég hef látið í ljós skoðun mína á frv. Ég held að það hafi verið fljótræði á sínum tíma að breyta þessum lögum í þá átt sem gert var. Og þótt ég hafi e. t. v. misjafnar skoðanir á þeim sem sitja hverju sinni í fjvn. Alþingis, þá tel ég að fenginni reynslu af skiptum við sum sveitarfélög að öllu betra sé þó að eiga við fjvn. heldur en stjórnendur sumra sveitarfélaganna.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er flutt og verið að fjalla um, fjallar í raun og veru um að taka einn þáttinn úr hinum svokallaða bandormi frá því fyrir jólin í fyrra og færa hann til þess horfs sem áður var. Það má út af fyrir sig alltaf deila um hvort ríkið eigi að taka þátt í byggingu dvalarheimila aldraðra. Þegar verið var að fjalla um þetta í fyrra var í raun og veru verið að koma nokkuð til móts við þá stefnumörkun sem hafði átt sér stað hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga um að fá hreinni verkaskiptingu á milli þessara tveggja aðila, þ. e. a. s. sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar. Þegar slík yfirfærsla á sér stað eins og gerð var í fyrra varðandi dvalarheimilin, þá liggur að sjálfsögðu ljóst fyrir að það kemur misjafnlega niður á sveitarfélögunum. Það kemur illa við ýmis sveitarfélög, sérstaklega þau sem standa í miklum framkvæmdum á þeim tíma sem slík breyting verður. Það voru líka gerðar ráðstafanir til þess einmitt samhliða samþykkt laganna í fyrra að þessum sveitarfélögum yrði sérstaklega bættur sá skaði sem þau yrðu fyrir við yfirfærsluna. Hins vegar finnst mér að það gleymist býsna oft í þessari umr. og öðrum umr. um verkefnayfirfærsluna, að sveitarfélögin fengu tekjur á móti, og mér finnst oft kenna þess í málflutningi manna að þarna hafi verið um alhliða auknar byrðar á sveitarfélögin að ræða.

Þegar verið er að skoða ýmis mál, þar sem um hefur verið að ræða skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, er misjafnlega auðvelt að færa þau á milli. Sannleikurinn er sá, að ef við lítum á það eftir hvaða leiðum er hægt að leysa sem best málefni aldraðra, þá sjáum við að þetta mál er út af fyrir sig ekki einfalt, sérstaklega ef við skoðum það í ljósi þeirra hugmynda sem á síðari árum hafa komið upp. Í fyrsta lagi er að fara hina hefðbundnu slóð, að reisa dvalarheimili fyrir aldraða svo víða um landið sem hagkvæmt er og mögulegt, þannig að fólk þurfi ekki að flytja úr heimahögum þegar það getur ekki lengur séð sér farborða sjálft. En ýmis sveitarfélög hafa líka í auknum mæli farið inn á þá braut að lofa gamla fólkinu að búa sem lengst í eigin húsakynnum, með því að sveitarfélögin sjálf hafa aukið beina aðstoð við þetta eldra fólk með ákveðinni aðstoð eða hjúkrun í heimahúsum, þannig að gamalmenni geta haldið áfram mun lengur að búa í eigin íbúð en áður var. Í þriðja lagi hafa komið upp hugmyndir um að dvalarheimili verði byggð í öðru formi en verið hefur til þessa, og var á það minnst, að ég hygg, áðan, þ. e. a. s. að dvalarheimilin verði reist í formi lítilla íbúða þar sem fólk geti búið eitt út af fyrir sig, þar sem samhæfð yrði aðstoð við þetta fólk, og að slíkar íbúðir mundu þá falla undir kerfi húsnæðismálastjórnar ríkisins og fá þess vegna fjármagn þaðan. Það eru líka fleiri leiðir til.

Og þá erum við komin að leiðum þar sem ákvarðanir sveitarstjórna skarast við þann þátt sem ríkið ber í dag kostnað af. Þá á ég við göngudeildir fyrir aldraða. Við vitum t. d. að við setningu fjárl. var gert ráð fyrir því að hér í Reykjavík, í Hátúnsdeild Landsspítalans, yrði tekin upp og hafin starfræksla á þessu ári á göngudeild fyrir aldraða, en hér kemur kostnaðurinn til með að greiðast af ríkinu. Auk þess skarast það á annan hátt, þ. e. a. s. hreinar hjúkrunardeildir fyrir aldraða þegar fólk hættir að geta haft fótavist og er orðið þannig til heilsunnar að það verður að liggja rúmfast og njóta allrar þjónustu, þ. á m. læknisþjónustu sjúkrahúsa, og verður flutt þangað inn. Þá komum við líka að einum þætti sem snertir kostnað *ríkisins varðandi rekstur sjúkrahúsanna sjálfra.*

Mér er alveg óhætt að segja það, að í þeirri n., sem vitnað hefur verið til að er að endurskoða og athuga leiðir í heilbrigðismálum m. a. sem og í öðrum þáttum, er verið að leita að leiðum að sjálfsögðu með það höfuðmarkmið að einstaklingarnir fái sambærilega þjónustu á sambærilegu verði hvar sem er á landinu. Til þess að slíkt náist þurfa að sjálfsögðu að koma til aðrar leiðir um fjármögnun, alveg nýjar hugmyndir um tekjustofna sveitarfélaganna og hverjar verða t. d. úthlutunarreglur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna ýmissa verkefna. En þá er spurningin: Getum við náð þessum markmiðum á þann hátt að við einföldum kerfið? Getum við náð hagkvæmari rekstri og spyrnt fótum við að kostnaður í tryggingga- og sjúkrahúsmálum vaxi okkur ekki yfir höfuð?

Þarna eru uppi hugmyndir nú um að færa frá sveitarfélögum yfir til ríkisins kostnað varðandi sjúkrahúsin sjálf, bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað sjúkrahúsanna, en hafa hins vegar hreinni verkaskiptingu varðandi málefni aldraðra og þá sérstaklega þennan þátt sem ég var að tala um, þar sem skarast þættir, sem

kostaðir eru af ríkinu, og þeir þættir, sem kostaðir eru af sveitarfélögunum, — annars vegar það, og svo eins hitt, hvort við getum gengið þá leið að láta heilsuverndina og heilsugæsluna sem slíka vera meira á vegum sveitarfélaganna en nú er. Ég held að í þessum málum sé ekki aðeins tímabært, heldur mjög knýjandi að leita að leiðum þar sem við getum aukið heilsugæsluna sjálfa og komið með fyrirbyggjandi aðgerðum í veg fyrir að fólk þurfi að hverfa inn á sjúkrahús, jafnvel til rannsókna eða til læknisaðgerða, sem ekki hefði þurft þess með ef heilsugæsluþættinum væri sinnt meira en nú er í núverandi formi.

Ég held þess vegna að það sé að ýmsu að hyggja. Við eigum að leggja höfuðáhersluna á að auka heilsugæsluþáttinn, að meira af rannsóknarstörfum geti farið fram utan sjúkrahúsanna sjálfra, að við nýtum hin dýru sjúkrarúm fyrst og fremst til lækninga. Þetta mál, eins og ég sagði áðan, kemur að sjálfsögðu inn á málefni aldraðra. Með því að hafa þetta á vegum sveitarfélaganna óbreytt a. m. k. enn um sinn og ef það yrði í framtíðinni, þá er þarna um ákvörðunaratriði sveitarstjórnarmanna sjálfra að ræða, valkosti, hvaða leið þeir vilja fara, hvort þeir vilja reisa elliheimili í hefðbundnu formi, hvort þeir vilja leysa það mál með því að auka þjónustuna við aldraða í heimahúsum, hvort þeir byggja íbúðir, eins og ég sagði áðan, þar sem fólk getur búið í tiltölulega litlum íbúðum, eða hvort þeir reisa legudeildir eða hafa heimangöngu. Hér er sem sagt hreinlega um mat að ræða hjá viðkomandi sveitarstjórnum. En þegar þær meta þetta eins og málið stendur í dag, þá hljóta þær að vilja koma sem flestu inn á hjúkrunardeildir, vegna þess að þá léttist kostnaður sveitarfélaganna og þau geta velt þessu yfir á ríkið. Ég held þess vegna að það sé rétt, hvað sem segja má um það að fella frv. eða vísa því til ríkisstj. — það eru blæbrigði, má segja, af sömu afgreiðslu, — að þetta frv. verði ekki samþ. heldur tekin samhliða stefnumörkun í öðrum málum og þó fyrst og fremst varðandi heilbrigðisþjónustuna í heild, — þetta atriði verði látið bíða þar til tekin verður afstaða til þeirra till. sem kunna að koma frá þeirri n. sem er að endurskoða þessa þætti.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Áður en ég vík með nokkrum orðum að efnisatriðum þessa máls vil ég fara fáeinum orðum um formsatriði í sambandi við málið sem mér þykir ástæða til að vekja athygli á að gefnu tilefni hér og að gefnu tilefni a. m. k. einu sinni ef ekki tvisvar áður á þessu þingi.

Það hafa komið út tvö nál. frá hv. heilbr.- og trn. sem fjallaði um þetta mál. Annað nál. er frá tveimur nm. og er skráð hér frá minni hl. heilbr.- og trn. Hitt nál. er frá þremur nm. og er skráð sem nál. frá meiri hl. heilbr.- og trn. Nú er það alkunna, að í öllum starfsnefndum d. og n. Alþ. öðrum en fjvn. sitja 7 menn, svo að það gefur auga leið að til þess að mynda meiri hl. n. þarf minnst 4 nm. Það hefur, hygg ég, alltaf verið siður á Alþ. þar til nú, að virðist vera byrjað að brydda á því að menn vilji taka upp nýjan hátt, að meiri hl. n., þegar um 7 manna n. er að ræða, er minnst 4 menn, en ekki einhver meiri hl., kannske fjögurra eða 5 nm., sem er mættur á þeim fundi, þegar málið er afgreitt. Það hefur aldrei verið lögð sú merking í meiri hl. n. hér á Alþ. fyrr en nú. Ég get þess vegna ekki séð annað en þeir hv. 3 alþm., sem undirrita það plagg sem er nál. á þskj. 323, séu fyrri eða jafnvel fyrsti minni hl. þessarar ágætu n., því að nú hefur annar þeirra nm., sem ekki var viðstaddur afgreiðslu málsins í n., lýst því yfir að hann hafi þriðju afstöðuna til málsins, hann muni af ástæðum, sem hann nefndi, sitja hjá við afgreiðslu málsins, hvorki vera með því eftir atvikum og því síður með því að fella það, eins og þeir hv. 3 alþm. vilja gera sem kalla sig meiri hl. nefndarinnar.

Ég vil minna á það, að þetta hefur komið fyrir áður á þessu þingi, a. m. k. einu sinni, ef ekki tvisvar. Ég hef hér í höndunum nál. á þskj. 238 frá meiri hl. iðnn., sem svo nefnir sig, en það eru aðeins 3 nm. af 7. Og ég hygg að þriðja dæmið sé finnanlegt, þó að ég hafi ekki í huga hvar það er.

Nú vil ég beina því til alþm. yfirleitt og raunar starfsmanna Alþ., þegar til að mynda þrír, tveir eða jafnvel einn nm. kemur með nál. og kallar sig meiri hl. einhverrar 7 manna n., þá verði hann leiðréttur og það verði þá kallað minnihlutaálit, hvort sem það er 1., 2. eða 3. minni hl. — Þá læt ég útrætt um þetta, en en fyrst ég er staðinn upp vil ég segja fáein orð um efni þessa máls.

Ég vil taka mjög eindregið undir með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað og gagnrýnt þá skyndibreytingu, þá vanhugsuðu skyndibreytingu sem gerð var á skiptum milli ríkis og sveitarfélaga rétt fyrir jólin 1975, á algerum handahlaupum, vegna einhvers metnaðar og svo illa undirbúið eins og raun ber vitni og eins og raunar flestir alþm. hafa viðurkennt, ef ekki hér úr ræðustól, þá a. m. k. undir fjögur augu. Þessi breyting var mjög vanhugsuð á marga vegu, og það, sem hér er um að ræða, er aðeins einn þátturinn. Ég er ekki að segja og vil alls ekki telja að það hafi verið búið að móta neina skynsamlega frambúðarstefnu í þessum málum aldraðra, hvorki hér á Alþ. né hjá hinum ýmsu sveitarfélögum. Það var langt í frá að svo væri. En nauðsynin var ekki sú að kippa þessum málum alfarið frá ríkinu og demba þeim yfir á sveitarfélögin án nokkurra annarra aðgerða. Vitanlega þurfti í fyrsta lagi að halda áfram þeim stuðningi, sem þó var til staðar af ríkisins hálfu, en leggja hins vegar á það áherslu að móta skynsamlega heildarstefnu í þessum málum. Hana skortir okkur sárlega enn í dag. Það er að mínu viti mjög fróðlegt og ánægjulegt að heyra það, að hv. 8. þm. Reykv., sá maður úr stjórnarliði sem alveg tvímælalaust hefur mesta reynslu og mesta þekkingu í sambandi við málefni aldraðra, hann lýsir því í rauninni yfir að þetta atriði, að kippa málinu svona gersamlega úr tengslum við ríkið og gera ekkert annað, hafi verið fljótfærni og algerlega rangt. Og hann gerir meira. Hann lýsir í rauninni stuðningi við þetta frv., sem ég geri einnig.

Það er alveg rétt, sem kom hér fram hjá hv. 4. þm. Vestf., sem ég hygg að sé í þeirri n. sem er að endurskoða þetta lekahrip frá því fyrir jólin 1975 og reyna að koma einhverri vitglóru í þá skiptingu sem eðlilegt er að fari fram, en þó ekki með þeim hætti að það sé með handahlaupum skorið á án þess að neitt sé gert í staðinn annað en að sveitarfélögin fái einhverja fúlgu og svo eigi þau að sitja uppi með svo og svo mikið af einmitt félagslegri og menningarlegri þjónustu, sem allir vita að þau ráða afar misjafnlega við. Með allri virðingu fyrir sveitarstjórnarmönnum eru þeir kannske ekki allir alveg tilbúnir að móta fasta og heppilega stefnu í þeim málum þegar þeir standa frammi fyrir því að ríkisvaldið ætli sér ekkert að skipta sér af þeim. Ég á hér ekki aðeins við dvalarheimilismálin, heldur mörg önnur, t. a. m. þá forsmán eins og farið hefur verið með almenningsbókasöfnin, sem ég vil nota þetta tækifæri eins og hver önnur til þess að lýsa yfir að er Alþ. og ríkisstj. þeirri, sem ábyrgð ber á því, til hinnar mestu vansæmdar.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég tel að þetta frv. eigi að samþykkja meðan við bíðum eftir þeirri heildarlöggjöf sem vitanlega á að taka tillit til þeirra mörgu sjónarmiða, margvíslegu möguleika sem uppi eru. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Vestf. benti hér á, að það er alls ekki litið svo á að það sé einhlítt og það sé eini möguleikinn í sambandi við það að greiða fyrir öldruðu fólki að reisa ný og ný elliheimili í hefðbundnum stíl. Það er meira og meira verið að fara út í það að leysa hluta vandans og það verulegan hluta vandans eftir öðrum leiðum. Okkur skortir heildarlöggjöf um þetta efni, og ríkið á ekki að skorast undan því að taka eðlilegan og myndarlegan þátt í að leysa þetta stóra vandamál.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. ræddi hér um hvernig heilbr.- og trn. þessarar d. skiptist í ýmsa hluta. Það er rétt, að það er nokkuð athyglisverð reikningsleg skipting sem við höfum fyrir framan okkur á skjölum, en ég vil gjarnan sem 1/7 hluti þessarar n. lýsa afstöðu minni í þessu máli.

Ég er ekki sammála þeim hluta n., sem á þskj. er nefndur meiri hl. n., og ég er ekki heldur sammála þeim hluta n., sem kallar sig minni hl. n. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að þetta mál sé þannig vaxið að það sé æskilegast á allan hátt að vísa því til ríkisstj. Ég tel að það sé ekki heppilegt, eins og mál standa nú, að Alþ. taki ákveðna afstöðu með eða móti þessu eina einangraða verkefni þegar verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga er til endurskoðunar í heild. Afstaða manna til þess, hvort samþ. beri þetta frv. eða ekki, hlýtur að fara eftir því hvaða önnur verkefni koma til skoðunar að færist á milli, færist til sveitarfélaga eða frá sveitarfélagi til ríkis eftir þessa endurskoðun. Þess vegna sýnist mér það ekki heppilegt og óþarfur bindingur fyrir fram um afstöðu manna annaðhvort að fella þetta frv. nú eða greiða ákveðið atkv. með því.

Ég tek undir þau orð, sem hv. 9. landsk. þm. hafði hér áðan, að það ber að leggja mikla áherslu á að hraða starfi endurskoðunarnefndar. Nú veit ég að verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga er eitt af eiflífðarumræðuefnunum í íslenskri pólitík. Ég man ekki svo langt aftur að ég hafi ekki heyrt um það talað sem eitthvert það verkefni sem mest væri aðkallandi þá stundina, þ. e. a. s. nýja verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Menn hafa stundum í lok umr. annaðhvort um skólamál, um heilbrigðismál, um velferðarmál aldraðra og fleira allir orðið sammála um, að nú þurfi að athuga málið á breiðum grundvelli og taka til skoðunar verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. En af hverju skyldi þetta verkefni hafa teikð áratugi og hin ýmsu verkefni ævinlega sveiflast til og frá á milli aðila? Ýmist hefur ríkið átt að leggja til ⅝, ⅓ eða ekki neitt í byggingu elliheimila, og svipaða sögu er að segja um ýmsa þætti skólamála. Hitt er annað mál, að það er jafnsatt í dag og það hefur oft verið áður, að þetta mál er vissulega mjög aðkallandi, — heildarendurskoðun á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

En það er ekki einungis verkefnaskiptingin sem kemur til skoðunar. Meginmálið er e. t. v. tekjustofnaskiptingin. Þess vegna er þetta mál sem við þurfum vissulega að hafa í huga þegar skattamálapólitík ríkisins er tekin til endurskoðunar. Það getur vel verið að það ætti að flytja viss verkefni að öllu leyti yfir til sveitarfélaga, en önnur verkefni óskyld ættu að vera að öllu leyti á kostnað ríkisins. Það hefur oft leitt til mikilla erfiðleika að hafa mörkin mjög fljótandi á þessum sviðum, þannig að eilífar kröfugerðir séu af hálfu annars aðilans á hendur hinum í sambandi við greiðslu kostnaðar. Hitt er svo annað mál, að þar sem ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að kostnaði, annaðhvort heilbrigðismála eða skólamála, hvort heldur er að stofnkostnaði eða rekstrarkostnaði, þá er það alveg ljóst að gæta þarf þess að hafa þau hlutföll þannig að þeir, sem annast framkvæmdina, hafi beinan fjárhagslegan ávinning af því að gæta ráðdeildar í rekstrinum eða þá að gæta hagsýni í fjárfestingu eða byggingu. Hætt er við, eins og nú er t. d. í sambandi við skiptingu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar sjúkrahúsa, að þar verði niðurstaðan sú, að ábyrgðin verði um of á höndum annars aðilans, þess sem ekki annast framkvæmdina. Þessi atriði hljóta vitanlega að koma öll til skoðunar í n. sem hefur þetta viðtæka verkefni til athugunar.

Að því er varðar þetta verkefni sérstaklega, frv. um breyt. á l. um dvalarheimili aldraðra, þá vil ég gjarnan undirstrika það, að ég held þrátt fyrir allt að núgildandi fyrirkomulag um aðild að stofnkostnaði hafi leitt til nokkurs góðs. Þá á ég við að menn hafa jafnvel frekar hyllst til þess að reisa íbúðir fyrir aldrað fólk heldur en það sem lengi hefur verið kallað elliheimili í hefðbundnum stíl. En íbúðirnar eru fjármagnaðar á annan hátt en sjálf dvalarheimilin eða elliheimilin. Þess vegna hefur þetta á vissan hátt stuðlað að aukningu í byggingu íbúðanna og það tel ég að sé af hinu góða. Ég held að einmitt sá þáttur í byggingarmálum aldraðra hafi verið verst haldinn. Þetta hefur nú mjög lagast hér í Reykjavíkurborg a. m. k., og þyrfti þó sannarlega að gera meira á því sviði og stuðla

að því að einstaklingum yrði gert auðveldara en nú er að tryggja sér fyrir fram hentugan bústað í ellinni, einhvers staðar þar sem hann gæti verið í tengslum við þjónustustofnun, þannig að fólk gæti með öryggi horft fram á ellidaga sína. Eins og nú er, þá er það svo, jafnvel þótt menn séu bærilega bjargálna, að þeir hafa engin ráð til þess að tryggja aðbúnað sinn á ellidögum. Þegar þar að kemur, þá lenda þeir einfaldlega á sínum stað á biðlistanum á viðkomandi elliheimili opinberra aðila, en hafa ekki lengur þó þann möguleika, sem menn hafa á starfsaldri, að geta einfaldlega selt sína stærri íbúð og keypt sér minni íbúð ef þeim sýnist það hagkvæmara. Þegar þeir þurfa jafnvel mest á að halda að fá íbúð sem er nákvæmlega við þeirra hæfi, þá er það e. t. v. ekki mögulegt, þá er íbúð ekki á boðstólum neitt í námunda við þá aðstöðu sem gamalt fólk og lasburða þarf á að halda. E. t. v. á eftir að renna upp sá tími að einstaklingar á miðjum aldri og við góða heilsu taki sig saman og komi sér sjálfir upp tryggingu af þessu tagi til elliáranna.

En ég mun ekki hafa fleiri orð almennt um þetta mál. Með hliðsjón af því, sem ég hef sagt, að ég er ekki sammála því að greiða atkv. með frv., ekki heldur með því að fella það, þá vil ég leyfa mér að bera hér fram skrifl. till. um að vísa málinu til ríkisstj. Við erum fleiri þm. sem flytjum þessa till. Till. er fram borin af 2/7 hlutum heilbr.- og trn., það er auk mín hv. 9. landsk. þm., og við fengum liðsstyrk frá hv. 8. þm. Reykv. Till., sem við þremenningarnir berum fram, hljóðar svo:

„Með hliðsjón af því, að n. á vegum ríkisstj. vinnur að endurskoðun á lögum þeim sem gilda um skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, er lagt til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj.“

Ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því, að þessi till. er skrifleg og nokkuð seint fram komin.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Liggur þá fyrir til umr. svo hljóðandi till. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, Sigurlaugar Bjarnadóttur og Péturs Sigurðssonar:

„Með hliðsjón af því, að n. á vegum ríkisstj. vinnur að endurskoðun á lögum þeim sem gilda um skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, er lagt til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj.“

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Mér er nokkurn veginn sama hvort þessu frv. verður vísað til ríkisstj. eða það verði fellt, en þó hneigist ég heldur til fylgis við álit meiri hl. nm. sem mættir voru á fundi, svo að það valdi ekki misskilningi, þ. e. a. s. að frv. verði fellt.

Ég er satt að segja dálítið undrandi á þeim umr., sem hér hafa farið fram, og reyndar því, sem segir í áliti minni hl. heilbr.- og trn. Satt að segja sýnist manni eins og allt sé að farast í þessum málum vegna þess að lögum, sem sett voru 1973 um dvalarheimili aldraðra, var breytt 1975. Í tvö ár var í gildi þetta ákvæði um að ríkissjóður skyldi greiða ⅛ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja vegna dvalarheimila aldraðra, og svo er sagt að breytingin, sem gerð var með lögunum 1975, hafi verið óréttlát og valdið sveitarfélögunum margvíslegum erfiðleikum og geysilegu misrétti. Þetta er alls ekki rétt sem hér er verið að segja. Það er rétt að með lögunum 1973 voru ýmis sveitarfélög hvött til þess að fara af stað með byggingar dvalarheimila aldraðra í trausti þess að fjárveitingar fengjust á Alþ. Svo varð hins vegar aldrei. Fjárveitingar urðu ekki nægar, og þrátt fyrir þessi lög hefði enginn átt að láta sér detta í hug að sveitarfélög um land allt ættu einhvern lögvarinn rétt til þess að krefjast fjárveitinga úr ríkissjóði þegar þeim dytti í hug, enda varð ekki sú raunin á. Nokkur sveitarfélög fóru að vísu af stað með byggingar dvalarheimila aldraðra, og það er vissulega rétt að þeim er viss vandi á höndum þegar þessum fjárveitingum er svo kippt í burtu.

En það er ekki heldur rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Gils Guðmundssyni, að ekkert hafi verið gert í staðinn fyrir sveitarfélögin þegar þau tóku við hinum auknu verkefnum með lagasetningunni í des. 1975. Það er alls ekki rétt hjá honum. Sveitarfélögin fengu þá í formi aukinna framlaga í gegnum Jöfnunarsjóð yfir 500 millj. kr. á árinu 1976. Það fé skyldi m. a. renna til þess að þau gætu sinnt þessum verkefnum sem öðrum sem þeim voru með þessum lögum falin. Og ég er satt að segja alveg undrandi á því að svo skuli enn farið að tala um málefni almenningsbókasafnanna, eins og hv. þm. Gils Guðmundsson gerði hér og talaði um það sem forsmán og Alþ. og ríkisstj. til hinnar mestu vansæmdar að þessi smánarlega fjárupphæð, sem veitt var til bókasafna úr ríkissjóði, skuli tekin af. Það er eins og það skipti hér sköpum þegar ríkissjóður hættir að greiða þessi framlög til sveitarfélaganna. Þau skiptu nákvæmlega engu máli, og það er alls ekki vegna þessara fjárframlaga ríkissjóðs sem bókasöfn hafa orðið til í landinu. Ég segi að þrátt fyrir það hafa þau orðið til í landinu og þróast. En það kemur nú reyndar ekki þessu máli við og ég ætla ekki að segja meira um almenningsbókasöfnin, nema það að ég sat ráðstefnu sem haldin var á s. l. hausti um almenningsbókasöfn. Ég átti þess kost að sitja þá ráðstefnu og ég varð satt að segja alveg undrandi á þeim barlómi sem þar var ríkjandi, einkum hjá þeim sem starfa við bókasöfnin. Það var einmitt þetta sama sem hv. þm. Gils Guðmundsson var hér að tala um, að það var eins og allt væri að hrynja, bókasöfnin mundu ekki geta starfað áfram vegna þess að þessi fjárveiting var ekki lengur fyrir hendi frá ríkinu. Ég held nú að sú ráðstefna hafi þrátt fyrir allt orðið til góðs vegna þess að það hafi runnið upp fyrir starfsmönnum þessara safna að þau væru ekki í þeirri hættu sem ýmsir hafa viljað vera láta. En þeir, sem tala svona, eru einmitt þeir menn sem ekki geta hugsað sér að þessi verkefni verði alfarið í höndum sveitarstjórnanna. Það eru þeir alþm. sem telja sig geta haft vit fyrir öllu og öllum. Það eru þeir alþm. sem treysta ekki sveitarstjórnunum fyrir þessu verkefni frekar en öðrum, þeir eigi að hafa vitið fyrir þeim.

Ég þarf ekki að hafa um þetta í sjálfu sér miklu fleiri orð. Það má rétt vera hjá hv. þm.

Ragnhildi Helgadóttur að þetta mál, verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, hafi verið hér á dagskrá svo lengi sem elstu menn muna. Ég held þó satt að segja að þetta málefni hafi ekki verið tekið fyrir með skipulegum hætti í svo mjög mörg ár. Það eru kannske um það bil 8 ár síðan veruleg umr. hófst um það, og það var að frumkvæði Sambands ísl. sveitarfélaga sem mótaði í þessum málum ákveðna stefnu. Stefnan er nefnilega til. Það er því ekki rétt sem hv. þm. Gils Guðmundsson segir, að við höfum enga stefnu í þessum málum. Sveitarstjórnarmenn hafa mótað sína stefnu, og í þessu máli hefur Alþ. líka mótað sína stefnu. Alþ. hefur samþykkt að þetta verkefni skuli vera í höndum sveitarfélaganna, og það er alveg óþarfi að fara að taka þá stefnu til endurskoðunar nú á þessu þingi. Það er alger óþarfi.

Það hafa ekki verið miklar sveiflur í þessum verkaskiptingarmálum. Í gegnum árin hefur þetta verið að þróast einmitt í þá áttina að ríkisafskiptin aukast sí og æ. Kröfurnar hafa vissulega komið frá sveitarstjórnarmönnum líka, að ríkið styrki þennan málaflokkinn og hinn, og þannig hefur þetta þróast, ekki fyrir neina ákveðna stefnu, heldur nánast fyrir tilviljun. Síðan vakna sveitarstjórnarmenn upp við það einn góðan veðurdag að þeir ráða engu. Þeir þurfa að sækja allt undir ríkið, ef þeir ætla að byggja elliheimili, ef þeir ætla að byggja leikskóla, dagheimili, ef þeir ætla að gera eitthvað í bókasafnsmálum og svo mætti lengi telja. Þeir geta sem sagt ekkert gert nema leitað til ríkisins með fjárframlög. Þegar ríkið hefur gert sveitarstjórnirnar þannig háðar sér, þá er ríkið líka farið að ráða hvernig málin verði leyst heima fyrir, hvernig byggingarframkvæmdum verði hagað, hvað á að byggja dýrt, sem sagt, sveitarstjórnirnar ráða engu. Og það er furðulegt að það skuli vera til hér á hv. Alþ. málsvarar þessarar bónbjargarstefnu. Hún er röng, og sveitarstjórnarmenn hafa hafnað henni. Þeir vilja ekki þessi afskipti, þeir treysta sér til þess að sjá um þessa málaflokka sjálfir. Það er þess vegna ekki rétt sem hv. þm. Gils Guðmundsson sagði, að sveitarstjórnarmenn væru ekki tilbúnir til þess að móta heppilega stefnu í þessum málum þegar ríkið hætti sínum stuðningi. Þessi stefna er alveg skýr hjá sveitarstjórnarmönnum, og ég held því fram að hún sé líka skýr hjá meiri hl. Alþingis.

Það var með lögunum um verkefnayfirfærsluna í des. 1975 í raun stigið fyrsta skrefið til þess að vinda ofan af þessari vitleysu sem viðgengist hefur og verið sífellt að aukast í gegnum árin. Nokkuð var reynt að höggva á þessa samskiptahnúta reyndar á dögum vinstri stjórnarinnar þegar löggæslan var flutt alfarið yfir á ríkið. En með lögunum 1975 var einmitt snúið við, þ. e. a. s. meiri verkefni voru færð til sveitarfélaganna, og það er sú stefna sem ber að fylgja. Þess vegna á ekki að breyta þessum lögum. Það á ekki að samþykkja þetta frv. sem hér er til umr. Með því væri verið að hverfa til þess fyrirkomulags sem ekki á að fylgja.

Að lokum lýsi ég vonbrigðum mínum yfir því sem hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, sagði hér af viðskiptum sínum við sveitarstjórnarmenn. Þó að hann treysti fjvn.-mönnum illa, þá skilst mér að hann treysti sveitarstjórnarmönnum enn þá verr (PS: Sumum.) Já, sumum. Ég ætlaði aðeins að ráðleggja honum það, að þegar hann sem formaður Sjómannadagsráðs beitir sér að næsta stórverkefni í málefnum aldraðra, þá velji hann sér aðra viðmælendur sem hann á þá betur skap með.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Það hefur nú teygst meira úr þessari umr. en ég átti von á þegar hún byrjaði, og er ekkert nema gott um það að segja. Ég skal ekki verða til þess að orðlengja hana mikið, en mig langar til þess að gefnu tilefni að víkja að tveim atriðum sem hér hafa komið fram.

Hið fyrra er það sem hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, vék að í sinni ræðu, þar sem hann talaði um að það væri vafasamt að nál. á þskj. 323 gæti talist frá meiri hl. n. Nú var okkur, sem undirskrifuðum það nál., að sjálfsögðu ljóst að 3 alþm. af 7 eru ekki meiri hl. og þess vegna fór ég til Jóhannesar Halldórssonar deildarstjóra í Alþ., sem ég hygg að hafi langa reynslu af vinnubrögðum á þingi, og bar undir hann nál. Ég spurði hann, hvort það gæti staðið í því formi sem það er, hvort það væri rétt að nefna þá, sem að því standa, meiri hl., eða hvort ætti að kalla þá 1. minni hl. Hann sagði að fyrir því væri venja, að ef það væri tekið fram í nál. sjálfu að hluti nm. hafi verið fjarverandi, þá væri fyrir því nokkur venja í Alþ. að kalla meiri hl. á fundinum sjálfum meiri hl. í nál. Það var í ljósi þessara upplýsinga frá Jóhannesi Halldórssyni deildarstjóra í Alþ. sem gengið var frá nál. á þann hátt sem gert var.

Hitt atriðið, sem mig langar til að víkja örfáum orðum að, eru þau sárindi hv. 1. flm. þessa frv. sem hér komu fram áðan. Þau koma mér nokkuð á óvart. Ég hef fyrir því nokkra reynslu, að það er hvort tveggja til um viðbrögð hv. stjórnarandstæðinga gagnvart afgreiðslu á þeirra málum, að ýmist hafa þeir heldur viljað láta ganga til atkv. um fram komin frv. þeirra og hreinlega fella í þinginu heldur en að vísa þeim til ríkisstj. Ég geri ekki mikinn mun á þessari afgreiðslu. En ég vil algerlega neita því, að sá hluti n., sem stendur að nál. á þskj. 323, hafi ekkert með málið viljað gera, eins og ég hygg að hv. þm. hafi nefnt það. Þó ég vilji neita þeirri staðhæfingu hans, þá vil ég taka það fram að eins og málið blasti við mér a. m. k. og ég hygg öðrum þeim þm. sem undir nál. skrifa, þá er það staðreynd að þegar þetta frv. er flutt, þá hygg ég að það hafi verið á vitorði allra hv. þm. að það var n. starfandi að athuga þetta mál. Flutningur frv. og afgreiðsla þess hafði ekki minnstu áhrif á störf þeirrar n. sem að þessu vinnur. Til þess að vera fyllilega hreinskilinn skal ég nefna hlutina réttu nafni. Ég leit á þetta frv. sem algert sýndarfrv. sem hefði ekki minnstu þýðingu, og þess vegna taldi ég ekki óeðlilegt að afgreiða frv. á þann hátt sem nál. leggur til. En vegna þeirra sárinda sem það virðist hafa vakið hjá hv. fyrra flm., þá get ég hugsað mér að hverfa til þeirrar afgreiðslu sem hér er nú komin fram till. um. Þetta vildi ég láta koma fram.

Það er svo annað mál, að það er hlutskipti

stjórnarþm. æðioft, að þeir þurfa að standa á móti samþykkt vinsælla mála sem þýða mikil útgjöld fyrir ríkissjóðinn þegar þannig árar. Ég dreg ekki í minnsta efa að hér er um mjög svo mikilsvert mál að ræða sem á fyllsta stuðning skilið. En vegna þess að málið er í athugun og vegna þess að nú um sinn hagar svo til hjá ríkissjóði að ekki verður mikið á hann bætt af nýjum útgjöldum án þess að hann fái þá möguleika til að afla tekna, þá hef ég tekið þá afstöðu sem nál. ber vott um.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Umr. þessar hafa orðið alllangar og hefur hjá langflestum ræðumanna komið fram mjög vinsamlegur áhugi á því málefni sem um er rætt, sem sagt dvalarheimilum aldraðra, en það er aðeins einn þáttur í málefnum aldraðra. Það er ekki verið að fjalla um sjúkradeildir fyrir aldraða. Það er í raun og veru allt annað mál sem tilheyrir hreinlega heilbrigðissviðinu. Og svo eru komnar fram nýjar hugmyndir, eins og hv. 8. þm. Reykv. benti á í ágætri ræðu sinni, um hugsanleg dagvistarheimili.

Ég skal ekki lengja umr. með því að fjalla frekar um málefni aldraðra almennt, en víkja að örfáum atriðum sem varða afgreiðslu málsins hér á Alþingi.

Mér kom nokkuð á óvart ræða hv. 5. þm. Reykn., ekki af því að hann talaði eins og hreinn íhaldsmaður sem hann er, — ég þakka yfirleitt fyrir það þegar menn gera það, — heldur hver tónn var í honum í sambandi við þau sveitarfélög sem hafa á síðustu árum eða eftir samþykkt laganna 1973 hafið byggingu elliheimila. Alþ. samþykkir með lögum að ríkið geti veitt ⅓ í byggingarstyrk til elliheimila. Sum sveitarfélög hefja slíka byggingu eftir að lögin hafa verið sett. Svo kemur þessi hv. þm. núna og skammar þessi sveitarfélög fyrir að þau hafi gert sig sek um einhverja firru. Eiga sveitarfélögin og á landsfólkið yfirleitt ekki að taka neitt mark á því sem Alþ. er að gera? Nú er mér vel kunnugt um það, að stundum er þetta ekki bindandi, heldur er þetta heimild. En Alþ. þarf í sjálfu sér ekki að veita sjálfu sér neinar heimildir með lögum til fjárveitinga. Þess vegna hefur það farið svo í skólamálum og öðru, að það hefur verið litið á að sveitarfélög gætu reiknað með slíkum styrk, en hitt væri svo Alþingis, að ákveða hversu fljótt fjárhagsaðstæður leyfðu það. Ég vil því algerlega vísa því á bug sem óverðskuldaðri árás á sveitarfélögin að ráðast á þau fyrir að þau skyldu hefja byggingu elliheimila eða dvalarheimila aldraðra í kjölfar þess að Alþ. hafði samþykkt ný lög um slíka aðstoð.

Hv. þm. sagði að við, sem stöndum að þessu frv. og styðjum það, séum menn sem ekki treysta sveitarstjórnum. Ég vil fyrir mitt leyti mótmæla þessu algerlega og skýra hv. þm. og öðrum dm. frá því, að ég samdi þetta frv. og flutti það ásamt einum flokksbróður mínum samkv. beinum óskum frá sveitarstjórnum. Sú ósk kom fram í samþykkt sem var gerð einróma á fundi í Sambandi sveitarfélaga á Vesturlandi. Einn af gestum fundarins var flokksbróðir hv. þm., sýslumaðurinn í Borgarnesi, sem stóð upp og tók sérstaklega undir þessa till. af því að hann hefur með eitt elliheimili að gera. Síðan hef ég fengið beinar óskir um þetta frá bæjarstjórnarmönnum á Akranesi, þar sem annað slíkt heimili er að rísa, þannig að það er algerlega út í hött að vera að bera mönnum á brýn að þeir treysti ekki sveitarstjórnarmönnum eða séu að hygla ríkisvaldi um of þegar þeir eru að flytja mál fyrir sveitarstjórnarmenn í sínu eigin kjördæmi, af því að þeir eru í vandræðum með þessi nauðsynlegu mannvirki vegna þess að núv. ríkisstj. hefur klúðrað þessu máli og gerði það á algerlega óverjandi hátt, því að hún ætlaði að láta ákvörðunina gilda aftur fyrir sig og neita mönnum um að standa við ½ af því sem hafði verið byggt þegar lögin voru afturkölluð með bandormnum. Það er því út í hött að vera með prédikanir um að menn séu eitthvað andstæðir því að sveitarfélögin hafi sitt vald. Ég held að hv. þm. ætti að kynna sér betur eða íhuga betur — hann veit þetta allt saman — reynsluna í sambandi við skólamálin áður en nokkuð var gert til þess að koma á samræmi í skólabyggingum, þegar einhver hreppsnefnd einhvers staðar á landinu gat bara með einfaldri samþykkt eða jafnvel byggingarnefnd hreppsnefndar samþykkt að setja hurðarhúna úr skíra gulli í heilan barnaskóla og enginn gat hindrað það, þá varð ríkið að gera svo vel að borga sinn hluta af þeim kostnaði. Heilbrigð skynsemi virðist ekki mega koma hér til, þá fær maður þessar íhaldsprédikanir með viðeigandi ásökunum sem eru auðvitað algerlega út í hött.

Ég ætla svo að lokum að segja örfá orð um þetta atriði, sem sumum virðist vera eingöngu formsatriði, þegar stjórnarmeirihl., sem eins og hv. síðasti ræðumaður sagði þarf stundum að gegna því hvimleiða hlutverki að drepa góð mál, — ég skal ekki neita því, ég hef orðið að gera það, — að það er ekki alltaf sama hvernig það er gert. Í þessu tilfelli vil ég aðeins benda mönnum á, að það hefur verið upplýst að n. starfi að endurskoðun laga sem snerta þetta atriði. Ég hafði ekki hugmynd um þá n. þegar ég flutti frv., og það er flutt samkv. óskum sveitarstjórna, svo að ég get ekki tekið því þegjandi að það sé kallað sýndarmál eingöngu. Ef frv. er fellt á Alþ. núna og segjum svo að þessi n., sem er að starfa einhvers staðar úti í bæ, kæmist að þeirri niðurstöðu að það væri þrátt fyrir allt rétt að taka þennan lið úr bandorminum og taka upp styrkina til ríkisins aftur, mundi sú n. þá geta talið sér fært að leggja til við Alþ. að það tæki upp ríkisstyrki sem voru felldir hér fyrir nokkrum dögum, ef hún skilaði áliti bráðlega? Við skulum athuga það, að þó að okkur þyki litið til svona formsatriða koma við afgreiðslu máls þá gildir það að bókstafurinn blífur og því hefur oft verið flett upp hvernig Alþ. hafi farið með mál. Ég veit ekki hvernig þm. mundu líta á það ef n., sem er að starfa á vegum ríkisstj., sem er aðeins þingnefnd í raun og veru þó að hún sé þeirra æðst, vildi leggja til að þessir styrkir til byggingar elliheimila væru teknir upp, hvort hún gæti gert það þvert ofan í það að stjórnarliðið í stærri deildinni hefði fellt þetta frv. Það er þetta sem veldur því, að hér er ekki eingöngu um blæbrigði eða formsatriði að ræða og þaðan af síð-

ur sárindi. Ég vil því benda á að það eru raunverulega málefnaleg rök fyrir því, að það er skynsamlegri og eðlilegri lausn að vísa málinu til n. úr því að henni er á annað borð falið að vera ráðgefandi fyrir stjórnarmeirihl. í þessu máli, heldur en að fella málið, því að þá á n. einskis kost framar hvað þetta atriði snertir.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs aðallega út af ummælum sem komu fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildar Helgadóttur, sem sagði að það hefði verið til góðs að afnema lögin frá 1973 um ríkisstyrk til — (Gripið fram í.) Ja, það hefði orðið til góðs að ríkisstyrkurinn væri ekki lengur fyrir hendi vegna þess að sveitarfélögin hefðu þá fremur farið út í það að byggja smáíbúðir fyrir aldraða heldur en dagheimili. En þetta vil ég leiðrétta hjá hv. þm., vegna þess að lögin hefðu hér ekki orðið neinn þrándur í götu. Í 1. gr. þessara laga stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Dvalarheimili aldraðra eru ætluð öldruðu fólki sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Dvalarheimili aldraðra getur jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar sem fullrar vistunar. Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis."

Það var sjónarmið vinstri stjórnarinnar að til þessara þriggja byggingarhátta eða lífsforma skyldi tekið hið fyllsta tillit, og þar voru því lögin fremur til stuðnings og styrks heldur en hitt.

Ég get fyllilega tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um málflutning hv. þm. Ólafs G. Einarssonar. Við höfum heyrt þessa ræðu oft áður hjá hv. 5. þm. Reykn. þegar hann er að reyna að verja það sem hann telur alveg fullmótaða stefnu og engir aðrir eigi yfirleitt að hafa neina skoðun á, bara kingja henni. Það kann vel að vera að hugmyndir sveitarstjórnarmanna, ef þær eru þá svo eindregnar sem hann vill vera láta, reynist réttar að einhverju leyti, að það sé fyllilega réttlætanlegt að sveitarfélög standi undir ýmsum þeim málaflokkum sem ríkið hefur lagt fjármagn til, og jafnvel málaflokkum sem vinstri stjórnin tók upp á arma sína. Það kann vel að vera að þær reynist réttar einhvern tíma í framtíðinni ef tekjustofnar reynast nægir. En sannleikurinn er bara sá, og það veit hv. þm. jafnvel og aðrir, að tekjustofnar eru ekki fyrir hendi og þeir voru alls ekki fyrir hendi í des. 1975 þegar bandormsfrv. var samþ. hér á þingi. Þetta vissi ríkisstj. og þetta vissu stjórnarsinnar. En það skorti samt ekki á fullyrðingar um að þessum málaflokkum væri vel borgið í höndum sveitarfélaga af því að þeim væri fengið fé á móti. Það voru málamyndaupphæðir, sem allir vissu, hver einasti þm. vissi að voru engan veginn nægilegar til þess að sveitarfélögin réðu við þetta.

Að baki þessari breytingu árið 1975 lá engin stefna um það, hvað rétt væri að ríkið sinnti eða sveitarfélögin sinntu. Að baki lá einungis ákvörðun um að skera niður útgjöld ríkisins, og það var engin tilviliun hvaða málaflokkar voru teknir fyrir. Það voru tekin fyrir félagsmál og menningarmál. Sú stefna, sem lá þarna að baki, var einfaldlega stjórnarstefnan, og þarna toguðust á andstæð sjónarmið félagshyggju og íhalds. Málið var nú svo einfalt. Þegar þarf að skera niður í útgjöldum ríkisins, þá fer íhaldsstjórn alltaf í það að skera niður til félagslegra verkefna og til menningarmála. Það var engin önnur stefna sem lá að baki þessari breytingu, enda hafa þeir stjórnarsinnar, sem hér hafa talað, beint og óbeint viðurkennt að sveitarfélögin hafi ekki þá tekjustofna sem þarf enn í dag til þess að sinna málaflokkum eins og dvalarheimilum aldraðra.

Ég held að þetta sé ekki eina málið í tíð þessarar ríkisstj. sem sýnir þann hug sem hún ber til málefna aldraðra. Alþ. samþykkti fyrir einu eða tveim árum heimild til ríkisstj. að veita ellilífeyrisþegum frían síma, og hæstv. samgrh. hefur lýst því hér yfir á Alþ. að hann ætli sér alls ekki að nota þessa heimild, það væri ekki hægt að leggja það á Póst og síma að borga það. Honum var bent á að það hefði aldrei verið ætlunin að Póstur og sími greiddi það, að stofnunin stæði undir því, heldur ríkissjóður. En það kom fyrir ekki. Þetta stendur óhaggað, ráðh. ætlar ekki að nota sér þessa heimild. Og meðan hið opinbera heldur að sér höndum við að veita nauðsynlega félagslega aðstoð til aldraðra sem búa á heimilum sínum, þá er alveg tómt mál að tala um mismunandi leiðir sem fara eigi í málefnum aldraðra. Það er staðreynd, að það er enginn munaður fyrir gamalt fólk að hafa síma. Það getur verið lífsnauðsyn. Ég hef tekið þetta sem eitt dæmi, en þau eru ótalmörg. Hér þurfa að koma til samræmdar aðgerðir. Dvalarheimili þurfa að vera til fyrir þá sem þurfa þess og önnur þjónusta verður að vera fyrir hendi til þess að þeir, sem geta verið á heimilum sínum og hugsað um sig sjálfir, geti verið öruggir þar innan veggja.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru fyrst örfá orð til hv. 4. þm. Reykn. í sambandi við það hvað er meiri hl. og hvað er minni hl. í 7 manna n. Það mun rétt vera, að nú í vetur og e.t.v. á allra síðustu árum hefur það komið fyrir að minni hl. n., sem er þó meiri hl. á fundi sem afgreiðir frá sér mál, undirritar sem meiri hl. Ég lýsi því aðeins yfir sem minni skoðun, að ég tel þetta algerlega óeðlilegt, og ég hygg að ég fari ekki með rangt mál þegar ég segi að þetta sé fremur nýtilkomið, þetta hafi ekki verið venja áður fyrr, að nefna annan meiri hl. n. heldur en hreinan meiri hl., burt séð frá því hverjir hafi verið mættir á fundi við afgreiðslu máls. Þetta er svo sem ekki stórt atriði, en mér virðist það koma nokkuð greinilega fram beinlínis í sambandi við þetta mál, að það er í sjálfu sér það eina eðlilega að 4 menn hið minnsta kalli sig meiri hl. n., því að ég get ekki séð betur en hér séu greinilega komnir fram þrír minni hl. þessarar n. Það hafa allir nm. tjáð sig. Þrír nm. vilja fella frv., tveir vilja samþykkja það og tveir vilja vísa því til ríkisstj. og hafa flutt um það till., þannig að þarna er greinilega um þrjá minni hl. að ræða. Svo ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það.

En þá eru það fáein orð til sessunautar míns, hv. 5. þm. Reykn., sem ég sé nú ekki í salnum að vísu, en væntí þess að hann sé einhvers staðar

nærstaddur. Hv. 2. landsk. sagði eitthvað á þá leið, að honum hefði komið ræða hans dálítið á óvart. Ég verð að segja það, að það er nokkuð til í því að það er farið að koma manni á óvart þegar íhaldsmenn hér á þingi tala eins og íhaldsmenn, segja það sem þeir meina. En þetta gerir hv. þm. a.m.k. öðru hverju. Það var í sambandi við annað mál hér í fyrra fremur en hittiðfyrra sem ég mun hafa komist þannig að orði að gefnu tilefni, að skoðanir hans á því máli virtust hafa mótast einhvern tíma fyrir fyrra stríð. Síðan leiðrétti ég það og taldi ofsagt og þetta hefði líklega verið á tímum Jóns Þorlákssonar, kringum 1923—1924, sem skoðanir hv. þm. á því máli hefðu mótast. Nú finnst mér stundum þegar hann er að tala í öðrum málum að ég ætti eiginlega að taka þessa leiðréttingu aftur, því að flestar skoðanir hans, a.m.k. þegar hann talar eins og hann meinar, sem hann gerir stundum og oftar en margir aðrir, virðast vera mótaðar fyrir fyrra stríð.

Það er dálítið einkennilegt, að í hvert skipti, sem minnst er á bandorminn frá því fyrir jólin 1975, þá kemur hv. 5. Reykn. upp í pontu, ef hann er nærstaddur, og fer að verja þá aðgerð. Ég fer að ímynda mér að hann hafi verið þarna eitthvað nákominn, því að það er ekki annað að heyra en þetta sé eins og þegar móðir er að verja afkvæmi sitt. Og það vita allir að þegar vandræðabörnin eiga í hlut, þá eru foreldrar einna viðkvæmastir, og svo virðist vera um þennan hv. þm. þegar farið er að víkja að þessari handaskömm sem þeir hv. stjórnarþm. samþykktu fyrir jólin 1975, af því að þeim lá svo mikið á að komast í jólagæsina sem var að verða köld, að þeir máttu ekki vera að því að kynna sér í rauninni hvað væri verið að gera í sambandi við þennan bandorm. Jú, það var verið að fullnægja, segir hv. 5. þm. Reykn., kröfu frá ýmsum sveitarstjórnarmönnum um skýrari verkaskiptingu. Sú krafa hefur vissulega verið uppi og hún er réttmæt. Hún er það enn í dag. En það þurfti vitanlega að hafa eðlilegan aðdraganda að þessu máli eins og öðrum, og það var vissulega ekki haft, heldur var því fleygt hráu á borð þm. og stjórnarþm. urðu að gera svo vel að samþykkja ef þeir áttu ekki að koma að jólagæsinni kaldri.

Hv. 5. þm. Reykn. minntist á annað mál sem ég tók hér sem eitt lítið dæmi um með hverjum hætti þessi breyting var gerð, hvað það var sem ráðist var á 1975 og með hverjum hætti það var gert. Það var bókasafnsmálið. Hann gerði mjög lítið úr því að lög um almenningsbókasöfn hefðu í rauninni á undanförnum áratugum haft nokkurt gildi, það hefðu verið svo litlir fjármunir sem til þessara hluta hefðu farið. Ég fullyrði að á fyrstu árunum eftir að þau lög voru sett gerðu þau stórmikið gagn. Þá var mjög verulega mikill stuðningur að þessum lögum. Þá voru það umtalsverðir fjármunir sem runnu til þessara hluta. En sá galli var á þessum lögum eins og mörgum öðrum, að framlagið var bundið við krónutölu og þess vegna var orðið fyrir löngu mjög brýnt að endurskoða þessi lög og láta þau verka á nýjan leik, þannig að þau yrðu til verulegrar og stórfelldrar uppbyggingar, eins og þau voru vissulega á sínum fyrstu árum. En það var ekki þetta sem var gert. Það hefur að vísu verið samið frv., að mörgu leyti ágætt frv. sem því miður var allt of lengi að velkjast hér á milli: hjá ríkisstj., bæði vinstri stjórninni og svo hjá hæstv. núv. menntmrh. og svo á Alþ. og hefur ekki komist í gegn, en það var ekki verið að vinna að því að bæta þetta frv. eða koma því í gegn, heldur var þarna bókstaflega skorið á og ákveðið að sveitarfélögin skyldu sitja uppi með það sem þau vildu gera í bókasafnsmálum, ríkið skyldi þar ekki nærri koma. Og svo er hv. 5. þm. Reykn. alveg hissa á því þegar bókasafnsmenn þinga, og hann segir nánast að þeir hafi verið svo vitlausir að vera á sama máli og Gils Guðmundsson, að það hafi verið skyssa að afnema þessi lög. Það var hægt að laga þau. Hv. þm. segir líka að ýmsir sveitarstjórnarmenn séu í rauninni sammála flm. og stuðningsmönnum þessa frv. sem við erum að ræða hér, um dvalarheimili aldraðra, — þeir eru bara svo vitlausir að þeir eru ekki sammála í þessu héraðshöfðingjanum úr Garðabæ. Nei, ég held, að hv. 5. þm. Reykn. ætti að temja sér það heldur meira en hann gerir, jafnvel þó að hann haldi fram sínum íhaldssjónarmiðum sem ég mun alltaf, bæði fyrr og síðar, virða hann fyrir að gera af meiri hreinskilni en flestir þeir íhaldsmenn sem eru bæði hér innan og utan veggja, þá held ég að hann ætti að temja sér svolítið minna yfirlæti, svolítið minni hroka, jafnvel þó að hann sé sveitarstjórnarmaður í þeim ágæta bæ Garðabæ.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 62. fundur.

Fimmtudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Stóriðja á Norðurlandi og Austurlandi, þáltill. (þskj. 333). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 atkv. og umr. frestað.

Nýting á lifur og hrognum, þáltill. (þskj. 32, n. 350). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. hafði til athugunar þáltill. um nýtingu á lifur og hrognum og n. hefur skilað áliti á þskj. 350, svo hljóðandi:

„N. hefur athugað málið á fundum sínum og mælir með samþykkt þess með svo hljóðandi breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún hlutist til um, að gerð verði hið fyrsta könnun á því hvernig koma megi við fullnýtingu lifrar og hrogna úr fiskafla landsmanna.

Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi 1. mars 1977.“

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Gils Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur H. Garðarsson, Sverrir Hermannsson og Karvel Pálmason.

N. leitaði umsagnar um þessa till. til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Sölustofnunar lagmetis, Landssambands ísl. útvegsmanna. Allar voru þessar umsagnir mjög jákvæðar.

Það virðist ekki vera vansalaust að nýta ekki betur en gert er þetta góða hráefni sem við eigum þarna. Ég vil leyfa mér að lesa — með leyfi forseta — úr umsögn frá Sölustofnun lagmetis, en þar segir:

„Helstu markaðir fyrir þorsklifur hafa verið í Tékkóslóvakíu og Frakklandi. Á árunum 1974 og 1976 hefur lítið sem ekkert verið selt til Frakklands vegna hárra innflutningstolla af niðursuðuvörum. En nú þegar bókun 6 hefur tekið gildi ætti að vera unnt að endurvinna markaði í Frakklandi ef vara er fyrir hendi til þess að bjóða. Sala hefur dregist saman til Tékkóslóvakíu á undanförnum tveimur árum, og er það vegna þess að mjög erfiðlega hefur gengið að standa við gerða samninga vegna hráefnisskorts. Hefur Sölustofnun lagmetis ekki getað unnið neitt að kynningu eða sölustarfsemi vegna lifrar, hvorki í Tékkóslóvakíu né á öðrum mörkuðum, af þessum sökum. Er í rauninni ókannað hve mikið er unnt að selja af niðursoðinni lifur. Þá styrkir stöðu íslendinga að lifur úr fiski veiddum í innhöfum, eins og t.d. Eystrasalti og Norðursjó, er að verða ónothæf til niðursuðu vegna mengunar, en lifrin er mjög viðkvæm fyrir mengun, einkum kvikasilfursmengun.“

Enn hafði borist umsögn óumbeðin til n. Það var umsögn frá fjárlaga- og hagsýslustofnun sem sendi n. álit sitt á þessari till. Ég vil nú leyfa mér að lesa tvo liði úr þeirri umsögn: „Þáltill. hefur ekki í för með sér annan kostnað en þann, sem verður vegna könnunarinnar, annaðhvort með skipun n. eða með því að fela ríkisstofnum verkefnið til meðferðar.“ Og annar liður umsagnar: „Eðlilegast virðist að fela Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að annast það verkefni sem hér um ræðir.“

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég held að vandamálið í sambandi við nýtingu á lifur sé fyrst og fremst þess eðlis, að fjölmörg veiðiskip hafa ekki fengist til þess að hirða lifrina í allmörg ár og þá alveg sérstaklega á tilteknum stöðum. En með tilkomu togara og vaxandi togaraútgerð víða um landið ætti að vera meiri grundvöllur fyrir starfsemi lifrarbræðslna en verið hefur. Í erindisbréfi n. þeirrar sem ég skipaði til að gera könnun og úttekt á loðnuveiðum og vinnslu á loðnu var lagt fyrir hana að gera könnun og úttekt á loðnuveiðum og könnun í sambandi við lifrarbræðslur á landinu, vinnslu á loðnu, var lagt fyrir hana að gera og þar segir að lifararbræðslur séu víða til. Á eftirtöldum stöðum eru lifrarbræðslur starfræktar og a.m.k. í nothæfu ástandi: Reykjavík, Lýsi h/f, kaupir lifur af öllum Suðurnesjum, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrarbakka, en á Akranesi, Rifi, Ólafsvík, Grundarfirði, Patreksfirði, Tálknafirði, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Súðavík, Sauðárkróki, Ólafsfirði, Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Krossanesi, hefur ekki fengið lifur til bræðslu lengi, Húsavík, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Djúpavogi, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum eru einnig bræðslur. Ekki mun grúturinn unninn með sódabræðslu nema í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Patreksfirði, en nýting er miklu betri ef sú aðferð er notuð. Á Siglufirði eru bræðsluker til hjá Síldarverksmiðjum ríkisins og mjög handhægur og góður gufuketill er í Siglósíld, lagmetisverksmiðjunni, og ef soðin verður niður lifur verður bræðslu þegar komið þar í gang. Síldarvinnslan í Neskaupstað missti sína lifrarbræðslu í snjóflóðinu 1974 og þar er áformað að koma lifrarbræðslu í gang aftur og e.t.v. er þar hugsað um lifrarniðursuðu. Á Ísafirði eru tækin til að mestu, en hafa ekki verið notuð nú í nokkur ár. Á nokkrum útgerðarstöðum eru ekki til nothæf lifrarbræðslutæki, að því er best er vitað, svo sem á Hnífsdal, Hólmavík, Drangsnesi, Skagaströnd, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík.

N. segir að þar sem togaraútgerð er væri eðlilegt að miða afköst lifrarbræðslu við það að hægt væri að bræða á einum til tveimur dögum það sem togari hugsanlega kæmi með af lifur. Á áðurnefndum stöðum, sem vantar lifrarbræðslur ættu 5 tonna afköst á dag að nægja, og er talið að það muni kosta 5—6 millj. kr. að koma upp lifrarbræðslu á hverjum þessara staða.

Í sumum togurum eru kassar fyrir lifur sem hægt er að láta lifrina í og dæla henni upp, en það hefur ekki verið gert nema í fáum tilfellum. Í öðrum er aftur á móti engin móttaka fyrir lifur.

Það, sem er vandamálið, er að þrátt fyrir allt tal um að nýta betur þann afla og verðmæti sem á skip kemur, þá hefur ekki verið meiri áhugi en það hjá útgerðarmönnum og sjómönnum á þessum skipum að lifrinni hefur verið kastað í sjóinn. Það er vaxandi áhugi á niðursuðu á lifur, og ég tel að Lagmetisstofnunin hafi og sé að gera þar gott verk, en það verður auðvitað ekki nema lítill hluti af þeirri lifur sem ætti að berast að.

Inn í þetta mál koma einnig verðlagsmál, þ.e. verðlagningin á lifrinni. Verð hefur verið lágt á þessum afurðum á undanförnum árum. Það verð er mun hærra núna og á því að ýta undir að menn taki upp að nýta lifrina. Og það er alveg óhætt að segja að það er til skammar fyrir sjávarútveginn að lifrin skuli ekki vera nýtt. Það þarf að fara allar hugsanlegar leiðir til að fá úr þessu bætt.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. sagði í sambandi við álitið sem barst óumbeðið, að það þarf einhvern aðila til að kanna málið. Þetta er aðeins frumkönnun og ef þessu máli verður vísað til ríkisstj., þá tel ég eðlilegt að sú n., sem starfar áfram og hefur nú nýlega skilað áfangaskýrslu, taki þetta verkefni að sér. En þetta verkefni verður auðvitað ekki leyst nema í náinni samvinnu og samstarfi við útgerð og sjómenn í landinu.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég var því miður ekki komin til fundar þegar hv. frsm. atvmn. hóf mál sitt, en ég veit af samtölum mínum við hann að þær umsagnir, sem n. bárust um þessa till., voru allar á sömu lund og mjög svo jákvæðar. Ég fagna því vissulega og þakka n. fyrir skilning hennar á málinu, sem ég veit að allir eru raunar samála um að er tímabært og raunar fyrir löngu tímabært að hreyfa. Upplýsingar, sem komu fram í máli hæstv. sjútvrh., ber einnig að sama brunni. Mér er fyllilega ljóst að þessi könnun, sem till. gerir ráð fyrir, mun kosta nokkurt fé, en ég er sannfærð um að því fé verður vel varið og mun borga sig margfaldlega í mikilvægum útflutningsverðmætum, sem nýting lifrar og hrogna mun áreiðanlega hafa í för með sér.

Ég sé að hv. atvmn. hefur stytt till., dregið saman að nokkru leyti. Ég get mætavel fellt mig við þá breyt., því að aðalatriði hennar eru óskert eftir. Það leiðir af sjálfu sér að verði þessi könnun gerð, þá hlýtur hún að fela í sér könnun á aðstöðu á fiskiskipum og í landi til nýtingar og vinnslu, eins og kom fram í þeim hluta tillgr. sem felldur hefur verið brott. Niðurlag till. um athugun á markaðsmöguleikum hefur verið felld brott og kemur væntanlega ekki að sök, því að við vitum raunar með vissu að það eru nógir markaðir fyrir hendi. Það er aðeins að bera sig eftir þeim og sjá fyrir hráefni til þess að verða við eftirspurn eftir sérstaklega lifrinni sem framleiðendur niðursoðinnar lifrar hér heima hafa alls ekki getað fullnægt.

Mig langar til, úr því að ég er komin hér í ræðustól, að benda á að nú þegar virðist kominn nokkur skriður á þetta mál. Ég vona að það sé að einhverju leyti a.m.k. fyrir tilverknað þessarar till., sem var lögð fram á Alþ. um miðjan október. Í desembermánuði s.l. gat að líta á forsíðu eins dagblaðanna í Reykjavík, Tímans, grein með fyrirsögn sem nær yfir alla síðuna: „Togarar hirða þorsklifur sem niðursuðuverksmiðjur kaupa á hærra verði en fæst fyrir stórufsa og karfa.“ Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að einmitt þetta atriði, verðlag á lifur, hefur verið eitt af því sem hefur dregið úr því að lifur hafi verið nýtt á undanförnum árum. En verð þessa hráefnis hefur nú hækkað verulega. Í þessari blaðagrein, sem ég vitnaði í, stendur, með leyfi forseta:

„Nýlega bar það til að allir togararnir, sem gerðir eru út frá Reykjavík, Hafnarfirði og Suðurnesjum, hirða nú lifrina síðustu 6 daga veiðiferðar og er hún sett í plastpoka og síðan ísuð í kassa. Þrjár niðursuðuverksmiðjur kaupa lifrina af togurunum og er hún síðan niðursoðin í dósir og seld á erlenda markaði. Þorsklifrin, sem togararnir hirða þannig, gæti orðið um 600 tonn yfir árið, sem þýðir 2.4 millj. dósir af lifur og er það að útflutningsverðmæti um 130—140 millj. kr. Þetta sagði Ólafur Geirsson framkvæmdastjóri Fiskiðju Suðurnesja hf., en Fiskiðjan er ein af þeim þrem niðursuðuverksmiðjum sem kaupa lifrina. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem lifur er hirt svo að nokkru nemur. Á s.l. ári var útflutningsverðmæti íslenskrar þorsklifrar um 40 millj. kr.“ — ég endurtek: um 40 millj. kr. aðeins, — „en þess ber þó að gæta, að í ár verður mun meiri kraftur í framleiðslunni en verið hefur. M.a. bætist þar ný niðursuðuverksmiðja við, og stendur til, auk þess að togararnir á Suðurlandi hirði lifrina, þá muni það einnig vera í bígerð hjá Siglufjarðartogurunum að fylgja dæmi þeirra.“

Síðar í greininni er tekið fram að lifrarverð sé nú, en þetta var í des. s.l., 45 kr. kg, sem er hærra verð en fæst fyrir stórufsa og karfa, og þetta eru aftur orð Ólafs Geirssonar. Þegar ég mælti fyrir þessari till. í nóvembermánuði var verðið hins vegar um 25—30 kr., þannig að þarna hefur greinilega orðið mikil verðhækkun sem ætti að stuðla enn meir að áhuga útgerðarmanna og sjómanna á að nýta þessi verðmæti.

Ég tek undir orð hæstv. sjútvrh.: Að sjálfsögðu veltur framkvæmd þessa máls á góðri samvinnu og skilningi sjómanna og útgerðarmanna. Og ég vil fagna því, að nú horfir svo að ekki viðgangist öllu lengur sú óhæfa að við köstum þessum verðmætum fyrir borð.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég er stuðningsmaður þessarar till. eins og fram kemur í nál. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir lagði til að kannaðir yrðu möguleikar á frekari nýtingu á lifur og kýtu. Okkur stuðningsmönnum þessarar till. var auðvitað mikill léttir að því að fá umsögn frá hagsýslustofnuninni þess efnis, að samþykkt þessarar till. mundi ekki leiða annan kostnað af sér en þann sem leiðir af könnuninni, eins og hv. þm. Páll Pétursson, frsm., tók fram.

Hæstv. sjútvrh. ræddi þetta mál og taldi það útvegsmönnum og sjómönnum til skammar að hirða ekki lifur, að umgangast þessar verðmætu afurðir með þeim hætti að fleygja þeim í sjóinn. Ég er alveg sammála um þetta. En það þarf að átta sig á hvað veldur. Ástæðurnar fyrir því eru þær, að það hefur ekki borgað sig að hirða lifrina, — að hirða lifrina hefur haft í för með sér miklu meiri kostnað en sem svarar andvirði hennar. Á þessu þarf vitanlega að ráða bót. Það þarf ekki að orðlengja um það að lifrin verður ekki hirt almennt ef það reynist útgerðarmönnum og sjómönnum meiri kostnaður og meiri vinna heldur en þeir bera úr býtum þegar þeir selja hana. Hvaða ástæður liggja til þess, að þessi dýrðarvara er í svo lágu verði sem raun ber vitni, skal ég ekkert um segja. Ég geri ráð fyrir því að þar hafi hönd í bagga sterkir hringir eins og Unilever, a.m.k. geri ég ráð fyrir því að guðfaðir Alþb., Einar Olgeirsson, mundi hafa haldið því fram. Einhvern tíma hef ég heyrt hann setja á tölur um þann bráðhættulega hring, sem forustumenn Alþb. hófu samninga við um atvinnurekstur hér á landi og okkar stjórn gerði svo samninga við, en þeir sviku, guði sé lof.

Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvort við þurfum ekki að taka til athugunar að verja e.t.v. því fé, sem við sendum til vanþróaðra þjóða, með öðrum hætti en við höfum gert, hvort ekki væri hugsanlegt, — ég tek það þó fram að þetta er aðeins ný hugmynd hjá mér, — að við keyptum fyrir þetta fé t.d. undanrennuduft og sendum slíka vöru þangað, sem er mjög verðmæt, og t.d. lýsi, einnig að sjómönnum og útvegsmönnum verði gerð grein fyrir því, að vinna þeirra við

að hirða þessa vöru væri framlag þeirra til slíkra landa. Það gæti mjög eflt þá í því að umgangast þetta með öðrum hætti en gert hefur verið. Ég varpa þessu aðeins fram sem hugmynd, en ég held þó að hún geti verið allrar athygli verð. Lýsið er geysiverðmætt, að ég tali ekki um fyrir þjóðir sem líða næringarskort.

Ég vil svo ekki orðlengja um þessa till. meira, en vænti þess að hún fái brautargengi og er nærri því viss um, að kostnaður við hana verði ekki meiri en af könnuninni leiðir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa, þáltill. (þskj. 34, n. 339). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 34 var borin fram svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að afla nýjustu fáanlegra upplýsinga, sem séu sambærilegar, um þjóðartekjur á mann á Íslandi og öðrum Norðurlöndum. Enn fremur skal ríkisstj. afla upplýsinga um gildandi kaupgjald helstu starfsstétta, tímakaup, vikukaup eða mánaðarkaup, sem og nýjustu sambærilegar upplýsingar um raunverulegar tekjur þeirra fyrir og eftir skattgreiðslu og um vinnutíma. Jafnframt verði kaupmáttur launanna áætlaður miðað við verðlag í hverju landi.

Alþ. verði veitt skýrsla um niðurstöður þessarar upplýsingasöfnunar."

Þessari till. var vísað til allshn., hún leitaði umsagna hjá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Þjóðhagsstofnun. Launþegasamtökin mæltu öll eindregið með samþykkt till. Það gerði Vinnuveitendasambandið einnig, en vakti athygli á að nauðsynlegt væri að bera saman lengd raunverulegs dagvinnutíma á Norðurlöndum, yfirborganir og álagsgreiðslur hinna ýmsu starfshópa, umfang hvetjandi launakerfa af ýmsu tagi og kaupgreiðslur samkvæmt þeim, verðlag á vörum og þjónustu, skattgreiðslur og félagslegar fyrirgreiðslur, svo sem í formi byggingar verkamannabústaða o. fl.

Vinnuveitendasambandið taldi að athugun þessara atriða væri forsenda þess að till. næði tilætluðum árangri.

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar kom m. a. eftirfarandi fram:

Á hennar vegum er unnið að öflun upplýsinga um það efni sem í þáltill. greinir. Verkefnið er reyndar tvíþætt. Fyrri þátturinn snýr að tölum um þjóðartekjur á mann og hlutdeild launa og einkaneyslu í þeim á Norðurlöndum. Um þetta efni er til allmikið efni sem þegar hefur verið samræmt af alþjóðastofnunum, eftir því sem kostur er, þótt ætið sé örðugt að bera tölur af þessu tagi saman milli landa. Síðari þátturinn, sem snýr að samanburði kaupgjalds helstu starfsstétta milli landa og kaupmáttar þess, er mun torveldari í framkvæmd vegna þess, hve upplýsingar um launakjör eru sundurleitar í löndum þeim sem samanburðinum er ætlað að ná til, þar sem launakerfi, vinnutími og vinnutilhögun eru afar breytileg frá landi til lands, auk annarra vandkvæða á samanburði af þessu tagi sem stafa af mismunandi verðhlutföllum og skattakerfum. Af þessum ástæðum, segir í umsögn Þjóðhagsstofnunar, er sýnt að athugun á þessum síðari þætti hlýtur að taka alllangan tíma og verður unnið að henni í samræmi við kjararannsóknarnefnd og samtök launþega og vinnuveitenda.

Allshn. varð sammála um efni framkominnar þáltill. og var þeirrar skoðunar að þessi till. ætti að fá frekari athugun. En með hliðsjón af ábendingum Vinnuveitendasambands og þeim upplýsingum, að Þjóðhagsstofnun ynni að þessum verkefnum, þá leggur n. til að till. sé vísað til ríkisstj. og er þá mælst til þess að ríkisstj. leggi áherslu á að öflun upplýsinga verði hraðað svo sem kostur er og þær verði birtar við fyrsta tækifæri.

Ég vil geta þess, að auk þessara umsagna, sem ég hef hér getið og leitað var eftir, barst allshn. jafnframt umsögn frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, en ég get ekki frekar um innihald hennar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. allshn. afgreiðslu þessarar till. Ég lít á afgreiðslu n. sem jákvæða afgreiðslu, sem jákvæða afstöðu til efnis þess, máls sem till. fjallar um. Ég tel sérstaka ástæðu til að láta í ljós ánægju yfir að nú mun verða efnt til þess samanburðar á launum hér á landi og annars staðar sem er aðalefni till. Það mun verða mjög mikilvert fyrir launþega og íslenskan almenning yfir höfuð að tala að niðustaða um þetta efni fáist sem fyrst. Og ég fagna því og þakka það, að n. skuli hafa tekið jafnjákvætt á málinu og raun ber vitni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vinnsla verðmæta úr sláturúrgangi, þáltill. (þskj. 48, n. 356). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. fékk til umsagnar till. á þskj. 48 frá Ingólfi Jónssyni, hv. 1. þm. Suðurl., o. fl. á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á því með hverjum hætti hagkvæmast sé að vinna verðmæti úr sláturúrgangi."

N. athugaði till. og skilar áliti á þskj. 356 og mælir með samþykkt hennar. Undir þetta skrifa allir nm. í atvmn.

Það er nú svo, að það hafa verið gerðar ýmsar athuganir á þessu máli, hagkvæmni þess að nýta sláturúrgang. M. a. hefur það verið gert á Blönduósi og á Egilsstöðum. Þegar athuganir voru gerðar þar reyndist ekki fjárhagsgrundvöllur fyrir vinnslu. Á tveim stöðum hefur verið lagt í vinnslu fóðurmjöls úr sláturúrgangi, þ. e. við sláturhús KEA og við sláturhúsið í Borgarnesi. Ég vil enn fremur minna á tilraun sem gerð var á Hvanneyri fyrir fáeinum árum af Þorsteini Gunnarssyni búfræðikandidat um fóðrun á kindum með því að blanda mör í fóðurbæti. Sú tilraun kom mjög vel út og þetta virtist reynast hið besta fóður.

Umsagna um þessa till. var leitað bæði hjá SÍS og hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins, og ég vil leyfa mér að lesa stuttan kafla úr umsögn framleiðsluráðs:

„Framleiðsluráð mælir eindregið með því að þáltill. þessi verði samþykkt. Um nokkurt árabil hefur verið unnið fóðurmjöl úr innyflum við sláturhús KEA á Akureyri og selt bændum með svipuðu verði og fóðurbætir. Í Borgarnesi er líka starfandi sams konar verksmiðja og á Akureyri og hefur nú tekist að selja innlendum aðilum mjölið fyrir fram. Kaupfélag Borgfirðinga hefur í hyggju að stækka verksmiðjuna og sækja innyflin til Skriðulands og e. t. v. til annarra nærliggjandi staða. En það sorglega við þær ráðagerðir er að flutningskostnaðurinn á innyflunum er það mikill að verðið á mjölinu er orðið of hátt, ef ekki verða fundin einhver úrræði. Það virðist því vera svo, að tilvera þessara verksmiðja sé bundin stórum sláturhúsum, nema reynslan leiði í ljós að hægt sé á einn eða annan hátt að lækka rekstrar- eða flutningskostnaðinn. Slíkt verður reynslan að leiða í ljós. Á hitt ber einnig að líta, að það kostar sláturhúsin nokkuð að grafa úrganginn, eins og núna er víðast gert."

Við þetta má einnig bæta því, að af þeirri meðferð, sem tíðkast á sláturúrgangi, stafar sóðaskapur og ómenning, og þess vegna lítum við svo á að nokkrum fjármunum sé verjandi til að gera þá könnun sem farið er fram á í tillögunni.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. atvmn. fyrir afgreiðslu málsins. Hún hefur orðið sammála um að samþykkja þessa till. Með till. er allítarleg grg., og auk þess flutti ég framsöguræðu, þegar till. var hér á dagskrá áður, og tók þá fram flest það sem hægt var að segja málinu til stuðnings.

Ég held að það sé enginn vafi á því, að okkur ber að nýta betur þessi hráefni en gert hefur verið. Það er aðeins byrjun sem hefur verið gert í Borgarnesi. Verksmiðjan á Akureyri er tiltölulega lítil.

Þegar rætt er um hvort þetta borgar sig fjárhagslega, þá verður að hafa í huga að vélar til að vinna úr þessum efnum hafa breyst mikið núna í seinni tíð, eru orðnar sjálfvirkari en þær áður voru og nýta betur hráefnið en eldri vélar. Og það er enginn vafi á því, að það þarf að fara fram könnun á þessu máli, hvernig að því megi standa að gert sé hvort tveggja, eins og frsm. n. minntist á áðan, að auka hreinlætið í sambandi við þetta og að nýta efnið til fjárhagslegs ávinnings.

Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að ef þessi þjóð ætlar að lifa við góð og batnandi lífskjör, þá höfum við ekki efni á því að kasta verðmætum. En það höfum við gert, alveg eins og þær þjóðir gera sem eru frumstæðar, sem vantar þekkingu, vit og tækni til þess að nýta það sem landið gefur af sér.

Áðan var verið að tala um að hrogn og lifur væru ekki nýtt, hvort tveggja er vitanlega mjög verðmætt. Og það er fleira, sem hefur verið kastað í sjóinn, heldur en hrognin og lifrin. Allur smáfiskur og úrgangur og hausar, þessu er kastað í sjóinn í staðinn fyrir að hafa kvörn um borð í skipunum og mala það og hirða.

En ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta. Ég fagna því að n. varð sammála um þetta mál og hefur skilning á því. Ég vænti þess að þetta verði upphaf þess að nú verði farið að hugsa um hvers virði það er að nýta og hirða framleiðsluna alla, en kasta ekki stórum hluta hennar og gera svo auknar kröfur til samfélagsins um hærra verð á því sem hefur tekist að hirða og nýta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskikort, þáltill. (þskj. 137, n. 346). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 137 flytjum við hv. 8. þm. Reykv. till. til þál. um útgáfu fiskikorta. Atvmn. hefur haft þessa till. til athugunar og á fundi sínum 24. febr. s. l. samþykkti n. að mæla eindregið og einróma með samþykkt hennar.

Ég þóttist gera mér grein fyrir mikilvægi þessa máls þegar ég flutti þessa till. á síðasta þingi, sem gat ekki þó komið til umr. þá. Eftir að málið hefur komið fyrir á nýjan leik, verið rætt hér á þingi og kynnt í fjölmiðlum, þá fyrst varð mér ljós hin geysilega þýðing þess að hafist verði þegar í stað handa um útgáfu þessara fiskikorta.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Sem meðflm. að þessari þáltill., sem nú hefur verið afgreidd mjög jákvætt frá atvmn., vil ég leyfa mér að þakka n. fyrir afgreiðsluna. Ég tek til máls nú við þessa framhaldsumr. málsins m. a. vegna þess vaxandi þunga sem ég hef orðið var við að kemur frá skipstjórnarmönnum varðandi þetta þýðingarmikla mál.

Það er enginn vafi að þeir, sem vit hafa á og fylgdust með, eins og að sjálfsögðu allir alþm. hafa gert og reyndar mikill meiri hl. þjóðarinnar, — fylgdust með útfærslu fiskveiðilögsögunnar, þeir aðilar hafa gert sér fulla grein fyrir að því fylgdi ýmis kostnaður að nýta hina nýju fiskveiðilögsögu okkar. Það var ekki aðeins að landhelgisgæslan þyrfti að vera vel búin vopnum og með góð og fullkomin skip. Það er ekki heldur nóg að gæta að öryggi sæfarenda sem fara um þetta svæði og eru þar við vinnu sína. Það þarf líka að gæta þess að hagkvæmni okkar fiskveiðiflota sé nýtt til hins ítrasta og á hinn besta hátt. Og það er enginn vafi á því, að fullkomin sjókort fyrir skipstjórnarmenn á okkar stóra og mikla fiskveiðiflota eru með þýðingarmestu atriðum þess að flotinn sé vel nýttur. Það er ekki aðeins í sambandi við olíuneyslu skipanna, siglingu þeirra og olíueyðslu og um leið tímasóun, þar kemur upp líka það atriði að gæta þess að veiðarfærakostnaður sé sem lægstur, en það er orðinn ákaflega þýðingarmikill liður, eins og hann hefur reyndar ætíð verið, í útgerð fiskiskipa.

Þetta atriði, sjókortin og staðsetning skipanna á hafinu og merkt inn á kortin, hafa svo

til viðbótar gífurlega mikla þýðingu fyrir öryggi skipa og áhafna. Það, sem hefur valdið byltingu í þessum málum, eru að sjálfsögðu hin nýju staðsetningarkerfi. Hér búum við við það, sem fáir aðrir búa við, að á nær öllu hafsvæðinu umhverfis Ísland er nú hægt að nýta Lóran — C viðtækin og það kerfi, sem þau vinna samkvæmt. Við, sem höfum notað slík eða skyld kerfi um borð í skipum, vitum um hina geysilegu þýðingu sem þau hafa fyrir siglingu skipanna. Það er hægt að staðsetja skipin upp á nokkra metra má segja.

En það, sem hlýtur að ráða úrslitum í sambandi við það, sem till. leitast við að vinna að, er auðvitað að hagkvæmni skipanna fái að njóta sín og að inn á þessi kort séu settar þær upplýsingar sem skipstjórnarmenn varða. Og það hlýtur auðvitað að koma sú spurning upp, hvernig hægt sé að vinna þetta á sem fljótvirkastan og bestan hátt. Ég sá fyrir nokkrum dögum hjá 1. flm. þessarar þáltill. sjókort frá einum af okkar bestu og hæfustu skipstjórum á togurum hér við landið, einum Austfjarðatogaranna, þar sem hann hafði sjálfur sett inn á Lórankort bæði dýpislínur og hættur sem voru á ákveðinni fiskislóð. Ég hef heyrt að það séu þó nokkuð margir togaraskipstjórar sem þegar hafi framkvæmt þetta. Og ég mundi ekki telja neina goðgá þótt Sjómælingar Íslands, ef og þegar þessi till. hefur verið samþ., leituðu til slíkra manna sem skara fram úr á sínu sviði, m. a. með þessu frumkvæði sínu að útbúa eigin sjókort, — leituðu til þeirra til að fá upplýsingar hjá þeim. Nú verður að sjálfsögðu að hafa það í huga, að sumir þeirra munu sjálfsagt gæta þessa fróðleiks síns sem sjáaldurs auga síns, vegna þess að þarna er um viss leyndarmál að ræða hjá sumum þeirra sem þeir vilja ekki gera uppskátt. En ég held samt sem áður að þegar menn fara að skilja þýðingu þess fyrir heildina, þá muni ekki standa á þessu.

Það má líka benda á það, að það eru þó nokkuð margir menn nú starfandi á vegum ríkisins, eftirlitsmennirnir sem eru um borð í nokkrum skipum. Þetta eru lærðir skipstjórnarmenn og þeir fylgjast með veiði skipanna, hvar þau eru og um hvaða slóðir þau fara, og geta fylgst með mælitækjum skipanna, þannig að þessir menn gætu líka komið til hjálpar við Sjómælingar Íslands til að flýta fyrir þessu starfi.

Að sjálfsögðu veit ég að togaraútgerðarmenn t. d. mundu ekki standa í vegi fyrir því að menn frá Sjómælingunum sjálfum væru um borð og fylgdust með hjá skipstjórum þeim sem hafa reynt virkilega að leggja sig eftir að nýta hina nýju tækni. Að sjálfsögðu mundi meiri kostnaður fylgja því heldur en hinum tveimur leiðunum. En ég mundi samt sem áður mæla með að þær væru allar nýttar.

Félög skipstjórnarmanna hafa látið þetta til sín taka og hafa mælt eindregið með því að þessu verði hrundið í framkvæmd, m. a. vegna þess, sem kemur fram í grg. með þáltill., að kort þau, sem hafa verið gerð í Englandi fyrir enska togaraflotann, það er viðbúið, þegar þeir hafa verið hraktir af þessum sömu miðum, guði sé lof, að þau verði ekki framleidd bara okkur til nota, heldur falli framleiðsla þeirra niður. Því ber okkur að hefjast þegar handa um að taka þetta í eigin hendur.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, en ég vil endurtaka þakkir mínar til atvmn. fyrir samþykkt hennar á þessari till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bygging nýs þinghúss, þáltill. (þskj. 294). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Undanfarna 2—3 áratugi hefur oft verið rætt um húsnæðismál Alþingis og þá sérstaklega hvernig skipa megi þeim til frambúðar með byggingu á nýju þinghúsi. Stundum hafa verið skipaðar n. þm. til að fjalla um þetta mál, og hafa þær kannað það, oftast nær án teljandi árangurs. Þess á milli hafa forsetar þingsins unnið að húsnæðismálum stofnunarinnar í kyrrþey og náð margvíslegum árangri. Þeir hafa sérstaklega unnið að því að þingið keypti húseignir og lóðir hér í næsta nágrenni. Stóð núv. forseti Sþ. t. d. að því að Alþ. keypti húseignina Þórshamar, og tel ég að það hafi verið skynsamlega gert.

Við alþfl.-menn höfum ákveðið að vekja nú enn einu sinni opinbera umr. um byggingu nýs þinghúss með því að flytja um það till. Efni till. er á þá lund, að Alþ. feli forsetum þingsins að hrinda af stað undirbúningi undir nýbyggingu fyrir Alþingi vestan við núverandi þinghús, verði efnt til samkeppni um bygginguna og umhverfi hennar og stefnt að því að fyrsta skóflustungan verði tekin á hundrað ára afmæli alþingishússins 1981.

Fyrsti liður þessarar till. lýtur að því meginatriði, að Alþ. taki endanlega ákvörðun um staðsetningu þinghúss, en það hefur ekki verið gert enn. Í fyrri umr., fyrir tveim til þrem áratugum, var mjög rætt um hvort Alþ. ætti að velja sér samastað annars staðar í borgarlandi Reykjavíkur eða jafnvel austur á Þingvöllum. Voru ýmsir þeirrar skoðunar, en aðrir héldu statt og stöðugt fram að þingið ætti að vera hér, á sama stað og það hefur verið síðan það var endurreist, í miðbænum í Reykjavík, í gömlu kvosinni.

Það er skoðun okkar að þróun byggðar í Reykjavík á seinni árum hafi stuðlað að því að færri kosta sé nú völ og það hafi orðið augljósara með hverju árinu, sem liðið hefur, að eina rétta ákvörðunin er að Alþ. verði áfram hér í miðbænum, þar sem það nú er. Við teljum að það verði stórt skref í málinu og stórt skref í þróun skipulags í Reykjavík ef Alþ. vildi taka af skarið og ákveða að hér ætlaði það að vera í framtíðinni.

Þá er í till. nefnt að fela skuli forsetum að undirbúa byggingu vestan við núverandi þinghús. Þetta er byggt á því að mestu húsa- og lóðakaup, sem Alþ. hefur staðið í, eru vestan við núverandi þinghús. Þar hefur þingið undir forustu fyrrv. forseta, Eysteins Jónssonar, látið rífa gamalt hús og hefja trjárækt sem er til prýði fyrir nágrennið. Þar eru gömul timburhús sem ég hygg að varla verði talin þess virði að varðveita þau, þó að rétt sé að hafa alla gát á í þeim efnum. Vestan við þinghúsið er því um að ræða

mjög rúmgott og mikið pláss. Þar væri tvímælalaust hægt að byggja myndarlegt hús sem rúmaði Alþ. vel um langan tíma. Gæti það verið algerlega norðan við Oddfellowhúsið án þess að snerta það og mundi þá væntanlega snúa út að Kirkjustræti. Mér virðist að á slíkri byggingu gæti líka verið álma vestan við Oddfellowhúsið sem næði út undir Tjörnina eða hefði a.m.k. útsýn yfir Tjörnina.

Nú vil ég taka það fram, að ég og félagar mínir viljum á engan hátt takmarka kosti við svæðið vestan við þinghúsið. Á nýlegri skipulagssýningu hér í Reykjavík gaf að líta hugmynd, sem einhver af sérfræðingum borgarinnar hafði sett á blað, um að byggja tiltölulega lítið þinghús, sem mér skilst að ætti aðallega að vera fyrir þingsali, samkomusali, hér beint suður af, útundir Tjörninni, þar sem gula húsið við Vonarstræti stendur. Ég vil engan veginn útiloka þessa lausn og tel að hana ætti að kanna. Þá finnst mér að það komi einnig vel til greina að athuga að byggja alþingishúsið út í Tjörnina. Hafa áður farið fram miklar umr. og heitar umr. um það, hvort byggja ætti ráðhús í Tjörninni, en það var stórhýsi sem var allhátt. Alþ. mun aldrei byggja mjög hátt, aldrei hærra en þau hús sem eru fyrir hér í nágrenninu. Og alþingisbygging, sem sneri út að Tjörninni og yrði þá verulega veigamikill þáttur í heildarsvip Tjarnarinnar, gæti vel komið til greina.

Að lokum vil ég nefna það, að Oddfellowhúsið er myndarleg og traust bygging sem skapar nokkra skipulagserfiðleika á þessu svæði, því verður ekki neitað. Forráðamenn Alþ. hafa rætt við eigendur Oddfellowhússins um kaup á því húsi, en samningar hafa til þessa ekki tekist. Ég get vel ímyndað mér, þó að mönnum kunni að virðiast það fjarstætt, að það væri hægt að byggja allstóra byggingu utan um Oddfellowhúsið, þannig að það væri beinlínis fellt inn í nýja þinghúsbyggingu og stæði þá á stóru svæði við Tjörnina í hinni gömlu kvos höfuðborgarinnar. Þessi tvö hús, gamla alþingishúsið og nýtt þinghús, réðu hér þá ríkjum, settu svip á þennan bæjarhluta, bílastæði væru færð niður í jörðina, en gróður og fegurð aukin í kringum þessar byggingar. Á milli þeirra ætti að vera gangur neðanjarðar, þannig að Alþ. hefði eftir sem áður til umráða hið gamla hús sitt sem það nú er í.

Af þessu vænti ég að mönnum verði ljóst að við eigum margra góðra kosta völ. Ég tel því að Alþ. eigi nú að ákveða að á þessu svæði skuli heimkynni þess verða um ófyrirsjáanlega framtíð. Þegar sú ákvörðun hefur verið tekin væri rétt að efna til samkeppni um byggingar fyrir Alþ. og um nágrenni þeirra. Slík samkeppni er töluvert mikið fyrirtæki, og það er ekkert því til fyrirstöðu að við ætlum okkar rúman tíma til þess, enda eru engar forsendur þess í fjárhag þjóðfélagsins í dag að við byrjum á þinghúsbyggingu allra næstu missiri. Ef slík samkeppni leiddi til þess að valin yrði einhver lausn eða búin til upp úr þeim sem fram kæmu, gæti skapast grundvöllur fyrir að taka fyrstu skóflustungu að framkvæmdum við framtíðarhúsnæði Alþ. t.d. á árinu 1981, þegar þessi indæla bygging, sem við erum í, verður 100 ára gömul. Það væri ekki illa viðeigandi að stórviðburður í byggingarmálum þings og þjóðar gerðist á því 100 ára afmæli.

Bygging þessa húss var eitt mesta átak þjóðarinnar í byggingarmálum alla sögu hennar fram til þessa, e.t.v. það mesta að undantekinni Skálholtsdómkirkju, kann að vera það allra mesta, af því að hér var notað íslenskt grjót sem aðalefni. Þetta hús reis á ótrúlega skömmum tíma. Ég hygg að hinir dönsku og íslensku iðnaðarmenn og verkamenn, sem byggðu það, hafi verið innan við tvö ár að koma húsinu upp, enda gengu tröllasögur, sérstaklega um danska yfirsmiðinn sem landsmenn töldu vera göldróttan. Var talið að þegar hann stýrði málmsmíðinni, kom fyrir bitunum sem halda uppi gólfinu, sem við sitjum og stöndum á, og setti upp tröppurnar, þá hafi hann viðhaft kaldabras sem ekki mun vera á allra færi.

Það er mjög mikilvægt fyrir Alþ. að njóta góðra vinnuskilyrða. Með þessari till. erum við ekki að bera fram á þessum tímum almenna kvörtun yfir því að ekki sé sæmilega búið að Alþ. Skoðun mín er sú, að það séu mikil þrengsli í fundarsölum og næstu göngum þingsins, en að öllu öðru leyti hafi aðbúnaður þm. batnað ótrúlega mikið, t.d. á þeim 20 árum sem ég hef starfað hér, enda hefur þingið nú lagt undir sig þrjár aðrar byggingar hér í næsta nágrenni. En þrátt fyrir það er nauðsyn að hyggja að framtíðarhúsnæði. Þá megum við ekki eingöngu hugsa um vinnuaðstöðu okkar þm. sjálfra. Við megum ekki gleyma því, að Alþ. er æðsta stofnun þjóðarinnar, kosin af landsfólkinu og til að þjóna því, og er okkur því til skammar að meðferð hinna almennu borgara, sem eiga erindi í þetta hús, er fyrir neðan allar hellur. Þeir njóta ekki þeirrar virðingar, nema einn og einn, að fá að ganga inn um sama anddyri og við. Þeim er vísað á bakdyr þar sem þeir geta farið upp þröngga ganga upp á mjög loftlausa og óvistlega palla. Hið sama gildir um aðstöðu fjölmiðla, þó að hún hafi örlítið verið bætt frá því sem áður var.

Ég tel að við framtíðarbyggingu Alþingis beri mjög að hafa í huga að sú bygging á að vera þannig gerð, að hún tengi saman almenning, uppvaxandi kynslóð þjóðarinnar og þessa æðstu stofnun, Alþingi. Hingað koma oft gestir, en það er ekki einu sinni til lítill bæklingur sem Alþ. getur gefið þeim með upplýsingum um húsakynni og starfshætti, sem þó er til í öllum nágrannaþingum þar sem ég þekki til. Við verðum sjaldan varir við það fólk sem kemur hingað, eins og skólabörnin. Þó var það núna í janúarmánuði að leyft var að Rotary-klúbbur einn héldi fund hér — það var utan þingtíma — og fengi að kaupa sér snarl í kaffistofu þm. og ræða síðan við þm. hér í húsinu um störf stofnunarinnar. Þetta virtist vekja mikinn áhuga hjá þeim sem tóku þátt í því, og gefa þeim möguleika til þess að kynnast Alþ. sem þeir höfðu aldrei haft áður. Slíkar heimsóknir þurfa að vera miklu fleiri. Allt þetta þarf að rúmast í húsakynnum Alþingis.

Ég hef fært rök að því, að við verðum nú að taka á okkur rögg og taka grundvallarákvörðun sem við alþfl.-menn teljum að eigi að vera á þá lund, að þingið verði kyrrt hér í miðbænum. Í öðru lagi eigum við að hrinda af stað undirbúningi undir það, hvernig málið verði leyst á þess-

um stað, leita til færustu manna, halda um þetta samkeppni og veita til þess rúman tíma. Svo getum við séð til um hvort fjárhagurinn leyfir okkur að byrja fyrr eða síðar, hvort þær lausnir, sem valdar verða, fela ekki í sér að við getum unnið þetta verk í áföngum eða hvernig sem þá virðist vera réttast að standa að málinu.

Ég mun ekki hafa fleiri orð nú um þessa till. sem er til þess eins flutt að endurvekja opinberar umr. um þinghúsið sem margir hafa tekið þátt í áður. Það er von okkar að hún verði til þess að hrinda af stað nýjum umr. og að hún verði til þess að Alþ. taki a. m. k. grundvallarákvörðun, sem enn hefur ekki verið tekin, um hvar heimkynni þingsins eigi að vera í framtíðinni.

Herra forseti. Ég hef ekki haft ráðrúm til að kanna hvort fordæmi er fyrir því að vísa þingmáli til þingforsetanna, en þangað ætti þetta mál auðvitað að fara. Ég ætla því að leggja til að málinu verði ekki vísað til n., en engu að síður verði umr. frestað og að við biðjum forseta þingsins um að ræða það sem nefnd og við fáum að heyra frá þeim ekki síður en öðrum þm. þegar málið verður tekið á dagskrá til framhaldsumr. að lokinni þeirri umr. sem nú kann að verða.

Forseti (Gils Guðmundsson): Að athuguðu máli tel ég rétt og eðlilegt að umr. um þetta mikilsverða mál verði frestað og ég hygg þá nú þegar, m. a. með tilliti til þess að forseti Sþ. getur ekki verið á þessum fundi.

Umr. frestað.

Fjárhagslegur grundvöllur framhaldsskóla, þáltill. (þskj. 316). — Ein umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 316 hef ég leyft mér að flytja till. um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla. Meðflm. að þessari till. eru þeir hv. 6. þm. Norðurl. e., Ingi Tryggvason, og hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf, sem kveði á um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla á þann hátt, að hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstri verði hin sama án tillits til námsefnis."

Á undanförnum árum hefur orðið mikil umræða um skólamál í þjóðfélaginu. Sumpart hefur þessi umræða komið til og eflst við breytingar á löggjöf um skólaskipan, svo sem um grunnskólalögin, lögin um Kennaraháskóla Íslands og fleiri slík efni. Í þessari umræðu hefur þráfaldlega komið fram hversu þýðingarmikið það virðist að efla verkmenntun þjóðarinnar og auka virðingu verkmenntunar í augum æskufólks og þjóðarinnar í heild. Ég minnist þess, að þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum lét núv. hæstv. menntmrh. þess getið, að hann mundi gjarnan hlutast til um það í sínum störfum að þetta, sem hér hefur verið nefnt, efling verkmenntunar þjóðarinnar, mætti taka nokkrum stakkaskiptum. Þrátt fyrir það að þessi umræða og þessi ummæli öll hafa orðið til góðs og orðið til þess að þoka þessum málum í rétta átt, þá skortir enn mikið á að mínum dómi og okkar flm. að því marki sé náð að verknám og verkmenntun njóti virðingar og njóti sannmælis til jafns við bóknám meðal þjóðarinnar. Þessu veldur m. a. að misræmi er í hver fjárframlög ríkisins eru til stofnkostnaðar og rekstrar menntaskóla fyrst og fremst annars vegar og iðnskóla hins vegar. Eins og nú standa sakir eru menntaskólar alfarið kostaðir af ríkissjóði, bæði að því er snertir stofnkostnað og rekstur. Við iðnskóla hins vegar skiptist stofnkostnaðurinn að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga. Ríkissjóður greiðir laun, en sveitarfélögin annast rekstrarkostnað að öðru leyti. Þarna er vissulega mikill munur á.

Á síðustu árum hafa komið til svokallaðir fjölbrautaskólar. Þar er skipting kostnaðar með þeim hætti, að ríkissjóður ber 60% stofnkostnaðar, auk þess laun að fullu og annan rekstrarkostnað að hálfu. Sveitarfélög bera svo kostnað að því leyti sem á skortir um framlög ríkisins, svo sem hér hefur verið rakið. Slíkt misræmi á hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstri hinna ýmsu framhaldsskóla er ákaflega óheppilegt að dómi okkar flm. og til þess fallið að torvelda mjög að því marki verði náð, að jafnréttis sé gætt á milli verknáms og bóknáms og að jöfnuður verði í virðingu fyrir verknámi við þá virðingu sem bóknám nýtur. Þess vegna er að okkar dómi nauðsynlegt að hrinda þessum mismun og setja framhaldsnámið og framhaldsskólana hvað þetta snertir á sambærilegan grundvöll.

Sá mismunur, sem hér hefur verið lýst, kemur eins og vænta má, m. a. fram í fjárframlögum ríkissjóðs á fjárl. hverju sinni. Eins og nú standa sakir í fjárl. 1977, eru framlög til stofnkostnaðar við iðnskóla 44.8 millj. kr., en við menntaskóla 148.7 millj. kr. Þarna er mikill munur á. Munur á framkvæmdafé til þessara stofnana er auðvitað miklu minni, vegna þess að sveitarfélögin þurfa að leggja fram jafnháa upphæð til iðnskólanna og ríkið gerir svo að heildarfjármagn til framkvæmda við iðnskóla er tæpar 90 millj. kr.

Nú er það svo, að að þessu er oft fundið og ekki að ófyrirsynju. En þrátt fyrir það að ég viðurkenni að ýmis sveitarfélög væru tilbúin að taka við meira fjármagni til byggingar iðnskóla, þá ber einnig við að þau eru þannig fjárhagslega í stakk búin að þau eiga í miklum erfiðleikum með að leggja fram 50% á móti ríkissjóði til byggingar þessara stofnana. A. m. k. við suma iðnskóla í landinu hefur þetta atriði orðið til þess að torvelda og seinka byggingu þeirra, þannig að hvað fjármagn snertir er ekki einvörðungu við ríkissjóð og fjárveitingavaldið að sakast hvað þetta snertir. Það er löggjöfin sem þarna er aðalmeinvaldurinn. Löggjöf, sem gerir ráð fyrir slíkum mismun á fjárframlögum ríkisins til framhaldsskóla eftir því hvert námsefnið er, gefur ótvírætt í skyn að löggjafinn og raunar þá fjárveitingavaldið líti t. d. menntaskólanámið allmiklu þýðingarmeiri augum heldur en þá verkmenntun sem iðnskólarnir veita. Má vera að þetta sjónarmið hafi ríkt

fyrir mörgum áratugum þegar þessi löggjöf var sett, en ég vil fullyrða að það er a. m. k. mjög mikill skilningur í þjóðfélaginu í dag fyrir því að þessi hugsunarháttur sé gersamlega úreltur og raunar óhafandi. Þess vegna teljum við flm. að nauðsynlegt sé að hrinda þessu misrétti og koma þeirri skipan á sem till. stefnir að, að hlutdeild ríkissjóðs í uppbyggingu og rekstri menntastofnana á framhaldsskólastigi verði hin sama og gildi þá einu hvert námsefnið er, verkmenntun, verknám njóti þar fulls jafnréttis við bóknám.

Í tillgr. er því á engan hátt slegið föstu, hvort ríkissjóður á alfarið að standa undir byggingu og rekstri framhaldsskólanna eða hvort sveitarfélögin eigi að taka ákveðinn hluta af þessu fjármagni á sínar herðar. Ákvörðun um það efni kann að tengjast ákvörðunum um verkskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og skiptingu tekjustofna á milli ríkis og sveitarfélaga sem nú er allt í endurskoðun. Þess vegna gerum við ekki beinar og ákveðnar till. um þetta efni í þeirri till. sem hér er til umr. Hins vegar er það persónuleg skoðun mín, að ég tel heppilegt að sveitarfélögin tækju nokkurn þátt í þessum kostnaði og hefðu þá um leið áhrif og ábyrgð til samræmis við það, sem þau legðu fram. Um það skal ekki fleira sagt á þessu stigi, það mál hlýtur að koma til athugunar sérstaklega við undirbúning þeirrar löggjafar sem við leggjum til að samin verði og um leið í samræmi við þá endurskoðun á verkefnaskiptingu sem ég þegar hef getið um. Þó skal að því vikið, að ef ákveðið verður að sveitarfélögin taki ákveðna hlutdeild í stofnkostnaði og rekstri framhaldsskólanna, þá verða þó einstakir skólar af þeirri tegund þess háttar að hlutdeild sveitarfélaga verður tæpast við komið. Þar á ég fyrst og fremst við einstaka sérskóla, og má nefna í því sambandi t. d. Íþróttakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands og aðra slíka skóla sem ekki eru nema einn sinnar tegundar yfir landið í heild. Væri óréttmætt að sveitarfélag, sem hefur slíka skóla, bæri kostnað af þeim að hluta, en önnur sveitarfélög ekki. Það eru auðvitað miklu fleiri sérskólar sem þarna koma til álita. En þó er það svo, að það fer vaxandi að tilteknar deildir sumra sérskólanna eru starfræktar á stöðum hér og þar um landið. Getur þá komið til greina vegna þess hagræðis sem það er fyrir hvern og einn stað að eiga slíkan skóla hjá sér, að sveitarfélögin tækju einhvern þátt í stofnkostnaði og rekstri þeirra, ef sú stefna verður ofan á. Það má t. d. í þessu sambandi nefna Vélskóla Íslands. Starfræktar hafa verið tilteknar vélskóladeildir úti um land. Og ég hygg að sú þróun fari vaxandi, að a. m. k. grunndeildir slíkra skóla geti verið starfræktar víðar á landinu enda þótt meginstofnunin sé ein og lokaáfangi námsins í þeim skóla fari fram í aðalstofnuninni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta efni mörgum orðum. Það hefur komið hér fram hjá hæstv. menntmrh. í umr. um skólamál að undanförnu, að undirbúin hefur verið í menntmrn. löggjöf um framhaldsskóla. Mér er um það kunnugt og hef rætt við þá menn sem að því hafa staðið. Sú löggjöf hygg ég, eftir því sem mér var sagt, fjallar að mjög miklu leyti um önnur efni en hér er að vikið. En ég lít á það sem mjög þýðingarmikið mál, að um leið og það frv. verður flutt, sem vonandi verður áður en langir tímar líða, þá verði hugað að og tekið inn í slíkt frv. það efni sem þessi till. fjallar um. Það lít ég mjög þýðingarmiklum augum.

Ég held að það sé ótvírætt, að þeim mismun, hvernig litið er á verklegt nám og bóknám enn í dag og hefur verið á undanförnum árum, — þeim mismun verði ekki rutt úr vegi án þess að fjárhagslegur grundvöllur þessara skóla sé hinn sami. Og ég vænti þess, að þær mörgu raddir, sem um þetta mál hafa heyrst á þá lund að hrinda þessum mismun, megi verða til þess að þetta mál fái góðar undirtektir og þær lyktir að löggjöf verði samin á þá lund sem þessi till. fjallar um.

Ég vil aðeins segja það að lokum í sambandi við væntanlegt frv. og væntanlega löggjöf um framhaldsskóla, að ég vonast til að það verði með einfaldari hætti, það verði á þá lund að það valdi ekki jafnmiklum deilum og að mönnum sýnist ekki að það hafi í för með sér jafnmikla ágalla og grunnskólafrv. hafði á sinni tíð þegar það var til umr. og eins og raunar okkur mörgum þykir að grunnskólalögin hafi enn í dag. Reynslan verður auðvitað að skera úr hvernig búningur þessa frv. um framhaldsskólana verður, en ég vonast til þess að þar verði á annan hátt um vélað heldur en um grunnskólafrv. á sinni tíð.

Ég skal svo ekki lengja þessi orð mín hér. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði umr. frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum taka undir ýmis af þeim rökum sem flm. þessarar till. hefur haft hér uppi. Hann hefur réttilega bent á að vegna þess, hvernig fjárhagslegur grundvöllur verknámsskólanna og iðnskólanna er í landinu, hefur uppbygging þessara skóla verið mjög hæg, en í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að sveitarfélögin og ríkisvaldið skipti stofnkostnaði þessara skóla að jöfnu.

Það er rétt að það komi fram hér, að samtök iðnaðarmanna — ég held að það eigi jafnt við um iðnsveina, meistara og iðnnema — hafa í mörg ár ályktað um þessi efni, og ég held að þær ályktanir hafi allar hnigið í sömu átt: að þetta skólastig, iðnskólar og verknámsskólar, ætti að vera fjármagnað af ríkisvaldinu eingöngu. Og ég held að það sé ljóst meðan a. m. k. tekjuskipting milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins er með þeim hætti sem hún er í dag, að ógerningur muni verða að byggja upp þá verknámsskóla í landinu, sem við þurfum á að halda, vegna fjárskorts sveitarfélaganna.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að 1966 voru samin ný iðnfræðslulög, þau sem enn eru í gildi. Í þeim lögum var stefnt að gjörbyltingu iðnskólanámsins á Íslandi og ákveðið að stíga það skref sem í nágrannalöndum okkar hafði verið stigið fyrir löngu, jafnvel áratugum áður, þ. e. a. s. að færa iðnnámið að meira og minna leyti inn í verknámsskóla og hætta að miklu leyti hinu svokallaða meistaranámi. En reynslan hér á Íslandi sem annars staðar í þjóðfélögum,

sem hafa verið að þróa atvinnulíf sitt og iðnað hefur verið sú, að meistaranámið hefur ekki fylgt þróuninni og ekki getað fullnægt þeim skyldum sem nútímaþjóðfélag og nútímaiðnaður krefst til menntunar. Atvinnulífið og iðnaðurinn gerast sérhæfðari og sérhæfðari með hverju árinu. Þannig rekast menn á það, að vinnustaðanámið skapar ekki þann grundvöll, þá menntunarlegu undirstöðu sem einstaklingarnir þurftu í verknáminu. En þessi lög frá 1966 hafa raunverulega ekki enn nema að litlu leyti tekið gildi, og þetta ákvæði, þessi gjörbylting sem að var stefnt með þeim lögum, þ. e. a. s. uppbygging einna átta verknámsskóla víða um landið, hefur enn ekki tekist, og ég tel að ástæðan sé fyrst og fremst sá fjárskortur sem alltaf hefur háð byggingarframkvæmdum á þessu skólastigi. Verulegt átak í þessum efnum hefur, held ég, ekki verið gert annars staðar en í Reykjavík og á Akureyri, mjög lítið miðað áfram í þróun þessa máls annars staðar á landinu. Á þessum stöðum hefur þróunin reyndar verið allt of hæg, og því er ég best kunnugur úr Iðnskólanum í Reykjavík. Þrátt fyrir það að myndarlegt átak hafi verið gert þar varðandi uppbyggingu verknáms í tilteknum iðngreinum, þá hefur þessi þróun þar verið allt of hæg og þar hefur fyrst og fremst hamlað fjárskortur. Uppbygging af skóla af þessu tagi er mjög kostnaðarsöm, og liggur það í því dýra húsnæði sem byggja þarf, verkstæðishúsnæði með hvers kyns vélum og tækjum.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því, hversu nauðsynlegt er fyrir okkur að efla áhrif verkmenntunar á Íslandi, ég hef áður komið að því hér í þingræðum. En ég tek undir orð flm. þessarar till. um það efni. Ég hef sjálfur sagt að verkmenntunin hafi verið olnbogabarn í okkar menntakerfi í marga áratugi, og ég hygg, að flestir þm. geti verið sammála um það. Ég vænti þess líka að þm. séu sammála um að það beri að stefna að því á Íslandi að efla hvers kyns iðnað í okkar atvinnuuppbyggingu, en grundvöllur slíkrar atvinnuuppbyggingar eru vitaskuld traust og gott verkmenntunarkerfi. Það er reyndar ekki einungis á þessu sviði, þ. e. a. s. til byggingar verknámsskóla, sem fjármagn vantar. Þótt einkennilegt sé, þá er mér kunnugt um að þau yfirvöld, sem hafa þurft að gera námsskrárefni fyrir þessa skóla, hafa ekki fengið nauðsynlegt fjármagn einu sinni til þeirra hluta. Mér er tjáð að í flestum iðngreinunum, sem munu vera eitthvað í kringum 60 hér á landi, séu raunverulega ekki til nýjar námsskrár, heldur er byggt þar á gömlu, úreltu námsefni, og það er fjárskorturinn sem hefur staðið í vegi fyrir námsskrárgerð.

Í þessari þáltill. er, eins og flm. gat um, ekki tekin afstaða til þess hvernig þessu verði fyrir komið. Er þar vitnað til í grg. að verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga sé í athugun. En þessu er nú borið við orðið næstum því daglega hér á Alþ. þegar ýmsum góðum málum er hreyft. Þannig var það á Alþ. í gær, þegar var verið að ræða byggingu dvalarheimila fyrir aldraða, að þá er því borið við að það ætti að hinkra með að gera ráðstafanir sem þó flestir eru sammála um, að þurfi að gera til þess að laga ástand þeirra mála, — það verði að bíða niðurstöðu þessarar rannsóknar.

Ég hef þá afstöðu varðandi uppbyggingu verknámsskólakerfisins á Íslandi, að rétt sé að gera þegar í stað eða hið allra fyrsta ráðstafanir í þá átt að ríkið fjármagni stofnframkvæmdir og það sé ekki látið bíða lengi eða eftir því að verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga verði endanlega ákveðin. Að því leyti vil ég sem sagt ganga skrefi lengra en þessi þáltill. gerir ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, þáltill. (þskj. 345). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 345 höfum við hv. þm. Stefán Jónsson leyft okkur að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipuleggja þjónustu sérfræðinga í sem flestum greinum læknisfræðinnar á heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar og auka og bæta þannig þá þjónustu sem heilsugæslustöðvarnar eiga að veita samkv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Áætlun um þessa sérfræðiþjónustu verði gerð af heilbrrn. og liggi fyrir eigi síðar en 1. nóv. þessa árs og jafnframt verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda áætluninni í framkvæmd þegar á næsta ári.“

Við þessa till. er stutt grg. þar sem segir, að óþarft sé að hafa mörg orð uppi til rökstuðnings henni, og á það bent, hver hafi verið aðalmarkmið laganna um heilbrigðisþjónustu frá 1973, þ. e. a. s. kannske ekki hvað síst að tryggja íbúum landsbyggðarinnar í hvívetna bætta þjónustu sem allra fyrst.

Fyrsta athugasemd, sem við flm. till. fengum við þennan tillöguflutning okkar, var á þá leið, að lagaákvæði væru það skýr að ekki yrði undan því vikist að framkvæma þau og öll ítrekun og áhersla hér til viðbótar væri því nánast óþörf. Við flm. viljum einkum benda á það, að hér er lagt til sérstakt átak til að reyna að koma þessum málum í viðunanlegra horf en nú er.

Till. gerir ráð fyrri þeirri útfærslu 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, að skipuleg áætlun verði gerð í rn. fyrir 1. nóv. og síðan hafist handa á næsta ári. Það kann vel að vera að slík áætlun sé í gangi nú þegar. Það kemur þá í ljós. Og ef hún tekur mið af því sama sem till. okkar gerir ráð fyrir, þá höfum við ekkert nema gott um það að segja. En ég dreg stórlega í efa að slík áætlunargerð sé í gangi.

Engir gera sér þess ljósari grein en íbúar landsbyggðarinnar, hverjum annmörkum það er háð að ná þessari brýnu þjónustu til sín þó ekki væri nema um tíma á ári hverju. Þeim er það líka ljóst, að sérfræðingum í hinum ýmsu greinum er mörgum hverjum óljúft að fara á flakk, eins og þeir kalla það, koma á heilsugæslustöðvar þar sem enn vantar víða alla rannsóknaraðstöðu sem þeim þykir hæfa, og finnst eðlilega betra og notalegra að vera á sínum vinnustað með sinni góðu aðstöðu og láta fólkið koma þangað. En ég er ekki svo vel að mér í þessum greinum að ég geti bent á eða tekið út úr ákveðna þætti

sem gætu haft forgang, t. d. vegna þess að þeir krefðust ekki eins fullkominnar aðstöðu. En ég er viss um að þeir eru til, sem betur fer, ef vilji er fyrir hendi.

Ég sagði áðan að íbúar landsbyggðarinnar gerðu sér annmarkana ljósa, enda hafa þeir vanist því að sækja alla sérfræðiþjónustu á einn stað og hafa án efa sætt sig of vel þar við. En þeir gera sér líka ljóst, að auk óþæginda og seinkunar þurfa þeir að bera af þessu ómælda fjárhagslega bagga í ferðum og uppihaldi, og það brennur eðlilega sárast á þeim hve hér er mikill mismunur á. Heilsugæslustöðvarnar fara nú að rísa ein af annarri, og með tilkomu þeirra batnar öll aðstaða. Læknavandamálið út af fyrir sig ætti þess vegna að vera úr sögunni, ef það hefur verið rétt sem haldið var fram áður, að aðstöðuleysið úti á landi væri aðalástæðan til þess að læknar fengjust ekki til að vera þar. En þrátt fyrir góðar byggingar og við skulum vona góða aðstöðu og batnandi, þá vill svo fara að læknar stöðvanna senda í ríkum mæli fólk frá sér til sérfræðinga, oftast af ærnu tilefni og fullkomlega réttlætanlegu. En eins kemur hitt fyrir, að tilefnið er lítið og má e. t. v. segja sem betur fer.

Ég legg á það áherslu að oftrú á sérfræðingum er hættuleg, og vitanlega á hinn almenni læknir á heilsugæslustöðvunum að vera það fær almennt að ekki þurfi sí og æ til sérfræðinga að leita. Sem betur fer eru flestir læknanna það, þó þeim þyki sjálfsagt rétt að fá úrskurð frá þeirra hendi er best hafa þekkinguna. Allt þarf þetta að taka með ef áætlun á að gera hér um, og það óttuðumst við flm., að tregðan yrði mest þar sem síst skyldi, þ. e. hjá sérfræðingunum sjálfum. En á það þarf þá einfaldlega að reyna.

Flm. þessarar till. hljóta að ítreka og undirstrika alveg sérstaklega það atriði í grg. sem lýtur að þeim ágætu augnlæknum, sem hafa lagt á sig mikið erfiði við engar aðstæður oft eða þá alls ófullnægjandi, og þeirri dýrmætu þjónustu er þeir hafa veitt á ferðum sínum. Og það er von að flm. till. þyki sem það hljóti nú við aðstæðurnar, sem eru fyrir hendi eða munu skapast, að vera auðvelt að taka inn æ fleiri greinar sem þjónusta væri veitt í. Við flm. getum einnig bent á aðra þjónustu sem ákveðin samtök veita landsbyggðinni. Þar eigum við við samtökin Heyrnarhjálp sem hafa gert margt gott og gert mörgum lífið léttbærara með aðstoð sinni, og ber að meta það.

Nú er það svo, að 21. gr. laganna er allvíðamikil, vægast sagt, því að í henni segir, með leyfi hæstv. forseta: „Á heilsugæslustöð skal veita þjónustu, eftir því sem við á, svo sem hér segir.“ Það er víst teygjanlegt hugtak þetta: „eftir því sem við á.“ En síðan kemur upptalning upp á nokkuð marga liði og þ. á m. er einmitt sérfræðileg læknisþjónusta og svo hvers kyns heilsuvernd, sem er sem betur fer komin að hluta til inn á þær fullkomnustu nú þegar. Nú er það svo, að flm. þessarar till. höfðu á því tæpa trú, að sérfræðiþjónusta kæmist almennt til heilsugæslustöðvanna fyrst í stað, og gerðu sér einnig ljóst að mestu skipti að fá sem færasta almenna starfskrafta á heilsugæslustöðvarnar. Þess vegna einmitt vorum við hv. þm. Stefán Jónsson með frv.-flutning um að sjúkratryggingar tækju að sér hluta ferðakostnaðar þess fólks sem til sérfræðinga yrði að leita um langan veg. Þegar þetta frv. kom til umr. var mjög rætt um misnotkunarhættu, og vissulega er hún fyrir hendi þar eins og reyndar alls staðar. Á það var þá bent að endurskoðun væri í gangi á tryggingalöggjöfinni í heild. Við minnumst þess nú ekki, við flm., að hafa neinar lagfæringar á þeirri löggjöf í frumvarpsformi nú síðustu þrjú árin, en væntanlegar munu vera einhverjar breytingar á þessum lögum innan skamms, en þær munu ekki snerta þetta atriði. En aðalröksemdin og sú, sem sætti okkur við þá niðurstöðu að málinu væri vísað til hæstv. ríkisstj., þó við hefðum litla trú á henni reyndar, var einmitt sú höfuðröksemd sem þar kom til, að á heilsugæslustöðvunum og í fjórðungssjúkrahúsunum væri ætlunin að koma þessari þjónustu á í síauknum mæli svo að draga mætti úr ferðum fólks á fund sérfræðinga í Reykjavík.

Við féllumst sem sagt á þessa meginröksemd og við erum með þessum tillöguflutningi að árétta þetta sjónarmið og um leið ýta þar á eftir með skipulegum hætti. Það er fullvissa okkar að hægt sé að auka þessa þjónustu að miklum mun. Við gerum okkur grein fyrir því, að stöðug getur hún ekki orðið í upphafi, en ef á vissum árstímum væri öruggt að ganga mætti að slíkri þjónustu á stöðvunum, þá kæmi það mjög mörgum að fullkomnu liði. Við gerum okkur líka fulla grein fyrir því, að mörg eru þau tilfelli sem upp koma sem þetta á ekki við, en eru svo brýn og aðkallandi að þau þola enga bið. Um þau er ekki verið að tala hér, því auðvitað kemur okkur ekki annað til hugar en að vissu marki þurfi ævinlega að sækja hingað, þar sem tæknin er mest, aðstaðan best og sérfræðingar á hverju strái. En hin tilfellin eru sem betur fer fleiri, og eins hygg ég að slík reglubundin auglýst þjónusta yrði hvetjandi fyrir fólk og það léti fyrr rannsaka það sem að væri einmitt fyrir bragðið. Það eru ótrúlega margir sem draga að leita á fund læknis vegna þess að það reiknar með dýru ferðalagi á fund sérfræðinga hér syðra, og gæti ég nefnt þar um ótalin dæmi.

Við flm. höfum ekki á því trú að neitt gerist að ráði í þessu máli fyrr en viss skipuleg áætlun verður sett upp sem tryggir einhvern skrið á málið sem gagn yrði að. Við gerum okkur ljóst, eins og ég sagði í upphafi, að lagaákvæði eru allákveðin, þó að þar segi að vísu: „eftir því sem við á“, hvað sem það á nú að þýða. Dregur það sannarlega úr því að lagaskyldan sé eins ótvíræð og margir hafa viljað vera láta. Við þekkjum líka mætavel framkvæmd ýmissa ágætra laga sem innihalda skýr og ótvíræð fyrirmæli sem furðanlega vel tekst að sniðganga eða þá líta hreinlega fram hjá, og því er síst að leyna að þetta bitnar oft sérstaklega á landsbyggðinni, ef um er að ræða heildarlöggjöf þar sem aukaátak þarf til að framkvæma það í dreifðum byggðum sem auðvelt og sjálfsagt reynist hér í aðalþéttbýlinu. Eru skólamálin og löggjöf þeim tengd gleggst til vitnisburðar þar um.

Ekki fæst allt í einni sóknarlotu, það vitum við. En með góðu áhlaupi má vinna góðan áfanga-

sigur. Rauði þráðurinn í anda laganna um heilbrigðisþjónustu var og er sá, að fyrirbyggjandi aðgerðir séu aðalatriðið sem vinna beri að, þ. e. að koma í veg fyrir sjúkdóma. Þetta hlutverk þurfa læknar heilsugæslustöðvanna að leysa sem best, og vissulega eigum við þar marga frábæra starfskrafta. En þeir þarfnast einnig sérfræðilegrar aðstoðar í sínu starfi, og því meiri og fjölþættari sem hún verður, því betra. Það mundi fækka ferðum töluvert á fund sérfræðinga syðra ef þjónusta væri veitt úti á stöðvunum, þó ekki væri nema tvisvar á ári, sagði greinargóður læknir við mig í sumar. Við gerum okkur fulla grein fyrir annmörkum og erfiðleikum, á þá er ofureinfalt að benda, og við vitum einnig, að e. t. v. mun erfiðasti róðurinn verða, eins og ég sagði áðan, að fá sérfræðingana til samvinnu við yfirvöld um æskilegt skipulag í þessum efnum. Þar kemur ekki til mannvonska að sjálfsögðu, heldur mannleg viðleitni til að búa við sem stöðugust og best starfsskilyrði á einum og sama stað. En á allt þetta þarf að reyna. Við leggjum till. okkar fram í von um meiri hreyfingu en hingað til hefur verið, vitnum jafnframt í ákveðna lagaskyldu, en viljum fá aukinn kraft í aðgerðir með beinu skipulegu átaki, eins og hér er lagt til. Fólkið úti á landi knýr hér ótæpilega á okkur þm. Við verðum á besta veg að svara kalli þess, því það hefur réttinn sín megin í þessu efni. Þessi málstaður er ótvíræður og að honum ber því að vinna.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umr. leggja til að henni verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

sigur. Rauði þráðurinn í anda laganna um heilbrigðisþjónustu var og er sá, að fyrirbyggjandi aðgerðir séu aðalatriðið sem vinna beri að, þ. e. að koma í veg fyrir sjúkdóma. Þetta hlutverk þurfa læknar heilsugæslustöðvanna að leysa sem best, og vissulega eigum við þar marga frábæra starfskrafta. En þeir þarfnast einnig sérfræðilegrar aðstoðar í sínu starfi, og því meiri og fjölþættari sem hún verður, því betra. Það mundi fækka ferðum töluvert á fund sérfræðinga syðra ef þjónusta væri veitt úti á stöðvunum, þó ekki væri nema tvisvar á ári, sagði greinargóður læknir við mig í sumar. Við gerum okkur fulla grein fyrir annmörkum og erfiðleikum, á þá er ofureinfalt að benda, og við vitum einnig, að e. t. v. mun erfiðasti róðurinn verða, eins og ég sagði áðan, að fá sérfræðingana til samvinnu við yfirvöld um æskilegt skipulag í þessum efnum. Þar kemur ekki til mannvonska að sjálfsögðu, heldur mannleg viðleitni til að búa við sem stöðugust og best starfsskilyrði á einum og sama stað. En á allt þetta þarf að reyna. Við leggjum till. okkar fram í von um meiri hreyfingu en hingað til hefur verið, vitnum jafnframt í ákveðna lagaskyldu, en viljum fá aukinn kraft í aðgerðir með beinu skipulegu átaki, eins og hér er lagt til. Fólkið úti á landi knýr hér ótæpilega á okkur þm. Við verðum á besta veg að svara kalli þess, því það hefur réttinn sín megin í þessu efni. Þessi málstaður er ótvíræður og að honum ber því að vinna.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umr. leggja til að henni verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Efri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 374). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 374 er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyt. á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Þetta frv. felur í sér framlengingu á því ákvæði að ráðh. geti, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má ekki veita nema til ársloka 1979.

Þetta frv. felur því í sér sömu ákvæði og áður fyrr um þetta mál og er eins og fyrr tímabundið. Það er kunnara en frá þurfi að segja að nú á síðustu árum, frá því að lagaheimild um undanþáguna var síðast gefin, hefur mikið áunnist í því að gera sláturhús fullkomin, svo að löggilt hafa verið. En þrátt fyrir það hefur ekki enn þá tekist að ljúka því verki að hægt væri að löggilda öll þau sláturhús sem slátrað er í. Hins vegar hefur nú verið af hálfu landbrn. ákveðið að fela tveim mönnum, Sveini Tryggvasyni framkvæmdastjóra framleiðsluráðs, sem er þessum málum mjög kunnugur, og Hauki Jörundssyni skrifstofustjóra í landbrn., að gera athugun á þeim sláturhúsum sem hafa ekki hlotið löggildingu. Er hugsunin með þeirri athugun að reyna að komast að niðurstöðu um hvernig fara skuli með þau hús sem eftir eru, að hvaða leyti þau eigi að fá þann tæknibúnað sem þau hús hafa nú sem löggilt hafa verið og að hvað miklu leyti væri hægt að gera við þau með ódýrara móti en þar hefur verið gert. Þá er og stefnt að því með þessari athugun að geta til langframa ákveðið hvaða hús eigi að vera framtíðarsláturhús og hver ekki.

Ég vonast til að þessi athugun leiði í ljós að hægt verði að móta fasta stefnu um meðferð þessara mála og þá verði það hvort tveggja í senn reynt: að finna hagkvæmustu leiðina hvað kostnað varðar og einnig að sætta þá aðila, sem leyfishafar eru, á meðferð þessa máls. En þrátt fyrir það að unnið verði að því, þá verður það ekki framkvæmanlegt fyrir næstu sláturtíð. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að framlengja í lögum þetta ákvæði sem hér er lagt til. Því legg ég til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn. og hún hraði störfum svo það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki við 1. umr. orðlengja neitt um þetta frv. sem ég hygg að sé eðlilegt og góðra gjalda vert. Hér verður ráðh. gert auðveldara að koma í veg fyrir þess háttar vandræði sem minnstu munaði að yrðu á s. l. hausti, er einn af þm. stjórnarinnar hafði í hótunum að taka lögin í eigin hendur og beita skotvopni vissulega í deilu sinni við hæstv. ráðh.

En vegna þess að ég veit að það er einlæg meining að lagasetning þessi dragi úr líkunum fyrir endurtekningu mjög alvarlegra átaka á þessu sviði, þá kom mér það í hug við yfirlestur að orðalag á fyrstu efnisgrein gæti farið betur og orðið ljósara með öðrum hætti og vildi að tekið yrði til athugunar nú þegar hvort ekki væri rétt að breyta því á þá lund. Hér stendur: „Ráðh. getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð“ o. s. frv. Þar sem æskilegt er, hygg ég, að lagagreinar séu þannig orðaðar að eigi verði hártogaðar af óhlutvöndum mönnum málstað sínum til framdráttar, ef í það fer, þá kemur mér það til hugar að segja mætti, eins og greinin er nú orðuð, að yfirleitt fari slátrun á skepnu fram í eitt skipti fyrir öll og þetta mætti orða á þá lund: „Ráðh. getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft til eins árs í senn slátrun í sláturhúsum“ — fremur en: „leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum.“

Athugasemdin er sem sagt til þess fallin að gera merkingu setningarinnar ljósari. Fleira er það að vísu í þessari grein sem mér finnst að eðlilegt væri að orða á annan hátt. En þetta hygg ég þó að skipti mestu máli, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess við hverja hæstv. núv. landbrh. á að eiga þegar um er að ræða slátrun búfjár.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, vil ég taka það fram, að það hlýtur að verða með þetta mál sem önnur þingmál, að afgreiðsla á brtt., sem kynni fram að koma, yrði að fara fram með eðlilegum hætti í hv. deild, en ekki að ósk einhvers þm. um breytingu á orðalagi. Hins vegar held ég, að það sé eins með þessi lög sem önnur, að þau miðast ekki við þann ráðh., sem kann að tala fyrir þeim þegar þau eru sett, heldur við þá sem framkvæma eiga lögin á hverjum tíma. Og það mun, held ég, ekki neitt nýtt í sögunni að kind er slátrað í eitt skipti fyrir öll, því ekki þekki ég annað.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði búist við því, þegar hv. 5. þm. Norðurl. e. stóð hér upp undir þessum dagskrárlið og ræddi um þetta frv., að hann mundi e. t. v. minnast á það nokkrum orðum hver hætta getur í því falist — eða mengun, eins og í tísku er að orða það í dag — að sláturhús séu jafn-ófullkomin og þau eru. Landsmenn sjálfir eiga jafnt á hættu hver sem menguninni veldur, ekki síst á jafnviðkvæmum matvælum og hér er um að ræða, rétt eins og þegar um verksmiðjur er að ræða sem reknar eru með erlendu fjármagni. Ég hygg að hér sé um stórt atriði að ræða sem væri hollt fyrir okkur sjálfa að athuga, ekki einungis í sláturhúsunum, heldur einnig, eins og ég hef orðið alláþreifanlega var við, í sambandi við fiskiðnað okkar. Hér þurfum við vissulega að vera vel á verði, ekki síður en þegar um leyfisveitingar fyrir stóriðjurekstri er að ræða, og skyldu menn íhuga vel að málstaður okkar er ekki sem

skyldi í þeim efnum. Mengun er jafnalvarleg hvaðan sem hún kemur og af hvaða völdum sem hún á sér stað.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi, var það ekki ætlun mín að ræða efni þessa frv. ítarlgea nú við 1. umr. En því hlýt ég nú að gefnu tilefni að víkja til hæstv. landbrh., að æskilegt mun vera talið að þegar við 1. umr. um lagafrv. komi fram gagnrýni sú sem tiltæk er á málum, áður en þau fara til n. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að frv. þessu verði ekki breytt nema með samþykki hæstv. þd. En ég ætla bara að vona að gagnrýni mín á orðalagi í fyrstu efnisgrein þessarar lagagreinar verði ekki til þess að hæstv. ráðh. bíti það í sig eindregið og leggi metnað sinn í að þessi efnisgrein verði óbreytt, því að í því fólst engin dulin meining né viðleitni til lítilsvirðingar í garð hæstv. ráðh. að ég gerði þessa athugasemd við orðalag efnisgreinarinnar. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að merkingin yrði ljósari með því að fyrrnefnd breyting yrði gerð á efnisgreininni. En sleppum því.

Hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson kvaddi sér hér hljóðs til þess að vekja athygli á hættu af mengun frá sláturhúsum og til þess að láta í ljós undrun sína á því, að fyrst ég kvaddi mér hér hljóðs, þá skyldi ég ekki minnast á þetta atriði. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að maður eftir mann úr hópi þeirra hv. þm., sem borið hafa sök á óafsakanlegu sinnuleysi, sýnt óafsakanlega þvermóðsku og leitt í ljós í eigin hugskoti óafsakanlegan skort á hæfileika til þess að meðtaka nýja vitneskju í sambandi við erlenda stóriðju hér á landi, — maður eftir mann úr þessum hópi hefur risið hér upp, komið að kalla á afturfótunum upp í ræðustól til þess að ræða um mengunarhættu af völdum okkar þjóðlegu atvinnuvega, fiskaðgerðarhúsa og sláturhúsa, til þess að reyna að breiða yfir afglapahátt sinn í samningum við erlenda auðhringi sem hér hefur verið leyft að skjóta rótum, til þess að breiða yfir sök sína á öðrum eins afglapahætti og þeim að leyfa í áratug starfrækslu á stóru áliðjuveri í grennd við þéttbýliskjarnann hérna við Faxaflóa, og halda áfram að afsaka þetta svívirðilega framferði þó svo að vitað sé að mengun frá þessu áliðjuveri er komin upp yfir hættumörk alla leið upp undir Esjurætur. Svo leyfa þessir menn, jafnvel komnir á þann aldur að þeir ólust upp lungann úr ævi sinni á því að éta kjöt af skepnum sem slátrað var á blóðvelli heima við hús, — svo leyfa þeir sér að koma upp í þessu sambandi og vekja athygli á mengunarhættu frá sláturhúsum þótt þau uppfylli ekki ströngustu kröfurnar sem gerðar eru nú á kjötmörkuðum í Ameríku um flísalagningu.

Okkur mun gefast, því miður vil ég segja, innan skamms tækifæri til þess að ræða og kryfja til mergjar afstöðu þessara manna til mengunarvarna í stóriðjuverum á Íslandi. Þá ætla ég að ég muni gefa mér tíma til þess að kanna öllu nánar en ég mun nú gera afstöðu hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar til mengunarhættu frá stóriðju á Íslandi, og gefa mér þá kannske tækifæri og tíma til þess að kanna það nokkuð með því yfirheyrsluformi, sem hægt er að koma fram samkvæmt þingsköpum, hvaða tíma hv. þm. hefur lagt í það að kynna sér þau mál.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. Ég vil aðeins taka það fram út af því sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um orðalag gr., að það hvorki snertir mig á neinn hátt og þó það gerði það, þá sé ég enga ástæðu til annars en að breyta orðalaginu í það sem betur mætti fara ef hv. þm. sýnist svo. Hins vegar er ekki minn þáttur annar en að láta skrifa upp lagagrein sem búin er að vera í gildi í lögum um alllangt skeið. En ég hef síst af öllu á móti því ef orðalagið mætti lagast við meðferð hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 360 (sbr. 50)). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur á fundi sínum rætt þá breytingu sem hv. Nd. gerði á frv. til l. um opinberar fjársafnanir og lýsir n. sig samþykka þessari breyt. Ekki var talin ástæða til að gefa út um þetta sérstakt nál., en þessu er hér með komið á framfæri við hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 385).

Neðri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 41, n. 323 og 330, 373). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Virðulegi forseti. Á síðasta fundi hér í d. urðu allmiklar umr. um þetta mál og í áframhaldi af því vil ég aðeins leggja hér nokkur orð í belg.

Það var hv. þm. Gils Guðmundsson, hv. 3. þm. Reykn., sem vék hér í sinni ræðu að vinnubrögðum varðandi þetta mál og þá sérstaklega að nál. sem borist höfðu, og réttilega benti hann á að undir nál., sem kallað er frá meiri hl. heilbr.- og trn., rita aðeins þrír nm. af sjö Tveir nm. í heilbr.- og trn. rituðu síðan undir nál. sem kallað var nál. minni hl. heilbr.- og trn. En um afstöðu tveggja hv. nm. var ekki getið. Þá kom í ljós í umr. hér síðast að bæði hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir höfðu hvor sína afstöðuna varðandi málið, en um það var ekki vitað, a. m. k. var mér ekki um það kunnugt þegar málið var afgreitt úr n., þannig að í raun og veru var hér um fjóra minni hl.

í n. að ræða. Það upplýstist síðan við umr. að tveir hv. þm., Sigurlaug Bjarnadóttir og Ragnhildur Helgadóttir, komu sér saman um sameiginlega afstöðu varðandi málið, þ. e. að vísa því til ríkisstj.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Gils Guðmundsson benti á, að hér er um mjög óvenjulega afgreiðslu máls úr n. að ræða. Ég vil þó taka það sérstaklega fram, að hér er ekki um að sakast við hv. þm. Jón Skaftason sem gegnir formennsku í heilbr.- og trn., því ég veit að hann hefur lagt alúð við nefndarstörf, stýrt n. af röggsemi og hefur allt viljað á sig leggja til þess að nefndarstörf færu fram með sómasamlegum hætti. En mér býður í grun að það hafi verið eins með hann og mig, að honum hafi ekki verið kunnugt um viðhorf þessara tveggja nm. Kannske hefur hann treyst á að þessir hv. þm., sem báðir eru stjórnarliðar, fylgdu línunni. En á einhvern hátt hefur það brugðist, því að bæði hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir og Ragnhildur Helgadóttir voru hér með aðra afstöðu heldur en þeir þrír stjórnarliðar, sem undirrita nál., tóku. En því miður er þetta engin undantekning að því er varðar vinnubrögð í nefndum. Það hefur verið svo ekki bara á þessu þingi, heldur og áður, að það er í raun og veru hörmungarsaga oft og tíðum hvernig gengur með nefndarstörf. Það er oft og tíðum þannig ástatt í a. m. k. sumum n., sem ég þekki til, að meiri hl. n. er fjarverandi, mætir ekki á fundum. Þetta er aðeins eitt lítið dæmi um þá í raun og veru ringulreið sem ríkir innan stjórnarliðsins, ekki bara í þingnefndum, heldur hér á Alþ. líka, á þingfundum. En ég tel réttilega gert hjá hv. þm. Gils Guðmundssyni að benda á þetta. Þetta er óeðlilegt og ber að varast að slíkt endurtaki sig og eigi sér stað.

Margir þeir hv. þm., sem ræddu þetta mál hér síðast, voru undrandi á þeim umr. sem átt höfðu sér stað þá. Ég var í raun og veru ekkert undrandi á afstöðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar eða ummælum hans um þetta mál. Það á við hann hið gamla spakmæli, að sök bítur sekan. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hann var einn af höfuðpaurunum í því að keyra þetta mál hér í gegn á haustþinginu 1975 fyrir ríkisstj. Ég er ekki viss um að hann hafi verið sannfærður sjálfur, þessi hv. þm., um réttmæti þess sem þarna var verið að gera. En hann féll fyrir foringjunum, keyrði þetta mál af hörku hér á þinginu og mælti mjög eindregið með að það næði fram að ganga.

Það kom mér hins vegar nokkuð á óvart að hv. þm. Ólafur G. Einarsson skyldi ráðast hatrammlega á sveitarstjórnarmenn í landinu fyrir þá afstöðu sem þeir hafa í þessu máli. Það hefur verið upplýst hér í umr. áður, að það er fjöldi sveitarstjórna og sveitarstjórnarmanna sem beinlínis hafa óskað eftir því að núverandi löggjöf yrði breytt í fyrra horf, á þann hátt að ríkissjóður tæki þátt í kostnaði við uppbyggingu á dvalarheimilum aldraðra. Ég a. m. k. efast mjög um að rétt sé sú fullyrðing hv. þm. Ólafs G. Einarssonar að sveitarstjórnarmenn, eins og hann orðaði það, hafi hafnað þeirri bónbjargastefnu að ríkissjóður tæki þátt í kostnaði við uppbyggingu dvalarheimila aldraðra. Þetta er engin bónbjargastefna, síður en svo, og það skilur hv. þm. Pétur Sigurðsson, hv. 8. þm. Reykv. Hann skilur vel hvað hér er á ferðinni að fenginni reynslu í sambandi við þessi mál, og hann er eindregið, að því er ég best skildi af hans máli hér síðast, þeirrar skoðunar að það beri að taka upp stefnuna sem mörkuð var 1973, þ. e. a. s. að ríkissjóður taki þátt í þeim kostnaði sem af þessu leiðir. Þetta er meiri skilningur hjá hv. 8. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, heldur en hjá hv. 5. þm. Reykn., Ólafi G. Einarssyni, og er kannske ekkert við því að segja. Menn eru misjafnlega skilningsríkir á þörf og nauðsyn og réttlæti í þjóðfélaginu.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson spurði hvort allt væri í raun og veru að farast út af þessu máli. Hann er greinilega undrandi á því að sveitarstjórnarmenn og nokkrir þingmenn, að vísu of fáir, skuli vilja ræða þessi mál, þegar þau ber á góma, ekki síst með hliðsjón af því hver vinnubrögð voru viðhöfð haustið 1975 þegar lögunum var breytt í það horf sem þau nú eru. Það er ða sjálfsögðu ekki allt að farast þó að menn láti í ljós skoðun sína og vilja, þó að sú skoðun og sá vilji sé annar en vilji hv. þm. Ólafs G. Einarssonar og fari þvert á hann. En það er vissulega á því þörf að gera a. m. k. tilraun til þess að gera þeim, sem ráða ferðinni í þessum málum, skiljanlegt að það er til annars ætlast af þeim heldur en að halda áfram að mismuna á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum hinum ýmsu sveitarfélögum og íbúum landsins eftir því hvar viðkomandi er búsettur. Það ætti öllum, sem vilja skoða þetta mál og kynna sér það, að vera ljóst að hinum fámennari sveitarfélögum víðs vegar úti um landið er gjörsamlega ofviða að standa ein undir framkvæmdum af þessu tagi, nema því aðeins að það verði komið það myndarlega á móts við þau að þeim verði séð fyrir tekjustofnum þar að lútandi. Það hefur ekki verið gert og eru engar líkur á því að það eigi að gera.

Það er öllum ljóst hver ástæðan var fyrir því, að sú mikla áhersla var lögð á þessa breyt. haustið 1975. Höfuðröksemdirnar fyrir því, að þetta var gert, voru þær, að það var talið nauðsynlegt að lækka útgjaldatölu fjárlaga með einhverjum hætti. Þá var gripið til þessa m. a., að vísa þessu yfir á sveitarfélögin sem áður hafði verið að hluta á ríkissjóði. Það var eitt af úrræðunum til þess að lækka fjárlög ársins 1976. Þá var ekki um það hugsað hvernig það kæmi niður á hinum einstöku sveitarfélögum og íbúum né hvaða afleiðingar slík breyting kynni að hafa. Þeir, sem þá réðu ferðinni og ráða ferðinni enn, höfðu það eitt í huga að lækka fjárlagatöluna. Það eitt var næg ástæða til þess að beita svo að segja hvaða vinnubrögðum sem talið var þurfa til að koma þessu stefnumarki fram. Þetta er höfuðástæðan, að ég held, fyrir því að þetta var gert. Og því miður voru allt of margir hv. þm. sem hér eiga sæti á Alþ. og eru kunnugir sveitarstjórnarmálum, — því miður voru allt of margir sem létu hafa sig til þess að ljá samþykki sitt við þessu.

Það var engu líkara en það væri ofarlega í huga hv. þm. Ólafs G. Einarssonar að fordæma

það að ýmis sveitarfélög höfðu farið út í framkvæmdir við byggingu dvalarheimilis aldraðra eftir að lögin frá 1973 höfðu verið samþ. Hann orðaði það á eitthvað á þá leið, að sveitarfélög hefðu verið hvött til þess að fara út í framkvæmdir þessar. Það er að vissu leyti rétt. Þetta var breyting frá því sem áður var af hálfu ríkisins. Hér var komið til móts við þær kröfur sem uppi höfðu verið lengi um þátttöku ríkissjóðs í þessum kostnaði, þó að vissulega hefði verið æskilegra að þáttur ríkisins hefði verið stærri. En það var þó komið til móts við þessar kröfur með því að haga löggjöfinni á þann hátt sem gert var, að ríkissjóður tæki með þessum hætti þátt í kostnaði.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði að fjárveitingar hefðu aldrei verið nægar, þetta hefðu verið smánarlegar upphæðir. Hvenær telja menn fjárveitingar nægar til hinna ýmsu verkefna sem verið er að vinna að á hverjum tíma? Ætli þetta hafi ekki verið einsdæmi um það, að fjárveitingar til hinna ýmsu málaflokka hafi ekki verið nægar, það hafi ekki þurft meira? Ég hygg að það væri hægt að finna ótalmarga málaflokka sem hægt væri að segja hið sama um og hv. þm. Ólafur G. Einarsson orðaði í sambandi við þetta. Auðvitað eru í flestum, ef ekki öllum tilfellum fjárveitingar ekki nægar til hinna ýmsu verkefna. Og hafi þetta verið svo, eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði, að hér hafi verið um svo smánarlegar upphæðir að ræða, þá hefði það ekki átt að skipta sköpum fyrir ríkissjóð þó að þessu hefði verið haldið áfram. En hvað lá þá á bak við hið mikla kapp sem á það var lagt að breyta þessu, koma þessu yfir á sveitarfélögin? Það er spurning sem ég held að menn ættu að velta fyrir sér og þeir, sem beittu sér fyrir breytingunni, ættu að svara skýrt og skorinort. Hvers vegna var það sem þeir lögðu þetta ofurkapp á að hér yrði breyting gerð á?

Það er alveg ljóst, hvað sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson segir, að a. m. k. stór hluti sveitarstjórnarmanna víðs vegar um landið hefur óskað eftir því, að þetta yrði fært aftur í hið fyrra horf og að ríkið sé aðili að þessari uppbyggingu og taki þátt í kostnaði. (**Gripið fram í**: Þetta er algjörlega rangt hjá þm.) Algjörlega rangt hjá þm., segir hv. þm. Ólafur G. Einarsson. Það væri kannske út frá þessari fullyrðingu forvitnilegt að fá um það vitneskju frá þessum hv. þm. sem stjórnarmanni í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, hvaða sveitarstjórnir það eru á landinu sem hafa gefið um það yfirlýsingar eða óskað eftir því að fast yrði staðið á því nú að breyta ekki þessari löggjöf í fyrra horf. Hvaða sveitarstjórnir eru það? Það var vitnað til þess fyrr í þessum umr. af hv. þm. Benedikt Gröndal, að hann hefði fengið um það óskir frá sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjórnum um að breyta þessu í fyrra horf, og það er enginn vafi á að það liggja fyrir óskir frá fleiri aðilum heldur en hann gerði grein fyrir. En það væri fróðlegt ef hv. þm. Ólafur G. Einarsson vildi upplýsa þingheim um það, hvaða sveitarstjórnir hafa hafnað því að lögunum yrði breytt aftur í fyrra horf. (Gripið fram í.) Ég þykist vita að það sé til einstaka sveitarstjórnarmaður á einhverjum stöðum sem er þeirrar skoðunar, ég veit ekki hvort af sannfæringu eða réttlætiskennd frekar en af tryggð og dyggð við hv. þm. Ólaf G. Einarsson eða hans lífsviðhorf í þessum efnum. Það kann að vera að það fyndist einhver sveitarstjórnarmaður sem fengist til þess að segja að hann vildi halda óbreyttri löggjöf eins og hún er nú. En þeir eru ábyggilega fáir og þeir eru ábyggilega í minni hl., ef einhverjir fengjust sem vildu gefa slíka yfirlýsingu.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson ætti að muna þær miklu umr. sem áttu sér stað í sambandi við þessa margumtöluðu verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga haustið 1975. Hann sat þá undir harðri gagnrýni sveitarstjórnarmanna víðs vegar að, jafnt eigin flokksmanna sem annarra, fyrir að beita sér harkalega fyrir vagni hæstv. fjmrh. í þessum efnum. Og ég hygg að hann sé ekki búinn að gleyma því hvað þá gekk á, þegar þetta var á döfinni, og mér er ekki um það kunnugt að þeir, sem snerust þá harkalegast gegn þessari breytingu, hafi skipt um skoðun. En það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar, ef hv. þm. Ólafur G. Einarsson gæti veitt þær hér, hvort þeim mönnum hafi snúist hugur í þessum efnum sem harðast voru á móti þessu haustið 1975 af sveitarstjórnarmönnum. Ég þori a. m. k. að fullyrða að sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjórnum á hinum fámennari stöðum hefur ekki snúist hugur í þessu. Það má vel vera að umboðsmenn í bæjar- og sveitarstjórnum Reykjavíkursvæðisins hafi fengið um það mjög ákveðnar óskir að breyta þessu ekki í hið fyrra horf. Um það er mér ekki kunnugt. En væntanlega upplýsir hv. þm. þá líka hvaða svæði það eru sem vilja halda þessu eins og það er.

Ég held að það sé alveg ljóst, að það er vilji yfirgnæfandi meiri hl. sveitarstjórnarmanna að ríkið sé þátttakandi í kostnaði við þessa uppbyggingu. Viðhorf hafa ekki breyst frá því sem áður var í þeim efnum, og það er auðvitað nægjanleg ástæða fyrir því að samþ. nú það frv., sem hér er til umr., og staðfesta með því álit frá minni hl. heilbr.- og trn. sem leggur til að frv. verði samþ. Ég held a. m. k. að það verði að koma fram veigameiri rök gegn því, að það eigi að gera, heldur en komið hafa fram í þeim umr. sem orðið hafa um málið að þessu sinni, — umr. sem að miklu leyti eru í svipuðum dúr og umr. sem áttu sér stað þegar bandormurinn svokallaði var afgreiddur hér á Alþ. haustið 1975. En líklega fer í þessu sem svo allt of mörgu öðru, að hv. þm. stjórnarliðsins hér á Alþ. ætla enn sem fyrr að halda áfram stefnumörkun í þessum efnum í andstöðu við yfirgnæfandi meiri hl. almennings í landinu, ef svo verður sem mér sýnist allt útlit fyrir, að þetta frv. verði fellt eða því verði vísað til hæstv. ríkisstj., sem er þá bara hægara andlát en að fella það strax í deildinni.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Í umr. um þetta frv. í s. l. viku kom það fram hjá hv. fyrra flm. þess, að hann taldi vera jákvæðari afgreiðslu á frv. að vísa því til hæstv. ríkisstj. en að leggja til að það yrði fellt, af ástæðum, sem um getur í nál. á þskj. 323. Þótt

ég telji að ekki sé ýkjamikill munur á þessum tveimur afgreiðslum, miðað við þá málavöxtu sem hér eru fyrir hendi, þá get ég þó fallist á að greiða fram kominni till. á þskj. 373, þar sem lagt er til að málinu verði vísað til ríkisstj., atkv. af þeirri ástæðu sem ég gat um í upphafi. Um þessa afstöðu hef ég haft samband við meðnm. mína á nál. meiri hl. og eru þeir henni sammála. Ég vona að þessi breytta afstaða okkar, sem að því nál. stöndum, verði til þess að stytta umr. um málið.

En til viðbótar þessu vil ég aðeins segja það út af ummælum hv. síðasta ræðumanns, að á því er ekki nokkur minnsti vafi að frv. þetta fékk lögmæta afgreiðslu úr þeirri n. sem frv. hafði til athugunar. Á þeim fundi n., sem frv. var afgreitt á, sátu fimm menn og er því ótvíræður meiri hl. í n. Fundurinn var því lögmætur. Það er enginn vafi á því, að þrír af fimm eru líka meiri hl. í n. Með hliðsjón af þessu og eftir að hafa borið sig saman við Jóhannes Halldórsson deildarstjóra hér um fráganginn á nál. og eftir að hann hafði sagt að þetta væri skv. venju hér í þinginu, þá var nál. gefið út sem nál. meiri hl., þannig að ég tel að þarna hafi verið farið að réttum leikreglum.

Hv. þm. Karvel Pálmason talaði um að ekki hafi verið þekkt afstaða þeirra hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur og Ragnhildar Helgadóttur, sem skipa heilbr.- og trn. Nd., en þær gátu ekki mætt á þessum fundi. Það var eðlilegt þegar af þeirri ástæðu að þær voru ekki mættar. Ég fæ hins vegar ekki skilið hvernig hv. þm. kemst að þeirri niðurstöðu að hér geti verið um fjóra nefndarhluta að ræða í sambandi við þetta frv., því það er ljóst að sú till., sem þessir tveir hv. þm. flytja og til viðbótar þeim hv. þm. Pétur Sigurðsson, getur á engan hátt talist nál.

Að þessu sögðu vænti ég þess, að ekki þurfi að ríkja ýkjamikill ágreiningur um sjálfa formlega afgreiðslu málsins.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri afstöðu sem form. hv. n. og meðnm. hans hafa tekið í sambandi við afgreiðslu þessa frv. Ég vil hins vegar undirstrika það, að þótt ég hafi gerst meðflm. að þeirri frávísunartillögu sem hér liggur fyrir, þá er stuðningur við hana ekki byggður á þeirri skoðun sem kom fram í ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar, að málið fái með slíkri afgreiðslu hægan og rólegan dauða í staðinn fyrir skyndiskot, eins og lagt var til í byrjun. Hins vegar viðurkenni ég fyllilega það vandamál sem uppi er um skiptingu starfa á milli ríkis og sveitarfélaga, þótt ég sé hins vegar ekki sammála flokksbróður mínum hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, um hvernig að því hefur verið staðið. Þess vegna vil ég að þetta mál verði skoðað rækilega í þeim viðræðum sem nú fara fram um þessa skiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, og því fagna ég að sá stuðningur fæst við þessa till. sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar, en þó með því fororði að málið verði athugað nánar og áfram.

Annars ætlaði ég ekki að taka til máls nema vegna þeirra orða sem féllu hér s.l. miðvikudag hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni. Ég ætla ekki ekki að blanda mér í orðahnippingar þeirra félaganna þarna á Reykjanesinu. Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum var, þótt ótrúlegt sé, töluvert fjaðrafok út af síðasta geirfuglinum. En þannig mátti helst skilja orð hv. þm. Gils Guðmundssonar, þegar um var að ræða Ólaf G. Einarsson, að þar væri um að ræða síðasta íhaldsmanninn hér á landi og alla vega í þessari hv. d., sem ég kannast nú ekki alveg við, því þeir finnast að sjálfsögðu í öllum flokkum og eru nauðsynlegir sem slíkir.

En það, sem ég vildi reyna að afstýra, var að hv. 5. þm. Reykn. færi í einhverja frambúðarfýlu yfir orðum mínum sem hann misskildi allrækilega, vegna þess að þegar ég talaði um sveitarfélög, þá sagði ég: sum sveitarfélög sem ég hefði átt viðskipti við. Og m.a. stend ég hér upp nú til að segja frá því, að mér er bæði ljúft og skylt að skýra frá því, að það sveitarfélag, sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur verið einn af forsvarsmönnum fyrir, hefur komið fram bæði höfðinglega og vel við þau samtök sem ég telst í forsvari fyrir og eru nú að byggja nýtt dvalarheimili í hans kjördæmi. Þó að hann fái ekki út úr mér hér á þessum stað skoðanir mínar á öðrum sveitarfélögum, þá mun hann mjög vel vita það og taka eftir því, næst þegar hann gengur út á stétt úr ráðhúsi þeirra garðbæinga og lítur til vesturs og signir sig, og þá mun hann, þegar hann minnist þessara orða minna, draga vinstra augað í pung.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í deilum um hvort til hafi verið einhver meiri hl. í hv. heilbr.- og trn. og ekki heldur að ræða það, hvort beri að fella þetta frv. hér eða vísa því til ríkisstj. Það finnst mér ekki raunverulega skipta meginmáli. En ég tel mér nauðsyn að segja hér nokkur orð til viðbótar því, sem ég sagði um daginn, vegna ummæla, sem hér hafa fallið, einkum frá hv. þm. Benedikt Gröndal og Karvel Pálmasyni.

Þeir töluðu báðir um að ég hefði í ræðu minni um dagnin ráðist hatrammlega að sveitarstjórnarmönnum í landinu fyrir afstöðu þeirra, eins og hv. þm. Karvel Pálmason orðaði það, og ég hefði verið að skamma sveitarfélögin eins og þau hefðu gert eitthvað ósæmilegt, eins og ég held að hv. þm. Benedikt Gröndal hafi komist að orði. Ég kannast ekki við að hafa hagað orðum mínum þannig að svona megi túlka þau. Ég ræddi um það, að þrátt fyrir lög um stuðning ríkisins við byggingu dvalarheimila aldraðra sem sett voru 1973 og giltu í tvö ár, þá sagði ég að sveitarfélögin í landinu hefðu ekki með þeirri löggjöf eignast neinn lögvarinn rétt til fjármagns úr ríkissjóði vegna framkvæmda sem þau legðu út í á þessu sviði. Hins vegar voru þau með þessari löggjöf vissulega hvött til framkvæmda, og ég held að sú hvatning hafi ekki verið að öllu leyti réttmæt, þegar svo þessi sveitarfélög fara af stað, en fá ekki framlög úr ríkissjóði sem þau höfðu kannske ástæðu til að ætla að þau mundu fá.

Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því hvað þetta vandamál, ef vandamál skyldi kalla, er stórt, hvað mörg sveitarfélög fóru út í byggingu dvalarheimila á gildistíma þessara laga frá 1973—1975. Sveitarfélögin eru að vísu

nokkuð mörg vegna þess að þau bundust samtökum á nokkrum stöðum í landinu, en ég held ég fari rétt með þegar ég segi að það munu vera fjögur dvalarheimili í byggingu sem hafnar voru framkvæmdir við á gildistíma þessara laga. Þessi elliheimili eru á Akranesi, fyrir Akranes og nærsveitir, á Dalvík, á Hellu og á Húsavík, en það standa mismunandi mörg sveitarfélög að þessum framkvæmdum. Fleiri dvalarheimili eru vissulega í byggingu, en það er vafasamt að það sé á nokkurn hátt hægt að tengja þær framkvæmdir því að þessi lög voru í gildi þessi tvö ár. Ég skal nefna þrjá staði þar sem dvalarheimili eru í byggingu og var byrjað á áður en lögin 1973 gengu í gildi og þess vegna hafði hugsanlegur styrkur ríkisins engin áhrif á ákvörðunartöku þessara sveitarfélaga um að ráðast í slíkar framkvæmdir. Þetta er í Borgarnesi, á Egilsstöðum og á Akureyri. Það má kannske nefna einn stað í viðbót, Flateyri, sem kominn var inn á fjárlög, en framkvæmdir voru ekki hafnar þegar lögin voru felld úr gildi. Þannig held ég að megi segja að það séu fjórir aðilar sem hófu þessar framkvæmdir kannske beinlínis vegna þess að lögin um fjárhagslegan stuðning ríkisins voru í gildi. Vandi þeirra er því nokkuð annar en hinna, sem voru komin af stað og fjárframlag úr ríkissjóði gat ekki haft nokkur áhrif á þeirra ákvörðunartöku. Við hljótum að álykta sem svo, að fyrst framkvæmdir voru hafnar án þess að í vændum væri stuðningur frá ríkinu, þá væru þessi sveitarfélög komin með fjármögnunaráætlun fyrir sínar framkvæmdir, en hin hlutu í sínum fjármögnunaráætlunum að gera ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði. Vanda þessara sveitarfélaga þarf vissulega að leysa og er unnið að tillögugerð um það. Það er unnið að tillögugerð um að þau fái sérstök aukaframlög úr Jöfnunarsjóði, a.m.k. vegna framkvæmda sem áttu sér stað á árinu 1975, og þessara till. er að vænta nú bráðlega.

Varðandi afstöðu sveitarstjórna til þessara mála, þá hef ég að sjálfsögðu ekki neina skrá yfir afstöðu einstakra sveitarstjórna í landinu til þess hvort þær vilja að horfið verði aftur til hinnar fyrri skipunar þessara mála, að ríkissjóður styrki byggingu dvalarheimila. Ég hef vísað til afstöðu bæði fulltrúaráðsfunda Sambands ísl. sveitarfélaga og landsþinga og ályktana stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga í þessum málum, og þar hefur stefnumörkunin verið alveg skýr og ótvíræð. Sveitarstjórnarmenn hafa reynt að vera samkvæmir sjálfum sér þegar þeir eru að tala um stefnuna í verkaskiptingarmálunum, þ.e.a.s. að koma þar á skýrari skiptingu en verið hefur, hætta að vera að rugla þessu saman, framkvæmd og fjárhagslegri ábyrgð, sem er enn verið að reyna að gera með því frv. sem hér er til umr. Það var höggvið á þennan hnút sem ýmsa aðra með lögunum 1975, en nú á sem sagt að hverfa aftur til hins fyrra fyrirkomulags sem er öllum til óþurftar, það fullyrði ég. Það eru ekki óskir meiri hluta sveitarstjórnarmanna að til þess fyrirkomulags verði horfið að nýju.

Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði að þetta frv. væri beinlínis samið skv. beinum óskum frá sveitarstjórnum. Ég er ekkert að rengja það. Ég hef kannað það að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi gerðu um þetta ályktun, sem er í samræmi við það frv., sem hv. þm. Benedikt Gröndal er fyrri flm. að. Ég bendi hins vegar á það, að ég er ekki í neinum vafa um að það er fyrir þrýsting frá bæjarstjórn Akraness, vegna þess að á þeirri sveitarstjórn brennur eldurinn kannske nokkuð heitt. Þeir eru með dvalarheimili í byggingu og hófu framkvæmdir, eins og ég sagði áðan, á gildistíma laganna, og það er kannske ekki nema mannlegt a.m.k. meðan þetta snertir þá sérstöku sveitarstjórn, að óska eftir slíkum stuðningi áfram eins og hann var.

Ég tók fram áðan og ég stend við það, að vandi þeirra sveitarfélaga, sem hófu framkvæmdir á gildistíma laganna, er nokkuð annar vegna þess að þeir hljóta að hafa tekið það inn í sína fjármögnunaráætlun að ríkisframlag fengist á byggingartímanum. Mér er líka kunnugt um að Samband sveitarfélaga á Austurlandi, ályktaði eitthvað hliðstætt, ekki þó ágreiningslaust. En ég þekki enga aðra sveitarstjórn eða samtök sveitarfélaga sem hafa ályktað í þá áttina, að það yrði horfið til hins fyrra skipulags, ekki eina einustu sveitarstjórn. Ég var að koma áðan af stjórnarfundi hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og þessi mál voru þar til umr., ekki vegna þessa frv., heldur vegna þess að það er, eins og ég sagði áðan, unnið að tillögugerð um að leysa vanda þeirra sem eru með elliheimili í byggingu. Ég kannaði sérstaklega hvort hefði orðið einhver breyting á afstöðu einstakra stjórnarmanna í Sambandi ísl. sveitarfélaga og svo er ekki. Það hefur engin breyting orðið þar. Menn eru eindregið þeirrar skoðunar að það eigi ekki að hverfa til hins fyrra fyrirkomulags.

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði að hann teldi að þegar ég var að tala hér fyrir lögum um verkaskiptingabreytingu 1975, þá hefði ég kannske ekki verið sannfærður sjálfur, heldur fallið fyrir foringjunum, eins og ég held að hann hafi orðað það. Ég hef aldrei skorast undan ábyrgð á því að eiga nokkurn þátt í þeirri lagasetningu, og ég get sagt hv. þm. það, að ég hef lengi haft þessa skoðun, að svona ætti að breyta verkaskiptingunni. Ég barðist beinlínis fyrir því, ekki skv. beiðni neins af foringjunum, ef við eigum að orða það svo, heldur vegna þess að þetta er mín persónulega sannfæring, að það eigi að breyta verkaskiptingunni í þessa átt og enn þá frekar en gert hefur verið.

Ég vil segja líka hv. þm. það, að á bak við lögin frá 1975 lá þessi sannfæring hjá mér persónulega og ég vona öllum þeim þm. sem greiddu lögunum atkv., að það væri rétt að breyta verkaskiptingunni í þessa átt sem við gerðum. Hitt er gjörsamlega út í hött, að vera að tala um að þetta hafi verið gert til þess að lækka fjárl. Hér var um „prinsip"-ákvörðun að ræða í verkaskiptingamálunum. Hitt var hreinn hégómi hjá því hvort sveitarfélögunum yrði séð fyrir tekjustofnum eða ríkinu til þess að gera þetta sama. Það er út í bláinn að vera að gera eitthvert mál úr þessu — algjörlega út í bláinn.

Það, sem hér er aðalmálið, er að um þetta er pólitískur ágreiningur hér á Alþ. og sjálfsagt líka í sveitarstjórnum. Þetta er einfaldlega ágreiningur um hvort við viljum í verki dreifa valdinu, yfirfæra fleiri verkefni til sveitarfélaganna, eða

hvort við viljum áframhaldandi og jafnvel aukið miðstjórnarvald. Ég er satt að segja ekkert hissa á því þótt sósíalistar hér á Alþ. standi upp og mæli fyrir svona máli. Þetta er nákvæmlega í samræmi við þeirra stefnu. Við skulum átta okkur á að þetta er meginmálið og út frá því sjónarmiði ber okkur að ræða það.

Það kann að vera, fyrst minnst var á hv. þm. Pétur Sigurðsson, að það sé líka ágreiningur innan Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Menn eru kannske til með mismunandi sósíalistískar tilhneigingar í þeim flokki sem sumum öðrum. En við hv. þm. Pétur Sigurðsson vil ég aðeins segja það, að ég er ekki í neinni frambúðarfýlu við hann, síður en svo. Við höfum átt mjög ánægjuleg samskipti einmitt um þessi mál.

Fleira þarf ég, held ég, ekki að tíunda í sambandi við þetta. Ég legg að lokum áherslu á að Alþ. fari ekki enn að hræra í þessum málum meira en gert hefur verið. Lögin um stuðning ríkisins voru í gildi í tvö ár, það var allt og sumt. Þau voru numin úr gildi 1975, og við skulum ekki á árinu 1977 fara að hverfa til hinnar fyrri skipunar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs fyrst og fremst vegna ummæla sem hv. 5. þm. Vestf. hafði um störf heilbr.- og félmn. og lét þau orð raunar gilda um störf n. í þinginu yfirleitt. Hann lét að því liggja að störf þessi væri mjög losaraleg, illa væri mætt á nefndarfundum og að störfum þannig staðið yfirleitt að það bæri vott um glundroða í stjórnarliðinu. Hv. þdm. finnst nú kannske einkennilegt að ég standi hér upp til að gera aths. við þessi ummæli. Ég veit nefnilega sem er og vona að hv. þm. fyrtist ekki við það, að ég segi að enginn hv. þdm. tekur þessi ummæli alvarlega. Það alvarlega við þau er hins vegar það að þau eru sögð hér opinberlega. Þau birtast á prenti í þingtíðindum e. t. v. er frá þessum ummælum hv. þm. skýrt í fjölmiðlum og almenningur heldur að hér sé farið með rétt mál, að raunverulega sé það svo, að störf þingnefnda séu aðfinnsluverð, glundroði sé í störfum þeirra og þá ekki síst í stjórnarliðinu.

Áður en lengra er haldið vil ég taka það fram að því er mig sjálfa varðar, — það hefur komið fram nokkrum sinnum í ræðum manna að ég var ekki viðstödd á þessum fundi, — að á dagsetningu nál. sé ég að þann dag var ég einmitt stödd í Danmörku svo að erfitt átti ég nú með að sækja fundinn. Ekki dettur mér í hug að það valdi neinum glundroða í starfi þeirrar n. sem hv. þm. er í þó ég sé ekki stödd þar á fundi með honum, enda mun hann ekki hafa átt við það. Þvert á móti veit ég að form. n., hv. 4. þm. Reykn., hefur sýnt mikla lipurð í því að reyna að finna þann fundartíma sem flestir nm. geta sameinast um að henta þyki. Hafi það ekki tekist, þá hefur þessi n. sem og flestallar aðrar þn. átt mjög hægt með að ræða málin innbyrðis og komast að sameiginlegum niðurstöðum.

Orð hv. þm. gefa ranga hugmynd um þau vinnubrögð sem í raun og veru eru hér í Alþ. Störf n. eru einmitt mjög málefnaleg og menn sýna hver öðrum yfirleitt mikla tillitssemi og tilhliðrunarsemi ef á þarf að halda í sambandi við fundarsókn. En vitanlega þarf að halda uppi og standa fast við boðaða fundi ef fundarfært er, eins og raunar var á þessum fundi.

Ég vil sem sagt ítreka það, að mér fannst ástæða til að mótmæla ummælum hv. þm. og þeim neikvæða tón í garð þn. og þm. sem þar kom fram og var að öllu leyti ómaklegur.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þarf væntanlega ekki að taka það fram einu sinni enn, að sem flm. málsins mun ég greiða atkv. með að það verði samþ. Engu að síður finn ég hjá mér hvöt til að láta í ljós ánægju yfir að hv. 4. þm. Reykn. og félagar hans að nál. hafa breytt því á þá lund, að þeir ætla að styðja till. um að vísa málinu til ríkisstj. í staðinn fyrir að það verði fellt. Ég hef áður útskýrt hvers vegna ég tel að töluverður munur sé á þessu tvennu í þessu máli, og það byggist á því í fyrsta lagi, að n. er sögð vera að endurskoða þetta mál og mér þykir ólíklegt að hún mundi leggja til skipan mála sem nýlega væri búið að fella á Alþ. Einnig skiptir nokkru máli að fram hefur komið allverulegur skoðanaágreiningur meðal stjórnarþm. Ég tel því að það sé farsælla fyrir framtíð málsins ef því er vísað til ríkisstj. heldur en að það væri hreinlega fellt á þessu stigi.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. með því að fjalla mikið um efni málsins, en verð þó að gera örfáar aths. við síðustu ræðu hv. 5. þm. Reykn., Ólafs G. Einarssonar. Hann hefur auðheyrilega skoðað þetta mál örlítið síðan við ræddum það síðast og gert sér grein fyrir því hvar elliheimili eru í byggingu og hver þeirra var hafið að byggja eftir að lögin um ríkisstyrk voru samþ. Ég vil þó benda honum á að það er allt of þröng túlkun hjá honum að telja þetta mál skipti ekki önnur sveitarfélög en þau sem byrjuðu á dvalarheimilum eftir að lögin voru samþykkt. Á þeim sveitarstjórnarfundi, sem ég nefndi, tók til máls sýslumaðurinn í Borgarnesi sem hefur haft mikið með byggingu elliheimilisins þar að gera, og honum var ekki minna áhugamál en öðrum að ríkisstyrkurinn yrði tekinn upp af því að efnahagur hefur verið þannig að engu sveitarfélagi eru slíkar framkvæmdir léttar. Þar að auki má benda á, að við vitum ekki hverjir hafa horfið frá því eða frestað því að hefja byggingu dvalarheimila eftir að lögin voru þurrkuð út tveim árum eftir samþykkt þeirra og þegar fréttist um þann vanda sem þau sveitarfélög lentu í sem höfðu orðið fyrir þeirri ógæfu, vil ég segja, að byrja framkvæmdir í trausti á lögin.

Hin pólitíska niðurstaða hv. þm. er að þetta mál sé deila á milli þeirra annars vegar, sem vilja dreifa valdinu í þjóðfélaginu með því að fá sveitarfélögunum meiri áhrif og meiri fjárráð, og hins vegar þeirra sem vilja ekki dreifa valdinu og vilja efla miðstjórnarvald ríkisins sjálfs. Ég mótmæli þessari röksemdarfærslu algerlega, vegna þess að jafnaðarmenn hafa a. m. k. — ég vil ekki tala fyrir hönd annarra — alla tíð lagt sömu áherslu á sveitarfélög og ríki hvað félagsleg eða atvinnuleg mál snertir. Í báðum tilvikunum er um opinbera aðila að ræða þar sem allir kjósendur hafa aðstöðu til að velja valda-

menn og móta ríkjandi stefnu. Um þetta gæti ég nefnt mörg dæmi, bæjarútgerðir og fjöldamargt fleira. Ég vísa því algerlega á bug að þetta mál eða önnur, sem við flytjum, beri nokkurn vott um að við viljum hindra aukin áhrif sveitarfélaganna. Aftur á móti er ástæða til að benda á að það er miklum vandkvæðum bundið að draga skýra línu á milli í málum sem opinberir aðilar verða að skipta sér af, sveitarfélög annars vegar og ríkið hins vegar. Þetta var gert í nokkrum flýti eins og fleira undanfarin ár á sviði lögreglumála, og ég hef ekki heyrt úr ýmsum byggðum annað en menn sjái alvarlega ókosti ekkert síður en kosti við að þarna er alveg skilið á milli. Ég tel því að lýðræðislegt vald almennings og kjósenda á sviði sveitarfélaga og á sviði ríkisins hjá svo lítilli þjóð séu ekki tveir þættir svo ólíkir að það geti verið nokkurt pólitískt stefnumál að hafa þar djúp á milli. Ég tel að það væri nauðsynlegt að hjá báðum, bæði sveitarfélögunum og ríkisvaldinu, væri samræmi á milli tekna og verkefna. Ég tel einnig að á allra síðustu árum hafi kröfur landsmanna til opinberra aðila aukist öllu meira á sviði sveitarfélaganna heldur en ríkisins sjálfs. Þau hafa því átt við mikla fjárhagslega erfiðleika að etja við að koma upp þeim mannvirkjum sem fólk telur heyra til þeim lífskjörum sem allir vilja hafa.

Að lokum þetta: Ef hv. þm. hefur eins mikinn áhuga á að dreifa valdinu og hann segir, þá vænti ég að hann muni styðja heils hugar frv. jafnaðarmanna um atvinnulýðræði og dreifingu á því valdi sem þar er um að tefla.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem fram hefur komið.

Hv. þm. Jón Skaftason taldi sig ekki geta skilið hvernig ég fengi það út að hér hefði í raun og veru verið um að ræða fjögur nál. eða fjóra minni hl. heilbr.- og trn. Ætti ekki að vera erfitt fyrir jafnreikningsglöggan mann og hv. þm. er að koma auga á það. Það er nál. meiri hl. sem hann skrifar undir ásamt tveim öðrum, nál. okkar tvímenninganna sem kallað var minni hl. heilbr.- og trn., álit hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur sem hún lýsti yfir við umr. s. l. miðvikudag, að ég held, að hún mundi sitja hjá við atkvgr., og síðan yfirlýsing eða till. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, einnig nm. í heilbr.- og trn., sem lýsti yfir að hún mundi leggja til að málinu yrði vísað til ríkisstj. (**JSk:** Þetta er ekki rétt.) Ég sagði það mætti ætla að hér væri um fjóra minni hl. í n. að ræða. Tvö nál. hafa verið prentuð sem þskj., en þessar tvær yfirlýsingar til viðbótar gefa það til kynna í raun og veru að það eru fjögur meginsjónarmið uppi í n., í fjórum pörtum. Þetta er alveg ljóst, að ég held. Ég skil ekkert í jafnglöggum manni og hv. þm. Jón Skaftason er að hann skuli ekki skilja þetta. Þetta er svo augljóst sem það getur verið.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir taldi að ég hefði farið óviðurkvæmilegum orðum um nefndarstörf hér á Alþ. Ég er nú einu sinni þannig gerður, að ég vil helst að fólk viti hvað ég er að fara og meina. Ég skil ekkert í hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur ef hún ætlar að fara að segja annað hér á hv. Alþ. en að mikill misbrestur sé á störfum n. í þinginu, hefur verið í vetur og var ekki síður í fyrravetur. Það þýðir ekkert annað en að horfast í augu við þær staðreyndir, að nefndarstörf, — nú er ég að tala um þær n. sem ég á sæti í, ég er ekki að tala um aðrar, — nefndarstörf í þeim n, sumum hverjum a. m. k., eru allt annað en glæsileg. Ég tók það þó, að ég held, skýrt fram að því er varðaði heilbr.- og trn. og formann þeirrar n. að hann legði talsvert mikið á sig, eins og honum er lagið, enda er maðurinn skilningsgóður eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tók fram, með afbrigðum sanngjarn, enda á hann, að því er manni sýnist, erfitt uppdráttar í Framsfl. Ég undanskildi hann því að ég væri á nokkurn hátt að deila á hann í þessu sambandi, síður en svo. Hann á allt gott skilið í þeim efnum. En eigi að síður er þetta staðreynd og því þýðir ekki að neita. Hvort sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir eða aðrir vilja ekki að það fari út fyrir dyr Alþingis eða veggi þess, þá er þetta staðreynd. Og ég hygg að það sé best að horfast í augu við staðreyndir. Því aðeins eru líkur á því að vinnubrögð færist í betra horf, að menn horfist í augu við þær staðreyndir sem við blasa, ella halda þær áfram á sömu braut og verið hefur. Það þarf að bæta vinnubrögðin. Ég vísa því algerlega heim að orð mín hér áðan hafi gefið ranga mynd af nefndarstörfum í þeim n. sem ég á sæti í, sumum hverjum. Það eru til undantekningar eins og alltaf eru.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði áðan að hér væri um pólitískt deilumál að ræða, annars vegar á milli sósialistanna, eins og Péturs Sigurðssonar og fleiri, og hins vegar íhaldsmannanna, eins og Ólafs G. Einarssonar. (Gripið fram í.) Þetta sagði hv. þm. Ólafur G. Einarsson. Mér skildist að hann orðaði það eitthvað á þá leið: því miður væru misjafnlega sósíaliseraðir þm. í Sjálfstfl. En hv. þm. Benedikt Gröndal hefur nú svarað þessu. Ég býð hv. þm. Pétur Sigurðsson velkominn í þann flokk sósíalista sem ég aðhyllist og lít á sem hann sé að hverfa frá villu síns vegar hinni fyrri. (Gripið fram í.) Ég sagði stefnu. Hv. þm. þarf að taka betur eftir, og skilst mér þó að ég tali bæði það skýrt og það hátt að það heyrist. En eitthvað eru menn annars hugar.

En hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði annað sem mér þótti merkilegt að hann skyldi lýsa yfir. Hann sagði að lögin frá 1973 hefðu verið öllum til óþurftar, — hefðu verið öllum til óþurftar, orðrétt. (**ÓE:** Sagði ég það?) Já, þú sagðir það, og ef þú leiðréttir þetta ekki áður en það kemur í alþingisumræðum, þá er hægt að lesa það þar skýrum stöfum. Þetta þótti mér merkileg yfirlýsing, burt séð frá því þó að hv. þm. hafi þessa skoðun sem hann segist hafa, að hann vildi hafa þetta alfarið á höndum sveitarstjórnanna. En að lýsa því hér yfir á Alþ., að lög um það, að ríkissjóður tæki að ⅓ þátt í kostnaði við byggingu dvalarheimila aldraðra, væru öllum til óþurftar, það er merkileg yfirlýsing. (**ÓE:** Fáum við þá líka smáræðutíma meira?) Það væri vissulega ástæða til þess. Hafi það farið fram hjá ykkur, eins og manni virðist ýmislegt fara fram hjá

mönnum hér, þá væri vissulega ástæða til þess að leggja út af svona yfirlýsingum, öðrum til viðvörunar fyrst og fremst. En ég ætla ekki að gera langt mál út af því. Mér finnst þetta mjög merkilegt og ég hefði gaman af að sjá þversíðufyrirsögn í Morgunblaðinu með þessari yfirskrift: Ólafur G. Einarsson lýsti yfir á Alþingi í gær að lög frá 1973 um, að ríkissjóður taki þátt að ⅓ í kostnaði dvalarheimila aldraðra, hafi verið öllum til óþurftar. — Þetta mundi áreiðanlega sveitarstjórnarmönnum víðs vegar um landið þykja merkilegt að lesa, svona yfirlýsingu, og eru þeir vafalaust margir íhaldsmenn eins og þessi hv. þm. í orðsins fyllstu merkingu.

En þetta sýnir bara viðhorf þessara ágætu manna, eins og hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, til þess þegar verið er að reyna að rétta hlut þeirra sem verst eru settir í þessum efnum sem og öðrum. Hér var fyrst og fremst um það að ræða, að það var verið að reyna að koma til móts við þau sveitarfélög sem fyrirsjáanlegt var að höfðu enga möguleika á því að byggja slík mannvirki á eigin reikning. Það er grundvallarsjónarmiðið í lögunum frá 1973 og hefði auðvitað þurft að ganga lengra en þau lög gerðu ráð fyrir. En þá koma íhaldspostular eins og þessi hv. þm. og gefa yfirlýsingar af þessu tagi. Það er rétt sem hv. þm. Gils Guðmundsson sagði hér um daginn: Það er auðvitað virðandi við menn þegar þeir þora að láta í ljós sannfæringu sína, hversu slæm og afleit sem hún er. Þá vita menn þó alltaf hvar þeir hafa viðkomandi einstakling. Og það fer ekkert á milli mála eftir þá yfirlýsingu, sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur gefið hér, að sveitarstjórnarmenn og almenningur í landinu ættu eftir þessar umr. að vita ótvírætt hvar hann er staddur í þessum efnum. Það hygg ég að öllum ætti að vera ljóst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðbótarsamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 139, n. 377). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og leggur til á þskj. 377 að það verði samþ. óbreytt. Hér er um að ræða frv. til l. sem heimilar ríkisstj. að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. Um það hefur verið í gildi samningur frá því á árinu 1972, en breytingar, sem í þessum viðbótarsamningi felast, varða allar gagnkvæma aðstoð við rannsókn og öflun upplýsinga. Mikilvægasta breytingin er fólgin í 3. gr. viðbótarsamningsins, en þar er gert ráð fyrir að fulltrúar skattyfirvalda í einu ríki geti fengið leyfi til að vera viðstaddir rannsókn í skattamálum í öðru aðildarríki.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Samningurinn fylgir frv. sem fskj. og ég hef þessi orð ekki fleiri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Skotvopn, frv. (þskj. 326 (sbr. 52), n. 369, 376). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hv. allshn. hefur athugað þetta frv. eins og það liggur fyrir frá Ed., en við meðferð frv. í þeirri d. voru gerðar allmargar breytingar. Við athugun allshn. á frv. komu til skoðunar nokkrar till. frá einstökum þm., en niðurstaða n. varð sú að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Þess skal getið að Friðjón Þórðarson var fjarverandi á þeim nefndarfundi sem málið hlaut afgreiðslu.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Það er rétt að frá því að frv. þetta lá fyrir Alþ. á síðasta þingi hefur það tekið nokkrum stakkaskiptum til hins betra. Þó eru nokkrar greinar þess sem ég vil gera aths. og raunar flyt brtt. við á sérstöku þskj., 376. Ég var af sérstökum ástæðum ekki viðbúinn að leggja þær fram þegar við 1. umr. málsins, því miður, en sendi þær hv. allshn. til athugunar, en henni hefur vafalaust ekki gefist tími til þess að grandskoða málið í þessu nýja ljósi, þannig að hún sá ekki ástæðu til að taka þessar brtt. til greina, nema e. t. v. megi túlka það svo, sem fram kemur í nál. um að hv. nm. áskilji sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt., að þeir séu e. t. v. í einhverju viðbúnir því að fallast á þessar mínar fram bornu brtt.

Það er ljóst að þau lög, sem um þetta efni gilda, ég trúi nr. 69 frá 1936, eru mjög einföld í sniðum og langt frá því að ná yfir það verksvið sem þeim er nauðsynlegt og hefur vafalaust verið ætlað. En margt hefur breyst á þessum langa tíma sem verður til þess að mönnum þykir nú kominn tími til að endurskoða þessi lög gaumgæfilega og setja um þau allmiklu fyllri ákvæði en áður hafa verið í lögum.

Fyrsta aths. mín og brtt. er við 7. gr. frv., 2. mgr., þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta: „Eigi er heimilt að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir skotvopna (þar með talin sjálfvirk skotvopn).“ Till. mín er um að þessi 2. mgr. verði óbreytt frá því sem stendur í frv. að öðru leyti en því, sem þarna er tekið sérstaklega fram, að tilgreina sérstaklega um hin sjálfvirku skotvopn. Það er svo að mínu áliti og reynslu, að hin sjálfvirku skotvopn í höndum þeirra, sem með kunna að fara, eru ekkert hættulegri en hin. Öll skotvopn eru bráðhættuleg í höndum þeirra sem ekki kunna með þau að fara eða leggja sig ekki eftir því að hafa þau undir höndum með þeim hætti sem siðuðum mönnum sæmir, enda, eins og fram kom raunar við 1. umr. um frv. hér í hv. d., skortir á að skilgreina hvað eru sjálfvirk skotvopn. Hins vegar þykist ég vita hvað við sé átt. Það munu vera

skotvopn eins og byssur sem hlaða sig sjálfar við það að hleypt er af þeim skoti. En vitanlega er þetta ekki að sínu leyti sjálfvirkt skotvopn. Tillaga mín er einvörðungu um að ákvæðið verði við það bundið að eigi sé heimilt að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundri skotvopna, skotfæra eða sprengiefna nema með sérstöku leyfi dómsmrh. sem setur frekari reglur um innflutning greindra efna og tækja. Þetta er lítilvæg breyting nema að því leyti sem þarna er engin ástæða til þess að taka með það sem er nefnt óskilgreint „sjálfvirk skotvopn".

Þá er 2. brtt. mín við 14. gr., um að 3. mgr. orðist svo sem þar segir, en í frv., eins og það kemur frá Ed., hljóðar 3. mgr. svo, með leyfi virðulegs forseta: „Skotvopnaleyfi skulu eigi gefin út til lengri tíma en 10 ára í senn og til skemmri tíma ef ástæða þykir vera til þess." En aftur á móti hljóðar brtt. mín svo: „Handhöfum skotvopnaleyfa ber að endurnýja leyfi sín á 10 ára fresti og gera þá grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni sem þeir hafa leyfi til að fara með." Breytingin er í því fólgin að handhafar leyfis skuli hafa frumkvæði að því sjálfir að endurnýja leyfi sín og skuli þeir enda sýna fram á að þeir hafi kunnáttu til að bera og hæfni og þekkingu á vopni því eða vopnum sem þeir hafa leyfi til að fara með.

3. brtt. er að ný gr. bætist inn í frv. á undan 15. gr. í núverandi búningi frv., sem hljóði svo:

„Skotvopnaleyfi skal greiða með grundvallarverði meðaldilks á hausti og skal gjald þetta renna í sjóð sem varið skal til námskeiðs í meðferð skotvopna. Skal gjaldið ákveðið samkv. þessu hinn 1. nóv. ár hvert fyrir fram. Námskeið í meðferð skotvopna skulu lögreglustjórar halda árlega í septembermánuði. Skal það standa einn dag og eigi skemur en 8 klukkustundir. Í lok þess ganga nemendur undir hæfnipróf."

Það er að mínum dómi alveg bráðnauðsynlegt að þeim, sem sækja um skotvopnaleyfi, verði fyrst kennd meðferð þeirra skotvopna sem þeir sækja um leyfi til að fara með.

Auðvitað er hægt að hugsa sér margvíslegar leiðir til þess að ákveða með hvaða hætti skuli ákveða leyfisgjaldið. En finna þarf einhverja leið til þess að það sé verðtryggt, og eftir að ég hef velt þessu máli fyrir mér og af ýmsum öðrum ástæðum bar mig niður á þessa meðferð, að taka meðaldilkinn til viðmiðunar. Það er trúlega 10—12 þús. kr. gjald nú. Það er nauðsynlegt að eitthvert fjármagn sé til til þess að greiða kostnað vegna námskeiðshalds og eðlilegt er að leyfishafarnir greiði það fé af hendi. Það, sem á skortir, mundi vafalaust lögreglustjóraembættið verða að greiða af hendi. Þá er ekki fyrir það að synja að þetta gæti einnig orðið til þess — ákvörðun um leyfisgjald — að minnka ásókn í byssuleyfi, og vissulega vill nú svo til, þó að ekki sé það nein algild regla, að ýmsir gárungar og ef svo má segja vandræðamenn eru tíðum minna fjáðir en hinir og gæti því þetta orðið til þess að halda aftur af þeim í ásókn þeirra í leyfi fyrir þessum vopnum.

Þá er 4. brtt. við 15. gr. í frv. Brtt. er þess efnis að 1. mgr. falli brott, sem segir svo: „Aðeins má veita þeim einstaklingi leyfi til þess að eignast skotvopn er sýnir fram á að honum sé það gagnlegt eða nauðsynlegt." Þetta er tekið upp úr lögum nr. 69 frá 1936. Þar var ákvæði um að það skyldi sýnt fram á gagnsemi og nytsemi skotvopns. Ég skal ekki segja hversu margir þeir eru sem geta sýnt fram á þetta. Það eru selaskyttur, ef einhverjar eru enn til í landinu, sem eru nú fáar, refaskyttur og minkabanar. Hins vegar kynni það að geta vafist fyrir mörgum góðum skyttum og rjúpnaveiðimönnum að sýna sérstaklega fram á með rökum nytsemi og gagnsemi þess að fara með viðkomandi vopn, án þess þó að nokkur ástæða sé til þess að meina viðkomandi að fá tilgreint leyfi, enda hefur það reynst gersamlega haldlaust. Það hefur ekkert verið eftir þessu farið. Hver og einn sem sótt hefur um að kalla, nema hann hefði þeim mun flekkaðra mannorð, hefur trúlega fengið leyfi til þess að fara með vopn og fengið byssuleyfi. Ég hef sótt um byssuleyfi oftar en einu sinni og hafa engar vöflur verið á viðkomandi lögregluyfirvöldum að afhenda mér það þegar var búið að skrá númer og gerð þess vopns sem ég hafði undir höndum. Maður var, að því er mig minnir, spurður að nafni, en trauðla að öðru. Auðvitað gerði ég mig sem mest heiðarlegan í framan upp á það til að gera, að ég yrði ekki fyrir neinum frekari töfum við byssuleyfisafhendinguna, enda varð það svo að ég var einskis spurður og ekki eftir því, í fyrsta skipti sem ég aflaði mér leyfis, hvort ég vissi nokkur deili á því vopni sem ég sótti um leyfi fyrir. Þess vegna er lagt til að þetta ákvæði verði fellt niður, enda hefur það reynst alveg gagnslaust. Á hinn bóginn eru hér ákvæði um það, hvað skuli haft sem viðmiðun þegar slík leyfi eru veitt, og enn fremur legg ég til í 4. brtt. minni að inn í þessa liði, sem taldir eru upp sem skilyrði, bætist nýr liður sem segir: „Hefur sótt námskeið lögreglustjóra í meðferð skotvopna." Þetta er nýmæli og grundvallarmunur frá því sem þetta snýst um í frv., að mönnum beri skylda til þess að hafa sótt námskeið til lögreglustjóra í meðferð skotvopna áður en þeim verði veitt skotvopnaleyfi. Og það er gerð hér till. um hvernig það skuli fjármagnað. Þess vegna, ef þessum ákvæðum er framfylgt svo sem orðin hljóða, þá er alveg ástæðulaust og raunar þýðingarlaust að hafa sérstök ákvæði um að menn tilgreini um gagnsemi og nauðsyn, enda væri þá e. t. v. hægurinn hjá að svara því til að viðkomandi ætlaði á minkaveiðar, því nóg er af því dýri hvarvetna í mannabyggðum meira að segja og þar með uppfyllt skilyrðið um gagnsemina. Að sjálfsögðu er einnig seladráp, þar sem það er leyfilegt, og refa, enn fremur að hann ætlaði að leggja stund á að skjóta hrafna, sem er ókristilegt verk að vísu, og veiðibjöllu, ég tala nú ekki um, því að það eru verðlaun fyrir þetta og enginn vandi að svara því einu til að vopnin skuli nota til þess að skjóta svartbak, vegna þess að hann er hinn mesti vargur í véum varplanda og varplandaeigenda.

Þetta er að segja um 4. brtt sem ég hef fram að færa á þskj. 376.

5. brtt. er við 23. gr., en hún fjallar um að skotfélögum eða öðrum aðilum sé óheimilt að

efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði er hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra. Legg ég þar til að við þetta bætist: „í samráði við sérfróða menn". Raunar má segja að átt hefðu að vera sérstök ákvæði um, að lögreglustjórar skyldu hafa samráð við sérfróða menn í þessu efni. En þetta er nú tekið sérstaklega inn þarna vegna þess að vandséð er að lögreglustjórar hafi e. t. v. nokkra þekkingu á því hvar velja skuli slíkri íþrótt stað eða landssvæði. En ég vil benda á að nú er skotfimi orðin hinn mesti kappleikur milli þjóða á Ólympíuleikunum sjálfum, þannig að ef menn vilja beita sér að þessu, Íslandsmenn, þá verður vel til þess arna að vanda og rétt að lögreglustjórinn fái þá ráðgjöf frá sérfróðum mönnum í því efni. En ég lít á það sem sjálfsagðan hlut, að þegar lögreglustjórum er fengin framkvæmd laga sem þessara, þá verði þeir hv. lögfræðingar, sem embættin hljóta, að ganga á námskeið og afla sér nægrar þekkingar sjálfir á skotvopnum og meðferð skotvopna, skotfæra og sprengiefna, ella eru þeir, jafnvel þótt þeir séu að öðru leyti andlega heilbrigðir, allsendis ófærir um að framkvæma þessi lög.

Síðan er 6. brtt., við 3. mgr. 32. gr., sem hljóðar svo:

„Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt að eigi sé rétt að selja það, skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt" o. s. frv.

Ég legg til að upphaf mgr. hljóði svo:

„Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt" o. s. frv., vegna þess að byssa getur verið handónýt til þess að hleypa af skoti með þó að hún sé verðmikil sem safngripur.

Ég þekki selabyssur sem smíðaðar hafa verið á Íslandi af íslendingum sjálfum, af einum mestu listamönnum í greininni, sem eru mjög verðmætir safngripir, en lélegar, eins og hér segir. Það þarf ekki að vera verðlaust fyrir því. Það getur verið dýrmætt. En byssan getur verið handónýt til þess sem henni var upphaflega ætlað að vera, skotvopn. Þess vgena vil ég bæta þarna inn í að það verði einnig að vera verðlaust til þess að lögreglustjóri geti farið með svo sem segir í 32. gr., að eyðileggja það, vopnið eða munina.

Þá er síðasta brtt. við ákvæði til bráðabirgða. Hún er um að eftir 1. málsl. 1. tölul. komi:

„Fyrir leyfin skal greitt samkvæmt 15. gr. Skulu fyrrverandi leyfishafar sýna þekkingu sína á meðferð þeirra vopna, sem þeir sækja um leyfi til, en eru undanþegnir ákvæðum 16. gr. að hafa sótt um námskeið."

Þetta er um það, þegar lög þessi taka gildi, að þá skulu þeir, sem óska eftir framlengingu leyfa, sækja um hana fyrir ákveðinn tíma til viðkomandi lögreglustjóra. Þarna er sem sagt það sem ég legg til að bætt verði inn í, að fyrir leyfi skal greitt samkv. 15. gr., eins og áður sagði og skulu fyrrverandi leyfishafar sýna þekkingu sína á meðferð vopna þeirra sem þeir sækja um leyfi til, en eru undanþegnir ákvæðum 16. gr. að sækja námskeið. Þarna legg ég til að þeir verði ekki skyldaðir til þess að sækja þau námskeið sem ég hef áður gert till. um að verði haldin til kennslu á meðferð vopnanna, hins vegar greiði þeir, þegar þeir fá þau endurnýjuð, til þess að efla þann sjóð sem á að standa undir kostnaði við námskeiðshaldið, og einnig geri þeir grein fyrir og sýni fram á að þeir séu vitmenn í meðferð þeirra skotvopna sem þeir höfðu áður leyfi til og sækja nú um endurnýjun á leyfi til.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Ég flutti ræðu við 1. umr. þessa frv. og benti þar á að við íslendingar höfum verið í rúm 20 ár aðilar að samþykkt sem nefnist „Alþjóðasamþykkt um verndun fugla". Eitt atriði þeirrar samþykktar er það, að aðildarlöndin skuldbinda sig til að banna marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, þ. e. a. s. haglabyssur sem taka fleiri en tvö skothylki. Urðu um þetta nokkrar umr. og við þær umr. urðu menn margs fróðari um haglabyssur yfirleitt. Ég ætla ekki að vekja upp þær umr. aftur, en samþykkt er þó alltaf samþykkt. Aðild okkar virðist fela það í sér að við bönnum þessar byssur, eins og nágrannaþjóðir okkar munu allar hafa gert eða a. m. k. allar vestur-Evrópuþjóðir.

Mér sýnist að brtt. hv. þm. Sverris Hermannssonar séu allar til bóta. Ég vil beina til hv. þm. fsp. varðandi 1. till., þar sem talað er um að ekki sé heimilt að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir skotvopna nema með sérstöku leyfi dómsmrh. o. s. frv., hvort hann eigi ekki við að til þessara sérstaklega hættulegu tegunda skotvopna teljist haglabyssur af því tagi sem ég nú nefndi.

Hæstv. dómsmrh. var viðstaddur umr. um daginn, hann er hér ekki núna. Ég beindi til hans fsp., eftir að ég hafði vitnað í þessa alþjóðasamþykkt, hvort hann teldi ekki að taka bæri tillit til hennar. Hann benti á að í þessu frv., í III. kafla, 15. gr., segir svo:

„Dómsmrh. getur sett nánari skilyrði en um getur í 1. og 2. mgr., þ. á m. sett sérstakar reglur varðandi vopn, er teljast vera sérstaklega hættuleg."

Hæstv. dómsmrh. taldi að þessi grein fæli það í sér að ráðh. hefði vald til að setja reglugerð um bann við innflutningi þeirrar tegundar af haglabyssum sem ég var að tala um áðan. Ég tel því að nokkuð vel sé fyrir því séð að tillit verði tekið til þessarar samþykktar, en hef þó til vonar og vara, eins og sjá má á dagskránni, flutt frv. til l. um breyt. á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun þar sem tekin væru af öll tvímæli varðandi þessar byssur, að það væri sett bann við þeim. Það frv. kemur væntanlega til umr. hér á eftir.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Hv. þm. Jónas Árnason beindi til mín fsp. um það, hvort ég teldi ekki að haglabyssur, sem eru hlaðnar t. d. mörgum skotum, væru hættulegri en t. d. tveggja skota eða tvíhleypur, eins og þær eru jafnan nefndar. Svo er að vísu ekki. Veldur hver á heldur hverju sinni. T. d. ef fuglaskytta er á ferð með slíka byssu, þá eru þær hættulegri fuglunum. Það er að vísu rétt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar vegna áhuga míns á fuglafriðun, að það eigi ekki að leyfa margskotabyssurnar við veiðar. Ég hef t. d. aldrei notað slíkar byssur sjálfur og hef á þeim illan bifur, vegna þess

að ég hef séð til manna sem hríðskjóta úr þessum marghleypum, og það fer ekki hjá því að þeir geta lítt fylgst með hvar niður kemur. Til dæmis að taka ef slík hraðskytta og margskotamaður skýtur á stóran rjúpnahóp, þá er allsendis útilokað að hann geti með góðu móti fylgst með því hvar niður kemur, og fylgst með því, hvort fuglar særast ekki meira eða minna, og hefur þá ekki tök á að fylgja þeim eftir til þess að aflífa þá alveg. Þetta er ekki frambærileg aðferð. En mönnum eru þær byssur ekki hættulegri en hverjar aðrar byssur. Það er varla til svo aumur rifill að hann sé ekki lífshættulegur fábjánum eða þeim sem fara með þá öðruvísi en á að gera.

Það eru undirstöðureglur, sem byssumenn þekkja, sem viðhafa ber alltaf með byssur, hvort heldur þær eru hlaðnar eða óhlaðnar, og eru ófrávíkjanlegar reglur, jafnvel þótt menn viti um að þær geymi ekki í sér skotfæri. Öll slík vopn eru bráðhættuleg þeim sem ekki kunna með að fara, og þess vegna eru í till. minum gerðar alveg sérstakar brtt. sem lúta að því að girða fyrir að sé mjög mikið af vopnum í umferð sem viðkomandi leyfishafar bera ekkert skynbragð á.

Ég er eindregið samþykkur og fylgjandi till. hv. þm. um breyt. á fuglafriðunarlögunum sem að þessu lúta, og að sjálfsögðu eigum við að vera aðilar að þessari samþykkt. Ég gat þess hins vegar við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. að við þurftum að endurskoða fuglafriðunarlögin í heild vegna þess að margt gengur mjög úrskeiðis hjá okkur í þessum efnum. Ég held að umgengni margra sé fordæmanleg, til dæmis að taka, sem ég hef ítrekaðar sannanir fyrir, að ungir menn hafa farið með öfluga riffla, tekið sér t. d. stöðu á brúnni yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi og skotið seli sem þar eru að leik í ánni eða á jökunum þar fyrir neðan, án þess að hafa nokkra möguleika eða ætli sér yfirleitt að nýta dýrin til matar sér eða öðrum eða skinnin, heldur hreinn — við gætum vægt sagt strákskapur eða drápsfýsn. Þannig er þetta á fjölmörgum sviðum, að menn eru staðnir að því í stórum hópum að fara með fullkomnu gáleysi hvað þetta snertir, og enn fremur það, sem er að sjálfsögðu óþolandi, að menn fari með skotvopn og skjóti fugla á hreiðrum, sem einnig eru mörg dæmi til um.

Allt þetta þarf að taka til rækilegrar yfirvegunar og við með öllu móti að leggja okkur fram um að hindra óleyfilega meðferð þessara vopna. Til þess held ég að við þurfum að grandskoða fuglafriðunarlögin og í framhaldi af þeim breytingar á ítarlegum lagabálki sem hér er lagt til að lögfestur verði varðandi skotvopnin sjálf.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Hv. þm. Sverri Hermannssyni mæltist enn vel. Ég tek undir allt sem hann sagði hér áðan, og stendur ekki á mér að styðja hann í því að endurskoðuð verði fuglafriðunarlög og teknir upp hættir við veiðar sem eru meira af siðaðra manna hætti en ýmislegt af því sem hann var að nefna okkur dæmi um.

En mér hefur orðið á heldur en ekki í skilningi á ýmsu hér, m. a. þessari grein, þar sem verið er að tala um hættuleg skotvopn, bæði í frv. sjálfu og brtt. hv. þm. Hættuleg skotvopn er aðeins það skotvopnið sem er hættulegt skyttunni. Ég hélt að í þessu gæti líka falist að þetta væri það skotvopn sem væri hættulegt fuglunum. Nú er mér að sjálfsögðu ljóst að þegar skotið er á fugl, þá er meiningin að drepa hann. Hættulegast samkvæmt minum skilningi er þá það skotvopn sem særir fugla og veldur því að þeir verða að þola miklar kvalir og langvarandi og kvalafullt dauðastríð. Það er það sem vakir fyrir mér þegar ég tala um þessi mál. Mig varðar ekki eins mikið um hina hliðina. Ég tel að maðurinn með sínu viti eigi í flestum tilfellum að geta séð til þess að hann verði ekki fyrir skaða af þeirri byssu sem hann fer með á fjöll.

Þó er þetta nú þannig eftir lýsingu sem við fengum um daginn hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að hann nefndi það til marks um byssur, sem taka 5 skothylki og hægt er að skjóta í einni hrinu, að ef það væri gert mundi það setja viðkomandi skyttu úr axlarliðnum, þannig að það væri engin hætta á að því væri beitt. Þó ég hafi sagt áðan að ég treysti vitmönnum, að þeir hætti ekki líkamsheilsu sinni eða liðamótum í skytteríinu, þá gæti þetta, held ég, skeð þegar mönnum hleypur mjög kapp í kinn að drepa fugla. Svo er spurningin hvort manni þyki það geðfelldari tilhugsun, að kannske hundruð fugla fljúgi burt alvarlega særðir og taki út miklar kvalir eða að ein skytta fari úr axlarliðnum.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég ætla aðeins að endurtaka það, sem ég sagði í framsögu með nál., að n. hafði til umfjöllunar þær till. sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur gert grein fyrir. Einstakir nm. lýstu yfir að þeir gætu eftir atvikum vel stutt einstakar brtt., sem hann hefur gert grein fyrir. Niðurstaðan varð hins vegar sú að láta viðkomandi hv. þm. gera grein fyrir þeim hér í d. og þá tækju menn afstöðu til þeirra hver fyrir sig.

Vegna þessa vil ég aðeins taka fram, að ég sjálfur er persónulega á þeirri skoðun að vel sé hægt að fylgja ýmsum af þessum brtt. Vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram, vil ég aðeins taka fram að mér sýnist að till., sem varða skotvopnaleyfi og gjald vegna skotvopnaleyfa, sé sjálfsagt að samþykkja, og jafnframt að menn gangi á ákveðin námskeið til þess að sannreyna og sýna hæfni sína í meðferð skotvopna. Þó vil ég taka fram að mér sýnist nokkur galli vera á þessum tillöguflutningi hvað varðar gjaldtökuna, þar sem gert er ráð fyrir í frv. og brtt. hv. þm. að leyfi séu gefin út til 10 ára í senn og skuli þá endurnýjast aftur til næstu 10 ára, en gert er ráð fyrir í brtt. hv. þm. að gjaldið sé tekið árlega. Getur verið erfiðleikum bundið í framkvæmd að innheimta þetta gjald ef búið er að gefa leyfi út til lengri tíma. Þá sýnist mér 1. brtt., sem er við 7. gr. 2. mgr., vera í sjálfu sér óþörf og þar að auki sýnist hún ganga styttra en frv. sjálft gerir ráð fyrir. Í raun og veru er ekki um annað að ræða heldur en taka fram, eins og hann gerir, að til þurfi að koma sérstakt leyfi dómsmrn. ef um hættuleg skotvopn er að ræða. En í frv. er talað um að ekki megi flytja inn skot-

vopn, skotfæri, sprengiefni, skotelda nema með leyfi dómsmrn. Rn. hefur það í hendi sinni hvort slíkt leyfi er gefið út og þarf því ekki að taka fram að það þurfi eitthvert sérstakt leyfi. Ég get ekki séð að það sé neinn efnismunur á því. Þar að auki virðist hafa fallið niður í brtt. hv. þm. orðið „skoteldar", en ég tel jafnnauðsynlegt að girða fyrir innflutning á þeim og meðferð á skoteldum eins og öðrum skotvopnum.

Brtt. nr. 5 og 6 eru í sjálfu sér ekki efnismiklar, þær eru saklausar. En það var skilningur minn og n. að frv., eins og það liggur fyrir, feli þetta raunverulega í sér, að lögreglustjórar skuli, geti og eigi að leita til sérfróðra manna, og ef um er að ræða léleg tæki eða efni, eins og sagt er í frv., þá sé það túlkunaratriði og auðvitað eigi það við líka um „verðlaust", en þetta er spurning um orðalag. Vegna þeirra ábendinga, sem ég hef hér sett fram, og vegna spurninga um framkvæmdaatriði beini ég þeim tilmælum til hv. þm. að hann dragi till. sínar til baka til 3. umr. þannig að hægt sé að athuga þessi atriði betur.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég kom ekki það tímanlega í þingsalinn að heyra ræðu hv. 5. þm. Vesturl., en ég ætla að hugga hann með því, að ég er ekkert slæmur í öxl eða axlarlið. Hins vegar ætla ég að vara mig frekar á því að fara úr kjálkaliðnum við miklar umr. um þetta mál, eins og ég held að sumir hv. þm. séu í hættu með ef þeir halda öllu lengur áfram.

Ég vil aðeins taka það fram, að ég er sammála ýmsum till. sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur hér flutt. Sérstaklega vek ég athygli á einu atriði, sem mér finnst mjög athyglisvert. Það er í 3. till. hans, þar sem hann miðar við að skotvopnaleyfi skuli greiða með grundvallarverði meðaldilks að hausti. Þarf að sjálfsögðu ekki getum að því að leiða hvert tilefnið hefur orðið fyrir því að fá svo snjalla og einfalda lausn á þessu máli, því að auðvitað er hér átt við jafnt gimbrarlömb sem hrútlömb, og mér finnst mjög vel viðeigandi að hafa einmitt þessa viðmiðun, sem hv. þm. notar, og get fyllilega fallist á hana. Hins vegar er ég ekki jafnhræddur um það og hv. þm. að skilyrðin um byssuleyfin, þ. e. a. s. að maður verði að sanna að hann hafi þörf fyrir slík leyfi, séu of þröng í frv. eins og það er. Ég hef ekki orðið var við að menn hafi ekki fengið byssuleyfi af því að þeir hafi ekki getað sannað að þeir þurfi á því að halda. Rjúpnaskyttur hafa ekki þurft að sanna það að þeim sé nauðsynlegt að skjóta rjúpu til þess að fá byssuleyfi, gæsaskyttur ekki heldur og ekki heldur miklir baráttumenn fyrir einstaklingsframtak í sláturhúsarekstri. Ég held því að það sé ekki hætta á því að með því að samþykkja frv. óbreytt sé verið að takmarka þetta of mikið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 63. fundur.

Þriðjudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Atvinnumál aldraðra, fsp. (þskj. 325). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef á þskj. 325 leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp.:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 14. maí 1975 um atvinnumál aldraðra?"

Samkvæmt þessari þál. fól Alþ. ríkisstj. að undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frv. til l. um atvinnumál aldraðra og yrði að því stefnt að allir 67 ára og eldri, sem til þess hefðu þrek og vilja, gætu átt kost á atvinnu við sitt hæfi.

Nú eru bráðum tvö ár síðan þessi þál. var samþykkt og enn hefur ekkert verið gert í málinu. Ég hef aflað mér upplýsinga hjá Alþýðusambandi Íslands, og að því er mér var tjáð þar af skrifstofunni hefur engin formleg beiðni komið til þess frá félmrn. um framkvæmdir í því skyni að undirbúa þetta frv. Hins vegar hef ég haft fregnir af því, að síðan þessi fsp. mín kom fram hafi rn. haft samband við forseta Alþýðusambandsins persónulega, og vona ég því að einhver hreyfing sé að komast á málið.

Ég spurðist fyrir um þetta mál í fyrra á þinginu um þetta leyti, en fékk þá þau svör hjá hæstv. félmrh. að rétt þætti að bíða tillagna er byggðar yrðu á niðurstöðum könnunar sem Jón Björnsson sálfræðingur hafði þá með höndum á vegum Reykjavíkurborgar um atvinnuþörf og atvinnumöguleika aldraðra. Þetta þóttu mér eðlileg vinnubrögð og sjálfsagt að hagnýta sér niðurstöðu Jóns Björnssonar, og þótti mér því dráttur rn. að þessu leyti eðlilegur. Jón Björnsson skilaði hins vegar skýrslu sinni, að því er ég best veit, á s. l. hausti og fæ ég raunar ekki séð að þessi vetur hefði þurft að líða án þess að nokkuð væri að gert.

Skýrsla Jóns Björnssonar er að mínu mati gagnlegt plagg og ástæða til þess að vekja athygli hv. þm. á henni. Niðurstöður hans staðfesta að full þörf er á að taka atvinnuvanda aldraðs fólks föstum tökum. Og Jón Björnsson vill reyna að setja mörkin neðar. Hann telur vandann byrja fyrr á lífsleiðinni og sé því þörf fyrirbyggjandi aðgerða. Hann gerir ákveðnar till. um hvernig bregðast skuli við.

Ég get ekki stillt mig um að lesa hér úr skýrslu hans þar sem hann lýsir till. sínum, og fæ ég ekki betur séð en sjónarmið hans komi algjörlega heim og saman við það sem fyrir okkur flm. vakti með þáltill. Jón Björnsson segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tillögunum er ekki einasta miðað að því að laga tilboð vinnumarkaðarins að þörfum og getu hinna öldruðu, heldur einnig að því að hinir öldruðu sjálfir lagi sig að möguleikum þeim sem vinnumarkaðurinn hefur að bjóða þeim á hverju stigi öldrunarinnar. Hér er því um gagnkvæma aðlögun að ræða, en á hvorugan bóginn einhliða. Hlutverk hins opinbera að þessari gagnkvæmu aðlögun hlýtur að mestu leyti að felast í hvatningu, upplýsingaþjónustu og áróðri, einnig því að taka frumkvæði um að opna henni nýjar leiðir, samræma hana og efla á allan veg. Enn fremur hlýtur hið opinbera að vernda rétt hins aldraða til vinnu og tryggja honum sem mest valfrelsi til vinnu, óháð andlegu og líkamlegu ástandi hans. Að tillögum þessum er hið opinbera einnig bakhjarl hins aldraða og trygg-

ing gegn sveiflum vinnumarkaðarins, breytingum á kröfum hans og gegn einhliða hagsmunum vinnuveitenda.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar þessarar er vandinn, sem við er að etja, tvenns konar. Annars vegar er um að ræða miðaldra og aldraða einstaklinga við vinnu sem er þeim á einn eða annan veg ofviða og kemur ónauðsynlega fljótt til með að slíta líkamsorku þeirra og binda of bráðan enda á valfrelsi þeirra gagnvart vinnu. Urbætur á þessum vanda felast í fyrirbyggjandi aðgerðum sem stuðla að aukinni aðlögun þessa hóps að breyttum forsendum til vinnu. Hins vegar er um að ræða miðaldra og eldra fólk sem þegar hefur hætt atvinnuþátttöku í trássi við eigin langanir og af illri nauðsyn, þar eð engin tilboð vinnumarkaðarins svöruðu til meintrar eða raunverulegrar vinnugetu þeirra."

Síðan leggur Jón Björnsson fram tillögur sínar, sem eru margar, og leggur áherslu á nauðsyn á samræmingu aðgerða.

Ég fæ ekki betur séð en það sé kominn grundvöllur til þess að miða við í því sem þál. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. undirbúa frv. til l. um þetta efni. Ég itreka því fsp. mína til hæstv. ráðh.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar mál þetta kom síðast til umr. á Alþ. í febr. 1976 var frá því skýrt, að Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar hefði falið Jóni Björnssyni sálfræðingi að kanna vinnugetu og atvinnumöguleika aldraðra og jafnframt útvegun vinnu í borginni fyrir þetta fólk. Þá taldi ég rétt að bíða með aðgerðir í þessu máli þar til þeirri könnun yrði lokið og niðurstaða lægi fyrir. Það dróst lengur en gert var ráð fyrir að skýrsla sálfræðingsins væri fullbúin, en hún barst félmrn. á s. l. vori.

Utanrrn. var beðið um að útvega lög og fáanlegar upplýsingar frá Norðurlöndum sem að gagni mættu koma við samningu lagafrv. í samræmi við þá þál. sem hér er um að ræða. Er rétt að taka það fram að í þeirri þál. var gert ráð fyrir löggjöf um þessi atriði. Svör við þessari málaleitan hafa borist frá sendiráðum Íslands í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Danska félmrn. skýrði frá því, að í Danmörku séu engin sérstök lagaákvæði um atvinnu fólks sem náð hefur ellilífeyrisaldri, sem er 67 ár. Er þessum aldursflokki vísað á vinnu á sama hátt og öðru vinnandi fólki. Þess er og getið að á vegum vinnumálaráðuneytisins séu tvær ellimálanefndir sem fjalla eiga um vandamál aldraðra í sambandi við atvinnu bæði hjá einkaaðilum og hinu opinbera með það fyrir augum að halda öldruðu og miðaldra fólki í vinnu. Þessar n. sinna þó næstum eingöngu þeim sem eru yngri en 67 ára að aldri.

Í svari frá sendiráðinu í Svíþjóð segir að þar í landi séu engin lög sem tryggja öldruðum vinnu eða rétt til vinnu og að engar upplýsingar séu um atvinnumál fyrir hendi þar sem hægt væri að styðjast við við samningu lagafrv. hér.

Í Noregi virðist ekki heldur vera um að ræða löggjöf um þetta efni, en þaðan hafa borist nokkrar skýrslur um málefni aldraðra, þ. á m. um atvinnumál þeirra.

Þetta eru þær upplýsingar sem hafa um hendur utanrrn. fengist um þessi mál í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ráðuneytisstjóri félmrn. hefur rætt við Björn Jónsson forseta Alþýðusambands Íslands og Ólaf Jónsson forstjóra Vinnuveitendasambands Íslands um málið og lagt til að samböndin tilnefndu fulltrúa til þess ásamt fulltrúa frá félmrn. að athuga og gera till. um atvinnumál aldraðra með tilliti til þál. Alþ. frá 14. maí 1975 og þeirra upplýsinga, sem aflað hefur verið um stöðu þessara mála í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og með hliðsjón af niðurstöðum og tillögum Jóns Björnssonar sálfræðings í skýrslu þeirri sem hann samdi fyrir Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar um vinnugetu og atvinnumöguleika aldraðra. Forseti ASÍ kvað sig hlynntan þessari hugmynd og kvaðst mundu hreyfa henni í miðstjórn ASÍ og skýra rn. frá undirtektum þar. Forstjóri Vinnuveitendasambands Íslands tók í sama streng og lofaði að hreyfa fyrrgreindri hugmynd í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins og skýra rn. frá skoðunum manna þar og undirtektum.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að þakka hæstv. ráðh. svörin. Það er ánægjulegt ef komin er hreyfing á þetta mál, og ég vænti þess að ég þurfi ekki enn að ári að standa upp til þess að spyrja hvað þessu máli líði.

Það væri í sjálfu sér fróðlegt að fá að vita hverjum tökum þessi mál eru tekin á hinum Norðurlöndunum. Það kom fram að þar er engin löggjöf. En fsp. mín var ekki til þess ætluð að fá fram endilega ástandið á hinum Norðurlöndunum því ég held að sú staðreynd, að þar sé engin heildarlöggjöf til um þetta mál, eigi ekki að koma í veg fyrir að við íslendingar setjum slíka löggjöf. Og mér sýnist eftir að hafa kynnt mér m. a. og sérstaklega skýrslu Jóns Björnssonar, þar sem hann leggur mikla áherslu á samræmingu aðgerða, að full þörf sé á rammalöggjöf um ýmis þau málefni sem þarna koma fram.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Sannarlega er þörf á auknum aðgerðum til hjálpar í atvinnumálum öryrkja og aldraðra. Ég hef hins vegar litið svo á lengi að við í þessu landi værum betur settir en flestir aðrir varðandi atvinnumál bæði öryrkja og aldraðra. Þetta stafar af ýmsu, byggist kannske fyrst og fremst á því, að iðnaður okkar er ekki eins háþróaður og er í nágrannalöndunum og lengur hægt að hafa þar að störfum fólk sem jafnvel hefur tapað einhverju af sínum flýti. Þar að auki skapast oft í svo fámennu landi sem hér persónuleg tengsl sem gera það að verkum að fólk fær að halda vinnu sinni enda þótt það vinni ekki með fullum afköstum.

Félög öryrkja hafa lengi sinnt nokkuð atvinnumálum þeirra. Í sjálfu sér hafa þau ekki litið á aldursmarkið. Flestir aldraðir eru öryrkjar, og m. a. fyrir þeirra tilverknað tekið í lögin um endurhæfingu 1970, að þeir, sem hefðu skerta vinnu-

getu og hefðu fengið endurhæfingu, skyldu sitja fyrri um vinnu hjá ríki og bæ, en það eru stærstu vinnuveitendur í landinu. Þessu hefur að vísu ekki verið mikið sinnt, en þó hefur nokkuð verið eftir þessu leitað og árangurinn ekki alltaf sem skyldi, og er það leitt til þess að vita.

Það er enn fremur eitt sem háir einkum öldruðum, og það eru ákvæði um að menn skuli hætta störfum hjá opinberum aðilum þegar þeir ná 67 eða 70 ára aldri. Þetta er að mínu viti algjörlega úrelt ákvæði, og ég held að það væri eitt það nytsamlegasta, sem þyrfti að gera, og nauðsynlegt til þess að lagfæra þessi mál að *nema þessa reglu úr gildi.*

En varðandi skýrslu Jóns Björnssonar, þá held ég að Reykjavík sé e. t. v. verst sett í landinu með atvinnu fyrir aldraða. Mér er kunnugt um það að víða úti um landið eru aldraðir mjög þýðingarmikill vinnukraftur fyrir þau atvinnufyrirtæki sem þar eru rekin, og það eina, sem segja má kannske, er að vinnan sé ekki alltaf sniðin við hæfi og þá sérstaklega ekki vinnutíminn. Hitt er svo annað mál, að eftir því sem ég veit best er það víða sem aldraðir fá í raun og veru heimild til þess að ákveða sjálfir um sinn vinnutíma.

Það er gleðilegt að um þetta er spurt, því að í þessum málum þarf að gera meira átak. Það kom vel til greina fyrir nokkru að setja hér ákvæði um að fyrirtæki væru skyldug til að hafa ákveðna prósenttölu af öldruðum eða öryrkjum í vinnu. Hún hefur ekki verið talin heppnast vel þar sem hún hefur verið reynd, og þess vegna var fallið frá því að reyna slíkt.

Löggjöf um íslenska stafsetningu, fsp. (þskj. 372). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það er kunnugt þeim sem fengist hafa við kennslu móðurmálsins í gagnfræðaskólum undanfarin ár, að hún hefur verið í mikilli niðurlægingu. Það hefur borið æ meira á því að margvíslegar fálmkenndar tilraunir í sambandi við móðurmálskennsluna hafa spillt fyrir eðlilegum árangri í þessari grein, og svo virðist sem þessi þrýstingur hafi komið að ofan eða frá ýmsum þeim mönnum sem vilja telja sig lærðasta og best að sér í íslenskri tungu.

Ég held að þó hafi fyrst keyrt um þverbak þegar tvö ár í röð var breytt íslenskri stafsetningu með grunnhyggnislegum hætti: í fyrra skiptið með því að fella niður z-una og í hið síðara skipti með því að breyta ýmsum öðrum reglum íslenskrar stafsetningar og greinamerkjaskipunar.

Ég þykist vita að menn geti haft sínar skoðanir um það, hvort rita beri z eða ekki og hvernig menn skuli þá komast hjá því að rita z-una. Menn geta deilt um það endalaust hvort rétt sé að skrifa z þar sem hún á að vera, þar sem hún er stofnlæg, eins og kallað er, hvort rétt sé ða skrifa z í endingum sagna og því um líkt. En um hitt held ég að allir séu sammála, að þær reglur, sem settar voru um lítinn og stóran staf, séu gjörsamlega óþolandi og fyrir neðan allar hellur. Nú er t. d. þeim mönnum, sem búa á Stórutjörnum, uppálagt það að þeir megi ekki lengur skrifa þennan bæ eins og þeir hafa vanist: með bandstriki og í tveim orðum, heldur skal þetta vera í einu orði. Og frægur er sá úrskurður hæstv. fyrrv. menntmrh., að rétt sé að rita Sturlungar með stórum staf og oddaverjar með litlum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að tiunda þetta hér. Það er þrýstingur á að breyta þessu. Ég hygg að hin nýja stafsetning sé í rauninni hvergi kennd.

Ég vek athygli á því, að hv. alþm. hafa fengið bréf frá íslenskukennurum við menntaskóla, verslunarskóla og fjölbrautaskóla þar sem þeir fara fram á það við hið háa Alþ. að það undir engum kringumstæðum breyti settum reglum um íslenska stafsetningu. Ef maður les þetta bréf yfir sér maður samt sem áður að í því er mjög áberandi stafsetningarvilla, þar er farið rangt með reglur um lítinn staf og stóran í fyrsta lagi, og í öðru lagi eru í bréfinu ótal kommuvillur, ýmist er það of eða van, og punktur þar sem á að vera komma. Þetta eru þeir kennarar sem mæla með hinum nýju reglum — menn sem kunna sjálfir ekki að nota þær og lítilsvirða sjálfa sig með því að senda hinu háa Alþ. bréf um íslenska stafsetningu sem þeir kunna ekki sjálfir betur með að fara en þetta.

Ég er sammála því, sem oft hefur komið fram hér á hinu háa Alþ., að það er nauðsynlegt að menntmrh. á hverjum tíma sé ekki gefið vald til þess að ráðskast með stafsetninguna. Ég er þeirrar skoðunar að Alþ. þurfi að huga að því hvernig staðið sé að móðurmálskennslu í grunnskólum. Ég vek t. d. athygli á því, að kennsla í íslenskri stuðlasetningu, kennsla í rímnabragarháttum, okkar gömlu þjóðlegu íþrótt sem yrði heimsslys ef gleymdist með íslenskri þjóð, hún er engin í öllum grunnskólanum nema lítils háttar í efsta bekk.

Við kennslu, eins og ég sagði áðan, eru engar kröfur lengur gerðar í stafsetningu. Landspróf var lagt niður fyrir nokkrum árum í raun, upp tekið einhvers konar fálm, þannig að stafsetningarprófin upp á síðkastið hafa verið þannig úr garði gerð að þau könnuðu ekki kunnáttu, heldur gátu menn ekki fengið svo bágt í stafsetningu að það skipti neinu verulegu máli í sambandi við heildareinkunn í íslenskri tungu. Er þá mjög aftur farið, enda er það orðið þannig núna að íslenskukennarar gefa sér ekki lengur tíma til að kenna stafsetningu eins vel og áður var. Það er þetta, sem þarf að breyta. Og það var þess vegna sem það olli mér m. a. miklum vonbrigðum hjá hæstv. menntmrh. fyrir skömmu þegar hann lýsti því yfir hér í þingræðu, að það væri eitt, sem búið væri að ljúka, það væri námsskrá í íslenskri tungu.

Ég hef af þessum sökum leyft mér að flytja fsp. til hæstv. menntmrh., svo hljóðandi: „Verður löggjöf um íslenska stafsetningu lögð fyrir þetta þing, sbr. þál. frá 16. maí 1975?“ Ég hefði kannske átt að bæta við fyrirspurnina: eða verður þetta áfram látið dankast?

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að svara þessari fsp.

á þann veg, að ég stefni að því að leggja fyrir Alþ. frv. — ekki löggjöf — þó ekki um ritreglur, heldur um meðferð stafsetningarmála. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að í fyrravetur var gert frv. um þetta efni í menntmrn. fyrir mína tilstuðlan. Það varð ekki samkomulag um að flytja það sem stjórnarfrv. og ég flutti það sem menntmrh. þá. Ég vil aðeins minna á þetta í tilefni af fsp.

Ég fer svo ekki út í það núna að ræða gerð prófa og kennslu í stafsetningu, námsbókagerð o. fl. Ég tók í það nokkuð langan tíma hérna um daginn og eftir er a. m. k. þriðji hluti af þeirri umr. og þar eru engin tímatakmörk. Það er best að láta það bíða þangað til. En ég vil bara minna hv. fyrirspyrjanda á það, að náttúrlega er móðurmálskennsla miklu fleira en kennsla í stafsetningu. Jafnframt vek ég athygli á því, að eitthvað hefur vantað á þetta hér áður fyrr, móðurmálskennsluna, úr því að hv. þm. og kennari gerir ekki greinarmun á frv. og löggjöf. Ég held að enginn ráðh. geti lagt löggjöf fyrir Alþ., hvað þá um efni sem ekki er þá til nein löggjöf um, hann verður að leggja fram frv.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Ég finn ástæðu til að fagna því að löggjöf um íslenska stafsetningu — að frv. að löggjöf um íslenska stafsetningu — ég bið afsökunar á þessum mismælum — verði lagt fyrir þetta þing. Ég á í rauninni ekki annað erindi upp, heldur en að ítreka það sem ég hef áður sagt: Menn geta deilt um margvísleg atriði í íslenskri stafsetningu, í íslenskri kommusetningu, en það er til fullrar vansæmdar að láta þær óþolandi reglur, sem nú gilda um lítinn og stóran staf, vera áfram í gildi. Ég þekki engan mann sem mælir þeim nokkra bót, og ég álít að það sé blátt áfram heilög skylda hæstv. menntmrh. að kippa þessu máli í liðinn.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja mjög um þetta mál nú, en ég þóttist taka eftir því að hæstv. menntmrh. ræddi um það að hann mundi leggja hér fram frv. að lögum um meðferð stafsetningarmála. Hann gerði tilraun til þess á síðasta þingi, en hann hlýtur að muna hver viðbrögð urðu t. d. í hv. Nd. þar sem í atkvgr. um það frv. hans féllu atkv. 14 gegn 25. Og hann hlýtur að minnast þess, að þegar hann leitaði til samstarfsflokksins um þetta frv., Sjálfstfl., þá var frv. rekið í hann aftur mótatkvæðalaust, og hann signdi þetta sjálfur. En honum er auðvitað sjálfrátt að flytja slíkt frv. Enginn getur bannað honum það. En það er annað, — ég sé nú að hæstv. ráðh. er hlaupinn úr salnum, — en það er annað sem hann kemst ekki hjá að gera, og það er að fara að ályktunum Alþ. og framkvæma það, sem honum hefur verið fyrirskipað að gera. Það er, eins og ég segi, hans eigin ákvörðun að flytja frv. um meðferð stafsetningarmála. Alþ. hefur ekki tekið aðra afstöðu til þess en að hafna því frv. sem hann flutti hér á síðasta þingi. En það er annað, sem Alþ. hefur falið honum að gera, og það er að semja lög um íslenska stafsetningu. Það var, að ég hygg, 16. maí 1975 sem Alþ. samþykkti þá ályktun. En hann hefur ekki farið að þessari samþykkt Alþingis. Hann hundsar þessi fyrirmæli Alþingis, því það var engin áskorun. Alþ. fól ríkisstj. að semja þetta frv.

Þegar sýnt var á síðasta þingi að engir tilburðir voru hjá ríkisstj. — og það er leitt að formaður hennar skuli ekki vera hér viðstaddur, því vissulega þyrfti ég að spyrja hann að því, — hver væru viðhorf hans til þess hvort ríkisstj. bæri að fara að samþykkt Alþ. eða ekki, — en þegar, eins og ég sagði, séð var að ekki voru tilburðir hjá ríkisstj. að fara að þessum tilmælum Alþingis, þá tóku nokkrir þm. sig saman og sömdu fullkomna löggjöf um íslenska stafsetningu sem var í samræmi við þá viljayfirlýsingu sem Alþ. gaf 1975. Enn fremur er að vísu önnur samþykkt hér, þar sem ekki var heldur skorað á ríkisstj. að framkvæma eitt eða annað, og hún var gerð í apríllok 1974 og hún gildir gagnvart þessari ríkisstj. eins og hinni fyrri, vegna þess að þótt stjórn fari frá og önnur ný taki við, þá getur hún ekki hliðrað sér hjá því að taka við þeim skuldbindingum sem fyrri stjórn hefur orðið að gangast undir. Þar voru fyrirmæli um það, að hrundið skyldi þessari ákvörðun um að fella z niður í íslensku ritmáli. Þetta eru skýr fyrirmæli. Og nú skulum við ekki fara að tala um það, hversu lengi Alþ. ætlar að láta bjóða sér það að framkvæmdavaldið, sem starfar í umboði Alþ., fari ekki að fyrirmælum Alþingis. Þetta skulum við ekki ræða núna í fjarveru forsrh. og formanns ríkisstj., en fyrir þessum svörum verður hann að sitja alveg óhjákvæmilega.

Eins og ég segi, það er honum að sjálfsögðu sjálfrátt, hæstv. menntmrh., hvaða frv. hann flytur í þessu skyni. En þó að hann flytji eitthvert frv. og endurtaki það hér um meðferð stafsetningarmála, þá kemur það ekkert því máli við sem samþ. var að fela honum að gera um árið, 16. maí 1975, um það að semja lög um íslenska stafsetningu. Þetta vil ég að sé alveg ljóst.

Alveg á næstunni hlýtur það að verða tekið til rækilegrar meðferðar hér hvaða viðhorf ríkisstj. hefur til þess að fara að fyrirmælum Alþingis. Það er alveg nauðsynlegt að Alþ. láti ekki framkvæmdavaldið misbjóða virðingu sinni með þessum hætti. Ríkisstj. á auðvitað, ef henni geðjast ekki að einhverjum till. til þál. sem fluttar eru hér fram, að beita sér gegn því að þær séu samþ. En hafi þær einu sinni verið samþ., þá er óhjákvæmilegt að ríkisvaldinu ber að fara að slíkum samþykktum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil í tilefni af ummælum síðasta ræðumanns taka það fram, að ég tel að texti þessarar þál., þ. e. „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu," feli ekki í sér fyrirmæli um ákveðna formun þeirrar löggjafar, t. d. skeri ekki úr um það, hvort frv., sem samið yrði, kvæði á um íslenska stafsetningu, hvernig með skuli fara til frambúðar, ellegar á hinn veginn, sem hv. þm. virðist óska eftir að Alþ. setji löggjöf um ritreglurnar sjálfar. Þetta er minn skilningur á þessari þál., að hún afmarki þetta ekki. Auk þess vil ég leyfa

mér að benda á að hún er ekki tímasett. Ríkisstj. er ekki falið að vinna þetta fyrir tiltekinn tíma.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 15. mars, að loknum 63. fundi.

Þjónustustarfsemi í Vestur-Húnavatnssýslu, þáltill. (þskj. 370). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Launakjör hreppstjóra, þáltill. (þskj. 380). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Deildaskipting Skipaútgerðar ríkisins, þáltill. (þskj. 375). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 382). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárhagslegur grundvöllur framhaldsskóla, þáltill. (þskj. 316). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting á lifur og hrognum, þáltill. (þskj. 32, n. 350). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 350 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 391).

Öflun upplýsinga um þjóðartekjur á mann og kaupmátt launa, þáltill. (þskj. 34, n. 339). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 339 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 34 shlj. atkv.

Vinnsla verðmæta úr sláturúrgangi, þáltill. (þskj. 48, n. 356). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 393).

Fiskikort, þáltill. (þskj. 137, n. 346). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 394).

Raforkusala á framleiðslukostnaðarverði til orkufreks iðnaðar, þáltill. (þskj. 306). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Við 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, höfum leyft okkur að bera fram á þskj. 306 till. til þál. um raforkusölu til orkufreks iðnaðar. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að eftirleiðis sé óheimilt að gera samninga um raforkusölu til orkufreks iðnaðar nema þeir séu þannig úr garði gerðir að tryggt sé að ætíð sé greitt meðalframleiðslukostnaðarverð fyrir heildarframleiðslu raforku í landinu, þannig að öruggt sé að íslendingar þurfi aldrei að greiða niður orkuverð til orkufreks iðnaðar.

Þessi trygging sé þannig úr garði gerð að verðlag raforku sé endurskoðað árlega og samninga sé óheimilt að gera til mjög langs tíma."

Orðun þessarar ályktunar er með nokkuð öðrum hætti en algengast hefur verið um þáltill. Hér er ekki óskað eftir því að ríkisstj. láti semja reglur, sem Alþ. síðan staðfesti, um það hvernig verðlagningu á raforku þeirri, sem seld er orkufrekum iðnaði, skuli háttað. Sú leið hefði að sjálfsögðu einnig getað komið til greina. En síðustu verk yfirvalda orkumála og ráðgjafa ráðh. gefa ekki tilefni til þess að búast við því að sú leið yrði árangursrík. Þess vegna kjósum við þessa leið til þess að vekja athygli á málinu og koma af stað umr. um það. Frumkvæðið verður að vera hjá Alþ. sjálfu og sú stofnun verður að hafa sérstaklega vökult auga á þessu máli.

Í grg. skýrum við þetta þannig:

Ótvíræð reynsla af samningum þeim, sem íslendingar hafa gert um sölu á raforku til rokufreks iðnaðar, gerir það brýna nauðsyn að Alþ. taki af skarið um það að þannig sé óheimilt að leggja drög að samningum. Það hefur verið leiðarljós íslenskra samningamanna að reikna út af mikilli bjartsýni orkuverð frá hverju orkuveri, sem í byggingu hefur verið fyrir sig og gera síðan samninga til mjög langs tíma um sölu á mestallri orkunni á því verði sem þeir vonuðu að hægt yrði að framleiða hana í orkuverinu og verðjafna við eldri virkjanir sem afskrifaðar voru. Að sjálfsögðu hafa orkuverin sífellt orðið dýrari, orka frá Sigölduvirkjun dýrari en frá Búrfellsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun verður dýrari en Sigölduvirkjun og orka frá Kröfluvirkjun kann að verða nokkru dýrari í framleiðslu en ráðh. spáði þegar hafist var handa um framkvæmdir við Kröflu. Þessari þróun valda ýmsar ástæður. Verðbólga hefur verið í veröldinni, vaxtakjör sífellt óhagstæðari, hagkvæmustu virkjunarvalkostirnir væntanlega teknir fyrst,

ófyrirsjáanleg atvik getur hent í náttúrunni, þannig að næsta virkjun verður dýrari þeirri seinustu.

Samningar þeir, sem gerðir hafa verið — meira að segja við fyrirtæki í eigu útlendinga, hafa verið á þá lund að raforkunotendur hafa fyrr en varir verið farnir að greiða niður raforkuverðið til stóriðjunnar. Svo er nú komið, að orkuverð til stóriðju er hér verulega lægra en í nálægum löndum, t. d. helmingi lægra en í Noregi.

Norðmenn hafa sett löggjöf um orkusölu Statskraftverkene til orkufreks iðnaðar, og gera þeir ráð fyrir ákveðnu lágmarksverði (áætlað 6 aurar 1. 1. 1976 við stöðvarvegg) og breytist það síðan árlega samkv. kostnaðarbreytingum.

Þrátt fyrir það að norðmenn ákveði lágmarksverð á stóriðjuraforku svo miklu hærra en íslendingar gera samninga um, þá er raforkuverð í Noregi samkv. upplýsingum Sambands ísl. rafveitna 1. 1. 1976 til heimilisnotkunar 5.29 kr. kwst., en á Íslandi (meðaltal á landinu) 12.54 kr. kwst. og heildsöluverð í júní 1976 miðað við 100 gwst. og 4 500 stunda nýtingartíma í Noregi 1.89 kr. á móti 3.28 á Íslandi. — Þetta var úr grg.

Það er rétt, áður en lengra er haldið, að vekja sérstaka athygli á þeim reglum sem norðmenn hafa sett um þetta efni og vitnað er til í grg. Norðmenn hafa langa og að ýmsu leyti dýrkeypta reynslu af orkusölu til stóriðju. Ég hef í höndum gögn, sem ég hef aflað mér um þetta mál frá norska Stórþinginu og vil ég nefna Stortingsmelding nr. 100 1973—1974 frá Industridepartementet og ber heitið Energiforsyningen i Norge i fremtiden. Í framhaldi af þessari Stortingsmelding er Innstilling nr. 255 frá 1974—1975. Tilrådning fra Industrikomitéen. Þá vil ég nefna umr. úr Stórþinginu: Stortingsforhandlinger nr. 35 frá 13. maí 1975. Loks ber að nefna þau þingskjöl sem getið er um í grg. þáltill. okkar: Stortingsproposal nr. 81 frá 1975—1976. Om pris og andre vilkår for statskraft verkernes leveringer av kraft til kraftkrevende industri m. v. Tilrådning fra Industridepartementet av 9. jan. 1976, godkjent ved kongelig resolusjon. Samme dag foredratt av stadtsråd Ingvald Ulveseth. Og síðast en ekki síst Instilling fra Industrikomitéen nr. 21 frá þinginu 1975—1976 og Stortingsforhandlinger nr. 26 frá 1. apríl 1976, þar sem reglurnar voru endanlega samþykktar.

Í reglum þeim, sem settar voru, er gert ráð fyrir eftirtöldum atriðum þegar um er að ræða samninga gerða 1976:

1. Fastkraft. Verð 1. jan. 1976 6 aurar norskir uppspenntir við stöðvarvegg.

2. Fastkraft med avbruddsklausul, þ. e. með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Verð það sama og fyrir forgangsorkuna eða 6 aurar norskir.

3. Ikke garanteret kraft. Það er samkv. dómi orkumálastjóra það sama sem kallað er afgangsorka í járnblendisamningnum. Verðið á samkv. norsku reglunum að vera 75% af forgangsorkuverði.

4. Tilfeldigkraft. Þar eru óbreyttar reglur.

5. Inderegulering av kraftprisen. Það er leiðrétting á orkuverðinu. Verðið skal leiðréttast upp eða niður á hverju ári og fylgja norsku heildsöluvísitölunni 100%. Þó skal leiðréttingin ekki vera á sama ári nema 5%. En ef hækkun vísitölunnar er samanlagt í 3 ár meira en 15%, þá á að endurskoða hækkunarákvæðin og láta þau verka til framtíðar. Þá skal undir öllum kringumstæðum endurskoða vísitöluákvæðin 1. jan. 1985.

6. Greiðsluskylda er fyrir alla forgangsorku og forgangsorku með uppsagnarfresti.

7. Samningarnir falla úr gildi 1996, þ. e. a. s. hámarksgildistími samninga er 20 ár.

8. Magn orku til hvers einstaks fyrirtækis má skiptast í 70% forgangsorku og 30% í fastkraft med avbruddsklausul og ikke garanteret kraft.

Þá eru nokkur fleiri ákvæði sem ég hirði ekki um að rekja hér. Þó get ég ekki annað en nefnt ákvæðið um orkuflutninginn, sem kaupendur eiga að greiða sérstaklega frá stöðvarvegg til verksmiðju. Fyrir flutning á orku á að greiða a. m. k. 8% af orkuverðinu + 1% fyrir hverja byrjaða 10 km, sé um lengri leið en 50 km að ræða. Þá undirstrikaði iðnaðarnefnd sérstaklega að þessi regla ætti líka að gilda um endurnýjun á gömlum samningum.

Ég vil geta þess, að minni hl. iðnn. norska Stórþingsins þótti reglur þær, sem hér hafa verið raktar, ekki nógu strangar og lagði minni hl. til að gengið yrði út frá 6.50 kr. gjaldi fyrir kwst.

Þetta eru fróðlegar reglur fyrir okkur að athuga, sérstaklega með tilliti til þeirra samninga sem við höfum gert og erum að gera um orkusölu til stóriðju, meira að segja erlendrar.

Ég vitna í fyrsta lagi til samnings við Járnblendifélagið, sem hér er til afgreiðslu í þinginu. Þar er gert ráð fyrir að selja orkuna á 3½ eyri norskan flutta að verksmiðju, en ekki 6 við stöðvarvegg, þ. e. a. s. 219 aura ísl., hækka síðan um ½ eyri norskan 1982, og sérstaklega tekið fram, að sá ½ eyrir hækki ekki á tímabilinu. Og síðan hækkar grunnverðið fimmta hvert ár samkv. úreltum norskum reglum um samninga sem gerðir voru 1962—1972. Þetta er nú meiri snilldin.

Þá er rétt að víkja að raunasögunni um álverið í Straumsvík, þ. e. a. s. þeirri sögunni, sem fjallar um raforkusölu til álversins. Þetta fyrirtæki hefur á undanförnum árum notað meira en helming af allri tiltækri raforku landsmanna, en það gjald, sem fyrir raforkuna hefur komið, er innan við 10% af þeirri heildarupphæð sem goldin hefur verið fyrir rafmagn á Íslandi. Þetta rafmagn er nú greitt með rúmum 76 aurum ísl., en væri greitt með 219 í Noregi eftir nýjum samningi gerðum á sama tíma og stækkunarsamningurinn í fyrra. 1975 notaði álverksmiðjan 1027 gwst. og greiddi með 490 millj. kr. Þá var salan alls 2063 gwst. á 6651 millj. kr. Þetta er samkvæmt skýrslu Orkustofnunar um raforkuver og rafveitur á Íslandi 1976.

Samkvæmt upplýsingum Sambands ísl. rafveitna 11. 1. 1977 var meðalheildsöluverð á Íslandi í júní 1976, eins og áður sagði, miðað við 100 gwst. og 4 500 stunda nýtingartíma, 3.28 kr., en ekki 0.76. Í Noregi var heildsöluverðið 1.89 kr. Þetta gefur nokkra mynd af ástandinu.

Verulegar umr. hafa að sjálfsögðu orðið undanfarið um orkusölu Landsvirkjunar. Saga verðhækkana á raforku frá Landsvirkjun er lærdómsrík. Álversverðið hefur ekki hækkað nema lítið eitt frá því að samningurinn var gerður 1966,

en á sama tíma hefur Landsvirkjun orðið að margfalda verð til íslenskra dreififyrirtækja. Álversverðið hefur hækkað úr 2.5 millj. í 4 eftir langvinnt og harðsnúið samningaþóf í fyrravetur. Prófessor Gísli Jónsson hefur birt fróðlega útreikninga um orkusölu Landsvirkjunar og þeim hefur ekki verið hnekkt þrátt fyrir nokkra tilburði af hálfu Landsvirkjunar. Niðurstaða útreikninga prófessorsins er sú, að almennar veitur hafi greitt niður raforkuverð vegna ÍSALs á árunum 1974—1976 um 1232 millj. kr. Þá er rétt að benda á það, að þrátt fyrir það að Landsvirkjun hafi notið mikils forgangs fram yfir önnur hérlend raforkuöflunarfyrirtæki, bæði hvað varðar virkjunarvalkosti, markaðsstærð, markaðslegu og annað, þá verður hún að selja orku dýrara í heildsölu til rafveitna heldur en Laxárvirkjun og Andakílsárvirkjun, og það segir líka sína sögu.

Nú kann einhver að spyrja: Er ekki verið að bregða fæti fyrir innlend þjóðþrifafyrirtæki eins og stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins með því að ætlast til að ætíð sé greitt framleiðslukostnaðarverð? Ég tel að svo sé ekki, og þegar um innlend þjóðþrifafyrirtæki er að ræða tel ég réttlætanlegt að bæta þeim upp kostnaðinn eftir öðrum leiðum. Ég geri mikinn mun á því, hvort um er að ræða fyrirtæki, sem er í eigu íslendinga, eða hvort um erlend fyrirtæki er að ræða eða næstum erlend.

Ég hef raunar hvað eftir annað gert grein fyrir skoðunum mínum á erlendri stóriðju, þeim óæskilegu áhrifum sem hún hefur óhjákvæmilega í för með sér. Ég mun því ekki fjölyrða nú um þann þátt málsins. Ég árétta einungis þá skoðun mína, að ég tel, að raforkumálastefna okkar sé röng, við höfum ráðist í of stóra virkjunaráfanga vegna þeirrar villukenningar að stærðin hljóti að gefa hagkvæmni, lægra verð á hverja kwst. Til þess að svo geti verið þarf að selja alla orku strax. Þetta hefur verið gert með óhagstæðum stóriðjusamningum. Þá þarf að rjúka í næstu virkjun sem ætíð er dýrari þeirri síðustu, og svona heldur Hrunadansinn áfram. Þennan vítahring verður að *rjúfa. Virkjunaráfangarnir eiga* að vera minni, þannig að ekki þurfi að selja útlendingum hluta orkunnar og okra á þeim hluta sem íslendingar kaupa. Við eigum að virkja þar sem óbætanleg spjöll eru ekki unnin á náttúru landsins, virkja fyrir okkur sjálfa og leggja megináherslu á samtengingu dreifikerfisins og styrkingu þess, þannig að við getum notað orkulindirnar sjálfir og dreift orkunni um landið.

Ég lýk máli mínu með því að vitna til lokaorða grg.:

„Flm. telja, að þetta ástand sé óviðunandi og óhjákvæmilegt sé að Alþ. setji reglur sem tryggi það að aldrei geti komið til þess, að almennir notendur greiði niður raforkuverð til orkufreks iðnaðar og glati þannig því hagræði sem við ættum að geta haft af okkar dýrmætu orkulindum."

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. hér í dag óska ég eftir því, að umr. verði frestað og málið sent til atvmn. til athugunar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði skilið það svo að umr. um þessa till. ættu að bíða og verða nokkuð samferða umr. sem væntanlega munu verða hér innan skamms um fyrirhugaða járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. En svo er nú ekki og þá vil ég nota tækifærið og segja nokkur orð í tilefni af þessari till. og í tilefni af þeim orðum sem hv. fyrri flm. viðhafði hér áðan.

Hann varaði við stórvirkjunum og sagði að við hefðum virkjað of stórt til þessa, það bæri að virkja í smáum áföngum og ástandið í orkumálunum þyrfti að breytast sem allra fyrst.

Þegar rætt var um það að setja lög um Landsvirkjun og virkja við Búrfell, virkja stórt, þá kom fram till. um það í þessari hv. d. að virkja smátt, virkja lítinn foss í Árnessýslu í lítilli á í stað þess að fara að ráðast í að virkja Þjórsá. Ef farið hefði verið að till. þessara manna, þá mætti vel vera að það væri orkuskortur um allt Suðurland og Vesturland, eins og illu heilli er víða annars staðar. Ef lög um Landsvirkjun hefðu ekki verið sett og ekki hefði verið hugsað stærra en kom fram í flutningi þeirrar till., sem ég nefndi, og farið hefði verið eftir röddum eins og þessum sem nú heyrast hér, að við eigum að virkja smátt, í litlum áföngum, sjálfsagt í litlum ám, þá gæti verið orkuskortur um allt land og því meira dísilafl í stað vatnsafls eða gufuorku.

Þessi till. er dálítið einkennileg að því leyti, að það á að fyrirskipa Alþ. hvernig samninga skuli gera um raforkusölu, ekki aðeins nú á næstunni heldur og um alla framtíð. Ég býst við að það séu fleiri hv. alþm. en ég sem telji þessa till. harla einkennilega, og ég á alls ekki von á því að hún verði samþ. Ég á alls ekki von á því að sú stefna, sem kemur fram með flutningi þessarar till. og í ræðu hv. fyrra flm., verði tekin upp. Ég á miklu frekar von á því, að sú stefna, sem hefur verið ráðandi hér suðvestanlands með lögum um Landsvirkjun, verði einnig tekin upp í öðrum landshlutum og því orkuhungri, sem hefur verið nú seinni árin í þessum landshlutum, verði útrýmt og að keppt verði að því að nota innlenda orkugjafa í staðinn fyrir dísilolíu. Þetta hljótum við að verða sammála um *ef við gefum okkur tíma til að rökræða málið.*

Hv. fyrri flm. sagði hér áðan að það væri dapurleg reynsla af orkusölusamningnum við ÍSAL. Ég virði hv. þm. það til vorkunnar að hann hefur ekki sett sig nógu vel inn í þessi mál. Hann veit ekki hvað hann er að tala um þegar hann fullyrðir þetta. Hann talar um 12—13 kr. verð á orku til almennings í landinu. En hann gerir sér ekki grein fyrir því, að heildsöluverðið frá Landsvirkjun er það lægsta sem þekkist á Vesturlöndum að undanskildum Noregi sem er með gamlar og afskrifaðar virkjanir. Noregur er þegar langt kominn að virkja allt það vatnsafl sem hann hefur, a.m.k. það hagkvæmasta, og sú orka, sem Noregur hefur frá vatnsföllunum, vegna þess að virkjanirnar eru afskrifaðar, er sú ódýrasta sem þekkist í Vestur-Evrópu. En þegar Noregur er undanskilinn, þá er orkan frá Landsvirkjun sú ódýrasta sem er á Vesturlöndum. Og þegar við erum að tala um orkuverðið í sambandi við orkusöluna til ÍSALs, þá tölum við vitanlega um heildsöluverðið, en ekki smásöluverðið.

Hv. flm. þessarar till. verða að gera sér grein fyrir því, af hverju orkuverðið er hátt til al-

mennings í þessu landi. Af hverju er smásöluverðið svona hátt þegar heildsöluverðið er ekki nema 2.46 kr. á s. l. ári? Af hverju er það? Þeir, sem ekki vita, verða að spyrja og fá svör til þess að þeir geti vitað það. En það er alveg augljóst af hverju þetta er. Það eru flutningsgjöld til landsins, það eru tollar, það er 20% söluskattur af útsöluverðinu, það er 13% verðjöfnunargjald og það er dreifingarkostnaðurinn um okkar strjálbýla land, okkar stóra land og strjálbýla. Þetta er ekki orkusamningnum við ÍSAL að kenna. Munurinn á heildsöluverði og smásöluverði verður ekki rakinn til orkusölunnar til ÍSALs.

Ég er alveg sannfærður um að þegar við förum að rökræða þessi mál, þá sjá hv. þm., sem hafa flutt þessa till., eftir því frumhlaupi sem þeir auglýsa með flutningi þessarar till. Þeir eiga eftir að sjá að samningurinn við ÍSAL á engan þátt í því að orkuverð til almennings er hátt, heldur á orkusölusamningurinn við ÍSAL þátt í því að gera verðið til almennings lægra en það væri ef álverksmiðjan væri ekki.

Það er rétt að rifja hér upp það sem yfirverkfræðingur Landsvirkjunar hefur sagt og látið frá sér fara. Það er að síðan samningurinn var gerður við ÍSAL hafa tekjurnar af orkusölunni staðið undir öllum lánum vegna virkjunarinnar við Búrfell. ÍSAL notar 60% af orkunni frá Búrfelli, en tekjurnar af orkusölunni til ÍSALs standa undir öllum lánum og meira en það, öllum lánum af línu frá Búrfelli, að Geithálsi, öllum lánum af aðveitustöðvum, þessari dýru spennustöð, öllum lánum vegna kostnaðar við vatnsmiðlunina í Þórisvatni, en vatnsmiðlunin við Þórisvatnið er ekki einungis gerð fyrir Búrfellsvirkjun, hún er ekkert síður gerð fyrir Sigölduvirkjun, hún er ekkert síður gerð fyrir Hrauneyjafossvirkjun, hún er ekkert síður gerð fyrir væntanlega virkjun við Sultartanga. Þess vegna er ekki rétt að skrifa allan kostnað við vatnsmiðlunina í Þórisvatni á Búrfellsvirkjun. En þrátt fyrir það standa greiðslurnar frá ÍSAL undir öllu þessu, vatnsmiðluninni við Þórisvatn, línu til Reykjavíkur, aðveitustöð að Geithálsi og öllum virkjunarkostnaði við Búrfell. Virkjunin er afskrifuð hratt. Hún er afskrifuð á 20 eða 25 árum, þá hefur ÍSAL borgað þessa virkjun með því að kaupa 60% af því sem virkjunin framleiðir, — virkjun sem talið er að geti starfað í 80—100 ár eða lengur með litlum viðhaldskostnaði.

Landsvirkjun afskrifar hratt, Landsvirkjun eignast mikið vegna þess að hún hefur orkufrekan notanda sem borgar mikið. Landsvirkjun græðir á því að hún hefur orkufrekan notanda sem nýtir orkuna vel, sem kaupir orkuna allan sólarhringinn allt árið um kring. En venjulegur notandi notar ekki orkuna nema 6—7 klukkustundir á sólarhring. En það verður að hafa afl til handa þessum notendum sem ekki þurfa orkuna nema ¼ úr sólarhringnum, og þess vegna er dýrt að hafa nægilega orku fyrir venjulegan notanda. Þess vegna er ódýrara að hafa afl handa notanda sem nýtir orkuna allan sólarhringinn. Ég er sannfærður um að hv. flm. till. skilja þetta þegar þeir gera sér eða vilja gera sér grein fyrir því.

Það hafa ekki heyrst meiri öfugmæli hér í hv. Alþ. heldur en þau, að orkusölusamningurinn við ÍSAL sé dapurlegur, — samningur sem gerir Landsvirkjun fært að eignast stórvirkjun á 20 eða 25 árum, — mannvirki sem ætlað er að standa í allt að 100 ár eða lengur. Svo koma tveir hv. þm., ágætir menn, virðulegir og greindir úr landsfjórðungi sem er í orkusvelti, ég ætla ekki að fullyrða hvers vegna, en samkomulag er ekki enn fengið um það, hvort Blanda verður virkjuð, og samkomulag varð ekki um hagkvæmustu virkjun í Laxá. En þessir virðulegu þm., sem ég ann alls góðs, ætla með tillöguflutningi hér í hv. Alþ. að kenna öðrum hvernig best sé að haga sér í orkumálum. Ég held að þeir, sem njóta orku frá Landsvirkjun, þakki fyrir slíkar ráðleggingar. Þeir, sem njóta orku frá Landsvirkjun, kæra sig ekkert um að komast í sömu aðstöðu og umbjóðendur þessara hv. alþm.

Eins og ég sagði í byrjun, þá geri ég ráð fyrir því að frv. um járnblendiverksmiðju verði bráðlega rætt hér í hv. d., og ég hef reiknað með því að það yrðu langar umr. um það frv. í báðum d. Alþ. Það er út af fyrir sig hvort menn eru á móti stórvirkjunum, stóriðju í stærri mælikvarða en verið hefur hingað til, eða hvort menn ætla að verða á móti því að virkja hagkvæmt og segja t. d. eins og hv. fyrri flm. áðan: Það hefur verið virkjað of stórt, það ber að virkja í smááföngum. Það er næstum því sama og að segja: Við skulum bara vera í orkusvelti, ekki aðeins fyrir vestan, norðan og austan, heldur einnig hér fyrir sunnan.

Viðreisnarstjórnin vann að því að álverksmiðjan í Straumsvík væri byggð, og þjóðin hefur hagnast á því. Þjóðin hefur fengið, síðan álverksmiðjan tók til starfa, 24 þús. millj. kr. í erlendum gjaldeyri — 24 milljarða kr. — fyrir orkusölu, fyrir vinnulaun, flutninga og ýmsa þjónustu. Orkusalan er stór þáttur í þessu, eins og ég lýsti áðan, sem gerir fært að Landsvirkjun eða réttara sagt þjóðin eignast stórvirkjun á tiltölulega fáum árum, — virkjun sem álverið hefur borgað. Það má þess vegna segja að samningurinn við ÍSAL hafi verið þjóðinni mjög hagstæður.

Hitt er svo annað mál, að hreinsitæki eru ekki enn komin í verksmiðjuna, en þau verða að koma og um það var rætt lítillega hér um daginn. En menn vita að fyrir aðeins þremur árum var verið að gera tilraunir með íslensk tæki sem ekki reyndust duga, en það er ekki nema eins og hálft annað ár síðan fullkomnustu tæki, sem við þekkjum nú, hafa verið fullreynd, og það eru þau tæki sem verða sett upp í Straumsvík. Þess vegna fáum við bestu hreinsitækin, sem nú eru þekkt, og minnstu mengun, sem getur orðið af stóriðju eins og frá áli. Um þetta er enginn ágreiningur. Það er heldur enginn ágreiningur um það, að ef hér verður reist önnur verksmiðja, stóriðjuverksmiðja, hvort sem það er járnblendi eða annað, þá ber að hafa fullkomnustu mengunarvarnir sem hægt er að fá. Um það þarf ekki heldur að deila, það erum við sammála um.

Um járnblendiverksmiðjuna ætla ég ekki að ræða nú, vegna þess að ég geri ráð fyrir að að því komi innan skamms. Þar hefur verið gerður samningur um orkuverð sem talið er vera hagstætt miðað við það sem færustu menn hafa

reiknað út hvað verðið þurfi að vera til þess að Landsvirkjun geti hagnast á sölunni.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort rétt er að orðlengja þetta öllu meira með tilliti til þess að tækifæri gefst væntanlega fljótlega til þess að ræða orkumálin og stóriðjumálin ýtarlegar hér í þessari hv. deild.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. var að ljúka máli sínu, og ég get þó sagt það, að ég var honum sammála um tvennt: annars vegar það, að ég vona að orkuhungur verði gert útlægt úr landinu, og eins hitt, að erlendir orkugjafar verði leystir af hólmi af innlendum orkugjöfum. Að öðru leyti held ég að ég hafi verið honum ósammmála í hverju einasta orði. Og það kom greinilega fram, að í þessu efni tölum við kannske alls ekki sama mál. En vegna þess að svona stendur á, að við tölum e. t. v. ekki sama mál, er ég að hugsa um að tala hér mitt eigið mál og vita hvort það eru ekki einhverjir sem skilja það mál sem ég tala.

Eins og hv. fyrri flm. gerði grein fyrir, felur þessi till. í sér að gerð verði veruleg stefnubreyting í raforkumálum, að því leyti fyrst og fremst, — og ég bið menn að taka eftir því vegna þess að það skiptir nefnilega nokkru hvaða mál maður er að tala, — hún felur það í sér að gerð verði stefnubreyting í raforkumálum að því leyti að orkufrekur iðnaður fái ekki raforku til kaups við undirmálsverði, eins og tíðkast hefur síðan samið var við Alusuisse um raforkusölu frá Búrfellsvirkjun árið 1966.

Rafrokusamningurinn við Alusuisse ber með sér ótrúlegustu einkenni um barnalega kaupsýslu og vanmat á gæðum landsins. Ráðamenn þjóðarinnar árið 1966 trúðu því, að íslendingar stæðu svo illa að vígi um nýtingu orkulinda landsins að það væri hagur af því, eins og kom greinilega fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, — að það væri hagur að því að selja orku til erlendrar stóriðju fyrir lágt verð ef samið væri til nógu langs tíma, þ. e. ef raforkusala væri tryggð til langs tíma á föstu verði, eins og hv. 1. þm. Suðurl. var að lýsa hér ákaft áðan. Með þessu töldu þessir ráðamenn að þeir væru að vinna fyrir framtíðina, og það verður ekki annað séð en hv. 1. þm. Suðurl. trúi þessu, að hann hafi þá verið að vinna fyrir framtíðina. Þeir sögðu að það væri ekki unnt að virkja hagkvæmt nema velja þessa leið, og það var að tengja virkjunaráform stóriðjurekstri útlendinga, og þá skipti ekki máli hvert umsamið orkuverð væri, aðalatriðið væri að fá stóriðjuna inn í landið til þess að við gætum virkjað. Það er þetta sem ég held að sé kjarninn í því máli sem við erum hér að flytja.

Þegar raforkusamningurinn var gerður við Alusuisse árið 1966, — ég ætla að rifja þetta upp, — þá var orkan seld á 2.5 mill kwst., það var lægsta verð, trúlega lægsta orkuverð sem þá var samið um í öllum heiminum. Þá var hliðstætt orkuverð í Noregi 3.2 mill. Um svipað leyti og samningarnir voru gerðir við Alusuisse um 2.5 mill sömdu grísk yfirvöld um sölu á stóriðjurafmagni fyrir rúm 3 mill, en sá samningur leiddi til pólitískrar ólgu í Grikklandi, og það varð að segja upp samningnum, og þá samdist um næstum 4 mill á kwst. Og þá hafði einnig nýlega verið tekin í notkun mikil stórvirkjun í Voltafljóti í Afríku í eigu Ghana-manna. Raforka frá henni var seld á nokkru hærra verði en orkan frá Búrfellsvirkjun eða 2.65 mill. Sannleikurinn er sá, að þegar samningur Landsvirkjunar og Alusuisse var gerður 1966 lágu ekki fyrir upplýsingar um neina þjóð sem seldi útlnedingum orkuna á lægra verði en íslendingar. En það er ekki nóg með það að raforkuverðið væri lágt í upphafi, heldur var samningstímabilið langt og endurskoðunarákvæði um raforkuverðið ákaflega óhagstæð og lýstu litilli framsýni. Meiri hluti orkunnar frá Búrfelli skyldi seldur Alsuisse á næstum að segja föstu verði allt upp í 45 ár, en það mátti endurskoða verðið samkv. samningunum 1984, 1994 og árið 2004, þ. e. a. s. á 10 ára fresti eftir að 18 ár væru liðin frá gerð samningsins. Þessi var nú framsýni Landsvirkjunarstjórnar og stóriðjunefndar og ríkisstj. Íslands árið 1966. Og þessu er hv. 1. þm. Suðurl. að hrósa enn í dag.

En nú skal ég viðurkenna það, að viðhorfin voru að ýmsu leyti önnur á þessum árum en nú er um flest það sem snertir stóriðju og tengsl hennar við nýbyggingu raforkuvera. Menn vissu þá minna en nú um blekkingu þessara tengsla, en menn ímynduðu sér þeim mun meira um nauðsyn þeirra og ágæti. Ég skal fúslega viðurkenna að þessi blekking hafði áhrif út fyrir raðir þáv. stjórnarflokka. Það voru ekki bara sjálfstæðismenn og alþfl.-menn sem áttu það til að túlka þessi mál svona. Stóriðju- og stórvirkjanadraumurinn hafði verið sunginn inn í hug íslendinga, og hann hafði svo sannarlega ekki verið sunginn inn í hug þeirra fyrir ekki neitt. Við lærðum öll í skóla, og erum búin að gera það núna í 2—3 kynslóðir á Íslandi, þessa ljóðlínu eftir Einar Benediktsson:

„Hve mætti bæta lands og lýðs vors kjör
að leggja á bogastreng þinn kraftsins ör."

Það er búið að syngja þetta inn í okkur, og margir hafa trúað á þetta eins og biblíuna. En þó að þetta væri nú svona, að íslendingar væru veikir fyrir háum stiflugörðum og stórum verksmiðjum, þá hlýtur að vekja furðu hversu barnalegum tökum forustumenn í stjórnmálum og fjármálum tóku samningana við Alusuisse yfirleitt, ekki einasta um raforkusöluna, heldur öll atriði samninganna sem skiptu einhverju máli. En ég skal ekki ræða það frekar. Ég vil þó geta þess, að skoðun okkar framsóknarmanna, eins og við lýstum henni á sinni tíð í umr. um þetta mál á Alþ., hefur staðist. Samningarnir við Alusuisse 1966 voru í einu og öllu óhagstæðir vandræðasamningar, sem þjóðin er þegar farin að súpa seyðið af, og það eru þó enn áratugir þangað til samningarnir renna út.

Sú þáltill., sem hér er til umr., fjallar um bann við því að raforka sé seld á svo lágu verði til einstakra fyrirtækja að ekki sé tryggt að greitt sé meðalframleiðslukostnaðarverð fyrir orkuna eða að íslendingar þurfi að leggja það á almenna orkunotendur að greiða niður rafmagnsverð fyrir erlendan stóriðnað, því að yfirleitt reynist þessi stóriðnaður aðallega vera í þágu erlends auðmagns. Þessi till. er flutt sem

andsvar gegn þeim hugmyndum sem enn eru uppi meðal ýmissa afla í þjóðfélaginu um það, að íslendingum sé hagur að því að tengja virkjunarframkvæmdir stóriðju á vegum útlendinga. Þrátt fyrir dýrkeypta reynslu af samningunum við Alusuisse frá 1966 hefur verið haldið áfram á sömu braut allt til þessa. Má heita að Landsvirkjun komi ekki nærri virkjunarframkvæmdum nema þær séu tengdar stóriðju sem útlendingar ráða að mestu yfir.

Landsvirkjun var stofnuð 1965 beinlínis, að því er virtist, til þess að greiða veg útlendu stóriðjunnar, og sú virkjun, sem verið er að ljúka nú hjá Sigöldu, er leynt og ljóst tengd byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Má mikið vera ef fyrirhuguð Hrauneyjafossvirkjun er ekki hugsuð á sama grundvelli, þó að enn hafi ekki verið gert opinskátt hvers konar stóriðja útlendinga kemur þar til greina. En ef að líkum lætur er það álbræðsla eða málmblendiverksmiðja, því að um slíkt snýst hugur þessara manna.

Ég held að það sé komnin tími til þess fyrir Alþ. að stinga við fótum og átta sig á hvar við stöndum í þessu máli. Till., sem nú er til umr., er tilraun til þess að vekja menn til umhugsunar um þýðingarmikið mál sem nauðsynlegt er að taka til gagngerðrar endurskoðunar og til gagngerðs endurmats. Eins og hv. þm. Páll Pétursson benti á, þá stöndum við enn í sömu sporum og 1966, þegar samið var um raforkuverð við Alusuisse, að því leyti, að enn er gert ráð fyrir því að orkuverðið til járnblendiverksmiðjunnar sé aðeins brot af því verði sem í boði er í öðrum löndum, þ. á m. í Noregi, og ég vísa til þess sem hv. þm. Páll Pétursson var að segja um það atriði áðan. Það voru athyglisverðar upplýsingar, enda undrast norðmenn sjálfir það örlæti sem íslendingar sýna í þessu efni.

Alþ. og einstakir alþm. verða að fara að gefa sér tíma til þess að fara ofan í þessi mál og meta stöðuna upp á nýtt. Menn ættu að herða sig upp í það að láta ekki gamlar kreddur og fyrri skoðanir binda sig á klafa í svo stóru og afdrifaríku máli. Rómverjar hinir fornu sögðu: Errare humanum est — það er mannlegt að gera mistök. Því miður eru margir svo gerðir að þeir réttlæta mistök sín sí og æ og verja skyssur sínar í líf og blóð og finnst minnkun að því að játa mistök sín. En það er engin skömm að því að sjá að sér. Ég efa ekki að þeir ráðamenn, sem réðu samningunum við Alusuisse 1966, voru í góðri trú um að þeir væru að vinna fyrir framtíðina. Það sér þó hver heilvita maður, að þeim varð ekki að trú sinni. Ég ætla samt ekki að fordæma þá fyrir verk þeirra á þeirri tíð. Ég býst við að það muni sannast, að þeir vissu ekki betur. Hitt er ófyrirgefanlegt, ef þessir menn, sem sumir eru enn í hópi mestu ráðamanna og áhrifamanna, hafa ekkert lært af reynslunni. Reynslan er þó sá kennari sem flestir telja sér skylt að fara eftir.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég tek undir það, að hér er hreyft mjög mikilvægu máli og sannarlega ástæða til þess að þm. gefi sér tíma til að ræða um raforkuverðið, eins og það er mikilvægt í fjölmörgu sem við fjöllum hér um, og ég vil segja: eins mikils misskilnings og virðist gæta í því sambandi.

Ég get tekið undir ýmislegt sem segir í þessari till. T. d. vil ég taka undir það sem segir þar: „þannig að öruggt sé að íslendingar þurfi aldrei að greiða niður orkuverð til orkufreks iðnaðar.“ Ég vil í því sambandi einmitt minna á lög um Landsvirkjun, 11. gr., þar sem segir skýrum stöfum, að ef selja á yfir 100 gwst. skuli fá til þess sérstaka heimild frá ráðh. og það skuli ekki verða til þess að hækka raforkuverð til almennrar notkunar. Spurningin er: Hefur þessa verið gætt?

Ég get hins vegar ekki tekið undir það, að binda eigi slíka orkusölu við meðalframleiðslukostnað fyrir heildarframleiðslu raforku í landinu. Við hvað er raunar átt þar? Hver er meðalframleiðslukostnaður? Er tekinn með allur dísilrekstur í landinu? Er nokkurt tillit tekið til afgangsorku sem er mikil í kerfinu og er æskilegt að losna við o. s. frv.? Spyrja mætti margra spurninga.

Mér sýnist satt að segja ástæða til þess, þegar slíku er varpað fram, að ræða um nokkur grundvallaratriði raforkuframleiðslunnar. Um það hefur reyndar töluvert verið skrifað. Ég vil t. d. vekja athygli hv. þm. á mjög glöggri og góðri grein sem birtist nýlega, ég held að það hafi verið í dagblaðinu Vísi: Raforkumál og stóriðja, þar sem Jónas Elíasson prófessor setur á ákaflega einfaldan máta upp nokkur meginatriði í þessu sambandi. Ég vil einnig vísa til greinar sem birtist í Dagblaðinu 21. febr. s. l. og fjallar um orkuverð Landsvirkjunar til álbræðslunnar í Straumsvík. Sömuleiðis er nú nýlega komin — ég held að hún hafi komið í gær — fróðleg grein eftir Elías Elíasson hjá Landsvirkjun um orkuöflun og orkuverðlagningu, sem er í Fréttabréfi Verkfræðingafélags Íslands. Í þessum greinum öllum má fá miklar upplýsingar um þessi atriði.

Vitanlega vitum við öll, sem hér erum inni, að íslensk raforka er í meginatriðum vatnsorka sem notuð er til raforkuframleiðslu. Vitanlega vitum við það einnig hér, að við vatnsaflsver eru um 90% rekstrarkostnaðarins fjármagnskostnaður, þ. e. a. s. hann er fastur, óháður því hve vel þessi mannvirki nýtast. Það er því ákaflega mikilvægt að nýta þau sem lengst og best. Það er einnig almennt viðurkennt að stórar virkjanir eru hagkvæmari, veita ódýrari raforku, en þó aðeins ef þær hafa langan nýtingartíma. Annars verður fjármagnskostnaðurinn gífurlega hár sem hvílir þá á tiltölulega litlum nýtingartíma.

Ég vísa aftur í fyrrnefnda grein eftir Jónas Elíasson prófessor og vil leyfa mér að taka svipað dæmi og hann er þar með. Við skulum segja að orkuver framleiði 1000 gwst., og við skulum gefa okkur að það kosti 10 milljarða kr., sem er e. t. v. ekki langt frá lagi. Við getum einnig gefið okkur að rekstrarkostnaður muni vera í kringum 20% af þessum stofnkostnaði á ári hverju. Ef slíkt orkuver seldi alla orkuna yrði því meðalverð á hverja kwst. 2 kr. En ef frá slíku orkuveri nýtast aðeins fyrstu árin 400 gwst., — við skulum gefa okkur það, það er þægileg tala, — þá yrði verðið á kwst. 5 kr., á meðan ekki meira nýtist. Við getum einnig hugsað okkur að markaður væri fyrir 400 gwst. til

viðbótar. Ef það væri allt reiknað á meðalverði, þ. e. a. s. 800 gwst., sem þá seldust, yrði meðalorkuverðið 2.50 kr. hver kwst. En þá má einnig hugsa sér að þessar 400 gwst., sem seljast til viðbótar, væru t. d. að verulegum hluta afgangsorka sem væri ákaflega hentugt fyrir virkjunina að losna við, og mætti þá hugsa sér að hún yrði seld eitthvað lægra verði en þetta meðalverð, 2.50 kr. kwst., sem ég nefndi. Við skulum gefa okkur að kwst. yrði seld á 2 kr. Það þýddi þá að verðið til almennings á þeim 400 kwst., sem þangað færu, yrði 3 kr. kwst., þ. e. a. s. það lækkar úr 5 kr. niður í 3 kr. í slíku dæmi. Og þetta er mjög raunhæft dæmi þó að það sé einfaldað. Ég viðurkenni að í slíkum tilfellum þarf vitanlega að taka tillit til þess að hraða þarf næstu virkjun, og það er gert í þeim útreikningum sem gerðir eru í þessu sambandi, en er of langt mál til þess að gera grein fyrir því hér.

Þarna er því um dæmi að ræða þar sem seld er sú orka, sem ekki nýtist, til þess að lækka verðið til almennings, þótt hún sé ekki seld á því meðalverði sem fengist ef heildarorkusölunni er deilt í heildarrekstrarkostnaðinn. Er þetta röng stefna? Ég get ekki fallist á að það sé röng stefna. Ég get hins vegar fallist á hitt, að seinna meir, eftir því sem markaður okkar verður stærri og — ég kem að því síðar — tekur skemmri tíma að nýta stóra virkjun, er ekki þörf á því að fara út í það að selja hluta af orkunni lægra verði til að geta staðið undir fjármagnskostnaði, vegna þess að markaðurinn vex hraðar með hverju ári eða a. m. k. hraðar í gwst. talið, þó að það kunni að vera ekki svo í hundraðshlutum. *Þetta er því ákaflega mikið háð stærð markaðarins.*

Við verðum einnig, þegar við tölum um orkuna, að gera okkur grein fyrir að í kerfinu er mikil afgangsorka. Svo að ég taki fyrrnefnt dæmi um orkuver sem framleitt getur 1000 gwst. á ári, er það miðað við 8500 tíma nýtingu. En nýtingartíminn t. d. hérna í Reykjavík hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur samsvarar um það bil 4000 stundum, þannig að í raun og veru eru það um það bil 450 gwst. sem nýtast á hinum almenna markaði. Það eru þarna 550 gwst. sem eru á öðrum tímum og markaðurinn hér er ekki í stakk búinn til að taka við. Þetta er ákaflega dýrt, ekki síst fyrir hinn almenna notanda. Og minnist þess, sem ég sagði fyrr, að fjármagnskostnaðurinn er um 90% af rekstrarkostnaði vatnsaflsvirkjunar, þannig að við getum í raun og veru sagt að verð afgangsorkunnar sé um 10% af rekstrarkostnaði, vegna þess að viðbótarkostnaðurinn þar er aðeins hinn breytilegi kostnaður, hinn er fastur, sem dreifist á fleiri gwst. Það er því ákaflega mikilvægt fyrir hvert orkukerfi að nýta afgangsorkuna. Það er einmitt það sem norðmönnum hefur tekist, og kem ég að því síðar.

Við getum einnig litið á þá staðreynd, að í hverju kerfi er ótrygg orka. Hún er oft nokkurn veginn sú sama orka sem ég hef kallað afgangsorku áður, því að venjulega er reynt að nýta tryggu orkuna á aðalálagstímanum. En stundum þarf þetta þó ekki endilega að fara saman. Hins vegar eru aðilar sem geta nýtt slíka orku sem geta tekið þá áhættu að missa orkuna um lengri eða skemmri tíma, kannske hafa varaafl, ef rekstrinn er þannig að þeir geta þolað slíkt. En ég ætla ekki að fara ítarlega út í þetta. Verðlag slíkrar orku er eðlilega mjög svipað og afgangsorku. Við skulum einnig minnast þess, að einkenni á okkar orkumarkaði hafa a. m. k. til þessa *verið ósamtengdur og lítill markaður.* Að vísu er þetta nokkuð að breytast nú með þeirri samtengingu sem er að komast á, þótt henni sé ekki lokið. En alla vega er okkar markaður lítill og því er vöxtur orku á ári hverju tiltölulega lítill. Ég vil í þessu sambandi benda á orkuspá orkuspárnefndar sem er nýlega komin út og er mjög ítarlegt plagg og ákaflega fróðlegt. Þar er gert ráð fyrir að aukning á hinum almenna markaði á ári, ef ekki er tekin með nein stóriðja, sé núna um það bil 150 gwst. fyrir allt landið. Það er sem sjá má lítið þegar við erum að tala um virkjun sem getur e. t. v. framleitt 1000 gwst. Það tekur þá nokkuð langan tíma að nýta slíka virkjun og fjármagnskostnaðurinn verður ákaflega þungur. Sumir hafa sagt: Eigum við þá ekki að virkja þessar stóru virkjanir núna meðan markaður okkar er svona lítill? — Þetta er atriði sem vert er að skoða, og til eru þær litlar virkjanir sem geta verið hagkvæmar, því neita ég aldrei. En vilja ekki hv. þm. telja upp þá virkjunarmöguleika sem eru eftir t. d. hér í nágrenninu? Þeir eru ekki ýkjamargir. Það kemur einnig til greina að virkja jarðgufu, því að jarðgufan hefur þann eiginleika að hana má með nokkurri hagkvæmni virkja í áföngum. Við erum nú að gera fyrstu tilraun á því sviði. Vonandi tekst hún vel og vonandi getum við þá farið í auknum *mæli inn á þá braut. En þetta er samt eitt megin*einkenni á okkar markaði, hve smár hann er, hann er ákaflega óhagkvæmur fyrir t. d. vatnsaflsvirkjanir vegna lítils nýtingartíma og ekki miklir möguleikar til þess að losna við afgangsorkuna.

Hverjir eru þá þeir orkusölusamningar sem svo mjög eru gagnrýndir? Það er í fyrsta lagi samningurinn við ÍSAL, og ég skal taka undir það fyrstur manna að ég vildi gjarnan sjá orkusölu til ÍSALs á töluvert hærra verði, en reyndar hefur raforkuverðið hækkað. Hins vegar þykir mér heldur leiðinlegur bragur á því, þegar menn tala um raforkuverð annars vegar í íslenskum kr., en þegar þeir tala um orkusölu til ÍSALs tala þeir um það í dollurum. Af hverju geta menn ekki breytt þessu yfir í íslenskar kr. eða talað um hvort tveggja í dollurum? Gengi dollarans hefur gjörbreyst. Það er rétt að orkuverð til ÍSALs hefur hækkað úr 2.5 mill eða þúsundustu hlutum úr dollara í 4. En ef það er reiknað í íslenskum kr., þá mun það vera eitthvað á milli 6- og 7-földunar á orkuverði til ÍSALs ef það er reiknað í ísl. kr. Við verðum auðvitað að bera slíkt saman á sambærilegum grundvelli. En ég endurtek til að orð mín misskiljist ekki, að ég tel að orkuverð til ÍSALs þyrfti að vera hærra vegna meiri kostnaðar við virkjanir nú en var.

Mig minnir að hv. frsm. hafi sagt áðan að ekki hafi verið svarað sem nokkru nemur þeirri gagnrýni sem hefur komið fram á sölusamninginn til ÍSALs, m. a. í grein Gísla Jónssonar prófessors. En mér þótti þetta gert á athyglisverðan máta í fyrrnefndri grein í Dagblaðinu 21. febr. Þar er m. a. sett upp tafla sem gerir samanburð á

greiðslubyrði vegna Þjórsárvirkjana og tekjum frá ÍSAL, og það er rétt að taka fram að þetta nær til meira en Búrfells, þetta nær einnig til Þórisvatns og þetta nær til spennivirkja og lína sem í þessu sambandi eru. Með leyfi hæstv. forseta vil ég vísa til þessarar skýrslu og lesa upp úr henni. Þar stendur: Staða 31. des. 1976. Þá er greiðslubyrði 37.3 millj. dollara og tekjur frá ÍSAL eru 20.8 millj. dollara, þ. e. a. s. 55.8% af greiðslubyrðinni. Síðan er þessu lýst nokkuð fram í tímann og allt fram til ársins 1994, þ. e. a. s. 25 árum eftir að orkusalan hófst. Þá verður greiðslubyrðin orðin 120.1 millj. dollara, en tekjur frá ÍSAL orðnar 116.4 millj. dollara eða 96.9% af orkuframleiðslunni frá Búrfelli. Það er því rangt að segja að ÍSAL standi ekki að sínu leyti undir framleiðslukostnaðinum frá Búrfelli. Þetta er bara vitleysa. Hitt er svo allt annað mál, að orkukaup ÍSALs standa ekki að sínu leyti undir framleiðslukostnaði á Landvirkjunarsvæðinu í dag vegna þess að síðari virkjanir hafa orðið miklu dýrari en Búrfellsvirkjun var. En það er einnig staðreynd að það hefði orðið ákaflega erfitt fyrir okkur að ráðast í Búrfellsvirkjun ef við hefðum ekki fengið erlendan kaupanda. Ég leyfi mér að fullyrða að Alþjóðabankinn, sem veitti lán til þessarar virkjunar, hefði ekki tekið slíkt í mál nema með samningi sem þessum, og satt að segja var fulltrúi Alþjóðabankans við þessa samningsgerð frá upphafi og til enda og fylgdist nákvæmlega með henni, samþykkti ekki slíkt lán fyrr en þessi samningur lá endanlega fyrir. Alþjóðabankinn taldi okkar markað svo lítinn, að fyrir yrði að liggja betri trygging en í almennri orkuaukningu fyrir því að við gætum selt þessa orku og fjármagnskostnaðurinn yrði okkur ekki of þung byrði.

Ég er ákaflega undrandi að heyra að hvergi í heiminum hafi verið gerðir óhagstæðari samningar en þessi. Ég veit ekki betur en norðmenn hafi síðast 1969 gert samning til 40 ára á verði sem er núna um það bil 2.7 eða 2.8 norskir aurar kwst., og ég kem nánar að því hér á eftir. Þetta er 1969, sem þeir gera þennan samning. En ég vil endurtaka það enn einu sinni, að sjálfur hefði ég viljað sjá orkuverðið hærra. En það var um það að ræða hvort okkur átti að takast að virkja við Búrfell eða ekki, og menn töldu að það væri æskilegt að leggja í þessar stórvirkjanir. Um það má kannske deila. E. t. v. er hægt að halda áfram með smærri virkjanir. En ég verð að taka undir það sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði hér áðan, að ég óttast að þá væri raforkuverð æðimiklu hærra hér en það jafnvel er, því að raforkuverð, a. m. k. í heildsölu, á Landsvirkjunarsvæðinu er hagkvæmt borið saman t. d. við rafmagnsverð erlendis, eins og hér hefur verið drepið á. Og það mætti vel vera að hér væri annars orkuskortur.

En þennan samning má vitanlega mikið ræða. Orkuverð er samkv. samningnum bundið álverinu sem hefur hækkað eins og annað á heimsmarkaði. Hins vegar er vaxtakostnaður af lánum ekki bundinn verðlagi og eru allar líkur til þess að tekjur frá ÍSAL, þegar upp er staðið, verði töluvert meiri en ég las áðan úr töflunni í þessari fyrrnefndu grein í Dagblaðinu.

Járnblendið er rætt og verður náttúrlega rætt hér nánar síðar og ég ætla ekki að fara ítarlega út í það. En þar verða menn að greina á milli þeirrar forgangsorku sem seld er á um það bil 10 mill, sem er satt að segja mjög svipað og það verð sem norðmenn eru núna að tala um, og þeirrar afgangsorku sem seld er á um það bil 25% af þessu verði. Menn verða að greina þar á milli. Menn geta svo deilt um það hvort þetta forgangsorkuverð er of hátt eða of lágt. Rétt fyrir áramótin var þetta forgangsorkuverð heldur hærra en verðið frá Landsvirkjun til Rafmagnsveitna ríkisins á þeim taxta sem Landsvirkjun býður hverjum sem vill. Það er núna eftir síðustu hækkun aðeins lægra. Hins vegar er það bundið erlendum gjaldeyri og ekki ólíklegt með því gengissigi sem verið hefur að það fari fljótlega aftur upp fyrir.

Ég tek undir það, að ég hefði frekar kosið að rafmagnið væri selt nákvæmlega á þeim taxta, sem Landsvirkjun býður, og væri ekki verið að bera það saman við norðmenn, þá hækkun sem þar er talin í framtíðinni. Hins vegar heyrðist mér á sumum, sem líta mjög til norðmanna, að þeir kjósi raunar fremur að hafa það bundið norskri orkupólitík. En vitanlega verða menn í þessu sambandi að gæta þess, að verðtaxti Landsvirkjunar er háður nýtingartíma. Það er ákveðin formúla fyrir því. Verðið lækkar eftir því sem nýtingartíminn eykst. Og svona er það, eftir því sem ég best veit, hjá öllum heildsöluaðilum orku. Áburðarverksmiðja ríkisins greiðir sama verð og álbræðslan, það eru 74 aurar minnir mig nú. Sú orka er að verulegum hluta orðin bundin og þetta er náttúrlega hagstætt verð. Það eru dálitið sérstakir samningar. Ég trúi því varla að menn séu að sækjast eftir því að Áburðarverksmiðjan greiði 3.86 kr. á kwst. Ég er hræddur um að áburðarverðið yrði nokkuð hátt með því móti. Hins vegar segir hv. 1. flm. að slíkt mætti bæta upp á annan máta, líklega með aukinni niðurgreiðslu eða einhverju þess háttar. Ég er ekki hrifinn af slíkri aðferð, ég verð að segja það alveg eins og er. Og ég held að það sé alls ekki þjóðhagslega óhagkvæmt að selja Áburðarverksmiðjunni orku á þessu verði.

Við höfum í blöðum lesið um verð til verksmiðja Sambands ísl. samvinnufélaga á Akureyri. Þar er talað um verð frá Laxárvirkjun — en Laxárvirkjun tekur við Kröflu — sem yrði 3.47 kr. hver kwst., og er þá eflaust miðað við þann nýtingartíma sem er á þessu svæði. En það er talað um að verksmiðjurnar fái 15 mw. á 1.47 kr., en hins vegar verði þær að þola að þetta rafmagn sé af þeim tekið á hátoppunum. Þetta er sem sagt ekki fulltryggð orka. En er þetta skakkt? Ég er sannfærður um að Laxárvirkjun er þarna að fylla upp í lægðir, sem eru í hennar orkunotkun, og nota betur þá miklu fjárfestingu sem er í Kröflu. Mér finnst ómögulegt að halda því fram að slíkt sé röng stefna. Ég vil a. m. k. heyra önnur rök en þau sem ég hef heyrt hér og víðar.

Fleira slíkt mætti að sjálfsögðu nefna. En ég ætla ekki að fara út í það hér að ræða um framtíð stóriðju. Ég hlustaði hér fyrir nokkru á umr. um það og kaus að taka ekki þátt í þeim, því að mér virtist, þegar nafnið stóriðja var nefnt, að þá hlypu menn annaðhvort lengst þangað eða

lengst hingað. Hv. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, flutti reyndar skynsamlega ræðu þar sem bent var á, að stóriðja er samheiti fyrir æðimargt og ekki hægt að setja þar allt í einn hatt. Ég held að við þurfum að meta þetta hverju sinni.

Við þurfum líka að athuga að það er meira en raforkusalan sem þarna kemur til greina. Ég tek undir með þeim, sem hafa lagt áherslu á að það þurfi að gera félagslegar athuganir þar sem stóriðjufyrirtæki komi til greina. En ég legg áherslu á að það er allt annað stóriðjufyrirtæki með kannske 600—700 manns í þjónustu sinni eða fyrirtæki með kannske 120—150. Ég vil vekja athygli á því, að áburðarverksmiðjan mundi kosta í dag ekki miklu minna en járnblendiverksmiðjan. Þetta þarf að athuga hverju sinni og hvort það fellur inn í það atvinnumynstur sem við viljum hafa á hverjum stað. Ég held að eitt af því brýnasta hjá okkur sé einmitt að athuga slíkt, hvernig við viljum að atvinnuvegir okkar þróist á næstu árum. Það getur þá vel verið að á einhverjum stöðum teljum við að athuguðu máli rétt að fella inn eitt og eitt slíkt fyrirtæki. Ég tek undir það, að ég held að það sé stórum æskilegra í okkar litlu einingum að þessi fyrirtæki séu lítil, og ég tek undir allt sem hefur verið sagt um strangar kröfur í sambandi við mengun og fleira þess háttar, þó að umr. um það séu nú komnar út í æsingartón, því miður.

Hér hefur mikið verið vísað til Noregs, og ég hef einnig það aðalplagg sem hv. 1. flm. vísaði í, Stortingsproposal nr. 81, og þetta er ákaflega fróðlegt rit. En margs var ekki getið þar. T. d. er það staðreynd að norðmenn eru enn þá með 14 samninga. Tveir slíkir aðilar gerðu þann síðasta 1969. Og samkv. þeirri töflu, sem hér er, er verðið allt frá 1.68 norskum kr. upp í um það bil 2.50 norskar kr. hver kwst. Þetta eru samningar allt frá 5 árum upp í 60 ár. Þeir renna margir hverjir ekki út fyrr en 2011, þeir eru allt fram til þess tíma. Ég hef mjög oft komið til Noregs og rætt við marga norðmenn um þessi mál. Ég hef ákaflega sjaldan eða aldrei heyrt norðmenn bölsótast út af þessum samningum sem gerðir hafa verið. Þvert á móti hef ég heyrt fjölmarga menn færa rök að því, að orkukerfi þeirra sé svona víðtækt af því að þeir hafi snemma farið inn á þessa braut, sem hafi gert þeim kleift að virkja stórt. Þarna ber því mikið á milli, og mér þætti gaman að heyra hverjir það eru sem bera hitt fram af ábyrgum norskum forustumönnum. Einnig hafa norðmenn áður fyrr veitt erlendum aðilum leyfi til að virkja og virkjanirnar ganga svo til norska ríkisins eftir venjulega 40—60 ára tíma. Við höfum aldrei farið út á þá braut og fagna ég því.

Ástand í Noregi núna er allt annað en hér á landi. Þeir hafa í fyrsta lagi ekki aðeins mjög vel samtengt orkukerfi um allt sitt land, heldur hafa þeir orðið orkukerfi sem er samtengt við Danmörku og meginland Evrópu. Þeir geta losnað við alla afgangsorku, sem þeir kunna að hafa, á svo að segja olíuverði. Danir kaupa hana glaðir og geta þá lækkað sína olíunotkun. Þetta er ólíkt þeirri aðstöðu sem við búum við hér því miður, enda, eins og ég kem að að lokum hér á eftir, tel ég það eitt brýnasta viðfangsefni okkar að reyna einmitt að koma þeirri orku í verð.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að í Noregi er núna gífurleg fjárfesting á sviði olíuiðnaðarins. Norðmenn hafa miklar áhyggjur af því að fjárfestingin sé allt of hröð og allt of mikil, og norðmenn hafa viljað takmarka fjárfestingu í orkufrekum iðnaði á meðan fjárfestingin er svo mikil á þessu sviði. Þetta er einnig ákaflega skiljanlegt. Loks má geta þess að vatnsafl í Noregi er orðið af mjög skornum skammti. Norðmenn nota því það verð, sem þeir setja upp, til þess að ýta frekari iðnaði frá af þessum sökum.

Ég vil vekja athygli á því, að í þessu skjali koma fram fleiri upplýsingar. T. d. er hér sagt, — mér þótti það stangast á við það sem hv. frsm. sagði áðan, — að það þurfi að taka til sérstakrar athugunar þegar þessar virkjanir falla til norska ríkisins, því að það muni verða allt of mikil byrði fyrir þann iðnað, sem átti þessar virkjanir, að kaupa þá orkuna á þessu nýja verði og það þurfi því að endurskoða. Það kemur einnig fram hérna að þá orku, sem hér er um að ræða að selja, hugsi þeir sér að takmarka ákaflega mikið, hún verði svo lítið brot af því sem þessi orkufreki iðnaður notar að það muni ekkert um þetta verð.

Þannig kemur fjölmargt fram í skýrslu sem of langt mál yrði að tína til hér. En aðalatriðið er það, að ástandið þarna er allt, allt annað en hér á landi og þeir eru ekkert að tala um gamla samninga, þeir eru að tala um viðbót, nýja samninga, sem þeir hafa ekki sérstakan áhuga á af þeim ástæðum sem ég gat um.

Ég vil að lokum aðeins drepa á það sem ég tel einna nauðsynlegast í okkar orkumálum. Ég tel númer eitt að við þurfum að stækka markaðinn eins og við getum. Við þurfum að samtengja hann allan, og ég tel að það hefði átt að vera raunar forgangsverkefni hjá okkur í mörg ár. Þetta mjakast áfram og við þurfum að herða þar á.

Ég tek einnig undir það, að við þurfum að nýta orkuna sem allra mest til húsahitunar. Það er áreiðanlega hagkvæmt í flestum tilfellum að losna þannig við olíunotkun. En ég vil vara menn við því að ætla að það sé gífurlega mikill orkumarkaður. Áætlað er í þessari orkuspá að um 22.7% íbúanna muni verða á rafhitunarsvæðinu, og á næstu árum verða það varla yfir 700—1000 gwst., eftir því hvað við lítum langt fram í tímann. Auk þess er gífurlegur kostnaður við að koma þessari orku til fjarlægustu staða. Það má hins vegar segja að markaðurinn sé lítill og mikil spurning hvort það sé raunar hagkvæmt. Engu að síður ber okkur að leggja áherslu á þetta. Það er hins vegar ákaflega slæmur markaður í raun og veru. Þetta er um 4000 stunda nýtingartími og hann er á veturna þegar orkuþörfin er mest á öðrum sviðum. Notkunin er minnst á sumrin þegar vatnsaflið er mest, þannig að mikil húsahitun eykur þörfina á því að finna markað fyrir afgangsorku. Við megum einnig minnast þessa.

Ég tel svo í þriðja lagi eitt aðalatriðið að auka nýtingartíma, dreifa álaginu, og við eigum bókstaflega að leggja á það áherslu að bjóða innlendum aðilum og hafa áhrif á innlenda aðila til

þess að nýta orkuna betur. Tökum t.d. grasmjölsverksmiðjurnar sem hafa mest álag á sumrin, þegar vatnsaflið er mest, og geta hæglega hagað því til þannig að starfa á nóttunni. Hvers vegna er ekki gert átak í því að þær nýti ódýra raforku? Ég væri því algerlega mótfallinn að selja grasmjölsverksmiðjum orkuna á 3.84 kr., eins og hér er talið meðalkostnaðarverð í landinu. Það væri að mínu mati hin mesta firra og vitleysa, og ég trúi því ekki að flm. hafi hugsað það mál til enda. Ef grasmjölsverksmiðjur geta nýtt raforku til þurrkunar þar sem þær eru ekki á jarðhitasvæði, þá eiga þær að fá það á mjög lágu verði, enda nýti þær það á þeim tíma þegar afgangsorkan er mikil. Þarna getur verið töluverður markaður fyrir afgangsorku og kannske ekki eins slæmur og stóriðjan er talin.

Í fiskiðnaðinum er nokkru erfiðara við að eiga. Þar er álagið á öðrum tímum og víða er það fjarri meginorkuverum þó að það sé ekki alls staðar. Hins vegar er sjálfsagt að athuga hvort ekki megi stuðla að aukinni framleiðslu í fiskiðnaði með raforku og haga því þá þannig að það verði til þess að lengja nýtingartímann. En eins og ég sagði er þessi framleiðsla mest á veturna þegar orkuþörfin er mest. Í raun og veru væri ástæða til þess að kanna hvort iðnaður t.d. á Reykjavíkursvæðinu getur ekki komið sér saman um orkudreifingu og fengið við það miklu hagstæðara verð. Er útilokað að sumt af þeim iðnaði, sem hér er, þó að hann sé smár, geti nýtt orku á næturnar t.d.? Ég veit ekki til að þetta hafi verið athugað vel, en þetta er að mínu mati mjög verðugt athugunarefni.

Í fjórða lagi og ekki síst vil ég nefna samræmdar aðgerðir á orkusviðinu. Ég held að þær séu ákaflega mikilvægar. Við getum ekki haldið áfram þeim hreppa- og sveitarsjónarmiðum að allir þurfi að virkja hjá sér, hvort sem það er Suður-Fossá í mínu kjördæmi eða Bessastaðaá í kjördæmi austfirðinganna o.s.frv. Við getum ekki haldið svona áfram. Við verðum að samræma þessar framkvæmdir. Ég hygg að reynsla undanfarinna ára hafi kennt okkur að slíkt er mikil nauðsyn. Nú er kerfið að samtengjast og það á að nýta á samræmdan máta. Ég hef aldrei farið leynt með þá skoðun mína, að ég held að þetta verði aldrei fyllilega tryggt nema ein landsveita fáist sem annist allar meginframkvæmdir á orkusviðinu og rekstur meginorkuveranna. Landshlutaveitur eru svo eðlilegar til að sjá um dreifingu og koma þessu á markaðinn. En það er áreiðanlega mikil þörf á því að þetta verði kannað, og ég fagna því að hæstv. iðnrh. hefur sett á fót nefnd einmitt til þess að athuga þetta mikilvæga mál.

Ég tek undir að það er minnkandi þörf fyrir orkufrekan iðnað, iðnað til þess að gera okkur kleift að virkja stórt, af því að almenni markaðurinn stækkar og sérstaklega ef þess er gætt sem ég hef nú rakið. Ég tel að við getum farið að auka kröfur okkar í þessu sambandi. Og ég vil gera það að lokaorðum mínum, að ég tel að það beri að athuga það mjög fljótlega, ef ekki strax, hvort við getum ekki sett þá stefnu að orkufrekur iðnaður fái raforku samkv. þeirri gjaldskrá sem aðrir geta gengið inn í, eins og raunar er að verða núna á Landsvirkjunarsvæðinu. Svo þarf hins vegar að meta það hverju sinni hvort orkufrekur iðnaður er hentugur af öðrum ástæðum. Ég held að með samtengingu og samræmdum aðgerðum sé sú stund óðum að nálgast, að við þurfum ekki að deila um þetta og getum boðið orkufrekum iðnaði, ef við viljum hann af öðrum ástæðum, af byggðasjónarmiðum, af félagslegum ástæðum, verð með þeim kjörum

Sigurður Magnússon: Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þá þáltill. sem hér liggur fyrir. Hún fjallar um raforkusölu til orkufreks iðnaðar, og það er vissulega mjög gagnlegt að ræða þessi mál hér í þinginu og þyrfti að gera oftar og meira. En þau verða væntanlega sérstaklega á dagskrá fljótlega þegar frv. um verksmiðju á Grundartanga verður lagt fyrir d., eins og kom fram hjá formanni iðnn. Nd., og þá verða væntanlega um þetta miklar umr.

En ég vil segja það, að með þessari þáltill. er góðu máli hreyft. Það er kominn tími til þess að menn geri sér grein fyrir því og að það sé rætt hér í sölum Alþ. hversu alvarleg stefna okkar hefur verið í orkusölumálum til erlendrar stóriðju. Ég vil gera í þessum efnum mikinn greinarmun á orkufrekum iðnaði íslenskum, sem vinnur úr íslenskum hráefnum og fyrir íslenskar undirstöðuatvinnugreinar, og erlendum stóriðnaði og get tekið undir orð síðasta ræðumanns í því efni. Ég vil líka að það komi skýrt fram, að ég tel að það komi vel til greina að slíkur orkufrekur stóriðnaður í höndum íslendinga, sem er hagkvæmur fyrir land og lýð, njóti betri kjara í raforkukaupum í hlutfalli við þá betri nýtingu sem hann hefur á raforkunni. Það er ekki nema eðlilegt. En ég geri ráð fyrir að flm. þessarar till. séu fyrst og fremst með í huga, eins og reyndar kemur fram að nokkru leyti í þeirra grg., þá samninga sem gerðir hafa verið við útlendinga um stórfellda raforkusölu, og þá á ég við álverið í Straumsvík og þá samninga sem nú eru í undirbúningi í sambandi við járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Það er vitaskuld alveg rétt, sem fram hefur komið hjá flm. þessarar þáltill., að í þessum samningum og þá alveg sérstaklega í samningunum við ÍSAL um álverksmiðjuna í Straumsvík hafa hinir íslensku samnnigamenn gert alveg hrapalleg mistök Og það er furðulegt að sjá formann iðnn., Ingólf Jónsson, hv. þm., koma hér upp og láta eins og hann hafi ekkert lært af því sem þar hefur verið að ske. Manni kemur helst í hug málsháttur inn gamli, hann eigi best við þegar maður hugleiðir þetta, að „það sé ekki hægt að kenna gömlum hundi að sitja". Ég held satt að segja að það verði ekki hægt að kenna þessum gamla þm. lexíuna í sambandi við raforkusöluna til Straumsvíkur. Hann vill á engar staðreyndir hlusta í því máli og trúir því einu sem honum hefur verið sagt á sínum tíma, þegar þessir samningar voru gerðir, þrátt fyrir að staðreyndirnar liggi á borðinu. Og það er hálfömurlegt að sjá það að glöggir menn skuli ekki geta látið reynsluna kenna sér nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum.

Raforkusalan til ÍSALs var hneyksli á sínum tíma. Ég hef nýlega bent á það hér í þingræðu,

að það var ekki nóg með að verðið hefði verið smánarlega lágt þegar samningurinn var gerður, heldur má segja að árin frá 1969 og fram til þessa dags hafi orkuverðið til ÍSALs, miðað við það orkuverð sem aðrir kaupendur raforku verða að greiða, alltaf verið að rýrna, — raforkuverðið sem ÍSAL greiðir Landsvirkjun. Og ég vil að það komi skýrt fram einmitt vegna þeirra ummæla sem komu hér fram í dag, að þá er ég að tala einfaldlega um heildsöluverð, — ekki smásöluverðið, heldur bara heildsöluverðið. Ég vil aðeins nefna tölur í því sambandi, og þá er ég að tala sem sagt um heildsöluverðið og tekjur Landsvirkjunar.

Þegar þessi samingur er gerður 1969 eða þegar ÍSAL kaupir þá í fyrsta skipti raforku af þessu orkuöflunarfyrirtæki, Landsvirkjun, þá er orkuverðið til ÍSALs 68% af því orkuverði sem aðrir greiða þessu orkuöflunarfyrirtæki, af því verði sem rafveiturnar kaupa orkuna á af Landsvirkjun. Þetta hlutfall breyitst síðan mjög verulega öll árin þarna á eftir. Árið 1970 er þetta hlutfall ekki 68% heldur 49%, á árinu 1971 er það 39%, árið 1972 er það 40, 1973 er þetta 34%, 1974 er það komið í 27% og árið 1975 er það 24%. Það fellur úr 68% niður í 24% frá því að samningurinn er gerður til 1975. Þetta eru bara talandi staðreyndir sem allir skynsamir menn verða náttúrlega að taka mark á, jafnvel þó að þeir séu komnir til ára sinna. Það er svo rétt að það voru gerðir nýir samningar í Straumsvík í fyrra sem leiða til örlítillar hækkunar á raforkuverðinu, þannig að þetta hlutfall, sem ég gat um áðan og er eðlileg viðmiðun, hækkar úr 24% 1975 upp í 32%, en það nær því ekki að vera nema helmingur af því sem það var við upphaf samningstímabilsins 1969. Og svo eru menn að hrósa sér af slíkum samningum! Alveg er furðulegt að menn skuli voga sér að tala svona á Alþ. og ber náttúrlega vott um að menn halda að þjóðin hlusti ekki á það sem hér fer fram. En hún gerir það, enda er fólk á Íslandi orðið á móti erlendri stóriðju. Hv. þm. Benedikt Gröndal, sem var mikill áhugamaður um álframleiðslu á sínum tíma, sagði hér í þingræðu fyrir nokkrum vikum að álverksmiðjur væru orðnar skammaryrði á vörum fólksins í landinu. Þetta er alveg hárrétt hjá þessum þm., þær eru skammaryrði. En það er eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson hafi ekki gert sér grein fyrir þessu.

Nei, það mætti margt segja um þessa raforkusamninga í Straumsvík á sínum tíma. Sá þáttur þeirra, sem sneri að raforkusölunni, var ekki það eina sem var athugavert við þann samning. Það var margt ljótt í þeim samningi annað en raforkusalan. Það kom t. d. fram hjá þáv. iðnrh. viðreisnarstjórnarinnar að það yrðu góð vinnuskilyrði og gott andrúmsloft í vinnusölunum hjá verkamönnunum í Straumsvík, og það kom fram í ummælum hér á þingi að það eitt út af fyrir sig væri nægilegt að staðsetja verksmiðjuna í Straumsvík til þess að ekki þyrfti að hafa hreinsitæki. Reynslan hefur nú sýnt annað, og það hefur komið í ljós að þeir höfðu rétt fyrir sér sem gagnrýndu þann þátt samningsgerðarinnar. Og það er alveg sama upp á teningnum með þann þátt sem snýr að raforkusölunni.

Mistök við þennan raforkusamning í Straumsvík voru vitaskuld líka þau verðbótaákvæði sem voru sett í samninginn, þ. e. a. s. að hækkun á raforkuverði til ÍSALs skyldi fylgja verði á áli í heiminum, en ekki skyldi tekið neitt mið af innlendri verðþróun og þeim kostnaði sem á okkur yrði lagður við raforkuframleiðsluna. Það má segja að varðandi þá samninga, sem nú eru í bígerð við Járnblendifélagið um verksmiðjuna á Grundartanga, séu verðbótaákvæði allt önnur, að mér virðist, og miklu hagkvæmari, þannig að í þeim efnum virðast menn hafa eitthvað lært af reynslunni, enda er ég sannfærður um að hv. þm. Ingólfur Jónsson fengi ekki einu sinni sína samflokksmenn, sína dyggustu stuðningsmenn, til þess að gera samning eins og þann, sem gerður var við ÍSAL, við verksmiðjuna á Grundartanga. Hann fengi þá ekki til að styðja slík verðbótaákvæði sem þá voru sett inn. Þetta verður hann að viðurkenna.

Það er mjög alvarlegt að sjá menn standa hér uppi í ræðustól á Alþ. og lýsa því yfir, að þeir hafi ekkert lært á samningunum við ÍSAL, og halda því hér blákalt fram — eða ég gat ekki skilið orð þessa hv. þm. öðruvísi en að það væri ekki hægt að virkja okkar stórfljót nema til kæmi orkufrekur iðnaður og þá á hann við náttúrlega erlendan orkufrekan iðnað. Það var það sem hann sagði. Það er greinilegt að þessi hv. þm. hefur ekkert fylgst með þeim umr. sem farið hafa fram á Íslandi síðustu árin um þá geysilega miklu möguleika sem okkar þjóð á til að nýta orku sína. Það kom þó fram í ræðu annars þm. hér, Steingríms Hermannssonar, að hann virðist vita nokkuð um þá möguleika. Hann sagði reyndar og kom skýrt fram hjá honum að hann teldi að við gætum virkjað stórt á Íslandi vegna þess að markaðurinn íslenski væri sífellt að stækka. Ég held að sem betur fer eigi stóriðjustefnan og samningar við erlenda aðila um ódýra raforkusölu ekki lengur upp á pallborðið hjá íslenskum almenningi. Það var hægt að blása í þessa lúðra á viðreisnarárunum þegar verkalýðurinn á Íslandi bjó við atvinnuleysi árum saman og þúsundir vinnustunda eyddust á hverju ári vegna atvinnuleysis. Þá var við stjórn árum saman ráðlaus ríkisstj., sem réð ekkert við stjórn hvorki efnahagsmála né atvinnumála, og þetta voru hennar ráð til að bjarga sér á þeim árum. Þá auglýsti þessi ríkisstj. í erlendum fjármálatímaritum að á Íslandi væri ódýr orka og ódýrt vinnuafl. Þessari stefnu hefur síðan verið hafnað og þjóðin hefur fengið að sjá það í tíð vinstri stjórnar, að í landinu eru margir möguleikar til hagkvæmrar nýtingar okkar orkulinda og til mikillar atvinnuuppbyggingar sem landsmenn sjálfir ráða við, og þess vegna á þessi stefna ekki lengur upp á pallborðið.

Það er athyglisverður sá ágreiningur, sem hér kemur fram í þingræðum, milli einstakra þm. úr Framsfl. Það er greinilegt að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, þó að hann hafi gleggri skilning á þessum málum en hv. þm. Ingólfur Jónsson, hefur orðið fyrir verulegum áhrifum af utanferðum sínum til svisslendinganna til viðræðu um áframhaldandi áliðnað á Íslandi. Ég held að það væri hollt fyrir þá framsóknarmenn að reyna að fá Steingrím út úr þessum viðræðum og reyna að hafa á hann góð áhrif, því að það mega

þeir þó eiga að þeir hafa löngum lagst gegn þessari samvinnu við Alusuisse um áliðnað á Íslandi. Það væri hörmulegt ef einhverjir þm. þeirra ætluðu nú að hlaupa til og styðja þær ráðagerðir sem eru uppi um stórfellda erlenda stóriðju á þeim vettvangi. — Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég fagna þeim umr. sem hér hafa orðið um till. okkar Ingvars Gíslasonar. Ég get ekki annað sagt heldur en að við megum nokkuð vel við una, því að náttúrlega er það meginatriðið að ræða málin og þá komast menn nær kjarnanum, og ef það er gert með opnum huga verða umr. ekki nema til góðs.

Ég get þó ekki annað en gert aths. við örfá atriði sem hér hafa komið fram. Ég ætla þá að byrja á því að nefna nokkur atriði úr ræðu hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfs Jónssonar. Hann bar brigður á þá skoðun, sem ég hélt fram um virkjunarvalkosti. Hann talaði um litla virkjunaráfanga með lítilsvirðingu. Þetta er ekki á rökum reist hjá hv. þm., vegna þess að í sjálfu sér þarf lítill virkjunaráfangi ekki að vera í bæjarlæknum. Það er vel hægt að virkja ýmsar stórar ár á Íslandi og koma þar fyrir talsvert stórum orkuverum án þess að þau séu öll byggð í einu og allar vélar fari að snúast sama daginn.

Það er höfuðkostur við jarðgufuvirkjanir, sem illu heilli hafa ekki gengið eins vel og vonir stóðu til, að þar er hægt að bæta inn vélum eftir því sem þörfin kallar. Það er einn meginkostur við jarðgufuvirkjanir. En með svipuðum hætti er hægt að fara að virkjun ýmissa íslenskra fallvatna. Það hefur enn fremur verið bent á það með tölulegum rökum, að framleiðslukostnaðarverð raforku úr sumum hinum smærri virkjunum, og þá á ég við virkjanir, sem eru 20—30 mw., þar sem kringumstæður eru sæmilega hentugar, þarf það ekki að vera neitt að ráði dýrara þó virkjað sé í áföngum. En hitt er auðvitað, ef þessi lági kostnaður á kwst. úr stóru virkjununum glatast ef verður að selja þetta allt í einu lagi og standa svo uppi orkulítill eða orkulaus eftir sem áður. Þá er til einskis barist.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl., að þetta er nokkuð óvanaleg till. En þá vil ég segja honum það, að það eru nokkuð óvanalegir samningar sem gerðir hafa verið um orkusölu og þeir formenn iðnn., sem báðir hafa hér sýnt mér þá vinsemd að taka til máls um till., hafa staðið að, ekki einasta hér innan þings, heldur líka utan þings, því að þessum málum hefur verið nokkuð vikið til þeirra á undanförnum árum — þeirra beggja.

Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Suðurl. um að það á að keppa að nýtingu innlendra orkugjafa. En annað hvort skildi hann mig ekki fullkomlega eða tók ekki eftir því sem ég sagði, eða þá hann sneri út úr þar sem hann var að fjalla um heildsöluverð og smásöluverð á raforku. Ég rakti einmitt í ræðu minni heildsöluverðið og smásöluverðið, og heildsöluverðið frá Landsvirkjun til almennra notenda er mjög miklu hærra á Íslandi heldur en í Noregi. Samt sem áður sjá norðmenn sér ekki fært að selja til stóriðju á jafnlágu verði og íslendingar gera samninga um og það munar miklu. Ég minni líka á það, að stóriðjan í Noregi er látin greiða flutningsgjöld raforkunnar sér á parti. Ég rakti það í framsöguræðu minni og vísa til þess og nenni ekki að endurtaka það.

Það fór svo, að hv. 1. þm. Suðurl. fór að verja samninginn við ÍSAL, og reyndar átti ég nú hálfpartinn von á þessu. Við töluðum ofurlítið saman í fyrra um þann samning og þann viðbótarsamning sem gerður var þá við ÍSAL og ég viðurkenni að var að sumu leyti til bóta frá fyrra ástandi, þó að hækkunin á raforkuverðinu væri að mínum dómi allt of lítil og enda keypt of háu verði. En það er ákaflega erfitt að rökræða við hv. 1. þm. Suðurl. Það er kannske ekki rétta orðið að hann sé rökfastur. Það er fremur að hann sé rökheldur. Mér finnast rökræður við hann stundum minna nokkuð á það að rökræða við útvarpstækið sitt, það heldur nokkuð sínu striki hvað sem maður segir við það.

Það er alveg ljóst að tekjurnar af orkusölunni til ÍSAL standa ekki undir nýjum virkjunum. Hann rakti það rækilega og ég er honum sammála um það, að þær borga Búrfellsvirkjun að nokkru leyti. Og ef við hefðum aldrei búist við því að þurfa á meira rafmagni að halda, þá gat verið rétt að gera þennan samning um Búrfellið. En samningurinn stendur alls ekki undir nýjum virkjunum. Frá Sigöldu kostar rafmagnið a. m. k. 180 eða 200 aura á kwst., en þetta rafmagn verður m. a. notað í Straumsvík og fyrir það fást þar ekki nema 76 aurar. Og greiðslur hins venjulega notanda eru miklu hærri en ÍSALs. Ég rakti það í framsöguræðu minni, hvað ÍSAL hefur greitt, samkv. upplýsingum sem ég tók beint upp úr skýrslu Orkustofnunar um raforkuver og rafveitur á Íslandi árið 1976. Þetta er lítil, gul bók sem mun hafa komið út nú fyrir mjög skömmu. Þar kemur í ljós að álverið greiddi á árinu 1975 fyrir það rafmagn, sem það keypti, 490 millj., en aðrir notendur á landinu greiddu talsvert meira, þó að álverið notaði helming raforkunnar. Þeir greiddu hvorki meira né minna en 6 milljarða 651 millj. Svona lítur það nú út. Og þó að þessar 490 millj. séu kannske ekkert til þess að fúlsa við, þá er sannarlega talsverður munur á þessum tölum.

Hv. 1. þm. Suðurl. rakti réttilega ósamkomulag sem orðið hefur um virkjunarvalkosti á Norðurlandi, og ég get tekið undir það með honum að það á áreiðanlega langt í land að samkomulag verði um virkjun Blöndu. Ég held að við verðum að geyma okkur eitt og annað til umr. um járnblendifrv. Þó við tökum hér nokkra undanrás eða milliriðil um þessa till., till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. e., þá er ekki þar með sagt að við eigum ekki nóg eftir. Við þurfum að ræða um járnblendiverksmiðjusamninginn. Við getum t. d. talað um útreikninga Jóns Sigurðssonar eða Þjóðhagsstofnunar um 800 millj. kr. halla sem orðið hefði á því fyrirtæki og það áður en skattar kæmu til sögunnar, ef það hefði verið starfrækt á s. l. ári. Við gætum líka rætt um náttúruverndarþáttinn í því máli. Það er af nógu að taka.

Hv. 1. þm. Suðurl. talaði um að það hefðu 24 milljarðar komið inn í gjaldeyri fyrir það sem álverið hafi flutt út. Þetta er sjálfsagt rétt hjá

honum. En 600 manns gætu á þessum langa tíma skilað gjaldeyri í þjóðarbúið í mörgum öðrum atvinnugreinum eða sparað gjaldeyri ekki síður. Ég minni á, af því að hv. 2. þm. Vestf. er hér viðstaddur og tók þátt í þessum umr., að á Ísafirði eru gerðir út þrír togarar. Þeir báru að landi afla á s.l. ári fyrir hátt í 300 millj. kr. hver. Og ég er hræddur um að það sé betra fyrir þjóðarbúið að eiga þessa vestfirsku sjómenn að heldur en nokkurn tíma þá ágætu menn sem vinna í Straumsvík, fyrir svo utan það að fjárfesting er ákaflega mikil í þessum stóriðjuverum og þetta eru dýrustu vinnustaðir sem hægt er að hugsa sér. Það er geysilega mikill kostnaður að koma upp vinnuaðstöðu fyrir hvern einstakling á þessum vinnustöðum.

Það verður nóg tækifæri líka til þess að ræða um „prósessinn" með hreinsitækin við hv. 1. þm. Suðurl. þegar þar að kemur. Ég verð þó að láta þess getið, að mér finnst að við höfum sýnt mikið langlundargeð. Og þó að ég viti að hv. 1. þm. Suðurl. og raunar hv. 2. þm. Vestf. hafi báðir gert allt sem þeir gátu, eftir að þeim var ljós sá háski sem af þessu stafar, til þess að fá álverið til að gera sitt besta, þá verð ég að lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst undirtektir og orðafar forsvarsmanns álversins, Ragnars Halldórssonar, ekki vera með þeim hætti að ég sé alveg fullviss um að þeir séu búnir að fá viljann sinn og það gæti ekki orðið nokkur dráttur á að orðið verði við þeim góðu óskum sem þeir hafa báðir orðið sammála um að láta í ljós varðandi hreinsitækin, hv. þm. Ingólfur Jónsson og hv. þm. Steingrímur Hermannsson.

Hvað varðar formann iðnn. Ed., hv. þm. Steingrím Hermannsson, og þá ræðu sem hann flutti hér, þá vil ég taka það fram að ég var honum sammála um margt sem hann sagði. Hann var eins og allgóður hestur sem fór svona á þembingsskeiði og var töluvert vakur. En hann var bara víxlaður, og ég verð að nefna nokkur af þessum víxlsporum sem mér fannst hrista mig óþyrmilegast þegar hann var hér í ræðustól.

Hann skýrði frá því, sem rétt var og ég reyndar vissi, að í lögum um Landsvirkjun eru ákvæði um að iðnrh. má ekki gera þessa samninga um stóriðju nema hann sé þess fullviss, að þeir verði ekki til þess að hækka verð innanlands til notenda. Þessi lög hafa ekki verið haldin, þau hafa því miður ekki náð tilgangi sínum, og þess vegna verður að gera bragarbót með einhverjum hætti. Það væri kannske hægt að gera það með breytingu á lögum um Landsvirkjun, ég fullyrði það ekki. Það eru ýmsar leiðir til þess arna. En reynslan sýnir bara að þessi lög hafa ekki haldið, því miður.

Hann talaði um disilframleiðslu á raforku, og um það verð ég að segja það líka, að ef framleidd er raforka með dísilvélum, sem er alger neyðarkostur, ákaflega mikill neyðarkostur, þá verður auðvitað að borga hana, og það er ekki ósanngjarnt að taka mið af því líka, — alls ekki ósanngjarnt. Og það t.d. kemur náttúrlega ekki til greina, að þó að ekki standist allar þær björtu vonir, sem bundnar voru við raforkuframleiðslu við Kröflu, getum við bara strikað hana út úr dæminu og látið eins og ekkert hafi gerst, búið til einhvern sérstakan Kröflureikning og látið hann hvergi koma fram í raforkuverði. Auðvitað verður að deila þessu niður. Auðvitað verður að borga þessa hluti, hvort sem þeir ganga vel eða illa.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson nefndi hér nokkrar blaðagreinar. Ég er kunnugur þessum greinum nema einni þeirra. Hún er eftir Jónas Elíasson og birtist í einhverju tímariti eða fréttabréfi sem verkfræðingar hafa með sér. Hv. þm. er nú reyndar búinn að vera svo vinsamlegur að gefa mér ljósrit af þessari grein, og ég ber ekki brigður á það sem hann vitnaði í hana. Ég á eftir að lesa þetta. Ég get bætt við, af því að þetta var úr einni skúffu, að hann taldi ekki upp, að ég muni, eftir Björn Friðfinnsson sem líka kom á prent um þetta mál. En ég bæti við greinum eftir Gísla Jónsson prófessor sem ganga í aðra átt, hv. þm. nefndi þær ekki, en þær eru að mínum dómi nokkuð mikilsvert innlegg í þetta mál. Forsenda Jónasar Elíassonar, sem skrifaði ágæta grein, og ég er að ýmsu leyti sammála honum bæði í þessari grein og þá ekki síður í ýmsu sem okkur hefur farið á milli áður, var sú, að allt landið væri samtengt. En því miður er það ekki svo, það er eftir að samtengja verulega hluta landsins. Það hefur verið unnið að því ágætt verk en það er mikið eftir af verkinu. Þess vegna þýðir ekkert að hugsa um annað en það ástand sem er núna. Við verðum að taka mið af því þó að stefnan sé ljós hvert við eigum að fara.

Hv. þm. setti upp dæmi sem var að ýmsu leyti svipað dæmi Jónasar Elíassonar. En raunhæfasta dæmið tökum við beint út úr veruleikanum. Það fara að snúast vélar í Sigöldu sem framleiða kwst. fyrir 2 kr. eða eitthvað þar í kring, og þessa tveggja kr. raforkusölu seljum við ÍSAL á 76 aura og járnblendiverksmiðju á Grundartanga á 120 aura. Þeir eru að tala um afgangsorku í járnblendisamningnum, en því miður er þetta bara orðaleikur með afgangsorkuna í járnblendisamningnum vegna þess að þarna er ekki um neina afgangsorku að ræða, því miður. Þetta ruglar dæmið. En á þetta hefur orkumálastjóri komið glöggu auga, og það þarf raunar ekki nema lesa þau skilyrði sem sett eru í kringum þessa afgangsorku eða það, sem kallað er afgangsorka, til þess að sjá að þar er ekki um afgangsorku að ræða, heldur ikke garanteret kraft, eins og norðmennirnir kalla það. Það segir nefnilega, að á einu ári verði a.m.k. að láta af þessari orku 153 gwst., á 4 árum verði a.m.k. til jafnaðar á árinu að láta 183.5 gwst. á hverju ári, á hverju fjögurra ára tímabili, og á öllum samningstímanum, sem er 20 ár, verður að láta 4880 gwst. Ef maður deilir þessum árafjölda, 20 árum, í þessar 4880 gwst., þá kemur í ljós að það er ekkert smáræði af orku sem á að fara til jafnaðar. Það eru 244 gwst. á ári. Og til þess að reka þetta fyrirtæki ekki með alveg eins botnlausu tapi og við blasir, þá verður að láta ofnana ganga sem allra mest og það verður að greiða fyrir þessu fyrirtæki eins og mögulegt er með öllum hætti til þess að reyna að minnka þá byrði sem þjóðfélagið hefur fyrirsjáanlega af þessum samningi.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson fjölyrti mjög um það, hvað það væri hentugt ef hægt

væri að koma í notkun afgangsorku sem ég er alveg sammála honum um að er til í kerfinu. En markaðurinn er ekki í stakk búinn, því miður, til þess að taka við henni. Það bætir ekkert úr að skira orku, sem er ikke garanteret kraft, afgangsorku. Það breytist ekkert eðli hennar við það.

Hann vitnaði til nýlega út kominnar skýrslu orkuspárnefndar. Ég ætla nú ekki að fara út í þá skýrslu itarlega, en þó er hægt að gera þar aths. a. m. k. við einstök atriði. En hann minntist ekkert á nýlegar upplýsingar um árlega greiðslubyrði raforkufyrirtækja á Íslandi sem fram komu á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna. En þar voru sannarlega settar fram tölur sem fullkomin ástæða er til þess fyrir okkur að staldra við og athuga hvort við erum á réttri leið, athuga vandlega hvort við erum menn til þess að standa undir þeim. Steingrímur rakti úr einni blaðagreininni dæmi sem Landsvirkjunarmenn hafa sett upp um greiðslubyrði Þjórsárvirkja til ÍSALs. En þeir settu ekki upp greiðslubyrði raforkuiðnaðarins á Íslandi.

Það eru mér alveg nýjar upplýsingar, sem komu fram í ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, að fulltrúi Alþjóðabankans hafi frá upphafi til enda setið yfir þeim við ákvarðanatöku um Búrfellsvirkjun, hvetjandi til samninga við Alusuisse. Þetta eru ekki góðar fréttir, ef menn irnir hafa kannske ekki verið sjálfum sér ráðandi fullkomlega, ef þeir hafa verið pressaðir af einhverjum alþjóðabankastjóra til þess að gera einhverja hluti sem þeim hefur e. t. v. verið ógeðfellt. Þarna er kannske hundurinn grafinn sem hv. þm. Sigurður Magnússon var að leita að hér áðan, að mennirnir hafi þvælst út í þetta af einhverri slysni, verið að taka tillit til þeirra Müllers og Meyers eða jafnvel einhverra „séffa“ frá Alþjóðabankanum. En það vill svo til að þó að hv. þm. Steingrími hafi verið fullkomlega ljós tilvist þessa manns, þá voru fleiri en ég sem virðast ekki hafa tekið eftir honum eða vitað um hann. Og nú verð ég að lesa — með leyfi forseta — pínulítinn póst úr Alþingistíðindum 1964, úr 4. hefti B. Svoleiðis var að hv. 1. þm. Suðurl. var uppáhaldsráðh. minn öll þessi löngu viðreisnarár og ég tók alveg sérstaklega vel eftir því hvað einmitt þessi ráðh. sagði, vegna þess að ég lagði nú meira upp úr því heldur en mörgu því sem hinir létu sér um munn fara. Þess vegna rifjast það upp fyrir mér að í umr. um Landsvirkjun, sem ég vitnaði hér til áðan, umr. um Landsvirkjun, sem prentaðar eru í Alþt. 1964, í 4. hefti B, sagði þessi hv. þm. á dálki 1752, með leyfi hæstv. forseta:

„Og í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var hér að tala um, að hann legði ákaflega mikið upp úr því að ég tæki fram eða öllu heldur endurtæki það, að samþykkt þessa frv., — ég get gert það fyrir hv. þm., — að samþykkt þessa frv. hefur vitanlega engin bindandi áhrif á alúmíníummálið. Það er algerlega óskylt. Sá þm. sem greiðir því atkv. að virkja upp í 210 mw. í Þjórsá, er vitanlega alveg óbundinn af alúmíníummálinu ef það kemur fyrir Alþ. í haust.“

Það eru ýmsar aðferðir við niðurgreiðslur á raforku. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson ræddi um í nokkrum lítilsvirðingartón eða a. m. k. með tortryggnishljóði eða styggðarhljóði í röddinni ef það yrði að fara að hjálpa Áburðarverksmiðjunni með einhverjum sérstökum hætti, ef það þyrfti að aðstoða hana eitthvað vegna þess kostnaðarauka sem hún óhjákvæmilega mundi verða fyrir ef hún yrði að borga rafmagnið dýrara verði. Það er hægt að hugsa sér alls konar form á þeirri tilhliðrun við það fyrirtæki. Og ég legg á það áherslu nú og endurtek það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að það fyrirtæki er alls góðs maklegt og á allt gott skilið og það á að vera mögulegt að lagfæra hlutina fyrir fyrirtækið þannig að það hafi vaxtarmöguleika og starfsmöguleika án þess að þurfa að hækka áburðinn verulega. Ég minni á að fyrir tveimur árum flutti ég einmitt um það þáltill. — og hún var hér samþykkt — að stækka þetta fyrirtæki eða láta gera könnun á því, hvort stækkun væri hagkvæm. Sú könnun er í gangi, og ég hef haft þá ánægju að taka þátt í þeirri könnun ásamt með ýmsum góðum mönnum. Einn þeirra á hér sæti á Alþ., hv. þm. Steinþór Gestsson. Þeirri athugun er ekki lokið. En ég endurtek, að ég tel að við eigum ekki að vera neitt að þrengja kosti þess fyrirtækis, og ég fellst alls ekki á að það eigi að setja það að öllu leyti undir sama hatt og álverið í Straumsvík. Það er fyrirtæki sem við eigum að hafa fremur á hægra brjóstinu.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson var að „filósófera“ hér um kaup SÍS á raforku á Akureyri. Það get ég ekki flokkað undir orkufrekan iðnað. Það er iðnaður sem er af meðalstærð, og ég get ómögulega fengið mig til þess að kalla það orkufrekan iðnað. (Gripið fram í.) Að vísu er þar nokkur skyldleiki, en er ekki hægt að líta svo á. Hann ræddi einnig um grasmjölsverksmiðjur og raforkusölu til þeirra. Það gegnir sama máli um þær eins og um iðnaðinn á Akureyri, að ég lít ekki svo á að þar sé um orkufrekan iðnað að ræða, ekki í þeirri meiningu sem við venjulega leggjum í þetta. Og það er alveg laukrétt hjá hv. þm., að grasmjölsverksmiðjur eru ekki starfræktar allt árið, og það gerir gæfumuninn. Þær passa alveg inn í þetta mynstur að nota afgangsorkuna, þegar hana þarf ekki til húshitunar. Ég vitna til ágætra útreikninga og grg. sem Bergsteinn Gizurarson verkfræðingur hefur gert um það efni og fjölyrði ekki meira um það.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði okkur ferðasögu sína frá Noregi um árið, og hann var alveg hissa á þeim upplýsingum sem ég hafði vitnað til í framsöguræðu minni um gömlu samningana í Noregi, það ætti eitthvað allt annað að gilda fyrir gömlu samningana, skildist mér á honum, heldur en er í nýju samningunum. Það var einhver hyldýpisgjá milli gömlu samninganna og nýju samninganna. Það var sett undir þennan leka í afgreiðslu Stórþingsins, og ég skil ekkert í hvar hv. þm. Steingrímur hefur getað fundið þetta í þskj., sem hann var að lesa, eða gat lesið þetta út úr því. Hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði um að þeir hv. þm., hann og hv. 1. þm. Suðurl., töluðu ekki sama mál, en ég veit ekki með hvaða skilningi

Steingrímur Hermannsson, vinur minn, hefur lesið þetta plagg, ef hann fékk þetta út úr því. Ég ætla þá til þess að taka af öll tvímæli og vegna þess að hann óskaði eftir að fá að heyra nöfnin á einhverjum málsmetandi mönnum í Noregi sem væru á annarri skoðun, að nefna þingmennina Hallvard Eika, Bjartmar Gjerde, Reidar Larsen, og svona gæti ég þulið upp langa runu því að ég hef lagt það á mig að lesa þessar umr. Það er sumt af því frekar leiðinlegt. En að ýmsu leyti held ég að við gætum haft gott af því, þm. hér í d., að kynna okkur þingsköp í Noregi og umr. þar, því að þær eru að minni hyggju, eftir þeim kynnum sem ég hef haft af þeim eftir þennan lestur, málefnalegar og að mörgu leyti til fyrirmyndar. Ég ætla að vitna — með leyfi forseta — til þriggja eða fjögurra lína úr framsöguræðu með nál. iðnn. við lokaafgreiðslu málsins, en Hallvard Eika hafði orð fyrir n. og sagði, með leyfi forseta:

„Men komitéen understrekar for sin del at dette prinsippet og skal gjelda for fornying av gamle kontrakter." (**StH:** Það getur ekki verið fyrr en 2011.) Á einum einasta samningi. Hinir eru að ganga út smám saman. Það er sá sem seinast fellur úr gildi, ekki fyrr en 2011. Það er alveg rétt að þessir samningar binda hendur þeirra og þeir auðvitað dauðsjá eftir þeim. Þeir eru búnir að læra það af biturri reynslu hvernig ekki á að haga sér, og þess vegna taka þeir til þess bragðs sem þeir taka núna.

Ég leyfi mér einnig að vitna til ummæla frá 1. apríl 1976. Þau eru á þessa leið, með leyfi forseta:

„Både SV og Senterpartiet" — Senterpartiet kemur við hjartað á okkur hv. 2. þm. Vestf. — „Senterpartiet har i debatten hevdet at for framtida må all kraftkrevende industri betala full kostnadsret pris for sin kraft."

Svona sagði sá góði maður, og ég ætla þá ekki að þylja hér meira í bili upp úr þessu norska þskj. En eins og ég sagði áðan gefst sjálfsagt tækifæri til að ræða þessi mál síðar, þegar þeir koma með járnblendifrv. úr iðnn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að tala hér langt mál að þessu sinni, en vildi aðeins víkja nokkuð að því sem hér hefur verið sagt nú í seinni umferðinni.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um samningana, sem gerðir voru við ÍSAL, og segir að þeir hafi verið hneyksli. Rök færði hann ekki fyrir þessari fullyrðingu, og auðheyrt er að hann hefur ekki hlustað á það sem sagt var hér í dag, bæði af mér og hv. 2. þm. Vestf. Þar kom skýrt og fyllilega fram og átti að vera á skiljanlegu máli, að ef þessir samningar hefðu ekki verið gerðir, þá hefði mátt búast við allmiklu hærra orkuverði á Landsvirkjunarsvæðinu og jafnvel að það hefði getað orðið orkuskortur á Suðurlandi eins og er í öðrum landshlutum. Áður en frv. til l. um Landsvirkjun var lagt fram voru gerðir ítarlegir útreikningar á því, hvað rafmagn mundi kosta til almenningsnota með álverksmiðju. Útreikningarnir sýndu að án álverksmiðju yrði rafmagn til almenningsnota allmiklu dýrara, allt að 60% dýrara.

Reynslan hefur sýnt að það hefur farið vel saman að virkja stórt í Þjórsá, að selja álverksmiðjunni raforkuna og þjóna hagsmunum almennings um leið. Almenningur hefur fengið nóg rafmagn og fengið ódýrara rafmagn en kostur hefði verið á að veita án álverksmiðjunnar. Það hefur verið komið inn á það hér, hversu mikils virði það væri að nýtingartíminn væri góður, og það er vegna þess, að álverksmiðjan notar raforkuna allan sólarhringinn, að unnt er að selja svo ódýrt eins og nú er gert orkuna til verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir að nýtingartími álverksmiðjunnar sé 7700 stundir á ári, verksmiðjan malar allan sólarhringinn alla daga, og orkuverðið er núna, eins og hv. þm. Páll Pétursson sagði, 76 aurar kwst. En heildsöluverðið til almennings í desembermánuði var 2.46 kr. Nú geta menn deilt um það, hvort almenningur notar orkuna ¼ hluta þess tíma sem álverið notar eða t. d. ⅓ af þeim tíma. Ef almenningur notar orkuna aðeins ¼ af þeim tíma sem álverksmiðjan gerir, þá samsvarar það að álverksmiðjan greiði 3.04 kr. á kwst. En ef almenningur notar ⅓, þá samsvarar það því að álverksmiðjan greiði 2.28 kr. Þetta er skiljanlegt, vegna þess að aflið verður að vera til handa þeim notendum sem ekki nota orkuna nema lítinn hluta sólarhringsins. Og það kostar alveg jafnmikið að virkja þetta mikla afl, hvort sem það er notað allan sólarhringinn eða aðeins ¼ af tímanum. Vatnið rennur gegnum vélarnar án þess að orkan sé nýtt, og þá fær virkjunin engar tekjur af því. Veit ég að menn geta gert sér fyllilega grein fyrir þessu. Auk þess kaupir álverksmiðjan orkuna frá einni spennistöð, en heildsöluverðið til almennings er frá mörgum spennistöðvum, þannig að Landsvirkjun tekur töluverðan þátt í dreifingu orkunnar til almennings.

Það er rétt að menn leggi þá spurningu fyrir sig, hvort það kæmi til greina að orkuverð til almenningsnota á Landsvirkjunarsvæðinu væri lægra ef engin álverksmiðja væri. Ég er sannfærður um að hver sem leggur þessa spurningu fyrir sig kemst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Menn geta hins vegar deilt um það, hversu raforkan væri miklu dýrari ef virkjað hefði verið smærra og engin álverksmiðja væri. Við skulum láta það liggja á milli hluta. Það er nokkuð sem hægt er að deila um og það til lengdar.

Ég held að þegar menn leggja þetta niður fyrir sér alveg hitalaust og láta kalda skynsemi og staðreyndir ráða, þá geri menn sér fulla grein fyrir því að samningurinn við ÍSAL hefur verið þjóðinni hagstæður, og eins og ég sagði hér í dag, þá stendur ÍSAL straum af öllum lánum sem af virkjuninni leiðir, línunni til Geithálss, spennistöðinni við Geithálss og vatnsmiðluninni í Þórisvatni. Og Landsvirkjun á þessa virkjun skuldlausa 1994, þegar 25 ár eru liðin frá því að virkjuninni var lokið. En þá er vitanlega mikill endingartími eftir af þessari virkjun og þeim mannvirkjum sem henni tilheyra.

Það er broslegt, þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar og staðreyndirnar liggja ljóst fyrir, að hv. 3. þm. Reykv. er að tala um að álverksmiðja sé skammaryrði í munni íslendinga, m. a. hv.

þm. Benedikts Gröndals. Ég ætla ekki að fara út í það að eyða tíma í að ræða slíkt orðafar sem ekki á við nein rök að styðjast. Það getur vel verið að á Íslandi verði reist einhvern tíma önnur álverksmiðja, það skal ég ekkert fullyrða um. Það verður gert ef það þykir hagstætt og eðlilegt, og þar verða kaldir útreikningar að ráða frá mínu sjónarmiði, að það sé hagstætt og eðlilegt í allan máta.

Hér hefur verið minnst á Alþjóðabankann og samskipti hans við Landsvirkjun þegar verið var að semja við Alusuisse 1966. Það mun rétt vera, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að maður frá Alþjóðabankanum hafi komið hingað um þetta leyti. Víst er það að Alþjóðabankinn gerir mjög strangar kröfur til þess að þau fyrirtæki, sem hann lánar til, séu traust og þær framkvæmdir, sem ráðist er í, gefi arð. Það er lágmarksarðgjöf sem Alþjóðabankinn ræðir alltaf um þegar sótt er um lán til hans. Framkvæmdin eða fjárfestingin þarf að gefa lágmarksarðsgjöf til þess að bankinn vilji lána. Ég held að það sé algerlega rangt að segja að Alþjóðabankinn hafi lagt pressu á íslendinga að þessu sinni eða síðar. En ég held að það sé besta sönnunin fyrir því, að Alþjóðabankanum hafi virst samningarnir við Alusuisse góðir, að bankinn játaði því að lána svo mikið sem hann gerði til virkjunarinnar. Þessi strangi banki, sem gerir stöðugt strangar kröfur til alls sem hann lánar til, sá að eftir að íslendingar höfðu fengið þennan samning við Alusuisse var Landsvirkjun gott fyrirtæki og öruggar greiðslur á því sem bankinn lánaði. Ég tel þess vegna gott að það var vitnað í Alþjóðabankann að þessu leyti. En hafi einhver pressa verið, þá hefur Alþjóðabankinn e. t. v. átt þátt í því að samningarnir við Alusuisse urðu það hagstæðir að þeir gerðu kleift að standa undir öllum kostnaði við erlendu lánin og borga virkjunina að fullu.

En hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan að þessir samningar við Alusuisse stæðu ekki undir nýju virkjununum. Það er alveg rétt. Þeir standa ekki undir nýjum virkjunum, en þeir borga þessa eldri virkjun og hún verður skuldlaus og eign Landsvirkjunar eftir tiltölulega stuttan tíma, þegar afskriftartími virkjunarinnar er ekki nema ¼ af raunverulegum nýtingartíma. Og þannig skapast stóreign hjá Landsvirkjun sem hlýtur að koma öllum almenningi til góða og stendur því undir nýjum virkjunum þegar frá líður.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um að fyrrv. iðnrh., Jóhann Hafstein, hafi sagt að loftið væri svo gott í álverksmiðjunni að þar þyrfti engin hreinsitæki. Mér þætti fróðlegt ef hv. þm. vildu fletta þessum ummælum upp í þingtíðindunum. Ef hv. þm. gerir það ekki, þá vil ég segja: Þetta er ekki rétt, þetta eru rangtúlkuð ummæli hæstv. fyrrv. ráðh. Jóhanns Hafsteins.

Við höfum minnst aðeins á orkuverðið hér í sambandi við álsamningana. En það er fleira sem er rétt að geta um, og það er framleiðslugjaldið sem er greitt hvernig sem rekstur verksmiðjunnar er. Þótt tap sé á rekstrinum skal framleiðslugjaldið greitt og nú verður það 20 dollarar á tonn og fer hækkandi með álverði. Ég man eftir því að hv. 5. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, minntist á það hér um daginn að það hefði skapast skattinneign, sem hann hneykslaðist mjög mikið á, þegar taprekstur var á verksmiðjunni, þegar framleiðsluverðið var sem lægst. En þessi skattinneign, sem svo var kölluð, greiðist upp af skattgjaldinu og skattgjaldið er innt af hendi árlega eða mánaðarlega hvernig sem rekstrinn gengur. Og það er ekki minnsti kosturinn við samningana, þetta fyrirkomulag á skattgreiðslum. Meðan norðmenn áttu álverksmiðjur með útlendingum eða útlendingar áttu einir stóriðjufyrirtæki í Noregi, þá voru þau undir venjulegum norskum skattalögum og áttu að borga tekjuskatt. En niðurstaðan varð sú í Noregi, og það höfum við kannske allir lesið um, að verksmiðjurnar voru mörg ár skattlausar með þessu fyrirkomulagi. Það var taprekstur og þá var enginn skattur greiddur. En með því fyrirkomulagi, sem er í álverksmiðjunni í Straumsvík, verður að greiða skatt hvernig sem rekstrarútkoman er.

Hv. 3. þm. Reykv., Sigurður Magnússon, minntist lítillega á viðreisnarstjórnina og sagði að hún hefði ekkert ráðið við efnahagsmálin og verið úrræðalaus. En hvers vegna skyldi þessi stjórn hafa verið nefnd viðreisnarstjórn og það af öllum íslendingum. Hv. 3. þm. Reykv. nefnir hana einnig viðreisnarstjórn, það gerðu allir. (Gripið fram í.) Það töluðu allir um viðreisnarstjórnina, og það var vegna þess að almenningur í landinu vissi vel að hlutverk hennar var að rétta við fjárhag íslendinga og atvinnulífið eftir gjaldþrot vinstri stjórnarinnar í árslok 1958. Þessu verður ekki mótmælt með rökum. Hv. þm. Alþb. geta mótmælt þessu, en rakalaust. Það var réttnefni á þessari ríkisstj.: viðreisnarstjórn. Hún sat í 12 ár, hún var endurkosin hvað eftir annað. Hún réð betur við viðfangsefnin heldur en aðrar ríkisstj. hafa gert, og þá var verðbólgan til jafnaðar ekki nema 10.5% á ári. Og það hefði betur farið ef hefði verið hægt að halda áfram á þeirri braut. Svo kemur árið 1974. Þá fór verðbólgan upp í 54%. En getur það verið að sumarið 1974 hafi verið komið annað gjaldþrot vinstri stjórnar? Ég held að mönnum blandist ekki hugur um að svo var. Að öðrum kosti hefði sú ríkisstj. haldið áfram, en erfiðleikar núv. ríkisstj. eru að mörgu leyti vegna arfsins sem hún tók við haustið 1974. En þetta er nú útúrdúr að gefnu tilefni.

Hv. þm. Páll Pétursson var að vitna hér í það hvað álverið hafi greitt fyrir raforku 1975, 490 millj. kr. Ég hef nú ekki skýrsluna hjá mér, en ég efast ekkert um að úr því að hann les það upp úr skýrslu, þá fari hann rétt með. En þetta er hálfur milljarður hér um bil, en heildartekjur af álverinu munu vera nokkuð á þriðja milljarð á ári þegar skattur, vinnulaun og þjónusta eru tekin með í dæmið. En hv. þm. taldi um að það mætti hafa tekjur af ýmsu öðru en af áli eða stóriðju, og þetta er alveg rétt sem betur fer. Það má hafa tekjur af mörgu hér á landi ef athafnir og ráðdeild eru ráðandi. Við höfum oft talað um hin miklu verðmæti sem við eigum í fallvötnunum og jarðhitanum, en við fáum því aðeins að af fallvötnunum, að við virkjum þau, og af jarðhit-

anum, að við nýtum hann. Annars er þetta arðlaust. Með því að hafa kaupanda að orkunni getum við hagnýtt okkur þessi verðmæti, sem eru í fallvötnunum og jarðhitanum. Þess vegna hefur verið farið út í stóriðju til þess að tryggja orkufrekan kaupanda og fá tekjur ekki aðeins af orkusölunni, heldur af þjónustu og vinnu sem í kringum stóriðjuna er. Ég tel alveg sjálfsagt að fá stóriðju þegar það hentar, þegar það á við. En við eigum að gera allt sem unnt er og eðlilegt er til þess að nýta þau verðmæti sem við getum sótt til sjávarins, og vissulega eykur það bjartsýni okkar að við skulum nú ráða einir hinni stóru landhelgi okkar, 200 mílunum. Vissulega gefur það möguleika til þess að efla aukins fjár í þjóðarbúið, jafnvel þótt við legðum ekki mikið kapp á stóriðju. En ég held nú satt að segja að það sé vafasamt, að við hefðum á þessu tímabili, sem álverksmiðjan hefur starfað, getað náð þeim tekjum, sem hún hefur gefið, annars staðar frá. Og ég held að það hljóti að vera hollast og heilbrigðast fyrir okkur að hafa atvinnulífið sem fjölbreytilegast. Við hljótum að halda áfram að nýta sjávaraflann og sækja sjóinn fast., efla sjávarútveginn. Við hljótum að efla landbúnaðinn og nýta þau gæði og þá framleiðslu sem hann gefur. Við hljótum að efla iðnaðinn, smáiðnað, stærri iðnað, stóriðju, eftir því sem henta þykir. Og við hljótum að efla samgöngur, siglingar í lofti og á sjó og ferðamannaþjónustu og gera atvinnuvegina sem fjölbreyttasta, atvinnuna sem öruggasta og gjaldeyrisöflunina sem tryggasta. Það hlýtur að vera verkefni næstu ára að vinna að þessu og reyna að fá yfirsýn yfir þjóðlífið í heild og marka stefnu til þess að tryggja bæði nútíðina og framtíðina. Það hlýtur að vera stefna okkar, sem erum á Alþ., að gera þjóðlífið fjárhagslega traust og atvinnuöryggið sem mest. Við hljótum að vera sammála um þetta. Og þess vegna dugar ekkert einhæft í þessu efni, ef við ætlum að vera sjálfum okkur nógir, hætta að safna skuldum erlendis, tryggja að við getum á hverjum tíma borgað það, sem við flytjum inn, og það, sem við eyðum. Nauðsyn ber til að tryggja að lífskjör alls almennings í landinu geti orðið sem best. Það gerum við með því að nýta alla möguleikana. Við gerum það ekki með því að hannfæra þær atvinnugreinar sem hafa reynst vel og hafa getað gefið aukið fjármagn í þjóðarbúið. Við gerum það ekki með því. Við gerum það ekki með ofstæki eða þröngsýni, heldur með því að hafa víðsýni og láta skynsemina hverju sinni ráða.

Hv. þm. Páll Pétursson endaði ræðu sína með því að vitna til þess að það gæfist tækifæri seinna til að tala um þessi mál, þegar frv. um járnblendiverksmiðjuna verður til umr. Það hefur nú staðið til að það yrði tekið til umr., en það er ekki enn búið að útbýta nál. Vonandi dregst það ekki lengi, og þar sem nú er orðið nokkuð áliðið dags og þetta tækifæri er fram undan, þá ætla ég að þessu sinni að láta máli mínu lokið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hefði kannske ekki séð ástæðu til þess að fara að setja hér á langa tölu um þá lönguvitleysu sem þeir hafa spunnið hér hver á eftir öðrum, stóriðjumenn, nema vegna þess að hv. þm. Ingólfur Jónsson, vék að mér örfáum orðum vegna þess sem ég hafði minnst á skattgreiðslu eða skattinneign álversins í umr. hér fyrir stuttu. Allt, sem ég sagði um það mál þá, stendur enn, enda gerði hv. 1. þm. Suðurl. enga tilraun til þess að hrekja það, enda útilokað. Það stendur sem sagt enn að skattinneign ÍSALs nam orðið mörgum milljónum dollara, og það þykir allmikið fé fyrir okkur að greiða, jafnvel þótt það sé tekið af framleiðslugjaldinu að borga þessum herrum, stóriðjumönnum, 2000 millj. á þessum lið einum. Manni hefur satt að segja þótt nóg að þurfa að greiða með raforkunni til álversins í Straumsvík um árabil og um fyrirsjáanlega framtíð þó ekki bætist þetta við.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson hefur talað hér tvívegis, og satt að segja hélt ég að svo rólegur maður, sem talaði yfirleitt yfirvegað, mundi ekki hætta sér út í það einu sinni enn að reyna að verja vitleysusamningana við Alusuisse. Það er alltaf verið að vitna í norðmenn, hvað norðmenn hafa gert, hvað norðmenn gera og hvað þeir hugsa sér að gera í þessum efnum. En það er staðreynd, sem stendur þó upp úr þessu, að norðmenn dauðsjá eftir þeim fáu samningum, sem þeir hafa gert til langs tíma, og telja að þar hafi verið rangt að staðið, en á sama tíma koma sumir hv. þm. Sjálfstfl. hér í pontuna og reyna að verja þessa samninga hvað eftir annað í líf og blóð. Það má svo sannarlega kalla þetta forherðingu og ekkert nema forherðingu. Það segir í Helgakveri á einum stað: „Forherðing kallast það þegar mönnum þykir sómi að skömmunum og láta sér í engu segjast.“ Og á það svo sannarlega við um þessa menn í umræddu máli.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson fimbulfambaði mikið í sinni síðustu ræðu hversu mikið fé við hefðum út úr álverinu. Nefndi hann þar t. d. að við hefðum í tekjur af raforku um 490 millj. kr. s. l. ár. Ég vil benda hv. þm. Ingólfi Jónssyni á að bátaflotinn okkar, sem að hluta til hefur verið að dunda við loðnuveiðar undanfarna tæpa þrjá mánuði, hefur nú þegar skilað að landi afla sem verður í útflutningsverðmæti 10 þús. millj. kr.. sem jafngildir því sem við fáum í raforkuverði til Straumsvíkur næstu 20 árin. Ég get því ekki verið yfir mig hrifinn af því, þó að við krækjum í þessa aura fyrir það gífurlega raforkumagn sem þeir fá.

Ég man ekki tölur nú og hef þær ekki hjá mér, ósköp einfaldlega vegna þess að ég stend hér upp vegna þessara fáu orða Ingólfs Jónssonar áðan í minn garð. Ég hef ekki tölur um hvílíkt verðmæti hvert hraðfrystihús úti á landsbyggðinni skilar í þjóðarbúið á hverju ári. En það er ærið óeðlilegt að þau skila miklu meira verðmæti en þessi risafabrikka í Straumsvík, sem spýr eitri og eimyrju yfir fólk og inn í fólk, eins og skýrsla frá heilbrrn. sannaði okkur um daginn. Þessi atriði, þessir smámunir eru því ekki til þess að guma af. Það, sem í raun og veru er hér á ferðinni þegar menn í sífellu eru að boða stóriðju, verja stóriðju og standa í samningum um meiri stóriðju, þá er það ekkert annað en

vottur þess að þessir menn eru hættir að treysta á innlenda atvinnuvegi. Þeir eru hættir að trúa því að við getum með eðlilegum hætti búið að okkar og lifað eins og fyrr í okkar landi án þess að leita til útlendinga í þeim efnum.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson gerði mikið úr því sem við hefðum í tekjur frá ÍSAL og sagði að tekjurnar frá ÍSAL stæðu undir öllum lánum vegna Búrfellsvirkjunar, vegna línu til Reykjavíkur, vegna uppistöðulóna og vegna aðveitustöðvarinnar við Geitháls og hann sagði þá: Þeir fá 60% af orkunni. En hv. þm. Ingólfur Jónsson gleymdi að geta þess, að þeir borga ekki nema 10% af því fé sem kemur inn fyrir orku í landinu. Ef þessi 10% standa undir öllum þessum kostnaði, þá hefði verið ákaflega auðvelt fyrir okkur að taka það á okkur. Ég vil í því sambandi vekja athygli á því og nefna þessar tölur einu sinni enn. Þeir greiða aðeins 10% af því sem inn kemur fyrir raforkuverð til Landsvirkjunar, þannig að ef við nú lokuðum álverinu og hættum að selja þeim rafmagn, þyrftum við ekki að hækka okkar útselda raforkuverð nema um sem svarar 8.3%. En hvað fengjum við þá í staðinn? Þá fengjum við alla orkuna sem þeir nú nota, og það þýðir ósköp einfaldlega að við þyrftum ekki nú að ráðast í stórvirkjun af stærð eins og gert er ráð fyrir í Hrauneyjafossi. Við hefðum sem sagt laus 150—160 mw. nú og þetta mundi sem sagt spara okkur stórfé.

Vitnað var í orkuspána í umr. í dag af hv. þm. Steingrími Hermannssyni, — og ég vil nefna það svona í leiðinni, að það var eitt, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði oft í sinni ræðu, og það var, eins og hann orðaði það ákaflega pent til þess að ýta ekki of hressilega við hv. þm. Ingólfi Jónssyni, — hann sagði: Ég vildi gjarnan fá hærra verð fyrir raforkuna í Straumsvík. Ég hefði gjarnan viljað sjá hærra verð fyrir orkuna í álsamningunum. — Þetta þýðir ekkert annað en það, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson skammast sín fyrir þessa samninga. Honum þykja þeir vondir. Þeir eru vondir, enda hefur það líka verið margsannað. Það mætti halda að þeir stóriðjumenn hefðu komið sér upp lítt áberandi heyrnarhlífum þegar verið er að lesa yfir þeim þessar staðreyndir æ ofan í æ.

En nú er verið að vinna að nýjum samningum við útlendinga varðandi stóriðju í sambandi við Grundartanga. Auðvitað kemur að því að við ræðum það betur hér á þessum stað. En sannleikurinn er sá, að á meðan norðmenn segja að ekki dugi minna sem lægsta verð fyrir rafmagn til stóriðju en 6.6 aurar norskir á kwst., sem jafngilda 2.37 eða 2.38 kr. íslenskum, þá erum við nú að gera raforkusölusamning við þetta fyrirtæki upp á verð sem mun vera innan við 1 kr. að meðaltali. Allt það, sem hér var sagt í sambandi við það að koma afgangsorku í verð, var rétt og satt. En til þessa fyrirtækis er alls ekki um neina afgangsorkusölu að ræða. Það, sem þetta fyrirtæki fer fram á, er að fá afgangsorkuna, eins og þeir kalla hana, svo strangskilyrta að þar er í raun um forgangsorku að ræða á öllu magninu, ef ofnarnir verða keyrðir á fullu allt árið og eiga að geta framleitt það sem ætlað er. Þetta getum við séð í þeim plöggum sem sjálfir Grundartangamenn hafa lagt fyrir okkur. Sannleikurinn er nefnilega sá, að fyrir helminginn af orkunni borga þeir sem svarar tæplega 10 mill fyrir hverja kwst., en fyrir hinn helminginn af raforkunni borga þeir sem svarar 10 aurum íslenskum fyrir hverja kwst. Þetta stendur líka í plöggunum. Þetta er hörmulegt, því að þarna er alls ekki um afgangsorku að ræða, heldur svo hart skilyrta afgangsorku, eins og þeir nefna, að þar er hreinlega um forgangsorku að ræða.

Ég vil ekki eyða löngum tíma í að ræða þetta atriði, vegna þess að það kemur hér fyrir síðar, en ég vil aðeins minna á atriði sem ég ætlaði að nefna áðan, að í orkuspánni var gert ráð fyrir því, að ef miðað er við vaxandi orkuþörf íslendinga sjálfra, sem hefur verið um 7% á ári um langt árabil, þá komum við til með að þurfa orkufyrirtæki í viðbót til ársins 2000 sem samsvarar þremur Hrauneyjafossvirkjunum. Hver virkjun, sem kemur núna í viðbót, verður dýrari og dýrari því það er alltaf farið í þá hagkvæmustu sem til er hverju sinni. Ef stóriðjustefnunni verður fylgt þurfum við ekki þrjár virkjanir af Hrauneyjafossstærð, og þá er aðeins miðað við það sem hv. þm. Ingólfur Jónsson kallaði „hóflega stóriðju“, eða í svipuðum mæli og verið hefur, þá þurfum við ekki þrjár Hrauneyjafossvirkjanir, heldur sjö eða átta til aldamóta og miklu meira ef farið verður út í hin stóru áform sem okkur grunar að nú séu fram undan. Þessar virkjanir þurfum við að sjálfsögðu allar að reisa sjálfir og taka til þess lánsfé. Það vex mönnum nú þegar í augum hversu mikið við skuldum erlendis, það munu vera um 100 milljarðar króna, en með slíkum framkvæmdum mundum við gera miklu meira en að tvöfalda þessar skuldir þó ekki væru önnur erlend lán tekin með í reikninginn. Þetta er hættuleg stefna. Stóriðjustefnan er að mínu viti einn mesti voði sem íslenska þjóðin hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir. Hún er hættulegri en allt annað. Og á meðan verið er að lauma þessu inn og þrengja þessu upp á okkur, þá getum við með sæmilega góðri samvisku lagt flest önnur mál á hilluna, svo hættuleg er þessi stefna. Hún þýðir það að við ánetjumst í mjög vaxandi mæli erlendu auðmagni, og í örfáum orðum sagt þýðir hún það að sjálfu þjóðfrelsinu er fargað.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson fór hér að nokkru með dálitlu hliðarskrefi út í almennar stjórnmálaumr. og rakti þar ýmislegt frá fyrri tíð og reyndi að segja mönnum að nafn viðreisnarstjórnarinnar hafi verið réttnefni. Ég þekki hv. þm. Ingólf Jónsson hvað það snertir, að hann er ófeiminn við að segja ýmsa hluti og ófeiminn að takast á við menn í rökræðu. Og ég hef bæði séð það og heyrt til hans, að hann er yfirleitt maður fyrir sínu í þeim efnum. En svo langt datt mér ekki í hug að hv. þm. Ingólfur Jónsson hætti sér að fara að reyna að telja einhverjum trú um að nafn viðreisnarstjórnarinnar hafi verið réttnefni. Þessu nafni var komið á stjórnina af andstæðingum hennar í raun. Þetta var auðvitað öfugmæli, enda varð sú raunin. Hann er að tala um hver verðbólgan sé núna og það sé allt saman síðustu stjórn að kenna, vinstri stjórninni. Ef örfáum vandræðatilfell-

um úti í heimi er sleppt, þar sem eru hernaðarátök og annað þess konar sem við höfum ekki hjá okkur, var þetta algjört heimsmet yfir eitt ár að hafa 54% verðbólgu hjá þessari stjórn. Svo leyfir hann sér á sama tíma að skjóta því hér inn að viðreisnarstjórnin hafi verið frábær stjórn og fólkið hafi verið ánægt með hana og kosið hana aftur og aftur. En hver er sannleikurinn um viðreisnarstjórnina? Hann er ljótur og hann er því miður allt of langur til þess að hægt sé að gera grein fyrir honum hér í örstuttu máli.

Sannleikann er hægt að draga saman í örfá orð. Við vitum allir sem höfum fylgst með stjórnmálum þennan tíma, að í lok viðreisnartímabilsins, þegar rekin hafði verið láglaunastefna hér í fjöldamörg ár, átti að takmarka innflutninginn með því að gera sjálfan skortinn að skömmtunarstjóra. Ísland var orðið láglaunaland í þeim mæli að fólk hafði flykkst frá landinu svo jafnvel hundruðum eða þúsundum skipti. Margt af þessu fólki hefur ekki enn komið aftur til Íslands. Það byrjaði að vísu aðeins að koma aftur þegar vinstri stjórnin sat við völd. En hér var landflótti. Hér bjó almennur verkalýður við sultarkjör, og margir eru farnir að kannast við handbragðið núna. Nú er ekki annað að sjá en sama stefna hafi verið tekin upp og náð árangri á miklu styttri tíma því hér eru hin almennu verkalaun orðin helmingi lægri en gerist og gengur í nágrannalöndunum, þrátt fyrir það að á þessum tíma hefur útflutningsverðmæti okkar stóraukist og verð á helstu útflutningsvörum okkar hækkað um 50—60% og á sumum útflutningsvörum miklu meira. Það var afsökunin þegar viðskiptakjörin versnuðu, að þá var ekki hægt að bæta kjörin nema svo og svo mikið. Það má segja að væri hægt að vísa til þess. Menn skildu það. En þegar viðskiptakjörin batna með þeim hætti sem raun hefur verið á undanfarin ár, þá versna kjörin enn. Það er m. ö. o. réttlætt að lækka kjörin þegar viðskiptakjörin versna, og það er líka reynt að réttlæta það að lækka kjörin þegar viðskiptakjörin batna. Það er sem sagt alltaf réttlætanlegt í augum þessara manna að gera kjör hins almenna verkamanns verri, hvort sem viðskiptakjörin eru góð eða vond. Þetta er aðaleinkenni íhaldsstjórnar í landinu. Líka var aðaleinkenni viðreisnarstjórnarinnar í landinu gengisfellingaæði sem þá gekk yfir þjóðina. Á tveimur árum, árunum 1967 og 1968, síðari hluta árs 1967 og í nóv. 1968, var gengið fellt svo mikið að erlendur gjaldeyrir hækkaði í verði um meira en 100% á 13 mánuðum. Ef það er réttnefni að nefna stjórn eins og þessa viðreisnarstjórn, þá er ég farinn að kannast illa við mína orðabók.

Ég held það sé rétt að geta enn eins atriðis í stjórnarferli viðreisnarstjórnarinnar sem ekki er hvað léttvægast. Á þeim 12 árum, sem blessunarlega löngu dauð viðreisnarstjórn sat að völdum, var sífellt verið að tala um að það þyrfti að skjóta nýjum og styrkum stoðum undir íslenskt atvinnulíf þ. e. a. s. það átti að gera það með því, að vaxtabroddurinn í íslensku atvinnulífi yrði sóttur til útlanda. Það var einmitt á þeim árum sem Alusuissesamningurinn var gerður, en á þessum 12 ára tíma var ekki hugsað um að halda við veiðiflota landsmanna. Þegar viðreisnarstjórnin tók við áttum við 50 stóra togara, en á svo löngum tíma frá því að þeir voru smíðaðir, frá 1947 til 1951, rýrna auðvitað þessi verðmæti, þau úreldast, þannig að þegar viðreisnarstjórnin gaf upp öndina, guði sé lof, á sínum tíma voru engir nothæfir togarar til í landinu. Það er ekki fyrr en með tilkomu vinstri stjórnarinnar að þessari stefnu er snúið við. Það er breytt um stefnu. Þá förum við að leggja höfuðáherslu á að efla atvinnutækin í landinu, að renna raunverulega styrkum stoðum undir atvinnulífið í landinu og undir efnahag landsmanna, það var ekki aðeins að skipin voru endurnýjuð, og þótti mörgum nóg um, en þess þurfti. Það þarf að taka svo harkalega á þegar ástandið er slæmt. Það segir einhvers staðar að með illu skal illt út reka. Það var ekki aðeins að við fengjum stórtækan nýtísku flota til þess að bera björgina til landsins, heldur var honum dreift um land allt og íslenskur fiskiðnaður gerður að raunverulegri stóriðju, þar sem hráefninu var ekki aðeins jafnað milli landshluta, heldur jafnað um allt árið, þannig, að okkar innlendu verksmiðjur, sem staðið hafa og standa enn undir þjóðarbúinu að miklu leyti, gátu gengið með jöfnum afköstum og með jöfnum vinnutíma allt árið. Með þessu var öllu atvinnuástandi gjörbreytt hér í landinu, og á þessum arði hefur þó þessi stjórn, hæstv. ríkisstj., sem nú situr hjarað og það er vegna hans sem hún lifir. Þetta virðast hv. þm., eins og Ingólfur Jónsson, 1. þm. Suðurl., ekki skilja nægilega vel og grípa enn til hins fyrra ráðs, að vantreysta eigin atvinnuvegum, eigin framleiðslutækjum og framtíð íslenskrar atvinnu, en beina nú sem fyrr sjónum sínum til erlendra auðhringa, og er það illa farið.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég skal ekki níðast á góðvild og þolinmæði manna með því að tala hér langt mál, en ég verð að fá að segja örfá orð og þá fyrst og fremst vegna þess að ég lét í skína í ræðu minni að ég treysti ekki tungumálakunnáttu hv. 2. þm. Vestf. úr því að hann gat út úr þeim þskj., sem hann hafði í höndum, lesið það sem hann gerði. En mergurinn málsins er sá, að hann hafði ekki nóg af þskj. og las bara hluta og það skýrir að hann hafi skilið sprokið. En með leyfi forseta langar mig til að lesa örfáar línur úr þessu þskj. sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson vitnaði til, Stortingsproposal nr. 81 frá 9. jan. 1976:

„Allerede rundt 1980 hjemfaller flere store industrikraftverk til staten. Bedrifterne som er avhengige av kraft fra disse kraftverkene kan da komme i vanskelig situasjon om de må betale ny pris for hele kraftkvantumet. Hovedstyret har ikke tatt noget standpunkt til disse forholdene under den pågående saksbehandling som vesentlig gjelder supleringskraft til enkelte bedrifter."

Þetta var það sem Steingrímur las, en Steingrímur hafði ekki í höndum umr. eða nál. frá 1. apríl, en þar segir Hallvard Eika, eins og ég las áðan:

„Men komitéen understreker for sin del at

ditte prinsipet og skal gjelda for fornying av gamle kontrakta."

Og þá ætti það mál að vera upplýst.

Hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, setti hér upp reikningsdæmi um gjaldeyrishagnaðinn af ÍSAL. Það kom raunar ekki fram í máli hans hvað innflutningurinn til ÍSAL kostar. Það er ekki einhlítt þó að litið sé á útflutningstölurnar, sem eru háar. Það verður að athuga hvað til þessa fyrirtækis þarf að kaupa. Meðan á þessum fundi stóð voru borin hér á borð okkar Fjármálatíðindi, 1. hefti þessa árgangs, 1977, og þar er einmitt að finna á bls. 73 tölur um innflutning vegna álbræðslunnar. Innflutningurinn vegna álbræðslunnar 1973 var 2218 millj., 1974 var hann 3260 millj. og 1975 var hann 6475 millj. Þetta var innflutningurinn á því verðlagi sem í gildi var á hverjum tíma. Á bls. 78 er tekið fram hver útfluntingurinn hafi verið. Árið 1973 var útflutningurinn 4450 millj., 1974 4778 millj., 1975 5046 millj., og þar kemur vitanlega í ljós að þetta er ekki allt saman nettóhagnaður, þessi gjaldeyrir sem fæst fyrir útflutninginn.

Hv. þm. ræddi líka um forgangsorku. Hvað viðkemur álverinu í Straumsvík, þá held ég að við getum verið sammála um að þar sé allt saman forgangsorka, allt saman óumdeild forgangsorka, sem alveg eins væri hægt að nota í eitthvað annað. Fyrir næstum því helminginn af tiltækri raforku landsmanna, ég endurtek: forgangsorku, fást ekki nema 490 millj. kr. á árinu 1975, en þetta voru samtals, eins og ég hef margtekið fram hér í dag, 1027 kwst. Hinn helming raforkunnar verður að selja á 6651 millj. kr. á sama ári. Þetta eru kaldir útreikningar. Þetta eru þeir köldustu útreikningar sem ég get hugsað mér. Hv. þm. Ingólfur Jónsson óskaði þess að skynsemin væri látin ráða, og þar er ég honum alveg hjartanlega sammála. Það er einmitt ósk okkar Ingvars Gíslasonar.

Hann ræddi líka um að það hefði ekki verið hægt að fá lán til orkuversins í Búrfelli nema með álsamningi. Hvernig gengur þá að slá lán út á Hrauneyjafoss. (**IngJ**: Ég fullyrti ekkert um það.) Jæja, ég dreg þá í land með það. Mér skildist á hv. þm. að lántökur hefðu gengið miklu betur vegna þess að Alþjóðabankinn hafi séð að þarna var um gott fyrirtæki að ræða. Það þurfti ekki neina sérfræðinga frá Alþjóðabankanum til þess að sjá að þarna væri um gott fyrirtæki að ræða vegna þess að þetta fyrirtæki hafði gott fólk í viðskiptum. Það átti hauk í horni þar sem var fólkið í landinu, sem möglunarlítið hefur tekið allar þær byrðar sem á það hafa verið lagðar vegna þessa óhagstæða samnings og borga niður raforkuna út af þessum samningi.

Það er að vissu leyti rétt sem hv. 1. þm. Suðurl. sagði, að þessi samningur borgar á endanum þessa virkjun við Búrfell. En við erum sammála um það, að hann borgi ekki nýrri virkjanir, og þá erum við farnir að nálgast kjarna málsins. Við eigum bara eftir að koma okkur saman um það, hvort sé skynsamlegt að láta það einungis nægja að borga hverja virkjun fyrir sig, en velta alltaf nýjum og dýrum virkjunum yfir á fólkið í landinu, eða hvort við eigum að reyna að finna upp einhverja aðferð til þess að tryggja að ætíð sé greitt það verð sem kostar að framleiða þá orku sem notuð er. Ef það yrði mönnum eitthvað ljósara eftir þessa umr. að þetta er sú stefna sem við verðum að fylgja í framtíðinni, ef ekki á illa að fara, þá væri þessi stund ekki til einskis.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal eins og á stendur ekki verða langorður. Ég bið afsökunar á því að ég varð að fara frá af sérstökum ástæðum og hafði þess vegna ekki tíma til að hlusta á allar umr., en hef hlustað á nokkuð mikið af þeim, og ég vona að þessar umr. hafi þrátt fyrir allt hreinsað svolítið loftið í þessum málum, þó að ég verði nú að segja það mínum ágæta vini, hv. 1. þm. Suðurl., að ég var ekki að öllu leyti ánægður með það, hvernig hann hagaði málflutningi sínum, vegna þess að ég var að vonast til þess að hann skildi það sem í orðum okkar fólst, og það er þetta: Við erum fyrst og fremst að reyna að benda á þá staðreynd, að það hefur verið og er sú ákveðna stefna uppi að tengja saman roforkuframkvæmdir og erlenda stóriðju. Það var í raun og veru þetta sem við flm. vildum setja í brennipunkt, en ekki endilega að fara að deila svo ákaflega mikið um fortíðina, þó að vissulega séu fordæmin frá samningum við Alusuisse síður en svo þannig að hægt sé að hrósa þeim, eins og ég sagði í minni framræðu og dró ekkert úr, því að skoðun mín hefur ekkert breyst öll þessi ár síðan ég talaði fyrir nál. af hálfu framsóknarmanna fyrir 10—11 árum um þetta efni. En við minnumst þess og það er ómögulegt að gleyma því, að þá var gerður samningur við Alusuisse sem vissulega var þannig úr garði gerður að það var síður en svo heppilegt fordæmi í samningum við erlendan aðila. Ég ætla að rifja upp í stórum dráttum, hvernig þetta var. Þessi samningur var þannig, að Alusuisse var undanþegið bæði íslenskum skattalögum, dómsmálakerfi, eðlilegum mengunarvörnum, fyrir utan það sem hér hefur verið mest um rætt, að það fékk rafmagn á verði sem var miklu lægra en þá tíðkaðist í heiminum og selt til mjög langs tíma, auk þess sem byggingin var undanþegin öllum aðflutningsgjöldum og rekstrinn hefur verið það. Ég held því að þetta hafi ekki verið gott fordæmi, og ég get ekki látið hjá líða svona í lokin að endurtaka þetta, eftir að hv. 1. þm. Suðurl. hefur lagt mikið á sig til þess að reyna að sýna fram á að þarna hafi verið gerður góður samningur sem við höfum haft mikinn hag af. Ég er honum mjög ósammála um þetta og tel að reynslan hafi sýnt hið gagnstæða.

Auðvitað er ég hv. 1. þm. Suðurl. sammála um margt sem hann sagði í lok ræðu sinnar um nauðsyn iðnaðaruppbyggingar. Það held ég að við hljótum að verða allir sammála um. En ég vil þá undirstrika það jafnframt að sú iðnaðaruppbygging, sem við verðum að vinna að, á ekki að vera í því formi að hér verði stóriðjuuppbygging, heldur eigum við að fara aðrar leiðir. Við eigum að byggja upp okkar innlenda iðnað og leggja á það höfuðáherslu og reyna þá að veita okkar íslensku iðnrekendum öll þau góðu kjör sem verið er að veita útlendingunum.

Um Landsvirkjun hafði hv. þm. mörg og góð og falleg orð. En ég verð að segja það eins og

er, að ég held einmitt að við þurfum að hyggja vel að því hvort ekki þurfi að taka lög og rekstur þeirrar stofnunar til sérstakrar skoðunar. Það má vel vera að það megi líta á Landsvirkjun sem gott fyrirtæki. Það fer eftir því hvernig á er litið. En að mínum dómi þarf það að batna, og ég held að það þurfi að gera Landsvirkjun að raunverulegri „landsvirkjun", en ekki bara að virkjun fyrir Reykjavík, sem Reykjavík hefur aðalvaldið yfir og svo ríkið að nokkru leyti, en aðrir koma ekki nærri. Ég held einmitt að við þurfum að vinna að því að hér komist á raunveruleg „landsvirkjun", og þá held ég að það verði auðveldara að koma á skynsamlegri heildarstjórn á virkjunarmálin, en því miður hefur það ekki orðið undir hinum miklu áhrifum Landsvirkjunar eins og hún hefur starfað í 11—12 ár, það er síður en svo. Ég tel einmitt að það sé margt gagnrýnisvert í því, hvernig hún hefur starfað. Hún hefur byggt sig algjörlega upp út frá þessari stefnu, að það skuli virkja eingöngu í sambandi við stóriðjuframkvæmdir og þá þess háttar stóriðjuframkvæmdir sem ráðist sé í með erlendu fjármagni. Þetta tel ég hættulega stefnu, og ekkert af því, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson hefur sagt um þetta, hefur breytt sannfæringu minni í þessu efni. Hins vegar þykir mér illt að hann skuli ekki hafa á öllum þessum tíma og eftir að reynslan liggur fyrir reynt að endurmeta afstöðu sína í þessu máli.

En ég skal ekki, vegna þess hve áliðið er, eyða öllu lengri tíma í þetta mál. Ég vona þó að þessar umr. hafi að ýmsu leyti orðið til þess að skýra þær línur, sem eru í þessum málum, og sýna fram á þann mun, sem er á stefnu okkar flm. og hv. þm. 1. þm. Suðurl. og ég tel að það sé gott. Það auðveldar okkur að ræða þessi mál síðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Skotvopn, frv. (þskj. 326 (sbr. 52), n. 369, 376). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 376 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—37. gr. samþ. með 22 shlj. atkv..
Ákv. til brb. samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 41, n. 323 og 330, 373). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 373 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 15:9 atkv.

Fávitastofnanir, frv. (þskj. 296). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þetta frv. er um breyt. á lögum um fávitastofnanir og fjallar frv. um breyt. á 15. gr. laganna. Lögin um fávitastofnanir voru sett á árinu 1967 og samkv. þeim var gert ráð fyrir að starfræktur yrði þroskaþjálfaskóli og þá var talið nauðsynlegt að skólinn væri starfræktur við aðalfávitahæli ríkisins vegna þess að það væri eini staðurinn sem gæfi nemendum kost á að umgangast stóran hóp vangefinna einstaklinga á ýmsum stigum og gæti veitt nemum þannig æskilega þjálfun. Nú hafa þessi mál mjög breyst, þannig að þessar stofnanir eru nú orðnar allmargar og því ekki ástæða til að tengja þennan skóla við þetta eina hæli í landinu. Einnig er rétt að breyta því, sem breytingin á 15. gr. gerir ráð fyrir, og skólastjóri sé ekki jafnframt forstöðumaður eins ákveðins hælis, sem nú er Kópavogshælið samkv. gildandi lögum, heldur verði sérstakur skólastjóri ráðinn að þroskaþjálfaskólanum og tekið þar fram um menntun hans á þann veg, að hann skuli hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

Það hefur á s. l. ári mikið verið gert til þess að bæta aðstöðu þessa litla skóla. Hann hefur fengið til umráða hið gamla holdsveikrahæli og því hefur verið breytt þannig að að stofnuninni hefur verið vel búið nú í fyrsta skipti á þessum vetri, og jafnframt voru ráðnir tveir sérkennarar til þessa skóla.

Mér er ljóst að lögin um fávitastofnanir frá 1967 þurfa endurskoðunar við á fleiri sviðum en þessum. En það er samdóma álit skólanefndar þroskaþjálfaskólans, að nauðsynlegt sé að hraða þessari breytingu, og því er þessi eina breyting flutt hér í sérstöku frv., en að því er unnið að hraða endurskoðun þessarar löggjafar og að því stefnt að hún komi fyrir næsta þing.

Forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Viðbótarsamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 139). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 395).

Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 291, n. 378). — 2. umr.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Það varð að samkomulagi að ég hefði framsögu fyrir þessu máli, þar sem frsm. n. getur ekki verið viðstaddur afgreiðslu málsins hér.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans og orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþ. N. fékk til fundar við sig þá Davíð Ólafsson seðlabankastjóra og Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóra í Seðlabankanum og veittu þeir ýmsar upplýsingar sem varða málið.

Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum. Það er tvær greinar og í þriðja lagi að lögin öðlist þegar gildi.

1. gr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 23 millj. sérstakra dráttarréttinda í 29 millj. sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands."

Þessi kvótahækkun fyrir Íslands hönd, sem hér er leitað heimildar til, er í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldgjaldeyrissjóðsins um kvóta aðildarlandanna, og hækkunin á kvóta Íslands hjá sjóðnum hefur þá meginþýðingu að lántökumöguleikar landsins hjá sjóðnum aukast, auk þess sem úthlutun sérstakra dráttarréttinda er ákveðin í hlutfalli við kvótann.

2. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er enn fremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans úr 18.4 millj. bandaríkjadollara í 22.2 millj. bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollarans þann 1. maí 1944."

Þessi hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans kemur til vegna aukningar á hlutafé bankans um 7 milljarða bandaríkjadollara sem samþ. var í maímánuði 1976.

Til upplýsinga má geta þess, að seinast varð breyting á þessu samkv. lögum frá 1970. Þá voru framlögin til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða kvótinn hækkaður úr 15 millj. í 23 millj. sem hann er nú, en frv. gerir ráð fyrir hækkun upp í 29 millj., og þá var framlagið til Alþjóðabankans einnig hækkað úr 15 millj. í 18.4 millj. sem það er nú, en farið er fram á samkv. frv. að hækka þetta framlag í 22.2 millj. bandaríkjadollara.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu málsins.

Við 1. umr. þessa frv. beindi hv. þm. Benedikt Gröndal nokkrum fyrirspurnum til mín. Mér voru þær upplýsingar þá ekki tiltækar, en hef aflað mér þeirra. Ég sé nú að hv. þm. Benedikt Gröndal er ekki viðstaddur hér í dag, en ég tel samt sem áður rétt að gefa þessar upplýsingar sem hann fór fram á og get þá komið þeim til hans síðar, en tel rétt að þingheimur eigi kost á að heyra þessar upplýsingar sem hann fór fram á.

Þær spurningar, sem hann bar fram, voru þessar, ef ég hef náð þeim rétt. 1) Hefur Alþjóðabankinn ákveðið að stöðva frekari lánveitingar til Íslands? Og vék fyrirspyrjandi að því, að eitthvað í þá átt mundi hafa komið fram í fréttum. 2) Eru einhverjar lántökur hjá Alþjóðabankanum fyrirhugaðar á næstunni? 3) Hvað er mikið ónotað nú af dráttarréttindum Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?

Varðandi fyrstu spurninguna, um hvort Alþjóðabankinn hafi ákveðið að stöðva frekari lánveitingar til Íslands, er þetta að segja, að um það hefur Alþjóðabankinn enga ákvörðun tekið. Það er ekkert bann á lánveitingum til Íslands. En Alþjóðabankinn hefur síðan 1973 ekki veitt nein lán til Íslands og er ástæðan fyrir því sú, að bankinn telur að þjóðartekjur hér á landi séu það háar, að ekki sé réttlætanlegt eða það sé ekki í samræmi við markmið Alþjóðabankans að veita Íslandi frekari lán, af því að bankinn telur að Ísland geti aflað sér nauðsynlegs fjármagns til framkvæmda á hinum alþjóðlega peningamarkaði. En hlutverk Alþjóðabankans er einmitt að veita lán þeim ríkjum eða stofnunum sem þannig er ástatt fyrir að þau geta ekki fengið lán á hinum alþjóðlega lánamarkaði.

Það hefur ekki á þessum tíma, frá því 1973, verið farið fram á neitt lán af Íslands hálfu hjá Alþjóðabankanum. Síðustu lánin, sem veitt hafa verið Íslandi, voru hafnalánin vegna Vestmannaeyja og svo þá lánið til Sigölduvirkjunar. Það eru ekki neinar lántökur fyrirhugaðar hjá bankanum á næstunni.

Ég hef hér í höndunum skýrslu Alþjóðabankans frá því í sept. s. l., þar sem fram kemur hver lán Ísland hefur tekið hjá bankanum, hve mikið það hefur af þeim greitt og aðrar upplýsingar um lánin. Þar kemur fram að Ísland hefur fengið alls 10 lán hjá Alþjóðabankanum. Þar af eru 5 fyrstu lánin alveg greidd upp nú, en síðari lánin eru þessi: Í fyrsta lagi hitaveitulán, í öðru lagi Landsvirkjunarlán, í þriðja lagi vegalán, og svo, eins og ég drap á áðan, hafnalán vegna Vestmannaeyjagossins og svo lán Landsvirkjunar aftur til Sigölduvirkjunar.

Samtals hefur sú fjárhæð, sem bankinn hefur lánað Íslandi frá upphafi, numið 47 millj. dollara, en þar af hafa verið greidd fyrstu 5 lánin, og nú er skuldin og réttindi til lántöku — það er ekki víst að það sé allt hafið — um 34.6 millj. dollara —. Þetta laut sem sagt að spurningu eitt og tvö varðandi Alþjóðabankann.

Varðandi þriðju spurninguna, hve mikið sé ónotað af dráttarréttindum Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, er þetta að segja, að skuldir við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eru nú almennt yfirdráttarlán 11.5 millj. sérstakra dráttarréttinda sem eru 2 milljarðar 545 þús. ísl. kr., svokölluð jöfnunarlán sem eru líka 2 milljarðar 545 þús. ísl. kr. og svo olíulán, sem sérstaklega var veitt, það eru 8 milljarðar 677 millj. ísl. kr. Samtals eru því skuldir við Alþjóðagjaldeyrisvarasjóðinn 13 milljarðar 767 millj.

ísl. kr. Ónotaðir almennir yfirdráttarmöguleikar eru í fyrsta lagi, miðað við núverandi kvóta, 23 millj. sérstakra dráttarréttinda, 3 milljarðar 818 millj. ísl. kr.

Eftir að stækkun kvótans hefur átt sér stað í 29 millj. sérstakra dráttarréttinda, eins og hér er farið fram á, verður heimildin ónotuð 23 millj. kr. til sérstakra dráttarréttinda eða 5 milljarðar 146 millj. ísl. kr. Innistæða, sem Ísland á, er 2.76 millj. kr. sérstakra dráttarréttinda, 611 millj. ísl. kr.

Ég vona að með þessum upplýsingum sé svarað þeim spurningum sem hv. þm. Benedikt Gröndal bar hér fram við 1. umr. En þar sem hann er ekki viðstaddur, mun ég gera ráðstafanir til þess að koma þessum upplýsingum sérstaklega til hans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 364). — 1. umr.

Flm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 364 frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt. Breytingarnar eru við 6. gr. laganna, 15. tölulið, en í 6. gr. eru taldar upp þær vörur og þjónusta sem er undanþegin söluskatti. Ég legg sem sagt til í stuttu máli að annars vegar verði kjöt og kjötvörur undanþegnar söluskatti og í öðru lagi að söluskattur af raforkusölu verði felldur niður.

Með þessari tillögugerð er leitast við að lækka, þó í litlu sé, flata skattheimtu ríkissjóðs með því að fella niður söluskatt á tveimur nauðsynjavörum sem allir landsmenn þurfa að nota, en það er einmitt skattheimta af þessu tagi sem kemur verst við þá sem hafa lægst launin. Um þetta mál allt saman mætti að sjálfsögðu flytja langa ræðu, en ég hafði hugsað mér að hafa þetta í styttra lagi og mun nú láta nægja að mestu að lesa þá grg. sem ég hef látið fylgja þarna með. Hún er svo hljóðandi:

„Verðbólgan og lágur kaupmáttur almennra verkalauna eru höfuðvandamál þjóðfélagsins um þessar mundir, og fátt eitt hefur verið gert til þess að ráðast að þessum vanda. Með frv. þessu er aðeins snúist gegn einum þætti þessa samtvinnaða viðfangsefnis. Gífurleg gjaldtekja ríkisins með óbeinum sköttum, sem leggjast á vöru og þjónustu sem allir landsmenn nota, er mikill verðbólguvaldur og bitnar auk þess þyngst á þeim sem minnst hafa á milli handa.

Kjöt og kjötvörur eru ásamt fiski brýnustu nauðsynjar almennings. Með því að kjöt er greitt niður er það algjör þversögn að leggja ofan á söluverð þess 20% söluskatt. Skattheimta af þessu tagi eykur að sjálfsögðu verðbólgu, eins og áður er sagt, en hefur auk þess þau áhrif að draga úr neyslu innanlands, sem aftur þýðir að enn meiri útflutningsbætur þarf að greiða á kjöt sem selt er úr landinu.

Um rafmagnið er það að segja, að það er ein brýnasta nauðþurft í nútíma þjóðfélagi, þess þurfa allir með. Því miður er rafmagn ekki enn selt á sama verði um land allt, en að því verður að stefna sem fyrst.

Útsöluverð á rafmagni er hærra hér en erlendis þótt framleiðslukostnaður þess sé lægri hér en ytra. Kemur þar ekki síst til óeðlileg gjaldtaka hins opinbera af raforkunni með álögðum söluskatti; er söluskattur á útseldri orku margfalt hærri á kwst. en sjálft orkuverðið sem útlendingar greiða hér á landi.

Afnám söluskatts af raforku ætti bæði að draga úr verðbólgu og vera einn liður í því að minnka þá dýrtíð, sem þjóðin á nú við að búa. Niðurfelling þessarar skattheimtu kemur þeim best sem minnst hafa ráðstöfunarfjár, svo sem jafnan er við lækkun flatrar skattheimtu."

En nú er sjálfsagt að gera grein fyrir hversu mikið þetta kostar ríkissjóð, og þá er þar skemmst frá að segja, að söluskattur á kjöti og kjötvörum mun vera eitthvað nálægt því sem niðurgreiðslunum nemur. Þess vegna mun sá liður lækka söluskattstekjur ríkissjóðs um u. þ. b. 1700 millj. kr. Hvað varðar rafmagnið þá er söluskatturinn lagður á sama gjaldstofn og verðjöfnunargjald, en 13% verðjöfnunargjald gefur 725 millj. þannig að 20% söluskattur ætti að verða u. þ. b. 1100 millj. Samtals mundi þetta þá verða um 2.800 millj. kr., sem mun vera liðlega hálft annað vísitölustig. Og þá er eðlilegt að sú spurning vakni hvaða tekjur komi í staðinn, hvort ætti að benda á einhverja tekjuöflunarleið á móti þessu. Ég vil leyfa mér að benda á að það er álitið að söluskatturinn skili sér illa og vanti a. m. k. á skil söluskattsins einhvers staðar á milli 5 og 10% sem lágmark. Þar sem söluskattur á þessu ári er áætlaður um 34 milljarða króna, þá sést af því, sem ég nefndi um vanskil á söluskatti, að þau munu vera eitthvað rétt innan við 3 milljarða kr. eða svipuð upphæð og þarna færi úr ríkissjóði. Til að ná þessum tekjum með þessum hætti þarf auðvitað að koma upp einhverju eftirliti með innheimtu söluskattsins, sem er lítið og nánast ekkert, og til þess að reyna að koma í veg fyrir að menn skjóti söluskattinum undan þarf að sjálfsögðu ekki aðeins að hafa betra eftirlit, heldur að beita miklu harðari viðurlögum við brotum á þessu sviði.

Í grg. með frv. er allvíða minnst á verðbólguna og dýrtíðina og væri vissulega ástæða til að taka um þessi mál og efnahagsmálin almennt rækilega umr. hér á hinu háa Alþ. En ég held að það sé ekki rétt að vekja þá umr. upp í sambandi við þetta litla mál, en geyma það fremur til betri tíma.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 65. fundur.

Fimmtudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum, þáltill. (þskj. 383). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Raforkusala á framleiðslukostnaðarverði til orkufreks iðnaðar, þáltill. (þskj. 306). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Veiting prestakalla, þáltill. (þskj. 352). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Svipuð þáltill. og hér er á ferðinni var flutt á þinginu í fyrra. Hún er nú í því formi sem hv. allshn. Sþ. afgreiddi hana þá, en þó með þeirri viðbót að gert er ráð fyrir að dómsmrh. skipi formann þeirrar n., sem þingið væntanlega kæmi til með að kjósa, úr hópi nm.

Þegar sams konar till. kom til umfjöllunar þingsins í fyrra urðu um hana miklar umr. Þær féllu langt út fyrir þann ramma sem till. sjálf gaf tilefni til. Að sjálfsögðu — og það var raunar vitað fyrir — voru skoðanir manna skiptar um það, hvort viðhalda skuli núverandi kerfi eða laga það að breyttum viðhorfum og annarri þjóðfélagsstiggerð en hér var undir dönskum kóngi á því herrans ári 1915.

Ég vil leggja áherslu á það nú þegar þessi till. kemur öðru sinni til umfjöllunar Alþ., að hv. þm. geymi sér deilur um mismunandi hugmyndir varðandi þá skipan sem æskilegt væri upp að taka eða viðhalda að því er snertir veitingu prestakalla í framtíðinni, þar til n. sú, sem gert er ráð fyrir að verði kosin, hefur starfað og skilað áliti. Ég tel nauðsynlegt vegna endurtekinna ályktana Kirkjuþings sem og Prestastefnu Íslands að Alþ. kjósi fulltrúa úr sínum hópi til þess að kanna öll viðhorf, bæði kirkjunnar manna sem og leikra, og að n. kanni þau rök sem liggja að baki þeim sambykktum sem nefndar eru í grg. sem ályktuninni fylgia. N. kanni tíðni prestskosninga og í hve miklum mæli þá er verið að velja á milli frambjóðenda, tveggja eða fleiri, kanni hvort breyting hefur orðið á liðnum áratugum og ef svo er, þá í hve miklum mæli. Ég tel einnig eðlilegt að n. kynni sér og hafi til hliðsjónar löggjöf nágrannalanda sem búa við svipað skipulag og hér er. Sjálfsagt virðist vera að n. leiti upplýsinga og samstarfs við n. sem Kirkjuþing kaus milli þinga til að fialla um þessi mál og á er minnst í grg., en hana skipa brír valinkunnir menn, einn úr hópi starfandi kennara við guðfræðideild Háskóla Íslands, séra Jónas Gíslason, einn úr hópi bjónandi sóknarpresta, það er séra Þorbergur Kristjánsson, og einn úr hópi fulltrúa sóknarnefna og safnaðarfulltrúa, þ. e. a. s. Jón Guðmundsson á Fjalli.

Ég mun svo ekki, herra forseti, að fyrra bragði túlka skoðanir mínar eða verða hvati að deilum hér um þá hugsanlegu niðurstöðu sem væntanleg n. kynni að komast að. Þess vegna mun ég að svo komnu láta máli mínu lokið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Enn er komin hér á dagskrá, að því er virðist, vera mikilsvert mál sem er till. til þál. um n. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla. Ég átti von á því að hv. 1. flm. þessarar þáltill., sem hafði framsögu fyrir málinu, viki nú öllu frekar að tilgangi þessarar till. og flutningi hennar heldur en hann gerði hér í framsögu. En hann ásamt öðrum flm. ætla greinilega að halda áfram að sigla undir fölsku flaggi og ætla sér greinilega að koma þessu máli áfram nú með þeim hætti að það verði rætt sem minnst. Það var greinilegt á framsögu hv. 1. flm., Gunnlaugs Finnssonar, að hann ætlast til þess eða a.m.k. er það von hans og líklega þeirra annarra, sem að till. standa, að málið fái sem minnsta umr. hér í þinginu.

Nú má auðvitað segja að sams konar till. var flutt hér á síðasta þingi og urðu um hana miklar umr. þá og langar. En það er eigi að síður nauðsyn og þörf á því nú við uppvakningu þessa máls að það sé rætt ítarlega einnig nú, ekki síst vegna þess að það er vitað um tilganginn með flutningi till., þó að talsmenn hennar og flm. geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að hinn raunverulegi tilgangur sjái dagsins ljós.

Það má auðvitað segja að till. sjálf feli það ekki í sér, eins og hún er orðuð, hver tilgangurinn er. En umr. þær, sem urðu hér í fyrra, og þá kannske fyrst og fremst framsöguræða 1. flm. þá fyrir málinu tók af öll tvímæli um hvert hér er verið að stefna og til hvers er ætlast. Þá var ljóst og er ljóst enn að aðaltilgangur með flutningi þessarar till. er að afnema prestskosningar í landinu í því formi sem þær nú eru, og þó að hv. frsm. till. viki ekki að þessu áðan, þá fer slíkt ekki milli mála, og er þar kannske nærtækast að vitna til viðtals sem var haft við sjálfan biskupinn, Sigurbjörn Einarsson, í sjónvarpinu á s.l. hausti, en í því viðtali var nokkuð mikið vikið að einmitt þessu máli, þ.e. afnámi prestskosninga og hvernig það hefur verið meðhöndlað hér á Alþ.

Sá, sem átti þetta viðtal við biskupinn í nóv. s.l., var Eiður Guðnason fréttamaður og þá spurði hann m.a. um þetta og biskupinn svaraði þá orðrétt, með leyfi forseta:

„Já, það er þegar búið að taka á dagskrá mál sem er nú gamalt á Kirkjuþingi. Það er um veitingu prestakalla, eða til nánari skýringar" — taki menn nú eftir. Biskupinn fór ekkert leynt með það, hvern tilgang hann taldi með flutningi þessa máls hér á Alþ., en hann segir orðrétt: „Það er um veitingu prestakalla, eða til nánari skýringar mál sem felur í sér afnám prestskosninga. Það skilja menn sennilega betur ef ég orða það svo," sagði biskup.

Þarna er komið að kjarnanum, sem að baki þessa máls liggur, og flutningi þessarar þáltill.

hér. Hér er um að ræða að það er farið undir fölsku flaggi inn á þá braut að reyna að fá Alþ. til þess að svipta hið almenna sóknarbarn í landinu kosningarrétti til þess að velja sér sinn prest. Þetta er hinn eini tilgangur með þessari þáltill. og öðrum þeim sem komið hafa hér fram. Grundvöllurinn er að afnema rétt safnaðarfólks á Íslandi til þess að velja sér prest. Þetta er höfuðtilgangurinn. Menn eiga ekki að halda áfram að sigla hér undir fölsku flaggi, þeir eiga að segja þetta. Þetta er það sem þeir meina. (Gripið fram í.) Og þeir eiga þá að taka undir með biskupi í þessum efnum og fylgja honum, standa á bak við hann, standa að baki honum í réttu orðavali á tilgangi með flutningi þessa máls.

Það er ýmislegt fleira í þessu viðtali við biskupinn sem gæfi tilefni til þess að fara nokkrum orðum um. Það er greinilegt á svörum biskupsins við spurningum fréttamannsins að honum þykir allóvirðulega og af miklu skilningsleysi og gáleysi talað af okkur, sem höfum snúist hart gegn þessu hér á Alþ., og telur að við tölum um þetta mál af mjög svo litlum skilningi.

Því hefur verið haldið fram af þeim mönnum, sem harðast ganga fram í því að fá þessa breytingu fram, að það sé nauðsynlegt að gera þetta vegna þess hvernig reynslan sýni að staðið hafi verið að prestskosningum í landinu á undanförnum árum, og það sem meira er, það sé í raun og veru vilji alls almennings í landinu að breytt verði í þetta horf, að taka kosningarrétt af fólki. Biskup segir í áframhaldi af þessu viðtali, með leyfi forseta, að þetta baráttumál Kirkjuþings sé orðið gamalt. Það var tekið upp 1960, segir hann, og þá var samkv. eindreginni kröfu Prestastefnunnar það ár málið afgreitt þannig, að það var sent út um allt land til allra safnaða til þess að leita eftir áliti þeirra. Og síðan segir hann: Á grundvelli þeirrar könnunar var samið frv.

En hvar liggja fyrir upplýsingar um niðurstöður þessarar könnunar? Hver voru viðbrögð hinna ýmsu safnaða til þess að nú yrði breytt í þá átt sem hér er gert ráð fyrir, að afnema prestskosningar? Sjálfur biskupinn sleppti því að gera grein fyrir hverjar niðurstöður þessarar könnunar voru í hinum ýmsu söfnuðum, og þeir kirkjuráðsmenn og kirkjunnar menn, sem harðast berjast nú fyrir því að afnema prestskosningar, hafa ekki heldur gert grein fyrir því hverjar voru niðurstöður þessarar könnunar úti meðal safnaðarfólks. En það væri ástæða til þess að fá um það vitneskju hver í raun og veru var niðurstaðan af þessari könnun. Og biskupinn heldur áfram og segir í viðtalinu að þessar niðurstöður biti nú ekki aldeilis á Alþ. til þess að taka tillit til þess hver vilji Kirkjuþings, Prestastefnu og allra safnaða í landinu, að því er manni skildist, væri til málsins. Og þá segir spyrjandi biskupsins, Eiður Guðnason: M. ö. o. tekur Alþ. ekkert tillit til samþykkta Kirkjuþings?" — Og biskupinn er fljótur að svara: Ekki í þessu tilviki, það er greinilegt.

Í þessum dúr er allt þetta viðtal. Ég get ekki stillt mig um, án þess að ég ætli að fara í gegnum það allt, að líta aðeins á niðurlagið á viðtalinu við biskupinn og í raun og veru þau niðurlagsorð, sem hann hefur um þetta mál í viðtalinu. Eiður Guðnason spyr biskup í lok þessa þáttar viðtalsins og segir: Er það ekki sjónarmið ykkar kirkjunnar manna að þetta sé óviðunandi eða ákaflega illa viðunandi, að Alþ. skuli þannig lítilsvirða vilja æðstu stofnunar kirkjunnar? Og biskupinn svarar að bragði að sjálfsögðu: Jú, þetta eru óttaleg vonbrigði og þó alveg sérstaklega það, að þeim mönnum, sem eru inni í þessu máli og hafa kannað það og þekkja alla málavexti og þekkja málið — þar á hann að sjálfsögðu við kirkjuráðsmenn og presta — frá öllum hliðum og hafa einhverja yfirsýn og þykjast þar að auki vita æðivel hver hugur kirkjufólksins í landinu er, — það, sem veldur þeim mestum vonbrigðum, er að það virðist allt of margir alþm. hirða ekki um að setja sig inn í þetta. Og ég verð að segja að það eru óskapleg vonbrigði og eykur ekki virðingu manna fyrir Alþ. að heyra hreint gjálfur um svona alvarlegt mál þegar það kemur á dagskrá á Alþingi.

Og hvert er nú gjálfrið? Það má vel vera að okkur, hinum óbreyttu sóknarbörnum úti í hinum ýmsu söfnuðum, sé ekkert um það kunnugt, hver hugur og vilji safnaðarfólks almennt er til þessara mála. Og við flytjum það hér inn á Alþ. sem gjálfur og meira og minna marklaust hjal, það sem við segjum um þetta mál. Eftir þessu að dæma er það ekki nema einungis á færi kirkjuþingsmanna og klerka og annarra ekki að tala um þetta mál af neinu viti eða skilningi eða að aðrir en þessir menn hafi nokkurt vit á því hvað hér er í raun og veru um að tala og á ferðinni. Og vel má vera að þetta sé álit þessara manna. En það breytir bara ekki þeirri staðreynd, að það er mikill fjöldi safnaðarfólks víðs vegar um landið sem er algerlega andvígur því að tekinn sé af þeim kosningarréttur til þess að velja sér prest. Og það verða kirkjuþingsmenn og menn í kirkjuráði líka að horfast í augu við.

Ég hef ekki orðið þess var, hvað sem líður þessum fullyrðingum biskups, að hér hafi verið talað um þetta mál af hreinni fyrirlitningu eða í þeim tón sem hægt er að flokka undir hreint gjálfur af hálfu þm. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þá hv. þm. sem eru þeirrar skoðunar að það væri affarasælast að afnema með öllu prestskosningar, það sé ástæða til fyrir þá að hugleiða aðeins betur en ég hygg að þeir hafi gert til hvers það í raun og veru mundi leiða.

Ég er einn af þeim mönnum og hef lýst hér á Alþ. ásamt fleiri hv. þm., að ég lít á starf prests allt öðrum augum heldur en í raun og veru allra annarra opinberra starfsmanna, að þeim ólöstuðum. Og ég kæri mig ekki um að það verði í framtíðinni sem að er stefnt og er vilji Kirkjuþings og presta sumra hverra, að það verði einhverjum einum einstaklingi í kerfinu falið að setja á söfnuðina þann prest sem viðkomandi einstaklingi dettur fyrst og fremst í hug að eigi að vera á þessum og þessum staðnum. En það liggur í augum uppi og er staðfest, að þetta skref, sem núna er lagt til á Kirkjuþingi, er aðeins milliskref til þess að færa þetta vald á hendur einum einstaklingi í kerfinu. Kirkjuþing hefur samþykkt að það teldi affarasælast að afnema með öllu prestskosningar og láta setja í embætti, en það væri farin þessi leið af hálfu

Kirkjuþings nú vegna þeirrar gífurlegu andstöðu sem hin fyrri ákvörðun varð fyrir, — farin þessi millileið: að fela þetta vald 5—7 sóknarnefndarmönnum á hverjum stað að setja niður prest á söfnuðinn að eigin geðþótta. En það er enginn vafi á að það, sem fyrir þessum mönnum vakir, er að afnema þetta með öllu. Það er hugmyndin, og hún hefur komið fram. Ég er nokkuð undrandi á þessu, og mest er ég undrandi á að það skuli koma frá hv. þm. sem telja sig til lýðræðissinnaðra manna í landinu. Sök sér væri ef það kæmi eingöngu frá þeim sem taldir eru einræðissinnaðir og vilja ekki viðurkenna lýðræði. En það er að bera í bakkafullan lækinn þegar þetta kemur fyrst og fremst frá þeim fulltrúum hér á Alþ. sem teljast til lýðræðissinnuðu aðilanna í þjóðfélaginu. Það er undarlegt. Og það vekur líka eftirtekt mína, að mér virðist að þessi skoðun, að afnema beri prestskosningar í landinu, sé fyrst og fremst uppi meðal hinna yngri klerka í landinu. Það er spurning hvort það gefur tilefni til þess að ætla að meðal hinna yngri manna í klerkastétt minnki þróttur, þrek og dugur til þess að leyfa hinu almenna safnaðarbarni að segja álit sitt um það, hvort það telur þennan eða hinn betur til þess fallinn að þjóna því embætti sem hann á að gera, með frjálsum kosningum heldur en það sé einungis einn einræðisherra í þessum efnum sem skikki menn á þennan og hinn staðinn.

Ég verð að segja það fyrir mig, að ég tel að þessir ágætu embættismenn séu ekkert of góðir frekar en aðrir þeir, sem sækjast eftir hylli samborgaranna, að eiga það undir högg að sækja hvort þeir nái þeirri hylli eða ekki, en ekki fara inn um bakdyrnar og fá þá stöðu í þjóðfélaginu að láta þetta vald í hendur einhvers eins aðila í þjóðfélaginu sem geti stjórnað þessum málum að meira eða minna leyti að geðþótta og með tilskipun. En við skulum skoða þetta aðeins betur. Ég hef spurt suma þá presta, sem við mig hafa talað um þetta mál, og þá fyrst og fremst þá, sem hefur verið mjög umhugað um þessa breytingu að afnema prestskosningar, hvort þeim fyndist ekki eðlilegt í leiðinni að breyta löggjöfinni á þann veg að fella úr gildi ævilanga kosningu, ef menn ná henni á annað borð, og að það yrði tekið upp að prestar yrðu endurkosnir á einhverju tilteknu árabili, þannig að ef illa tækist til um valið eftir lýðræðislegum leiðum og maður á einhvern handa máta þætti ekki standa sig, þá væri hægt að breyta til og kjósa aftur, við skulum segja eftir 8 eða 10 ár eða eitthvað þar um bil. En þá kemur annað hljóð í strokkinn. Þá eru menn ekki aldeilis á þeim buxunum að þeir telji eðlilegt, þessir sömu aðilar, að upp verði tekið eitthvert slíkt í sambandi við val á þessum fulltrúum fólksins. Þessir menn, eins og kannske aðrir embættismenn í kerfinu, vilja fá þá stöðu að þeir séu ævilangt ráðnir eða kosnir til starfans.

Ég verð að segja fyrir mig, að mér finnst óbragð að öllu þessu tali þeirra sem harðast beita sér fyrir því að svipta fólk kosningarrétti. Og ég trúi því ekki að óreyndu að það sé meiri hl. fyrir því hér á Alþ. nú á árinu 1977 að breyta frá því, sem nú er, í einræðishneigð, jafnvel til miðaldasjónarmiða, og svipta fólk þeim lýðréttindum sem það á fullan rétt og fulla heimtingu á að hafa. A. m. k. fær það ekki stuðning minn að slíkt verði gert.

En það, sem mér finnst alvarlegast við þetta mál, er að menn skuli ekki koma hreint til dyra, þeir sem að málinu standa hér á Alþ., og segja hreint út: tilgangur okkar með þessari till. til þál. og flutningi hennar er að fá endurskoðun á lögum um veitingu prestakalla í þá átt að afnema prestskosningar með öllu. Það er tilgangurinn, og það eiga menn að segja. Hæstv. utanrrh. gerði þessum þætti málsins mjög góð skil við umr. á síðasta Alþ. þegar sams konar till. var hér til umfjöllunar. Þá fór hann í gegnum öll lögin, eins og þau eru nú, og spurði lið fyrir lið: Þarf þetta endurskoðunar, þarf þetta endurskoðunar og svo áfram? Ekkert af þessu þurfti endurskoðunar við annað en það, að menn tala um prestskosningar og afnám þeirra, þannig að það var augljóst mál öllum og er auðvitað enn, að eini tilgangurinn með flutningi þessarar þáltill. er að smeygja þessu hér inn um bakdyrnar og fá menn til þess að samþykkja þetta á fölskum forsendum.

Ég skal ekkert um það segja, hvort t. d. þeir prestar, sem sitja Prestastefnu eða sitja Kirkjuþing, eru með spegilmynd af vilja prestastéttarinnar almennt í landinu í þessum efnum. Ég efast mjög um það. Ég skal ekkert um það fullyrða. Þó vil ég miklu frekar vona að meiri hluti prestastéttarinnar í landinu sé það lýðræðislega sinnaður og sé þannig sinnaður um lýðréttindi kjósendum til handa að þeir vilji sækja hylli sína eftir lýðræðislegum leiðum, en ekki eftir tilskipunum einræðisherra eða einhvers eins útvalins sem settur yrði til þess að setja þá niður. Ég vil vona að sá dugur sé enn innan íslenskrar prestastéttar, að menn séu til þess reiðubúnir að ganga til kosninga, leggja sín mál undir dóm kjósendanna, safnaðarbarnanna, og fá þann úrskurð einan sem þar yrði ofan á, eftir að menn hafa ígrundað málin og eftir að menn hafa átt þess kost að kynnast viðkomandi og fella dóminn að þeirri kynningu fenginni. Ég a. m. k. vil vona í lengstu lög að þetta sjónarmið sé í meiri hluta innan íslenskrar prestastéttar, þó að því miður sé það ekki innan veggja æðsta ráðs kirkjunnar, Kirkjuþings eða einstakra fulltrúa á Kirkjuþingi og kirkjuráðsmanna hér á Alþingi.

Ég vænti þess að enn sem fyrr verði snúist af fullri hörku gegn þessu máli, og ég krefst þess í raun og veru að þeir, sem málið flytja, komi hreint til dyra og segi hvað það er sem þeir vilja fá breytingu á í gildandi lögum um veitingu prestakalla, en séu ekki í undirdjúpunum með það sem þeir í raun og veru vilja fá fram. Og það er ekki til of mikils mælst, þegar slíkt mál er vakið hér upp á Alþ. þing eftir þing, vitandi um andstöðuna sem það sætir, að menn komi þá hreint til dyra. Ég vænti þess að eiga eftir að heyra það hér frekar í umr., hver tilgangurinn er, frá hv. 1. flm., hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni, og öðrum þeim sem að þessari þáltill. standa. Ég krefst þess, ekki einungis sem einn af 60-menningunum hér, ég krefst þess sem almennt sóknarbarn að fá að vita hvað menn ætla að gera í þessum efnum. Ég tel mig eiga heimtingu á því af

þeim sem berjast með oddi og egg fyrir því að afnema prestskosningar og taka þar með af mér þann rétt sem ég hef nú. (Gripið fram í.) Ja, það er ekki vanþörf á. Hv. þm. kemur bara of seint.

Herra forseti. Ég skal ekki eyða lengri tíma að sinni í umr. Ég tel vafalaust, að margir þm. vilji tjá sig í þessu máli, og tel raunar skýlausa skyldu allra þm. að segja hug sinn hér úr ræðustól til málsins. (Gripið fram í.) Það má vel vera að hv. stjórnarliðar séu orðnir það vanir, að þeir þurfi ekkert annað en bara rétta upp höndina, þeir þurfi ekkert að kynna sér mál á einn eða annan hátt, aginn sé það mikill að það sé handahreyfingin sem ein ræður innan dyra þar. En mér finnst það ekki nema eðlilegt, ekki síst vegna þeirra sem verið er að gera tilraun til að taka þennan rétt af sem hafa hann nú, að þeir fái að vita hver afstaða allra þm. er til málsins. Ég er ekki sérstaklega meðmæltur því að málið sé svæft endalaust. Ég treysti fullkomlega á dómgreind lýðræðissinnaðra manna á Alþ. að greiða atkv. gegn því að kosningarréttur verði tekinn af fólki í þessu sambandi. Og ég verð fyrir miklum vonbrigðum, ef einræðistilhneigingin er orðin meira ráðandi hér á Alþ. á árinu 1977 heldur en hin lýðræðislega. Það kæmi mér á óvart ef slíkt yrði.

Umr. **frestað.**

Sérfræðiþjónusta á heilusgæslustöðvum, þáltill. (þskj. 345). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rekstrar- og afurðalán til bænda, þáltill. (þskj. 275). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Till. sú um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda, sem ég flyt á þskj. 275, var lögð fram skömmu fyrir jól en kemur nú fyrst til umr., en till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda."

Ekkert fer á milli mála að fjármagn það, sem bankakerfið veitir landbúnaðinum, er ætlað til að styrkja hans hag, örva framleiðslu og bæta afkomu þeirra sem við landbúnað fást. Rekstrar- og afurðalánin eru því fyrst og fremst ætluð bændastéttinni, en ekki einhverjum öðrum. Sérstaklega er þetta ljóst að því er rekstrarlánin varðar, en þau eru veitt til sauðfjárbænda frá því í marsmánuði og fram í ágúst og námu á síðasta ári tæpum 600 millj. kr. Afurðalánin eru að sjálfsögðu miklu hærri og námu heildarlánveitingar Seðlabankans eins til landbúnaðarins hinn 31. des. s. l. tæpum 6 milljörðum kr. eða nánar tiltekið 5 milljörðum 932 millj. kr. Viðskiptabönkum er síðan ætlað að lána 30% til viðbótar, en Seðlabankalánin eru frá 55.5%—58.5%

Í umr. um landbúnaðarmálin hefur talsverðrar tortryggni gætt í garð verslunarfyrirtækja á sviði landbúnaðarins, en sá háttur er á hafður að bæði rekstrar- og afurðalán ganga yfirleitt í gegnum verslunarfyrirtæki og sláturleyfishafa, en ekki beint til bændanna sem eru þó þeir sem í raun eiga að njóta lánanna. Ýmsar undanteknigar eru þó frá þessu, eins og nánar verður vikið að síðar. Ekki skal ég leggja dóm á hve vel grunduð þessi gagnrýni er, enda ýmislegt ófgakennt í öllum þessum umr. og blaðaskrifum, t. d. þegar Þjóðviljinn heldur því fram að 83—89% af verði landbúnaðarvöru fari í milliliðina svonefndu. Hitt er ljóst, að mjög mætti draga úr tortryggni og jafnvel eyða henni ef sá háttur yrði upp tekinn við afgreiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins sem till. mín gerir ráð fyrir. Mér er fullkomlega ljóst að áhrifamikil öfl munu berjast gegn því, að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi lánanna til landbúnaðarins, ýmist af hagsmunaástæðum eða af ótta við allar nýjungar og breytingar. Mér er einnig ljóst að innan bankakerfisins eru til menn sem telja þá framkvæmd, sem nú viðgengst, hina einu réttu og jafnvel að ógerlegt sé að breyta þar til. En þótt þessar raddir kunni að heyrast leyfi ég mér að vísa þeim á bug. Þar er um að ræða þá íhaldssemi sem ég kann ekki að meta.

Að því er rekstrarlánin varðar sérstaklega, þá fæ ég ekki séð að neinir annmarkar þurfi að vera á því að viðskiptabankar greiði þau beint til bændanna. Því er að vísu haldið fram, að ekki sé trygging fyrir að rekstrarlánin verði endurgreidd á haustdögum nema þau gangi í gegnum sláturleyfishafa. Auðvitað hefur bankakerfið alveg í hendi sér að setja þær reglur sem nægilegt hald er í varðandi tryggingar og viðskipti við þá sem slátrun annast, ef vilji er fyrir hendi hjá þeim, sem bönkunum stjórna. Og ef þeir telja sig þurfa á einhverri löggjöf að halda, þá ætti að verða greitt um afgreiðslu hennar ef pólitískur vilji er fyrir þeirri stefnu í lánamálum landbúnaðarins sem þáltill. boðar. Sannleikurinn er líka sá, að sum afurðasölufyrirtæki greiða lánin beint til bænda í gegnum banka. Þannig er því t. d. varið um fyrirtækin Búrfell, sem rekur sláturhús á Minniborg og Afurðasölu Friðriks Friðrikssonar í Þykkvabæ. Þar er um hrein peningaviðskipti að ræða. Slátursamlag Skagfirðinga hefur alla tíð látið banka annast greiðslur beint til bænda, og hefur bankastjóri Búnaðarbankans á Sauðárkróki tjáð mér að engin vandkvæði séu á framkvæmdinni. Sláturfélag Suðurlands greiðir bændum einnig inn á bankareikninga, þó að stundum sé fé haldið eftir með samþykki aðalfundar og því þá varið til einhverra framkvæmda eða fjárfestingar. Þegar mál þetta er skoðað niður í kjölinn kemur því í ljós, að enga nauðsyn ber til að greiða fjármuni bænda fyrst til afurðasölufyrirtækja og því síður til verslunarfyrirtækja sem e. t. v. halda peningunum lengur eða skemur í rekstri sínum.

Ég minntist áðan á umr. þær sem átt hafa sér stað síðustu mánuði um málefni landbúnaðarins. Held ég að óhætt sé að segja að þær hafi þegar borið mikinn ávöxt og muni gera á komandi árum. Satt best að segja voru þær árásir,

sem sýnkt og heilagt er verið að gera á bændur og íslenskan landbúnað, óþolandi sleggjudómar. En þar hefur hver gapuxinn af öðrum vaðið áfram til að leitast við að sannfæra sjálfa sig og aðra um að landbúnaðurinn væri helsta hindrun framþróunar íslenskra atvinnu- og efnahagsmála, og hefur sá þóst mestur sem stóryrtastur hefur verið og öfgakenndastur í málflutningi. Auðvitað hafa þessar síendurteknu staðhæfingar skaðað íslenska bændastétt og því sannarlega tími til kominn að hún taki málefni sín til rækilegrar yfirvegunar og umr. á þann veg sem nú hefur gerst. Raunar hafa ýmsir í forustusveit bænda kveðið sterkt að orði og formaður Stéttarsambands bænda þó líklega hvað sterkast þegar hann lætur að því liggja að engin stefna sé í íslenskum landbúnaðarmálum. Hvort sem menn vilja taka undir þau ummæli eða ekki er hitt alveg ljóst, að lengur mátti það ekki dragast að bændur tækju afurðasölumál sín til rækilegrar skoðunar, og raunar má kannske segja að Alþ. hafi verið svifaseint í þessu efni og því kannske líka mislagðar hendur. Mér finnst sá maður haldinn meira en lítið furðulegum hugsanagangi sem jafnvel getur látið sér til hugar koma að Ísland sé byggilegt án landbúnaðar. Landbúnaðurinn er og verður einn meginatvinnuvegur landsins. Ísland án blómlegra sveita er auðvitað ekkert Ísland.

Mér finnst árásinni á bændastéttina ekki hafa verið svarað nógu hressilega, hvorki með orðum né aðgerðum, fyrr en þá nú að undanförnu. Auðvitað eiga bændur að standa fast á rétti sínum, þ. á m. í afurðasölu- og lánamálum. Gjarnan má t. d. minna á það, að æðilangt er nú umliðið síðan sett voru sérstök lög um greiðslu verkkaups í peningum, og er ekki úr vegi að rifja upp ákvæði laga nr. 28 1930 þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnmönnum öllum við verslanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á skipum sem á fiskveiðar ganga, síldveiðar og hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim er í landi vinna hverja þá vinnu er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið. Sama er og ef verk er unnið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein."

Rekstrar- og afurðalánin til bænda má að vissu leyti líta á sem hluta af kjörum þeirra, af því kaupi sem þeim er með lögum skammtað. Sýnist mér það vera í algjörri andstöðu við anda nefnds lagaboðs að þeir skuli ekki fá fé þetta í hendur til frjálsrar ráðstöfunar að einhverjum hluta a. m. k., heldur verða þeir að sækja það til einhverra verslunaraðila, stundum nánast sem bónbjargarmenn. Ég held það hlyti að verða bæði bændastéttinni og verslunaraðilunum fyrir bestu að finna á þessum málum nýtt og heilbrigðara skipulag. Frjáls peningaverslun er auðvitað hið eina heilbrigða, en ekki að velta milljörðum á milljarða ofan í gegnum verslunarfyrirtæki. Raunar er ég þeirrar skoðunar að langsamlega affarasælast væri fyrir bændastéttina að afurðasölufyrirtækin væru rekin sjálfstætt, hvort sem þau væru samvinnufélög, almenningshlutafélög eða einstaklingsfyrirtæki.

En þessar hugleiðingar um lánamál bænda beina sjónum manna að öðrum þætti afurðasölumálanna, þ. e. a. s. niðurgreiðslunum. Sumir halda því fram að niðurgreiðslurnar séu ákveðnar vegna bændastéttarinnar. Sönnu nær er þó að þær séu hagstjórnartæki, til þeirra sé gripið í glímunni við verðbólguna. En hvað sem því líður, þá virðist alveg ástæðulaust og raunar líka alveg óeðlilegt að velta miklum fjármunum, sem frá skattborgurunum koma, í gegnum verslunarfyrirtæki. Úr því að ríkisvaldið ákveður að greiða vöruverð niður á greiðslan að renna til eigenda vörunnar, þ. e. a. s. bænda. Það á sjálfsagt við hér eins og um rekstrar- og afurðalánin, að einhverjir muni halda því fram að ekki sé unnt að koma þessu fé beint til framleiðenda landbúnaðarvaranna. En það er líka fyrirsláttur. Sjálfsagt kostar það í byrjun einhverja fyrirhöfn að breyta niðurgreiðslukerfinu. En flestir eða allir eru einmitt sammála um að breytinga sé þörf í landbúnaði, ekki síst að því er fjármögnun og peningamál almennt varðar. Það sýna m. a. samþykktir bændafunda og nú síðast störf Búnaðarþings, og því þá ekki að taka kerfið til skoðunar frá rótum, ekki til að ásaka einhverja eða deila á einn eða annan, heldur til að reyna að komast að heppilegri niðurstöðu? Við skulum játa að þetta kerfi hefur hróflast upp eins og svo margt annað sem til lítillar hagsældar leiðir. Þar er enga einstaklinga eða hópa um að saka. Kerfið hefur einfaldlega vaxið mönnum yfir höfuð og tímabært er að fara að taka það tökum.

Ég hef látið mér detta í hug að flytja till. hliðstæða þeirri, sem hér er til umr., um greiðslu niðurgreiðslnanna beint til bænda, eða þá flytja brtt. við eigin till. um þetta efni. Ég geri það þó ekki að sinni, hvað sem síðar kann að verða, en treysti því hins vegar að sú hv. n., sem málið fær til umfjöllunar, muni einnig skoða niðurgreiðslurnar. Æskilegast held ég væri að hún breytti till. minni þannig að hún tæki líka til þeirra. Kynnu menn þá að komast að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri að beina niðurgreiðslunum að frumstigi framleiðslunnar eða að greiða niður rekstrarvörur svo að framleiðsluverð lækkaði.

Allt þetta þarf rækilegrar skoðunar við og vafalaust nauðsynlegt að gera flókna útreikninga. En menn mega undir engum kringumstæðum skjóta sér undan þeim vanda. Mér er alveg ljóst að landbúnaðarmálin í heild eru vandmeðfarin, en þeim mun meiri ástæða er til að ræða þau ítarlega og öfgalaust. Því kann svo að fara að ekki finnist lausn á þessu þingi. En þá væri æskilegt að milliþn. fjallaði um málin svo að þau yrðu tekin upp á þingi strax og það kemur saman næsta haust.

Ég geri það að till. minni, herra forseti, að þessu máli verði vísað til hv. atvmn., en hún hefur einmitt til meðferðar aðrar till. um lánamál landbúnaðarins, og væntanlega verður fjallað í n. sameiginlega um þessar till. Bændur hafa

að undanförnu sýnt að þeir ætla að verja hagsmuni landbúnaðarins og þar með hagsmuni landsins. Allar þær miku umr., sem orðið hafa síðustu mánuði um landbúnaðarmálin, um slátrunarmálin, iðnaðarframleiðslu úr hráefnum landbúnaðarins, afurðasölumál og lánamál bænda, glæða þessa mikilvægu starfsgrein nýjum þrótti og margt verður vonandi skoðað í nýju ljósi. Trú mín er a. m. k. sú, að svo muni fara, og til þess voru líka refirnir skornir og hrútarnir skotnir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er nú ekki erindi mitt hér upp í ræðustól að fara að skjóta neina hrúta, enda er engin sláturtíð yfirstandandi nú, því að nú eru þeir hrútar og þær gimbrar, sem eiga að vera til slátrunar næsta haust, í móðurkviði og eru þar að vaxa og verða vonandi vænir dilkar eftir gott sumar sem við vonumst til að við fáum í framhaldi af þeim góða vetri sem nú stendur yfir.

En í tilefni af þessari þáltill. og ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., sem hann flutti hér, ætla ég fyrst og fremst að gefa hér upplýsingar og ræða svo að nokkru efnisatriði.

Ég vil um þessi mál segja það, að það er fjarri mér að telja að þær umr., sem hafa orðið um landbúnaðarmálin á s. l. hausti og yfirstandandi ári, hafi verið óheppilegar. Þær hafa gefið tilefni til þess að ræða þessi mál nokkuð víðtækt og gefið tilefni til þess að athuga þessi mál í skjóli þeirra staðreynda sem fyrir liggja.

Í sambandi við umr. um landbúnaðarmálin almennt og þann þáttinn, sem mest hefur verið gerður að umtalsefni, útflutningsbæturnar, hef ég látið athuga það mál mjög nákvæmlega og gerði það fyrir s. l. ár, en þá voru þessi mál mjög erfið, svo sem kunnugt er, vegna þess að ekki hafði verið gert ráð fyrir eins háum greiðslum á fjárlögum og raun varð á. Þetta gerði það einnig að verkum að útborgun á útflutningsbótunum varð miklu seinvirkari en ástæða hefði verið til og æskilegt hefði verið. Þessu hefur hins vegar verið komið vel fyrir á yfirstandandi ári, þar sem bæði var lagfært við áætlun fjárlaga það sem þyrfti til þessa málaflokks, og ég geri ráð fyrir að það muni geta staðist nokkurn veginn, og enn fremur hefur verið gengið frá mánaðarlegum greiðslum á útflutningsbótum fyrir árið 1977 svo nú þarf ekki að bíða eftir því sem greiða á í hverjum mánuði. Það verður greitt tvisvar í mánuði — í annarri viku hvers mánaðar og fjórðu viku hvers mánaðar. Þetta gerir það að verkum að þeir erfiðleikar, sem menn áttu við að stríða á s. l. ári, koma ekki til að angra okkur á yfirstandandi ári.

Annað hefur komið fram í þessum útreikningum, sem hafa verið gerðir á mínum vegum, sem ég hygg að hafi komið mjög á óvart. Ég gerði grein fyrir því í ræðu þeirri sem ég flutti við setningu Búnaðarþings, að gjaldeyrisöflun þjóðarinnar vegna útfluttra landbúnaðarvara, þ. e. bæði vegna kjötsölu og vegna ullarvara- og gærusölu, er orðin það mikil að ef tekjur ríkissjóðs eru miðaðar við það sem áætlað er að gjaldeyristekjurnar gefi í nettótekjur til ríkissjóðs, þá skilaði landbúnaðurinn um 1100—1300 millj. kr. meiri tekjum til ríkissjóðs heldur en fór til útflutningsuppbótanna. Þessu þykir mér rétt að vekja athygli á. Ég geri ráð fyrir að það sé svo um ræðu mína á Búnaðarþingi eins og fleira, ekki síst af því það var nokkuð langt mál, að margt hafi fram hjá mönnum farið. Því vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að ef dæmið er gert upp nettó, þá hefur ríkissjóður 1100—1300 millj. kr. í beinan hagnað af því að hafa stutt útflutning á landbúnaðarvörum, miðað við að hann hefði að öðrum kosti ekki átt sér stað, því það er ljóst öllum þeim sem þekkja til mála, að það verður ekki aukin hér ullar- og skinnaframleiðsla nema því fylgi kjöt, og ullar- og skinnaframleiðsluiðnaður á Íslandi er mesti vaxtarbroddurinn í útflutningsiðnaði landsmanna.

Þetta er nokkurt frávik frá því efni sem þáltill. á þskj. 275 fjallar um, en mér þykir nú rétt að víkja að þessu út af því sem fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., sem rétt var, að um landbúnaðarmál er oft rætt með þeim hætti að kveðnir eru upp sleggjudómar af mönnum sem hvorki hafa lagt í það vinnu að kynna sér þau né af öðrum ástæðum þekkja þar nokkurn hlut til.

Um afurða- og rekstrarlánin er það að segja að þau hafa mesta þýðingu fyrir sauðfjárræktina vegna þess hvað framleiðslutími er þar langur. Rekstrarlánin gera bændum kleift að fjármagna kaup á rekstrarvörum, svo sem kjarnfóðri og áburði að hluta, en Áburðarverksmiðjan lánar um 50% af áburðarverðinu með baktryggingu í afurðalánum þar til komið er fram í nóv. Þannig var þessu komið fyrir á síðasta ári, og var það fyrsta árið sem formlega var frá þessu gengið. Hins vegar eru þessi 50% greidd til Áburðarverksmiðjunnar með mánaðarlegum greiðslum frá apríl til ágúst. Einnig þurfa bændur fjármuni fyrir sig og fjölskyldur sínar til að lifa af sem fæstir geta tekið af sparifé, en þurfa lán fyrir.

Afurðalánin hafa verið veitt síðan 1954, en tekið þó nokkrum breytingum á síðustu árum. Þau gera það kleift að greiða bændum áður en framleiðslan er seld. Haustið 1971 voru afurðalánin hætt, verðflokkum á kindakjöti var fjölgað, innyflum o. fl. afurðum bætt við, meira var lánað út á nautgripakjöt en áður. Reiknað með sama vörumagni og sama verði á einingu hækkuðu lánin þá um 11.5%. Haustið 1972 voru afurðalánin bætt enn meir, og til samræmis við lán til sjávarútvegsins í eftirfarandi flokkum var þetta gert: Fyrsti flokkur afurða, eingöngu til útflutnings, endurkaupalán frá Seðlabankanum var 58½% og á móti frá viðskiptabönkunum 16½%. Hækkun lánanna var því utan verðbreytinga um 6—7%. Annar flokkur afurðalána, að hluta til sölu innanlands, endurkaupalán Seðlabankans voru 56.75%, viðbótarlán viðskiptabanka 30% og hækkunin var 3—4%. Þriðji flokkur, afurðir sem ætlaðar voru eingöngu til innanlandssölu, nema kartöflur, endurkaupalán Seðlabankans voru þar 55% og lánsupphæðir utan verðbreytinga óbreyttar. Kartöflur, endurkaupalán Seðlabankans voru 45% og lánsupphæðin utan verðbreytinga 24.5% hærri en haustið á undan.

Þau atriði, sem leitað hefur verið eftir að fá lagfæringar á, eru þessi: Að fá endurkaupaprósentuna hækkaða. Með því er stefnt að því að

útborgun á afurðalánum við innlegg verði um 90%. Brýna nauðsyn ber til að stefna að þessu, og eins og kom fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. ganga nú öll viðskipti í þá átt að beinar peningagreiðslur fari fram um leið og viðskiptin eiga sér stað. Hér er um að ræða ýmist rekstrarvörur, sem búið er að greiða, eða kaup bóndans, sem falið er í þessum afurðum af landbúnaði, og þess vegna er þetta mikil nauðsyn. — Að fá endurkaupalán og allar afurðir landbúnaðarins, sem að nokkru var leiðrétt, eins og ég sagði áðan, 1971 og 1972, en áður hafði verið unnið að þessu á sama veg, og fá útreikninga leiðrétta á árinu vegna verðlagsbreytinga sem kunna að verða. Þetta hefur verið gert fyrir mjólkurafurðir, það hefur verið leiðrétt í mars, en ekki fyrir sauðfjárafurðir. Hinu er hins vegar við að bæta, að árið 1971, held ég að það hafi verið heldur en 1970, annað hvort þeirra ára, tók Seðlabankinn upp að lána uppgjörslán sem lánuð voru í maímánuði ár hvert. Þeirri reglu hefur verið haldið síðan og hefur þetta verið um 16—17% af verðmæti þeirra afurða sem óseldar hafa verið af sauðfjárafurðum frá haustinnlegginu áður. Með þessu móti eiga sláturleyfishafar að geta gert upp innleggið frá haustinu áður, og uppgjörslánin eru ætluð til þeirra verka og hygg ég að flestir hafi fylgt þeirri reglu. Það, sem er unnið að núna líka, er að viðskiptabankarnir veiti sín lán í heilu lagi, það eru þessi 30% lán ofan á Seðlabankalánin, en ekki fyrst helminginn að haustinu eins og gert hefur verið og mun hafa verið breytt að nokkru á s. l. hausti og afganginn í tvennu lagi. Þetta hefur ekki fengist leiðrétt nema að nokkru leyti. — Að endurkaupalán fengjust á kartöflum í líkum mæli og á öðrum búvörum. Það hefur tekist og er lánað út á kartöflubirgðir. 31. jan. s. l. voru þetta um 80 millj. kr. — Að fá afurðalán við framleiðslu á heykögglum og grænfóðri, og hefur það nú tekist.

Staða afurðalána, ef tekin er breyting sem orðið hefur í þessum málum, miðað við 1970 sem 100, er 114% 1971, 149% 1972, 212% 1973, 299% 1974 og 527% í lok des. 1975. Hér er miðað við hlutfallslega hækkun á afurðalánum frá 31. des. 1974—1975. Miðað við vísitölu búvöruverðs sem 100% 1970 er þetta 107% 1971, 134% 1972, 172% 1973, 246% 1974 og 358% 1975. Afurðalánin hafa á þessu tímabili aukist að verðgildi um 47.2% umfram það sem verðhækkanirnar hafa verið. Afurða- og rekstrarlánin eru til að bændur fái uppgjör fyrir afurðir sínar og rekstrarfé til framleiðslu afurða. Þau þurfa að greiðast þannig að því hlutverki sé náð. Fyrir afurðalánunum þarf að vera veð í afurðum, því verða afurðasölufélögin að taka lánin og ábyrgjast greiðslu þeirra.

Í þáltill. þeirri, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir að þessi lán verði veitt bændum beint. Ég hef átt nokkrar viðræður við seðlabankastjórana um þennan þátt, og það kom fram þegar var farið að ræða þau mál betur að það mundi reynast mjög erfitt í framkvæmd ef ætti að fara að lána bændum beint, því einhver yrði að vera ábyrgðaraðili og að þeirra mati gat það ekki verið annar en sláturleyfishafi. Þess vegna er það skoðun mín að það sé erfitt með slíka beina afgreiðslu nema tryggingaraðili sé einhver, og þá verður hann að ganga frá þeim málum betur en gert hefur verið. Hins vegar sýnist mér að það sé hægt að koma þessu betur fyrir en nú er gert og raunverulega sé hægt að sameina þau sjónarmið sem kann að bera í milli okkar hv. 4. þm. Norðurl. v. og mín. Þau sjónarmið hef ég rætt nokkuð við seðlabankastjórana. Nú er lánað út á hvern dilk miðað við haustið áður. T. d. ef hv. 4. þm. Norðurl. v. hefði verið innleggjandi þá og lagt inn 400—500 dilka, þá er þessi tala lögð til grundvallar við útlánin úr Seðlabankanum og viðskiptabönkunum í rekstrarlánum vetur, vor og sumar. Þá er eðlilegt að þetta sé fært inn af viðkomandi sláturleyfishafa í viðskiptareikning hjá honum jafnharðan og það fellur honum í skaut. Þessa reglu álít ég að sé sjálfsagt að taka upp, og ég held að það muni sýna sig að hún geti leyst það sem menn halda nú og ég held að sé í minna mæli, að þessi rekstrarlán séu notuð til annars en til þess að greiða úr fyrir seljendum afurðanna. Í fleiri tilfellum mun það vera svo, að seljendurnir eru búnir að fá hjá sínum viðskiptafyrirtækjum meiri fyrirgreiðslu en þeir fá hjá sínum viðskiptabönkum. Það er mín skoðun. Og þetta er ástæðan til að unnið er að því að reyna að fá þessi lán hækkuð svo þeir séu nær því að fá fyrir sínar afurðir heldur en að öðrum kosti mundi geta orðið.

Um þessi mál er svo líka það að segja, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefur sett mörk um lágmarksútborgun sláturleyfishafa, sem er 75% af grundvallarverði, með hliðsjón af afurðalánunum og seldum afurðum fyrir uppgjör. Nú finnst mér að þessi tala sé of lág, og t. d. það fyrirtæki sem ég þekki best til, Kaupfélag Borgfirðinga, hefur greitt 80—82—83% að haustinu, í nóv., af innlegginu, og er nú stefnt að því að hækka þessa útborgun og reyna að ná 90% í haust eða á næsta hausti. Svo hefur það verið hjá því fyrirtæki að frá 1. jan. 1977 eru t. d. að fullu reiknaðir vextir á það sem óborgað er af afurðunum sem inn höfðu verið lagðar. Það eru nokkur ár síðan þessu var breytt inn á þessa braut til þess að tryggja að bændur fengju út úr sína verðlagi svo sem raun ber vitni um og þeim ber.

Það mun verða haldið áfram á vegum rn. að fá rekstrarlánin hækkuð og greiða þau þannig að þau komi bóndanum sjálfum að sem bestum notum, eins og ég tók hér fram áðan, enda þótt ég dragi í efa að það hafi ekki verið. En mér finnst sjálfsagt að reyna að taka af öll tvímæli um þá hluti svo það séu ekki neinar vangaveltur út af því. Ég hef reynt í minni ráðherratíð að vinna að því að svo verði gert og mun fylgja því eftir nú. Hins vegar verður að gera sér grein fyrir því í sambandi við rekstrarlánin, að það verður að vera samband á milli rekstrar- og afurðalánanna og ábyrgðarkauplánanna sem eru orðin fastur liður í lánafyrirgreiðslu til landbúnaðarins.

Rekstrarlánum vegna sauðfjárræktar hefur ekki verið breytt og verðhækkanir, sem hafa átt sér stað frá hausti til hausts eða frá ári til árs, hafa ekki haft áhrif á upphæð rekstrarlána til landbúnaðarins. Það hefur hins vegar verið

gert með mjólkurafurðirnar. Til verðbreytingar, sem hefur komið fram frá hausti, hefur verið tekið tillit í mars við útlán á mjólkurafurðir.

Í því, sem ég hef nú fram tekið, er að mestu komið fram það sem um þessi mál er að segja. Ég get hins vegar getið þess, að í lok okt., eða áður en farið var að lána afurðalánin á s. l. hausti, voru lán til sláturleyfishafa vegna slátrunarinnar orðin 2 milljarðar 424 millj. kr. Ef áburðarlánum er bætt þar við, 870 millj. kr., voru þetta 3 milljarðar 294 millj. kr. eða 74% af afurðaverðinu í fyrrahaust á sauðfjárafurðunum. Þetta fór stighækkandi frá mánuði til mánaðar, byrjaði í mars með 157 millj. og hæstu mánuðirnir urðu ágúst, sept. og okt. Þá eru tekin með öll lán, eins og rekstrarlán, uppgjörslán og viðbótarrekstrarlán á sauðfjárafurðir og fleiri slík lán, fóðurbætislán og annað því um líkt.

Út af því, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. um niðurgreiðslurnar, vil ég geta þess, að hagstofustjóri veitir nú forustu nefnd manna sem vinnur að því að athuga niðurgreiðslurnar og söluskatt á landbúnaðarafurðum. Er nú svo komið að söluskatturinn á kjöti er orðinn fullt svo há eða jafnvel hærri fjárhæð en niðurgreiðslurnar. Ef söluskattur væri ekki lagður á kjötafurðir þýddi það sama og að fella niðurgreiðslurnar niður í krónutölu. Enn fremur er það hlutverk þessarar n. að athuga um ullar- og gæruverðið. Það er eitt af því sem um hefur verið deilt. Með breytingum, sem gerðar voru í fyrravetur, og því mati, sem lög voru sett um á síðasta Alþ., er unnið að því að gera ullina og gærurnar verðmeiri hluta dilksins en hefur verið til þessa. Þetta mál er því allt í vinnslu nú og m. a. er verið að vinna að því að athuga hvort bein niðurgreiðsla gæti átt sér stað á framleiðslustigi og yrði heppilegri en á síðasta stigi eins og nú er. Samkvæmt skilagrein, sem hagstofustjóri afhenti ríkisstj. í sambandi við verðákvörðun á áburði, var það hans mat að það væri hagkvæmara að greiða niður landbúnaðarafurðirnar á síðasta stigi heldur en að greiða niður verðið á áburðinum. Hins vegar reyndist hagkvæmara á árinu 1975 að greiða niður á frumstigi.

Ég held að erfitt væri að fara að greiða hverjum bónda niðurgreiðslur beint. Það er í raun og veru gert í gegnum þeirra sláturleyfishafa, því að framleiðsluráðið sér um þetta og er hverjum sláturleyfishafa og mjólkursamlagi greitt eftir því vörumagni sem frá þeim kemur. Að segja að þetta mikið magn hefði komið frá einum eða öðrum bónda, það mundi kannske reynast erfitt nema að því leyti sem hlutfallið er innbyrðis hjá þessum aðilum. Þessar greiðslur fara beint til þeirra sem sjá um söluna, og ef ætti að greiða það fram hjá þeim, sem sér um vinnsluna og afgreiðslu og annað því um líkt, held ég að það mundi verða æðimikið skriffinnskumál og mundi ekki draga úr kostnaði.

Hvað sem menn vilja nú um þessi mál segja er það þó staðreynd að kostnaður við sláturafurðir eða landbúnaðarframleiðslu almennt hér á landi er minni en hann hefur verið í öðrum löndum, það er staðreynd. Og ég efast ekkert um að það megi gera á þessu bætur. Eitt af því, sem fram kom í þeirri ræðu sem ég flutti við setningu Búnaðarþings, og eitt af þeim málum, sem Búnaðarþing tók til meðferðar, var einmitt sölufyrirkomulagið. Ég álít að það sé rétt að setja upp samstarfsnefnd um þau mál, m. a. vegna markaðsleitar og til þess að eyða tortryggni sem alltaf er verið að reyna að koma á stað.

Niðurstaðan af því, sem ég hef að segja um þessi mál, er að ég tel mestu máli skipta að fá þessi afurða- og rekstrarlán hækkuð, sérstaklega að hægt sé að greiða rekstrarlánin og afurðalánin upp 90% þegar inn er lagt, og að sú breyting verði gerð jafnhliða þessu, þó þetta fari um hendur sláturleyfishafa, eins og ég geri ráð fyrir að verði í flestum tilfellum, þá verði það fært beint til viðkomandi aðila í viðskiptareikning hans eða honum greitt út af hann er ekki í viðskiptareikningi, þannig að það sé ekki í geymslu hjá þeim, sem hafa verið seljendur og fá þetta í hendur. Ég er hins vegar ekki á sömu skoðun og hv. 4. þm. Norðurl. v. um að aðskilja sölufyrirtækin og framleiðslufyrirtækin. Mín skoðun er sú að best fari á því að neytendur og framleiðendur séu saman í félagsskap eins og samvinnufélögunum, en skiljist þar ekki að. Ég tel að þær raddir, sem heyrst hafa af þessum málum á s. l. hausti, hafi verið hvað mestar á þeim svæðum þar sem þetta er aðskilið, og það mundi ekki verða til bóta. T. d. í kjördæmi hv. 4. þm. Norðurl. v. eru tvö fyrirtæki, en framkvæmdastjórinn er sá sami, og ég sé ekki að þar sé á neinn hátt betur komið fyrir þeim málum heldur en í samvinnufélagi því sem ég er félagsmaður í og þekki vel til. Samstarf neytenda og framleiðenda í því fyrirtæki hefur alltaf gengið með miklum ágætum. En ég endurtek það, að bændur þurfa eins og aðrir að fá vinnu sína greidda út. Eðli málsins samkvæmt tekur þetta sinn tíma. Þess vegna þarf að komast upp í 90% algjört uppgjör í maí á sláturafurðum. Og það þarf að auka rekstrarlánin til þess að menn hafi það fjármagn handa á milli sem viðskiptabúskapur nútímans krefst. Að þessu eigum við að vinna og jafnframt því, að greiðslur fari beint til þeirra sjálfra í viðskiptareikninga eða til útborgunar ef þeir eru ekki í viðskiptareikningum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það hefur víst ekki farið fram hjá neinum hv. alþm. að bændur landsins hafa haldið allmarga fundi á þessum vetri, — fundi sem hafa vakið athygli þar sem þeir hafa sérstaklega verið að fjalla um ástand og horfur í landbúnaðarmálum. Í sambandi við þessa fundi hafa bændur gert samþykktir sem m. a. snerta mjög lánareglur þær sem í gildi hafa verið, bæði varðandi rekstrarlán til bænda og hin almennu afurðalán til landbúnaðarins.

Þessi mál hafa að nokkru leyti einnig borist hingað inn á Alþ. Hér hafa verið flutt nokkrar till. um þessi mál, og nú liggur fyrir ein till. enn sem tekur á þessu máli á nokkuð annan hátt en hinar till. hafa gert, því að hér er beinlínis að því stefnt að breyta í verulegum atriðum um form á lánum til landbúnaðarins frá því sem verið hefur.

Það er skoðun mín að það sé orðin brýn þörf

á að taka þessi lánamál landbúnaðarins fyrir og með öðrum hætti en áður hefur verið gert. Við vitum að það er rétt, sem hefur komið hér fram í máli hæstv. landbrh. og hefur heyrst mjög oft áður, frá fulltrúum Seðlabankans sérstaklega, að ýmis lán til landbúnaðarins hafi hækkað allverulega á undanförnum árum, og þá er sérstaklega rætt um hækkun í prósentum á milli ára. Eigi að síður er óánægjan meðal bænda eins og samþykktir þeirra sýna og sanna, og líklega hefur hún aldrei verið meiri um þessi mál en einmitt nú. Liggja til þess ýmsar ástæður.

Ég held að það verði ekki um það deilt, að það lánafyrirkomulag, sem nú er orðið varðandi rekstur landbúnaðarins, sé orðið gjörsamlega óhæft og því verði að breyta í grundvallaratriðum. Sannleikurinn er sá, að það eru ekki nema örfáir fræðimenn sem vita hvað öll þessi lán heita sem í rauninni eiga öll að þjóna einu og sama. Og þegar maður ræðir þessi mál við hina fróðustu menn, þá þurfa þeir venjulega að taka sér nokkurn frest og fletta upp í sínum töflum hvað þetta og þetta sé, því að hér er ekki aðeins um afurðalán að ræða, heldur rekstrarlán, fóðurbirgðalán, viðbótarrekstrarlán, uppgjörslán, sérstakt rekstrarlán upp í greiðslur lána á haustdögum o. s. frv. Allt er þetta fyrirkomulag í rauninni orðið alveg fráleitt og hefur sumpart orðið til vegna þess að viðkomandi landbrh. hafa á undanförnum árum verið að knýja á um nokkra hækkun á lánum til landbúnaðarins í þessum efnum, og þeir hafa þá ýmist komið fram þessari breytingu eða hinni, sem flestallar hafa verið í formi bráðabirgðafyrirkomulags og skila sér mjög misjafnlega til þeirra sem lánin áttu að ganga til. Nú vitum við, að í meginatriðum er þetta þannig, að þessi lánafyrirgreiðsla til landbúnaðarins er byggð upp á allt öðrum grundvelli en hliðstæð lán til annarra atvinnuvega. Ef við berum þetta t. d. saman við hliðstæða lánafyrirgreiðslur varðandi rekstur í sjávarútvegi eða iðnaði, þá sjá menn fljótlega að hér er um allt annað skipulag að ræða. Hér er sjaldnast eða ekki lánað bændum sjálfum, heldur koma ýmsir milliaðilar inn í dæmið og fá hin eiginlegu rekstrarlán landbúnaðarins og dreifa þeim síðan út eftir tilfallandi þörfum og eftir því sem þeir telja hagkvæmast og sanngjarnast á hverjum tíma. Ég held að það sé ekkert um það að villast að bændur almennt botna lítið í þessu fyrirkomulagi eins og það er.

Það er skoðun mín að það eigi raunverulega að gera þessi mál miklu hreinni en þau hafa verið og það eigi að taka upp í aðalatriðum hliðstætt lánakerfi varðandi rekstur landbúnaðarins og á sér stað með aðra atvinnuvegi. Þetta mundi þýða í framkvæmdinni, svo maður taki þá búskapargreinina sem hér skiptir í rauninni mestu máli, en það er sauðfjárframleiðslan, — þetta mundi þýða það að bankakerfið og þá fyrst og fremst Seðlabankinn sem grunnur bankakerfisins, ætti að sjálfsögðu að lána hverjum bónda eðlilegt rekstrarlán frá ársbyrjun og fram að sláturtíð, þannig að það megi heita nokkuð tryggt að bóndinn geti fengið laun sín greidd með nokkuð eðlilegum hætti á þessum starfstíma þar til hann hefur sínar afurðir til að selja þeim aðila sem hann selur. Þegar síðan kemur að því að afurðir búsins eru afhentar sláturleyfishafa, hvort sem það er svonefnt sláturfélag eða það er almennt kaupfélag, — þegar að því kemur að bóndinn hefur afhent sínar afurðir þessum aðila, þá er hið eðlilega að bankinn breyti þessum lánum og færi þau yfir í afurðalán, þar sem lánað er út á fyrirliggjandi afurðir til þessa aðila sem hefur tekið við afurðunum. Um leið og afurðalánið er veitt verður vitanlega að greiða upp rekstrarlánið sem bóndinn hefur fengið. Síðan verður að sjá til þess, um leið og greitt er fyrir afurðasölufélaginu, að það geti með eðlilegum hætti gert upp að fullu við bóndann á eðlilegum tíma, þannig að hann geti bæði fengið sitt kaup og borgað sinn óhjákvæmilega rekstrarkostnað. Með þessu móti fengi hver bóndi fullkomið fjárhagslegt sjálfstæði. Hann hefur fengið lán út á framleiðslustörf sín sem rekstrarlán frá ársbyrjun og fram að sláturtíð, og hann verður þá að meta sjálfur hvernig hann á að haga greiðslu á launum til sjálfs sín og þeirra, sem vinna við búið, og greiða sín rekstrargjöld. Svo þegar hann hefur afhent framleiðsluna á haustdögum, þá vitanlega fær hann tiltekinn hluta greiddan frá afurðasölufélaginu sem þá hefur fengið afurðalán. Svona er þessu fyrir komið t. d. í sjávarútvegi og búið að vera svona árum saman.

(**Landbrh.**: Svona er þetta í landbúnaðinum líka.)

Nei, þetta er nefnilega ekki svona í landbúnaðinum, og það er nauðsynlegt að hæstv. ráðh. geri sér grein fyrir því hafi hann ekki gert það.

(Gripið fram í.) Svona er þetta ekki.

Hér er um það að ræða að aðrir aðilar fá þessi rekstrarlán og öll þessi aukalán sem ég nefndi, og þessir aðrir aðilar, sláturleyfishafar, eru síðan með bændurna í viðskiptum hjá sér allan tímann. Með því verður bóndinn í því eldgamla fyrirkomulagi, sem þekkist reyndar hjá miklu fleiri aðilum en bændum, þá verður bóndinn í því gamla innskriftarfyrirkomulagi. Hann skuldar annaðhvort kaupfélagi eða öðrum allan tímann, og þetta gerir allan rekstur hans óeðlilegan og ófrjálsan. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að t. d. meginhlutinn af kaupfélögunum, sem hafa annast þetta fyrir bændastéttina, hafi ekki í aðalatriðum skilað þessum fjármunum til bænda og það geti verið rétt, sem þau segja, að þau hafi beinlínis látið suma fá mun meira en þeir áttu að fá, en þá sennilega einhverja aðra minna en þeir áttu. En þessum fjármunum er blandað saman við margvíslegan rekstur þessara aðila.

Það kom t. d. greinilega fram á sumum þeim fundum sem bændur héldu um þessi mál á s. l. hausti, að því var haldið fram og sýnt fram á það í tölum að sumir sláturleyfishafar hefðu skilað bændum þessum fjármunum lakar en aðrir. Ég hef veitt því athygli m. a. að sá sláturleyfishafi, sem hæstv. landbrh. vitnaði til, þ. e. Kaupfélag Borgfirðinga, mun hafa getað sýnt fram á það með tölum að þeir hafi í því kaupfélagi staðið sig með ágætum í að skila þessu verði til bænda á eðlilegum tíma. En málið snýst ekki um það, hvort eitthvert eitt kaupfélag hefur staðið sig vel í þessum efnum og gert upp

tiltölulega fljótt við bændur, heldur að skipulagið í þessum efnum er rangt. Vitanlega geta bændur, ef þeir vilja, komið því þannig fyrir í staðinn fyrir að þeir fái sín rekstrarlán á sínu eðlilega framleiðslutímabili, að þeir fái rekstrarlánin sjálfir, þá geta þeir vitanlega falið hvaða félagi sem þeir vilja, sínu kaupfélagi eða öðrum, að fara með sín mál fyrir sig, en þá hafa þeir ákveðið það sjálfir.

Ég tók eftir því, að hæstv. landbrh. minntist á að það hefði komið fram í viðtölum hans við Seðlabankann, og ég þekki það svo sem líka að slíkt hafi heyrst úr því horni áður, að það geti verið vandkvæðum bundið að veita þessi lán beint til hinna einstöku bænda vegna þess að þeir þurfi að geta sett trygginagr til viðbótar við það sem lánin eru miðuð við. En auðvitað yrðu það opinberir trúnaðarmenn, t. d. Búnaðarfélagsins, sem gæfu um það vottorð, áður en bóndi fær rekstralán með þessum hætti, hvað hann á að fá mikið og hvað stendur til að hann geti staðið undir mikilli greiðslu á haustdögum. En vitanlega er hægt í sambandi við landbúnaðinn, alveg eins og í sambandi við okkar margvíslega smáiðnað nú í dag og okkar margbreytilega smásjávarútveg einnig, þá er hægt að koma við viðbótartryggingum við þetta frá hverjum og einum bónda ef það er talið nauðsynlegt til að tryggja þessi rekstrarlán.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki aðeins að það eigi og þurfi að auka þessi lán, þannig að hægt sé að gera betur upp við bændur og tryggja þeim betur en nú er að þeir fái sín laun greidd með nokkuð eðlilegum hætti, en ég tek undir það, að þess þurfi, en ég er á hinni skoðuninni einnig, að það eigi að fara ofan í það skipulag, sem nú er gildandi í þessum efnum, og breyta því, það eigi að hafa þessi lán hrein rekstrarlán á meðan reksturinn er í gangi og gefur ekki af sér beinar tekjur, heldur óbeinar, og þegar kemur að því að afurðirnar verða til, þá færist þetta á milli, úr rekstrarlánunum og yfir í afurðalán, og þá verða afurðasölufélögin þau sem taka afurðalánin. Það er það eðlilega. Ég held satt að segja að bændur fái aldrei lausn á þessum vandamálum sínum fyrr en þessu skipulagi verður breytt. Ég trúi því ekki heldur um alla þá aðila í landinu, sem teljast nú sláturleyfishafar t. d. taka, að það sé réttmætt að trúa þeim öllum fyrir slíkri lántöku, þannig að maður reikni með því að þeir skili því allir til réttra aðila á réttum tíma. Það er engin ástæða til þess.

Ég fullyrði það, að ef t. d. mönnum í sjávarútvegi væri í dag boðið þetta, þá yrði almenn uppreisn. Menn féllust ekki á það, þeir sem reka fiskibáta nú í dag, að þeim væri sagt: Vegna þess að þú leggur fiskinn þinn upp í þessu frystihúsi, þá tekur frystihúsið þau rekstrarlán sem þú átt að fá, og þú skalt bara eiga við forstjórann um það. — Nú er fyrirkomulagið þannig, að þeir, sem standa í því að þurfa að útbúa fiskiskip sín og róa til fiskjar og draga fisk á land, og þarna myndast talsvert tímabil áður en framleiðslan skilar raunverulegum afurðum, þeir þurfa á rekstrarláni að halda, og það eru sett þau skilyrði af hálfu bankakerfisins að þessi rekstrarlán verði að borgast upp um leið og reksturinn fer að leggja inn afurðir. Þá er það tekið þar af á eðlilegan hátt.

Ég held líka að til þess að ná eðlilegum tökum á því stóra vandamáli sem kaupfélögin í landinu standa frammi fyrir í dag, þ. e. a. s. á fjárhagshlið kaupfélaganna, þá verði einmitt að breyta þessu, þetta sé þeim nauðsynlegt. Sú gífurlega skylda hvílir nú á mörgum kaupfélögum í landinu að sjá um rekstur landbúnaðarins á viðkomandi svæði, að verða að leggja fram nauðsynlega fjármuni til þess að hægt sé að halda öllum þessum margþætta rekstri í gangi, og svo eiga kaupfélögin að standa í því að reyna að fá meiri fyrirgreiðslu fyrir landbúnaðinn, eins og þau hafa verið að gera. Þetta fyrirkomulag verður til þess, að þau verða flest hver í eilífum vandræðum að leysa þessi mál og þegar upp úr sýður, þegar t. d. er búið að halda nógu mikið af fundum eins og nú á þessu hausti, þá fer viðkomandi landbrh., eins og ég efast ekkert um að núv. hæstv. landbrh. muni gera og sé byrjaður á að gera, þá byrjar hann á því að þrýsta á bankakerfið um að fá meira. Og annaðhvort búa þeir til alveg nýtt heiti á lánunum, á þeim 100 eða 200 eða 300 millj. sem hann fær í þetta skiptið, eða þá að eitthvað af þessum margvíslegu lánum, sem fyrir eru, verður hækkað, en menn eru eftir í sama farinu.

Ég held að eins og mál standa nú séu menn mjög almennt á því að það eigi að viðurkenna bændastéttina í landinu sem launþega að því leyti til, að það verði að tryggja þessari stétt að hún fái laun sín greidd með nokkuð svipuðum hætti og aðrir launþegar fá, nokkurn veginn eftir hendinni, og þetta verði að gera í gegnum lánafyrirgreiðslukerfið. Því held ég að það sé hægt nú að koma því í gegn með breyttu lánakerfi varðandi þessi mál að fá lausn á þessu vandamáli bændanna sem yrði þeim í hag, og líklega er hægt að gera það án þess að það þurfi að stórauka þau almennu útlán sem nú eru orðin úr bankakerfinu til allra þeirra þátta sem koma inn í þetta dæmi.

Ég vil benda á það, að um síðustu áramót var svo komið að Seðlabankinn taldi að heildarlánafyrirgreiðslan í sambandi við alla þessa liði, þ. e. a. s. afurðalán og margbreytileg rekstrarlán — það er ekki verið að tala um nein stofnlán — hafi þá verið rétt tæpir 6 milljarðar kr. eða 5 884 millj. kr. Þetta sýnir að það er þegar komið út með ýmsum hætti býsna mikið fé borið saman við það sem lengst af var. En ég held að það sé hvort tveggja, að bændur hafi alls ekki getað áttað sig á hvernig þessi lán séu í raun og veru, og kannske eru einhver brögð að því að lánin gangi ekki alla leið á réttum tíma til þeirra sem eiga að fá þau. Ef sláturleyfishafar t. d. standa í því að þeir eru að kaupa verslanir, byggja stórhýsi í Reykjavík, hafa mikil umsvif með höndum og telja að út af fyrir sig séu þessar framkvæmdir á margan hátt tengdar svo landbúnaðinum að þetta sé honum til góðs, þá vil ég ekki fyrir mitt leyti ábyrgjast að miklar lánsupphæðir, sem þeir fá út á nöfn bænda, dvelji ekki of lengi í þeirra höndum með svona fyrirkomulagi. Og vitanlega getur það sama átt sér stað hjá öðrum sláturleyfishöfum.

Ég vil því segja það í sambandi við þessa till., sem hér liggur fyrir, að ég er samþykkur henni

að því leyti til, að ég tel að það eigi að taka á lánakerfinu sjálfu. Hins vegar finnst mér till. segja allt of lítið í þessum efnum. Ég álít að Alþ. hefði átt að móta það enn þá betur hver sé raunverulega vilji Alþ. varðandi það lánafyrirkomulag sem hér er um að ræða. Og ég fyrir mitt leyti vil einnig taka undir það, að það verður, hvernig svo sem formið er á þessum lánum, að reyna að sjá um að bæði bændur geti fengið það mikið lánað, að þeir geti haldið kaupi sínu með eðlilegum hætti og rekið sín bú, og að þeir, sem taka við afurðum þeirra til sölumeðferðar, geti fengið lánafyrirgreiðslu, þannig að þeir geti með einhverri sanngirni skilað fullnaðargreiðslu fyrir afurðirnar á eðlilegum tíma.

En mér finnst að í raunnini sé erfitt að ræða um þetta mál án þess að um leið sé a. m. k. komið nokkuð að stefnunni í lánamálum almennt og þá um leið lánum til landbúnaðarins og menn geri sér grein fyrir því, að það er auðvitað engin tilviljun að bændur kvarta eins og þeir eru að kvarta nú og fundir þeirra bera best vitni um. Þeir eru ekki að kvarta um þessi rekstrarlán og afurðalán meira nú en áður aðeins vegna þess að það hefur verið dregið úr þessum lánum. Það er þvert á móti rétt sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefur fremur verið aukið við þessi lán borið saman við árin á undan, þetta hefur farið fremur hækkandi. (**Gripið fram í:** Rekstrarlánin líka?) Já, það er eins og ég hef verið að segja, það er eftir því hvað maður á að kalla þessi lán. Þegar þau eru veitt í svona mörgu lagi, þá eru þetta auðvitað bara mismunandi tegundir af rekstrarlánum, allt saman, annað en afurðalánin sjálf. En bændur kvarta að mínum dómi núna, og þetta kemur fram hjá þeim þannig að þeir eiga enn þá erfiðara með að ná kaupi sínu út úr því sem þeim er afhent af sláturleyfishöfum, m. a. vegna þess að hin almennu rekstrarútgjöld eru orðin þannig að þau eru farin að hvíla miklu þyngra á bændunum en nokkru sinni áður. Hin almenna vaxtapólitík er m. a. farin að segja hér heldur betur til sín, að ég tali nú ekki um hvernig það yrði þegar menn væru búnir að koma fram þeirri gáfulegu till., sem ýmsir skrifa mikið um og tala um nú, að vextirnir þurfi í rauninni að vera a. m. k. eins miklir og heldur meiri en verðbólgan er á hverjum tíma. Þegar menn eru búnir að gera rekstrarvextina þannig, þá færi að taka í hnúkana og þá býst ég við að bændur hertu heldur betur á kröfum sínum um að þeir yrðu að fá öll þessi lán stórhækkuð. En það er komið býsna langt áleiðis í þessum efnum, og það er rétt að menn geri sér grein fyrir því.

Við fengum í hendurnar, alþm., eina af þessum margfróðu bókum frá Þjóðhagsstofnun nú fyrir stuttu, var reyndar varðandi úttekt á iðnaðinum, en þar komu fram nokkrar beinar staðreyndir viðvíkjandi þessum málum. Þar er t. d. upplýst að meðalvextir hjá viðskiptabönkum landsins til atvinnuveganna á árinu 1976, bara meðalvextirnir, séu eins og hér segir: Í iðnaði eru þeir orðnir 17.6%, í sjávarútvegi 17.4%, í landbúnaði 18.1% og í verslun 17.4%. Þetta er miðað við skammtímalán, en er heldur hærra þegar talað er um lán til lengri tíma úr bankakerfinu. Þá eru meðalvextir hjá landbúnaði komnir upp í 18.8%. Þegar menn líta svo aftur á vextina sem menn eiga að borga, eins og nú er komið, af stofnlánum, þá segir t. d. þessi skýrsla, sem ég er að vitna í, að miðað við stofnlánatöku á þeim grundvelli sem ríkir í ársbyrjun 1977, þá verði að telja að meðalvextir á þeim grundvelli af stofnlánum frá Iðnlánasjóði séu orðnir 25.8%, frá Iðnþróunarsjóði 25% og frá Fiskveiðasjóði 21.3%, en frá Stofnlánadeild landbúnaðarins 16.9%. Allt getur þetta auðvitað orðið enn þá meira ef verðtryggingarákvæðin í lánasamningum þenja það enn betur með vaxandi verðbólgu.

Sannleikurinn er sá, að m. a. er vaxtabyrðin orðin svo óskapleg í ýmsum tilfellum, — það er auðvitað mjög mismunandi á milli einstakra bænda og milli einstakra atvinnurekenda innbyrðis, þá er vaxtabyrðin, jafnt af stofnlánum og skammtímarekstrarlánum eða rekstrarlánum sem standa til lengri tíma orðin svo óskapleg að menn fara að halda almenna fundi, eins og bændur núna, og segja: Þetta er allt að verða vitlaust. Þeir segja að það hafi aldrei verið jafnslæmt og nú. Þeir heimta hækkun á afurðalánum og rekstrarlánum og skeyta auðvitað skapi sínu meira og minna ýmist á Seðlabankanum fyrir það, hvernig hann stendur sig, eða á landbrh. í sambandi við það, hvernig hann stendur sig, eða á sölufélögum sínum. Og þá er þessu gjarnan svarað með því að segja, eins og mér finnst að hæstv. landbrh. segi: Ef við tökum rekstrarlán, ef við tökum eitthvað af þessum einstöku lánum, þá hafa þau hækkað meira frá árinu á undan en sem nemur verðhækkun. — Þetta er rétt. En þetta bara svarar engu um þann vanda sem menn standa frammi fyrir.

Bændur standa frammi fyrir því að mjög almennt séð kemur rekstur þeirra þannig út, að þeir ná ekki kaupi sínu fyrr en eftir dúk og disk, þeir eru í meiri fjárhagskröggum en nokkru sinni áður og þeir gera kröfu um að fá meiri lánafyrirgreiðslu. Af því er það sem ég segi: Það á í fyrsta lagi að gera kerfið, sem snertir hin eiginlegu rekstrarlán, svo skýrt og einfalt að þar geti hver svo að segja deilt við sjálfan sig. Menn eiga að fá tiltekin rekstrarlán, hver og einn miðað við sinn rekstur, á meðan á rekstrinum stendur og afurðir falla ekki til. Síðan eiga þau sölufélög, sem taka við afurðunum, þegar þær koma og þau verða að kaupa afurðirnar eða greiða þær, að fá lánafyrirgreiðslu þannig að framleiðandinn, bóndinn, geti fengið sitt kaup greitt og geti greitt sín útgjöld. Það á að hætta við það óþolandi milliskriftarkerfi sem er enn ríkjandi í sambandi við bændastéttina í landinu. Það á að hætta því.

Það er algerlega ástæðulaust nú að halda sig við það að flestir bændur í landinu eigi að vera með langa skuldarófu í öllum kaupfélögum landsins og það séu einhverjar deilur uppi um það, hvernig þeir raunverulega standi sig, vegna þess að það leiki einhver vafi á því hvort raunverulega sé búið að færa inn það sem þeim beri með eðlilegum hætti, ef þeir hefðu fengið eðlilega fyrirgreiðslu í sambandi við rekstrarlán eða afurðalán. Að mínum dómi er það gagnslaus skýring þó að sagt sé, eins og ég hef tekið eftir að sumir segja og hæstv. landbrh. sagði hér:

Hjá sumum kaupfélögum, a. m. k. hjá þeim bestu, eins og hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, er það þannig að bændur fá þó reiknaða vexti á það sem þeim hefur verið vangreitt mánuðum saman af þessum fjármunum. — Spurningin er ekki um að menn fái þá vexti, heldur eiga þeir að fá féð, og síðan geta þá staðið deilur um hvort hin bankalega fyrirgreiðsla sé nægilega mikil eða ekki. Við þekkjum það t. d. mjög vel úr sjávarútveginum, og það kemur líka fram hjá þeim í iðnaðinum, að menn geta deilt um hvort rekstrarlánin, sem hinir einstöku bátar fá, séu nægilega há eða ekki og hvort þau afurðalán, sem fiskvinnslan síðan fær út á afurðirnar, séu nægilega há, hvort það eigi að pressa Seðlabankann til þess að gera betur eða viðskiptabankana til að lána meira. Það er mál út af fyrir sig. En það á að liggja á hreinu. Sú grautargerð, sem nú er, er að mínum dómi fráleit og hún er ósanngjörn gagnvart bændastéttinni. Bændur eiga að geta fengið þessa fyrirgreiðslu með eðlilegum hætti.

En líka er rétt að gera sér grein fyrir hinu, að vandi bændanna í landinu stendur ekki eingöngu, eins og ég hef verið að nefna, í sambandi við þessi margvíslegu rekstrarlán og afurðalán, heldur byggist þessi vandi á því, að það er verið að gera mönnum víða í atvinnurekstrinum í landinu, gera góðum rekstri í rauninni alveg ókleift að halda uppi eðlilegum rekstri. Það er enginn vafi á því að eðlilegur atvinnurekstur getur ekki staðið undir því að borga á milli 20 og 30% vexti og jafnvel enn þá hærri vexti af hreinum stofnlánum. Slíkt er fjarstæða, enda er um grundvallarmisskilning að ræða þegar menn eru að blanda þessu saman við verðbólgu. Það er ekki hinn hreini rekstur sem græðir á því að fá þetta fé, heldur eru það í mörgum tilfellum þeir aðilar, þegar um mikla verðbólgu er að ræða, sem hafa náð í eignir og eiga eignirnar, sem hækka í verði, og hafa ekki staðið undir neinum sérstökum rekstri. En rekstrarvextir í líkingu við það sem orðið er nú í okkar landi, meira en helmingi hærri en í samkeppnislöndum okkar, koma vitanlega til með að bitna þannig á atvinnurekstrinum að atvinnureksturinn svarar þessu annaðhvort með því að hann segir: Ég get ekki borgað meira kaup, ég verð að halda kaupinu niðri, ég þarf að borga vextina, — eða þá, ef hann lætur undan í sambandi við kaupið og aðra þætti, þá getur hann ekki verið samkeppnisfær við hina sem borga helmingi lægri vexti.

Auðvitað vitum við að verðbólgan er sérstakt vandamál sem verður að reyna að glíma við. En verðbólgan verður ekki kveðin í kútinn á Íslandi með því að hækka í sífellu vexti, það er mikill misskilningur, það er vitanlega alger fjarstæða að halda það, og auðvitað alveg sérstaklega almenna rekstrarlánavexti, að það þýði að hækka þá látlaust, því að við vitum að það gerist ekkert annað, þegar þessir vextir eru hækkaðir, en að hinir ýmsu aðilar velta þessum vöxtum af sér, að vísu af misjafnri getu og með misjöfnum hraða, þeir velta þessu af sér út í verðlagið og verðbólgan eykst og eykst. Svo kemur að því að menn grípa til gengislækkunar af því að þeir eru komnir í algera sjálfheldu.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessum þætti um leið og ég minntist á þessa till. En meginatriðið í mínu máli er það, að ég álít að það sé rétt, sem kemur fram í þessari till., þó að hún sé ófullnægjandi að mínum dómi. Það þarf að breyta um þetta lánakerfi, það þarf að gera þessar lánveitingar hreinni og beinni og leggja þannig grundvöll að því að það sé öruggara en nú er að lánin gangi með réttum hraða til þeirra, sem þau áttu að ganga til, og að deilan geti þá staðið á hreinni grundvelli en nú er um það, hvort og hvernig eigi að auka þessi lán til þess að landbúnaðurinn geti þrifist með eðlilegum hætti, bændur fengið sitt kaup og geti losnað úr því gamla innskriftarskuldafyrirkomulagi sem þar er enn þá.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa eindregnum stuðningi mínum við þessa till. Efni hennar er það, að Alþ. feli ríkisstj. að hlutast til um að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda, m. ö. o. er gert ráð fyrir að Alþ. lýsi yfir þeirri skoðun sinni að bændur eigi rétt á því að fá sjálfir beint og milliliðalaust umráð yfir þeim hluta lánsfjár landsmanna sem bankar veita sem afurðalán og rekstrarlán til stuðnings íslenskum landbúnaði. Auðvitað eiga bændurnir sjálfir að fá þau lán sem til búrekstrar eru veitt, en ekki þeir milliliðir sem annast vinnslu úr afurðum bænda eða annast sölu á afurðum þeirra. Milliliðirnir, hvort sem eru vinnsluaðilar eða söluaðilar, eiga að sjálfsögðu einnig nokkurn rétt á rekstrarfé, geta ekki annast heilbrigða starfrækslu án nokkurs rekstrarfjár, og þeir eiga að fá það rekstrarfé sem stjórnendur bankakerfisins telja eðlilegt. En það, sem bændum er sjálfum ætlað til búrekstrar síns, á auðvitað að ganga beint til bænda, en ekki um hendur neinna annarra aðila, ekki milliliða, ekki vinnsluaðila, ekki söluaðila. Þetta er svo augljóst réttlætismál og þetta er svo augljóst hagsmunamál bænda að því verður ekki með rökum andmælt.

Því miður fer mjög margt úrskeiðis varðandi skipulag á hagsmunamálum bænda og í stefnunni í landbúnaðarmálum yfir höfuð að tala. Það fyrirkomulag, sem hér ríkir í þessum efnum, er eitt af mýmörgum dæmum um það, og því sannarlega kominn tími til að því verði breytt. Og því virðist því miður ekki vera unnt að breyta nema því aðeins að Alþ. láti málið til sín taka, eins og hér er lagt að mínu viti alveg réttilega til. Það getur varla farið á milli mála að það er hagsmunamál bænda að fá sjálfir greidd þau rekstrar- og afurðalán sem þeim er ætluð. Það kann vel að vera að bankakerfið hafi eitthvað við breytingu á hinu gamla fyrirkomulagi að athuga. Það er þægilegra fyrir bankakerfið að hafa fáa viðskiptaaðila og stóra. En eins og bent hefur verið á í þessum umr., þá er tvímælalaust hægt að breyta kerfinu þannig að bændur geti strax beint og sjálfir notið þess lánsfjár sem þeim er raunverulega ætlað. Það er örugglega hægt að gera þær breytingar á kerfinu sem gera slíkt framkvæmanlegt.

Hitt segi ég aftur, að það getur vel verið að bankar setji sig gegn slíkum breytingum af því að það væri þeim óþægilegra. En auðvitað gildir hér meira hvað er beint og réttmætt hagsmunamál lánsþiggjendanna, þeirra sem njóta eiga lánanna, en hvað kann að henta betur þeim sem lánin veita. Einmitt þess vegna kemur okkur á óvart hver afstaða hæstv. landbrh. til þessa máls virðist vera, ef dæma má af ræðu hans. Maður skyldi halda að hann væri málsvari hagsmuna bændanna í þessum efnum sem augljóst er hverjir eru, en hafi ekki ímynduð hagkvæmnissjónarmið bankakerfisins, þeirra sem lánin veita. En það er engu líkara en hæstv. landbrh. meti það, sem ég vildi kalla ímynduð hagkvæmnissjónarmið bankakerfisins, meira en réttmæta hagsmuni þeirra sem hann er settur til þess að gæta hagsmuna fyrir, þ. e. a. s. bændanna sjálfra. Ég tel því tvímælalaust að Alþ. eigi að samþykkja þessa till. Ég tel að samþykkt till. mundi tryggja að því fyrirkomulagi, sem gilt hefur undanfarið um langt skeið, verði breytt. Ef Alþ. samþykkir þessa till. getur bankakerfið ekki annað en breytt um fyrirkomulag varðandi greiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins og tekið upp það form, að lánin verði greidd bændum beint, en ekki öðrum aðilum þótt þeir starfi í þágu bænda.

Ég skal ekki orðlengja þetta, af því að mér skilst að fundartími sé takmarkaður, en get þó ekki stillt mig um að víkja örfáum orðum að tveim atriðum sem hæstv. landbrh. gerði að umtalsefni í ræðu sinni, annars vegar útflutningsbótunum og hins vegar niðurgreiðslunum, en skal stytta mál mitt eins og mögulegt er.

Um það er enginn ágreiningur milli hæstv. landbrh. og mín, sem oftsinnis höfum rætt þessi mál, bæði hér á Alþ. og annars staðar, að útflutningsstyrkirnir eru að sjálfsögðu styrkir til bænda, þó að þeim fylgi ókostir fyrir neytendur. Útflutningsstyrkjakerfinu fylgir það auðvitað að erlendir neytendur fá íslenskar landbúnaðarvörur á lægra verði en íslenskir neytendur, og hætt er við að erlendar landbúnaðarvörur slæðist aftur inn á íslenskan markað eftir að þær hafa verið keyptar við broti af raunverulegu kostnaðarverði á erlendum markaði. Auk þess hlýtur auðvitað að fylgja útflutningsstyrkjakerfi innflutningsbann á hliðstæðum vörum. Engu að síður eru útflutningsstyrkirnir, því getur varla nokkur skynsamur maður á móti mælt, styrkir til bændastéttarinnar sem auðvitað verða ekki afnumdir í einu vetfangi, hversu óeðlilegir sem þeir kunna að teljast, það er mér fullkomlega ljóst.

Hins vegar eru niðurgreiðslurnar innanlands að sjálfsögðu fyrst og fremst styrkur til neytenda, en á hinn bóginn njóta bændur samt verulega góðs af því að án niðurgreiðslna mundi eftirspurn eftir innlendum landbúnaðarvörum auðvitað verða miklu, miklu minni en hún er þegar um niðurgreiðslur er að ræða.

Hæstv. landbrh. imprəði í ræðu sinni áðan á kenningu sem hann hefur gert talsvert að umtalsefni nú undanfarið, að í raun og veru sé algerlega rangt að gagnrýna útflutningsbæturnar, sem í fyrra námu um 1550 millj. kr., en í ár munu nema einhvers staðar á milli 2 og 2½ milljarðs kr., vegna þess að ríkissjóður fær miklar tekjur af útflutningi landbúnaðarafurða. Í fyrra voru landbúnaðarafurðir fluttar út fyrir 5½ milljarð kr., og landbrh. hefur áður haldið því fram að ríkissjóður hafi af þessum útflutningi samtals um það bil 50% tekjur, af útflutningi landbúnaðarafurða fyrir 5½ milljarð hafi ríkissjóður í tekjur 2.7—2.8 milljarða kr., og þetta séu 1300 millj. kr. meira en útflutningsbótunum nemi. Þess vegna skilst manni að ríkissjóður hagnist í raun og veru á útflutningsbótunum, hann hafi í raun og veru hagnast um 1.3 milljarða kr. í fyrra á því að landbúnaðarafurðir hafi verið fluttar út þó að útflutningsbætur með þeim hafi numið um 1½ milljarði kr.

Hér er að sjálfsögðu um svo fáránlega röksemdafærslu að ræða að ómögulegt er að hlusta á þetta úr ræðustól á Alþ., allra síst af vörum hæstv. landbrh., án þess að því sé andmælt, þó að nú verði að láta nægja til þess örfáar mínútur, enda er hér í raun og veru um svo einfalda fjarstæðu að ræða, svo einfalda vitleysu, að það þarf ekki nema örfáar mínútur til að leiðrétta hana. Ég vil benda á fáránleikann í hugmyndunum. Það þarf ekki annað en að benda á útflutning sjávarafurða sem er okkar stærsta útflutningsgrein. Við fluttum í fyrra út fyrir um 73 milljarða. Þar af voru 53 milljarðar útflutningur sjávarafurða og væntanlega hefur ríkissjóður nákvæmlega jafnmiklar tekjur af útflutningi sjávarafurðanna og hann hefur af útflutningi landbúnaðarafurðanna. Og ef það er rétt að landbúnaðurinn eigi 50% af útflutningnum, af því að í ríkissjóð renni 50% gjald af útflutningi landbúnaðarafurðanna, þá á sjávarútvegur væntanlega líka sama hundraðshluta af sínum útflutningi. Það mundi þýða það, að þegar sjávarútvegurinn flytur út fyrir 53 milljarða, eins og hann gerði í fyrra, þá eigi hann af tekjum ríkissjóðs 26—27 milljarða kr. og ef það er rétt að greiða útflutningsbætur með útfluttum landbúnaðarafurðum af því að þær séu lægri en tekjur ríkissjóðs af útflutningnum, þá væri væntanlega líka jafnrétt — er það ekki alveg augljóst? — að styrkja útflutning sjávarafurða að sama hundraðshluta. Það hefði m. ö. o. verið óhætt og ríkissjóði hagkvæmt að styrkja útflutning sjávarafurða í fyrra sem næmi 26—27 milljörðum kr., allt að þeirri upphæð, því að það eru tekjur sem ríkissjóður hefur af útflutningi sjávarafurðanna. M. ö. o.: ef Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða saltfiskframleiðendur eða skreiðarframleiðendur eða einhverjir aðrir framleiðendur sjávarafurða kæmu til síns ráðh., sjútvrh., og spyrðu hvort þeir mættu hefja markaðsleit í Afríku og Asíu, verðið væri afskaplega lágt og þeir þyrftu á að halda svona 15—20 milljörðum kr. í útflutningsbætur, þá ætti hæstv. sjútvrh. samkv. þessari röksemdafærslu hæstv. landbrh. að segja: Alveg sjálfsagt. Það er hagnaður fyrir ríkissjóð að borga 15—20 milljarða kr. í útflutningsuppbætur til Asíu og Afríku, vegna þess að við höfum hvorki meira né minna en 26—27 milljarða kr. í gjöld af útflutningi sjávarafurða.

Ég vona að ég þurfi ekki að segja meira um þetta til þess að öllum mönnum, nema kannske

hæstv. landbrh., sé ljóst um hvers konar fjarstæðu hér er að ræða. Eða hvað ættu menn að segja um álútflutninginn í fyrra? Hann nam 12 milljörðum kr. Dettur mönnum kannske í hug að ríkissjóður hafi efni á því að styrkja álverksmiðjuna með 6 milljörðum af því að gjöld í ríkissjóð af álútflutningnum hafi numið um 6 milljörðum kr.? Hér er auðvitað um þvílíka hringavitleysu að ræða að slíkt ætti ekki að heyrast hér á hinu háa Alþ. eða nokkurs staðar annars staðar í þjóðfélaginu.

Að síðustu örfá orð varðandi niðurgreiðslurnar. Við hæstv. landbrh. erum alveg sammála um að niðurgreiðslur eru fyrst og fremst styrkur við neytendur, þó að bændum sé auðvitað mikil hjálp að niðurgreiðslukerfinu af því að það gerir landbúnaðarvörurnar ódýrari en ella. Í því sambandi vil ég minna á till. sem við þm. Alþfl. höfum flutt tvisvar hér á hinu háa Alþ., að það sé athugað hvort ekki væri hagkvæmt fyrir neytendur sérstaklega að breyta niðurgreiðslunum í greiðslur til neytenda. Það eru auðvitað neytendurnir sem eiga að njóta góðs af greiðslum úr ríkissjóði til niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum, og í það fara allmargir milljarðar kr. á hverju ári. Neytendurnir eiga þessa peninga sem teknir eru úr sameiginlegum sjóði landsmanna, og hví mega þá ekki neytendur sjálfir ráða því hvað þeir gera við peningana? Hví á endilega að hafa það vit fyrir neytandanum að segja að hann eigi að njóta þessa hagræðis í því formi að fá ódýrari landbúnaðarvörur? Ef hann kynni að vilja spara peningana og borða minna, ekki bara af landbúnaðarvörum, heldur líka af útlendri vöru, og leggja peningana fyrir á hann þá ekki að fá að ráða því? Og væri ekki gott ef hann drægi úr útgjöldum sínum og sparaði í staðinn? Auðvitað væri það gott. Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á það, hversu mikillar athygli verð sú hugmynd er að þeirri fjárhæð, sem nú er varið af sameiginlegu fé landsmanna til niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum, sé breytt í einhvers konar beinar greiðslur til neytenda, til þess að neytendurnir séu sjálfráðir um hvernig þeir ráðstafi því fé sem Alþ. í heild ætlar til að styrkja stöðu þeirra og núna gengur til að lækka verð á landbúnaðarvörum.

Ég hefði ekki nefnt þessi tvö atriði í sambandi við þessa till. ef hæstv. landbrh. hefði ekki gefið tilefni til þess. Ég ætlaði mér að láta nægja og skal enda á því að lýsa yfir eindregnu fylgi við þessa till. Ég tel þar vera um að ræða réttlætismál í garð bænda. Ég tel hér um að ræða breytingu sem bændur eigi rétt á að nái fram að ganga og mundi tvímælalaust verða þeim til eðlilegra hagsbóta.

Umr. frestað.

Efri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Skattfrelsi jarðstöðvar, frv. (þskj. 398). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Grg. með frv. því, sem hér er til umr., á þskj. 398, skýrir að fullu ástæður til þess að það hefur verið lagt fyrir Alþ. Frv. fjallar um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn. Ég vil samt sem áður stikla á nokkrum forsendum þess að óhjákvæmilegt hefur þótt að leggja til við Alþ. þá ívilnun í skattgreiðslu sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Póstur og sími og Mikla norræna símafélagið eru bundin gagnkvæmum samningum fram til ársins 1985: Póstur og sími til símaviðskipta um sæstreng símafélagsins bæði til Evrópu og vestur um haf, en Mikla norræna símafélagið til þess að láta þessa þjónustu í té.

Hin síðustu ár hefur orðið ljósara með hverju missiri hversu nauðsynlegt er að leggja annan streng frá Íslandi til Evrópu, ef fullnægja ætti með þeirri tækni fjarskiptaþörfum Íslands og Evrópu. Samkvæmt framangreindum samningi er Mikla norræna símafélagið skuldbundið til þess að leggja annan slíkan sæstreng og er til þess reiðubúið. Samkvæmt gildandi samningum væri Póstur og sími skuldbundinn til að nota sæsíma símafélagsins til loka samningstímans.

Eins og kunnugt er hefur hins vegar opnast ný tækni til samskipta af þessu tagi um gervihnetti. Sú tækni er miklum mun öruggari en sæstrengir og möguleikar til aukningar miklu rýmri en með sæstrengjum. Þá kemur til viðbótar að sæstrengir verða ekki notaðir til að flytja sjónvarpsmyndir, en sá tæknibúnaður, sem notaður er til fjarskipta um gervihnött, nýtist einnig til flutnings sjónvarpsmynda.

Með öðrum orðum sagt gerðu samningar af Íslands hálfu við Mikla norræna símafélagið það að verkum, að við vorum að óbreyttum samningum bundnir við sæsímatækni allar götur til ársins 1985 og bundnir viðskiptum gegnum sæstreng félagsins, þannig að rekstrargrundvöllur þeirrar miklu fjárfestingar, sem nauðsynleg er til að geta náð sambandi um gervihnött fyrir aðrar þarfir íslendinga, var í rauninni ekki til að óbreyttum samningum við símafélagið. Ljóst er hins vegar að sem lausn til frambúðar í fjarskiptatengslum Íslands við önnur lönd jafnast ekkert á við jarðstöð og gervitunglafjarskipti. Þess vegna tóku íslensk stjórnvöld upp samningaumleitanir við Mikla norræna símafélagið um að breyta samningi þeim sem félagið hafði og fyrr var getið og gilda átti fram til ársins 1985.

Til að gera langa sögu stutta náðust samningar um að félagið legði fram andvirði þess sæstrengs, sem félagið hugðist leggja á næstunni, sem eignarhluta í væntanlegri jarðstöð, enda leggi íslenskir aðilar fram það sem á vantar. Mikla norræna símafélaginu eru tryggðar tekjur af sæstrengjum þeim, sem félagið þegar á og nú þjóna fjarskiptaþörfum íslendinga, en jafnframt er tryggt að jarðstöð kemur til notkunar nú þegar í sameign Pósts og síma og Mikla norræna símafélagsins. Telja verður þennan samning mjög hagstæðan fyrir íslendinga, ekki síst þegar litið er til framtíðarinnar, enda flýtir hann beinu sjónvarpssambandi íslendinga við umheiminn fyrir utan að sjá miklu betur en nokkur sæstrengur fyrir þörf landsmanna fyrir aukin viðskipti af þessu tagi.

Frá og með 1985 geta íslendingar leyst til sín þann eignarhluta Mikla norræna símafélagsins í jarðstöðinni sem þá verður óafskrifaður, en 1991 munu íslendingar eignast jarðstöðina án greiðslu.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum þykir eðlilegt að innflutningur á efni til byggingar og rekstrar jarðstöðvarinnar sé undanþegnin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning, og felur 1. gr. frv. í sér ákvæði þar að lútandi. 2. gr. fjallar hins vegar um undanþágu eignaraðila og jarðstöðvarinnar frá ýmsum sköttum: tekjuskatti, eignarskatti, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti. Ljóst er að Póstur og sími, sem er annar eignaraðili stöðvarinnar, er skattfrjáls alla vega, en að gildandi lögum mundi Mikla norræna símafélagið verða skattskylt hér í landi af starfsemi af þessu tagi. Nú er það svo að fyrirtækið hefði verið skattlaust hér á landi ef það hefði staðið við sinn samning, lagt sæstreng og rekið hann. En félagið hefur ekki getað fellt sig við að fjárfesting þess í jarðstöð eigi fremur að leiða til skattlagningar hér á landi en fjárfesting í sæstreng, ekki síst vegna þess að tekjuskattur félaga hérlendis er með öðrum hætti en samsvarandi tekjuskattur í Danmörku, sem er heimaland félagsins. Að öllum aðstæðum athuguðum hefur þótt réttmætt að verða við þessum óskum, enda ljóst að án þess gat ekki orðið af þessum hægstæðu samningum. Því er þetta frv. flutt.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta meir. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113, n. 357 og 358). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur tekið mál það, sem hér er á dagskrá, til meðferðar. N. varð hins vegar ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl., þeir Steingrímur Hermannsson og Stefán Jónsson, leggur til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilað að veita Andakilsárvirkjun leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13.5 mw. afli og orkuveitu til samtengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

Þá gerir frv. ráð fyrir að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán er Andakílsárvirkjun tekur, allt að 2 200 millj. kr. eða jafn-

gildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu þessara mannvirkja. Einnig er ríkisstj. heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar, og endurlána Andakílsárvirkjun.

Enn fremur er gert ráð fyrir í þessu frv. að felld verði niður aðflutningsgjöld og söluskattur af efni, tækjum og vélum til þessarar virkjunar og Andakílsárvirkjun sé undanþegin tekjuskatti, stimpilgjaldi, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga. Er þetta í samræmi við það sem kveðið er á um þessi efni í öðrum hliðstæðum lögum.

Þetta mál á sér langan aðdraganda. Undirbúningur að virkjun Kljáfoss í Hvítá má segja að hafi átt sér stað um langan tíma. Hann var hafinn á árunum 1963—1964 og þá gefið út virkjunarmat. Virkjunarrannsóknir voru svo framkvæmdar og aðrar rannsóknir síðan gerðar. Allur þessi undirbúningur hefur verið unninn að frumkvæði Andakílsárvirkjunar og á kostnað Andakílsárvirkjunar.

Virkjunarmat það, sem út var gefið þegar árið 1964, bar það með sér að virkjun Hvítár við Kljáfoss væri hagstæð virkjun borið saman við aðra valkosti og með tilliti til þess öryggis sem raforkuverið mundi veita Vesturlandi.

Svo sem kunnugt er, þá eru eigendur Andakílsárvirkjunar Akraneskaupstaður og Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Þetta frv., sem hér er til umr., var raunar flutt að beiðni stjórnar Andakílsárvirkjunar og eignaraðila virkjunarinnar. Þess má einnig geta, að fyrir hendi er algjör samstaða eigenda Andakílsárvirkjunar um að eignaraðild að fyrirhugaðri virkjun við Kljáfoss verði aukin þannig að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla ásamt Dalasýslu verði meðeigendur orkuversins og þannig stefnt að því að öll grunnorkuvinnsla á Vesturlandi verði sameign íbúanna sem sjálfstæð Vesturlandsveita.

Þá vil ég einnig láta þess getið, að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og fleiri aðilar, sem þetta mál snertir, hafa rætt málið á fundum sínum og gert einróma samþykktir um að skora á Alþ. og ríkisstj. að greiða fyrir því að Kljáfoss verði virkjaður og enn fremur áskorun til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, að þeir myndi sameign um orkuverið.

Stjórn Andakílsárvirkjunar og bændur, sem lönd eiga að Hvítá þar sem landsspjöll verða vegna fyrirhugaðrar virkjunar, hafa átt með sér fund þar sem rætt var um bætur fyrir umrædd landssvæði. Á þeim fundi var algjör samstaða um málið og samkomulag um málsmeðferð ef til þess kæmi að ekki næðist samkomulag milli aðila án matsákvörðunar.

Þessi virkjun, sem hér er um að ræða, er áætlað að hafi 13.5 mw. afl með 88 gwst. árlegri orkuvinnslugetu, en forgangsorka er talin vera 75 gwst. Virkjunarkostnaður er áætlaður 1722 millj. kr., en að meðtöldum kostnaði við tengingu orkuversins við orkuflutnnigakerfið, greiðslum fyrir vatns- og landsréttindi og vöxtum á byggingartíma er stofnkostnaður alls áætlaður 2172 millj. kr. Með tilliti til þessa verður kostnaðarverð forgangsorkunnar, miðað við 40 ára afskriftatíma og 8% vexti, ásamt 0.75% stofnkostnaðar í rekstri, kr. 2.65 á kwst. Verður því að telja að miðað við stærð virkjunar virðist um hagkvæman virkjunarvalkost að ræða.

Þá er ekki heldur lítandi fram hjá því, hvaða öryggi skapast fyrir íbúa Vesturlands með tilkomu slíkrar virkjunar sem þessarar. Með tilkomu Kljáfossvirkjunar þrefaldast vatnsorkuvinnsla á Vesturlandi, og með tilliti til þess, að orkuverið er í miðju Borgarfjarðarhéraði, eykur það mikið öryggi rafmagnsnotenda á svæðinu og minnkar orkutap af flutningi, en þar er einnig um mikil verðmæti að ræða.

Þá skilur og á milli þessarar virkjunar og okkar stærstu virkjana á Þjórsársvæðinu að þar er virkjað á hinu eldvirka svæði, svo sem kunnugt er, en hér er ekki um slíkt að ræða. Einnig af þessum ástæðum hefur staðsetning virkjunarinnar á þessum stað þýðingu af öryggisástæðum sem óþarft er að fjölyrða um hér.

Iðnn. leitaði álits um frv. þetta bæði hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun. Báðir þessir aðilar sendu n. bréf. Ég skal ekki fara að rekja efni þeirra bréfa, en aðeins taka það fram, sem er aðalatriði í þessu sambandi, að báðir þessir aðilar telja ekkert til fyrirstöðu því að sú heimild sé veitt til virkjunar sem frv. gerir ráð fyrir. Orkustofnun víkur að vísu að því, að það hefði mátt undirbúa þetta frv. betur. En af niðurstöðum Orkustofnunar er það hins vegar ljóst, að þrátt fyrir þá ágalla sem Orkustofnun telur vera hér á, en ég tel vafasamar fullyrðingar, telur Orkustofnun ekkert því til fyrirstöðu að Alþ. veiti þá heimild sem frv. gerir ráð fyrir.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, varð iðnn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. n. hefur lagt til að málinu verði vísað til ríkisstj., en við hin, sem erum í meiri hl., leggjum til, eins og ég hef áður sagt, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. frsm. meiri hl. iðnn., varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, virkjun Hvítár í Borgarfirði. Við erum tveir sem skiluðum minnihlutaáliti, auk mín hv. þm. Stefán Jónsson. Ég vil taka það fram í upphafi, að með þessu minnihlutaáliti erum við út af fyrir sig ekki að leggjast gegn virkjun Hvítár eða dæma Kljáfoss óhæfan til virkjunar. Vel má vera og margt bendir satt að segja til þess að Kljáfoss sé heldur hentug lítil virkjun og geti fallið inn í virkjanaáform okkar íslendinga ef rétt er á málum haldið. Það er öllu fremur að við erum að mótmæla þeirri málsmeðferð, sem hefur að vísu tíðkast alllengi hér hjá okkur á hv. Alþ. við meðferð slíkra stórmála, að veita heimild og láta svo slag standa með það. Við teljum að reynslan hafi sýnt okkur að þarna eigi að breyta um starfshætti. Auk þess verður að segja að í þeim, umsögnum, sem fram hafa komið um þetta mál, er sumt þannig að okkur finnst satt að segja ákaflega hæpið fyrir hv. Alþ. að afgreiða málið með jákvæðum hætti.

Eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. var málið sent til umsagnar. Það var sent til umsagnar til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Umsögn samtakanna var að sjálfsögðu jákvæð. Ég segi: að sjálfsögðu, því að þau hafa þegar

lagt mjög eindregið með málinu í fylgiskjali með þessu frv. Þá var það einnig sent til Rafmagnsveitna ríkisins, Orkustofnunar og Landsvirkjunar. Því miður hefur umsögn ekki borist frá Landsvirkjun, en ég hef hins vegar reynt að afla mér upplýsinga um það, sem þar er í undirbúningi, og sú umsögn mun, vænti ég, liggja fyrir þegar hv. iðnn. Nd. fjallar um málið. En það get ég sagt hér, að þar er mjög dregið í efa að þessi virkjun sé skynsamleg.

Ég get hins vegar ekki tekið undir það, að umsagnir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar séu jákvæðar, þótt þessar stofnanir sjái ekkert við það að athuga að heimild verði veitt eins og síður hefur verið. Þvert á móti koma fram í þessum umsögnum báðum vissar efasemdir. Báðar segja að málið sé ekki það vel undirbúið að hægt sé að skoða það tæknilega. Þó er umsögn Orkustofnunar langtum meira afgerandi á þennan máta heldur en umsögn Rafmagnsveitna ríkisins. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa aðeins úr þeirri umsögn sem hefur borið hér á góma. Þar segir m. a.:

„Fylgiskjöl með frv. eru ákaflega ófullkomin, svo ófullkomin að þau eru ekki frambærileg með frv. sem lagt er fyrir Alþingi.“ Þetta getur varla kallast jákvæð umsögn. „Engin leið er að sannreyna þær fáu lauslegu kostnaðartölur sem þar eru fram settar. Orkustofnun verður því að hafa allan fyrirvara í þessari umsögn sinni varðandi áreiðanleik þeirra áætlana sem liggja fyrir um virkjun við Kljáfoss.“

Ennfremur segir í umsögn Orkustofnunar:

„Kljáfossvirkjun mundi senda orku sína inn á samtengt raforkukerfi sem nær innan fárra ára frá Suðurlandi til Austurlands. Til skamms tíma var þetta kerfi miklu minna og náði aðeins yfir Suðvesturland og hluta Vesturlands: Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Tenging milli Suðurlands og Vesturlands var einn sæstrengur undir Hvalfjörð og er raunar svo enn. Meðan svo var mátti því með nokkrum rétti kalla að samtenging þeirra væri veik. Af þessum sökum var áður lögð allmikil áhersla á öryggissjónarmiðið í sambandi við Kljáfossvirkjun. Með tilkomu Hvalfjarðarlínu til Grundartanga og byggðalínu gjörbreytast þau viðhorf hins vegar og Vesturlandskerfið verður tengt Landsvirkjunarkerfinu á miklum mun öflugri og traustari hátt en áður var. Gildi Kljáfossvirkjunar verður hér eftir bundið við að hún geti framleitt orku á hagkvæman hátt fremur en að hún sé varastöð.“

Ég vek sérstaklega athygli á þessu, því að þessu öryggissjónarmiði hefur mjög verið haldið á lofti, einkum á fyrri árum, t. d. 1964, þegar athugun var gerð á Kljáfossi. En eins og þarna kemur fram er það gjörbreytt og verður að skoða málið frá öðrum sjónarhring. Er ljóst af því, sem ég hef nú lesið — og skal ég ekki þreyta menn á frekari slíkum lestri — að mörgu er mjög ábótavant í undirbúningi þessa máls. En eins og ég sagði í upphafi, er það kannske ekki meginatriðið, heldur sú málsmeðferð sem tíðkast hefur hjá hv. Alþ. á þessum stóru málum, og ætla ég aðeins að ræða það.

Hér hefur það tíðkast lengi að Alþ. samþykkti heimildir til virkjana, og ég verð að segja það — og ég tala þar af dálítilli þekkingu því ég hef lært á þessu sviði — að það hefur oft vakið undrun mína hve þessi heimildarfrv. eru raunar lítt undirbúin. Þeim fylgir oftast lítil greinargerð, lítil tæknileg rannsókn og yfirleitt raunar litlar niðurstöður. Hins vegar er þetta samþ. í skjóli þess að hæstv. ríkisstj. muni láta fara fram nauðsynlegar athuganir áður en heimild er notuð. Staðreyndin er hins vegar sú, að ef illa fer, sem því miður hefur stundum orðið, hefur venjulega verið til þess vísað að Alþ. hafi veitt heimildina og ábyrgðin því öll þess.

Við getum litið á dæmi, t. d. heimildir til virkjunar Sigöldu og Hrauneyjafoss sem var veitt í einum pakka fyrir mörgum árum, 1971. Við lásum í blöðum nýlega að nú væri verið að nota heimildina til virkjunar Hrauneyjafoss. Það hefur ekki komið aftur til Alþingis, en kemur eflaust þegar fjármagnið vantar. En verða þá einhverjir til þess að neita um lánsheimild þegar virkjunin er jafnvel af stað komin? Ég tel að skoða hefði þurft málið að nýju með tilliti til gjörbreyttra aðstæðna og hefði átt að vera skylda Alþ. að gera það með tilliti til þess, sem þróunin hefur verið á síðustu árum, frá því að upphaflega heimildin var veitt.

Við veittum einnig heimild til Kröfluvirkjunar. En tekið var eftir því, að þegar Krafla var til umr. nýlega í sjónvarpi minntist enginn maður á, að þetta hefði verið heimildarfrv., heldur var hvað eftir annað sagt: Þetta var samþykkt á Alþ. og ábyrgðin er Alþingis. Ég er ekki að tala um að þarna hafi eitthvað farið úrskeiðis, um það hefur mikið verið rætt, að þarna hafi orðið óhapp, og deilt er um framkvæmdaleiðir. En staðreyndin er sú, að heimildin var veitt hér á Alþ. á grundvelli þskj. sem var, ef ég man rétt, þrjár síður eða svo, og sumt, sem segir í grg. þess þskj., hefur farið á allt annan veg. Þar er talað um aðra stærð á orkuvélum en síðan hafa verið settar niður. Þar er talað um að virkja megi í áföngum. Þar er sagt að virkjun yrði að öllum líkindum lokið 1978 o. fl. Þetta mál var ekki þaulskoðað hér. Menn voru sammála um Kröfluvirkjun, og ég vil endurtaka það sem ég sagði við þær umr., að ég tel enn mjög nauðsynlegt að við höldum innreið á þetta orkusvið, þetta virkjanasvið, förum að nýta okkar jarðgufu. Ég tel sjálfsagt að það verði gert, en ætla ekki að fara út í umr. hér um ýmislegt sem kannske hefði mátt fara betur við Kröflu. Sumu hafa æðri máttarvöld ráðið.

Alþingi veitti heimild til virkjunar Bessastaðaár. Sú heimild var byggð á athugun sem ungur, efnilegur námsmaður gerði úti í Kaupmannahöfn. Margir efuðust um hvort hún væri rétt. Síðan er deilt um hvort jafnvel rakvatn sé í ánni. En búið er að verja, ef ég veit rétt, nokkrum tugum millj. til byrjunarframkvæmda.

Við stóðum að því nokkrir þm. Vestf. að fá heimild til virkjunar Suður-Fossár. Varið var þar nokkrum tugum millj. kr., við skulum segja 20—30 millj. kr., í veg upp að stiflustæðinu þegar mönnum var ljóst að þar var lítið efni í jarðstíflu. Áætlunin var endurskoðuð og tvöfaldaðist við þá endurskoðun. Síðan hefur ekkert verið gert þarna. Ég ræddi við orkumálastjóra fyrir helgina um þá framkvæmd. Orkustofnun var frá upphafi andsnúin þeirri framkvæmd og taldi

þá áætlun, sem þar var byggt á, ekki raunhæfa. Ég sagði áðan að áætlunin tvöfaldaðist þegar hún var athuguð nánar. Orkumálastjóri segir mér að þeir séu enn þessarar skoðunar. En við töldum ekki þörf á því að fara að ráðum Orkustofnunar í þessu tilfelli og gerðum ráð fyrir að málið yrði þar vandlega athugað áður en af stað yrði farið, að engin hætta væri þarna á ferðum. Í öllum þessum tilfellum, sem ég hef nefnt, eða a.m.k. tveimur síðustu tilfellunum, sem ég hef nú nefnt, hefur hins vegar farið á nokkurn annan máta. Heimamenn, sem gjarnan vilja fá virkjun á sínu svæði, hafa þrýst á og undan hefur verið látið, framkvæmdir hafa hafist, e.t.v. í smáum stíl, athuganir fylgt á eftir og niðurstöður ekki orðið þær sem vænst var í upphafi.

Ég vil enn taka það fram, að ég er alls ekki að fullyrða að svo færi með Kljáfoss — alls ekki. Vel má vera að Kljáfoss sé hentug virkjun. En niðurstaða okkar af þessum hugleiðingum er sú, að það geti alls ekki skemmt fyrir þessum virkjunaraðila að láta athuga málið vandlega, gæta að hinum ýmsu atriðum, sem kanna þarf, og leggja það síðan fyrir Alþ. og þá ekki endilega að biðja um heimild, heldur fá lög um þessa virkjun. Ætti það að koma að sök? Ætti það að tefja málið? Það mætti þá leita heimildar og fá fjármagn til slíkra rannsókna. Það væri allt annað mál. En það ætti ekki að tefja málið að athuga það vel og sýna Alþ. þá virðingu að leggja málið fyrir Alþ. vandlega undirbúið, þannig að við þurfum ekki að fá í höfuðið setningu eins og þessa frá Orkustofnun: Fskj. með frv. ákaflega ófullkomin, svo ófullkomin að þau eru ekki frambærileg með frv. sem lagt er fyrir Alþ. — Mér þykir satt að segja engin furða þótt virðing Alþ. sé fremur lítil með þjóðinni þegar svona er unnið. Ég ætti erfitt með að líta til Alþ. með virðingu standandi frammi fyrir slíku sem ég hef nú lesið.

Það er fleira sem þarna kemur til. Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. iðnrh. hefur nýlega sett á fót n. til að fjalla um skipulagsmál orkuframkvæmda og rekstrar orkuvera. Hv. frsm. meiri hl. er formaður í þeirri n. Ég bind miklar vonir við störf þeirrar n. Ég bind m.a. þær vonir við störf þeirrar n., að hún muni athuga vandlega það, sem hér hefur farið úrskeiðis á undanförnum árum, og gera sér grein fyrir hvort ekki megi koma skipan raforkumála fyrir á betri máta og koma þannig í veg fyrir mistök, hvort ekki megi tryggja betri samræmingu, bæði í framkvæmdum og rekstri, hvort ekki megi tryggja betri nýtingu þess fjármagns sem við verjum til orkuframkvæmda. Og mér finnst vafasamt að vera að veita enn eina heimild fyrir enn einn landshluta til virkjunar á meðan þessi mál eru í athugun.

Ég sagði áðan að aðstæður eru jafnframt breyttar frá því sem áður var, því að samtenging er nú komin á nálægt því frá Suðvesturlandi til Austfjarða, a.m.k. gerum við ráð fyrir að svo verði mjög fljótlega, að því er stefnt. Ég vil leyfa mér að lesa — með leyfi hæstv. forseta — enn úr bréfi Orkustofnunar, þar sem segir:

„Orkustofnun sér ekki neitt því til fyrirstöðu að Alþ. veiti umbeðna virkjunarheimild. Hún vill jafnframt leggja áherslu á það, sem hér að ofan er rakið, að áður en til framkvæmda kemur hafi virkjunaraðilar, sem hlut eiga að máli, samræmt virkjunaráform sín innbyrðis og komist að niðurstöðu um það, hvenær heppilegast sé að ráðast í virkjun Kljáfoss með heildarhagkvæmni fyrir hið samtengda svæði fyrir augum.“

Þetta er kannske eitt aðalatriði málsins eins og nú háttar. Er til of mikils ætlast að hv. Alþ. biðji þann aðila, sem vill fá heimild til virkjunar, að athuga það mál áður en Alþ. er beðið um leyfi? Er til of mikils ætlast að þeir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, Andakílsárvirkjun, Landsvirkjun og Laxárvirkjun og aðrir, sem eru á þessu kerfi, setjist niður og samræmi hugmyndir sínar og segi okkur fyrir fram hvort þeir telji þessa virkjun falla inn í þetta kerfi og þá kannske jafnframt í hvaða röð? Ég fyrir mitt leyti vil m.ö.o. bíða með að veita leyfi til virkjunar, hvort sem það kallast heimild eða endanlegt leyfi, þar til athugun á þessum ýmsu þáttum liggur fyrir, bæði athugun á virkjunarkostnaði og athugun á því, hvernig þessi virkjun fellur inn í hið samtengda kerfi. Þá finnst mér sjálfsagt, ef niðurstöður af slíkri athugun verða jákvæðar, ef í ljós kemur að þessi virkjun er hagkvæm, og ekki verður hægt að vefengja á þann máta, sem gert er í bréfi Orkustofnunar, þá útreikninga sem liggja fyrir, og ef ljóst er að gætt er þeirrar samræmingar, sem er mjög mikilvæg í okkar tiltölulega litla orkukerfi sem er nú að samtengjast, sýnist mér eðlilegt að málið verði lagt að nýju fyrir Alþ. og við fjöllum um það að nýju.

Þess vegna höfum við hv. þm. Stefán Jónsson lagt fram nál. á þskj. 358. Við rekjum þar í fáum orðum ástæðurnar fyrir því að við viljum vísa málinu til ríkisstj., en við leggjum jafnframt áherslu á að hagkvæmni þessarar virkjunar verði rannsökuð nánar og málið lagt fyrir Alþ. að nýju ef virkjunaraðilar að samtengdu orkukerfi komast að þeirri niðurstöðu að virkjunin sé hagkvæm og rétt sé að ráðast í virkjun Kljáfoss með heildarhagkvæmni fyrir hið samtengda svæði fyrir augum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef raunar litlu við að bæta þá ítarlegu og ágætu ræðu sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson flutti hér áðan. Það virðist vera hans dagur í dag, og ég vænti þess að hann láti það ekki bíða þangað til jafndægur á vori ber öðru sinni upp á mánudag að tala svo skynsamlega um íslensk orkumál eins og hann gerði áðan.

Eins og ég segi, þá get ég tekið undir í öllum meginatriðum það sem hann sagði um þingmál þetta og gert öll hans meginrök að mínum. Ég hlýt eins og hann að taka það mikið mark á Orkustofnun sem umsagnaraðila um þetta mál að ég felli mig ekki við það að Alþ. veiti heimild til virkjunar við Kljáfoss á grundvelli gagna sem Orkustofnun telur lítið sem ekki mark á takandi og vera unnin með þeim hætti að Alþ. væri vansæmd að því að taka mark á þeim. Við höfum fyrir skemmstu reynt það, alþm., hvað það getur í raun og veru kostað að veita heimildir til virkjana ótímabundnar, eigandi það á hættu að forsendur breytist þannig að notkun

þeirra heimilda af hálfu ríkisstj. getur raunverulega undir vissum kringumstæðum brotið í bága við þjóðarhag.

Ég geri ráð fyrir að ein af ástæðunum fyrir því, að hæstv. ríkisstj. veitti upp úr þurru og skyndilega samþykki sitt við því að notuð yrði heimildin sem Alþ. veitti til virkjunar Hrauneyjafoss, hafi verið sú, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki kært sig um að Alþ. fjallaði um þetta mál. A. m. k. var Alþ. sniðgengið í því tilfelli.

Ég tek undir það, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði um afstöðu okkar til fyrirhugaðrar Kljáfossvirkjunar. Ég er eins og hann alls ekki þeirrar skoðunar að þar komi ekki virkjun til greina. En ég vil að málið verði athugað betur og niðurstaða þeirrar hlutlægu athugunar um hagkvæmni þessarar virkjunar látin ráða um framkvæmd þessarar virkjunar. Síðan vil ég að kannað verði hversu virkjun þessi fellur að heildaráætlunum um uppbyggingu orkuveitukerfis landsins.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það virðist ekki vera ágreiningur um það, að virkjun Kljáfoss sé hagkvæm framkvæmd. Ég skildi hv. 2. þm. Vestf. á þann veg, að hann teldi virkjunina hagkvæma, ég skrifaði það eftir honum. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. e., sagðist vera í flestum eða öllum atriðum sammála hv. 2. þm. Vestf. um þetta mál. Ég heyrði ekki hann heldur halda því fram að virkjunin væri óhagkvæm. Það hefur enginn aðili, sem hefur verið spurður um álit á þessari virkjun, haldið slíku fram. Það hefur enginn haldið slíku fram.

Hér er hins vegar komin upp spurning um starfshætti, og það er það sem hv. 2. þm. Vestf. og að ég ætla hv. 5. þm. Norðurl. e. leggja áherslu á, að það þurfi að breyta um starfshætti, það þurfi að liggja nánar fyrir ýmsar upplýsingar um þessa framkvæmd áður en Alþ. veitir þá heimild sem farið er fram á með þessu frv. sem hér er til umr. Að þessu leyti eru þessir hv. þm. ósammála Rafmagnsveitu ríkisins og Orkustofnun, því að það er enginn vafi á því að Orkustofnun telur enga annmarka vera á að veita heimildina, sem hér er farið fram á, og ekki heldur Rafmagnsveitur ríkisins. M. ö. o.: þessir hv. þm. virðast gera í þessu efni meiri kröfur en Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins. Það er þeirra mál. Og það er auðvitað mál Orkustofnunar ef henni finnst, eins og fram kemur, að það hefðu mátt liggja meiri upplýsingar fyrir um þetta mál til þess að fylgja þessu frv. heldur en raun ber vitni um. En þrátt fyrir þessa formgalla að mati Orkustofnunar — og það skulum við athuga — þrátt fyrir þetta leggur Orkustofnunin til að heimildin sé veitt. Hv. 2. þm. Vestf. vitnaði í bréf Orkustofnunar og las þar upp nokkrar setningar. Ég ætla ekki að endurtaka það, en ég ætla að lesa framhaldið sem hann las ekki upp:

„Þrátt fyrir þessa annmarka á framlögðum gögnum er ekki ástæða til að efast um að Kljáfossvirkjun sé hagkvæm virkjun, einkum þegar stærð hennar er höfð í huga.“

Þetta er kjarni málsins í því sambandi þegar bornar eru brigður á að Orkustofnun mæli með að veita heimildina. Þrátt fyrir það að hún geti hugsað sér og telji æskilegt að fyrir liggi betri upplýsingar, þá er þetta svo góður virkjunarvalkostur að það hefur ekki áhrif á þá niðurstöðu Orkustofnunar.

Ég hef enga tilhneigingu til þess að taka ekki tillit til þess sem Orkustofnun segir. Auðvitað á að gera það. En við eigum ekki að líta svo á að það séu alger lög í þessu efni sem Orkustofnun segir. Það megum við ekki gera. Við verðum að meta málið efnislega og taka efnislega afstöðu til málsins, hvað sem Orkustofnun kann að segja.

Hv. 2. þm. Vestf. nefndi Suður-Fossárvirkjun. Orkustofnun gaf umsögn um Suður-Fossárvirkjun. M. a. gerði hún því skóna, að það gæti verið stjórnarskrárbrot sem fólst — afsakið, ég er að rugla saman tveim málum, sem eru mér hugstæð, en við skulum taka fyrst Suður-Fossárvirkjun. Komið var upp í huga mér Orkubú Vestfjarða, en ég skal koma að því á eftir. En um Suður-Fossá var það svo, að eftir að fyrir lágu kostnaðaráætlanir sem gert var ráð fyrir að væru endanlegar, þá fór Orkustofnun yfir þessar áætlanir og gætti þar áreiðanlega fyllstu gagnrýni. En niðurstaða Orkustofnunar varð sú, að kostnaðaráætlun þyrfti að hækka um nokkra tugi millj. kr., 40—50 millj. eða svo. Var talið að það réði engum úrslitum um hagkvæmni þessarar virkjunar. En það, sem gat ráðið úrslitum, var það, að eftir að Orkustofnun gerir þessa aths. fer fram önnur athugun á málinu, áður en útboð fara fram, og þá hækkar kostnaðaráætlunin um helming. Ef við hefðum farið eftir niðurstöðum Orkustofnunar í þessu efni, þá er ég hræddur um að við hefðum ekki komist að sömu niðurstöðu og við höfum nú komist, að það verði að athuga allt þetta mál miklu gaumgæfilegar en gert var.

Ég nefndi Orkubú Vestfjarða. Orkustofnun gerði því skóna, að það fælust þýðingarmikil ákvæði í frv. um Orkubú Vestfjarða sem gætu verið stjórnarskrárbrot, hvorki meira né minna. Við hv. 2. þm. Vestf. tókum ekkert mark á þessu. Við sáum, að þetta hafði ekki við neitt að styðjast, og létum þetta ekki hafa nein áhrif á okkur. (Gripið fram í.) Já, það er eðlilegt kannske, og þó skal ég ekki ætla hv. 5. þm. Norðurl. e. nokkra tilhneigingu til þess að brjóta stjórnarskrána. En honum finnst eðlilegt að við hv. 2. þm. Vestf. höfum ekkert við það að athuga. Það er mikill misskilningur. Við mundum taka það mjög alvarlega, ef við teldum að verið væri að brjóta stjórnarskrána.

Ég sagði áðan, að ég hefði enga ástæðu til þess að gera lítið úr umsögnum Orkustofnunar. Ég geri mér grein fyrir því, að hún er ekki óskeikul frekar en aðrar stofnanir í okkar landi, og við verðum að meta og vega efnislega hvert mál, en ekki ganga út frá því að það sé endilega rétt. En þessar hugleiðingar um Orkustofnun eru að segja má nánast óþarfar. Þær ættu a. m. k. að vera það þegar við höfum í huga að þrátt fyrir ágalla, sem Orkustofnun telur á undirbúningi málsins, mælir hún með því að frv. verði samþykkt. Og það er lögð ákaflega mikil áhersla á að þetta frv. verði samþykkt. (**Gripið fram í:** Af

hverjum?) Af eignaraðilum að Andakílsárvirkjun, — *eignaraðilum, sem gert er ráð fyrir að við bætist við tilkomu þessarar virkjunar, og af Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.* Það er lögð mjög mikil áhersla á að frv. verði samþ., vegna þess að menn gera sér grein fyrir að það þarf að halda áfram rannsóknum á þessari virkjun, en það kostar fjármuni og Andakílsárvirkjun og samtök almennings í Vesturlandskjördæmi hafa ekki mikinn áhuga á því að vera að eyða fjármunum — miklum fjármunum á mælikvarða þeirra — til rannsókna þar ef ekki eru möguleikar á því að af framkvæmdum verði ef rannsóknirnar verða jákvæðar. Þess vegna er lögð áhersla á þetta.

Hér er um að ræða mjög þýðingarmikið mál fyrir þetta byggðarlag og byggðir Vesturlandskjördæmis. En hér er líka um að ræða anga af miklu stærra vandamáli sem er kominn tími til að reyna að finna lausn á. Það er einmitt svo, að það hefur mjög skort á rannsóknir á virkjunarskilyrðum vítt og breitt um landið. Hins vegar hafa þessar rannsóknir verið stundaðar af miklu kappi og fyrirhyggju af hálfu Landsvirkjunar á umráðasvæði Landsvirkjunar, með þeim afleiðingum, að þegar við höfum þurft að taka ákvarðanir um meiri háttar virkjanir, en þá hefur verið jafnan svo að við höfum þurft að hafa hraðan á, þá hefur ekki verið talinn tími til þess að bíða eftir frumrannsóknum og öðrum rannsóknum á öðrum virkjunarskilyrðum í landinu, þannig að það hefur orðið að taka þann kostinn sem Landsvirkjun bauð, án þess að færi fram eðlilegur samanburður á virkjunarkostum víðs vegar um landið, vegna þess að rannsóknum annars staðar var svo skammt komið. Við þurfum að breyta þessu ástandi. Þó að e. t. v. í litlu sé í þessu frv., þá miðar það að því að breyta þessu ástandi. Og menn verða líka að hafa í huga, m. a. hv. 2. þm. Vestf., að þó að stórvirkjanir og stóriðja séu góð latína, þá þarf að hyggja að fleiru en stórvrikjunum og stóriðju í orkumálum landsins. *Þetta mætti líka hv. 5. þm. Norðurl. gera sér ljóst.*

Það er margt sem mælir með því að Alþ. samþykki það frv. sem hér liggur fyrir. Ég held að Alþ. megi ekki vera svo formfast í kröfum um gögn með líku frv. sem þessu, að það eigi að hafna því á þeirri forsendu þegar það liggur fyrir að þeir aðilar, sem hafa verið kvaddir til að segja til um hagkvæmni þessara virkjana, mæla með virkjuninni, og þegar það liggur fyrir, að það er forsenda fyrir áframhaldandi rannsóknum og undirbúningi að þessari virkjun að þetta frv. verði samþykkt.

Ég vil taka það fram, að ég get í sjálfu sér tekið undir allt, sem hv. 2. þm. Vestf. og 5. þm. Norðurl. e. sögðu um mikilvægi þess að undirbúa mál vel. Við hljótum allir að vera sammála um slíkt. Það leikur enginn vafi á því, að það er sjálfsagt að gera það. En menn verða að hafa í huga í sambandi við frv. sem þetta, að hér er um að ræða heimild til ríkisstj., og það liggur í augum uppi að ríkisstj. getur ekki tekið ákvörðun um það, hvort hún beiti þessari heimild, nema undirbúningi málsins sé haldið áfram. Og til þess að það verði gert af þeim eignaraðilum, sem vilja kosta þann undirbúning, þá þurfum við að samþykkja þetta frv. og gera þannig mögulegt að *nauðsynlegur undirbúningur fari fram,* svo að fyllsta öryggis verði gætt þegar ríkisstj. tekur að lokum ákvörðun um það, hvort hún beiti heimildinni eða ekki.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Vegna þess að ég var bundinn við dálitlar umr. í hv. Nd. hef ég ekki heyrt allt sem hér var sagt um þetta frv., og má því vera að það verði einhverjar lítils háttar endurtekningar hjá mér á því sem aðrir hafa áður sagt. Bið ég í upphafi velvirðingar á því, ef svo kynni að fara. En þær ættu ekki að þurfa að verða margar, því að ég mun halda hér stutta ræðu.

Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég fagna þeim áhuga sem nú er á því almennt, held ég, að stefnan í raforkumálum landsmanna verði samræmd og að raforkuverin verði samtengd. Af þessu leiðir það, að ég hef alltaf verið hikandi við þær heimildir, sem Alþ. er að samþykkja fyrir virkjunum hingað og þangað, ekki síst þegar það liggur ekki ljóst fyrir hvernig tilhögun virkjunarinnar verður, hvernig hagkvæmni hennar verður og hvaða þörf er fyrir hana, eins og mér virðist um sumar þær virkjanir sem hér er lagt til að reistar verði, bæði af mér og öðrum, því að ég hef átt hlut að flutningi stjfrv. um virkjanir sem mjög er svipað ástatt með og þá sem hér er um að tefla, þannig að ég er ekki að skorast undan neinni ábyrgð í því tilliti. En það er skoðun mín að við eigum að láta fara fram úttekt og ég veit ekki annað en verið sé að gera úttekt á raforkuþörf landsmanna í næstu framtíð og hvernig henni verði best sinnt.

Nú er Sigölduvirkjun senn fullgerð og vonir standa til að rafmagnið frá henni komi á markaðinn á næstunni. Það er vissara að nefna enga dagsetningu í því tilliti, það er búið að standa til síðan 1. des. og er ekki orðið enn þótt kominn sé 21. mars. En einhvern tíma rennur upp sá dagur að Sigalda fari að skila raforku, og þá *hækkar hagur strympu, a. m. k. í bili.* Það er búið að ákveða að fullgera samtengingarlínu milli Norður- og Suðurlands, og það er búið að fallast á að hefja virkjunarframkvæmdir við Hrauneyjafoss í Tungnaá. Auk þess er Krafla sem hugsanlega gæti skilað einhverju rafmagni þegar stundir líða fram, þannig að ég tel að það sé eins og sakir standa búið að ákveða svo mikið af virkjunarframkvæmdum að tæpast sé þörf á því nú í dag að heimila frekari virkjanir. (Gripið fram í.) Ég kannast vel við þetta frv. Ég nefndi það sjálfur áðan. Það er um athugun á virkjun í Blöndu og ég þarf ekki annað en horfa framan í hv. 5. þm. Norðurl. e. til þess að sjá að hann er að minna mig á að *ég sé flm.* að því, og þess hef ég líka áður getið. En eitt er það að vekja máls á máli eins og Blönduvirkjun og Kljáfossvirkjun, Bessastaðaárvirkjun, Syðri-Fossárvirkjun, og annað er að ákveða að ráðast í þær. Þó að það megi vel vera að virkjun í Hvítá hjá Kljáfossi sé hagkvæm virkjun, — ég hef engin skilyrði til þess að leggja dóm á það sem sagt er um það atriði, það má vel vera að hún sé hagkvæm, — þá held ég að við ættum að hægja ferðina í virkjanamálum, a. m. k. á meðan við erum ekki búnir að tryggja sölu á þeirri raforku sem

þegar er fyrir hendi og þegar fyrirsjáanlegt er að hægt er að fullnægja orkuþörf Vesturlands og Norðurlands með byggðalínu þegar henni verður lokið, a. m. k. í nánustu framtíð. En fyrirætlanir ríkisstj. eru þær að ljúka norðurlínunni á þessu ári og ég veit ekki annað en fjármagn til þess sé nú tryggt.

Ég vil svo, vegna þess að ég er enn þá stjórnarmaður í Landsvirkjun, taka það fram, að ég er ekki sömu skoðunar og hv. 5. þm. Norðurl. e. að því er tekur til þess er hann sagði um afstöðu og leyfi ríkisstj. fyrir Hrauneyjafossvirkjun. Alþ. var ekki sniðgengið. Alþ. var búið að samþykkja að heimila Landsvirkjun að reisa allt að 170 mw. raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss ásamt aðalorkuveitum. Þetta var gert með lögum frá 1971. Og í 7. gr. laga um Landsvirkjun segir að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Landsvirkjun leyfi ráðh. þess sem fer með raforkumál. Eftir þessu leyfi var leitað, þetta leyfi var fengið, og ég get ekki viðurkennt að stjórn Landsvirkjunar né iðnrh. né ríkisstj. hafi sniðgengið Alþ. að nokkru leyti hvað þetta atriði snertir. Alveg á sama hátt verður það ekki lengur mál Alþ., hvort Hvítá við Kljáfoss verður virkjuð, ef þetta frv. verður samþ. M. a. þess vegna finnst mér að það liggi ekki á því að samþykkja þetta frv. né önnur þau er að sömu málefnum lúta. Ég hef áður lýst afstöðu minni til Orkubús Vestfjarða, ég skal ekki fara að rifja upp það sem ég sagði um það atriði. Ég vil þó ítreka það, að enn sem fyrr er ég ósamþykkur þeirri stefnu sem þar er mörkuð, þ. e. a. s. að skipta landinu í litlar einingar. Við erum ekki svo stór eining, þó að við höldum allir saman, að það sé ástæða til að skipta henni.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta skulu vera fá orð. Hér hefur verið komið af eðlilegum ástæðum inn á orkumál almennt og kannske fyrst og fremst spurninguna um það, hvert gildi slík heimildarlög hafa sem hér er verið að fara fram á. Það hefur auðvitað komið í ljós, eins og við vitum glögglega, að það er ekki sama hvar virkjunin er eða hver aðili að henni stendur, hvernig gengur að koma þessum heimildarlögum í gegn sem ákvörðunaratriði hjá ríkisstj. Það er sem sagt sitt hvað, hvort um er að ræða heimildarlög um Hrauneyjafoss t. d. eða heimildarlög um Bessastaðaárvirkjun. Því höfum við fengið áþreifanlega að kynnast. Og það er auðvitað spurning með tilliti til þeirrar reynslu, sem er af ýmsum heimildarlögum hér, eins og rakið var af hv. 2. þm. Vestf. áðan, það er auðvitað spurning um það, hvers vegna menn í ljósi þeirrar reynslu eru yfirleitt að sækjast eftir slíkum heimildarlögum, þegar það er aðeins um heimild að ræða og alger óvissa svo um hvað í framhaldi af því verði gert. A. m. k. getum við austfirðingar ekki sagt það, að heimildarlögin um Bessastaðaárvirkjun hafi skipt neinum sköpum í orkumálum okkar eða leyst úr neinum málum okkar eystra þar, þó að við höfum svo sannarlega lagt áherslu á það á sínum tíma að fá þau heimildarlög í gegn. Að vísu má segja að það hafi verið unnið að þessum málum í framhaldi af þeim heimildarlögum varðandi rannsóknir og annað slíkt, en raunhæfar aðgerðir hafa þar auðvitað ekki fylgt í kjölfarið, eins og öllum er kunnugt.

Ég á auðvitað erfitt með að taka afstöðu til þessa máls út af fyrir sig. Ég hins vegar bendi nú á það og vil gera aths. við það sem vitnað er í í áliti minni hl. iðnn., þar sem Orkustofnun segir m. a., að fskj. með frv. séu ákaflega ófullkomin, svo ófullkomin að þau séu ekki frambærileg með frv. sem lagt er fyrir Alþ. Þau eru nú býsna misjöfn, þau fskj. sem lögð eru fram með frv. hér, jafnvel stjfrv. Ég held það séu nokkuð mörg dæmi þess, að þau eru kannske ekki alltaf ákjósanleg og ekki svo sem skyldi. Ég held að þetta frv. standi fyrir sínu að því leyti til og sé hægt að vísa þessum ásökunum til föðurhúsanna að nokkru leyti, enda vill nú svo til með þessa ágætu stofnun, þó að ég ætli ekki að fara að ræða hennar störf hér yfirleitt, að kannske hefur nú einhvern tíma einhverjum þótt sem eitthvað væri ófullkomið hjá þeirri ágætu stofnun og stæðist kannske ekki alveg nákvæmlega og væri kannske ekki einu sinni frambærilegt þegar litið væri til þess sem gerst hefur. En nóg um það.

Ég vil aðeins koma hér inn á það — vegna þess að það hlýtur alltaf að vera svo þegar orkumál eru rædd, þá hljótum við þm. Austurl. að finna nokkuð til í öllum okkar orkuskorti — að minnast einmitt á þau heimildarlög sem við fengum hér samþykkt og fögnuðum á sínum tíma um Bessastaðaárvirkjun. Lýst hefur verið yfir af þeim, sem þar unnu, að í raun og veru liggi nú fyrir allt að fullnaðarhönnun um þá virkjun, þar þurfi í raun aðeins ákvörðunartöku. Þá er auðvitað gremjulegt og von að austfirðingar geri um það margar ályktanir, hvers vegna ekki sé nú gert eitthvað í þessum málum, hvers vegna alltaf er haldið áfram að rannsaka og rannsaka, en síðan ráðist í eina stórvirkjunina enn á suðvesturhorninu. Menn auðvitað greinir á um það, hvers vegna þetta er svona, málið er ekki lengra komið. Þeir, sem hafa unnið að hönnun þessarar virkjunar af hálfu þess fyrirtækis sem þar hefur að unnið, segja að allar niðurstöður liggi nú fyrir. Aðrir eru með ýmsar mótbárur um, að þarna þurfi betur að athuga, af því að það þurfi að athuga betur með Fljótsdalsvirkjun og aðrar stærri virkjanir sem kæmu þar til greina. Hinir segja okkur að þarna standi þeirra starf ekkert í vegi, hreinlega ekkert þar í vegi og hindri ekki neinar frekari framkvæmdir í þeim málum, ekki einu sinni stóru LSD-virkjunina þarna eystra sem suma hefur dreymt ákaflega mikið um. Og því er von að menn greini á um það, hvað í raun og veru þurfi til þess að við fáum þarna virkjun til að sinna okkar orkumarkaði og bæta úr þeim orkuskorti sem er í dag, hvort við fáum virkjun til þess, hvort enn þurfi að rannsaka og rannsaka til þess eins eða hvort þarna sé um eitthvert viljaleysi að ræða, sem ég vil alls ekki trúa á hæstv. iðnrh., eða hvort aðilar, sem að þessu vinni, séu í raun og veru alltaf með það í huga að draga þetta á langinn þangað til fyrir liggi nógu góðar rannsóknir fyrir hreina stórvirkjun á þessu svæði og með þá vitanlega stóriðju í huga um leið. Eitthvað af þessu er vitanlega rétt, því að ég trúi a. m. k. enn og vil trúa enn þeim fullyrðingum þeirra, sem hér hafa mest

og best að unnið, að það standi ekki svo margt í vegi fyrir því og þurfi ekki svo miklar viðbótarathuganir til þess að hægt sé að ráðast í þessa virkjun.

Ég vildi aðeins koma þessu að hér, vegna þess að hér er rætt um heimildarlög um virkjanir og þá um leið, að í sporum þeirra ágætu þm., sem flytja þetta frv., væri ég ekki óskaplega áfram um það að fá þetta samþ. hér. Ef þeir færu tæp þrjú ár aftur í tímann, til þeirra tíma sem heimild um Bessastaðaárvirkjun var samþ. hér, þá ættu þeir nú að hugsa um hvaða gildi í raun og veru þetta hefði.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan segja hér fáein orð í framhaldi af þeim umr., sem orðið hafa og ekki síst með tilvísun til þess, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér. Hann kom líklega að kjarna málsins þegar hann fór vítt og breitt, fór jafnvel að tala um Orkubú Vestfjarða og fjölmargt fleira, því að í raun og veru er ekki verið að deila hér um þessa litlu Kljáfossvirkjun, heldur er verið að deila um stefnuna í orkumálum. Stefnan í orkumálum hefur verið mjög til umr. upp á síðkastið. Fyrir hv. Alþ. liggur m.a. þáltill. um stefnuna í orkumálum, og hæstv. iðnrh. hefur, eins og ég gat um áðan, sett á fót n. til að skoða þessi mál, og þessa litlu heimild, sem hér er fjallað um, er sannarlega nauðsynlegt að skoða með tilliti til þessa.

Ég verð að taka undir það sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, að ég er því mótfallinn, ég tel það rangt að skipta landinu í fjölmörg lítil orkubú, skipta því upp úr. Orkumarkaður okkar er svo *lítill* að við *þurfum að sameina* þetta. Ég féllst að vísu á heimildarlög um Orkubú Vestfjarða. Það má gjarnan koma hér fram, að ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa athugað þau mál betur, að Orkubú Vestfjarða sé vafasamt fyrirtæki. Ég held að Vestfirðirnir þurfi umfram allt annað að tengjast orkukerfi landsins og verða einn liður af orkukerfi landsins, enda hefur komið í ljós, þegar um það hefur verið fjallað, að þar þarf að gera stóra hluti til þess að Orkubú Vestfjarða hafi starfsgrundvöll. Um þetta mun þessi n. fjalla og síðan hæstv. ríkisstj. taka afstöðu til þess.

Erum við að gera þessari stofnun, Andakílsárvirkjun, nokkurn greiða ef við gefum undir fótinn með virkjun þar, en ákveðum svo e.t.v. innan skamms að sameina orkuframkvæmdir í eina landsveitu og tryggja þannig þá samræmingu, bæði í framkvæmdum og í rekstri, sem er ákaflega nauðsynleg? Sumir hafa að vísu sagt að þessa samræmingu *megi tryggja* með því að koma á samstarfi þessara fjölmörgu aðila, og ekki neita ég því að það má. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þetta verði langtum betur gert með því að fela einum aðila að gera till. um virkjunarstaði og sjá um rekstur. Þessi mál eru þess vegna í mótun og það væri rangt af okkur að fara að veita heimild til enn einnar virkjunar.

Hv. þm. sagði að Orkustofnun mælti með samþykkt frv. Það er ekki rétt. „Orkustofnun sér ekki neitt því til fyrirstöðu," segir í áliti Orkustofnunar, það er auðvitað töluvert annað en að mæla með því, er hins vegar búin að gera svo alvarlegar aths. að varla verður framhjá þeim gengið, eins og ég las hér upp áðan. Hv. þm. talaði mikið um það, að Orkustofnun gerði enga aths. við þá starfshætti Alþ. að veita heimildir. Skárra væri það nú! Við höfum ekki beðið Orkustofnun um aths. um starfshætti Alþ., og ég hugsa að því yrði heldur illa tekið ef opinber stofnun færi að gera opinberlega aths. við starfshætti Alþ. Það gerir hins vegar almenningur í vaxandi mæli og við þurfum kannske að líta einnig til þess. Alþ. hefur haft þann sið að veita heimildir nokkurn veginn eins og um hefur verið beðið, og Orkustofnun sér í þessu tilfelli ekkert því til fyrirstöðu að þeim starfsháttum verði áfram haldið. Við getum eflaust farið í kringum landið og fundið ótal virkjanir sem eru að öllum líkindum hagkvæmar. Við getum nefnt nokkuð margar, við hv. þm. í Vestfjarðarkjördæmi, sem við teljum að væri mjög gott að fá að virkja. Af hverju ekki að samþykkja þetta í einu lagi? Af hverju ekki að segja bara: Hæstv. *ríkisstj. er heimilt að virkja þar sem hún telur* hagkvæmt? Ég sé ekki mikinn mun á þeim starfsháttum. Við samþykkjum heimildir byggðar á gögnum sem okkar fremsta stofnun á þessu sviði segir að séu svo ófullkomin að þau séu ekki frambærileg með frv., sem lagt er fyrir Alþ., ef við samþykkjum þetta frv. Ég held að við getum alveg eins samþykkt eina slíka allsherjarheimild.

Hv. þm. sagði að við teldum þessa virkjun hagkvæma. Ég sagði áðan að ég teldi persónulega líklegt að þessi virkjun væri hagkvæm, og ég vil alls ekki andmæla því. Hins vegar eru þau gögn, sem fyrir liggja, svo takmörkuð að ég treysti *mér ekki til að meta* það svo að afgerandi sé. Ég tek undir það sem Orkustofnun segir um það: það verður ekki metið af þessum gögnum. En mér þykir margt benda til þess, þetta er rennslisvirkjun í á þar sem rennsli er tiltölulega jafnt, og oftast er það svo að slíkar virkjanir eru hagkvæmar. Hins vegar er alls ekki þar með sagt að slíkar virkjanir henti því samtengda kerfi sem við búum við í vaxandi mæli. Það má vel vera að hinu samtengda orkukerfi henti betur toppvirkjun, virkjun sem getur geymt orkuna, geymt vatnið og miðlað því til orkuframleiðslu á toppunum. Það koma fram efasemdir um það í þessum gögnum að rennslisvirkjun henti því samtengda kerfi sem við höfum núna. Við þurfum að athuga þetta. En um það liggja ekki fyrir upplýsingar, svo að ég leggi á það áherslu. Það getur vel verið að virkjunin ein út af fyrir sig sé hagkvæm. En er hún hagkvæm fyrir heildina? Er sem sagt svarað þeirri spurningu sem er í niðurlagsorðum Orkustofnunar, að áður en ráðist er í virkjun sé nauðsynlegt að athuga virkjun Kljáfoss með heildarhagkvæmni fyrir hið samtengda svæði fyrir augum? Það er þetta sem vantar.

Ég skal ekki orðlengja frekar. Ég vil leggja áherslu á það að lokum og bið menn að athuga það, að við erum hér ekki síst að ræða um þá skipan sem við viljum hafa á orkumálum. Ég hygg að við séum allir hér sammála um að það beri að stefna að samtengingu orkusvæðanna á landinu. Þeirri stefnu hefur verið fylgt. Við teljum kannske sumir að því hefði mátt hraða

meira. Við erum sammála um það í grundvallaratriðum. Við erum það vegna þess að með því móti stækkar orkumarkaðurinn, með því móti verður síður þörf á því að efna til stóriðju þegar virkjað er stórt í einum landshluta. Stór orkumarkaður og hraðvaxandi tekur þá fyrr við þeirri orku sem þannig er fáanleg. Það er mikil breyting í þessu fólgin t. d. að þessu leyti. Við erum einnig allir sammála um að það eigi að samræma framkvæmdir á þessu sviði. Við erum kannske ekki sammála um hvernig það eigi að gerast, en það er í athugun. Og ég vil ljúka þessum orðum með því að segja, að ég er þeirrar skoðunar að við gerum þessum aðila engan greiða með því að vera að samþykkja heimild og með því e. t. v. að lokka þennan aðila út í frekari rannsóknir, ef því kerfi, sem við búum við, verður kollsteypt innan skamms tíma.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessar umr. gefa mér tilefni til þess að minnast hér aðeins á nokkur meginatriði sem koma upp í hug minn.

Á því er enginn vafi, að þær skoðanir hafa verið og eru uppi hjá sumum, að æskilegust lausn á raforkumálum þjóðarinnar sé að reisa nokkrar stórvirkjanir og leiða rafmagn með háspennulínum um landið allt, og hagkvæmast muni vera að halda áfram að reisa stórvirkjanir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu þar sem við höfum nú Búrfellsvirkjun, sem kom í framhaldi af Sogsvirkjunum, Sigölduvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, og margir fleiri áliitlegir og hagkvæmir virkjunarmöguleikar eru á þessu svæði. Það má vafalaust leiða rök að því, eins og sumir hafa talið sig hafa gert, að hagkvæmast væri fyrir þjóðina í heild og landið allt að áfram yrði haldið að virkja á þessu svæði og það sæi landinu öllu fyrir rafmagni. Ég hef oft áður lýst þeirri skoðun minni, að ég er andvígur þessari stefnu og get ekki á hana fallist. Ég tel nauðsynlegt af mörgum ástæðum að virkja víðar og að dreifa virkjunum um landið. Auðvitað er það alger forsenda að þær virkjanir, sem reistar eru, séu hagkvæmar. En það eru margar ástæður sem liggja til þess, að ég tel að sú stefna, sem ég var að lýsa, sé réttari. Það er í fyrsta lagi öryggis vegna. Hvor leiðin sem farin er þarf auðvitað að leggja háspennulínur um landið allt til að tengja það saman, hvort sem það yrðu aðeins stöðvar á einu svæði, eins og Þjórsársvæðinu, eða margar virkjanir víðs vegar um land. Samtenging er nauðsynleg, hvor leiðin sem farin er. En ég tel hins vegar að það sé of mikið öryggisleysi fyrir stóra landshluta ef þeir ættu að byggja á rafmagni, sem leitt væri frá rafstöðvum á einu tilteknu svæði, og byggja á háspennulínum sem þurfa að liggja yfir fjalllendi þar sem allra veðra er von og miklir örðugleikar á því í illviðrum á vetrum, ef eitthvað bilar, að gera við og getur tekið kannske marga daga. Ég held að ef þessi leið yrði valin, þá mundi mörgum landsmönnum þykja þröngt fyrir dyrum stundum ef bilanir yrðu í háspennulínum, eins og því miður kemur alloft fyrir hér hjá okkur, og heilir landshlutar yrðu um hríð rafmagnslausir. M. a. af þessari ástæðu tel ég brýna nauðsyn að reisa virkjanir víðar, í öllum landsfjórðungum, í ýmsum byggðarlögum.

Annað atriði kemur hér einnig til. Sú stefna að halda áfram svo til eingöngu að reisa rafstöðvar á Þjórsársvæðinu leiðir einnig hugann að því, að við lifum í áhættu, það er áhættusamt land sem við búum í og þessar virkjanir eru á jarðskjálfta- og eldgosabelti, í rauninni við rætur Heklu. Þess vegna er í fyrsta lagi brýn nauðsyn að stefna að því og undirbúa það, að reist séu raforkuver annars staðar, utan þessa eldvirka beltis, og að því hefur verið unnið, m. a. með því að undirbúa virkjun í Fljótsdal, þ. e. a. s. Bessastaðaárvirkjun, og Blönduvirkjun sem hefur verið útbýtt í dag frv. um heimild til að virkja. Þessar virkjanir báðar eru utan þessa eldvirka svæðis og skapa því mikið öryggi.

Hingað til hefur það verið þannig, að Landsvirkjun hefur af myndarskap og að sínu leyti, eins og Sogsvirkjun gerði áður, undirbúið hagkvæmar virkjanir, og þegar að því kemur að þarf að ráðast í nýjar virkjanir til að koma í veg fyrir orkuskort, þá er í rauninni ekki um annað að ræða fullhannað eða tilbúið til ákvörðunartöku heldur en valkosti á svæði Landsvirkjunar. Ég hef lagt á það áherslu að undirbúningi annarra virkjana væri hraðað og nefni þar sérstaklega þessa tvo möguleika: Bessastaðaárvirkjun og Blöndu, þannig að þegar að því kemur að taka þarf ákvörðun um næstu stórvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun séu fleiri valkostir til heldur en þeir einir sem Landsvirkjun hefur að bjóða.

Ég hef nefnt hér tvenn rök: annars vegar öryggið í sambandi við háspennulínur yfir fjallgarða og mörg hundruð km og hins vegar í sambandi við eldvirk svæði. En að sjálfsögðu kemur fleira hér til. Það er byggðastefnan, það er jafnvægið í byggð landsins, það er tillitið til fólksins sem býr úti á landi. Auðvitað er það ákaflega mikilvægt frá byggðasjónarmiði að virkjanir séu allvíða um land, því að bæði skapar það mikla vinnu, meðan verið er að reisa þær virkjanir, og nokkra eftir að þær eru komnar í notkun. Auk þess er það mikilvægt fyrir héruðin að hafa virkjanir þar, en þurfa ekki að sækja allt til eins svæðis hér sunnanlands.

Ég hef stundum undrast það, að sumir þeir menn, sem mestan áhuga hafa á byggðastefnu og jafnvægi í byggð landsins, skuli komnir á þá skoðun, að meginatriðið í orkumálum landsins sé að byggja stórar virkjanir hér sunnanlands og leiða svo rafmagnið héðan til allra annarra landshluta. Því miður gætir þess nokkuð.

Í sambandi við öryggismálin er rétt að minnast á þá virkjun sem hér er rætt um, virkjun Hvítár í Borgarfirði eða Kljáfossvirkjun. Menn kynnu kannske að ætla að Vesturland ætti nú að búa við sæmilegt öryggi, þar sem það er ekki langt frá Þjórsársvæðinu þar sem þessar miklu og ágætu virkjanir eru. En sannleikurinn er sá, þegar nánar er skoðað, að hér er töluverð áhætta á ferðum. Vesturland nýtur Andakílsárvirkjunar, sem var hagkvæm virkjun og hefur reynst ákaflega vel. En hún nægir ekki fyrir þetta svæði og þess vegna þarf rafmagn héðan að sunnan. Það rafmagn er flutt m. a. með sæstreng yfir Hvalfjörð. Sá sæstrengur er nú orðinn gamall

og er talið, að ef bilun verður á honum geti það orðið mjög alvarlegt mál fyrir allt Vesturland. Einu sinni hefur slík bilun komið fyrir og mun hafa tekið a.m.k. tvær vikur að gera við þá bilun. Ef slíkt gerðist nú væri það mjög alvarlegt áfall fyrir almenning á Vesturlandi og fyrir allt atvinnulíf þar. Nú má segja að úr þessu verði væntanlega bætt fyrir lok þessa árs með nýrri línu fyrir Hvalfjörð. En þetta ástand, sem lengi hefur átt sér stað, bendir okkur á að við verðum að gæta okkar í þessum efnum, láta ekki heila landshluta byggja að verulegu leyti á löngum háspennulínum. Það er því ekki að furða þó að íbúar Vesturlands og m.a. forráðamenn Andakílsárvirkjunar hafi haft í huga hvaða virkjun væri álitleg á því landssvæði til viðbótar Andakílsárvirkjun.

Virkjun Kljáfoss í Hvítá er ekki ný af nálinni, því að það er komið nokkuð á annan áratug síðan undirbúningsrannsóknir hófust þar. Þetta mál hefur því verið alllengi á döfinni og rannsóknir farið fram og áætlanir gerðar. Slíkar áætlanir hafa verið endurskoðaðar oftar en einu sinni og ber allt að sama brunni, að hér sé um hagkvæma, álitlega virkjun að ræða. Ég tel því mjög eðlilegt og æskilegt að verða við óskum stjórnar Andakílsárvirkjunar og Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi að veita heimild til þessarar virkjunar. En það er eitt sem við þurfum að hafa í huga í þessu sambandi, hvað felst í heimildarlögum til virkjunar. Er með heimildarlögum verið að slá því föstu að ráðast skuli á næstunni í virkjun? Við skulum líta á Suðurland.

Í árslok 1976 var veitt virkjunarleyfi fyrir Hrauneyjafossi, rúmum 5 árum eftir að Alþ. hafði fyrir sitt leyti gengið frá þeim málum með því að samþykkja heimildarlög fyrir virkjun Hrauneyjafoss. M. ö. o.: Alþ. féllst á að veita heimild til að virkja Hrauneyjafoss árið 1971 og virkjunarleyfi er veitt rúmum 5 árum síðar. Vegna hvers? Það er vegna þess að gangur þessara mála hefur verið og verður væntanlega þessi, að þegar fyrir hendi er álitleg og hagkvæm virkjun, sem frumrannsóknir og einhverjar frekari rannsóknir hafa farið fram á, þá er málið talið það álitlegt að lagt er til að Alþ. veiti heimild. Síðan fer fram hönnun og þær rannsóknir sem þarf til viðbótar, og þegar fullnaðarrannsóknir og fullnaðarhönnun liggur fyrir tekur svo ríkisstj. ákvörðun um að beita þessari heimild sem Alþ. var búið að veita. Ég held að þess séu ekki dæmi að Alþ. samþykki heimildarlög nema að þess mati séu allar líkur til þess að um álitlega virkjun sé að ræða. Þess vegna ætla ég að alltaf séu, áður en Alþ. gengur frá slíkum málum, nokkrar undirbúningsrannsóknir og áætlanir. Og svo er um virkjun Kljáfoss, því að eins og ég gat um er það nokkuð á annan áratug sem þessar áætlanir og rannsóknir hafa átt sér stað. Hins vegar er ekki um að ræða fullnaðarrannsóknir eða fullnaðarhönnun fremur en var um Hrauneyjafoss á sínum tíma, þegar Alþ. samþykkti heimildarlögin, eða fremur en var t.d. um Bessastaðaárvirkjun þegar heimildarlögin voru samþykkt í des. 1974. Ég held að það sé byggt á misskilningi að Alþ. hafi verið sniðgengið varðandi leyfi fyrir Hrauneyjafossvirkjun, því að Alþ. hafði, eins og ég gat um, fyrir alllöngu samþykkt heimildarlög þar sem beinlínis var ráðgert að virkjunarleyfi yrði veitt á sínum tíma af ríkisstj. eða iðnrh. ef þróun mála yrði á þá lund.

Það má vera að einhverjir telji að hér eigi að breyta vinnubrögðum, sem alllengi hafa viðgengist á Alþ., og að ekki verði lögð fyrir Alþ. frv. um virkjunarheimildir fyrr en virkjun er fullhönnuð, þannig að hægt sé um leið að taka ákvörðun og þá yrði það væntanlega Alþ. sem tæki þá endanlegu ákvörðun í stað ríkisstj. Ég held hins vegar að þau vinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð, séu eðlileg, að þegar mál eru komin á það stig að rannsóknir og áætlanir benda til að virkjun sé álitleg og hagkvæm, þá sé málið lagt fyrir Alþ. og farið fram á heimild. Ef hún er veitt, þá er þar komin nokkurs konar viljaeða stefnuyfirlýsing af hálfu Alþ. um að áfram skuli haldið þessum undirbúningi, og ef svo fer að endanleg hönnun og endanlegar áætlanir staðfesta þessar fyrri rannsóknir, þá veiti ríkisstj. virkjunarleyfi. Vitanlega getur alltaf eitthvað komið fyrir, eitthvað óvænt, sem verður til þess að rétt þyki að hætta við þau virkjunaráform og ráðast ekki í þá virkjun. En ég held að þessi vinnubrögð séu ekki óeðlileg. Ég tel því mjög eðlilegt að verða við þeim óskum sem fram hafa komið um heimild til virkjunar Kljáfoss.

Hv. 7. landsk. þm. minntist í þessu sambandi á raforkumál austfirðinga, og ég tel vegna þeirra ádeilna, sem komu fram í hans máli, rétt að rekja hér aðeins hvernig þessi mál standa.

Síðasti áfanginn eða nýjasti í virkjunarmálum Austurlands er virkjun Lagarfljóts eða Lagarfoss og var virkjunarleyfi veitt árið 1971 — eða líklega hefur það verið haustið 1970 sem virkjunarleyfið var veitt. Þeirri virkjun var svo lokið á s.l. ári. En sú virkjun er ekki stærri en svo, að enn er þar tilfinnanlegur raforkuskortur. Þessi voru viðhorfin, þegar stjórnarskiptin urðu haustið 1974. Það var horft fram á alvarlegt ástand, orkuskort á Austurlandi. Síðan hefur gerst tvennt: Annars vegar er brugðið við og orðið við óskum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haustið 1974 um að samþykkja heimildarlög fyrir virkjun Bessastaðaár, og voru þau lögfest í des. 1974, eins og ég gat um. Síðan hafa farið fram frekari rannsóknir. Þessi heimildarlög voru byggð á forrannsóknum sem bentu til þess að hér væri um álitlega virkjun að ræða, fyrst og fremst vegna hins geysilega háa falls sem þar væri fyrir hendi. Síðan hefur verið unnið að rannsóknum og áætlunargerð um þetta.

Það er misskilningur hjá hv. 7. landsk. þm., að Bessastaðaárvirkjun standi þannig að hún bíði aðeins ákvarðanatöku ráðh. Þetta er ekki rétt. Rafmagnsveitum ríkisins var falinn allur undirbúningur að Bessastaðaárvirkjun eftir að lög höfðu verið samþykkt um heimild til hennar. Að sjálfsögðu er um þessi mál eins og önnur haft samband við Orkustofnun. Það er álit beggja þessara stofnana að málið sé í dag ekki tilbúið til ákvarðanatöku, og á fundi, sem ég átti bæði með orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra ríkisins nú alveg nýlega, þá staðfestu þeir þetta, að það þyrfti vissar athuganir áður en hægt væri að taka ákvörðun um þá virkjun. Þetta vil

ég undirstrika hér, vegna þess að það hefur nokkuð verið breitt út og nú komið hér á framfæri í þingsölum af hv. 7. landsk. þm., að það standi aðeins á ákvörðun af minni hendi eða ríkisstj. Þetta er sem sagt ekki rétt.

En það, sem gerst hefur í tíð núv. ríkisstj. í orkumálum Austfjarða, er auðvitað fyrst og fremst þetta að samþykkt hafa verið heimildarlög um þessa virkjun í samræmi við einróma óskir manna þar eystra eða Sambands rafveitna á Austurlandi. Síðan hefur verið unnið að þessum undirbúningi, og ég vænti þess að málið fari senn að komast á það stig að hægt sé að taka ákvörðun. En um leið hefur einnig verið unnið að því að undirbúa háspennulínu frá Norðurlandi til Austurlands, og á þessu ári er ætlað að verja 500 millj. kr. til þessarar austurlínu, en þegar er að mestu búið að hanna hana og undirbúa. Þegar hvort tveggja er komið í höfn, Bessastaðaárvirkjun og háspennulína frá Norðurlandi til Austurlands, þá má segja að raforkumálum Austurlands sé sæmilega borgið, og þannig þarf að vera í sem flestum landshlutum, að sé hvort tveggja virkjun í héraðinu eða virkjanir í héraðinu og auk þess háspennulína til að tengja saman landshlutana.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths., reyndar leiðrétting við það sem hæstv. ráðh. sagði áðan.

Það fer fjarri því að ég hafi fullyrt að þetta lægi þannig fyrir að hægt væri að taka ákvörðun. Ég sagði áðan, að þeir aðilar, sem hafa unnið að þessum málum, fyrirtæki sem þarna hefur unnið að, þeir aðilar teldu að það væri þannig búið að að vinna að nokkurn veginn fullnaðarhönnun lægi fyrir. Það eru þeir aðilar sem hafa fullyrt þetta, og ég tek töluvert mark á þeim, þótt það kunni vel að vera að þeim skjátlist í þessu atriði og þeir fari þar með rangt mál. (**Iðnrh.**: Er nú ekki rétt að byggja á því, sem rafmagnsveitustjóri ríkisins segir, hann er yfirmaður og framkvæmdastjóri rafmagnsveitnanna sem hafa þetta mál með höndum?) Jú, það kann að vera að það sé meira að marka. En ég vildi nú kannske leggja þá nokkurn veginn að jöfnu, þessa tvo aðila, því að þessir aðilar, sem þarna er um að ræða, hafa unnið mjög vel að þessu og höfðu að hluta til með forrannsóknirnar að gera einnig, þannig að ég hef tekið og viljað taka töluvert mark á þeim einnig í þessu sambandi. Hitt er rétt, að þarna greinir þessa aðila á. En það, sem ég vakti athygli á hér áðan, var fyrst og fremst það, að þessi aðili fullyrðir það, að þannig standi mál, og þarna er í raun og veru um að ræða fullyrðingu gegn fullyrðingu. (**Iðnrh**: *Má ég spyrja, hvaða aðili er það?*) Þetta er Hönnun hf., sem hefur þarna unnið að, aðilar frá þeim. Og það hefur ekki verið breitt út neitt um það, að þetta lægi fyrir á þann hátt, nema þá frá ýmsum þessara aðila, sem þarna hafa að unnið og hafa viljað um það fullyrða, að þetta lægi ljósar fyrir heldur en Rafmagnsveitur ríkisins hafa fullyrt. Það er þessi aðili, sem ég vitna þarna í að hafi talið þessi mál lengra komin en e.t.v. kann að vera að rétt sé.

Ég skal lýsa yfir fullu fylgi mínu, eins og ég hef alltaf gert, við þá samtengingu sem hér er um að ræða milli orkukerfisins í heild og Austurlandsins og það ber sannarlega að fagna henni. Ég kom ekki inn á það áðan, en hæstv. ráðh. vék að því, og það er auðvitað gert með fullu samþykki okkar. Og ég tek ekki undir þær ádeilur, sem hafa komið núna upp á síðkastið austan að hvað það snertir, að við eigum að neita ölmusurafmagni að norðan, eins og það hét í ályktun frá þeim austfirðingum nýlega.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð til viðbótar að gefnu tilefni. Hæstv. iðnrh. gerði áðan grein fyrir þörf hinna einstöku landshluta og byggðarlaga fyrir grunnaflstöðvar þannig að byggðarlögin þurfi ekki að reiða sig eingöngu á háspennulínur um langan veg og oft og tíðum víða yfir fjallvegi á þessu stormasama og ísingarsama landi. Undir þetta viðhorf hans vil ég taka. Mér finnst liggja í augum uppi, að þörf er á því að sem flest byggðarlög fái slíkar grunnaflstöðvar í öryggisskyni. Aftur á móti vil ég vekja athygli á því, er hæstv. ráðh. gerði grein fyrir háspennulínunum sem liggja munu nú innan skamms um Suðvesturland, þá liggja þær ekki aðeins frá suðri um Vesturland til norðurs, heldur liggja þær, svo sem eðli línunnar jafnan er, sömu leið til baka. Og það er nú ætlan okkar ýmissa að Norðurland verði á næstu missirum aflögufært um rafmagn til að selja suður á bóginn líka þessa sömu leið, þannig að öryggi Suðvesturlands verður þarna raunverulega tvöfalt þar sem möguleiki verður á því að fá raforku bæði af Suðurlandinu, frá Landsvirkjunarsvæðinu, og einnig að norðan um þessa sömu háspennulínu. Og því vil ég trúa, hvað sem hrakspám líður, að Kröfluvirkjun verði aflögufær á næstu missirum um slíka orku að þaðan sé hægt að selja raforku til Suðvesturlandsins eftir þessari háspennulínu.

Hv. þm. og frsm. meiri hl. iðnn. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, vék því að okkur, sem stöndum að áliti minni hl. n., eins og honum hefði skyndilega komið það til hugar, að um fleira mætti nú ræða en stórvirkjanir og stóriðju. Ég er næstum því alveg viss um að hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni hefur ekki komið til hugar raforkuþörfin á Suðvesturlandi þegar hann greiddi atkv. með málmblendiverksmiðjunni í Hvalfirði sem á að taka u.þ.b. sexfalda þá orku til sinna nota sem nú er rætt um að heimilað verði að virkja í Kljáfossi skv. máli því er hér liggur fyrir til umr.

Ég leyfði mér áðan í fyrri ræðu minni að orða það svo, að gengið hefði verið fram hjá Alþ. þegar ríkisstj. notfærði sér 5 ára gömul heimildarlög nú um áramótin, öllum á óvart, til þess að leyfa virkjun Hrauneyjafoss. Ég biðst afsökunar á því, að ég skyldi komast þannig að orði að misskilja mætti á þá lund að hér hefði ríkisstj. gerst sek um lögleysu. Það var ekki meining mín. En einmitt sú staðreynd að ríkisstj. getur notfært sér 5 ára gömul heimildarlög við gjörbreyttar aðstæður og með þeim hætti m.a. bundið landsmönnum efnahagslegar skuldbindingar, sem

ættu að koma til kasta Alþ., — einmitt þessi staðreynd er ein af þeim sem við notum til rökstuðnings því áliti okkar að nú eigi að breyta um vinnubrögð og að heimildarlög af þessu tagi fram í tímann geti verið hættuleg. Ég vil vitna til þess til staðfestingar því, sem ég segi um efnahagslega bagga og skuldþindingar sem þessari ákvörðun fylgja, að hæstv. iðnrh. hefur sjálfur opinberlega nefnt þann möguleika til ráðstöfunar á orkunni, sem frá Hrauneyjafossi á að koma, að hún renni til þriðja kerskála Alusuisse í Straumsvík, og mér vitanlega hefur hæstv. Alþ. ekki fallist á neinn þriðja kerskála við Straumsvík hjá Alusuisse. Það hvarflar ekki einu sinni að mér að hæstv. ráðh. vilji að slík ráðstöfun verði gerð gegn vilja Alþ. eða án fengins samþykkis Alþ., en ég sé ekki betur en einmitt með því að heimila virkjun Hrauneyjafoss án þess að þegar sé tekin um það ákvörðun fyrir fram til hvers sú orka skuli vera notuð, þá sé verið að binda hendur Alþingis.

Ég vil vekja athygli á því, að þingfl. Alþb. hefur þegar lagt fram þáltill. í þá veru að breytt verði um stefnu í þessum málum, og að því vikið að ákvörðunin um virkjun Hrauneyjafoss verði tekin til endurskoðunar þangað til búið verði að sjá fyrir eðlilegum markaði fyrir orkuna, sem þaðan fæst, til eðlilegra innanlandsnota.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess út af ummælum hv. þm. að taka það skýrt fram, að leyfi fyrir virkjun Hrauneyjafoss er ekki byggt á þeirri forsendu að þriðji kerskáli verði byggður við álverið í Straumsvík. Þó að þessi þriðji kerskáli yrði ekki reistur á næstu árum var engu að síður nauðsynlegt að veita leyfi fyrir Hrauneyjafossvirkjun. Ástæðan er sú, að orkuspár benda til þess að um eða upp úr 1980 verði fullnýtt fyrst afl og síðar orka bæði Sigölduvirkjunar og Kröfluvirkjunar, þannig að eftir 4 ár þurfi ný virkjun að vera tekin til starfa vegna almenningsnotkunar og vegna atvinnuveganna sem nota meira og minna rafmagn sem kunnugt er. M. ö. o.: leyfi fyrir virkjun Hrauneyjafoss var nauðsynlegt þó að engin ný stóriðja eða stækkun álversins kæmi til. Hins vegar er það svo, að nú er nauðsynlegt fyrir okkur, ef við viljum ekki vera dæmdir til að lifa í sífelldum orkuskorti, að reisa orkuver af þeirri fyrirhyggju að það sé nokkuð við vöxt og nægi til þess að taka á móti aukinni orkunotkun almennings og atvinnuveganna um nokkurra ára skeið frá því að virkjunin tekur til starfa. Ég ætla að bæði þegar Írafossvirkjun í Sogi og annar áfangi Laxárvirkjunar tóku til starfa á árunum milli 1950 og 1960, þá væru báðar þessar virkjanir þannig við vöxt. Þær voru ekki fullnýttar um leið og þær tóku til starfa, heldur entust þær í 6—7 ár a. m. k. Þetta sjónarmið verðum við auðvitað að hafa í huga og við verðum að kveða niður þá villukenningu, sem því miður verður stundum vart nú í dag í umr. um raforkumálin, að við eigum aldrei að virkja stærra en svo að virkjunin sé fullnýtt um leið og hún tekur til starfa. Það er auðvitað að dæma íslensku þjóðina til ævarandi orkuskorts ef þeirri villukenningu væri fylgt. Ef hins vegar yrði ákveðið að stækka álverið í Straumsvík þannig að þriðji kerskálinn yrði byggður til viðbótar, þá mundi það auðvitað þýða að kaupa yrði og koma fyrir þriðju vélasamstæðu í Hrauneyjafossvirkjun fyrr en ella. Eins og kunnugt er var nú veitt virkjunarleyfi fyrir tveimur vélasamstæðum, hvorri 70 mw. eða 140 mw. samtals, en í áætlun um þessa virkjun er gert ráð fyrir að mögulegt sé að bæta við síðar þriðju vélasamstæðunni, líka 70 mw. Þetta vildi ég láta koma hér skýrt fram, að leyfi fyrir virkjun Hrauneyjafoss er ekki byggt á þeirri forsendu að þriðji kerskálinn í álverinu verði byggður, heldur var þetta leyfi nauðsynlegt vegna almennrar notkunar.

Ragnar Arnalds: Já, herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls við þessa umr., en vegna síðustu orða hæstv. iðnrh. sé ég mig til knúinn að gera nokkrar aths. við hans mál.

Ég hjó eftir því, að hann lýsti yfir að uppi væru tvær stefnur í raforkumálum hér á landi: Önnur stefnan væri að byggja flestar stærstu virkjanirnar á svæðinu í kringum Þjórsá og reisa síðan háspennulínur sem flyttu orku þaðan vítt og breitt um byggðir landsins. Hin stefnan væri að gera ráð fyrir því, að þó að samtenging raforkukerfisins ætti sér stað væri jafnframt um að ræða grunnaflsvirkjanir sem reistar væru í hverjum landsfjórðungi.

Ég vil lýsa því yfir, að ég tel að þeir séu ekki margir sem halda því fram að hin fyrri stefna, sem hæstv. ráðh. lýsti, eigi rétt á sér, þó að þeir kunni að vísu að vera til og þá ekki hvað síst meðal forsvarsmanna raforkukerfisins hér á höfuðborgarsvæðinu. A. m. k. get ég lýst því yfir hvað minn flokk snertir, Alþb., að við erum eindregið samþykkir hæstv. iðnrh. hvað það snertir, að æskilegt og nauðsynlegt er að reisa grunnaflsvirkjanir í hinum ýmsu landshlutum jafnframt því sem samtenging raforkukerfisins á sér stað. En munurinn á stefnu okkar annars vegar og stefnu hæstv. iðnrh. hins vegar í orkumálum er sá, að við viljum að virkjanir séu byggðar með hliðsjón af væntanlegri raforkuþörf, að vitað sé nokkurn veginn með vissu hvað ætlunin sé að gera við þá orku sem fæst úr virkjunum sem ákveðið er að byggja. Ég tel að það dæmi, sem hann nefndi hér áðan, þ. e. a. s. ákvörðunin um Hrauneyjafossvirkjun, sé einmitt dæmi um það hvernig rangt er að farið í þessum efnum þar sem tekin er ákvörðun um stórvirkjun án þess að fyrir liggi nokkrar áætlanir um hvernig orkunni verði varið.

Hæstv. ráðh. lét þess getið, að ekki væri skynsamlegt að gera ráð fyrri því að orka virkjunar væri fullnýtt þegar eftir að virkjunin hefði verið byggð, og þetta er að sjálfsögðu laukrétt hjá hæstv. ráðh. Hitt er allt annað mál, að æskilegt er að vita, á hve mörgum árum ætlunin er að virkjunin verði fullnýtt, og reyna að haga ákvörðunum í einhverju samræmi við orkumarkaðinn. Það liggur ekkert fyrir um það, hvort ætlunin er að Hrauneyjafossvirkjun nýtist fyrst og fremst á Landsvirkjunarsvæðinu eða hvort hún

á að nýtast landinu öllu. Af orðum hæstv. ráðh. virðist mega ætla að aðeins verði um Landsvirkjunarsvæðið að ræða vegna þess að hann leggur svo þunga áherslu á að byggðar verði grunnaflsvirkjanir í öðrum landshlutum. En gerir þá hæstv. ráðh. sér grein fyrir því, að miðað við almenna notkun á Landsvirkjunarsvæðinu fullnýtist ekki orka Hrauneyjafoss fyrr en að 12 árum liðnum? Það tekur tólf ár að nýta orku þessarar virkjunar, og er þá óeðlilegt þó að spurt sé hvort það sé virkilega ætlunin að fara í virkjun Hrauneyjafoss með þetta í huga, að það taki 12 ár að nýta hana? Er ekki eðlilegt að menn gruni og það með ærnum rökum að annað búi á bak við, að með þessu sé ætlunin að fara út í virkjun, sem hlýtur að tengjast stóriðjuframkvæmdum, og koma til Alþ. eftir eitt eða tvö ár og segja: Þessi virkjun var útilokuð, eins og hver maður hlýtur að sjá nema sala til stóriðju ætti sér stað? Þetta er greinilega það sem nú er verið að undirbúa. Það er verið að undirbúa jarðveginn þannig, að Alþ. og alþm. sjái sig til neydd að taka ákvörðun um stórsölu frá þessari virkjun að nokkrum árum liðnum.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að það væri ljóst að orka Kröfluvirkjunar og orka Sigölduvirkjunar yrði fullnýtt á árabilinu 1980—1981, og ekki skal þessu mótmælt. Þetta er laukrétt hjá ráðh. En það þýðir ekki endilega að þá komi engin önnur virkjun til greina þar næst á eftir en Hrauneyjafossvirkjun. Benda má á það, að Bessastaðaárvirkjun gæti verið tilbúin til notkunar jafnsnemma og Hrauneyjafossvirkjun og því ekkert því til fyrirstöðu að sú virkjun yrði næst í röðinni. Eins er um Villinganesvirkjun í Skagafirði. Hún er svo til fullhönnuð og tekur tiltölulega skamman tíma að reisa hana. Í raun og veru væri ekkert því til fyrirstöðu að þessar tvær virkjanir yrðu þær næstu sem ráðist yrði í, þannig að komið yrði í veg fyrir orkuskort á samtengdu svæði Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Austurlands.

Það er bersýnilegt að ákvörðunin um Hrauneyjafoss er tekin með hliðsjón af þeim áformum að ráðist verði í nýtt stóriðjuævintýri hér syðra. Þessu til viðbótar kemur svo það áform hæstv. ráðh. að ráðast í Blönduvirkjun, sem lýsir sér í nýframlögðu frv. um það efni, en eftir því sem orkuspáin, sem birt er með því frv., segir til um, er að sjálfsögðu útilokað að nokkur þörf geti verið fyrir Blönduvirkjun eftir að Hrauneyjafossvirkjun með 210 mw. og 925 gwst. er komin í gagnið, fyrr en að mjög löngum tíma liðnum. Þar virðist einnig vera að verki áform um stóriðju enda þótt ekki fáist upp gefið hver þau áform séu.

Ég skal ekki reyna meira á þolinmæði herra forseta, vegna þess að ég veit að hann mun nú fljótlega fara að slíta fundi. Ég vil bara eindregið að loknum þessum hugleiðingum mínum um orkumálin almennt lýsa yfir stuðningi við þá till. sem minni hl. hæstv. iðnrn. gerir við afgreiðslu þessa máls, að þessu máli verði vísað til ríkisstj., vegna þess að mér þykir einsýnt að það verði að skoða miklu betur en gert hefur verið hvernig ætlunin er að haga stefnunni í orkumálum og nýtingu þeirrar orku, sem fyrir liggur og áformað er að fá á næstunni, áður en nýjar ákvarðanir um virkjanir eru teknar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 61. fundur.

Mánudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 291). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 407).

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 386). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 386 flyt ég frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar á þá leið, að g-liður í 1. málsgr. 16. gr. l. verði felldur niður. Í þessu ákvæði er svo ákveðið, að atvinnuleysisbætur skuli ekki greiðast þeim sem á maka sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum daglaunataxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Hér er um að ræða tæpar 1500 þús. kr. Í raun bitnar þetta ákvæði ekki nema á giftum konum því konur með eigin atvinnutekjur, sem ná þessu tekjumarki, munu fáséðar í þessu þjóðfélagi og því er það svo í raun, að tekjur eiginkvenna hafa ekki áhrif á atvinnuleysisgreiðslur til eiginmanna þeirra. Ég vek athygli á því, að skv. þessu ákvæði er konan svipt atvinnuleysisbótum með öllu hafi maður hennar þessar viðmiðunartekjur. Þar er ekki um að ræða neina stiglækkun eða hlutfallssamanburð. Einar 50 þús. kr. fyrir ofan eða neðan við mörkin ráða alveg úrslitum.

Athygli mín var fyrst vakin á þessu ranglæti þegar það gerðist að heil stétt kvenna varð atvinnulaus þegar Mjólkursamsalan lokaði búðum sínum og konur, sem áður höfðu unnið þar, urðu að leita sér annarrar atvinnu. Þá var haft samband við mig vegna þeirra tilfella að sumar þessara kvenna nutu engra atvinnuleysisbóta. Ég get nefnt hér tvö dæmi sem ég þekki og mér var bent á. Önnur konan hafði unnið hjá Mjólkursamsölunni í 18 ár, og þegar hún ætlaði að leita atvinnuleysisbóta fékk hún engar þar eð eiginmaður hennar hafði tekjur yfir tekjumörkin á bilinu eitthvað milli 200 og 300 þús. kr. Það hlýtur að teljast ranglæti þegar konu, sem hefur unnið í nær tvo áratugi og stendur svo uppi atvinnulaus, er neitað um atvinnuleysisbætur líkt og hún hefði einskis í misst. Hin konan,

sem ég veit um, missti líka atvinnu sína vegna lokunar mjólkurbúðar. Hún fékk atvinnuleysisbætur og þóttist heppin því eiginmann hennar vantaði 50 þús. kr. upp á tekjumörkin. Ég held að þetta sýni gífurlegt misræmi milli heimila.

Þá er vitað að þetta skerðingarákvæði bitnar helst á sjómannskonum, og ég held að við getum verið sammála um að það sé ranglátt að sú stétt verði fyrir missi fremur en aðrar vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem þar á heimilum ríkja.

Eins og ég sagði áðan, þá hefur þetta ákvæði í för með sér ranglæti innbyrðis milli launþega. En hér er líka önnur hlið á sem vert er að hafa í huga. Einstaklingur fær atvinnuleysisbætur óskertar án tillits til þess hvaða tekjur hann hefur sjálfur haft á árinu. Það mælir ekkert gegn því að einstaklingur fái greiðslur úr sjóðnum þó hann hafi haft tvöföld tekjumörk vikurnar eða mánuðina áður en hann varð atvinnulaus.

Auk þess að hér er nauðsyn að leiðrétta misréttið, þá hlýtur það að teljast í samræmi við nútímaviðhorf að litið sé á hjón sem tvo einstaklinga. Greiðslur í sjóðinn eru greiddar á einstaklingsgrundvelli. Þær eru miðaðar við vinnutíma einstaklings, og hefur hjúskaparstétt eða tekjur maka engin áhrif þar á. Það er því óeðlilegt að einstaklingur sé öllum öðrum skilyrðum uppfylltum sviptur bótum með öllu. Og af því að þetta bitnar á konum, giftum konum, þá ýtir það undir viðhorf sem er algjörlega úrelt, það viðhorf að konan sé á framfæri og vinnutekjur hennar hafi ekki verið til framfærslu henni sjálfri né heimili hennar, heldur aðeins aukatekjur sem skipti engu máli hvort hún og heimili hennar nýtur eða ekki. Það fer ekki hjá því að þetta grafi undan sjálfsvirðingu hennar sem vinnandi manns. Henni hlýtur að finnast sem þjóðfélagið meti vinnu hennar lítils eða einskis.

Þá hefur það orðið ljóst að undnaförnu, að skerðingarákvæði þetta hefur áhrif á fæðingarorlofsgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Í því tilfelli hlýtur einnig að vera óeðlilegt að greiðslur ákvarðist af tekjum maka. Greiðslur vegna fæðingarorlofs eru til þess að bæta upp tekjumissi móðurinnar, gera henni kleift að vera heima hjá nýfæddu barni sínu án þess að hún þurfi að hafa áhyggjur af fjárhagsörðugleikum eða neyðast þess vegna til að fara út til starfa fyrr en ella.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt var þessu skerðingarákvæði ekki beitt á árinu 1976 og þetta skerðingarákvæði mun því ekki hafa bitnað á mjög mörgum konum. Því held ég að rétt sé að þær konur, sem hafa lent í þessu skerðingarákvæði síðan um áramót, ættu að fá gagnverkandi rétt, og því hef ég lagt til í ákvæði til bráðabirgða að þær konur, sem synjað hefur verið um greiðslur vegna þessa ákvæðis sem hér er til umr., skuli fá fullan rétt til fæðingarorlofs.

Eins og hv. þm. er kunnugt fá konur ekki nema um 70% af fjórða taxta Dagsbrúnar í fæðingarorlof og því ekki full laun endurgreidd meðan fæðingarorlof stendur yfir, og er varla á skerðinguna bætandi.

Ég ætla ekki hér að rifja upp þær umr. sem urðu vorið 1975, þegar það var ákveðið með lögum að fæðingarorlof skyldi greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. En ég hygg að þetta sýni að Alþ. hefði þurft að taka sér lengri tíma til þess að skoða lögin sjálf. Umr. snerust að mestu um það, hvort fjármagna skyldi fæðingarorlof á þennan hátt eða á annan hátt. En af þeim umr., sem ég man eftir, virtist enginn hv. þm. hafa athugað það, að fæðingarorlofsgreiðslur gætu ekki með góðu móti og án meiri breytinga á lögunum fallið þarna inn í.

Ég hygg að ef farið yrði í saumana á lögum um atvinnuleysistryggingar, þá séu í rauninni fleiri ákvæði en þetta sem hindri greiðslur fæðingarorlofs á þann veg sem við hugsum okkur að þær eigi að fara fram. Mér dettur t. d. í hug í sambandi við að nú er óróa fram undan á vinnumarkaði, að þá væri t. d. fróðlegt að fá að vita hvort þær konur, sem kynnu að lenda í verkfalli, yrðu þess vegna sviptar fæðingarorlofi. Ég vona, að hv. alþm. íhugi hve alvarlegar afleiðingar það kynni að hafa fyrir móður og barn og hve alvarlegar afleiðingar sem það kynni að hafa fyrir verkalýðshreyfinguna í heild. Hér er stórt mál sem ég ætla ekki að fjölyrða um nánar, en Alþ. verður vissulega að taka afstöðu til.

Fyrir hinu háa Alþ. liggur annað frv., sem gengur að því leyti skemur að það gerir ráð fyrir að þetta skerðingarákvæði verði eingöngu afnumið vegna kvenna sem þiggja fæðingarorlof. Þetta frv. er auðsjáanlega til komið vegna þeirra vinnubragða sem höfð voru á Alþ. vorið 1975. Hér eru raunar tvö atriði, sem flm. þessa frv. leggja til, að leiðrétt verði. Þeir leggja til að almannatryggingar skuli ekki hafa áhrif á fæðingarorlofsgreiðslur. Á þetta ákvæði get ég fallist. En ég tel að sú n., sem fær þessi frv. til meðferðar, gæti samræmt þessi frv., og ég hygg líka að n. beri skylda til í þetta sinn að grandskoða lög um atvinnuleysistryggingar til þess að við þurfum ekki að standa frammi fyrir því á næsta þingi að laga enn eitt atriðið vegna þess að það skerði fæðingarorlof.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum að hafa mál mitt stutt, en ég átti von á því að hæstv. utanrrh. yrði hér til þess að hlýða á fsp. sem ég vildi beina til hans.

S. l. fimmtudagskvöld, hinn 17. þ. m., flutti Ríkisútvarpið stuttorða frétt sem hlaut að vekja nokkra athygli. Heimildarmaður að fréttinni var Karl Steinar Guðnason í Keflavík. Fréttin var á þessa leið:

„Í dag kom 30 lesta vélbátur, Aðalbjörg HU-25, í Keflavíkurhöfn og tók 15 lestir af sprengiefni frá varnarliðinu. Sprengiefni þessu á að eyða með því að sökkva því í sjó út af svonefndum Hraunum."

Næsta kvöld, 18. þ. m., flutti Ríkisútvarpið aðra frétt um málið og var heimildarmaður Þórður Ásgeirsson skrifstofustjóri í sjútvrn. Sú frétt var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í gær var skýrt frá því í fréttum útvarps, að Aðalbjörg HU-25, 30 lesta vélbátur, hefði komið til Keflavíkur og tekið 15 lestir af sprengiefni frá varnarliðinu, sem ætlunin hafði verið að sökkva í sjó út af svonefndum Hraunum. Lögum skv. er óheimilt að losa í sjó frá íslenskum skipum ýmis efni, þ. á m. sprengiefni. Sjútvrn. leitaði því í dag til varnarmáladeildar utanrrn. og bað deildina að krefjast skýrslu frá varnarliðinu um það, hverju hefði verið varpað í sjóinn. Skýrslan liggur ekki fyrir, en varnarmáladeildin skýrði sjútvrn. svo frá, að þarna hefði ekki verið um sprengiefni að ræða, heldur málmhólka utan af skotfærum. Engin lög mæla gegn því að slíkum hólkum sé fleygt í sjó."

Þriðja frétt Ríkisútvarpsins um mál þetta kom svo í hádegisfréttum á laugardag og var heimildarmaður Svend Aage Malmberg haffræðingur. Þar sagði svo:

„Í fréttum útvarpsins í gærkvöldi var sagt frá ferð vélbátsins Aðalbjargar HU-25 út á Faxaflóa, sem farin var í fyrradag til að losa drasl frá varnarliðinu í sjóinn. Efnislega mátti skilja fréttina þannig, að ekkert væri við slíkt að athuga og þar væri farið að lögum þar sem ekki væri um sprengiefni að ræða. Svend Aage Malmberg haffræðingur hafði samband við fréttastofuna í morgun og fullyrti að þetta væri á einhverjum misskilningi byggt þar sem losun í sjóinn frá skipum er háð eftirliti yfirvalda hverju sinni, hvaða efni sem í hlut á. Af þessu tilefni vildi hann vekja athygli á því, að íslendingar séu aðilar að svonefndum Oslóarsáttmála um eftirlit með losun í Norður-Atlantshaf. Í sáttmálanum er í þremur greinum fjallað um efnin sjálf og aðferðir við leyfilega losun sumra þeirra. Í 1. gr. eru talin upp þau efni, sem algjört bann liggur við að losa í sjó. Í 2. gr. eru talin upp efni, sem losa má í sjó gegn leyfi viðkomandi yfirvalda að fullnægðum vissum skilyrðum. Meðal þessara efna eru arsenik, blý og aðrir þungir málmar, svo og hvers kyns skordýraeitur. Í þessum flokki eru einnig umbúðir, eins og þynnur, olíuföt og steypublokkir og annað drasl, sem getur valdið tjóni á grunnmiðum, bæði á hafsbotni og í veiðarfærum við skipshlið og innan borðstokks. Tekið er fram að síðastnefndu hlutina skuli ávallt losa á svonefndu djúpsævi. Djúpsævi er síðan skilgreint nánar, sem er a. m. k. á 200 m dýpi og 150 sjómílur frá næsta landi, og þarf báðum skilyrðum að vera fullnægt. Í 3. gr. Oslóarsáttmálans er til frekara öryggis fjallað um ýmsar aðstæður sem taka ber tillit til ef leyfi er veitt til losunar í sjó. Þ. á m. er eðli efnanna og magn, haffræðiatriði á viðkomandi slóð og hvernig losunin skuli fara fram."

Því má bæta við, að Oslóarsáttmálinn hefur verið staðfestur sem lög frá Alþingi.

Fjórða og síðasta frétt Ríkisútvarpsins um málið, örstutt, kom þar í 10-fréttunum á laugardagskvöld. Hún var þannig:

„Siglingamálastofnun ríkisins mun eftir helgina rannsaka hvers konar úrgangi bandarískt herinn lét sökkva í sjó í Faxaflóa nú fyrir helgina í trássi við lög og reglugerðir og án þess að tilkynna íslenskum yfirvöldum."

Við lestur þessara fjögurra frétta vakna óneitanlega ýmsar spurningar sem ég vil biðja hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. raunar líka að hugleiða, enda þótt þeir séu e. t. v. ekki viðbúnir að svara þeim öllum nú á þessari stundu.

Í fyrsta lagi: Er það svo, eins og nærri liggur að álykta, að hvorki ábyrgðarmönnum í sjútvrn. né í varnarmáladeild utanrrn. sé nægilega kunnugt um ákvæði Oslóarsáttmálans um eftirlit með losun eiturefna og úrgangsefna í Norður-Atlantshaf?

Í öðru lagi: Hefur láðst að gera amerískа setuliðinu grein fyrir þeim reglum sem þar um gilda, eða eru ráðamenn þar vísvitandi að brjóta lög?

Í þriðja lagi: Hvernig er af Íslands hálfu háttað eftirliti með þeim mikla og margvíslega úrgangi sem Bandaríkjaher á Keflavíkurflugvelli telur sig þurfa að losna við?

Og síðast en ekki síst: Hefur hæstv. utanrrh. ákveðið að láta kanna þetta ákveðna tilvik sem hér um ræðir? Hefur hann e. t. v. gert það nú þegar, eða hyggst hann gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að herliðið dreifi eftirlitslaust úrgangi sínum, margvíslegum úrgangi og margvíslegum óþrifum af ýmsu tagi, um landið eða í hafið við strendur þess?

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. lét mig vita um þessa umr. utan dagskrár í morgun, og er ég honum þakklátur fyrir það og tel að þannig eigi að standa að málum þegar menn telja sig þurfa að koma að málum utan dagskrár. Ég féllst að sjálfsögðu á að reyna að svara þeim fsp. sem hann hafði fram að færa, en ég verð því miður að tjá herra forseta og öðrum þingheimi að vegna annarra anna hef ég ekki tækifæri til að ræða þessi mál neitt verulega í dag. En það þýðir alls ekki það að ég sé ekki reiðubúinn að ræða þau. Það eru aðrar annir hjá mér nú sem kalla að, heimsókn utanrrh. svía. En ég skal þó reyna að gera þessu efni dálítil skil.

Vegna þessarar fsp. er rétt að geta þess strax, að hvorki varnarmálanefnd né varnarmáladeild var kunnugt um þessa flutninga fyrr en eftir á. Þess vegna var ekki sótt um nauðsynleg leyfi til þeirra. Hefur þessu þegar verið mótmælt við varnarliðið og óskað eftir fullri grg. um málið, sem væntanleg er seinni partinn í dag. Erfitt er að gera þessu máli full skil fyrr en sú grg. liggur fyrir og þau gögn sem henni munu fylgja, svo sem útsending á sjókortum um staðinn þar sem losun fór fram og sýnishorn af þessum hylkjum, en allt mun þetta verða kynnt réttum yfirvöldum. Hylki þessi eru sívöl og munu vera um 3½ þumlungur á hæð og um 1 þumlungur á breidd, þyngd um 1 kg. Þau eru notuð til þess að losa hlustunardufl frá könnunarflugvélum. Til þess að losna við þessi hylki, sem farin voru að safnast saman á Keflavíkurflugvelli, lét varnarliðið pakka þeim í kassa og samdi svo við eigendur vélbátsins Aðalbjargar um að flytja þau út á sjó og kasta þeim þar s. l. fimmtudag, 17. þ. m. Farmurinn mun hafa vegið um 19

tonn samtals. Haft var samráð við lögreglustjóraembættið um flutninginn út af Keflavíkurflugvelli, og íslenskur starfsmaður varnarliðsins mun hafa haft samráð við Landhelgisgæsluna um hvar mætti henda farminum fyrir borð, og mun það hafa verið á svonefndu Syðra-Hrauni eða nánar tiltekið 64° 13' n. br. og 22° 25' v. lgd., en á sjálfu hrauninu mun hvorki hægt að stunda togveiðar, net- eða línuveiðar. Sumum hylkjanna var komið fyrir í þeim kössum sem þau komu í hingað til lands. Þessir kassar eru merktir þannig að sprengiefni sé í þeim, og varð það til þess að lögreglan í Keflavík stöðvaði flutninginn í bili meðan verið var að rannsaka innihald kassanna.

Varnarliðið fullyrðir að þessi notuðu hylki séu með öllu skaðlaus og geti engu tjóni valdið lífinu í sjónum. Engu að síður er hér ekki rétt að farið. Vegna aðildar okkar að Oslóarsamningnum, sem hv. 3. þm. Reykn. gat um, og samningi sem gerður var í London um varnir gegn mengun sjávar, og báðir hafa verið staðfestir af hv. Alþ., ber að sækja um leyfi fyrir slíkri losun til réttra yfirvalda. Það var ekki gert og því hefur þegar verið mótmælt. Er því sjálfsagt að framvegis verði framkvæmdinni hagað í samræmi við þá alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Spurningum þeim, sem hv. 3. þm. Reykn. setti fram, skal ég reyna að svara nú þegar þó að fyllri svör gætu legið fyrir síðar.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að a. m. k. mér og ég held öllum í okkar rn. sé fullkunnugt um bæði samninginn, sem gerður var í Osló, og eins samninginn, sem gerður var í London, því að ég man ekki betur en að ég hafi lagt báða þessa samninga fyrir hv. Alþ. til samþykktar og þeir verið samþ. hér. Er því ekki til að dreifa að fákunnátta sé hjá okkur um þetta atriði.

Það má í öðru lagi sem svar við annarri spurningu segja sem svo, að við hefðum átt að tilkynna varnarliðinu um tilvist þessara samninga. Það hefur mér vitanlega ekki verið gert, en telst að mínu viti algjör óþarfi. Ég tel að stjórnvöld Bandaríkjanna eigi að vera það vel að sér um það, sem fram fer á alþjóðavettvangi, að þau eigi að vita um tilvist slíkra samninga, enda hygg ég tæpast að öðru sé til að dreifa.

Í þriðja lagi á ég erfitt með að gefa yfirlit nákvæmlega um eftirlit með úrgangi sem af vallarsvæðinu fer, ég hef það ekki svo í huga í einstökum tilvikum hvað um þetta drasl verður. En við erum að sjálfsögðu mjög fúsir til að upplýsa það með dálitlum fyrirvara — eða ég þarf dálitinn fyrirvara til að gera því efni full skil. Ég veit þó að þær matarleifar, sem fluttar eru út af flugvellinum, fara á aðeins einn stað undir eftirliti og það er á svínabú á Reykjanesskaganum. Margumrædd Sala varnarliðseigna sér um flutninga á ýmsum afgangshlutum af þessum blessaða Keflavíkurflugvelli. Fleiri útrásir kunna að finnast fyrir afgangsvöru þaðan sem ég er ekki nægilega undirbúinn að gefa fullnægjandi skýrslu um.

Um síðustu spurningu hv. þm. vil ég segja það, að við munum að sjálfsögðu, eins og ég sagði í mínum fáu orðum, kanna þetta tilvik til hlítar og koma í veg fyrir að slíkt verði gert framvegis.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil einungis þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Ég veit að hann er önnum kafinn og ætla þess vegna ekki að ræða þetta mál frekar nú. En þetta sérstaka atvik kann að gefa tilefni til þess að ýmis skyld mál verði rædd nánar síðar. — Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér var sagt áðan eftir einhverri heimild að einhver aðili hefði haft samband við Landhelgisgæsluna um þetta. Ég er að sjálfsögðu ekki við því búinn alveg að segja ákveðið um þetta nema láta fara fram rannsókn á því. Hitt vil ég þó segja strax, að forstjóri Landhelgisgæslunnar kannast ekki við það. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, jafnframt því sem ég áskil mér að koma að nánari upplýsingum síðar ef annað kemur fram.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af orðum hæstv. dómsmrh. taka það fram, að þau ummæli, sem ég viðhafði hér, eru mér fengin í hendur án þess að ég hafi kannað þau. Þau munu að sjálfsögðu verða könnuð eins og önnur atriði þessa máls, og allir viljum við hafa það sem sannara reynist.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 388). — 1. umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Við höfum hér í höndum frv. sem flutt er til þess að lögfesta framkvæmd á lögum sem samþ. voru á Alþ. í maí 1975. Sú framkvæmd, sem var á þessum lögum, var í fullu samræmi við þau lög að mínu mati og í fullu samræmi við þann vilja sem fram kom hér á Alþ. þegar frv. var til umr. M. ö. o.: framkvæmdin var fyllilega eins og til var ætlast og til stóð.

N., sem samdi reglugerð samkv. þeim lögum, var á einu máli um að svo skyldi staðið að framkvæmdinni sem gert var á síðasta ári. Hér væri um að ræða bætur, sem væru annars eðlis en atvinnuleysisbætur í venjulegum skilningi. Þegar af þeirri ástæðu kæmu ekki til greina hin umræddu skerðingarákvæði sem frv. fjallar nú um að sérstaklega skuli tekin af tvímæli um. Engu síður var það svo, að upp reis ágreiningur síðast á árinu 1976 um túlkun þessa lagaákvæðis. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs bað um lögfræðilega umsögn frá lagadeild Háskóla Íslands, og á vegum lagadeildar Háskóla Íslands gaf umsögnina settur prófessor Stefán Már Stefánsson borgardómari, sem er mjög fær maður í sínu fagi. Hans mat var að taka hefði þurft af tvímæli um þetta atriði í lögunum er þau voru sett.

Ég vil undirstrika að þetta mál fjallar ekki á neinn hátt um efniságreining í þessu sambandi. Hér er einungis verið að tryggja að ekki komi til frekari ágreinings um túlkun á lögunum.

Í jan. s. l. gerði stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkt sem olli því, að skyndilega voru

skertar greiðslur á fæðingarorlofi til mæðra sem áttu maka sem höfðu meira en 1 400 090 kr. í árstekjur, og þar eð þetta snertir mjög margar konur, m. a. allar sjómannskonur á landinu, þá fara menn nærri um það, að þessi ákvörðun olli mikilli óánægju og hefur sætt hörðum mótmælum í þeim verkalýðsfélögum landsins sem hafa konur innan sinna vébanda. Og þessi samþykkt hefur ekki aðeins sætt mótmælum kvenna. Bæði ég og vafalaust fjölmargir aðrir þm. hafa fengið upphringingar frá eiginmönnum viðkomandi kvenna þar sem þeir lýsa óánægju sinni yfir þessu atriði og beiðast þess, að þetta atriði verði hið snarasta leiðrétt á Alþingi.

Eins og menn sjá, þá standa að flutningi þessa frv. margir þm., þm. úr fjórum flokkum. Auk flutningsmanna þeirra, sem á sínum tíma fluttu frv. til þeirra laga um fæðingarorlof sem nú eru í gildi, bættust í hópinn flutningsmenn úr Alþfl. og þingflokki SF.

Það var að sönnu boðið að þm. úr Alþb. yrði meðflm. Var þm. eins og meðflm. fengið frv. ásamt grg. þess í hendur sem trúnaðarmál fyrir viku, sennilega um þetta leyti dags., og sem von var vildi hv. þm., sem var hv. 5. landsk. þm., hafa málið til athugunar fram eftir degi, ráðgast við sína flokksmenn. En ég óskaði eftir því, að ég fengi svar við þessari spurningu minni fyrir kl. 7 þann dag þar eð ég hugðist flýta því að leggja inn málið. Mér virtist að hv. þm. þætti það heldur bagalegt að þurfa að svara þessu tilboði svo fljótt og það var í sjálfu sér eðlilegt. En seinna um daginn, þegar flokksfundir stóðu yfir, fékk ég það svar að hv. þm. kærði sig ekki um að vera meðflm., heldur hefði raunar e. t. v. í hyggju aðra lausn. Það kom á daginn að þá stund, sem hv. þm. hafði þetta frv. undir höndum sem trúnaðarmál til athugunar, hvort hv. þm. vildi verða meðflm., þá rétt á meðan hafði þm. lagt inn í skjalasafn þingsins það frv. sem við vorum hér að ræða áðan og fjallar mikið til um sama mál. Ég fékk ekki upplýsingar um þetta fyrr en ég fékk frv. prentað í hendur næsta morgun, rétt í þann mund að ég ætlaði að fara að hringja í hv. þm. og spyrja hvort henni hefði unnist tími til að athuga það betur, hvort hún kærði sig um að vera flm.

Ég skýri frá þessu hér vegna þess að mér þótti vera ærið undarlegur svipur á framlagningu skjala þennan dag, að hér eru hlið við hlið tvö frv. um mjög svipað efni, þó með nokkuð ólíku sniði sé. Og ég verð að segja að það að standa með þessum hætti að málum kemur mér ákaflega óvenjulega fyrir sjónir. Ég hygg að ég hafi satt að segja aldrei orðið vör við slíkt, hvorki í hópi samherja né andstæðinga. En það er misjafn smekkur manna og sínum augum lítur hver á silfrið, og ég mun ekki ræða það atriði frekar.

Þetta frv., sem við erum nú að ræða og er á þskj. 388, hafði verið til athugunar í þingflokkum á tveim þingflokksfundum stjórnarflokka: á miðvikudagsfundi og síðan á mánudagsfundi, að ég ætla, og það varð úr að allir þessir flm. stóðu að málinu. Ætlunin var að fá í flutning þessa máls pólitíska breidd, ef svo má segja, til að leggja áherslu á að hér væri síður en svo um efnislegt ágreiningsmál að ræða, hér væru menn sammála um að væri mál sem brýna nauðsyn bæri til að leiðrétta fljótt.

Ef ég má aðeins víkja að fyrra frv. á þskj. 386, með leyfi hæstv. forseta, þá vil ég geta þess, að ég er út af fyrir sig sammála þessu atriði efnislega. En hv. þm. vissi þegar hann flutti það frv., vegna þess að þess er getið í niðurlagi grg. sem hann hafði undir höndum sem trúnaðarmál frá mér, að ráðh. hafði ákveðið að skipa n. til að gera heildarendurskoðun á lögunum um atvinnuleysistryggingar. Segir í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Þar er margra lagfæringa þörf. Ljóst er að heildarendurskoðun verður flókið verk og tímafrekt. Það eina atriði, sem frv. þetta fjallar um (þ. e. a. s. 388), þolir hins vegar ekki bið og er í raun staðfesting á vilja Alþ. í þessu máli."

Þetta er sagt til þess að varpa ljósi á þá framkomu mína og e. t. v. annarra hér við 1. umr. um frv. hv. 5. landsk. þm., að við tókum ekki sérstaklega til máls í sambandi við það frv. Ég veit ekki hver afstaða annarra hv. þm. er til þess, en efnislega er ég því samþykk. Mér sýnist það hins vegar vera þess eðlis, að það sé ákaflega eðlilegt að það verði upp tekið í sambandi við heildarendurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar. Þau lög hafa að geyma mörg atriði sem vissulega eru töluvert athugaverð og eru dálítið öðruvísi forsendur fyrir nú en þegar viðkomandi ákvæði voru sett. Sannleikurinn er sá, að menn hafa smátt og smátt bætt ýmiss konar ólíkum verkefnum inn í lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð. Sem dæmi má nefna að af um það bil 1600 millj. kr. áætluðum tekjum ársins 1977 reikna menn með samkv. venjum og reglum sjóðsins að varið verði um það bil 678 millj. í kaup á ýmiss konar bankavaxtabréfum vegna hinna ólíkustu verkefna. Hér er um að ræða verkefni sem fyrir löngu er búið að fela öðrum sjóðum sem stofnaðir voru eftir að þessar venjur voru upp teknar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, svo að þarna eru verulega stór verkefni til endurskoðunar.

Ef ég nefni dæmi um ýmis smærri verkefni, þá er það t. d. svo, að stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum í starfsþjálfunarnámskeiðum styrk sem nema má allt að því jafnhárri fjárhæð og atvinnuleysisbætur fyrir hvern þátttakanda í slíkum námskeiðum, að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum. Enn fremur má benda á eitt atriði og þá sérstaklega í sambandi við það, sem hv. 5. landsk. þm. nefndi, þegar viss hópur kvenna missti atvinnu sína — þær sem unnið höfðu í mjólkurbúðum — eða missti a. m. k. þann möguleika að vinna í útsölum Mjólkursamsölunnar. Fyrir slíkan hóp, sem e. t. v. hefði ekki haft úrræði um aðra atvinnu, hafa þessi lög að geyma vissa úrlausn, en sjóðsstjórninni er heimilt að kosta námskeið fyrir fólk sem verður atvinnulaust vegna breytinga á atvinnuháttum. Mér sýnist að þar hefði e. t. v. verið möguleiki að hlaupa undir bagga með þessum konum. Þetta er aðeins dregið hér fram til ábendingar.

Herra forseti. Ef ég rétt aðeins rifja upp rökin

fyrir því, að það er nauðsynlegt að breyta þessu máli í það horf sem lagt er til í frv., þá liggur það fyrir að það viðurkenna allir nú á dögum að þriggja mánaða fæðingarorlof hið minnsta sé nauðsynlegt til þess að tryggja heilsu nýfædds barns og móður þess. Þetta teljast í öllum velferðarþjóðfélögum sjálfsögð réttindi, sjálfsögð trygging fyrir heilsufari, líkamlegu og andlegu. Þær konur, sem hafa unnið hjá hinu opinbera, hafa haft þessi *réttindi samkv. lagaheimild* í rúma tvo áratugi. En þær konur, sem annars staðar voru launþegar, hafa hins vegar ekki fengið þessi réttindi fyrr en með lögunum frá því í maí 1975. Sem betur fer var Alþ. með yfirgnæfandi meiri hl. um það sammála, að úr þessu misrétti yrði að bæta, enda var ekki vansalaust að þjóð okkar væri hin eina meðal menningarþjóða á norðurhveli jarðar sem ekki hafði lögleitt þetta atriði. Eins og hv. 5. landsk. þm. nefndi, þá voru hér nokkrar deilur um fjármögnunina. Það var skoðun flm. og meiri hl. Alþ., að eins og sakir stóðu væri þetta eina leiðin sem fær væri og það væri ljóst að sameiginlegur sjóður, sem atvinnurekendur greiddu iðgjöld í, stæði undir þessum greiðslum. Það er ljóst að margur smáatvinnurekandi hefur engan veginn bolmagn til þessa um leið og hann verður að kosta annan vinnukraft í þessu þriggja mánaða frii. Sú framkvæmd hefði smátt og smátt leitt til þess — og hefur gert á undanförnum árum — að konum hefði verið neitað um störf í mörgum tilfellum vegna þess að þær væru konur. Sérstaklega ef konu varð á að upplýsa að hún væri trúlofuð eða jafnvel gift, ég tala nú ekki um ef leit út fyrir að hún ætti barn í vændum, þá var í mörgum tilfellum vonlaust fyrir hana að fá vinnu við tiltekið starf, þó svo að hún hefði jafnvel menntun eða hæfileika til að bera enn meiri en karlmaður sem síðan var ráðinn í starfið. Um þetta veit ég nokkur dæmi og mun ekki tíunda þau hér. En regla eins og sú, sem fest var í lög þegar fæðingarorlofslögin voru samþ., dregur úr þessum erfiðleikum fyrir konurnar.

Eins og hv. 5. landsk. þm. var svo elskuleg að skýra hér frá, liggur það ljóst fyrir um hvað þetta frv. á þskj. 388 fjallar efnislega. Það eru tvær skerðingarreglur sem við ætlumst til að hafi ekki áhrif á fæðingarorlofsgreiðsluna, nánar tiltekið reglur um tekjumark maka og hins vegar bætur almannatrygginga. Það segir sig sjálft af þeim rökum, sem öllum eru ljós, að þetta er eðlilegt í þessu sambandi. T. d. má benda á það, að ef bætur almannatrygginga ættu að skerða fæðingarorlofsgreiðslur, þá mundi það útiloka einstæðar mæður, því að þær hafa að sjálfsögðu bætur úr almannatryggingum. Þannig kæmi það mjög óeðlilega út ef þessi skerðingarákvæði væru látin gilda.

Ég vona, herra forseti, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, og ég legg til að það verði heilbr.- og trn., veiti þessu máli mjög greiða afgreiðslu. Ég held að það sé engin ástæða til að vísa þessu máli til umsagna. Það liggur alveg ljóst fyrir hvað hér er um að ræða. Hér er um að ræða staðfestingu á þegar fram komnum vilja Alþ., í raun og veru leiðréttingu á framkvæmd.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Hér eru til umr., má segja, tvö frv. sem eru fram komin vegna þeirrar breytingar sem gerð var á lögum um atvinnuleysistryggingar vorið 1975, þ. e. a. s. að bæta inn í þau lög ákvæðum um greiðslu á fæðingarorlofi. Það er kannske vonum seinna að mál þetta beri á góma hér á Alþ., vegna þess að að mínu viti voru þau lög, sem samþ. voru vorið 1975 og komu til framkvæmda 1. jan. 1976, þannig úr garði gerð að það var augljóst öllum, sem eitthvað þekktu til laga um atvinnuleysistryggingar og framkvæmdar þeirra, að það mundi vera erfitt eða nær ómögulegt að framkvæma þessi lög sem troðið var inn í bálkinn um atvinnuleysistryggingar.

Þegar þessi lög voru til umr. á sínum tíma fyrir tveimur árum voru engar deilur um nauðsyn þess að vinnandi konur í landinu fengju rétt til fæðingarorlofs. Var lögð áhersla á af ýmsum, þ. á m. mér, að þessi réttur ætti að vera einn og hinn sami fyrir allar konur og ætti eðli málsins samkvæmt heima sem sérstakur hluti af lögum um almannatryggingar, en engan veginn í jafnfjarskyldum lögum eins og lögin um atvinnuleysistryggingar eru. Það var sem sagt þá eindregin skoðun mín, að lög um fæðingarorlof ættu að falla undir almannatryggingar, en engan veginn að fjármagnast og falla inn í lög um atvinnuleysistryggingar. Ég minnist nú þess, að ég sagði það við fyrsta flm. frv. á sínum tíma í gamni og kannske einnig nokkurri alvöru, að lög sem þessi ættu kannske alveg eins vel heima í lögunum um slysatryggingar, líka vegna þess að það eru atvinnurekendur sem greiða þangað, því að það voru einu rökin að atvinnurekendur greiddu í Atvinnuleysistryggingasjóðinn. Ég greiddi atkv. á sínum tíma gegn því að Atvinnuleysistryggingasjóður yrði látinn fjármagna þetta mál. Að sjálfsögðu var ávallt sjáanlegt að veruleg vandkvæði mundu verða á framkvæmd þessa máls sem á þennan hátt var troðið inn í önnur lög um alveg óskylt efni.

Nú er komið fram frv. um breyt. á lögunum vegna ágreinings sem fram hefur komið. Ég vil að gefnu tilefni, bæði vegna orða, sem hér féllu áðan hjá 1. flm. þessa frv., og einnig vegna þess, sem fram kemur í grg með frv., taka þar nokkur efnisatriði til athugunar.

Í grg. segir með leyfi hæstv. forseta: „Hin nýju lög mæltu svo fyrir, að Atvinnuleysistryggingasjóður stæði undir þriggja mánaða launum til kvenna, sem forfölluðust frá vinnu vegna barnsburðar. Skyldu greiðslurnar skv. lögum vera í formi atvinnuleysisbóta. Heilbr.- og trmrn. gaf út reglugerð skv. hinum nýju lögum. Gengið var út frá því við setningu laganna sem og reglugerðarinnar, að bætur þessar greiddust eðli sínu samkvæmt óháðar tekjum maka og óháðar bótum almannatrygginga.“

Þetta er fullyrt í grg. Ég veit ekki til að það hafi hið minnsta verið í lögunum sjálfum sem gerði ráð fyrir því, að þannig skyldi með þetta farið. Lögin eru ákaflega skýr og einföld í þessu atriði. — Síðan segir áfram í grg.:

„Allt árið 1976 voru lögin framkvæmd samkvæmt þessum skilningi, en í jan. s. l. gerði stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkt, sem gekk

þvert á þennan skilning og varð til þess að nú hafa greiðslur til þessa fólks verið stöðvaðar. Þetta **hefur að vonum sætt megnri óánægju og hörðum** mótmælum kvenna.“

Þetta var endurtekið í framsöguræðunni áðan og fullyrt að þetta frv. til breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof) væri flutt til þess að staðfesta að svona skyldi staðið að málum og kæmi náttúrlega fram vegna þessa ágreinings. Hér álít ég að komi fram í **þessari grg. og einnig í því, sem sagt var hér áðan,** aðdróttanir í garð stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs — **ég á sæti í þeirri stjórn — sem eru** algjörlega óréttmætar. Í fyrsta lagi er það einvörðungu fullyrðing og ekkert annað en fullyrðing að bætur vegna fæðingarorlofs hafi verið greiddar svona allt árið 1976. Hvaðan þessi vitneskja er fengin er mér algjörlega ókunnugt um og væri gott að fá svolítið meiri rökstuðning fyrir svona fullyrðingu. Ég er ekki að fullyrða **að hún sé röng, en ég fullyrði aðeins að hér er** um fullyrðingu að ræða og ekkert annað en fullyrðingu.

Það eru engin ákvæði, hvorki í lögunum né hinni svokölluðu reglugerð, sem sett var eftir **samþykkt fæðingarorlofslaganna, það er ekkert** á hvorugum staðnum sem renni stoðum undir að stjórnin hafi gert rangt í þessum efnum — **ekkert. Ég ætla nú af hlífð við ýmsa aðila ekki að ræða hér reglugerð þá sem sett var samkvæmt** þessum lögum — svokallaða reglugerð. Ég vil aðeins segja mína skoðun á því, að ég álít að þessi reglugerð eigi ekki stoð í lögunum. Í þessu efni er held ég fróðlegt aðeins að rifja upp og athuga, einkum fyrir þá sem máske þekkja minna til þessara mála, en hafa hins vegar talið sig hafa býsna mikla þekkingu á þeim, að rifja upp hvernig stjórn og meðferð þessara mála öll er.

Ég vil þá fyrst nefna að samkvæmt 3. gr. laganna sjálfra — atvinnuleysistryggingalaganna, svo það er ekki nein ráðstöfun stjórnarinnar, *heldur beint lagaákvæði, þá fer Tryggingastofnun* ríkisins með allt reikningshald og daglegan rekstur Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í öðru lagi eru það úthlutunarnefndir víðs vegar um landið sem annast úthlutun bóta. Þessar úthlutunarnefndir eru skipaðar fulltrúum verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda. Það eru þessar úthlutunarnefndir sem úrskurða bætur. Þegar úthlutunarnefnd hefur úrskurðað bætur eru úrskurðir hennar og umsóknir, sem hún hefur úrskurðað, sendar til umboðsmanna Tryggingastofnunarinnar hér í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar sjálfrar. Þessir umboðsmenn yfirfara alla úrskurði og ganga úr skugga um eða eiga a. m. k. að ganga úr skugga um að rétt sé að staðið, bæði varðandi réttindaúrskurð og bótaupphæðir. Eftir að þeir hafa gert þetta er svo greiðslu vegna bótanna ávísað til úthlutunarnefndar sem annast greiðslurnar til einstaklinganna. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs hefur *ekki á hendi úthlutun bóta og hún kemur ekki* nærri þessum málum nema henni berist óskir um úrskurði frá bótaúthlutunarnefnd, frá umboðsmönnum Tryggingastofnunar eða einstaklingum sem kært hafa yfir að þeirra dómi röngum úrskurðum. Eins tekur svo stjórnin auðvitað til meðferðar mál ef hún sér ástæðu til að halda að ekki hafi verið farið að settum reglum. *Þetta er hlutur stjórnar atvinnuleysis*tryggingasjóðs varðandi úthlutun bóta samkvæmt atvinnuleysistryggingalögum.

Þetta rifja ég upp vegna þess að ég vil að menn viti hverjar þessar reglur eru og síðan hvernig stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úrskurðar ágreining um þau sérstöku efni, sem hér eru til umr., á grundvelli laganna. Til þess að skýra það ofurlítið nánar vil ég geta þess, **að á fundi stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs,** sem haldinn var 6. okt. s. l., segir svo í fundargerðinni, það er 10. töluliður fundargerðarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„*Lagt fram bréf úthlutunarnefndar Siglu*fjarðar, dagsett 10. sept. 1976, bréf bæjarfógetans á Akranesi, dagsett 1. okt. 1976, og skýrt frá efasemdum um hvort tekjur maka skuli hafa áhrif á greiðslu fæðingarorlofs. Stjórnin samþykkir að fara þess á leit við forseta lagadeildar Háskóla Íslands að hann láti í ljós álit sitt á hvernig með þessi mál skuli fara lögum **samkvæmt eða bendi á annan fræðimann til þess.**“

Hér sem sagt ber málin þannig að, að úthlutunarnefnd, í þessu tilviki á Siglufirði, og umboðsmaður Tryggingastofnunarinnar á Akranesi **óska eftir áliti stjórnarinnar um tiltekin atriði** *varðandi úrskurðun bóta í fæðingarorlofi.*

Ég ætla ekki að fara að rekja hér önnur atriði en þau, sem snerta beint það sem þessi frv. fjalla um, þ. e. a. s. skerðingarákvæðin vegna tekna maka. Það voru ýmis önnur atriði sem við ræddum í stjórninni og einnig var vísað til forseta lagadeildar til umsagnar.

Í fundargerð stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs frá 8. des., þá segir svo, með leyfi forseta:

„Lögð fram álitsgerð Stefáns Más Stefánssonar **borgardómara, setts prófessors, dagsett 9. nóv.** 1976, um þau atriði sem beint var til forseta lagadeildar Háskóla Íslands samkvæmt 10. lið **fundargerðar frá 6. okt. 1976.**“

Þá hefur stjórninni borist umsögn sem forseti lagadeildarinnar fól Stefáni Má Stefánssyni að gera varðandi þessi efni. Þessi álitsgerð er dagsett 9. nóv., skömmu eftir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafði haldið sinn nóvemberfund. Eitt af þeim atriðum, sem spurt er um *í þessu efni, og fyrsta álitaefnið er hvort tekjur* maka skuli hafa áhrif á greiðslu fæðingarorlofs, sbr. nánar áminnst bréf, dags. 11. okt. s. l. þegar forseta lagadeildar er send þessi beiðni.

Ég ætla ekki að fara að lesa álitsgerðina í heild eða fara inn á önnur atriði í henni, en niðurstaða Stefáns Más Stefánssonar, sem er settur prófessor við lagadeildina, um þetta fyrsta álitaefni: Tekjur maka eiga að hafa áhrif á greiðslu fæðingarorlofs samkvæmt ákvæðum g-liðar 16. gr. laga nr. 57/1973. Lagagrundvöll brestur alveg fyrir annarri niðurstöðu.“ Þetta segir borgardómarinn, settur prófessor við Háskóla Íslands, um þetta ágreiningsefni.

Þegar þetta lá fyrir og stjórnin hafði rætt það, stjórnarmenn haft það til athugunar milli funda m. a. og kannske fyrst og fremst til að bera sig saman við umbjóðendur sína, annars vegar stjórn

Alþýðusambandsins og hins vegar stjórn Vinnuveitendasambandsins, en báðir þessir aðilar skipa menn í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá var málið tekið aftur fyrir á fundi 12. jan. s. l. og þá var samþykkt að senda úthlutunarnefnd og umboðsmönnum umburðarbréf um þau atriði sem gæta þurfti við úthlutun bóta í fæðingarorlofi. Þar var tekið fram um það atriði í niðurstöðum Stefáns Más Stefánssonar, sem ég gat um áðan, og tvö eða þrjú önnur atriði sem hann hafði fjallað um og stjórnin var honum alveg sammála um að rétt væri.

Með þessu máli mínu vil ég aðeins sýna það og sanna að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur gert hér í öllum atriðum rétt og að mínu viti staðið nákvæmlega rétt að málum. Hún gat auðvitað úrskurðað þessi efni sjálf og var að mestu leyti sammála um hvernig þau skyldu úrskurðuð. En til frekara öryggis er leitað umsagnar lagadeildar Háskóla Íslands sem í öllum atriðum staðfestir skoðun stjórnarinnar. Þeir, sem vefengja, að hér hafi verið staðið rétt að málum, og eru með aðdróttanir, eins og ég vil telja að sé í grg. frv. og einnig í máli hv. 1. flm. áðan, hefðu einfaldlega getað átt þá leið að kæra og óska staðfestingar dómstóla á því hvort þetta stæðist eða ekki. En ég held að einmitt sönnun fyrir því, að þessir aðilar eru í rauninni sammála stjórninni um að þetta séu réttir úrskurðir, sé að ekki skyldi leitað úrskurðar dómstóls, sem auðvitað lá beint fyrir, og satt að segja átti stjórnin ekki von á neinu frekar en það yrði gert til þess að fá endanlega úr þessum málum skorið.

Þetta vildi ég sagt hafa um það, hvernig stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur staðið að þessum málum, og geri það að gefnu tilefni. Hins vegar er svo það, hvort þessi skerðingarákvæði eru réttlát eða ekki. Að mínum dómi eiga þessi skerðingarákvæði alls ekki að vera.

Ég get sagt það svona rétt innan sviga, að út af fyrir sig fagna ég því að margir af flm. þessa frv., sem hér er til umr., skuli vera þeirrar skoðunar að það þurfi alveg sérstakar bætur til fólks í þessu efni, sem hefur þó í tekjur tvöfaldan taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, en tvöfaldar tekjur þessa taxta gefa núna tæpa eina og hálfa millj. kr. í árstekjur. Það er út af fyrir sig ágætt og ég fagna því að það skuli vera staðfest hér, að vissulega þurfi þessi taxti sérstakar uppbætur. Það mun þá væntanlega ekki standa á því, þegar nú er farið fram á að þessi taxti fái rösklega 30% hækkun, að það nái fram að ganga, þegar tvöfaldur taxtinn, 100% hækkun, er ekki talinn nægja.

Ég álít að þessi skerðingarákvæði eigi ekki að vera og get fært mörg rök að því, en þó alveg sérstaklega þau rök, að að mínum dómi, og það hefur verið yfirleitt skoðun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, á sérhver sjóðfélagi að vera sjálfstæður aðili að sjóðnum í hlutfalli við greiðslur. Það má geta þess, að þegar lögin voru sett og nokkur ár þar á eftir, — þau eru sett 1956 eins og flestum er víst ljóst, — þá voru þessi skerðingarákvæði þannig að maður, sem hafði haft ákveðnar tekjur, sem líka var tvöfaldur lægsti taxti Dagsbrúnar, hann átti ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Vegna þess, hve lágar þessar tekjur voru orðnar, einkanlega á árunum 1967—1968, var þetta ákvæði afnumið og menn fá nú atvinnuleysisbætur án tillits til eigin tekna. Skerðingarákvæðin hafa hins vegar haldist að þessu leyti, þegar um maka er að ræða. En þau eiga einnig að falla burt þar, það er mín skoðun. Þessi mörk, sem þarna eru sett eru í raun og veru of lág, fyrst og fremst vegna þess að kaupið er allt of lágt og ef við höfum það í huga, að t. d. hér í Reykjavík er talið að verkamenn afli 40% af tekjum sínum með yfirvinnu. En í þessum skerðingarákvæðum er aðeins miðað við dagvinnutekjurnar.

Þetta vildi ég segja um þessar skerðingarreglur út af fyrir sig. En það er fjöldamargt annað í lögunum um atvinnuleysistryggingar sem enn þarf að lagfæra, þó að margt hafi verið lagfært og fært til betri vegar frá því sem áður var. Sitt hvað er hér jafnvel furðulegt. Við getum t. d. nefnt að hér sé um hjón að ræða sem hafi haft í tekjur 2 milljónir hvort um sig. Ef annað verður atvinnulaust, en hitt hefur atvinnuna áfram, þá fær sá atvinnulausi ekki bætur og ekki heldur fæðingarorlof. En verði þau bæði atvinnulaus, missi bæði tekjurnar, þá er allt í lagi, þá fá þau atvinnuleysisbætur. Ef bóndinn væri atvinnulaus og þó hann hefði haft 4—5 millj. kr. í árstekjur þá fengi konan fæðingarorlof. Þetta eru auðvitað agnúar sem þarf að taka til endurskoðunar og lagfæra. Það er fjöldamargt annað, sem ég ætla ekki að tefja hér með á að nefna.

En það, sem mér finnst fráleitt — hreinlega fráleitt við það frv. sem hér er til umr., er að flm. þessa frv. gera aðeins till. um að skerðingarákvæði varðandi tekjur maka skuli falla niður þegar um fæðingarorlof er að ræða, en standa eftir sem áður ef konan eða maðurinn verður atvinnulaus. Það er ekkert verið að huga að því. Atvinnulaus kona má áfram þola skerðingarreglurnar, en ef um fæðingarorlof er að ræða, þá skulu þær felldar niður. Ég álít að hér sé um að ræða mistök hjá hv. flm. sem þeir ættu ekki að ræða frekar og þess vegna í þessu efni að fallast á það frv. sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir flytur hér, en þar er einmitt skerðingin afnumin varðandi bæði fæðingarorlofið og eins atvinnuleysisbæturnar. Ef á hér að hrófla við, þá verður að gera það á þennan hátt. Það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er algerlega óþolandi mismunun og ég skil ekki í hv. flm. að koma ekki auga á að svona er ekki hægt að standa að málum.

Ég vil aðeins lýsa yfir að ég er enn sem fyrr algerlega andvígur því, að það eigi að greiða fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Af mörgum ástæðum tel ég mig málsvara Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég var við þegar samið var um þessi mál í hörðu verkfalli 1955, taldi mig eiga töluverðan hlut að þeim samningum. Ég hef átt sæti í stjórn sjóðsins síðan, og mér er umhugað um að ekki verði rifið niður það góða verk sem unnið var þegar Atvinnuleysistryggingasjóðurinn var settur á laggirnar. En það vil ég segja, að ég álít að höfuðtilgangi Atvinnuleysistryggingasjóðs sé beinlínis stefnt

í hættu með því að binda honum ávallt og sífellt nýja bagga.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir kom aðeins inn á þessi mál áðan í sinni framsöguræðu og gat nokkurra talna um tekjur sjóðsins. Hún gat hér um atriði sem hefðu verið lögð á Atvinnuleysistryggingasjóð, m. a. starfsþjálfun og kostnað við endurhæfingarnámskeið. Það verð ég að segja, að þetta eru sjálfsagðir hlutir. Þetta er gert til þess að fólk þurfi ekki að vera á atvinnuleysisbótum, heldur sé hægt að endurþjálfa það til annarra starfa og það geti komist inn á vinnumarkaðinn aftur, en þurfi ekki að ganga atvinnulaus. Það er tilgangurinn með þessum ákvæðum og er þess vegna í beinu sambandi við höfuðtilgang sjóðsins, sem hefur alla tíð verið, og stefnu, sem stjórnin hefur rekið, þ. e. annars vegar að sjá til þess, að sjóðurinn geti staðið undir frumskyldum sínum að greiða atvinnuleysisbætur, í öðru lagi að nota fjármagn sjóðsins til þess að stuðla að því að atvinna á hinum ýmsu stöðum í landinu geti verið sem öruggust, að ekki þurfi að koma til atvinnuleysis, og það hefur hún gert með lánum til atvinnuveganna og margs konar framkvæmda. Ég fullyrði að í þessum efnum hefur oft og tíðum verið bægt frá atvinnuleysi sem annars hefði orðið, ef ekki hefði til þessarar fyrirgreiðslu komið. Á sama hátt eru einmitt þær greiðslur til þessara endurþjálfunarnámskeiða, starfsþjálfunarnámsskeiða sem var getið um áðan. En síðan eru ýmsir aðrir baggar. Til þessara hluta hafa farið mjög smávægilegar greiðslur, ákaflega litlar enn sem komið er, svo að þær hafa ekki verið neinir baggar á sjóðnum.

Varðandi fjárhag og tekjur og gjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs, eins og þau eru núna samkv. fjárlögum ársins 1977, vil ég aðeins geta nokkurra talna svo að menn geti séð hvar sjóðurinn er á vegi staddur. Ég vil endurtaka, að þetta er byggt á fjárl., en reikningar sjóðsins eru nú af einhverjum ástæðum teknir inn í fjárlög, sem út af fyrir sig ætti kannske ekki endilega að vera.

Á þessu ári, 1977, eru iðgjöld atvinnurekenda áætluð 339 millj. kr. Sveitarfélögin greiða jafna upphæð. Síðan greiðir ríkið tvöfalda upphæð á við iðgjöld atvinnurekenda, framlag ríkissjóðs er áætlað 678 millj. kr. Vaxtatekjur eru áætlaðar um 350 millj. kr. Samtals gerir þetta tæplega 1700 millj. kr.

Útgjöldin eru áætluð þannig, að bótagreiðslur eru áætlaðar 885 millj. kr. Í þessu efni vil ég aðeins geta þess, að heildarbótagreiðslur á liðnu ári, 1976, námu samtals rösklega 400 millj. kr., og var þó í raun og veru talið að ekkert atvinnuleysi væri á því ári. Hér er um allar bótagreiðslur að ræða og m. a. fæðingarorlofið sem í heild gerði 135 millj. kr. á liðnu ári, en á áreiðanlega eftir að hækka verulega frá þeirri tölu á þessu ári vegna þess að það er ekki nema hluti af þeim, sem eiga þennan rétt, sem enn þá hefur gert sér ljóst, að rétturinn er fyrir hendi, þannig að ef allir hefðu verið jafnvel vakandi og þeir sem best hafa verið vakandi í þessum efnum, þá væri þessi upphæð að minu viti áreiðanlega ekki undir 200 millj. kr. á árinu 1976. En sem sagt, gjöldin eru áætluð þannig, að bótagreiðsla er 885 millj., og ég verð að segja að þetta sé mjög varlega áætlað. Það má ekkert út af bera varðandi atvinnuástand til þess að þetta verði ekki margföld þessi upphæð. Eftirlaun aldraðra samkv. sérstökum lögum eru áætluð 300 millj., önnur gjöld 45 millj. og tekjuafgangur 466 millj., sem er sama niðurstaða, tæpar 1700 millj.

Hvernig er gert ráð fyrir að þessu ráðstöfunarfé verði varið? Það er þá í fyrsta lagi tekjuafgangurinn 466 millj., afborganir 120 millj. eða samtals til ráðstöfunar 586 millj. kr. Fyrir utan það, sem hér hefur verið sagt, er lögboðið að sjóðurinn á að kaupa bankavaxtabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir sömu upphæð og ríkissjóður greiðir í iðgjöld eða 678 millj. kr. Þetta er lögboðið og sjóðsstjórnin hefur ekki neinn ráðstöfunarrétt yfir því. Með þessu er greiðsluhalli á sjóðnum árið 1977 92 millj. kr. Þá er ekki gert ráð fyrir einu einasta láni, hvorki til atvinnuveganna né sveitarfélaganna, sem hafa fengið drjúgan skilding í lán til ýmissa framkvæmda. Og í því efni vil ég endurtaka það sem ég sagði hér við umr. vorið 1975, að ég álít að með þessu framferði, þessari þróun verði raunverulega kippt burt þeim möguleika, að sveitarfélögin greiði þessar upphæðir áfram og fjármagn sjóðsins muni af þeim sökum takmarkast mjög. Samkv. þessu er ekki um eitt eða neitt að ræða, að sjóðurinn geti séð fyrir neinni fyrirgreiðslu með lán, og hann er mjög tæpt staddur ef eitthvað ber út af í atvinnuástandinu til verri vegar, — afar tæpt staddur.

Menn segja kannske að þetta sé geysilega stór sjóður, höfuðstóll hans sé mikill. Það er rétt. En hann er ávaxtaður á þann hátt, eins og ég hef hér sagt frá, að helmingurinn af iðgjöldunum fer alltaf í kaup á bréfum Byggingarsjóðs beint, og svo eru þeir baggar sem hér hafa verið taldir. Mér sýnist nú að fæðingarorlofið muni á þessu ári verða bróðurparturinn af öllum iðgjöldum atvinnurekenda til sjóðsins. Og önnur upphæð álíka fer í greiðslu til eftirlauna aldraðra. Staða sjóðsins um áramótin var þannig, að í sjóði voru þá tæpar 350 millj. kr. og raunar þar af 120 millj. kr. bundið fé, sem við skulum segja samt að væri hægt að losa um, en þó bundið.

Ég hef rakið þetta hér af þeirri ástæðu að ég tel, að það sé alveg nauðsynlegt að menn, sem eru að fást við þessi mál, viti eitthvað ofurlítið meira um Atvinnuleysistryggingasjóðinn, möguleika hans, eðli hans, áður en rokið er til — mér liggur við að segja með mjög gott mál, í lýðskrumstilgangi hreinlega, staðsetja það á jafnvitlausum stað eins og hér hefur verið gert. Ég álít að það sé nú kannske frekar en nokkru sinni brýn nauðsyn að sjá fæðingarorlofinu fyrir öðrum tekjustofnum og láta það ná til allra kvenna og sameina það almannatryggingunum. Þetta er sú stefna sem Alþ. á að miða að. Og það mætti kannske í því sambandi spyrja um hvað líði þeirri athugun, sem sett var í bráðabirgðaákvæði þessara laga á sínum tíma. Ég man ekki nákvæmlega hvernig það var. Ég held að fyrir 1. jan. 1976 hafi átt að fara fram athugun á því að fjármagna fæðingarorlofið með öðrum hætti og láta það ná til allra kvenna í landinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 388 og ég er meðflm. að, er að vísu um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar. Enda þótt fyrirsögn frv. sé á þá lund, þá er þetta í huga okkar flm. miklu takmarkaðra mál. Í okkar huga er hér aðeins um að ræða ákveðna breytingu á framkvæmd greiðslu fæðingarorlofs, þannig að þó að ég sé einn af flm. þessa frv., þá felst það síður en svo í þeirri afstöðu minni að ég sé andvígur því frv. sem hér hefur áður verið lýst, frv. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. Staðreyndin er nefnilega sú, að það er í sjálfu sér hægt að taka málin bæði til athugunar. En jafnvel þó í fyrirsögn þessa frv. sé rætt um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, er eðli málsins aðeins breyting á framkvæmd við greiðslu fæðingarorlofs.

Ég fer ekkert dult með það, að ég er enn sömu skoðunar og ég var þegar þetta mál var afgreitt, með þeim hætti sem málið var afgreitt á sínum tíma, þegar fæðingarorlofið var sett inn í atvinnuleysistryggingarnar. Ég er þeirrar skoðunar enn eins og þá, að það hafi verið rétt og nauðsynlegt að hefja greiðslu á fæðingarorlofi til þeirra kvenna sem ekki höfðu notið þess áður. En ég var einnig, eins og hv. síðasti ræðumaður, andvígur þeirri leið að gera það með þeim hætti að láta atvinnuleysistryggingarnar greiða fæðingarorlofið og bera af því kostnað, enda vil ég minna á að hv. 1. flm. þessa frv., hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, sagði hér áðan, að að hennar mati hafi sú leið verið sú eina sem þá kom til greina. Ég var ekki sammála niðurstöðu hennar þá, en alla vega lít ég á þá tilhögun sem algera bráðabirgðaráðstöfun og er mjög sammála hv. þm., sem hér talaði síðast, um að það þarf að vinda bráðan bug að því að finna aðra og eðlilegri lausn þar á. En það breytir ekki því, að við framkvæmdina á greiðslu fæðingarorlofs hafa komið í ljós ágallar sem ég býst við að fáir eða engir þm. hafi á sinni tíð átt von á að fram kæmu. Og þetta frv., sem hér er til umr., er flutt til þess að bæta úr þeim ágöllum. Í því felst hins vegar ekki nein andstaða af hálfu okkar flm. gegn öðrum frv. eða till. um aðrar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar til þess að auka rétt þeirra sem slíkra trygginga njóta.

Ég vil aðeins biðja menn að hugleiða að reynslan hefur einnig leitt í ljós ýmsa aðra erfiðleika og vankanta á því að tengja saman fæðingarorlof og atvinnuleysistryggingar. Ég efa ekki að það er rétt, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði hér áðan, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur sjálfsagt farið að lögum þegar hún kvað upp úrskurð sinn um að tekjur maka megi ekki vera yfir ákveðnu lágmarki til þess að fæðingarorlof fáist greitt. Ég efa ekki að sá úrskurður hefur verið byggður á lagalega réttum grunni. En lög um atvinnuleysistryggingar, sem fæðingarorlofið hefur verið sett í, gefa einnig tilefni til ýmissa annarra úrskurða sem ég held að falli engu síður illa saman við hugmyndir þeirra sem á sínum tíma fluttu fram fæðingarorlofið, þ. á m. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur.

Ég vil í því sambandi t. d. benda á að í IV. kafla laga um atvinnuleysistryggingar, í 15. gr., d-lið, eru ákvæði um hverjir öðlist rétt til bóta. Þar stendur m. a. að til þess að öðlast rétt til bóta þurfi viðkomandi á síðustu 12 mánuðum að hafa stundað tryggingarskylda vinnu í a. m. k. 1032 dagvinnustundir, eða 516 dagvinnustundir ef um reglubundna hálfsdagsvinnu er að ræða o. s. frv. Og þá er spurningin þessi: Ef hér er um að ræða konu sem fengið hefur fæðingarorlof, en missir síðan atvinnu sína, er þá líklegt að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs felli þann úrskurð, að höfðu samráði við lögfræðinga, að fæðingarorlofsgreiðslan skuli talin konunni sem réttur þarna, þ. e. a. s. hún geti glatað atvinnuleysisbótunum vegna þess að fæðingarorlofið, sem hún hefur þegið á síðustu 12 mánuðum, kynni að hafa gert það að verkum að hún hefði ekki náð því lágmarki í vinnu sem þarna er upp talið? Mér er ekki kunnugt um neitt dæmi þess að slíkur úrskurður hafi verið felldur. En ég er ansi hræddur um það í ljósi þess úrskurðar, sem við höfum rætt um hér, að ef úrskurður yrði felldur um þetta atriði, þá gæti hann orðið neikvæður fyrir viðkomandi konu.

Hins vegar er mér kunnugt um annan úrskurð sem einnig hefur verið felldur af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, einnig eftir samráð við lögfróða menn, sennilega sama lögspeking og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson vitnaði hér í. Í 17. gr. laga um atvinnuleysistryggingar segir m. a. svo, að atvinnuleysisbætur skuli greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga og engum skuli greiddar bætur lengur en 130 daga á síðustu 12 mánuðum. Ég er hér með í höndum bréf frá Tryggingastofnun ríkisins til Verkalýðsfélags Akraness, sent Herdísi Ólafsdóttur, Akranesi, sem ég vildi fá að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Bréfið er dags. 25. jan. árið 1977 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Bréf yðar 22. nóv. 1976, fyrirspurn um fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Stjórn sjóðsins hefur gert eftirfarandi samþykkt á fundi 17. jan. 1977:

Bréf úthlutunarnefndar Verkalýðsfélags Akraness 22. nóv. 1976, sbr. bókun nr. 11 frá 231. fundi. Bréf þetta felur í sér fyrirspurn um það, hvort kona, sem notið hefur atvinnuleysisbóta, geti einnig fengið greitt fæðingarorlof, jafnvel þótt samanlagt fái hún þá bætur lengri tíma en 130 daga á síðustu 12 mánuðum.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur leitað lögfræðilegs álits, m. a. um þetta atriði í lögum og reglugerð um fæðingarorlof. Í samræmi við hið lögfræðilega álit telur sjóðsstjórn að ekki sé heimilt að greiða samanlagt fæðingarorlof og atvinnuleysisbætur lengur en 130 daga á síðustu 12 mánuðum."

M. ö. o. er hér felldur sá úrskurður, að ef kona hefur á síðustu 12 mánuðum þegið atvinnuleysisbætur, þá má hún ekki vænta þess að henni verði heimilað að taka fæðingarorlof síðar á þessu sama tímabili. Sem sé, réttur hennar vegna atvinnuleysistrygginganna felli úr gildi rétt þessarar konu til fæðingarorlofs.

Það má einnig setja dæmið upp með öðrum hætti. Kona, sem t. d. í byrjun árs hefur þegið þriggja mánaða fæðingarorlof frá Atvinnuleysis-

tryggingasjóði, hefur síðan störf aftur og starfar fram á mitt sumar, en missir þá atvinnu sína, fær ekki atvinnuleysistryggingabætur samkv. þessum úrskurði í 130 daga eins og lögin um atvinnuleysistryggingar kveða á um, heldur aðeins í 40 daga, þ. e. a. s. þá daga sem hún er talin eiga inni sem sjóðsfélagi þegar hún er búin að ljúka við að taka sitt fæðingarorlof. Þó þetta sé lagalega rétt, er þetta einnig andstætt þeim hugmyndum sem vöktu fyrir mönnum um fæðingarorlofið á sínum tíma, því að þetta væri svipað því t. d. ef launþegi tæki sér veikindadaga, yrði veikur og þægi veikindadaga, þá félli niður réttur hans til þess að fá slysabætur ef hann yrði fyrir slysi síðar á árinu. Þetta er að sjálfsögðu ekki hægt og ekki tilgangurinn með fæðingarorlofinu, að tvær tryggingartegundir, ef svo má segja, geti útilokað hvor aðra. Og þetta held ég einmitt að sé glöggt dæmi um það, að það er rétt, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði áðan, að fæðingarorlof á ekki til langframa heima í lögum um atvinnuleysistryggingar og á ekki að greiðast úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda er hér að mínu mati um algera bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem ég á sínum tíma var andvígur og er enn. En það breytir ekki því, að við framkvæmd laga um fæðingarorlof, við framkvæmd greiðslu á fæðingarorlofi hafa komið í ljós alvarlegir ágallar sem þarf að leiðrétta og ekki má bíða með að leiðrétta þangað til viðhlítandi lausn verði fundin. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég vil sem sé beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar eftir að umr. lýkur nú, að hún taki einnig til athugunar þetta úrskurðaratriði, sem ég benti hér á, þ. e. a. s. að fæðingarorlof og atvinnuleysisbætur geti útilokað hvort annað. Ég tel ekki geta komið til mála að framkvæmdin sé með þeim hætti, og þarf nauðsynlega að breyta þar um, á sama hátt og breytt verður væntanlega um þau efnisatriði sem í þessu frv. felast, og þá er að sjálfsögðu einnig til athugunar það frv. sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir hefur flutt.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég er í meira lagi undrandi, svo að vægt sé til orða tekið, á því að hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, sem er þar að auki forseti þessarar hv. d., skuli leyfa sér að fara með þau svívirðilegu ósannindi sem hún gerði áðan úr þessum ræðustól. Hún var að rekja hvernig borið hefði að þegar hún lagði þetta frv. fram sem nú er til umr. Hún rakti það m. a., að hún hefði boðið mér að vera meðflm. að því frv. Þetta er rétt hjá henni. En síðan sagði hún, að „þá stund, sem ég hefði haft þetta plagg hennar í höndum sem trúnaðarmál, hefði ég rétt á meðan," eins og hún tók til orða, „lagt mitt frv. fram í skjalasafni þingsins." Ég veit ekki alveg hvort hún er að saka mig hér um trúnaðarbrot eða stuld eða hvort tveggja. En ég vísa þessu á bug og ég krefst þess, herra forseti, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sanni mál sitt úr þessum ræðustól. Það er það minnsta sem hún getur gert. Hún sannaði það ekki áðan, og ég krefst þess, að hún geri það nú hér á eftir.

Ég hef mörg vitni að því að hv. þm. fer með helber ósannindi. Það er rétt hjá henni, að hún bauð mér að gerast meðflm. frv. Það er líka rétt hjá henni, að hún kom að máli við mig um þrjúleytið s. l. mánudag. Ég sagði henni hins vegar að það væri enginn þingflokksfundur hjá okkur alþb.-mönnum á mánudögum og ég ætti erfitt með að gefa henni svar samdægurs. Hún reyndist ófáanleg að veita mér frest fram yfir næsta þingflokksfund. Hún reyndist ófáanleg að veita mér frest til morguns, og það mun algert einsdæmi. Okkar orðræðu lauk svo, að hún sagði að ég gæti þá skrifað undir hjá skjalaverðinum fyrir kvöldmat. Þrátt fyrir þessa óbilgirni í minn garð sýndi ég henni þá kurteisi að reyna að hafa samband við sem flesta af samflokksmönnum mínum. En ég þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm. hvað það er erfitt að eltast við menn um þinghúsið eða ræða við þá um stórmál þegar þingfundur stendur yfir og annað er á dagskrá, enda tókst mér ekki að ná tali af öllum mínum félögum. Þrátt fyrir það að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hafi sagt að sín vegna nægði að ég skrifaði bara undir í skjalasafninu, þá sýndi ég henni þá kurteisi að leita hana uppi á þingflokksfundi, mætti henni reyndar á ganginum þar fyrir framan, og ég lét hana vita að ég mundi ekki gerast meðflm., en leita annarra leiða. Þetta hafði hún rétt eftir mér. Þetta var um fimmleytið. Ég var þá á leið út í Þórshamar á framkvæmdastjórnarfund, en þeir eru haldnir hjá okkur kl. 5 á hverjum mánudegi. Ég ræddi við aðila á framkvæmdastjórnarfundinum, sem ég taldi að mundu láta sig mál þetta varða, og var það raunar ekki í fyrsta sinn sem alþb.-menn höfðu um þetta mál fjallað. Ég útbjó mitt frv. eftir þetta, lét síðan senda eftir því út í Þórshamar og kom því til skjalavarðar einhvern tíma á bilinu milli 6 og 7. Mér datt ekki annað í hug en þá væri frv. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur komið inn, úr því að hún sýndi mér þessa óbilgirni fyrr um daginn og sagði að ég gæti skrifað einhvern tíma fyrir kvöldmat. Það kom mér algerlega á óvart að frv. hennar skyldi ekki vera komið, enda frétti ég síðar að hún hafði veitt Alþfl. frest þó að hún hefði ekki veitt mér þennan frest.

Hvað stuldinn varðar, ef það er það sem hún á við, þá er það auðvitað ákaflega mikill barnaskapur af þessum hv. þm. ef hún heldur það að þingflokkur Alþb. hafi ekki rætt lög um atvinnuleysistryggingarnar og áhrif skerðingarákvæðisins á atvinnuleysisbætur og fæðingarorlof. Hún þarf ekki um það að sakast við neinn nema sjálfa sig ef hún heldur það. Það mál var einmitt tekið sérstaklega til umr. á þingflokksfundi hjá okkur viku áður, og sú leið, sem ég hef lagt til í frv. því sem ég mælti fyrir í dag, var ein af þeim leiðum sem við töldum hugsanlegt að fara. Og að loknum næsta framkvæmdastjórnarfundi þar á eftir varð það ofan á að fara þá leið. Hér er því hvorki um að ræða trúnaðarbrot né stuld. En það er eftirtektarvert, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er ekki að harma að ég skyldi ekki hafa boðið henni að gerast meðflm. að mínu frv., eða bjóða samkomulag sem mér hefði verið ljúft að gera ef hún hefði ekki verið búin að taka af skarið fyrr um daginn, að hún mundi alls ekki bíða eftir því lengur en fram

að kvöldmat og ekki einu sinni fram að þeim tíma að ég gæti rætt þetta mál við hana að undangengnum eðlilegum umr. í mínum þingflokki.

Ég hygg, herra forseti, að ég hafi gefið nægilega skýringu á því, að ummæli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, forseta Nd., um að þá stund, sem ég hef haft plagg hennar í höndum, hafi ég rétt á meðan lagt frv. mitt fram í skjalasafni þingsins, eru ósönn. Ég skilaði henni hennar plaggi kl. 5. Ég fékk ekki einu sinni ljósrit af því. Og mitt frv. fór inn síðar og þó alls ekki sem neinn stuldur, heldur sem endanleg niðurstaða umr. í þingflokki vikuna á undan og síðan við aðila sem sóttu framkvæmdastjórnarfund.

Ég harma það að forseti Nd. skuli lúta svo lágt að fara með ósannindi. Það kemur heldur ekkert málefninu við. Það er eitthvað, sem snertir skaplyndi þessa hv. þm., sem hefur komið henni til þess að gera þetta, og hún verður að eiga það við sjálfa sig. Það er engu líkara en hún túlki stöðu sína svo hér á Alþ. í þessum umr. í dag sem hún hefðið beðið persónulegan ósigur í kapphlaupi. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um það, enda verður ekki lesið í það. En hegðun hennar gefur þó þessa túlkun til kynna, og get ég ekki látið hjá líða að vitna í hið fornkveðna, með leyfi hæstv. forseta, að „lítil er lundin ef lygin er eina haldreipið."

Það var eftirtektarvert í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Sighvats Björgvinssonar, að hann taldi að unnt væri að samræma þessi tvö frv. Það tel ég líka, og ég tók það fram þegar ég mælti fyrir mínu frv. Ég tel ákaflega óeðlilegt að skerðingarákvæðið skuli vera látið gilda í þeim tilfellum þegar um atvinnuleysisbætur er að ræða, úr því að farið er að hrófla við því á annað borð. Ég var satt að segja ákaflega undrandi á því, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir taldi að það mætti bíða endurskoðunar hvort ætti að afnema skerðingarákvæðið varðandi atvinnuleysisgreiðslur, en hitt ætti að afgreiða án umsagnar. Hér er vissulega mikill munur á hug þessa hv. þm. til afgreiðslu mála og til þessara beggja þátta. Í báðum tilfellum er um að ræða lagabreytingu. Þetta er ekki eins einfalt og hv. 1. flm. vill vera láta. Ef svo væri, þá þyrfti auðvitað ekki að bera fram frv. Hér er ekki um að ræða einfalda breytingu á framkvæmd, heldur breytingu á sjálfum lögunum.

Ég legg á það áherslu, að það er mikið jafnréttismál að skerðingarákvæðið verði afnumið með öllu. Ég tel algerlega óviðunandi að giftar konur skuli vera sviptar atvinnuleysisbótum með öllu ef tekjur maka ná vissu marki. Í þessu sambandi verða hv. þm. að hafa það í huga, að lögin um atvinnuleysistryggingar eru fyrst og fremst til komin vegna þess ástands á vinnumarkaði er atvinnuleysi verður. Það er m. ö. o. frumhlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að bæta mönnum upp tekjuleysi vegna atvinnumissis. Ef skerðingarákvæðið verður afnumið þannig að það nái til þessa hlutverks, þá fylgir hitt sjálfkrafa í kjölfarið og þá komumst við hjá óeiningu og sundrungu milli þeirra kvenna sem njóta eiga greiðslna úr sjóðnum. Ég vil í þessu sambandi minna á grein eða bréf í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum þar sem var einmitt bent á það, að fleiri yrðu fyrir skerðingu en þær konur sem þyrftu á fæðingarorlofi að halda. Þá var einmitt bent á þetta, að konur nytu ekki atvinnuleysisbóta vegna þessa sama ákvæðis sem hér um ræðir.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frekar, herra forseti. En ég vil benda á að það er ekki hægt að gera hvort tveggja, að telja fæðingarorlof heyra undir atvinnuleysistryggingar og halda því samt fram, að þær greiðslur séu annars eðlis. Formið býður ekki heldur upp á það. Og eina rétta lausnin og ég hygg að eina lausnin, sem konur í verkalýðsfélögum muni sætta sig við, er að þarna sé ekki gert upp á milli, að eitt atriði sé ekki tekið út úr þegar um skerðingu er að ræða, heldur sé það látið gilda fyrir allar greiðslur.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Í ræðum manna hér á undan, sem hafa verið á móti því frá upphafi að fæðingarorlof væri tekið inn í Atvinnuleysistryggingasjóð til útborgunar, kom m. a. fram að þeir töldu að sú leið, sem var valin fyrir tveimur árum, hefði ekki verið rétt. En þá hlýtur sú spurning að vakna: Hvers vegna var þessi leið valin? Svarið er ákaflega einfalt. Það var vegna þess að Alþ. hafði ekki komið sér saman um aðrar leiðir þrátt fyrir það að fyrir Alþ. hafa legið ár eftir ár þáltill. sem hnigu í sömu átt. (Gripið var fram í.) Hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði að meiri hl. hefði ekki verið fyrir hendi á Alþ. Það er rétt, að meiri hl. hafði ekki skapast þrátt fyrir það að einstakir þm. höfðu áhuga á þessu, svo sem best kemur fram í þingtíðindum. Þar má lesa að einstaka varaþm., sem hafa komið hér inn, hafa komið með þáltill. um að fæðingarorlof væri greitt í gegnum almannatryggingar. Þessar hugmyndir hafa ekki fengið hljómgrunn, og þess vegna var það sem við nokkrir þm. tókum okkur saman um það að freista þess á hv. Alþ., að reynt yrði að tryggja konum þennan sjálfsagða rétt, þ. e. útivinnandi konum, sem falla undir samninga Alþýðusambandsins, og að Atvinnuleysistryggingasjóður væri látinn greiða vegna þeirra fæðingarorlof.

Ég er þeirrar skoðunar og hef alltaf verið, að það væri auðvitað eðlilegast og sjálfsagt að fella fæðingarorlofið inn í almannatryggingakerfið, og það á auðvitað að ná til allra kvenna, útivinnandi sem annarra, sem þannig er ástatt um að þær þurfi á fæðingarorlofi að halda. En þetta er svo sjálfsagt að það á ekki að þurfa að taka það fram. En sú staða hefur bara ekki skapast hér á hv. Alþ. að við getum komið því í kring. Sá þingmeirihl. er ekki fyrir hendi er gæti tryggt það. Ég er þeirrar skoðunar að hann verði ekki fyrir hendi fyrr en hv. Alþ. hefur tekið afstöðu til þess að það þurfi að endurskoða allt almannatryggingakerfið og lífeyriskerfi landsmanna um leið, þannig að þetta hvort tveggja verði fellt saman í eitt samfellt kerfi sem veiti verðtryggðan ellilífeyri og greiði jafnframt fæðingarorlof.

Hér er ekki um þá fjármuni að ræða að það ætti ekki að vera auðvelt að framkvæma þetta í gegnum almannatryggingakerfið og lífeyriskerfið fyrir allar konur sem þurfa á fæðingarorlofi að halda. Það sést best á þeim tölum sem hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, greindi

frá hér áðan í sambandi við greiðslur fæðingarorlofs úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 1976. Mun ég víkja að því nánar á eftir. En ég get ekki annað en svarað hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni nokkuð, því að ég get alls ekki fallist á þá skoðun hans m.a., að lögin, sem sett voru um fæðingarorlofið árið 1975, hefðu ekki verið ótvíræð. Ég taldi á sínum tíma og ég tel enn eðlilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður, sem hefur hrúgað upp milljörðum kr., þ.á m. vegna iðgjaldaálags á konur, greiði fæðingarorlof, og ég segi að þessi sjóður hefur svo sannarlega greiðslugetu til þess að inna þessar greiðslur af hendi, því að sem betur fer hefur verið sáralítið atvinnuleysi hér á landi undanfarin ár og þess vegna hefur sjóðurinn verið fullfær um að greiða þetta og mun meira. Það þekkjum við best, Eðvarð Sigurðsson, sem höfum komið nálægt samningamálum og þekkjum nokkuð til þessa sjóðs, hann að vísu betur en ég þar sem hann situr í sjóðsstjórn. En ég vil vekja athygli á því í sambandi við ræðu hv. þm., að í bréfi frá Tryggingastofnun ríkisins til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta vegna þessa máls, sem sent var til verkalýðsfélaganna í jan. 1977, er kafli um fæðingarorlofsgreiðslur, og segir í upphafi þessa bréfs, með leyfi hæstv. forseta: „Komið hefur í ljós að mismunandi skilningur hefur verið á lögum og reglugerðum um fæðingarorlof. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs vill því taka nokkur atriði sérstaklega fram.“ Og síðan koma þau. Þetta bréf er sent vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs frá Tryggingastofnun ríkisins og undir það ritar starfsmaður stofnunarinnar. Þarna kemur fram í bréfi að um er að ræða mismunandi skilning sem sagt, sú stofnun, sem átti að annast þetta, er enn sömu skoðunar og við flm. þessa frv. á sínum tíma sem tryggði konum þennan rétt, að það gæti verið um mismunandi skilning að ræða. En varðandi túlkun og framkvæmd er um alveg ótvíræðan rétt að ræða, sem að mínu mati er svo ótvíræður að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs gat ekki gert það sem hún gerði í árslok 1976 og áréttaði í ársbyrjun 1977. Hins vegar töldum við flm. þessa frv., sem hér er til umr., rétt að taka af öll tvímæli og lögðum fram umræddar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson ræddi nokkuð um greiðslur fæðingarorlofs og benti á hvernig þeim greiðslum væri háttað. Hann mun hafa átt við það, að greiðslurnar færu í gegnum úthlutunarnefndir einstakra verkalýðsfélaga, en það hefur verið gert samkv. ósk Tryggingastofnunar ríkisins til þess að auðvelda þessa framkvæmd, en ekki vegna þess að Tryggingastofnunin hafi tjáð verkalýðsfélögunum að hér væri um hreinar atvinnuleysisbætur að ræða, fyrr en með þeim úrskurði sem takmarkar rétt kvenna til þessara bóta eða til þessara orlofsgreiðslna.

En þegar verið er að ræða um atvinnuleysistryggingar og lög um atvinnuleysisbætur, þá er ekki hægt að komast hjá því að ræða nokkuð um núgildandi lög. Þau eru satt að segja stórgölluð. Því er víðs fjarri að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eða atvinnuleysistrygginga hafi gætt sem skyldi að lögin væru framkvæmd, og tel ég það mjög ámælisvert. Ég nefni sem dæmi að verkalýðsfélögin vita yfirleitt ekkert um stöðu sína hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Það stafar af því að 7. gr. laganna hefur alls ekki verið framkvæmd, en í henni segir m.a., með leyfi forseta:

„Að lokinni samningu iðgjaldaskrár, samkv. 6. gr., skal skattyfirvald skipta heildarupphæð iðgjaldanna eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga á staðnum.“ Enn segir: „Gera skal skrá um skiptingu þessa, sem síðan skal send Tryggingastofnun ríkisins, sem færir iðgjöldin á sérreikning verkalýðsfélaganna við Atvinnuleysistryggingasjóðinn samkv. skránni.“

Þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt.

Þetta er mjög veigamikið atriði fyrir verkalýðsfélögin almennt, og þess vegna er það — og ég endurtek það — mjög ámælisvert að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skuli fyrst og fremst leggja áherslu á það í störfum sínum á þeim tímum þegar hún ætti að hafa svigrúm til að sinna öðru en greiðslu atvinnuleysisbóta, vegna þess að ekkert atvinnuleysi hefur verið í landinu eða sáralítið, að þá skuli hún vera að leggja sig fram um það, — ég segi: leggja sig fram um það að finna lagakróka eða leiðir til þess að koma í veg fyrir að fæðingarorlofsgreiðslur eigi sér stað úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það eru miklu stærri verkefni sem sjóðsstjórnin hefði átt að sinna, eins og þetta m.a. Það er ekki lítið atriði fyrir verkakonur hvar í stétt sem er að vita hver hefur verið raunveruleg greiðslubyrði vegna þeirra gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er ekki lítið atriði fyrir þær þúsundir kvenna, sem lagt er gjald á á hverju ári, að vita að hundruðum millj. af því ráðstöfunarfé, sem sjóðurinn hefur á hverjum tíma, skuli vera ráðstafað til allt annarra þarfa heldur en þeirra tryggingaþarfa sem hér um ræðir.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, sem situr í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og ég veit að hefur auðvitað gætt hagsmuna verkalýðsins samkv. bestu getu, en það kom fram hjá honum áðan að á árinu 1976 hefðu verið greiddar samtals 135 millj. kr. vegna fæðingarorlofs. Þetta er innan við 10% af áætluðu ráðstöfunarfé sjóðsins fyrir árið 1977. Ég get ímyndað mér, það sem ég hef nú ekki tölur um hvert var ráðstöfunarfé árið 1976, að þetta hefði ekki verið miklu meira en 13—14% af ráðstöfunarfé sjóðsins á því ári. En ég mun koma nokkru nánar inn á það atriði á eftir. Þetta er auðvitað ekki nema brot af því fé sem rennur inn í sjóðinn vegna álagningar iðgjalda á vinnu kvenna úti í atvinnulífinu.

En það er ekki aðeins að sérreikningar verkalýðsfélaganna hafi ekki verið færðir upp samkv. lögum. Það út af fyrir sig er nægilega slæmt. En það er enn þá verra í ljósi þess sem segir í 19. gr. gagnvart því, að verkalýðsfélögin þekki raunverulega stöðu sína innan þessa stóra sjóðs. En í 19. gr. segir: „Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags sem bótaþegi telst til. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og skal þá sjóðsstjórn lána stofnfé sjóðsins í þessu skyni. Ef einnig er þrotið stofnfé sjóðsins er sjóðsstjórn heimilt að lána milli sérreikninga.“

Ég er algerlega fylgjandi samhjálpinni sem felst í lögum um atvinnuleysistryggingar. En ég er líka fylgjandi því sem stendur í 19. gr., að það eigi að færa upp sérreikninga, það eigi að greiða bætur úr sérreikningum, en síðan skuli vera þessi heimild að færa á milli reikninga til þess að styðja aðra ef fé þrýtur hjá einstökum félögum. Það er vissulega nauðsynlegt að hafa alla hluti í lagi, en þá ættu þessir hlutir ekki síður að vera í lagi, sérstaklega þegar maður lítur á það hvað lögin eru meingölluð með tilliti til allra þeirra heimilda sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur.

Í VII. kafla umræddra laga er fjallað um sérstök lán og styrki. Ég hef aldrei nokkurn tíma séð lög skapa jafnmikla möguleika á grundvelli heimilda til ráðstöfunar á jafnmiklum fjármunum eins og þessi kafli í lögum um atvinnuleysistryggingarnar. (Gripið fram í.) Þar er hvert heimildarákvæðið á eftir öðru, og þau eru svo rúm að það vantar raunverulega aðeins að í lögunum standi, að svo skuli einnig gefa eitthvað af peningum Atvinnuleysistryggingasjóðs ef svo stendur á að nauðsyn sé að gefa peninga til einhverra framkvæmda. Ég er fylgjandi því auðvitað að það eigi að nota þetta fé, sem kemur inn í sjóðinn, að vissu marki til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. En það getur verið mjög teygjanlegt og matsatriði hvað peningarnir koma að miklum notum til þess að koma í veg fyrir slíkt. Einnig er það matsatriði hvernig á að nota þessa fjármuni. Svo er það líka annað mál að Atvinnuleysistryggingasjóður er orðinn það stór sjóður að það er mjög vafasamt að hafa heimildirnar eins rúmar og VII. kafli gerir ráð fyrir. Ég ætla ekki að ræða heimildirnar nánar. En ég vil aðeins vekja athygli á þessu, að ef hægt er að veita sjóðsstjórn heimildir til að ráðstafa hundruðum millj. án þess að löggjafinn komi þar nokkuð nálægt umfram það sem segir í lögunum sem veita heimildirnar, þá er það ekkert álitamál, heldur sjálfsagt mál að greiða konum 100—200 millj. kr. í fæðingarorlof úr þessum sjóði sem safnar ekki minna en svona 500—800 millj. til ráðstöfunar á hverju ári vegna þátttöku kvenna í uppbyggingu og myndun sjóðsins. Þetta finnst mér mjög veigamikið atriði og ætti að ræðast nánar.

Einnig hefur það því miður komið fram í þessari umr., að hér virðast menn ekki tala um konuna sem einstakling, heldur sem einhverja afgangsstærð. Ég tel að konan eigi að hafa sjálfstæðan rétt gagnvart þessum sjóði og það eigi ekki að skerða hann frá því sem ákveðið var með lögunum frá vorinu 1975.

En eitt fannst mér eftirtektarvert í ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar þegar hann ræddi um hvernig sjóðsstjórn hefði staðið að þessum málum, hvað hefði raunverulega orðið til þess, að hún fór í gang með þeim afleiðingum sem við stöndum nú frammi fyrir. Hann skýrði frá því í ræðu sinni, að það, sem hefði raunverulega sett stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs af stað í þessu máli, hafi í fyrsta lagi verið bréf frá Siglufirði vegna máls, sem kom þar upp hjá úthlutunarnefnd, og svo í öðru lagi vegna þess að umboðsmaður Tryggingastofnunarinnar á Akranesi hefði óskað eftir úrskurði um greiðslu fæðingarorlofs. Í framhaldi af þessu var leitað til forseta lagadeildar og hann var beðinn um úrskurð um þau atriði sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson greindi frá að hefðu komið fram í umræddum bréfum og óhjákvæmilega hlutu að koma mjög sterkt inn á fæðingarorlofsgreiðslur almennt. Ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi en svo, að það hefði beinlínis verið ósk stjórnarinnar að forseti lagadeildar hvað upp úrskurð varðandi rétt kvenna og tekjuskerðingarákvæði Atvinnuleysistryggingasjóðs ef tekjur maka færu yfir ákveðna upphæð. Ég vil nú segja það eins og er, að það hefði verið eðlilegra að þeir fulltrúar Alþýðusambandsins eða verkalýðshreyfingarinnar, sem eiga sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, hefðu getað haft samband eða samráð við félög innan Alþýðusambandsins, þar sem konur skipa meiri hl. eða eru einvörðungu félagsmenn, áður en leitað var til forseta lagadeildar til þss að fá úrskurð um jafnviðkvæmt og veigamikið mál og hér um ræðir. Mér finnst það ekki vörn í málinu fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að skjóta sér á bak við úrskurð prófessora hjá Háskóla Íslands í þessari réttindaskerðingu. Einhvern tíma og við aðrar aðstæður hugsa ég að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hefðu farið öðruvísi að, ég segi það hreinskilningslega. En þetta er sagt að gefnu tilefni, vegna þess að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði áðan í ræðu sinni að fulltrúar A. S. Í. hefðu borið sig saman við stjórn A. S. Í. og V. S. Í. um þetta atriði og þessir aðilar hafi verið sammála um að skerða skyldi hlut útivinnandi kvenna gagnvart fæðingarorlofi á grundvelli úrskurðar umræddra lagaprófessora. Og mér skildist að varla gætu menn vefengt þann úrskurð. Ég leyfi mér að vefengja þann úrskurð, og ég leyfi mér að vefengja að rétt hafi verið staðið að málum af hálfu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að leita til umræddra prófessora og gera þær samþykktir á stjórnarfundum sem framkölluðu umrædda réttindaskerðingu, vegna þess að sá úrskurður er ekki í samræmi við anda laga um fæðingarorlof, auk þess sem hann er ranglátur gagnvart fjölda kvenna sem verða fyrir ákveðinni mannréttindaskerðingu á grundvelli hans.

Hér var áðan vísað til þess að atvinnuleysistryggingar hefðu orðið til í samningum 1955. Það vita allir að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson átti veigamestan þátt í því að lög um atvinnuleysistryggingar urðu að veruleika á því ári, enda sagði hann réttilega að honum væri umhugað um að það góða verk væri ekki rifið niður. Um það er ég honum fyllilega sammála. En ég lít ekki á það sem niðurrifsstarf að greiða útivinnandi konum þriggja mánaða fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði, heldur hið gagnstæða. Ég lít þannig á að það tryggi raunverulega stöðu verkalýðshreyfingarinnar að búa vel að sínum konum, — konum sem vinna úti á hinum almenna vinnumarkaði. Allt á að gera til að gera þeim léttara að fæða börn. Við hljótum að styrkja það með þeim hætti sem við höfum helst vald yfir.

En ég vil varpa fram þeirri spurningu, hvort það sé nokkurs annars eðlis að greiða fæðingarorlof úr þessum sjóði heldur en að greiða kaup-

tryggingu. Við tókum þátt í því, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og ég, fyrir nokkrum árum að semja um það og mæla með því við hv. Alþ. að lögunum yrði breytt þannig að unnt væri að greiða kauptryggingu úr Atvinnuleysistryggingasjóði í áföngum á ákveðnu, tilteknu tímabili, og taldi ég það spor í rétta átt og tel enn.

Við hljótum svo að vera sammála um það, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og ég, að við erum að vissu marki málsvarar verkalýðshreyfingarinnar. Við hljótum þess vegna að líta til hagsmuna allra kvenna innan Alþýðusambandsins þegar við ræðum um þessi mál. Allir innan A.S.Í. hljóta að vera jafnir gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði. En ég tel að réttur konunnar sé ekki virtur ef þetta frv. fer ekki í gegn sem hér er til umr.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um einstaka þætti úr ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, en vil þó koma örlítið inn á þær tölur sem hann fjallaði um í sambandi við áætlun um ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs 1977.

Það, sem vakti helst athygli mína, og ég vil leyfa mér að varpa fram spurningu í því sambandi til hv. 7. þm. Reykv., var í sambandi við bótagreiðslur. Hann greindi frá því að bótagreiðslur árið 1976 hefðu verið um það bil 400 millj. kr. Þar með voru taldar greiðslur vegna fæðingarorlofs 135 millj. kr. Hins vegar áætlar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að í bótagreiðslur árið 1977 fari 885 millj. kr. Ég vil spyrja: Er reiknað þar með fæðingarorlofsgreiðslum og hversu háar eru þær greiðslur í þessari heildarupphæð, þessum 885 millj. kr. Eftir því sem ég kemst næst mun sú gerð stjórnarinnar skerða mjög rétt kvenna til fæðingarorlofs, þannig að í stað þess, að barna hefur orðið um einhverja aukningu að ræða í sambandi við bótagreiðslur árið 1977, þá verði jafnvel um lækkun að ræða miðað við greiðslu ársins 1976. Miðað við það sýnist mér, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geri ráð fyrir allt að 600 millj. kr. hækkun á öðrum bótagreiðslum. Hvernig flokkast þessar bótagreiðslur? Í hverju er þessi mikla aukning fólgin? Þetta eru atriði sem ég vildi gjarnan fá að vita um hér í umr. Mér finnst þetta óeðlilega há upphæð miðað við það sem greitt var á síðasta ári.

Varðandi það atriði, að sjóðurinn skuli kaupa bankavaxtabréf af Byggingarsjóði fyrir rúmar 678 millj. kr., þá er vert að vekja athygli á því, að kaup Atvinnuleysistryggingasjóðs á bankavaxtabréfum vegna húsnæðismála eru ekki eins þýðingarmikil og þau voru fyrir nokkrum árum vegna þess að kaup lífeyrissjóða á þessum bréfum hafa aukist gífurlega á síðustu tveimur til þremur árum. Þannig er hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs að verða sáralítill miðað við hlut lífeyrissjóðanna í kaupum slíkra vaxtabréfa. Þessi þáttur í starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs ætti því ekki að vera hindrun í vegi þess að konur geti fengið fæðingarorlof í gegnum sjóðinn. Ég óska sem sagt eftir því að fá upplýsingar um það, hvernig sjóðsstjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu um bótagreiðslur, að þær hækki um ca. 600 millj. brátt fyrir þá skerðingu sem stjórnin ákvað á fundi sínum fyrst í des. 1976 og staðfesti síðan í janúar 1977.

Að lokum vil ég segja það, að það er ansi hart að þm. skuli þurfa að endurflytja mál vegna aðgerða stjórnenda einstakra stofnana sem vilja ekki framkvæma lög sem samþ. eru á Alþ. Það er gersamlega óviðunandi að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skuli hafa leyft sér að takmarka og það einhliða framkvæmd laga og fyrirmæla reglugerðar í sambandi við greiðslu fæðingarorlofs úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég minni á það, að lög um fæðingarorlof voru samþ. á hv. þingi vorið 1975 og síðan var gengið frá reglugerð um framkvæmd þessara mála. Og á grundvelli þessa var fæðingarorlof greitt árið 1976 án nokkurrar skerðingar, svo að vitað sé. En það kom fram í ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, að það væri ekki alveg víst að einhver skerðing hafi ekki átt sér stað, án þess að hann greindi frá einstökum dæmum. En á grundvelli fyrrgreindra laga og reglugerðar var fæðingarorlof greitt og ég held því fram án nokkurrar skerðingar, í samræmi við vilja Alþingis.

Samkv. því, sem skýrt var frá áðan, greiddi Atvinnuleysistryggingasjóður samtals 135 millj. kr. í fæðingarorlof árið 1976, og það mun láta nærri, ef þetta er rétt, að 900—1000 konur hafi notið fæðingarorlofsgreiðslna á því ári á grundvelli fyrrgreindra laga. Hér er því til umr. mál sem snertir mikinn fjölda kvenna. En það er með þetta atriði eins og önnur frá þessum ágæta sjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, að þótt komið sé fram í mars, þá liggja engar upplýsingar fyrir frá stjórninni um heildarupphæð þessara greiðslna. Það er álitið samkv. því, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði áðan, að greiðslurnar geti orðið hærri, en ekki vitað um það enn. Og ég verð að segja það, — og er ég nú ekki að gagnrýna hv. þm. sérstaklega því að engan mann þekki ég grandvarari og heiðarlegri um það að vilja hafa alla hluti í lagi, ég tek þetta sérstaklega fram, en ég verð að segja það, að mér finnst það furðulegt að nákvæmar upplýsingar skuli ekki liggja fyrir nú 21. mars, tæplega þrem mánuðum eftir að fjárhagsárinu lýkur. Mér finnst það slæmar heimtur á upplýsingum og lélegt uppgjör á reikningum. Allir lífeyrissjóðir landsins, svo að dæmi sé nefnt, sem velta milljörðum, hafa sín reikningsuppgjör tilbúin eigi síðar en í lok jan. eftir hver áramót, og Atvinnuleysistryggingasjóður ætti alveg eins að geta gert upp með sama hætti. En það er með þetta atriði eins og önnur: litlar og takmarkaðar upplýsingar sem koma seint, en hins vegar leitað til prófessora til þess að reyna að skerða og koma í veg fyrir framkvæmd laga. Þessu hlýt ég að mótmæla sem alþm. og einnig fyrir hönd þeirra kvenna sem verða fyrir þeirri réttindaskerðingu sem hér um ræðir.

Ég tel að sú gerð stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að grípa til þess ráðs að skerða þessi réttindi verulega sé röng og ólögmæt og að stjórnin geti ekki skotið sér á bak við skerðingarákvæði gagnvart greiðslu atvinnuleysisbóta með tilliti til atvinnutekna maka. Sú túlkun varðandi greiðslu fæðingarorlofs úr Atvinnuleysistryggingasjóði er ekki í samræmi við tilgang löggjafans í þessu máli. Máli mínu til stuðnings vísa ég til umr. á Alþ. þegar þetta mál var tekið til umr. og afgreiðslu í ársbyrjun 1975. Það kom ekki fram í máli neins þm., sem fjallaði um þetta mál, að skerðingarákvæði Atvinnuleysistryggingasjóðs

með tilliti til tekna maka skyldi eiga við um greiðslu fæðingarorlofs, ekki eins einasta, þrátt fyrir það að sumir væru á móti því að þessar greiðslur færu í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég tel þetta mjög veigamikið atriði gagnvart þeim úrskurði sem prófessorinn gaf í þessu máli. Ég álít þannig á að túlkun og vilji löggjafans, sem kemur bæði fram í lagasetningu, umr. og reglugerðum, hljóti að vega hér meira en umsögn einstakra prófessora úti í bæ, enda er ég sannfærður um að hv. þm. eru mér sammála um þetta atriði. En því til viðbótar vil ég segja að ég er jafnsannfærður um að verkalýðshreyfingin mundi ekki sætta sig við að veigamiklum málum, sem snerta þúsundir félagsmanna, væri skotið undir þann gerðardóm að láta prófessora úti í bæ ákveða hvernig bæri að túlka lög, samninga eða rétt verkalýðshreyfingarinnar. Það erum við áreiðanlega sammála um, ég og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson. (**EðS:** Er það ekki bara spurning um vöndun á lagasetningu.) Við erum örugglega sammála um það, að það, sem Alþ. ákveður, hljóti að gilda, enda væri allt annað ófært og erfitt að sjá hvernig færi þá fyrir öðrum lögum og reglum sem hér hafa verið sett.

Í því máli, sem hér um ræðir, er um að ræða persónulegan og sjálfstæðan rétt sem er bundinn við ákveðinn og takmarkaðan tíma. Framkvæmdin er tengd ákveðnum greiðslugrundvelli, og þess vegna getur fæðingarorlof ekki flokkast undir atvinnuleysi í þrengri merkingu þess orðs. Það er algerlega útilokað. Enda kom það ekki fram í ræðum þm., þegar þessi mál voru hér til afgreiðslu 1975, og ekki enn í þeim umr., sem hér hafa nú farið fram. Fæðingarorlof er greitt vegna barnsburðar til þess að auðvelda konum erfiðar kringumstæður. Það að leggja aðra merkingu í tilgang fæðingarorlofs samkv. fyrri lögum lýsir annaðhvort ólýsanlegri þröngsýni í þessu máli eða beinlínis fjandsamlegri afstöðu til aukinna réttinda til handa konunum. Því skal þó eigi trúað að óreyndu að hv. Alþ. taki ekki af skarið og öll tvímæli í þessu máli. Þess vegna vænti ég að þetta frv., sem hér er til umr., fái skjóta og góða afgreiðslu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst rétt nú við þessa 1. umr. þessa máls að segja hér örfá orð þar sem ég er einn af flm. þessa frv.

Þegar frv. um fæðingarorlof var hér til umr. á sínum tíma var ég einn í hópi þeirra sem töldu ekki rétt að þetta væri sett í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð og sett á hann sem útgjaldalið. Nú er þetta eigi að síður staðreynd sem a. m. k. ég vil horfast í augu við. Svona er þetta í dag og eftir samþykkt laganna sem eru búin að vera í gildi á annað ár.

Það frv., sem hér er nú til umr., er fram komið fyrst og fremst og raunar einvörðungu vegna þeirrar ákvörðunar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að skerða greiðslu fæðingarorlofs til kvenna ef maki viðkomandi aðila hefur haft ákveðið tekjumark varðandi þénustu. Ég lít á greiðslur fæðingarorlofsins nokkuð öðrum augum en atvinnuleysisbætur. (**EðS:** Það hefði átt að gera með lagasetningu á sínum tíma.) Vitanlega hefði það þurft. Í mínum huga er á annan veg farið greiðslu á fæðingarorlofi heldur en greiðslu atvinnuleysisbóta. Mér finnst raunar þessi ákvörðun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs vera með ólíkindum og ekki hvað síst það, að sá dómur, ef dóm skal kalla, skuli ekki vera felldur fyrr en heilt ár er liðið með framkvæmd laganna og greiðslur úr sjóðnum vegna fæðingarorlofsins. Það líður allt árið 1976 sem þetta virðist a. m. k. látið óátalið af hálfu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að engin skerðingarákvæði séu þarna varðandi greiðslu fæðingarorlofs. (Gripið fram í.) Ja, það virðist a. m. k. vera staðreynd að í allflestum tilfellum hefur það gilt. Meira að segja hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, einn af stjórnarmönnum Atvinnuleysistryggingasjóðs, vill ekki ótvírætt lýsa því yfir, eða mér virtist að hann vildi ekki segja það hér, að þetta hefði ekki gilt svona. (Gripið fram í.) Nei, sem sagt, hann er í vafa, sjálfur stjórnarmaðurinn. (**EðS:** Ég hef enga aðstöðu til þess að dæma um það.) Hvað þá með okkur hina? Við lítum svo á vegna þess að þessi úrskurður er ekki felldur af hálfu stjórnarinnar fyrr en heilu ári á eftir og kemur ekki til framkvæmda fyrr. (Gripið fram í.) Ég vil einnig taka undir það sjónarmið hv. þm., sem var hér síðast að tala, að mér finnst það ákaflega óviðurkvæmilegt af fulltrúum Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, að þeir skuli leita til lögfræðinga úti í bæ, sama þótt prófessorar séu, til að leita lögskýringa og skjóta sér síðan bak við það. Mér finnst það ákaflega óviðurkvæmilegt og ég efast mjög um það, er reyndar fullviss um að þetta hefði vart verið gert í öðrum tilvikum en þessu af fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar.

En þó að ég hafi verið á sínum tíma andvígur því að þessi leið verði farin, að þetta væri sett á Atvinnuleysistryggingasjóð, þá, eins og ég sagði áðan, vil ég horfast í augu við þær staðreyndir, sem við blasa, og vil, að framkvæmdin verði sú sem til var ætlast, þangað til lögunum verður breytt í annað form. Ég er a. m. k. þeirrar skoðunar, að þessi löggjöf um greiðslu fæðingarorlofs sé annars eðlis en greiðslur atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hér er því að mínu viti a. m. k. um sérstakt réttlætismál að ræða, að þessu verði breytt, að allar konur á vinnumarkaðnum, sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru samkv. lögunum og reglugerðinni, sitji við sama borð. Ég skal fúslega taka undir það, að vissulega eru öll skerðingarákvæði í þessum efnum þyrnir í mínum augum, og það frv., sem hér var verið að ræða á undan þessu, á fyllsta rétt á sér, frv. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur um að afnema þessi skerðingarákvæði varðandi greiðslu atvinnuleysisbóta. En ég er mjög efins í því, að þessi hv. þm. hefði flutt það frv. hefði þetta mál ekki komið upp. Ég er ekkert viss um það a. m. k. að það hefði verið vakið hér upp núna ef ekki hefði svo staðið á að þetta hróplega ranglæti, sem verið er að fremja gagnvart tugum, hundruðum eða þúsundum kvenna í landinu með því að skerða greiðslu fæðingarorlofsins, — ef það hefði ekki komið upp, þá er mér til efs að þetta hefði verið tekið

upp hér nú. (SvJ: Hlustaði ræðumaður ekki á framsöguræðu mína? Jú, jú, ég hlustaði að mestum hluta á hana. (SvJ: Mestum hluta?) Mestum hluta, já. En hvað sem því við kemur, þá er þetta mín skoðun, að ég er mjög efins um að hv. þm. hefði dregið þetta mál hér inn nú, og breytir þar engu um þótt hv. þm. fórni höndum. En ég skal ekkert um það fullyrða hvort grundvöllur er fyrir því, en mér finnst ekkert ólíklegt, a. m. k. tel ég fulla ástæðu til að athuga það, hvort hægt er að samræma þessi tvö mál sem hér eru nú til meðferðar, þannig að menn geti verið á eitt sáttir. En takist það ekki, þá vil ég a. m. k. fyrir mitt leyti láta það koma alveg ótvírætt fram, að ég lít á greiðslu fæðingarorlofsins, þó í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð sé, öðrum augum en greiðslur bóta í atvinnuleysistilfellum. Ég tel að það eigi alveg tvímælalaust að koma í veg fyrir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs í skjóli lögfræðings haldi áfram að beita þessu skerðingarákvæði. Ég get alveg verið sammála hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni um það, og það kom raunar fram mjög við umr. um fæðingarorlofsfrv. 1975, að það er ekki endalaust hægt að hlaða böggum á Atvinnuleysistryggingasjóð. En ef hann er um það efins nú að Atvinnuleysistryggingasjóður þoli þennan bagga, þ. e. a. s. fæðingarorlofið, nema því aðeins að skerða það, hvað þá með það sem inn kemur ef samþ. yrði frv. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur? Enn þá meiri baggi yrði það á Atvinnuleysistryggingasjóði, ef það yrði samþ., heldur en þó að hitt yrði samþ. eitt sér, ef menn á annað borð eru hræddir um að hér sé verið að stefna stöðu og getu sjóðsins í voða.

Ég vil sem sagt itreka að þetta eru mér mikil vonbrigði. Ég veit að vísu að allir stjórnarmenn, að ég best veit, í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem voru þegar þessi lög voru samþ. 1975, voru andvígir löggjöfinni eins og frá henni var gengið. Mér er það ljóst og hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga. En þeir eiga ekki að beita lagakrókum til þess að koma í veg fyrir að andi þeirrar löggjafar og réttlætið, sem átti að nást í gegnum þá löggjöf, nái fram að ganga, þó að þeir hafi sjálfir verið andvígir löggjöfinni eins og hún var þegar hún var samþ. hér á Alþ. Ég er a. m. k. ekki í neinum vafa um að flestir, ef ekki allir hv. þm., hvort sem þeir voru andvígir því að greiða þetta í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð eða ekki, hafa ekki gert ráð fyrir að slík skerðing á greiðslu fæðingarorlofs yrði upp tekin af hálfu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, þó að þeir menn, sem sæti áttu í þeirri stjórn, hafi verið andvígir löggjöfinni. Menn verða að sætta sig við þær staðreyndir sem við blasa þó að þeir gjarnan hefðu viljað fara aðrar leiðir. En þetta er búið og gert, a. m. k. í bili, og við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir þó að við sumir hverjir höfum viljað fara aðrar leiðir. Og ég trúi því ekki að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sé andvígur því að breyta löggjöfinni í það horf sem fullnægir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til að afnema skerðingarákvæðin í þessu máli. Ég trúi því ekki að hann sé á móti því. (EðS: Hlustaði þm. ekki á ræðu mína áðan?) Ég hlustaði líka á ræðu þína, jú, (Gripið fram í.) Ja, ég á ákaflega bágt með að trúa því að eins verkalýðssinnaður maður og þessi hv. þm. er ætli að beita sér gegn þessari leiðréttingu. (Gripið fram í.) Ég dreg þetta mjög í efa og ég bíð og sé hvað setur, þangað til endanlega verður úr því skorið hvort hv. þm. ætlar að beita sér gegn þessari leiðréttingu. En verði sú raunin á, þá sýnist mér líka að menn með slíku hugarfari í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi beinlínis verið að leita eftir ástæðum til þess að beita skerðingu í þessu tilfelli. (SvJ: Veit ræðumaður hvað hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði um mitt frv.?) Ég er nú ekki hér í neinni yfirheyrslu hjá hv. þm. Alþb. En ég er til viðtals við þá hvenær og hvar sem er um þetta mál.

Ég tel sem sagt að það sé alveg ljóst, og ættu hv. þm. Svava Jakobsdóttir og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson líka — og ég veit að hann gerir það a. m. k. — að gera sér grein fyrir hvað þetta skerðingarákvæði hefur geysilegt óréttlæti í för með sér, t. d. varðandi fjölda kvenna í sjávarplássum sem vinna í fiskiðnaðinum. Líklega langsamlega flestar þessara kvenna yrðu með þessari framkvæmd skertar í rétti til greiðslu fæðingarorlofs vegna þess að maki viðkomandi hefur meiri tekjur en hann má hafa samkv. skerðingarákvæðinu. Og mér finnst afar ólíklegt að nokkur hv. þm. hafi, þegar þetta gerðist hér á Alþ., samþykkt þessarar löggjafar, verið með það í huga að láta svo og svo stóran hóp útivinnandi kvenna, t. d. í fiskiðnaðinum, vera afskiptan þessum réttindum. Mér finnst það afar ólíklegt.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson átti líka hlut að máli í gegnum samninga að kauptrygging væri greidd að hluta af Atvinnuleysistryggingasjóði. Mér finnst því að með það í huga ætti hann ekki að vera mjög andvígur því að hliðstætt sé upp tekið varðandi fæðingarorlof, þó að ég hins vegar viti að hann hefði miklu fremur og helst kosið að þessar greiðslur kæmu hvorar tveggja eftir öðrum leiðum. En þetta var þó samningsatriði á sínum tíma.

Ég held því að allt bendi til þess, ef menn á annað borð hafa eitthvert réttlæti í huga, að þá verði ekki komist hjá því að breyta löggjöfinni um fæðingarorlofið á þann veg að ekki verði til nein trappa til þess að skerða eða koma í veg fyrir að lögin nái þeim tilgangi sem þeim var ætlað. (EðS: Er réttlæti að skilja þá atvinnulausu eftir?) Að skilja þá atvinnulausu eftir? Ég held að ég hafi verið að segja það áðan, og ég veit að hv. þm. er mér sammála um það, að hann lítur öðrum augum á greiðslu fæðingarorlofsins heldur en atvinnuleysisbótanna. A. m. k. sá ég að hann kinkaði kolli þegar ég lýsti þeirri skoðun minni að ég liti það öðrum augum, fyrir utan nú hitt, að ég er alveg sammála hv. þm. um að það er full þörf á því að gera betur varðandi þá sem í raun og veru, ég segi: þá sem í raun og veru þurfa á atvinnuleysisbótum að halda. En ég er þeirrar skoðunar og hef verið það lengi, að sumir hverjir fulltrúar bæði verkalýðshreyfingarinnar í landinu og vinnuveitenda hafi ekki framkvæmt löggjöfina um atvinnuleysistryggingar með þeim hætti sem til var ætlast og eins og hún er, þar hafi í mörgum tilfellum verið farið á snið við löggjöfina og bætur

greiddar án þess að fullnægt væri þeim anda löggjafarinnar sem í raun og veru var gert ráð fyrir og er í henni, þ. e. a. s. að misnotkun hafi átt sér stað. Og það er því miður í allt of mörgum tilvikum og fleiri en þessu sem slíkt á sér stað og verður líklega seint komið í veg fyrir það, en eigi að síður er þetta, að ég held, það sem gerst hefur í allt of mörgum tilfellum. En ég vil spyrja hv. þm. Eðvarð Sigurðsson um það, ef hann heldur að þessi liður, fæðingarorlofið, verði til þess að stofna Atvinnuleysistryggingasjóði í hættu fjárhagslega séð, eins og það er núna, hvað honum sýnist þá um það ef öll skerðingarákvæði varðandi greiðslu atvinnuleysisbóta yrðu afnumin. Er þá ekki enn þá meiri voði fyrir dyrum að því er varðar stöðu sjóðsins?

Ég skal ekki, herra forseti, eyða lengri tíma í þetta að þessu sinni. Ég taldi rétt strax við 1. umr. að segja nokkur orð um málið, kannske ekki síst vegna þess hverja afstöðu ég hafði til frv. um fæðingarorlof á sínum tíma. En þó að löggjöfin hafi verið þá og sé að ýmsu leyti að mínu viti gölluð nú, þá getur óréttlætið orðið það mikið og verið beitt með þeim hætti að það verði ekki hjá því komist að löggjafinn grípi inn í. Og mér sýnist, eftir því sem þetta mál er nú komið, að það verði ekki hjá því komist að breyta þessari löggjöf í það form að ekki sé til staðar skerðingarákvæði eins og hér er nú um að ræða og er verið að beita.

Ég skal hins vegar bæta því við að sú reglugerð, sem gildir varðandi fæðingarorlofið og sett var á sínum tíma, er að mörgu leyti meingölluð og þyrfti ábyggilega endurskoðunar og lagfæringar við. Ég held að það hafi komið í ljós í fleiri en einu tilviki og á fleiri en einum stað við framkvæmd þessara mála eftir reglugerðinni, að þar þarf verulega úr að bæta ef vel á að vera. En ég skal ekki hafa fleiri orð þar um að sinni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég er samþykkur því frv., sem hér liggur fyrir, enda finnst mér í raun og veru að það felist ekki í því nein breyting frá lögunum, sem sett voru í fyrra, heldur aðeins staðfesti frv. það sem þá var tilgangur löggjafans að gera. Það var tilgangur löggjafans þá að allar þær konur, sem væru aðilar að verkalýðssamtökunum, fengju fæðingarorlof. Hins vegar má vel vera að svo klaufalega hafi verið frá þessu gengið að það hafi ekki staðist lagalega þegar átti að fella um það úrskurð af lögvísindamönnum, en tvímælalaust er að þetta var tilgangur laganna og andi þeirra, og mér finnst það hefði nú verið eðlilegra að fara eftir honum heldur en kannske að túlka lögin á þrengsta hátt, eins og gert hefur verið við framkvæmdina.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er að ræða um það bráðabirgðaákvæði sem fylgdi lögunum frá 27. maí 1975. Þessi lög um fæðingarorlof í sambandi við atvinnuleysistryggingar voru að sjálfsögðu mikil réttarbót fyrir þær konur sem njóta þeirra. En hins vegar sköpuðu þær líka mikinn misrétt hjá konum. Ég nefni aðeins sem lítið dæmi, af því að það er nokkuð ljóst, hús hér í bænum. Á efri hæðinni býr maður sem er félagi í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og hefur allgóð laun. Kona hans vinnur úti. Hún eignaðist barn og hún fékk fæðingarorlof. Í kjallaranum býr hins vegar Dagsbrúnarmaður, sem er láglaunamaður. Kona hans á fjögur börn svo að hún getur ekki unnið úti. Hún eignaðist barn, og ég held að hún hafi ekki fengið neitt fæðingarorlof. Það er þetta misrétti sem nauðsynlegt er að bæta úr, og að þessu hné það bráðabirgðaákvæði sem er í lögunum frá 27. maí 1975. En þetta bráðabirgðaákvæði hljóðar á þessa leið:

„Fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni."

Þessu verkefni átti sem sagt að vera lokið fyrir 1. jan. 1976. Ég get því miður ekki skýrt frá því hver framkvæmdin hefur orðið í þessum efnum, og því miður er hæstv. heilbr.- og trmrh. ekki viðstaddur til þess að geta greint frá því. En ég held að það hljóti að liggja í augum uppi, að fyrst búið er að veita stórum hluta kvenna rétt á fæðingarorlofi, þá á að ganga brautina til fulls og verður að gera það fyrr en seinna. Og það var líka tilgangur Alþ. með þessu bráðabirgðaákvæði sem fylgdi lögunum frá 27. maí 1975. Ég álít að fyrst þetta mál er komið hér til meðferðar á annað borð, þá eigum við að láta þetta atriði ekki síður til okkar taka heldur en þá leiðréttingu sem verið er að gera á lögunum. Ég vil þess vegna beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort hún vildi ekki athuga það að taka upp í bráðabirgðaákvæði atriði sem væri eitthvað á þessa leið:

Ríkisstj. skal í byrjun næsta þings leggja fram frv. til laga um fæðingarorlof sem tryggir sambærilegt fæðingarorlof öllum konum í landinu.

Ég vil vænta þess að n. athugi þetta atriði alveg sérstaklega, og helst, að hún taki það upp. Annars gæti ég hugsað mér að flytja till. um þetta við 2. umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þessi umr. hefur nú orðið lengri en vænta hefði mátt, þar eð hér er um að ræða tiltölulega einfalt mál og í raun og veru ekki um að ræða svo mikinn efnislegan ágreining.

Ég tel mér skylt að svara atriðum sem fram komu í ræðu hv. 5. landsk. þm. þar sem hún kvað mig hafa borið sér á brýn svívirðileg ósannindi, sýnt sér óbilgirni og fleira í þeim dúr, í stuttu máli: hvergi voru spöruð stóryrðin í þessari ræðu. Ég mun skýra frá því, hvaða heimildir ég hafði fyrir því sem ég sagði hér í dag, enda spurði hv. þm. um það.

Ég sá ástæðu til að útskýra það, af hverju enginn þm. Alþb. væri meðflm. að frv. því sem prentað er á þskj. 388, en það hafði verið svo um talað meðal okkar flm. að við byðum þm. úr öllum flokkum að gerast meðflm. Ég skýrði það hér hvers vegna ekki hefði orðið úr því að þm. frá Alþb. hefði orðið meðflm., og þegar ég skýrði frá því að eftir að ég hefði afhent hv. þm. uppkast að frv. til skoðunar sem trúnaðarmál og áður en ég fékk það í hendur aftur hefði verið lagt inn sem þskj. frv. það sem hún er flm. að, þá er það samkv. upplýsingum úr skjalavörslu Alþingis. Þegar ég á þriðjudagsmorguninn sá hið prentaða þskj. með umræddu frv., þá

spurði ég hvenær þetta mál hefði verið lagt inn, og var mér tjáð að það hefði verið upp úr kl. 4 á mánudeginum. Hins vegar fékk ég frv. aftur í hendur kl. rúmlega 5 — eða nánast tiltekið um það bil klukkan kortér yfir fimm fyrir framan þingflokksherbergi Sjálfstfl. hér niðri. Það vildi svo til að hv. 6. landsk. þm., Guðmundur H. Garðarsson, beið mín í ganginum fyrir framan þingflokksherbergið á meðan ég ræddi við hv. 5. landsk. þm., og þegar ég kom inn í þann gang sagði ég honum frá því að hv. 5. landsk. þm. hefði sagt að hún gæti víst ekki verið meðflm. að frv. þar eð hún væri að velta fyrir sér að fara aðrar leiðir. Þetta var í stuttu máli það sem gerðist, og nú hef ég tilgreint einnig heimildarmenn að tímasetningum. Ég skýrði frá þessu hér í dag nákvæmlega í þeirri röð sem það gerðist. Hins vegar var það að hv. þm. gerði mér upp hugmyndir, hún velti því fyrir sér, hvort ég teldi að hér hefði verið framinn, eins og ég skrifaði hér, „stuldur eða trúnaðarbrot.“ Ég vil taka fram að ég viðhafði þau orð alls ekki, það voru orð hv. þm. sjálfs. Þau einu ummæli, sem ég hafði um það sem hér gerðist, voru að hér væri óvenjulega að farið, og það var það vissulega.

Ég tel mig þá hafa svarað þeirri spurningu sem að mér var beint. Ég tel mér fullkomlega heimilt að draga lærdóma af þessu atviki og hafa hliðsjón af þeim í sambandi við hugsanlegt samstarf við hv. þingmenn úr þessum flokki. En ég vil taka fram að vitanlega má maður ekki alhæfa eða draga heildarályktanir af slíku. Það er vissulega rétt sem hv. þm. sagði hér í dag, að í sambandi við þetta var um að ræða eitthvað sem snerti skaplyndi mitt. Það er alveg rétt. Mér er þessi háttur ekki að skapi. Læt ég svo útrætt um það.

Mig langar til að víkja að örfáum atriðum í ræðu hv. 7. þm. Reykv.

Hann gat hér um þá hugmynd sína, sem hann kvaðst hafa nefnt við mig í gamni og alvöru á sínum tíma, að e. t. v. ætti hugmyndin um fæðingarorlofið heima í lögum um slysatryggingar, þar eð sá hluti trygginga væri fjármagnaður af atvinnurekendum og það einvörðungu. Það má rétt vera, að þegar litið er til fjármögnunarinnar hefði verið rökrétt að hafa þetta mál í þeim kafla. En ég get játað það hreinskilnislega, að ég hafði hreinlega ekki uppburði í mér til þess að bera fram till. um að fæðingarorlof heyrði slysatryggingum til. Það verð ég að segja eins og er. (**EðS:** En þriðji möguleikinn?) Þriðji möguleikinn var nefndur. Þann möguleika hafði ég iðulega kannað og komist að þeirri niðurstöðu að sá möguleiki hefði alls ekki fylgi í Alþ. og væri þegar af þeirri ástæðu vonlaus. Í stuttu máli: Niðurstaðan er sú, að ef þessi leið hefði ekki verið farin, þá stæðum við enn í sömu sporum og við höfum staðið áratugum saman varðandi konur í launþegasamtökunum sem vinna ekki hjá hinu opinbera. Það væri einfaldlega þannig, að þær hefðu ekki fengið þessa réttarbót. Hv. þm. kallar hins vegar lýðskrum þessa réttarbót sem samþykkt var á Alþ. og framkvæmd. Það er hans mál. Ég er þeirrar skoðunar að það sé meira lýðskrum að tala árum saman um þennan hlut án þess að koma honum í framkvæmd. Það sýnir einkennilegan hug í garð þeirra kvenna, sem hér hafa fengið verulega og mikilsverða réttarbót, og þeirra barna, sem hér hafa fengið verulega og mikilsverða réttarbót, að tala um að slíkt sé lýðskrum. Hv. þm. um það.

Svo þungt er hv. þm. um hjartarætur af einhverjum ástæðum þegar hann minnist á þetta mál að hann minntist aldrei á það í ræðu sinni, að „samþykkt hefðu verið lög“ um þetta atriði. Hann talaði ævinlega um að þessu atriði hefði verið „troðið inn í lög um atvinnuleysistryggingar“. Ég hef aldrei heyrt það orðað svo, þegar samþ. hafa verið lög á Alþ., að þeim hafi verið troðið inn í þetta eða hitt. Annaðhvort samþykkir Alþ. lög eða ekki. Það er ekki um að ræða neinn troðning í því sambandi.

Enn fremur þegar hv. þm. vitnaði til reglugerðar sem hæstv. ráðh. gaf út í þessu sambandi, þá talaði hv. þm. ævinlega um svokallaða reglugerð. Hún var þó gefin út með fyllilega lögmætum hætti og birtist á sínum stað á lögmætum tíma í Stjórnartíðindum o. s. frv. Þetta e. t. v. sýnir dálítið hvern hug hv. þm. ber til þessa máls. Ég held þó að hv. þm. hafi látið þess getið einhvern tíma í ræðu sinni að nauðsynlegt væri að konur í þessari aðstöðu fengju fæðingarorlof. Hann lýsti því hins vegar yfir skýrt og skorinort að hann væri andvígur fæðingarorlofi úr Atvinnuleysistryggingasjóði, bætti því við að hann teldi sig málsvara Atvinnuleysistryggingasjóðs. En hv. þm. lét þess ekki getið, að hann væri málsvari verkalýðsins. Hvað eru það margar konur innan vébanda — (Gripið fram í.) — innan Alþýðusambands Íslands, sem hér hafa fengið réttarbót, sem málsvarar verkalýðsins höfðu aldrei getað útvegað þeim allan sinn baráttutíma? Þeir höfðu öðru að sinna en brýnum hagsmunamálum kvenna. Og það er það sem ég held að hv. þm. svíði sárast, að þetta vita konur innan Alþýðusambands Íslands, hvort sem þær eru úr hans flokki eða öðrum.

Hv. þm. nefndi hér hina ýmsu bagga sem hvíldu á Atvinnuleysistryggingasjóði, hneykslaðist þar mest á greiðslunum, sem færu til fæðingarorlofs, nefndi samt í leiðinni að önnur upphæð álíka færi til eftirlauna aldraðra. Ég veit ekki hvort það er miklu óskyldara atvinnuleysisbótum heldur en fæðingarorlofsgreiðslurnar. Ég læt hv. þm. dæma um hvort skyldara er innbyrðis. Hv. 6. landsk. þm. benti einnig á kauptryggingargreiðsluna hér í dag. Fleira mætti lengi upp telja, en ég tel það óþarft í þessu sambandi.

Eitt atriði enn vil ég sérstaklega nefna úr ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hann nefndi að það hefði verið opin leið fyrir þá, sem óánægðir voru með úrskurð stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að fara dómstólaleiðina til að fá réttan sinn hlut, bætti svo við að á því hefði hann eiginlega átt von. Ég spyr nú: Hvar er umhyggjan fyrir launþegunum sem hér eiga hlut að máli? Hver er hugsunin? Áttu þeir endilega að fara dómstólaleiðina sem menn vita hvern tíma vill nú taka? Samt á hv. þm. sjálfur sæti á Alþ. og fleiri stjórnarmenn í Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ég sem 1. flm. þessa máls skammast mín ekkert fyrir að flytja frv. til þess að gera skýrara innihald þeirra laga sem hér voru sett vorið 1975

til þess að rétta hlut þeirra sem þarna var að mínu mati brotinn réttur á. Um það kann að vera deila, en ég tel að þarna hafi verið brotinn réttur á slíkum hópi sem þeim er hlaut sitt fæðingarorlof óskert s. l. ár.

Menn geta velt því fyrir sér fram og aftur, hvort í öllum umboðum og öllum úthlutunarnefndum bóta hafi verið farið eins að allt árið. Það skiptir ekki höfuðmáli. Mér dettur ekki í hug að fara að halda því fram, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi raunverulega ætlað sér að ganga gegn lögum og reglugerð, sem hefur líka lagagildi. Ég geng út frá því að í velflestum umboðum hafi bæturnar, eins og til stóð, verið greiddar óskertar allt árið. Það kann að hafa verið misbrestur á einhvers staðar í einstökum umboðum almannatrygginga ellegar bótaúthlutunarnefndum. En höfuðmálið er þetta, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs gerði stefnumarkandi samþykkt í janúarmánuði sem — ég segi það enn og aftur — gekk þvert á vilja löggjafans þegar lög þessi voru sett. Því held ég að hvorki hv. 7. þm. Reykv. né annar þm. geti mælt í mót. En hvað sem því líður, þá tel ég hvorki mig né aðra hv. þm. of góða til þess að gera hér bragarbót til þess að ekki verði frekari töf á því að þær konur, sem hér eiga hlut að máli, fái hlut sinn réttan, og engin ástæða til þess fyrir alþm., sem geta með hægu móti gert þessa leiðréttingu, að vísa á seinfarna dómstólaleið.

Ég vil aðeins nefna eitt atriði í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Reykv. Hann vék að máli, sem er í raun og veru nokkru víðtækara en þetta, og ræddi um að vissulega hefði lögum þessum verið ætlað að bæta úr, þau hefðu vissulega verið mikil réttarbót, en eins og hann sagði og ég skrifaði hér: „hefðu um leið skapað misrétti.“ Hann átti með þessu við að það, að launþegar, sem forfölluðust vegna barnsburðar, hefðu fæðingarorlof í 3 mánuði, ylli misrétti gagnvart heimavinnandi konum sem öfluðu ekki tekna utan heimilis. Hv. þm. sagði að lögin hefðu um leið skapað misrétti. Ég tel að þetta sé alvarlegur misskilningur. Þessi lög sköpuðu ekki misrétti. Þvert á móti, þau drógu verulega úr misrétti. Það, sem var misrétti, var að einungis þær konur, sem þágu laun sín hjá hinu opinbera, höfðu í 20 ár haft lögskipað fæðingarorlof, en ekki hinar, sem unnu hjá öðrum atvinnuveitendum. Það var misrétti. Hitt er svo annað mál, og ég legg áherslu á: það er annað mál, hugmyndin um fæðingarorlof til þeirra kvenna þar sem ekki er hægt að benda á nákvæmlega tekjutap við fæðingu barns. Tekjutapið liggur ljóst fyrir þegar kona þarf að leggja niður launað starf úti á vinnumarkaðnum. — Það má orða þetta öðruvísi. Þetta er ósköp einfaldlega það, að við viðurkennum að það séu lögleg forföll móður að vera heima hjá barni sínu frá vinnu sinni utan heimilis í þrjá mánuði. Það er ósköp einfaldlega þetta. Ef hins vegar við viljum fara inn á þá braut að greiða fæðingarorlof til þeirra kvenna sem ekki hafa orðið fyrir beinu tekjutapi í sambandi við barnsburðinn, — ég legg áherslu á að tekjutap er annað en útgjaldaauki, það er auðvitað útgjaldaauki sem skapast í kringum barnsburð, en ekki alltaf tekjutap, — ef við viljum fara inn á þá braut að þær konur fái einnig greitt fæðingarorlof, þá vil ég benda á að í löndum, þar sem slíkur réttur er í lögum, þá byggist sá réttur á eins konar frjálsu tryggingaskipulagi, þannig að viðkomandi kona eða viðkomandi hjón geta með iðgjöldum sínum keypt þennan rétt, og það er í sjálfu sér mjög eðlileg aðferð. Í þessu tilviki, sem við erum hér að tala um, er um að ræða rétt sem kostaður er af atvinnurekendunum í samræmi við þau iðgjöld sem þeir greiða í hlutfalli við laun þeirra kvenna sem síðan eiga að fá bætur samkv. þessu frv. Og nú má ég ekki tala um þetta atriði eins og það séu atvinnurekendur einir sem greiða í sjóðinn, svo er vitanlega um ríki og sveitarfélög líka.

Ég held að það séu út af fyrir sig ekki fleiri sérstök atriði sem ég vildi leggja áherslu á nú. Ég ítreka það, að ég óska þess að þetta mál fái greiða afgreiðslu, og ég veit, að ég er ekki ein um þá ósk. Þær konur og þeir foreldrar, sem voru fegnir þeirri réttarbót sem hér fékkst, eru jafnundrandi yfir því, að þessar greiðslur skuli nú hafa verið stöðvaðar til verulegs hóps. Þessi hópur er líka undrandi yfir því ef Alþ. leiðréttir þetta mál ekki hið bráðasta.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum á því að skýra frá því í sambandi við það, hvernig staðið var að þessu máli, að hv. alþb.-mönnum var í þessu sambandi sýnd ýtrasta tillitssemi. Ég ítreka það sem ég sagði hér í upphafi, þegar ég nefndi að hv. 5. landsk. þm. hefði talað um að sér hefði verið sýnd óbilgirni. Hún átti þá við að henni var boðið að verða meðflm. að þessu frv. Það var nefnt við hv. þm. snemma á fundi Nd. á mánudegi og óskað eftir að svar fengist fyrir kl. 7 þann dag. Þetta kallar hv. þm. óbilgirni. Ég tek það fram, að þm. — meðflm. úr Alþfl. og þingflokki SF — höfðu ekki rýmri frest en þetta og þeim dugði þessi umhugsunarfrestur mætavel. En það má vel vera að í Alþb. þyki slíkt óbilgirni, því að þeir eru svo einstaklega sanngjarnir þar. Ég vil taka fram annað í sambandi við þetta mál. Það var tekið út af dagskránni á miðvikudaginn samkv. ósk Alþb.-þm., hv. 7. þm. Reykv., og var þó öllum ljóst hve málinu lá á. En mér fannst sjálfsagt að verða við þeirri ósk hv. þm., enda þekkir hann þessi mál vel sem stjórnarmaður í Atvinnuleysistryggingasjóði. Og síðan hélt þessi umrædda óbilgirni áfram í því, að hv. 5. landsk. þm. hélt framsöguræðu fyrir sínu máli, fyrsta dagskrármálinu á fundinum í dag. Þetta kalla þeir í Alþb. óbilgirni.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Í tilefni af allra síðustu orðum hv. 1. flm. þessa frv., Ragnhildar Helgadóttur, sem hún lét nú falla í lokin um hvað alþb.-menn kölluðu óbilgirni og hvað ekki, þá er ég ekki í þeim sporum að geta svarað fyrir viðskipti þeirra tveggja, hennar og hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. En hún lét þess getið að málið hefði verið tekið út af dagskrá s. l. miðvikudag samkv. ósk minni. Ég veit ekki hvort ég á að segja að það hafi verið samkv. ósk. Ég var að vísu á fundi þennan miðvikudagsmorgun og við þær aðstæður að geta ekki fengið dagskrár Alþ. í hendur, en hringdi í skrifstofuna til að vita hvaða mál væru á dagskrá. Þá voru þessi frv. ekki

á dagskrá enda þótt þeim hefði, ef ég man rétt, verið útbýtt daginn áður. Hins vegar þegar ég kem hér í salinn kl. 2 á fundartíma, þá er búið að útbýta nýrri dagskrá með þessum málum báðum. Þannig var ástatt fyrir mér þennan sama dag, að kl. 3 var búið að boða aukafund í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess samkv. beiðni hæstv. trmrh. að fjalla um svör við fsp. 2. flm. þessa sama frv. um eitt og annað varðandi starfrækslu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Mér var ekki mögulegt að skorast undan því að vera á þeim fundi og sagði forseta frá að mér þætti ónotalegt að fá breytta dagskrá um þessi mál, sem ég hefði gjarnan viljað fylgjast með, um leið og ég kæmi í salinn, þegar fundartími væri byrjaður. Þetta var það eina sem ég sagði, og óskaði eftir því að geta verið viðstaddur umr. Það var auðsjáanlega ekki hægt með þessum hætti. Hún svaraði því úr forsetastóli, að vísu fundur ekki settur þá, að hún mundi ekki taka málin fyrir þann dag. Þetta var ástæðan fyrir því. Mér fannst alveg sjálfsagt að hún gerði þetta. En ég gerði út af fyrir sig engar kröfur og hefði lítið getað sagt þótt málin hefðu verið tekin á dagskrá, þó að mér hefði þótt það miður.

Áður en ég kem að öðrum atriðum vil ég aðeins nefna fleiri atriði úr ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hún sagði að það væri ekki eins með sig eins og þá sem hefðu verið að tala um þessi mál langtímum saman án þess að koma þeim í framkvæmd, það væri nú eitthvað annað. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem ég sagði hér við umr. fyrir tveimur árum eða tæplega það um sögu þessara mála. En ég held að ég verði ekki borinn þeim sökum af mínum vettvangi í verkalýðshreyfingunni að hafa verið einhver dragbítur á þessi mál. Ég held alveg gagnstætt. Rétt um það bil ári áður en þetta frv. er flutt 1975 tókst að tosa greiðslum atvinnurekenda til almenns verkafólks í verkalýðsfélögunum úr tveimur vikum og upp í þrjár. Ég er svo sem ekkert að hæla mér af því, en ég átti hlutdeild í því. Þetta snerti að vísu ekki öll verkalýðsfélög, því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sem er formaður fyrir stóru félagi, einhverra hluta vegna var hann ekki með í þessu, og hans félag hafði ekki og hefur held ég ekki enn í dag nema tvær vikur greiddar til almenns fólks í sínu félagi þegar um barnsburð er að ræða.

Ég veit ekki hvað hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir átti við með því, að ég hefði aldrei talað um þessi lög frá 1975 sem lög. Ef hún les ræðu mína síðar eða jafnvel fengi að hlusta af segulbandi á það sem ég sagði, þá held ég að skjóti hér töluvert skökku við. Ég talaði um það oft sem lög, en hins vegar sagði ég — og það er rétt, ég sagði að þessum lögum hefði verið troðið inn í önnur lög þar sem þau ekki áttu heima, og við það ætla ég að standa.

Þá sagði hún enn fremur að ég hefði talað um þá bagga sem Atvinnuleysistryggingasjóði væru bundnir og færi sífellt fjölgandi, og ég hefði einkanlega og sér í lagi hneykslast yfir þeim greiðslum, þeim fjármunum sem færu til að greiða fyrir fæðingarorlof. Ég mótmæli gersamlega að ég hafi gert þetta. Það er afar fjarri. Það, sem ég var að sýna fram á með þeim tölum sem ég las upp og get endurtekið, var aðeins að staða Atvinnuleysistryggingasjóðs er þannig í dag, var þannig þegar þessi lög voru sett og er þó enn frekar núna, að það er alveg undir hælinn lagt að hann geti staðið við höfuðverkefni sitt ef á bjátar í atvinnulífinu, og það er að greiða atvinnuleysisbætur. Þetta sannaði ég með tölum úr fjárl. sjálfum í dag. Því hefur ekki verið mótmælt hér. Það getur svo sem vel verið að það sé hægt að gera þær ráðstafanir með fjármunum Atvinnuleysistryggingasjóðs að þessi hætta sé ekki fyrir hendi. Það er t. d. hægt að gera það með því að nema úr lögum ákvæði um að helmingur iðgjalda fari til þess að kaupa vaxtabréf í Framkvæmdasjóðnum. Hins vegar væri alveg nýtt ef hæstv. núv. ríkisstj. eða hvaða önnur ríkisstj. sem væri vildi fallast á þetta. Þá verður að segjast að ein almestu vandkvæði, sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur átt við að stríða alla tíð, eru græðgi ríkisvaldsins í þetta fé, og undanskil ég þar enga ríkisstj. Það er ýmislegt annað sem hefur stuðlað að þessu, og því miður, skal ég játa, að sumu leyti andvaraleysi verkalýðshreyfingarinnar að standa vörð um þennan sjóð.

Þegar ég fyrr í dag talaði í þessu sama máli, þá var aðalerindi mitt í ræðustólinn, og ég held að það hafi komið vel fram í mínu máli, að ég var að andmæla aðdróttunum í garð stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs sem ég taldi að fram kæmu í grg. fyrir frv. sem er hér til umr. og einnig hefðu komið fram í ræðu hv. frummælanda í dag. Ég gerði þessu máli nokkur skil. M. a. reyndi ég að skýra það fyrir hv. þdm. og þá ekkert síður flm. þessa frv. sem virðast vera býsna lítt kunnugir því, hvernig skipan þessara mála er samkv. lögum og í framkvæmd. Þessu gerði ég nokkur skil í dag og ætla ekki að fara að endurtaka það. En hafi það verið rétt hjá mér, að fram hafi komið aðdróttanir í garð stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs í grg. og í máli hv. frummælanda hér í dag, þá er það hreinn hégómi á móti því sem kom fram síðar í ræðum tveggja hv. þm. hér, og þar á ég við ræður hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar og Karvels Pálmasonar — og mætti kannske segja að það hefði einnig, en þó með miklu vægara og kurteisara orðalagi komið fram í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur áðan. Ég vil nú aðeins taka nokkur dæmi um þessi ummæli sem sýna hvað er á ferðinni og um hvað stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er sökuð.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson viðhafði þau orð hér, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði reynt að finna lagakróka til að koma í veg fyrir greiðslur bóta í fæðingarorlofi. Hann sagðist enn fremur vefengja úrskurð stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og leiðbeiningar lagadeildarinnar eða lagaprófessorsins, og klykkti síðan út með því að segja að það væri óviðunandi að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skyldi leyfa sér að skerða bætur vegna fæðingarorlofs, taldi það algerlega ólögmætt.

Hv. þm. Karvel Pálmason er stundum ekki að skera utan af hlutunum, og er ég út af fyrir sig ekkert að finna að því, það er hans mál. Hann taldi dóm stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs

alveg með ólíkindum og taldi einnig, eins og Guðmundur H. Garðarsson, að stjórnin hefði reynt að beita lagakrókum til þess að koma úrskurðum sínum fram. Hann lagði alveg sérstaklega þunga áherslu á að úrskurðir stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs skyldi ekki hafa komið fyrr en heilu ári eftir að framkvæmd laganna hófst. Ég skýrði hér í dag gang þessara mála og skýrði einnig hvert væri hlutverk stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðsins gagnvart bótum og bótaúrskurðum. Ég get endurtekið það hér, að það er alls ekki í verkahring stjórnarinnar að úrskurða bætur. Það eina, sem hún á að gera í því efni samkv. lögunum og ég tel alveg eðlilegt, er ef úthlutunarnefndir eru ekki sammála um bótarétt. Þá getur hvaða nm. sem er áfrýjað því til sjóðsstjórnar. Á sama hátt getur umboðsmaður tryggingana áfrýjað til sjóðsstjórnar. Og að sjálfsögðu getur sá, sem sækir um bætur og er ekki ánægður með úrskurð úthlutunarnefndar, einnig kært til sjóðsstjórnar. Það eru fjölmörg mál af þessu tagi sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur fengist við. Þetta er hennar verkefni. Það er fyrst í byrjun okt. sem fram koma kærur og fsp. til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um framkvæmd fæðingarorlofslaganna, og undireins á næsta fundi eru þessi mál tekin fyrir, eins og ég lýsti í dag og þarf ekki að rekja hér nánar. Þar var engin bið á. Stjórnin hafði ekki möguleika á að gera þetta fyrr, og hv. þm. Karvel Pálmason getur haldið áfram að býsnast ef hann vill.

Þá gerðu þeir það báðir að ákaflega miklu atriði í sínu máli, bæði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og einnig Karvel Pálmason, að stjórnin skyldi leyfa sér að leita lögskýringa til prófessora úti í bæ, eins og það var nú orðað, í þessum efnum. Mér skildist að þeir 2 af 7 stjórnarmönnum í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandinu eða verkalýðshreyfingunni, hefðu svo sannarlega sjálfir átt að úrskurða þetta. Nú vil ég mjög vara við því að menn rugli hér saman lögum frá Alþ., sem ákveðinni stjórn, þar sem meiri hl. er kosinn af Alþ., er falin framkvæmd á, og svo samningum, sem verkalýðsfélög gera og geta deilt um skilning á við sína viðsemjendur og haft sína túlkun á. Það er allt annað en að stjórn kosin af Alþ. til að sjá um framkvæmd laga frá Alþ. geti leyft sér það sama. Ég veit það ekki, það má vel vera að þetta sé skoðun sumra flm. Ég trúi því vart að 1. flm. þessa frv. sé þessarar skoðunar.

En hvers vegna svo allar þessar árásir á stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs? Ég skil ekki hvers vegna hv. flm. viðhafa svona árásir, að mínu viti algjörlega tilefnislausar, gjörsamlega, og hvaða grundvöll þeir telja sig hafa til þess. Til þess að rifja upp svolítið fyrir þá og aðra hv. þm., þá held ég það væri ekki úr vegi að menn gerðu sér ljóst hvað felst í lögum um fæðingarorlof eða lögum um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar, eins og lögin heita, og svo innan sviga fæðingarorlof. 1. gr. þessara laga hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 5. málsgr. d-liðar 15. gr. l. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals.“

Hvað felst í þessum málslið 15. gr.? 5. málsgr. þessa d-liðar endar þannig: „Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis sem stafar af veikindum hans.“ Skv. lögum um fæðingarorlof á að koma aftan við þetta og í beinu framhaldi: „Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals.“ Þetta eru lögin og lögin öll, ekkert annað sagt, aðeins að veikindi í þessum skilningi, þegar um barnsburð er að ræða, skuli ekki skerða þennan rétt. Ekkert annað er sagt. Út af fyrir sig var stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ekki í neinum vafa, þrátt fyrir það að menn væru kannske með mismunandi skoðanir um það, hvort vel hefði til tekist þarna. En eins og ég vitnaði til í dag í ræðu minni og er rétt að endurtaka, þá var svar prófessors lagadeildarinnar við því, hvort tekjur makans skuli hafa áhrif á greiðslu fæðingarorlofs, ákaflega skýrt. Hann segir alveg afdráttarlaust: Tekjur maka eiga að hafa áhrif á greiðslu fæðingarorlofs skv. tilteknum ákvæðum. Lagagrundvöll brestur alveg fyrir annarri niðurstöðu. — Ef stjórnin hefði ekki tekið þessa afstöðu, þá eru menn bókstaflega að gera því skóna að hún eigi ekki að starfa skv. lögunum, heldur að hafa geðþóttaákvarðanir um túlkun laganna. Það er þetta sem raunverulega er verið að segja þegar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er ásökuð fyrir þennan úrskurð.

Ég ætla ekki að gera mönnum upp neinar skoðanir um það, hvað þeir hafi meint og ekki meint með þessari lagasetningu í fyrra. Það má vel vera að það sé rétt sem þeir segja, hv. flm. þessa frv., að tilgangurinn með þessum lögum hafi átt að vera allt annar en þar stendur. En það er svei mér ekki sök stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þó að svona handabakavinnubrögð séu viðhöfð við lagasetninguna sjálfa. Það er þar sem potturinn er brotinn, en ekki í framkvæmd stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á lögunum. Ef það er skoðun manna að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði getað úrskurðað að þessi skerðingarákvæði skyldu ekki eiga við um fæðingarorlof, hvað er þá til fyrirstöðu að hún hefði einnig úrskurðað að þessi skerðingarákvæði skyldu ekki eiga við um aðrar atvinnuleysisbætur frekar en þessar atvinnuleysisbætur, sérstakrar tegundar að vísu? Það eru þessar árásir — algjörlega ómaklegar — á stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem ég hef hér verið að fjalla um, bæði núna og fyrr í dag.

Ég hirði ekki um að taka mörg fleiri atriði hér. Að vísu gáfust mörg tilefni til þess, m. a. mjög svo í ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar. En það eru minni háttar atriði. Hann eyddi töluverðum tíma í að reyna að sýna fram á að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði svikist um eitt og annað í framkvæmd laganna og tilgreindi þar sérstaklega m. a. sérreikningana og það að hafa ekki reikninga og nákvæmar sundurliðanir á öllum bótum, hvar sem er á landinu, tiltækar fyrstu daga ársins. Hið síðara er hlutur sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs

hefur mjög reynt að gera. Hv. þm. hefur lagt fyrir hæstv. ráðh. þessara mála mikinn spurningalista, og eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar hefur stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að beiðni ráðh. svarað þeim spurningum. Þar koma fram m.a. upplýsingar um sundurliðun á þessum málum öllum, og ég ætla ekki að fara að telja það upp. Hann hlýtur að fá það í hendur. Hann óskaði eftir skriflegu svari, og ég reikna með að hæstv. ráðh. geti afhent honum þau svör innan tíðar. Þetta ætla ég þess vegna að leiða hjá mér.

Ekki veit ég hvort það var vanþekking eða mismæli hjá hv. þm., að hann orðaði það svo að það væru úthlutunarnefndirnar sem greiddu bæturnar, hvort sem það eru atvinnuleysisbætur eða í þessu tilviki fæðingarorlof, skv. ósk Tryggingastofnunarinnar. Var þetta mismæli? Er þetta rétt eftir haft? Má ég spyrja hv. þm.? (Gripið fram í.) Nú, það kemur sem sagt í ljós að hv. þm. veit ekki hvernig þetta fer fram. Það er svo sem ósköp vel fyrirgefanlegt. Hins vegar er málum einfaldlega þannig fyrir komið, að skv. lögum um atvinnuleysistryggingar og þá auðvitað líka skv. lögum um fæðingarorlof eiga úthlutunarnefndirnar að annast þessar greiðslur nema þær óski eftir að Tryggingastofnunin geri það. Þannig liggur í málunum.

Ég skal ekki, hæstv. forseti, tefja þessar umr. lengur. Eini tilgangur minn með því, sem ég sagði hér í dag, og því, sem ég hef nú sagt, er að andmæla og andmæla sterklega þeim algjörlega ómaklegu ásökum og aðdróttunum sem fram hafa komið hér á stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég hélt að það hefði hins vegar ekki þurft að fara neitt á milli mála hver var afstaða mín í dag til skerðingarákvæðanna. Ég lýsti því, held ég, nokkurn veginn með þeim orðum sem hefðu átt að vera skiljanleg hverjum sem væri. En það kom a.m.k. fram hjá einum hv. þm., Karvel Pálmasyni, að hann virtist ekki hafa annaðhvort hlustað á það, sem ég sagði, eða ekki skilið eða af öðrum ástæðum reynt að gera mér upp aðrar skoðanir. Ég sagði það mjög skýrum orðum í dag að ég væri andvígur þessum skerðingarákvæðum, hreinlega andvígur þeim. Hins vegar tók ég það fram, að ef þau væru afnumin, þá væri það herfileg mismunun ef þau væru afnumin aðeins varðandi fæðingarorlofsbætur, en atvinnulausa fólkið yrði að sitja eftir með skerðingarnar.

Þessi hv. þm. beindi líka þeirri spurningu til mín, hver væri afstaða mín til þessa frv. Ef eitthvað vantar á að það skiljist, þá get ég sagt það hér alveg berum orðum, að ef frv. kemur frá n. eins og það er hér lagt fram, með þessari mismunun sem í því felst, þá mun ég greiða atkv. gegn því. Ég vil ekki standa að slíkri afgreiðslu mála.

Ég skal ekki tefja þessi mál frekar. En ég endurtek það sem ég hef sagt við öll tækifæri í þessum umr. sem og áður, að ég álít að það sé rangt að fjármagna fæðingarorlof með fjármunum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég álít að það séu margar leiðir aðrar til, og þó á þetta fyrst og fremst að gerast í gegnum almannatryggingakerfið. Eins og ég sagði sessunaut mínum í dag, hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, er félag hans langfjölmennasta félagið sem nýtur þessara bóta. Af 64 millj., sem var búið að greiða í bætur vegna fæðingarorlofsins um áramótin hér í Reykjavík, var Verslunarmannafélag Reykjavíkur með tæpar 33 millj., og auk þess önnur verslunarmannafélög, sem hafa afgreiðslu bóta hér í Reykjavík, þá sjálfsagt á vegum Landssambands verslunarmanna, með bætur nokkuð á 9. millj. kr. Ég held að það þyrfti ekki nema svona eitthvað á milli ½ og 1% af greiddum launum samningsaðila þessa félags til þess að standa fullkomlega undir fæðingarorlofsbótum til fólks í þessu félagi. Þetta er langþyngsta félagið, og þá er, held ég, augljóst að það á ekki að vera fjárhagslegt vandamál hvernig þessi mál eru leyst án þess að gengið sé á fé Atvinnuleysistryggingasjóðs svo að það ásamt öðru nálgist það að gera sjóðinn ófæran til að standa við sínar upprunalegu skuldbindingar.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð. — Það var löngu áður en þetta frv. var lagt fram, eða þessi frv. sem hafa verið á dagskrá þessarar d. í dag, að ég hafði átt viðræður við flesta stjórnarmenn í Atvinnuleysistryggingasjóði um það, að ég hefði áhuga á að endurskoða á ný lög um atvinnuleysistryggingar, þó að þau séu ekki eldri en frá 1973, en þá fór fram heildarendurskoðun laganna, og svo þessi breyting sem gerð var á lögunum fyrir rúmu ári. Þessir aðilar allir hafa tekið því vel að standa að endurskoðun. Öllum er ljóst að skoðanir geta verið skiptar í sambandi við hverju skal breyta og hvað eigi að gera, og n. verður væntanlega til að fullu og öllu nú innan nokkurra daga.

Ég fyrir mitt leyti vil ekki ásaka stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir störf hennar. Ég tel að þessi stjórn hafi frá byrjun starfað vel og notið ágætrar forustu, og það hefur ekkert staðið á upplýsingum. — Þeir þurfa ekki að flissa sem ekkert segjast vita um þennan sjóð. (Gripið fram í.) Ja, það tekur nú tíma að svara allri þeirri romsu þegar menn vita ekki neitt og hafa aldrei lesið reikninga og segjast ekkert þekkja til laganna (Gripið fram í — **Forseti:** Ekki samtal.) Ef þm. getur ekki stillt sig aðeins — (Gripið fram í.) Ég ætla bara að biðja þm. að þegja á meðan ég tala — (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekki samtal.) og kunna örlitla mannasiði. (Gripið fram í.) Ég ætla aðeins að láta vita hver sé mín skoðun, og það þarf enginn að fussa eða sveia, að menn hafa innt sín störf vel af hendi sem þar hafa verið í stjórn. Ég ætla ekkert að biðja þennan þm. neinnar afsökunar á þeirri skoðun minni. Hann getur haft sína skoðun á þessum hlutum, en ég hef mína. (Gripið fram í.) Það hefur ekkert staðið á formanni stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að gefa allar þær upplýsingar sem um hefur verið beðið hverju sinni — aldrei staðið á honum að gera það. Ég vildi óska að allir aðrir væru jafnfljótir með sínar upplýsingar og hann hefur verið. Það var í byrjun janúar sem hann kom með áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins. Það má auðvitað deila um hvort sú áætlun stenst

eða ekki, eins og um aðrar áætlanir. Í þeirri áætlun gerir hann ráð fyrir því, sem auðvitað kom engum á óvart, það var nýbúið að afgr. fjárl., að framlag ríkissjóðs verði 678 millj., framlag sveitarfélaga helmingur af þeirri upphæð og iðgjöld atvinnurekenda helmingur eða samtals 678 millj. á móti framlagi ríkisins. Vaxtatekjur af útlánum sjóðsins eru áætlaðar 340 millj. kr. Samtals er tekjuhlið þessarar áætlunar 1696 millj., en bótagreiðslur eru áætlaðar 885 millj. kr. Eftirlaun aldraðra eru áætluð 300 millj. kr., önnur gjöld 45 millj. og tekjuafgangur 466 millj. Tekjuafganurinn er því ráðstöfunarfé auk afborgana af lánum sem eru 120 millj., þannig að 586 millj. kr. eru taldar vera ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1977. Lögboðin kaup bankavaxtabréfa eða íbúðalána til Byggingarsjóðs eru sama upphæð og framlag ríkissjóðs eða 678 millj. kr. Skv. þessari áætlun verður að dómi stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs greiðsluhalli 92 millj. á árinu 1977.

Nú vil ég taka það fram að ég tel að áætlun um bótagreiðslur sé ærið rífleg, svo að ég er ekki eins svartsýnn á að greiðsluhalli verði. Hins vegar má um það deila, og ég er ekki fær um að segja hvort skoðun mín komi til með að reynast réttari en skoðun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Um það getur enginn aðili fullyrt svo að segja í byrjun ársins.

En við skulum líta á hvernig bótagreiðslum hefur verið háttað. Á árinu 1975 námu dagpeningar og kauptrygging 196 millj. kr. tæplega, en á s. l. ári námu þær 274 millj. rúmlega og fæðingarorlofið nam 135 millj. kr. Nú vitum við að hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs er að greiða atvinnuleysisbætur skv. ákvæðum laganna. Það er einnig hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að koma í veg fyrir atvinnuleysi með því að hafa fjármagn til þess að lána þar sem staðbundið eða alvarlegt atvinnuleysi er. Það eru margvíslegar aðrar skyldur sem hvíla á Atvinnuleysistryggingasjóði í þessum efnum sem öðrum, og það er ósköp eðlilegt að þeir, sem kosnir eru til þess að stjórna einum sjóði, geri sér glögga grein fyrir því, hvort tekjur hans nægi fyrir útgjöldum og þeim skuldbindingum sem hann á að inna af hendi lögum samkvæmt.

Það féll í minn hlut, eftir lögin frá s. l. ári voru sett, að setja reglugerð, sem var allerfitt mál, því þá kom strax í ljós að það var ákveðinn ágreiningur við meiri hluta stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um skilning á þessari reglugerð. „Ráðh. setur að fengnum till. stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs“, segir í lögunum, „ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta.“ Þetta vildu ákveðnir stjórnarmenn í Atvinnuleysistryggingasjóði túlka á þann veg, að þar sem ekki væri í hinum nýju lögum ákvæði um að nánari ákvæði séu sett með reglugerð, þá gæti rn. ekki sett reglugerð um önnur atriði en þessi. Ég leitaði mér álits mjög færra lögfræðinga í þessu efni, og er talið að þó ekki sé tekið fram í lögum að nánari ákvæði séu sett í reglugerð, þá sé það hægt og hafi oft verið gert. Það var síðan gert í andstöðu við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem leit öðrum augum á málið. Þetta er það sanna og rétta í þessu máli, og ég held að menn bæti sig ekkert með því að vera með einhverjar árásir á stjórn sjóðsins þó að menn hafi einhverjar aðrar skoðanir.

Ég tel að það, sem mestu máli skiptir, sé að samræmi sé og sjóðurinn standi við skuldbindingar sínar, eins og hann á að gera, en tel fráleitt, frá mínum bæjardyrum séð, að auka tekjur sjóðsins eða bæta sem sagt við iðgjaldaþörfina frá ríkissjóði eða atvinnurekstrinum í landinu eða sveitarfélögunum, því allt hefur það í för með sér hækkun fjárlaga, hækkun á kostnaði við atvinnureksturinn, hækkun á útsvörum eða öðrum tekjum sveitarfélaganna. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að leggja þungar byrðar á hina ýmsu sjóði eða ríkissjóð eða aðrar stofnanir og tala svo um í hinni andránni að það verði að stemma stigu við þessari sífelldu verðbólgu sem eigi sér stað.

Hitt er svo annað mál, að um það geta verið skiptar skoðanir hvort þetta fæðingarorlof hafi átt að takast upp og vera innan Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég fyrir mitt leyti sé enga hættu við að það hafi verið gert. Hins vegar verður stjórnin eða þó sérstaklega endurskoðunarnefndin, sem fær þetta mál í heild til endurskoðunar, að endurskoða lögin í því heildarljósi, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum og skuldbindingum lögum samkv. Og það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að allar ríkisstj., ekki ein einasta undanskilin, eru mjög ásælnar í fé bæði þessa sjóðs og annarra, því það er ekki létt verk að fjármagna allar þær framkvæmdir, sem er verið að vinna að, og koma saman lánsfjáráætlun á hverjum tíma, og þá fer það ekkert eftir því hvaða ríkisstj. hafi setið við völd. Ég tel það höfuðatriði þessa máls, að endurskoðun þessara laga takist giftusamlega fyrir þau málefni og það hlutverk sem þessum sjóði er ætlað, og það er ekki gert að mínum dómi með því að vera með óþarfa árásir á þá menn sem setið hafa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það furðulega gerðist í dag, að hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, tróð hér inn í umr. um atvinnuleysistryggingar ósönnum ásökunum á mig og ítrekaði þær aftur í ræðu sinni í kvöld. Ég er knúin til þess að fara um mál hennar áðan nokkrum orðum.

Hún endurtók þær ásakanir á hendur mér, að ég hefði, meðan ég var með plagg hennar í höndum til skoðunar, sett frv. mitt inn til prentunar, og vildi þar með meina að það hefði verið brot á trúnaði og óheiðarleg vinnubrögð. Ég bað hana í dag að sanna sitt mál. Ég rakti þá gang málsins og ætla ekki að endurtaka það hér. En hún sannaði hins vegar ekkert, en var þó örlítið vandaðri í málflutningi sínum hér í kvöld en í dag, því að hún gat um heimild og kvaðst hafa fengið þessar upplýsingar sínar hjá skjalaverði Alþ. þegar hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir spurði, hvenær ég hefði skilað minu máli, sem er út af fyrir sig dálítið furðuleg spurning, þá segir hún hann hafa sagt að ég hafi skilað því upp úr kl. 4. Ég hef átt tal við skjalavörðinn, og ég má hafa það eftir honum að hann telur sig hafa sagt henni að ég hafi skilað því eftir kl. 4.

Ég get ekki láð skjalaverði Alþ. þó hann taki ekki nákvæmar til orða en eftir kl. 4. Það er ekki hægt að ætlast til þess að önnum kafið starfsfólk sé reiðubúið að svara nákvæmlega upp á klukkutíma eða mínútu hvenær málum er skilað. Það fara mörg mál um hendur starfsfólksins. Og ég hefði talið meiri manndóm í því hjá hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildi Helgadóttur, að kynna sér málið betur, t. d. tala við mig sjálfa. Það kom henni ekki til hugar, en hún æðir hér upp í ræðustól með ósannindi og ásakanir, og ég hef haft fregnir af því að hún hafi auk þess sagt hverjum þm. þetta sem heyra vildi í hliðarsölum, þannig að ég sé mig til knúna að koma þessari leiðréttingu hér í þingtíðindi.

Eins og ég sagði áðan, þá hefði hún getað sýnt þann manndóm að kynna sér málið rækilega. Það vill svo til að ég hef vitni að því hvenær frv. mitt fór í prentun, og þó að hv. 6. landsk. þm. hafi séð mig á tali við hv. 5. þm. Reykv. kl. rúmlega 5, þá er það náttúrlega ekkert annað en staðfesting á því sem ég sagði fyrr í dag og sannar auðvitað ekkert um það, hvenær ég setti mál mitt til prentunar, úr því að hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur þykir það svo mikið mál.

Ég má bera það hér frá formanni Alþb., Ragnari Arnalds, að honum var kunnugt um að ég sendi málið til prentunar af framkvæmdastjórnarfundi Alþb. úti í Þórshamri upp úr kl. 6. Ég hef reynt að ná í varaformann flokksins, Öddu Báru Sigfúsdóttur, það vill svo til að hún sat með mér þegar ég var að ganga endanlega frá mínu máli. Mér hefur ekki tekist að ná til hennar, en ég mun ná vitnisburði hennar síðar og efast ekki um að hún muni staðfesta að ég fer með rétt mál.

Hv. 5. þm. Reykv. verður þá að segja allt þetta fólk ljúga, og sjálfsagt munar hann ekki mikið um það. Ég yrði ekkert hissa á því. Þrátt fyrir það að ég hafi borið til baka það sem hún sagði í dag, þá dettur henni ekki í hug að biðja mig afsökunar á þeim ósannindum, heldur forherðist hún.

Hún segist hafa rakið þetta allt til þess að gefa skýringar á því, hvers vegna þm. Alþb. flutti ekki málið með henni. Ætli við séum ekki einfærir um það, þm. Alþb., að útskýra það. Það var nóg fyrir hv. þm., ef hún endilega vildi, að skýra frá því að hún hefði boðið Alþb. það og það hafi ekki þegið. En útskýringar þarf hún ekki að gefa fyrir okkur.

Ég læt þetta nægja, nema sérstakt tilefni gefist til, en verð að lýsa skömm minni á þeim málflutningi sem hv. 5. þm. Reykv. hefur uppi, sem er þar að auki forseti þessarar hv. d. Og mér þykir tvennt undarlegt: að henni skuli vera svona afskaplega mikið í mun að finna einhverjar sakir á hendur mér og skuli ljúga þeim upp frekar en leita hins sanna og að hún skuli ekki vilja hafa það er sannara reynist.

Um málið, sem hér er til umr., ætla ég ekki að fjölyrða. Það eru fáir á fundi og hefði mér þótt eðlilegt að hv. dm. hefðu verið látnir vita af því, að kvöldfundur mundi hefjast kl. 9, þar sem flestir voru farnir af fundi kl. 7 og býst ég því ekki við að fregnir af kvöldfundi hafi náð þeim. Mér þykja þetta óeðlileg vinnubrögð.

Ég vil aðeins víkja að einu atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur áðan, þegar hún ítrekaði að hér væri ekki um ágreiningsefni að ræða varðandi það sem í frv. felst. Þetta er að dylja staðreyndir. Það er ágreiningsefni uppi — mjög stórt ágreiningsefni. Það varðar ekki fæðingarorlof, heldur það, hvort skerðingarákvæðið á eftir sem áður að ná til þeirra kvenna sem atvinnuleysisbóta eiga að njóta. Þetta er ágreiningsefnið og þetta skulum við ekki reyna að dylja. Hér er verið að reyna að mismuna sjóðsfélögum, og mér virtist að það hefði ekki komist heldur nægilega vel inn í hv. 5. þm. Vestf., að hann getur fylgt því, að skerðingarákvæði nái til fæðingarorlofs kvenna, með því að láta það ná yfir alla heildina.

Hann talaði í því sambandi um fjármagn, að ef ætti að láta skerðingarákvæðið ná til allra kvenna í þessu sambandi, þá mundi það kosta óhemjufjármagn og af því hefðu menn ekki miklar áhyggjur. Ég hélt að það þyrfti ekki að hafa sérstaklega orð á því, að menn hafa áhyggjur af sjóðnum og getu hans til greiðslu. En ég vil minna hv. 5. þm. Vestf. á það, að hann hafði afskaplega miklar áhyggjur einmitt af fjárreiðum sjóðsins vorið 1975. Þá sagði hann að ef ætti að greiða fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði, þá væri greiðslugetu sjóðsins stefnt í hættu. En þá átti hann ráð og ég vil minna hann á það. Hann gæti tekið það ráð upp aftur. Þá flutti hann till. ásamt fulltrúa Alþb. í heilbr- og trn. um að fæðingarorlofið skyldi fjármagnað með stærri hlut atvinnurekenda.

Hv. 5. þm. Vestf, sem er einn af flm. þessa frv. og á, að ég hygg, sæti í þeirri n. sem bæði frv. munu fara til, gæti dustað rykið af þessari till. sinni núna og orðið þar með að liði öllum þeim konum í verkalýðshreyfingunni sem skerðingarákvæðið nær til.

Forseti (Ingvar Gíslason): Vegna ummæla hv. 5. landsk. um boðun þm. á þennan fund, þá vil ég taka það fram, að ég tel að það sé algjörlega á einkaábyrgð hvers þm. hvort hann fylgist með þingfundum og þingfundafrestun. Það var boðað af forseta í dag að fundi væri frestað til kl. 9, og ég tel að það hafi verið fullkomlega eðlileg boðun.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Þessi umr. minnir mig um margt á umr. á aðalfundum sumra stéttarfélaga þegar verið er að ræða um fjármál og peningamál. Það minnir mig á umr. að því leyti í þessum félögum, að þegar verið er að fjalla um stórar tölur, þá er eins og það vanti oft innihaldið, þ. e. a. s. holdið á beinagrindina, til þess að maður fái sanna og nákvæma mynd af því sem verið er að setja upp eða búa til. Þessu finnst mér bregða töluvert fyrir þegar hér er rætt um hinar stóru tölur hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, þ. e. a. s. ráðstöfunarfé sjóðsins árið 1977. Ég er ekki að gagnrýna neinn sérstaklega þegar ég er að fjalla um mál Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er mesti misskilningur. Ég er ekki að ráðast á neinn þegar ég er að gagnrýna ýmislegt í sambandi við rekstur og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég er ekki

að ráðast á neinn fyrir það að reyna að stilla upp myndinni um skiptingu á hugsanlegu ráðstöfunarfé 1977, heldur leyfði ég mér að fjalla um þetta með þeim hætti sem mér er kleift á grundvelli þeirra upplýsinga sem mér eru í té látnar. Ef ég mætti ekki gera það án þess að það væri kallaðar árásir, þá væri raunverulega búið að kveða upp úr um það að ég og aðrir hv. þm. geti yfirleitt ekki rætt um þessi mál, hvort sem ég væri þm. eða verkalýðsforingi úti í bæ, — mál sem hafa mikla þýðingu fyrir bæði ríkissjóð og ég tala nú ekki um fyrir verkalýðshreyfinguna og hvern einstakan félaga innan hreyfingarinnar, ef til þess kæmi að þyrfti að fara að greiða atvinnuleysisbætur úr sjóðnum, sem við vonum öll að verði ekki á næstunni.

En ég vil leyfa mér að ræða örlítið um það talnadæmi sem hér hefur verið sett upp í tengslum við ráðstöfunarfé annars vegar og það, hvað það sé voðalegt hins vegar að ætlast til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði fæðingarorlof. Hér hefur verið upplýst bæði af hæstv. ráðh. og hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, sem á sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, að það sé áætlað árið 1977 að bótagreiðslur geti orðið 885 millj. kr. Það er upplýst að dagpeningar og kauptrygging hafi árið 1976 verið 274 millj. kr. og fæðingarorlof hafi verið 135 millj. kr. Ef við bræðum nú hina þröngu götu þeirra sem eru að berjast á móti verðbólgunni, sem við sumir eigum kannske eftir að reyna að bræða okkur eftir í þeim samningum sem fram undan eru, þá eru sumir ekki að tala um miklar prósentuhækkanir handa verkalýðnum í samningunum í vor. En til þess að láta dæmið ganga upp, til þess að nálgast eitthvað þessar 885 millj. og gera mismuninn ekki of mikinn, þá reiknaði ég með því, að það mætti hækka þennan lið, dagpeninga og kauptryggingu 1976, um 30%. Þá fæ ég 356 millj. áætlaðar árið 1977 og gef mér þá jafnframt að atvinnuleysi verði ekki meira á þessu ári heldur en á síðasta ári. Ef við gefum okkur það svo einnig, að fæðingarorlof lækki á grundvelli þeirrar skerðingar sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur ákveðið, og gefum okkur þá að áætlað fæðingarorlof verði skert um um það bil 100 millj., þá fæ ég barna eftirstöðvar upp á 429 millj., bara á þessum eina lið. Dæmið um það, að Atvinnuleysistryggingasjóður kæmi út í mínus, eins og var sagt í dag í umr., getur ekki staðist og það jafnvel þótt maður gerði ráð fyrir að fæðingarorlofið væri ekki skert, en að því stefnum við auðvitað með þessu frv. Við getum áætlað að fæðingarorlofið hækki um 30% eins og dagpeningar og kauptrygging. Það þýðir að við getum bætt við svona 40 millj. ofan á fæðingarorlofið 1976, og þá erum við með 175 millj. á áætluninni fyrir 1977, þannig að enn þá yrði eftir 300—400 millj. til annarra þarfa.

Ég verð að segja það eins og er, að svigrúm er töluvert fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, nema menn geri ráð fyrir atvinnuleysi. Ég geri það ekki. Mér virðast allar horfur vera þannig í íslensku atvinnulífi, fái það að starfa í friði og ef ekkert óvænt kemur upp sem raskar þeim grundvelli sem við erum að reyna að byggja upp, þá verði umframeftirspurn eftir vinnuafli, en ekki atvinnuleysi. Ég er þeirrar skoðunar að *hjól atvinnulífsins muni snúast miklu hraðar* á þessu ári heldur en á s. l. ári. Allt bendir til þess. Afli hefur verið góður, það hefur verið mikið að gera í fiskiðnaði, og ekkert bendir til annars en svo muni halda áfram það sem eftir er þessa árs. Ég get því ekki sagt annað en það, að ég get ekki verið sammála hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni um það, hvorki að staða Atvinnuleysistryggingasjóðs sé veik né horfurnar í atvinnumálum jafnsvartar og hann hefur dregið myndina upp.

Ég þakka hv. þm. fyrir þau ágætu svör, sem hann gaf hér áðan, og upplýsingar um sjóðinn, sem var nauðsynlegt að fá við þessa umr. Ég vek athygli á því, að í ræðu hans komu fram mjög merkilegar upplýsingar sem aðrir verða að lesa úr reikningum Atvinnuleysistryggingasjóðs yfirleitt 1—2 árum eftir að afburðirnir hafa átt sér stað, en til viðbótar gaf hv. þm. upplýsingar um hvað fram undan væri. Ég segi það og endurtek, að ég tel stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs ekki jafnveika og hann sagði. Það breytir sáralitlu um stöðu sjóðsins þó að fæðingarorlof verði greitt óskert á grundvelli þeirra laga, sem samþ. voru 1975, eða á grundvelli þeirrar áréttingar, sem fram kemur í því lagafrv. sem hér er til umr.

Áætlað ráðstöfunarfé 1977 verður um það bil 1700 millj. kr. Það má því gera ráð fyrir að til að greiða fæðingarorlof þurfi að ráðstafa nákvæmlega 10% af ráðstöfunarfé ársins. Þetta er að mínu mati ekki það mikið fé að það ráði úrslitum um stöðu, afkomu eða greiðslugetu Atvinnuleysistryggingasjóðs. (Gripið fram í.) Ég er nú ekki góður í veðmálum, enda hef ég aldrei unnið í happdrætti. En ég mundi ekki vilja veðja um þetta frekar en margt annað. Það er svo margt óráðið og óvisst í þessu lífi, sem betur fer eða því miður, eftir því hvað um er að ræða. En ég held því fram, eins og ég gerði 1975, en þá hélt ég því fram, að það mundi ekki breyta neinu um fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð þótt þessi háttur væri upp tekinn, og ég hef ekki breytt um skoðun síðan nema síður sé. Trú mín á að atvinnulífið sé svo sterkt, að ekki verði atvinnuleysi á næstu árum, hefur styrkst, en ekki veikst á þessum árum.

Varðandi það atriði í ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, þegar hann talaði um að við þekktum lítið til Atvinnuleysistryggingasjóðs og kurteisinni hefði ekki verið fyrir að fara hjá okkur talsmönnum þessa frv. í dag, get ég nú verið fáorður. En ég get þó ekki alveg látið því ósvarað. Mér fannst það ekki kurteisi af hálfu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að láta ekki þau stéttarfélög, sem hagsmuna áttu að gæta, vita hver var skoðun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessu máli. Það hefði ekki þurft að gera meira en að senda þeim stóru félögum, sem hafa konur innan sinna vébanda bréf um þetta. Ég nefni sem dæmi, eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson gerði áðan, að þetta er mikið hagsmunamál fyrir konur í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Hann nefndi þær tölur um V. R., að hér væri um að ræða upphæð sem næmi 33 millj. kr. Það hefði einhvern tíma verið sendi-

bréfsefni að láta stjórn í slíku félagi vita á hvað veikum grunni raunverulega væri unnið í þessu *veigamikla hagsmunamáli fyrir félagskonur*, að ég tali nú ekki um allar konurnar í almennu verkalýðsfélögunum. En það var hvorki ráðgast við okkur eða félögin né þau látin vita um að það væri verið að leita álitsgerðar hjá hálærðum prófessorum, sem fyrir mér er alveg það sama og setja mál verkalýðshreyfingarinnar undir gerðardóm. Ég veit að við erum sammála um það, Eðvarð Sigurðsson og ég, að það ber að forðast eins og hægt er, þó stundum hafi þurft að grípa til slíks í hreinum neyðartilfellum.

Ég sem sagt endurtek að ég tel úrskurð prófessoranna ótraustan og ófullnægjandi og að við þennan úrskurð hafi prófessorarnir ekki tekið nægilegt tillit til ákvæða reglugerðar, sem lýtur að greiðslu fæðingarorlofs, né anda laganna um fæðingarorlof og þess sem kom fram hér í umr. 1975. (Gripið fram í.) Ég er sannfærður um það, að ef það hefði verið skilningur löggjafans, ráðh. og annarra, sem fjölluðu um reglugerðina, að tekjuskerðingarákvæði laga um atvinnuleysistryggingar ættu að gilda, þá hefði verið ítrekað í reglugerð að þessi skerðing skyldi eiga sér stað við greiðslu fæðingarorlofs. Þarna gafst tími, — ég mun svara hv. þm. sem grípur fram í, — þarna gafst einmitt svigrúm fyrir hið háa rn. að koma þessu á framfæri og tryggja það, ef það var meiningin. En nú skal ég svara hv. 7. þm. Reykv. *framiköllum hans með gagnspurningu* sem hv. þm. getur þá svarað úr sæti ef hann vill. Hvers vegna vakti hv. þm. Eðvarð Sigurðsson ekki athygli á þessu þegar í upphafi, og hvers vegna lét hann afskiptalausar greiðslur án tekjuskerðingar meginhluta ársins 1976? Þetta er gagnspurning við því, sem hv. þm. beindi til mín. (Gripið fram í.) Ef það er ekki of langt, annars er náttúrlega hægt að taka til máls hér á eftir. (**Gripið fram í:** Leyfir hæstv. forseti það? — Í fyrsta lagi vil ég segja það og endurtaka enn einu sinni, að stjórnin svaraði þessu strax og beiðni um það kom fram, og það var mér alls ekki vitanlegt fyrr en hún kom fram að úthlutunarnefnd færi ekki eftir þessu.) Ég þakka þm. fyrir svör hans. Þetta skýrir stöðu hans til málsins, en ekki stöðu annarra stjórnarmanna Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þeir munu þá væntanlega gefa þau svör skriflega eða munnlega til hv. þings eftir því sem þessi mál þróast.

En varðandi úthlutunarnefndirnar, þá varpaði hv. þm. Eðvarð Sigurðsson því til mín, hvort ég þekkti ekki nægilega vel *til laganna til þess að* gera mér grein fyrir því að þær ættu að annast þessar greiðslur, nema n. óskuðu eftir að Tryggingastofnun gerði það. Ég skal viðurkenna að svar mitt eða réttara sagt framsögn mín í dag varðandi þetta hefur ekki verið nægilega skýr. En ástæðan er sú, að í því félagi, sem ég þekki best til, töldu forráðamenn þess eðlilegt að Tryggingastofnunin annaðist þessar greiðslur. En stofnunin vildi að úthlutunarnefnd viðkomandi félags annaðist þetta. Þess vegna endurtek ég að orðalag mitt í dag varðandi þetta efni var ekki nægilega nákvæmt, og leiðrétti ég það því hér með.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. miklu meir. En hér var áðan í ræðustól gefin sú ráðlegging til þess er nú talar, að hann ætti góðan leik í sambandi við það að tryggja konum í því félagi, sem hann er í forustu fyrir, það sem hér er um að ræða, það þyrfti ekki að leita eftir því til Atvinnuleysistryggingasjóðs, þar sem af þeim 65 millj., sem fóru til Reykjavíkur, hafi 33 millj. kr. farið til kvenna í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Ráðleggingin var sú — afskaplega einföld: Hví leggur ekki hv. þm. það fram í kröfum viðkomandi félags að biðja um ½% eða 1% í samningunum til þess að greiða þetta? Ég hélt að við værum nú það *samningsvanir* menn, ég og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, að við gerðum okkur grein fyrir því, að ef ég legði þetta fram í kröfugerð í vor, mundi það koma fram sem skerðing á nauðsynlegum kauphækkunum til þeirra kvenna, sem eru í þessu félagi, og skerða þar með kaupmáttinn, því öðruvísi fæst það ekki. En það er til önnur leið sem ég er ekki út af fyrir mig meðmæltur á þessu stigi, en það er annað mál í hvaða vígi maður verður að hörfa og ég vil helst ekki að til þess komi. Ef farið er að hugleiða þetta allt út frá sérhagsmunum einstakra félaga, þá er auðvitað sú leið auðveldust fyrir þetta ágæta félag, sem ég er forsvari fyrir, að segja sem svo: Er ekki ágætt að láta Lífeyrissjóð verslunarmanna annast þessar greiðslur. En það mundi bara hafa annað í för með sér, því þetta er eins og tafl, það mundi þá væntanlega koma það svar frá viðsemjendum okkar: Ef þið ætlið að leggja þá kröfu fram, þá skerðir það væntanlega umframgreiðslugetu sem notuð er til sameiginlegra þarfa aldraðra í verkalýðshreyfingunni í heild. Kaldhæðni örlaganna er nú þannig í þessu máli, að það, sem greitt er úr Lífeyrissjóði verslunarmanna til þess að hækka ellilífeyri fyrir heildina innan verkalýðshreyfingarinnar — ég endurtek: fyrir heildina, er svipuð upphæð og konur í þessu sama félagi fá sem fæðingarorlofsgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Mér finnst það kaldhæðni að þurfa að berjast fyrir því með hörku, að konur fái greiðslu fæðingarorlofs úr Atvinnuleysistryggingasjóði, við vini mína og bestu forustumenn verkalýðshreyfingarinnar. Ég harma það að við skulum ekki geta unnið sameiginlega að því að tryggja framgang þessa máls, greiðslur á fæðingarorlofi til kvenna úr Atvinnuleysistryggingasjóði í því bráðabirgðaástandi sem ég álít að sé í þessum málum. Ég hef alltaf litið á það sem *bráðabirgðaástand að greiða fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði*. Meginmarkmið mitt í sambandi við greiðslu fæðingarorlofs til kvenna og stefna er sú, að allar konur skuli njóta fæðingarorlofs, og sú greiðsla komi úr almannatryggingakerfinu. Það verður vonandi að veruleika þegar við höfum lokið við að endurskoða almannatryggingakerfið í tengslum við lífeyrissjóðakerfið, og um það veit ég að allir geta verið sammála. Þess vegna treysti ég að þeirri bráðabirgðalausn, sem felst í því að greiða fæðingarorlof óskert úr Atvinnuleysistryggingasjóði, verði fram haldið þar til endanleg lausn og betri fæst á þessu máli.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég tek hér raunar aðeins til máls til þess að bera af mér sakir. Ég vil nefnilega ekki una því, að því sé lýst yfir í ræðustóli að ég fari vísvitandi með ósannindi og þaðan af verri hluti — ég er ekkert að hafa eftir það orðbragð sem hér var haft um þá hluti sem ég hafði heimildir fyrir úr skjalavörslu þingsins og vitni að frá hv. samþm. okkar, hv. 6. landsk. þm. Í ræðu hv. 5. landsk. þm. virtist það koma fram sem eitthvert aðalatriði, hvort frv. hv. þm. hefði verið lagt fram mínútunum fyrr eða seinna eftir kl. 4 umræddan dag. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, og rétt haft eftir skjalaverði, að hann sagði „eftir 4, upp úr 4". Eftir að mér hafði verið tjáð þetta fyrir viku var ég — það er rétt hjá hv. þm. — nokkuð undrandi. Ég spurði aftur um þetta í dag hjá skjalaverði, hvort þetta væri ekki rétt munað. Hann sagði mér að svo væri. En vitanlega er það rétt, að um hendur starfsmanna þingsins fer fjöldi mála, og það er afskaplega eðlilegt að það geti farið svo, að það sem starfsmaður þingsins eða annar segir að gerist upp úr 4, það geti eins verið á tímabilinu frá 4 til 5 eða jafnvel frá 4 til 5.30. Það skiptir út af fyrir sig ekki höfuðmáli. Það, sem hér skiptir höfuðmáli, er að eftir að hv. þm. fékk þetta frv. í hendurnar, þar sem m. a. er talað um endurskoðun atvinnuleysistryggingalaga og um þetta aðalatriði sem við erum hér að ræða um, og áður en sá frestur var liðinn, sem hv. þm. vissi að var til fyrir hugsanlega meðflm. að athuga málið, þá var þetta mál afhent í skjalavörslu þingsins. Ég hef ekki lýst hér einn eða neinn ósannindamann að neinu, og ég vil hafa það sem sannara reynist. Ég skýri hér aðeins frá algerum staðreyndum. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja hvað hv. þm. Alþb. segja um þetta efni til eða frá. Svona voru þessir hlutir, og ég veit að hv. þm. mælir ekki á móti því.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir lét falla hér áðan, þegar hún talaði um að ég hefði fyrr í dag haft af því miklar áhyggjur hversu um yrði að ræða óhemjumikið fjármagn sem mundi leiða af því, ef hennar frv. yrði staðfest varðandi afnám skerðingarákvæða í atvinnuleysisbótagreiðslum. Og hún benti réttilega á að ég hefði haft áhyggjur af því 1975 að bæta þessum bagga á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er rétt, ég hafði af því áhyggjur þá að bæta þessum bagga á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er eigi að síður staðreynd í dag, að þetta hvílir á Atvinnuleysistryggingasjóði, og við það á að standa, án skerðinga að því er varðar fæðingarorlofið. En í dag, þegar ég var að tala um þau ummæli, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson hafði hér, að það væri ekki óendanlega hægt að bæta böggum á Atvinnuleysistryggingasjóð, það er alveg rétt, þá spurði ég bara í áframhaldi af því mati sem ég er honum sammála um, að það er ekki hægt að bæta óendanlega á Atvinnuleysistryggingasjóð: hvað mundi það þýða í auknum útgjöldum hjá Atvinnuleysistryggingasjóði nú ef þessi skerðingarákvæði yrðu afnumin algjörlega, ekki bara varðandi fæðingarorlofið, heldur og hitt líka, varðandi atvinnuleysistryggingabætur? (Gripið fram í.) Já, sjálfsagt geta menn gert sér einhverjar hugmyndir, en enginn vafi er á því og við getum verið sammála um að það eykur baggann, það hlýtur að gera það. Það getur verið ósvarað þeirri spurningu hversu mikið það verður eða hversu miklar fjárhæðir þar er um að ræða? En ég held að það sé augljóst mál, að ef menn hafa áhyggjur af stöðu sjóðsins eins og hún er í dag — (Gripið fram í.) Alls ekki. Ég hef lýst því yfir að ég teldi sjálfsagt að afnema skerðinguna. En þeir, sem bera miklar áhyggjur af því að staða sjóðsins sé í hættu fjárhagslega séð, hljóta jafnframt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað þetta þýddi í auknum útgjöldum hjá sjóðnum.

Hv. þm. sagði líka að ég hefði kunnað ráð við þessu 1975, þá hefði ég staðið að flutningi brtt. um að gera hlut atvinnurekenda í greiðslum til sjóðsins stærri. Það breytir í sjálfu sér ekki miklu þó að ég og hv. þm. sitt í hvoru lagi eða saman stæðum að flutningi slíkrar till., — það segir lítið í því raunverulega að bæta stöðu sjóðsins ef ekki er meiri hl. fyrir því í þinginu. Það segir ákaflega lítið þó að svo vel vildi nú til að við gætum orðið um það sammála að flytja slíka brtt. Það er auðvitað atriði sem menn verða að horfast í augu við. Það þýðir ekki að loka endalaust augunum. Menn geta gert það kannske um einhvern takmarkaðan tíma sjálfum sér til fróunar, en að endingu verða menn að horfast í augu við staðreyndir.

Það, sem ég var að tala um í dag, var fyrst og fremst þetta, að ef staða sjóðsins er í hættu gagnvart fæðingarorlofinu, eins og það var á hann lagt, þá hlýtur sú hætta að aukast við það að bæta enn frekari böggum þar á. Það held ég að allir hljóti að vera sammála um.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa — (Gripið fram í.) Ja, nú er hv. þm. farinn að taka upp á því sem ég hélt að hann ætlaði að forðast: að leggja öðrum orð í munn. Hann var síðast í kvöld í raun og veru að setja ofan í við okkur, mig og hv. þm. Guðmund H. Garðarsson, fyrir hvað við höfðum í orði hér í dag. (Gripið fram í.) Það er hans mat, og ég ætlaði ekki að fara út í þær umr., nema ef hv. þm. vill gera það, þá er ég til þess reiðubúinn. Ég ætlaði ekki að taka það upp hér. En ef hv. þm. Eðvarð Sigurðsson taldi 1975 að hér væri verið að setja, með fæðingarorlofinu, bagga á Atvinnuleysistryggingasjóð sem hann réði ekki við, þá hlýtur hann að vera sömu skoðunar nú. Eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir að því er varðar hugmyndir sjóðsstjórnar um árið 1977, þó við förum ekki lengra, þá er allt sem bendir til þess að mati sjóðsstjórnar að það verði um greiðsluhalla að ræða. Og ef eitthvað annað kæmi enn frekar til útgjalda, þá er staðan enn verri. Ég er ekki að segja að þetta sé endilega rétt. Ég skal ekkert um það dæma hvort þessi áætlun kæmi til með að standast eða ekki. (Gripið fram í.) Já, þetta er auðvitað rétt ályktun. Ég skal ekkert um það dæma hvort er hægt að gera ráð fyrir því að þessi áætlun standist eða standist ekki, ég þori enga dóma að kveða upp þar um. En ég heyri að ýmsir hv. þm. eru á annarri skoðun, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Hann taldi að staða sjóðsins yrði talsvert betri en

hugmyndir sjóðsstjórnar gera ráð fyrir. En hvað sem um það er, hvað sem er bætt á sjóðinn frá því sem er, það hlýtur að veikja stöðu hans. Það held ég að sé alveg ljóst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 66. fundur.

Þriðjudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 22. mars, að loknum 66. fundi.

Byggingarþróun heilbrigðisstofnana o. fl., skýrsla (þskj. 397).

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hinn 26. okt. s. l. var samþ. í Sþ., að heilbr.- og trmrh. skyldi gefa skýrslu um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu frá 26. apríl 1973 og þegar skýrslunni hefði verið útbýtt meðal þm. færu fram umr. um hana. Skýrslu um heilbrigðismál hefur nú verið dreift meðal þm. fyrir nokkrum dögum og í þeirri skýrslu er m. a. að finna upplýsingar um framkvæmd fyrrgreindra laga ásamt mjög mörgum öðrum upplýsingum um heilbrigðismál sem rétt þótti að safna og hafa handbærar, og hefur tímasetning upplýsinga fyrst og fremst verið miðuð við tímabilið síðan sérstakt rn. var stofnað fyrir heilbrigðismál.

Í upphafi þeirrar skýrslu, sem dreift hefur verið meðal þm., er að finna yfirlit yfir heildarútgjöld til heilbrigðismála og eru þær skýrslur gerðar af Þjóðhagsstofnun. Þessar skýrslur taka yfir síðasta aldarfjórðung og við könnun þeirra kemur í ljós, að heildarútgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa hækkað úr 3% árið 1950 í um 7% árið 1975. Sérstaklega hefur þessi vöxtur verið ör síðan 1965, en veruleg hækkun hefur einnig orðið síðan lög um heilbrigðisþjónustu tóku gildi, eða úr 5.5% árið 1973 í 7.1% árið 1975. Á þessu tímabili hefur hlutdeild atvinnu í heilbrigðisþjónustu vaxið með svipuðum hætti eins og gera mætti ráð fyrir, eða úr 3—3.5% af atvinnu landsmanna árin 1963—1965 í um það bil 6% árið 1974. Á aldarfjórðungnum hafa útgjöld til heilbrigðismála á hvert mannsbarn fjór- til fimmfaldast að raunverulegu verðgildi, á sama tíma og þjóðarframleiðsla og einkaneysla hafa um það bil tvöfaldast að raungildi. Fyrrgreindar skýrslur sýna fram á, að þótt afturkippur verði í framleiðslu eða einkaneyslu hafa heilbrigðisútgjöld haldið áfram að vaxa, og sýnir þetta vilja stjórnvalda til þess að reyna að ná ákveðnum fyrirframgerðum markmiðum í sambandi við heilbrigðisstofnanir og bætta heilbrigðisþjónustu.

Það er álit Þjóðhagsstofnunar að vandfundin sé í þjóðarbúskapnum grein sem skiptir máli og hefur vaxið jafnhratt á undanförnum árum og heilbrigðisþjónusta. Í skipuriti í upphafi skýrslunnar eru settar fram á glöggan hátt upplýsingar frá árinu 1850 til ársins 1975 um hvaða breytingar hafa orðið á ungbarnadauða, ólifaðri mannsævi við fæðingu og ólifaðri meðalævi við 50 ára aldur, og síðan gerð grein fyrir heildarútgjöldum til heilbrigðismála á árabilinu 1950—1975. Kemur glöggt fram af þessu skipuriti að Ísland hefur nú komist í tölu þeirra þjóða þar sem aukin útgjöld til heilbrigðismála ganga ekki til þess að lengja ævi manna eða lækka dánartölu ungbarna, heldur til þess að vinna að öðru starfi á heilbrigðissviði, svo sem fyrirbyggingu sjúkdóma og aukinnar og bættrar þjónustu við þá sem haldnir eru langvarandi og ólæknandi sjúkdómum. En þar eru án efa stærstu hóparnir aldraðir, geðsjúkir og þroskaheftir. Verulegur hluti af kostnaði við heilbrigðisþjónustu er vegna sjúkrahúsvistar, en um þann þátt heilbrigðisþjónustunnar verður rætt síðar í þessari skýrslu.

Til samanburðar við aðrar þjóðir er í lok kaflans um kostnaðarþætti frá Þjóðhagsstofnun skipurit sem sýnir heildarútgjöld til heilbrigðismála sem hundraðshluta af vergri þjóðarframleiðslu á markaðsverði í nokkrum löndum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Að sjálfsögðu er mjög erfitt um samanburð á þessu sviði og það er ekki ávallt hægt að skilja í sundur kostnað milli heilbrigðismála og félagsmála í þessum löndum. Hins vegar má gera ráð fyrir að taka megi mið af slíkum samanburði að einhverju leyti a. m. k. Hins vegar skyldu menn varast að gera ráð fyrir því, að beint samband sé milli þessara heildarútgjalda og þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er í viðkomandi landi, því að nýting fjármunanna fer að sjálfsögðu eftir því skipulagi heilbrigðisþjónustunnar sem komið hefur verið á á hverjum stað.

Í 3. kafla skýrslunnar er skýrt frá fjárframlögum til sjúkrahúsa, sveitarfélaga, heilsugæslustöðva, elliheimila, embættisbústaða á árabilinu 1970—1976. Allar upphæðir eru á verðlagi hvers fjárhagsárs og er gert ráð fyrir að þessar töflur gætu verið til hliðsjónar við athugun á töflum 4 og 7, þar sem rætt er um einstök verkefni og framkvæmdastig þeirra. Kafli 3 sýnir hina gífurlegu dreifingu fjármagnsins til hinna ýmsu staða og verkefna, og þetta kemur enn betur fram í kafla 5, en þar sést að fjárveitingar hafa verið veittar til heilsugæslustöðva, læknamóttaka, sjúkraskýla og sjúkrahúsa á 45 stöðum til 66 verkefna á þessu tímabili. Þá hefur verið veitt fé til byggingar læknisbústaða á 33 stöðum til 44 bústaða. Á því tímabili, sem ríkissjóður átti að styrkja byggingar dvalarheimila aldraðra, þ. e. a. s. árin 1974 og 1975, var veitt fé til alls 15 staða.

Víkjum þá nánar að kafla 4, sem er áætlun um heilsugæslustöðvar og skýrsla um stöðu byggingarmála í árslok 1976 og yfirlitstöflur sem þessu fylgja. Samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973 er landinu skipt í 27 heilsugæsluumdæmi og innan þessara umdæma eru 40 starfssvæði. Utan Reykjavíkur eru 39 starfssvæði og þar er í lögunum gert ráð fyrir í 13 heilsugæslustöðvum að þar starfi einn læknir og 26 heilsugæslustöðvum að þar starfi tveir læknar a. m. k. Lögin

gera ekki ráð fyrir skiptingu Reykjavíkursvæðisins í heilsugæsluumdæmi, en fram hefur verið lögð skipting heilbrigðismálaráðs og borgarlæknis í Reykjavík og í þessari skýrslu er stuðst við þær tölur.

Í töflunum á bls. 48—53 hefur verið sett upp áætlun um þörfina fyrir húsnæði fyrir heilsugæslu, þ. á m. íbúðarhúsnæði, og um starfsfólk við heilsugæslu samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu miðað við áætlaðan mannfjölda árið 1980. Í töflunni kemur fram hvaða húsnæði er fyrir hendi á hverjum stað og hvernig ástand þess er, hver áætluð viðbótarþörf er á hverjum stað, hvort fjárveitingar hafi verið veittar til verkefnis á staðnum. Hafi fjárveitingar verið veittar, þá er hægt að lesa af töflunni á hvaða stigi framkvæmd er, hvort um er að ræða frumathugun, hönnunarvinnu eða framkvæmdastig eða hvort framkvæmdum er algerlega lokið. Sama máli gegnir um íbúðir sem hluta af heilsugæslustöð í þessu sambandi. Hvað viðvíkur starfsfólki kemur fram í þessari töflu hve margt fólk vinnur að heilsugæslu nú, og er þá miðað við 1. okt. á s. l. ári. Þá er sett fram áætluð viðbótarþörf á starfsfólki í opinberri þjónustu og jafnframt getið um hvernig þessu starfi er sinnt nú og hverjir launa það, hvort um er að ræða greiðslu beint frá sjúkratryggingum, sveitarstjórnum eða heilsuverndarstöðvum.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því í heilbrrn. að gera sér grein fyrir hvers konar húsnæði þurfi til heilsugæslu og hefur í því sambandi að sjálfsögðu verið tekið mið af reynslu annarra þjóða, svo sem Norðurlandaþjóða og breta, á þessu sviði. Á s. l. ári kom út á vegum heilbrrn. ritið „Leiðbeiningar um hönnun heilbrigðisstofnana," sem er rit nr. 1 1976, og er í því riti lýst hvernig hönnunarhópar eiga að standa að frumathugunum og hönnunarstarfi í sambandi við byggingu heilsugæslustöðva fyrst og fremst, en þær leiðbeiningar eru raunar jafngildar fyrir aðrar heilbrigðisstofnanir.

Af hálfu rn. hefur verið reynt að staðla þessar stofnanir og gera sér grein fyrir stærðum. Þannig hefur niðurstaðan orðið sú, að móttökur lækna utan heilsugæslustöðva þurfi að vera um 110 fermetrar að stærð, heilsugæslustöðvar, þar sem einn læknir starfar ásamt öðru starfsliði, 360—400 fermetrar og heilsugæslustöðvar, þar sem tveir læknar starfa, 450—500 fermetrar. Á vegum rn. hefur ekki verið hönnuð heilsugæslustöð fyrir fjölbýlissvæði eins og Reykjavíkursvæðið, en samkv. þeim stöðlum, sem fyrr eru nefndir, má gera ráð fyrir að miðað við 12 þús. manna byggð þurfi um 900—1000 fermetra heilsugæslustöð á fjölbýlissvæðinu. Er þá gert ráð fyrir að samtímis séu vinnuskilyrði fyrir 6 heilsugæslulækna, 2 sérfræðinga og 2 tannlækna. Frumathugun hefur verið gerð á vegum Reykjavíkurborgar fyrir heilsugæslustöð í Breiðholti. Sömuleiðis er nú gerð athugun á heilsugæslustöð fyrir Seltjarnarnes sem e. t. v. gæti þjónað vesturhluta Reykjavíkurborgar.

Við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið, er haft til hliðsjónar að það komi að jafnaði 1500—2000 íbúar á lækni í dreifbýli, en þetta hlutfall lækkar að sjálfsögðu mjög þegar um víðlend héruð er að ræða og veruleg ferðalög. Í Reykjavík er gert ráð fyrir að um 2000 íbúar verði um hvern lækni. Áætlaður fjöldi hjúkrunarfræðinga í þeim töflum, sem til er vitnað, miðast við þau verkefni, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sinna, og þá reynslu, sem fengist hefur af starfi hjúkrunarfræðinga á heilsuverndarstöðvum og heilsugæslustöðvum. Þess verður að geta, að áætlaður fjöldi þessa starfsliðs við heilsugæslustörf er mjög varlega áætlaður og í nágrannalöndum okkar, þar sem svipuð starfsemi hefur vaxið mjög undanfarin ár, eru tilsvarandi hlutföll íbúa og heilbrigðisstarfsmanna mun lægri en gert er ráð fyrir í þeirri áætlun sem hér hefur verið lögð fram.

Á bls. 31—42 í skýrslunni er rakið ástand byggingarmála heilsugæslustöðva á landinu öllu og mun ég nú gera grein fyrir þætti málsins stuttlega.

Til Reykjavíkurhéraðs telst Reykjavík og Seltjarnarnes. Á þessu svæði hefur verið veitt fé til þriggja stöðva á fjárl. síðan lög um heilbrigðisþjónustu tóku gildi: í Árbæjarhverfi, í þjónustudeild Borgarspítala og á Seltjarnarnesi. Stöðin í Árbæ er tilbúin og var auglýst eftir læknum og hjúkrunarfræðingum að stöðinni í byrjun þessa árs. Stærð stöðvarinnar miðast við aukinn mannfjölda í Árbæ og Selási. Á annarri hæð fyrsta áfanga þjónustudeildar Borgarspítala, sem búið er að steypa upp og verður tilbúinn undir tréverk á þessu ári, er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir allt að 6 heilsugæslulækna og rými fyrir sérfræðiþjónustu sem þá sennilega yrði veitt af sérfræðingum Borgarspítala. Rannsóknarstofa og röntgendeild Borgarspítala mun annast þjónustu bæði fyrir spítalann og heilsugæslustöðina.

Eins og ég hef fyrr sagt fer nú fram frumathugun á byggingu heilsugæslustöðvar á Seltjarnarnesi. Verði samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar um þetta mál er hentugasta staðsetning stöðvarinnar á miðbæjarsvæði Seltjarnarness.

Svo sem fyrr sagði er ekki í lögum um heilbrigðisþjónustu gert ráð fyrir skiptingu Reykjavíkurborgar í heilsugæslusvæði, en hér er tekin upp skipting, sem heilbrigðismálaráð og borgarlæknir hafa gert. Samkv. því verður um að ræða í Reykjavík 9 svæði með jafnmörgum heilsugæslustöðvum og er þá gert ráð fyrir að hluti Vesturbæjar nýtist með Seltjarnarneskaupstað. Áætluð húsrýmisþörf í Reykjavík og á Seltjarnarnesi er um 8000 fermetrar fyrir heilsugæslu og þar af er í byggingu og lokið um 1400 fermetrum.

Þá kem ég að Suður- og Vesturlandshéruðum. Í Vík í Mýrdal og að Kirkjubæjarklaustri eru í byggingu heilsugæslustöðvar, báðar með lítilli íbúð fyrir starfsmann eða staðgengil. Þessa daga fer fram útboð á verklokum þessara stöðva og ættu þær báðar að komast í not á næsta ári.

Um Suðurlandið að öðru leyti verður að minna á, að frestað var gildistöku þeirra ákvæða laga um heilbrigðisþjónustu sem fjalla um Suðurland og samkv. því gilda læknaskipunarlög nr. 43 frá 1965 um þetta svæði. Nokkur biðstaða hefur því verið um áætlunargerð fyrir uppbyggingu heilsugæslu á þessu svæði. Héraðslæknar sitja á Hellu

og Stórólfshvoli. Slæm aðstaða er fyrir lækni á Stórólfshvoli og er áætluð viðbótarrýmisþörf fyrir heilsugæslu um 460 fermetrar og hefur verið veitt fé á þessu ári til frumathugunar á nýju húsnæði þar. Á Hellu hafa sveitarstjórnir tekið á leigu húsnæði fyrir heilsugæslu, og verið er að innrétta um 360 fermetra húsnæði til þeirra nota. Hafa sveitarfélögin fengið styrk á fjárl. ársins í ár vegna þessa kostnaðar.

Í Laugarási sitja tveir héraðslæknar og þar eru veruleg þrengsli í heilsugæslustöðinni, enda ekki gert ráð fyrir þeim starfsmannafjölda sem þar er nú. Áætluð þörf fyrir viðbótarrými er um 300 fermetrar.

Á Selfossi er starfrækt heilsuverndarstöð í samræmi við 4. gr. bráðabirgðaákvæða laga um heilbrigðisþjónustu, en heilsugæslustöð er ætlað rými í nýjum spítala sem er í byggingu og er að komast á lokastig. Með þeirri byggingarframkvæmd fæst mjög góð aðstaða fyrir heilsugæslu svæðisins, og má þá gera ráð fyrir að sá læknir, sem nú situr á Eyrarbakka, hafi aðalaðstöðu sína á Selfossi, enda þótt móttaka verði áfram á Eyrarbakka eins og nú er.

Hvað Hveragerðishéraði viðvíkur, þá hefur orðið mikil fólksfjölgun í því héraði, einkum í Þorlákshöfn, og er aðstaða til heilsugæslu bæði í Hveragerði og Þorlákshöfn ófullnægjandi og verður að gera ráð fyrir að fjölga þurfi um lækni í þessu héraði á þessu ári og bæta verulega aðstöðu til heilsugæslu í Hveragerði.

Í Vestmannaeyjum er fullbúin heilsugæslustöð og aðstaða mjög góð fyrir heilsugæslustarfsemi.

Keflavíkurumdæmi: Ekki hefur verið veitt fé til heilsugæslunýbyggingar í Keflavíkurumdæmi. Að frumkvæði heimamanna hefur heilsugæslustöð verið innréttuð í leiguhúsnæði til bráðabirgða, en læknamóttökur eru í Grindavík, Sandgerði og í Garði. Þörf er nýbyggingar heilsugæslustöðvar í Keflavík allt að 900 fermetrum. Í Keflavíkurumdæmi hafa verið veittir styrkir til sveitarfélaga vegna þeirra framkvæmda sem þau hafa ráðist í sjálf vegna heilsugæslu.

Hafnarfjarðarumdæmi: Ekki hefur verið veitt fé á fjárl. til heilsugæslustöðvar í Hafnarfjarðarumdæmi, en læknamiðstöð er starfrækt í miðbæ Hafnarfjarðar ásamt heilsuverndarstöð samkv. heilsuverndarlögum, og er það á kostnað sveitarfélaga með styrk á fjárl. úr ríkissjóði að ⅓. Áætluð viðbótarrýmisþörf í Hafnarfirði er um 900 fermetrar.

Kópavogsumdæmi: Læknamiðstöð og heilsugæslustöð eru starfræktar í miðbæ Kópavogs á vegum sjúkrasamlags og sveitarfélags. Ráðagerðir eru uppi um nýtt húsnæði fyrir þessa starfsemi, en fjárveitingar hafa ekki verið veittar á fjárl. til þessa verkefnis.

Álafossumdæmi: Heilsugæslustöð er nú rekin á Reykjalundi í húsnæði sem er eign vinnuhælisins. Meðan sú skipan helst sem þar er nú er vel séð fyrir málum. En með fjölgun fólks í Mosfellssveit má gera ráð fyrir nauðsyn viðbótarhúsrýmis innan fárra ára.

Þá kem ég að Vesturlandsumdæmi.

Engin heilsugæslustöð er á Akranesi og fé hefur ekki verið veitt til slíkrar byggingar á fjárl. Heilsugæslulæknar hafa nú aðstöðu í sjúkrahúsinu, en sú aðstaða er ekki fullnægjandi og er áætluð viðbótarrýmisþörf þar um 500 rúmmetrar.

Framkvæmdum er nýlokið við heilsugæslustöð í tengslum við dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. Þessi aðstaða er mjög góð og til frambúðar fyrir þetta umdæmi.

Fé hefur ekki verið veitt til nýrrar heilsugæslustöðvar í Ólafsvíkurumdæmi. Tveir læknar vinna nú við stöðina ásamt starfsliði og eru mikil þrengsli. Áætluð viðbótarþörf er um 460 rúmmetrar.

Heilsugæslustöð er nú rekin í sjúkrahúsi St. Fransiskussystra í Stykkishólmi, en þar er þröngt og óhentugt og nauðsyn á nýju húsnæði. Fé hefur ekki verið veitt á fjárl. til byggingar heilsugæslustöðvar, en nú fara fram viðræður milli sveitarfélaga og St. Fransiskussystra um viðbyggingu við sjúkrahúsið þar sem hægt yrði að fá rými fyrir heilsugæslustöð.

Í Búðardal er heilsugæslustöð í byggingu ásamt lítilli íbúð. Þessi stöð er af sömu gerð og í Vík og Kirkjubæjarklaustri og ætti að verða nothæf snemma á næsta ári.

Þá kem ég að Vestfjarðaumdæmi.

Á Patreksfirði er í byggingu heilsugæslustöð sem viðbygging við sjúkrahúsið sem til er á staðnum. Er gert ráð fyrir að í heilsugæslustöðinni verði þjónustudeildir fyrir sjúkrahúsið. Þegar sú bygging rís er vel séð fyrir heilsugæslu í umdæminu.

Nú er í byggingu heilsugæslustöð í sjúkrahúsbyggingu á Ísafirði, og eru teikningar að fyrirkomulagi heilsugæslustöðvar og þjónustudeilda í skýrslunni í opnu eftir bls. 73. Vel verður séð fyrir heilsugæslu á Ísafirði þegar þessi bygging verður komin í notkun.

Húsnæði fyrir heilsugæslu, þ. e. læknamóttöku, í Súðavík er í byggingu og gæti orðið tilbúið til nota á þessu ári.

Á Þingeyri er gert ráð fyrir þeirri breytingu að byggja nýjan læknisbústað, en breyta gamla læknisbústaðnum í heilsugæslustöð með sjúkraskýli, og að þeirri breytingu lokinni verður heilsugæsla í alla staði fullnægjandi.

Á Flateyri er húsrými fyrir heilsugæslu nægjanlegt, en breytingar og lagfæringar þarf að gera.

Á Bolungarvík er í byggingu heilsugæslustöð af sömu gerð og lýst var fyrir Búðardal, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur: Er gert ráð fyrir að hún komist í notkun á næsta ári.

Þá kem ég að Norðurlandshéraði.

Á Hvammstanga er heilsugæsla stunduð í óhentugu og þröngu húsnæði sem er tengt sjúkrahúsinu. Fjárveiting hefur ekki fengist á fjárl. fyrr en í ár til undirbúnings byggingar heilsugæslustöðvar, og viðbótarhúsnæðisþörf er um 500 fermetrar.

Á Hólmavík er nýlokið byggingu læknisbústaðar, og við þá breytingu er gert ráð fyrir að núverandi læknisbústað og sjúkraskýli verði breytt í heilsugæslustöð. Fæst þá góð aðstaða fyrir heilsugæslu.

Á Blönduósi er allgóð aðstaða fyrir heilsugæslu, en þrengsli, og ný heilsugæslustöð ásamt þjón-

ustudeildum fyrir sjúkrahúsið er í frumathugun. Gera má ráð fyrir að byggingarframkvæmdir geti hafist á næsta ári.

Heilsugæsla er nú rekin í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki í miklum þrengslum. Heilsugæslustöð tengd þjónustudeild sjúkrahússins er á lokastigi hönnunar, og gert ráð fyrir að byggingarframkvæmdir geti hafist þar á þessu sumri.

Heilsugæslustöð er starfrækt í sjúkrahúsinu í Siglufirði, en þar eru veruleg þrengsli enda þótt endurbætur hafi verið gerðar á s. l. ári. Nauðsynlegt mun reynast að fá heilsugæslunni stað í viðbótarbyggingu, en fé hefur ekki verið veitt á fjárl. til þess.

Á Ólafsfirði er nýlokið útboði á byggingu sem á að hýsa heilsugæslustöð, sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra. Þegar sú bygging er komin í notkun verður vel séð fyrir þessum þáttum öllum í byggðarlaginu.

Á Dalvík er heilsugæslustöð í byggingu. Þessi heilsugæslustöð er eins og sú sem verið er að byggja á Höfn í Hornafirði. Gert er ráð fyrir, að heilsugæslustöðin verði tekin í notkun á næsta ári.

Á Akureyri eru reknar læknamiðstöð og heilsuverndarstöð, báðar í leiguhúsnæði, því að fé hefur ekki verið veitt til heilsugæslustöðvar á Akureyri, en styrkur verið veittur til þess rekstrar sem þar er nú.

Heilsugæslan í Húsavíkurumdæmi er í sjúkrahúsinu og er í töluverðum þrengslum. Áætluð viðbótarhúsrýmisþörf er 400—500 fermetrar. Enda þótt byggingu sjúkrahússins sé nýlokið mun reynast nauðsynlegt að byggja sérstaka heilsugæslustöð við sjúkrahúsið, því að hugmyndin um þörf heilsugæslu hefur breyst verulega frá því að húsið var byggt.

Ekki hefur fengist læknir til setu á Kópaskeri, eins og lögin gera ráð fyrir, og hafa læknar frá Húsavík sinnt umdæminu, en hjúkrunarfræðingur verið á staðnum. Aðstaðan fyrir heilsugæslu er allgóð.

Lögin gera ráð fyrir aðstöðu fyrir tvo lækna á Þórshöfn, en aðeins einn læknir hefur verið þar og er þá starfsaðstaða fullnægjandi. En verði gildandi lög óbreytt er áætluð viðbótarrýmisþörf um 450 fermetrar.

Á Vopnafirði er í byggingu heilsugæslustöð og ætti hún að geta komist í not á næsta ári.

Á Egilsstöðum er heilsugæslustöð komin í nýtt húsnæði. Á Egilsstöðum og í Borgarnesi var byrjað að byggja læknastöðvar samkv. lögum um læknamiðstöðvar frá 1969. Er þetta því einn af þeim stöðum þar sem mest reynsla hefur fengist um heilsugæslustöðvar. Búið er að búa þessa stöð tækjum að mestu og er starfsemi þar nú öll til fyrirmyndar.

Á Seyðisfirði er í hönnun heilsugæslustöð í tengslum við sjúkraskýli og dvalarheimili fyrir aldraða, svipað og gert var á Ólafsfirði. Hönnunarvinnu á að ljúka snemma á þessu ári og er sennilegt að byggingarframkvæmdir geti hafist í ár. Þegar þessi nýbygging kæmist í notkun er vel séð fyrir þessum þörfum á Seyðisfirði.

Á Norðfirði er í byggingu heilsugæslustöð í tengslum við þjónustudeild og nýbyggingu sjúkrahússins. Gera má ráð fyrir að heilsugæslustöðin geti komist í notkun að hluta á þessu ári.

Á Eskifirði er ágæt aðstaða fyrir heilsugæslu, en nokkurra breytinga er þörf á húsnæði.

Á Fáskrúðsfirði er heilsugæsla í gömlu húsnæði og fé hefur verið veitt til frumathugunar á heilsugæslustöð. Ætla má að heilsugæslustöð af þeirri gerð, sem er í byggingu á Kirkjubæjarklaustri eða í Vík í Mýrdal, henti á Fáskrúðsfirði.

Framkvæmdum er nýlokið við læknismóttöku á Stöðvarfirði og verður húsnæðið væntanlega tekið í notkun innan skamms.

Á Djúpavogi er húsnæði fyrir heilsugæslu ekki fullnægjandi, en fé hefur ekki verið veitt á fjárl. til viðbótarbygginga sem eru nauðsynlegar. Nýlokið er byggingarframkvæmdum við læknismóttöku á Breiðdalsvík sem er samsvarandi þeirri sem fyrr var lýst á Stöðvarfirði.

Heilsugæslustöð er í byggingu á Höfn í Hornafirði. Er þar um að ræða sömu teikningu og í Dalvík, svo sem fyrr er sagt. Fé er ekki nægjanlegt á fjárl. ársins í ár til þess að hægt sé að taka stöðina í notkun, en nú fara fram athuganir á því, hvort aukafjárveiting fáist á þessu ári til þess að koma stöðinni í notkun, a. m. k. að hluta, og gæti hún þá tekið til starfa á þessu hausti. Ég hef góða von um að þessi aukafjárveiting fáist.

Þegar litið er yfir þau verkefni í heild, sem hér hafa verið rakin, kemur eftirfarandi í ljós: Þær framkvæmdir sem komist hafa á lokastig á árinu 1975 og 1976 eru heilsugæslustöð á Egilsstöðum og í Borgarnesi og læknamóttökur á Stöðvarfirði og í Breiðdalsvík. Á framkvæmdastigi eru heilsugæslustöðvar og læknamóttökur í Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri, Selfossi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Súðavík, Bolungarvík, Ólafsfirði, Dalvík, Vopnafirði, Neskaupstað, Höfn í Hornafirði. Er hér samtals um að ræða húsrými sem er rúmlega 8000 fermetrar. Í hönnun eru heilsugæslustöðvar á Sauðárkróki, Seyðisfirði og í frumathugun heilsugæslustöðvar á Blönduósi og á Fáskrúðsfirði, samtals um 1700 fermetrar. Ef litið er á þá staði, sem fjárveitingar hafa ekki verið veittar til á fjárl., en gera má ráð fyrir að þurfi viðbótarhúsrými vegna heilsugæslu, þá er þar um að ræða rúmlega 8000 fermetra. Sé þetta dregið saman verður niðurstaðan sú, að í byggingu eru í Reykjavík um 800 fermetrar, en utan Reykjavíkur rúmlega 8000 fermetrar. Í hönnun eru utan Reykjavíkur tæplega 900 ferm. Í frumathugun eru í Reykjavík um 900 fermetrar, en utan Reykjavíkur um 800 fermetrar. Áætluð viðbótarþörf, þar sem enn hefur ekki verið veitt fé til á fjárl., er í Reykjavík um 5700 fermetrar, en utan Reykjavíkur rúmlega 8000 fermetrar. Samtals er hér um að ræða rúmlega 25 þús. fermetra húsnæði, sem skiptist þannig, að í Reykjavík er um að ræða 7400 fermetra, en utan Reykjavíkur rúmlega 18000 fermetra.

Þessi upptalning skýrir, svo að ekki verður um villst, að það hefur verið lögð áhersla á að byggja upp húsnæði fyrir heilsugæslu í strjálbýli, svo sem lög um heilbrigðisþjónustu gerðu ráð fyrir. En þó svo hafi verið gert er enn meira húsnæði óbyggt utan Reykjavíkur samkv. þeim áætlunum um þörf, sem hér hefur verið rakin, en í Reykjavík sjálfri, en bilið hefur vafalaust minnkað.

Hér að framan hefur verið lýst byggingarþróun heilsugæslustöðva á landinu, en í lögum um heilbrigðisþjónustu er gert ráð fyrir að íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sé hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar. Segja má að meiri áhersla hafi verið lögð á heilsuverndarstöðvarnar sjálfar en íbúðarhúsnæðið, og hafa sveitarfélög reynt að leysa vandann, sem upp hefur komið vegna aukningar starfsliðs í heilbrigðisþjónustu, á eigin spýtur heima fyrir með leiguhúsnæði eða húsakaupum.

1. okt. á s. l. ári voru 59 íbúðir í notkun, 46 fyrir lækna, en 13 fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður, í hönnun og byggingu eru 4 íbúðir og ein íbúð að komast í not, eða samtals 64 íbúðir. Þegar tekið er tillit til þess íbúðarhúsnæðis, sem nú er til ráðstöfunar, og áætlunar um aukinn fjölda opinberra starfsmanna við heilsugæslustöðvar, þá verður heildarfjöldi þeirra íbúða, sem bæta þarf við til að fullnægja þörfum, þannig: fyrir lækna 31 íbúð, fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður 57 íbúðir. Í samkomulagi heilbrrh. og fjmrh. hefur verið gert ráð fyrir því að læknisbústaðir séu um 200 fermetrar, en íbúðir ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga um 120 fermetrar. Samsvarar þetta því, að um 13 þús. fermetra húsnæði vanti, eða 6200 fermetra fyrir lækna og 6800 fermetra fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður.

Þegar kannað er samkv. töflunum um starfsfólk í heilsugæslu hvernig málum er háttað í dag og hvaða starfsliðsaukning sé ráðgerð samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, þá var svo hinn 1. nóv. s. l., að 64 heilsugæslulæknar voru í fullu starfi og 2 í hálfu starfi eða samtals 65 stöður. Eru þá taldir með þeir læknar sem eru héraðslæknar samkv. læknaskipunarlögum frá 1965. Í fullu starfi voru 24 hjúkrunarfræðingar, en 8 í hálfu starfi, eða samtals 28 stöður, en ljósmæður voru 9 í fullu starfi og 5 í hálfu starfi eða 11½ staða. Áætlun um þann fjölda lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, sem bæta þarf við í heilsugæslu á næstu árum í samræmi við þær forsendur sem gefnar hafa verið, er þannig, að 70 læknum þarf að bæta við í fullt starf, 80 hjúkrunarfræðingum í fullt starf, en 7 í hálft starf og einni ljósmóður í fullt starf, eða samtals 151 starfsmanni í fullt starf og 7 í hálft starf. Hér er að nokkru um beina aukningu að ræða, en miklu meira um að ræða tilfærslu á læknum, sem nú eru við heimilislæknisstörf, og læknum og hjúkrunarfræðingum og öðru starfsliði á heilsuverndarstöðvum til heilsugæslu. Þannig má gera ráð fyrir að af þeim 70 læknum, **sem bæta þarf við, séu 50—55 þegar í starfi og 25—30 hjúkrunarfræðingar.**

Af því, sem hér hefur verið sagt, sést að veruleg aukning starfsliðs hefur orðið í heilsugæslu síðan lög um heilbrigðisþjónustu tók gildi. Læknafjöldi var þá bundinn við héruð og voru læknaheimildir um 55. Aðeins örfáar heimildir voru fyrir hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu og engar heimildir fyrir ljósmæður. Þannig hefur markvisst verið stefnt að því að auka þjónustu í heilsugæslu utan sjúkrahúsa, eins og lögin gera ráð fyrir, enda þótt hvergi nærri hafi verið komið til móts við till. rn. um fjölgun starfsliðs á þessu sviði enn sem komið er.

Ég mun láta þetta nægja um heilsugæslu að sinni, en víkja þá að sjúkrahúsum og legurými á sjúkrahúsum.

Á bls. 61 og 62 í skýrslunni er talinn sjúkrarúmafjöldi eins og hann var í mars í ár, en legudagafjöldi eins og gert var ráð fyrir að hann yrði á árinu 1976. Hér er um að ræða um 50 mismunandi sjúkrastofnanir með rúmlega 4000 legurúmum. Nánar mun ég ekki rekja tölur fyrir einstök sjúkrahús nema þar sem það á við í umr. um þau síðar.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er starfssvið heilsugæslustöðva mjög skýrt afmarkað og skilgreint. Áætlunargerð fyrir heilsugæslustöðvar, eins og lýst er hér að framan, er því tiltölulega einföld og hægt að koma við stöðlun, a. m. k. hvað varðar húsakynni. Vegna meiri og minni sérhæfingar og hlutverkaskiptingar sjúkrahúsa, vegna mismunandi atvinnu og staðhátta og aldursskiptingar verður eftirspurn eftir sjúkrarými nokkuð misjöfn eftir landshlutum. Ýmsir þættir hafa áhrif á eftirspurn eftir sjúkrarými og á nýtingu þess.

Eins og ég gat um fyrr í þessari ræðu hefur kostnaðaraukning í heilbrigðisþjónustu einkum verið vegna vaxandi rýmis á sjúkrahúsum, og er fjölmargt sem stuðlar að því að aukið sjúkrahúsrými sé nauðsynlegt. Hér má t. d. nefna aukna fræðslu um heilbrigðismál, framfarir í læknavísindum sem valda því að flókinn tækjabúnaður til rannsókna verður ekki nýttur nema viðkomandi sé vistaður á sjúkrahúsi. Þá er reynslan þannig hjá öðrum þjóðum að með auknum meðallífaldri eykst eftirspurn eftir sjúkrarými, þar sem öldruðum fjölgar hlutfallslega. Í skýrslunni er sýnt, hvernig aldursdreifing á Íslandi hefur breyst á árunum 1930—1970, og sýndur framreikningur til ársins 2000. Þessar skýrslur sýna að árið 1930 voru landsbúar 65 ára og eldri 7.6% þjóðarinnar, en gert er ráð fyrir að þeir verði 9.8% þjóðarinnar árið 2000 og séu nú um 9% þjóðarinnar. Íbúar 70 ára og eldri voru aðeins 4.6% árið 1930, eru nú um 6%, en verða að talið er 6.8% árið 2000. Í skýrslunni á bls. 66 er sýnt hvernig fjöldi aldraðra er hlutfallslega mjög misjafn eftir landshlutum. Þannig voru íbúar 67 ára og eldri um 9.2% af íbúum Reykjavíkur, en 3.6% og 4.9% af íbúum Kópavogs og Seltjarnarness annars vegar og Reykjanessvæðis hins vegar. Mjög mikill munur er því á aldursdreifingu í Reykjaneskjördæmi annars vegar og í Reykjavík hins vegar. Verulegur munur er hins vegar ekki í öðrum landshlutum í þessu tilliti. Austurland og Suðurland eru með 7.4 og 7.5%, Vesturland og Vestfirðir og Norðurland eystra með 8, 8.5 og 8.6%, en Norðurland vestra er verulega hæst með 9.95%. Meðaltalið yfir landið allt er 7.9%. Eins og fyrr sagði hefur þessi aldursskipting veruleg áhrif á eftirspurn eftir sjúkrarými og tegund þeirrar sjúkrahúsþjónustu sem nauðsynleg er.

Staðall fyrir sjúkrahús hefur ekki verið settur fyrir sjúkrahús hér á landi, en tilraun hefur verið gerð til að setja fram slíkan staðal í riti heilbr.- og trmrn. nr. 3 frá 1973, um vistrýmisþörf heilbrigðisstofnana, og var við gerð þessa staðals tekið mið af könnunum, aðallega á Norðurlöndum, og áætlunum, sem á þeim hafa verið byggðar, en ekki hafa verið lagðar til grundvallar íslenskar

kannanir þar sem þær eru ekki fyrir hendi að öllu leyti. Enda þótt þessi staðall hafi ekki verið formlega staðfestur, þá hefur verið tekið mið af honum þegar sjúkrarúmafjöldi hefur verið ákveðinn í þeim sjúkrahúsum sem hönnuð hafa verið eftir að staðallinn var settur fram.

Í skýrslunni er á bls. 70—96 gerð grein fyrir sjúkrahúsum landsins, eins og þau eru í dag, og byggingarþróun þeirra síðustu ár og þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um framkvæmdir miðað við fjárveitingar til bygginga á fjárl. undanfarin ár. Ekki eru tök á að rekja þennan kafla í heild, en ég vil benda á, hvernig reynt hefur verið að standa að áætlanagerð með tímaáætlun framkvæmda, sem birt er með kaflanum fyrir sjúkrahús á Patreksfirði, Ísafirði, Ólafsfirði, Akureyri, Neskaupstað og Keflavík, svo og áætlanir heilbrigðisráðs Reykjavíkur um áframhaldandi þróun Borgarspítala og byggingarstjórnar framkvæmda á Landsspítalalóð um byggingar Landsspítalans og Háskólans á lóð Landsspítalans.

Í þessu sambandi verður að benda á kafla 3 um fjárframlög til sjúkrahúsa sveitarfélaga, þar sem rakin eru fjárframlög á fjárlögum til einstakra framkvæmda á þessu árabili, svo og skýrsluna á bls. 94 þar sem rakin eru fjárframlög til ríkisspítala á árunum 1970—1976, en á því árabili hefur verið varið alls 1 milljarði 148 millj. kr. til fjárfestingar í hinum ýmsu ríkisspítulum. Eru þessar tölur eins og aðrar í skýrslunni miðaðar við verðlag hvers árs.

Í sérstakri skýrslu í kafla 8 er skrá um dvalarheimili aldraðra og legurými og kemur í ljós að heildartala slíkra rúma var í mars í ár talin 1744, þar af 647 vegna dvalarvistunar aldraðra, en 912 vegna hjúkrunarsjúklinga, og vistmenn í einstökum íbúðum í dvalarheimilum aldraðra voru 146. Rétt er að benda á að íbúðir fyrir aldraða eru eingöngu taldar í Reykjavík, en munu vera víðar á landinu, svo sem á Egilsstöðum, enda þótt upplýsingar um það hafi ekki legið fyrir við gerð þessarar skýrslu.

Ég mun láta þetta stutta yfirlit nægja um nýbyggingar sjúkrahúsa á þessu tímabili, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ræða byggingarþróun og áætlanir fyrir einstaka staði síðar í þessum umr. ef óskað er.

Ástæða þótti til að ræða um Styrktarsjóð vangefinna sérstaklega í þessari skýrslu um heilbrigðisstofnanir, því flestar stofnanir, sem byggðar hafa verið sem dvalarstofnanir eða dagvistunarstofnanir fyrir vangefna, hafa verið fjármagnaðar úr þessum sjóði undanfarin ár.

Lög um aðstoð við vangefið fólk voru sett 1958 og er þessi sjóður í vörslu félmrn. Á síðu andspænis bls. 99 er skrá um greiðslur úr Styrktarsjóði vangefinna á árabilinu 1958—1976. Sést af þessari skýrslu að samtals hefur verið veitt á þessu árabili rúmlega 302 millj. kr. úr sjóðnum miðað við verðlag hvers árs. Þar af voru veittar úr sjóðnum 110 milljónir árabilið 1958—1969. Mestur hluti þessa fjár, eða 135 millj., hefur runnið til Kópavogshælis, 84 millj. til Sólborgar á Akureyri og 40 millj. til Skálatúns, en lægri upphæðir til annarra stofnana.

Með tilkomu Styrktarsjóðs vangefinna verður mikil stefnubreyting í málum vangefinna hér á landi og farið er að búa þeim vistunarskilyrði og aðbúnað eins og tíðkast annars staðar þar sem málefni þeirra hafa verið tekin föstum tökum.

Ovissa ríkir um framtíð Styrktarsjóðs vangefinna. En nauðsynlegt er að sú stefna, sem mörkuð hefur verið með framlögum til sjóðsins á þessu ári, nái fram að ganga. Nýlega hefur verið sett reglugerð um heilsugæslu og aðstoð við vangefna utan stofnana, þar sem gert er ráð fyrir göngudeildarþjónustu og greiningaraðstöðu við Kópavogshælið vegna vangefinna og samvinnu við menntmrn. í samræmi við lög um grunnskóla. Þar að auki má minna á að löggjöf um málefni vangefinna er í endurskoðun á vegum menntmrn. í samvinnu við heilbrn., og er þess að vænta að drög að nýrri löggjöf vegna vangefinna komi frá endurskoðunarnefndinni innan skamms.

Á sama hátt og rétt þótti að ræða um Styrktarsjóð vangefinna í þessari skýrslu er sérstakur kafli um Gæsluvistarsjóð, og er að finna grg. um styrki úr Gæsluvistarsjóði á árabilinu 1964—1976 á síðu andspænis síðu 103 í skýrslunni. Lagaákvæði um Gæsluvistarsjóð eru í lögum nr. 39 frá 1964, og var gert ráð fyrir að sjóðurinn hefði það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd þeirra laga, en fyrst og fremst til að byggja þær stofnanir sem um var rætt í lögunum, þ. e. a. s. meðferðar- og dvalarstofnanir fyrir drykkjusjúka. Fram til ársins 1970 var þó sjóðnum ekki varið til þessara verkefna að neinu marki, heldur til rekstrar dvalarstofnana, einkum Gunnarsholts. Síðan farið var að nota fjárveitingar til uppbyggingar hafa stærstu upphæðirnar runnið til Kleppsspítala vegna göngudeildaraðstöðu og Vífilsstaðaspítala vegna dvalardeildar fyrir drykkjusjúklinga og einnig til uppbyggingar í Gunnarsholti og í Víðinesi á vegum Bláa bandsins. Það má minna á að þegar lög um Gæsluvistarsjóð voru sett voru þær greiðslur, sem ákveðnar voru, um það bil 2% af nettóhagnaði Áfengisverslunarinnar, en fjárveitingar á árinu 1976 voru um það bil 1% af nettóhagnaðinum. Veruleg hlutfallsleg lækkun hefur því orðið á framlögum til Gæsluvistarsjóðs á þessu árabili, enda þótt þörf fyrir viststofnanir og meðferðarstofnanir áfengissjúklinga hafi stóraukist á þessu tímabili og skortur á þessum stofnunum hefur sérstaklega komið niður á öðrum sjúkrahúsum, einkum geðsjúkrahúsum og lyflæknisdeildum.

Í köflunum 11 og 12 í skýrslunni er rætt um stofnanir sem orðið hafa eign ríkisins á s. l. ári. Annars vegar er um að ræða Tjaldanesheimilið, sem afhent var með gjafabréfi hinn 23. mars 1976, og hins vegar er um að ræða Landakotsspítalann, sem ríkið keypti með kaupsamningi 26. nóv. á s. l. ári frá og með síðustu áramótum. Um þessar stofnanir vísast að öðru leyti til frásagnar um sjúkrahús í skýrslunni.

Enda þótt skýrsla sú, sem hér er um að ræða, sé fyrst og fremst um byggingarþróun heilbrigðisstofnana þótti rétt að taka inn í skýrsluna nokkra kostnaðarþætti um sjúkrahúsrekstur, sérstaklega þar sem þessi rekstur er, eins og fyrr er getið, sá þáttur sem mestri kostnaðaraukningu hefur valdið í sambandi við kostnað við heilbrigðisþjónustu á undanförnum áratugum. Í

köflunum 13—16 er þessar upplýsingar að finna, og er fyrst og fremst um að ræða upplýsingar um kostnað ríkisspítala, en einnig tekinn til samanburðar kostnaður við Borgarspítalann og St. Jósefsspítala að Landakoti.

Ef litið er á kostnaðarþróun sjúkrahúsa á árabilinu 1953—1974 kemur í ljós, að á árinu 1953 voru um 37% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála til rekstrar sjúkrahúsa, en árið 1974 hefur þetta hlutfall hækkað upp í 45%. Þegar þessi skipting er athuguð nánar kemur í ljós að þessi aukning hefur nær öll orðið vegna stækkunar Borgarspítala. Hlutfall sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar hefur aukist um 7% á þessu tímabili eða nær þrefaldast á 20 árum. Hlutur ríkisspítalanna og annarra hefur hins vegar aðeins aukist um 1% hjá hvorum aðila á þessu tímabili.

Þegar reynt er að gera sér ljóst hver er raunveruleg aukning sjúkrahúskostnaðar á íbúa, þá kemur í ljós að árið 1953 var sjúkrahúskostnaður 289 kr. á íbúa, en 1974 18 300 kr. á íbúa. Á þessum tíma er kostnaðaraukning vegna verðbólgu talin 22-föld og raunveruleg kostnaðaraukning er því tæplega þreföld.

Sé litið á Landsspítalann sérstaklega, þá var kostnaður á legudag á Landsspítala 1953 145 kr., 1974 8750 kr. Raunveruleg kostnaðaraukning var því 2.7-föld. Um þessa kostnaðaraukningu ræður mest launakostnaðurinn. Í ársbyrjun 1953 var 1.2 starfsmenn á sjúkrarúm, en í ársbyrjun 1974 eru 2.4 starfsmenn á sjúkrarúm. Ástæður þessarar þróunar eru tvær fyrst og fremst: Annars vegar aukning alls konar þjónustustarfsemi gagnvart og í tengslum við sjúklingana og í öðru lagi stytting meðallegudagafjölda um 5 daga, sem þýðir það í reynd að þeir sjúklingar, sem inni liggja, eru yfirleitt veikari og krefjast meiri umönnunar en áður var.

Sams konar samanburður er gerður um önnur sjúkrahús í þessari skýrslu og er raunveruleg kostnaðaraukning nokkuð misjöfn. Villa er í skýrslunni á bls. 115 þar sem rætt er um Fæðingardeild: **á að standa 1.8 í staðinn fyrir 18-föld.**

Sérstök ástæða er til að ræða um Kleppsspítalann í þessu sambandi, en þar hefur orðið mjög veruleg kostnaðaraukning. Raunveruleg kostnaðaraukning þar **milli áranna 1953 og 1974 er 3.5-föld** samanborið við 1.8-föld á Fæðingardeild og 2.7-föld á Landsspítala og Vífilsstaðaspítala. Ástæðan fyrir þessu er veruleg aukning starfsliðs miðað við sjúkrarúm. Í ársbyrjun 1953 voru 0.4 starfsmenn á sjúkrarúm, en í ársbyrjun 1974 1.3 starfsmenn á sjúkrarúm á Kleppsspítala.

Veruleg breyting hefur einnig orðið á Kópavogshæli á þessu sama sviði. Í ársbyrjun 1953 voru 0.5 starfsmenn á sjúkrarúm, en í ársbyrjun 1974 1 starfsmaður á sjúkrarúm. Þess má geta hér, að þær áætlanir, sem stjórnarnefnd Ríkisspítalanna hefur gert, gera ráð fyrir að **starfsmannafjöldi á Kópavogshæli verði 1.5 starfsmenn** á sjúkrarúm eða 50% aukning frá því sem nú er.

Í sambandi við samanburð á milli sjúkrahúsa **og einstakra kostnaðarþátta í sjúkrahúsrekstri er** fróðlegt að skoða töflu á bls. 136 í skýrslunni og bera saman hina ýmsu kostnaðarþætti milli sjúkrahúsanna, og raunar er samanburð af þessu tagi einnig að finna í rekstrarskýrslum daggjaldanefndar sjúkrahúsa fyrir árið 1973 um flestöll sjúkrahús landsins. Beinn samanburður milli **spítalanna verður þó erfiður þar eð mismunandi** rekstur á sér stað á þessum sjúkrahúsum sem veldur skekkju í viðmiðun. Þar má t. d. nefna stórar dagdeildir og göngudeildir á Landsspítala sem fá litlar eða engar tekjur beint, en valda kostnaðaraukningu í sjúkrahúsarekstrinum í heild.

Ef litið er á hlutfallsskiptingu launa eftir stéttum sést að stærsti hluti launa fer til lækna og hjúkrunarfræðinga, en mjög mismunandi eftir stofnunum. Hlutur lækna er nær tvöfalt meiri á Landsspítala og Fæðingardeild en á Vífilsstaðaspítala og Kleppsspítala. Hlutur hjúkrunarfræðinga er nokkuð jafn nema á Fæðingardeild þar sem ljósmæður koma í stað hjúkrunarfræðinga.

Síðasti kafli skýrslunnar er rekstrarskýrslur sjúkrahúsa fyrir árið 1973 frá daggjaldanefnd og er þar í fyrsta lagi birt kostnaðarsundurliðun ársins 1973 vegna hinna ýmsu kostnaðarliða í **sjúkrahúsarekstri, í öðru lagi skipting kostnaðar** á legudag, í þriðja lagi skipting kostnaðar eftir hinum ýmsu launaliðum og í fjórða lagi skipting kostnaðar eftir hinni ýmsu starfsemi sem rekin er í sjúkrahúsunum. Þá er í skýrslunni á bls. 144 og 145 gerð grein fyrir rúmafjölda og skiptingu starfsliðs eftir sjúkrahúsum og starfsþáttum, og kemur í ljós að í árslok 1974 hafi verið rúmlega 3500 manns starfandi á sjúkrahúsum landsins, en þá vantaði upplýsingar frá öllum hjúkrunarheimilum með alls um 400 rúmum og stofnunum fyrir vangefna nema Kópavogshæli. Má því gera ráð fyrir að rúmlega 4 þús. manns hafi starfað á sjúkrastofnunum á þessu ári.

Ég mun ekki rekja hér frekar efni skýrslunnar um þætti sjúkrahúsrekstrar, en þær upplýsingar, sem skýrslan geymir, og það, sem hér hefur verið sagt, ætti að sýna nauðsyn þess að koma á betri upplýsingaöflun og könnun kostnaðar við sjúkrahúsrekstur en nú er, því eins og málum er nú háttað er enginn aðili sem sérstaklega á að hafa eftirlit með rekstri sjúkrastofnana annar en daggjaldanefnd, en hún hefur hingað til ekki fengið tækifæri til að sinna því hlutverki að neinu verulegu gagni. Hér er um að ræða svo viðamikinn þátt í heildarútgjöldum ríkisins að nauðsynlegt er að taka þetta mál til gaumgæfilegrar **athugunar. Það hefur alllengi verið tillaga heil**brn., að sérstakri sjúkrahúsmálanefnd innan rn. yrði falið þetta verkefni, og hefur verið sótt um heimildir til starfsliðs í rn. til þessara verka undanfarin ár, en fjárveitingar hafa ekki fengist til þessa.

Þegar litið er yfir þá skýrslu í heild, sem hér hefur verið rakin í mjög stórum dráttum, er þar annars vegar um að ræða að safnað hefur verið mjög veigamiklum upplýsingum um fjölmarga þætti í heilbrigðisþjónustunni annars vegar hvað snertir heilsugæslustöðvar og hins vegar hvað snertir sjúkrahús og sjúkrahúsrekstur. Þessar upplýsingar eru grundvöllur sem nota má til að byggja upp heildaráætlun um uppbyggingu heilbrigðisstofnana sem lög um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir að gerð sé til 10 ára í senn. Það verkefni, sem fram undan er að fengnum

þeim gögnum sem fyrir liggja í þessari skýrslu, er að gera slíka áætlun sem taka mundi til eftirtalinna atriða: 1. heilsugæslustöðva, 2. sjúkrahúsa, 3. embættisbústaða, 4. mönnunar heilsugæslustöðva, 5. mönnunar sjúkrahúsa.

Það er auðséð að þessi skýrsla hefur ekki þær upplýsingar allar sem þarf til gerðar slíkrar áætlunar. Í skýrsluna vantar upplýsingar um heilbrigðisstéttir og verður að koma til samvinnu við menntmrn. um gerð þess þáttar áætlunar, þar eð aðalmenntastofnanir heilbrigðisstétta heyra undir menntmrn.

Í inngangi að skýrslunni er látin í ljós sú skoðun, að við lestur hennar muni vakna fleiri spurningar en svarað er, og er það ætíð svo, að fáar skýrslur eru tæmandi og allra síst um jafnfjölþætt og fjölbreytilegt efni og heilbrigðismál. Þess er því að vænta að gerð og umr. um þessa skýrslu verði hvatning til nánari og ítarlegri úttektar á einstökum þáttum innan heilbrigðiskerfisins og að heilbrn. eða aðrir aðilar í samvinnu við það fái betra tækifæri en hingað til hefur verið til kannana og athugana á þessu sviði.

Skýrslan hefur, eins og fram kemur í inngangi, verið unnin af starfsliði heilbrn. undir forustu ráðuneytisstjórans, en utan rn. hafa aðallega unnið að skýrslunni skólayfirlæknir og aðstoðarframkvæmdastjóri Ríkisspítalanna. Vil ég nota tækifærið til að þakka öllum aðilum, sem hér hafa unnið, fyrir þeirra framlag.

Ég tel engan vafa leika á því, að þær upplýsingar, sem hér hefur verið safnað saman, eru gagnlegar fyrir alþm. og sveitarstjórnarmenn og aðra þá sem fara með fjármál á sviði heilbrigðismála.

Vegna þess, hve reynt var að hraða gerð skýrslunnar, má búast við að í ljós komi einhverjar talnavillur þegar skýrslan verður lesin gaumgæfilega. En ég tel að í öllum meginatriðum sé hún rétt og upplýsingar hennar séu eins réttar og nokkur kostur var að veita við þau skilyrði sem hún er samin. Ég geri ráð fyrir að framlagning skýrslunnar geti orðið gagnlegur grundvöllur að almennum umr. um heilbrigðismál, bæði um heilbrigðismál almennt og einnig ef þm. æskja eftir upplýsingum um heilbrigðismál einstakra landshluta eða staða.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þá ítarlegu og ágætu skýrslu um heilbrigðisstofnanir sem hann hefur látið taka saman og afhenda alþm., og einnig fyrir þá ítarlegu grg. sem hann hefur flutt hér um þessi mál.

Eins og kunnugt er höfðum við þm. Alþb. flutt sérstaka beiðni um það á þskj. 45, sem lagt var fram á Alþ. 25. okt. á þessu þingi, að ráðh. flytti hér skýrslu um þessi mál og um framkvæmd heilbrigðisþjónustulaganna frá árinu 1973. Ég tel að sú skýrsla, sem hér er lögð fram, sé mjög gagnleg fyrir alþm. og reyndar miklu fleiri aðila, sem láta sig þessi mál skipta, til umr. um málið og tillögugerðar. Það er að finna í þessari skýrslu mjög mikilvægar upplýsingar um þróun heilbrigðismála að undanförnu og stöðuna í þeim eins og hún er nú.

Það leynir sér að sjálfsögðu ekki að lögin um heilbrigðisþjónustu frá því í aprílmánuði 1973 marka hér dýpst spor. Með þeim lögum var fyrst tekið verulega á því máli að samræma nokkuð eða gera upp heildarstefnu varðandi heilbrigðisþjónustuna í landinu, þ. e. a. s. að ákveða um byggingu heilsugæslustöðva víðs vegar um landið og sjúkrahúsa. Þar var einnig ákveðin mjög verulega aukin þátttaka ríkisins í stofnkostnaði þessara stofnana. Það fer sem sagt ekki á milli mála að þessi löggjöf hefur verið hin merkasta, enda ætla ég að ekki síst fólk úti á landsbyggðinni hafi fundið hversu þýðingarmikil þessi löggjöf var.

Það er svo rétt líka að mínum dómi, að á árunum frá 1970 og fram að þessum tíma hefur verið efnt til stórátaka í okkar heilbrigðismálum. Þar er um að ræða gífurlega mikið verkefni og að sjálfsögðu er því verkefni ekki lokið enn, heldur stöndum við þar í miðju verki og miklu verki. En mér sýnist að hafi verið tiltölulega vel staðið að þeim málum og að þar stefni framkvæmdir í rétta átt.

Ég ætlaði ekki að þessu sinni — tel ekki vera aðstöðu til þess nú — að hefja hér neina almenna umr. um þessi mál, geri ráð fyrir því að hún geti orðið síðar, eftir því sem tími vinnst til, þegar menn hafa áttað sig dálítið betur bæði á þessari þýðingarmiklu og efnismiklu skýrslu, sem útbýtt var meðal þm., og eftir að þeir hafa líka fengið betur að átta sig á þeirri skýrslu sem hæstv. ráðh. hefur hér flutt. En það eru aðeins nokkur atriði, sem ég vil þó drepa hér á.

Mér sýnist að það sé orðið mjög aðkallandi að halda því verki áfram sem ráðgert var með lögunum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, að gerð verði sú 10 ára áætlun sem þar er rætt um, og að hún verði tekin til endurskoðunar, eins og þar er líka gert ráð fyrir, því að það má búast við því að 10 ára áætlun um þróun heilbrigðisstofnana í landinu taki nokkrum breytingum því að viðhorf breytast oft á svo löngum tíma. En mér sýnist að það sé orðið aðkallandi, svo vel sem að þessum málum hefur verið staðið, að gera þessa áætlun og vinna þá áfram að henni með endurskoðun eins og gert var ráð fyrir. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið til þess að þessi mál geti haldið áfram eftir settum reglum, eftir ákveðnu skipulagi, en þróist ekki, eins og oft hefur viljað verða hjá okkur, næstum að segja af handahófi.

Þá er annar þáttur þessara mála, sem að vísu kom ekki nema að litlu leyti inn í löggjöfina frá 1973, sem mér sýnist að þurfi að gefa sérstaklega gaum, en það er hlutur aldraðra í heilbrigðisþjónustunni. Það kemur auðvitað engum á óvart, að hlutfall aldraðra af íbúum landsins fer sífellt hækkandi, og það mun reyna í mjög vaxandi mæli á það að hægt sé að sinna vandamálum þeirra og þá ekki síst einmitt í hjúkrunarmálum. En stöðuna í þeim efnum tel ég nú vera mjög slæma. Það má segja að sú aðstaða, sem nú er fyrir hendi á því sviði, sé nær öll hér í Reykjavík og á nálægu svæði við Reykjavík, en hins vegar er alveg eftir að leysa það stóra vandamál úti á landsbyggðinni. Mér sýnist að því miður hafi verið stigið þar skref aftur á bak sem þurfi nú að taka til endurskoðunar, þar sem gert hefur verið ráð fyrir að ríkið hætti beinum afskiptum með framlagi af stofnkostnaði til þess að koma upp slíkum heimilum fyrir aldrað fólk, jafnt hjúkrunarheimilum sem

öðrum, og þessi vandi sem sagt lagður að mestu leyti á herðar sveitarfélaga sem ég hef ekki trú á að leysi þessi mál.

Ég veit að vísu að það er hægt — og hefur verið gert að nokkru leyti — að túlka á vinsamlegan hátt eða með góðum skilningi ákvæði heilbrigðisþjónustulaga, þannig að það sé hægt að mæta þessum vanda að vissu leyti varðandi hjúkrunarheimili. En því fer víðs fjarri að mínum dómi að það sé á viðunandi grundvelli. Því held ég að við framhaldsskoðun þessara mála í sambandi við áætlunargerð þurfi einnig að gera ráð fyrir því að taka þennan þátt betur með til skoðunar, þ. e. a. s. þann sem snýr að öldruðu fólki og hjúkrunarheimilum þess og elliheimilum, vegna þess að þarna verður erfitt í framkvæmd að skilja á milli.

Þá er ég einnig á þeirri skoðun, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. kom hér að, að það sé orðið mjög aðkallandi að styrkja yfirstjórnina á rekstri hinna mörgu heilsugæslustöðva, sem eru að koma upp, og sjúkrahúsa í landinu, tryggja þar betur samræmingu en nú er og betri nýtingu með heildarskipulagi, því þó að það form sé haft á, sem nú gildir, að sveitarfélögin séu aðilar að þessum stofnunum, eins og sjúkrahúsum, að nokkru leyti, þá er reyndin að þetta eru orðnar ríkisstofnanir. Það er ríkið sem sér um og ræður byggingu þessara stofnana, eins og sjúkrahúsa, og í rauninni má segja að það sé ríkið sem rekur orðið þessar stofnanir. Því tel ég að það sé orðið mjög aðkallandi, að sinna þeim þætti að gera yfirstjórn á heildarrekstri sjúkrahúsanna í landinu sterkari til þess að koma á meira samræmdum rekstri.

Ég vil svo aðeins endurtaka það sem ég sagði áður, að ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þá ágætu og glöggu skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram, og fyrir grg. hans. Ég vil vænta þess, að það gefist tækifæri til þess fyrir þá, sem þar hafa sérstakan áhuga á, að ræða þessi mál nánar síðar, en það verði ekki aðeins bundið við þennan tíma nú á þessum degi. En að öðru leyti tek ég undir það, að mikið hefur verið gert og allmikið stendur til að gera, og þar eru það fyrst og fremst lögin frá árinu 1973 sem marka stefnuna. Þörf er á að haldið sé áfram, ekki aðeins með beinar framkvæmdir, heldur einnig því skipulagningarstarfi sem þar var lagður grundvöllur að. En mér sýnist að það þurfi jafnvel að fara út fyrir þann ramma í sumum efnum með áætlaðar framkvæmdir, sérstaklega þennan þátt sem ég hef minnst á varðandi hlut aldraðra í heilsugæslumálum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég tek undir orð síðasta hv. ræðumanns. Hann þakkaði ráðh. fyrir þessa ítarlegu og greinargóðu skýrslu. Ég held líka að ekki sé hægt að neita því, að allt frá því í tíð vinstri stjórnarinnar hafa verið mjög miklar framkvæmdir á sviði sjúkrahúsmála í landinu. En ég held að hinu verði ekki heldur neitað, að þessum framkvæmdum hefur verið nokkuð misskipt eftir landshlutum. Staðreyndin er sú, að bygging nýrra heilsugæslustöðva gengur furðulega seint á nokkrum stöðum á landinu, og er ekki annað hægt en kvarta yfir því hvernig þar er staðið að málum.

Ég hef að vísu ekki kynnt mér ástand þessara mála víðs vegar um land, en fæ kannske tækifæri til þess við náinn yfirlestur þessarar skýrslu. Ég þekki hins vegar til allvel í mínu kjördæmi og veit að þar er hið versta ástand ríkjandi í þessum efnum. Og það var raunar staðfest í skýrslu ráðh., því hann ræddi um ástand mála á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði, og hann notaði í öll skiptin nokkurn veginn sömu orðatiltækin. Það var ævinlega þannig til orða tekið hjá honum, að um væri að ræða veruleg þrengsli og vandræði, og það er víst ekki ofmælt. Staðreyndin er sú, að ástandið á mörgum þessara staða er mjög alvarlegt, og það er satt að segja engin furða heldur, vegna þess að á undanförnum árum og það mörgum undanförnum árum hefur verið rætt um að bæta úr, en það hefur því miður ekki komist lengra. Það hefur ekkert verið gert árum saman.

Ég held að rétt sé að taka hér sem dæmi stað sem Blönduós nefnist. Ráðh. komst svo að orði, að bygging heilsugæslustöðvar á þessum stað væri í frumathugun. Ég er ansi hræddur um að fleirum en mér komi þetta orðatiltæki nokkuð spánskt fyrir sjónir. Hann bætti því við, að á þessu ári væri fyrirsjáanlegt að ekki yrði um að ræða neinar byggingarframkvæmdir á þessum stað, gaf sem sagt í skyn að byggingarframkvæmdir heilsugæslustöðvar á Blönduósi væru á algjöru undirbúningsstigi, eða eins og hann sagði oftar en einu sinni: að málið væri í frumathugun.

Við skulum líta á hvernig þetta mál stendur frá sjónarmiði Alþ. sem hefur fjárveitingavaldið í sínum höndum. Á þessu ári eru veittar 22 millj. kr. til byggingar þessarar heilsugæslustöðvar sem sögð er vera í frumathugun, og þetta er alls ekki í fyrsta sinn sem fjárveiting er veitt til þessa verkefnis. Á árinu 1976 var líka veitt nokkur upphæð til heilsugæslustöðvar þar, eða 10 millj. kr., og það var ekki heldur fyrsta árið sem veitt var fé til þessa verkefnis, því enn má fara aftur til ársins 1975 þegar veittar voru 10 millj. kr. til byggingar heilsugæslustöðvar á Blönduósi. Og þá er upptalningunni enn ekki lokið. Ég get farið aftur til ársins 1974. Þá var veitt 1 millj. til þess að undirbúa byggingu heilsugæslustöðvar á Blönduósi. Og ég get gert enn betur. Ég get farið enn eitt ár aftur í tímann, eða til ársins 1973, og fundið fyrstu fjárveitinguna til þessa verkefnis, 500 þús. kr. En sem sagt núna, meira en fjórum árum eftir að fyrsta fjárveitingin er veitt til þessa verkefnis, heitir það á máli ráðh. að bygging stöðvarinnar sé í frumathugun, en búið að veita til verksins 43.5 millj. á 4 árum.

Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann útskýri fyrir hv. þm. hvað verður um fjármagn af því tagi sem ég hef hér gert að umtalsefni. Þetta á sjálfsagt ekki bara við um þennan einstaka stað, Blönduós, heldur ýmsa aðra staði á landinu. En þegar Alþ. er í mörg ár búið að veita talsvert fé til ákveðins verkefnis án þess að rn. komi einu eða neinu í framkvæmd, þá er ekkert ósanngjarnt að spurt sé hvað verði eiginlega af þessu fjármagni og hvernig á því standi að nú fæst yfirlýsing um það að enn eitt árið muni líða án þess að nokkuð sjáanlegt gerist. Ég hef að vísu grun um að það sé skýring til á þessu sem heitir: hönnun verksins og hönnunarkostnaður, því að mér er það minnistætt að fyrir tveim árum var til umr. heilsugæslustöð á Sauðárkróki

sem mjög líkt stendur á um. Það er líka búið að veita til hennar fjárveitingu undanfarin 4 ár, mjög svipaðar fjárveitingar og hafa verið veittar til heilsugæslustöðvarinnar á Blönduósi, án þess að nokkur skapaður hlutur hafi gerst á þeim stað. Þá var það upplýst, þ. e. a. s. fyrir tveim árum, að hönnunarkostnaður heilsugæslustöðvarinnar á Sauðárkróki væri áætlaður 30 millj. kr. og þegar væri búið að vinna fyrir talsverðan hluta af því fjármagni. Nú eru liðin 2 ár síðan þetta var, og má þá ætla að hönnunarkostnaðurinn hafi hækkað allverulega.

Ég vil aðeins skjóta því hér að, að í raun og veru væru það upplýsingar af þessu tagi sem hefðu verið afskaplega kærkomnar í skýrslu ráðh., — upplýsingar um hvað hefur verið gert við peningana sem Alþ. hefur verið að veita til þessara bygginga nú árum saman. En þessar upplýsingar er því miður ekki hægt að fá í þessari annars ágætu skýrslu ráðh.

Mér er kunnugt um það, að heilsugæslustöðin á Blönduósi hefur verið teiknuð aftur og aftur, stækkuð og minnkuð til skiptist, og í þetta hafa sjálfsagt peningarnir farið. En um þetta væri sem sagt mjög æskilegt að fá nánari grg. ráðh., því að okkur er ekki alveg sama hér á Alþ. í hvað peningarnir fara. Ég veit að hv. rn. hefur næsta dapurlega reynslu af viðskiptum sínum við teiknistofur. Ég held að það væri því ekki úr vegi að varpa fram þeirri spurningu í þessu sambandi, hvort ekki væri hugsanlegt að koma eitthvað skynsamlegra og heppilegra skipulagi á viðskipti rn. við teiknistofur eða að koma upp sérstakri teiknistofu á vegum rn., svo að ekki þurfi svona óhemjumikið fjármagn að renna til þessara hluta eins og raun ber vitni.

Ég læt þessi orð nægja um ástand sjúkrahúsmála í mínu kjördæmi. Ég get bara dregið það saman sem ég hef hér sagt. Það er búið að ræða um byggingu fjögurra heilsugæslustöðva á Norðurlandi vestra í mörg undanfarin ár og þar af að veita fjárveitingar til tveggja af þessum stöðvum undanfarin 4 ár án þess að nokkur skapaður hlutur hafi gerst á stöðunum sjálfum. Þetta þykir heimafólki harla einkennilegt, og ég get leyft mér að upplýsa það hér að lokum, að fólk er gjörsamlega að missa þolinmæðina gagnvart heilbrrn. hvað þessi mál snertir. Fólk lætur ekki blekkja sig árum saman á þennan hátt, og það á erfitt með að horfa upp á að það sé verið að sletta svo og svo mörgum millj. á hverju ári til ákveðinna framkvæmda án þess að nokkuð gerist.

Ég vil svo aðeins nota þetta tækifæri til að víkja að náskyldu vandamáli sem einnig er að finna í mínu kjördæmi, en það eru heilsugæslumál á Skagaströnd. Eins og menn minnast voru við samþykkt laganna um skipulag heilbrigðismála lögð niður allmörg læknishéruð. Eitt af þessum læknishéruðum, sem lagt var niður, var Skagaströnd. Þetta var mikið áfall fyrir íbúa þar um slóðir sem töldu sig hafa misst mikið. Ég gerði mér fyllilega grein fyrir því, þegar þessi breyting var gerð, að erfitt væri að rökstyðja það að sérstakt læknishérað væri á Skagaströnd eða sérstök heilsugæslustöð, miðað við þær breytingar sem gerðar voru víða annars staðar og stefndu í þá átt að þjappa læknisþjónustunni saman, og mátti þá kannske segja að skagstrendingar yrðu að lúta að því sama og margir aðrir. En við afgreiðslu málsins hér á Alþ. mæltist ég eindregið til þess að hagnýtt yrði bráðabirgðaákvæði í frv. þess efnis, að heimilt væri að skipa lækni sem starfaði við ákveðna heilsugæslustöð með búsetu og starfsaðstöðu á öðrum stað, og þetta gæti átt sérstaklega við á Skagaströnd. Þetta hefur hins vegar ekki orðið. Við þm. þessa kjördæmis höfum allir ritað rn. bréf þar sem við höfum eindregið óskað eftir því að þessi tilhögun verði tekin upp og einn af þeim læknum, sem ráðnir eru við heilsugæslustöðina á Blönduósi, hefði búsetu og starfsaðstöðu að hluta til á Skagaströnd. En rn. hefur ekki viljað á þetta fallast. Ég tel að þetta skipulag heilbrigðismála geti vel átt við á fleiri stöðum en Skagaströnd og að þetta mál geti haft almenna þýðingu. Og ég vil eindregið óska eftir því við hæstv. ráðh. og rn., að það athugi hvort ekki væri hugsanlegt að taka þetta erindi til jákvæðrar afgreiðslu þannig að auglýst sé eftir lækni sem ráðinn sé að heilsugæslustöðinni á Blönduósi, en hann sé búsettur á Skagaströnd og hafi þar starfsaðstöðu og taki þar á móti sjúklingum tvo eða þrjá daga í hverri viku, eins og hann raunar gerir. Ég hef aldrei skilið, að ekki væri hægt að taka upp þetta skipulag á þeim stöðum þar sem líkt stendur á og á Skagaströnd, að fyrir hendi er læknisbústaður og öll starfsaðstaða, og er þess vegna ekki þörf á því að leggja í sérlega mikinn stofnkostnað í þessu sambandi.

Mér væri sem sagt kært ef ráðh. gæti einhverju svarað til um hver væri afstaða hans til þessa máls eða hann gæti lofað því að taka þetta mál til frekari athugunar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir þá viðamiklu og innihaldsríku skýrslu sem hann gerði hér grein fyrir áðan. Það er vissulega mikils virði að hafa yfirlit á einum stað um ástand þessara mála, hvað fyrirhugað er, og þá fæst betri heildarmynd yfir heilbrigðismálin, eins og raunar nauðsynlegt er fyrir þm. og reyndar miklu fleiri að hafa.

Ég vil aðeins víkja hér stuttlega að þremur atriðum alls óskyldum innbyrðis.

Hæstv. ráðh. vék í skýrslu sinni í upphafi að þremur hópum sem þyrfti að athuga sérstaklega með, og það var alveg rétt. Hann vék að málefnum aldraðra, hann vék að málefnum geðsjúkra og hann vék að málefnum þroskaheftra. Ég hef oft áður hér á Alþ. rætt um málefni þroskaheftra og hef kannske þar litlu við að bæta, en vil þó aðeins koma inn á það hér og nú.

Það er rétt, að skipulagið nú er þannig að heilbrrn. er yfirráðili vegna málefna þroskaheftra. Kópavogshælið er sem sagt stofnun sem heyrir undir heilbrrn., og það hæli er jafnframt eins konar móðurskip eða móðurstofnun annarrra heimila og þar fer fram aðalstarfsemin að málefnum þroskaheftra á vegum ríkisins. Því er hins vegar ekki að leyna, að það eru uppi miklar hræringar nú í málefnum þessa fólks og nýjar skoðanir í málefnum þess ryðja sér mjög til rúms.

Ég veit að endurskoðun laga um fávitastofnanir hefur staðið yfir. Mér er nær að halda að

henni sé nú lokið. Þessi endurskoðun hefur verið unnin af fulltrúum frá þremur rn., heilbr.-menntm.- og félmrn. Ég hef hins vegar ekki dregið dul á þá skoðun mína, að þó að ég viðurkenni að að endurskoðun geti verið mikil bót, þá þurfi þar meira að gera og þurfi í raun og veru nýja heildarlöggjöf. Mótbárur við því hafa heyrst á þann veg, að með því móti værum við að marka þessu fólki sérstakan bás, alveg öfugt við þá kenningu sem við t. d. í landssamtökunum Þroskahjálp höfum haft uppi. En ef sú mótbára fær staðist, þá verður að taka vandlega til athugunar þau sérlög sem eru um fávitastofnanir, þó að þau batni að mun frá því sem nú er, því að ef þau marka ekki þessu fólki sérstakan bás miklu fremur en heildarlöggjöf, þá kemur mér það mjög á óvart. A. m. k. hef ég hugsað þá heildarlöggjöf það rúma og það mikla rammalöggjöf, að hún fæli í sér t. d. alveg sérstaklega eina yfirstjórn þessara mála, einn ábyrgan aðila í ríkiskerfinu sem hefði með öll þessi mál að gera, en síðan yrði komið á samstarfsnefnd hinna einstöku rn. sem þessi mál snerta hvað mest. Mér er sagt að annaðhvort væri búið að koma henni á eða þá að það séu uppi áætlanir um það, og er ekkert nema gott um það að segja. Sannleikurinn er sá, að fólk hefur hér þurft að leita til allt of margra aðila með sín mál og einn vísað á annan í þessu efni sem vonlegt er, því hér er um þætti að ræða sem ekki verða afgreiddir fullkomlega í einu einstöku rn.

Það má deila um hvaða rn. eigi um málefni þroskaheftra að fjalla, og ég er ekki að segja að það sé neitt aðalatriði. Ég hef áður lýst því hér yfir, að ég áliti að rétti aðilinn til að fara með þessi mál í heild með samstarfsnefnd þriggja rn. væri félmrn. og byggi það reyndar á reynslu ýmissa annarra þjóða í þessum efnum. En ég tek það líka fram að það er ekkert aðalatriði hvaða rn. þetta er. Ég efast ekki um góðan vilja heilbrrn. til að skipa þessum málum á þann besta veg sem mögulegt er. En ég bendi hins hins vegar á það, að ef við stöndum rétt að málefnum þroskaheftra frá upphafi, þ. e. a. s. frá fyrstu greiningu, sem þarf vitanlega að vera eins fljótt og mögulegt er, og ef allt er gert fyrir þetta fólk, það er ekki bara lokað inni á hælum eða geymt einhvers staðar án þess að nokkuð sé fyrir það gert annað en það fái að borða og sofa, þá er heilbrigðisþátturinn hverfandi við mikinn hluta þessa fólks. Það gildir auðvitað sérstaklega um örvita og geðtruflanir, en geðtruflun er þarna oft algengur fylgikvilli, að vitanlega verður heilbrigðisþátturinn hjá þessu fólki mjög stór. En um mikinn hluta þessa fólks verður heilbrigðisþátturinn ekki sá mest afgerandi. Það er menntunin, almenna kennslan og hæfingin til þess að fara út í þjóðfélagið, félagslega aðstoðan og þar með talin atvinnuaðstaða þessa fólks sem verður aðalatriði þessa máls ef rétt er að staðið. Þegar við hættum fyrir fullt og allt geymslu- eða hælastefnunni sem aðalstefnu, sem við höfum því miður fylgt allt of lengi, eins og ég trúi að allir stefni að, þá verður auðvitað útkoman sú, að heilbrigðisþátturinn verður ekki eins afgerandi í þessu máli og hann hefur verið. Ég veit ekki hvort á að kalla það reyndar heilbrigðisþátt, en það er þáttur sem hefur þó beint heyrt undir þetta rn. af eðlilegum ástæðum vegna þess hve mikill fjöldi þessa fólks hefur verið vistaður á ríkishælinu í Kópavogi. Ég álít nefnilega að ef rétt er að þessum málum staðið, þá þurfi færri einstaklingar að vera inni á þessum heimilum og þeir geti að meira eða minna leyti farið út í atvinnulífið, á sérverndaða vinnustaði e. t. v. og með ýmiss konar aðstoð, kannske ekki fullri vinnu, en út í atvinnulífið, og að því er auðvitað ótvírætt hagur, ekki bara fyrir þetta fólk. Það er dýr hver dagur þessa fólks á þessum hælum, þar sem það gerir engum gagn, hvorki sjálfu sér né þjóðfélaginu. Og alveg sérstaklega þegar við komum að hamingju þessa fólks, lífshamingju þess og lífsfyllingu, þá er náttúrlega engin spurning um hvað það er miklu betra en loka þetta fólk inni á hælum þar sem kannske er ekki einu sinni eins vel fyrir því séð og ætti að vera. En ég veit að þetta stendur til bóta, og ég veit um fullan vilja heilbrigðisyfirvalda til þess að koma hér rösklega til móts við þetta fólk. Við vitum auðvitað að það er stór hópur í dag sem ekkert verður gert fyrir vegna þess að það var of seint til réttra aðila leitað og þessi hópur fékk ekki rétta meðferð. En við erum fyrst og fremst að hugsa hér um framtíðarstefnu í þessum málum, um þá sem nú eru á barnsaldri, um þá sem nú eru ófæddir, en við eigum að gera allt til þess að koma til sem mests þroska og þannig að þeir geti verið sem hlutgengastir þjóðfélagsþegnar, en ekki að loka þá inni á hælum.

Ég leyfi mér því að vona að stefnt verði að því að mál þroskaheftra verði þannig í framkvæmd áður en langt um líður, að ekki verði um heilsugæslu að ræða langt umfram aðra þegna. Ég sem sagt segi það hér vegna ummæla sem ég hef áður haft um þetta, að spurning um rn. í sambandi við þetta er auðvitað ekki aðalatriðið, þó ég telji félmrn. réttast. En það fer eftir stefnu stjórnvalda í heild hversu fer um málefni þessa fólks og hversu heilsugæsluþátturinn verður stór, hversu dýrt þetta fólk verður okkur í hælisdögum. Viljum við losna við þann kostnað, sem af því er, til þess einmitt að hagur þessa fólks batni að miklum mun og það verði nýtari og betri þjóðfélagsþegnar fyrir bragðið? Auðvitað getum við um leið haft betri samvisku en við óneitanlega höfum í dag vegna þessara mála.

Ég vona og trúi því að hæstv. ráðh. muni hér vinna að ötullega. Þetta er undir hans rn. í dag og gott samstarf við önnur rn. er auðvitað sjálfsagt. En frumkvæðið verður vitanlega, eins og mál standa í dag, að koma frá þessu hæstv. rn.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, enda er þetta endurtekning á því sem ég hef oft áður sagt hér. En ég segi þetta að gefnu tilefni. Hæstv. ráðh. talaði sérstaklega um þennan hóp hér áðan og lagði á það áherslu að fyrir hann væri mikið gert.

Annað atriðið, sem ég vildi koma hér að, er að auðvitað fögnum við því sérstaklega úti á landsbyggðinni hve myndarlega hefur verið tekið til hendi í sambandi við heilsugæslustöðvarnar og alla aðstöðu fólks þar. Það fer auðvitað ekki á

milli mála að þar er um geysilegt átak að ræða og mikilsvert fyrir byggðaþróunina. Við vitum hvernig læknavandamálið var á sínum tíma að fara með einstök héruð: fólksflótti beinlínis úr héruðunum vegna öryggisleysisins í því efni, og vissulega hefur tilkoma hinna nýju heilsugæslustöðva bætt hér ástandið stórkostlega og mun gera enn betur á næstu árum.

Ég vík hér að einum þætti alveg sérstaklega, sem ég held að hv. rn. eigi að beita sér að, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og það er að færa sérfræðiþjónustu sem allra mest til fólksins heima í héruðunum. Ég veit að það þarf að gera til þess skipulegt átak. Ég veit að það þarf mikið til þess að koma þessari sérfræðiþjónustu til fólksins og það er ekki auðleyst verkefni. Og ég veit að verkefnin eru líka næg í þessum efnum. Við vitum líka, að ferðir fólks á fund sérfræðinga hér á höfuðborgarsvæðinu eru dýrar og þar verður eitthvað að aðhafast. Það er líka ætlunin með lögum um heilbrigðisþjónustu að þetta sé gert, og ég held að það verði ekki gert í einu stökki, — veit það reyndar. En það er hægt að gera það kannske með vissri þjónustu vissan tíma á þessum stöðvum, því að það er nú svo með okkar ágætu lækna á heilsugæslustöðvunum, að þótt þeir séu hinir færustu menn, þá hættir þeim til þess allmikið að vísa fólki frá sér til sérfræðinga, bæði að þarflausu, ég segi: að þarflausu oft og tíðum, en auðvitað einnig oft af brýnni þörf og af eðlilegri og sjálfsagðri þörf. Ég hef þá trú á okkar mörgu góðu læknum, sem vinna á heilsugæslustöðvunum, að þeir geti oft miklu betur og þurfi nú ekki að vísa á þá alvitru sérfræðinga hér á þessu svæði eins mikið og þeir gera. En þetta er eigi að síður staðreynd og auðvitað er það von að þessir læknar vilji fá frekari fullvissu um það, að sjúkdómsgreining þeirra sé rétt, en oftrúin á sérfræðina er nú kannske ekki hvað minnst í læknastéttinni.

Mér var bent á það um daginn, þegar ég var með till. á Alþ. um átak í þessum efnum, af hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni, að það væri e. t. v. alveg eins gott í þessu sambandi sem áfangi að þessu marki að bæta aðstöðuna hér í Reykjavík. Ég er honum alveg sammála í því efni. Það hefur verið bent á Rauðakrosshótelin hér og þá aðstöðu sem fólk utan af landi hefur þar. Þar þyrfti betur að gera. En ferðakostnaðurinn er auðvitað nákvæmlega sá sami fyrir þetta fólk og hann er býsna þungur baggi. Ég sem sagt treysti hæstv. ráðh. til að fylgja því fast eftir að fólk fái sem best notið sérfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvunum, bæði þeim, sem þegar eru komnar upp, og þeim, sem við eigum eftir að sjá rísa í framtíðinni.

Þriðja atriðið var svo um mitt heimakjördæmi. Ég sé að í skýrslunni er frá því greint að á tveimur stöðum, mér mjög nátengdum, sé aðstaða til heilsugæslu góð, þ. e. a. s. á Eskifirði og Reyðarfirði. Það má auðvitað deila um það í þessu tilviki hvað er gott. Ég heyrði nú að hæstv. ráðh. herti hér á áðan og sagði að aðstaðan á Eskifirði væri ágæt. Það er ágætur maður þar, það er satt. En þar er auðvitað ekki um að ræða annað en venjulegan læknisbústað sem þar er. Hann hefur verið nýttur vel og skynsamlega. En ég held að þar hljóti í framtíðinni að þurfa að koma til viðbótarhúsnæði, ef ég hef skilið lög um heilbrigðisþjónustu rétt hvað snertir heilsugæslustöðvar.

Í raun og veru er þokkaleg aðstaða á Reyðarfirði, en hún er mjög lítil og erfitt að nýta hana sem skyldi, var í raun og veru hugsuð sem lausn fyrir reyðfirðinga á sínum tíma og ber að þakka rn. góð viðbrögð í þeim efnum svo sannarlega, því að þessu var nokkurn veginn laumað inn. Það er ekkert nema gott um það að segja, sérstaklega fyrir okkur þarna heima. En engu að síður getur þessi aðstaða ekki talist til frambúðar. Það held ég að sé útilokað að telja. Og ég treysti því einnig, að á Eskifirði verði þannig bætt við, og ég held að hæstv. ráðh. hafi nú komið að því, að þar þyrfti breytingar á húsnæði eða viðbætur. Ég vona að það sé um það að ræða að það þurfi þar viðbótarhúsnæði, því að það hygg ég að sé það rétta.

En einmitt varðandi þetta hérað eða heilsugæsluumdæmi vaknar spurning aftur um það, sem kom hér upp við setningu laganna hvort þarna ætti þá að vera um H-1 stöð eða H-2 stöð að ræða. Það var mjög umdeilt og að lokum var staðnæmst við ákveðna íbúatölu á bak við þær stöðvar sem yrðu með tveim læknum, H-2. Þetta hérað lenti rétt undir þau mörk, og við höfum ekki verið duglegri við framleiðsluna en það, að þetta hérað er enn þá undir þessum mörkum, þannig að það fellur ekki beint inn í lögin eins og þau eru. Hins vegar voru sett inn umdæmi undir H-2 sem ekki náðu þessum mörkum, þannig að það er full ástæða til þess og von að í þessu héraði, hjá þeim eskfirðingum og reyðfirðingum, sé spurt að því, hvort þeir geti þá ekki notið sama réttar. Munu vera eitthvað um 1800—1900 íbúar í dag í þessu héraði, og þeir eru rétt við þessi mörk.

Ég vildi aðeins víkja að þessu hér. Það kemur inn á svipað atriði og hv. þm. Ragnar Arnalds kom hér inn á áðan, nema að við reyðfirðingar höfum aldrei haft sérstakan lækni. En ef tveir læknar yrðu við þessa heilsugæslustöð, þá vitanlega vildum við fá annan þeirra með búsetu á reyðarfirði. Þarna er stutt á milli og oftast nær gott að fara og ætti ekki að vera um neitt vandamál að ræða, en mundi skapa mikið öryggi fyrir okkur. Að þessu vildi ég aðeins koma, því að hér var um það að ræða í fyrstunni að um H-2 stöð var að ræða. Menn trúðu því fyrst að það mundi verða. Síðan var þessu breytt niður í H-1 stöð vegna þessara takmarkana um íbúafjölda. Þá er spurningin aðeins um það, hvort möguleiki væri á því, — og ég vil beina því sem áskorun til hæstv. ráðh., — að það yrði nú athugað vel hvort á því væri möguleiki að Eskifjarðarumdæmi væri gert að H-2 stöð. Það er mikill vilji fyrir því heima fyrir. Að vísu fengum við einu sinni álit læknis þar að lútandi sem var svo mikill afkastamaður, að hann sagði að það væri ekkert fyrir tvo menn að gera þarna. En aðrir hafa verið á öðru máli, og ég held, að þetta þurfi að athuga, og beini þeirri áskorun til hæstv. ráðh. að hann geri það.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það var inn á eitt atriði sem ég vildi gjarnan koma og varð til þess að ég kvaddi mér hljóðs, en það var raunar atriði sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á. Ég vil taka undir það sem aðrir ræðumenn hafa sagt hér á undan mér, að ég vil þakka fyrir þá ítarlegu skýrslu, sem hér hefur verið flutt. Það kemur greinilega fram í henni, að það hefur verið ákveðið stefnt að þeim markmiðum sem sett hafa verið með lögunum frá 1973, að auka vægi heilsugæslunnar í landinu og á þann veg annars vegar að auka fyrirbyggjandi aðgerðir, þannig að til alvarlegs sjúkleika komi síður, og gera það á þann hátt, að á heilsugæslustöðvunum verði lækningarnar sjálfar auknar sem og að þar fari fram í auknum mæli rannsóknarstörf. En með því að auka vægi þessa þáttar væri hægt að draga úr aukningu sjúkrahúsakostnaðarins, miðað við þá aukningu sem þar yrði við óbreytt ástand. En ekki er ég svo bjartsýnn að ætla að með aukinni þekkingu getum við stigið þau spor á næstunni að draga úr þeim kostnaði raunverulega. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir, að við eigum æðilangt í land enn með að ná því marki, sem stafar af því, að við eigum langt í land með að byggja upp heilsugæslustöðvarnar víða um land sem og að fá til þeirra starfsmenn, lækna, sem geti sinnt þessum þætti vitt og breytt um landið svo sem æskilegt væri.

Hv. síðasti ræðumaður minntist á mál sem kemur fram í þáltill. sem hann mælti hér fyrir um daginn um að auka skipulagningu sérfræðiþjónustu úti á heilsugæslustöðvunum sjálfum, og vitnaði þar t. d. í hvernig skipulagðar hafa verið á undanförnum mörgum árum ferðir augnlækna um landið. Vissulega hafa líka verið skipulagðar ferðir annarra sérfræðinga. Og ég vil taka undir það, að ég tel að það eigi að sinna þessum þætti í auknum mæli. En ég geri mér alveg grein fyrir því, að enda þótt við náum því marki að byggja upp heilsugæslukerfi um landið, þannig að það sé komið í það sem við skulum segja viðunandi horf, þá verður ætíð svo, að viss rannsóknarstörf hljóta að verða unnin á þeim stöðum þar sem sérhæfðust eru tækin og bestir eru kunnáttumenn á sviði lækninga, þegar um er að ræða tiltölulega fátíða sjúkdóma. Í þessum tilvikum kemur landsfólkið alltaf til með að sækja hingað til Reykjavíkursvæðisins og e. t. v. sjúkrahússins á Akureyri, þar sem slík þjónusta verður veitt, en ekki á hinum minni heilsugæslustöðvum. Og þá kem ég að því, hvort hægt er á þessu sviði að minnka sjúkrahúskostnaðinn vegna slíkra lækninga, vegna hreinna rannsóknarstarfa, sem fara nú fram innan veggja sjúkrahúsanna.

Hv. síðasti ræðumaður kom einnig inn á að það væri dýrt og erfitt fyrir einmitt sjúklinga á landsbyggðinni að leita slíkra lækninga, bæði varðandi ferðalög og eigið uppihald, t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu, í slíkum ferðum sínum áður en sjúkrahúsvist hefst eða þegar henni lýkur. Hér í Reykjavík hefur starfað nú um sem næst þriggja ára bil Rauðakrosshótel við mjög góðan orðstír. Þetta hótel hefur samkv. skýrslunni aðeins á að skipa 28 legurúmum, en sjúkrahótelið á Akureyri 8 rúmum, en það tók til starfa seint á liðnu ári. Ég held, að það ætti að gefa þessum þætti mjög mikinn gaum, hvort ekki er hægt að auka vistrými sjúkrahótela þannig að sjúklingar geti verið þar meðan á vissum rannsóknum stendur. Ég geri mér vissulega ljóst, eins og hæstv. heilbrrh. kom inn á áðan, að í sumum tilvikum verður slík rannsókn að fara fram innan veggja sjúkrahúsanna. En ég hef samt sem áður þá trú, að það sé hægt að vista sjúklinga á slíkum hótelum þar sem daggjöld eru ekki nema lítið brot af þeim daggjöldum sem greiða þarf á sjúkrahúsum. Ég hygg t. d. að daggjöld á sjúkrahótelinu hér í Reykjavík séu nú ekki nema 2300 kr. Ég veit ekki hvort það er orðin gömul tala, en hún var það ekki alls fyrir löngu. Þá sjáum við það, þegar við erum að tala um daggjöld upp á 18 þús. eða e. t. v. meira í dag, að þarna er orðinn geysilegur munur á kostnaði. Og tilgangur minn hingað upp var eingöngu sá að beina því til hæstv. heilbrrh. að hann við athugun á þessum málum beiti sér fyrir því, að þessi þáttur verði sérstaklega skoðaður. Ég er sannfærður um að það væri hagkvæmt kostnaðarlega séð fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu að þessi þáttur væri aukinn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði varðandi dvalarheimili aldraðra, hjúkrunar- og endurhæfingardeildir, þá er í þessari skýrslu yfirlit yfir tölur rúma í dvalarheimilum aldraðra. Það er alveg rétt sem hann sagði, að hér er að verulegu leyti um að ræða heimili á Reykjavíkursvæðinu eða í Reykjavík. Þar er Hrafnista stærst með 427 rúm og Elliheimilið Grund þar næst með 327 rúm, og önnur hæli hér í Reykjavík eru með 180 rúm. En að auki hefur verið tekið í notkun á síðustu tveimur árum á vegum Ríkisspítalanna í Hátúni 10 66 rúma húsnæði, og nú á þessu ári er veitt fé til þessa dvalarheimilis aldraðra eða til göngudeildar, þannig að fjórða hæðin verður fyrir lok þessa árs tekin í notkun. Úti um land er þessu mjög öðruvísi farið og þar er mjög takmarkað vistrými. Í sumum kjördæmum er þetta þó nokkuð gott, eins og í Suðurlandskjördæmi, því að þar er um 265 rúm að ræða, en það er aðallega Ás í Hveragerði sem þar af er með 187 rúm. Á Vesturlandi er þetta þó heldur þokkalegra, því að þar er um 91 rúm að ræða, en sáralítið aftur sérstaklega á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Í fyrrnefndu umdæmi eru aðeins 18 rúm og í hinu síðarnefnda 27. Á Norðurlandi eystra er um að ræða 174 rúm, svo að segja eingöngu á Akureyri eða í nágrenni Akureyrar. Í Reykjanesumdæmi eru 120 rúm og á Austfjörðum 34 rúm. Til viðbótar þessu má segja að rúmafjöldi fyrir aldraða sé öllu meiri en skýrslan gerir ráð fyrir, því að á hinum mörgu, sérstaklega minni sjúkrahúsum er allmikið um aldrað fólk, langlegusjúklinga, sem vegna erfiðleika að koma fyrir á dvalarheimilum aldraðra eru þar mánuðum og jafnvel árum saman, svo að þetta gefur ekki alveg skýra mynd. En það gefur þó það skýra mynd, að hér er auðvitað um mikla þörf að ræða sem markvisst er stefnt að.

Ég lagði mjög mikla áherslu á að fá inn í fjárl. framlag til göngudeildar í Hátúni 10. Það var strikað út í meðferð fjmrn., en var tekið upp fyrir 3. umr. í fjvn. og sömuleiðis hækkun til byggingu geðdeildarinnar í því skyni að tryggja að göngudeild verði tekin þar í notkun fyrir lok þessa árs, sömuleiðis framlag til þess að koma á stofn á

þessu ári göngudeild fyrir háþrýstisjúklinga eða fólk með of háan blóðþrýsting. Þetta er auðvitað fyrirbyggjandi starfsemi sem við þurfum fyrst og fremst að huga miklu betur að en gert hefur verið á síðustu áratugum og árum. Við höfum verið að byggja sjúkrahús, og sannarlega hefur verið þörf fyrir sjúkrahús. Með aukinni sérfræði og aukinni þekkingu þarf auðvitað að sinna auknum verkefnum. En bygging heilsugæslustöðvanna er auðvitað fyrst og fremst til þess að fylgjast með heilsufari fólks, koma í veg fyrir að þetta fólk þurfi að leggjast inn á sjúkrahús til skemmri eða lengri dvalar. Hér er verið að gera stórt og mikið átak, eins og hv. 2. þm. Austurl. tók réttilega undir og á mjög sanngjarnan hátt, og það er auðvitað ekki allt gert á einum degi eða einu ári.

Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði um ástandið í sínu kjördæmi eða Norðurlandi vestra, þá vill nú svo vel til að ég hef farið á þessa staði alla til þess að sjá með eigin augum hvernig ástandið er, en ekki fara eingöngu eftir því sem er sagt eða verður að lesa sig áfram um. Ég fór ásamt ráðuneytisstjóra heilbrrn. og landlækni til Siglufjarðar og Sauðárkróks á s. l. ári. Verð ég að segja að ástandið á sjúkrahúsinu á Siglufirði verður að teljast mjög gott. Öll aðstaða, öll umgengni á því sjúkrahúsi er til mikillar fyrirmyndar. Nýting t. d. á skurðstofu er ákaflega takmörkuð þar. Hins vegar eru mikil þrengsli í sambandi við heilsugæsluna. En hún er ekkert neyðarúrræði. Það, sem ég tel að sé langbrýnast á Siglufirði, er að koma þar upp á sem allra skemmstum tíma embættisbústað til þess að halda góðum starfskröftum. Ég er ekki að segja þetta í því skyni að það eigi ekkert fyrir Siglufjörð frekar að gera, en þörfin víða annars staðar er núna meiri.

Á Sauðárkróki voru uppi ákaflega miklar deilur um það á hvern hátt ætti að stækka og byggja heilsugæslustöð í tengslum við sjúkrahúsið. Þetta fór á milli heimamanna, landlæknis og þeirra sem um þessi málefni fjalla í rn. Síðan fórum við norður til þess að ræða sameiginlega við læknana og stjórn sjúkrahússins um niðurstöðu í þessum efnum. Og þetta tókst mjög vel. Þessum fundi lauk með fullu samkomulagi. En þá er auðvitað eftir að ganga frá allri hönnun. Það er ekki í hendi þessa rn., sem ég er að tala hér fyrir núna. Það er fyrst og fremst í höndum heimamanna sjálfra sem hafa fengið að hafa þetta í sínum höndum og hafa ráðið gerðinni, hafa viljað ræða mjög ítarlega. Þetta þekki ég frá minum heimastað, að allur þessi aðdragandi tók miklu lengri tíma þangað til hægt var að hefja framkvæmdir og það var búið að veita til þess sjúkrahúss í mun fleiri ár heldur en hv. þm. talaði um í sambandi við Sauðárkrók. Það má því ekki flana að neinu í þessum efnum, þó að okkur þyki þetta báðum allt of langur tími. Ég get alveg tekið undir þau orð hans að þetta er langur tími. Það fannst mér líka í sambandi við allan undirbúning á Ísafirði, að hann væri orðinn gevsilegur. En nú er ekki ég, heldur starfsmenn heilbrrn. svo stoltir af teikningunni á Ísafirði að þeir töldu alveg sjálfsagt að hún kæmi hér inn sem sýnishorn. En ég tek það fram, að ég átti alls ekki hugmyndina þó að mér þyki ákaflega vænt um að hún skuli vera í þessari skýrslu.

Á Blönduósi var alls ekki eins illa á vegi statt. Það er alveg rétt, að þar eru afar mikil þrengsli, einkum vegna langlegusjúklinga, vegna gamalmenna sem þar eru árum saman. Sjúkrahúsið á Blönduósi er mjög gott. Hins vegar vantar þar betri aðstöðu fyrir heilsugæslu. Það er eitt sem hefur ekki verið samkomulag um, með hvaða hætti eigi að fara út í byggingu heilsugæslustöðvar, hvað hún eigi að vera stór. Hins vegar hefur verið tekin þar inn Skagaströnd með í uppbyggingu heilsugæslustöðvar. Þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru til umr. hér á Alþ. 1973 var ég svo óskaplega mikill strjálbýlismaður, eins og ég er enn þá, að ég greiddi atkv. á móti því að Skagaströnd væri felld niður sem sérstakt læknishérað. Þá var ég einnig með í huga annan stað, sem er þó enn minni en Skagaströnd, enn mannfærri, á Vestfjörðum, Bíldudal. En þessi stefnumörkun er tekin af meiri hl. Alþ. og þessi löggjöf sett. Og þegar hún er sett og tekur gildi 1. jan. 1974, þá auðvitað starfa heilbrigðisyfirvöld samkv. henni. Samkv. þessu er Patreksfjarðarlæknishérað gert að einu umdæmi. Bíldudalur er felldur inn í heilsugæslustöðina þar. Hann er tekinn þar með í sjúkrahúsið og hann er tekinn þar með og á að gegna þar frá Patreksfirði. En þar er auðvitað aðstaða fyrir lækni. Sama var gert á Skagaströnd, og sama er varðandi þá stækkun og heilsugæslustarfsemi sem á að eiga sér stað á Blönduósi. Ef Alþ. ætlar að hverfa frá þessu aftur, þá verður að hverfa aftur frá þeirri uppbyggingu, sem á að eiga sér stað á Blönduósi, og minnka hana.

En þá komum við að einu vandamáli. Erum við að gera okkar ágæta fólki á Skagaströnd greiða með þessu eða ekki? Getum við tryggt því lækni til frambúðar? Er ekki öruggara að heilsugæslustöðinni í tengslum við sjúkrahúsið á Blönduósi séu betur tryggðir starfskraftar? Á Skagaströnd er ágæt aðstaða fyrir læknamóttöku, þar er hjúkrunarfræðingur. Ef við tökum hina stefnuna, getur þá ekki orðið innan nokkurra ára mikil óánægja með að það hafi verið byggt bara fyrir Blönduós, Skagaströnd hafi ekki verið tekin inn í dæmið?

Mín skoðun er sú, að eftir að lög um heilbrigðisþjónustu tóku gildi hafi verið unnið eftir þessum reglum og því verði ekki aftur snúið. Þó er ég ekki að segja að hér sé verið að leggja línu áratugi fram í tímann, ef Skagaströnd á eftir að stækka, sem við vonum. Þar er þróttmikið og duglegt fólk, og öllum hefur gengið þar miklu betur nú á seinni árum heldur en var á tímabili. Þá á auðvitað að verða búsettur læknir þar. Það er ekki verið að setja þessa löggjöf um aldur og ævi. Meira að segja þessi löggjöf um heilbrigðisþjónustu er ekki enn þá komin til framkvæmda að öllu leyti, eins og hv. alþm. vita. Ákveðnu ákvæði í þessari löggjöf hefur verið frestað. Fyrir rúmu ári skipaði ég n. til þess að endurskoða þessa löggjöf af fenginni þeirri reynslu sem nú þegar liggur fyrir. Störfum þessarar n. er nú langt komið og hún mun skila áliti einhvern tíma í vor eða sumar, og þá er stefnt að því að það frv. verði lagt fyrir Alþ. á komandi hausti.

Þá vil ég gjarnan víkja að síðasta staðnum í kjördæmi hv. þm., sem er Hvammstangi. Þá verð ég að segja að þegar ég kom þangað og sá þær aðstæður, sem þar eru, held ég að ég hafi hvergi

séð jafnlélega aðstöðu og hvað fólk, sem þar starfar, verður að starfa við mjög slæm skilyrði, að ég tali nú ekki um þrengslin hjá þeim sjúklingum sem þar eru. Ég skal játa það, að mér rann til rifja að sjá og finna þá aðstöðu og það er ömurlegt til þess að vita. Þar hefur þó verið veitt fjárframlag sem þm. hefði réttilega mátt minnast á. Það er til byggingar læknisbústaðar á Hvammstanga. En það er ekki mál heilbrrn. Það hefur ekki staðið á því, hvorki eftir að ég kom þangað né áður, og því síður á embættismönnum heilbrrn. Það er önnur stofnun sem fer með þessi mál, og þau eru tekin úr okkar hendi þegar við erum búnir að ganga frá hönnunarvinnu, eins og er orðið svo altítt að kalla hana, og þá taka þeir við. Eftir það ráðum við engu nema aðeins að rífast um hvað allt gengur seint. Ég er alveg sannfærður um að ef bygging þessa læknisbústaðar á Hvammstanga hefði verið í höndum heilbrrn., þá væri hann tilbúinn fyrir a. m. k. tveimur árum og hefði kostað fjórum sinnum minna en hann kemur til með að kosta. En þetta eru lög, sem hv. Alþ. hefur sett. Ég greiddi ekki þessum lögum atkvæði þegar þau voru sett, og þó að viðreisnarstjórnin hefði ekki nema eins atkv. meiri hl., þá þurfti hún ekki á sínum þm. að halda til þess að koma þessari löggjöf fram, því að það voru þá ýmsir stjórnarandstæðingar sem greiddu atkv. með þessum lögum. En þó að ég sé í ríkisstj. núna, þá er ég jafnóánægður með þessi lög og þegar þau voru sett, og ég er tilbúinn að greiða atkv. með því að nema þau úr gildi hvenær sem er og bið engan fyrir það, því að ég hef margoft tekið það fram, bæði áður og eins eftir að ég kom í ríkisstj., að ég er andstæðingur þessara laga og sérstaklega að fenginni reynslu, og hún hefur verið bitur eftir að ég varð heilbrrh.

Hv. 7. landsk. þm. kom hér inn á nokkur tiltekin atriði. Ég sagði um Eskifjörð að þar væri aðstaða ágæt, en þar þyrfti að stækka eða endurbæta húsnæði, eins og segir í þessari skýrslu þarna. Ég hef aldrei komið í þetta húsnæði á Eskifirði, því miður, þó að ég hafi reynt að koma sem víðast. En eftir því sem mér hefur verið sagt er þarna góð starfsaðstaða, en hins vegar þarf að endurbæta þar húsnæðið. Þessi staður á Austfjörðum — eða þessir staðir réttara sagt koma til með að standa mjög vel að vígi. Það eru myndarlegar framkvæmdir sem eiga sér stað í Neskaupstað, bæði heilsugæslustöð og stækkun á sjúkrahúsi, og við sjáum nú fram á miklu betri samgöngur við Neskaupstað þegar vegurinn gegnum Oddsskarð er orðinn að veruleika. Vegurinn gegnum Oddsskarð styttir auðvitað stórum leið og möguleika fyrir eskfirðinga að leita á fullkomið sjúkrahús og heilsugæslustöð þar. Uppi á Egilsstöðum hefur verið byggð mjög góð heilsugæslustöð sem hefur átt því láni að fagna að eiga góða starfskrafta. Nú er það alveg eins og með Skagaströnd, að ef hv. þm. og öðrum í byggðarlagi hans auðnast að fjölga verulega á þessum stöðum á næstunni, þá (KP: Það er vonlaust.) Ja, 5. þm. Vestf. segir að það sé vonlaust, en maður verður nú alltaf að lifa í voninni, — þá auðvitað verða heilbrigðisyfirvöld að taka þessi mál til frekari athugunar.

Það, sem hv. þm. kom inn á í sambandi við vangefna, þá er hér um að ræða ákaflega mikilvæg mál. Annars vegar eru vangefnir, sem hvergi eiga heima nema á hælum, og við vitum að það eru líka til örvitar sem ekkert er hægt að gera fyrir annað en að gefa að borða. Hins vegar eru margir vangefnir sem hægt er að þjálfa eins og hvern annan þó að það taki lengri tíma. Við í heilbrrn. fórum í gær upp í Mosfellssveit og komum þar að Tjaldanesheimili. Þar eru 28 drengir. Elsti vistmaðurinn er 34 ára, en sá yngsti er 5 ára. Þar fer fram kennsla og allir taka þátt í kennslunni. Menntmrn. eða fræðsluyfirvöld kosta kennsluna. Forstöðumaður þessa hælis sagði að hann legði áherslu á að þessir menn væru látnir vinna. Þeir hafa tækifæri til þess, hafa garð til að rækta að vorinu og lítið verkstæði. Þar er kennt að fara með verkfæri og smíða og sumir ná góðum árangri. Það er sóst eftir þeim í sveitinni að koma að vinna, og þeir eru stoltir af að fara burt og vinna. Forstöðumaðurinn segir að sumir þessara vistmanna geti alveg tvímælalaust farið að vinna með öðru venjulegu fólki. Það er einmitt þessi meðferð sem á að vera ríkjandi gagnvart öllum þeim sem einhver von er að geta eitthvað kennt, þó að þeir séu vanheilir. Og ég held að þessi stefna sé óðum að öðlast skilning bæði ráðamanna og almennings. Það er skoðun mín að við eigum ekki að byggja stór hæli sem verða í framkvæmd ópersónuleg, heldur minni hæli og sem víðast, eins og stefnt er að því að byggja nú næst á Austfjörðum. Hins vegar held ég að við getum verið tiltölulega ánægðir með þá breytingu sem varð varðandi framlög til þessara bygginga með hækkun á gjaldinu til Styrktarsjóðs vangefinna. Ég er alveg sammála þessum hv. þm. um þetta atriði.

Vitaskuld þurfa og eiga sérfræðingar að koma á heilsugæslustöðvar. Til þess er verið að byggja heilsugæslustöðvar. En við værum þá allt of bjartsýn og alls ekki sjálfum okkur samkvæm ef við teldum að það væri hægt að ráða sérfræðinga á allar þær heilsugæslustöðvar sem nú er verið að byggja. Ég held að það þurfi annað og meira til þess að fá sérfræðingana á þær stöðvar. Ég held að það þurfi þá að vopna heilbrigðisþjónustuna. En það er nú ekki ætlunin í þessu landi. Hins vegar verður að stefna markvisst að því að auka þessa sérfræðiþjónustu með því að ráða sérfræðinga til þess að fara til heilsugæslustöðvanna með tilteknu, ákveðnu millibili. Við erum t. d. nú í heilbrrn. að auka þessa sérfræðiþjónustu við heilsugæslustöð í Borgarnesi frá góðu sjúkrahúsi á Akranesi. Þannig ætlum við að nota hluta af þeirri takmörkuðu heimild sem við fáum til að fjölga læknum. En það var ansi naumt skammtað á skömmtunarskrifstofu Alþingis fyrir jólin.

Það er líka mjög eftirtektarvert og mikið atriði og rétt að benda á að við eigum nú einhverja fullkomnustu fæðingardeild sem til er og ungbarnadauði er minnstur á Íslandi þegar Sviþjóð ein er undanskilin. Það er auðvitað því að þakka, að við höfum bæði byggt fullkomna fæðingardeild með fullkomnum tækjum og það sem auðvitað er mest vert, að við eigum mjög góða og færa lækna í þessari grein. Þessi uppbygging á auðvitað að verða til þess að fleiri verða vangefnir en áður á meðan vantaði kunnáttuna á þessu sviði. En þetta bjargar svo miklu fleirum en áður var. Allt verður þetta að haldast í hendur.

Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði, þá talaði hann mikið um að með lögum um heilbrigðisþjónustu hefði vaxið hlutur í heilbrigðismálunum, með tilkomu þeirra, en þau tóku gildi 1. jan. 1974. Lög um heilbrigðisþjónustu áttu sér langan aðdraganda. Það var byrjað að undirbúa þessa lagasetningu litlu eftir að heilbrrn. varð til sem sérstakt rn., og að þeim undirbúningi stóðu allir flokkar. Að lagasetningunni stóðu líka allir flokkar. Það var ekki um neina flokkaskiptingu að ræða, hvorki við undirbúning þessarar löggjafar, sem hófst á viðreisnartímabilinu, né þegar hún var samþ. hér á Alþ. á valdatímabili vinstri stjórnarinnar, svo að þessi löggjöf í sjálfu sér er hrein stefnumörkun allra flokka í mjög góðri samvinnu. Það voru smávegis ágreiningsefni, eins og t. d. viðhorfin til Skagastrandar og Bíldudals og þess háttar. en það var aukaatriði á við þessa heildarlöggjöf, þó að það sé ýmislegt í henni, sem þurfi að breyta, því að engin löggjöf er sett sem er fullkomin.

Heildarútgjöldin til heilbrigðismála hafa ekki tekið neinum stórbreytingum núna síðustu árin. 1950 voru þau innan við 3%, eða 2.9%, 1971 eru þau komin í 5.3%, 1972 5.5%, 1973 lækka þau í 5.1%, 1974 hækka þau í 5.8% og á árinu 1975 hækka þau enn í 6.4%. En þetta er kannske ekki sá hinn rétti samanburður. Að vísu er núna dýr uppbyggingin, en ekki er óeðlilegt að þessi málaflokkur hækki á meðan við erum að byggja upp. En við vitum að eftir að Landsspítalinn var reistur 1930 var ákaflega lítið látið til heilbrigðismála eða heilbrigðisuppbyggingar, enda fór þá í hönd mikill krepputími þar sem lítið var hægt að gera annað en halda sæmilega lífinu í þjóðinni og ekki fara út í neinar stórframkvæmdir.

Varðandi það, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði, þá er ég honum alveg sammála um að þetta er mjög merk hugmynd og merk stofnun sem þarna hefur risið. En hins vegar verðum við auðvitað að fara mjög varlega í sambandi við allt er lýtur að greiðslum frá hinu opinbera. Það verður að vera afar stíft eftirlit með fólki. Það er svo margt fólk sem vill nota sér öll þægindi. Eitt af því, sem er erfitt í sambandi við ferðakostnaðinn, er hvar á að draga mörkin. Eiga allir að fá ókeypis bíla í tryggingakerfinu sem þurfa að fara til læknis, eða hvað eiga að vera margir km til þess að njóta styrks? Þetta hefur staðið í mönnum í tryggingakerfinu frá byrjun. Það er sanngjarnt að greiða styrki, en þeir verða að vera innan einhverra ákveðinna marka, þannig að þetta sé ekki misnotað. Þetta er eitt af því sem er til meðferðar hjá þeirri n. sem er að endurskoða almannatryggingalögin, hvort hún kæmist niður á eitthvað ákveðið í þessum efnum. En ég tel að utanbæjarfólk hafi fengið töluvert upp í uppihaldskostnað, það sem getur dvalið á hóteli eins og Rauðakrosshótelinu sem Tryggingastofnunin greiðir til, þó að það sé engan veginn nóg. Við greiðum aftur til útlanda ferðastyrki, þeirra njóta allir og eiga það auðvitað, þeir sem þurfa að fara og Tryggingastofnunin samþykkir að fari. Þar á auðvitað að greiða ferðakostnaðinn frá því að fólk fer að heiman, eh ekki eingöngu héðan frá Reykjavík. Allt eru þetta mjög mikil vandamál sem er erfitt að fullyrða um. En ég held að þó að þessar umr. hér á Alþ. í dag verði ekki miklu lengri, þá sé þessi skýrsla grundvöllur að umr. og margvíslegum upplýsingum víðs vegar um land og geti orðið hvati til þess að ræða bæði heilbrigðismálin í heild og einstök tiltekin atriði.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans, þó að nokkurs misskilnings gætti að vísu varðandi sumt af því sem ég hafði hér áður sagt. Ég minntist t. d. aldrei neitt á og átti alls ekki við heilbrigðislöggjöfina þegar ég minntist á að framlög til sjúkrahúsmála hefðu aukist í tíð vinstri stjórnarinnar. Ég átti einfaldlega við það, að framlög til heilbrigðis- og sjúkrahúsmála hefðu stóraukist á vinstristjórnartímanum, og ég held að það sé tiltölulega auðvelt að sýna fram á það, að t. d. milli fjárlagaáranna 1971 og 1972 var um mjög verulega aukningu að ræða. Ég hlustaði að vísu rétt áðan á ráðh. koma með prósentutölur sem hefði hugsanlega mátt túlka á annan veg og lesa annað út úr. Hann var þar með prósentutölur sem áttu að sýna hvað framlög til sjúkrahúsmála væru stór hundraðshluti af ríkisútgjöldum. Ég hef að undanförnu heyrt útreikninga af þessu tagi frá fleiri hæstv. ráðh. en hæstv. heilbrrh., og ég verð að lýsa því yfir að slíkur útreikningur er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Þar er sem sagt ekki verið að bera saman framlög til ákveðins málaflokks frá ári til árs og þá hugsanlega tekið með í reikninginn hvað miklar verðhækkanir hafa átt sér stað milli ára, heldur er önnur tala tekin með inn í dæmið, ríkistekjurnar á hverjum tíma, og þær geta auðvitað verið talsvert breytilegar frá ári til árs eftir því hvernig tekjustofnum ríkisins er háttað.

Það vill einmitt svo til að á fyrsta heila ári vinstri stjórnarinnar tók hún að sér að greiða ýmsan þann kostnað sem sveitarfélögin í landinu höfðu áður greitt, eins og stóran hluta af gjöldum til almannatrygginga, löggæslukostnað og ýmis fleiri gjöld. (Gripið fram í.) Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, já. Þá hef ég misskilið ráðh. En ég ætlaði að koma því að, vegna þess að ég hafði það í huga að ég heyrði svona samanburð nú fyrir skemmstu, að hann er afar hæpinn þegar miðað er við ríkisútgjöldin vegna þess að tekjur og gjöld ríkisins geta verið ákaflega breytileg eftir mismunandi forsendum. Það sama gildir reyndar um þjóðarframleiðsluna sem slíka. Ef um er að ræða hækkun á afurðaverði erlendis, t. d. verulega hækkun milli ára, þá telja menn sig e. t. v. geta sannað það með tilvísun til slíkra talna að raunverulega hafi t. d. framlög til sjúkrahúsmála lækkað eða hækkað eftir atvikum. Ég held að það sé ekki nein viðmiðun sem eigi rétt á sér í slíkum tilvikum, engir útreikningar sem eigi rétt á sér, aðrir en þeir sem einfaldlega eru tölulegur samanburður milli ára og þá tillit tekið til verðbólguáhrifa. Og þá held ég að það fari ekkert á milli mála, að einmitt á vinstristjórnarárunum var tekið ákaflega stórt og merkilegt stökk upp á við hvað snertir framlög til sjúkrahúsbygginga.

Mér þótti gott að heyra að hæstv. ráðh. staðfesti það sem ég hafði sagt hér áðan um afleitt ástand í heilbrigðismálum sums staðar í mínu kjördæmi og þá sérstaklega á þeim stað sem hann

nefndi, Hvammstanga. Ég sagði aldrei hér áðan að ástandið í heilbrigðismálum á Norðurlandi vestra væri á hverjum einasta stað þar verra en annars staðar á landinu. Ég vakti aðeins athygli á því, að ástandið væri afleitt eins og víða annars staðar, mikil þrengsli, en þó hefði hvergi verið byrjað á neinum nýjum framkvæmdum við heilsugæslustöðvar, jafnvel þótt fé hafi verið veitt nú um margra ára skeið til sumra þessara staða, m. a. til tveggja þessara staða nú samfleytt í 4 ár.

Ég er reiðubúinn að óska hæstv. ráðh. til hamingju með hina glæsilegu teikningu af heilsugæslustöðinni á Ísafirði, sem ég efast ekki um að er öllum aðilum til mikils sóma. En ég vil hins vegar minna á að það hefur ekki vantað teikningarnar þegar heilsugæslustöðvar á Sauðárkróki og Blönduósi hafa verið annars vegar. Það hafa sannarlega verið gerðar margar teikningarnar og það fínar. Hins vegar hefur ekki náðst neitt samkomulag um það milli þessara þriggja aðila, þ. e. a. s. heimamanna, ráðuneytisins og teiknaranna, hvernig þessar teikningar eigi endanlega að líta út, og því hefur farið sem farið hefur, að það hefur ekkert gerst. Þetta er ástand sem er með öllu óþolandi og ég var að óska eftir að hæstv. ráðh. tæki hér til umr., því að það er alls ekki svo, eins og hann gaf í skyn, að rn. hafi alls ekkert með þessi mál að gera. Rn. verður að samþykkja teikningarnar. Það verður að ganga úr skugga um hvort viðkomandi teikningar standist þann staðal sem rn. gefur út, og það er því endanlega rn. sem hefur seinasta orðið í þessum efnum.

Ég veit að hæstv. ráðh. var orðinn óþolinmóður að bíða eftir því að framkvæmdir hæfust við heilsugæslustöð á Ísafirði og það að vonum. Og ég er það líka hvað mitt kjördæmi snertir. Við vitum báðir að það á ekki að vera þörf á því að bíða nema í mesta lagi eitt til tvö ár eftir því að teikningum af þessu tagi sé lokið. Þegar búið er að bíða í fjögur ár og stöðugt eru veitt fé án þess að nokkuð gerist, þá er auðvitað orðið um hneyksli að ræða.

Varðandi málefni Skagastrandar, sem við höfum skipst hér á nokkrum orðum um, þá vil ég nú vekja athygli ráðh. á því, að hann hefur misskilið það sem ég sagði um það efni. Það er alls ekki skoðun mín og það er alls ekki skoðun okkar þm. Norðurl. v., að við eigum að hverfa frá því skipulagi sem lögmælt er í lögum um heilbrigðismál. Við erum ekki að fara fram á að það sé sett sérstök heilsugæslustöð á Skagaströnd. Við vitum sem er, að ekki kemur að því fyrr en málin verða tekin til heildarendurskoðunar á landinu öllu, og þá verða fleiri staðir sem fá heilsugæslustöðvar. Við erum hins vegar að fara fram á að ráðinn sé læknir að heilsugæslustöðinni á Blönduósi sem hafi búsetu á Skagaströnd og þá um leið starfsaðstöðu, sem hann hefur reyndar þegar í dag því hann fer út á Skagaströnd og tekur þar á móti sjúklingum a. m. k. tvisvar í viku. Skagstrendingar mundu miklu betur geta sætt sig við þetta skipulag og telja sig búa við miklu meira öryggi í heilbrigðismálum ef þessi skipan yrði tekin upp. Og ég vek athygli ráðh. á því, að til þess að þessari skipan verði á komið þarf ekki lagabreytingu. Það er í lögunum um heilbrigðismál bráðabirgðaákvæði sem unnt er að styðjast við og er vafalaust enn í fullu gildi, því það var ótímabundið, og ég tel að ráðh. gæti raunverulega gengið frá málunum með þessum hætti á grundvelli þeirra laga sem fyrir eru. Ekki væri úr vegi að hann setti þá reglugerð sem staðfesti þessa skipan, og það getur hann alveg vafalaust gert á grundvelli núverandi laga.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að þetta atriði, sem ég hef hér vakið máls á varðandi Skagaströnd, á hugsanlega við á fleiri stöðum á landinu. Ég hef heyrt umkvartanir af svipuðu tagi víða að, og ég er sannfærður um að þessi skipan mála á fyllsta rétt á sér. Ég bið því hæstv. ráðh. og embættismenn rn. að taka til velviljaðrar athugunar hvort ekki væri hægt að taka jákvætt undir þessar óskir.

Efri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 23. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ritari þingflokks Sjálfstfl. hefur ritað forseta Ed. svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 22. mars 1977.

Samkvæmt beiðni Jóns Árnasonar, 2. þm. Vesturl., sem nú liggur í sjúkrahúsi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður hans, séra Ingiberg J. Hannesson, taki sæti hans á meðan á Alþingi."

Ingiberg J. Hannesson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113, n. 357 og 358). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 358 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 10:5 atkv.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IT, IH, JÁH, JGS, OÓ, StG, AG, AJ, EggÞ, ÞK.

JHelg, RA, StJ, StH, GeirG, HFS greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÁB, EÁ, GH, HÁ) fjarstaddir.

2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests, frv. (þskj. 379). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa

vegna sjúkdóms- og slysaforfalla voru samþykkt á Alþ. veturinn 1957—1958. Þessi lög voru á sínum tíma stórmerkileg réttarbót, Verkalýðshreyfingin hafði þá um langt skeið reynt að ná fram þessum réttindum í kjarasamningum, en ekki tekist. Það var ekki fyrr en þetta haust að samkomulag náðist við þáv. ríkisstj., svonefnda vinstri stjórn, um að hún beitti sér fyrir því að hrinda þessu stórmerka réttindamáli alþýðu í framkvæmd og lögfesta ákvæði um að verkafólki, sem fengi laun sín greidd í tímavinnu eða með vikukaupi og hefði unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, bæri eins mánaðar uppsagnarfrestur og auk þess 14 daga veikindaorlof eða leyfi frá vinnu í 14 daga sökum sjúkdóma eða slysa.

Í þessum lögum varð að sjálfsögðu að skilgreina með ákveðnum hætti hvað væri átt við með hugtakinu eitt ár, því að það var hægt að skilja það á ýmsa vegu og allir voru sammála um að einhver lágmarksskilyrði yrði að setja. Var átt við það að maður hefði unnið stöku sinnum hjá sama atvinnurekandanum á seinustu 12 mánuðum eða stöðugt og óslitið? Í þessu efni var farin millileið og talið nægja að viðkomandi hefði unnið sem næmi 3/4 hlutum dagvinnustunda á einu ári, en það voru á þeim tíma 1800 klst. Þessi tala var einfaldlega þannig fengin að margfaldaðar voru 50 vikur með 48 stundum í hverri viku og þá fáum við út töluna 2400, og 3/4 hlutar þessara stunda eru 1800 klst. á ári. Síðan þessi lög voru lögfest hefur hins vegar orðið sú breyting, að vinnustundafjöldi á viku hverri hefur lækkað úr 48 stundum í 40 stundir og samsvarandi vinnustundafjöldi á ári er því 2000 stundir. 3/4 hlutar þess fjölda eru 1500 klst.

Ég tel eðlilegt og sanngjarnt að lögunum sé breytt þannig að þau séu í fullu samræmi við vinnustundafjöldann eins og hann er orðinn, og ég tel að þetta geti skipt miklu máli fyrir marga sem þannig stendur á um að þeir eru þarna nærri mörkunum. Ég tel satt að segja furðulegt að þetta lagaákvæði skuli ekki hafa verið leiðrétt til *samræmis við gildandi kjarasamninga í landinu* og hreint ekki seinna vænna að þessu verði breytt.

Þetta mál er stærra og meira en margur hyggur við fyrstu sýn. Ég býst við að hér á höfuðborgarsvæðinu skipti þetta kannske eitthvað minna máli en sums staðar úti á landi. En staðreyndin er sú, að víða um land er vinna stopul, sérstaklega fyrir ýmsa hópa, eins og húsmæður. Það koma miklar eyður í vinnu þessa fólks og er því langt frá að *þetta fólk nái auðveldlega að hafa verið samtals* 1800 stundir í vinnu hjá sama vinnuveitandanum á einu ári. Og þetta á alveg sérstaklega við fiskvinnu og uppskipunarvinnu og ýmis hliðstæð störf.

Í þessu sambandi er athugandi að réttindin, sem fylgja því að hafa verið í vinnu í eitt ár hjá sama vinnuveitanda, eru ekki aðeins þau að viðkomandi hlýtur eins mánaðar uppsagnarfrest og 14 daga *veikindaorlof ef á þarf að halda*, heldur eru einnig samningar um orlof mjög tengdir þessu ákvæði. Í kjarasamningum sem gerðir voru fyrir liðlega einu ári, 27. febr. 1976, var það ákvæði í 8. gr. þeirra samninga, varðandi orlofslaun, að sá skoðast fastur starfsmaður sem hefur minnst eins mánaðar uppsagnarfrest. Ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. viti hvað hugtakið orlofslaun þýðir. Það táknar að viðkomandi fær ekki orlofsfé greitt inn á póstgíróreikning jafnóðum og hann vinnur fyrir launum sínum, heldur fær hann einfaldlega orlof greitt í þeim mánuði þegar hann tekur orlofið. Það eru orlofslaunin, og þessi réttindi eru bundin við þá sem hafa eins mánaðar uppsagnarfrest, en það eru svo aftur á móti einmitt þeir sem uppfylla skilyrði þeirra laga, sem ég er hér að gera að umtalsefni.

Breyting á lögunum í þá átt, sem ég geri hér till. um, mun að sjálfsögðu mjög stuðla að því að fjölga þeim sem rétt eiga til fjögurra vikna orlofs á óskertu kaupi. Og ég vek hér athygli á því, að þetta er ekkert smáræðis hagsmunamál á verðbólgutímum. Ég veit að vísu að ef verðlag er stöðugt, þá breytir það ekki ýkjamiklu hvort menn fá yfir árið 8.33% af launum greitt inn á póstgíróreikning eða hvort þeir taka, þegar þar að kemur, 4 vikna orlof á óskertu kaupi. Á því er ekki neinn teljandi munur þegar verðlagið er stöðugt. En ég þarf sannarlega ekki að minna hv. þm. á að svo er ekki, og þegar verðbólgan er 30—40% á ári, þá er ákaflega mikill munur á því hvort menn fá greidd orlofslaun eða orlofsfé. Sá, sem fær orlofsfé greitt á póstgíróreikning, fær raunverulega laun í orlofsmánuðinum sem eru í samræmi við meðallaun sem verið hafa á liðnu ári en sá sem fær orlof með óskertum launum á því augnabliki er hann tekur orlofið, hann fær vafalaust um það bil 20% hærri laun þann mánuðinn, miðað við þá verðbólgu sem nú er ríkjandi, og ég held að munurinn geti orðið allt að 40—50%, eftir því hver útkoman úr kjarasamningum verður í vor, en það kemur að sjálfsögðu þarna til viðbótar.

Ég vil biðja hæstv. forseta að hlutast til um að hæstv. félmrh. komi hér og svari fsp. sem mig langar til að bera upp við hann og ég hef gert honum þegar grein fyrir, en hann er því miður nú staddur á fundi í Nd. (**Forseti:** Ég var að koma af fundi ráðh. og hann tjáði mér að hann væri að fara upp í ræðustól í hv. Nd. svo það er úr vöndu að ráða að hafa hann á báðum stöðum í senn. Við getum frestað þessum umr., ef hv. þm. vill.) Nei, ég held ég ljúki máli mínu, en óska þá frekar eftir því að umr. verði frestað, þannig að ráðh. eigi þess kost að svara spurningunni. (**Forseti:** Við getum frestað umr. um sinn og tekið hana upp aftur síðar á þessum fundi e. t. v.) Já, en ætli ég ljúki ekki máli mínu.

Ég vildi sem sagt benda á það í þessu sambandi, að nú er algjör ringulreið ríkjandi á vinnumarkaðnum hvað snertir framkvæmd þess samningsákvæðis sem ég gat hér um, varðandi orlofsgreiðslur þeirra sem teljast fastir starfsmenn. Sumir atvinnurekendur hafa búið sig undir að standa við skuldbindingar sínar að þessu leyti, aðrir hafa greitt orlof þessa fólks, sem reiknað er með að fái þessi nýju réttindi, inn á bankareikning til bráðabirgða, en ekki til póstgíróstofunnar, og enn aðrir hafa, að því er ég veit best, virt þessi samningsákvæði algjörlega að vettugi og hafa borgað orlofsfé til póstgíróstofunnar eins og ekkert hafi í skorist og engir samningar hafi verið gerðir. Ég tel að það sé augljóst mál, að þegar orlofsárið byrjar lenda þessi mál í hinni mestu flækju og þúsundir manna munu ekki fá orlof greitt í samræmi við gerða samninga. Ég

held því að búast megi við mikilli skriðu málaferla vegna óuppgerðra orlofsmála.

Ég vek á því athygli, að það er ekki þörf lagabreytinga til þess að framkvæmd orlofs geti orðið með þeim hætti sem samningaákvæðið gerir ráð fyrir. Það segir alveg skýrt í 4. gr. orlofslaganna hvernig fara skuli að í sambandi við greiðslu orlofslauna. Hitt er alveg ljóst, að framkvæmdahlið málsins er ekki orðin alveg nógu ljós og skýr, enda langt frá því að núverandi kerfi á orlofsgreiðslum í gegnum póstgíróstofuna hafi komist í viðunandi horf.

Ég vek á því athygli að á liðnum vetri var lagt fram hér á hv. Alþ. frv. um nýja skipan orlofsmála. Það var nýtt frv. um orlofsgreiðslur. Þetta frv. var afgreitt frá hv. Ed., en komst aldrei í gegnum Nd., og það er m. a. þess vegna sem þessi mál eru í hinni mestu hendu og hnút. Ég satt að segja er mjög undrandi á því að nýtt frv. skuli ekki hafa séð dagsins ljós á þessum vetri. Það var einmitt það sem ég vildi spyrja ráðh. um, hvort hann ætlaði ekki að leggja frv., sem var samþ. hér í Ed. í fyrra, fyrir Alþ. að nýju, annaðhvort í óbreyttu eða breyttu formi. Ég vil benda á að það er algerlega óhjákvæmilegt, ef ekki verður af því að orlofslögunum verði breytt á þessum vetri, að félmrh. gefi út nýja reglugerð um framkvæmd þessara mála til þess að hjá því verði komist að þessi mál lendi í einum hnút núna í vor og sumar.

Ég vil svo að lokum minna á að við stöndum frammi fyrir miklum og hörðum kjaraátökum nú innan tíðar. Verkalýðshreyfingin hefur sett fram ákveðnar kröfur, — kröfur sem ekki geta talist annað en sanngjarnar og eðlilegar. Hún gerir þær kröfur að lægstu kauptaxtar verði a. m. k. 100 þús. kr. miðað við mánuðinn og miðað við þá vísitölu sem var í nóv. s. l. Kröfurnar eru einnig á þann veg, að annað kaup hækki að sömu krónutölu og að verðbætur verði greiddar á laun að nýju. Krafan, sem lögð er fram í vor, er fyrst og fremst um það að launafólk endurheimti það sem það hefur misst á liðnum tveimur árum. En þó er boðið að vísitölukerfi verði ekki með sama sniði og hafði lengi verið hér, heldur verði hagað þann veg, að sama krónutala komi á öll laun, en ekki eins og áður var, að um verði að ræða sömu prósentuhækkun á öll laun. Verkalýðshreyfingin leggur sem sagt þyngsta áherslu á að rétta hlut þeirra sem lægst hafa launin, enda þótt aðalkrafan sé um leið sú, að allir launþegar fái nokkra leiðréttingu vegna þess sem þeir hafa misst á seinustu þremur árum.

Í þessu sambandi er vert að minna á að það er fyrst og fremst ríkisstj. sem á sök á þeirri kjaraskerðingu sem orðið hefur. Það var hæstv. ríkisstj. sem afnam vísitöluuppbætur á laun, og það var þessi sama ríkisstj. sem beitti sér fyrir gengisfellingum sem hafa leitt til þess að erlendur gjaldeyrir hefur hækkað í verði um liðlega 100% á tveimur og hálfu ári. Verðbólgan, sem hefur geisað nú seinustu tvö árin, er tvímælalaust að miklum meiri hluta til vegna beinna stjórnvaldsaðgerða, eins og auðvelt er að sýna fram á, og það eru þessar aðgerðir sem hafa rýrt kjörin svo að launafólk er nú neytt til þess enn einu sinni að heyja harðvítuga kjarabaráttu.

Eins og það mál, sem ég hef gert hér að umræðuefni, þ. e. a. s. lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, ber vitni um, þá hefur það verið svo að vinstri stjórnir, sem setið hafa að völdum hafa aukið rétt verkafólks á fjöldamörgum sviðum, og mætti ekki aðeins nefna það dæmi sem ég hef hér gert að umtalsefni, heldur minna á aðgerðir vinstri stjórnarinnar á sínum tíma, bæði hvað varðar styttingu vinnutímans og lengingu orlofs. En það hefur sem sagt komið í hlut hægri stjórna að rýra kjörin jafnt og þétt svo að verkalýðshreyfingin hefur óhjákvæmilega lent í vörn, eins og þróun kjaramála seinustu tvö árin hefur sýnt. Það er sem sagt útlit fyrir harðvítug átök á vinnumarkaðnum vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur ekkert annað úrræði að óbreyttri stjórnarstefnu en beita víðtækri vinnustöðvun. Það, sem stjórnvöld ættu nú að gera að sjálfsögðu, er að ganga til móts við kröfur verkalýðshreyfingarinnar. Það verða að sjálfsögðu miklar launabreytingar í vor, hvort sem ríkisstj. líkar það betur eða verr. Undan því verður ekki vikist. Breytingar á launakjörum fólks eru óóhjákvæmilegar og sjálfsagðar. Þessar breytingar eru ekkert annað en afleiðing af stefnu ríkisstj. Spurningin, sem við stöndum frammi fyrir, er aðeins sú, hvort efnahagsmálunum verður hagað á þann veg á næsta ári að þessar breytingar geti átt sér stað án þess að af því hljótist veruleg verðbólgualda. Þetta er framkvæmanlegt ef vilji er fyrir hendi, og á það hlýtur að reyna.

Það mál, sem ég hef hér gert að umtalsefni, er vissulega smátt í samanburði við þessi stóru mál sem eru efst á baugi í kjaraátökunum í vor. En ég minni samt á það hér að lokum, að þetta er mikilsvert hagsmunamál fyrir talsverðum fjölda fólks sem nú er lausráðið í vinnu, þótt það hins vegar vinni að staðaldri hjá sama atvinnurekanda og eigi því fyllsta rétt til að öðlast þann rétt sem fastráðið fólk hefur lögum samkvæmt.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr., sem ég vænti að verði frestað um sinn svo að félmrh. verði gefinn kostur á að svara fsp. minni varðandi orlofsmálin, að þá verði þessu frv. vísað til hv. félmn.

Umr. frestað.

Innlend endurtrygging, frv. (þskj. 401). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frá því að lög nr. 43 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl., voru sett fyrir nærfellt 30 árum hefur þeim aðeins þrisvar sinnum verið breytt lítils háttar. Tvær breytingarnar, sú fyrri í l. nr. 12/1955 og sú síðari í l. nr. 5/1964, fjölluðu um hámark á ábyrgðarskyldu félagsins. Leyfilegur hámarksábyrgð er nú 2% á ári yfir vöxtum á almennum sparisjóðsbókum án uppsagnarfrests í Landsbanka Íslands. Þriðja breytingin er lög nr. 61 1962, sem fjalla

um breytingu fasteignaskatts og aðstöðugjalds, en félagið greiðir nú fasteignaskatt og aðstöðugjöld eftir þeim reglum sem um þau gjöld gilda á hverjum tíma.

Aðdragandinn að stofnun Íslenskrar endurtryggingar var sá, að þegar kafbátahernaðurinn byrjaði 1939 var stofnað félag sem kallað var Stríðsslysatryggingarfélag íslenskra skipshafna. Hlutverk þess var að annast stríðsslysatryggingar íslenskra skipshafna eftir því sem lög eða samningar sögðu til um á hverjum tíma. Nokkrir sjóðir söfnuðust hjá þessu félagi. Með l. nr. 106 1943 var ákveðið að þegar stjórn félagsins teldi þáverandi aðalhlutverki þess lokið skyldi nota sjóði þess sem fjárhagsgrundvöll almennrar endurtryggingar í landinu, einkum sjótryggingar. Nú var það svo, að samkv. lögum Stríðstryggingafélagsins átti að greiða mikinn hluta af eignum þess sem ágóðahluta þeirra sem iðgjöldin höfðu greitt er félagið hætti störfum. Ríkissjóður hafði á þeim árum greitt mikinn hluta iðgjaldsins fyrir fiskibátana, sem ekki sigldu með afla, og var því langstærsti iðgjaldagreiðandinn.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, skiptist efnislega í tvo þætti. Hinn fyrri fjallar um áhættufé félagsins, en sá síðari um stríðsslysatryggingu skipshafna.

Í lögum frá 1947 var áhættufé félagsins ákveðið 6 millj. kr. Það var mjög ríflegt á þeim tíma, svo ríflegt að það var mun hærra en lágmarkskröfur um hlutafé eða ábyrgðarfé vátryggingarfélaga voru þá í nágrannalöndum okkar. Samkv. heimild í 5. gr. l. hefur síðan verið bætt 400 þús. kr. við áhættuféð, en það segir lítið á móti þeirri verðrýrnun íslensku krónunnar sem orðið hefur á síðustu 30 árum. Nú er svo komið, að áhættufé félagsins er óeðlilega lágt miðað við þá starfsemi sem því er ætluð. Þó að eigið fé félagsins sé svo hátt að það fullnægi ákvæðum l. nr. 26 1973, um vátryggingarstarfsemi, varðandi það atriði, er æskilegt að félag, þar sem ríkið er stærsti eigandinn, hafi ekki lægra áhættufé en það lágmarkshlutafé eða ábyrgðarfé sem gildir fyrir önnur vátryggingarfélög.

Rýrnun áhættufjárins mæld í erlendum gjaldeyri hefur valdið félaginu verulegum óþægindum í viðskiptum við erlend vátryggingarfélög. Það hefur komið fyrir að félagið hefur misst af hagstæðum viðskiptum vegna þess að áhættufé þess hefur þótt of lágt. Mönnum getur sést yfir að eigið fé félagsins er í raun meira en það sýnist, vegna þess að bókfært verð fasteigna þess er mjög lágt. Þess er ekki að vænta að erlendir aðilar lesi reikninga svo vandlega að þeir veiti því athygli þótt þetta sé útskýrt í aths. Það er því orðið mjög aðkallandi að hækka áhættufé félagsins, og í frv. er gert ráð fyrir að það verði gert með þeim hætti að bókfært verð fasteigna verði fært upp í 90% af brunabótamati. Út á nokkurn hluta þeirrar hækkunar á eigin fé, er við það kæmi fram, yrðu gefin út jöfnunaráhættufjárbréf fyrir sexfalda upphæð innborgaðs áhættufjár. Við það kæmist innborgað áhættufé upp í 35 millj. 440 þús. Þar með er það orðið svo hátt að það samsvarar vel lágmarkskröfum um hlutafé eða ábyrgðarfé í ýmsum nágrannalöndum okkar, t. d. í Englandi. Nokkur ástæða er til að hafa hliðsjón af því, vegna þess að Endurtryggingin fær um ⅛ hluta af iðgjaldatekjum sínum af erlendum endurtryggingarsamningum. Þegar búið væri að hækka áhættuféð á þennan hátt, þá er ekki lengur þörf á að halda þeim áhættufjárábyrgðum sem félagið hefur nú. Þær eru aðeins 856 þús. kr. ábyrgð ríkissjóðs og frá Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélagi Íslands og Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. 60 þús. frá hverjum. Þessar ábyrgðir eru því felldar niður í frv., enda orðnar úreltar fyrir löngu. Þá er í frv. gert ráð fyrir að ráðh. geti síðar heimilað frekari hækkun áhættufjárins ef nauðsyn krefur, t. d. vegna áframhaldandi verðbólgu, ef hún verður ekki alveg stöðvuð.

Á styrjaldarárunum síðari voru hér í gildi lagaákvæði um að útgerðarmenn skyldu kaupa sérstaka stríðsslysatryggingu fyrir áhafnir skipa sinna. Fyrstu lög um þessa skyldutryggingu voru frá 7. maí 1940. Skyldutryggingin hélst til ársloka 1947, en féll þá niður samkv. ákvæðum í l. nr. 43 frá 1947. Hinsvegar var stríðsslysatryggingum skipshafna haldið áfram lengi eftir það samkv. ákvæðum í samningum útvegsmanna og sjómanna, m. a. vegna hættu af völdum tundurdufla. En þær voru síðast keyptar á árinu 1972.

Ýmis ákvæði laganna frá 1947 um stríðsslysatryggingar skipshafna, svo sem um iðgjöld, upphæð bóta og fleira, eru algerlega úrelt. Því eru þau felld alveg niður í þessu frv. Hins vegar er haldið almennum ákvæðum um stríðsslysatryggingu skipshafna, svo að hún sé tiltæk ef á henni þarf að halda. Ráðh. er gefin heimild samkv. frv. til að ákveða að kaupa skuli slíka tryggingu og setja reglur um bætur, nema samið sé um það atriði milli útvegsmanna og sjómanna.

Í stuttu máli sagt er nánast verið að færa þetta frv. til nútímaverðlags, og það er auðvitað fyrst og fremst hækkun áhættufjárins sem hér er um að ræða. Breytingin í sambandi við stríðsslysatrygginguna er auðvitað nauðsynleg vegna þess að þessi 30 ára gömlu ákvæði í lögunum eru fyrir löngu orðin úrelt. Ég tel fullvíst að um þetta frv. ríki fullkomin samvinna að afgreiða það, því að það er svo sjálfsagt og eðlilegar breytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Það er flutt að beiðni stjórnar Íslenskrar endurtryggingar, og þar eiga sæti fulltrúar ríkisins, fulltrúar þeirra aðila, sem áttu þátt að félaginu upprunalega, og tryggingafræðingar þess, sem leggja áherslu á að frv. nái fram að ganga.

Ég vænti þess að n., sem fær frv. til afgreiðslu, reyni að hraða afgreiðslu þess, því að þetta mál er mjög einfalt og það fylgir málinu mjög ítarleg grg. og nákvæm. En ef einhverra upplýsinga þarf að leita, þá bendi ég n. sérstaklega á forstjóra Íslenskrar endurtryggingar, K. Guðmund Guðmundsson tryggingafræðing, sem hefur verið forstjóri þessa félags frá byrjun, og mun hann vafalaust vera reiðubúinn að gefa allar þær upplýsingar sem um er beðið.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 381). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við hv. þm. Geir Gunnarsson flytjum á þskj. 381 frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 frá 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins. Frv. mælir fyrir um stofnun Fiskeldissjóðs er falli undir lög um Framkvæmdastofnun ríkisins með líkum hætti eða sama hætti og aðrir sjóðir sem Framkvæmdastofnun ríkisins fer með, og miða 1., 2., 3., 4. og 5. gr. frv. að þeim breytingum beinlínis, svo og 9. og 10. gr. þess. 6. gr. frv. er svo hljóðandi: „Ríkissjóður leggur Fiskeldissjóði til 600 millj. kr. með jöfnum greiðslum á næstu 5 árum, í fyrsta sinn árið 1978.“ Og 8. gr., sem skilgreinir einnig hlutverk Fiskeldissjóðs beinlínis innan ramma laganna, hljóðar svo: „Hlutverk Fiskeldissjóðs er að veita lán til fiskeldis, allt að 50% af stofnkostnaði, einnig að veita óafturkræf framlög til grundvallarrannsókna og tilraunastarfsemi á sviði fiskræktar.“

Í grg., sem ég mun vikja að hér á eftir, er að finna rökstuðning fyrir því hversu æskilegt sé að fiskeldi hér á landi verði eflt með þeim hætti sem ráðgerður er í frv. En áður en ég vík að sjálfri grg. kemst ég ekki hjá því, þó í mjög litlu sé, að víkja aðeins örfáum orðum að því brautryðjendastarfi sem unnið hefur verið hér á landi í fiskeldi á liðnum áratugum við frumstæð skilyrði og lítil efni. Þetta verður ekki samhangandi sögulegt yfirlit, heldur stiklað á stóru.

Vil ég þá fyrst geta kempunnar og hugvitsmannsins Þórðar Flóventssonar í Svartárkoti, sem hóf sjálfur af eigin rammleik og af eigin hugviti fiskiklak, silungsklak og fiskirækt í Svartárvatni fyrir síðustu aldamót, en ferðaðist síðan víða um landið og kom upp klakhúsum, hafði þá að vísu kynnt sér af erlendum fræðiritum nokkuð þær aðferðir sem erlendis tíðkuðust, en byggði þó fyrst og fremst á eigin athugunum og eigin hugviti. Ummerki eftir klakhúsin hans Þórðar í Svartárkoti getur að finna allvíða á landi hér enn í dag, og sums staðar verða þau mannvirki, sem hann hlóð með sínum sterku höndum, ekki kölluð rústir þó ekki séu þessi klakhús enn þá í notkun. Af brautryðjendastarfi Þórðar Flóventssonar í Svartárkoti mætti segja margar fróðlegar sögur og sumar undur skemmtilegar, en þær verða að bíða betri tíma og annars vettvangs.

Næst er að geta þess raunverulega, svo að stiklað sé enn á stóru, að Þórarnar tveir — e. t. v. er það ekki tilviljun að báðir hétu Þórarnar, því að það nafn tíðkast svo mjög í Öxnarfirði, það voru Þórarinn Haraldsson í Laufási og Þórarinn Jóhannsson í Krossdal — hófu silungseldi í Litluá þar fyrir norðan árið 1941 og héldu því áfram með ágætis árangri og hafa síðan báðir Þórarnar tveir sýnt mjög mikinn áhuga á því að lagt yrði fé í fiskrækt í Öxarfirði og fiskeldi.

Þá væri óverðugt að geta ekki Skúla Pálssonar á Laxalóni, sem svo er nefndur, sem hóf hér fiskrækt, fiskaeldi að dönskum sið rétt eftir styrjöldina, þá fyrst og fremst ræktun regnbogasilungs til útflutnings. Hann hefur síðan 1945 lagt í það brautryðjendastarf sem fiskeldi er hér á landi alla atorku sína og allt sitt fé, unnið þarna að mínu viti stórmerkt starf, sem ég vona að honum verði síðar þakkað betur fyrir en gert hefur verið til þessa.

Það liggur í augum uppi að Veiðimálastofnunin, embætti veiðimálastjóra, hefur lagt hér þungt lóð á metaskálarnar í fiskræktarmálum. Það starf, sem stofnun hans hefur unnið við tilraunir og við fiskrækt, hefur vissulega ýtt þessum málum mjög fram á leið.

En þess ber að gæta ef við sleppum starfi Skúla Pálssonar, — og ég held að ég geti ekki stillt mig um það, fyrst ég nefni hann öðru sinni hér, að láta í ljós þá skoðun mína að betur hefðu opinberir aðilar stutt örlítið rösklegar við bakið á honum en raun hefur verið, — en að því starfi slepptu, sem laut að eldi á fiski til slátrunar, hefur öll tilraunastarfsemi hérna og öll fiskrækt miðað að því að koma upp laxfiskum, fyrst og fremst laxi og einnig silungi, í veiðivötnum okkar.

Frv. það, sem við hv. þm. Geir Gunnarsson flytjum hér, miðar fyrst og fremst að eldi á fiski til slátrunar. Ég mun leyfa mér að lesa grg., sem frv. fylgir, með nokkrum innskotum til nánari skýringar:

„Svo sem kunnugt er hafa aðrar þjóðir, svo sem sovétmenn, japanir, bretar og norðmenn, þegar byrjað fiskeldi í sjó með góðum árangri. Eru þegar tiltækar upplýsingar um niðurstöður erlendra rannsókna á þessu sviði og um árangur þar sem fiskrækt hefur verið komið upp á grundvelli þeirra. Nefna má laxeldi sem norðmenn stunda nú í sjó með furðugóðum árangri og nýta úrgang frá fiskiðjuverum til fóðrunar. Hefur nýting þessa ódýra fóðurs verið með ólíkindum drjúg, þannig að 4—6 kg af fiskúrgangi nægja til framleiðslu á einu kg af laxi. Miðað við núgildandi verðlag á þessu fóðri og markaðsverð á laxi mun óhætt að fullyrða, að í engri grein búskapar sé fóðurkostnaður jafnlítill og í fiskeldi, enda mun fiskúrgangurinn, sem norðmenn nota í þessu skyni, gefa meira verð en sjálf matvaran sem fiskiðjuverin framleiða úr fiskinum.“

Það má vera ýmsum í fersku minni er fréttirnar tóku að berast hingað til lands fyrir nokkrum árum um furðulegan árangur sem norðmenn næðu nú í laxaeldi í sjó. Tortryggðu ýmsir, þegar þetta spurðist hingað, að 5 kg af frosinni loðnu eða frosnu slógi, blandað með rækjuskel eða humarskel, gæfu í fóðrun eitt kg af ágætislaxi. Samkv. gömlu kenningunni var það algert lágmark að það færu 10 kg af fóðri til þess að skila einu kg af lifandi holdi. En þegar eftir var gengið kom í ljós að þessar fréttir voru sannar. Norðmenn höfðu þá þegar í nokkur ár ræktað lax í netbúrum eða hringnótum, lokuðum í botninn, í ýmsum hinna syðri fjarða við vesturströnd Noregs, þar sem sjór er hlýjastur að vetrinum, með mjög góðum árangri, og nú er svo komið að þeir framleiða með þessum hætti allt að því tvöfalt meira magn af ágætislaxi heldur en það sem þeir veiða í ánum sínum og í sjó.

Í grg. segir síðan áfram:

„Ljóst er að á landi hér fellur til fiskúrgangur sem nægja mundi til framleiðslu á þúsundum lesta af dýrmætum matfiski — og ef reiknað

væri með hagnýtingu loðnu í þessu skyni, þá til framleiðslu á tugþúsundum lesta af laxi."

Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá sérfræðingum sem stundað hafa visindalegar tilraunir á þessu sviði hin síðari árin, er fullkomin ástæða til þess að ætla að við bestu skilyrði hér á landi mundi ekki þurfa nema 4 kg af fóðri til þess að framleiða kg af laxi. Fóðurmagnið gæti farið í hæsta lagi upp í 6 kg. fyrir kg. Reiknað verð á þessu fóðri nú, þar sem innifalinn er geymslukostnaður í frystihúsi, yrði 90 kr. fóðurkostnaður til þess að framleiða kg af laxinum sem samkv. verði undanfarinna tveggja ára ætti ekki að seljast undir 600 kr. kg.

„Tilraun, sem gerð hefur verið hérlendis á vegum Fiskifélags Íslands til laxeldis í sjó, bar ekki þann ávöxt sem menn gerðu sér vonir um, enda var til hennar stofnað af vanefnum í ýmsum skilningi."

Hér vil ég alls ekki varpa neinni rýrð á tilraun Fiskifélags Íslands þótt hún væri gerð af vanefnum hvað fjármagn snerti. Vó þar upp á móti bjartsýnin sem stundum hefur reynst okkur íslendingum alveg prýðilega, en stundum valdið nokkrum vonbrigðum. Vanefnin lágu einnig í skorti á þekkingu á þessu sviði. Tilraun til eldis á laxi með norsku aðferðinni uppi í Hvalfirði leiddi í ljós að jafnvel þar við Faxaflóa, jafnvel í Hvalfirðinum, verður sjór of kaldur á vetrum til þess að fiskurinn geti haldið þyngd, hann megrðist þar og léttist að vetrinum, og að þar er jafnvel hætta á því, í sjálfum Hvalfirði, að hitastig fari niður fyrir 0 gráður og þá drepst fiskurinn. Hins vegar fór því viðs fjarri að þessi tilraun, sem Fiskifélagið gerði í Hvalfirði, yrði til einskis gagns, því að segja má að vegna hennar hafi fengist upplýsingar sem benda mjög eindregið til þess að ekki verði einhlítt að nota óhitaðan sjó til þessarar starfsemi neins staðar á landi hér, á öllu svæðinu frá Hvalfirði vestur og norður um land og til suðurstrandarinnar, að við gætum ekki hagað eldinu á svipaðan hátt og norðmenn, sem nota þessar hringnætur sínar inni í fjörðum þar sem skjól er fyrir haföldu. Þetta getum við ekki gert vegna þess að sjórinn er of kaldur á þessu svæði og við verðum að bregða á annað ráð.

Ég minntist áðan á tilraunir sem sérfræðingar höfðu gert hér á landi í þessu skyni, og er frá þeim að segja að þær hafa verið býsna merkilegar. Þær hafa verið gerðar á vegum Líffræðistofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við embætti veiðimálastjóra og fyrst og fremst beinst að áhrifum umhverfisþátta á vöxt og þoska laxfiska. Þar er um undirstöðurannsóknir að ræða. En fjárskortur stendur í vegi fyrir því, að þeim tilraunum verði lokið, og torveldar jafnframt uppsetningu þeirra eldisstöðva, sem nauðsynlegar eru til sannprófunar á niðurstöðum þessara tilrauna.

„Fyrrgreindar tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu íslenskra líffræðinga, hafa m. a. beinst að kynblöndun laxfiska þeirra, sem best sameina vaxtarhraða og saltþol tveggja tegunda, og einnig að því, hvert vera muni æskilegt hlutfall seltu og hitastigs í vatninu."

Frá þessum tilraunum með kynblöndun fiskanna, hitastigið og seltuþolið er það m. a. að segja, að sérfræðingarnir, sem hér um ræðir, hafa blandað saman laxi og sjóbirtingi, fengið út fisk nokkurn sem þeir kalla laxbirting og er þeim kostum búinn, að seyði ganga fyrr til sjávar, þola fyrr seltu heldur en laxaseiði, og einnig þeim kostum búin, að vegna þess að þetta verða geldfiskar sem upp vaxa, þá leggja þeir ekkert, hvorki hrogn né svif, heldur þeim mun meira í sitt gómsæta og dýrmæta hold.

Mér skilst að niðurstöður tilrauna bendi til þess, að æskilegasta seltustig eldisvatnsins sé minna en gengur og gerist í sjó, heldur eigi það að vera sem næst eðlilegu saltmagni í blóði fiskanna, þannig að þeir þurfi ekki að leggja orku í það að vinna seltu úr blóðinu aftur. Og æskilegt hitastig mun vera öllu hærra en það sem best gerist við náttúrleg skilyrði, jafnvel hér við suðurströndina.

Ég ætla mér ekki að reyna að draga hér upp glæsimynd af hugsanlegum hámarksarði af búskap af þessu tagi. Þó vil ég geta þess hér aðeins til skilgreiningar, að talið er að árlega sé þörf fyrir einn kúbikmetra af söltu vatni með æskilegu hita- og seltustigi til framleiðslu á 10 kg af laxi árlega. Þetta mundi þýða það, að við þyrftum hektara til þess að framleiða 100 tonn af laxi, sem við mundum þá ala á 400—600 tonnum af fiskúrgangi, og afraksturinn ætti samkv. þessum útreikningum að verða 50 millj.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, ætti úrgangur úr bolfiskafla okkar, sem við verkum nú í fiskmjöl, að nægja til framleiðslu á 25 þús. tonnum af laxi. Ef reiknað væri með nýtingu á allri loðnunni okkar til laxeldis í ár, þá yrði framleiðslan 150 þús. tonn. Og ef við leyfðum okkur nú að reikna með milljón tonnum, sem hagsýslustofnun er farin að spá okkur af loðnu á ári, þá ætti það þá ásamt slóginu að nægja til þess að framleiða 259 þús. tonn af laxi. Það liggur í augum uppi, að hér kæmi til geysilegur fjármagnskostnaður, bæði frystigeymslur fyrir fóður í eldisþróm og eins hitt, að viðbúið er að markaðsverðið mundi breytast við þess háttar framboð. En eigi að síður er a. m. k. teorítískur möguleiki á því að við getum framleitt 250 þús. tonn af laxi með þessum hætti, breytt þessum ódýra bræðslufiski þannig í dýran fisk.

Ef maður leyfir sér að halda áfram svona fremur óábyrgum útreikningum í þessu sambandi, sláum 100 kr. af verði laxkg í þessu sambandi og reiknum með 500 kr. fyrir kg, þá ættum við að geta fengið með þessum hætti fyrir fiskúrganginn okkar og loðnuna, — mjölfiskinn, þ. e. a. s. fyrir laxinn sem við framleiddum með þessum hætti, 125 milljarða kr., og það er nú það sem danir mundu sennilega kalla „også penge".

Enda þótt lokaniðurstöður eða sannprófun á fyrrgreindum niðurstöðum tilgreindra rannsókna liggi ekki fyrir, eins og ég sagði áðan, þá þykja líkur benda til þess að fiskaeldi með þessum hætti eða svipuðum nái ekki fullkominni hagkvæmni annars staðar en þar sem hægt er að hita upp sjóinn með jarðvarma eða heitu aðrennslisvatni frá fiskiðjuverum. Kæmi þá hugsanlega til greina að nýta einnig afrennslisvatn frá sameiginlegum hitaveitum þar sem þeim yrði

komið upp, e. t. v. utan jarðhitasvæðanna. Þá yrði náttúrlega jafnframt að stjórna seltustigi aðrennslisvatnsins.

„Hins vegar hagar svo til mjög víða, að tiltækt er heitt vatn í þessu skyni. Við flest fiskiðjuverin utan jarðhitasvæðanna er bæði aðstaða til að koma upp eldisþróm og nægilegt vatn frá vélum til þess að halda sjónum volgum, og má nú heita að ekki vanti nema þennan herslumun sem fjárveitingavaldið eitt getur látið í té til þess að hægt sé að hefja hér fiskrækt í stórum stíl víðs vegar um landið.

Sem fyrr segir hafa tilraunir þær, sem gerðar hafa verið af sérfræðingum hérlendis, fyrst og fremst beinst að eldi lax og silungs, en líkur benda til þess að hægt sé að rækta á sama hátt í stórum stíl ýmis verðmæt skeldýr" — svo sem ostrur, humar — „og hentaði sá búskapur vel með eldi fyrrgreinds sporðfénaðar."

Ég vil taka það fram einmitt vegna þess að ég vék að Þórði Flóventssyni í Svartárkoti áður, að það mun hafa verið hann sem fyrstur manna nefndi kvikfé þessarar tegundar sporðfénað eða sporðpening, og þykir mér við hæfi að nota það heiti sem fer mjög vel í málinu.

Auk þess sem ljóst má vera að við gætum í sömu eldisþróm ræktað dýrmætan skelfisk og krabbadýr, sem þá mundu að sögn fyrrgreindra sérfræðinga vinna fyrir sér og vel það með því að hreinsa eldisþrærnar, þ. e. a. s. botnfallið fóður úr eldisþrónum — þetta hefur gefist vel erlendis — og fengið svo jafnvel enn þá verri laun á vissan hátt heldur en tíðkast nú að gjalda þjónum, þar sem þeim yrði síðan sjálfum slátrað, eftir því sem stofninn þyldi, og þau seld til eldis líka, — auk þess sem ljóst er talið að hægt væri með góðum árangri að rækta þessi krabbadýr og annan skelfisk í eldisþróunum, þá liggja fyrir niðurstöður af tilraunum með sjávarfiskeldi erlendis sem hafa gefið mjög góða raun og þá fyrst og fremst á flatfiski. Ég minnist þess, að fyrir tiltölulega skömmu var sýnd í sjónvarpi mynd af eldisstöðvum á Bretlandseyjum þar sem sólkoli var ræktaður í stórum stíl og hefur tekist að kynbæta hann og láta hann tímgast í eldisstöðvunum. Að vísu var komist þannig að orði þrisvar í þessum sjónvarpsþætti að kolinn verpti í eldisstöðvunum og legg ég nú áherslu á það, að við munum halda fornri málhefð um tímgun fiska, sem er á þá lund að þeir hrygni, kýrin ber, tíkin gýtur o. s. frv. En hvað um það, það er staðreynd að á Bretlandseyjum eru nú þegar reknar eldisstöðvar þar sem ræktaður er dýrmætur flatfiskur með mjög góðum árangri.

Þessar tilraunir, þessar eldisstöðvar yrðu af eðlilegum ástæðum einna helst fýsilegar á þeim svæðum þar sem tiltækur er heitur jarðsjór. Í þessu sambandi er eðlilegt að hugleiða sérstaklega möguleika á því að nýta jarðsjó þann, sem til mun falla í sambandi við fyrirhugaða sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi, og geta má þess að líkur þykja benda til að álíka aðstaða muni vera til fiskræktar í Öxarfirði norður, þótt ekki hafi menn hugað eins mikið að henni enn þá eins og hér syðra.

Ég ætla mér ekki að þessu sinni að reyna að draga upp fyrir okkur neins konar efnahagslega glæsimynd af þeim möguleikum sem felast í fiskeldi í heitum sjó og við jarðvarma. Síst vildi ég að fjárglaðir menn á Íslandi tækju álíka kipp og þegar lýst var fyrir þeim gróðamöguleikunum í sambandi við minkana. En um hitt er ég alveg viss, að þeim peningum yrði vel varið nú sem við settum í það að gera sérfræðingum okkar, sem unnið hafa að þessum málum undanfarið, kleift að ljúka tilraunum sínum, sem eru mjög vel á veg komnar, og enn fremur gera þeim kleift að sannprófa niðurstöður, sem þegar liggja fyrir um þessar tilraunir, ef vera mætti að okkur auðnaðist þó ekki væri nema að hundraðfalda verðið sem fæst fyrir úrgangsfiskinn á þeim slóðum.

Að lokinni þessari umr. óska ég þess að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Svipað mál þessu hefur borið hér á góma nokkrum sinnum áður. M. a. var það eitt af mínum fyrstu verkum hér á hv. Alþ. að hreyfa svipaðri hugmynd um að efla Fiskræktarsjóð með verulegu átaki. Ef ég man rétt var það fyrir 9 eða 10 árum, þá með 10 millj. kr. framlagi sem væri nú í dag nokkuð á annað hundrað millj. kr. Ég vil því taka undir þessa hugmynd. Hún á meira en rétt á sér, bráðnauðsynlegt er að hún komist í framkvæmd. Hitt er svo annað mál, að allt þetta mál kostar auðvitað fjármagn, og hvort þessi tala er rétt eða röng, of há eða of lítil, læt ég aðra fjalla um. Hér er nokkuð vel í lagt og er það út af fyrir sig nauðsyn og einnig nauðsyn að dreifa þessu á ákveðið tímabil.

Hins vegar fannst mér í ræðu hv. fyrri flm. frv. gæta verulegrar bjartsýni, og það er út af fyrir sig gott því menn ráðast yfirleitt ekki í þessa hluti nema vera bjartsýnir eða í starfsemi kringum fiskinn á annað borð hér á Íslandi. En ég vil nú, af því að hann nefndi minkinn í lok sinnar ræðu, vara einmitt við of mikilli bjartsýni í þessum málum. Ég taldi rétt að styðja minkaeldi á Íslandi, en ég lýsti þeirri skoðun, að við ættum að byrja á fjórum búum og helst sínu í hverjum fjórðungnum til að fá reynslu. Sama finnst mér við eigum að gera í þessum málum. Það mætti vel koma upp fjórum skipulögðum stöðvum á mismunandi landssvæðum og fá nokkra reynslu af og hefjast síðan handa með stórmiklum framlögum, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, því að þrátt fyrir það að víða erlendis er veruleg reynsla fyrir hendi, þá eru okkar aðstæður allt aðrar en erlendis. Við getum fengið upplýsingar frá rússum, sem eru lengst komnir í þessu efni, kínverjum og japönum, en ég held að samanlagt skipti það milljónum tonna sem þeir framleiða í fiskeldi. Hins vegar er meiri hluti þeirrar framleiðslu ekki í söltu vatni, heldur í fersku vatni, þó eitthvað sé blandað.

Ég á bók sem segir sögu fiskeldis dana yfir hálfa öld. Þar er lýst sigrum og þar er lýst mistökum og þeim vandræðum sem leiddi af reynsluleysi manna. Þessi bók er verulega fróðleg aflestrar fyrir alla þá er áhuga hafa á þessum málum. Við ættum að hagnýta okkur reynslu dana í þessu efni. Þeir eru áreiðanlega fúsir til að leggja okkur lið og miðla af reynslu sinni og þekkingu. Aðstaða þar er víða slík að 2—3

býli verða að nota sama vatnið, það er gegnumstreymi frá einu býli til annars. Við hér búum við miklu, miklu betri aðstæður. Við höfum bæði heitt vatn, eins og flm. undirstrikaði mjög rækilega, sem gefur þessu verulegt gildi, og auk þess mjög ferskt vatn og einnig mjög lifrænt vatn, þannig að aðstaða okkar er öll ákjósanlegri, að mínu mati a. m. k. Þess vegna er það næstum furðulegt að ekki skuli vera komið hér á skipulegu fiskeldi sem sterkri og góðri búgrein, og má undrum sæta hvers vegna það er. Það er ekki hægt að vitna alltaf í Kollafjarðarstöðina, að hún sé búin á annan áratug að gera fyrir okkur tilraunir, og enginn hefjist handa á grundvelli þeirra tilrauna sem hún er að gera. Það verður að stíga það skref sem hér er boðað að eigi að ske, og ég styð það eindregið.

Við verðum að hefjast handa með því að fá ákveðna menn til að hefja fiskeldi á tveimur, þremur eða fjórum stöðum á landinu, byggt á þeirri reynslu sem hér hefur fengist í gegnum árin og einnig erlendis frá. Ég held að hér séu aðstæður svo góðar að þetta megi ekki dragast lengur og það hljóti að vera til a. m. k. áhugasamir bændur er vilji taka höndum saman við löggjafann og framkvæma verkið ef til þess fást nægilegir peningar. Ég ætla ekki að fara út í það, hvað á að veita hér stóra styrki. Það er matsatriði. Mér virðist helmingaskiptareglan, sem sett er hér fram, sanngjörn. Áhætta er nokkur og því er eðlilegt að það séu veittir beinir styrkir og einnig nokkur hagstæð lán, en einnig er eðlilegt að viðkomandi aðili leggi eitthvað fram sjálfur. Það tryggir raunhæfan áhuga og alúð við þessa starfsemi, sem er mjög mikilvægt. Þessi starfsemi verður ekki rekin með hangandi hendi. Uppeldi fiska er mjög mikið nákvæmnisverk og verður að sinna því mjög vel og af sérstakri nýtni.

Allar vangaveltur um mörg þúsund tonn af þessum fiski leiði ég hjá mér. Það er skemmtilegt að geta reiknað þetta út og gaman. Sjálfsagt er þetta ákveðin draumsýn sem verður á næstu öld. En ég held mig nú bara við það sem við höfum hendur á í dag, og ég er viss um að það er hægt að ná mjög langt og skapa hér mörg hundruð tonn, jafnvel þúsundir tonna af góðum eldisfiski, bæði úr söltu vatni og fersku vatni. Alþingi verður að leggja fram nokkurt fjármagn. Það þarf að vera tugir millj. kr., svo að menn komist yfir lágmarksáfanga, og við eigum að sjá sóma okkar í því, íslendingar, að gera þetta átak. Það eru allar aðstæður hér á landi það hagkvæmar, að við hljótum að geta náð árangri í þessu efni. Það er furðulegt ef það tekst ekki. Þá mun fást sú reynsla sem við getum byggt á fyrir almenna starfsemi í þessari grein, og því betra því fyrr sem við hefjumst handa á þessu sviði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 23. mars, kl. 2 miðdegis.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 386). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 388). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Tónmenntarfræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 403). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vörugjald, frv. (þskj. 399). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um breyting á lögum nr. 119 frá 1976, um sérstakt tímabundið vörugjald. Með þeim lögum voru lög nr. 77 frá 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, framlengd, en jafnframt voru gerðar nokkrar breytingar á 1. gr. laganna til samræmis við hin nýju tollskrárlög, nr. 120 1976. En eins og kunnugt er urðu verulegar breytingar á undirskiptingu ýmissa vöruliða í fjölmörgum köflum tollskrárinnar við setningu þeirra. Við nánari athugun á lögunum komu í ljós nokkrar misfellur og er með frv. þessu lagt til að þær verði leiðréttar. Hér er annars vegar um að ræða upptalningu í 1. gr. nefndra laga. Þar hafa fallið niður nokkur ný tollskrárnúmer yfir vörur sem fram til þessa hafa borið vörugjald og samræmis vegna þykir ekki fært að fella niður vörugjald á, og svo hins vegar þættir sem nauðsynlegt er að lagfæra.

Vörur þær, sem hér koma einkum við sögu, eru sælgæti ýmiss konar í þremur nýjum tollskrárnúmerum, tengibúnaður í einu númeri 85. kafla tollskrár og plastvörur í nokkrum nýjum undirnúmerum í 39. kafla tollskrárinnar.

Í sambandi við þessar leiðréttingar vil ég taka fram, að fjmrn. hefur þegar nýtt heimild í vörugjaldslögunum til þess að fella niður vörugjald af þeim vörum sem áður voru undanþegnar vörugjaldi, en urðu vörugjaldsskyldar vegna breyttrar undirskiptingar í tollskrá.

Auk framangreindra leiðréttinga í frv. er lagt til að lög nr. 77 frá 1976, um sérstakt tímabundið vörugjald, verði gefin út að nýju í heild með áorðnum breytingum.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 15, n. 387, 392). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Í nál. á þskj. 387, sem sjútvn. hv. d. er sammála um og

allir nm. hafa ritað undir, segir svo, að n. hafi haft um nokkurt skeið til meðferðar frv. til staðfestingar á brbl. nr. 90 16. júní 1976, um breyt. á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Nm. eru allir sammála um afgreiðslu þessa máls, enda um leiðréttingar að ræða.

Í jan. barst n. erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna með ályktun frá aðalfundi samtakanna, sem haldinn var dagana 8.—10. des. 1976, um breyt. á framangreindum lögum frá 31. maí og 16. júní 1976. Hélt n. fund með fulltrúum L.Í.Ú. sem skýrðu þær átta óskir um breytingar sem fram komu í ályktun aðalfundarins. Í n. voru skiptar skoðanir um erindi þetta og þótti sumum nm. skammt liðið á nauðsynlegan reynslutíma gildandi laga, þau hefðu náð fram vegna víðfeðms samkomulags meðal ólíkra hagsmunahópa til sjós og lands, útgerðarmanna, sjómanna og fiskverkenda auk þeirra mörgu, sem héldu fram hinum staðbundnu hagsmunasjónarmiðum. Þá væri kunnugt um fjölda óska um þýðingarmiklar breytingar frá sjómönnum og útvegsmönnum, sem enn væru til skoðunar, þ. á m. hjá Hafrannsóknastofnuninni. Var sú skoðun áberandi í n., að þegar fjallað væri um jafnviðkvæmt mál og umrædd lög ætti að varast að líta á þau eins og hlífðarfat sem farið væri úr og í eftir stundarhagsmunum ákveðinna hópa.

N. tók þá ákvörðun að senda málið til umsagnar nokkurra aðila, þ. á m. til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, þótt nm. væri vel kunnugt um aðild þess félags að L.Í.Ú. Þetta var gert vegna þess að n. var kunnugt um að ein þeirra breytinga, sem L.Í.Ú. leggur til, mundi hafa í för með sér, ef samþ. yrði, að allstórt svæði vestur af Snæfellsnesi yrði lokað fyrir veiðum togara sem eru meira en 39 m á lengd. Um er að ræða veiðisvæði sem togarar úr Reykjavík og Hafnarfirði hafa nýtt nær alfarið frá því að togveiðar hófust hér við land. Með samþykkt þessari yrði í raun ákveðið hvort fiskur sá, sem veiddur er á ákveðnu svæði á vetrarvertíð, yrði veiddur af stórum togurum eða litlum, á línu eða net.

Í svari F.Í.B. kom það fram, að fullkominn stuðningur félagsins við mál þetta lægi fyrir, bæði hjá fulltrúum F.Í.B. í sambandsstjórn L.Í.Ú. svo og hjá fulltrúum allra útgerðarfyrirtækja í F.Í.B. sem aðalfund sóttu. Formaður n. færði mál þetta í tal við talsmenn nokkurra togaraútgerðarfyrirtækja í Reykjavík, og var ekki annað á þeim að heyra en að þeir létu sér þessa breytingu lynda.

Stjórn Fiskifélags Íslands hefur tjáð n. með bréfi 16. febr. s. l. að hún mæli með umræddum breytingum. Nokkrir stjórnarmenn létu þó þá skoðun í ljós, að breytingarnar sem óskað er eftir undir f-lið, mætti auðveldlega framkvæma með breytingum á reglugerð.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kom fram eindregin andstaða gegn rýmkun togveiða við Norðurland, en hún taldi sig eftir atvikum geta fallist á þá rýmkun, sem farið er fram á við Suðausturland og Suðurland því hún muni ekki hafa í för með sér almenna aukningu sóknar í smáþorsk.

Í bréfi sínu til Hafrannsóknastofnunarinnar óskaði n. álits um það, hvort ekki væri tímabært að veita heimildir til dragnótaveiða svo að kolastofninn verði betur nýttur og — ef álit stofnunarinnar væri jákvætt að gera till. um hvar, á hvaða tíma og um bátafjölda. Við þessari fyrirspurn kom ekkert svar.

25. febr. s. l. boðaði sjútvrn. til fundar með nm. sjútvn. beggja deilda Alþ. og ræddi þar m. a. till. L.Í.Ú. og breytingar sem rn. vildi koma á framfæri. Í bréfi rn. til sjútvn. Nd., sem dagsett er 4. mars s. l., er þess farið á leit við n. að hún flytji brtt. við frv. það sem fyrir Nd. liggur. N. hefur orðið við þessari ósk og flytur brtt. þessar á sérstöku þskj. Í þessum till. er markverðast, að rn. tekur ekki undir till. L.Í.Ú. um rýmkun togveiða við Norðurland þótt farið sé að öðrum till. þess. Rn. leggur auk þess til breytingu við 8. gr. laganna um lengingu á þeim tíma, sem skyndilokanir geta staðið, þ. e. úr 3 sólarhringum í 7, og aðrar nauðsynlegar breyt. við þessi ákvæði.

Eru nm. sammála um, að mæla með þessari breytingu við 8. gr. frv. svo og frv. sjálfu. Um aðra liði í brtt. þessum hafa nm. óbundnar hendur og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Ég vil þá, herra forseti, fara nokkrum orðum um þær brtt. sem fluttar eru að ósk rn. Það er rétt að rifja það upp, að í lögunum, sem sett voru á s. l. vori, var mörkum, sem reiknað var frá, breytt í svokallaðar viðmiðunarlínur og viðmiðunarstaði. Það var nokkur breyting gerð á gömlu grunnlínupunktunum og í gildandi lögum er miðað við viðmiðunarlínu. 1. brtt. er þess efnis, að í stað 4 sjómílna fjarlægðar frá viðmiðunarlínu verði fjarlægðin miðuð við fjörumark meginlandsins.

Í 2. brtt. á þskj. 392 er um að ræða opnun og rýmkun fyrir hin stærri botnvörpuskip á mjög takmörkuðu svæði við Vestmannaeyjar. Hef ég margrætt þetta t. d. við þá hv. þm., sem frá Vestmannaeyjum koma, og telja þeir að sjálfsagt sé að verða við þessari ósk og sé til hins góða, m. a. af tæknilegum ástæðum í sambandi við tog.

Nokkur rýmkun er gerð samkv. 3. till. í sambandi við þá línu sem þar er dregin, eins og menn geta betur kynnt sér ef þeir skoða þetta á sjókorti.

Sama má segja um 4. brtt., en þar er höfuðbreytingin sú, að í stað þess að miða við Skálasnaga — það er viðmiðunarstaður — er miðað við Malarrif og fjarlægð frá Malarrifi í staðinn fyrir Skálasnaga.

En höfuðbreytingin, sem gerð er á Breiðafirði, er sú, að á allstóru svæði vestur af Snæfellsnesi er hinum stærri togurum fyrirmunað að veiða nú, en hins vegar öðrum veiðarfærum gefinn meiri réttur en öðrum til þess að nýta það hafsvæði. Ég hef í nál. sjútvn. dregið fram það sem þar kom fram um þetta, og eins og þar er vitnað til minna orða, þá átti ég viðræður við nokkra togaraútgerðarmenn hér úr Reykjavík sem hreyfðu engum mótmælum við þessum breytingum og létu gott heita.

Aðrar breyt. eru ekki þýðingarmiklar að mínu mati, en hins vegar vitna ég aftur til þeirra orða sem ég hef þegar vitnað til í nál.

Meginbreytingin, sem mér finnst vera, fyrir utan þá sem ég hef nú farið örfáum orðum um, er

breytingin við 8. gr. laganna og kannske sú þýðingarmesta. Um hana eru líka allir nm. sammála. Samkv. 1. mgr. þessarar brtt. yrði lögfest að trúnaðarmenn, sem eru um borð í skipunum, skuli tilkynna til lands, til Hafrannsóknastofnunarinnar, sem sjái um að það séu alltaf menn við til þess að taka þær ákvarðanir sem þarf að taka, þessar ákvarðanir séu sem sagt ekki teknar um borð í skipunum. Það hefur valdið bæði sársauka og leiðindum. En það skal sett hins vegar í vald þeirra, sem í landi eru, en eru ekki um borð í skipunum sjálfum og með þeim mönnum sem verið er að stöðva kannske eða meina að veiða á ákveðnum veiðisvæðum.

Í 2. mgr. er verið að leggja til að bannið geti verið allt að 7 sólarhringa, en í gildandi lögum er um að ræða 3 sólarhringa. Með þessu er nokkuð komið á móti þeirri till. sem á sínum tíma var lögð til af n. sem vann að tillögugerð í þessum málum, áður en þingmannanefndin tók við, þannig að nú er komið aftur á móti þeirri skoðun að lengja þetta tímabil.

Nokkrar kvartanir komu um það frá flotanum og reyndar frá yfirmönnum í Landhelgisgæslunni einnig, að einhver vandkvæði hefðu verið á að tilkynningar hefðu borist nógu skýrt og fljótt til viðkomandi aðila á miðunum og þ. á m. landhelgisgæsluskipanna. En nú er þetta sett inn í lögin sjálf og ætti þá að vera úr sögunni sú gagnrýni sem kom fram í sambandi við þetta, ef samþ. verður.

Herra forseti. Ég hef sem formaður sjútvn. flutt þetta mál eins og til var ætlast af mér í n. Og til þess að vera ekki að eyða of miklum tíma frá þingstörfum í að efna til umr. um málið, þá get ég fyrir mig persónulega sagt það, að ég mun fylgja þessum brtt., þótt ég hins vegar taki undir ýmsa þá gagnrýni, sem fram kemur í nál. okkar, og taki undir það sem einstaklingur og telji sjálfur að vel hefði mátt bíða lengur með að fá meiri reynslu af því sem fyrir liggur. Ég segi þetta líka vegna þess, að það eru ýmis atriði og ýmsar fleiri breytingar, sem menn hefðu viljað fá umr. um og fá fram.

Ég vek enn einu sinni athygli á því sem ég hef ár eftir ár talað um, sérstaklega þó þegar þetta mál hefur verið á dagskrá, þetri nýtingu á skarkolanum, en fiskifræðingar telja að það sé um 10 þús. tonna magn, sem óhætt sé að veiða hér við strendur landsins af þessari fisktegund, en þessi veiði er nú í algjöru lágmarki. Eftir að inn í gildandi lög voru sett ákvæði um stærð möskvans í dragnótinni, þá virðist, eins og þegar hefur komið í ljós samkv. rannsóknum sem fram hafa farið, hætta á því að of smár fiskur veiðist í dragnæturnar verða úr sögunni. En að sjálfsögðu verður að setja reglur um að ekki sé tekið of mikið magn, ekki séu of margir bátar að veiðum og að þeir séu þá á takmörkuðum svæðum. Það hefur nefnilega komið í ljós, gagnstætt því, sem sumir þm. hafa haldið fram hér áður fyrrum og þó sérstaklega þeir sem nú er verið að gera hvað mest fyrir samkv. þeirra óskum á Vesturlandi og annars staðar, — þeir hafa haldið því fram að það væri ekki til neitt dauðavopn fyrir smáfisk nema dragnót, — en það kom vel á vonda þegar sjútvrn. þurfti nú fyrir skömmu að stöðva línuveiðar á Breiðafirði vegna þess óhóflega dráps á smáfiski sem þar fór fram á línuna, það goðumborna veiðarfæri.

Herra forseti. Ég legg málið fyrir á þennan veg eins og ég hef gert, lýsi minni persónulegu afstöðu, jafnframt að ég mun standa með þessum brtt. sem fram hafa komið, en endurtek það sem ég sagði, að allir nm. hafa óbundnar hendur um, að flytja eða fylgja brtt.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði ekki vísað til n. að lokinni þessari umr., heldur til 3. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Pétri Sigurðssyni, hv. 8. þm. Reykv., að mér finnst heldur fljótt brugðið við til breytinga á þeim lögum sem hér um ræðir. Það er tæplega ár liðið frá því að gengið var frá þessari lagasetningu hér á Alþ., og ég er þeirrar skoðunar að það sé víðs fjarri að reynsla sé komin á þá löggjöf, eins og frá henni var gengið, og því sé ekki tímabært á þessu stigi að gera breytingar á löggjöfinni eins og hér er gert ráð fyrir.

Mér sýnist einnig að með breytingunni, sem hér er lagt til, sé enn frekar verið að þrengja að hinum stærri togurum varðandi veiðisvæði. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það hafi um of verið þrengt að þeim á vissum hlutum innan þessa svæðis, en nú er gengið enn lengra og þeim ýtt frá úti fyrir Breiðafirði og Snæfellsnesi. Það er augljóst mál, að einhvers staðar verða þessi skip að vera. Það ætti öllum að vera ljóst að mikill ágangur þessara togara hefur verið á miðunum úti fyrir Vestfjörðum, og það er enginn vafi á því að með þessari breytingu, sem hér er lagt til, eykst þessi ágangur enn frekar en verið hefur. Ég vil því lýsa andstöðu minni varðandi þessa breytingu. Ég tel að nú þegar sé búið að þrengja svo að miðunum úti fyrir Vestfjörðum, að það sé ekki bætandi á það sem er nú þegar, og eins og ég sagði í upphafi: ég er þeirrar skoðunar að það sé í raun og veru vart eðlilegt að gera nú nokkuð róttækar breytingar, því sumar þessara breytinga eru nokkuð róttækar, — að gera nú þessar róttæku breytingar þegar ekki er liðið heilt ár frá því að löggjöfin var sett sem nú er í gildi. Það hefði því verið ástæða til þess að fá frekari reynslu af því hvernig þessi löggjöf kæmi til með að reynast.

Ég vara mjög við því að enn frekar sé gengið í þá átt að ýta togaraflotanum svo til á eigin mið úti fyrir Vestfjörðum. Það er búið að loka hér fyrir Suður- og Suðvesturlandinu það miklu af miðum, sem þessi skip hafa verið á, að það er einsýnt mál, ef hér á enn frekar að ganga í þá átt varðandi þetta svæði sem hér um ræðir, að þá verður þeim ýtt á Vestfjarðamið.

Ég þarf í raun og veru ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég lýsi mig andvígan þessum breytingum. Ég tel að það þurfi frekari reynsla að koma á löggjöfina sem í gildi er og það sé ekki tímabært að gera breytingar á henni eins og stendur. Einkum og sér í lagi lýsi ég mig andvígan því að loka frekar veiðisvæðum fyrir togaraflotann hér eins og gert er ráð fyrir, sem einvörðungu verður til þess að enn frekari ágangur af þessum skipum verður á Vestfjarðamiðum. Er nógur ágangur þegar fyrir á þau mið.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er fyrst og fremst það, að hv. frsm. sjútvn., sem mælti fyrir þessu máli, lauk máli sínu á þá lund að hann legði ekki til að málið gengi til sjútvn. aftur, en yrði hins vegar vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr. Þetta tel ég alveg óeðlilegan vinnuhátt, vegna þess að hér er raunverulega um það að ræða að flutt er af hálfu n. með sérstökum hætti svo gott sem nýtt frv. Þær till., sem n. leggur fram, eru ekki nema að litlu leyti um það frv. sem hér hafði gengið eðlilega í gegnum 1. umr., heldur er hér fjallað um allt annað og miklu víðtækara mál. Ég hef skilið það þannig og skildi þannig málflutning hv. frsm. n., að hér væri fyrst og fremst um það að ræða að n. hefði orðið við beiðni rn. um að leggja fram þessar till., sem ég tel sjálfsagt og einnig kom fram að einstakir nm. hefðu hér óbundnar hendur til þeirra margvíslegu till. sem þarna liggja fyrir, og við því er heldur ekkert að segja. Það er aðeins venjulegur háttur. En þegar þannig stendur á er alltaf gengið út frá því, að sú n. þingsins, sem eðli málsins skv. á að fjalla um þessa málaflokka, taki slík mál fyrir efnislega og geri sínar samþykktir um málið og skili þannig til þd. áliti sínu, þar sem kemur skýrt fram hvort n. að meiri hl. til eða hverjir úr n. styðji hinar einstöku till. eða hver yfirleitt afstaða n. er til málsins. Ég tel að þetta mál sé þannig, að það sé í rauninni alveg óhjákvæmilegt annað en að það gangi á ný á milli 2. og 3. umr. til n. og hún fjalli um málið og síðan liggi hér fyrir álit hennar.

Varðandi þær till., sem hér er um að ræða, vil ég aðeins segja það, að ég tel að efni síðustu till., 6. till., sé sjálfsagt að samþ. Þar er í rauninni aðeins verið að veita skýrari heimildir til stjórnunarhátta til þess að hafa nokkru meira vald á því sem lögin að öðru leyti fjalla um og tekin hefur verið efnisleg afstaða til áður. Hinar till. eru hins vegar allar í þá átt, að þar er verið að breyta því sem samþ. var fyrir tæpu ári um veiðiheimildir, og það fer auðvitað ekkert á milli mála að uppi eru misjafnar skoðanir á því, hvort skuli breyta þessum veiðiheimildum frá því sem þá var ákveðið og hvort það skuli jafnvel breyta þeim enn meira en þarna er lagt til.

Ég vil varðandi 1. till. segja það, að ég er ekki við því búinn að samþ. þá till. Ég vil a. m. k. athuga það mál miklu betur, og ég get ekki fallist á að samþ. hana eina út af fyrir sig. Þar er um það að ræða að verið er að rýmka veiðiheimildir togbáta til verulegra muna við Suðausturland, og satt að segja brosa menn aðeins að því, þeir sem þarna þekkja eitthvað til, þegar Hafrannsóknastofnunin segir að það sé engin hætta á því að þarna veiðist smáfiskur, en hins vegar sé gífurleg hætta á því að hann veiðist út að 20-30-40 mílum úti fyrir Norðurlandi. Það er vissulega mikil hætta á því, þegar komið er aðeins 4 mílur frá ströndinni á þessum slóðum, að þar geti verið veiddur smáfiskur, ekki síst ýsa. Á því er auðvitað enginn vafi, að það er það atriði sem kemur þarna fyrir æðioft. En það er auðvitað með þessar fiskislóðir eins og aðrar, að þarna veiðist oft líka góður fiskur, en það er líka úti fyrir Norðurlandi. Það fer allt eftir línum. Þar er ekki alltaf eintómur smáfiskur þar, það er mikill misskilningur. Ég held að þeir hafi ofsagt eitthvað, blessaðir, þarna frá Hafrannsóknastofnun, þegar þeir halda að þarna veiðist aldrei neinn smáfiskur. En hvað um það, það er ekki útilokað að verða við því að auka þarna á veiðiheimildir frá því sem verið hefur. Ég hika þó allmikið við að gera það, eins og ástatt er, og mun ekki fallast á það fyrr en ég er búinn að athuga um aðrar beiðnir sem liggja fyrir frá þessu svæði og að mínum dómi eiga fyllilega eins mikinn rétt á sér og þessi beiðni. Það er rétt að athuga það, að t. d. hjá okkur þm. Austurl. liggja fyrir beiðnir frá ýmsum hagsmunaaðilum, margar beiðnir til breytinga á gildandi veiðireglum á þessu svæði, og það er eins og fyrri daginn, þær beiðnir eru ýmist um að þrengja veiðikosti aðila eða rýmka.

Svipað er að segja um hinar till., að þær eru, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, allar í þá átt að rýmka nokkuð til með veiðiheimildir fyrir vissa aðila. Má vera að það sé alveg óhætt að gera það. En ég held að það sé hollast að gera þessar breytingar í nokkru samræmi í kringum landið, en það sé ekki rokið til á einum og einum stað út af fyrir sig án athugunar á öðrum. Ég verð líka að segja það varðandi 5. till., að það má vel vera að það sé þar mikill þrýstingur hjá þeim sem næst standa fiskislóðum út af Breiðafirði, að þeir vilji þar stugga við hinum stærri togurum. En mér er það alveg ljóst, að það verður ekki stuggað við þeim miðum án þess að þau skip fari eitthvað annað. Það þýðir vitanlega ekki annað en að gera sér grein fyrir hvaða breytingar verða þarna um leið. Og það er áreiðanlega rétt, að miðað við þau veiðimörk sem gilda nú, er enginn vafi á því að það er miklu meiri friðun á fiskimiðunum út af Breiðafirði nú heldur en t. d. á aðalmiðunum út af Vestfjörðum, — miklu meiri friðun.

En ég er ekki hér kominn til þess að mæla á móti þessum till. fyrst og fremst, heldur vegna þess að ég tel eðli málsins skv. vera eðlilegt að hv. sjútvrn. athugi þessar till. nú á milli 2. og 3. umr. Hún hefur orðið við því að flytja þær skv. beiðni rn. og menn eru þar með óbundnar hendur, en hún hlýtur að fjalla um málið efnislega og gefa út álit sitt á því hvernig hún vill að málinu standa. Þá gefst líka einstökum þm. eðlilegur tími til að flytja brtt. til viðbótar eða móta afstöðu sína til jafngagngerrar breytingar á upphaflegu frv. og hér er um að ræða, því hér er auðvitað um gjörbreytingu á því að ræða.

Ég vænti þess að n. taki að sér að athuga málið.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. að neinu marki. Við vitum það öll, að það eru ekki allir ánægðir með lög þau sem nú gilda um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976. Jafnframt vitum við að ekki voru allir samþykkir þeim lögum sem áður giltu um þetta efni. Og sannast sagna er það svo, að það verða seint settar reglur um fiskveiðiheimildir sem allir una jafnfúslega. Því verð ég að segja að það er allmerkileg og víðtæk samstaða sem náðst hefur um þær brtt. sem nú eru fluttar af hv. sjútvn. Ég verð að segja að

þessi samstaða, sem að vísu hefur ekki reynt á hér á hv. Alþ., er eða virðist vera allviðtæk í röðum sjómanna og útgerðarmanna og að sumu leyti óvænt. Það eru jafnan skiptar skoðanir um ýmis efni í þeim málum eins og við vitum. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta, en skírskota til þess sem ég hef áður haldið fram og við þm. Vesturl. um þessi efni þegar þau hafa komið hér til umr. á liðnum árum. Mér sýnist að þessar brtt., þar sem ég þekki best til, gangi til móts við þau sjónarmið sem við höfum talað fyrir að undanförnu, og því fagna ég þessu frv. og lýsi fylgi mínu við það.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég á sæti í sjútvn. sem fjallaði um það mál sem hér er verið að ræða. Ég vil fyrst aðeins víkja að málsmeðferðinni.

Ég álít að hér sé í raun og veru um að ræða tvö mál. Annars vegar er staðfesting á brbl. sem sett voru 16. júní á síðasta ári og voru nánast leiðréttingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem samþ. voru á Alþ. 19. maí á síðasta ári. Um þetta atriði er enginn ágreiningur sem mér er kunnugt um, þannig að ég sé ekki ástæðu til að ræða það mál nánar. Hitt málið er svo mál sem kemur inn á Alþ. í formi brtt., ekki raunverulega við þessi brbl., heldur einnig við lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem ég nefndi áður. Þess vegna vil ég taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það sé eðlilegt, af því að umr. hafa ekki farið **fram um þessar till., að þá verði málinu aftur** vísað til sjútvn. til þess að hún geti rætt málið á grundvelli þeirra umr., sem farið hafa fram hér á Alþ. um málið, og athugað þau sjónarmið sem þm. hafa látið í ljós varðandi þessar tillögur.

Ég er einnig í þeim hópi sem þykir, eins og kemur fram í grg. frá sjútvn. sem ég ritaði undir ásamt fleiri þm., skammt liðið frá því að lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands voru sett. Það mætti kannske orða það svo, að þeirri lagasetningu væri ekki að fullu lokið þar sem verið er að staðfesta nú breytingar á þeim lögum. Hinn 19. maí á s. l. ári var þessi löggjöf samþ. hér á Alþ. Síðan er stuttur tími og þess vegna álít ég almennt séð að ástæða væri til þess að láta reyna á þetta samkomulag, sem hér náðist og var að lokum samþ. á Alþ., um nokkru lengri tíma en nú er liðinn, sem ekki er fullt ár. Hins vegar ber að sjálfsögðu að líta á till. sem samkomulag er um, sem menn eru sammála um að rétt sé að samþ., þó að breytingar séu á þessari löggjöf. Við því er auðvitað ekkert að segja.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi ræða. Að öðru leyti koma mín sjónarmið fram í grg. með fyrirvörum. Þetta atriði er sú breyting sem lagt er til að verði gerð við Suðvesturland. Þar er lagt til að rýmkuð verði heimild skipa 39 m að lengd og minni til togveiði á svæðinu frá Hvítingum og suður með landinu að Ingólfshöfða á þá leið, að í staðinn fyrir að miða 4 sjómílurnar við viðmiðunarlínu, eins og nú er gert skv. lögum frá því í fyrra, þá verði viðmiðunin við fjöruborð. Á þessu er nokkur munur og heimildir til veiða rýmka þess vegna nokkuð verulega fyrir skip sem eru 39 m að lengd eða minni. Við óttumst það, og það er best að **segja það alveg hreinskilnislega, við óttumst** það fyrir austan að slík breyting leiði til verulega aukinnar sóknar togskipa eða togbáta á þetta svæði annars staðar frá. Þess vegna viljum við helst ekki ganga lengra í þessum efnum en við gerðum í samkomulaginu sem gert var þegar lögin voru sett á s. l. ári.

Varðandi önnur atriði, sem ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um, vildi ég taka það fram, að ég hef tilhneigingu til þess að fylgja þeim brtt. sem þm. viðkomandi kjördæma eru sammála um á hafsvæðum, úti fyrir þeirra kjördæmum, þar sem þeir eru kunnugastir. Mig skortir staðarkunnáttu til þess að dæma af eigin reynd um þessi mál alls staðar kringum landið, en hef tilhneigingu til þess að líta þannig á málið almennt séð. Ég vil óska eftir því að málinu verði **vísað aftur til sjútvn., vegna þess að ég álít í** raun og veru að um sé að ræða nýtt mál í þinginu þó að það sé í því formi sem hér hefur verið lýst. Sjútvn. flytur málið að ósk sjútvrn., og það er efnislega breyting á lögunum frá 19. maí 1976.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ástæða þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs, voru nokkur orð sem féllu í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. hér áðan. Ég er ekki viss um hvort ég hafi heyrt rétt, en mér heyrðist hann segja að um brtt. þessar á l. nr. 81 frá 30. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ríkti samstaða. Ég vil taka fram að það er ekki alls kostar rétt. Það er ekki fyrir hendi samstaða í sjútvn. um annað en það að svara játandi tilmælum hæstv. sjútvrh. um að n. flytji málið. Um það var samkomulag í n. Hins vegar kemur það glögglega fram í grg. n. eða réttara sagt í nál., að nm. hafa raunar ekki tjáð sig um sjálft efni málsins. Það er ekki samstaða í n. um einstök efnisatriði. Hins vegar, eins og ég sagði áðan, fannst okkur nm. í sjútvn. raunar ekki stætt á því að neita tilmælum ráðh. um að n. flytti þetta mál. Og mér er nær að halda að það sé ekki aðeins ekki samstaða um efnisatriði meðal nm., heldur séu ákveðnir nm. algjörlega andvígir vissu efnisatriði í þessum brtt. En látum það liggja á milli hluta.

Ég vil einnig að það komi hér fram, að mér er ekki heldur kunnugt um að það sé samstaða innan Landssambands ísl. útvegsmanna um brtt. eins og þær liggja hér fyrir. Landssamband ísl. útvegsmanna sendi sjútvn. Nd. á sínum tíma bréf með beiðnum um ákveðnar leiðréttingar eða breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi. Forsvarsmenn L.Í.Ú. mættu á fundi sjútvn. og tóku þar mjög afdráttarlaust fram að það væri aðeins samstaða innan L.Í.Ú. ef allt það yrði gert sem í tillögum eða í samþykktum L.Í.Ú. fólst. Ef hins vegar yrði út af þeim samþykktum breytt í einhverjum atriðum, þá væri ekki lengur um málið samstaða innan Landssambandsins.

Þær brtt., sem hér eru fluttar að beiðni hæstv. ráðh., eru ekki algjörlega óbreyttar frá samþykktum L.Í.Ú., svo ef marka má yfirlýsingar forsvarsmanna L.Í.Ú., þá er það a. m. k. enn sem komið er óreynt með öllu hvort landssambandið fyrir sitt leyti fellst á þetta eða ekki. En það er heldur ekkert meginatriði í mínum huga hvort stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna samþ.

slíkt eða ekki. Alþ. getur að sjálfsögðu ekki látið einstök hagsmunasamtök beinlínis segja sér fyrir verkum, eins og ég tel að gerð hafi verið tilraun til með þessu bréfi Landssambandsins, því okkur var hreinlega sagt það, nm. í sjútvn. Nd., af formælendum L.Í.Ú. að annaðhvort yrðum við að gera eins og L.Í.Ú. ætlaðist til eða við værum vinsamlegast beðnir um að láta málið kyrrt liggja.

Ég vil aðeins taka það fram, að ég veit að þær skoðanir eru uppi í sjútvn., og ég er einn af þeim sem hafa þá skoðun, að ég tel að það eigi ekki aðeins að skoða samkomulagserindi frá L.Í.Ú., eins og gert hefur verið í þessu tilviki, heldur eigi einnig jafnhliða að athuga aðrar óskir sem fyrir liggja frá einstökum greinum fiskveiða og einstökum stöðum. Ég tel því að réttara hefði verið að n. hefði ekki aðeins fengið niðurstöður Landssambandsins, sem að eigin sögn þeirra landssambandsmanna var sáttaniðurstaða, heldur jafnframt öll þau erindi sem Landssambandið kann að hafa fjallað um, en ekki tekið upp í sína samþykkt. Ég tel að sjútvn. Nd. og Alþ. raunar allt sem slíkt eigi að skoða í einu lagi erindi frá öllum byggðarlögum og öllum greinum fiskveiða, m. a. till. sem ekki eru greindar á þskj. 392 né heldur í bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég tel að þetta sé skoðun fleiri nm. í sjútvn. Nd. heldur en mín, og því hef ég síður en svo á móti því að þessu máli verði vísað til n. á nýjan leik, m. a. í þeirri von að það kunni fram að koma, annaðhvort hér í umr. að þessu sinni eða frá öðrum hagsmunaaðilum og byggðarlögum, þegar vitað er að þessar breytingar standa fyrir dyrum, þær óskir sem við vitum að þar eru á ferðinni um aðrar og frekari breytingar en hér er gert ráð fyrir. Hins vegar mun ég að sjálfsögðu ekki frekar en aðrir sjútvn.-menn láta neitt fyrir fram uppi um minn hug til þeirra beiðna, en ég tel eðlilegt að fjallað verði um þær allar í einu lagi, en ekki aðeins einhverjar niðurstöður sem stjórn L.Í.Ú. hefur orðið ásátt um að leggja til.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er svo, að þegar þetta mál hefur borið hér á góma í Alþ., þá hafa oftast verið um það nokkuð skiptar skoðanir, þó að þm. að lokum hafi náð saman um tilteknar breytingar á þeim lögum sem áður voru í gildi.

Þegar upphaflega var skipuð n. á árinu 1968 til þess að gera till. um breytingar á gildandi lögum um bann við botnvörpuveiði, þá tók sú n. upp þann hátt, sem þá var nýr, held ég, hjá n. Alþ., að hún ferðaðist um landið vítt og breitt, ræddi við hagsmunaaðila, bæði útgerðarmenn og sjómenn, og forsvarsmenn fiskvinnslu allt í kringum landið. Ég tel að þetta hafi þá gefið mjög góða raun að því leyti, að n. fékk vissulega fram skoðanir þó að þær væru kannske jafnmargar á hverjum stað og útgerðarmenn voru eða næstum eins og útgerðarmenn voru margir. N. fékk þarna mikið verkefni til að vinna úr og tókst þá nokkuð að samræma sjónarmiðin, þannig að að lokum náðist samstaða hér á Alþ. um verulega og mjög róttæka breytingu á þessum lögum frá því sem áður hafði gilt.

Það var svo ákveðið í þeim lögum, að þau skyldi endurskoða, ef ég man rétt, eftir eitt eða eitt og hálft ár, og var enn á ný skipuð n. til að gera till. um breytingar miðað við þá reynslu sem af lögunum hafði fengist. Sú n. tók einnig upp þann hátt að ferðast um landið, hafa fundi með hagsmunaaðilum til þess að fá hugmyndir um hvernig sú breyting, sem áður hafði verið gerð, hefði komið út að þeirra mati. Að því loknu, þegar niðurstaða lá fyrir um álit samtaka sjómanna og samtaka útvegsmanna allt í kringum land, þá lagði n. fram tillögur sínar hér á Alþ. eftir að hún hefði gert það sem unnt var til þess að samræma hin margvíslegu sjónarmið. Sú niðurstaða n., sem þá var lögð fram, varð að lögum sem dags. eru í des. 1973. Tel ég að þá hafi náðst verulegur árangur í því að samræma sjónarmiðin og koma á nokkuð föstu heildarskipulagi um veiðarnar innan fiskveiðimarkanna.

Þegar hæstv. núv. sjútvrh. taldi eðlilegt að þessi mál væru tekin til endurskoðunar á ný var einnig hafður sá háttur á, að þá var skipuð fyrst undirnefnd í málið, sem eingöngu var skipuð aðilum hagsmunasamtakanna, og vann hún vissulega mikið starf, var lengi að störfum, nær heilt ár, en síðan var skipuð þm.-nefnd til þess að fjalla um málið ásamt nefnd hagsmunasamtakanna, og niðurstaðan af því eru þau lög sem í dag eru í gildi.

Það, sem hér virðist valda kannske mestum ágreiningi varðandi þær tillögur, sem sjútvn. hefur flutt um breytingar á gildandi lögum, eru þær breytingar sem gerðar eru á svæðunum austur af Ingólfshöfða og einnig við Snæfellsnes. Það er svo með báðar þessar breytingar, að þar er lagt til að það verði tekið inn í lögin aftur sem var í lögunum frá því í des. 1973, þannig að það er vissulega fengin reynsla af því hvernig það mundi verka ef þessi breyting væri gerð eins og sjútvn. hefur lagt til, því að áður var það í gildandi lögum og var þar alla leið frá 1969. Ég tel því ekki að það sé rétt, að það sé engin reynsla fengin fyrir þeirri breytingu, sem hér er lagt til, ef hún yrði samþ., því að þetta var í lögum allt fram að því að núgildandi lög voru samþ., þá var allt þetta í hinum eldri lögum og veiðar stundaðar í 4—5 ár samkv. þeim. Ég tel að þegar það nú liggur fyrir í heildarsamtökum útvegsmanna, að þau óska eftir því, að ákvæði varðandi þessa tvo staði verði færð til baka eins og þau voru áður í gildandi lögum, þá tel ég mjög eðlilegt að við þeim tilmælum verði orðið.

Það er rétt, sem kom hér fram hjá hv. 8. landsk. þm., að forsvarsmenn Landssambands ísl. útvegsmanna óskuðu eftir því að allar þeirra till. yrðu samþ., ef einhver þeirra yrði tekin til greina í n. Ég held að allar till. þeirra hafi verið samþykktar nema till. um að færa mörkin nær landi fyrir Norðurlandi eða á svæðinu frá Horni og austur um. Ég hygg að ef Hafrannsóknastofnunin hefði viljað mæla með þeirri breytingu, þá hefði það einnig verið tekið upp í till. n. En svo var ekki. Hafrannsóknastofnunin mælti með öllum breytingum frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sérstaklega með breytingunum varðandi svæðið fyrir austan Ingólfshöfða og svæðinu við Snæfellsnes, en lét afskiptalaust svæðið suður af Vestmannaeyjum eða breytingu á því, þannig að það liggur fyrir að Hafrannsóknastofnunin hefur mælt með þeim aðaltillögum sem hér eru fluttar.

Alþ. hefur alltaf talið sér nokkuð skylt að meta og fara eftir till. Hafrannsóknastofnunarinnar. Þó að það hafi ekki alltaf verið gert, þá hafa þær alltaf verið teknar nokkuð til greina og veruleg hliðsjón höfð af till. hennar, sem eðlilegt er og sjálfsagt. Ég sé því ekki að það sé nokkuð að vanbúnaði fyrir hv. Alþ. að samþykkja þær brtt., sem sjútvn. hefur hér flutt. Það er ekki hægt að vísa þeim frá með þeim rökum að það skorti reynslu á hvernig rýmkaðar veiðar á hinum tilteknu svæðum mundu koma út, því að sú reynsla er fyrir hendi, a. m. k. 4—5 ára reynsla. Hafrannsóknastofnun bendir réttilega á það, að á svæðinu fyrir austan Ingólfshöfða geti ekki verið um smáfiskadráp að ræða, ekki smáþorsk, og ef ég man rétt, þá kemur fram í áliti hennar að hún telji enga ástæðu til þess að óttast auknar heimildir þarna. Það mundi þá kannske verða aukin sókn í ýsustofninn, sem hún telur að sé á þann veg að það muni ekki valda neinu tjóni sérstaklega.

Eftir að möskvinn hefur stækkað, fyrst úr 120 mm í 135 mm og nú með nýju lögunum í 155 mm, þá tel ég ekki hættu á því að leyfa þarna auknar veiðar þó að þar geti verið um smáýsu að ræða. Ég hef því lýst því yfir í sjútvn. að ég muni fylgja þeim brtt., sem hér liggja fyrir, eins og þær eru fram settar. Varðandi það, að verið sé að skerða aðstöðu togaranna, þá er það vitað, eins og ég hef sagt áður, að þessi skerðing var áður við Snæfellsnesið, en nú er með þeirri till., sem hér er, rýmkuð veiðiheimild togaranna fyrir Suðurlandi eða suður af Vestmannaeyjum, þannig að aðstaða þeirra er skert frá gildandi lögum við Snæfellsnesið, en aftur á móti rýmkuð fyrir Suðurlandinu, suður af Vestmannaeyjum.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil aðeins láta koma fram að ég tel að þar sem fyrir liggja meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar með þeim breytingum eða þeim rýmkunum á veiðisvæðum sem till. gera ráð fyrir, þá tel ég eðlilegt að samþykkja till. sem hér liggja fyrir frá sjútvn. Að sjálfsögðu er eðlilegt að farið sé fram á að n. skoði málið á milli 2. og 3. umr., en ég á ekki von á því að það komi þar fram neinar nýjar afstöður, því að n. hefur rætt málið á nokkrum fundum og ég held, að nm. allir hafi gert það upp við sig hvaða afstöðu þeir ætli að taka til einstakra till. og málsins í heild.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins fá orð vegna þess að ég á sæti í þeirri hv. n. sem hefur tekið að sér að flytja þessar brtt. að beiðni rn.

Ég vil segja það strax fyrir mig persónulega, að ég er fullkomlega samþykkur því að gera þær breytingar sem fjalla um framkvæmd skyndilokana. Ég tel að þar sé komið á heldur skárra skipulagi. Þar er einnig fjallað um tilkynningaratriði, samráð við Landhelgisgæslu, og síðast, en ekki síst er heil stofnun sem stendur nú á bak við þá trúnaðarmenn sem eru um borð í skipunum, þannig að þeir þurfa ekki að taka allt á sínar herðar þegar þeir ákveða samkv. núgildandi lögum að loka svæðum, heldur er það stofnunin, sem styður við bakið á þeim, og það tel ég nauðsynlegt.

Ég vil einnig segja það sem mína skoðun, að ég tel að það sé skynsamlegra að hafa þessi mál í stöðugri athugun, stöðugri endurskoðun, og ég tel það fremur til bóta að Alþ. fjalli um þetta nokkuð oft og hér sé þeitt stöðugu endurmati á stöðunni hverju sinni, í stað þess að búa til mjög stórar n., eins og einn hv. þm. ræddi um áðan, sem ferðaðist síðan um landið og hlustaði á allar skoðanir o. s. frv. Ég tel að þm. þekki nokkuð, hverjar skoðanir manna eru úti á landsbyggðinni, og viti nákvæmlega hvaða skoðanir hver hagsmunahópur hefur og hvaða skoðanir eru ríkjandi í þessu plássi og hinu, og það fer eftir því hvernig útgerð er á staðnum og hvernig veiðarfæri eru notuð o. s. frv. Þm., sem eru í sambandi við sín kjördæmi, þekkja það nákvæmlega og þarf ekki að stofna neinar stórar flakknefndir á nýjan leik. Ég tel að það hafi ekki komið sérstaklega mikið út úr starfi síðustu nefndar sem þetta gerði, þó að ég sé hins vegar alls ekki að kasta neinni rýrð á þær þingmannanefndir sem fyrst fóru í þessar ferðir á sínum tíma. En þegar þetta var skoðað síðast, þá var mikil nefnd sem starfaði í heilt ár, og ég verð að segja að mér fannst ekki koma mjög mikið út úr því.

En það er álit mitt á þessum brtt., að ég gæti fyllilega fallist á að samþykkja þær allar eins og þær leggja sig þarna á þskj. Hitt er svo annað mál, að ég tel fyllilega réttmætt að hv. þd. og n. taki einnig til skoðunar önnur erindi sem kunna að hafa borist, — erindi sem við höfum ekki séð. Ég tel alveg sjálfsagt að athuga það sem kann að koma utan af landi í þessum efnum. Auk þess tel ég rétt, og við höfum stundum rætt um það í n. hvort við ættum ekki að gera beinar till. um að nýta betur ýmsa fiskstofna, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson kom inn á áðan. Þessar breytingar eru miklar að vöxtum að sjá þarna á pappírnum, en sannleikurinn er sá, að þarna er yfirleitt um smábreytingar að ræða.

1. brtt. fjallar að vísu um dálítið viðkvæmt mál. En þó er það svo, að þó að þetta svæði sé langt, frá Hvítingum og vestur að 18. gráðu, þá er ekki um svo ýkjamörg eða stór togveiðisvæði að ræða á þessu bili. Þetta mundi rýmka svolítið fyrir stærri bátunum, sem við köllum, sem ekki eru togarar, sem eru í erfiðleikum vegna þess að þeim hefur verið ýtt nokkuð út frá 1. júlí s. l. Útgerð þeirra báta er afar erfið og næstum óhugsandi á togveiðum á þessu svæði nema þarna komi einhverjar lagfæringar til. Þar er aðallega um að ræða dálitla bletti og þó sérstaklega fyrir bátana við Ingólfshöfða og í öðru lagi fyrir bátana við Suðausturlandið, þar sem um er að ræða þríhyrning sem nær frá línu, sem er réttvísandi austur af Hvítingum og að línu, sem er réttvísandi suður af Hvalnesi. Þar hefur verið um talsverða ufsaveiði að ræða á vissum árstímum, og ég tel að þarna sé ekki verið að auka neitt til skaða vegna fiskverndarsjónarmiða, því að það er ekki rétt sem hér kom fram áðan, að þarna sé um hættulega smáþorskveiði að ræða. Þarna væri fremur um að ræða einhverja smáýsu á vissum tímum og hugsanlega milliufsa. En þá eru auðvitað til heimildir, sem beitt hefur verið, til þess að takmarka það þegar um slíkt smáfiskadráp gæti orðið að ræða, og til þess var leikurinn gerður, þegar lögin voru sett síðast, að geta stýrt þessu þannig að unnt væri að stöðva smáfiskadráp með mjög litlum fyrirvara.

Hv. þm. Karvel Pálmason minntist hér á eitt atriði. Það er ekki alltaf svo að þekkingin á málunum sé í réttu hlutfalli við þau desibel sem hv. þm. kunna að framleiða héðan úr ræðustóli, og eins er það í þessu tilfelli, því að hann var fyrst og fremst að víkja að því, að togurum væri ýtt út af Breiðafjarðarsvæðinu. Sannleikurinn í málinu er sá, að það er verið að dýpka svolitið á þeim þarna á dálitlu bili við innendann á Kolluálnum, og þeir færast þarna út um svona 6 mílna bil. Og ég er illa svikinn ef íslenskir togaraskipstjórar hafa ekki lag á því að krækja í fiskinn 6 mílum utan við þessa fyrri línu sem nú er í gildi, því að það breytir ekki miklu fyrir þá hvort þeir fá að vera þarna 6 mílum nær eða fjær. Þeir draga sínar vörpur í suðurkantinum á Kolluálnum aðeins utar og hirða fiskinn þá áður en hann gengur grynnra. Þeir togarar, sem þarna eru, þurfa því ekki að flýja til Vestfjarða og angra Karvel og kjósendur hans. Þeir munu bara taka fiskinn aðeins utar og hafa öll efni til þess.

Í öðru lagi vil ég nefna í sambandi við það, sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði, að það væri alltaf verið að þjarma að vestfirðingunum, sem ættu þess vegna að fiska minna en allir aðrir núna, að skuttogarar þar eru nú næstum helmingi aflahærri en aðrir skuttogarar í landinu vegna þess hversu góðan aðgang þeir hafa að góðum fiskimiðum. Í þessum brtt. er alls ekki aðeins um þrengingarákvæði að ræða gagnvart togurunum, heldur er verið að rýmka til þó að í smáu sé. Ég vil taka fram, að þó að í smáu sé, þá er verið að rýmka til fyrir togveiðar nokkuð víða á stóru svæði, þannig að þau skip, sem hafa þurft að flýja þau veiðisvæði, þurfa þá ekki heldur að angra hv. þm. Karvel Pálmason og umbjóðendur hans vestur á fjörðum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja fleira varðandi þetta atriði, því að staðreyndirnar tala auðvitað sínu máli og þarf ekki að vera að rífast um það hér við hv. þm., sem sífellt þykjast vera að veiða atkv. með einhverjum dularfullum hætti jafnvel þó að þeir hafi ekkert vit á hlutunum.

Ég hef einnig vikið að því, sem hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sagði hér um rýmkun við Suðausturland, og því, sem hv. þm. Tómas Árnason tók að sjálfsögðu undir, eins og hann er vanur, til þess að hafa ekki verri stöðu fyrir fætur sínar kosningalega á Austfjörðum næst. Ég hef gert grein fyrir því atriði og þarf ekki að tala um það frekar.

Ég vil sem sagt að lokum aðeins endurtaka það, að þrátt fyrir það að ekki sé langur tími frá því að lögin gengu í gildi, þau voru sett í maí í fyrra, tóku gildi 1. júlí í fyrra, þá tel ég sannarlega ástæðu til þess að hið háa Alþ. fylgist vel með þessum málum og sé með þau í sem jafnastri endurskoðun. Og ég vil segja það enn, að ég er samþykkur þessum till. öllum saman. Ég er einnig vel til viðræðu um að taka til skoðunar aðrar brtt. sem fram kunna að koma. Þess vegna get ég vel fallist á að málið fari aftur til hv. sjútvn. til skoðunar, þó að við höfum auðvitað rannsakað málið mjög vel.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þess, sem hér hefur komið fram.

Ég vil taka það skýrt fram vegna þeirra orða, sem hér hafa fallið eftir að ég lét þau orð falla að ég gerði ekki till. um að málið kæmi aftur til sjútvn., að ef koma fram óskir um það, eins og þegar hafa komið fram, að n. taki málið aftur fyrir og skoði það betur, þá er sjálfsagt að verða við því, og hér með er tilkynnt að það verður tekið til meðferðar að nýju, þótt við höfum grandskoðað málið í n. eins og það liggur fyrir núna. En ég vænti þess þá að þeir nm., sem þetta leggja til og mæla með því, verði fúsir að mæta til fundar þegar þeir verða boðaðir.

En ef við eigum að skoða tillögu eins og kom fram hjá mínum ágæta meðnm., hv. þm. Tómasi Árnasyni, hann orðaði það eitthvað á þá leið, að hann mundi vilja fylgja því sem þm. viðkomandi kjördæma kæmu sér saman um, ósköp er ég hræddur um að þá verði seint samkomulag hér á Alþ. ef við ættum að fylgja því. Auk þess, eins og ég hef áður bent á, er ég fullviss um að þorskurinn þekkir ekkert vangasvip á þm. einstakra kjördæma um leið og hann fer þar fram hjá og tekur ekkert tillit til óska þeirra frekar. Og að sjálfsögðu, svo að ekki sé talað um þetta alvarlega mál sem gamanmál, þá eru okkar fiskveiðar ekkert einkahagsmunamál einstakra kjördæma.

Þegar hv. þm. Karvel Pálmason dregur það fram, að það sé hinn mesti voði fyrir hendi ef lokað væri umræddu svæði, sem hefur verið nýtt um áratugaskeið vestur af Snæfellsnesi af reykvískum og hafnfirskum togurum, þá muni þeir leita á miðin við Vestfirði, þá virðist þessi hv. þm. gleyma því, að þessir sömu eða aðrir eldri reykvískir og hafnfirskir togarar voru að ryðja botninn á þessum togaramiðum út af Vestfjörðum áður en nokkur togari var kominn til Vestfjarða, áður en menn fóru að hugsa til togaraútgerðar, þannig að þar er um hefðbundin mið hinnar svokölluðu stórtogaraútgerðar að ræða um áratugaraðir. Og hver á að eiga slík mið? Að þm. viðkomandi kjördæmis komi sér saman um hvernig þetta eigi að nýtast í framtíðinni, þeirri skoðun leyfi ég mér að mótmæla algerlega. Auk þess tel ég alls ekki rétt að það sé gengið að því vísu að togarar, sem sé lokað fyrir út af Snæfellsnesi, sem á margan hátt er skiljanlegt til þess að tryggja betur ákveðnar veiðar hinna smærri báta á svæði sem hefur orðið mjög illa úti um afla á undanförnum missirum, sem enginn getur á móti borið, og haft afleiðingar sem allir þekkja til, þótt svo sé þurfa þessi sömu skip ekki endilega að leita á Vestfjarðamið. Við höfum fært fiskveiðilögsögu okkar út í 200 mílur. Við erum hér um bil lausir við alla ásókn erlendra togara nema sem við höfum sjálfir tekið á okkur að leyfa, og í kjölfar þessa hefur athafnasvæði íslenskra togara stóraukist, þannig að þeir geta ekki aðeins farið í norðurátt að heimkynnum hv. þm. Karvels Pálmasonar, heldur geta þeir líka farið enn dýpra í vestur, og eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, þeir geta á sínum fullkomnu skipum með sínum fullkomnu tækjum jafnvel náð þessum afla á dýpra vatni og áður en hann kemur upp á grunnsævið. Þeir geta líka leitað í suðvestur á

togaramið sem þar eru og reyndar víða annars staðar.

Annað hef ég ekki orðið var við að kæmi fram í þessum umr. sem sérstök ástæða er til að ræða um hér. Ég er búinn að segja það, að ég mun boða fund í n. og við munum þá fara aftur yfir þessar till. sem við höfum þó ígrundað allvel, eins og kemur fram í nál. okkar. Það er samstaða um takmarkaðan hluta þeirra till. þótt við flytjum þær allar að ósk rn. Rn. sjálft varð ekki fyllilega sammála óskum Landssambands ísl. útvegsmanna og skar niður till. þess, en óskaði samt eftir að þær væru fluttar, þannig að ég geri ráð fyrir að það leggi áherslu á að fá samþykktar þær breytingar sem það leggur til, þótt það hafi ekki alfarið farið að óskum L.Í.Ú.

Vegna þess, sem hefur komið fram vegna þeirra orða sem féllu í sambandi við suðausturlandsmiðin sem lagt er til að verði opnuð, þá vil ég að lokum vitna orðrétt í orð Hafrannsóknarstofnunarinnar um brtt. Rétt á undan bréfinu snúast þeir algerlega gegn því að rýmkað verði við Norðurlandið, en segja svo, með leyfi forseta:

„Stofnunin getur hins vegar eftir atvikum fallist á þá rýmkun togveiða sem farið er fram á í lið C4," — þetta er um till. útgerðarmanna, en þar er átt við Suðausturlandið og Suðurlandið, — „þar sem það mun ekki hafa í för með sér almenna aukningu sóknar í smáþorsk. Hér er að mestu um að ræða ýsuveiði, en bæði er ýsustofninn ekki jafnilla á vegi staddur og þorskurinn og eins mun hin nýja möskvastærð, 155 mm, væntanlega hafa í för með sér mikla verndun smáýsu."

Hins vegar, eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, tekur stofnunin ekki afstöðu til þess með hvaða veiðarfærum Alþ. ákveður að flotinn megi veiða á ákveðnum svæðum. Hún hugsar um stofninn og magn fyrst og fremst, en ekki veiðarfæri, eins og fram hefur komið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð lengri. Ég endurtek aðeins, herra forseti, að eftir að óskir hafa komið fram hér í hv. d. og reyndar einstakir nm. úr sjútvn. d. líka tjáð sig þar um, þá munum við taka málið þar fyrir að nýju.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég tek alveg undir það sem hv. frsm. n. sagði, að hann yrði við þeirri ósk sem fram hefur komið, sem er sjálfsagt að verða við, að n. komi aftur saman til þess að ræða þær till. og viðhorf sem hér hafa komið fram við 2. umr. málsins. Slíkt hefur alltaf verið gert og er þingvani. En ég legg áherslu á það og óska mjög eindregið eftir því við n., að hún hraði afgreiðslu þessa máls, því að það er búið að vera alllengi á döfinni.

Um það geta verið skiptar skoðanir hvort eigi að breyta þessum lögum eða ekki. Þetta eru þó atriði sem eiga það víðtæku fylgi að fagna, að samtök útvegsmanna og allir þeir, sem til hefur verið leitað, hafa verið ásáttir um þessar breytingar. Sá ágreiningur, sem hefur verið mestur, var um veiðar út af Norðurlandi, og rn. tók þá till. þess vegna ekki upp. Það kemur fram í þessum till. að hér er auðvitað ekki verið að þrengja í öllum tilfellum botnvörpu-veiðar, það er víða verið að auka þær, enda hefði ekki náðst samstaða innan útgerðarmannahópsins, innan bæði Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og meðal allra annarra útgerðarmanna, ef það væri eingöngu á annan veginn. Það kom strax í ljós, áður en þessi lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi voru fullafgreidd hér á Alþ., að það sem við kölluðum fyrir nokkrum árum stærri bátana, þeir auðvitað fóru mjög illa út úr þeirri breytingu og hafa verið mjög háværar raddir um þessar breytingar og voru þegar í stað. Við vildum gjarnan láta á þetta reyna. Varðandi það svæði út af Snæfellsnesinu sem um er að ræða, þá er það rétt að vissu marki að hægt er að rýmka fyrir bátum með reglugerðarbreytingu, en ekki að öllu leyti, ekki hvað snertir aftur hina stærri báta. Þess vegna legg ég á það áherslu að Alþ. fjalli um þetta mál, taki afstöðu til þess. Eins og formaður sjútvn. og fleiri hafa réttilega bent á, þá er auðvitað hver þm., hver þm., hver nm. óbundinn í afstöðu sinni til einstakra tillagna.

Í sambandi við stjórnun veiðanna er ekki nokkur ágreiningur. Þar hafa allir verið sammála og upprunalega frv., brbl., er auðvitað ekkert annað en leiðrétting á lögunum sem mönnum sást yfir í þeim mikla asa sem var við lokaafgreiðslu málsins.

Tómas Árnason: Herra forseti. Með skírskotun til þess, sem ég áðan sagði um málsmeðferðina, þá leyfi ég mér að gera formlega till. um að málinu verði vísað til sjútvn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Samkvæmt þingsköpum er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að vísa máli til n. á hvaða stigi þess sem er. En ég vil benda á að það er mjög óvenjulegt að vísa máli með samþykkt til n. á þessu stigi. Það krefst þess að n. gangi í gegnum það að skila áliti og láta prenta það. Hins vegar hafa þau vinnubrögð verið höfð og svo mikið gagnkvæmt traust verið milli alþm., að þegar 2. umr. gefur tilefni til þess og nefndarformaður a. m. k. lýsir því yfir að hann muni halda áfram athugun máls í n., þá er það látið nægja.

Ég hallast að því að við ættum að halda okkur við að láta það nægja, að það liggur fyrir að málið verði tekið fyrir en ekki í n., fara að heimta nýja útgáfu á nál. og allt, sem því fylgir, fyrir 3. umr., sem er miklu sjaldgæfara þó að það geti vel staðist samkvæmt þingsköpum.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til sjútvn. felld með 13:9 atkv.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og komið hefur í ljós, þá eru mikil vandkvæði á því að eðlilega geti farið fram atkvgr. hér í d. Þetta á sér ýmsar skýringar. Mér er kunnugt um það, að a. m. k. úr tveim kjördæmum eru þingmenn á fundum vegna þess að nú er mjög knúið á um

afgreiðslu vegáætlunar. Þegar stór hópur þm. er fjarverandi vegna þess að sérstaklega er leitað á með afgreiðslu máls eins og vegáætlunar og þeir þar af leiðandi geta ekki verið viðstaddir umr. og atkvgr. í d., þá finnst mér mjög óeðlilegt að atkvgr. sé látin fara fram á þeim tíma sem þessir hv. þm. geta ekki verið viðstaddir. Ég tel því eðlilegt og vil raunar beina því til hæstv. forseta, að atkvgr. um þetta mál verði ekki látin fara fram, nema því aðeins að þm. eigi þess kost að sitja fund d. og taka þátt í umr. og atkvgr. Ég tel að þeir þm., sem hér um ræðir, bæði úr Reykjaneskjördæmi og af Austfjörðum, séu þannig settir nú að þeir geti ekki verið hér á fundi d. vegna þess að það er mjög ýtt á með afgreiðslu vegáætlunar.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Vegna ummæla hv. 5. þm. Vestf. vil ég taka fram, að yfir stendur reglulegur fundur hv. d. Beri svo brátt að fundarhald í kjördæmahópum að þeim sé skotið inn á fastan fundartíma og afgreiðslutíma mála, þá verður að ætlast til þess að forsvarsmenn kjördæmahópanna láti svo lítið að láta forseta vita að þeir séu að kveðja af fundi stóran hluta deildarmanna. Það eru mikil vandkvæði á því að fresta atkvgr. í miðjum klíðum, eftir að hún er hafin. Öðruvísi hefði vikið við hefði hún ekki verið byrjuð. Þess verður því enn freistað að kalla þm. á fundinn.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég held að það sé óhætt að mæla það fyrir hönd meiri hl. n., að til þess að leysa þetta vandamál og að vegáætlun komist áfram, þá tökum við brtt. til baka að þessu sinni til 3. umr., en væntum þess þá jafnframt að 2. umr. verði nú lokið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. forseta varðandi það að hópur þm. er ekki viðstaddur deildarfundinn og þess vegna gengur mjög erfiðlega að halda eðlilegu þinghaldi uppi, þá er þetta bara eitt sýnishornið af því hvílíkt stjórnleysi er hér á hv. Alþ. Það er ljóst að þeir, sem ráða ferðinni varðandi vegáætlun, hæstv. ríkisstj. og meiri hl. sem hér er, **það eru þeir sem standa fyrir því að fundir þm. hinna ýmsu kjördæma eru haldnir á sama tíma og** deildarfundur er haldinn. Það er því ljóst að hér **þarf meiri samræmingu í aðgerðum og stjórnun** af hálfu hæstv. ríkisstj. og þeirra, sem þinghaldinu stjórna, til þess að það geti farið saman við að eðlilegir þingfundir geti átt sér stað. Það er því ekki óeðlilegt að vakin sé á því athygli, **að þegar svona er knúið á af talsverðri hörku** af þeim, sem eru í meiri hl. hér á Alþ., um afgreiðslu mála á tveimur vígstöðvum, á sama tíma, þá sé eðlilegt að það sé gerð sú krafa til þeirra sömu stjórnenda að sjá svo um að það sé hægt að halda áfram eðlilegu þinghaldi hér í d. eins og gert er ráð fyrir.

Brtt. 392 teknar **aftur til 3. umr.**
3.–6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tékkar, frv. (þskj. 292, n. 389). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, var samið af sérstakri n. sem skipuð var af fulltrúum bankanna og rn. í þeim tilgangi að gera tillögur til að koma í veg fyrir misnotkun á tékkum. Þessi n. hefur skilað áliti sínu fyrir allnokkru og gert till. sem að mörgu leyti er nú þegar komnar til framkvæmda.

Frv. þetta er einn liðurinn í tillöguflutningi þessarar nefndar. Það felur í sér aukið aðhald fyrir viðskiptavini banka og nokkra aukna ábyrgð og eftirlit af hálfu bankanna sjálfra. Allar þær till., sem n. bankanna og rn. hefur gert í þessum efnum, stefna að þessu marki: auknu aðhaldi, aukinni ábyrgð og eftirliti, og að sögn hafa þær till. og þær ráðstafanir, sem til framkvæmdar eru komnar, haft veruleg áhrif nú þegar.

Frv. felur það í sér að setja í tékkalög nr. 94 frá 1933, sérstök ákvæði um refsingar við misnotkun á tékkum. Þegar um misnotkun af þessu tagi hefur verið að ræða fram að þessu hefur verið stuðst við ákvæði í almennum hegningarlögum, en að ráði þeirra, sem til þekkja, er talið heppilegra að setja slík ákvæði í tékkalögin sjálf.

Hér er um að ræða ákvæði og viðurlög vegna minni háttar yfirsjóna í meðferð tékka. En þegar um er að ræða alvarlegri mál og alvarlegri misnotkun verður áfram stuðst við ákvæði í almennum hegningarlögum, þ. e. a. s. 248. gr. og 261. gr., en það eru almenn ákvæði vegna auðgunarbrota. **Tilgangur með þessu frv. og með þessari breytingu** er sá, að framkvæmd þessara mála verði virkari og einfaldari, verði meira til leiðbeiningar og ákæruaðild betur skilgreind. Hún á jafnframt að vera til hagræðis fyrir dómstólana.

Allshn., sem fjallaði um frv., er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það liggur fyrir. Fram komu hins vegar í n. skoðanir um að auka bæri ábyrgð bankanna, þannig að þeir tækju á sig ábyrgðina af því að opna reikninga fyrir viðskiptavini sína. Í því sambandi hefur verið bent á hvort ekki væri rétt að fara vægar í sakirnar og taka ekki eins alvarlega á því ef um er að ræða yfirdrátt á reikningum sem væri óverulegur og jafnvel af misgáningi. Var í því sambandi **nefnt bilið 10 þús. kr. Við athugun var upplýst að n. sú, sem ég vitnaði til** áður, hafi nokkuð rætt þetta mál, enda eru slíkar reglur í gildi víða annars staðar. Niðurstaða bankanefndarinnar varð hins vegar sú, að mæla ekki með slíku fyrirkomulagi að svo stöddu. Hún vekur athygli á að slík framkvæmd mundi kosta **umstang, hún mundi þýða útgáfu sérstakra korta,** og það hefði allmikla skriffinnsku í för með sér og gæti leitt jafnframt til nokkurrar misnotkunar **engu að síður. Það hefur því orðið að ráði, að** treysta á þær ráðstafanir, sem gerðar eru núna milli viðskiptabankanna annars vegar og Seðlabankans hins vegar og láta á það reyna hvort þetta beri ekki tilætlaðan árangur.

Allshn. hefur eftir atvikum fallist á að gera ekki frekar veður út af þessari ábyrgð, enda hefur verið upplýst að reikningsbankaábyrgð sé í framkvæmd upp að vissu marki. **Ef um er** að ræða óheimilan yfirdrátt á reikningi **banka** er gefinn allt að 10 daga frestur. Það eru að vísu innheimtir dráttarvextir og **sektargreiðsla, en nú**

hefur verið fellt niður 11% sektargjaldið sem Seðlabankinn innheimti áður undir slíkum kringumstæðum. Er fullyrt að það fyrirkomulag, sem nú er, sé aðeins vægara gagnvart viðskiptavinum bankanna en það sem áður var í gildi.

Til upplýsingar vil ég geta þess, að fram kom hjá þeim, sem allshn. kallaði til viðtals við sig í sambandi við þetta frv., að árið 1975 hefðu 2—3 þús. tékkar verið innistæðulausir og komið til innheimtu hjá Seðlabanka og þar hafi samtals um 100 milljónir verið innheimtar með þeim hætti.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki fleira sem þörf er á að taka fram í þessu sambandi. Allshn. hefur sem sagt mælt með samþykkt þessa frv., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 348, n. 384). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. N. fékk þetta frv. til meðferðar og var sammála um að mæla með því að frv. yrði samþykkt sem lög.

Það kom fram í spjalli n. að það er vissulega þörf á því, svo sem frsm. og flm. frv. minntist á þegar hann talaði fyrir málinu, að það yrði könnuð íslensk löggjöf í heild og unnið markvisst að því að fella hin ýmsu lög að nútímalegri hugsunarhætti varðandi stöðu kvenna í þjóðfélaginu. En n. gerði engar sérstakar till. eða ábendingar í því efni, en vill koma því eigi að síður á framfæri.

M. ö. o., herra forseti: n. leggur til að frv. verði samþ. **óbreytt.**

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 54. fundur.

Fimmtudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv, (þskj, 381). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 374, n. 412). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Eins og sjá má á nál. á þskj. 412 hefur landbn. fjallað um þetta frv. og leggur þar til að það verði samþ. óbreytt.

Eins og fram kom í máli hæstv. landbrh. við 1. umr. þessa frv. felur það í sér framlengingu á því ákvæði, að ráðh. geti leyft slátrun í sláturhúsum sem enn hafa ekki fengið löggildingu til frambúðar, þó því aðeins að slátrun og meðferð sláturafurða geti staðist kröfur dýralæknis. Þetta heimildarákvæði hefur verið í gildi um nokkurt skeið, tímabundið eins og einnig er gert ráð fyrir í því frv. sem hér er til umr.

Þegar landbn. Ed. fékk þetta mál til meðferðar gerði hún tilraun til þess að ná til yfirdýralæknis og ræða við hann um efni frv., en hann var þá erlendis í leyfi svo það hefur ekki náðst til hans. Hins vegar fékk n. Hauk Jörundsson skrifstofustjóra í landbrn. til fundar við sig. Eins og fram kom í ræðu hæstv. landbrh., sem ég minntist á hér áður, hefur hann ákveðið að **fela þeim Hauki Jörundssyni og Sveini Tryggvasyni** að gera athugun á þeim sláturhúsum sem ekki hafa fengið löggildingu. Að sögn Hauks Jörundssonar er þeirri athugun hvergi nærri lokið. Skýrði hann okkur svo frá, að þeim hefðu ekki enn borist umsagnir frá viðkomandi dýralæknum um þau sláturhús sem þeir hefðu óskað eftir umsögnum um, en hann taldi að ætla mætti að hér væri um að ræða 25—30 sláturhús sem ekki hefðu þessa fullkomnu löggildingu. Hann taldi að ýmis þessara húsa stæðu hinum löggiltu húsum ekkert að baki að því er varðar meðhöndlun sláturafurða og hreinlæti við slátrun. Önnur sagði hann að mundu þurfa nokkurra endurbóta við til þess að leyfi fengist til slátrunar í þeim, en það er nú allt í athugun að nýju eins og áður sagði. Víða er svo háttað að ekki er unnt að synja um sláturleyfi vegna sérstakra staðhátta um samgöngur eða atvinnu, og verður þá að beita undanþáguheimildinni að fengnum lagfæringum til bráðabirgða, um leið og unnið er að *frambúðaraðgerðum*.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. Það er eins og áður sagði framlenging á heimildum sem hafa verið í lögum til þessa, og eins og ég áðan sagði ber **nál. með sér að landbn. öll varð sammála um** að leggja það til við hæstv. d. að frv. verði samþ. óbreytt. Þess ber þó að geta að **Jón Árnason** var fjarverandi þegar málið var afgreitt frá nefndinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Fimmtudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Tékkar, frv. (þskj. 292). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 348). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 354, n. 410). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 1971. Á þskj. 410 leggur n. til að frv. verði samþ. óbreytt.

Forföll á fundinn höfðu boðað Karvel Pálmason, Þórarinn Sigurjónsson og Sigurður Magnússon.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Fávitastofnanir, frv. (þskj. 351, n. 411). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á 1. nr. 53 frá 22. apríl 1967, um fávitastofnanir. Leggur n. einróma til á þskj. 411 að frv. verði samþ. óbreytt.

Forföll á fundinn boðuðu alþm. Karvel Pálmason, Þórarinn Sigurjónsson og Sigurður Magnússon.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Virkjun Blöndu, frv. (þskj. 400). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Efni þessa frv. er að ríkisstj. sé veitt heimild til þess að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka vatnsaflsstöð við Blöndu í Austur-Húnavatnssýslu með allt að 150 mw. afli. Þetta frv. var lagt fram í lok síðasta þings og er nú flutt að nýju að mestu óbreytt, en hins vegar fylgja frv. nú ný orkuspá og kostnaðaráætlun.

Eftir þeim rannsóknum og áætlunum, sem gerðar hafa verið þegar, er ljóst að Blönduvirkjun er í hópi hagkvæmustu vatnsaflsvirkjana á Íslandi.

Kostnaðaráætlun, sem fylgir þessu frv., fylgiskjal II, gerir ráð fyrir því að heildarkostnaður við virkjun sem þar er reiknað með, 135 mw., mundi verða 14.8 milljarðar kr. Stærstu liðir þar eru jarðstífla við Reftjarnarbungu, rúmlega 1 milljarður, aðrennslisskurður tæplega 1.3 milljarðar, frárennslisgöng og svelgur 1.2 milljarðar, vélar og rafbúnaður 2.5 milljarðar. Þegar framleiðslukostnaður er með venjulegum hætti áætlaður í þessu efni er gert ráð fyrir að hann verði 2.43 kr. á kwst. Þegar borið er saman við aðrar þær virkjanir eða virkjunarmöguleika, sem hagkvæmastir eru taldir á Íslandi nú, þá er þetta verð mjög sambærilegt. Á ég þar við Sigölduvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun og nokkrar fleiri.

Þær rannsóknir, sem átt hafa sér stað varðandi Blöndu, og áætlanir, sem þar um hafa verið gerðar, benda sem sagt til þess að hér sé um mjög hagkvæma virkjun að ræða.

En auk þess, hve hagkvæm þessi virkjun verður að teljast, kemur margt fleira til sem mælir með þessum virkjunarkosti.

Stærstu virkjanir hér á landi eru í Þjórsá og Tungnaá, sem eru á eldvirku svæði, skammt frá Heklu. Um leið og það er ljóst að við verðum að halda áfram að virkja bæði vatnsföll og jarðhita á eldvirku svæði, þar eð í sambandi við þau eru aðalháhitasvæði landsins, þá er sjálfsagt að huga að virkjunum utan hinna eldvirku svæða.

Við búum í eldfjallalandi og því fylgir áhætta, eins og mörg nýleg dæmi sanna, og áhættu verðum við Íslendingar að taka. En vissulega er það nokkurt umhugsunarefni að stærstu raforkuver landsins eru á eldfjallasvæðum. Er því lögð á það áhersla nú að rannsaka og undirbúa hagkvæmar virkjanir utan þessara svæða eldfjalla og jarðskjálfta.

Ég vil nefna tvo slíka virkjunarmöguleika sem kannaðir hafa verið nú að undanförnu. Annar er Blönduvirkjun og hinn er virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal. Það er mjög mikilvægt að í þessa átt sé stefnt, um leið og við verðum að gera okkur ljóst að áfram verður að halda virkjunum einnig á hinu eldvirka svæði.

Flestir kostir eru við þessa virkjun Blöndu. Þar eru mjög góðir miðlunarmöguleikar og stuðla að góðri og hagkvæmri nýtingu virkjunar milli árstíma og auknu rekstraröryggi. Gert er ráð fyrir stóru lóni sem mundi jafna rennslið yfir allt árið, en það hefur verið einn höfuðannmarki á mörgum vatnsvirkjunum okkar Íslendinga að rennslið er ákaflega misjafnt eftir árstímum. Þær meiri háttar virkjanir, sem fyrst var ráðist í á Íslandi, virkjanir Sogsins, voru ákaflega hagkvæmar að þessu leyti, vegna þess að leitun mun á fljóti í Evrópu þar sem jafn-

rennsli er eins öruggt og í Sogi. Veldur því að sjálfsögðu Þingvallavatn sem Sog fellur úr og gegnir í rauninni því hlutverki að vera stórfelld miðlun.

Með þessum hugmyndum um stórt lón í sambandi við virkjun Blöndu er áætlunin að tryggja miðlun og nægilegt jafnrennsli yfir árið.

Staðsetning þessarar virkjunar í kerfinu er einnig mjög hagkvæm. Blönduvirkjun yrði vel staðsett gagnvart aðalorkuflutningslínu milli Suður- og Norðurlands og einnig gagnvart Vestfjörðum.

Nú er það eitt af þeim verkefnum, sem unnið hefur verið að og verður að leggja áherslu á á næstunni, að tengja saman landshluta því að margir kostir eru við slíka samtengingu. Það er í fyrsta lagi að nýting orkunnar verður betri með því móti á marga lund. M. a. hafa rannsóknir sýnt að stórt orkuver á Norðurlandi, sem er rekið í tengslum við kerfið á Suðvesturlandi, stuðlar að betri nýtingu vatnsorkunnar einnig í þeim landshluta heldur en ef Suðvesturlandskerfið vinnur eitt sér. Þetta stafar m. a. af því, að það fer ekki saman í öllum landshlutum, hvenær dregur úr vatnsrennsli stórfljóta, og verður nýting af þessum ástæðum betri. Auk þess er samtenging landshluta og virkjana nauðsynleg af öryggisástæðum.

Þó er þess að gæta að byggðarsjónarmið koma hér einnig til. Það er ekki rétt stefna, þó að heyrst hafi raddir í þá átt, að hagkvæmast væri fyrir þjóðina að halda áfram að virkja svo til eingöngu á Þjórsársvæðinu, þar séu mjög hagkvæmir virkjunarmöguleikar og væri sú stefna í orkumálum hagkvæmust landinu í heild. Ég tel að nauðsynlegt sé að dreifa virkjunum um landið. Að sjálfsögðu verður að vera meginsjónarmið að um hagkvæmar virkjanir sé að ræða. En hér kemur margt til. Af öryggisástæðum er nauðsynlegt að virkjanir séu í sem flestum landshlutum, því að í okkar landi er of áhættusamt að byggja raforku, eins mikla þýðingu og hún hefur bæði fyrir almenningsnot og fyrir atvinnureksturinn, á háspennulínum um langa vegu og yfir fjallgarða þar sem bilanir geta orðið í illviðrum að vetrum og mjög erfitt að komast þar að til viðgerða og gæti tekið oft verulegan tíma. En frá byggðasjónarmiði er einnig mikilvægt að virkjunum sé nokkuð dreift um landið til þess að skapa þannig aðstöðu í viðkomandi byggðarlögum bæði að því er atvinnu snertir, meðan virkjunin er í byggingu, og einnig áfram, eftir að hún tekur til starfa.

Það er auðvitað ljóst að byggðarlög, þar sem myndarleg virkjun er reist, nýtur góðs af, og verður oft til þess að örva atvinnulíf og verða lyftistöng fyrir héraðið.

Ég nefni þessi atriði í upphafi máls míns til að benda á nokkrar meginröksemdir sem eru stoðir undir þessu frv. og hugmyndum um að veita heimild til virkjunar Blöndu.

Í grg. frv. og fylgiskjölum þess er gerð grein fyrir hvernig í stórum dráttum er hugsuð þessi virkjun, og tel ég ástæðulaust að rekja það nánar.

Í því sambandi koma að sjálfsögðu umhverfismál mjög til athugunar, og var þegar allsnemma leitað umsagnar Náttúruverndarráðs um það mál. Í grg. frv. er tekinn upp hluti úr svari Náttúruverndarráðs, þar sem segir að á þessu stigi geti Náttúruverndarráð tekið fram að það sjái ekki fram á neina meiri háttar árekstra, að því er varðar náttúruminjar eða fyrirhugaðar friðlýsingar, og geri að svo stöddu ekki athugasemdir við þær hugmyndir um virkjunartilhögun sem fram koma í skýrslum sem síðan eru nánar greindar. Hins vegar áskilur ráðið sér rétt til frekari umfjöllunar þegar niðurstöður náttúruverndarkönnunar liggja fyrir og þegar nánari útfærsla virkjunartilhögunar hefur verið ákveðin. En umhverfisáhrif þessarar fyrirhuguðu virkjunar eru einkum fólgin í því, að töluvert beitiland fer undir uppistöðulón og glatast.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur kannað þetta mál rækilega, og hafa þeir dr. Björn Sigurbjörnsson og Yngvi Þorsteinsson gert grein fyrir rannsóknum stofnunarinnar á beitartapi á lónsstæðinu og álits þeirra hefur verið leitað um hvernig væri unnt að bæta beitartjón af völdum lónsins. Rannsóknastofnun landbúnaðarins er þeirrar skoðunar að unnt sé að rækta upp örfoka land í nágrenni þess, en á þeim slóðum hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins um nokkur undanfarin ár haft með höndum rannsóknir og uppgræðslutilraunir. Þessar tilraunir sýna að mati Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að slík uppgræðsla sé vel möguleg. Það er að sjálfsögðu ein af forsendum virkjunar Blöndu að beitilandið yrði bætt, helst með því að græða upp jafngott land í staðinn.

Það var fyrir tæpum tveimur árum, eða í aprílmánuði 1975, að áætlanagerð og rannsóknum varðandi virkjun Blöndu var það langt komið að rétt þótti að kynna heimamönnum áform um hugsanlega virkjun. Þess vegna var boðað til fundar að Blönduósi 25. apríl 1975. Þennan fund sátu sveitarstjórnarmenn, bændur og fleiri aðilar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum sem hagsmuna töldu sig eiga að gæta við gerð virkjunarinnar. Sérstaklega eru það tveir aðilar, þ. e. Upprekstrarfélög Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar, sem hér koma við sögu og eiga hlut að máli. Á þessum fundi var málið kynnt frá öllum hliðum, sumpart af iðnrh. og enn fremur þeim sérfræðingum sem höfðu unnið að undirbúningi málsins. Þótti rétt að hafa þessi vinnubrögð sem voru nokkur nýlunda í virkjunarmálum og undirbúningi virkjana, að áður en lengra væri haldið skyldi kynna heimamönnum áform um virkjunina og kanna viðhorf þeirra. M. a. með dýrkeypta reynslu frá öðrum stöðum í huga þóttu sjálfsögð vinnubrögð að hafa þennan hátt á.

Í framhaldi af þessum umr. og ýmsum ábendingum heimamanna voru kannaðar í Orkustofnun og af öðrum sérfræðingum ýmsar breytingar á virkjunartilhögun í sambandi við þær ábendingar sem fram höfðu komið. Niðurstöðurnar voru svo kynntar síðar á þessu ári, sumarið 1975, á fjölmennum fundum sem haldnir voru bæði í Varmahlíð og að Húnavöllum. Síðan hafa verið haldnir fundir með heimamönnum í héraði og í iðnrn., bæði um tilhögun virkjunarinnar og um tilhögun bóta fyrir þá röskun á aðstöðu sem virkjunin kann að skapa bændum á svæðinu, með

hverjum hætti slíkar bætur yrðu og hvaða ráðstafanir þyrfti að gera í þessu sambandi.

Eftir þessa fundi og í samræmi við þær umr., sem þar urðu, hafa verið gerð drög að samkomulagi um bætur vegna Blönduvirkjunar í sex liðum sem birt er sem fskj. III með þessu frv.

Það er í fyrsta lagi, að mjög var um það rætt með hverjum hætti bætur skyldu greiddar. Kom þar aðallega tvennt fljótlega til umr.: annars vegar hvort greiða skyldi bætur í peningum eða í ókeypis raforku, og í annan stað uppræktun lands. Að því er snertir fyrra atriðið, þá er gert ráð fyrir því strax í vatnalögum frá 1923 að bætur til landeigenda megi greiða í raforku ef svo ber undir. Það kom skjótlega fram, að bæði mörgum heimamönnum og öðrum raunar þætti fara vel á því og margt mæla með þeirri aðferð, að í stað peningagreiðslna kæmi fyrirheit um ókeypis raforku. Það er margt sem mælir með þeirri aðferð, m. a. það sjónarmið, að með því að býlin eða jarðirnar fái slík hlunnindi eða fyrirheit séu meiri líkur en ella, vaxandi líkur fyrir að þær jarðir haldist í byggð. Mörg fleiri rök koma þar til sem ég skal ekki rekja hér.

Það var auðfundið skjótlega í þessum viðræðum að bændur lögðu á það mikla áherslu að þessi háttur yrði á hafður. Hitt er svo nokkurt vandamál, að ákveða nánar hvernig slíkar bætur skuli metnar, hvort það skuli ákveðið í tölu kw., hvort þessir tveir höfuðaðilar, þ. e. a. s. Uppreksturfélög Auðkúluhrepps og Eyvindarstaðahrepps skuli fá visst afl eða orku í sinn hlut og svo sjálf skipta því milli bænda, sem eru félagsmenn í þessum félögum, hvert skyldi vera hámarkið sem hér væri um að ræða, hvort miða skyldi við afl, þ. e. a. s. í kw., eða orku, í kwst. eða gwst. Í þessum drögum er stungið upp á því að virkjunaraðili láti viðkomandi hreppum í té ókeypis raforku allt að 1200 kw.

Í sambandi við ræktun lands er gert ráð fyrir að upp sé ræktað jafnmikið og gott beitiland og það sem fer undir vatn og að Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins annist á kostnað virkjunaraðilans uppgræðslu á samtals 1000 hekturum af örfoka landi á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Þá er gert ráð fyrir að þessari ræktun yrði lokið þegar lónstæði væru tilbúin.

Önnur atriði, sem minnst er á í þessum drögum, eru samgöngubætur, veiði, vinnubúðir, vegagerð og varsla, sem ég tel ekki ástæðu til að fara frekar út í.

Með þessu frv. fylgir sem fskj. IV á bls. 9 orkuspá. Þetta er nýleg spá sem orkuspárnefnd hefur látið frá sér fara. Hún kom út í febr. s. l. En svo er mál með vexti, að í stað þess að áður voru það nokkrir aðilar sem sömdu orkuspár hver fyrir sig, þá var tekið fyrir nokkru upp samstarf milli þeirra aðila sem með þessi mál hafa að gera en það eru fulltrúar frá Orkustofnun, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Laxárvirkjun, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Sambandi ísl. rafveitna. Þessir aðilar hafa lagt til fulltrúa í þessa orkuspárnefnd sem unnið hefur síðan síðla árs 1975 að því að gera samræmda raforkuspá fyrir allt landið og einstaka hluta þess.

Í fskj. IV. er gerð grein fyrir þeim forsendum sem þessi orkuspá er á byggð.

Án þess að fara rækilega út í þessa orkuspá er rétt að taka það fram, að samkv. henni er gert ráð fyrir að afl bæði Sigölduvirkjunar og Kröfluvirkjunar verði fullnýtt eftir 3—4 ár eða á árinu 1980, en orkan fullnýtt tveim árum síðar, m. ö. o.: þegar hætta þykir á aflsskorti verði ný virkjun að vera til komin. Þessi spá er ekki byggð á neinni stóriðju til viðbótar því sem þegar hefur verið ákveðið, þ. e. a. s. járnblendiverksmiðju og stækkun annars kerskála í álverinu. Það er því vegna almenningsnota sem nauðsynlegt er að ný virkjun hafi tekið til starfa á árinu 1980, og þess vegna þótti óhjákvæmilegt í lok síðasta árs að veita virkjunarleyfi fyrir Hrauneyjafossi, en það var eina meiri háttar virkjun hér, sem var fullkomlega um hönnun og áætlanir tilbúin til ákvarðanatöku. Í þessum orkuspám er svo gert ráð fyrir að þegar Hrauneyjafossvirkjun bætist við muni afl þessara virkjana allra endast til ársins 1987 eða um það bil 10 ár frá árinu í ár, orkan, eins og í fyrra dæminu, væntanlega tveim árum lengur. Nú er það svo að meiri háttar virkjanir, t. d. Blönduvirkjun, krefjast mikils undirbúnings og virkjunartíminn er alltaf nokkur ár. Það er því ekki ráð nema í tíma sé tekið að Alþ. lýsi vilja sínum í því efni að í þessa átt skuli stefnt. Allar þær athuganir, sem hingað til hafa fram farið, benda ótvírætt í þessa átt sem ég gat um áðan, að hér sé um sérstaklega hagkvæma virkjun að ræða. En að því er þessa orkuspá snertir tel ég þó rétt að fara um hana nokkrum orðum til viðbótar.

Þess er í fyrsta lagi að geta, að þessi orkuspá er samin af mikilli varfærni og ýmislegt bendir til þess að orkunotkun vaxi örar en þessi orkuspá gerir ráð fyrir. Menn hafa nefnt sem dæmi í þessu efni, að á hinum næstu árum er gert ráð fyrir að aukning raforkunotkunar fyrir landið í heild verði um 9% á ári, þ. e. a. s. á árunum 1977—1979 verði heildaraukning í landinu um 9%, á næstu árum þar á eftir um 8%. Hins vegar hafa menn bent á að orkuspá fyrir Norðurland, þ. e. a. s. um aukningu rafnotkunar á Norðurlandi, er lægri en hin almenna spá fyrir landið allt. Þegar menn hafa í huga þann orkuskort, sem verið hefur á Norðurlandi og sumir hafa viljað kalla orkusvelti, sem staðið hefur bæði fyrir þrifum nýjum atvinnufyrirtækjum, dregið úr framtaki og aukningu atvinnulífs orðið til þess að rafhitun hefur verið bönnuð þar á vissum svæðum um alllangt skeið þá finnst sumum mjög varlega í það farið að spá að á árunum 1977—1980 verði árleg aukning raforkunotkunar á Norðurlandi aðeins 7% á ári og minnki niður í 6 árið 1981. Á þetta hafa menn bent til stuðnings því að þessi orkuspá sé mjög varfærnisleg og megi eins reikna með því að reynslan sýni, að a. m. k. þegar orka verður fáanleg — vonandi bráðlega — á Norðurlandi, muni aukningin verða töluvert meiri.

Í öðru lagi er í þessari orkuspá ekki reiknað með því, að til kæmi bygging þriðja kerskála í álverinu í Straumsvík. Eins og kunnugt er hefur um margra ára skeið verið rætt um þann möguleika. Á tímum fyrrv. ríkisstj., þeirrar sem sat að völdum 1971—1974, var þetta mál mjög til umr. og átti bæði fyrrv. iðnrh. viðræður sjálfur og sú

n., sem hann skipaði, viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, ítarlegar viðræður við svissneska álfélagið um byggingu þessa þriðja kerskála. Niðurstaða varð engin. Gert er ráð fyrir að viðræður um þetta mál verði teknar upp að nýju. Hver niðurstaða verður er ógerningur að segja á þessari stundu. Ef hins vegar þær niðurstöður verða hjá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað og ríkisstj. að það þyki þjóðinni hagkvæmt að ráðist verði í byggingu þriðja kerskála, þá kemur það mál að sjálfsögðu til Alþingis kasta. Í þessu eru mjög mörg atriði sem vandlega þarf að skoða. Ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu að rétt þætti að leyfa að ráðist yrði í þriðja kerskála í Straumsvík, þá þarf hann 80 mw. afl.

Þriðja atriðið, sem ég vildi nefna og allt of sjaldan er rætt, er þróun og uppbygging iðnaðar, annars en hinnar svokölluðu stóriðju. Mönnum hættir mjög til þess í umr. um orku- og iðnaðarmál á Íslandi að ræða annars vegar um þann almenna, hefðbundna iðnað, oft og tíðum smáiðnað, sem hér er, og hins vegar svokallaða stóriðju í samstarfi við erlenda aðila. En við þurfum að huga meir að meðalstórum iðnaði sem einnig er í mörgum tilvikum orkufrekur, þarf mikillar orku við. Ég ætla að á því sviði séu ákaflega miklir og merkir möguleikar sem þarf að huga að. Margir slíkir möguleikar hafa verið til athugunar á undanförnum árum hjá stofnunum iðnaðarins. Í sambandi við undirbúning að Blönduvirkjun og undirbúning þessa frv. hef ég látið athuga sérstaklega ýmsa möguleika sem koma til greina á sviði hins meðalstóra iðnaðar sem landsmenn sjálfir og einir ættu vel að geta ráðið við fjárhagslega. Ýmislegt af því, sem þar hefur upp komið, er þess eðlis að slík fyrirtæki má reisa víðs vegar um landið, og m. a. og sérstaklega hefur Iðnþróunarstofnun Íslands unnið að þessu og tekið saman yfirlit sem ég skal nú rekja að nokkru og stikla þó á stóru.

Það er rétt að nefna hér fyrst í þessu sambandi ýmiss konar framleiðslu úr jarðefnum eða steinefnum eða gosefnum, eins og það er oft kallað. Þar má fyrst nefna steinullarframleiðslu úr basalti, en þar er talið að sé um þrjú aðalþrep að ræða: í fyrsta lagi bræðslu, enn fremur þeyting eða drátt á trefjum, í þriðja lagi mottugerð. Úr þessum efnum mætti framleiða margt. Einangrun á pípum, hljóðeinangrunarplötur, mottur og margt, margt fleira. En þessi framleiðsla, steinullarframleiðsla, krefst mikillar orku vegna þess að bræðslumark blöndunnar er talið 1250—1300 gráður. Það hefur farið fram könnun á stofnun slíkrar verksmiðju og verið gerðar ýmsar frumathuganir á því, svo og á markaðsmöguleikum, og virðast verulegar líkur á því að hér geti verið um álitlegan iðnað að ræða.

Í þessu sambandi hefur einnig verið talað um framleiðslu á steinullartrefjum, þ. e. a. s. dregnum trefjum úr basalti, en notkunarsvið er þar varma- og hljóðeinangrun, síur og margvísleg önnur notkun, en orkuþörf hér er einnig mikil, því að bræðslumark fyrir steinullartrefjar er talið að sé 1350—1400 gráða hiti.

Þá hefur verið nefnd í þessu sambandi glerull, þar sem framleiðsluaðferðin líkist um margt framleiðslu á steinull, en er þó öll einfaldari. Hráefni gæti verið brotagler. Er talið að í þessum þrem greinum, sem ég hef hér nefnt, sé fyrst og fremst um að ræða mikinn innlendan markað til að spara okkur mikinn gjaldeyri, en einnig eru að því er sum þessara atriða snertir útflutningsmöguleikar og gjaldeyrisöflun.

Þá hefur verið athuguð sérstaklega sementsframleiðsla, en eins og kunnugt er er það svo með Sementsverksmiðju ríkisins, að þó að hún noti verulegt magn af rafmagni, þá er aðalorkugjafinn olía. Það eru hvorki meira né minna en um 13 þús. tonn af olíu sem Sementsverksmiðjan notar nú á ári. Hefur því verið mjög til athugunar hvort hugsanlegt væri að breyta til og taka raforku að verulegu magni til þessarar framleiðslu sem orkugjafa í stað olíunnar.

Um niðurstöður þessa skal ég ekki fullyrða neitt hér, því að þau atriði, sem ég er hér að rekja, eru öll aðeins hugmyndir og ábendingar sem nánar þarf að kanna.

Þá hafa verið nefnd svokölluð viðnámsþolin efni margvísleg sem framleidd eru með rafbræðslu, og hef ég fengið allitarlega grg. um þá möguleika sem að mörgu leyti virðast álitlegir. Stofnkostnaður virðist ekki ýkjamikill í þeirri grein ef ekki er of stórt byrjað, hráefni er til í landinu og orkuþörfin tiltölulega stór þáttur í framleiðslunni.

Þá má nefna járn- eða stálframleiðslu úr brotajárni, en þegar hefur verið stofnað stálfélag sem ýmsir áhugasamir einstaklingar standa að. Hefur það félag leitað til ríkisvaldsins um nokkra fyrirgreiðslu, annars vegar ríkisábyrgð fyrir stofnláni og hins vegar að ríkissjóður legði fram sem hlutafé fjárhæð sem nemur tollum og aðflutningsgjöldum af vélum. Hér er einnig um að ræða fyrirtæki sem þarfnast töluverðrar orku.

Þá kemur áburðarframleiðsla til athugunar. Hefur verið að störfum sérstök n. til að kanna stækkun áburðarverksmiðju eða byggingu nýrrar verksmiðju. Nú er það þannig að Áburðarverksmiðjan framleiðir um 30 tonn af ammoníaki á dag og notar nú um 15 mw. til þeirrar framleiðslu. Ef menn teldu aðrar ástæður liggja til þess að stækka verksmiðjuna og auka framleiðsluna á ammoníaki, þá gæti þar verið um að ræða tvöföldun eða þreföldun á framleiðslumagni. Nú hefur komið í ljós í sambandi við áburðarframleiðslu að þegar um meiri háttar verksmiðjur er að ræða a. m. k. muni jarðgas eða olíugas henta betur og vera ódýrara en raforkan. Hins vegar má vel vera að niðurstaðan verði sú, að þegar ekki er um mjög stórar verksmiðjur að ræða geti raforkan áfram verið samkeppnisfær. Að því er áburðarverksmiðjuna snertir er sérstaklega aukin framleiðsla ammoníaks til innanlandsnota og til útflutnings til athugunar sem dæmi um orkufrekan iðnað.

Þá hefur heykögglaframleiðsla til þess að koma í stað kjarnfóðurs þess, sem nú er flutt inn, verið mjög til athugunar. Hefur verið gert ráð fyrir að framleiðsla á heykögglum sé nú um það bil 1/10 hluti af því sem þyrfti til þess að koma að fullu í stað kjarnfóðurs. Þarf frekari tæknilegrar athugunar hvort raforkan hentar í þessu tilviki, en þó eru margir sem telja, að svo sé.

Ég nefni þessi dæmi og rek þó aðeins fáa drætti. Margvíslegir aðrir möguleikar eru hér á landi á meðalstórum iðnaði sem þarfnast verulegrar raforku. En ég nefni þetta sérstaklega hér vegna þess

að menn mega vara sig á því að líta á þessar tölur frá orkuspánefnd þannig að ekki sé þörf á nýjum virkjunum fyrr en til viðbótar þeim sem eru í byggingu eða leyfðar hafa verið, það þurfi ekki fyrr en eftir 10 ár að taka til starfa viðbótarvirkjun. Við verðum að hafa það í huga að orkuspárnefndin hefur margvíslega fyrirvara sem stundum gleymast þegar menn vitna í þessar spár. Ef svo fer sem að er stefnt, að íslenskur iðnaður aukist verulega og m. a. verði lögð áhersla á vinnslu jarðefna og ýmiss konar önnur meðalstór iðnfyrirtæki sem yrðu alfarið á vegum landsmanna sjálfra, þá þurfa þessi fyrirtæki mikla raforku vegna þess að í mörgum tilvikum er um bræðslu að ræða þar sem hitastigið þarf að vera yfir 1000 stig.

Ég nefndi ekki í þessari upptalningu eitt atriði sem er alllangt á veg komið í undirbúningi. Það er vinnsla perlusteins sem ætti að geta hafist hér áður en langt um líður, en þar krefst bæði þensla og þurrkun raforku.

Ef svo fer um aukningu á raforkunotkun eins og mér segir hugur um, að hún verði nokkru örari en orkuspáin gerir ráð, og ef tekst að koma upp á næstu árum ýmsum slíkum iðnaðarfyrirtækjum eins og ég nú hef rakið, þá er ljóst, að ekki má slaka á um rannsóknir og undirbúning nýrra virkjana. Það er mikilvægt atriði í sambandi við virkjanir á næstu árum að dreifa virkjunum um landið, en auðvitað á þeirri forsendu að þar sé um hagkvæmar virkjanir að ræða, a. m. k. séu sumar hinna nýju virkjana, sem við ráðumst í á næstu árum og áratugum, utan hinna eldvirku svæða. Er mjög mikilvægt að þessum undirbúningi verði hraðað eftir föngum. Þegar Sigölduvirkjun var leyfð á sínum tíma og nú Hrauneyjafossvirkjun hafa mál legið þannig fyrir, að aðrir fullhannaðir virkjunarkostir hafa ekki verið fyrir hendi. Landsvirkjun hefur sinnt störfum sínum af mikilli fyrirhyggju og myndarskap að því er snertir rannsóknir og undirbúning til þess að fullnægja sem best þeirri skyldu sem samkvæmt lögum hvílir á því fyrirtæki, að sjá fólkinu í þessum landshluta á Suðvesturlandi, fyrir raforku. En næst þegar þarf að ráðast í meiri háttar virkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun verðum við að hafa fleiri valkosti en á Þjórsársvæðinu einu. T. d. væri æskilegt þegar það mál liggur fyrir, að þá lægi fyrir fullnaðarhönnun ekki aðeins á næsta áfanga á vegum Landsvirkjunar, heldur einnig fullhannaðar og tilbúnar til ákvarðanatöku og útboðs bæði Blöndu- og Bessastaðaárvirkjun.

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að lokum, að hér er um heimildarlög að ræða. Það fer nokkuð eftir atvikum hversu langur tími líður frá því að Alþ. samþykkir heimildarlög og þangað til endanlega er ákveðið að ráðast í virkjun. En vinnubrögð og gangur mála hefur verið sá hér um alllangt skeið, að þegar virkjun hefur verið könnuð það rækilega, að hún þykir álitleg og hagkvæm, þó hún sé ekki fullhönnuð, þá er málið lagt fyrir Alþ. í formi heimildarlaga. Ef Alþ. fellst á að hér sé um hagkvæma og álitlega virkjun að ræða eru þau heimildarlög samþ. Síðan er það ríkisstjórnar á sínum tíma að ákveða hvort og hvenær skuli nota slík heimildarlög, þegar málin hafa verið rannsökuð til hlítar. Stundum líður skammur tími þar í milli, stundum langur tími. Heimildarlögin fyrir Hrauneyjafossvirkjun voru samþykkt á Alþ. 1971, en virkjunarleyfi var veitt og ákvörðun um að ráðast í virkjunina tekin í lok des. 1976.

Ég vil svo leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hlýt að hefja mál mitt með því að átelja það óðagot sem viðhaft er á afgreiðslu þessa máls. Frv. var ekki lagt fram fyrr en nú í þessari viku, og þrátt fyrir það er knúið á um að ljúka 1. umr. nú fyrir helgi. Það er mikill annatími í þinginu og málið er stórt og stefnumarkandi. Ég vil þó þakka forseta fyrir að hinkra við í gær og draga umr. þangað til nú, þó ég hefði fremur kosið að frestur hefði gefist fram yfir helgi. Þetta er afdrifarikt mál og rétt að menn geri sér grein fyrir hvað þeir eru að gera.

Í frv. er verið að heimila Norðurlandsvirkjun að reisa raforkuver. Norðurlandsvirkjun er ekki til og verður e. t. v. aldrei. Það fyrirtæki er allt of fjarri til þess að fela því verkefni. Ég minni á það, að það er stefna Framsfl. að mynda eitt raforkuöflunarfyrirtæki fyrir landið allt, Íslandsvirkjun, en ekki landshlutafyrirtæki til raforkuöflunar.

Ég tel rétt að nefna það, að hér er verið að óska heimilda til þess að virkja fyrir 15 milljarða samkvæmt núgildandi verðlagi. Hvar ætlar hæstv. ráðh. að taka þá peninga, eða þeir þm. Eyjólfur og Pálmi, báðir hv. þm.? Ég tel það ekki rétta stefnu að gefa út svona heimildarlög, ekki rétta á nokkurn hátt. Þarna eru þm. að afsala sér öllum íhlutunarrétti um málið og leggja það á vald einhverrar ríkisstj. í framtíðinni hvort og hvenær verður virkjað. Það er einkennilegt fyrir okkur þm., sem ekki sátum hér á undanförnum kjörtímabilum, að hafa ekki haft tækifæri til þess að taka afstöðu til verkefna eins og virkjunar Kröflu, hvað þá Hrauneyjafoss. En þá sögu rek ég ekki lengra, hún er öllum kunn. Hins vegar á þjóðin rétt á því að krefja okkur reikningsskapar vegna ráðsmennsku okkar, og það mun hún vafalaust gera.

Frv. þetta til l. sem hér er fram komið, er á ýmsan hátt fátæklega úr garði gert. Rannsóknir eru skammt á veg komnar, hugmyndir ýmsar í lausu lofti hvað varðar virkjunartilhögun og blekkinga gætir í framsetningu. Virkjunartilhögunin er einkennileg. Þarna á að mynda stórt uppistöðulón í 480 m hæð yfir sjó, leiða síðan úr því vatnið úr einu stöðuvatni í annað, allt til Gilsvatns í 420 m hæð yfir sjó, þarna myndast brattir skurðir, vatnið grefur jarðveg, en hvergi er hugsað fyrir því hvert sá uppgröftur fer. Hann hlýtur að fylla Gilsvatn, sem er örgrunnt, og safnast saman í hallalitlum skurði frá Gilsvatni að inntaksmannvirkjunum. Þessi skurður hefur yfirfall í Gilsá, 3—4 km frá inntaksmannvirkjum virkjunarinnar, þ. e. a. s. holunni sem vatnið á að falla niður í. Þegar krapamyndun verður í skurðinum eða ís brotnar á honum er engin leið að hreinsa skurðinn nema þá í gegnum þessar gjár. Sama er uppi á teningnum ef vél bilar. Þá þarf það að vera vitað fyrir fram, þannig að hægt sé að beina vatninu um yfirfall 2 klst. áður en bilun á sér stað. Svona mætti lengi telja um tilhögunina. Ég mun þó einungis drepa á fátt eitt og þó einkum það er varðar röskun á náttúrufari.

Lónið, sem myndast, er að mestu leyti á grónu landi, góðu og frjósömu landi. Stærð þess er meiri en allra túna í Austur-Húnavatnssýslu samanlagðra. Þarna myndast þriðja stærsta stöðuvatn á landinu.

Ég mun nú lesa stutta álitsgerð frá stjórnarfundi SUNN, en SUNN eru samtök um náttúruvernd á Norðurlandi og gerðu svo hljóðandi ályktun um Blönduvirkjun:

„Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi hafa fylgst með undirbúningi Blönduvirkjunar í Austur-Húnavatnssýslu. Miðað við þær hugmyndir sem nú liggja fyrir um þessa virkjun (sbr. Greinargerð um virkjun Blöndu, Orkustofnun 25. 4. 1975) vilja samtökin vekja athygli á eftirfarandi:

1. Í áætluninni er gert ráð fyrir allt að 62 km² miðlunarlóni á afréttum Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðar, en af því er talið að um 56 km² séu samfellt gróðurlendi. Þetta er nálægt 40% þess gróðurlendis sem líkur eru til að tekið verði undir miðlunarlón við fullnýtingu á vatnsorku landsins. Ef Þjórsárver eru undanskilin, eru þetta um 60% (sbr. Jakob Björnsson: Landþörf orkuvinnsluiðnaðarins á Íslandi, Orkustofnun mars 1973).

2. Við þetta má bæta töluverðu landi sem fer undir mannvirki í sambandi við virkjunina, svo sem stíflur, veituskurði, vegi o. fl., svo og raski vegna efnistöku. Þá munu eyjar í lóninu ekki nýtast til beitar.

3. Þá fara um 10—15 km² af stöðuvötnum undir veitur og lón (Þrístikla, Friðmundarvatn austara, Gilsvatn o. fl.). Sum þessara vatna eru ágæt veiðivötn, en líf þeirra mun breytast grundvallarlega við tilkomu jökulvatns úr Blöndu og fiskur að líkindum hverfa úr þeim.

4. Tillögur hafa komið fram um að veita allt að helmingi þess vatns, sem fellur til Vatnsdalsár, yfir í hinn nýja farveg Blöndu, en það mundi valda gerbreytingu á báðum ánum.

5. Hætt er við ýmsum breytingum af völdum miðlunarlónsins. Jarðvegur mun rofna í bökkum þess og sandfok gæti orðið úr lónstæðinu á vetrum, en á sumrum aukinn vatnsagi í grennd við stíflur. (Leki úr lóninu gæti jafnvel orsakað breytingar á vatnakerfum Vatnsdalsár og fleiri vatna í Austur-Húnavatnssýslu). Loks getur lónið haft áhrif á veður á nærliggjandi afréttum og einnig í nálægum sveitum, t. d. með aukinni þokumyndun.

6. Ljóst er því að með fyrirhugaðri Blönduvirkjun er stefnt að stórfelldri röskun á náttúrufari Austur-Húnavatnssýslu sem kemur verst niður á sumum búsældarlegustu sveitunum, þar sem veðurfar og gróður veita hagstæðust skilyrði til búskapar og veiðihlunnindi eru einna mest.

7. Hugmyndir um endursköpun þess gróðurlendis, sem fer undir miðlunarlón eða önnur virkjunarmannvirki, teljum við algjörlega óraunhæfar, enda hlýtur uppgræðsla eyðilands að vera sjálfsögð án tillits til virkjunar. Hið sama gildir um möguleika á aukningu veiðinnar í öðrum vötnum í stað þeirra sem skemmast.

8. Óspillt náttúrufar verður eflaust því meira metið sem tímar líða. Eyðing gróðurs og dýralífs er ævarandi skaði sem ekki er hægt að bæta með fé eða á annan hátt, það er ekki aðeins skaði þeirra sveita, sem verst verða úti, heldur allrar þjóðarinnar og raunar alls heimsins.

9. Með tilliti til ofangreindra atriða er það niðurstaða okkar, að ekki skuli stefna að Blönduvirkjun á næstu áratugum, heldur skuli velja þá virkjunarmöguleika norðanlands sem vitað er að valda mun minni umhverfisspjöllum."

Þetta var samþykkt á stjórnarfundi SUNN 7. 6. 1975.

Hvað varðar áhrif á vatnasvæði Vatnsdalsár, þá verður þegar tekin kvísl sem fellur til Vatnsdalsár. Stífla verður byggð þar á milli urðarása. Jökulvatn lekur að sjálfsögðu í einhverjum mæli til Vatnsdalsár. Síðan er ekki á þessu stigi sagt frá þeim möguleika að stífla Vatnsdalsá við Eyjavatnsbungu og ná henni að virkjuninni. Myndast þá stórt lón í Forsæludalskvíslum. Það verk er tæknilega mjög auðvelt. Um þetta atriði vitna ég til skýrslu Orkustofnunar í jan. 1976, en skýrslan heitir „Orkuvinnslugeta virkjunarvalkosta á Norðurlandi." Þar segir á bls. 37:

„Til nánari glöggvunar víast til myndar nr. 3.3. í viðauka 3. Af þeirri mynd má einnig lesa að heildarkerfið er enn vanmiðlað þó að 500 gw. miðlunarvirkjun í Blöndu bætist inn á netið, og má búast við því að hægt væri að sýna fram á arðsemi af verulega stærri miðlun þar. Ekki hafa verið gerðar sérstakar rekstrareftirlíkingar til þess að sannreyna það, en mótstaða náttúruverndarmanna og bænda gegn hugmyndum um miðlanir á þessu svæði er vafalaust ástæðan fyrir því að menn hafa enn þá ekki" — ég endurtek: „enn þá ekki einu sinni leitt hugann að þessum möguleika."

Ingvi Þorsteinsson var fenginn af iðnrn. til að semja sérstæða álitsgerð um gróðurverndarþáttinn. Þá skýrslu geri ég ekki að umræðuefni — ég er kurteis maður, en ég vil þó segja það, að beitarþol gróðurlendisins er stórlega vanmetið. Útreikningar um ræktun örfoka lands eru rugl. Hins vegar svarar gróið land, sem sekkur við þessa lónmyndun, mjög vel áburðargjöf, og beitartilraunir, sem FAO gerði í lóninu, sanna að þar eru um enn þá betra land að ræða en við hugðum.

Þá vil ég geta nokkuð um þær búsifjar, sem fyrirsjáanlega hljótast á lax- og silungsveiði. A. m. k. þrjú silungsveiðivötn eyðileggjast í fyrsta áfanga miðlunarinnar, þar af tvö mjög góð. Um áhrif á laxveiði er ekki hægt að fullyrða annað en það, að eðli vatnsins breytist. Sandburður minnkar verulega, en jökullitur árinnar heldur sér. Það er eðli jökulvatnsins. Þá verður áin kaldari að vorinu og fyrri hluta sumars, þannig að lax mun ganga seinna í ána en nú er. Þá munu lax og sjóbirtingur ekki komast í Galtará, sem í raun hverfur í lónið í Haugakvísl, eða í Seyðisá, sem er dásamlegt og fiskauðugt vatnsfall, einstakt í flokki þeirra áa er liggja svo hátt yfir sjó. Þá ber þess að geta að hluti vatnsvirkjunarinnar kemur til með að liggja á vatnasvæði Svínavatns og þar með Fremri-Laxár, Laxárvatns og Laxár á Ásum, og jökulvatnsleki, sem óhjákvæmilega er tekin áhætta með að verði yrði því vatnakerfi ekki til prýði.

Orkustofnun hefur gefið út áróðursrit, tekið saman af Birgi nokkrum Jónssyni, þar sem hann lætur sig hafa það að spá um vatnsrennsli í

Langadal. Niðurstöður Birgis eru einkennilegar, en hann spáir því að flóð „minnki til muna“. Það er skynsamlegt hjá honum að flóð síðari hluta vors minnka þar sem um heiðaleysingu og leysingu af jökli er að ræða. En hins vegar verða vetrarflóð miklu hærri en nú er, þar sem alltaf kemur sama vatnsmagn miðlað út úr ræsinu, og er það að miklum hluta til viðbótar við leysingu í byggð og nærri byggð sem að mestu myndar vetrarflóðin. Þá er þess að geta að ísmyndun verður því meiri að vetrinum sem vatnsmagn árinnar er meira, og nægir þar að minna á reynsluna frá Þjórsá og vatnsmiðlun þar frá því í vetur. Eru þó frost miklu mildari syðra en nyrðra.

Hvað á svo að gera við þessa orku sem þarna bætist við? Hvað á svo að gera við orkuna? Þetta er það stór áfangi, að jafnvel þó að landið væri samtengt og orkuver fullnýtt og jafnvel eitthvað af draumum hæstv. ráðh., sem hann rakti hér áðan, góðum og fallegum draumum, kæmist til framkvæmda, þá yrði rekstrartap á Blönduvirkjun fyrsta árið á annan milljarð, ef ekki kæmi til stóriðja, þ. e. a. s. kaupandi, sem gæti tekið við mjög miklu magni á svipstundu. Og þetta yrði væntanlega erlend stóriðja.

Ráðh. las hér upp og lét prenta í frv. nýja orkuspá. Hún er nú ansi mikið öðruvísi en sú sem var gerð í fyrra, og mér finnst þessi miklu ótrúlegri líka. Blönduvirkjun verður ekki hagkvæm nema með stórum orkukaupanda, og ég vitna til hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, en í umr. um till. hans um staðarval stóriðju á Norður- og Austurlandi drap hann á þetta atriði og gerði það af hreinskilni og ærlegheitum. Ég er ekki gefinn fyrir að hæla mönnum upp í eyrun, en ég hygg að hann sé nú skarpastur og drengur bestur ykkar sjálfstæðismanna, og mæli ég þetta eftir bráðum þriggja vetra kynni. Raunar hef ég fleiri vitni viðlátin. Ég vil lesa — með leyfi forseta — upp stuttan kafla úr ræðu dr. Jóhannesar Nordals sem hann flutti á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna 1975 og birt er í Morgunblaðinu 9. mars það ár:

„Með tveimur nýjum virkjunum á Norðurlandi, Kröfluvirkjun og Blönduvirkjun, ásamt samtengingu við raforkukerfi Suðvesturlands munu í fyrsta skipti skapast skilyrði til þess að koma upp orkufrekum iðnaði í stórum stíl á Norðurlandi. Hafa ýmsar athuganir bent til þess að ýmis önnur skilyrði, svo sem hafnaraðstaða og þjónustuaðstaða og vinnumarkaður, séu mjög viðunandi við Eyjafjörð, ekki langt utan við Akureyri. Ég efast um það að nokkur önnur staðsetning komi til greina ef menn vilja stefna að því markmiði að koma orkufrekum iðnaði utan Suðvesturlands á næstu 10 árum. Þótt skilyrði til orkuöflunar í framtíðinni virðist mjög góð á Austurlandi, er gífurlegt starf óunnið áður en menn geta gert sér raunhæfar hugmyndir um fyrirkomulag stórvirkjana og byggingu orkufreks iðnaðar á því svæði. Að því mun varla koma fyrr en einhvern tíma eftir miðjan næsta áratug. Þá mun líka samtenging Austurlandsins við aðra landshluta gera mönnum kleift að ráðast í mun stærri áfanga en ella. Það er því mikilvægt, eins og ég hef áður bent á, að næstu 10 ár verði notuð til þess að rannsaka hina miklu virkjunarmöguleika á Austurlandi og vinna að hönnun þeirra virkjana, sem hagkvæmastar reynast.

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum er sú, að unnt sé á næstu 10 árum að stórauka orkufrekan iðnað hér á landi. Hluti þeirrar aukningar yrði vafalaust viðbætur við þau iðjuver, sem þegar eru fyrir hendi á Suðvesturlandi, þ. á m. hugsanleg stækkun áburðarverksmiðjunnar, en auk þess ætti að skapast skilyrði til þess að nýr orkufrekur iðnaður risi upp við Eyjafjörð, t. d. 50—60 þús. tonna álbræðsla, en orkuþörf hennar yrði 800—900 gwst. á ári. Á mynd 2 er sýnd staðsetning orkufreks iðnaðar við Eyjafjörð og síðar við Reyðarfjörð, eftir að Austurlandsvirkjun kemur til sögunnar, einhvern tíma eftir 1984. Hef ég þá lokið því sem ég tel ástæðu til að segja um stóriðju í þessu sambandi, en sný mér að fjármagnsþörf og hagkvæmni þeirra hugmynda um þróun orkuöflunarkerfisins, sem ég hef nú þegar sett fram.“

Þetta sagði dr. Jóhannes Nordal, og það var ekki seinna vænna að fara að líta á þetta með fjármagnsþörfina og hagkvæmnina. En ég er ekki þessari þróun sammála eða þeirri stefnu sem þarna er fylgt.

Það er leiðinlegt fyrir mig að þurfa að tala margoft um sama efnið, raunar leiðinlegt fyrir ykkur líka að neyðst til að hlusta á mig. Þetta er fjórða stóriðjuumr. hér á Alþ. nú á fáum dögum, og ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um það efni, fremur en að endurtaka mikið af því. Skoðun mín á erlendri stóriðju á Íslandi hefur ekkert breyst síðan í fyrri viku, og mun ég enn hafa uppi sama söng.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að reynsla okkar af erlendri stóriðju er dapurleg. Slíkir vinnustaðir eru ekki eftirsóknarverðir. Samfélög þau, er þar myndast, eru ekki samfélög hamingjumanna. Það ætti þó að vera fyrsta boðorð okkar, sem gefum okkur að því að stjórna að reyna að mynda samfélög hamingjumanna, samfélög þar sem hamingja endist, samfélög þar sem við gætum hugsað okkur að lifa sjálfir, vinnustaðir þar sem við gætum glaðir gengið til starfa sjálfir og óskað börnum okkar að starfa. Áðan nefndi ég vin minn, hv. þm. Eyjólf Konráð. Nú vil ég nefna strákinn hans. Ég er viss um að strákurinn sá er sæll og meiri maður gerandi við mótorhjól í skúr vestur í bæ ásamt með sínu vélskólanámi heldur en þó að Eyjólfur hefði vistað hann í kerskálanum í Straumsvík. Ég tel að þetta land sé okkar land og auðlindir þess okkar auðlindir. Við eigum að búa hér sjálfir, neyta frumburðarréttar okkar til landsins, til gagna þess og gæða. Ég er andvígur því að virkja fallvötn okkar til hagsbóta fyrir útlend auðfélög fyrst og fremst. Ég tel að raforkumálastefna okkar hafi verið röng og henni þurfum við að breyta. Við höfum einblínt á hagkvæmni stærðarinnar, virkjað of stórt og síðan neyðst til þess að selja mikinn hluta orkunnar útlendingum fyrir of lágt gjald, en síðan orðið að okra á þeirri orku sem íslendingar kaupa. Þetta sannaði ég allt saman rækilega í vikunni sem leið, og ég bið menn að rifja það upp.

Það hefur verið reiknað út, að með því að selja alla raforku frá Blöndu strax verði hægt að framleiða hverja kwst. fyrir lægra gjald en

sums staðar annars staðar. En þessi virkjun er siðferðilega dýrari en aðrar virkjanir vegna þess að svona meðferð á landi sínu er ill og óguðleg.

Nú vil ég geta þess, að þeir tímar geta komið að okkur sé nauðugur sá kostur einn vegna nauðþurfta okkar sjálfra að vinna hervirki á landi okkar vegna orkuöflunar, svo sem hér er gert ráð fyrir, og þá er að taka því. En sá tími er ekki kominn sem betur fer. Við höfum nóg önnur úrræði en þau að virkja Blöndu. Við höfum valkosti sem henta betur okkar stærð, okkar þjóðfélagsgerð.

Ég hef leyft mér ásamt nokkrum öðrum þm. að bera fram till. til þál. um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi. Flm. með mér eru Ragnar Arnalds, Stefán Valgeirsson, Stefán Jónsson, Ingvar Gíslason, Jónas Árnason, Steingrímur Hermannsson og Ingi Tryggvason. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hraðað verði svo sem frekast er unnt undirbúningi að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og hönnun hennar, svo að þar megi reisa næsta raforkuver á Norðurlandi vestra."

Orkustofnun gaf út í maí 1975 frumáætlun um 32 mw. virkjun við Villinganes í Skagafirði. Skýrsla þessi er unnin á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og ber hún það með sér að þarna er um mjög álitlega virkjun að ræða, sé verið að virkja vegna íslenskra notenda. Hins vegar er virkjun þessi ekki af þeirri stærð að hún geti orðið orkuöflunarfyrirtæki vegna erlendrar stóriðju. Síðan hafa verið framkvæmdar allmiklar rannsóknir á þessum slóðum og hafa þær allar hnigið í þá átt að um álitlega virkjun sé að ræða.

Iðnrn. hefur hins vegar talið heppilegra að leggja áherslu á virkjun Blöndu og borið fram frv. það sem hér er til umr. Blanda verður hins vegar ekki virkjuð á næstunni nema með því að selja mestalla orkuna til orkufreks iðnaðar. Virkjunin er, eins og áður sagði, allt of stór fyrir almennan raforkumarkað á Norðurlandi og einnig of stór fyrir almennan markað á landinu öllu nema í tengslum við sérstök stórverkefni á sviði orkufreks iðnaðar. Enn augljósara er þó, að áform um Blönduvirkjun, sem koma beint í kjölfar ákvörðunar um Hrauneyjafossvirkjun, hljóta að vera tengd stórfelldum hugmyndum um uppbyggingu erlendrar stóriðju á fyrri hluta næsta áratugs.

Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum er hins vegar af þeirri stærð að hún fellur mjög vel að þeirri aukningu raforkumarkaðarins, enda gæti hún verið fullnýtt í þágu landsmanna allra á rúmu ári. Auk þess er virkjunin talin mjög hagkvæm samkvæmt nýjustu útreikningum. Þá er þess að geta, að um virkjun hjá Villinganesi er einhugur heimamanna, og ég mun síðar í ræðu minni lesa upp nokkrar ályktanir því til staðfestingar. Því er hins vegar ekki að heilsa hvað varðar virkjun Blöndu, enda er þar um að ræða geysilega röskun á náttúrufari. Þetta miðlunarlón, sem þar er áformað að mynda er náttúrlega stærsti þátturinn í því.

Upprekstur á Auðkúluheiði eiga Svínavatns- og Torfalækjarhreppar og Blönduós, á Eyvindarstaðaheiði eru það Bólstaðarhlíðarhreppur, Seyluhreppur og Lýtingsstaðahreppur og einstakar jarðir í Akrahreppi og Ríputhreppi.

Viðhorf íbúa þeirra hreppa, er upprekstur eiga á Eyvindarstaðaheiði, kemur glögglega í ljós af fylgiskjölunum. Viðhorf íbúa Svínavatnshrepps er það, að í júní 1975, þ. e. a. s. tveimur mánuðum eftir fundinn sem hæstv. ráðh. vitnaði til á Blönduósi, skrifaði meiri hl. atkvæðisbærra íbúa hreppsins undir yfirlýsingu til iðnrn. um að þeir teldu ekki koma til greina að sökkva landi á Auðkúluheiði. Síðan var samþ. á almennum sveitarfundi á Húnavöllum 15. júlí 1975 með 31:16 atkv. ályktun sem tekur af öll tvímæli um vilja hreppsbúa. Á þessum fundi voru staddir meðal annarra góðra gesta orkumálastjóri, einn starfsmaður frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Ingvi Þorsteinsson. Flestir íbúar Torfalækjarhrepps og forráðamenn Blönduóshrepps hafa hins vegar tekið jákvæða afstöðu varðandi virkjun Blöndu, og eins ber að geta, að mikill hópur manna úr öðrum byggðarlögum í Húnavatnssýslu en þeirra, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, hefur lýst áhuga sínum á framkvæmd þessari. En það er alveg ljóst, að það næst ekki samstaða nema um virkjun Héraðsvatna, en þar er ekki heldur um verulega röskun á náttúrufari að ræða.

Samkvæmt frumáætlun Orkustofnunar um Villinganesvirkjun var stofnkostnaður vinnsluvirkja áætlaður í maí 1975 2.9 milljarðar kr. Ég geri ráð fyrir að þetta hafi breyst og hækkað eins og annað talsvert mikið síðan. En ég bið menn að bera saman samt þessar tölur og þá greiðslubyrði, sem þeim fylgir, og greiðslubyrðina af 15 milljörðunum við Blöndu. Það er ráðgert að stífla Héraðsvötn með jarðefnastíflu um 2 km neðan ármóta Eystri- og Vestri-Jökulsár. Steypt yfirfall verður á vestari árbakka, en aðrennslisskurður fram hjá stíflunni á eystri bakka. Frá inntaki við skurðendann liggur þrýstipípa niður í árgljúfrið að stöðvarhúsi, sem er ofanjarðar í farveginum neðan stíflunnar. Á byggingartíma verður ánni veitt fram hjá virkjunarstaðnum um jarðgöng í vestari árbakka.

Villinganesvirkjun verður rennslisvirkjun með dægurmiðlunarlóni. Gert er ráð fyrir að venjuleg yfirvatnshæð verði 153 m. y. s., en undirvatnsborð 96.5 m. y. s. Verg fallhæð verður því 56.5.

Þá er þess að geta, að í Jökulsánum í Skagafirði eru nokkrir aðrir álitlegir virkjunarárfangar, þannig að þarna virðist vera um að ræða álitlega staðhætti til raforkuöflunar miðað við þarfir landsmanna sjálfra.

Það var skoðun okkar flm. þáltill. að samtenging raforkukerfisins sé hið brýnasta verkefni og eðlilegt sé síðan með tilliti til öryggis og atvinnusjónarmiða að reisa virkjanir af hæfilegri stærð í hinum ýmsu landshlutum. Orkuvinnslugeta Villinganesvirkjunar, miðað við samrekstur Norðurlandskerfis og Landsvirkjunarkerfis, eftir að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun hafa tekið til starfa, er 175 gwst. á ári. Kostnaður við hvert framleitt mw. var í maí 1975 áætlað um 2.18 kr. Þess ber að geta

að um þennan virkjunarstað gildir það sama og um Blöndu, að hann er ekki á eldvirku svæði.

Þá mun ég — með leyfi forseta — lesa nokkrar ályktanir sem sýna þann hug sem heimamenn, þeir menn sem málið snertir mest, bera til þessara valkosta. Þá byrja ég á því að segja frá sveitungum mínum sem samþ. á sveitarfundi sínum 15. júlí 1975 svo hljóðandi ályktun:

„Sveitarfundur í Svínavatnshreppi, haldinn á Húnavöllum 15. júlí 1975, telur að ástæðulaust sé að halda áfram rannsóknum vegna hugsanlegrar Blönduvirkjunar, þar sem hún mun óhjákvæmilega hafa stórkostleg landspjöll í för með sér. Telur fundurinn að orkumál Norðurlands vestra verði betur og farsællegar leyst með áfangavirkjunum í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri, enda hafa þær virkjanir ekki geigvænleg landspjöll í för með sér og fullnægja betur orkumarkaði norðlendinga, þannig að þeir geta hagnýtt orkuna sjálfir, en þurfi ekki að selja hana til erlendrar stóriðju, svo sem óhjákvæmilegt yrði að gera um orku frá Blöndu."

Búnaðarfélag Lýtingsstaðahrepps samþ. á fundi sínum eftirfarandi ályktun um virkjunarmál:

„Aðalfundur Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps, haldinn í Ásgarði þriðjudaginn 22. apríl 1975, fagnar loforðum stjórnvalda um úrbætur í raforkumálum á Norðurlandi vestra við virkjun á svæðinu.

Jafnframt skorar fundurinn eindregið á yfirstjórn orkumála að hraða undirbúningsrannsóknum á Jökulsá í Skagafirði og stefna að virkjun þar sem allra fyrst, en fresta ákvörðun um Blönduvirkjun."

Þá er frá almennum hreppsfundi í Seyluhreppi sem haldinn var í Miðgarði 14. júní 1975. Hann lýsir ánægju sinni yfir þeim áhuga ráðamanna raforkumála fyrir virkjun á Norðurlandi vestra sem fram hefur komið.

Jafnframt mótmælir fundurinn eindregið fyrirhugaðri Blönduvirkjun vegna þeirra geysilegu landspjalla, sem þar koma til með að verða og vart eða ekki verða bætt, en valda muni verulegri röskun á búskaparaðstöðu margra bænda á svæðinu.

Þá vill fundurinn benda á að samkv. upplýsingum fagmanna getur Jökulsárvirkjun í Skagafirði komið fyrr að gagni til að fullnægja þeirri orkuþörf sem nú er og verða mun í næstu framtíð á þessu svæði. Þess vegna vill fundurinn leggja mikla áherslu á að í þá virkjun verði ráðist, sem allra fyrst."

Ofanrituð till. var samþ. með öllum greiddum atkvæðum. Rétta útskrift úr fundargerð vottar Halldór Benediktsson fundarstjóri.

Þá er ályktun fundar sveitarstjórnarmanna í Miðgarði 20. jan. 1976:

„Fundur sveitarstjórnarmanna í Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar, haldinn í Miðgarði 20. jan. 1976 lítur svo á að yfirlýsing iðnrh. um að frv. um Blönduvirkjun verði nú á næstunni lagt fyrir Alþ. sé algjörlega óeðlileg og ótímabær eins og málum þessum er háttað.

Lýsir fundurinn furðu sinni á því, að ekki verði flutt frv. um virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, og vekur athygli á því, að með þessari yfirlýsingu hefur iðnrh. algjörlega gengið gegn margítrekuðum samþykktum Upprekstrarfélagsins og ýmissa fleiri heimaaðila um að sú virkjun skuli vera hið fyrsta stig virkjana á Norðurlandi vestra. Fundurinn ítrekar enn áskorun til ríkisstj. um að stefna beri að virkjun við Villinganes að undangengnum samningum við landeigendur með flutningi frv. þar að lútandi."

Ég vek sérstaka athygli á því, að þetta er svar sveitarstjórnarmanna úr Bólstaðarhlíðar-, Seylu- og Lýtingsstaðahreppum við tilboði því um bætur er iðnrh. gerði í nóv. 1975 og er prentað sem fskj. með frv. um Blönduvirkjun.

Þeir viku að því, að þeir óskuðu eftir að leitað yrði eftir samningum við landeigendur, og landeigendur hafa sent frá sér yfirlýsingu:

„Við undirritaðir landeigendur við Héraðsvötn og Jökulsár í Skagafirði gjörum kunnugt, að við erum reiðubúnir til viðræðna um samninga um fyrirhugaða virkjun, sem kennd er við Villinganes, að því tilskildu, að hvers konar tjón á mannvirkjum, landi og hlunnindum verði að fullu bætt.

Jafnframt áskiljum við okkur rétt til samninga um verktilhögun, t. d. að tryggt sé að vatn flæði aldrei vestur úr yfirfalli í stórflóðum. — Varmahlíð, 4. febr. 1976." Undir þetta skrifa Hjálmar Guðjónsson, Tunguhálsi II, Guðsteinn Guðjónsson, Tunguhálsi, Stefán Hrólfsson, Keldulandi, Ólafur Þorsteinsson, Tyrfingsstöðum, Grétar Símonarson, Goðdölum, Borgar Símonarson, Goðdölum, Guðrún Eiríksdóttir, Villinganesi, Leifur Hreggviðsson, Birgisskarði, Trausti Símonarson, Hverhólum, Sigurður Friðriksson, Stekkjarflötum, Aðalsteinn Eiríksson, Villinganesi.

Þá vil ég leyfa mér að lesa ályktun frá sýslunefnd Skagafjarðarsýslu:

„Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu fagnar yfirlýsingu iðnrh. frá s. l. vetri um að tekin verði ákvörðun um vatnsaflsvirkjun í Norðurlandskjördæmi vestra þegar á þessu ári. Jafnframt skorar n. á iðnrn. að sjá um, að það grundvallarsjónarmið ríki við alla áætlunargerð og ákvörðunartöku að virkjunin miðist fyrst og fremst við að fullnægt sé orkuþörf innlends markaðar, — þar með talin upphitun alls íbúðarhúsnæðis, sem ekki fær notið jarðhita, — áður en orkunni er ráðstafað til stórfyrirtækja í eigu erlendra aðila. Það er skoðun sýslunefndar, að þegar um er að ræða tvo áþekka kosti (Blanda og Jökulsá) beri að hafa eftirfarandi í huga:

1. Gert er ráð fyrir, að með virkjun Blöndu sökkvi undir vatn a. m. k. 60 ferkm gróins beitilands á afréttum, þar sem beitarþröng er þegar fyrir. Allir viðurkenna, að gróðurlendi landsins sé of lítið og sífellt á undanhaldi, m. a. vegna ofbeitar á vissum landssvæðum svo og vegna áhrifa af völdum óviðráðanlegra náttúruafla. Af þeim sökum verja íslendingar árlega verulegum fjármunum til þess að græða sárin á örfoka afréttum, oft með misjöfnum árangri. Með því að sökkva tugum ferkm gróins lands undir vatn sýnist því að verið sé að taka með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni. Af þessari ástæðu fyrst og fremst virðist ljóst orðið að samstaða um virkjun Blöndu muni ekki nást meðal íbúa í Norðurlandskjördæmi vestra.

2. Að framansögðu telur sýslunefndin einsýnt, að ráðamenn raforkumála snúi sér þegar að þeim valkosti, sem næst liggur, þ. e. fullnaðarrannsóknum á hagkvæmni Jökulsárvirkjunar eystri. Fyrir liggur, að virkjun Jökulsár verði framkvæmd í áföngum. Forsenda hennar er því ekki orkusala til stóriðjureksturs, svo sem virðist vera með Blönduvirkjun, stærðin er í samræmi við innlenda orkuþörf, landspjöll verða lítil sem engin og loks er líklegt, að fullkomin samstaða heimaaðila sé um þá framkvæmd.

3. Sýslunefndin skorar því á þm. þessa kjördæmis að beita sér fyrir því, að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og Jökulsá eystri njóti forgangs, svo að nægilegt fjármagn fáist á þessu ári til rannsóknar á virkjunarmöguleikum þar, og leggur á það þunga áherslu, að á næsta Alþ. verði sett lög um virkjun þessa.

Sauðárkróki 29. júlí 1975."

Þá vil ég leyfa mér að lesa ályktun aðalfundar Kaupfélags Skagfirðinga árið 1975:

„Aðalfundur KS 1975 mótmælir eindregið framkomnum hugmyndum um Blönduvirkjun, þar sem áformað er að sökkva undir vatn og eyða 60-70 ferkm af gróðurlendi á afréttum skagfirðinga og húnvetninga.

Þvílíkar landeyðingarframkvæmdir eru á engan hátt réttlætanlegar, þar sem ljóst er að á Norðurlandi vestra eru margir hagkvæmir virkjunarmöguleikar án þess að teljandi landspjöll fylgi.

Bendir fundurinn á virkjunarstaði í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri og visar til áskorunar þar um frá síðasta aðalfundi.

Einnig vill fundurinn minna á hugmyndir um virkjun Blöndu í farvegi sínum.

Krefst því fundurinn að strax verði hafist handa við undirbúning og framkvæmdir virkjunar sem fullnægir orkuþörf vaxandi atvinnulífs í þessum landshluta og landeyðingaráform verði ei látin tefja framgang mála."

Þá vil ég lesa ályktun úr Akrahreppi:

„Almennur hreppsfundur í Akrahreppi, haldinn að Héðinsminni 23. júní 1975, samþ. eftirfarandi ályktun um orkumál.

Fundurinn fagnar vaxandi áhuga og umræðum, sem fram hafa farið um raforkumál og virkjanir á Norðurlandi vestra. Ber þar hæst yfirlýsingu iðnrh., Gunnars Thoroddsen, um að ákörðun verði tekin um virkjun í þessum landshluta á þessu ári.

Orkuskortur er tilfinnanlegur í landshlutanum og stendur athafnalífi og búsetuþróun mjög fyrir þrifum. Er því vissulega tími til kominn að úr verði bætt. Í því sambandi hvetur fundurinn til að samtengingu rafveitnanna verði hraðað sem kostur er og að unnið verði að styrkingu dreifikerfisins.

Um virkjun í fjórðungnum er það að segja, að velja verður á milli virkjunar Blöndu eða Héraðsvatna í fyrsta áfanga. Fundurinn mælir eindregið með, að Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum verði látin ganga fyrir, og bendir því til stuðnings á þessi rök:

1. Virkjunin er af heppilegri stærð sem áfangavirkjun og tryggir næga orku fyrir vaxandi framleiðslu og búsetu á Norðvesturlandi um nokkurt árabil. Blönduvirkjun er aftur á móti of stór fyrir heimamarkað. Yrði því að leita eftir orkufrekum iðnaði til þess að kaupa orkuna. Væri þá eins líklegt að heimaaðilar byggju eftir sem áður við orkuskort. Nógu langt mun gengið á þeirri braut að selja raforku úr landi á lágmarksverði meðan inn er flutt olíuorka á margföldu verði.

2. Villinganesvirkjun fylgir hverfandi landspjöll, Blönduvirkjun fylgja geigvænleg landspjöll.

3. Undirbúningur og bygging Villinganesvirkjunar tekur mun skemmri tíma og kæmi hún því til nota mun fyrr.

4. Telja má að auðvelt verði að ná samstöðu og samningum við heimamenn um Villinganesvirkjun. Samstaða óhugsandi um Blönduvirkjun vegna landeyðingar, sem henni fylgir.

5. Í Jökulsá eystri eru möguleika fyrir frekari virkjunum, smærri eða stærri. Einnig hugsanleg vatnsmiðlun er hefði verulegt gildi fyrir Villinganesvirkjun.

Fundurinn skorar því á hæstv. iðnrh., alþm., orkumálastjóra og hvern þann, er lagt gæti málum lið, að hlutast til um að rannsóknum og undirbúningi við Villinganesvirkjun verði lokið á þessu ári, ákvörðuðn tekin og framkvæmdir hafnar svo fljótt sem aðstæður leyfa."

Þetta var samþ. með atkv. allra fundarmanna.

Ég gæti haldið svona áfram allt til kvölds að lesa ályktanir sem mér hafa borist og borist hafa í iðnrn. og eru í þessum dúr. Ég mun nú láta hér staðar numið og þakka hæstv. forseta fyrir þá þolinmæði sem hann hefur sýnt mér. En við látum fylgja þáltill. okkar eitt fskj. enn, og ég ætla að óska eftir leyfi til þess að lesa það líka vegna þess að það kemur mjög vel inn á þetta mál. Það er þál. um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu:

„Alþingi ályktar, að á árunum 1975-1979, að báðum árum meðtöldum, skuli framkvæma eftirfarandi áætlun um landgræðslu og gróðurvernd til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu og verja til þess ríkisfé í samræmi við hana:

1. Landgræðsla ríkisins: Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróðureyðingar. Gróðurvernd og landgræðsla. 700 millj. kr.
2. Skógrækt ríkisins: Skóggræðslukönnun, skógvernd og skógrækt. 170 millj. kr.
3. Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Rannsóknir á nýtingu beitargróðurs, aðrar tilraunir og gróðurkortagerð. 80 millj. kr.
4. Ráðstafanir til bættrar landnýtingar og stuðningur við fræðslustarf samtaka áhugamanna. 50 millj. kr."

Samtals eru þetta 1000 millj. kr.

„Árlegar fjárveitingar af ríkisfé til áætlunar þessarar miðist við, að hún haldi núverandi framkvæmdagildi sínu hliðstætt því, sem gildir um jarðræktarframlög samkv. 12. gr. jarðræktarlaga, og að áætlunin komi til framkvæmda í jöfnum árlegum áföngum á árunum 1975-79. Fjárveitingar til áætlunarinnar skulu ekki blandast saman við venjulegar fjárveitingar til þeirra málaflokka, sem áætlunin tekur til, og ekki rýra þær. Landbrh. setur á fót samstarfs-

nefnd til þess að efla samvinnu þeirra stofnana, sem hafa með höndum framkvæmd áætlunar þessarar. Ráðh. skipar formann n. að eigin vali, en aðrir nm. verði þessir: landgræðslustjóri, búnaðarmálastjóri, skógræktarstjóri og framkvæmdarstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins."

Þetta var samþ. á Alþ. 28. júlí 1974. Ég veit að við munum allir eftir þeim degi og þess vegna skýtur hér nokkuð skökku við.

Herra forseti. Senn læt ég máli mínu lokið. Ég á þó margt ósagt, en þetta verður að nægja í bili. Það er alveg ljóst að friður og eining verður ekki um Blönduvirkjun. Einhverjum kann að sýnast að þess megi freista að skapa einingu um Blönduvirkjun með því að hækka skaðabætur. Ég fullyrði að svo muni ekki vera, og ég mæli af þekkingu. Ég þekki þetta fólk og veit að það breytir ekki skoðun sinni og lífsviðhorfi fyrir peninga, rafmagn eða áburð eða önnur fríðindi. Ég mæli einnig af þekkingu að því leyti, að ég þekki þetta land sjálfur er þarna er fyrirhugað að eyðileggja. Það gerðu forfeður mínir líka í nokkur hundruð ár. Og þeir höfðu aldrei hugsað sér fremur en ég — það fullyrði ég — að Blanda rynni til sjávar fyrir Aksjeselskapet Norsk Hydro.

Pálmi Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því, að frv. þetta er fram komið, og þakka hæstv. iðnrh. fyrir forustu hans í þessu máli. Ég vil einnig láta í ljós þá von mína, að hv. Alþ. beri gæfu til að samþykkja þetta frv. á þessu Alþ., en það mundi tákna þáttaskil í orkumálum okkar *Íslendinga. Þau þáttaskil væru* fólgin í því að tekin væri ákveðin stefna í þá átt að reisa stórvirkjun utan hinna eldvirku svæða landsins. Því hygg ég að öll þjóðin mundi fagna.

Þeir kostir, sem fylgja Blönduvirkjun, eru ótvíræðir og margir, eins og fram kom í máli hæstv. iðnrh., en þessa kosti má flokka einkum í þrennt: 1. hagkvæmni, 2. öryggi, 3. staðsetningu.

Það kemur fram í grg. þessa frv. og einnig glögglega í framsöguræðu hæstv. ráðh., að Blönduvirkjun yrði meðal hagkvæmustu virkjana landsins. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þann þátt málsins öllu fleiri orðum, heldur aðeins lýsa því, að sá þáttur verður ævinlega veigamikill. Þó er það svo í mínum huga, að aðrir þættir þessa máls vega þyngra. Annar þátturinn, sem ég nefndi, er öryggi. Gömul og ný saga okkar lands bendir til þess, að óvarlegt sé að reisa hin þýðingarmestu mannvirki þar sem hættan er mest á stórumbrotum náttúruaflanna.

Sú virkjun, sem hér er um að tefla, hefur þann meginkost að vera utan hinna eldvirku svæða landsins og utan aðaljarðskjálftasvæða landsins. Það er að minni hyggju ákaflega óhyggilegt að stefna áfram í þá átt að öll stærstu orkuver landsins yrðu á hinu eldvirka svæði. Staðsetning Blönduvirkjunar er þannig einn aðalkostur þessa máls. Ekki virðist þurfa að óttast eldsumbrot, vegna þess að í Húnavatnssýslu er ekkert hraun nær en Kjalhraun, sem er uppi á Kili. Jarðfræðilegir eiginleikar benda því ekki til eldgosa, enda skilja þau venjulega eftir sig hraun.

Fleira kemur hér til er snertir öryggi í sambandi við Blönduvirkjun. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. er gert ráð fyrir stóru miðlunarlóni og löngum aðdraganda í gegnum vötn að virkjunarstaðnum. Þetta hefur það í för með sér, að vatnsrennsli verður jafnt og það er hægt að búast við því, að þetta stóra lón og þessi langi aðdragandi verði til þess að jökulleir og annar framburður árinnar botnfalli á leið til orkuversins. Ég hygg að þetta hafi einnig stórkostlega þýðingu þar sem um jökulvatn er að ræða. Reynsla okkar af virkjun jökulvatna er ekki löng. Við vitum ekki með vissu hve skjótt framburður jökulvatnanna vinnur á vélum orkufyrirtækjanna sjálfra. Vonandi er að þær standi af sér leirframburð jökulvatnanna. En a. m. k. er óhætt að fullyrða það, að það er mjög mikill kostur við þessa virkjun að aðdragandi að orkuverinu sjálfu er langur í gegnum stórt miðlunarlón og þrjú stöðuvötn önnur, þannig að ætla má að sá aðdragandi verki sem sía og eftir því sem mögulegt er hreinsi vatnið af framburði.

Enn er það álit þeirra manna, sem komið hafa að rannsóknum á Blönduvirkjunarsvæði, að þar hagi þannig til náttúrlegum staðháttum, að auðvelt sé að tryggja eins og best má verða öryggi mannvirkjanna.

Þriðji kosturinn, sem ég nefni hér, er staðsetningin, og hafa þegar nokkrir kostir hvað staðsetningu varðar verið raktir. Ég vil þó enn nefna það, sem fram kom einnig í máli hæstv. ráðh., að virkjunin liggur vel við aðalflutningslínukerfi landsins. Hún liggur einnig vel við markaði um allt norðanvert og vestanvert landið, *allt til aðalorkuneyslusvæðisins hér* við Faxaflóa. Þessi virkjun væri því sannkallaður öryggisventill ef eitthvað brygði út af við stórvirkjanirnar við Þjórsá og Tungnaá, sem vonandi er að við verðum svo gæfusamir að aldrei gerist. En virkjunin væri samt ómetanlegur öryggisventill fyrir það fólk sem býr um allt vestanvert og norðanvert Ísland og raunar um landið í heild þegar samtenging hefur tekist umhverfis landið allt.

Enn má nefna byggðasjónarmið og fleiri þætti hvað staðsetningu snertir, sem ég tel að ekki skipti jafnmiklu máli og hin sem snerta alþjóð. Þessir eru að mínum dómi höfuðkostir þess að virkja Blöndu.

Ég hafði ekki hugsað mér hér að ræða mikið um kosti og galla þessa máls fyrir heimamenn sjálfa. Það liggur þó fyrir að sá ókostur fylgir virkjunarframkvæmdum við Blöndu, að þar hverfa 56 ferkm af góðu beitilandi undir vatn. Þetta er vissulega ókostur sem ekki skal gert lítið úr. En það er skoðun vísindamanna sem styðst við allmikla reynslu, að það tjón, sem af þessu verður, megi bæta.

Ég sé mig knúinn til að fara örfáum orðum um þessa þætti málsins að því er snertir kosti og galla þess fyrir heimaaðila vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. v. Ræða hans var næsta dapurleg. Ég get mjög vel skilið þá þætti hennar er spretta af skoðun hans um að ekki skuli ráðist í stórvirkjanir á Íslandi vegna þess að hans skoðun er að þeim fylgi annmarkar sem ég skal koma að síðar Hins vegar voru í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. þæði

rangfærslur og dylgjur í garð einstakra opinberra stofnana og einstakra manna, og það tel ég óviðeigandi.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði í upphafi síns máls að frv. þetta væri tekið til umr. með óðagoti og beitt hefði verið óeðlilegum vinnubrögðum. Þetta get ég ekki tekið undir og tel rangt. Ég tel, að það sé fjarri því að það sé tekið fyrr til umr. en venja er til um stjfrv., og bendi á, að í gærdag var farið fram hjá þessu máli á dagskrá þessarar hv. d. og því frestað. Um óeðlileg vinnubrögð við undirbúning þessa máls vil ég segja það, að ég hygg að fá mál hafi verið kynnt betur og rædd meira heima í þeim byggðum, sem þau sérstaklega snerta, og meðal alþjóðar en einmitt þetta mál.

Hv. þm. Páll Pétursson taldi, að Ingvi Þorsteinsson hefði verið fenginn til að semja tiltekna grg., og lét í skína að með óeðlilegum hætti væri. Ég tel að hafi falist í máli hv. þm. óeðlilegur tónn í garð þessa manns og þeirra starfa sem hann hefur unnið um árabil. Enn fremur sagði hv. þm. að tiltekinn starfsmaður Orkustofnunar hefði samið „áróðursrit" um einn þátt þessa máls. Vil ég mótmæla því að slík orð séu höfð uppi hér á hv. Alþ. um starfsmenn stofnana sem eiga þess ekki kost að svara hér fyrir sig. Þetta er það sem ég kalla dylgjur í garð einstaklinga og opinberra stofnana sem hér eru ekki við hæfi.

Ef vikið er að þeim þætti málsins, með hverjum hætti unnt er að bæta það land sem undir vatn fer við þær framkvæmdir sem hér eru fyrirhugaðar, þá er það álit þeirra manna, sem rannsóknir hafa stundað á þessu sviði, og þá fyrst og fremst Ingva Þorsteinssonar magisters og forráðamanna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, dr. Björns Sigurbjörnssonar og annarra starfsmanna þeirrar stofnunar, að unnt sé að græða örfoka land á því svæði, sem hér er um að tefla, eða á hálendinu, a. m. k. miðað við þá hæðarlínu, sem hér um ræðir, eða 480—600 m. y. s. Þessi skoðun vísindamanna er byggð á rannsóknum sem að vísu hafa ekki staðið um marga áratugi, en þó um allmörg ár og hafa sannað þetta að því er tekur til þess tíma. Enn fremur má á það benda að nú er hafin einmitt á þessu svæði tilraun á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og í tengslum við FAO um beit og áburð á land, ýmist lítt gróið eða ógróið, og hefur sú tilraun þegar staðið í tvö ár. Víst er að þessi tilraun bendir til þess að áburður á lítt gróið eða ógróið land á þessu svæði gefi ótrúlega góða raun. Ég vil segja það hér, að tvö ár eru auðvitað ekki langur tími, og enn á þessi tilraun eftir að standa í 3 ár til viðbótar og því ekki tímabært að segja um þau mál, eins og sakir standa, annað en það, að ég hygg að allir, sem sáu þá tilraunareiti og hau beitarhólf, sem borið var á á þessu svæði, s. l. haust og raunar þegar á fyrsta ári, haustið 1975, hafi orðið furðu lostnir vegna þess hve geysilega hefur gróið upp og hversu gífurlega það hefur verið vanmetið af hálfu þeirra sem spáð hafa um þessi mál, hve mikinn beitarbunga megi hafa á ábornum reitum.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði samt að hugmyndir um uppgræðslu væru rugl. Þessi hv. þm. telur sig þannig umkominn að telja það rugl sem tilraunir, sem gerðar hafa verið á vegum íslenskra vísindamanna með uppgræðslu á hálendi Íslands og á heiðum í 400—600 m hæð hafa leitt í ljós, það, sem sagt hefur verið um möguleika á þessu sviði sé bara rugl. Hann um það. Ég get ekki tekið undir með honum. Allt, sem ég hef séð um þessi mál af persónulegri reynslu og af niðurstöðum vísindamanna, sannar hið gagnstæða.

Hv. þm. Páll Pétursson vék að ályktun frá SUNN, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi. Í þeirri ályktun er um skekkju að ræða sem byggist vafalaust á vanþekkingu, þar sem rætt er um mikinn hluta af upptakakvíslum Vatnsdalsár sem muni renna til Blöndu með þeim hætti sem fyrirhugað er að standa að framkvæmdum. Það er rétt, að tekið er fyrir eina af upphakakvíslum Vatnsdalsár. En sú kvísl er mjög veigalítill þáttur í vatnsmagni Vatnsdalsár, enda mun væntanlega, eins og þm. sjálfur sagði, eitthvað síast í gegn á því svæði. Hins vegar kom hann sjálfur með enn verri rangfærslur þegar hann gerði því skóna að í bígerð væri að taka Vatnsdalsá við Eyjavatnsbungu og flytja yfir í Blöndulón með þeim afleiðingum að sökkva undir vatn stórkostlega miklu landi til bíðbótar og auka þannig vatnsmagn Blöndu. Þetta eru algerar rangfærslur. Það eru engar áætlanir um að gera slíkt og hefur engum manni dottið í hug á seinustu árum og enginn vilji fyrir slíku af hálfu ráðamanna í orkumálum. Þetta eru því rangfærslur af hálfu hv. þm.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa þætti í ræðu hv. þm. Það er ljóst að slíkum stórframkvæmdum fylgja alltaf nokkrir ókostir. Það er alveg sama hvað það er. Það þarf alltaf land undir mannvirki, það þarf land undir vegi og það fer mikið land undir miðlunarlón. Allt þetta má bæta og kostirnir, sem þessum framkvæmdum fylgja, eru svo gífurlegir að þeir vega miklu þyngra.

Hv. þm. gerði t. d. lítið úr því sem hann kallaði áróðursrit tiltekins starfsmanns Orkustofnunar. Ég hygg að það muni, þó að ekki sé mjög veigamikið atriði, vera strax miklir kostir því samfara að rennsli Blöndu í byggð verður jafnara. Það má vænta þess að áin verði hlýrri, og það má vænta þess að áin verði tærari, og þar með má vænta þess að áin verði betri laxveiðiá. Alls þessa má vænta, þvert ofan í það sem hv. þm. sagði. Það er hins vegar rétt, að ekki er vitað hvernig fer um murtuveiði í þremur og þó sérstaklega tveimur vötnum sem þarna er um að tefla. Þá veiði, ef hún hverfur, er vitaskuld sjálfsagt að bæta þeim bótum sem það verður metið, en hér er um þá hluti að ræða sem ég tel ekki mjög miklu máli skipta í svona stórmáli.

Ef ráðist verður í þessa virkjun, þá fylgir það auknu jafnrennsli árinnar niðri í byggð að unnt er að vinna land í Langadal með lagningu vegarins um framanverðan dalinn niðri á eyrum og sú vegagerð verður þar ofan í kaupið mun ódýrari en ella. Bak við þann veg vinnst land sem kemur þeim býlum, sem þar eiga hlut að máli, að verulegu haldi vegna þess hvað þau eru landþröng á láglendi. Það eru ekki sömu býlin og þau er missa land á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, en land vinnst eigi að síður og það mætti í rauninni draga frá því er tapast.

Um ýmsa kosti þessa máls fyrir heimamenn sjálfa skal ég ekki fara út í að ræða. Það er ljóst, að þetta er stærsta hagsmunamál sem borið hefur á góma fyrir byggðir á vestanverðu Norðurlandi. En hitt er miklu veigameira, að þetta er eitt af þeim stórmálum, sem hafa ómetanlega þýðingu fyrir þjóðina í heild með tilliti til öryggis í orkumálum.

Hv. þm. Páll Pétursson las hér upp margar ályktanir frá sveitarstjórnum og sveitarfundum og öðrum samtökum heima fyrir. Hann sagðist mundu geta haldið áfram að lesa svo til kvölds. Vel má það vera. En þá færi líklega dagurinn sem eftir væri í að lesa þær ályktanir sem eru jákvæðar í þessu máli, því að þær eru einnig margar. Ég hef ekki hirt um að koma með þær ályktanir hér upp í pontuna og mun ekki lesa þær upp. Hins vegar má minna á að bæði sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og sveitarstjórnir á Blönduósi og í Torfalækjarhreppi og raunar miklu víðar um Austur-Húnavatnssýslu hafa lýst eindregnum stuðningi og fylgi við þetta mál, og sveitarstjórnin í Svínavatnshreppi hefur lýst því að hún sé fús að ganga til samningaviðræðna um þetta mál á grundvelli þess tilboðs sem fram hefur verið lagt af hálfu iðnrn., og sveitarstjórnin í Svínavatnshreppi er í heimasveit hv. 3. þm. Norðurl. v. Ógetið er þó t. d. ályktana frá hinum geysifjölmenna almenna fundi sem haldinn var á Blönduósi síðari hluta jan. 1976, þar sem nær einróma var lýst stuðningi og miklum og sterkum áhuga heimamanna á þessu máli.

Ég skal ekki gera lítið úr þeim ályktunum sem gerðar hafa verið gegn málinu, og er fjarri mér að gera það. Hitt veit ég, að sumir hafa mótað þá neikvæðu skoðun sína af vafasömum upplýsingum um þetta mál sem dreift virðist hafa verið, og a. m. k. sumir þeirra manna, sem hafa sent frá sér neikvætt álit, hafa breytt þeirri afstöðu sinni þegar réttar upplýsingar hafa legið fyrir.

Það er ekkert sérkennilegt við það þó að skagfirðingar vilji heldur fá virkjun í sínu héraði. Það mundi svo fara fyrir mörgum, hvar sem þeir væru staddir á landinu, að þeir vilji fá stórframkvæmdir til sín og mannvirki eins og raforkuver í eigið hérað. Lái þeim hver sem vill. Ég geri það ekki.

Stefnan, sem tekin var í sambandi við Blönduvirkjun af hálfu iðnrn., var hins vegar byggð á því, að virkjun við Villinganes var talin um 40% dýrari en í Blöndu og er þá miðað við orkueiningu og sambærilegt verðlag. Enn fremur er sú virkjun ein út af fyrir sig næsta óörugg vegna þess að þar er um lítið miðlunarlón að ræða, eða aðeins í gljúfrum, og rennsli árinnar er ákaflega misjafnt. Þó má á það benda að rennslismælingar við Jökulsá hafa staðið í mjög skamman tíma og miklu skemur en við Blöndu. Enn má nefna að þessi rennslismismunur þýðir það, að orkuvinnslan fellur niður þegar mest þarf á orkunni að halda eða í frostaköflum að vetrarlagi. Þessar ástæður valda því, að stefnan var tekin á Blöndu. Enn fremur er það að segja í sambandi við virkjun Jökulsár, að þar er vissulega um álitlega virkjunarkosti að ræða. Það má virkja aðra smávirkjun til fyrir ofan Villinganes. En þær framkvæmdir yrðu þó væntanlega háðar því og óskynsamlegt að ráðast í þær án þess að gerð væru stórkostleg miðlunarmannvirki uppi á hálendinu, á Hofsafrétt, og stefnt að stórvirkjun Jökulsánna frá þeim miðlunarstað. Slík miðlun mundi þá um leið verða til þess að um verulegt jafnrennsli yrði að ræða í hinum litlu virkjunum við Villinganes og Merkigil. Þær hugmyndir eru lítt rannsakaðar og skemmra á veg komnar en rannsóknir við Blöndu og ekki hægt um það að segja á þessu stigi hvað af þeim mundi hljótast. En hitt sýnist nokkuð ljóst, að helstu gróðurtorfurnar á Hofsafrétt mundu hverfa undir vatn. Það má vel vera að það teljist lítill skaði af þeim sem hæst tala um náttúruvernd, en ég vil benda á að þær stórframkvæmdir verða ekki unnar án þess að landspjöll verði og er ekki fyllilega rétt með farið ef það er ekki sagt.

Ég held að ég láti þessi orð mín duga í sambandi við það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði um vilja heimamanna og um Villinganesvirkjun og aðrar þær samþykktir sem hann las. Hann gæti væntanlega komið hér á eftir og lesið samþykktir sem borist hafa og væru allar jákvæðar með þessu sama máli. Svo er um hin stærri mál, að í fyrstu verður jafnan nokkur ágreiningur. Það er ekki alltaf að öllum sýnist hið sama. En hann ágreining þarf að jafna að sem mestu og vonandi er að það takist í sambandi við það mál sem hér er á ferðinni.

Ég vil þá vikja örfáum orðum að fyrirætlunum um notkun þessarar miklu orku.

Í orkuspá, sem hæstv. iðnrh. vitnaði til og birt er sem fskj. með þessu frv., kemur fram að aukning á aflþörf raforku á næstu árum er á 5 ára fresti eins og hér verður greint. Ef miðað er við árið 1976 er talið að á árinu 1981 þurfi að hafa bæst við 194 mw. 5 árum síðar, 1986, þurfa enn að hafa bæst við 134 mw. 1991 þarf viðbótin að vera 133 mw., 1996 152 mw. og árið 2000 141 mw., eða á 5 ára fresti fyrst nærri 200 mw. og síðan frá 130—150 mw. á hverjum 5 árum til þess að fullnægja orkuþörf þjóðarinnar sjálfrar. Hér er ekki gert ráð fyrir stóriðju, utan þess að gert hefur verið ráð fyrir að samningurinn um járnblendiverksmiðju verði staðfestur og lítils háttar aukning verði á orku til álversins í Straumsvík á fyrstu tveimur árum eða til ársins 1979. Annað er ekki reiknað samkv. þessari orkuspá til stóriðju. Og svo kemur hv. þm. Páll Pétursson, sem því miður er nú genginn úr salnum, hér ferð eftir ferð upp í þennan ræðustól og flytur þennan dapurlega boðskap, að íslendingar eigi að virkja smátt og smátt, þeir eigi að forðast stórvirkjanir vegna þess að ef við virkjum stórt muni orkan verða seld til útlendinga. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég virði vitsmuni þessa hv. þm. og bekkingu. En ég tel vafasamt að þeir vitsmunir og sú bekking nái miklu lengra en þeirra sérfræðinga sem hafa fjallað um þessa orkuspá. Þrátt fyrir það er þessi orkuspá byggð á næsta varlegum forsendum, eins og fram kom í máli hæstv. ráðh., þannig að t. d. á Norðurlandi er gert ráð fyrir að orkunotkunin aukist á fyrstu árunum einungis um 7%, síðan um 6%, þá um 5% og enn um 4%, þegar vitað er að nú

um hrið hefur orkuneysla í heilum landshlutum vaxið um 15—20% og jafnvel meira ár frá ári. Svo varfærnisleg er þessi orkuspá. Samt bendir hún til þess að við þurfum 130—150 mw. á 5 ára fresti til viðbótar til þess að fullnægja orkuneysluþörf íslendinga sjálfra.

Það má vel vera að einhver taki það sem góða og gilda vöru að við þurfum samt ekki að virkja nema smáar virkjanir og hugsa sem skemmst og gera sem minnst í þessum málum. En þá hljóta þeir hinir sömu menn að ætlast til þess að íslenska þjóðin fái ekki mætt þörfum sínum fyrir innlenda orku á komandi tímum. Það hlýtur að vera niðurstaða þeirra.

Ég skal taka það fram, að ég er enginn sérstakur stóriðjumaður og hef aldrei verið. Ég tel að við eigum að fara varlega í öllum áætlunum um stóriðju. Ég tel að við eigum samt ekki að slá neinu föstu um framtíð slíks atvinnurekstrar á Íslandi á t. d. þessari stundu, heldur verði að taka ákvörðun hverju sinni eftir því sem samningar bjóðast. En það er ljóst, eins og glögglega kom fram í umr. hér fyrir nokkrum dögum, m. a. hjá hv. 2. þm. Austurl., sem var að mínum dómi hárrétt, að íslenska þjóðin hefur ekki þörf fyrir stóriðjuframkvæmdir nú til þess að geta virkjað stórt, eins og var á þeim tíma sem virkjað var við Búrfell. Það er alveg ljóst. Möguleikar okkar íslendinga sjálfra í atvinnumálum eru slíkir, að þó engin stóriðja komi til, þá er nóg við að fást og hvarvetna blasa verkefnin við og hvarvetna er þörf fyrir orku, eins og þessi varlega orkuspá sannar. Þess vegna er ég því sammála að fara hægt í sambandi við allar áætlanir á þeim vettvangi. En ef til kæmi að meiri framkvæmdir yrðu í stóriðjumálum, þá er alveg ljóst að við þurfum að virkja umfram það sem segir í þessari orkuspá um þörf okkar. Er í rauninni ekkert um það frekar að segja en það, að ég tel að bestu virkjunarkosti okkar íslendinga eigum við að nota fyrir fólkið sjálft í landinu, og einn af þeim virkjunarkostum er í Blöndu.

Hæstv. iðnrh. gat í sinni frumræðu um nokkra þætti iðnaðaruppbyggingar sem hugað væri að og mundu krefjast mikillar orku. Þau iðnfyrirtæki voru að mínum dómi öll af þeim toga að sjálfsagt er að þau séu alfarið í eigu og umsjá íslendinga sjálfra og það verði að meta, hversu hagkvæm þau eru, og haga framkvæmdum í samræmi við það. Ég vil víkja örfáum setningum að tveimur af þessum þáttum sem hæstv. ráðh. drap á. Í fyrsta lagi í sambandi við iðnað úr jarðefnum, þ. e. steinullarframleiðslu.

Ég hef spurnir af því frá byggingarfróðum mönnum að t. d. vestanhafs séu menn mikið að hverfa frá því að nota plast til einangrunar og vaxandi markaður sé fyrir steinullarvörur til einangrunar mannvirkja. Þetta gefur bendingar um að þessi framleiðsla verði mun þýðingarmeiri í framtíðinni en verið hefur nú um alllangt skeið.

Í sambandi við það sem hæstv. ráðh. minnti á grasкögglaverksmiðjur og fóðuriðnað, þá eru enn ekki komnar niðurstöður um hversu hagkvæmt sé að nota raforku til hraðburrkunar grass, og ég vil nota þetta tækifæri til þess að leggja á það þunga áherslu að þeim rannsóknum verði hraðað og lokið, vegna þess að við eigum mikil verkefni óunnin fram undan á þessum vettvangi. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar, m. a. af svokallaðri raforkunýtingarnefnd árin 1973 og 1974, sbr. skýrslur þeirrar n., dags. 3. maí 1974, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að raforka sé vel nýtanleg til hraðþurrkunar grass og orkuverðið sé sá liður sem ráði þar úslitum. Þar segir, að til þess að breyta raforku í hita komi aðallega þrjár aðferðir til greina: Í fyrsta lagi notkun elektróðukatla, í annan stað upphitun lofts með hitaelementum og í þriðja lagi hitadæluaðferð. Þessari þriðju leið virðist vera gefinn mestur gaumur, en sú leið er byggð í grundvallaratriðum á sömu forsendum og um kælivél sé að ræða, dæminu bara snúið við, að í stað þess að kæla niður vatn eða loft er það hitað. Ég vænti þess, þrátt fyrir vankunnáttu mína í tæknilegum efnum, að þessi aðferð mundi tengja saman notkun raforku og jarðvarma og þarna sé e. t. v. fundin lausn sem hafa muni stórkostlega þýðingu fyrir orkunotkun, t. d. til heykögglaverksmiðja og fleiri fyrirtækja, þegar um er að ræða jarðvarma sem er af lægra hitastigi en æskilegt og nauðsynlegt er talið.

Ég tel sem sé að það séu óteljandi viðfangsefni á sviði atvinnumála, iðnaðaruppbyggingar sem þarna koma til greina og gefa því fullt gildi að ekki sé að minni verkefnum stefnt í orkumálum en því að fullnægja raforkuþörf þjóðarinnar miðað við þá orkuspá sem fyrir liggur. Ef reynslan sker úr um að það er ófullnægjandi þá eigum við að mæta því með meiri framkvæmdum því að það á að vera keppikefli okkar að nota fyrir okkur sjálfa íslenska orkugjafa og innlent afl. Okkur er títt að miða verðútreikning við verð á erlendum orkugjöfum. En hitt vitum við einnig, að þó að það sé gert, þá er þar um hæpinn verðgrundvöll að ræða, vegna þess að við höfum engin tök á að ráða verði hinna erlendu orkugjafa sem fer síhækkandi, og er hætt við að svo muni enn til ganga.

Ég vil að síðustu, til þess að lengja ekki þetta meira, segja það, að þrátt fyrir það að þessu stórmáli, Blönduvirkjun, fylgi vissulega gallar, sem eru þeir að land sekkur undir vatn, þá er ég fullviss og trúi orðum og skýrslum vísindamanna sem sýna að það má bæta með uppgræðslu örfoka lands, og það örfoka land og lítt gróna land eigum við í gífurlega miklum mæli. Ég hef fulla trú á að sá ávinningur, sem af þessum stórframkvæmdum mundi hljótast, væri svo miklu meiri en það sem við teljum að tapist að engu sé saman að jafna. Og að síðustu vil ég segja að um leið og ég vænti þess, að hv. Alþ. afgreiði þetta frv. á þessu þingi, þá erum við ekki þar með að slá föstum neinum framkvæmdum í ár eða næsta ár utan rannsókna. En ég tel nauðsynlegt að við högum vinnubrögðum í orkumálum á þá lund að ekki þurfi sífellt að hlaupa til og ráðast í stórframkvæmdir að lítt athuguðu máli þegar í nauðir hefur rekið vegna orkuskorts. Hætt er við að svo mundi fara ef leið hv. 3. þm. Norðurl. v. yrði valin, að hugsa smátt og vinna sem minnst á þessum vettvangi. Ég tel hins vegar að við eigum að mæta þessum málum af fyrirhyggju og undir-

búa stórverkefni með eðlilegum aðdraganda og haga framkvæmdum eftir því sem skynsamlegt er á nokkrum árum, en þurfa ekki að sæta því að ráðast í stærri verkefni að lítt eða ekki athuguðu máli, eins og dæmi sanna að orðið hefur að gera í okkar landi vegna þess að rannsóknum og undirbúningi hefur ekki verið sinnt í tæka tíð. Þetta er veigamikill þáttur þessa máls, og ég hygg að flestir muni taka undir það, að það sé nauðsynleg ákvörðun að byggja stefnuna í orkumálum á fyrirhyggju og starfa samkv. því.

Hæstv. forseti. Ég mun þá láta máli mínu lokið þó að margt sé ósagt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Páls Pétursonar, að ég fæ ekki skilið hvaða hátt menn ætla að hafa á afgreiðslu þessa máls í umr. í dag. Það er á allra vitorði að nú standa yfir fundir í þingmannahópunum samkv. beiðni formanns fjvn. til þess að fjalla um skiptingu vegafjár í hinum einstöku kjördæmum. Forsetar hafa mælst til þess við þingmannahópana að þessir fundir séu ekki boðaðir á almennum fundartíma þingsins. Við vestfirðingar höfum farið að þessum tilmælum hæstv. forseta og boðuðum fund til þess að skipta fjárveitingum til vegamála í okkar kjördæmi kl. 4, þegar eðlilegum fundatíma þingsins á að vera lokið. Við verðum að vera búnir að skila af okkur þessum störfum samkv. fyrirmælum formanns fjvn. fyrir morgundaginn, þ. e. a. s. við höfum aðeins þann tíma til að vinna þetta verk sem nú er. Þetta er á allra vitorði og ég fæ ekki skilið hvernig á því stendur, þegar við virðum óskir hæstv. forseta um afgreiðslu þessa máls, eins mikilvægasta máls þingsins, að þá skuli vera höfð umr. um þetta frv. eftir að eðlilegum fundatíma þingsins er lokið að viðstöddum örfáum þm., og þeir, sem hafa áhuga á að taka til máls um þetta frv., verða að gera það upp við sig annaðhvort að láta það vera að hverfa af vettvangi frá viðfangsefnum sem þeim ber að sinna og þeir eiga að vera viðstaddir. Ég vil eindregið spyrja hæstv. forseta að því, hvort það samrýmist þeirri ósk hans til þm. að boða ekki til fundar í kjördæmishópunum til að fjalla um vegáætlun á eðlilegum fundatíma þingsins, hvort sú ósk hæstv. forseta samrýmist svo því að hann haldi áfram umr. um mikilsverð mál eins og þetta á þeim tíma þegar flestir þm. eru fjarstaddir til þess að sinna skyldustörfum eftir að hafa tekið mark á og farið eftir orðum hæstv. forseta.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Út af orðum hv. 8. landsk. þm. vil ég taka fram, að eins og allir hv. þm. vita er það misjafnt eftir vikudögum hver er hinn eðlilegi þingfundatími. Þá daga, mánudag og miðvikudag, sem þingflokkafundir eru, er föst regla að deildarfundum lýkur um þær mundir sem þingflokkafundir eiga að hefjast. Þessu er ekki til að dreifa á fimmtudögum, eins og nú er, þegar, eins og allir þm. vita, þingfundir standa gjarnan, jafnvel án hlés, allt fram til kvöldmatartíma. Þar að auki hefur enginn formaður kjördæmishóps tilkynnt mér, hvað sem um aðra forseta er að segja, að fundir séu boðaðir í þeirra hópum.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins til viðbótar upplýsa það, að síðasti fundur fjvn., þar sem hún afgreiddi frá sér till. sínar um vegáætlun til þingmannahópanna, var haldinn fyrir hádegi í morgun. Það var óskað eftir því við þingmannahópana að þeir tækju þær till. til meðferðar og skiluðu till. sínum um skiptingu vegafjár á einstök framkvæmdaverkefni í kjördæmum fyrir daginn á morgun. Samkv. þessu, vilji menn ekki rjúfa störf þingsins, er eini tíminn sem kjördæmishóparnir hafa haft til þessa verkefnis, sem þeim er falið, tíminn eftir að hinum eðlilega þingfundatíma lýkur, eftir kl. 4. En menn verða þá að taka því að geta ekki sinnt þeim verkefnum sem skyldi, ef þeir hafa áhuga á að taka til máls um þetta frv. Ég hlýt þá að vera mun stuttorðari um þetta mál heldur en ég hafði ætlað mér í upphafi að vera. En látum það vera. E. t. v. er ástæðan sú að knýja þetta mál svo hratt áfram, að það sé gert jafnvel þó að vitað sé að þorri þm. geti ekki verið viðstaddur hvað sem áhuga þeirra á málinu líður.

Ég heyrði því miður ekki ræðu hv. þm. sem talaði hér síðastur. Hins vegar heyrði ég ræðu hv. þm. Páls Pétursonar og hlustaði á hana með athygli. Vegna þeirrar ræðu kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á að frv. þetta til l. um virkjun Blöndu er prentað sem stjfrv., þ. e. a. s. það er væntanlega lagt fram sem frv. er nýtur stuðnings ríkisstj. og hefur þá væntanlega samkv. venju verið um það fjallað á fundum þeirra þingflokka, sem styðja þá ríkisstj., og samþykkt að þeir þingflokkar stæðu að þessu máli. Það kom hins vegar fram í ræðu hv. þm. Páls Pétursonar, að a. m. k. hann og sennilega annar hans flokksbróðir eru andvígir þessu frv. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvort það sé engu að síður rétt, að hér sé um að ræða frv. sem ríkisstj. öll stendur að og hefur verið rætt í stjórnarflokkunum báðum, þingflokkum þeirra, og samþ. að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir styðji. Ég held að menn komist ekki hjá því að spyrja þessara spurninga og fá svar við því, hvort þetta mál er flutt með einhverjum afbrigðilegum hætti eða hvort hér er um að ræða venjulegt stjfrv. sem ríkisstj. sem heild og báðir stuðningsflokkar hennar standa að. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að það komi hér fram.

Að öðru leyti vil ég segja um þetta mál í mjög fáum orðum, að það má vel vera, ég efa það ekki, að virkjun Blöndu eins og hér er lagt til að gerð verði kann að vera hagkvæm virkjun, kann að vera þörf virkjun út af fyrir sig. En ég held hins vegar að eins og ástandið er nú í orkumálum okkar íslendinga, þá sé raunar um að ræða mál sem alls ekki er tímabært á nokkurn hátt að Alþ. fjalli um eða taki afstöðu til á þessu þingi eða næstu þingum. Ég vil vara mjög eindregið við því, sem virðist vera skoðun allt of margra, að allar framkvæmdir hljóti að vera góðar vegna þess að annaðhvort skapi þær atvinnu ellegar einhvern tíma sé þörf fyrir þær. Við verðum einnig að huga að því, hvað þessar framkvæmdir kosta okkur og hvaða þörf er á að þær séu unnar eða hvort hægt sé að nota peninga skattborgaranna til einhverra betri framkvæmda heldur en þessara. Það er a. m. k. ekki seinna vænna að kveðja það viðhorf sem

Alþ. hefur verið álasað fyrir, að allar framkvæmdir hljóti að vera af hinu góða, hvers eðlis svo sem þær framkvæmdir eru. Ég held að flestir hv. alþm. séu nú þegar búnir að reka sig óþyrmilegar á afleiðingarnar af slíkum hugsunarhætti.

Ég vil aðeins drepa á það sem áður hefur oft komið hér fram, að einn megingalli á ráðstöfunum Alþ. í sambandi við virkjanamál er að Alþ. er raunar aldrei nema hálfsögð sagan af þeim framkvæmdum sem þingið er beðið um að samþykkja. Að sjálfsögðu, þegar um er að ræða jafnstórkostlega framkvæmd og t. d. stórvirkjun á borð við Blöndu, ættu að fylgja till. um slíka framkvæmd áætlanir um hvernig á að nota þessa virkjun, hvernig á að nýta þá orku, sem slík virkjun á að framleiða, og hver sé líklegt að verði rekstrarafkoma þessa stórfyrirtækis á þeim árum sem næst verða eftir að fyrirtækið hefur tekið til starfa. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að a. m. k. svo langt aftur sem ég man hafa slíkar áætlanir aldrei birst. Hverjar hafa afleiðingarnar orðið? Afleiðingarnar hafa t. d. orðið þær, að virkjanir hafa verið byggðar án þess að Alþ. hafi í upphafi markað nokkra stefnu um hvernig eigi að nýta þá orku sem þessar virkjanir eiga að framleiða. Má vera að einhverjir aðrir aðilar hafi einhverjar hugmyndir uppi um slíka hluti, en engin slík áætlun hefur verið lögð fyrir Alþ. jafnhliða heildarfrv. um þessar virkjanir, og Alþ. sjálft hefur aldrei mér vitanlega mótað stefnu þar um jafnhliða því sem Alþ. hefur samþ. heimildarlöggjöf um þessar virkjanir. Og hverjar eru svo afleiðingarnar? Afleiðingarnar blasa við nú. Þær eru m. a. á þá lund, að t. d. hér á Landsvirkjunarsvæðinu verður á næstunni mikið offramboð á mjög ódýrri og hagkvæmri raforku, sem a. m. k. að sögn okkar fróðustu manna er útilokað að koma í sölu öðruvísi en að semja um sölu á þessari umframorku til erlendra aðila. Á sama tíma og þetta gerist, á sama tíma og við verðum að velja erlendan viðsemjanda sem orkukaupanda á elleftu stundu, þá eru heilir landshlutar þar sem raforkuskortur er ríkjandi og landsmenn á þeim svæðum neyðast til að kaupa dýrustu raforku sem unnt er að framleiða í landinu. Á sama tíma og við hér á Landsvirkjunarsvæðinu erum neyddir til að selja þá hagkvæmustu raforku, sem við getum unnið, til erlendra aðila til þess að standa undir virkjunarkostnaði, þá verða landsmenn í öðrum landshlutum, þar sem raforkuskortur er, að sætta sig við að fá þörfum sínum að nokkru leyti fullnægt með dýrustu raforku sem hægt er að framleiða. Það má raunar segja, að í þessu máli sé þm. stillt með bakið upp að vegg og þeir eiga raunar einskis annars úrkost heldur en að taka kost sem þeim ella væri e. t. v. ekki hugstæður. Þetta er bein afleiðing af þeirri vanrækslu þeirra manna, sem með þessi mál fara, samhliða því að frv. um heimildarlög um virkjanir eru lögð fram, að leggja þá fram áætlun um hvernig eigi að nýta þá orku sem virkjunin á að framleiða og hvernig eigi að standa undir kostnaði við rekstur virkjunarinnar. Þetta verður að sjálfsögðu að gerast í hvert skipti sem slíkt frv. er lagt fram, og ég fæ ekki skilið að menn séu svo blindir eftir allt sem á undan er gengið að þeir hafi ekki komið auga á þetta. En það virðist því miður alls ekki vera, því miður, vil ég segja, ekki aðeins fyrir Alþ., ekki aðeins fyrir ríkisstj., heldur fyrir þjóðina sem þarf að borga kostnaðinn sem af þessu hlýst. A. m. k. veit ég ekki til þess, að í nokkru landi eða í nokkru fyrirtæki eða hjá nokkrum aðila, sem fer með fjármál, annaðhvort eigin eða annarra, geti það gerst, að á 7 eða 8 síðum sé lagt til án sérstaks rökstuðnings að örfáum mönnum sé fengin heimild til þess að leggja í framkvæmd upp á tæplega 15 þús. millj. kr., án þess að sagt sé með einu aukateknu orði hvernig nota eigi þá framleiðslu sem fæst fyrir þetta fé þegar það verður lagt fram á sínum tíma eða hver verði rekstrargrundvöllur þess fyrirtækis sem fyrir þetta mikla fé á að byggja. Mér finnst það algerlega fráleitt og lýsa fráleitum barnaskap og algeru ábyrgðarleysi í fjármálum þjóðarinnar að ætla að láta það henda sig, eftir allt sem á undan er gengið, að syngja enn þennan sama söng, að láta sér detta það í hug, eins og ástandið er nú í orkumálum okkar Íslendinga, að fá Alþ. til þess að samþykkja það vafningalaust að skrifa upp á óútfyllta víxil fyrir hæstv. ríkisstj. upp á 15 000 millj. kr., sem hún á síðan að fá að ráðstafa eftir geðþótta til að byggja framleiðslufyrirtæki án þess að till. fylgi svo mikið sem stafkrókur um hver yrði niðurstaðan af öllu fyrirtækinu, fyrir hvern það á að framleiða, hversu mikið hver á að kaupa og hver á að standa undir rekstrarkostnaði.

Ég held að þetta sé einsdæmi í allri sögu siðmenntaðra þjóða, að svona plagg skuli vera lagt fram. En þetta hefur að vísu gerst áður hér á Íslandi, hér er þetta ekkert einsdæmi. En ég hélt að þeirri sögu væri nú lokið eftir allt sem á undan hefur gengið. Og að hugsa sér það t. d. í virkjunarmálum okkar Íslendinga, ef maður flettir upp á bls. 7 í þessu ágæta frv. hér, fskj. II: Virkjun Blöndu 135 mw., að þar er í 20 línum eða svo — kannske eru þær 25 — taldar upp nokkrar tölur, niðurstöðutala 14.84 milljarðar kr. Á svona tölum, einu svona blaði, 20 línum, er fólginn allur útreikningur sem gerður hefur verið á rekstraraðstöðu og hagkvæmni virkjunar við Kröflu. Það, sem fram kemur á bls. 7 í nokkrum línum, er hliðstætt öllum þeim útreikningum sem gerðir hafa verið öll þau ár sem Kröfluframkvæmdirnar hafa staðið yfir. Öðruvísi en svona er ekki rökstuðningurinn fyrir Kröflu. Það, sem hér kemur fram eða sambærilegar tölur og hér koma fram, sambærileg áætlun og hér er á einni síðu er í senn forsenda fyrir gerð Kröfluvirkjunar og einnig forsenda fyrir rekstri hennar, — allir þeir útreikningar og allar þær spár sem hv. Kröflunefnd og hennar sérfræðingar hafa gert um þetta mikla mannvirki, og nú á að nota sams konar aðferðir til þess að réttlæta virkjun Blöndu.

Við skulum aðeins hugleiða hvað hér er í húfi. Hafa menn t. d. gert sér grein fyrir því að fjármunir þeir, sem í húfi eru við Kröfluvirkjun og betri og vandaðri vinnubrögð en þessi standa ekki á bak við, — fjármunir þeir, sem þar eru í húfi, eru í krónutölu fjórum sinnum hærri upphæð en sú upphæð sem nam þeim skaða er af varð í gosinu í Vestmannaeyjum? Hafa menn gert sér það í hugarlund eða gert sér grein fyrir

því að þeir fjármunir íslensku þjóðarinnar, sem eru í húfi við Kröfluvirkjun, eru í raunverulegum verðmætum sem samsvarar tvöföldu því tjóni, sem varð í hamförunum í Vestmannaeyjum? (**Iðnrh.:** Má ég vekja athygli hv. þm. á því, að þetta er frv. um virkjun Blöndu en ekki Kröflu?) Vissulega er það rétt, hæstv. ráðh., að þetta er frv. um virkjun Blöndu, en ekki um virkjun Kröflu, en hvað efnisatriði varðar er eins og frv. um Kröfluvirkjun hafi verið fyrirmynd að þessu og aðeins tekið út þar sem stendur Krafla og sett Blanda inn í staðinn.

Ég vil aðeins vekja athygli á því í þessu sambandi, — og nota þar framkvæmdirnar við Kröflu sem viðvörun við því sem hér er að gerast, — ég vil aðeins vekja athygli á því, að í þeim orðum, sem ég sagði hér áðan, er auðvitað ekki fólginn neinn spádómur um, hver kann að verða niðurstaða náttúruaflanna þarna á Norðurlandi hinu eystra, og alls ekki neinn spádómur um það, þó að ég hafi borið upphæðirnar, sem þarna eru í húfi, saman við Vestmannaeyjagosið og afleiðingar þess, að svo kunni að fara þarna. En það er ekki aðeins að þessir fjármunir séu í hættu gagnvart náttúruhamförum. Þeir eru einnig í stórkostlegri hættu gagnvart því, sem ég hef kallað skort á undirbúningi. Mér er ekki kunnugt um annað en íslenska þjóðin horfi fram á það a. m. k. næstu ár að þurfa að greiða með þeim fjárupphæðum, sem hún hefur þegar varið til framkvæmda norður við Kröflu, í kringum 1000—1200 millj. kr. á ári. Það mun vera svipaður baggi á þjóðina lagður og nam hálfum þeim bagga sem lagður var á landslýð vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, þ. e. a. s. þeir fjármunir, sem íslenska þjóðin þarf auðsjáanlega að borga með þessari framkvæmd á Norðurlandi á næstu árum miðað við afborganir af lánum þar, miðað við vaxtabyrði og annað slíkt, er skattur sem er í kringum helmingurinn af þeim þunga skatti sem á landsmenn var lagður til þess að mæta óförunum vegna jarðeldanna í Heimaey. Og enn á að byggja virkjun upp á sömu forsendum. Enn er sömu hugmyndunum haldið á lofti um hagkvæmni slíkrar virkjunar, um hagkvæmni virkjunarframkvæmda yfirleitt og voru forsendurnar að ævintýraframkvæmdum við Kröflu.

Ég ræddi um Kröflumálið utan dagskrár hér á Alþ. fyrir jólin. Þeirri umr. lauk aldrei. Ég var á mælendaskrá þegar umr. var frestað í byrjun des. Ég óskaði þá eftir því við hæstv. forseta Sþ. að hann reyndi að halda umr. áfram fyrir jól. Hæstv. forseti hét því að svo yrði. Nú er kominn 24. mars og enn hefur ekki gefist tími til þess að halda utandagskrárumr. um Kröflu áfram. Hins vegar vænti ég þess, að það verði gert og jafnvel á þessu ári, vonandi áður en þetta kjörtímabil er á enda runnið, þannig að ég komist þó að í þeim umræðum, og skal ég láta það nægja um Kröflu.

En ég vildi þó í sambandi við þær orkuspár, sem hér eru hafðar uppi, nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ráðh. um eitt atriði í sambandi við Kröflufram kvæmdirnar, m. a. til þess að benda á hvað þessar orkuspár eru oft reistar á veikum grunni. Hæstv. ráðh. notaði í sinni tíð sambandsverksmiðjurnar á Akureyri sem röksemd fyrir því, að það vantaði orkuframleiðslufyrirtæki á Norðurlandi, og hefur notað þá röksemd eins lengi og ég man og m. a. bent á það og talið sjálfsagt og eðlilegt að þessi fyrirtæki keyptu væntanlega orku, sem Kröfluvirkjun framleiðir, hvenær í ósköpunum svo sem það kann að verða. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort það sé ekki rétt hjá mér að bæjarstjórn Akureyrar hafi samþykkt nú nýlega að nota forgangsrétt sinn til þess að selja verksmiðjum SÍS á Akureyri orku frá Hitaveitu Akureyrar til þessara verksmiðja, þannig að nú sé útséð um að þessar verksmiðjur muni ekki kaupa raforku, hvorki frá Kröfluvirkjun né öðrum virkjunum norðanlands. Ég hef borið þetta undir alþm. úr Norðurl. e., alþm. að sjálfsögðu úr stjórnarflokkunum, og þeir hafa tjáð mér að þetta sé í meginatriðum rétt. Ég veit ekki hvort þetta hefur komið nokkurs staðar opinberlega fram. Ég hef sjálfur ekki ótvíræðar heimildir um að þetta sé rétt, en ég vildi gjarnan óska eftir því við hæstv. ráðh. að hann upplýsti þingheim um hvort þetta sé á rökum reist.

Ef menn líta svo aðeins á frv. þetta sem hér er lagt fram, frv. til l. um virkjun Blöndu, þá er á bls. 7, fskj. II, áætlun um heildarkostnað vinnusluvirkjana og samanburðartölur um framleiðslukostnað á kwst. Þetta hefur í tilviki Kröflu verið kölluð áætlun um rekstrarstöðu fyrirtækisins, en ég vil aðeins benda mönnum á það, að þetta er alls ekki nein rekstraráætlun, heldur eru þetta áætlanir sem verkfræðingar gera þegar þeir eru að bera saman hagkvæmni einnar virkjunar við hagkvæmni annarrar. Þar sem segir hérna að framleiðslukostnaður á kwst. sé 2 43 kr., í þessari tölu er alls ekki fólgin nein niðurstaða um hver verði framleiðslukostnaðurinn við þessa virkjun, þegar hún tekur til starfa, eða nein áætlun um á hvaða verði rafmagnið frá þessari virkjun verði selt, heldur er hér um samanburðarstærð að ræða, tölur, sem verkfræðingar nota þegar þeir eru að bera saman tvo virkjunarkosti og skera úr um hvor kosturinn er betri. Þegar reist er fyrirtæki, alveg sama hvað það heitir, hvort það heitir virkjun eða eitthvað annað, þá er auðvitað ekki nægilegt að svona samanburðartölur séu á vitund manna. Menn verða ekki síður að vita hvað viðkomandi fyrirtæki, virkjun eða annað, þarf að fá fyrir framleiðsluvöru sína miðað við það magn sem hún getur selt.

Það er auðvitað mál, ef við tökum virkjun sem dæmi, að virkjun getur verið af mismunandi stærð, sérstaklega t. d. jarðgufuvirkjun, en einnig vatnsaflsvirkjun. Það er einnig vitað mál, að sameiginlegur fastur kostnaður við virkjun getur verið ósköp áþekkur án tillits til þess hvort virkjunin er 150 mw. virkjun eða 200 mw. virkjun. Það er ekki svo mikið sem þarf að muna í kostnaði. Hins vegar er mjög líklegt að þegar slíkar tvær virkjanir eru bornar saman komi lægri samanburðartala fyrir stærri virkjunina heldur en þá smærri. Það er ósköp eðlilegt, vegna þess að það er hlutfallslega minni kostnaður sem mundi bætast við fyrir hið aukna afl. En það segir að sjálfsögðu ekki nokkurn skapaðan hlut um hver yrði rekstrarútkoman á virkjuninni eða

á hvaða verði viðkomandi virkjun þyrfti að selja framleiðslu sína. Til þess yrði að skoða markaðsmöguleika, sölumöguleikana á orkunni.

Ef við tökum annað dæmi, þá yrði t. d. mjög sennilegt að sú niðurstaða kæmi út við athugun, að það yrði mjög hagkvæmt fyrirtæki sem setti upp skóverksmiðju hér á Íslandi til að framleiða 100 þús. pör af skóm nr. 42. Miðað við kostnaðinn við að setja slíkt fyrirtæki upp væri ákaflega líklegt að framleiðslukostnaður á hvern skó yrði ekki sérstaklega hár, t. d. mun lægri en framleiðslukostnaður á hvert skópar hjá skóverksmiðjunni Iðunni. En hitt er svo annað mál, hvort það mundi borga sig að byggja upp slíkt fyrirtæki, því að ég efast stórlega um að markaður sé á Íslandi fyrir 100 þús. pör af skóm nr. 42, jafnvel þó að væri hægt að hafa út úr því talsvert lágan kostnað á hvert par í svona samanburði.

Það, sem ég eindregið óska eftir í þessu sambandi, er að fá þær spár um þessa Blönduvirkjun, sem ekki fengust fyrir Kröfluvirkjun, þ. e. a. s. ég vil fá að sjá áætlanir um rekstrarkostnað þessarar virkjunar. Ég vil fá að sjá áætlanir um hvert á að selja orkuna frá þessari virkjun. Ég vil fá að sjá áætlanir um hver eigi að kaupa orkuna og á hvaða verði. Ég vil fá að sjá áætlanir um það t. d. sem hæstv. ráðh. var að tala um hér áðan í ræðu sinni, þegar hann var að ræða um nýja áburðarverksmiðju, nýja sementsverksmiðju, verksmiðju til þess að vinna steinefni, verksmiðju til þess að vinna grasköggla. Gott og vel, ef þessar verksmiðjur væru komnar, þá mætti vel vera að þörf væri fyrir virkjun Blöndu. En ég vil fá að sjá það hvort búið sé að taka ákvörðun um byggingu einhverra slíkra fyrirtækja sem gera virkjun Blöndu nauðsynlega. Ef svo er ekki, þá er náttúrlega þarflaust að vera að tala um þá virkjun sem hér er verið að ræða um.

Það, sem ég er sem sé að biðja um fyrir þessa virkjun hér, er einfaldlega rökstuðningur fyrir því að hennar sé þörf. Sá einfaldi rökstuðningur hefur ekki fylgt öðrum frv. um heimildarlög fyrir virkjanir, sem lagðar hafa verið fram á hinu háa Alþ. En ég tel að í ljósi reynslunnar sé kominn tími til þess að alþm. fái að sjá það í upphafi hvert virkjunin á að selja sína orku, hver þörf er fyrir hana og á hvaða verði og Alþingi fái að móta þá orkumálastefnu sem auðvitað er grundvöllur undir frv. af þessu tagi. Það fskj., sem er á bls. 7, geri ég ekki nokkurn skapaðan hlut með. Það segir mér hvorki eitt né neitt annað en það, að Blanda kynni að vera hagkvæmari virkjun heldur en einhver önnur virkjun og vel að merkja miðað við það að öll orka, sem virkjunin á að framleiða, fáist seld. Annað segir þetta fskj. ekki.

Önnur forsenda fyrir þessari virkjun er á bls. 10: Áætluð raforkunotkun á öllu landinu. Þarna birtist ein blekkingin enn. Ég vil aðeins minna hæstv. ráðh. á það, að nú alveg nýlega var ákveðið af hálfu Landsvirkjunar að óska heimildar til virkjunar Hrauneyjafoss árið 1981 og hann yrði þá farinn að framleiða raforku. Ég vil aðeins til fróðleiks fyrir hv. þm. geta þess, að í forsendu fyrir þeirri framkvæmd af hálfu Landsvirkjunar er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun fullnægi raforkuþörfum Norðurlandssvæðisins með orkusölu gegnum byggðalínu frá Sigöldu, m. ö. o. í forsendum Landsvirkjunarstjórnar er ekki gert ráð fyrir því að Kröfluvirkjun skili svo miklu sem einu kw. inn á þetta svæði. Og ég vil enn fremur vekja athygli þm. á því, að einn af stjórnarmönnum í Landsvirkjunarstjórn er enginn minni maður en hæstv. utanrrh. þannig að áliti utanrrh. hefur Landsvirkjun yfir nægri orku að ráða, ekki aðeins á sínu svæði, heldur einnig á Norðurlandssvæðinu öllu fram til ársins 1981. Þá fyrst skapast þörf fyrir aukna raforku á þessu svæði, vel að merkja með raforkusölu til málmblendiverksmiðjunnar á Grundartanga einnig inni. Að áliti stjórnarmanna Landsvirkjunar, þ. á m. hæstv. utanrrh., lítur dæmið svona út jafnvel þó að ekki sé gert ráð fyrir því að svo mikið sem eitt kw. komi frá Kröflu. Og það segir nú sitthvað um álit Landsvirkjunar og hæstv. utanrrh. á þeirri framkvæmd, að í forsendum Hrauneyjafossvirkjunar gera þeir bókstaflega ráð fyrir því að Krafla framleiði ekkert rafmagn allt fram til ársins 1981. En látum það nú vera þó að þetta sé niðurstaða stjórnar Landsvirkjunar. Það, sem er hér á bls. 10, er áætluð raforkunotkun á öllu landinu, og hæstv. iðnrh. notaði það sem röksemd fyrir því að þörf væri á nýrri virkjun eins og Blönduvirkjun þar eð raforka frá Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun yrði uppgengin árið 1981. Þetta var röksemdin sem hæstv. ráðh. notaði og studdi hana þessari spá orkuspárnefndar. En ég vil aðeins benda þm. á það, að hér er um að ræða spá um áætlaða raforkunotkun á öllu landinu. Það er sem sé gengið út frá því í þessari spá að búið sé að samtengja orkuveitukerfi á öllu landinu, og þessi samtenging, sem gert er ráð fyrir í þessari orkuspá að sé búin, hún er ekki komin lengra en svo, að það er ekki enn þá búið að ljúka við lagningu línunnar norður til Akureyrar. Mér er kunnugt um að forstjóri Rafmagnsveitna ríkisins hefur verið spurður að því, hvað það mundi kosta að tengja öll orkuveitusvæði landsins saman í eina heild, eins og gert er ráð fyrir að búið sé að gera í þessari svokölluðu orkuspá orkuspárnefndar. Hann mun hafa svarað því til, að það mundi kosta eitthvað í kringum 26 000 millj. kr., þ. e. a. s. skekkjan í þessari orkuspá er upp á litla 26 milljarða kr. Það er nú ekkert minna.

En það er ekki nóg með það. Rafmagnsveitustjóri ríkisins hefur líka verið spurður að því, ef skyldi nú fara svo að hæstv. ríkisstj. mannaði sig upp og útvegaði með einhverjum hætti þessar 26 000 millj. kr. til þess að þessi orkuspá standist, sem hér er notuð sem rökstuðningur, hvað RARIK yrði þá lengi að ljúka þessu verki. Forstjóri Rafmagnsveitna ríkisins hefur svarað því til, að það geti hann alls ekki sagt um, því jafnvel þótt hann hefði næga peninga til þess að vinna þetta verk, þá hefði hann ekki nægilega mikið af sérhæfðum mannskap til þess að ljúka þessu nema á mjög löngum tíma, þannig að jafnvel þó að þessar 26 000 millj. kr. væru tiltækar, sem vantar til þess að þessi orkuspá sé marktæk, þá er vitað að það er ekki hægt að vinna þau verk nema á mjög löngum tíma. Vegna þess segir

orkuspáin okkur ekkert annað en það, hver er þörf fyrir raforku til húshitunar og annars á öllu landinu eftir að búið er að samtengja allt landið í eitt orkuveitusvæði. En þar vantar 26 000 millj. bara til þess að hægt sé að tengja orkuveitusvæðin saman í eitt. Það vantar mannskap til þess að framkvæma þetta, jafnvel þó að þessar 26 000 millj. væru tiltækar, og svo til þess að hægt væri að sinna upphitunarþörfinni yrðu sveitarfélögin þar að auki að endurbyggja allt sitt dreifikerfi til þess að það þyldi hið aukna álag sem þessu fylgir. Á svona vísdómi er þessi orkuspá byggð. Í þessari orkuspá, sem notuð er sem forsenda fyrir Kröfluvirkjun, fyrir Blönduvirkjun og fyrir ég veit ekki — guð má vita hvaða virkjunum í viðbót, þá vantar til þess að hún sé marktæk í fyrsta lagi 26 000 millj. til þess að tengja saman orkuveitusvæði landsins, það vantar sérhæfða vinnuflokka til þess að vinna verkið og það vantar að sveitarfélögin taki á sig ótaldar þús. millj. kr. til þess að endurbyggja dreifikerfin í sveitarfélögunum svo að þau geti flutt þá raforku sem þarf til húsahitunar.

Ég skal fallast á það með hæstv. ráðh. að ef á að taka mark á þessari orkuspá sem slíkri, þá er þörf á nýjum virkjunum eftir árið 1981. Þá væri þörf á virkjun Blöndu, eins og hæstv. ráðh. leggur til. En ef hæstv. ráðh. ætlar að nota þessa orkuspá sem röksemd fyrir Blönduvirkjun, þá verður hæstv. ráðh. fyrst að gera eitt. Hann verður að leggja hér fram á Alþ. till. sínar og ríkisstj. um hvernig eigi að ná því markmiði sem er forsenda þess að raforkuspáin sé einhvers virði, þ. e. a. s. hvernig á að ná því markmiði að útvega 26 milljarða kr. til þess að tengja saman öll orkuveitusvæði á landinu. Þetta er ein af þeim upplýsingum sem ég endilega vil fá frá hæstv. ráðh. áður en lengra er haldið umr. um þetta frv. um virkjun Blöndu. Ég skal gjarnan trúa því að hann vilji leggja þessa orkuspá til grundvallar fyrir þeirri framkvæmd. En þá vantar mig að fá frá honum og ríkisstj., sem væntanlega stendur að þessu máli, till. um hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að gera það mögulegt að hægt sé að taka mark á orkuspánni með því að útvega 26 þús. millj. kr. til þess að kosta samtengingu raforkuveitusvæðanna á landinu í eitt, til þess að möguleiki sé á því að koma raforkunni til þeirra notenda sem eftir henni spyrja. Það væri að sjálfsögðu ekki nokkur vandi ef þetta væri búið og gert, þá væri enginn vandi í sambandi við Sigölduvirkjun, þá væri ekkert sem ræki á eftir okkur að semja við útlendan auðhring um byggingu málmblendiverksmiðju á Grundartanga. Þá væri ekkert sem ræki á eftir okkur að ljúka því verki sem verið er að reyna að hraða svo mjög í því sambandi gegnum Alþ., því að þá gætum við auðveldlega selt alla þessa raforku frá Sigöldu þegar í stað til íslenskra notenda sem nú á þessum dögum, þessum mánuðum og vikum hafa þurft að borga stórfé fyrir dýrustu raforku sem við getum framleitt í þessu landi á sama tíma sem offramboð er fyrirsjáanlegt á ódýrustu raforku sem hægt er að framleiða á Landsvirkjunarsvæðinu. Ef menn ætla að vera sjálfum sér samkvæmir og nota þessa spá orkuspárnefndar um áætlaða raforkunotkun á öllu landinu sem forsendu fyrir nýjum virkjunum, þá verða þeir auðvitað að vera tilbúnir til þess að horfa einnig á hvað þessi orkuspá þýðir fyrir líðandi stund.

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara öllu fleiri orðum um þetta mál þó að ástæða sé vissulega til. Mér kom ekki til hugar að umr. um það mundi bera svo brátt að sem raun ber vitni og var því ekki eins undirbúinn og ég ella mundi hafa verið. En því miður verð ég að skýra frá því, að ég get ekki verið viðstaddur til þess að hlýða á þau svör sem hæstv. ráðh. kann hér að gefa við spurningum mínum þar sem ég verð að fara á fund kjördæmisþm. úr Vestfjarðakjördæmi til þess að ljúka því verki sem okkur var falið af fjvn. En ég vænti þess þá að geta lesið svör hans í þingtíðindum sem verða prentuð eftir nokkra daga.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í umr. er nú mikil tímaþröng hjá þm. og ég hef því heitið forseta að nota aðeins örfáar mínútur, enda er kannske ekki mikil þörf á því að ég lengi hér mál mitt. Hæstv. iðnrh. hefur gert glögga grein fyrir þessu máli og ég kem auðvitað hingað fyrst og fremst upp til að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta mál og þakka ráðh. og ríkisstj. fyrir að bera þetta mál fram nú og láta í ljós von um að það verði samþ. á yfirstandandi þingi.

Að því er varðar ummæli hv. síðasta ræðumanns, hv. 8. landsk. þm., þá held ég að þar gæti nokkurs misskilnings. Stundum var kannske hægt að skilja hann svo að hann væri andvígur því að undirbúningi að Blönduvirkjun yrði hraðað. En hér er eingöngu um að ræða heimildarlög, og þegar þau eru samþykkt ber auðvitað enga nauðsyn til þess að endanlega sé ákvarðað hvenær framkvæmdir skuli hefjast og því síður hvenær þeim skuli ljúka né heldur nákvæmlega hvernig öll orkan yrði notuð. Auðvitað er hér um stefnumörkun að ræða. Það er fyrst og fremst að Alþ. taki um það ákvörðun hvort það vill leggja út í stórvirkjun á Norðurlandi — og þá þessa stórvirkjun — eða vill það ekki. Þessa ákvörðun þarf að taka m. a. vegna þess að mikill kostnaður er samfara rannsóknum nú þegar á þessu ári við Blöndu ef ákvörðun verður tekin um að virkja hana. Ef hins vegar Alþ. hafnar því og fylgir stefnu á borð við þá sem hv. 3. þm. Norðurl. v. boðaði hér, að ekki mætti virkja stórt, heldur eingöngu smátt, þá er auðvitað ástæðulaust að eyða kannske hundruðum millj. kr. í þessar rannsóknir. Ég held að þegar menn skoða þetta í þessu ljósi, þá eigi ekki að þurfa að gagnrýna það að ekki sé þegar tekin ákvörðun um hagnýtingu orkunnar, og að því er samtengingu varðar, þá er auðvitað alveg ljóst, að þegar er komin samtenging Norðurlands og Suðurlands og það má að sjálfsögðu flytja orkuna eins að norðan suður, kannske 50—60 mw. á einhverju tímabili, eins og að flytja alltaf orku norður. Mér þykir leitt, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skuli hafa orðið að hverfa af fundi. Ég hefði gjarnan viljað að hann væri hér og við gætum rætt þetta. Ég hef trú á að

hann mundi samþykkja þessi sjónarmið þegar þau eru sett fram með þessum hætti.

Ég vík þá örfáum orðum að ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. og verð þá að byrja á því að þakka honum þau hrósyrði sem hann hafði um mig og reyndar mína — mér liggur eiginlega við að segja: að þakka honum hlý orð og árnaðaróskir í minn garð og fjölskyldu minnar, eins og stundum er sagt hér á þessum virðulega stað. En það var nú útúrdúr. Ég held að þeim hv. þm. verði að þakka það, að hann gerir kjósendum að vissu leyti auðveldara fyrir að gera upp hug sinn. Hann er ekkert dulur á sínar fyrirætlanir og sinn vilja, en oft er kvartað undan því að stjórnmálamenn hér á Íslandi og raunar víðar veiti kjósendum ekki mikið val, þeir séu meira og minna sammála um alla hluti. En það er nú einu sinni skylda okkar að vera ósammála, ef við erum það í hjarta okkar, vera það þá líka opinberlega, láta fólkið vita hverjar okkar skoðanir eru. Að því er Blönduvirkjun varðar, þá fer ekki á milli mála að hann er eindreginn andstæðingur þessarar virkjunar og hefur sagt það margsinnis og segir enn. Í okkar kjördæmi hefur fólkið því um það að velja hvort það vill þá, sem vilja virkja stórt og leggja út í meiri og minni iðnrekstur, hvort sem hann er nú kallaður stóriðja eða eitthvað annað, og hinna, sem vilja virkja smátt. Hv. þm. hefur lagt til að farið yrði í 52 mw. virkjun. Hún er að vísu allstór, en miklu minni en sú sem hér um ræðir. Alþ. verður að marka þessa stefnu, og það er mjög gott fyrir kjósendur einmitt að fá að velja á milli í þessu efni og það munu þeir vafalaust gera.

Að því er virkjun við Villinganes varðar, þá hefði ég getað verið meðflm. að þessari þáltill., sem hér er flutt, því að hún hljóðar ekki um annað en að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hraðað verði svo sem frekast er unnt undirbúningi að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og hönnun hennar, svo að þar megi, segir að vísu, **megi** reisa næsta raforkuver á Norðurlandi vestra. Það er ekki tekin ákvörðun um að þar skuli reisa þá næstu. Ég held að það sé mjög brýn nauðsyn að hraða rannsóknum við Villinganes. Það liggur að vísu fyrir að virkjun þar verður hlutfallslega dýrari **en við Blöndu, en kannske ekki svo miklu dýrari** að ekki væri hægt að ráðast í hana mjög fljótlega eftir að Blanda hefur verið virkjuð. Ef Alþ. treystir sér ekki til þess eða þjóðin telur sig ekki hafa fjárráð til þess að fara þegar í stað í Blönduvirkjun eða við fyrstu hentugleika, þá er auðvitað gott að nánari útreikningar lægju fyrir um virkjun við Villinganes eða í Jökulsánum í Skagafirði. Þess vegna hef ég ekkert á móti þessari till., síður en svo. Það er alveg prýðilegt að rannsókn fari þar fram líka. En rannsóknarféð er því miður takmarkað svo að kannske er ekki hægt að gera þetta allt í sumar. En hitt verðum við að varast, og það veit ég að hv. 3. þm. Norðurl. v. vill hugleiða, að fara nú ekki að rugla menn svo í ríminu að enn einu sinni verði öllum virkjunarframkvæmdum í Norðurlandskjördæmi vestra frestað vegna rifrildis um staðsetningu þegar komið er á lokastig að taka ákvörðun um einhverja virkjun — eins og var á sínum tíma um Svartá í Skagafirði — þá gjósi upp allar mögulegar hugmyndir aðrar hjá sumum til að hindra allar framkvæmdir. Við megum ekki vera svo ógæfusamir að hafa ekki manndóm í okkur til þess að taka um það ákvörðun, og það er Alþ. sem á að gera það, hvort við viljum fara í Blöndu eða Blöndu ekki, og ef menn vilja ekki ráðast í Blönduvirkjun, þá að taka ákvörðun um virkjun við Villinganes í Héraðsvötnum og þá ekki bara með þál., heldur þá með lögum. Það held ég að sé alger nauðsyn að verði gert á þessu þingi og enginn undandráttur verði þar frá.

Það er aðeins eitt, sem ég vil vekja hér á athygli, sem mér þótti sérlega leiðinlegt í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Mér þótti hitt út af fyrir sig skemmtilegt, hvað hann var eindreginn í andstöðu sinni, hann er ekkert að dylja það, og menn geta þá kosið um það. En hitt þótti mér leiðinlegt, að það örlaði á nokkurs konar stríðsyfirlýsingu. Hann sagði, hv. þm.: friður og eining verður ekki — og brýndi raustina — ef ákvörðun verður tekin um Blöndu. Við erum nú einu sinni búsett í lýðræðisríki og ef yfirgnæfandi meiri hl., bæði heimamanna og Alþ., tekur ákvörðun, þá ætla ég að vænta þess og tel mig raunar vita það, að hv. 3. þm. Norðurl. v. muni ekki taka þátt í að efna til styrjaldar og verða friðspillir. Það verða mín síðustu orð.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það hefur nú ýmislegt komið fram í þessum umr. sem ástæða væri til að fara nokkrum orðum um. En ég boðaði í ræðu minni áðan till. til þál. sem við höfum lagt fram og væntanlega er í prentun, og fyrir henni þarf að mæla og þá gefst tilefni til að taka til umfjöllunar eitthvað af því sem annars hefði þurft að bera hér á góma.

Ég má til að víkja nokkrum orðum að samþm. mínum, hv. þm. Pálma Jónssyni. Hann var nokkuð argur í ræðu sinni og tók talsvert upp í sig. Hann hneykslaðist mjög á ummælum mínum um tiltekna starfsmenn, jafnframt því sem hann var hneykslaður á skoðunum mínum á þessu máli almennt. Nú er það kannske skiljanlegt að maðurinn sé að verða afbrýðisamur út af hinum vinsamlegu orðum sem við Eyjólfur Konráð Jónsson látum hér fara á milli okkar þegar við komum í ræðustól, og ég neyðist nú til þess, — það er reyndar engin neyð því að það er mér bæði ljúft og skylt að bera nokkurt lof á hv. þm. Pálma Jónsson líka, þó að hins vegar taki ég Eyjólf að flestu leyti fram yfir. En ég tel að t. d. Pálmi Jónsson, hv. þm., sé miklu betri fjármaður en hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Að vísu er Eyjólfur kannske ekki vanur fjármaður. Ég hef séð hann á ljósmynd með sauðfé, en ég held að það hafi farið illa fyrir hrútnum og að það hafi verið heldur slæmur atburður. En Pálmi er hins vegar líklega einn mesti fjárræktarmaður landsins. Ég hef séð hann ekki einasta á blóðvellinum, heldur líka í gróandi náttúrunni við fé sitt, og ég held að þar eigi hann að vera og vil bera á hann alveg sérstakt lof fyrir feitt sauðfé. Hins vegar vil ég nú taka fram, úr því að við erum farnir að ræða þetta svona frjálslega, að ég hygg að ég sé mestur hestamaður af okkur þrem.

Pálmi Jónsson, hv. þm., vék að uppgræðslu á landinu, og það er þess vert að ræða það nánar en ég gaf mér tíma til í frumræðu minni. Þessi uppgræðsla, þessir reitir sem FAO kostar þarna á heiðinni og gefa, eins og hann sagði, framúrskarandi góða raun, eru í því landi sem sekkur, og það sannar alveg sérstaklega hvað þetta er verðmætt og gott land sem þarna á að sökkva. Það eru ekki svipuð skilyrði ofar í landinu, á því landi sem upp úr stendur þegar það frjósamara og betra land er sokkið. Örfoka land er allt annað en gróið land til þess að svara áburðið og ræktun.

Hann talaði með lítilsvirðingu, hv. þm., einnig um „murtuveiði" sem hann taldi vera þarna í vötnum. Það er ekki murta til nema í einu þessu vatni. Hins vegar er til bleikja og urriði, en það er samkv. minni málkennd ekki murta. Hins vegar er murtuveiði einnig mikil hlunnindi, og silungsveiði sú, sem þarna kæmi til með að eyðileggjast, er vissulega mjög verðmæt. Ég vil ekki hafa það að hv. þm. geri lítið úr því, því að þarna er um býsna þjóðleg og skemmtileg hlunnindi að ræða.

Hann vitnaði til andstyggilegrar hugmyndar, sem ég er honum alveg sammála um að er andstyggileg, að taka vatnið frá Akri og fara með það niður í Blöndudal, þ. e. a. s. 60% af Vatnsdalsá. Ég er honum alveg sammála um að sú hugmynd er mjög slæm. En ég gerði ekkert annað en lesa orðrétt upp úr skýrslu sem Orkustofnun hefur látið frá sér fara, las orðrétt upp, og þetta var á bls. 37 og þar getur hv. þm. Pálmi Jónsson séð þetta sjálfur.

Þá ræddi hann um þær hagsbætur sem yrðu af því varðandi vegagerð í Langadal ef af þessari virkjun yrði. Nú vænti ég þess að ég megi taka það svo, ef hv. þm. leiðréttir ekki villu mína, að hann vilji bíða með að leggja þennan veg þangað til búið er að reisa þessa virkjun, og ég mun heita honum því að ég skal segja frá því fyrir norðan hver skoðun hans er á þessu efni, því að ég veit fyrir víst að ég verð spurður að því hvaða seinagangur sé á vegalagningu í Langadal. Ég verð spurður að því núna þegar ég kem heim til mín í vor, þegar við erum búnir að afgreiða þessa vegáætlun sem hér bíður okkar og við ættum raunar allir þessir þrír að vera að vinna að. Ég verð spurður að því, hvers vegna vegaframkvæmdir verði ekki meiri í Langadal heldur en koma mun í ljós, eins og ég hef verið spurður undanfarin ár. En þarna er bráðnauðsynlegt að leggja kafla sem er á lífæð í héraðinu og raunar á hringveginum, og ég tel það algera fásinnu að vera að geyma þennan veg eftir óvissum hugmyndum um það að einhvern tíma verði sett heimildarlög eða heimiluð virkjun í þessu vatnsfalli.

Hv. þm. vitnaði til samþykkta. Ég gerði það líka. Ég vitnaði og tók einmitt fram í ræðu minni hver afstaða hefði verið hjá hreppsbúum í Torfalækjarhreppi og í Blönduóshreppi eða hjá forráðamönnum Blönduóss. Ég gleymi hins vegar sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, en hún var reyndar klofin í málinu. Ég gat ekki um sveitarstjórn í Svínavatnshreppi eða þá samþykkt sem hún mun hafa vafalaust gert og fengið í hendur Pálma Jónssyni. Hún hefur ekki sent mér afrit af henni. Hins vegar þekki ég hreppsbúa og veit um niðurstöðu af sveitarfundi. Þar var reyndar Pálmi Jónsson viðstaddur líka. Þá ályktun las ég upp hér í ræðustól rétt áðan.

Hann lætur að því liggja að það séu skagfirðingar sem séu einir um að vilja virkjun við Villinganes. Það er mikill misskilningur hjá honum. Það var getið um þetta berum orðum í ályktun sveitarfundar í Svínavatnshreppi. Ég vil minna hv. þm. á, ef hann man það ekki, að Bólstaðarhlíðarhreppur er í Austur-Húnavatnssýslu og ég vonast til að hann haldi áfram að vera þar.

Hann nefndi það, hv. þm., að það væri 40% dýrari virkjun við Villinganes heldur en Blönduvirkjun. Ég tel víst að þarna hafi manninum orðið mismæli og hann hafi átt við að hann ætlaði að hafa orkuna 40% dýrari en þá orku sem framleidd væri við Blöndu. Nú er það svo með þessa orku við Blöndu, að til þess að hún geti orðið þessum mun ódýrari en sú sem framleidd væri við Villinganes, þá þarf að selja hana í einu lagi. Það er nefnilega mergurinn málsins, og um þetta er það sem deilan stendur.

Hann gerði mikið mál, eins og raunar hæstv. ráðh. líka, úr niðurstöðu orkuspárnefndar. Hv. síðasti ræðumaður, Sighvatur Björgvinsson, tók af mér ómakið við að ræða þessa orkuspá, og ég held að ég þurfi ekki að eyða tíma í hana. Ég vitna bara til þeirra orkuspáa sem gerðar hafa verið hér áður. Ég vitna til þeirrar orkuspár sem við höfðum hér á borðunum í fyrra. En þessi orkuspá er með veilum þáttum, eins og hv. 8. landsk. þm. gat um, og þeir þættir gera það að verkum að það er ekki æskilegt að byggja á þessari orkuspá.

Það væri freistandi að fara að ræða þau iðnaðartækifæri sem hæstv. ráðh. gat um í frumræðu sinni, og sannarlega vildi ég sjá margt af þessu rísa, bæði í Norðurlandskjördæmi vestra og annars staðar. Þarna er einmitt það verkefni sem ég held að sé kannske eitt það brýnasta fyrir yfirvald iðnaðarmála á Íslandi. Hæstv. ráðh. er mikill atorku- og áhugamaður, og ég treysti því að hann geri það sem framast er skynsamlegt í því að kanna þessi mál. En náttúrlega kostar öll könnun fjármuni og sumt af henni kostar of fjár. En ef það er talsvert góð von um að árangur náist, þá verður að kosta nokkru til rannsókna því að öðruvísi fáum við ekki skynsamlega niðurstöðu. Og það á raunar við um öll þau verk sem við tökum okkur fyrir hendur. En af iðnaðartækifærum á Íslandi held ég að það væri okkur ákaflega hagkvæmt ef hægt væri að finna iðnað af meðalstærð, fyrirtæki sem ekki eru ofviða landsmönnum sjálfum, og reisa þau um hinar dreifðu byggðir. Þetta hefur tekist í sjávarútvegi, þetta hefur tekist í landbúnaði, að koma upp svona manneskjulegum fyrirtækjum sem geta veitt fólki góða atvinnu, og í iðnaði frá þessum framleiðslugreinum. En hvað iðnað varðar, sem þarf á verulegri orku að halda, væri þetta mjög mikilvægt verkefni.

Ég hef haft þá ánægju að fá tækifæri til þess að starfa að einni svona könnun. Þegar ég kom hér á þing flutti ég till. til þál. um athugun á að stækka áburðarverksmiðju ríkisins. Sú till.

var samþykkt og það var skipuð n. til að gera þessa könnun, og ég var svo heppinn að fá tækifæri til þess að starfa í henni. Sú n. hefur ekki lokið störfum enn, en af því að hæstv. ráðh. gat örlítið um áburðarframleiðslu, þá vil ég nota þetta tækifæri til þess að geta þess að n. hefur nú þegar og raunar fyrir allnokkru náð talsverðum áfanga í starfi sínu. Við komumst að þeirri niðurstöðu, að það væri ákaflega hagkvæmt að reist yrði í Gufunesi saltpéturssýruverksmiðja, en saltpéturssýruframleiðsla þarf ekki mikla raforku. Það er saltpéturssýruframleiðsla í gamalli og úreltri verksmiðju með gulum reyk sem reykvíkingar þekkja, og þessi saltpéturssýruverksmiðja er ekki nógu stór. Ef hún væri helmingi stærri — eða raunar kemur reikningslega betur út að byggja nýja og hætta að framleiða í þessari — þá væri hægt að nýta þau mannvirki, sem eru í Gufunesi, af fullum þrótti. En blöndunarverksmiðjan, þ. e. a. s. lokastig framleiðslunnar, er ekki rekinn með fullum afköstum. Til þessarar framleiðslu mætti flytja ammoníak inn frá útlöndum, og ef þessi saltpéturssýruverksmiðja væri reist, þá sýndist okkur að væri hægt að lækka verð áburðar verulega, jafnvel svo að þúsundum skipti á hvert tonn. Það þarf ekki að ræða um aðra kosti þess, eins og þá að vera sjálfum sér nógir eða að losna við þennan hvimleiða reyk sem í nýtískulegri verksmiðju mundi ekki sjást. Þessa áfangaskýrslu höfum við sent til ríkisstj. og ríkisstj. sent Þjóðhagsstofnun, og þar hygg ég að hún sé enn, eða þegar ég vissi seinast. Ég verð nú að segja að mig fer nú að lengja eftir því að þeir skili áliti hjá Þjóðhagsstofnun. Það er ekki nema sjálfsagt að þeir segi álit sitt á þessu máli, en þeir mega ekki draga svarið allt of lengi við sig. Hvað varðar annan áfanga ammoníakframleiðslu, þá var það miklu flóknara og stórkostlegra mál. Þar virðist þurfa geysimikla raforku til þess að hægt sé að framleiða með hagkvæmum hætti með heimsmarkaðssölu fyrir augum. Það er framleitt í Gufunesi ammoníak í gamalli verksmiðju og er sjálfsagt að halda því áfram. En nú er fluttur inn verulegur hluti af því ammoníaki sem hér er notað. Sú könnun, sem við erum að gera, beinist að því hvort hægt sé að framleiða með hagkvæmum hætti í lítilli verksmiðju. Könnunin er í fullum gangi og ég vona að niðurstöður liggi fyrir bráðlega. En satt að segja hafa þær hugmyndir, sem ég hef fengið um þetta, ekki gefið til kynna að maður megi vera mjög bjartsýnn. Til þess að þetta geti borið sig þarf bæði ákaflega mikið rafmagn, 500 mw. væntanlega eða eitthvað því um líkt, og enn fremur þarf það að vera mjög ódýrt til þess að geta keppt við jarðgas. Svo er líka hægt að framleiða ammoníak sem aukaafurðir við olíuhreinsun.

Hvað við kom orðum Eyjólfs Konráðs Jónssonar, hv. þm., þá er það góð regla hjá okkur, sem við ættum að taka upp sem oftast, að hæla hvor öðrum. Ég er nefnilega alveg á sama máli og Eyjólfur, að við eigum að gefa kjósendum færi á að velja á milli okkar. Við eigum að reyna að vinna saman að þeim hlutum sem við höfum svo svipaðar skoðanir á að við getum unnið saman að þeim, en við eigum ekki að dylja það fyrir kjósendum í Norðurl. v. að við erum talsvert ólíkir á ýmsan hátt og viðhorf okkar til uppbyggingar atvinnulífsins í Norðurl. v. og í þjóðfélaginu yfirleitt fara í veigamiklum atriðum alls ekki saman. Það eigum við alls ekki að dylja fyrir kjósendum, enda gerum við það ekki. Það gladdi mig sannarlega, að hv. þm. var stuðningsmaður till. okkar. Ég hygg nú samt að rökstuðningur sá, sem fram kemur í grg. till., sé á þann hátt að hann hefði ekki treyst sér til að vera meðflm. að málinu.

Hann lauk máli sínu með því að skýra frá þeirri skoðun sinni, að hann óskaði eftir að það yrði ekki rifrildi um þessar virkjanir. Hann vildi nú virkja hvort tveggja um tíma. Svo vildi hann ekki rifrildi. En það er náttúrlega alveg ljóst, að á öðrum staðnum verður ekkert rifrildi. Það er líka jafnljóst, að hvort sem við viljum, við Eyjólfur, hvort sem við viljum eða ekki, þá verður rifrildi á öðrum staðnum, og ég lofa honum engu um að taka ekki þátt í því. Þá væri ég að blekkja hann, en það vil ég alls ekki gera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 24. mars.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Skriflegt svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar H. Garðarssonar um starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs, á þskj. 371, afhent þm. 24. mars.

I.1. Hvers vegna hefur ákvæðum laga um að skipta skuli iðgjöldum og framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs á sérreikninga einstakra verkalýðsfélaga ekki verið framfylgt?

Svar: Vegna þess að Tryggingastofnuninni hafa ekki borist nægjanleg gögn frá skattayfirvöldum, sem um ræðir í 6. og 7. gr. laga nr. 57/1973.

I.2. Er ekki tímabært, að stjórn sjóðsins sé gert skylt að framkvæma þessi ákvæði laganna sem önnur til þess að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins fái glöggt yfirlit yfir framlag einstakra atvinnugreina og stéttarfélaga í myndun og þróun Atvinnuleysistryggingasjóðs?

Svar: Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs annast ekki bókhald sjóðsins, sbr. 3. gr. laga nr. 57/1973. Að öðru leyti vísast til svars við I.1.

II.1. Hversu há hafa árleg framlög og iðgjöld verið til sjóðsins tímabilið 1968—1976?

Svar: Árið 1968 námu þessar tekjur sjóðsins 168 804 þús. kr., en 1975 679 678 þús. kr. Að öðru leyti er fyrirspurninni svarað á fskj. 1.

II.2. Heildarupphæðir óskast sundurliðaðar eftir kjördæmum og stéttarfélögum.

Svar: Sundurliðun eftir kjördæmum kemur fram á fskj. 1.

III.1. Hversu miklar hafa árlegar heildargreiðslur atvinnuleysisbóta verið tímabilið 1968—1976?

Svar: Árið 1968 námu atvinnuleysisbætur 29.6 millj. kr., en árið 1976 215 millj. kr. Að öðru leyti er fyrirspurninni svarað á fskj. 2.

III.2. Hvernig skiptast þessar greiðslur eftir:
a) kjördæmum,
b) stéttarfélögum?

Svar: Sundurliðun eftir kjördæmum og stéttarfélögum kemur fram á fskj. 2.

IV.1. Hverjar voru heildargreiðslur fæðingarorlofs hjá Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1976?

Svar: 135 140 þús. kr., sbr. fskj. 2.

IV.2. Hvernig skiptast þessar greiðslur eftir stéttarfélögum?

Svar: Sundurliðun eftir stéttarfélögum kemur fram á fskj. 2.

V.1. Hvernig hefur lánveitingum sjóðsstjórnar samkvæmt 22. gr. laga um Atvinnuleysistryggingasjóð verið háttað tímabilið 1968—1976?

Svar: Til félags- og orlofsheimila hafa á þessu tímabili verið lánaðar tæplega 130 millj. kr. Önnur lán, áhættulán, hafa á sama tíma numið ríflega 159 millj. kr. Þau lán hafa að mestum hluta gengið til fiskiðnaðar og til kaupa á fiskiskipum, og öll hafa þau verið veitt til staða, sem áttu við varanlegt atvinnuleysi að stríða. Að öðru leyti er fyrirspurninni svarað á fskj. 3, 4 og 5.

V.2. Óskað er sundurliðunar á árlegum heildarlánveitingum þessarar tegundar og einnig eftir kjördæmum?

Svar: Sundurliðun kemur fram á fskj. 3, 4 og 5.

V.3. Á hvaða lánskjörum hafa þessi lán verið veitt og hvernig hafa þau innheimst?

Svar: Vextir á orlofsheimilalánum hafa nýlega verið hækkaðir úr 4% í 5% p.a. og vextir annarra lána úr 8% í 10% p.a. Skýrsla um innheimtu er á fskj. 5.

Fylgiskjal I.

ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐUR.
IÐGJÖLD ATVINNUREKENDA EFTIR KJÖRDÆMUM.

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Sveitarfélög greiða sama og atvinnurekendur og ríkissjóður tvöfalt meira.

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	Samtals 1975 '68—'75	1976
Reykjavík	23 204	23 784	24 487	39 268	41 449	49 587	69 630	103 673	375 082	127139[1])
Vesturlandskjördæmi	2 016	2 140	2 679	3 550	4 116	5 338	7 494	10 708	38 041	
Vestfjarðakjördæmi	1 711	1 943	2 503	3 342	3 677	4 992	6 534	9 465	34 167	
Norðurlandskjördæmi vestra	1 123	1 217	1 522	1 881	2 276	2 984	3 922	6 211	21 136	
Norðurlandskjördæmi eystra	3 263	3 469	4 269	5 699	6 938	8 986	11 607	17 879	62 110	
Austurlandskjördæmi	1 882	1 638	2 066	2 694	3 318	4 104	5 883	8 730	30 315	
Suðurlandskjördæmi	2 556	2 704	3 608	4 806	5 584	7 005	8 152	15 409	49 824	
Reykjaneskjördæmi	6 447	7 674	8 723	11 850	15 513	19 362	25 251	35 345	130 165	
	42 202	44 569	49 857	73 090	82 871	102 358	138 473	207 420	740 840	
Framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs	126 602	133 706	149 570	219 264	248 612	307 074	415 418	472258[2])	2072504	581000[3])
	168 804	178 275	199 427	292 354	331 483	409 432	553 891	679 678	2813344	

[1]) Upplýsingar um iðgjöld 1976 utan Reykjavíkur hafa ekki borist sjóðnum.
[2]) Framlag ríkissjóðs 1975 var lækkað með lögum um 150 millj. kr.
[3]) Áætlað í fjárlögum.

Fylgiskjal II.

ATVINNULEYSISBÆTUR 1968—1976.
Í þúsundum króna.

Skipt á verkalýðsfélög og kaupstaði/sýslur. 1976 Fæðingarorlof.

Skipting 1976 á verkalýðsfélög nær aðeins til Reykjavíkur.
Utan Reykjavíkur skipt á staði það ár.

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingarorlof 1976
Reykjavík:										
Bakarasveinafél. Ísl.	25	59	35	30	14			61	33	
Bílstjórafél. Sleipnir	49	108	106	32						
Bókbindarafél. Ísl.	8	62	2						221	1 255
Dagsbrún, verkam.fél.	3 386	16 451	5 016	689	299	96	440	5 364	10 448	
Fél afgreiðslust. í brauð- og mjólkurbúðum	25	348	232		7	13		143	688	971
Fél. framreiðslumanna	21	119	93			7	34	168	180	
Fél. garðyrkjumanna	16	11								
Fél. ísl. hljómlistarmanna	14	53	8					176	128	
Fél. ísl. rafvirkja	74	412	409	119	35		55		1 112	

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingar-orlof 1976
Reykjavík, framhald.										
Fél. járniðnaðarmanna ..	21	38							32	
Fél. matreiðslumanna ..	5	65	15	13		5	51	67	161	
Fél. Skjaldborg	9									
Fél. starfsf. í veitingah.	181	1 510	612	191	44	7	269	521	1 927	1 252
Flugvirkjafélag Ísl.	12	19	8		30	43	69	37	166	
Framsókn, verkakvennaf.	507	3 197	1 187	187	60	917	3 734	9 340	3 263	2 545
Hið ísl. prentarafél.	19	275	20	2			91	81	901	143
Iðja, fél. verksmiðjuf. ..	500	3 013	1 673	938	424	469	1 196	8 876	11 446	8 156
Málarafél. Reykjavíkur .	137	933	326	48	127		190	2 969	2 898	
Matsveinafél. S.S.Í.	73	261	74	11					360	
Mótorvélstjórafél. Ísl. ...	36	155								
Múrarafél. Reykjavíkur .	193	2 218	924					421	6 313	
Nót, sveinafél. netag.m. .	16	231	19	33	4	14	71	254	37	
Prentmyndasmiðafél. Ísl.	11									
Sjómannafél. Rvíkur ...	426	2 567	1 044	127		40	360	1 195	1 463	
Skipstjóra- og stýri-mannafélagið Aldan	14	70	35					19	176	
Starfsst.fél. Sókn, Rvík .	167	1 105	462	206	34	41	122	1 416	3 043	8 340
Stýrimannafél. Ísl.	4	15	14		3				15	
Sveinafélag hárskera ...	22	30								
Sveinafél. húsgagnasm. .	4	98	11	18				53	261	
Sveinafél. skipasmiða ...	5	83	55						70	
Trésmiðafél. Rvíkur	157	2 587	700	55			37	394	2 465	
Verzlunarmannafél. R. ..	652	4 672	1 988	758	313	527	610	5 487	7 939	33 777
Fél. bifvélavirkja		2	13						15	
Félag bryta		41	2							
Fél. ísl. kjötiðnaðarm. ..		39						26		
Félag ísl. loftskeytam. ..		97	16			12		83		
Flugfreyjufél. Ísl.		40		4				10		187
Samb. vörub.stj., Rvík. .		2 869	696	247				8 805	6 889	
Mjólkurfræðingafél. Ísl. .		19	19					24		
Offsetprentarafél. Ísl. ..		55								
Skipstjóra- og stýri-mannafélagið Ægir		21								
Sveinafél. húsg.bólstr. ..		66						43		
Sveinafél. píplagn.m. ..		23						52		
Vélstjórafél. Ísl.		97	163	11	7	33		30	157	
Verkstjórafél. Ísl.		72	155	55		36	28	66	652	
Þernufél. Ísl.				24				303	12	
Landss. ísl. verzlunarm. .						17		208	549	6 215
Rafiðnaðars. Ísl.								1 196		
Félag bílamálara									229	
Fél. hárgr.- og hársk.sv.									128	1 056
Veggfóðrarafél. Rvíkur .									270	
Sveinafél. útvarpsvirkja									32	
Fél. tækniteiknara										161
Samtals, Reykjavík	6 789	44 206	16 132	3 798	1 401	2 277	7 357	47 888	64 479	64 058

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingarorlof 1976
Keflavík, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla:										
Verkakv.f. Kefl. og Njarð.	52	737	21			3	1 989	3 636		
Verkal. og sjóm.f. Keflav.	82	647	56				157	1 614		
Verzlunarm.fél. Suðurn. .		48		13		30	89	303		
Bifr.stj.fél. Keilir		18	15							
Verkamannafél. Hlíf	106	1 846	795	57		58	58	889		
Verkakv.fél. Framtíðin .	288	2 335	1 500	201	328	1 325	1 068	3 532		
Sjómannafél.	13	210	144				19	75		
Verzlunarmannafél.	6	192	3							
Iðja	6		2							
Verkalýðsfél. Grindav. ..	174	721	506	509	804	349	1 243	2 295		
Verkal.f. og sjóm.f. Njarð.	19									
Verkakvennafél.	8									
Fél. byggingaiðn.manna .		273	117							
Skipstj.- og stm.f. Kári .		9								
Verk.l.- og sjóm.f. Miðn.hr.		192					24			
Iðnsveinafél. Suðurnesja			30	26						
Landss. vörub.stj. Hafnarf.								41		
Landss. vörubifr.stj. Grind.								1 036		
Verkal.f. og sjóm. Gerðahr.								201		
Ósundurliðað									10 350	
Samtals Keflavík, Hafnarfjörður, Gullbringusýsla	754	7 228	3 189	806	1 132	1 765	4 647	13 622	10 350	
Fæðingarorlof 1976										15 286
Akranes										
Verkal.fél. Akraness	426	2 562	368	152	262	988	1 979	4 912		
Verzlunarm.fél. Akraness		70								
L. V. B.		300	323	533	264		226	151		
Landss. ísl. verzlunarm. .			18	35						
Samtals Akranes	426	2 932	709	720	526	988	2 205	5 063		
Fæðingarorlof 1976										3 446
Ósundurliðað									5 299	
Mýra- og Borgarfj.sýsla										
Verkal.fél. Borgarness ..	67	886	376	269	57		37			
Landss. ísl. verzlunarm. .		17	126							
L. V. B., Borgarnesi		133	19	22						
Samt. Mýra- og Borgarfjs.	67	1 036	521	291	57		37			
Fæðingarorlof 1976										1 255
Ósundurliðað									261	

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingarorlof 1976
Snæfells- og Hnappadalss.										
Verkalýðsfél. Stykkish. .	319	1 479	29	18	121	95	1 963	2 232		
Verkl.- og sjóm.f. Eyrarsv.	933				297					
L. V. B., Stykkishólmi ..		125								
Verkal.fél. Jökull, Ólafsv.		1 466	109				174	54		
L. V. B., Ólafsvík		277					326			
Verklf. Afturelding, Helliss.		425	44		6			131		
Verklf. Stjarnan, Grundarf.		1 396	454	93	154	497	4 052	1 386		
L. V. B. Grundarfirði ...		78								
Landss. ísl. verzl.m., Ól.			17							
Verzlunarm.fél. Stykkish.						10				
L. V. B., Hellissandi ...							36			
Ósundurliðað									4 772	
Samt. Snæf.- og Hnapp.	1 252	5 246	653	111	578	602	6 551	3 803	4 772	
Fæðingarorlof 1976										3 901
Dalasýsla										
Verkalýðsfélögin								122		
Samt. Dalasýsla								122		
Fæðingarorlof 1976										170
Ósundurliðað									625	
Barðastrandarsýsla										
Verkalýðsfél. Patreksfj. .	365	710								
Verkalýðsfél. Vörn, Bíld.		726	549	95			902			
Ósundurl. endurgreitt ..					÷235					
Bifr.stj.fél. Fákur, Bíld. .							45			
Verkal.fél. ósundurliðað .								4 680		
Samt. Barðastrandars. ..	365	1 436	549	95	÷235		947	4 680		
Fæðingarorlof 1976										140
Ósundurliðað									14 910	
Ísafjarðarsýsla										
V.fél. Súgandi, Suðureyri	271	55								
V.fél. Skjöldur, Flateyri	372	241	157				294	1 520		
V.- og sjóm.fél. Álftafj. .	144	88								
V.- og sjóm.fél. Hnífsdal		11	6	37						
V.- og sjóm.fél. Súðavíkur		18	16							
V.fél. Brynja, Þingeyri ..								171		
L. V. B. Flateyri								238		
Samt. Ísafjarðarsýsla ...	787	413	179	37			294	1 929		
Fæðingarorlof 1976										1 548
Ósundurliðað									603	

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingarorlof 1976
Ísafjörður										
Verkalýðsfél. Baldur ...		181	268	105	63	218	395	417		
Vélstjórafél.		27								
Sjómannafél.		163	118	131	77	46	122	141		
Verzlunarmannafél.		52								
L. V. B.		14								
L. Í. V.			39	21						
Bylgjan			10							
Samtals Ísafjörður		423	435	257	140	264	517	558		
Fæðingarorlof 1976										2 422
Ósundurliðað									168	
Strandasýsla										
Verkalýðsfél. Hólmav. ..	178	397	577	474	473	592	915	1 397		
L. V. B. Hólmav.			48	49		207	234	410		
V.fél. Kaldranan.hr. Dr.				133			1 224	2 806		
Samt. Strandas.	178	397	625	656	473	799	2 373	4 613		
Fæðingarorlof 1976										1 002
Ósundurliðað									3 066	
Húnavatnssýsla										
Verkal.fél. Skagastr.	469	2 087	2 582	1 026	1 055		540	159		
Verkal.fél. Blönduóss ...	104	855	838	388	363		1 139	2 115		
Vörubílstj.fél. Skagastr. .	17			43						
L. V. B. Hvammst.	82	290	200	125	56		38	982		
V.fél. Hvöt, Hvammst. .		192			39					
L. V. B. Blönduóss		194	306	311	353		59	586		
Verzl.m.f. Húnv. Höfðak.		12								
L. V. B. Höfðakaupstað		40	52							
Samt. Húnavatnss.	672	3 680	3 978	1 893	1 866		1 776	3 842		
Fæðingarorlof 1976										4 911
Ósundurliðað									2 350	
Sauðárkrókur										
Verkakv.fél. Aldan	513	1 102	1 334	1 200	737	1 252	1 078	353		
Verkam.fél. Fram	458	1 811	1 276	849	499	349	121	743		
L. V. B.	57	149	168	258	186	272	288	2 009		
Verzl.m.fél. Skagfirðinga			115	66						
Samtals Sauðárkrókur ..	1 028	3 062	2 893	2 373	1 422	1 873	1 487	3 105		
Fæðingarorlof 1976										2 006
Ósundurliðað									1 517	

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingarorlof 1976
Skagafjarðarsýsla										
V.m.fél. Farsæll, Hofsósi	436	1 433	818	1 376	1 205	1 102	302			
V.kv.fél. Báran, Hofsósi	404	1 052	937	1 118	938	1 163	337			
L. V. B. Hofsósi	38	116	98	97	25		91	380		
V.l.fél. Ársæll, Hofsósi ..							762	2 740		
Samt. Skagafjarðars. ...	878	2 601	1 853	2 591	2 168	2 265	1 492	3 120		
Fæðingarorlof 1976										388
Ósundurliðað									823	
Siglufjörður										
Verkalýðsfél. Vaka	3 638	10 743	7 981	5 489	3 597	8 427	9 237	8 225		
Verzlunarmannafél.	57	452	206	185	92	224	311	136		
Samtals Siglufjörður ...	3 695	11 195	8 187	5 674	3 689	8 651	9 548	8 361		
Fæðingarorlof 1976										2 969
Ósundurliðað									8 044	
Ólafsfjörður										
Verkakv.fél. Sigurvon ..	304	721								
Verkal.- og sjóm.fél.	371	1 213								
Verkal.fél. Eining		99	2 751	1 745	2 777	192	1 068	1 167		
L. V. B.			34	24						
Skipstjórafélagið					27					
Iðnsv.fél. Drangar								52		
Sjóm.fél. Eyjafjarðar ...								49		
Samtals Ólafsfjörður ...	675	2 033	2 785	1 769	2 804	192	1 068	1 268		
Fæðingarorlof 1976										639
Ósundurliðað									1 767	
Akureyri										
Verkal.fél. Eining	1 518	9 259	4 621	3 012	1 582	2 226	3 988	9 735		
Iðja, fél. verksm.fólks ..	413	2 598	868	758	116	98	339	877		
Sjómannafélag	89	660	229	442	439	84	164	392		
Bílstjórafél.	55	314	159	23			24	85		
Verzlunarmannafél.	86									
Sveinafél. járniðnaðarm.	4	50								
L. V. B.	336	469	625	975	727	494	1 232	2 113		
Fél. verzl.- og skrifst.f. .		438	173	142				247		
Verkstjórafél.		2								
Trésmiðafél.		90	212	28		5		47		
Múrarafél.		14								
Stýrim.fél. Ísl. Akureyri								33		
Samtals Akureyri	2 501	13 894	6 887	5 380	2 864	2 907	5 747	13 529		
Fæðingarorlof 1976										8 507
Ósundurliðað									10 055	

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingarorlof 1976
Eyjafjarðarsýsla										
Verk.l.fél. Eining, Dalv.	207	1 275	1 311	664	451	940	1 275	56		
Verk.l.fél. Eining, Hrísey	303	807	711	613	461	454	2 057	1 155		
Sjómannafél. Dalvík		9						233		
L. V. B. Dalvík		83	134	333	220	250	58			
V.l.fél. Eining, Árskógshr.			138	262	249	75	139	592		
Sjóm.fél. Árskógshr.			82	562	345	132	214	123		
Bílstjórafél. Árskógshr. ..				5	26	16	76	83		
Verzlunarm.fél. Dalvíkur							32			
Iðja, fél. v.s.f., Hjalteyri								70		
Samt. Eyjafjarðars.	510	2 174	2 376	2 439	1 752	1 867	3 851	2 312		
Fæðingarorlof 1976										229
Ósundurliðað									3 311	
Húsavík										
Verkalýðsfél.	528	870	1 574	611	96	196	492	8 017		
Trésmiðafél. Árvakur ...		42	111	11						
L. V. B.		102	29	29						
Samtals Húsavík	528	1 014	1 714	651	96	196	492	8 017		
Fæðingarorlof 1976										4 241
Ósundurliðað									12 140	
Þingeyjarsýsla										
Verkal.fél. Raufarhöfn ..	776	2 179	1 864	1 319	956	912	358	132		
Verkal.fél. Þórshöfn	675	1 990	2 009	1 482	1 146	914	3 392	3 244		
L. V. B. Þórshöfn	285	192	213	462	344	257	421	1 018		
L. V. B. Raufarhöfn	89	153	114	88						
Verzlunarm.fél. Raufarh.		50	21							
Samt. Þingeyjarsýsla ...	1 825	4 564	4 221	3 351	2 446	2 083	4 171	4 394		
Fæðingarorlof 1976										2 125
Ósundurliðað									13 564	
Suður-Múlasýsla										
V.l.- og sjóm.fél. Fáskr.fj.	164	1 329	992	129	356	219	197	1 726		
Verkal.fél. Egilsst.hr.		305	290							
V.l.- og sjóm.fél. Djúpav.		381	63	74		13	2 105	594		
Verkal.fél. Reyðarfj.		471	170		85					
V.l.- og sjóm.f. Stöðf.		227	214				860	2 015		
V.kv.f. Framtíðin, Esk. .		218	167	102						
Verkam.fél. Árvakur		991	71	72	17	204	176	25		
L. V. B. Djúpavogi		70		26						
L. V. B. Eskifirði		80								
L. V. B. Fáskrúðsf.		135	42	18				39		
L. V. B. Egilsstaðahr. ..		48								
Verzlunarm.fél. Reyðarfj.		55	27							
Verkal.fél. Breiðd.				62				417		
V.l.fél. Fljótsdalshéraðs .							69	139		
Samtals S.-Múlasýsla ...	164	4 310	2 036	483	458	436	3 407	4 955		
Fæðingarorlof 1976										983
Ósundurliðað									5 244	

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingarorlof 1976
Seyðisfjörður										
Verkalýðsfél. Fram	405	1 849	725	398	23	106	1 489	643		
L. V. B.		132	19							
Samt. Seyðisfjörður	405	1 981	744	398	23	106	1 489	643		
Fæðingarorlof 1976										1 234
Ósundurliðað									4 301	
Norður-Múlasýsla										
Verkal.fél. Skeggjast.hr.	73	456	114	301	163	380	538	1 274		
Verkal.fél. Borgarfj.	138	842	414	388	435	241	996	3 572		
Verkal.fél. Vopnafj.	1 093	1 375	808	1 753	2 617	2 122	3 543	4 865		
L. V. B. Vopnafj.	78	165	202	268	252	172	495	592		
Samtals N-Múlasýsla ...	1 382	2 838	1 538	2 710	3 467	2 915	5 572	10 303		
Fæðingarorlof 1976										898
Ósundurliðað									14 203	
Neskaupstaður										
Verkalýðsfél. Norðfj. ...	47	1 788	1 188	265				356		
L. V. B.		284	358	123						
Ósundurliðað						92			844	
Samtals Neskaupstaður .	47	2 072	1 546	388		92		356	844	
Fæðingarorlof 1976										
Skaftafellssýslur										
V.l.fél. Víkingur, Vík ...		98	43	52	30					
L. V. B.			13							
Samt. Skaftafellss.		98	56	52	30					
Fæðingarorlof 1976										1 207
Ósundurliðað									34	
Árnessýsla										
V.l.- og sjóm.fél. Bjarmi .	319	294	322	609	589	1 149	2 639	1 759		
Verkal.fél. Báran, Eyrarb.	263	478	639	396	342	971	2 202	2 161		
Verkal.fél. Þór, Selfossi .	83	340	346	70	35	6	181	1 801		
V.l.fél. Hverag. og Þorl.h.	648	670	441	54		114		125		
L. V. B., Eyrarbakka ...	13	23						277		
Fél. iðnaðarmanna		43	16							
Verzlunarm.fél. Árness. .		16	27		36	49		56		
L. V. B. Hverag.		149		29						
L. V. B., Selfoss		162								
L. V. B., Þorlákshöfn ..		77		17						
Fél. járniðn.m. Árness.				4						
Bifr.stj.fél. Ökuþór, Self.								44		
L. V. B. Stokkseyri								72		
Samt. Árnessýsla	1 326	2 252	1 791	1 179	1 002	2 289	5 022	6 295		
Fæðingarorlof 1976										7 175
Ósundurliðað									7 506	

Ár:	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Fæðingar-orlof 1976
Rangárvallasýsla										
Verkal.fél. Rangæingur .								308		
L. V. B. Hellu								39		
Samt. Rangárvallasýslu .								347		
Fæðingarorlof 1976										4 229
Ósundurliðað									4 467	
Vestmannaeyjar										
Verkakv.fél. Snót	521	1 285		17	386	199	184			
Verkalýðsfél.	54	729			2					
Sjóm.fél. Jötunn	72	132								
L. V. B.		344			150	126				
Ósundurliðað			15						2 286	
Samt. Vestmannaeyjar .	647	2 490	15	17	538	325	184		2 286	
Fæðingarorlof 1976										171
Landssamb. í Rvík.									17 774	
Samt. landið utan Rvíkur	20 112	79 369	49 480	34 321	27 296	30 615	62 877	105 237	150 284	71 082
Rvík. samkv. skrá	6 789	44 206	16 132	3 798	1 401	2 277	7 357	47 888	64 479	64 058
Samtals allt landið	26 901	123 575	65 612	38 119	28 697	32 892	70 234	153 125	214 763	135 140

Fylgiskjal III.

ÁHÆTTULÁN, SKV. 22. GR. LAGA 57/1973.

Ár	Jöfnunar-sjóður	Reykja-víkurk.	Reykja-nesk.	Vestur-landsk.	Vestfj.-kjörd.	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-landsk.	Suður-landsk.	Samtals millj. kr.
1968	8.0	0	2.0	0	5.6	2.75	1.9	1.3	1.0	22.55
1969	6.0	0	0	0	0	0	0.4	3.2	0	9.6
1970		0	0	1.0	0.5	3.0	2.5	3.2	0	10.2
1971		0	0	0	0.6	7.7	2.9	6.65	0	17.85
1972		0	0	0	0	8.5	12.7	14.15	0	35.35
1973		0	0	0	0	9.0	6.0	7.5	0	22.5
1974		0	0	0	4.0	0	2.0	3.5	0.5	10.0
1975		0	0	5.0	0	0	0	3.0	4.0	12.0
1976		0	0	3.3	8.0	0	4.5	3.4	0	19.2
	14.0	0	2.0	9.3	18.7	30.95	32.9	45.9	5.5	159.25

Mestum hluta þessara lána var varið til fiskiðnaðar og til kaupa á fiskiskipum, þar á meðal skuttogurum á eftirtalda staði: Grundarfjörð, Skagaströnd, Hofsós, Siglufjörð, Ólafsfjörð, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörð, Fáskrúðsfjörð og sameiginlega til Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Með eru talin nokkur lán til 5 ára, sem veitt hafa verið til að greiða vanskil á eldri áhættulánum. Öll lánin voru veitt til staða, sem áttu við varanlegt atvinnuleysi að stríða. Á síðasta ári voru vextir af áhættulánum hækkaðir úr 8% p.a. í 10% p.a.

Fylgiskjal IV.

FÉLAGS- OG ORLOFSHEIMILALÁN, SKV. 22. GR. LAGA 57/1973.

Ár	Reykja-víkurk.	Vestur-landsk.	Vest-fjarðak.	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-landsk.	Suður-landsk.	Reykja-nesk.	Samtals millj. kr.
1968	6.25	0	0.4	0.2	2.1	0.8	0	0	9.75
1969	5.4	0	0	0	0.5	0.3	0	0	6.2
1970	0.75	0	0	0.2	0.5	3.0	0	0	4.45
1971	4.35	0	2.5	0	1.5	0.15	0	0	8.5
1972	1.0	1.0	0	1.0	5.0	3.5	0	0	11.5
1973	12.35	0	0	0	2.75	0	0.5	0	15.6
1974	14.0	0	2.0	0	2.5	0	0	1.0	19.5
1975	12.5	0	6.0	2.0	2.0	2.0	2.0	0	26.5
1976	18.25	0.8	2.25	0.5	2.0	0	4.0	0	27.8
	74.85	1.8	13.15	3.9	18.85	9.75	6.5	1.0	129.8

Lán til félagsheimila 64.7 millj. kr., til orlofshúsa 65.1 millj. kr.
Vextir af lánum til félagsheimila voru nýlega hækkaðir úr 8% í 10% p.a.
Vextir af lánum til orlofsheimila voru nýlega hækkaðir úr 4% í 5% p.a.
Skipting á lánum vegna orlofshúsa er ekki nákvæm vegna þess, að í hlut eiga landssambönd og landsfélög, sem flest eiga heima í Reykjavík.

Fylgiskjal V.

Tryggingastofnun ríkisins

Reykjavík, 15. mars 1977.

YFIRLIT

um, hvernig lán Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem veitt hafa verið samkv. 22. gr. laga nr. 57/1973, hafa innheimst.

A — Lán til félagsheimila.

Alls eru nú í gangi 80 félagsheimilalán, er skiptast þannig milli kjördæma:

Vesturland	4
Vestfirðir	10
Norðurland vestra	9
Norðurland eystra	13
Austfirðir	9
Suðurland	2
Reykjanes	2
Reykjavík	31
Samtals	80 lán

73 þessara lána eru í skilum.
Vanskil eru þessi:

3 ára vanskil 1 lán
1 árs vanskil 6 lán.

B — Lán til orlofshúsa.

Alls í gangi nú 44 orlofshúsalán, er skiptast þannig milli kjördæma:

Vesturland	0
Vestfirðir	0
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	11
Austfirðir	2
Suðurland	0
Reykjanes	0
Reykjavík	31
Samtals	44 lán

42 þessara lána eru í skilum, en eins árs vanskil eru á tveimur lánum.

C — Áhættulán.

Þessi lán eru nú 80 að tölu, er skiptast þannig milli kjördæma:

Vesturland	5
Vestfirðir	8
Norðurland vestra	16
Norðurland eystra	14
Austfirðir	32
Suðurland	3
Reykjanes	2
Reykjavík	0
Samtals	80 lán

37 þessara lána eru nú í skilum.
Vanskil eru þessi:

8 ára	vanskil	3 lán
7 —	—	1 —
6 —	—	2 —
5 —	—	4 —
4 —	—	2 —
3 —	—	5 —
2 —	—	5 —
1 —	—	21 —
Alls		43 lán

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS
— Verðbréfa- & innheimtudeild —

Helgi Hannesson.

Sameinað þing, 68. fundur.

Laugardaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Á þessum fyrsta fundi Sþ. eftir andlát Einars Sigurðssonar útgerðarmanns vil ég minnast hans hér með nokkrum orðum. Hann átti að vísu aldrei fast sæti hér á Alþ., en var varaþm. eitt kjörtímabil, tók nokkrum sinnum sæti á þingi á árunum 1960—1963. Þingsetutími hans nam samanlagt u. þ. b. sex mánuðum. Hann andaðist í Landakotsspítala s. l. þriðjudag, 22. mars, 71 árs að aldri.

Einar Sigurðsson var fæddur að Heiði í Vestmannaeyjum 7. febrúar 1906. Foreldrar hans voru Sigurður bóndi þar og formaður Sigurfinnsson bónda í Ystabæli undir Austur-Eyjafjöllum Runólfssonar og kona hans, Guðríður Jónsdóttir bónda í Káragerði í Landeyjum Einarssonar. Hann hóf ungur kaupsýslustörf í Vestmannaeyjum. Nám stundaði hann í Verslunarskóla Íslands og brautskráðist þaðan vorið 1924. Að námi loknu sneri hann sér aðallega að útgerð og rekstri fiskvinnslustöðva. Hann átti heima í Vestmannaeyjum fram til ársins 1950, en fluttist þá til Reykjavíkur og átti hér heimili síðan og rak útgerð og fiskiðnað í Vestmannaeyjum, Reykjavík og víðar um landið.

Einar Sigurðsson gegndi mörgum trúnaðarstörfum og forustustörfum í samtökum á sviði útgerðar og fiskiðnaðar. Hann var varaformaður stjórnar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, stjórnarformaður skipafélagsins Jökla, átti sæti í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar, var formaður stjórnar Umbúðamiðstöðvarinnar, átti sæti í stjórn Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar í Reykjavík og var stjórnarformaður Coldwater Seafood Corporation í Bandaríkjunum. Hann var bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum á árunum 1942—1950.

Einar Sigurðsson var áhugamaður um íþróttir og var um árabil formaður Knattspyrnufélags Vestmannaeyja. Hann var sundmaður góður og iðkaði sund í sjónum við Vestmannaeyjar. Fræg er þrekraun hans, er hann var staddur undir Eyjafjöllum sumarið 1940 og þurfti að komast til Vestmannaeyja, báturinn, sem skyldi sækja hann, gat ekki lent sökum brims og hann synti gegnum brimgarðinn til móts við bátinn. Áræði hans, dugur og kappgirni, sem þetta afrek ber glöggt vitni um, kom víða fram í athöfnum hans við atvinnurekstur. Hann var stórhuga og mikilvirkur í framkvæmdum, og víða fór orð af stórkostlegum umsvifum hans í sjávarútvegsmálum. Hann var hugulsamur vinnuveitandi og kom m. a. upp bókasafni fyrir starfsfólk sitt í Vestmannaeyjum. Hann var ritstjóri blaðsins Víðis árin 1942 og 1946—1953 og skrifaði auk þess fjölda greina í önnur blöð, einkum um sjávarútvegsmál. Þórbergur Þórðarson skráði eftir frásögn Einars hluta af mikilli athafnasögu hans. Í störfum á Alþingi stefndi hugur Einars Sigurðssonar einkum að hag og eflingu íslensks sjávarútvegs. Við fráfall hans er á bak að sjá einum stórbrotnasta athafnamanni úr stétt íslenskra atvinnurekenda.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Einars Sigurðssonar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum].

Þjóðaratkvæði um prestskosningar, þáltill. (þskj. 396). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings, þáltill. (þskj. 408). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rafstrengur til Vestmannaeyja, þáltill. (þskj. 409). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnumál á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 413). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 69. fundur.

Mánudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1976.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 406 er skýrsla samgrh. um vegaframkvæmdir á vegáætlun 1976.

Þegar litið er á tekjur Vegasjóðs árið 1976 kemur í ljós að nokkuð vantar á að þær hafi innheimst samkvæmt tekjuáætlun. Þannig urðu rauntekjur af bensíngjaldi 1762.7 millj. kr. í stað 1923 millj. sem áætlað var. Af þungaskatti 556.1 milljón í stað 612 millj. og af gúmmígjaldi 62.4 millj. í stað 77 millj. Ríkisframlag varð hins vegar 630 millj. kr. í stað 530 millj. kr. og heildartekjur á þessum liðum 3011.2 millj. kr., en voru áætlaðar 3114 millj. í áætluninni. Auk þessara tekna hafði verið gert ráð fyrir að ríkissjóður aflaði almenns lánsfjár að fjárhæð 1350 millj. kr. og afla mætti til viðbótar verktakalána sem næmu 250 millj. kr. Hvorugt þetta tókst alveg. Almenn fjáröflun var 1300 millj. kr. og verktakalán 160 millj. kr. Ekki fór hjá því að tekjurýrnun þessi kæmi fram í minni framkvæmdum.

Í þeim hluta skýrslunnar, sem snýr að skiptingu útgjalda, eru viðhaldinu gerð betri skil en oft áður, enda full þörf á að þm. sé gerð grein fyrir því fé er varið er til viðhalds vega. Það var 1381 millj. kr. í vegáætlun fyrir árið 1976. Viðhaldsfé er fyrst skipt í þrennt: sumarviðhald, sem fær bróðurpartinn eða 1099 millj. kr., vetrarviðhald, sem nemur 264 millj. kr. og vegmerkingar, sem fá í sinn hlut 18 millj. kr. Sumarviðhaldinu er síðan skipt í 7 undirliði: viðhald vega, brauta og brúa, heflun, rykbindingu og vinnslu efnis og loks vatnaskemmdir og ófyrirsjánalegt. Hverjum þessara undirliða eru gerð skil í skýrslunni og verður ekki vikið að þeim hér nema að litlu leyti.

Það mun hverjum vegfaranda ljóst, að þótt öllu sé til haga haldið er hvergi skammtað um of, heldur er sparað á öllum þáttum. Kemur m. a. í ljós að til að halda vorviðgerðum í lágmarki þarf að takmarka öxulþunga í flestum héruðum landsins um lengri eða skemmri tíma, sums staðar allt að hálfum öðrum mánuði, því að frá því að frost fer að fara úr vegi í byggð þar til sami vegur er úr hættu á heiðum uppi líður oft langur tími.

Ekki var þó komist hjá allverulegum vorskemmdum á s. l. ári og var aurhlaup mikið á vegum vestanlands og á vestanverðu Norðurlandi. Einnig urðu verulegar skemmdir af vatnavöxtum. Tilfinnanlegastar urðu þær í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi þar sem brú eyðilagðist á Holtsá, en tvær aðrar skemmdust. Snjóalög voru óvenjuleg á árinu 1976 og kostnaður við snjómokstur nokkuð með öðrum hætti en í venjulegu árferði. Mest snjóaði á vestanvert landið og reyndist Holtavörðuheiði dýrasti fjallvegurinn. Kostaði snjómokstur á henni 15 millj. kr. Vegna þess, hvað snjólétt var í öðrum héruðum, var snjómokstur þó ekki eins mikill og stundum áður, eins og fram kemur í töflu yfir kostnað við vetrarviðhald síðustu 10 árin.

Af nýbyggingum vega skal getið þess helsta, fyrst hraðbrautarframkvæmda: Endurbyggingu á Suðurlandsvegi austan Þjórsár, en þar voru undirbyggðir 2.4 km. Í Flóa var lagður 3.1 km kafli austan Skeiðavegar og á hann lögð olíumöl. Á Vesturlandsvegi var endurbyggður 3.2 km kafli um Kiðafell. Sverrir Runólfsson lauk við tilraunakafla sinn á Kjalarnesi, en sá kafli kostar 30 millj. kr. og er 1.2 km langur. Unnið var áfram við hraðbraut í Kópavogi og í framhaldi af henni byggð akbraut frá Fífuhvammsvegi suður yfir Arnarnes. Slitlag var lagt á Garðskagaveg út fyrir Garð. Í brúargerð á Borgarfjörð var alls 390 millj. kr. fjárveiting. Steyptir voru 6 stöplar og bitasteypa undirbúin. Hafin var vegagerð út frá Akranesi og lagður 2 km kafli af Vesturlandsvegi í Norðurárdal. Í Húnavatnssýslu var unnið að lögn hraðbrautar á Hrútafjarðarhálsi, einnig á sama vegi vestan Laugarbakka, vestan Blönduóss og um Vallhólm. Í Eyjafirði var haldið áfram vegagerð norðan Akureyrar og þar lokið við undirbyggingu tveggja kafla, 2.3 km langra, og haldið áfram vegagerð á Svalbarðsströnd í átt að Víkurskarði.

Í þjóðbrautum voru víða gerð myndarleg átök. Nægir þar að nefna endurbætur á Mýrdalssandi, á Biskupstungnabraut við Spóastaði, við Ólafsvík, um Hörgsnes, en þar var gert vetrarfært til bráðabirgða. Þá var og byggður kafli við Guðlaugsvík á Strandavegi. Í Skagafirði bar hæst byggingu brúar á austurós Héraðsvatna, vegagerð í Fljótum o. fl. Á Austurlandi má nefna göngin undir Oddsskarð, endurbyggingu veganna á Vopnafjarðarheiði og Fjarðarheiði og margt fleira.

Á árinu voru byggðar 10 brýr 10 m á lengd og lengri, þar af 3 á sýsluvegum. 9 smábrýr voru byggðar.

Alls var lagt malarslitlag á 201 km nýrra vega og 12 km af bundnu slitlagi, svo segja má að um 213 km þjóðvega hafi verið lokið á árinu.

Hlutur ríkisins í lagningu og viðhaldi sýsluvega var 109 millj. kr. á árinu, en heimaframlög námu 62 millj. kr., þannig að þeirra hlutur varð 171 millj. kr.

Til vegagerðar í kaupstöðum og kauptúnum voru veittar tæpar 294 millj. kr., auk 18 millj. kr. sem geymdar voru í 25% sjóði frá árinu áður. Af þessu fé var 220 millj. kr. úthlutað eftir höfðatölureglu, en 91 millj. kr. úr 25% sjóði. Að vanda var fé veitt til vélakaupa til viðbótar því sem vélar Vegagerðarinnar höfðu til afskrifta. En Vegagerðin á í sömu erfiðleikum um rekstur sinna véla og aðrir vélaeigendur vegna hækkana, bæði innanlands og erlendis. Vélakaupin voru fyrst og fremst í því fólgin að afla véla sem ekki fást leigðar á almennum markaði, eins og veghefla og snjóruðningstækja.

Fjárveiting til áhaldahúsa var 30 millj. kr. og hún notuð til að fullgera hús í Vík í Mýrdal, á Hvolsvelli og á Hvammstanga. Enn fremur var keypt á Reyðarfirði íbúðarhús fyrir umdæmisverkfræðinginn. Rannsóknir voru með svipuðu sniði og áður, nema hvað þær hafa verið af fremur skornum skammti síðan 1974 vegna þess að tilraunakafli Sverris Runólfssonar hefur verið unninn fyrir fé úr þessum sjóði.

Nokkur greiðsluhalli varð á árinu og var hon-

um að verulegu leyti mætt með umframgreiðslu úr ríkissjóði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri, enda skýrslan það vel úr garði gerð að hún skýrir það sem á kann að vanta í ræðu minni.

Vegáætlun 1977—80, þáltill. (þskj. 311, n. 429, 430 og 431, 363, 426, 428). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Þáltill. um vegáætlun var til fyrri umr. í hv. Sþ. 22. og 24. febr. s. l. og hlaut þá afgreiðslu til síðari umr. og hv. fjvn. Fjvn. hefur því haft áætlunina til athugunar í mánaðartíma. Formaður fjvn., hv. þm. Jón Árnason, gat ekki nema að takmörkuðu leyti tekið þátt í störfum n. vegna veikinda, en svo sem hv. alþm. er kunnugt liggur Jón nú á sjúkrahúsi. Vil ég nota þetta tækifæri til að óska honum góðs bata og þakka honum samstarfið við athugun vegáætlunarinnar. Þá vil ég þakka nm. öllum störf þeirra að afgreiðslu vegáætlunar. Enn fremur vil ég þakka Snæbirni Jónassyni vegamálastjóra, Helga Hallgrímssyni forstjóra tæknideildar og öðrum starfsmönnum Vegagerðarinnar fyrir hvers konar aðstoð við öflun og miðlun upplýsinga og úrvinnslu verkefna, en allt þetta starfslið hefur verið til þess boðið og búið að koma til liðs við fjvn. og einstaka þm. og þingmannahópa í sambandi við gerð vegáætlunar.

Eins og fyrr segir náðist ekki fullt samkomulag í n. um skiptingu vegafjár milli kjördæma, en allir nm. standa sameiginlega að till. n. um skiptingu fjár innan kjördæmanna. Sú aðferð var höfð við skiptingu framkvæmdafjár, að fjvn. skilaði till. um fjárveitingar til heildarframkvæmda í hverju einstöku kjördæmi og jafnframt till. um ákveðnar upphæðir til Borgarfjarðarbrúar, vegar á Holtavörðuheiði og um Oddsskarð. Þm. einstakra kjördæma hafa síðan gert till. um að skipta framlögum til stofnbrauta og þjóðbrauta á einstök verk og fjvn. hefur undantekningalaust tekið undir þær till. og gert að sínum. Auk þess gerðu þm. einstakra kjördæma nokkrar till. um hreyfingar fjármuna milli stofnbrauta og þjóðbrauta sem fjvn. mælir með.

Samkvæmt sérstökum lögum er gert ráð fyrir að afla lánsfjár á 4 árum til Norður- og Austurvegar að upphæð 2000 millj. kr. Á þessu ári verður til þessa verks aflað 500 millj. kr., auk þess sem skilað verður 350 millj. kr. sem aflað var á s. l. ári og þá lánað til almennra vegaframkvæmda. Samkvæmt lögum er þessu fé þannig skipt, að ⅔ hlutar fara til að gera veg frá Reykjavík til Akureyrar, en ⅓ í veginn frá Reykjavík um Suðurland til Egilsstaða. Á þessu ári er ráðgert að verja alls 321 millj. kr. til vegarins um Suðurland til Egilsstaða, þar af 283 millj. af lánsfé Norður- og Austurvegar, og 753 millj. til vegarins til Akureyrar. Þar af 567 milljónum af lánsfé Norður- og Austurvegar. Má því segja að ráðstöfun þessa fjár til Norður- og Austurvegar hafi nokkuð bundið hendur einstakra þm. við skiptingu vegafjárins milli verka.

Eins og fram kom við fyrri umr. um vegáætlun 1977—1980 þykir mörgum þm. fé til nýbyggingar vega af nokkuð skornum skammti og langt bil vera á milli framkvæmdaþarfar og þeirra fjármuna sem áætlað er að verja til gerðar nýrra vega. Hér skal fastlega tekið undir þær skoðanir að okkar íslendinga bíða feikistór óunnin verkefni í vegagerð. Tvennt ber þar hæst: að byggja vegina svo háa, að þeir verji sig sem mest fyrir snjóum á vetrum og aurbleytu á vorin og leggja á vegina bundið slitlag svo að losna megi við ryk og aurslettur og draga úr hinu óhæfilega sliti á bifreiðum og þeirri miklu eldsneytiseyðslu sem fylgir ósléttum og illfærum vegum vetur og sumar.

Samgöngur eru öllu þjóðlífi íslendinga engu síður nauðsynlegar en blóðrásin líkamanum. Stöðvist samgöngur lamast stærri eða minni hluti daglegs athafna- og menningarlífs. Við búum að ýmsu leyti við erfiðar aðstæður til að sjá þegnum landsins fyrir öruggu samgöngukerfi. Vegalengdir eru miklar, tíðarfarið erfitt og fólkið fátt til að standa undir kostnaði við vegagerð og aðra framkvæmdaþætti samgöngumála. Stórvirki hafa þó unnist í vegagerð undanfarna áratugi, og enn verður haldið áfram á sömu braut og áður á tímabili þeirrar vegáætlunar sem hér er til umr., þótt hægar verði farið en hugurinn girnist og verkefnin kalla á.

Enn sitjum við í skugga þeirrar efnahagskreppu sem hófst á árinu 1974, en margt bendir þó til að stærstu efnahagsörðugleikarnir séu senn að baki. Þá skiptir miklu máli að aukinni framkvæmdagetu sé í ríkari mæli beint að vegagerð og þannig með auknum þunga að því unnið að draga úr þeim aðstöðumun sem núverandi ástand samgöngumála skapar þegnunum. Margt er það sem veldur mismun á allri lífsaðstöðu þegna þessarar þjóðar, en fátt mun þó valda meiri félagslegri og efnahagslegri mismunun en einmitt ójöfn aðstaða til að njóta þeirrar þjónustu sem þjóðvegakerfi landsins veitir.

Þótt nýbygging vega sé mikið nauðsynjamál má þó hitt ekki gleymast, að viðhald veganna vetur og sumar veldur miklu um viðunandi afnot þeirra. Í vegáætluninni, eins og hún var lögð fram, er gert ráð fyrir verulegu auknu fé til vegaviðhalds. Nú er þó sú breyting gerð í till. meiri hl. fjvn., að af því fé, sem áætlað var að verja til vegaviðhalds og stjórnunar og undirbúnings, eru 200 millj. kr. færðar á nýbyggingar. 40 milljónir eru teknar af liðnum verkfræðilegur undirbúningur. Í reynd þýðir þetta að eðlileg þjónusta verður við þau verk sem í gangi verða, en hins vegar seinkar áætlanagerð og undirbúningi þeirra framtíðarverkefna sem ekki hafa fjárveitingar á þessu ári. Nútímavegagerð krefst mikillar og nákvæmrar undirbúningsvinnu, og þótt nauðsynlegt sé að gæta fyllsta aðhalds á þessu sviði sem í öðrum þáttum opinbers rekstrar er fullljóst, að langvarandi takmörkun fjárveitinga til undirbúnings verkefna í vegagerð hlýtur að koma í bakseglin, enda ekki lagt til að þessi samdráttur standi nema eitt ár. Af viðhaldi malarvega eru teknar 25 millj. kr. og af viðhaldi vega með bundnu slitlagi 40 millj. kr. Hér er um að ræða að viðhald verður dregið sem þessu nemur til næsta árs. Af liðnum vinnsla efnis eru dregnar 30 millj. kr., en af vetrarviðhaldi 65 millj. kr. Er það von manna að vegna

einstaks veðurfars í vetur í öllum landshlutum nema Norðaustur- og Austurlandi komi þessi frádráttur ekki að sök. Í sambandi við það má nefna að reiknað hafði verið með auknu fé til snjóruðnings vegna breyttra reglna um snjómokstur á þjóðvegum. Er ástæða til að geta þess hér, að þessar breyttu snjómokstursreglur bæta aðstöðu ýmissa þeirra sveitarfélaga eða mjólkurflutningafélaga sem mikinn kostnað hafa borið af snjómokstri í snjóþungum vetrum. Þó eru enn langir þjóðvegir um byggðir, jafnvel heilar sveitir, sem ekki eru ruddir nema einu sinni vor og haust, nema til komi helmingur kostnaðar frá heimamönnum, og stór landssvæði búa við það fyrirkomulag að fá aðeins opnaðan veg á ríkiskostnað einu sinni í viku eða tvisvar í mánuði.

Á árunum 1978 og 1979 er ekki lagt til að gerð verði nein tilfærsla á vegaviðhaldi til nýbyggingar vega. Er þess vegna gert ráð fyrir þeirri meginstefnu í vegáætlun þessara ára að viðhald vega verði aukið og því ekki lengur haldið í því lágmarki sem nú er. Gert er ráð fyrir að á árinu 1978 verði varið 2683 millj. kr. til viðhalds samanlagt, sem er 41% meira en nú er reiknað með í krónum talið.

Fé til nýrra framkvæmda á þjóðvegum er í samræmi við síðustu breytingar á vegalögum skipt milli stofnbrauta og þjóðbrauta auk þess sem fer til girðinga og landgræðslu. Fjárveitingum er skipt á einstök verk þrjú fyrstu árin, en ekki það fjórða. Samkvæmt lögum fer svo endurskoðun fram eftir tvö ár. Ástæðan fyrir því, að ekki er skipt niður á öll 4 árin, er sú, að vegna verðbólgunnar að undanförnu hefur verið ógerlegt að gera áætlanir til lengri tíma nema reiknað sé með verðhækkunum í einhverjum mæli.

Samkvæmt brtt. fá stofnbrautir fé sem hér segir: 1977 1944 millj., 1978 2013 millj. og 1979 1990 millj. kr., en þjóðbrautir á sömu árum 476 millj., 487 millj. og 450 millj. kr. Fé þessu, ásamt því fé sem næst með verktakalánum eða öðrum bráðabirgðalánum, verður að venju varið til margra verka, stórra og smárra. Af þeim stærri má nefna sérstaklega brú yfir Borgarfjörð. Til hennar eru ætlaðar 400 millj. kr. hvert hinna þriggja ára. Er hér dregið úr vinnuhraða frá því sem Vegagerðin hefur talið lágmark og gæti orðið til þess að stöðva yrði vinnu frá hausti til vors, sem að sjálfsögðu hefur mikinn aukakostnað í för með sér. Á Vestfjörðum er m. a. ætlað að ljúka vegagerðinni um Hörgsnes og hefja endurbyggingu vegarins yfir Önundarfjörð. Haldið verður áfram lagningu nýs vegar um Holtavörðuheiði, og er þess vænst að áður en vegurinn verður kominn sunnan frá upp á háheiði verði starfshópur sá, sem velur leið á heiðinni norðanverðri, búinn að ákveða leguna allt norður í Hrútafjörð. Af meiri háttar vegaframkvæmdum á Norðurlandi má nefna framhald vegagerðar á Hrútafjarðarhálsi, lagningu nýs vegar um Víkurskarð í stað núverandi vegar á Vaðlaheiði, vegagerð á Melrakkasléttu o. fl. Á Austfjörðum verður lokið við jarðgöngin undir Oddsskarð, endurbyggður vegurinn um Egilsstaðanes og ráðist í erfiðasta áfangann á Fjarðarheiði, sem er Efri-Stafurinn. Á Suðurlandi má nefna framhald endurbyggingar Suðurlandsvegar austan Þjórsár, en ráðgert er að fullgera hann austur að Landvegamótum á tímabilinu. Þá má og nefna fjárveitingar í Eyrarbakkaveg o. fl. Í Reykjaneskjördæmi ber hæst endurbyggingu á Hafnarfjarðarvegi gegnum Garðabæ, hluta Þingvallavegar og Garðskagavegar milli Garðs og Sandgerðis.

Fjárveiting til brúagerða er mjög rýr, 300 millj. kr. árið 1977, 337 millj. kr. árið 1978 330 millj. kr. árið 1979. Hér hefur valið verið mjög erfitt og af brúm, sem áætlað er að byggja á tímabilinu, má t. d. nefna þessar: Brú yfir Gljúfurá á mörkum Húnavatnssýslna og Kolgrímu í A.-Skaftafellssýslu á árinu 1977, Eldvatn hjá Syðri-Fljótum, Prestbakkaá á Hólmavíkurvegi og Búðarárgil á Húsavík á árinu 1978 og Fáskrúð í Dölum, Miðfjarðará í Bakkafirði og byrjun á brúargerðinni yfir Svarfaðardalsá 1979. Alls eru rúmlega 30 brýr á áætlun þessara þriggja ára. Enn eru þó margar ár óbrúaðar á þjóðvegum og sýsluvegum, samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar mun nú vanta 39 brýr yfir ár á þjóðvegum þar sem engin brú er fyrir, þar af 14 10 m og lengri en 25 styttri. Á sýsluvegi vantar 49 brýr þar af 14 10 m og lengri, en 35 styttri. Ríkissjóði ber að greiða byggingu lengri brúa á sýsluvegunum að fullu, en þær styttri að ¼ hluta. Auk þessa blasir hvarvetna við þörfin á endurbyggingu eldri brúa sem ýmist eru of þröngar fyrir umferð þeirra flutningatækja og vinnutækja, sem um brýrnar þurfa að fara, eða skortir burðarþol fyrir þau tæki, annað hvort nú þegar eða fyrirsjáanlega á næstu árum. Þá er mikil slysahætta við margar gamlar brýr bæði vegna þrengsla og þess að þær vita ekki rétt við vegum þeim sem að þeim liggja. Verkefni í almennri brúargerð sýnast því óþrjótandi og sér vart högg á vatni í áætlun þeirri sem hér liggur fyrir.

Með breytingu vegalaganna nú í vetur jukust tekjustofnar til sýsluveganna verulega, bæði heimaframlagið, sem verður tvöfalt á við það sem áður var, og ríkisframlagið, sem verður 2½-falt í stað tvöfalt áður. Tekjur af fasteignum hækka einnig verulega. Gert er ráð fyrir að í hlut sýsluvega komi ríkisframlag sem nemur 129 millj. kr. á árinu 1977, 309 millj. kr. á árinu 1978 og 360 millj. kr. árið 1979 og 1980.

Um aðra hluta áætlunarinnar er það að segja í stuttu máli, að hlutur kaupstaða og kauptúna vex í samræmi við aukningu markaðra tekna og framlag til véla- og áhaldakaupa og byggingar áhaldahúsa hefur hækkað í samræmi við aðrar hækkanir sem orðið hafa að undanförnu.

Eins og fram kemur á þskj. 428 eru niðurstöður tekjuáætlunarinnar óbreyttar frá því sem þáltill. gerði ráð fyrir í upphafi að öðru leyti en því, að inn kemur nýr liður: heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega. Er þessi upphæð 400 millj. kr. hvort árið 1977 og 1978. Ekki er bein trygging fyrir því að hve miklu leyti þessi heimild nýtist, en gert er ráð fyrir að nota heimildina einkum í sambandi við stærri verkefni við nýbyggingu vega, svo sem fram kemur á þskj. Heildarupphæð framkvæmdafjár á vegáætlun að lánsheimildunum meðtöldum, er 3204 millj. kr. á árinu 1977 og 3347 millj. kr. á árinu 1978. Árið

1976 var tilsvarandi upphæð 2532 millj. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er framkvæmdamáttur þessa fjár 1976 og 1977 mjög svipaður ef miðað er við marsverðlag beggja áranna, eða miðað við núgildandi verðlag 3114 millj. 1976 og 3204 millj. 1977. Séu hins vegar verktakalánsheimildir undanskildar er um nokkurn samdrátt að ræða, en þessar heimildir voru 250 millj. kr. 1976 og af þeim nýttust aðeins tæplega 160 millj. Svipað er að segja um fé til annarra þátta vegáætlunar: stjórnunar, vegaviðhalds, snjómoksturs o. fl. Séu fjárveitingar ársins 1976 færðar til verðlags í mars 1977 verður niðurstaðan sú að fjárveiting til þessara þátta var 1851 millj. 1976 á móti 1904 millj. 1977. Krónutalan breytist hins vegar úr 1381 millj. 1976 í 1904 millj. 1977.

Svo sem fram kemur á þskj. 428 er gert ráð fyrir lánsfjáröflun á árinu 1977, auk fyrrnefndrar heimildar til töku vinnulána, að upphæð 1600 millj. kr. og 1800 millj. kr. árið 1977. Af þessu fé verður varið 850 millj. til Norður- og Austurvegar 1977 og 500 millj. 1978 eins og fyrr er frá skýrt. Lánsfjár þessa er ætlað að afla með sölu happdrættisskuldabréfa og almennra verðtryggðra skuldabréfa ríkissjóðs, en engin ákvörðun hefur enn verið um það tekin hvernig lánsfjáráætlunin skiptist milli þessara flokka. Engar áætlanir eru um töku erlendra lána til vegagerðar á áætlunartímabilinu.

Rétt er að vekja athygli á að gerðar eru till. um nokkra tilfærslu á vegum milli vegaflokka í samráði við Vegamálaskrifstofuna og þm. viðkomandi kjördæma.

Herra forseti. Ég mun nú brátt ljúka máli mínu. Eins og áður er fram tekið er fjvn. fullljóst að þörf hefði verið á mjög auknu fé til vegagerðar til að unnt hefði verið að koma til móts við ýmsar sanngjarnar og fullkomlega eðlilegar óskir þm. um athafnir í þeim þætti samgöngumála sem hér um ræðir. Um þetta er ekki ágreiningur milli meiri og minni hl. fjvn. Eins og ég hef áður lýst eru vegamálin einn viðkvæmasti þáttur fjárfestingarmála, og þessum þætti, nýbyggingu og viðhaldi vegakerfisins í landinu, hlýtur alltaf að vera sinnt eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Á þessar athafnir er kallað í hverri byggð, hvort heldur er í sveit eða við sjó, og öllu miðar þetta nokkuð þó flestir hefðu viljað að hraðar gengi. Svo kann að fara að markaðar tekjur ríkissjóðs, bensingjaldið, verði nokkru hærri en áætlað er nú. Til þess benda alveg nýjar tölur um sölu bensíns í mánuðunum nóv. 1976 til og með febrúarmánuði 1977. Verði svo ganga þeir fjármunir til vegagerðarinnar og munu þeir verða notaðir til að tryggja raungildi fjár til framkvæmda og viðhalds vega eftir því sem þessir fjármunir kunna að hrökkva til. Skýrt skal þá fram tekið að engin vissa er fyrir því að tekjuauki verði á þessum lið. Fjvn. lítur svo á að heimilt sé að flytja vinnulántökuheimildir milli verkefna ef þær nýtast ekki þar sem þeim er ætlaður staður í vegáætlun, enda sé haft samráð við þm. viðkomandi kjördæma.

Loks vil ég gera grein fyrir því, að fjvn. hefur fallist á að flytja brtt. um minni háttar leiðréttingu á skiptingu fjár til stofnbrauta í Norðurlandskjördæmi eystra. Er þessi brtt. flutt samkv. ósk allra þm. kjördæmisins og mun henni verða útbýtt mjög bráðlega.

Herra forseti. Að þessum orðum sögðum leyfi ég mér að leggja til að vegáætlun á þskj. 311 verði samþ. ásamt þeim brtt., sem fluttar eru á þskj. 428, og eins þeirri till. sem ég lýsti áðan og hef þó ekki gert grein fyrir efnislega. En rétt er að taka það fram, að þar er aðeins um minni háttar leiðréttingu að ræða eða tilfærslu á milli einstakra vega í Norðurlandskjördæmi eystra. — Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Frsm. 1. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Við fyrri umr. um þá till. til þál. um vegáætlun, sem hér er til umr., lét ég þau orð falla að e. t. v. væri ástæða til að ræða við fyrri umr. um ýmis einstök atriði varðandi vegamál, svo sem skiptingu milli stofnbrauta og þjóðbrauta og ákvarðanir um skiptingu fjár á milli. kjördæma. En ég gat þess að allt kæmi þetta til kasta fjvn. að meta við störf í n. og að sjálfsögðu bæri að ná sem bestu samkomulagi um þessi atriði og því væri best að gera það starf ekki erfiðara með því að festa sig um of með yfirlýsingum um þessi atriði við fyrri umr. Ég gerði því sem sagt skóna að þessi atriði yrðu rædd og metin í fjvn. og kæmu þar til minna kasta sem annarra nm. Ég hef átt sæti í fjvn. í nær hálfan annan áratug og þóttist vita nokkurn veginn hvernig að málum yrði staðið og ekki kynnst þar öðru en lýðræðislegum starfsaðferðum.

Í þáltill. um vegáætlun, eins og hún er jafnan lögð fram, eru ekki gerðar till. um skiptingu fjár til nýrra þjóðvega milli kjördæma eða til einstakra verkefna, fremur en um er að ræða í fjárlagafrv. varðandi fjárveitingar til hafnarframkvæmda, sjúkrahúsbygginga, flugvalla eða samsvarandi verklegra framkvæmda. Til þess starfar fjvn. — öll nefndin — að ræða þá skiptingu og gera um hana tillögur. Ýmist fjallar öll fjvn. um slíkar frumtillögur eða n. er skipt í starfshópa eða undirnefndir þar sem sæti eiga venjulega tveir nm. frá meiri hl. og einn frá minni hl. n., og fylgjast þá gjarnan allir nm. með hvað tillögugerð undirnefndar líður áður en þær ganga endanlega frá sínum till. til allra n. Við störf undirnefnda eru fjvn.-menn í meira eða minna sambandi við þingmenn hinna ýmsu kjördæma.

Ég sleppti því sem sagt að ræða um einstök atriði vegáætlunar, skiptingu fjár milli kjördæma og annað þess háttar vegna þess að ég taldi það stuðla fremur að samkomulagi í væntanlegum störfum fjvn. við frumtillögugerð, að einstakir nm. kæmu skoðunum sínum fram þar, en byndu sig ekki um of fyrir fram við fyrri umr. þessari viðleitni, sem ég taldi eðlilegt að viðhafa til að ekki yrði í neinu spillt möguleikum á sem víðtækustu samstarfi í fjvn., var svarað á sérstakan hátt af þeim sem að þessu sinni fóru með stjórn á störfum n. Í nærfellt einn mánuð, frá því að þáltill. um vegáætlun var vísað til fjvn., vann hún sem heild ekkert að tillögugerð að venjulegum starfshætti n., heldur sat meiri hl. n. einn að störfum með starfsliði Vegagerðarinnar og gekk frá endanlegum till. um tilfærslur á

fjárveitingum milli útgjaldaliða og um skiptingu fjár milli kjördæma, bæði varðandi stofnbrautir og þjóðbautir. Þegar þær endanlegu till., sem hér liggja óbreyttar fyrir á þskj. 428, höfðu verið fjölritaðar var kallað á minni hl. n. og ákvörðunum útbýtt.

Af því ég nefndi starfsmenn Vegagerðarinnar vil ég sérstaklega taka fram í þessu sambandi að ég hef ekkert við þeirra störf að athuga. Störf þeirra eru sem jafnan áður til sérstakrar fyrirmyndar og fyrir þau eiga þeir þakkir skyldar. En þessi nýju vinnubrögð í fjvn., sem ég hef hér gert að umtalsefni, vil ég fyrir hönd nm. Alþb. átelja harðlega. Ég hef ekki kynnst slíkum aðferðum hjá neinum þeim sem stjórnað hafa störfum n. í um það bil hálfan annan áratug sem ég hef átt sæti í n., og ég vænti þess fastlega að slíkir starfshættir verði ekki viðhafðir framvegis. Sé það ætlunin að innleiða þá starfshætti, sem nú voru viðhafðir, sé ég ekki að minni hl. n., hverjir sem hann skipa hverju sinni þurfi að hafa fyrir því að ómaka sig á fund í nefndinni.

Það er að sjálfsögðu gríðarlegur munur á því að taka þátt í að skipta einni heildarupphæð milli kjördæma eða standa frammi fyrir gerðum till. meiri hl. n., enda fór það svo að jafnvel þeir þm. stjórnarflokkanna, sem höfðu ástæðu til þess að vera óánægðastir með hlut sinna kjördæma, gátu í engu hnikað þeim till. sem meiri hl. fjvn. hafði útbýtt. Ég ímynda mér t. d. ekki annað en að stjórnarþm. úr Reykjaneskjördæmi hafi lagt sig fram um að það kjördæmi yrði ekki leikið svo grátt sem raun er á, en fjárveiting til þess lækkar að raungildi um nálega 50% frá árinu 1976. Er það þó staðreynd að af þeim 78 km af malarvegum með 1000—10 000 bifreiða sumarumferð, sem til eru í landinu, er 51 km í Reykjaneskjördæmi. En till. meiri hl. fjvn. voru endanlegar till. sem jafnvel þeir þm. stjórnarflokkanna, sem ástæðu hafa til mestrar óánægju, fengu ekki í neinu hnikað. Þar á ég sérstaklega við þm. Reykjaneskjördæmis og þm. Vestfjarða sem augljóslega eru einnig mjög grátt leiknir.

Ég legg á það sérstaka áherslu, að við, sem skipum minni hl. fjvn., eigum enga aðild að till. um skiptingu vegafjár milli kjördæma, var ekki veitt til þess neitt tækifæri. Hins vegar tókum við hver fyrir sig þátt í skiptingu þess skammtaða fjármagns, sem kjördæmi okkar fengu, til einstakra verkefna í viðkomandi kjördæmi.

Það er vissulega sérstaklega óheppilegt að staðið skyldi að störfum í fjvn. með þeim hætti sem raun varð á nú þegar í fyrsta sinn er fjallað um vegáætlun eftir setningu nýrra vegalaga. En búast má við að skiptingin geti nú um of orðið fyrirmynd að ákveðnum hlutföllum milli kjördæma og þeim verði erfitt að breyta. Satt að segja vil ég með sjálfum mér trúa því að þessi nýju vinnubrögð stafi af einhverju athugunarleysi, en ekki af sérstökum ásetningi, og á því er reginmunur. En hvort heldur er, svona má ekki standa að málum, það er engum til góðs. En færist þetta til fyrri hátta skal afgreiðslan nú gleymd og grafin og ekki ferkar á hana minnst. En á það mun síðar reyna.

Ég rakti við fyrri umr. hvernig vegamálum væri komið í höndum hæstv. ríkisstj., en framlög til vegaframkvæmda hafa rýrnað með hverri nýrri vegáætlun sem stjórnarflokkarnir standa að. Vegáætlun er nú endanlega afgreidd án þess að nokkrar úrbætur hafi fengist varðandi fjármagn frá því sem gert var ráð fyrir í upphaflegu till. Til þess að niðurskurður á raungildi framlaga til nýrra þjóðvega liti ekki út fyrir að vera eins verulegur og gert var ráð fyrir í upphaflegri þáltill. hefur meiri hl. n. gripið til þeirra sjónhverfinga að flytja nokkrar upphæðir milli útgjaldaliða. Til þess þurftu stjórnarþm. að fórna því sem þeir reyndu helst að halda sig við sem jákvæðum atriðum við fyrri umr. um vegáætlunina, að ekki væri dregið eins úr fjárveitingu til viðhalds vega og til nýrra framkvæmda. Nú er lagt til að skera af viðhaldi og flytja á nýjar framkvæmdir 160 millj. kr. Af þessum 160 millj. eru 65 millj. kr. lækkun á vetrarviðhaldi og getur sú ráðstöfun verið eðlileg með tilliti til hagstæðrar veðráttu þann tíma sem af er árinu. Hins vegar tel ég mjög vafasama þá ákvörðun að lækka framlag til viðhalds bundins slitlags úr 140 millj. kr. í 100 millj. Með þessari ráðstöfun lækkar raungildi þess fjár frá raunverulegri notkun í fyrra og nemur aðeins 60% af áætlaðri þörf. Með þessu er einungis verið að ýta vandamálum á undan sér og efna til aukinna útgjalda síðar, en segja má að einmitt slíkar ráðstafanir setji mark sitt á vegáætlun nú eins og fyrri daginn hjá hæstv. meiri hl. Viðhald malarvega er lækkað um 25 millj. kr. frá upphaflegri till. og nemur nú einungis um 66% af áætlaðri þörf. Framlag til vinnslu efnis er lækkað um 30 millj. frá upphaflegri þáltill. og nemur aðeins 57% af áætlaðri þörf.

Með till. meiri hl. fjvn. um lækkun á fjárveitingu til viðhalds þjóðvega nemur sá útgjaldaliður í heild 1904 millj. kr. Sé sú upphæð borin saman við fjárveitingu í vegáætlun, sem lögð var fram 1974, kemur fram að miðað við vísitölu viðhaldskostnaðar, 2339 stig í ágúst 1974 og 7158 stig í ágúst 1977, skortir 501.4 millj. kr. á að framlag til viðhalds þjóðvega sé jafnt að raungildi og í þáltill um vegáætlun frá 1974 eða einungis 79.1% af raungildi þá.

Þá leggur meiri hl. fjvn. til að hækkað verði framlag til nýrra þjóðvega með þeim einfalda hætti að lækka liðinn verkfræðilegur undirbúningur um 40 millj. kr. Niðurstaðan verður einungis sú, að 40 millj. kr. af kostnaði við verkfræðilegan undirbúning, sem hefðu verið færðar á sinn sérstaka lið í vegáætluninni, verða nú færðar til útgjalda af viðkomandi verkum á liðnum til nýrra þjóðvega. Þetta fellur greinilega undir þá aðferð að fóðra hundinn á rófu sinni og eykur að sjálfsögðu ekki í raun fjárveitingar til nýrra þjóðvega um eina krónu. Meiri hl. finnst þetta líta betur út á pappírnum, en það eru ekki svona sannkallaðar hundakúnstir sem vantar við afgreiðslu vegáætlunar, en við höfum séð þær áður til núv. meiri hl. Þrátt fyrir tilraunir til að hækka framlög til nýrra þjóðvega með þessum hætti og þótt þessar 40 millj. kr., sem fengnar eru þannig, séu nú að öllu leyti taldar með liðnum til nýrra þjóðvega, þá verður ekki fram hjá þeirri staðreynd komist að jafn-

vel sú heildarupphæð, sem að hluta til er fengin með þessum hundakúnstum, verður að raungildi lægri og lægri með hverri nýrri vegáætlun sem stjórnarflokkarnir afgreiða.

Ég hef stundum áður rakið ummæli þm. Sjálfstfl. sem þeir viðhöfðu þegar Alþ. var að ræða um till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1974 og þær till. um framlög til nýrra þjóðvega sem þáv. ríkisstj. lagði fram. Þær till. töldu þm. Sjálfstfl. allt of lágar og þjóðin þyrfti fyrst og fremst að tryggja aukin áhrif Sjálfstfl. til þess að vegamálum væri borgið. En till. þáv. stjórnarflokka um framlög til nýrra þjóðvega jafngiltu 4527 5 millj. kr. á vegáætlun fyrir árið 1977 miðað við vísitölu vegagerðar 2094 stig í ágúst 1974 og 5804 stig í ágúst 1977 — 4527.5 millj. kr. í stað þeirra 2460 millj. sem stjórnarflokkarnir telja hæfilegt í ár þegar Sjálfstfl. hefur stjórnarforustu.

Sá misskilningur kom fram hjá einum hv. þm. Framsfl., þegar ég gerði þennan samanburð við fyrri umr. um vegáætlun á dögunum, að ég hefði borið saman annars vegar áætluð framlög til nýrra þjóðvega í ár og hins vegar kröfur þm. Sjálfstfl. til fjárveitinga til sömu verkefna við umr. um vegáætlun fyrir árið 1974, þar hefði verið um óábyrga stjórnarandstöðu að ræða og slíkt væri ekki hæfur viðmiðunargrundvöllur við fjárveitingar nú. Það má rétt vera að kröfur þm. Sjálfstfl. um miklu hærri fjárveitingar í Vegáætlun fyrir árið 1974 hafi verið kröfur óábyrgrar stjórnarandstöðu. En aðalatriðið er það, að við þær miðaði ég ekki í tölulegum samanburði, enda hefði það verið erfitt. Kröfur sjálfstæðismanna voru ekki lagðar fram á tölulegum grundvelli, heldur einfaldlega krafist miklu meira fjármagns en ráðgert var í þáltill. Ég bar saman till. um fjárveitingar til nýrra þjóðvega nú í ár og till., sem þáv. stjórnarflokkar, þ. á m. Framsfl., lögðu fram vorið 1974 og voru úthrópaðar af þm. Sjálfstfl. sem allt of lágar.

Síðan þm. Sjálfstfl. fengu stjórnarforustuna í landinu og aðstöðu til að efna fyrirheitin um miklu meira fjármagn til nýrra þjóðvega en samsvarar ríflega 4500 millj. kr. í dag hafa þeir með dyggum stuðningi Framsfl. skorið niður þessa fjárhæð með hverri nýrri vegáætlun sem þessir flokkar hafa staðið að, og í þeirri till., sem hér liggur fyrir, er fjármagnið að raungildi rétt ríflega helmingur þess sem þm. Sjálfstfl. þótti allt of lítið fyrir þremur árum.

Í fyrravor var svo komið á þessari braut, að skera niður framlög til vegamála, að þm. stjórnarflokkanna töldu óframkvæmanlegt að sá skammtur, sem þeir ætluðu til nýrra þjóðvega 1976, gæti verið grundvöllur til hliðstæðra fjárveitinga næstu ár á eftir, en samkv. lögum skyldi vegáætlun gilda til 4 ára. Þeir gripu því til þess ráðs að breyta lögunum og samþ. bráðabirgðavegáætlun til eins árs og láta svo líta út sem í vændum væri fyrir afgreiðslu vegáætlunar á þessu ári endurskoðun tekjustofna Vegasjóðs með því markmiði að snúa við þeirri ófugþróun sem stjórnarliðið hefur staðið að allt frá upphafi stjórnarferils síns. Og nú er ári bráðabirgðavegáætlunarinnar lokið og komið að því að afgreiða vegáætlun samkv. lögum til 4 ára. Niðurstaðan er sú, að stjórnarflokkarnir hafa ekkert gert í þá átt að endurskoða stöðu Vegasjóðs, ekkert gert til þess að tryggja Vegasjóði fjármagn í svipuðum mæli og hann hafði til ráðstöfunar í nýbyggingar vega áður en hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum. Þvert á móti leggja stjórnarflokkarnir nú til að áfram haldi sú ófugþróun sem þeir hafa staðið að: sírýrnandi fjármagn til nýbyggingar vega.

Eftir að hafa skorið niður sínar eigin till. um framlög til viðhalds þjóðvega og eftir að hafa fært 40 millj. kr. kostnað við verkfræðilegan undirbúning af þeim sérstaka útgjaldalið, sem sá kostnaður hefur verið á, yfir á nýbyggingu þjóðvega, er gert ráð fyrir að framlag til nýrra þjóðvega í ár nemi 2460 millj. kr. og er raungildi fjárveitinga til nýrra þjóðvega þó minna í ár en í bráðabirgðavegáætlun í fyrra. Ef frá eru reiknuð bæði árin verktakalán, sem enginn veit hver verða í raun í ár, nam fjárveitingin í fyrra 2116 millj. kr., en 2460 millj. kr. í ár, en það þýðir, miðað við vísitölu vegagerðar 4634 stig í ágúst 1976 og 5804 stig í ágúst í ár, að stjórnarflokkarnir gera nú ráð fyrir að lækka raungildi framlaga til nýrra þjóðvega enn um 185 millj. kr. í ár frá bráðabirgðavegáætlun í fyrra.

Séu áætlaðar fjárveitingar til nýrra þjóðvega á þessu ári bornar saman við samsvarandi fjárhæð í þáltill. um vegáætlun, sem lögð var fram vorið 1974 og Sjálfstfl.-menn töldu þá hneykslanlega lága og óframbærilega með öllu, þá er framlag til nýrra þjóðvega á árinu 1977 að raungildi einungis 54.5% af þeirri fjárhæð sem Sjálfstfl.-þm. hömuðust mest gegn 1974.

Stjórnarflokkunum tveimur, Framsfl., sem vill láta telja sig sérstakan byggðastefnuflokk, og Sjálfstfl., sem hæst hafði um nauðsyn hærri fjárveitinga til vegamála en áætlaðar voru vorið 1974, hefur með markvissri stefnu sameiginlega tekist að rýra þessi framlög um nærri helming á þrem árum. Almenningur í landinu hafði vissulega ástæðu til að ætla að af stjórnarsamvinnu þessara flokka hlytist önnur þróun í vegamálum. Áróður Framsfl. um áhuga sinn á byggðastefnu, en einn aðalgrundvöllur hennar eru bættar samgöngur um alla landsbyggðina, gaf tilefni til að búast við annarri þróun. Háværar kröfur þm. Sjálfstfl. um hærri framlög en áætluð voru 1974 til nýbyggingar vega, en þær áætlanir samsvara í dag 4500 millj. kr., hafa án efa gefið ýmsum ástæðu til að gera ráð fyrir annarri þróun en raun hefur orðið á undir stjórnarforustu Sjálfstfl.

Framtak nokkurra þm. stjórnarflokkanna í þá átt að fá samþ. lög um sérstaka fjáröflun til Norður- og Austurvegar, 500 millj. kr. á ári í 4 ár, bendir til þess að þeir ímynduðu sér að nú væri að renna upp ár aukinna umsvifa í vegamálum, því þeir lögðu ríka áherslu á að þetta fjármagn ætti að koma til viðbótar við það almenna vegafé sem a. m. k. sumum þeirra hafði þótt allt of lítið 1974. Hver hefur reynslan orðið? Við vitum hvað gerðist í fyrra. Af stórskertu heildarfé til nýrra þjóðvega töldust 350 millj. kr. vera lán frá þessari sérstöku fjáröflun af happdrættislánafé, og þær 150 millj. kr., sem varið var til Norður- og Austurvegar, voru inni-

faldar í þeirri heildarfjárhæð sem stórrýrnaði að raungildi frá því sem allt almennt vegafé hafði áður verið. Þrátt fyrir 500 millj. kr. fjáröflun í fyrra samkv. þessum sérstöku lögum reyndist heildarfjármagn miklu minna að raungildi en áður. 150 millj. kr. skammtur af þessu stórrýrða vegafé var þannig tekið til Norður- og Austurvegar, en 350 millj. kr. töldust skuld hinna almennu vegaframkvæmda við Norður- og Austurveg. Og við afgreiðslu vegáætlunar nú, þegar heildarfjármagnið til nýrra þjóðvega að meðtöldu fé happdrættisláns vegna Norður- og Austurvegar rýrnar enn að raungildi, eru 850 millj. kr. teknar sérstaklega í þessar framkvæmdir, þar af 350 millj. kr. vegna skuldar við Norður- og Austurveg frá í fyrra.

Í stað þess að fjármagn til Norður- og Austurvegar kæmi til viðbótar almennu vegafé hefur framkvæmdin orðið sú, að allar fjárveitingar til Norður- og Austurvegar hafa verið teknar af framkvæmdafé til vegamála sem er miklu minna að raungildi en þegar þessi lög komu til. Þau veita einungis þessum vegum forgangsrétt til 1000 millj. kr. nú á tveim árum af stórskertu heildarfjármagni til nýrra þjóðvega. Ég efast um að nokkur hv. alþm. hefði samþ. þessi lög ef vitað hefði verið með þvílíkum endemum stjórnarflokkarnir hafa staðað að framkvæmd þeirra. Það fer ekkert á milli mála að lög um happdrættislán vegna Norður- og Austurvegar samþ. þm. í fullu trausti þess og algerlega út frá þeirri forsendu að hér yrði um viðbótarfjármagn að ræða, viðbót við það fjármagn sem áður hafði jafnan verið aflað til vegaframkvæmda. Um þann skilning má vitna í ýmis ummæli frá þeim tíma er rætt var um þessa lagasetningu á þinginu.

Hv. 4. þm. Suðurl., Jón Helgason, sagði t. d. í Ed. 16. maí 1975, með leyfi hæstv. forseta: „Ég held, að ef við fáum fjármagn til viðbótar til þessara vega, þá muni það létta á og auðvelda vegaframkvæmdir alls staðar í landinu. Það, sem við erum að gera með þessu, er að reyna að fá fjármagn til viðbótar til vegagerðar.“

1. flm. frv., hv. 4. þm. Norðurl. e. Eyjólfur K. Jónsson, sagði hinn 11. maí 1976, með leyfi hæstv. forseta: „En það var öllum ljóst, bæði flm., ráðh., þeim sem andstæðir voru frv. eða kannske fylgdu því þótt þeir bentu á annmarka í sínum eigin kjördæmum og annars staðar, þá var öllum ljóst, að hér var um að ræða viðbótarfjármagn við hinar almennu fjárveitingar.“

Og í framsögu fyrir nál. um frv. hafði sami hv. þm. greinilega ætlað þessum lögum önnur örlög en þau sem raun hefur orðið á, þegar það er nú einungis forgangsréttur ákveðinna vegahluta af stórskertu heildarfé til almennra vegaframkvæmda. Þá sagði hv. þm., með leyfi hæstv. forseta: „Því hér er á ferðinni mál, sem marka mun þáttaskil í samgöngumálum landsmanna.“ Síðar í sömu ræðu sagði hv. 4. þm. Norðurl. e., með leyfi hæstv. forseta: „Rétt er að leggja á það áherslu, að hugmyndin hefur ætíð verið sú, að því fé, sem með þessum hætti er aflað, sé varið til sérstakra meiri háttar verkefna án þess að skipting vegafjár á vegalögum raskist.“ Og ræðu sinni lauk hv. þm. með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Á miðju þjóðhátíðarári var hringvegur opnaður um landið. Það fer vel á því í lok ársins að taka ákvörðun um mestu stórframkvæmdir í samgöngumálum hingað til og sameinast um að hrinda þeim í framkvæmd á næstu árum.“ Þessi orð voru mælt hinn 13. des. 1974.

Við höfum nú séð efndirnar á þessum fyrirheitum um stóraukið fé til vegamála og sérstaklega um það mikla viðbótarfé sem með lögunum um happdrættislán vegna Norður- og Austurvegar átti að koma ofan á það fé sem hér áður var veitt til nýrra þjóðvega. Heildarfjármagnið til allra nýrra vegaframkvæmda á árinu 1977 nemur að raungildi 54.5% af því fé sem áætlað var til framkvæmda á árinu 1974, og meðtalið í þeim 54.5% er fé fengið með sölu happdrættislánabréfa vegna Norður- og Austurvegar. Aðrar framkvæmdir hafa rýrnað þeim mun meira.

Ef þær 850 millj. kr., sem ætlaðar eru til framkvæmda við Norður- og Austurveg í ár, eru dregnar frá heildarfjármagninu, 2460 millj. kr., þá er það fjármagn, sem til annarra framkvæmda fer, 1610 millj., en heildarfjárveiting til nýrra þjóðvega á áætlun fyrir árið 1974 nam 1633.3 millj. kr., þannig að upphæðin er 233.3 millj. kr. lægri að krónutölu í ár og nemur aðeins 36.1% af verðgildi áætlaðrar fjárveitingar fyrir þrem árum.

Þetta eru nú efndirnar á fyrirheitunum um sérstakt viðbótarfé til vegamála, fyrirheitunum um mestu stórframkvæmdir í samgöngumálum hingað til. Sannleikurinn er sá, að eins og nú er haldið á málum varðandi lögin um lánsfé til Norður- og Austurvegar, þar sem þau þýða í reynd einungis skerðingu til annarra framkvæmda fyrir vegafé sem þegar hefur verið stórlega skorið niður frá því sem var fyrir setningu laganna, þá ætti að afnema þessi lög og breyta þeim í heimild til fjáröflunar til almennra vegaframkvæmda. Ef hugað er að því, hvað af þessari framkvæmd laganna leiðir, að þau séu í raun einungis forgangur ákveðinna vegahluta af stórskertu vegafé, má nefna sem dæmi að Reykjaneskjördæmi fékk til framkvæmda 1976 287 millj. kr., sem var langlægsta upphæð að verðgildi í um áratug. Nú er sá skammtur, sem meiri hl. fjvn. ákvað þessu kjördæmi, á verðlagi ársins 1976 146 millj. kr., og jafnframt átti að fylgja kvöð um að ákveðinn hluti þessarar upphæðar yrði að fara í þann hluta Norður- og Austurvegar sem liggur um kjördæmið. Ég þjóst satt að segja við því að þm. Reykjaneskjördæmis í ríkisstjórnarflokkunum mundu í þingflokkum sínum ekki fallast á eða una þessari ákvörðun meiri hl. fjvn., og svipað get ég sagt varðandi þm. Vestfjarðakjördæmis.

En ég ítreka það sem ég áðan sagði, að ef þetta á að verða niðurstaðan um framkvæmd laganna um Norður- og Austurveg, að þau þýði aðeins forgang ákveðinna vegahluta af stórskertu almennu vegafé, þá er heiðarlegra að breyta lögunum í almenna lántökuheimild til vegaframkvæmda.

Á sama tíma og stjórnarflokkarnir standa þannig að málefnum Vegasjóðs verða þeir, sem nota vegina, að greiða sífellt hærri upphæðir í rekstrarútgjöldum bifreiða til að standa undir útþenslunni í rekstri ríkissjóðs, en frá árinu 1974 hefur liðurinn önnur rekstrargjöld ríkis-

sjóðs hækkað um 4000 millj. kr. meira en svarar til almennra verðlagshækkana á sama tíma.

Heildartekjur ríkissjóðs af innflutningsgjöldum af bifreiðum og af söluskatti og tollum af bifreiðum og bensíni munu nema á þessu ári um 8150 millj. kr., á sama tíma og greiðslur ríkissjóðs á vöxtum og afborgunum lána Vegasjóðs og beint framlag til Vegasjóðs nemur 2079 millj. kr. Mismunurinn, sem hafnar í ríkissjóði, nemur 6071 millj. kr. á þessu ári, en það er nærri tvisvar og hálfum sinnum hærri upphæð en varið er til allra framkvæmda við nýja þjóðvegi í landinu í ár.

Jafnvel þótt miðað sé við fyrstu vegáætlun hæstv. núv. ríkisstj., vegáætlun fyrir árið 1975, en ekki þær sem ríflegri voru fyrir hennar tíð, kemur í ljós að raungildi nettótekna ríkissjóðs af þeim sköttum af bifreiðum og bensíni, sem ég nefndi, hefur s.l. tvö ár hækkað um tæpan milljarð kr., eða 907 millj. kr., á sama tíma og raungildi fjárveitinga til nýrra þjóðvega hefur rýrnað um u.þ.b. hálfan milljarð kr.

Það er alveg ljóst að þessi þróun getur ekki haldið áfram lengur. Þeir, sem fyrir henni hafa staðið, hljóta að fara að gera sér það ljóst. Sú aukning raungildis nettótekna ríkissjóðs af sköttum af bifreiðum og bensíni, sem ég hér nefndi, á sama tíma og ráðstöfunarfé Vegasjóðs rýrnar, er miðuð við áætlunartölur fyrir árið í ár, en ég tel litinn vafa á að þær séu of lágar. Ég tel t.d. að ríkissjóður muni á þessu ári fá talsvert hærri tekjur af innflutningsgjöldum af bifreiðum en gert er ráð fyrir í fjárl. Í frv. til fjárlaga var innflutningsgjald af bifreiðum miðað við innflutning 3800—3900 bifreiða á árinu 1977 og í endanlegri gerð fjárl. líklega við innflutning um 4000 bifreiða, en raunveruleg tala um innflutning bifreiða á árinu 1976 reyndist 4477 bifreiðar. Það svarar líklega til um 1800 millj. kr. í innflutningsgjöld, en í fjárl. fyrir árið 1977 er gert ráð fyrir 1600 millj. kr. tekjum. Breyttar ytri aðstæður og mjög takmarkaður innflutningur bifreiða um alllangt skeið veldur því, að búast má við nokkru meiri sölu á þessu ári. T.d. seldust 153 bifreiðar í janúar 1976, en 408 bifreiðar í janúar í ár.

Ég held því að svo kunni að fara að ríkissjóður fái í sérstakt innflutningsgjald og tolltekjur af bifreiðum hundruð millj. kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárl. Svipað er að segja um bensínsöluna og söluskattstekjur ríkissjóðs af henni. Söluskattstekjur ríkissjóðs af bensíni eru áætlaðar um 1450 millj. kr. í ár. Gert er ráð fyrir í vegáætlun að magnaukning bensínsölu verði ríflega 3% á þessu ári. Miðað við að veðrátta var með eindæmum óhagstæð í fyrra á því svæði þar sem notkunin er yfirgnæfandi mest, og miðað við mjög aukna umferð það sem af er þessu ári, eru líkur á að ríkissjóður muni fá í söluskatt af bensíni allmiklar tekjur umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárl. Ég held að þegar á að fara að samþ. jafnvesældarleg framlög til framkvæmda í vegamálum eins og gert er ráð fyrir í þessari vegáætlun sé það lágmarkskrafa, að gert sé ráð fyrir að ef um umframtekjur verði að ræða hjá ríkissjóði af sköttum af bifreiðum og bensíni, miðað við það sem gert er ráð fyrir í fjárl. í ár, þá verði þeim varið til að auka framlagið til Vegasjóðs, t.d. með þeim hætti að ríkissjóður greiði verktakalán sem tekin hafa verið og tekin kunna að verða. Ef í ljós kemur, þegar líður á sumarið, að tekjur ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum verði meira en ráð var fyrir gert, þarf að beina þessum umframtekjum til Vegasjóðs, svo að sú þróun haldi ekki stöðugt áfram að fjármagn Vegasjóðs rýrni stöðugt að verðgildi, en raungildi tekna ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum aukist að sama skapi. Síðan er algjörlega óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess, að a.m.k. hluti af auknum rauntekjum ríkissjóðs af umferðarsköttum renni til Vegasjóðs til frambúðar, t.d. helmingur söluskatts af bensíni og jafnvel bifreiðum einnig. A.m.k. er ljóst að þessari öfugþróun um stöðugt minna fjármagn til vegaframkvæmda samtímis vaxandi umferð hlýtur nú að ljúka. Það getur ekki staðist að Alþ. haldi áfram þeirri stefnu að skera niður þessar nauðsynlegustu samfélagslegu framkvæmdir sem m.a. ráða úrslitum um byggðaþróun í landinu, á sama tíma og alls kyns verðbólgugróðafjárfesting einkaaðila heldur stjórnlaust áfram.

Í fyrra var reynt að breiða yfir þá ákvörðun stjórnarflokkanna að skera stórlega niður vegaframkvæmdir með því að láta líta svo út að sá niðurskurður ætti einungis að gilda fyrir það eina ár. Á þetta var lögð áhersla með því að samþ. aðeins bráðabirgðavegáætlun til eins árs, því ekki var talið stætt á að sýna þann niðurskurð sem grundvöll fjárveitinga öll þau fjögur ár sem lögin buðu að vegáætlun gilti. Nú heldur niðurskurðurinn áfram. En í stað þess að beita sömu aðferð um bráðabirgðavegáætlun í eitt ár er nú látið líta svo út að í raun sé ekki að marka þann sama niðurskurð sem felst í fjárveitingum síðari þrjú árin, heldur eigi að endurskoða tekjuöflun Vegasjóðs og jafnvel að endurskoða vegáætlun í framhaldi af því þegar á næsta ári. Betur ef satt reyndist.

En svo vill til að sumum hv. þm. stjórnarflokkanna dugði naumast sú afsökun á niðurskurði vegafjár sem fólst í því að samþ. einungis bráðabirgðavegáætlun s.l. vor. Þeir töluðu einnig þá þegar um að tíminn yrði notaður til að endurskoða tekjustofna Vegasjóðs. Hæstv. samgrh. sagði t.d. hinn 11. maí 1976 við afgreiðslu bráðabirgðavegáætlunar, með leyfi hæstv. forseta: „Það, sem ég vil segja, er að það er alveg nauðsynlegt, eins og ég kom að í dag, að endurskoða tekjuöflun til vegagerðarinnar. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl. og þeim öðrum, sem hér hafa talað, að brýna nauðsyn ber til þess arna. Ég mun reyna að verða til þess, að það dragist ekki.“

Ég þykist vita að hæstv. ráðh. hefur ekki orðið til þess að endurskoðunin hefur þrátt fyrir allt dregist og nú að ári liðnu bólar ekkert á neinum aðgerðum í þá átt að bæta hag Vegasjóðs, heldur er fjármagn til nýbyggingar vega enn skorið niður. En það hafa þó einhverjir aðrir orðið til þess en hæstv. ráðh. að endurskoðunin hefur dregist, og hæstv. ráðh. er vissulega vorkunn að þurfa að vera svo lengi í slagtogi með þeim sem virðast hafa orðið til þess að draga þessar ráðstafanir.

En nú koma samtímis niðurskurðinum á vegafé nýjar yfirlýsingar og ný fyrirheit. Við höfum

séð efndirnar á fyrirheitum Sjálfstfl. um stóraukið fé til vegaframkvæmda þegar þeir fengu þau völd sem þeir hafa nú haft í þrjú ár. Við höfum sé efndir fyrirheitanna um 2000 millj. kr. viðbótarfjármagn til vegaframkvæmda með happdrættisláni til Norður- og Austurvegar. Við höfum séð efndir fyrirheitanna frá í fyrra um endurskoðun tekjustofna Vegasjóðs. Öll þessi fyrirheit stjórnarflokkanna í vegamálum og það hver raunveruleikinn hefur orðið leiðir hugann að því, að þjóðin fylgdist á dögunum með sérstökum vegaframkvæmdum á Vesturlandsvegi, á Kjalarnesi, og allir þekkja efndirnar á þeim fögru fyrirheitum sem þar voru gefin. Fyrirheit ríkisstjórnarflokkanna og efndir í vegamálum í heild eru alveg í stíl við þetta vegaævintýri, einungis miklu stærri í sniðum, loforðin jafnt og það sem kom í staðinn fyrir efndirnar.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þegar till. ríkisstj. um vegáætlun fyrir árin 1977—1980 var lögð fram á Alþ. fyrr í vetur var ljóst orðið að jafnvel það tilefni, sem hæstv. ríkisstj. hafði fengið til þess að endurskoða tekjuöflun Vegasjóðs, þar sem voru ný vegalög, hafði ekki verið notað. Hæstv. ríkisstj. lagði fram till. sínar um fjármögnun vega á þessu næsta áætlunartímabili, árin 1977—1980, án þess að hafa sinnt því meginverkefni sem hennar beið, að endurskoða tekjuöflun Vegasjóðs. Það var því ekki furða þótt ýmsir kæmust að þeirri niðurstöðu að e. t. v. ætti um úrslit þessa máls að fara eins og úrslit skattalagafrv. ríkisstj. að hér væri um að ræða mál sem hæstv. ríkisstj. hefði gefist upp við að leysa, en ætlað að vita hvort Alþ. gæti fundi lausn á. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. farið að um ýmis stærstu vandamál sem að henni hafa steðjað, eins og t. d. um skattalögin sem stjórnarflokkarnir hafa gefist upp við að reyna að leysa á sínum vettvangi en óskað eftir því við Alþ. að það tæki við vandanum af hæstv. ríkisstj. Menn héldu að e. t. v. kynni að vera svo, að ríkisstj. ætlaði að láta á það reyna hvort Alþ. væri reiðubúið til þess að sinna því verkefni sem hæstv. ríkisstj. sjálf og stuðningsflokkar hennar höfðu gefist upp við. Og það var auðséð þegar þessar till. voru lagðar fram, að það verk, sem hæstv. ríkisstj. hafði gefist upp við að vinna, að endurskoða tekjuöflun Vegasjóðs, það varð að vinna og þurfti að vinna áður en þessi vegáætlun væri afgreidd.

T. d. var þeirri stefnu haldið áfram í þessum till. hæstv ríkisstj., sem verið hefur stefna hennar undanfarin ár, að lækka framkvæmdafé að jafnaði á milli ára um 25%. Niðurstaðan var orðin sú, að á 5 s. l. árum, frá árinu 1972 til ársins 1977, hafði framkvæmdafé til nýbyggingar vega lækkað um yfir 50%. Til þess að vegaframkvæmdir við nýbyggingar vega héldu gildi sínu árið 1977 hefði þurft að verja til þeirra framkvæmda, miðað við árið 1972, alls 5595 millj. kr. Í till. ríkisstj. var hins vegar aðeins gert ráð fyrir því að verja í þessu skyni 2260 millj. Sú tala hefur nú hækkað um 200 millj. kr. í meðförum meiri hl. fjvn. Á fimm ára tímabili hefur það sem sé gerst fyrir tilstuðlan núv. hæstv. ríkisstj. að framkvæmdafé til nýbyggingar vega á Íslandi hefur rýrnað um meira en helming. Rýrnunin á framkvæmdafénu, sem hæstv. ríkisstj. hefur af náð sinni úthlutað til vegagerðar í landinu, hefur því ekki aðeins verið jöfn og þétt frá ári til árs, heldur einnig mjög ör.

Þá kom það einnig fram í ræðu, sem ég flutti í vetur þegar till. ríkisstj. voru fyrst til umr., að frá árinu 1972 til ársins 1977 hefði það gerst, að almennar tekjur Vegasjóðs hefðu lækkað úr 5.43% af ríkistekjum í 3.63% og á sama árabili hefði framlag ríkissjóðs til vegasjóðs lækkað úr 1.18% af ríkistekjum í 0.86. Þessar samanburðartölur svo og sú staðreynd, að jafnt og þétt dregi úr framkvæmdum í vegamálum ár frá ári vegna stöðugt rýrnandi fjárveitinga til vegamála, gerðu það að verkum að tekjuöflunaraðferðir Vegasjóðs yrði að endurskoða og þá að sjálfsögðu með hliðsjón af almennri tekjuöflun ríkissjóðs og þá einkum og sér í lagi tekjum ríkissjóðs af umferðinni sem eru margfalt meiri en nemur framlagi ríkissjóðs til vegamála. Sem dæmi um það, hve tekjur ríkissjóðs af bílainnflutningi og bílaumferð eru miklu meiri en framlög sjóðsins til vegagerðar, má nefna það, að á árinu 1977 eiga tolltekjur af innflutningi á bifreiðum að nema 2300 millj. kr., söluskattur af innflutningi á bifreiðum um 1550 millj. kr., auk sérstaks innflutningsgjalds sem á að nema um 1600 millj. kr. á því ári. Tekjur ríkissjóðs af sölu á bensíni og tolltekjur að upphæð 1250 millj. kr., söluskattur að upphæð 1450 millj. kr. Alls eru tekjur ríkissjóðs af innflutningi bifreiða og sölu á bensíni nokkuð yfir 8000 millj. kr. Á sama tíma er beint framlag ríkissjóðs í Vegasjóð á árinu 1977 hins vegar aðeins 779 millj. kr., en auk þess tekur ríkissjóður að sjálfsögðu að sér greiðslu afborgana og vaxta vegna sérstakra lána sem tekin hafa verið til vegagerðar. Framlag ríkissjóðs til framkvæmda í vegamálum er þannig aðeins brot af þeim tekjum sem hann hefur af umferðinni, því til viðbótar við þær tekjur, sem ég taldi upp áðan, eru ýmsir smærri og stærri tekjuliðir sem ríkissjóður heimtir af bifreiðaumferð og bifreiðaeign landsmanna.

Ég vakti athygli á þessu við umr. fyrr í vetur um þessi vegamál og lýsti þar þeirri skoðun okkar þm. Alþfl., að það væri algjörlega út í hött og ekki viðunandi að vegáætlun fyrir árin 1977—1980 yrði afgreidd á þessum grundvelli. Brýna nauðsyn bæri til þess að taka tekjumál Vegasjóðs til gagngerrar endurskoðunar. Ég sagði það þá og sagði það einnig á fundi með fjvn., að við þm. Alþfl. værum reiðubúnir til samstarfs við hv. stjórnarliða um slíka endurskoðun. Þá hafa tveir þm. Alþfl., Jóni Árm. Héðinsson og sá, sem hér talar, setti fram ákveðnar hugmyndir um breytingar sem yrðu liður í þessari endurskoðun. Þær hugmyndir eru m. a. á þá lund að lækka beri mjög verulega tekjur ríkissjóðs af innflutningi á bifreiðum og þ. á m. bifreiðaverð í landinu, en eins og nú standa sakir mun venjuleg meðalbifreið vera farin að kosta sem nemur tvöföldum eða þreföldum árstekjum venjulegs verkamanns sem vinnur þó upp undir 60 tíma á viku til þess að standa undir kostnaði við að framfleyta sér og fjölskyldu sinni. M. ö. o.: bifreiðar á Íslandi eru orðnar svo dýrar að venjulegur launþegi hefur ekki lengur efni á

að festa kaup á nýrri eða nýlegri bifreið, en verður að eyða stórum hluta af tekjum sínum til þess að halda við gamalli og úreltri bifreið, ef hann á annað borð hefur efni á að eiga slíkt farartæki. Hefur það að sjálfsögðu í för með sér mikil útgjöld, ekki aðeins fyrir einstaklinginn, heldur fyrir þjóðarbúið í heild, — útgjöld sem hægt er að forðast, útgjöld sem hægt er að nota til betri og þarfari hluta. Jafnframt því að verð á bifreiðum yrði lækkað, sem mundi stuðla að auknum innflutningi bifreiða er yrði til þess að endurnýjun bifreiða gæti átt sér stað með eðlilegum hætti, þyrfti síðan að sjálfsögðu að endurskoða skiptingu tekna af umferðinni milli ríkissjóðs annars vegar og Vegasjóðs hins vegar í því skyni að auka hlut Vegasjóðs í tekjum af umferðinni, en lækka að sama skapi hlut ríkissjóðs. Eins og nú standa sakir er ekki gert ráð fyrir öðru á næstu árum en að innflutningur á nýjum bifreiðum verði aðeins u. þ. b. helmingur af því sem þarf til að eðlilegri endurnýjun verði við komið, og má nærri geta, hvaða áhrif það hefur á bifreiðaeigendur sem eru nú þorri allra landsmanna, þegar árum saman er ekki hægt að viðhalda eðlilegri endurnýjun á bifreiðaflotanum, þegar kaup á nýjum eða nýlegum bifreiðum eru orðin forréttindi þeirra sem efnaðastir eru í þessu samfélagi.

Á þessar hugmyndir okkar, þessar ákveðnu hugmyndir þm. Alþfl. um ýmis efnisatriði endurskoðunar á tekjuöflunarleiðum Vegasjóðs, og eins á tilboð okkar um að taka þátt í því með hv. stjórnarsinnum að endurskoða þessar tekjuöflunarleiðir, á hvorugt þessara tilboða hefur verið hlustað. Þvert á móti hefur sá háttur verið hafður á í fjvn., eins og hv. þm. Geir Gunnarsson lýsti áðan, að þar hefur ekki verið svo mikið sem rætt við okkur fulltrúa stjórnarandstöðunnar í n. á meðan málin voru enn til athugunar og endurskoðunar, á meðan enn var hægt að koma við einhverjum aðferðum til þess að endurskoða tekjuöflun Vegasjóðs og fá fram breytingar þar á. Það er ekki aðeins að þeim ákveðnu till., sem við höfum fram að flytja, hafði verið hafnað. Það var ekki aðeins að hafnað hafði verið tilboði okkar um samstarf við hæstv. ríkisstj. og stjórnarsinna um endurskoðun á tekjuöflun Vegasjóðs, heldur var líka ekki meira látið með þetta tilboð stjórnarandstöðunnar af meiri hl. fjvn. en svo, að við stjórnarandstæðingar vorum ekki einu sinni hafðir með í ráðum, eins og yfirleitt hefur þó verið gert á undanförnum árum, á meðan málefni Vegasjóðs og vegáætlunar voru enn á ákvörðunarstigi. Við vorum ekki til kallaðir í því skyni fyrr en hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar og fulltrúar í fjvn. voru búnir að velta þessum málum fyrir sér í hartnær heilan mánuð. Þá vorum við til kallaðir, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, og okkur sýndar þær niðurstöður sem orðið höfðu í þessum vangaveltum hæstv. stjórnarsinna og liggja nú fyrir í brtt. hv. fjvn.

Þessi nýju vinnubrögð, sem ég vil ekki síður gagnrýna en sá sem talaði hér á undan mér, þó ég hafi miklu minni reynslu á störfum í fjvn. en hann, hafa ekki aðeins orðið til þess að við stjórnarandstæðingar höfum ekki getað komið sjónarmiðum okkar á framfæri innan fjvn., heldur hafa þau einnig orðið til þess að okkur hefur ekki gefist ráðrúm til þess að fá ýmsar upplýsingar varðandi þessa vegáætlun sem er eðlilegt og sjálfsagt að liggi fyrir Alþ. Mér er ekki kunnugt um hvort hv. stjórnarsinnar í fjvn. hafa aflað sér slíkra upplýsinga, en það var ekki að heyra á ræðu frsm. meiri hl. n. hér áðan að svo hefði verið gert. Hafi það verið gert, þá a. m. k. var Alþ. ekki skýrt sérstaklega frá því.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að ein af þeim forsendum, sem liggja að baki þeirrar afgreiðslu sem hér á að verða, er talsverð hækkun á bensínverði á þessu ári og þ. á m. hækkun sem virðist vera, eins og hún er fram lögð, hrein nettóhækkun — hrein nettóaukning á álögum á bifreiðaeigendur. Tvö dæmi hafa verið reiknuð út í sambandi við tekjuhlið þessarar till. meiri hl. fjvn. eins og hún liggur hér fyrir. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir því, að frá og með 1. apríl n. k. hækki verð á bensíni um 2.80 kr. á lítra og frá og með 1. júlí n. k. um 2.30 kr. á lítra og þar af verði sérstök hækkun um 1 kr. sem ekki verði skv. áætlaðri fylgni við byggingarvísitölu, heldur í formi nettóhækkunar á álögum á bensínsölu. Eins og menn vita hefur bensíngjaldið, sem er tekjustofn Vegasjóðs af sölu á bensíni, verið látið fylgja hækkun á byggingarvísitölu þannig að hækkun á bensíngjaldi hefur verið áætlað fram í tímann til samsvörunar við áætlaða hækkun á byggingarvísitölu. Skv. þessu dæmi, sem ég var að ljúka við að nefna hér áðan, virðist eiga að ganga lengra vegna þess að frá og með 1. júlí n. k. á sem sé að koma aukreitis hækkun um 1. kr. sem ekkert á skylt við fylgni bensíngjalds við byggingarvísitölu, heldur er um að ræða nýjar nettóálögur á bifreiðaeigendur sem nema á ársgrundvelli um 120 millj. kr. Síðara dæmið, sem liggur til grundvallar þessum till. hv. meiri hl. fjvn., er um það að bensínhækkunin verði með nokkuð öðru móti, sem sé þannig að bensínhækkun komi til framkvæmda frá og með 1. júlí n. k. og verði þá kr. 6.65 á bensínlítra, þ. e. a. s. bensínverð hækki þá um 6.65 kr. á lítra. Þar af er ráðgerð 2.55 kr. sérstök hækkun sem ekkert á skylt við fylgni bensíngjalds við byggingarvísitölu. M. ö. o.: Þarna er einnig gert ráð fyrir nýjum álögum á bifreiðaeigendur í formi hækkaðs bensíngjalds umfram það sem hækkun byggingarvísitölu gerir ráð fyrir. Og þessi nettó-álagningarhækkun nemur hvorki meira né minna en um 300 millj. kr. á ársgrundvelli. Þannig standa þeir að svokallaðri endurskoðun á tekjuöflunarleiðum Vegasjóðs í hæstv. ríkisstj. Það er ekki látið fram koma hvað til stendur, hvorki í nál. meiri hl., á fundum fjvn. né heldur þegar formaður n. gerir hv. Alþ. grein fyrir niðurstöðum hennar.

Sú afgreiðsla, sem orðið hefur hjá meiri hl. fjvn. á vegáætlun fyrir árin 1977—1980, hefur því fólgna í sér í senn sömu uppgjöf og fólst í till. hæstv. ríkisstj. fyrr í vetur um þessa sömu áætlun, og hún hefur ekki aðeins fólgna í sér uppgjöf af hálfu stjórnarfl., heldur einnig staðfastlega neitun þeirra við tilboði stjórnarandstöðunnar um samstarf um endurskoðun á tekjuöflun Vegasjóðs. Það kemur því nokkuð einkennilega fyrir sjónir þegar frsm. meiri hl. fjvn. kemur hér í ræðustól, eins og hann gerði hér áðan, og flytur í upphafi

síns máls langa tölu og réttmæta fyrir nauðsyn þess fyrir framför landsins alls að vel sé að verki staðið í vegamálum. Það mætti ætla að frsm. meiri hl. fjvn. hefði í þeim orðum sínum a. m. k. verið að mæla frekar fyrir nál. okkar stjórnarandstæðinga í fjvn. heldur en nál. meiri hl. og þeirra stjórnarsinna.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þær breyt. sem orðið hafa á till. um vegaáætlun í meðförum fjvn. Hv. þm. Geir Gunnarsson hefur gert það mjög rækilega og leitt í ljós, að annars vegar er um að ræða einfalda millifærslu, þar sem aðallega er tekið fé skv. upphaflegum till. af viðhaldi þjóðvega og fært yfir á nýjar framkvæmdir. Menn muna þegar hæstv. samgrh. mælti fyrir áætluninni hér fyrr í vetur, að þá þóttist hann þó þrátt fyrir allt sjá á vegáætlun þessari einn ljósan depil, og þessi eini ljósi depill, sem hæstv. ráðh. þóttist sjá og gerði mjög mikið úr, talsvert meira en efni og ástæður stóðu til, sá ljósi depill var einmitt varðandi viðhald þjóðvega. Hann benti á að nú ætti loksins að veita nokkru meira fé til viðhalds þjóðvega, nú ætti loksins að leggja út á þá braut að bæta upp áratugagamlar syndir í viðhaldsmálum þjóðvega. Hæstv. ráðh. hefur nú ekki einu sinni verið leyft að láta loga á þessari litlu ljóstýru sinni, því meiri hl. fjvn. hefur brugðið á það ráð að slökkva á þessu litla ljósi hæstv. ráðh. og breyta vegáætlun í þá veru að nú er þar enginn ljós depill lengur, heldur allt saman jafnkolbikasvart. Nú er ekki lengur því að fagna að það eigi að gera átak í viðhaldsmálum þjóðvega. Nú er meiri hl. fjvn. búinn að afnema einnig þá merkilegu og mjög svo nauðsynlegu framkvæmd og hæstv. samgrh. þarf hér á eftir að finna einhvern nýjan ljósan punkt í þessu meirihlutaáliti. Það kynni að vera að hann yrði nokkuð lengi að leita hann uppi.

Um lántökuheimildirnar, sem settar eru hér inn, þ. e. a. s. verktakalánin að upphæð 400 millj. kr. sem ráð er fyrir gert að tekin verði á árinu 1977, er það að segja, að þeir vegagerðarmenn, sem setið hafa á fundum fjvn., hafa um það mál lítið viljað segja annað en það, að þeir telji því miður næsta útilokað að vonast megi til þess að hægt sé að fullnýta þær lánsheimildir. Hins vegar hafa þeir að sjálfsögðu ekki fengist til þess að meta það, og það hefur ekki heldur verið gert af meiri hl. fjvn., hvað megi ætla að fást muni mikið fé skv. þessum sérstöku lánsfjáröflunarheimildum til framkvæmda. Það segir hins vegar talsverða sögu að á bráðabirgðavegáætluninni fyrir s. l. ár var gert ráð fyrir að afla með þessum hætti til framkvæmda 250 millj. kr. Hins vegar tókst aðeins að afla í lántökuheimildum hjá verktökum, sem starfa fyrir Vegagerðina, 157.9 millj. kr.. þ. e. a. s. það vantaði 100 millj. kr. eða tæplega það upp á að sú upphæð, sem var á bráðabirgðavegáætlun í formi lántökuheimilda hjá verktökum, næðist á s. l. ári. Var þó þar aðeins um að ræða 250 millj. kr. lántökuheimild. Nú er gert ráð fyrir því, hér á pappírunum a. m. k., að afla eigi á árinu 1977 400 millj. kr. með sama hætti. Ef menn hugsa sér að svipað gangi að ná þessu máli fram eins og í fyrra, þ. e. a. s. svipað hlutfall fáist af heimiluðu fé skv. þessari fjáröflunarleið og fékkst í fyrra, þá yrði hér um að ræða fjáröflun upp á í kringum 250 millj. kr., en ekki 400 millj. kr. eins og áætlunin gerir ráð fyrir. Hér er því um að ræða algjöra blekkingu, afgreiðslu sem er út í hött. Það er verið að reyna að setja á pappíra einhverjar fjárveitingaafgreiðslur til vegamála sem alls ekki munu standast í reynd, og það væri náttúrlega með þessum hætti alveg eins hægt að setja fjáröflun skv. þessum lið upp á kannske 800 millj. eða 1000 millj. eða 1200 millj. og verður kannske gert í næstu vegáætlun ef sömu stjórnarflokkar sitja enn við völd og ef sama stefna ræður þar enn ríkjum.

Það, sem er einnig athyglisvert í sambandi við þá afgreiðslu sem hér á að fara fram, er að farið er að nota sérstaka löggjöf um sérstakar fjáraflanir til ákveðinna stórverkefna í vegamálum sem almennt framkvæmdafé fyrir Vegasjóð. Þetta sjá menn á því, eins og kom fram hjá hv. þm. Geir Gunnarssyni hér áðan, að fjáröflunin skv. lögum um Norður- og Austurveg upp á 850 millj. er dregin frá niðurstöðutölunni í till. um vegáætlun um framkvæmdafé til nýbyggingar þjóðvega, þá standa aðeins eftir um 1600 millj. kr. Það er hið almenna framkvæmdafé í vegamálum á því herrans ári 1977. En sagan er ekki samt öll sögð með því, vegna þess að auk þess sem hér hefur verið sagt, auk þess að aflað er fé til vegaframkvæmda með sérstökum fjáröflunum sem farið er að meðhöndla sem almennt vegafé, þá eru einnig í gildi ákvæði og samþykktir sem gera það að verkum að af almennu vegafé er tekið sérstakt forgangsfé til ákveðinna framkvæmda í ákveðnum landshlutum. Hið almenna vegafé, sem til skiptingar er, er því enn minna en þær 1600 millj. kr. sem hér voru raktar áðan, og sum af þessum forgangsverkefnum, sem fá forgangsafgreiðslu úr Vegasjóði, eru ansi stór, svo sem Borgarfjarðarbrúin. Ef hún er dregin frá og auk þess hinar sérstöku fjáraflanir í Norður- og Austurveg og auk þess sérstakar forgangsfjárveitingar af vegafé til ákveðinna framkvæmda í ákveðnum landshlutum, þá fer að verða heldur lítið eftir í kassanum hjá hæstv. samgrh. eða öllu heldur í kassanum hjá hv. fjvn., sem á að skipta því fé sem eftir stendur.

Það er auðvitað ljóst að með þeirri afgreiðslu, sem á að viðhafa hér, er a. m. k. algerlega búið að sniðganga þann tilgang sem vakti fyrir þeim sem fluttu hér á Alþ. og fengu samþykkt lög um Norður- og Austurveg. Það er einnig búið að sniðganga tilgang þeirra manna sem hafa stutt sérstakar landshlutaáætlanir og framkvæmdir í samgöngumálum samkv. sérstökum byggðaáætlunum. Tilgang alls þessa er búið að sniðganga vegna þess hvernig Vegasjóður er á vegi staddur í fjáröflunarmálum.

Sum kjördæmi þessa lands fá að njóta að vísu nokkurs góðs af þessu fyrirkomulagi. Sum þeirra fá framlög samkv. Norður- og Austurvegi til viðbótar við almenn fjárframlög af hinum litlu og sírýrnandi tekjum Vegasjóðs. Sum þeirra fá einnig framlög samkv. sérstökum forgangsfjárveitingum, eins og t. d. Norðurland og Austurland. Ekki sé ég eftir því litla fé sem afgangs er fyrir þessi tvö kjördæmi. Sum kjördæmi njóta hagræðis af hvoru tveggja. En það

er aðeins eitt kjördæmi af dreifbýliskjördæmunum sem hagræðis af hvorugu nýtur. Það er kjördæmi þaðan sem ég og ýmsir fleiri þm. eru, Vestfjarðakjördæmi. Þar er ástandið þannig að á öllu áætlunartímabilinu, næstu 4 árum, verður ekki séð að neinar umtalsverðar vegaframkvæmdir verði unnar þar, því miður.

Það er ekki rétt að ræða þessa vegáætlun á grundvelli hagsmuna einstakra kjördæma og einstakra byggðarlaga. Það er eins og mig minni að hv. frsm. meiri hl. fjvn. hafi sagt í upphafi sinnar ræðu, að hér sé um að ræða framkvæmdir sem varði jafnvel meira en flestar aðrar framkvæmdir hag landsins alls. En eins og að þessum málum er staðið undir forustu Sjálfstfl. — undir ríkisstjórnarforustu hans — og undir umsjá Framsfl., því að það er Framsfl., sá mikli byggðastefnuflokkur, sem hefur ábyrgðina og veginn og vandann af framkvæmd samgöngumála, eins og að þessum málum er staðið af þessum tveimur hv. stjórnmálaflokkum verður ekki séð að þeir vilji mikinn veg eða mikla virðingu fyrir landið allt, a. m. k. það land sem ekki hefur fengið þær afgreiðslur í fjárveitingum til vegamála sem eru þeim landshlutum bráðnauðsynlegar til þess einfaldlega að þar leggist ekki byggð hreinlega niður.

Þegar séð varð, hvernig þessi afgreiðsla ætlaði að verða, taldi ég að það væri algerlega útilokað að standa að gerð vegáætlunar til næstu fjögurra ára við þær aðstæður sem markaðar eru í þessari vegáætlun, það væri auðséð að á þessu áætlunartímabili mundi koma til þess, hvort sem hæstv. stjórn vildi eða vildi ekki, að aðstæður mundu hreinlega neyða hana til þess að fara að till. okkar stjórnarandstæðinga hér á Alþ. í vetur um að taka fjármál Vegasjóðs til endurskoðunar og færa Vegasjóði nýjar tekjur. Ég þóttist vita að þetta hlyti að gerast á árunum 1977—1978, hvort sem það yrði á þessu ári eða því næsta. Þar sem ég var sannfærður um að aðstæðurnar mundu knýja hæstv. ríkisstj. til þessa verkefnis, þá flutti ég till. um það í fjvn. að aðeins yrði afgreidd skiptingin fyrir árið 1977, þannig að um hreina bráðabirgðaafgreiðslu yrði að ræða, og fjvn. styddi þá afgreiðslu sína þeim rökum að hún teldi að þessi mál öll yrði að taka til endurskoðunar eins fljótt og unnt væri, helst strax á næsta ári, því legði hún til að vegáætlun yrði aðeins gerð að þessu sinni til eins árs með þeim hætti að framkvæmdafé yrði skipt á því ári. Á þessa till. vildu fulltrúar ríkisstj. í fjvn. eigi heldur hlusta. Þeir hafa frá upphafi, þegar þessar till. sáu dagsins ljós hér á Alþ., bæði hafnað öllum till. og hugmyndum okkar stjórnarandstæðinga um breytingar ýmist á afgreiðsluháttum eða efnisatriðum og neitað tilboði okkar um samstarf um endurskoðun á þessum málum. Við stjórnarandstæðingar bæði í fjvn. og á Alþ. berum því enga ábyrgð á þeirri afgreiðslu sem hér á að fara fram. Hér er um að ræða verk sem hefur eingöngu verið unnið af málsvörum ríkisstj. í fjvn. og annars staðar — og beri þeir sjálfir fjanda sinn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Geir Gunnarssyni og Sighvati Björgvinssyni hefur að þessu sinni verið staðið á mjög óeðlilegan hátt að afgreiðslu vegáætlunar í fjvn. Það er kannske ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um það hér af mér, því hefur verið greinilega lýst af þessum hv. þm. báðum. En það er þó ástæða til að taka undir það, að það ber að vara sérstaklega við því að áframhald verði á vinnubrögðum af þessu tagi, hvort sem þar er um að ræða umfjöllun um vegáætlun eða önnur mál innan fjvn. Því hefur verið lýst hér að það muni ekki a. m. k. í langan tíma hafa verið staðið að vinnubrögðum og afgreiðslu málsins í fjvn. á líkan hátt og nú hefur verið gert, og það er sérstök ástæða til þess að vekja á því athygli ef það gæti orðið til þess að slíkt ætti sér ekki stað aftur.

Ég vil taka sérstaklega undir þá gagnrýni sem komið hefur fram á þessi vinnubrögð, það er full ástæða til að átelja þau harðlega. Það gefur auga leið að til þess að ná samstöðu og einhverjum árangri við afgreiðslu máls eins og vegáætlunar er nauðsynlegt að haga vinnubrögðum á þann hátt að líklegt sé að sem víðtækust samstaða náist um afgreiðslu málsins hér á Alþ. Það hefur ekki verið gert nú og ber að harma slíkt.

Þegar hæstv. samgrh. mælti við fyrri umr. þessa máls fyrir því, þá var í raun og veru ein einasta skrautfjöður í sambandi við vegáætlun fyrir árin 1977—1980. Einasta skrautfjöðrin var sú, að nú væri veitt til viðhalds allríflegt fjármagn og þar með reynt að bæta fyrir gamlar vanrækslusyndir á því sviði. Mátti skilja á ræðu hæstv. ráðh., svo og annarra þeirra stjórnarsinna sem til máls tóku við fyrri umr., að hér væri þó í raun og veru brotið blað að því er varðaði fjárveitingar til vegaviðhalds í landinu og hversu slæmt sem allt hitt í vegáætluninni væri, þá væri þetta þó hinn ljósi punktur, og vissulega var undir það tekið, m. a. af mér.

Nú hefur það gerst síðan, að frá því að fyrri umr. fór fram hefur verið lækkað þetta viðhaldsfé um 160 millj. kr. frá því sem það var þegar áætlunin var lögð fram. Eina úrræðið, sem hv. stjórnarliðar hafa fundið til þess að fá betri svip, einhvern ánægjulegri blæ, ef um ánægju er hægt að tala í þessum efnum, á afgreiðslu vegáætlunar nú að þessu sinni, það var að taka af þessum ljósa punkti 160 millj. kr. og færa yfir á framkvæmdir. Auk þess hafa verið teknar um 40 millj. af stjórn og undirbúningi og fært yfir á nýframkvæmdir vega. Þessi tala hefur því hækkað frá því að vera 1820 millj., þegar vegáætlunin var lögð fram, í það að vera 2020 millj. þegar málið er komið hér til síðari umr. og endanlegrar afgreiðslu, þannig að mjög hefur dregið úr þeirri birtu, sem menn töldu sig sjá yfir þessum punkti við fyrri umr. og málið allt þar með þetta komið í talsvert meiri skugga nú en það var þá.

En einnig hefur orðið á sú breyting, hvort sem það er upp fundið af hæstv. samgrh. eða einhverjum öðrum úr herbúðum stjórnarliðsins, að upp eru tekin svokölluð verktakalán að upphæð um 400 millj. kr. hvort áætlunarár 1977 og 1978. Hér er auðvitað um að ræða mál sem gersamlega er ómögulegt að segja fyrir um hvernig kemur til með að verða í framkvæmd. Það er ekkert á þessari 400 millj. kr. verktakalánstölu að byggja,

því að enginn veit í fyrsta lagi hvort hægt muni vera að fá slík lán, og í öðru lagi, sé það hægt, að hversu miklu leyti það verði þá hægt upp í þá tölu sem hér er gert ráð fyrir, þannig að það er ekki um að ræða raunverulega í sambandi við nýframkvæmdir vega nema 2020 millj. þó að í till. fjvn. og meiri hl. hennar sé gert ráð fyrir 2 milljörðum 420 millj., en þar eru innifalin þessi 400 millj. kr. verktakalán. Hér er því um að ræða algera óvissu, hvort það verður í raun og veru framkvæmanlegt að fá þessi verktakalán á þessu tímabili. Menn renna blint í sjóinn með að hversu miklu gagni það kemur eða yfirleitt hvort það kemur að nokkru gagni varðandi framkvæmdir í næstu árum samkv. vegáætlun.

Þá er einnig ljóst samkv. því, sem meiri hl. fjvn. leggur til, að virða á að vettugi lög um Norður- og Austurveg. Þeim lögum er kastað til hliðar. Eins og hér hefur verið tekið fram fyrr, bæði við þessa umr. svo og oft áður, var sú lagasetning gerð í trausti þess að það fjármagn, sem gegnum þá lagasetningu kæmi, yrði auk hins almenna fjár sem ætlað var til vegaframkvæmda í landinu, en ekki eins og nú hefur gerst, að hlutunum væri snúið við og að Norður- og Austurvegur nytu forgangs sem eyrnamerkt fjármagn af því almenna vegafé sem um er að ræða hverju sinni. Það væri því miklu nær, ef meiningin er, eins og allt virðist benda til, að halda með þessum hætti á málum, að afnema algerlega þessi lög heldur en að sniðganga þau á jafnherfilegan hátt og hér er gert. *Og ég veit* að hv. 1. flm. þess frv., sem hér að lýtur, um Norður- og Austurveginn, er mér sammála um þetta. Hér er um alger svik að ræða á framkvæmd þessara laga, miðað við þann tilgang sem þeim var ætlað að ná. Og það gefur auðvitað auga leið að þegar gert er ráð fyrir að af um 1800 millj., eins og upphaflega talan var, á að taka beint í þessar framkvæmdir 850 millj., þá er ekki mikið svigrúm til skipta fyrir þá sem eftir eru, auk þess sem blessaður hæstv. samgrh. ætlar að fá sinn hlut í tiltekna framkvæmd í Vesturlandskjördæmi, 400 millj., auk hinna 850, þannig að enn minnkar hluturinn sem eftir er til skipta til hinna. Það er því alveg ljóst að með því að standa með þessum hætti að afgreiðslu þessa máls er verið að sniðganga gersamlega lagasetninguna um Norður- og Austurveg.

Þegar hæstv. samgrh. mælti við fyrri umr. fyrir vegáætlun, þá lýsti hann því yfir að ætlan hans væri að afla tekna með sölu samkv. lögum um Norður- og Austurveg, fjáröflun að upphæð 1000 millj. kr. Nú hefur þetta breyst frá því að vera 1000 millj. niður í það, eftir nýjustu upplýsingum sem fyrir liggja frá stjórnarliðum, meiri hl. fjvn., að nú eigi að selja fyrir um 500 millj. kr. samkv. þessari sérstöku fjáröflun, þannig að þetta hefur breyst eins og ýmislegt fleira.

Eins og hér hefur komið fram og kom fram hjá hv. þm. Geir Gunnarssyni hafði meiri hl. fjvn. ekki á neinu stigi samráð við stjórnarandstöðuna um það, hvernig skipta ætti fjárveitingum milli kjördæma annars vegar í stofnbrautum og hins vegar í þjóðbrautum. Þar er um að ræða einhliða ákvörðun meiri hl. fjvn. sem var lögð fyrir tölulega nákvæmlega eins og er nú af meiri hl. fjvn. fyrir stjórnarandstöðuna innan n., þannig að meiri hl. fjvn. ber algerlega ábyrgð á þeirri skiptingu milli stofnbrauta og þjóðbrauta sem hér er lagt til að verði við afgreiðslu vegáætlunar nú. Það var talið og ýmsir töldu bæði sjálfum sér trú um og reyndu að telja öðrum trú um það, hv. þm., við afgreiðslu frv. um breyt. á vegalögum hér fyrr í vetur að með þeirri breytingu væri verið að stíga skref til þess að bæta stöðu þeirra kjördæma sem verst væru sett að því er varðaði vegaframkvæmdir. Ýmsir töldu sjálfum sér trú um þetta og gerðu í áframhaldi af því tilraun til þess að telja öðrum trú um þetta einnig. Nú liggur fyrir hver árangurinn af þessari breytingu er fyrir þau kjördæmi, sem tiltölulega verst eru sett varðandi samgöngumál. Það er a.m.k. augljóst hvernig þetta mál kemur út samkv. till. meiri hl. fjvn. varðandi Vestfirði. Ef bornar eru saman fjárveitingar frá bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1976 til nýbyggingar vega, vegaframkvæmda og brúa, þá lækkar krónutala fjárveitinga til Vestfjarða frá árinu 1976 til ársins 1977 um 24 millj. kr. Hagnaðurinn af þessari breytingu á vegalögum til handa Vestfjörðum frá því sem áður var er því mínus 24 millj. í krónutölu. Það er sá hagnaður sem vestfirðingar fá af þessu. Er þó, að ég held, nokkuð samdóma álit að Vestfirðir eru það kjördæmi á landinu sem verst er sett varðandi samgöngumál, þannig að ekki hefur þessi breyting á vegalögum verið gerð til þess að rétta hlut vestfirðinga. Það er ljóst af því hvernig nú er staðið að afgreiðslu vegáætlunar næstu 4 árin. Og þó að menn segi hér úr ræðustól sumir hverjir að ekki sé rétt að ræða vegáætlun á grundvelli einstakra kjördæma, þá verður að sjálfsögðu ekki hjá því komist, svo hróplegt misrétti er varðandi tillögur meiri hl. fjvn. milli kjördæma að það verður ekki hjá því komist að ræða þessa afgreiðslu einmitt á grundvelli einstakra kjördæma. Það er alveg augljóst mál að sú afgreiðsla, sem hér er lagt til að verði á framkvæmdum í vegamálum, er stórkostlegur samdráttur frá því sem verið hefur, og hefur þó mönnum þótt nóg um það sem komið var.

Ég held að það hafi verið hv. frsm. meiri hl. fjvn. sem líkti áhrifum á stöðvun samgangna við áhrif sem yrðu í mannslíkamanum við stöðvun á blóðrásinni. Líklega hefur meiri hl. fjvn. haft þessa samlíkingu í huga þegar hann skipti fjármagninu milli kjördæma í hinum einstöku framkvæmdaþáttum á vegáætlun ársins í ár. Hann hefur líklega haft í huga þessi áhrif vestfirðinga með því að leggja til að lækka stórlega fjárveitingar þess kjördæmis frá því sem áður var. Þessi líking varaformanns fjvn. um þau áhrif, sem yrðu óhjákvæmilega í mannslíkamanum ef blóðrásin stöðvaðist, er líklega leiðarljósið sem hv. þm. stjórnarliðsins í meiri hl. fjvn. hafa haft að leiðarljósi við skiptingu fjármagns til vegaframkvæmda milli kjördæma að þessu sinni. Það er engu líkara en þessir hv. þm., sumir hverjir úr Vestfjarðakjördæmi, telji ekkert saka þó að blóðrásin stöðvist í samgönguæð vestfirðinga að þessu sinni. Slæmt var ástandið fyrir og er, en það eru engar líkur á að það verði lagt neitt til um að það batni ef áfram

verður haldið á sömu braut og hér er lagt til að gert verði.

Ef við lítum aðeins á þetta milli einstakra kjördæma og höfum annars vegar til hliðsjónar tölur, sem hæstv. samgrh. vitnaði til í sjónvarpsviðtali ekki alls fyrir löngu um fjárveitingar til vegamála í hinum ýmsu kjördæmum á árunum 1965—1976, og hins vegar skiptingu fjárveitinga samkv. till. meiri hl. fjvn. á árinu 1977, þá kemur eftirfarandi í ljós:

Suðurland hafði á árunum frá 1965—1976 um 12.9% af fjárveitingum, en hefur samkv. till. meiri hl. fjvn. 14.5% af fjárveitingum ársins 1977.

Reykjaneskjördæmi hafði 28.8% á árunum 1965—1976, en fær nú samkv. till. meiri hl. fjvn. 7.6%.

Vesturlandskjördæmi, sem hæstv. samgrh. vitnaði mjög til sem dæmis um lágar fjárveitingar til vegaframkvæmda, hafði á árunum 1965—1976 9.5%, en hefur samkv. till. meiri hl. fjvn. nú 26.8% — frá 9.5% á tímabilinu frá 1965—1976 upp í það að vera 28.8% árið 1977. Minni hefði nú árangurinn mátt vera.

Svo koma Vestfirðir, það kjördæmi sem ég hygg að allir réttsýnir menn séu sammála um að sé verst sett varðandi samgöngumál. Það hafði á umræddu tímabili frá árunum 1965—1976 10.2% af fjárveitingum. En nú leggja hinir háu herrar í meiri hl. fjvn. til að þetta kjördæmi fái 10.1% á árinu 1977, sem sagt lækki. Sambærileg hækkun, ef Vestfirðir hefðu verið settir eitthvað svipað Vesturlandi, hefði átt að vera frá því að vera 10.2% svona um 25% á árinu 1977, hefðum við átt að njóta sannmælis og réttlætis samanborið við kjördæmi hæstv. samgrh., ef bornar eru saman sömu tölur og sama tímabil.

Í Norðurlandskjördæmi vestra voru á árunum 1965—1976 9.8% fjárveitingar, en gert er ráð fyrir í till. meiri hl. fjvn. nú 13%. Og Norðurlandskjördæmi eystra var fyrra tímabilið með 11.6%, en árið 1977 14.3%.

Á Austurlandi var fyrra tímabilið 16.2%, en er nú í till. meiri hl. fjvn. 13.7%.

Þau tvö kjördæmi, sem langsamlega verst eru sett að því er varðar samgöngur á landi innanhéraðs og milli byggða, þ. e. a. s. Vestfirðir og Austfirðir, eru lækkuð í fjárveitingum frá því, sem áður var, í þeim till. sem meiri hl. fjvn. gerir nú til Alþ. um skiptingu framkvæmdafjár. Þeir, sem verst eru settir, skulu lækkaðir. Hinir, sem betur eru settir, skulu fá meira. Þetta er réttlætið sem ríkir í hjörtum hv. þm. stjórnarliðsins í meiri hl. fjvn., og þá virðist ekki skipta máli hvort þeir eru frá Vestfjörðum eða úr öðrum kjördæmum. Þeirra réttlætishjarta virðist slá á sama hátt, hvaðan sem þeir koma, úr hvaða kjördæmi sem er.

Ég hef hér gert fyrst og fremst að umræðuefni fjárveitingar ársins 1977 og hins vegar samanburð fyrri ára. Þessi samanburður er að sjálfsögðu allhryllilegur fyrir Vestfirði og vestfirðinga. En það er kannske verra að með þessari afgreiðslu, sem meiri hl. fjvn. leggur hér til að viðhöfð verði, er verið að slá því föstu að Vestfirðir skuli næstu 4 árin vera í þessu algera lágmarki varðandi fjárveitingar til vegaframkvæmda, því að hvað sem menn koma til með að segja og hver sem sú yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj., sem mun verða boðuð, kann að vera, þá virðist vera ljóst að endurskoðun varðandi vegáætlunina á árinu 1978 á einungis að ná til þess fjármagns sem kemur umfram það sem gert er ráð fyrir í þessari vegáætlun nú. Hún á einungis að ná til þess fjármagns sem hugsanlega kæmi umfram þær tölur sem nú eru í vegáætlun, þannig að grunnurinn á að standa óbreyttur. M. ö. o.: vestfirðingar eru dæmdir til þess með þeirri afgreiðslu, sem hér er lagt til að verði, að vera í algeru lágmarki varðandi framkvæmdir í vegamálum næstu 4 árin. Og þetta er kannske enn þá alvarlegra en þó hitt, sem að vísu er mjög alvarlegt, að svona skuli vera farið með Vestfirði á árinu 1977.

Það er einnig ljóst að Vestfirðir eru eina kjördæmið, að Reykjaneskjördæmi undanskildu, sem ekki fær fjárveitingu til neins sérstaks stórverkefnis í vegaframkvæmdum á þessu áætlunartímabili. Vestfirðir eru eina kjördæmið, auk alls hins sem búið er að rekja hér, sem þannig er ástatt um, að undanskildu Reykjaneskjördæmi, sem ekkert á að fá af slíku. Og enn er bætt gráu ofan á svart með till. af því tagi sem hér er lagt til og það af þm. vestfirðinga sjálfra. Það er ekki að sjá að hv. þm. stjórnarliðsins af Vestfjörðum hafi orðið þess varir hver vandræði eða vandkvæði eru þar á samgöngum yfir vetrarmánuðina, allt frá 7 upp í 9 mánuði árlega. Það er allt útlit fyrir að þessir hv. þm. séu búnir að gleyma þessu ástandi, eða a. m. k. bera till. þeirra um afgreiðslu vegáætlunar með sér að þetta sé gleymt og grafið. Ég trúi ekki öðru en a. m. k. þeim hv. þm., sem þekkja eitthvað til á Vestfjörðum, sé ljóst að Vestfirðir eru einangraðir frá samgöngum á landi 7—9 mánuði á ári. Þeir eru á sama tíma einnig einangraðir allt upp í 3 vikur frá samgöngum á sjó á sama tíma og lokað er á landi. Og í þriðja lagi eru þeir auk þessa einangraðir frá flugsamgöngum í sambandi við flugið svo dögum skiptir, einmitt á sama tíma og lokað er á landi, lokað á sjó, þannig að allar bjargir eru bannaðar samgöngulega séð í Vestfjarðarkjördæmi á sama tíma. Þrátt fyrir þessa staðreynd geta þm. Vestf. úr stjórnarliði lagt hér til að Vestfjarðarkjördæmi sé svelt í fjárveitingum til vegaframkvæmda samanborið við önnur kjördæmi á þessu áætlunartímabili. Þessi rök virðast ekki hrífa á stjórnarliða af Vestfjörðum þó að ástandið sé svona. Það virðist eitthvað enn þá meira þurfa að koma til til þess að vestfirðingar njóti jafnréttis á við aðra landsmenn í þessum tilfellum, ég tala nú ekki um ef þeir ættu að njóta einhvers sérstaks átaks, sem staða þeirra vissulega gefur tilefni til að þeir ættu að gera.

Það er ljóst af því, sem ég hef nú sagt, að það er nánast hryllingur til þess að hugsa að það skuli vera samþm. frá Vestfjörðum sem leggja til afgreiðslu af því tagi sem hér er lagt til af meiri hl. fjvn. og stutt af öllum stjórnarliðum úr kjördæminu. Þó að ég að sjálfsögðu sé allur af vilja gerður, þá skil ég ekki hvað liggur á bak við þá ákvörðun þm. Vestf. úr stjórnarliði að láta troða þannig á hlut vestfirðinga. Það hljóta einhver mikilvæg rök, sem mér er ókunnugt um, að liggja að baki því að þm. Vestf. úr

stjórnarliði skuli fáanlegir til þess að leggja slíkt hneyksli til í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar að því er Vestfirði varðar á þessu áætlunartímabili. Ég vildi gjarnan fá að heyra þau mikilvægu rök, ef til eru, frá þessum aðilum. Mér er ekki um þau kunnugt og vildi því gjarnan fá um þau að vita, ef þau eru til.

Það er alveg augljóst mál, að það eru mörg stór verkefni sem bíða úrlausnar varðandi framkvæmdir í vegamálum á Vestfjörðum eins og annars staðar í landinu. Það er því undarlegt að Vestfjarðakjálkinn skuli vera hið eina sem á engan hátt er tekið tillit til í sambandi við tillögugerð um fjárveitingar í vegamálum, vera hið eina kjördæmi sem á engan hátt er tekið tillit til varðandi þær framkvæmdir sem óhjákvæmilega verða að eiga sér stað ef ekki á enn verr að fara heldur en nú er orðið.

Ég vil svo, herra forseti, í áframhaldi af þessu aðeins gera með fáum orðum grein fyrir brtt. sem ég flyt hér, í fyrsta lagi brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og er í þá átt að reyna að rétta örlítið hlut Vestfjarða til samræmis við önnur kjördæmi. Því miður er ekki búið að útbýta þessari brtt., þannig að þm. hafa hana ekki fyrir framan sig. (Gripið fram í.) Er hún komin? Hún var ekki komin þegar ég fór hingað upp, ég hlýt að vera búinn að vera lengi hér. En þá sjá hv. þm. hver breytingin er eða hvað er lagt til að gert verði. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. Lárusi Jónssyni sem einum af þeim ábyrgu í meiri hl. fjvn. líður illa undir lestri af þessu tagi og er það skiljanlegt. Þessi brtt. okkar er um að liðurinn 05, til nýrra þjóðvega, þ. e. a. s. stofnbrauta, lækki, þ. e. brú yfir Borgarfjörð lækki úr 400 millj. á áætlunartímabilinu árlega í það að vera 300 millj. árlega á árunum 1977—1979, en inn komi nýr liður sem merkist Breiðadalsheiði, jarðgöng, 100 millj. á ári þessi næstu þrjú ár. Hér er um það að ræða að færa 100 millj. af þeim 649 millj., sem Vesturl. á að fá samkv. till. meiri hl. fjvn. á árinu 1977, færa 100 millj. af þessum 649 millj. yfir í Vestfjarðakjördæmi til viðbótar við þær 245 millj. sem vestfirðingum er ætlað að fá á árinu 1977. Þeir fengju þá 345 millj. á sama tíma og Vesturland fær 549. Ekki er nú til mikils mælst. Þetta er sem sagt tillagan. Til viðbótar þessu er rétt að upplýsa það, að nú liggur fyrir að taka um það ákvörðun með hvaða hætti skuli framkvæma varanlega vegagerð yfir Breiðadalsheiði sem tengi Ísafjarðardjúpið við byggðina vestan heiðar. Það liggur fyrir að taka þessa ákvörðun, og þessi brtt. okkar er um að þessi ákvörðun verði tekin nú og að fjármagn verði sett með þessum hætti til framkvæmda varðandi þessa ákvarðanatöku. Og mér þykir undarlegt ef við tvímenningarnir fáum ekki stuðning a. m. k. Vestfjarðaþm. í þessu réttlætismáli.

Í öðru lagi flyt ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. aðra brtt. sem ekki er búið að útbýta, að ég held, en hún er um það að auka nú tekjurnar til Vegasjóðs með sérstökum hætti.

Hv. þm. minnast þess, að á undanförnum árum við hverja afgreiðslu vegáætlunar hefur verið lögð hér fram till. um hið svokallaða veggjald. Það hefur verið snúist harkalega gegn tekjuöflun af því tagi, og það virðist ekki hafa breytt neinu hversu slæm staða Vegasjóðs er hverju sinni. En höfuðrökin gegn þessari skattheimtu hafa verið þau, að með því að framkvæma hana á þann hátt, sem gert hefur verið ráð fyrir, sé svo mikið borgað í kostnað að það sé hlutfallslega lítið sem inn komi sem nettótekjur af slíkri skattheimtu og þess vegna ekki réttlætanlegt að framkvæma hana. Nú gerum við tillögu um að fara inn á nýja braut og viljum láta á það reyna í þessu öngþveiti varðandi fjármál Vegasjóðs hvort ekki er hljómgrunnur fyrir því meðal þm. — ég tala nú ekki um stjórnarliðsins — þegar við stjórnarandstæðingar hlaupum á þennan hátt undir bagga og bendum á tekjuöflun, — hvort ekki sé nú hljómgrunnur fyrir því að slík till. hljóti samþykki hér á Alþ. En þessi brtt. er svo hljóðandi:

„Greiða skal samkv. heimild í 95. gr. vegalaga um umferðargjöld af bifreiðum sérstakt hraðbrautargjald af bensíni og dísilolíu á þeim stöðum sem tengjast vegakerfi með varanlegu slitlagi.

Gjaldið er staðbundið og miðast við útsölustaði á þeim landssvæðum, þar sem samfelldar hraðbrautir með varanlegu slitlagi eru a. m. k. 50 km að lengd.

Hraðbrautargjald nemur 2 kr. á hvern lítra eldsneytis og skal koma til viðbótar almennu söluverði. Gjaldið rennur í Vegasjóð til að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum, sem tekin hafa verið til lagningar varanlegs slitlags á hraðbrautir, svo og að aukið fjármagn verði til annarra framkvæmda.

Ráðh. ákveður árlega í reglugerð hvaða útsölustaðir á landinu falla undir ákvæði 1. mgr. og hvernig innheimtu skal háttað."

Hér leggjum við sem sagt til að farið verði inn á nýja braut til tekjuöflunar með þessum hætti á þessu svæði, þar sem búið er að koma í framkvæmd vegakerfi með bundnu slitlagi. Samkv. upplýsingum, sem við höfum í höndum frá Vegagerðinni, mundi þetta gefa á þeim svæðum sem hér um ræðir: Reykjanesi, Reykjavík, Suðurlandi fyrst og fremst, miðað við núverandi verðlag um 180 millj. á ári, og enginn útgjaldaauki kæmi þar á móti vegna þess að bensínstöðvarnar innheimtu þetta aukagjald án nokkurrar þóknunar fyrir. Það er því till. okkar að hér komi inn nýr liður varðandi tekjuöflunina, sérstök fjáröflun, sem mundi gefa á árinu 1977 um 120 millj. kr., ef við drögum frá þann tíma sem liðinn er, og á árinu 1978 180 millj. og sömu upphæð á árinu 1979, að sjálfsögðu miðað við ástandið eins og það er í dag. Það er einnig till. okkar að fjvn. sjái um skiptingu á þessum hinum nýju tekjum.

Ég tel ekki að hér þurfi að hafa frekari orð um þetta. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. sé okkur sammála í þessum efnum og að hann sýni í verki þann hug sem hann hafði á orði við fyrri umr. vegáætlunar, að hann væri allur af vilja gerður og vildi leita allra tiltækra ráða til þess að auka tekjur Vegasjóðs, — hann komi nú til liðsinnis við okkur stjórnarandstæðinga og leggi hönd á plóginn með því að koma þessu máli í gegn sem gefur hátt í 200 millj. árlega á næstu þremur árum, þ. e. a. s. þeim árum sem hér er lagt til að skipt verði fé varðandi vegáætlun. Og ef það hefur verið sérstaklega talið

nauðsynlegt og til bóta að færa 200 millj. samanlagt af vegaviðhaldi og sérfræðiþjónustu hjá Vegagerðinni á árinu 1977 yfir á auknar framkvæmdir, þá er ekki síður ástæða til þess að taka í útrétta hönd okkar, sem að þessari till. stöndum, um að fá nýjar 200 millj. árlega ofan á hitt til þess að útdeila, þannig að hægt sé að auka frekar framkvæmdir frá því sem nú er gert ráð fyrir.

Ég vænti þess sem sagt að nú sé brostin aðalröksemd og forsenda andstæðinga innheimtu veggjalds í því formi sem það hefur verið flutt hér áður og þeir einnig taki í útrétta hönd okkar sem viljum leita leiða og bendum á tekjuöflunarleiðir til þess að afla frekari tekna í Vegasjóð en hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðið hefur séð sér fært að gera á þessum síðustu og verstu tímum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég vænti að þessari till. verði einnig útbýtt innan skamms.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara mikið inn á almennar umr. að þessu sinni. Ég gerði við fyrri umr. þessa máls grein fyrir því hvernig málið lægi þá fyrir, en síðar hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar sem ganga í þá átt að auka framkvæmdamátt vegafjárins á þessu ári frá því sem var á s.l. ári, þannig að þrátt fyrir verðlagshækkun er framkvæmdamátturinn fullkomlega það sem var á því ári í nýbyggingu og meira í vegaviðhaldi. Á þessu vil ég vekja athygli og endurtaka það, sem ég sagði við fyrri umr. þessa máls, að með þessari vegáætlun er verulega brotið í blað um viðhaldsfé, því að þó ofurlitið hafi þar verið breytt til á þessu ári er það ekki gert á því næsta, en þar er um að ræða verulega hækkun.

Ég vil í sambandi við það, sem hv. 11. landsk. þm. sagði í ræðu sinni áðan, taka fram að til þess að fá tekjuöflunarheimild til lántöku þarf engin sérstök lög þar um. Í almennum lögum um tekjuöflun til Vegasjóðs og vegagerðar er slík heimild fyrir hendi. Hins vegar hafa í ákveðnum tilgangi verið samþykkt sérstök lög þar um og eru fordæmi til um það hér á hv. Alþ. frá fyrri árum.

Enda þótt, eins og ég sagði við fyrri umr., hér sé um of litla fjárveitingu að ræða til vegagerðar, þá er þó hækkunin á milli áranna 1976 og 1977 á milli 1300 og 1400 millj. kr. Það er verðhækkunin sem veldur því að hér er ekki um verulega fjárhæð að ræða til framkvæmda. En það er eins og gerist um aðrar okkar framkvæmdir og er hér um enga undantekningu að ræða.

Áður en ég vík frekar að þessum þætti vil ég víkja að till. á þskj. 426 um veginn í Bláfjöll. Í sambandi við þá till. vil ég geta þess, að í till. til þál. um vegáætlun er liðurinn 2.4 til fjallvega o.fl. Þar er fé sem vegamálastjórnin gerir till. um skiptingu á og vegaráðh. hefur svo endanlegt úrskurðarvald um hvernig skipta beri. Á sínum tíma, er ég var fjmrh., átti ég þátt í því að láta fé til þessa vegar í Bláfjöll og gleðst nú mjög yfir því, því að með þeirri vegagerð fundu reykvíkingar útivistarsvæði sem er afskaplega mikils virði, og ekki bara reykvíkingar heldur fleiri njóta þess að dvelja þarna og hefur það náð miklum vinsældum. Hefur verið rætt um það við mig að þessi vegagerð væri á vissan hátt ófullkomin og þyrfti endurbóta við. Ég hafði rætt við núv. vegamálastjóra um hvort ekki væri mögulegt, þegar til skiptingar á þessu fé kæmi, að láta einhverja fjárhæð til þess að bætan þennan veg. Hann tók mjög vel í það og sagðist reyndar hafa hugsað sér að það yrði að taka þar af verstu snjóastaðina og einhverjar millj. þyrfti til þess. Ég vil segja það í sambandi við þessa till., að þar sem það er ekki venja að skipta þessu fé í vegaáætlun heldur hefur vegamálastjórnin gert það og aldrei verið um það deilt, að hún annað en gert það samviskusamlega, eins og hennar er von og vísa, og svo mundi verða enn, þá get ég gefið fyrirheit um að á yfirstandandi ári muni á þessum liðum sem eru þarna, til fjallvega o.fl., verða varið 3 millj. kr. til þessa Bláfjallavegar og í framhaldi af því muni það verða athugað betur á næsta ári hvað hægt væri að gera fyrir veginn til þess að hann mætti koma að því gagni sem til var ætlast, þegar hann var opnaður, og hann hefur verið notaður til. Það er því ósk mín til hv. flm. að þessi till. verði dregin til baka, því að eins og hún er hér hefur hún ekki fjárveitingu á vegáætluninni og skapar þar halla og mundi ekki treysta það betur en þessi orð mín gera að tryggja framkvæmd málsins. Ég treysti því að hv. flm. hafi ekki athugað fullkomlega framkvæmd málsins þegar þeir fluttu þessa till., en um framkvæmdina mun verða séð að þessu sinni.

Nú er það svo með margt, að það er breytingum undirorpið, og er ekki nema gott um það að segja og ekki alltaf sem menn geta reiknað með því, eins og hv. 5. þm. Vestf., að það verði engu breytt og ákvörðun, sem kann að verða tekið um skiptingu fjármagns til vega nú, verði ekki breytt í náinni framtíð. Mér finnst að vegáætlun fyrir þetta ár sýni að svo er ekki, því að það er æðimikill munur á fjárveitingu t.d. fyrir Reykjaneskjördæmi núna en verið hefur áður, sem stafar auðvitað af því að Reykjaneskjördæmi hefur á sínum tíma fengið verulegt fjármagn til vegaframkvæmda, þó að ég hins vegar taki undir það, að betra hefði verið að þurfa ekki að ganga svo langt í því sem raun ber vitni um að draga úr fjárveitingum til þess. En þar er ekki um að saka að öðru en því, að við treystum okkur ekki til meiri fjárútvegunar í heild til vegaframkvæmda heldur en gert hefur verið. Þess vegna held ég að hv. 5. þm. Vestf. megi ekki reikna með því að við séum að afgreiða hér eilífðarmál sem aldrei verði um breytt síðar.

Út af því, sem sagt hefur verið um vinnubrögð í fjvn., þá veit ég að hv. 11. landsk. þm. heldur við það, sem hans er von og vísa, að þó að honum hafi mislíkað nú, þá viti hann að þetta var í fyrsta sinn sem skipt var eftir nýjum lögum og það mátti svo sem gera ráð fyrir því, ekki síst þegar var minna að skipta en menn hefðu óskað, að það væri eitthvað við þetta að athuga. En eins og kom fram hjá hv. 11. landsk. þm., þá vissi hann að félagar hans í fjvn. höfðu enga löngun til þess að sniðganga

hann og munu taka upp við hann eðlileg vinnubrögð hér eftir sem hingað til. Hins vegar verð ég að segja það, að fjvn. fær með nýju lögunum aukin áhrif til skiptingar á vegafé. Ef við tökum árið 1974, sem var þó það ár sem menn vitna mikið til, þá var það svo að til hraðbrauta fóru af heildarfjárveitingunni 30.8%. Yfirleitt hefur það verið svo með hraðbrautarfjárveitingar að fjvn. hefur ekki skipt þeim, heldur hefur það verið Vegagerðin og vegamálaráðh., hver sem hann hefur verið, og svo var í þetta sinn. Til þjóðbrauta fóru það ár 7.7% af heildarfjárhæðinni og til landsbrauta 9.7%, eða samtals til landsbrauta og þjóðbrauta fóru 17.4%. Þetta var raunverulega fjármagnið sem fjvn. skipti þá. Ákvörðunin var hjá henni um hvernig þessu yrði skipt milli einstakra kjördæma. Önnur atriði í vegáætluninni voru þannig, að Skeiðarársandur fékk 23.8%, Austurlandsáætlun 6.4%, Skeiðarársandi var ekki skipt, það var ákvörðun um hverju til hans skyldi varið samkv. fjáröfluninni. Austurlandsáætlun var ekki skipt nema af þm. þar og Framkvæmdastofnuninni. Norðurlandsáætlun var með 10.5% sem á sama veg var með farið. Það var ákvörðun ríkisstj. að veita fé til Þingvallavegar það ár, sem var 4.8%, og til Djúpvegar var áætlun líka 105 millj. eða 6.3%. Allt var þetta gert án þess að einstakir þm. eða fjvn. réði þessu. Þess vegna er það mitt mat að með þeim lögum, sem sett voru í fyrra, sé stefnt inn á þá braut að auka vald fjvn. Það mun sýna sig að svo verður, þó að kannske hafi í fyrstu lotu einhver atvik leitt til þess að hv. þm. hafi ekki verið ánægðir með skiptinguna. Það verða þeir sennilega aldrei, hvernig sem með er farið hjá fjvn. Hinu verður ekki breytt, að fjvn. fær með nýju vegalögunum meira vald en áður hefur verið. T. d. er það svo, að til stofnbrauta er nú varið 60.1% sem skipt er af fjvn. og til þjóðbrauta er varið 16.5% til annarra verka, sem ekki var ákveðið af fjvn. Það er hin ágæta Borgarfjarðarbrú sem vinur minn, hv. 5. þm. Vestf., hefur sérstakar mætur á, enda mun hann eiga eftir að njóta þeirrar brúar síðar meir ekki síður en aðrir þegar hann fer á milli höfuðstaðarins og heimilis síns. Til hennar er varið 16.5%, en Skeiðarársandur tók árið 1974 23.8% af heildarfjárhæðinni. Til Holtavörðuheiðar er farið 2.7% og til Oddsskarðs 4.2%. Þetta var ekki ákvörðun n., heldur till. Vegagerðar og vegamálaráðh., eða 23.4% af vegafé sem þetta ár er ráðið af öðrum en hv. fjvn., og auðvitað er það svo, að það eru ráð fjvn. þó að þar myndist meiri og minni hl. í þessum málum sem öðrum. Þess vegna tel ég að það sýni sig að stefnubreyting sé fólgin í lagabreytingunni sem gerði það að verkum að fjvn. hefur meira vald á þessum málum en hún áður hafði. Að því var stefnt. Það voru komnar fram veilur í hinum eldri lögum, og það sýndi best að hluti af fjárveitingunum til Vestfjarða í fyrra var ekki samkv. lögum. Það var ekki um að ræða að væri samkv. ákvæði í vegalögum sú fjárveiting sem fór til Hörgsnesvegar bæði 1975 og 1976. En hv. 5. þm. Vestf. gleymir svona smámunum af því að þeir voru honum þá í hag. (Gripið fram í.) Já, en ákvörðun var ekki tekin samkv. reglunni sem fjvn. gerði um skiptingu á milli þjóðbrauta og landsbrauta, og var þó hv. 5. þm. Vestf. einn af fjvn.-mönnum.

Hv. 8. landsk. þm. talaði hér áðan og auðvitað út frá sínu sjónarmiði. Hann var að tala um hvað illa væri farið með viss svæði landsins þar sem vegir væru verstir, og hann og hv. 5. þm. Vestf. eru alveg öruggir um að meta það hvar vegir eru verstir. Ég treysti mér ekki til þess, enda hef ég ekki þá hæfileika eða einsýni til að bera sem þeir. En ef hv. 8. landsk. læsi upp úr ræðu formanns Alþfl., sem hann flutti er vegáætlun fyrir 1972 var til meðferðar hér á hv. Alþ., en það er einmitt sú vegáætlun sem þessi hv. þm. leggur til grundvallar í sínu nál., þá talaði þáv. hv. 2. landsk. um þessa vegáætlun og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef litið er til framkvæmda þeirra, sem síðasta ríkisstj. gekkst fyrir í vegamálum, tel ég tvímælalaust merkilegasta þá stefnu sem hægt er að kalla hraðbrautarstefnuna. Í lok stjórnartímabilsins fór síðasta ríkisstj. inn á þá braut að útvega stórfé til að gera framkvæmdir sem tryggja okkur í fyrsta skipti hraðbrautir sem hægt er að kalla því nafni, að undanskildum Keflavíkurveginum. Þetta var tímabær stefnubreyting, og það var farið mjög myndarlega af stað."

Nú ætla ég ekki að eyða tímanum í að lesa frekar úr þessari ræðu, en ég held að hv. 8. landsk. verði að tala hv. formann Alþfl. til, til þess að vita hvort hann hefur nú breytt um stefnu og skoðun á þessum málum því að þetta fellur ekki saman.

Út af því sem rætt hefur verið hér og kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf., þá vil ég endurtaka það sem ég hef áður sagt, að það er stefnubreyting um viðhald til þjóðvega nokkur á árinu 1977 og veruleg á árinu 1978. Því verður ekki á móti mælt. Og það sem nú gerðist var að draga aðeins úr þessu vegna hagstæðrar vetrarveðráttu til að bæta úr til nýbygginganna. Um verktakalánin vil ég segja það, að það mál er nú miklu betur undirbúið en var á síðasta ári, og þess vegna er ég nokkurn veginn sannfærður um að það verður auðvelt að koma þeim málum í framkvæmd eins og til er ætlast. Ef það tekst ekki, verður að hafa það og verður ekki úr framkvæmdum, en ég veit að það mun takast.

Ég skal ekki fara að ræða frekar við hv. 5. þm. Vestf. um Vestfirði, og ég ætla ekki heldur að fara að ræða neitt við hann um brúna yfir Borgarfjörð. Hann má halda þessu áfram eins lengi og hann hefur löngun til. Það sakar mig ekki, og það sem mest er um vert, það sakar ekki verkið sjálft og það skiptir meginmáli. Það er nú svo með stærri verk og þannig verður það þegar farið verður að vinna að endurbótum á veginum yfir Breiðadalsheiði, að þá munu hv. alþm. sjá að nauðsyn ber til að hraða framkvæmdinni sem verulegt fjármagn er komið til, vegna þess að það er of dýrt að vera með það of lengi. Það, sem hv. þm. á að deila á mig fyrir, er hvað ég er hófsamur í fjárveitingum í þetta verk því að auðvitað þarf að hraða því eins og öðrum stórverkum.

Út af því, sem hv. þm. sagði og aðrir um happdrættisfé vegna Norður- og Austurvegar, þá vil ég segja það, að það fé hefur nú þegar mark-

að veruleg þáttaskil og verið unnið verulega mikið að framkvæmdum, þótt betur megi ef duga skal. Framkvæmdin á Holtavörðuheiði er verulegt átak og áfram verður haldið á þeirri braut. Það kom fram í skýrslu þeirri, sem ég skýrði frá í dag, að verið er að vinna á Hrútafjarðarhálsi og verið er að vinna í kringum Blönduós og verið er að vinna að vegagerð í Vakhólmi í Skagafirði, og það er verið að vinna við Austurveginn á Suðurlandi og áfram austur. Þetta hefur verið hægt vegna happdrættisfjárins sem við höfum notað. Að öðrum kosti hefðum við haft minna fé til ráðstöfunar til vegagerðar, ef þetta fé hefði ekki verið til. Hitt er alveg rétt, að það hefur ekki verið eins mikill hraði í vegaframkvæmdum og við hefðum kosið, en það hefur samt aukið hraðann í þessum framkvæmdum. Það er sama að segja um Öxnadalsheiðina. Þar var einnig fjárveiting og verður áfram til endurbóta á henni vegna happdrættisfjárins. Og það hefur verið svo, að það hefur verið afar erfitt að fá hv. þm. til þess að taka til greina vegi á þeim svæðum sem liggja á milli héraða, en þeir eru ekkert síður nauðsynlegir heldur en þeir sem innan héraða eru. Þeir eru misjafnlega nauðsynlegir, en það efast enginn um nauðsyn svæðisins á milli Norður- og Suðurlandsins og sama er á milli Austur- og Suðurlands og Austur- og Suður- og Vesturlands, allt er þetta jafnnauðsynlegt og verður reynt að vinna að því með þeim hraða sem við treystum okkur til.

Eitt af því, sem ég hafði dálítið gaman af hjá hv. 5. þm. Vestf., sem ég að vísu hef oft gaman af því að maðurinn er skemmtilegur, það var þegar hann fór að ráðast á að það hefði verið dregið úr viðhaldi á bundnu slitlagi, því að ef ég man rétt var það ein af aths. í ræðu hans við fyrri umr. um vegáætlun, að of miklu fé væri nú varið til þess, og eins hafi verið með verkfræðilegan undirbúning, það hafi verið talið að of mikið væri veitt til hans. En við því er ekkert að segja þó menn færi sig til eftir atvikum. En ég tek það fram, eins og áður hefur komið fram í því sem ég hef hér sagt og ég sagði við fyrri umr., að of lítið er að gert í vegamálum og það er af þeirri einföldu ástæðu að við erum í stórverkefnum sem hafa skilað okkur verulegum árangri, eins og orkumálin. Það er ekkert að efast um það, að þau eru þegar búin að skila okkur verulegum árangri. Það sýnir t. d. hvað dregur úr innflutningi á olíu núna, það er vegna þess hve duglega hefur verið að því staðið að dreifa hitaveitunum. Þannig verðum við að málum að standa og þá verðum við stundum að velja á milli.

En í sambandi við vegamálin vil ég með samþykki ríkisstj. gefa yfirlýsingu svo að hv. þm. þurfi ekki að velta fyrir sér, því að þrátt fyrir það að hér hafi ekki enn þá tekist að koma breytingum á tekjuöflun til Vegasjóðs, hefur þó mikið verk verið unnið í þeim málum, og það var von mín að hægt væri að ljúka því verki svo að hægt væri að afgreiða það á þessu þingi. Það tókst því miður ekki. En það er unnið áfram að því að athuga þessi mál miðað við þær aðstæður sem nú eru. Ég sýndi fram á það við fyrri umr. að t. d. bensínhækkunin hefur gert það að verkum að bensínskatturinn er nú þrátt fyrir hækkun í krónutölu ekki nema 25% af bensínverðinu frá því að vera um 50% áður. Þetta hefur auðvitað veruleg áhrif á Vegasjóð. Ég vil líka segja það, að ef svo vel tækist nú til að tekjur Vegasjóðs á þessu ári reyndust hærri en áætlað væri, þá væri það mikið gleðiefni, því að það, sem á hefur skort, er m. a. að þær hafa ekki staðist áætlun. Nú er of snemmt að segja um það. Þó að tveir fyrstu mánuðir ársins séu betri en sömu mánuðir í fyrra, þá er það nú ekki nóg til þess. En reynist svo, þá nýtur vegagerðin þess í fyrsta lagi á þann hátt, að ef um vanáætlun er að ræða í þeim verkefnum sem til framkvæmda koma, þá tryggir það framkvæmd þeirra og vegagerðin mun njóta þess. En í framhaldi af þessu vil ég fyrir hönd ríkisstj. gefa svo hljóðandi yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt vegáætlun sé gerð til fjögurra ára og endurskoðun samkv. vegalögum ekki ráðgerð fyrr en á Alþ. 1978—1979 hefur ríkisstj. ákveðið að láta endurskoða fjárframlög til vegamála á Alþ., þegar á næsta hausti. Mun það gert í tengslum við fjárlagagerð og lánsfjáráætlun, þannig að það fé, sem til vegamála er ætlað árið 1978, verði aukið. Ríkisstj. mun einnig beita sér fyrir því að lög um happdrættislán vegna Norðurvegar og Austurvegar nái tilgangi sínum þó að nokkru seinna verði en ætlað var. Upphæð útboðsins samkv. lögum verður því hækkað sem svarar því fé sem að láni hefur verið tekið. Verða samkv. þessari yfirlýsingu vegamálin tekin á ný til afgreiðslu hér á hv. Alþ. á hausti komanda."

Þessa yfirlýsingu vil ég gefa samkv. samþykkt ríkisstjórnarfundar, og sýnir það að að þessum málum er þegar verið að vinna þó að ekki hafi tekist að ná þeim árangri sem til var ætlast við þessa vegafjárafgreiðslu. Hins vegar hefur nokkrum árangri verið náð. Það verður ekki hægt annað en viðurkenna það, hvað sem menn að öðrum kosti kynnu að óska sér.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Við höfum hlýtt hér á málflutning hæstv. samgrh. og framsögumæður fyrir nál. meiri og minni hl. hv. fjvn. í því stóra þingmáli sem hér liggur fyrir til umr. og afgreiðslu, till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1977—1980. Neikvæður og allstóryrtur málflutningur stjórnarandstæðinga í þessu máli nú kemur auðvitað ekkert á óvart. Líklega hefði í því tilliti verið nokkurn veginn sama hvernig vegáætlunin var úr garði gerð á meðan sú hefð liggur í landi, að stjórnarandstaða telur það sjálfsagða skyldu að rífa niður hvert það mál sem frá stjórninni kemur. Því miður verð ég þó að segja að of mörg sannleikskorn hafa falist í gagnrýni stjórnarandstæðinga. En hitt vil ég segja og þá sérstaklega við minn kæra kollega, hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, að hans skellinöðrumálflutningur og brýningar í þessu máli eru harla ólíklegar til þess að fá nokkru áorkað um afstöðu mína í þessu máli. Ég hafði þegar ráðið hug minn þegar ég sá hvert stefndi með vegáætlun, og því hafði málflutningur hans og annarra andstæðinga stjórnarinnar ekki hin minnstu áhrif á mig í því sambandi.

Ég hafði annars ekki ætlað mér að hafa mörg orð í þessu máli og ekki heldur að vitna í marg-

ar tölur úr vegáætluninni sem við þm. höfum verið að rýna í undanfarnar vikur, okkur óneitanlega til lítillar gleði flestra þeirra. Hv. þm. kannast víst nú orðið við flestar þessara talna.

Það er eðlilegt og nauðsynlegt að stjórnarþm. hverju sinni reyni að ná sem mestri samstöðu og eindrægni í þeim málum sem ríkisstj. þeirra stendur að og er ábyrg fyrir. Það þykir jafnan lítið drengskaparbragð að svíkjast undan merkjum þegar erfiðleikar steðja að. Þetta geri ég mér fyllilega ljóst, en þá ekki síður hitt, að þegar árekstur verður og það harður árekstur milli viljans til samstöðu annars vegar og samvisku og sannfæringar hins vegar, þá hlýtur hið síðarnefnda að ráða úrslitum um endanlega afstöðu.

Það er því síður en svo, af neinni léttúð af minni hálfu né heldur með glöðu geði að ég verð að segja það hér, að ég tel mér ekki fært að standa að samþykkt þeirrar vegáætlunar, sem hér liggur fyrir hv. Alþ. Mín helstu rök eru þessi:

Nú vil ég þó bæta við, áður en lengra er haldið, að yfirlýsing hæstv. samgrh. rétt áðan, sem mér var ekki kunnugt um að kæmi fram þegar ég punktaði niður þessi orð mín heima, hún hefur mildað hug minn mjög og mér sýnist málið horfa nokkuð öðruvísi við. Og ég vil þakka honum sérstaklega og ríkisstj. allri fyrir að þessi yfirlýsing hefur verið gefin, og má hún verða okkur þm. til nokkurrar hugarhægðar þó að því miður verði að játa að stundum hefur reynst fallvalt að treysta um of á gefnar yfirlýsingar.

Það er staðreynd, sem ég hygg að allir hv. þm. viðurkenni, að nægilega góðar samgöngur um landið allt eru ein meginforsenda þess að byggðir landsins fái þrifist og þróast með eðlilegum hætti. Framkvæmd atvinnumála, menntamála, heilbrigðis- og félagsmála veltur á því hvernig að samgöngubættinum er búið. Þetta liggur svo í augum uppi að ég þarf ekki að fjölyrða um það frekar nú, enda margoft búið að sýna fram á það hér í sölum Alþ. að undanförnu bæði af mér og fjölmörgum þm. öðrum.

Það er jafnframt staðreynd, sem ekki verður í móti mælt, að fjárframlög til samgöngumála hafa dregist saman á undanförnum árum að raungildi, bæði að því er varðar fastar tekjur Vegasjóðs og bein framlög ríkissjóðs.

Á öllum þeim þrem þingum, sem ég hef setið á, hefur hæstv. samgrh. lagt áherslu á að nauðsynlegt væri að auka tekjustofna Vegasjóðs a. m. k. að því marki að þeir fylgdu verðlagsbreytingum hverju sinni. Undir þetta sjónarmið hefur, að því er ég hygg, meiri hl. þm. tekið kröftuglega, þ. e. a. s. þeir sem á annað borð hafa tjáð sig um málið. Samt hefur ekkert gerst í þessa átt. Þannig er hlutur Vegasjóðs í bensíngjaldi nú aðeins helmingur af því sem var fyrir nokkrum árum, eða 25%. Af heildartekjum ríkissjóðs af umferðinni í formi innflutningsgjalda, tolla og söluskatts af bifreiðum og bensíni rennur aðeins um fjórðungur til vegamála. Í máli hæstv. samgrh. fólust ákveðin fyrirheit um lagfæringu á þessu. Við höfum heyrt þetta áður, og ég er sannfærð um að hæstv. samgrh. hefur gert sitt til að þessi endurskoðun og aukning á tekjum Vegasjóðs mætti komast í framkvæmd, en það hefur þrátt fyrir það ekki orðið. Þetta er auðvitað þeim mun hörmulegra sem vitað er að skuldasöfnun okkar erlendis er það mikil nú að mælirinn er fullur og meira en það nú í bili. Það er þó augljóst að þau stórátök í vegamálum, sem fram undan eru, verða ekki framkvæmd nema með stórum hagkvæmum lánum til langs tíma erlendis frá, strax þegar við höfum náð þolanlegu jafnvægi í lánapólitík íslenska ríkisins út á við. Orkumálin hafa notið forgangs hvað erlendum lánum viðvíkur á þeirri forsendu að þar séu annars vegar gjaldeyrissparandi framkvæmdir með tilliti til hinnar rándýru olíu sem innlendir orkugjafar eiga að leysa af hólmi. Ekki verður því andmælt.

Ekki verður því andmælt heldur að við gerum ekki allt í einu. Við getum ekki í einu haft marga forgangsmálaflokka í gangi sem við spörum lítt til hvað fjármagnsveitingar snertir. En einhvern tíma hlýtur þó að koma að því að eitthvað dragi úr hinni geipilegu fjármögnun orkumálanna. Og hversu oft hefur ekki verið bent á það, að lagning varanlegra vega þýðir stórkostlegan sparnað bæði að því er snertir viðhald vegakerfisins og endingu bifreiða, og hver skyldi treysta sér til að mæla með því sem framtíðarskipan að við eyðum 400—500 millj. kr. árlega í að moka snjó af vegum um landið allt sem ekki hafa enn verið byggðir upp úr snjó? Þó að nokkuð hafi rofað til í efnahagsmálum okkar á síðasta ári með hækkuðu útflutningsverðlagi og batnandi viðskiptakjörum við útlönd, þá er þó enn þörf á strangri aðgát og aðhaldi í fjármálum ríkisins og opinberum framkvæmdum. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að það er ekki fyrst og fremst vegna þess að fjárframlög ríkisins til þessarar vegáætlunar séu of lág þegar á heildina er litið með tilliti til þess sem að framan er sagt, það er ekki vegna þess að ég lýsi óánægju minni með vegáætlunina sem við erum að ræða hér um. Óánægja mín og andmæli beinast fyrst og fremst að því hvernig áætlunin er upp byggð og hvernig staðið er að skiptingu þeirra fjármuna sem til skiptanna eru. Hér tel ég mig raunar komna að kjarna málsins ásamt því atriði sem ég dvaldi nokkuð við áðan um tekjuöflun til Vegasjóðs.

Ég tel að með því að taka inn á almenna vegáætlun lögbundna stóráætlun um Norður- og Austurveg sem tekur ásamt Borgarfjarðarbrú megnið af almennu vegafé, — ég tel að með því sé komið aftan að Alþ. og gengið þvert á yfirlýsingar hæstv. samgrh. og annarra þeirra er stóðu að löggjöfinni um áðurnefndan Norður- og Austurveg. Ég hef farið í gegnum umr. í þingtíðindum frá árinu 1974, í nóv. og des., þegar fjallað var um þetta mál. Frv. hljóðaði upphaflega upp á 1200 millj. kr. happdrættislán til Norðurvegar, en var breytt í meðförum n. í 2000 millj. kr. lán til Norður- og Austurvegar. Í ræðum 1. flm. frv., Eyjólfs Konráðs Jónssonar, og hæstv. samgrh., Halldórs E. Sigurðssonar, kom það skýrt og greinilega fram að þetta stórátak ætti ekki að skerða vegaframkvæmdir annars staðar á landinu. Á þetta hefur þrásinnis verið bent í þessum umr. Margir þm. aðir, þ. á m. ég og fleiri dreifbýlisþm., tóku þátt í þessum umr. og lýstu stuðningi sínum við frv. í trausti þess að staðið yrði við þessar yfirlýsingar, að önnur byggðarlög aðrir landshlutar mundu ekki þurfa

að líða fyrir að umrætt stórátak í vegamálum kæmist í framkvæmd. Hæstv. samgrh. komst m. a. svo að orði í þessum umr. og les ég þá beint upp úr þingtíðindum, nóvemberhefti 1974, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ánægjulegt og reyndar vitað að þm. hafa almennt áhuga á vegagerð, enda er hún eitt af mestu nauðsynjamálum okkar því að hún er undirstaða undir því að við getum haldið uppi byggð um landið allt og komið raunverulegri byggðastefnu í framkvæmd. Það þarf ekki orðum að því að eyða að það eru viðskiptin sem gera það að verkum að fólk flýr af þessum og hinum stað. Það er flutningur á framleiðsluvörum bænda og annarra, er búa úti á landsbyggðinni, neytendanna, og það er líka flutningur á vörum sem hér hefur verið skipað upp og héðan fara til þeirra aftur. Það þarf ekki orðum að því að eyða að það þarf að vinna að gerð vega um allt land, því að þótt mikið hafi verið gert er mikið ógert."

Ég efast ekki um að hæstv. ráðh. Halldór E. Sigurðsson hafi mælt þessi orð af heilum hug í nóv. 1974 þótt svo dapurlega hafi til tekist að *vegáætlun 1977—1980 gangi ónotalega í berhögg* við ræðu hans og fleiri ábyrgra manna á Alþ. Ég veit að hæstv. samgrh. einn saman er hér ekki um að saka hvernig til hefur tekist, þar á ríkisstj. öll að sjálfsögðu sinn hlut að máli. Og ég veit að fyrsti flm. og upphafsmaður þessa lagafrv. um Norður- og Austurveg, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, er litlu ánægðari en ég er í dag og að þessi þróun mála var alls ekki það sem fyrir honum vakti.

Ég hef rætt hér nokkuð um vegáætlun almennt án þess að fjalla um einstaka liði hennar. Ég er þegar orðin langorðari en ég hafði ætlað mér í upphafi. Ég get þó ekki lokið máli mínu án þess að minnast fáeinum orðum á skiptingu fjárveitinga milli hinna einstöku kjördæma.

Ég veit að þm. landsbyggðarinnar eru allir óánægðir með sinn hlut, sérstaklega með það hve naumt er skammtað til þjóðbrautanna, hinna eiginlegu byggðavega sem daglegar samgöngur fólksins til sjávar og sveita innan byggðarlaganna byggjast á. Ég fæ ekki betur séð með tilliti til þess, hve litlu við höfum úr að spila til vegaframkvæmda nú, að þá sé títt umtöluð lagasetning um Norður- og Austurveg, svo nauðsynleg og æskileg sem sú mikla framkvæmd er, orðin til stórra vandræða sem ekki er séð fyrir endann á verði ekki brugðið á einhver betri ráð en nú er gert til fjármögnunar almennra vegaframkvæmda.

En ég ætla aðeins, áður en ég lýk máli mínu, að minnast á skiptinguna milli kjördæma, þótt ég eigi það auðvitað á hættu að verða ásökuð um skæklatog og hreppapólitík ef ég minnist á þarfir eigin kjördæmis. En hvað um það, þá hlýt ég að vekja athygli hv. þm. á þeirri staðreynd, að samkvæmt sannreyndum tölum frá Vegagerð ríkisins um hlutfallstölu kjördæmanna í vegafé á árunum 1965—1976 eru Vestfirðirnir þar næstlægstir með 10.2%, Vesturland var þá 0.7% lægra. En í ár lækkar hlutfall Vestfjarðanna enn í 10.1% og er nú enn næstlægst á eftir Reykjaneskjördæmi sem hin 11 árin, sem ég tiltók, hafði hlutfallið 28.8%. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á og taka það fram, að í þessari prósenttölu til Vestfjarðakjördæmis frá árunum 1965—1976, þ. e. 10.2%, er allt það fé sem fór til Vestfjarðaáætlunar, eða að svo miklu leyti sem unnið var samkvæmt þeirri áætlun á þessum árum, sem mundi þá sennilega vera árin 1965, 1966, 1967 og 1968. Það hefur nefnilega oft verið vitnað til þess hve Vestfirðir hafi haft mikinn forgang meðan Vestfjarðaáætlunin var í gangi, og það er fróðlegt að fá þetta fram nú. Ég tel mig hafa öruggar heimildir fyrir þessum upplýsingum.

Það er stundum haft á orði að það sé allt að því fráleitt að bera saman hlut kjördæma í vegaframkvæmdum eftir prósentu. Það kann vel að vera rétt. En höfum við einhverja aðra trúverðugri aðferð til viðmiðunar og mats á því hvað hæfilegt er og sanngjarnt þegar skipting vegafjár er annars vegar? Alls staðar, um landið allt nema á svæðinu hér í kringum Reykjavík, bíða óþrjótandi verkefni í vegagerð og þá auðvitað tvímælalaust mest í þeim landshlutum sem landfræðilega eru erfiðastir. Enginn vafi getur leikið á að þar verða Vestfirðir og Austurland efstir á blaði.

Hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, sagði í umr. sem ég hef áður vitnað til um Norður- og Austurveg, í niðurlagi einnar ræðu sinnar, orðrétt upp úr þingtíðindum, með leyfi forseta:

„Það er eðlilegt, þegar um fjármuni er að ræða og hagsmuni heilla byggðarlaga, heilla landsfjórðunga, að þá verði að því spurt hvað sé sanngjarnt, hvað sé réttlátt og á hvern hátt þær fjárhæðir, sem aflað er, komi að sem bestum notum. Ég er vongóður um að það sjónarmið verði nú ráðandi hér í hv. Alþ."

Hafi hv. þm. Ingólfur Jónsson heill mælt. Þessi orð eru eins og töluð út úr mínu hjarta, og ég geri ráð fyrir að þegar hann mælti þessi orð hafi hann átt við öll kjördæmi landsins, en ekki aðeins eigið kjördæmi. Það tel ég mig nokkurn veginn örugga um.

En það er ekki einungis að Vestfirðir verði illa úti á vegáætlun á yfirstandandi ári. Ekkert af þeim aðkallandi stórverkefnum, sem þar bíða, á við Oddsskarð á Austurlandi, Borgarfjarðarbrú á Vesturlandi, að ekki sé minnst á Norður- og Austurvegsframkvæmdirnar upp á 2000 millj. kr. á næstu 4 árum, — ekkert af þessum stórframkvæmdum, sem brýnastar eru á Vestfjörðum, er fært á blað í þessari vegáætlun nema ef nefna mætti 43 millj. yfir torfæra hálsa í Austur-Barðastrandarsýslu og 55 millj. kr. í brúargerð yfir vöðin í botni Önundarfjarðar, hvort tveggja á árinu 1979.

Breiðadalsheiðin, sem við þm. Vestf. höfum þráfaldlega gert að umtalsefni hér í þingsölum í vetur, er lokuð og algjör faratálmi allajafna um helming ársins. Hún einangrar gersamlega norðurhluta Vestfjarða frá syðri byggðum landsfjórðungsins. Jarðgöng í gegnum háheiðina, sem mundu þýða lausn að nokkru leyti a. m. k. á þessu vandamáli, munu hafa mikinn kostnað í för með sér, en þó fjórum til fimm sinnum minni, að því er áætlað er, heldur en brúin yfir Borgarfjörð.

Það er heldur ekkert minnst á endurbætur á Óshlíðarveginum milli Ísafjarðar og Bolungar-

víkur sem nú orðið tels stórhættulegur til umferðar. Og það hefur víst alveg gleymst að eftir er að ljúka hringveginum í kringum Ísland með tengingu Djúpvegar við aðalvegakerfi landsins. Ekki er heldur nefndur á nafn vegur yfir Steingrímsfjarðarheiði, tiltölulega stuttur vegarspotti sem mundi gegna því mikilvæga hlutverki að tengja Strandasýslu öðrum byggðum Vestfjarða um Djúpveginn. Strandamenn una því að vonum illa og hafa gert lengi að vera þannig afskornir frá meginhluta kjördæmisins bæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti.

Ég vil í því sambandi, þegar ég tala um tengingu Djúpvegarins, geta þess að í umr. um Norður- og Austurveg á sínum tíma var beinlínis tekið fram í framsöguræðu 1. flm. frv. að gert væri ráð fyrir 270 millj. af fé til Norður- og Austurvegar *til þess að vinna að tengingu* Vestfjarða við aðalvegakerfi landsins. Ég hef hvorki í fyrra né nú í ár séð örla á þessari fjárveitingu eða broti af henni til þessa verkefnis.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um Vestfirði. *Ég veit að þm. úr öllum kjördæmum geta talið* upp fjöldamörg brýn verkefni sem þeim liggja á hjarta. En mér er nær að ætla að flest þeirra skipti ekki jafnmiklum sköpum fyrir samgöngur í þeirra kjördæmum og þau verkefni sem ég hef hér nefnt sérstaklega að því er varðar Vestfjarðakjördæmi. Ég held að við hljótum, Vestfjarðaþm., í trausti þeirrar yfirlýsingar sem ríkisstj. hefur gefið nú nýverið, að vænta þess að verkefni eins og Breiðadalsheiðin verði tekið inn á vegáætlun, þegar sú áætlun, sem nú liggur hér fyrir, verður endurskoðuð, og mér skildist á hæstv. samgrh. að það yrði jafnvel á næsta ári. Ég vil bæta því við og minna á að Breiðadalsheiðin gegnir ekki aðeins mjög veigamiklu hlutverki að því er varðar landssamgöngur, heldur gæti hún orðið veigamikill þáttur í því að skapa meira öryggi í flugsamgöngum við norðurhluta Vestfjarða heldur en nú er.

Um brtt. þær við vegáætlun, sem fyrir liggja frá hv. meiri hl. fjvn. um heimildir til verktakalána upp á 400 millj. kr., vil ég segja það, að mér finnst þær í rauninni harla lítil sárabót og lítt traustvekjandi með reynslu af slíkum verktakalánum áður. Og tillögum um skerðingu á framlögum til viðhalds vega, sem undanfarin ár hefur verið í algjöru lágmarki, hlýt ég að mótmæla.

Ég harma það í einlægni sagt, að sú vegáætlun, sem hér er verið að afgreiða frá Alþ. eftir nýjum vegalögum, skuli úr garði gerð eins og raun ber vitni, ekki síst vegna þess að ætla má þar sem nú er verið að afgreiða fyrstu vegáætlun eftir nýjum vegalögum, að þá sé hún að vissu leyti stefnumótandi. Hún felur í sér stefnumótun að mínu mati sem ég er ekki samþykk, og *mun ég því ekki taka þátt í afgreiðslu* þessarar vegáætlunar nú. Ég vona og treysti því að hæstv. ríkisstj. með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar í samgöngumálum, sem ég veit að hefur gert og gerir sitt besta til þess að ná fram hlut vega*mála sem skaplegustum*, — *ég vona að* þessi áætlun, sem liggur nú fyrir, eigi eftir að taka breytingum þegar á næsta ári, að það finnist leiðir til þess að auka tekjur til Vegasjóðs. Því er það að ég mun sitja hjá við atkvgr. um þessa vegáætlun með sýnu jákvæðari og mildari hug en áður en ég heyrði yfirlýsingu hæstv. samgrh.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hv. þm. Geir Gunnarsson hefur þegar gert það rækilega grein fyrir minnihlutaáliti okkar að það er í raun og veru fáu við að bæta, nema viss sératriði sem *ég vildi hér koma* að.

Ég hlýt að taka undir með honum að harma og víta um leið þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í fjvn., þar sem okkur var stillt upp fyrir gerðum hlut í lokin, og það því fremur sem ég hef ekki síður litið á mig í fjvn. sem fulltrúa Austurlandskjördæmis en fulltrúa Alþb. Þá var vissulega gremjulegt að fá ekki tækifæri til þess við umr. í n. að fjalla um það hver hlutur Austurlands í heild yrði. Það var aðeins í lokin spurt um hvort við hefðum einhverjar athugasemdir fram að færa. Þegar þær komu fram og við spurðum hvort einhverju væri hægt að hagga, þá var því neitað og allt varð óhreyft.

Ég lét í fjvn. bóka tvö atriði sem ég mótmælti alveg sérstaklega: Annars vegar því, að Austurlandsáætlun skyldi að öðru leyti en því, sem tók til Oddskarðs, algjörlega felld brott, en hún átti fullan rétt á sér samkv. nýjum vegalögum innan ramma vegáætlunarinnar og átti þess vegna þar að standa, miðað við það að hér var um áður umsamda verkþætti að ræða sem ekki var lokið við. Í öðru lagi lýsti ég mig ósamþykkan þeirri prósentu sem Austurlandi var úthlutað í þjóðbrautarflokknum. Þar var um minnkun að ræða úr 16% í 11% og því við borið að þessi flokkur vægi nú minna en áður hefði verið hjá okkur, vegalengdirnar hefðu minnkað frá landsbrautaflokknum áður og því væri eðlilegt að þessi prósenta minnkaði. Þá hefði auðvitað verið næst okkur að spyrja: Hvað þá um aukninguna í stofnbrautaflokknum ef við lækkuðum í þjóðbrautaflokknum? Sú aukning sást vitanlega hvergi. Það var greinilegt að vegalögin voru túlkuð til hins ítrasta varðandi þjóðbrautirnar, en allt öðruvísi gagnvart stofnbrautunum, og það harma ég mjög, vegna þess að þegar við vorum að starfa í vegalaganefndinni gekkst ég m. a. inn á þá lausn, sem þar var fallist á í lokin sem málamiðlunarlausn, vegna þess að ég áleit að t. d. okkar kjördæmi mundi þar með öðlast í þeim stóra flokki aukna hlutdeild miðað við það sem áður hafði verið, það var í raun og veru beinlínis gefið í skyn, með tilliti til þess að Austurland hafði ekki áður verið með í uppskiptingu yfir 50% vegafjárins, þ. e. a. s. *hraðbrautafjárins í heild. Þetta urðu mér þess vegna* þeim mun meiri vonbrigði, að við skyldum í engu fá aukna hlutdeild í þessum flokki þegar þjóðbrautaprósenta okkar var minnkuð úr 16% í 11%.

Meginmál þessarar vegáætlunar er auðvitað, eins og þegar hefur verið komið inn á, allt of lítið fé, of lítið til að skipta, og sú tilfærsla, sem hér hefur orðið á, kemur niður á því sem áður var eins konar stolt þessarar áætlunar, þ. e. a. s. viðhaldinu, og skapar vitanlega enga lausn í þessum efnum. Það verður hins vegar að teljast undarlegt að tilboð stjórnarandstöðunnar um tekjuöflun skyldi ekki skoðað betur en raun ber vitni. Það virðist þrátt fyrir yfir-

lýsingar nú að það hafi ekki verið nú á þessum vordögum ýkjamikill vilji til þess að kanna það ofan í kjölinn. Einhvern tíma hefði það verið gert. En hér mun um stefnu að ræða, stefnu sem m.a. birtist okkur í leiðara Morgunblaðsins s. l. sunnudag og ég vík e. t. v. að síðar.

Tvennt hefur komið fram í sambandi við þessa vegáætlun nú sem á að milda hana nokkuð. Annars vegar eru verktakalánin. Um þau er það að segja, eins og hv. síðasti ræðumaður, Sigurlaug Bjarnadóttir, kom inn á, að þau hljóta auðvitað að vera meiri og minni blekking. Það er ekkert um þau vitað, og það er viðurkennt m.a. í mínu kjördæmi að hér sé víðast um tölur út í bláinn að ræða. Og síðan þarf svo að greiða þessi verktakalán af næsta árs fjárveitingu.

Hins vegar er sú yfirlýsing sem hæstv. ráðh. gaf áðan um endurupptöku í haust. Við skulum vona að það verði meira að marka þessa yfirlýsingu heldur en þær yfirlýsnigar sem í fyrra voru bæði beint og óbeint gefnar út með bráðabirgðavegáætluninni þá, enda er þessi yfirlýsing nú ákveðnari að vísu og svo það, sem kannske mestu máli skiptir, að næsta ár er kosningaár, og kann vel að vera að það bjargi málinu og eitthvað verði gert í alvöru vegna þess að menn þurfa að standa reikningsskil gerða sinna á næsta ári. En ég dreg þessa yfirlýsingu nokkuð í efa, vona þó hið besta því vissulega er hér full þörf á, og hefði betur verið farið að tilboði okkar í stjórnarandstöðunni um að athuga þetta mál nú þegar og gera eitthvað í því. En ég geri mér ekki allt of miklar vonir um þetta heldur af þeirri ástæðu, að stefna þessarar ríkisstj. í byggðamálum virðist nú, sbr. Morgunblaðsleiðarann sem ég minntist á áðan, einmitt vera að færast enn meira í samdráttarátt hvað landsbyggðina snertir. Ég tek hann sem lýsandi dæmi hér um.

Ég vildi aðeins víkja að Austurlandi sérstaklega þó ég skuli ekki vera þar langorður. Um vanefndirnar á Austurlandsáætlun er ekki margt að segja. Við vissum það fyrir að þar kom Oddsskarðið aðeins eitt inn í — og skárra hefði það nú verið ef það verkefni hefði líka verið af okkur tekið! En þannig var frá þessum málum gengið, þannig var um þessi mál samið á sínum tíma, að hér hlýtur að vera um í raun og veru algjör svik og brigðmæli að ræða, að þessi áætlun skuli ekki halda sér til þessara tilteknu verkþátta.

Við eigum mörg verkefni eftir á Austurlandi, eins og hér var verið að ræða um áðan á Vestfjörðum. Ég minni á þann flöskuháls, sem nú er á leiðinni hingað suður að austan um Lónsheiðina, og það sérátak sem vissulega þarf að gera til þess að losa okkur við þann flöskuháls. Það er rétt, hefði happdrættisfé í Norður- og Austurveg komið til skila á eðlilegan hátt, þá hefði það getað þarna miklu bjargað og sennilega öllu bjargað. En vegna þess hvernig með það er farið, þá kemur það vitanlega ekki okkur til góða, síður en svo. Og það mun að því vikið síðar hve hörmulega í raun við erum leiknir varðandi þetta sérstaka fé eða þetta sérstaka fjármagn. Það átak verður ekki gert án sérstaks átaks, án sérstaks lánsfjár eða tekjuöflunar. Hér er um það dýrt verkefni að ræða. Við höfum nú tekið um það ákvörðun að gera þarna tilraun með vetrarveg og eftir er að sjá hvernig það tekst.

Það þarf ekki að minna á einangrun vissra byggðarlaga yfir veturinn. Neskaupstaður hefur lengi verið í hinni miklu einangrun, og Oddsskarð er vissulega mikil lausn á því. En við skulum ekki gleyma því, að vegurinn sinn hvorum megin er ógerður að mestu. Seyðisfjörður er í mikilli einangrun, og það er ekki fyrr en á seinasta ári í raun og veru, seinasta ári áætlunartímabilsins núna, sem þar á að gera sérátak. Og Vopnafjörður er enn í sinni miklu einangrun og vantar enn þá tilfinnanlega sérátak til þess að gera sæmilegan sumarveg yfir Hellisheiði til Vopnafjarðar af Héraði, því að það er það sem vopnfirðingar kjósa eðlilega, að ná góðu sambandi við Austurland með þeim hætti. Þetta verkefni ásamt ýmsum fleirum urðum við gjörsamlega að láta eiga sig í þingmannahópi Austurlands, m.a. hinar hrikalegu Kambanesskriður, ruðningsveg, sem þar liggur um og enn er í raun og veru ólokið að gera akfæran. Þannig mætti vissulega lengi telja. Og ég minni enn þá á sveitavegina, vegina í sveitunum sem voru lækkaðir núna með prósentuskiptingu úr 16 í 11. Þessir vegir eru svo slæmir að þeir standa í vegi fyrir réttu skipulagi á landbúnaðarframleiðslu í heilum héruðum austur þar, þ.e.a.s. að bændur í héruðum, sem miklu betur eru fallin til mjólkurframleiðslu heldur en til sauðfjárframleiðslu, neyðast til þess samgangnanna vegna að stunda það sem síður skyldi. Við gerðum að vísu tilraun til þess að færa frá stofnbrautunum lítils háttar til þessara þjóðbrauta nú til þess að bjarga mestu neyðinni, en vissulega þarf í þessum vegum að gera alveg sérstakt átak, svo sem ég hef áður flutt till. um. Þar kemur auðvitað fleira inn í en skipulag landbúnaðarframleiðslunnar á þessu svæði. Þar koma inn í vitanlega menntamálin, félagsmálin og ýmislegt annað.

Ég sagði áðan að það hefði verið gerð hér svo rækileg grein fyrir þessu máli af hálfu hv. þm. Geirs Gunnarssonar að litlu væri við að bæta. Það ber hér allt að sama brunni. Það skortir fé til þessara framkvæmda. Samdrátturinn í þessum þýðingarmiklu framkvæmdum er gífurlegur og við hljótum að ætla að hér sé um beina stefnumörkun í byggðamálum að ræða. Og mér þykir það býsna mikið tímanna tákn, að þessa daga, afgreiðsludaga vegáætlunarinnar, kemur leiðari þess blaðs, sem mestu ræður um stjórnarstefnuna, með sannleikann ómengaðan, segir meira um stjórnarstefnuna í raun heldur en allt annað, og er vissulega ástæða til þess að vitna í lokin í nokkur gullkorn úr þessum leiðara, með leyfi hæstv. forseta. Það er fullyrt með mikilli skelfingu í leiðara blaðsins 27. mars: „Byggðajafnvægi er að raskast á hinn veginn.“ Og þar segir: „Hitt er svo annað mál, að nú má spyrja hvort byggðajafnvægi sé e.t.v. að raskast á ný og þetta sinn halli á hinn veginn, að svo halli á höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin í ýmsum efnum að gera þurfi ráðstafanir til þess að rétta hlut íbúanna á þessum svæðum.“ Og svo segir hér í harmþrungnum tón: „Á undanförnum árum hefur verið lögð svo rík áhersla á atvinnuuppbyggingu úti um land, að hallað hefur verulega á höfuðborgarsvæðið og Suður-

nes.“ Harmstónninn í þessu leynir sér ekki. Það var ægilegt að ráðist skyldi í hina miklu atvinnuuppbyggingu úti á landsbyggðinni þar sem allt var í raun og veru að leggjast í auðn í lok viðreisnartímabilsins. Og síðan segir áfram, með leyfi forseta: „Áhrif þessa misvægis í atvinnuuppbyggingu á lífskjör fólks hafa ekki látið á sér standa.“ Það er þokkalegt eða hitt þó heldur. Lífskjörin hafa sem sagt batnað úti á landsbyggðinni. Og það er hætta á þessu, er sagt. „Það er nú samdóma álit þeirra, sem hafa atvinnurekstur með höndum, að fólk á landsbyggðinni hafi mun meira fé handa á milli en íbúar höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja.“ Ja, þvílík ósköp og skelfing! Og spurningin er nú auðvitað um það, hvernig þessi niðurstaða er fengin, hversu rétt hún er, og svo hins vegar, hvernig þetta fólk úti á landsbyggðinni hefur fengið þetta fé handa á milli með sinni gífurlegu yfirvinnu. Og vafalaust er verið að vitna í loðnuvertíðina núna sem dæmi um árstíðabundna atvinnu. Og meira er sagt í þessum ágæta leiðara sem ég veit að þeir framsóknarmenn hafa lesið með mikilli athygli og eflaust aðdáun einnig. Þar segir: „Enda sýna tölur að á sama tíma og tekjuaukning á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 1975 til 1976 er milli 30 og 40% er hún víða á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi milli 50 og 100%.“ Það er ekki verið að tala um tekjurnar, hverjar þær séu, tekjurnar hjá þessu fólki, heldur tekjuaukninguna. Viðmiðunin var lág frá árinu áður vegna þess að landsbyggðin var smám saman að rétta úr kútnum eftir þá uppbyggingu sem vinstri stjórnin beitti sér fyrir, og það er óskaplegt að dómi Morgunblaðsins að þessi tekjuaukning skuli hafa átt sér stað úti á landsbyggðinni. Síðan segir í þessum leiðara áfram: „Sjálfsagt má rekja mörg fleiri dæmi um það, að jafnvægi í byggð landsins er að raskast á þennan veginn. En nú er óhjákvæmilegt að stjórnvöld beini athygli sinni að þessum vandamálum suðvesturhornsins.“ Örlítil huggun kemur þó hér í lokin: „Íbúar landsbyggðarinnar mega undir engum kringumstæðum taka þessar athugasemdir sem vísbendingu um að amast sé við uppgangi í atvinnulífi og lífskjörum á landsbyggðinni.“ Það er rétt, það er dálítið erfitt að fara að selja eða sökkva togurunum sem voru fengnir út á landsbyggðina. Það er von að mörgum aðilum finnist það. „En þeir verða að gera sér grein fyrir því, að íbúar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, sem með skattgreiðslum sínum hafa að verulegu leyti staðið undir fjárfestingum úti um land, eiga líka sinn rétt og verða ófáanlegir til þess að halda áfram ef svo mjög hallar á þeirra hlut eins og nú sýnist stefna í.“

Þetta er lýsandi dæmi um það, hver stjórnarstefnan er nú, og það er alveg rétt, þessi vegáætlun, sem við erum nú að afgreiða, er merkur áfangi að því marki sem Morgunblaðið er hér að tala um, mjög merkur áfangi, og það má óska þeim hv. stjórnarsinnum til hamingju með þennan áfanga.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara langt út í almennar umr. um þetta mál. Ég býst við að ég gæti sagt ýmislegt í svipuðum dúr og síðustu hv. ræðumenn. Ég gæti talið upp ýmsa vegi í minu kjördæmi sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi. En ég veit og viðurkenni að hér er úr mjög litlu fé að spila miðað við það mikilvæga og fjölþætta viðfangsefni sem við er að glíma. En vonandi hefur yfirlýsing hæstv. samgrh., sem hann hafði yfir hér áðan, hresst einhverja af þeim mönnum sem um þessi mál fjalla.

En það er háttur þm. að minna á brtt. sínar, þó þeir fari ekki langt út í að skýra almenn viðhorf. Á þskj. 363 er brtt. sem ég hef flutt við þessa þáltill. ásamt hv. 2. þm. Vesturl. Þessi till. hnígur í þá átt að lítillega sé breytt flokkun vega, þar sem um er að ræða þjóðvegi eftir kjördæmum. Það er vegur nr. 568 í Vesturlandskjördæmi sem nefndur er Skógarnesvegur. Honum er lýst svo í núgildandi vegáætlun að hann liggi af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum. Þar er hann látinn enda. Það hefur hins vegar verið talið sjálfsagt af þeim mönnum, sem gerst þekkja til á þessum slóðum, að þessi vegur verði látinn ná lengra en nú er eða eins og áður var, þ. e. a. s. að till. hnígur nánast í þá átt að lýsa þessum vegi á sama hátt og gert var löngum áður fyrr, þ. e. a. s. að þetta verði hringvegur sem liggur af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði um Hömluholt, Hausthús, Syðra- og Ytra-Skógarnes, Miklholt og Litlu-Þúfu á Ólafsvíkurveg hjá Stóru-Þúfu. Lengd vegarins, eins og honum er nú lýst, er 2.8 km, en ef hann verður lengdur að því marki sem ég gat hér um, þá lengist hann að vísu upp í 14.8 km. Þar af er góður vegur 5.8 km, ófullnægjandi vegalagning 3.6 km og slæmur vegur 5.3 km.

Það er ekki farið fram á sérstaka fjárveitingu í þennan veg nú, heldur aðeins að honum sé lýst á réttan hátt að dómi okkar heimamanna og miðað við þá lýsingu nú og framvegis. Og brtt. þessi er flutt samkv. ítrekuðum samþykktum og óskum sýslunefndar snæfellinga. Vænti ég þess að hv. alþm. telji sér fært að samþ. þessa brtt.

Sigurður Magnússon: Forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í almennum umr. um þá þáltill. sem hér liggur fyrir um vegamál. Ég ætla fyrst og fremst að tala fyrir brtt. er ég hef flutt ásamt fleiri þm. og liggur fyrir á þskj. 426, en ég get nú stytt mál mitt um hana mikið vegna þeirra yfirlýsinga sem hæstv. samgrh. hefur haft hér frammi í umr. varðandi þessa brtt., og vík ég að því aðeins á eftir.

Við flm. þessarar brtt., sem erum úr öllum flokkum, þm. Reykv., ákváðum að flytja hana eftir að okkur hafði borist erindi frá fulltrúum samstarfsnefndarinnar um fólkvang sem sveitarfélögin á þéttbýlinu hér standa að og nýlega barst okkur, þar sem vakin var athygli á ástandi þess vegar sem um ræðir. Vegur þessi var lagður 1972, 11 km langur vegur upp í Bláfjöll, og einkum að því stefnt með lagningu hans að skapa möguleika á aðstöðu til útivistar fyrir fólkið hér í þéttbýlinu, svo sem til skíðaiðkana. Síðan 1972 hefur ekki verið varið neinu fé í þennan veg af hálfu ríkisins eða Vegagerðarinnar, þrátt fyrir það að með tilkomu vegarins hafi umferð um þetta svæði aukist mikið og mannvirkjagerð verið mikil, svo sem í skíðamannvirkjum. En segja

má að umferðin sé orðin það mikil um þetta svæði, einkum á fridögum að vetri til þegar viðrar til skíðaiðkana, að hættuástand hafi skapast á veginum, og hafa þessir aðilar, sem að fólkvanginum standa, haft af þessu þungar áhyggjur. Og þetta útivistarsvæði fólksins hér í þéttbýlinu er einnig mikið sótt og jafnvel langt að, þannig er mikið um að skólafólk úr skólum hér austanfjalls sæki þetta skíðasvæði á vetrum á vegum skóla sinna og sama gildir einnig um skóla hér vestanlands.

Hugmyndir eru uppi um miklar framkvæmdir á þessu svæði af hálfu sveitarfélaganna, sem að fólkvanginum standa. M. a. hefur verið talað um að framlengja þennan veg suður í átt til Hafnarfjarðar og opna þar með nýja samgönguleið sem gerði alla umferð um þetta svæði miklu öruggari. Á prjónunum eru einnig framkvæmdir við gerð bílastæða á þessu skíðasvæði til þess að greiða fyrir umferð um svæðið. Og samstarfsnefndin hefur nú þegar áformað að leggja milli 40 og 50 millj. kr. í framkvæmdir á þessu svæði og einar 20 millj. af þeirri upphæð til vegabóta.

En sem sagt, vegna þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. samgrh. flutti hér áðan, tel ég ekki ástæðu til að tala fyrir þessari till. sérstaklega. Það kom fram í máli hans að hann hefur þegar í viðræðum við vegamálastjóra ríkisins tryggt, að á yfirstandandi ári verði veittar 3 millj. kr. til þessa vegar og hann vildi stuðla að því að í framtíðinni yrði tryggt að vegur þessi kæmi að fullum notum. Jafnframt lagði hann til að við flm. þessarar brtt. drægjum hana til baka. Í trausti þess, að þessi yfirlýsing samgrh. sé jafngildi þess að Alþ. samþ. þetta mál, og jafnframt, að tryggt sé að áfram verði veitt fé til vegarins til viðhalds honum í öryggisskyni, þá mun ég beita mér fyrir því að þessi till. verði dregin til baka.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til að fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. samgrh. gaf hér áðan fyrir hönd ríkisstj., einkum þó þeim þætti hennar sem fjallar sérstaklega um Norðurveg og Austurveg.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm., sagði áðan, að auðvitað hefur það hvorki glatt mig né aðra flm. frv. um Norðurveg og Austurveg, að framkvæmdir samkv. þeim lögum hafa verið hægari en efni stóðu til og við vonuðumst til. Og ég veit að þm. allir, sem svo til allir stóðu raunar að samþykkt þess frv., — að þm. allir telji að því miður hafi ekki miðað nógu hratt áfram, og hygg ég kannske að það bryggi hæstv. samgrh. meira en nokkurn annan. Við verðum einu sinni að horfast í augu við það, að við höfum lifað erfiðleikatímabil undanfarin ár og þess vegna hafa framkvæmdir á þessu sviði verið minni en við öll hefðum viljað, og vissulega harma ég það mjög.

Hitt er svo annað mál, að þegar það spurðist út að sú hugmynd hefði vaknað í hv. fjvn. og hjá yfirvöldum vegamála að skerða fé samkv. lögunum um Norðurveg og Austurveg, þá gat ég ekki a. m. k. sætt mig við það. Í fyrravor horfðu mál svo illa að erfiðlega gekk að koma saman vegáætlun, og þá varð um það víðtækt samkomulag að lánaðar yrðu af fjármagni Norðurvegar og Austurvegar 350 millj., en einungis framkvæmt fyrir 150 millj. kr. Við höfðum auðvitað allir gert okkur vonir um að þetta fé yrði endurgreitt nú á þessu ári og til framkvæmda kæmi með því fjármagni. Því miður er ekki ljóst að svo geti orðið. Og sérstaklega var höfð hliðsjón af því við ákvörðun um einstakar fjárveitingar nú að Borgarfjarðarbrú væri á Norðurvegi, eins og það var kallað og túlkað, og má kannske til sanns vegar færa að svo sé, og þess vegna teknar um 300 millj. af þessu fé til þeirrar framkvæmdar eða er öllu heldur hugmyndin að gera. En nú hefur verið gefin um það yfirlýsing að féð verði endurgreitt og skili sér allt til þessara vegaframkvæmda, og í yfirlýsingu ríkisstj. segir einmitt að hún muni beita sér fyrir því, að lögin nái tilgangi sínum þótt nokkru seinna verði en til var ætlast, þannig að þetta fé komi til baka og verði þá notað við framkvæmdir við Norðurveg.

Fjármagnið — þriðjungurinn af heildarfjármagninu — það sem fer til Austurvegar er óskert, og skal ég ekki neitt öfundast yfir því. Það var gert um það samkomulag þegar þetta frv. upphaflega var flutt og fjallaði fyrst um Norðurveg einan. Það var gert um það samkomulag, sem naut viðtæks fylgis, að þriðjungur af þessu fé rynni til Austurvegar, og má kannske segja að eðlilegt hafi verið að þeir vildu ekkert eftir gefa af því. Og þó að við viljum ekki heldur, sem sérstaklega berum hag Norðurvegar fyrir brjósti, gefa neitt eftir, þá höfum við á það fallist að eitthvað verði dregið lengur en við vonuðum að endurgreiða það fé sem til vegarins á að fara. Ég er þó að gera mér vonir um að þegar fram á árið kemur muni menn sjá að hugsanlegt sé að verja eitthvað auknu fjármagni til Norðurvegar og þá sérstaklega á Holtavörðuheiði, sem kemur raunar til nota fyrir vestfirðinga líka, a. m. k. strandamenn og vonandi vestfirðinga alla, þegar samtenging kemur sem síðar verður. Um það vitum við ekkert í dag, hvort efnahagsástandið verður talið leyfa að fara í slíka framkvæmd umfram það sem nú er gert ráð fyrir á vegáætluninni.

Ég skal ekki fara langt út í að deila um hvort það sé yfirleitt löglegt að taka fé af Norðurvegi til Borgarfjarðarbrúarinnar. Ég held að það sé álitamál hvort svo sé. Í fyrsta lagi er það nú svo, að á vegáætlunum eru brýr sérgreindar alltaf. Að vísu er ein undantekning frá því, og það var á Skeiðarársandi. En þar var líka um sérstakt verkefni að ræða sem sérstök fjáröflun var til í einu lagi til brúa og vegar. Þar að auki er alveg ljóst að þegar að þetta frv. var fram lagt, þá hafði þegar verið tekin ákvörðun um Borgarfjarðarbrúna og veitt til hennar fé. Það kom aldrei til umr. hjá einum eða neinum að þetta fé yrði skert til þess að hrinda þeirri miklu framkvæmd af stokkunum sem Borgarfjarðarbrúin er. Ég er ekki að fjargviðrast yfir Borgarfjarðarbrúnni, hún þurfti að koma. Hún hefði kannske getað beðið eitthvað. En úr því að ráðist var í hana þá tel ég einmitt að þurfi að hraða henni, nákvæmlega eins og hæstv. samgrh. sagði, og ég hef ekki talið frágangssök að taka til hennar stórlán og stakk raunar upp á því að þegar á þessu ári yrðu þessar 300 millj.

teknar sérstaklega að láni til Borgarfjarðarbrúarinnar. En hinn hátturinn hefur verið valinn, að endurgreiða lánið til Norðurlandsvegarins skv. yfirlýsingu ríkisstj. Þar að auki er þess að gæta, að þegar samkomulag var gert hér í fyrravor, þá var enginn maður sem orðaði það að einn eyrir af þessu fé yrði tekinn til Borgarfjarðarbrúar. Auðvitað hefði þá ekkert samkomulag verið gert, vegna þess að enginn grundvöllur var þá fyrir samkomulagi því að féð hefði þá allt þangað farið, en ekki í veginn eins og til var ætlast. En yfirlýsing ríkisstj. er ótvíræð að því leyti, að hún miðar að því að lögin nái tilgangi sínum. Tilgangur laganna var frá upphafi sá, að byggja upp þennan meginveg milli Norðurlands og Suðurlands, og síðan bætt inn í frv. Austurveginum. Þegar undirbyggingu væri lokið yrði hafist handa um að leggja þennan veg bundnu slitlagi. En fyrst og fremst átti að byggja þennan meginveg upp.

Það er rétt sem samgrh. sagði, að óbeint hafa þessi lög auðvitað komið að notum, því að hluti af lánsfénu hefur farið til að vinna verkefni eins og t. d. þau sem hann nefndi: Hrútafjarðarháls, Holtavörðuheiði — var í það verkefni reyndar bein fjárveiting af happdrættisfé, Öxnadalsheiði, í Skagafirði, út frá Blönduósi og víðar, og það ber auðvitað ekki að vanmeta, þó að hitt sé rétt, að miklu seinna hefur gengið en við öll vonuðumst til. En aðalatriðið er það, að við þetta get ég fyrir mína parta unað og vona að aðrir þeir, sem að frv. stóðu á sínum tíma og veittu því fylgi sitt, muni líka við það sætta sig miðað við aðstæður eins og þær eru. Hitt hefði ég ekki getað sætt mig við, að þetta fjármagn hefði verið skert, og hefði þá jafnvel fremur kosið þann kost, sem hv. þm. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm., nefndi, þ. e. hreinlega að afnema lögin ef þau þjónuðu ekki þeim tilgangi sem þeim var ætlað. Ef fólk var látið kaupa skuldabréf, sem boðin voru út til sérstakrar framkvæmdar, en síðan væri fénu varið til annarra framkvæmda, var verið að blekkja menn. Það er sök sér að lána fé þegar erfitt er um fjárhag hjá ríki og Vegasjóði, en hitt hefði ég ekki getað sætt mig við, að flytja fé í Borgarfjarðarbrú. Ég held, að það sé sanngirnismál að leysa þetta á þann veg sem hæstv. samgrh. hefur nú greint frá og ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir. Ég mun sætta mig við það og vona að þingheimur allur geri svo.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað að taka þátt í þessum umr. sem eru óneitanlega keimlíkar umr. um fjárlög á undanförnum árum, þó að mér finnist persónulega að kevrt hafi um þverbak hvað snertir hinar sífelldu umræður um byggðastefnu- og byggðajafnvægismál nú á hinum síðari árum. Það er stundum sagt — að vísu á það að vera í gamantón — að það virðist svo við þessar umr., bæði um vegalög og fjárlög, að reykvíkingar eigi engan mann á þingi. Enda sést, þegar skoðuð eru þingskjöl bæði í mæltu og rituðu máli, að meginhluti starfstíma þingsins fer í það skæklatog sem er á milli hinna ýmsu kjördæma um það, hvort þessi vegarspottinn eða hinn, þessi brúin eða hin skuli gerð nú eða næsta ári. Til þessa fimmta hluta þingmanna, a. m. k. 17 af 60 þingmönnum sem eru þm. Reykv., heyrist ákaflega lítið í þessari eilífu baráttu. Það er eðlilegt að þeir, sem fylgjast með, leggja það á sig að fylgjast með störfum þingsins, hafi það í gamantón að Reykjavík og reyndar Stór-Reykjavík, suðvesturhorn landsins, eigi nánast enga þm. Það er þess vegna ekki úr vegi að eytt sé örfáum mínútum til þess að segja frá því ástandi er ríkir á þessu svæði um þau efni sem er fjallað um í vegalögum, rétt eins og nauðsynlegt væri að undirstrika það við umr. um fjárlög.

Mér er tjáð af þeim, sem gerst til þekkja, að t. d. strætisvagnar Reykjavíkur, sem keyptir eru og reknir af skattfé reykvíkinga, að mestu notaðir af lægst launaða fólkinu í bænum vegna viðfeðmis bæjarins og nauðsynjar á að komast til og frá vinnu sinni, þeir séu reknir með halla þrátt fyrir mjög góða forustu forstjóra þessa fyrirtækis — halla sem er allverulegur þungi á baki reykvíkinga, þó að þeir aki aldrei einn metra út fyrir borgarmörk Reykjavíkur. Er þá ótalið það *slit sem reykvíkingar verða að bera á* götum sínum og vegum. Þessir sömu skattþegnar verða síðan að bera kostnað vegna viðhalds á götum sínum og vegum vegna aksturs annarra bifreiða eðlilegs aksturs bifreiða úr öðrum landshlutum. Er ekki kominn tími til þess að menn minnist þess, að Reykjavík og Stór-Reykjavík, þ. e. Suðurnesin, eru til og þurfi ekki að þiggja brauðmola, eins og nú er, af borðum landsbyggðarinnar og sætta sig við að bíta í það súra epli, eins og gerst hefur undanfarin ár, að taka við rekstri skipa sem fást ekki rekin eða landsbyggðin vill losna við, — hvort tveggja er þó staðreynd. Þetta sama fólk er í dag að berjast við að fá tryggingu fyrir 100 þús. kr. mánaðarlaunum, það mun vera meginuppistaða þess fólks sem þessa vagna notar og götur Reykjavíkur. Vegna lágra tekna sinna á það þess engan kost að eiga bifreiðar. En sömu menn geta svo talað um það í fullum alvöruþunga að héðan megi gjarnan koma óþrjótandi peningar til uppbyggingar vega annars staðar úti um hinar dreifðu landsbyggðir, og eru ekkert feimnir við að halda því fram.

Ég sagði áðan, ég skal ekki eyða í það löngum tíma að bera saman tekjur landsbyggðarmanna og annarra. Þeir eru síst ofsælir af sínum kjörum. Sjálfsagt þarf að skipuleggja betur nýtingu þeirra peninga, er til vegamála fara út um landsbyggðina, en það verður ekki gert með því að eyða meginhluta af starfstíma þingsins í þetta margnefnda skæklatog þingmanna landsbyggðarinnar.

Mér hefur skilist að fénu sé dreift of víða og komi að mun minni notum vegna þess hve framkvæmdir eru óskipulagðar, a. m. k. illa skipulagðar. Ég held að það væri nær fyrir þessa hv. þm. að snúa sér að því að skipuleggja betur nýtingu þess fjármagns sem mögulegt er að láta til vegaframkvæmda hverju sinni, á ég þar jafnt við viðhald vega og nýbyggingu, í stað þess að togast á um þessar brýr og þá vegaspotta sem á hverju ári er mögulegt að leggja. Þolinmæði reykvíkinga og suðurnesjamanna hvað þetta snertir er ekki óþrjótandi. Hún á sinn endi eins

og gjaldgeta þeirra, sem best sést á þeim halla sem ég áðan nefndi og er staðreynd, þrátt fyrir að því er talið er að bestu manna yfirsýn mjög hagkvæman rekstur Strætisvagna Reykjavíkur, þeirra nauðsynlegu farartækja sem engan veginn nota aðra en sína eigin vegi, þ. e. a. s. vegi sem lagðir eru fyrir skattfé reykvíkinga sjálfra. Það þarf því engan að undra, sem fylgjast með umr. hér á Alþ. og leggja það á sig að lesa mál manna og tillöguflutning, þó að það flögri að mönnum að tímabært sé orðið að gera landið að einu kjördæmi.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ef ég hefði ekki verið kvefaður og veikur í hálsinum hefði ég sennilega talað talsvert langt mál út af þessari síðustu ræðu. En ég skal ekki gera hana mjög að umtalsefni. Þó vildi ég gjarnan að sá hv. ræðumaður, sem var að ljúka máli sínu, rifjaði örlítið upp hvað hefur verið að gerast í vegamálum hérna að því leyti til sem þau koma reykvíkingum við ekki síður en öðrum. Hann hefur eflaust ekki orðið var við að það hafi verið steyptur og malbikaður vegur hér um Ártúnsbrekkuna og út frá Reykjavík í átt til Vesturlandsvegar. Hann hefur auðvitað ekki heldur orðið var við að það hafi verið malbikaður vegur frá Reykjavík í áttina til Suðurlandsundirlendisins um Hellisheiði. Hann hefur eflaust ekki heldur orðið var við að það hafi verið steyptur vegur hér milli Reykjavíkur og Keflavíkur og lagt í allmiklar vegaframkvæmdir sem reykvíkingar þurfa mjög á að halda, sem sagt út frá Reykjavík. Hann mætti t. d. skoða þá einföldu tölu, að á síðustu vegáætlun, — og ekki aðeins á þeirri síðustu, þær voru fleiri, — var varið rétt í kringum helmingi af öllu nýbyggingarfé vega í landinu í svonefndar hraðbrautir sem voru nálega allar hér á þessu svæði. Þeir, sem stunda skæklatog fyrir kjördæmi, eins og ég og aðrir fleiri, sem eru þm. landsbyggðarinnar, þeir eiga enga hraðbraut, fengu ekki eina einustu krónu af helmingnum af öllu vegafénu sem ráðstafað var hér í fyrra. Það skyldi þó ekki vera að sumir þm. reykvíkinga fylgdust ekkert með því hvað er verið að samþykkja fyrir þá og aðra þegar er verið að ganga m. a. frá vegáætlun. En hvað um það, af ýmsum ástæðum hef ég nú ekki tíma til að ræða frekar um þessa sérkennilegu ræðu sem mér fannst býsna skothend í þessu öllu saman. En ég vil segja hér nokkur almenn orð um afgreiðslu þessarar vegáætlunar.

Það, sem sérstaklega vekur athygli mína við afgreiðslu þessa máls nú, er það, að þegar þetta mál kom fram til fyrri umr. á þessu þingi urðu miklar umr. um þessa vegáætlun. Þm. úr öllum flokkum ræddu mikið um málið og nær allir lýstu yfir mikilli óánægju sinni með þessa vegáætlun og töldu enda flestir og þar allmargir úr hverjum flokki fyrir sig að í rauninni væri ekki hægt að standa að afgreiðslu málsins á þeim grundvelli sem áætlunin gerði ráð fyrir. Auk þessa komu svo fram tilboð frá fleiri en einum þm. og m. a. frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar um að menn væru reiðubúnir til þess að standa að því með ríkisstj. að afla Vegasjóði frekari tekna til að reyna að komast út úr þessu öngþveiti sem við værum komin í. Og ég hygg að þegar málið var sent til fjvn. til skoðunar hafi nær allir þm. búist við því, að eitthvað stæði til að gera til breytinga á þessari vegáætlun, því að það var bent á svo marga annmarka á málinu að ég a. m. k. skildi það þannig, að það hlyti að vera nokkuð samdóma álit manna að það hlyti að þurfa að taka þannig á afgreiðslu málsins að hér yrðu gerðar verulegar breytingar á.

En fjvn. hefur haft málið til athugunar í alllangan tíma og niðurstaða hennar liggur nú hér fyrir. Í stuttu máli sagt hefur niðurstaða hennar orðið þessi: Engin ný tekjuöflun. Áætlunin skal í meginatriðum samþykkt eins og hún var. Örlitlar tilfærslur sem raunverulega segja ekki neitt í sambandi við þá miklu óánægju sem hér kom fram við fyrri umr. Það á að hnika þar til minni háttar breytingum, sem í rauninni breyta engu um meginsvipinn. — Sú almenna óánægja, sem hér kom fram með tillögugerðina að því leyti til, að gert var ráð fyrir að fella niður hinar sérstöku vegáætlanir sem hafa verið í gangi, þ. e. a. s. Austurlandsáætlun, Norðurlandsáætlun, Djúpveginn, og svo allar umr. sem urðu um framkvæmdina á lögunum um Norður- Austurveg, það hefur ekkert tillit verði tekið til þessarar óánægju, sem þarna kom fram, og þeirra ábendinga, sem hér voru gefnar við fyrri umr. málsins. Það er alveg stigið yfir það þó að menn úr öllum flokkum hafi tekið undir þessar aðfinnslur. Allt kemur í sama búningi frá fjvn. og menn eiga aðeins að renna þessu niður. Það eitt fáum við svo í sambandi við afgreiðslu málsins, að þó að ýmsir stjórnarstuðningsmenn geti auðvitað ekki leynt óánægju sinni með afgreiðslu málsins og komi hér upp og segist sumir þeirra ekki geta tekið þátt í afgreiðslu málsins í þessum búningi og aðrir eru mjög óhressir, þá reyna menn þó að sætta sig við það að e. t. v. hafi þeir hresst eitthvað örlítið, segja þeir, við það að hæstv. ráðh. hafi gefið yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj. og svolítið líður þeim betur við þessa yfirlýsingu. Um hvað var svo þessi yfirlýsing?

Jú, í fyrsta lagi var hún um það, að sú vegáætlun, sem hér liggur fyrir, eigi í rauninni aðeins að gilda út þetta ár, það eigi að taka hana á nýjan hátt til endurskoðunar á næsta hausti, sem sagt ein vandræðaframlengingin enn sem menn hafa einmitt verið að glíma við að undanförnu vegna þess að menn sjá að það er í rauninni ekki hægt að standa að framkvæmd vegamála með þeim tekjum sem úr á að spila. Ég kalla þá góða sem hressast við að fá svona yfirlýsingu. Sem sagt: þetta er ómögulegt eins og það er, en það má kannske segja um ríkisstj. eins og sagt hefur verið, að það er kannske von á því að Eyjólfur hressist í þessum efnum, þó að ég efi nú að allir Eyjólfar hressist á þessu.

Hinn þáttur yfirlýsingarinnar var sá, að ríkisstj. hefði ákveðið að lýsa því yfir að hún vilji standa að framkvæmd laganna um Norður- og Austurveg þannig að lögin nái tilgangi sínum. Ja, Jesús minn, hugsa sér þetta, ríkisstj. hefur ákveðið að hún geti fallist á að framkvæma gildandi lög þannig að þau fái að ná tilgangi sínum! Það er nú annaðhvort að menn hressist við þetta! En ég verð að segja það, að ég þarf miklu meira

til í þessum efnum til þess að ég sætti mig við þessa afgreiðslu. Ég hressist ekkert við þetta ekki á nokkurn hátt, mér finnst að þetta sé í sömu sjálfheldunni og áður.

Auðvitað er kjarni málsins sá, að það er allt of lítið fé til vegamálanna í heild til framkvæmda. Það er kjarni málsins, það vita allir það, að þau þrjú ár, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft með vegamálin að gera, hefur hún verið að lækka fjárveitingar til vegagerðarmála jafnt og þétt, svona í kringum 25—30% á ári miðað við framkvæmdamátt fjárins, og þetta er komið í algjört óefni. En auk þess hefur svo Alþ. raunverulega og ríkisstj. bundið sig með sérstökum lögum og sérstökum samningum við tilteknar framkvæmdir í vegamálum sem auðvitað kosta peninga. Og ef á að standa við þau lög og þá samninga sem þar hafa verið gerðir, þá auðvitað er vandinn svo mikill að það er í rauninni engin leið að standa að framkvæmd vegáætlunar á þessum grundvelli — engin leið. Í þessu liggur vandinn. En hæstv. ríkisstj. hefur enn ekki fundið neina leið út úr þessu.

Ég fyrir mitt leyti harma þetta. Ég tel að hér séu menn í algjörum vandræðum. Það, sem mér hefur litist hvað lakast á í þessum efnum, er það, að hæstv. samgrh., sem ætti að vita gerst um þessi mál, hefur bæði við fyrri umr. málsins og nú aftur við síðari umr. málsins verið að gera eiginlega lítið úr þessum vanda, finnst mér. Hann er alltaf að undirstrika það, að þegar hann líti á fjárveitinguna sem heild til vegaviðhalds og alls þess sem tengist vegamálum, þá sé ekki um mikinn niðurskurð að ræða. Hann virðist sætta sig í aðalatriðum við þetta ástand og það hreinlega skil ég ekki, vegna þess að vandinn, eins og bent hefur verið á áður í þessum umr., liggur í því að sá hluti þessa fjármagns, sem á að ganga til nýbyggingar vega, er allt of lítill. Þó að líka skorti fjármagn í vegaviðhald og í sambandi við yfirstjórn vegamála, sem eflaust er því að vegaviðhaldið er orðið mjög kostnaðarsamt, þá er það þó mín skoðun að sá báttur málanna standi í hlutfalli við það, sem áður var, betur nú en hinn hlutinn, sem snýr að nýbyggingarframkvæmdum. Það er þar sem niðurskurðurinn hefur verið stórkostlegastur. Og þetta byggist m.a. á því, að tekjurnar, sem úr er að spila, hafa farið minnkandi hlutfallslega við annað.

Mig langar svo til að víkja hér að nokkrum atriðum sem snerta sérstaklega kjördæmi mitt, eins og þetta kemur þar út. Ég ætla mér ekki að fara að telja hér upp vegi í mínu kjördæmi þar sem verulega þörf er á miklum framkvæmdum. Til þess þyrfti ég mjög langan tíma að telja það allt saman upp og gera því sómasamleg skil, því að ástandið er svo hroðalegt þar — og það er auðvitað miklu víðar á landinu. En ég hlýt að vekja athylgi á því, að svo illa sem stendur á hjá okkur í Austurlandskjördæmi með framkvæmdir í vegamálum, þá var það svo, að við tengdum vonir okkar við a.m.k. tvö atriði varðandi þessi mál þar sem við þóttumst hafa bindandi samning og reyndar bindandi löggjöf sem snerti okkur. Annars vegar var Austurlandsáætlun, og ég þarf að víkja örfáum orðum að því hvernig raunverulega er til hennar stofnað, því að mér finnst að það sé eins og farið að fyrnast hér hjá ýmsum þingmönnum hvernig t.d. Austurlandsáætlun kom til og hver var meiningin með Austurlandsáætlun.

Ég veit að allir hv. þm. kannast við það þegar ráðist var á sínum tíma í svonefnda Vestfjarðaáætlun og aflað sérstakra tekna til að standa þar að ákveðnum vegaframkvæmdum og í sambandi við það að bæta þar samgöngumál. Sú áætlun varð mikið umdeild á sínum tíma, hvernig hún hefði m.a. komið inn í þingið og á annan veg. En í framhaldi af þeirri áætlun og þeim framkvæmdum á Vestfjörðum varð samkomulag um að það væri þörf á að gera hliðstætt átak í vegagerðarmálum í öðrum landshlutum. Það var ráðist í nokkrar framkvæmdir á Vestfjörðum sem mjög lagfærðu hin aumu vegamál í þeim landshluta á þessum árum, þó að auðvitað fari mjög fjarri að þá hafi öll mál verið leyst í vegagerðarmálum þeirra á Vestfjörðum það vissu allir. Þetta var bara myndarlegt átak út af fyrir sig, en málið var ekki leyst til neinnar fullnustu.

Í framhaldi af þessu varð samkomulag um að næst skyldi koma Austurlandsáætlun, og um hana var samið á þann hátt sem ég hef tilgreint hér áður í umr. Það var samið af öllum þm. Austurl. með ákveðinni undirskrift við tvo ráðh., fjmrh. Magnús Jónsson og samgrh. Ingólf Jónsson, um að það skyldi varið til Austurlandsáætlunar samtals 300 millj. kr., 60 millj. á ári, í tiltekin verkefni sem voru bæði tilgreind og merkt greinilega inn á kort. Auðvitað voru þessi verkefni það takmörkuð að þau leystu ekki nema hluta meira að segja af þeim vanda sem þarna var við að glíma því að þörfin var miklu meiri, en samningur fékkst ekki um meira. Síðan var staðið að framkvæmdinni þannig, að eftir því sem verðlag hækkaði og hver áfangi áætlunarinnar varð dýrari í reynd voru fjárveitingar hækkaðar. Þannig var reynt að standa við gert samkomulag í þessum efnum. En það hefur ekki tekist betur en svo, að enn þá stendur talsvert eftir af þessari áætlun eða framkvæmd hennar. Og ég verð að segja það, að það hefur aldrei hvarflað að mér fyrr en nú að það væri ætlunin að svíkja þetta samkomulag, — hreinlega svíkja það, hlaupa frá því. Það kom mjög skýrt fram um þetta leyti, að hér var um sérstakt átak að ræða í vegagerðarmálum á Austurlandi, sem var óháð hinni almennu vegáætlun og gert beinlínis ráð fyrir því, að af hinni almennu vegáætlun kæmu viðbótarfjárveitingar við það, sem var í Austurlandsáætlun, til þess að hægt væri að ljúka við tilteknar vegalagningar, enda sýna auðvitað fyrri vegáætlanir að af Austurlandsáætlun var í tiltekinn veg á þessu svæði ákveðin fjárhæð og af almennu áætluninni var ákveðið að taka í sama veg viðbótarfjárhæð. Það átti sem sagt ekki með þessari sérstöku áætlun að skerða á neinn hátt hlutdeild Austurlands í úthlutun vegafjárins almennt, því að þá hefði Austurlandsáætlun auðvitað verið til einskis, ef hún hefði átt að takast þannig að það, sem var veitt til Austurlandsáætlunar, hefði átt að dragast frá því sem átti að veita í kjördæmið allt til annarra vega. Við þm. á Austurlandi hefðum þá aldrei treyst okkur til að samþykkja Austurlandsáætlun. En það var, eins og ég segi, engin

deila um það, hvernig að þessu var staðið. En nú er allt í einu farið inn á þá braut að fella niður Austurlandsáætlun, þó að það sé óumdeilanlegt að eftir stendur verulegur hluti af framkvæmdinni. Eitt stærsta verkið sem enn er óunnið — það er að vísu tekin upp fjárveiting til þess núna, en það er bara á kostnað almennra vegagerðarmála á Austurlandi. Það skerðir bara okkar hlut. Það er allt og sumt, sem gerist. Auðvitað er á þennan hátt hlaupið frá Austurlandsáætlun.

Ég verð að segja það, að ég er alveg undrandi á að þm. af Austurlandi, þó að þeir á sínum tíma hafi ekki staðið að því að gera þetta samkomulag, skuli geta stutt það nú að afgreiða vegáætlun á þennan hátt. Það skal ég alveg ábyrgjast að hefðu þeir, sem m.a. gerðu þessa áætlun á sínum tíma, Eysteinn Jónsson og Jónas Pétursson, verið hér, þá hefðu þeir aldrei tekið í mál að það yrði hlaupið frá þessu samkomulagi sem þarna var gert. Þeir hefðu aldrei tekið það í mál. En það er sem sagt staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að nú er þetta lagt til.

Mjög svipað er farið að varðandi Norðurlandsáætlun. Það var líka mjög skýrt, þegar var farið að veita fjármagn í Norðurlandsáætlun, að þá var þar um að ræða að leysa meiri háttar verkefni á svæðinu, þau verkefni sem rúmuðust tiltölulega illa innan hinnar tiltölulegu lágu almennu áætlunar. Þarna átti að verða um viðbótarframkvæmdafé að ræða og var það á sínum tíma. En nú sem sagt hverfur Norðurlandsáætlun. Og þó að áfram sé haldið við þau verk, sem Norðurlandsáætlun fjallaði um, er framkvæmdafé dregið frá því fjármagni sem annars átti að fara til Norðurlands.

Ég harma það fyrir mitt leyti að svona skuli staðið að þessu, og ég vil segja þeim það, sem standa að þessari afgreiðslu, að það þýðir ekkert fyrir þá að reyna að telja sjálfum sér eða öðrum trú um að þeir standi við það sem áður var gert í þessum efnum af því að nú séu þessir vegir áfram í vegáætlun. Þeir eru með í fjárveitingunum að nokkru leyti, en á þeim grundvelli sem er allt annar en sá sem áætlanirnar voru byggðar á, því að þær voru byggðar á því að þar ætti að vera um viðbótarfjármagn að ræða, án þess að það kæmi niður á hinum almennu fjárveitingum til viðkomandi umdæma. En ég verð nú að segja það, að ég verð a.m.k. að vona að þó að svona sé staðið að þessu núna, þá fáist menn þó til þess við endurskoðunina, sem fram fer á næsta hausti, að taka á þessum málum aftur á annan veg en nú er gert og þeir fallist á að það beri að ljúka við Austurlandsáætlun, sem er takmörkuð við alveg ákveðnar framkvæmdir, og það beri einnig að hafa með Norðurlandsáætlun og setja upp nýja vegáætlun, þegar hún verður endurskoðuð, á þessum grundvelli. Það er nauðsynlegt að mínum dómi, ef á að komast eitthvað áfram með meiri háttar verk í umdæmunum, að taka svona séráætlanir. Það er útilokað að ætla að fella þetta alveg inn í hina almennu áætlun, og það er einmitt það sem ég tel að hæstv. samgrh. hafi gert rangt varðandi sitt mikla áhugamál, varðandi Borgarfjarðarbrú, sem er að mínum dómi merkileg framkvæmd og á eflaust eftir að verða að miklu gagni. Það átti auðvitað að fjármagna það verk án þess að það bitnaði á öðrum fjárveitingum af almennu tagi. Ástæðan til þess, að þessi ónot koma upp víða um landið út í framkvæmdina í Borgarfirði, byggjast á því að mönnum er stillt frammi fyrir því að það fjármagn, sem fer í brúna, kemur á þeirra kostnað, það verður til þess að skera niður nauðsynlegar fjárveitingar til mjög aðkallandi verka annars staðar. Auðvitað átti að leysa þetta mál með sérstakri lántöku eða sérstakri fjáröflun og standa þannig að verki. En þetta hafði ég sérstaklega að segja um Austurlandsáætlun.

En gagnvart okkur á Austurlandi er þó hinn hluturinn enn þá verri, sem snýr að Norður- og Austurvegi, og ég vil a.m.k. koma því á framfæri m.a. við hv. þm. Eyjólf K. Jónsson, sem átti stóran hlut að því að lög um Norður- og Austurveg voru sett, af því að mér fannst í hans máli hann eiginlega vera að óska okkur til hamingju með það, sem ættum Austurveginn í þessari löggjöf, að við hefðum nú fengið okkar, en það hallaði heldur á hjá honum. Ég ætla mér ekkert, af því að ég hef ekki kynnt mér það nægilega, að fara að metast á við hann um hvor hafi nú sloppið betur út úr þessu við það að það hefur alls ekki verið staðið við löggjöfina. En ég skal benda á hvernig við komum út úr þessu núna.

Frsm. fjvn. orðaði það svo, að það væri gert ráð fyrir að af fjármagni Norður- og Austurvegar, sem væri nú á þessu ári 850 millj., 500 millj. í seldum bréfum fyrir þetta ár og 350 millj. frá lánveitingu fyrra árs, 850 millj., ætti þriðji partur að fara í Austurveg, frá Reykjavík og austur um til Egilsstaða, þ.e.a.s. 283 millj. kr. Það er auðvitað ekki uppgert mál á milli okkar, skulum við segja, þm. af Austurlandi og þm. af Suðurlandi, hvernig ætti að skipta þessari upphæð á milli okkar. Þeir virðast hafa valið þá leið meiri hl. fjvn. að slá því föstu, að af þessu fé, sem á að fara í Austurveginn, eigi 60% að fara í Suðurlandskjördæmi, en 40% í Austurlandskjördæmi. Ég hafði reyndar alltaf hugsað mér að það færu 50% á hvort svæðið fyrir sig. En það skiptir ekki höfuðmáli. Út frá þessu sagði hv. frsm. fjvn., að af þessu fjármagni, 283 millj., færu 170 millj. í Suðurlandskjördæmi og 113 millj. í Austurlandskjördæmi.

Nú hef ég farið yfir þessar fjárveitingar eins og þær liggja hér fyrir, og það eitt er alveg víst, að það er engin leið að fá leiðina um Austurlandskjördæmi þar sem Suðurlandskjördæmi þrýtur á austurleið og Austurlandskjördæmi byrjar, eftir því sem aðalvegurinn liggur til Egilsstaða, og ég nem að sjálfsögðu staðar við hreppamörkin hjá Egilsstöðum því að þangað nær vegurinn samkv. lögum, þá er ekki með nokkurri leið hægt að fá út úr þessari fjárveitingu núna nema 72 millj. Það er ekki til meira þó að allt sé talið, þó að hin almenna áætlun okkar hefði átt að leyfa okkur að veita eitthvert fjármagn í veginn t.d. um Austur-Skaftafellssýslu. Enginn hafði reiknað með því að Austurvegurinn ætti að þjóna okkur á þann hátt að við fengjum fé af Austurvegi, en í staðinn fengjum við enga fjárveitingu eins og veitt hefur verið árum saman til þessarar vegagerðar, t.d. um alla Austur-Skaftafellssýslu, — ekki eina

krónu. En þó að sem sagt allar fjárveitingarnar til veganýbyggingar séu teknar af þessu svæði, þá koma ekki út nema 72 millj., ekki einu sinni þessar 113 millj., það er ekki til. Og ef menn vilja fara í það, sem auðvitað er alrangt miðað við lögin, að taka 25 millj. þarna til viðbótar sem veittar eru og flokkast undir hraðbraut innan Egilsstaðahrepps, á milli flugvallar þar og inn í aðalþorpið, 25 millj. kr., þá komast menn ekki heldur upp í 113 millj. þó að þeir geri það, sem er auðvitað rangt.

Það er því ekkert um það að villast að við austfirðingar fáum ekki það fé sem rætt er um að við eigum að fá af fjármagni Norður- og Austurvegar, það fáum við ekki. Og við fáum auðvitað ekki heldur það sem um hafði verið samið í sambandi við Austurlandsáætlun. Allt þetta verður svo að taka þannig að það fjármagn, sem tekið er bæði þarna í Oddsskarð og eins til Austurvegarins, allt þetta fjármagn verður svo að dragast frá því sem okkar kjördæmi átti að fá úr hinni almennu áætlun. M. ö. o., og það vil ég segja m. a. til þeirra sem stóðu að löggjöfinni um Norður- og Austurveg, hún er okkur algerlega einskis virði, við fáum hreinlega ekkert út úr henni, ekki neitt. Það fór auðvitað ekkert á milli mála, að það, sem við áttum við með því að við fengjum þarna okkar hluta af þriðja parti af Austurvegi, það var ætlað til þess að gera hin stærri átök á þessari leið, m. a. um Breiðamerkursand, sem að nokkru leyti hefur verið unnið, og svo aftur fyrir Hvalneshorn, en nú er þetta sem sagt tekið á hinn veginn, að þetta er bara dregið frá okkar almennu fjárveitingum og útkoman verður þessi.

Ef við leggjum svo saman til þess að sýna aðeins hvernig við komum út úr þessu, allar fjárveitingar sem fóru til okkar til nýbyggingar vega á s. l. ári, þá voru þær 320 millj. En allar fjárveitingar, sem þessi vegáætlunartillaga felur í sér nú, eru 332 millj. eða 12 millj. hærri upphæð. Taki maður svo breytingarnar á framkvæmdakostnað sem eru gefnar upp í vísitöluútreikningi frá Vegagerðinni, þá kemur í ljós að okkur skortir, miðað við það að halda sama framkvæmdamætti og var á s. l. ári, rétt tæpar 70 millj. Hins vegar kemur í ljós að með sama útreikningi er talið að heildarfjárveitingin hafi rýrnað um 185 millj. kr., en okkar hlutur skerðist um tæpar 70, svo að við höfum þá tekið laglegan hluta af þessari heildarskerðingu. En við áttum samkv. reglum að njóta að einhverju leyti Austurlandsáætlunar, sem við höfðum samning um, og áttum að njóta að einhverju leyti laga um Norður- og Austurveg, en þessi verður útkoman hjá okkur. Þetta er auðvitað alveg hraklegt.

En ég veit ekki í rauninni til hvers er að vera að tala um þetta hérna. Þetta er eins og að skamma ófugan mann, að vera að skammast út af þessu hér. Það er auðvitað hugsanlegt að bæði hæstv. ráðh. og þeir fjvn.-menn, sem hér eru, vilji taka þetta eitthvað til athugunar þegar endurskoðunin fer fram á næsta hausti. En líklega verður að geyma það að gera þetta upp við rétta menn þangað til næst verður kosið, því að það er auðvitað ekkert um að villast að svona nokkuð eins og þetta getur ekki gerst. Ég er búinn að taka þátt í samstjórn áður, og ég veit að svona nokkuð getur ekki gerst ef fjórir þm. frá Austurlandskjördæmi, þrír frá Framsfl. og einn frá Sjálfstfl., hafa hér fylgst alveg með málum og ef þeir hefðu rekið hnefa sína í borðið á réttum tíma, það er alveg útilokað. Þeir hljóta því að bera á þessu beina eða óbeina ábyrgð.

Ég skal svo stytta mál mitt, en aðeins gera hér örstutta grein fyrir tveimur brtt. sem ég stend að því að flytja hér við áætlunina.

Það er í fyrsta lagi brtt. á þskj. 434 sem ég flyt ásamt Ragnari Arnalds. Í þeirri till. er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði til Vegasjóðs á þessu áætlunartímabili sem nemur helmingi af söluskattstekjum sínum af bensíni. Ég tel að sé mjög sanngjarnt að ríkissjóður geri þetta. Hann hefur fengið stórauknar tekjur vegna verðhækkunar á bensíni og fær sennilega miklu meiri tekjur en voru áætlaðar. Ég er á því að það hefði verið eðlilegt að ríkissjóður hefði lagt þetta fram til viðbótar af sinni hálfu. Ég skal hins vegar taka það fram, að ég hefði fyllilega verið til viðtals um að afla Vegasjóði tekna með alveg nýjum tekjustofni til viðbótar við það sem ríkissjóður hefði lagt fram, en ekki hefur tekist nein samstaða um það hér, og því flyt ég enga till. um það. En ég tel sjálfsagt að sýna þessa till., og því leggjum við hana fram, þar sem við gerum ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram þetta viðbótarfjármagn til Vegasjóðs. Í till. er svo tekið fram, að til þess sé ætlast af fjvn. að hún skipti því fjármagni, sem þarna er um að ræða og kann að verða umfram það sem ráðstafað verður við afgreiðslu þessa máls með því að samþykkja hér einstakar útgjaldatill. eða hækkunartill. sem fyrir liggja, en þessu verði fyrst og fremst ráðstafað af fjvn.

Hin till., sem ég flyt, er á þskj. 435 og hana flyt ég ásamt Helga F. Seljan. Þar leggjum við til að tekin verði inn í liðinn til nýrra þjóðvega nýr liður, sem er Austurlandsáætlun. Við leggjum til að til Austurlandsáætlunar verði varið sömu fjárhæð öll þessi ár og var á s. l. ári, 177 millj. kr., og minna getur það að mínum dómi ekki verið. Hér er ekki um hreina hækkun að ræða upp á 177 millj., því að við leggjum til að í staðinn fyrir liðinn til Oddsskarðsvegar, 100 millj. kr., komi Austurlandsáætlunin sem heild með 177 millj. og síðan verði þeirri fjárhæð allri skipt á þessar framkvæmdir sem enn eru óunnar af Austurlandsáætlun. Að sjálfsögðu yrði þar framkvæmdin við Oddsskarð tekin upp og þá gengju 77 millj. á árinu 1977 til annarra verka sem tilheyra Austurlandsáætlun.

Mér þykir rétt að það fari fram atkvgr. um þetta til þess að það komi alveg skýrt fram hver er afstaða manna hér til að standa við þessa áætlun sem gerð var á sínum tíma og ég hef hér rætt nokkuð um.

Herra forseti. Ég skal svo ekki lengja þetta frekar, enda komið hér langt fram yfir eðlilegan fundartíma. En ég er mjög óánægður með þessa afgreiðslu og vona að fyrir næstu endurskoðun átti menn sig á því að það er ekki hægt að halda áfram afgreiðslu vegáætlunar á þann hátt sem gert hefur verið.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það hefur nú ekki mikið upp á sig að halda hér langa ræðu að viðstöddum 7 þm. og ráðh. fjarstöddum, en þar sem ég flyt nú allnokkrar till. við afgreiðslu þessa máls þykir mér hlýða að fara um þær fáeinum orðum.

Hér hafa margir ræðumenn látið í ljós þá skoðun sína, að fjárveitingar til vegamála séu allt of naumar, og undir það get ég tekið. Það er tæpast hægt að hafa uppi nægilega sterk orð til að lýsa ástandi mála í þessum efnum. Þessar fjárveitingar eru fáránlega lágar. Og þegar hæstv. samgrh. gengur í salinn er kannske ekki úr vegi að bæta því við, að eftir að hann tók við embætti ráðh. vegamála hafa fjárveitingar til vegamála verið svo naumar að um hefur verið að ræða afturför í vegakerfinu í heild á hverju ári, eins og ég mun víkja að hér á eftir. Það má að vísu vel vera að finna megi ákveðna þætti vegamálanna þar sem um framför er að ræða og þó einkum á sviði stofnbrauta, en hið sama gildir alls ekki um þjóðbrautirnar. Þar er það staðreynd málsins að um er að ræða meiri eyðingu á ári hverju en uppbyggingu. Ég ætla að taka hér eitt dæmi úr minu kjördæmi, Norðurl. v. Þar eru þjóðbrautir 708 km að lengd. Samkv. upplýsingum, sem sérfræðingar Vegamálaskrifstofunnar hafa veitt, er talið að malarvegir úti um dreifðar byggðir landsins endist í á að giska 25 ár. Til þess að halda í horfinu miðað við þessa km-tölu, 708 km af þjóðbrautum í Norðurl. v., þyrfti að byggja á hverju ári 28 km hið minnsta. En á vegáætlun eru nú veittar 80 millj. kr. á hverju ári næstu þrjú árin, og þessar 80 millj. duga til þess að byggja upp 10 km langa vegi. Það þarf sem sagt þrisvar sinnum hærri upphæð en veitt er til þjóðbrauta á Norðurl. v. til þess bara einfaldlega að halda í horfinu, til þess að ekki sé um meiri eyðingu að ræða heldur en uppbyggingu.

Nú er það að vísu svo, að þjóðbrautirnar fá aðeins 16% af því fé sem veitt er til vegaframkvæmda, og er þá allt talið: stofnbrautir, þjóðbrautir, fjallvegir, sýsluvegir og brúargerðir. En ef á heildina er litið mun það sannast sagna, að til þess að halda í horfinu í vegakerfinu í heild þyrftu fjárveitingar til vegamála á þessu ári að hækka um 30%, þær þyrftu að vera um það bil þriðjungi hærri en þær eru, bara til þess að halda í horfinu. En þær þyrftu sem sagt, eins og ég sagði hér áðan, að vera 300% hærri ef við lítum einungis á þjóðbrautirnar, vanræktasta blutann af vegaframkvæmdum hér á landi.

Ég hef heyrt menn nefna það í þessum umr. að réttast væri að taka erlend lán til að byggja upp vegi. En ég vil strax lýsa því yfir að ég tel að slíkar hugmyndir séu algerlega fráleitar, og ég er gersamlega andvígur því að sú leið sé farin. Ég tel ekki að vegaframkvæmdir séu í hópi þeirra framkvæmda sem forsvaranlegt er að staðið sé í fyrir erlent lánsfé. Ég veit að vísu að það er tiltölulega auðvelt að koma með grunnfærnislega útreikninga á því hversu mikill gjaldeyrissparnaður sé fólginn í því að vegur er byggður. En ég held að það sé ansi lítið mark takandi á slíkum útreikningum. Ég held að vegaframkvæmdir verði að fjármagna einfaldlega af innlendum sparnaði, með framlögum úr ríkissjóði og með skattlagningu á umferðina. Ég vil hins vegar taka það sérstaklega fram, að ég tel að útgáfa vísitölutryggðra skuldabréfa til vegaframkvæmda eigi nú sem fyrr lítinn rétt á sér og ætti alls ekki að eiga sér stað. Það er ekkert annað en ávísun á framtíðina, skuldabaggi sem verið er að leggja á herðar skattgreiðenda eftir nokkur ár og ætti ekki að þekkjast.

Með þetta í huga, sem ég hef nú sagt, flytjum við hv. þm. Lúðvík Jósepsson till. á þskj. 434 þar sem við gerum ráð fyrir því að helmingurinn af söluskattstekjum ríkissjóðs af bensíni renni til vegamála, til aukinna vegaframkvæmda. Við teljum, að auðvelt sé fyrir ríkissjóð að fylla það skarð með öðrum hætti, og höfum reyndar oft bent á það, m. a. við umr. um skattamál hér, að ríkissjóður gæti aflað sér miklu meiri tekna en hann gerir.

Jafnframt flytjum við nokkrir þm. till. á þskj. 439 þar sem við gerum ráð fyrir því að sérstakt hraðbrautagjald verði lagt á bensín- og dísilolíu á þeim stöðum sem tengjast vegakerfi með varanlegu slitlagi. Hér á Alþ. hefur oft áður verið rætt um það, hvort ekki sé eðlilegt að nota þá heimild sem er í 95. gr. vegalaga um álagningu umferðargjalds, og þá hefur venjulega verið talað um það í því formi að innheimt sé gjald af tilteknum vegum eða brúum. En Alþ. hefur ekki viljað fallast á að sú heimild yrði notuð nú í seinni tíð, og við teljum því rétt að umr. fari í annan farveg og stingum upp á öðru fyrirkomulagi á greiðslu slíks hraðbrautagjalds. Ég held að ekki verði á móti mælt að innheimta slíks gjalds væri fyllilega sanngjörn og eðlileg og hún gæti þá orðið til þess að Vegasjóður gæti staðið undir vöxtum og afborgunum af lánum sem tekin hafa verið til að standa undir lagningu slitlags á hraðbrautir, svo að aukið fjármagn sé til annarra framkvæmda. Í þessum töluðu orðum tek ég eftir að í tillgr. mun vanta eina setningu sem fallið hefur niður, og vona ég, að það verði leiðrétt. Það vantar orðin „til að standa undir vöxtum og afborgunum lána, sem tekin hafa verið til lagningar slitlags á hraðbrautir“, það vantar þarna alveg heila setningu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessa till., en vil svo að lokum geta þess, að við flytjum á þskj. 438, hv. þm. Stefán Jónsson og ég, till. um að Norðurlandsáætlun verði áfram sérstakur liður í vegáætlun. Um þessa till. er engin ástæða til að fjölyrða. Það var samþykkt fyrir nokkrum árum að varið skyldi sérstöku fjármagni til vegamála á Norðurlandi, eins og gert hafði verið um fleiri landshluta. Upphæðin, sem ætluð var til þessara framkvæmda, hefur hins vegar rýrnað mjög verulega ár frá ári, en upphæðin, sem hér er nefnd, 200 millj., er sú sama sem ætluð var í þessu skyni í vegáætlun fyrir tveimur árum, 200 millj. á ári. Síðan fylgir á þskj. 438 sundurliðun þessara framkvæmda. Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja þær framkvæmdir í einstökum atriðum. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Stefán Jónsson geri grein fyrir þessum fjárveitingum að svo miklu leyti sem þær renna til Norðurl. e. Um fjárveitingar til Norðurl. v. er það að segja, að samkv. þessari till. er gert ráð fyrir að vegur, sem mjög hefur verið vanræktur, Siglufjarðarvegur, fái

þarna nokkra fjárveitingu, en að öðru leyti er mjög mikil áhersla lögð á svonefnda Laxárdalsheiði sem liggur út á Skaga. Þessi heiði er mikill farartálmi að vetri, og sú sveit, sem þar er, er algerlega slitin úr samhengi við vegakerfið oft mánuðum saman, en þar er þó enginn flugvöllur og heldur engin höfn, og þegar samgöngur yfir Laxárdalsheiði eru tepptar, þá er þessi sveit algerlega einangruð. Það hefur lengi staðið til að byggja upp þennan veg, en ekki orðið af því. Þessi vegur er í hópi þessara margumræddu þjóðbrauta sem eru mjög vanræktar og hafa verið það á undanförnum árum og einmitt þess vegna er í þessari till. lögð mest áhersla á þær.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki gerast margmáll um vegáætlunina. Langflest af því, sem ég hefði hér sagt viljað, hefur þegar komið fram í ágætum ræðum sem hér hafa verið fluttar til gagnrýni á plagg þetta og þó, eins og að líkum lætur, öllu fremur gagnrýni á þá stjórnarstefnu sem vegáætlunin er eðlilegt framhald af.

Ég sé því miður að hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson er nú fjarri góðu gamni, og er illt til þess að vita hversu oft það skeður að góðkunningjar eru fjarri þegar maður helst vildi ávarpa þá. En hvort hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson hefur nú átt bókstaflega við það þegar hann sagði að þm. þessa svæðis væru um það bil 17, þá er hér nú staddur í salnum einn af þeim þm. Reykv. sem fyrrnefndur ræðumaður, Eggert G. Þorsteinsson, sagði að ýmsir teldu að Reykjavík hefði ekki, og má því ætla að hann kynni að verða hér nokkuð fyrir svörum þegar rætt er um afstöðu hins títtnefnda Reykjavíkurvalds til fjárveitinga í vegagerð úti á landi, — afstöðu sem manni virðist að hljóti að hafa markað öðru fremur stefnu ríkisstj. þegar plagg þetta var samið sem við hér nú fjöllum um, þar sem vegáætlunin er.

Síst af öllu vil ég ýta undir meting eða rígmilli íbúa Reykjavíkur og hins svonefnda dreifbýlis, því að það ætla ég að sé mála sannast að hvorir efli svo best hag hver annars að þeir geri sér grein fyrir því að sameinaðir standa þessir hópar, en sundraðir falla þeir. Og hræddur er ég um að sneiðast mundi nú um hag reykvíkinga ef skorið yrði með öllu á samgöngurnar við byggðirnar, við tölum nú ekki um hið allra næsta, því að vegir þeir, sem út frá Reykjavík liggja, eru með þeim hætti að þeir eru farnir fram og til baka sumir hverjir.

Við höfum hlýtt hér í kvöld á rökstuðning, ítarlegan rökstuðning fyrir því áliti að fjárveitingar til vegagerðar á landi hér, til vegamála, hafi rýrnað um nær 50% að framkvæmdagildi frá því að núv. ríkisstj. settist á valdastólana. Og ræðumenn hafa leyft sér að draga þær ályktanir af þessari staðreynd, að áhugi núv. stjórnarvalda, núv. ríkisstj. á málefnum byggðarlaganna muni yfirleitt vera í nokkurn vegin hlutfalli við þessar fjárveitingar sem við stöndum frammi fyrir nú í dag. Hæstv. samgrh. hefur æ ofan í æ vakið athygli á því, að enda þótt, eins og hann viðurkennir fúslega sjálfur, fjárveitingar séu hvergi nærri nógu miklar til þess að koma því í verk í vegamálunum sem hann gjarnan hefði viljað, þá sé það eigi að síður staðreynd að hlutfall fjárveitinga til vegaviðhalds hafi stóraukist að þessu sinni, hlutfall viðhaldsfjárins hafi stóraukist að þessu sinni, eins og fram kom í vegáætluninni. Þetta er rétt, hlutfall viðgerðarfjárins hefur stóraukist. En nokkuð mun það nú vera vafasamt að stæra sig svo mjög af aðferðinni við þessa aukningu, því að hún minnir vissulega á stjórnvisku apans í hinni frægu dæmisögu Esóps um það, hvernig sá ágæti ráðherra skar úr deilumálinu milli músanna tveggja sem deildu um ostbitana. Þetta deilumál leiddi hann til lykta með þeim hætti að bíta stöðugt meira af öðrum ostbitanum þannig að vægið skiptist á milli ostbitanna. Þannig má hugsa sér t. d. að hæstv. samgrh. muni næst hugga okkur með því, e. t. v. eftir endurskoðunina sem hann boðar á fjárveitingu til vegamála í haust, að breyta nú aftur þessu vægi, þessu hlutfalli þannig, að þá verði vægi nýbyggingarfjárins meira en viðhaldsfjárins og hann nái því vægi með sama hætti, að taka bara meira af hinu, enda hélt hinn frægi dómari, sem Esóp skýrði frá, áfram að fjalla með þessum hætti um neyslufé músanna þangað til ekkert var orðið eftir.

E. t. v. hefði það verið langsamlega sæmst, þegar fjallað var um skiptingu þessa vegafjár innan kjördæmanna, að stjórnarandstæðingar hefðu sagt: Við verðum ekki með, þið skuluð gera þetta. Þið fylgið hér hvort sem er þeirri stefnu í fjárveitingum til vegamálanna sem kalla mætti stefnu hungurlúsarinnar, og nú skuluð þið sjálfir skipta fé þessu innan kjördæmanna. — Þetta hefði e. t. v. verið sæmst að gera. En ég hlýt að segja fyrir mig, að ég treysti mér ekki til að taka slíka afstöðu beinlínis vegna þess að mér var ljóst, hvílíkur vandi samþm. mínum í Norðurl. e. var þarna á höndum, og mér var einnig ljóst, að þeir höfðu svo sannarlega viljað hafa meira að skipta í þessu skyni. Og það stóð ekki upp á þá í þessu máli að öðru leyti en því, að þeir styðja til valda ríkisstj. sem hefur þess háttar viðhorf til byggðanna úti á landi og þ. á m. til kjördæmis þeirra sem fram kemur í þessari hungurlúsarstefnu í vegamálunum. Ég tel að þm. Norðurl. e. hafi lagt sig fram um að skipta þessu litla fé sem ætlað er til vegamála í kjördæminu, að ráðstafa því samkv. bestu samvisku eins vel og hugsanlegt er. Samkv. vegáætlun mun vera ætlunin að lagðar verði á þessu ári þjóðbrautir í Norðurlandskjördæmi eystra upp á eina 7 km, og liggur í augum uppi hvílíkt verk það er að skipta því þannig á milli sveita að nokkur verði ánægður.

Ég hef með skírskotun til brtt. á þskj. 428, sem formaður Alþb. og formaður þingflokks Alþb., þeir tveir, hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Ragnar Arnalds, bera fram um fjáröflun til vegagerðar, og með skírskotun til brtt. á þskj. 439, sem ég er meðflm. að einnig um fjáröflun, þá hef ég ásamt Ragnari Arnalds, sem er 1. flm., flutt hér till. þar sem svo er ráð fyrir gert að Norðurlandsáætlun taki það gildi sem lög mæla fyrir um og samkv. henni verði ætlaðar 200 millj. kr. árlega, á þessu ári og svo á árunum 1978, 1979 og 1980, til vegamála á Norðurlandi, og til bráðabirgða fallist á þá hugmynd að þessum upphæðum verði skipt jafnt á milli Norðurl.

e. og Norðurl. v. þótt seinna kynnu þar að verða gerðar á rökstuddar breytingar, og síðan að af þessu fé verði varið 50 millj. umfram það, sem ætlað er í vegáætlun, til Víkurskarðsvegar og 32 millj. að auki í lánsfé á árinu 1977, og að upphæðin, sem varið verður til Víkurskarðsvegar árið 1978, verði 106 millj. og þá 44 millj. í lánsfé, en mér skilst á vegagerðarmönnum að unnt ætti að vera að ljúka veginum um Víkurskarð á tveimur árum með 300 millj. kr. fjárveitingu, fyrir 300 millj. kr., miðað við núgildandi framkvæmdaorku peninga.

Ég geri að till. minni að til Norðausturvegar um Melrakkasléttu verði varið 50 millj. á þessu ári, en 50 millj. á árinu 1978 og 100 millj. árið 1979, til þess að ljúka mætti gerð vegar er fær mætti teljast að vetri til á milli Húsavíkur og Raufarhafnar.

Að öðru leyti legg ég til að árið 1979 verði ætlaðar 65 millj. kr. í vegþekju á veginum fyrir Ólafsfjarðarmúla. Ég tel að það skipti ekki ákaflega miklu máli, en þó kann ég betur við að þessi framkvæmd, þessi smíð verði nefnd í þskj. þekja heldur en svalir, og ég legg það raunverulega á hv. þm. sjálfa að skilja hvers vegna ég vil heldur að þetta verði nefnt þekja heldur en svalir.

Hv. frsm. fjvn. sem reis hér karlmannlega og óklökkur undir ákaflega erfiðu starfi, að mæla hér fyrir fjárveitingu til vegamála sem hann mun manna best vita hversu ófullnægjandi og raunverulega skammarleg er, hann lét svo um mælt að vegáætlun þessi væri afgreidd í skugga efnahagskreppunnar sem hófst árið 1974. Hann sagði, ef mig minnir rétt, að enn sætum við í skugga efnahagskreppunnar 1974, en þó sýndist nú vera að rofa til. Við sitjum enn undir íhaldsstjórn sem hv. þm. hjálpaði til að mynda árið 1974. Við sitjum enn undir þeirri stjórn, í skugga hennar. Og ef við eigum að draga nokkrar ályktanir af plaggi því, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, og reyna að sjá í því út af fyrir sig skýjarofið sem hv. þm. minntist á áðan að hann sæi nú djarfa fyrir, þá hygg ég að vonin í því, að nú fari að rofa til, liggi þá helst í því að nokkuð hefur liðið fyrir tímans eðli á kjörtímabil þessarar ríkisstj. Og segja mætti mér að þeim 200 millj., sem fjvn. hefur undir forustu hv. þm. Inga Tryggvasonar tekið af svonefndum verkfræðilegum undirbúningi til þess að fela í aumingjaskap vegáætlunar, yrði nú kannske best varið til þess að hefja sálfræðilegan undirbúning að því að skipta um ríkisstj.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð að þakka hv. fjvn. fyrir það sem hún tók undir af þeim óskum sem ég hafði fram að færa við fyrri hluta umr., þ. e. a. s. að vegurinn til Skagastrandar komi í stofnbrautaflokk. Hins vegar hefur hún ekki treyst sér til þess að gera allt sem ég lagði til að gert yrði, og það er uppfærslan á vegáætluninni, að taka áhaldahúsaprósentuna út úr fjárveitingadæminu og hafa hana í sérlið, þannig að það væru raunverulegar framkvæmdatölur sem prentaðar verða í áætluninni. Það er náttúrlega búið að fara um það mörgum orðum hér að þetta eru allt of litlir fjármunir og það vantar peninga til þess að svigrúmið geti verið rýmra. Ég fagna eins og aðrir þm. þeirri yfirlýsingu að áætlunin verði endurskoðuð í haust og þá væntanlega með því fororði að eitthvert efnahagslegt svigrúm gefist til þess að geta gert hana betur úr garði fyrir árið 1978 heldur en lítur út hér á plagginu. Enn fremur vil ég láta í ljós ánægju vegna þess hluta yfirlýsingarinnar, sem vék að happdrættisfénu. Mér þykir sannarlega ekki ótímabært að hægt yrði að gera betur við veginn yfir Holtavörðuheiði en horfur eru á samkv. þessari áætlun. En ég er nú óánægðastur með að sú fjárveiting, sem þar er fyrirhuguð, skuli ekki vera rífari, og get ekki annað en látið það í ljós.

Hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson talaði hér nokkuð stritt áðan um hvað reykvíkingar væru afskiptir og nytu lítillar umhyggju hér í þinginu og forsjár. Ég get ekki tekið undir þetta með honum, því að ég held að reykvíkingar eigi ágæta þm. sem gæti vel hlutar Reykjavíkur. Og ég vil minna á að til viðbótar þessum 17 eða um það bil 17, sem hann var að tala um, þá eru það ekki nema um það bil 17, sem eru búsettir utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Ég bið menn að athuga það, að það eru 17—20 manns hér á þingi sem eru búsettir, hafa sitt heimili utan þessara tveggja kjördæma, og af því leiðir að sjálfsögðu að þeir eru kunnugir þeim vandamálum, sem við er að stríða, og hafa skilning á þeim þörfum sem augljóslega eru hér á þessu svæði og engar líkur til þess að þeir séu með neitt svínarí í garð Reykjavíkur eða Reykjaneskjördæmis. En mér fannst nú eins og hv. þm. væri að undirbúa prófkjör. Mér fannst eins og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson væri að undirbúa sig að fara í prófkjör hjá sjálfstæðismönnum með ræðu sinni og hygðist keppa þar við hv. þm. Albert Guðmundsson.

Hvað varðar þær brtt., sem hv. þm. Ragnar Arnalds kynnti hér áðan og vörðuðu sérstaklega Norðurl. v., þá verð ég að láta í ljós nokkra undrun á þessum brtt. Mér finnst að við höfum haft mjög gott samstarf við niðurröðun á þeim litlu fjármunum, sem við vorum að skipta, og ég átti ekki von á því að hann legði inn þetta plagg hér. Að vísu hafði hann haft orð á því um eitt tiltekið atriði að hann mundi flytja brtt., en mér finnst hann leggja þarna fram till. um verk sem eru að sjálfsögðu góð, en ekki var svigrúm til þess að taka núna. Ég gæti lagt fram annan lista af hér um bil jafngildum verkum, sem eru ógunnin í Norðurlandskjördæmi vestra eða gildari, og sannarlega væri gaman að hafa 800 millj. til ráðstöfunar aukalega þarna fyrir norðan. En mér finnst þarna kenna nokkurrar sýndarmennsku og ég get ekki orða bundist um það. E. t. v. getum við tekið þetta og notað sem minnisplagg við þá endurskoðun, sem fyrirsjáanlega verður í haust, ef við verðum orðnir svo ríkir að hafa meira til ráðstöfunar.

Einstakir liðir orka tvímælis, hvernig þeir eru undirbúnir í þessum till. hv. 5. þm. Norðurl. v. Ég ætla nú að spara tímann og fer ekki út í það, t. d. með brúna yfir Svartá. Vegagerðarmenn eru hættir við að leggja til að hafa hana hjá Saurbæ og nú heitir þessi brú Svartá hjá Daufá.

En það er einn sérstakur liður þarna í þessum till. sem mér leiddist að sjá. Það var þegar hv.

þm. lagði til að liðurinn brúargerð á Laxá hjá Hvammi félli niður. Ég veit ekki hvort þið þekkið staðhætti þarna. Þetta er byggðin á bak við Tindastól, þetta er byggðin vestan við Tindastól. Þar er dalur sem heitir Laxárdalur. Hann er afskekktur og að honum liggur sú heiði sem hv. þm. Ragnar Arnalds gat um, Laxárdalsheiði, og er mikill farartálmi, og ég tek undir með honum að mjög brýnt er að leggja þar veg sem allra fyrst. En þarna eru tveir bæir, Hvammur og Sævarland, og þeir hafa ekki brú, þeir hafa ekki vegasamband, og það var ákvarðað á Alþ. 1972 að byggja nú brú yfir þetta vatnsfall. Annar þessi bær er kirkjustaður og þarna eru, eins og ég sagði, ákaflega erfiðar samgöngur og slæm aðstaða sem þessir bændur hafa. Ég ann þeim þessarar brúar sem þeim var fyrst lofað hér á Alþ. 1972 í vegáætlun frá því ári. Ég tel að við eigum að byggja þetta land og reyna að jafna aðstöðumun eftir því sem við getum. Hv. þm. er formaður Alþb. Ég man nú ekki betur en þegar við vorum að bjóða okkur fram fyrir norðan um árið til Alþ., þá taldi hann flokkinn, Alþb., vera alveg sérstaklega skjól og skjöld þeirra sem verr væru settir í þjóðfélaginu, og þess vegna leiðist mér þetta, að hv. þm. vill ekki byggja brúna yfir Laxá. (Gripið fram í.) Það getur skeð að kirkjusókn sé ekki með þeim hætti sem best væri. (Gripið fram í.) Þessi jörð er í byggð, það er gildur bóndi á henni, en ekki hef ég gert manntal hjá honum. En ég hef enga trú á öðru en það verði rekinn búskapur á Hvammi í Laxárdal ef þjóðfélagið leggur ekki sérstaklega stein í götu búsetu þar.

Samþm. okkar, hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, lagði að velli gullfallegan lambhrút Sveins Nikódemussonar norður á Sauðárkróki í fyrrahaust, en mér finnst að hér ætli formaður Alþb. að ræna lambi fátæka mannsins.

Frsm. meiri hl. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég get ekki að því gert, að það hefur að mér flogið undir þessum umr., sem mér var sagt fyrir löngu um Jón heitinn Sigurðsson á Gautlöndum sem var frægur þingskörungur, að hann fékk það verkefni eitt sinn að skipta jörð milli tveggja ábúenda og var spurður um hversu mundi hafa til tekist. Hann svaraði því til að það hlyti að hafa tekist vel þar eð báðir væru óánægðir. Ég get ekki ætlast til þess af hv. þm. að þeir séu sérstaklega ánægðir yfir þeim skerf sem í hlut hvers kjördæmis kemur við þessa skiptingu fjár á vegáætlun. Ég hef látið það ákveðið í ljós fyrr og get endurtekið það, að ég tel að þarna sé ekki þann veg fyrir séð fjármunum til vegagerðar sem full þörf hefði verið á. Um það ætla ég ekki að orðlengja frekar.

Hv. 11. landsk. þm. deildi mjög fast á þau vinnubrögð sem við hefðu verið höfð í fjvn. við umfjöllun vegáætlunar. Ég get ekki um það dæmt hvort þessi vinnubrögð eru einsdæmi eða ekki. Hitt vil ég þó segja, að í stórum dráttum voru vinnubrögðin á þá lund að meiri hl. fjvn. kom sér saman um ákveðnar till., sem síðar voru bornar undir fjvn. í heild. Þessar till. voru um skiptingu fjár á milli einstakra kjördæma. Það er ekki alls kostar rétt, sem segir í nál. 1. minni hl., að það hafi verið teknar endanlegar ákvarðanir um skiptingu á fé milli stofnbrauta og þjóðbrauta. Það var einmitt fram tekið að þm. einstakra kjördæma hefðu til þess fullt frelsi af hendi fjvn. að gera till. um nokkuð aðra skiptingu á milli þjóðbrauta og landsbrauta heldur en þá skiptingu, sem var í upphaflegri till. n. um 400 millj. í þjóðbrautir, enda kemur það fram, því að samkv. óskum úr einstökum kjördæmum var nokkuð fé flutt frá landsbrautum yfir í þjóðbrautaflokkinn, þannig að hann hækkaði, ef ég man rétt, í 476 millj.

Ég vil gjarnan að það komi hér ákveðið fram, að það er að fullkomlega yfirlögðu ráði meiri hl. fjvn. að gerðar eru talsverðar tilfærslur á fjármunum, þannig að það er ekki haldið sömu hlutfallsskiptingu og verið hefur undanfarið. Einkum er þetta svo, að það hefur minnkað verulega fjárframlag til nýbyggingar í Reykjaneskjördæmi. Ég tel þetta raunar alls ekki óeðlilega þróun, að þau kjördæmi, sem hafa um alllangt árabil fengið langmest fé til uppbyggingar, hljóti með tímanum að komast á það stig að það sé hægt að draga nokkuð úr hlut þeirra í uppbyggingarfénu. Samkv. töflu frá Vegagerðinni, þar sem sýnd eru fjárframlög til vegagerðar síðan 1965, minnir mig, að Reykjaneskjördæmi hafi á þessu árabili samanlagt fengið nokkuð yfir 28% af öllu því fé sem varið hefur verið á þessu tímabili til nýbyggingar vega. Og mér finnst mjög eðlilegt og mér finnst það í raun og veru mjög æskilegt að það verði sá árangur af þessu starfi að hægt sé að flytja nýbyggingarféð nokkuð til í landinu.

Ég endurtek það, að ég skil það vel að menn eru ekki ánægðir. Þörfin fyrir nýbyggingu vega er geysileg um allt land. Það hefur talsvert heyrst hér í þm. Vestf., og mér dettur ekki í hug að rengja það sem þeir hafa sagt, að þar væri feikimikil þörf á fjármunum til nýbyggingar vega. Þó er það nú svo, að þörfin er vissulega svo mikil um allt land og þá að mínum dómi sérstaklega um þá hluta landsins sem snjóþyngstir eru, að þar er erfitt að dæma á milli. Ég get sagt frá því svona til gamans, að á s.l. sumri kom til mín bóndi úr mínu héraði sem var nýbúinn að fara í langt ferðalag um Vestfirði. Það lá við borð að hann væri dálítið argur í skapi þegar hann kom til mín. Hann sagðist vera nýkominn af Vestfjörðum og þar hefði verið upphleyptur vegur heim á hvern bæ og alls staðar eggsléttur og það væri nú eitthvað annað heldur en í Norðurlandskjördæmi eystra, það væri greinilegt að þm. Vestf. hefðu haldið öðruvísi á vegamálum en þm. Norðurl. e. Ég veit að hann var á ferðinni á blíðum sumardögum og hafði ekki átt við að etja ófærð í vetrarsnjó um Vestfirði. En það snjóar raunar víðar en á Vestfjörðum, og þetta er því miður svona um allt land, að það er svo geysilangt á milli þarfarinnar og þess, sem við höfum gert, og þess, sem við sjáum í nálægri framtíð að við getum gert, að þarna eru sannarlega ótæmandi verkefni.

Hv. þm. Karvel Pálmason hafði tekið eftir samlíkingu minni um blóðrásina. Ég stend nú í þeirri meiningu, þó að mér hafi að vísu heyrst nokkuð á einhverjum hv. þm., að við séum alltaf heldur að rýmka um þessa blóðrás, það færist þó

aðeins í þá áttina. En vissulega mundum við óska þess að hraðar miðaði.

Það er misjafnt hvað mönnum finnst mikið. Hv. þm. Karvel Pálmasyni finnst ekki til mikils mælst þó að komi einar litlar 100 millj. í Breiðadalsheiði. Ég veit að það veitir ekkert af slíku fé þarna. En enn þá erum við nú, því miður kannske, á því stigi í uppbyggingu á vegum að hverjar 100 millj. eru í okkar augum nokkurt fé þegar borið er saman við heildina, sem er til þessara hluta.

Ég ætla mér ekki hér að fara að reyna að svara einstökum atriðum í ræðum þm. Ég skil mætavel að þeim er nokkuð mikið niðri fyrir þegar þessi mál eru rædd og eðlilegt og gott að það, sem inni fyrir býr, komi fram í ræðum manna. Ég get þó ekki stillt mig um að minnast á leiðara þann sem Helgi Seljan, hv. 7. landsk. þm., las að verulegu leyti upp úr Morgunblaðinu. Mér fannst á háttv. þm. að leiðari þessi ætti að vera sönnun þess hvert stefndi í byggðamálum. Mér fannst þessi leiðari sönnun þess að sú ríkisstj., sem nú situr, hefur einmitt haldið uppi byggðastefnu. Ég hef ekki nokkra trú á því að nokkur ritstjóri Morgunblaðsins mundi skrifa svona í dag, ef hann teldi ekki, þessi hv. ritstjóri, sem ég veit ekki hver er og er ekki sammála, ef hann teldi ekki að byggðastefnu hefði einmitt verið haldið uppi þessi ár. Mér hefur stundum heyrst á hv. þm. Alþb. að þeir efuðust um áhrif Framsfl. í þessari ríkisstj. Hverra áhrif eru það sem speglast í þessum leiðara Morgunblaðsins? Það eru ekki endilega eingöngu áhrif framsóknarmanna, mér dettur það ekki í hug. En innan þeirra flokka, sem styðja núv. ríkisstj., eru sem betur fer margir þm. sem fullkomlega skilja það að til þess að við getum búið í þessu landi þurfum við að jafna kjörin sem fólkið í landinu býr við. Og þó að oft hafi verið deilt um einstök atriði í byggðastefnu, þá tel ég að nokkuð hafi enn miðað í þá átt á þessum síðustu árum að sá aðstöðumunur, sem því miður er allt of mikill enn milli þéttbýlis og strjálbýlis, hafi nokkuð verið jafnaður.

Ég ætla ekki að gera hér að umtalsefni ræðu hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar þar sem hann er hér ekki við, en mér datt í hug að hann hefði þurft að líta upp, því að ég hef ekki nokkra trú á því að svo réttsýnn maður sem Eggert G. Þorsteinsson er mundi ekki sjá, hversu hann fór með miklar firrur í ræðu sinni, ef hann liti vel í kringum sig á landi okkar.

Það hefur verið talað mikið hér um prósentureikning, og það er nú svo einkennilegt með tölur, sem ætti kannske að vera meðal þess sem erfiðast er að rengja á nokkurn hátt, að þær er hægt að nota með ýmsu mismunandi móti. Það hlýtur að verða svo í vegagerð, að verkefni kalla misjafnlega að og það er misjafnlega hlýtt á það kall sem kemur frá verkefnunum. Ef við t. d. tökum það sem hér hefur verið sagt um minnkun vegafjár til Vestfjarða, þá er rétt að geta þess, að í þeim útreikningi, sem hér er sýndur, er brúafé með og á s. l. ári kom talsvert fé til brúargerðar á Vestfjörðum, miklu meira þá en á þessu ári. Þetta hlýtur að víxlast nokkuð eftir landshlutum. Ef ég man rétt, þá var varið 7½ millj. kr. til brúargerðar í Norðurlandskjördæmi eystra á árinu sem leið, auk þess var að vísu gert við brýrnar sem biluðu í jarðskjálftunum norður í Kelduhverfi og kom ekki sérstaklega á brúaáætlun. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem hljóta að hreyfast nokkuð til eftir ýmsum aðstæðum, og ég er þeirrar skoðunar að okkur sé nokkur nauðsyn að geta hreyft helstu verkefnin til milli kjördæma eftir því sem skynsamlegt er að vinna þau hverju sinni, þó mér sé hins vegar ljóst að þetta er erfitt meðan þarfirnar eru hvarventa svo miklar sem raun ber vitni.

Þá langar mig til þess aðeins að nefna till. þá sem hv. þm. Friðjón Þórðarson mælti fyrir í kvöld. Ég hef leyfi til að flytja það hér, að fjvn. mælir með því að till. þessi verði samþykkt. Hún hefði vel átt heima með öðrum brtt. sem fluttar eru af fjvn., en féll niður.

Herra forseti. Ég ætla ekki að dvelja miklu lengur við þetta mál að sinni. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings þegar það hefur komið fram, — m. a. held ég að það hafi komið fram í sjónvarpinu í kvöld, — að þær 200 millj. sem eru fluttar til á vegáætlun yfir á framkvæmdir séu allar teknar af verkfræðilegum undirbúningi. Það er raunar ekki. Það er tekið af nokkrum þáttum, eins og rakið hefur verið. Mér er ákaflega vel ljóst að allur slíkur tilflutningur sem þessi getur mjög orkað tvímælis. Hins vegar fæ ég ekki skilið að það þurfi samt endilega að minnka ostbitann. Ég held að sá þáttur röksemdafærslunnar sé hæpinn hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að þetta fé í sjálfu sér minnki við það að vera flutt á milli þessara tveggja þátta. Það vex að vísu ekkert af því heldur, en ætli það geri ekki um það bil hvorugt.

Það hefur verið, eins og ég sagði áðan, rætt talsvert um vinnubrögð fjvn. Ég held að það hafi nú verið mjög algeng vinnubrögð, að þegar þurft hefur að taka lokaákvarðanir um mikilsverð mál sem ekki hefur verið fullkomin eining um, þá hafi yfirleitt stjórnarflokkar orðið að axla þá byrði að taka slíkar ákvarðanir og standa við þær, bera þær fram, koma þeim fram, jafnvel þó að allir hafi ekki endilega verið ánægðir. Þetta er raunar það sem hefur gerst við þá vegáætlun sem hér er til umr. nú.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem komið hefur hér fram í umr.

Hæstv. samgrh. sagði varðandi þá skiptingu, sem hér er lagt til, að hér væri ekki um að ræða óbreytilega skiptingu fjármagns á vegáætlun. Og nú hefur verið gefin út yfirlýsing af hálfu hæstv. ríkisstj. þess efnis, að vegáætlun skuli tekin til endurskoðunar á næsta hausti. Hv. þm. Ingi Tryggvason, sem gegnir nú störfum formanns fjvn., lýsti því yfir á fundi fjvn. að það væri ekki meiningin, þó að endurskoðun á vegáætlun ætti sér stað, að breyta þeim grunni sem hér hefur verið lagður við skiptingu fjármagnsins eins og það liggur hér fyrir, heldur yrði einungis um það að ræða að skipta upp því hugsanlega viðbótarfjármagni sem kæmi við það sem þegar er hér fyrir. Með endurskoðun af því tagi er ekki um að ræða hina venjulegu endurskoðun

á vegáætlun, heldur aðeins verið að skipta upp því sem kemur til viðbótar því sem hér er lagt til. Þessu lýsti starfandi formaður fjvn. yfir á fjvn.-fundi. Þetta stangast á við það sem hæstv. samgrh. var að segja í kvöld — og hverjum skal nú trúað? Það verða menn að gera upp við sig, hver og einn, hvorn þeir telja trúverðugri, hæstv. samgrh. eða formann fjvn. En þetta er ekki samhljóða.

Hæstv. samgrh. sagði áðan að það væri um stefnubreytingu að ræða að því er varðaði hraðbrautaframkvæmdirnar frá því sem verið hefði. Hver er sú stefnubreyting? Samkvæmt bráðabirgðavegáætluninni, sem afgreidd var fyrir árið 1976, fóru til hraðbrautaframkvæmda 1081 millj. kr. Samkv. því, sem hér er lagt til á árinu 1977, eiga að fara til þess 1250 millj. Það er Norður- og Austurvegurinn, hann var samkvæmt hraðbrautakerfinu gamla, og það er Borgarfjarðarbrúin, hún var líka samkvæmt hraðbrautakerfinu gamla. Hver er stefnubreytingin varðandi þetta? Ef einhver er, þá er hún aukin frá því sem áður var í sambandi við hraðbrautaframkvæmdir, gagnstætt við það sem lofað var í sambandi við endurskoðun á vegalögum þegar þau voru afgreidd fyrr á þessu þingi. Ef að hæstv. ráðh. hefur meint það, að hér væri í raun og veru dregið úr hraðbrautaframkvæmdum og hraðbrautastefnu frá því sem áður var, þá lítur dæmið svona út.

Ég skil ekkert í hæstv. samgrh. að hann skyldi halda því hér fram áðan að ég hafi ráðist á þá hækkun sem gert var ráð fyrir í sambandi við viðhald vega fyrst þegar vegáætlunin var lögð fram. Hann hefur greinilega ekki hlustað á það sem ég sagði þá og því síður lesið það, því að í umr., sem eru í þingtíðindum, kemur greinilega fram hvað ég sagði um þetta atriði. Og ég vil leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta: „En hitt skal viðurkennt, að nokkuð er til hins betra í sambandi við viðhaldið. Það er aukið, þó að það sé víðs fjarri því að vera neitt í námunda við það sem það ætti í raun og veru að vera til þess að hafa fylgt hækkandi tilkostnaði. En það er eigi að síður aukið.“ Svo kemur hæstv. samgrh. og segir að ég hafi ráðist gegn þessu. Ja, þvílíkur málflutningur! Guð hjálpi hæstv. ráðh. ef hann heldur áfram á þessari braut! Nei, það vill oft verða svo, að þegar menn lenda í sjálfheldu, þá grípa þeir í hvert og eitt hálmstrá, hversu fjarstæðukennt og fjarri það er í raun og veru öllum líkindum í þá átt að þeir geti bjargað sér á því. Og hér hefur hæstv. samgrh. farið þá leiðina.

Hv. þm. Ingi Tryggvason hefur líklega komið með þá grundvallarröksemdafærslu og orsök sem fyrir því liggur hversu hrapallega er farið með Vestfjarðakjördæmi í sambandi við skiptinguna. Það hefur líklega verið sú ádrepa sem hann fékk frá manninum úr Norðurlandskjördæmi eystra sem fór til Vestfjarða á s.l. sumri og var að hæla því hversu góðir vegir væru á Vestfjörðum og Vestfjarðaþm. hefðu gert eitthvað betur og staðið sig betur en hv. þm. Norðurl. e. Og hann hefur hugsað gott til glóðarinnar að kippa þessu nú í lag. Þetta er sú eina röksemd sem fram hefur komið til stuðnings þeirri skiptingu sem hér liggur fyrir og greinilega er ætlað að láta Vestfjarðakjördæmi dragast aftur úr enn frekar frá því sem verið hefur. Það er það, að hann hafi verið skammaður af einum sínum kjósanda í Norðurlandskjördæmi eystra á árinu 1976 og hann ætli ekki að láta slíkt koma fyrir aftur. Ég veit ekki hvort hv. þm. stjórnarliðsins frá Vestfjörðum hafa tekið sömu afstöðu gagnvart þessu tiltekna dæmi formanns fjvn. og byggja röksemdafærslu sína á því. En hafi þeir gert það, þá hafa þeir látið formanninn leika illilega á sig.

Það var broslegt að hlýða á upphafsorð í ræðu hv. 9. landsk. þm. þegar hann var að beina orðum sínum til síns kæra vinar, hv. 5. þm. Vestfj. Orðrétt var það nú orðað svo: síns kæra vinar. Hv. þm. sagði að það hefði verið neikvæður og stóryrtur málflutningur í stjórnarandstæðingum og þ.á m. mér og að það hafi verið um skellinöðrumálflutning að ræða, — skellinöðrumálflutning, orðaði hv. þm. það, sem ekki væri líklegur til árangurs. Og hann bætti því svo við, að þm. hefði að sjálfsögðu þegar ráðið hug sinn um afstöðu til þess máls, sem hér liggur fyrir, og þessi skellinöðrumálflutningur hefði engin áhrif á sig. Út af fyrir sig er þetta ágætt. En menn hlustuðu með andakt á framhald ræðu hv. 9. landsk. þm., og greinilega voru menn með það í huga að ekki yrði uppi hafður neinn álíka málflutningur af hennar hálfu eins og hún var að gagnrýna okkur fyrir. En í hverju einasta tilteknu atriði sem hv. 9. landsk. þm. ræddi um í sambandi við vegáætlunina var hún 100% sammála mér í öllum atriðum. (Gripið fram í.) Nú, var það svoleiðis? Mig brestur nú hugvit til þess að snúast gagnvart svona yfirlýsingum, því þó að við vildum snúa því við, þá breytir það ekki málinu, skellinöðrumálflutningur hlýtur þá að hafa verið hjá henni líka. Þá hefur það verið hún sem reið á vaðið með skellinöðrumálflutninginn, ef þetta er svona eins og hv. þm. segir. Ég held að hún hljóti að hafa hlaupið á sig þegar hún gaf þessa yfirlýsingu. En það er athyglisvert að einmitt þessi stjórnarþm. er sá eini af stjórnarþm. í Vestfjarðakjördæmi sem reynir þó að klóra í bakkann og lýsir þó óánægju. Allir hinir virðast ætla að leggja blessun sína yfir þennan óskapnað að því er varðar Vestfjarðakjördæmi og greiða honum atkv. Ég virði það við hv. 9. landsk. þm. Þó að hann kalli eigin málflutning skellinöðrumálflutning, þá virði ég það við hann, að hann skuli þó hafa þessa afstöðu. (Gripið fram í.) Nei, hún hlýtur að vera vel þegin frá kærum vini.

En svo kom það hjá hv. 9. landsk. þm. sem honum létti mjög fyrir brjósti við. Það var þegar hæstv. samgrh. gaf yfirlýsingu sína fyrir hönd hæstv. ríkisstj. Líklega hefði hæstv. samgrh. getað komið í veg fyrir að hv. 9. landsk. þm. hefði flutt þessa ræðu hefði hæstv. ráðh. látið þm. vita af því að hann ætlaði að gefa slíka yfirlýsingu, því að hún tók það sérstaklega fram að hún hefði ekki vitað um þessa yfirlýsingu, og eftir öllum sólarmerkjum að dæma hefði hún ekki talað á þann hátt sem hún gerði hefði hún vitað um það. En hvað um það, hún fagnaði sérstaklega þessari fjórðu yfirlýsingu hæstv. samgrh., tók sérstaklega fram að hæstv. ráðh. væri nú búinn að gefa yfirlýsingar í þrjú ár og enga þeirra hefði verið að marka, en hún fagnaði þó sér-

staklega því, þegar þessi fjórða yfirlýsing kæmi, og vonaðist til þess að það yrði að marka hana núna. Þessi hv. þm. þarf ekki miklar hressingarsprautur, ef svona yfirlýsingar létta mikið fyrir brjósti hv. þm., þó að fjórða árið í röð sé. Þá eru ekki mikil vandkvæði á hjá hæstv. samgrh. að hafa þennan hv. þm. góðan.

Mér skilst að þrátt fyrir þessa miklu óánægju ætli hv. 9. landsk. þm. að sitja á strák sínum vegna þessarar fjórðu yfirlýsingar fjórða árið í röð. Það er auðvitað mál hv. þm. hvort hann telur hæstv. samgrh. trúverðugri nú á fjórða ári heldur en fyrsta, öðru eða þriðja. En kannske er það *vegna þeirrar vissu að á næsta ári á að* ganga til kosninga sem hv. þm. telur líklegra að staðið verði við yfirlýsingu af þessu tagi.

Það voru einungis þessi tiltölulegu fáu atriði sem ég vildi gera athugasemdir við. Ég vil aðeins taka undir það, — ég held að það hafi verið hv. þm. Páll Pétursson sem taldi að sú einkennilega ræða, sem hér var flutt fyrr í kvöld af hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni, stafaði af prófkjörshugleiðingum fyrir alþingiskosningar. Ég held að menn, sem tala á þann hátt sem þessi hv. þm. talaði, Eggert G. Þorsteinsson, hljóti að hafa verið með lokuð augun alllengi. Ég held að það geti ekki verið að þeir þm., sem á annað borð hafa fylgst með því sem verið hefur að gerast í sambandi við vegamál á undanförnum árum, geti talað á þann hátt sem þessi hv. þm. talaði. Það var engu líkara en það hafi ekkert verið gert hér á þessu Stór-Reykjavíkursvæði í vegamálum á undanförnum árum. Og hann segir: Það keyrir um þverbak, allt talið um byggðastefnuna. Hv. 2. þm. Austurl. rifjaði upp nokkuð mörg verkefni, *stórframkvæmdir upp á hundruð millj.* kr. sem hefur verið unnið að á þessu svæði á undanförnum árum í sambandi við vegagerð, hraðbrautaframkvæmdir. En hann gleymdi framkvæmdinni sem lengi vel a. m. k. var mjög umtöluð. Það er brúin yfir Kópavogsgjána. Það hafa líklega Reykjavíkurþm. ekki séð, þó að það sé miklu sýnilegri framkvæmd heldur en sumt af því sem neðar liggur og þessi hv. þm. Reykv. sá ekki. En tal af þessu tagi hlýtur að vekja menn til umhugsunar um það, hvort þeir, sem talað er til og ætlað er að hlýða á mál, séu skynlausar skepnur sem ekkert tillit taki til þess sem er að gerast í kringum þá, og hvort þeir taki góð og gild orð þess sem segir þau, þrátt fyrir að staðreyndirnar sýni allt annað en þeir eru að reyna að telja fólki trú um. Ég held að það sé augljóst að þeir, sem til þekkja, taki ekki undir málflutning af þessu tagi. Og ég er alveg viss um að minn kæri vinur, hv. 9. landsk. þm., gerir það ekki.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en vegna þess, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Vestf., um að misræmi væri í yfirlýsingu hæstv. samgrh. annars vegar og því, er lýst hafði verið yfir af formanni fjvn. á fundi fjvn., þá vil ég láta það koma fram, að ég tel að þetta sé misskilningur. Það, sem fram kom í yfirlýsingu hv. þm. Inga Tryggvasonar, formanns fjvn., er það að enda þótt svo færi að vegáætlun væri tekin til endurskoðunar á næsta hausti og næsta þingi, þá mundi það væntanlega ekki þýða að þær fjárveitingar, sem ákveðnar eru með þessari vegáætlun nú, yrðu skertar við slíka endurskoðun. Þar yrði þá væntanlega um viðbótarfjármagn að ræða og fylgdu engar skuldbindingar og engar yfirlýsingar um að því fjármagni yrði skipt í sömu hlutföllum á milli kjördæma eða verkþátta eins og þessi vegáætlun greinir. Þess vegna tel ég að það sé ekkert misræmi á milli þessara tveggja yfirlýsinga. Hygg ég að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því, að enda þótt það hefði verið með lögum þegar ákveðið að endurskoða þessa vegáætlun þegar á *næsta hausti*, þá yrði varla um það að ræða í raun að þau verk, sem fá ákveðna fjárveitingu að þessu sinni, yrðu tekin á brott og fjárveiting til þeirra numin brott úr endurskoðaðri vegáætlun á næsta hausti. Þetta eru einungis staðreyndir málsins í sambandi við yfirlýsingar þessar, sem ég vildi að hér kæmu fram. Fleiri orð þarf ekki um það að hafa að minni hyggju.

Ég skal ekki lengja þetta nema um örfáar setningar til þess að fara ekki að vekja upp meiri umr. Ég vil aðeins segja það, að þessar umr. hafa að ýmsu leyti orðið að vonum. Við hefðum kosið öll, sem hér erum, að meira fjármagni hefði verið hægt að skipta. Það fjármagn, sem skipt hefur verið, er í samræmi við þann ramma sem fjárlagaafgreiðsla markaði, og fram úr því hefur ekki verið farið utan þess sem verktakalánum hefur verið bætt við, og þessi rammi er ákveðinn með hliðsjón af efnahagsástandi og öðrum framkvæmdum hins opinbera í okkar landi. Um það skal ég ekki ræða meir. Ég vil aðeins segja það, að það er ósk okkar *allra að greiðist úr í efnahagsmálum okkar þjóðar* á þann veg að við getum leyft okkur þegar á næsta ári að ráðstafa meira fjármagni til þessara bráðnauðsynlegu framkvæmda og að tekjustofnar Vegasjóðs megi reynast drýgri en þessi áætlun gerir ráð fyrir. Verður þá allt léttara undir fæti.

Að öðru leyti vil ég segja það, að sumpart hafa þessar umr. verið á þá lund að þm. einstakra kjördæma hafa talað um mikla þörf fyrir framkvæmdafé til einstakra vegkafla og verkþátta í eigin kjördæmi. Slíkar umr. tel ég tiltölulega fánýtar við afgreiðslu þessa máls, vegna þess að í öllum kjördæmum eru mikilsverð verkefni sem eftir sitja, og allir þm. hafa tekið þátt í að skipta því fjármagni, sem um er að tefla, til verka innan eigin kjördæma. Þar hefur, að ég hygg, yfirleitt orðið samkomulag um hvað leggja beri mesta áherslu á. Það, sem þá er eftir, kemur vitaskuld í næstu röð og þýðir ekki um að tala nú, nema um meira fjármagn sé að ræða. Þess vegna vil ég segja það, að tillöguflutningur eins og sá, er birtist á þskj. 438, er í rauninni lítt samboðinn þeim hv. þm. sem þar standa að. Fyrri flm. er þó flokksformaður í einum stjórnmálaflokknum, og þessi hv. þm. tók þátt í því af fullum heilindum og með fullu samstarfi í okkar þingmannahópi að skipta því fé sem um var að ræða. Við erum allir sammála um að það fé er of lítið. Við hefðum kosið að geta sinnt fleiri verkefnum. Vonandi er að sú endurskoðun á möguleikum á aukningu á tekjustofnum Vegasjóðs, sem hæstv. samgrh. hefur lýst yfir að

fari fram, leiði í ljós, að við getum veitt meira fjármagni til þessara framkvæmda á næsta ári og skipt því fjármagni svo, bæði á milli kjördæma og til einstakra verkþátta, að allir geti sæmilega við unað.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. þegar hér er komið. Ég er óánægður með það að ekki skuli vera meira fjármagn til vegagerðar samkvæmt því sem hér liggur fyrir um vegáætlun á næstu 4 árum. Ég held að allir, sem hafa látið hér til sín heyra, hafi verið óánægðir. Formaður fjvn. var óánægður, hæstv. samgrh. var óánægður, og það verður að líta svo á, að hæstv. ríkisstj. sé óánægð, því að á annan veg verður ekki skilin sú yfirlýsing sem hæstv. samgrh. flutti hér fyrr í umr., að það væri ákveðið að taka vegáætlunina til endurskoðunar þegar fyrir næsta ár.

Ég vil taka undir það, sem aðrir hafa sagt í þessum umr., ánægju með þessa yfirlýsingu. Ég vona, að hún verði raunhæf, og treysti því og hef ekki ástæðu til annars en að treysta því að hún verði raunhæf í því formi, að það verði gerð veruleg bragarbót.

Í þessum umr. hefur Vestfirði borið allmikið á góma. Það hefur verið lýst yfir óánægju með skiptingu milli kjördæma, þannig að hlutur vestfirðinga sé ekki nægilega góður. Ég tek undir þetta. Ég held að mér sé óhætt að segja að allir þm. Vestf. séu óánægðir. Ég skal ekki hér fara að fjölyrða um það, hversu mikil þörf væri að veita meira fjármagni til Vestfjarða og taka fyrir stór verkefni o. s. frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fjölyrða um það. Ég hef í undirbúningi þessa máls og ég veit að allir stjórnarþm. frá Vestfjörðum hafa lagt áherslu á þetta og ekki síst hv. 4. þm. Vestf. sem á sæti í fjvn. Ég veit líka að fyrir þessa baráttu hefur nokkuð áunnist þó að við séum ekki ánægðir.

En hér hefur staðið upp einn maður, hv. 5. þm. Vestf., sem telur sig vera sérstaklega kjörinn til þess að lýsa yfir óánægju og vandlætingu og talar eins og hann sé sá maður sem hefði getað breytt hér um, að því er virðist, eða maður verður að ætla, ef hann hefði verið í aðstöðu stjórnarþm. Það er leiðinlegt að þurfa að vera að benda á það, að einmitt þegar þessi þm., hv. 5. þm. Vestf., var og hét og hafði meira en málfrelsi í fjvn., þá var hlutur vestfirðinga lakari en nokkru sinni fyrr eða síðar. Tölurnar tala. Auðvitað er ekkert óeðlilegt við að það séu nokkrar sveiflur í þessum efnum milli kjördæma á löngum tíma innan hvers kjördæmis. Við vestfirðingar höfum líka notið góðs af því. T. d. 1968 höfðum við um 29% eða tæp 30% af öllu vegafé. 1969 höfðum við rúm 20% eða 22—23%. En það er hörmulegt, eins og ég sagði áðan, að þurfa að segja það, hvað þá heldur að þola það, eins og vestfirðingar urðu að þola á þeirri tíð þegar þegar hv. 5. þm. Vestf. var í stjórnaraðstöðu og sérstakur fulltrúi þeirra til þess að gæta þeirra hagsmuna í fjvn. og á öðrum vettvangi, að þá hrapaði þetta hlutfall niður í 6% eða um 6—7%.

Eftir að þessi þm. hætti að hafa þessa aðstöðu hefur hlutur okkar heldur farið batnandi. Við höfum verið síðan í 10—11%. Ég legg ekki sjálfur mikið upp úr tölum í þessu sambandi og sérstaklega ekki prósentutölum. Það er vandfarið með þá hluti og að túlka rétt og leggja rétta merkingu í þær tölur. En ég hef aðeins vikið að þessu til þess að þessi hv. þm., hv. 5. þm. Vestf., skilji það að hann geti ekki talað af neinu sérstöku yfirlæti í þessu máli eða einhverju sérstöku yfirlæti til okkar þm. sem fylgjum núv. ríkisstj. Ég held að hv. þm. ætti ekki að hætta sér út á þá braut. En kannske það ömurlegasta í þessu — og það er vissulega ekkert gamanmál — það er nú það, að málflutningur, sem þessi hv. þm. hefur tamið sér, er öðru fremur til þess fallinn að veikja málstað vestfirðinga í hverju einu sem þessi hv. þm. ræðir um, og það á vissulega líka við um þetta mál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil biðja afsökunar á því að ég skuli trufla — koma inn í umr. á milli vestfirðinganna. Það versta við þá er að þeir eru svo sterkir í fótunum að þeir geta talað lengi.

Ég veit ekki í hvaða ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e. var að vitna þegar hann vitnaði í ummæli hv. 4. landsk. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar. Ég var ekki viðstaddur. En mér skildist á málflutningi hv. þm. Stefáns Jónssonar að þessi Reykjavíkurþm., eins og Stefán Jónsson kallaði hann, hefði lýst óánægju sinni með hlut Reykjavíkur til vegalagningar. Og ég vil taka undir með hv. 5. þm. Norðurl. e., að ég er alveg furðu lostinn að slík ósvífni skyldi koma fram hjá þm. Reykv., að vera ekki búinn að átta sig á því fyrir löngu að það er alls ekki ætlast til þess að þm. Reykv. taki til máls eða fari fram á eitt eða annað, hvorki við afgreiðslu fjárl. né vegáætlunar, um framlag af vegafé til okkar kjördæmis. Og mér mér liggur við að taka mér það bessaleyfi í fjarveru hv. 4. landsk. þm. að biðja afsökunar fyrir hans hönd og annarra þm. Reykv. að hann skyldi blanda sér inn í úthlutunarmál á peningum hér á hv. Alþingi.

En ég verð að segja það, að við þm. Reykv. verðum að vera ánægðir og reyna að láta sem allra minnst á okkur bera nú til þess að það verði ekki skornar niður þessar 98 millj. sem af einhverjum ástæðum standa nú á vegáætlun til Reykjavíkur af þeim 3000 millj. sem er verið að úthluta. Ég ætla ekki að gera það að neinu atriði að taka undir með hv. 4. landsk. þm. Það klingir alltaf í eyrum, bæði hér og annars staðar, að Reykjavík er svo rík að hún getur séð um sig sjálf. Og mér er næst að halda að sama skoðun ríki hvað Reykjaneskjördæmi allt snertir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri, þau eru kannske orðin of mörg, en hlakka til að hlusta á framhaldsumr. utanbæjarþm. um baráttu þeirra um skiptingu á kökunni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths., en þó nauðsynleg. Það eru sumir hv. þm. með því marki brenndir að þeir eru oftast seinheppnir, og það á við hv. 3. þm. Vestf. þegar hann var að segja hér að á þeim árum, sem ég var stjórnarsinni og átti sæti í fjvn., hefði hlutur Vestfjarðakjördæmis hríðversnað, þ. e. a. s. frá árinu 1972 til 1974. Við höfum um þetta tölur frá hæstv. samgrh., og þó að hv. 3.

þm. Vestf. trúi honum ekki, þá held ég að ég trúi honum núna. Þessar tölur eru þannig: 1971, síðasta ár viðreisnarstjórnarinnar sem þessi hv. þm. studdi, 196.6 millj. 1972, fyrsta ár vinstri stjórnarinnar, Vestfjarðakjördæmi 267.1 millj. úr 196.6. 1973, annað ár vinstri stjórnarinnar, 413.7 millj. Ósköp hefur hv. 3. þm. Vestf. litla hæfileika til að reikna. (Gripið fram í.) 1975, fyrsta ár núv. hæstv. ríkisstj., fer Vestfjarðakjördæmi úr 413.7 millj. 1974 í 255.6 millj. Þetta er að hrapa, segir hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Þvílík ófugmæli! Ég skil ekkert í hv. þm. að hann skldi taka sér þessi orð í munn því hann hefur plaggið, hann hefur bara ekki litið á það áður en hann talaði, en það hefði verið betra.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég segi nú eins og hv. þm. Pálmi Jónsson, að ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr. hér í dag og í kvöld, en ég vil þó sérstaklega taka undir það sem hann sagði varðandi yfirlýsingu ráðh. og varðandi þá yfirlýsingu sem varaformaður fjvn. gaf á nefndarfundi um hugsanlegar breytingar varðandi endurskoðun á vegáætlun á næsta ári. Ég tel að þar sem engin prósenturegla er í gildi varðandi úthlutun til stofnbrauta, þá sé sú úthlutun eða sú skipting, sem þegar liggur fyrir, ekki á nokkurn hátt stefnumarkandi varðandi það fé sem kynni að verða til ráðstöfunar til viðbótar. Það, sem gerði að ég kom hér upp, voru ræður þeirra 3. og 5. þm. Vestf., og ég vil taka undir það, að það er á ýmsan hátt ákaflega hæpið að bera saman prósentutölur eða upphæðir.

Það er rétt, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði, ef við reiknum þetta í prósentutölum, það er alveg hárrétt. En það eru líka réttar tölur sem hv. 5. þm. Vestf. var að lesa upp. Hann las upp tölur og hann nefndi 413 millj. á einu ári. En hver er skýringin? Skýringin er sú, að þá var gert sérstakt átak, þá var boðið út 80 millj. kr. lán vegna Djúpáætlunar og það er í þessari tölu. Þess vegna vil ég halda því fram að á árunum 1975 og 1976 séu þetta nokkuð sambærilegar upphæðir og þær voru áður.

Ef við lítum yfir listann yfir framkvæmdir 1965—76, þá vil ég leyfa mér að nefna hér aðeins dæmi um hversu fáránlegt það er að ætla að miða við einhverja ákveðna prósentu frá ári til árs án tillits til þess hvort um einhver stærri verkefni er að ræða eða ekki.

Ég lít hér aðeins á hámark og lágmark í Reykjaneskjördæmi, sem er hæst yfir þetta tímabil. Mér sýnist að það fari alla leið úr 2.96% eða rétt um 3% á árinu 1968 upp í 53% þegar hæst er, þ. e. á árinu 1965, og annað árið, sem er hæst, er 1970 með yfir 50% af öllu framkvæmdafé sem fer til vega á landinu. Það hlýtur náttúrlega að leiða til þess, að þar að kemur að ástand vega er orðið allt annað þar en í öðrum kjördæmum sem minna hafa fengið.

Það kemur mér t. d. dálítið á óvart líka, þegar ég lít á Norðurl. e., að 1967 eru prósentutölurnar þar 21.6% og 1968 er það 18.6%. En hvað skyldi það vera mikið næstu tvö ár miðað við þetta yfirlit sem við höfum? Ég sé ekki betur en það sé 5.4% og 4.8%.

Það er alveg hárrétt að við erum með lægra hlutfall núna í heild en við vorum með í fyrra á Vestfjörðum. Það hefur verið minnst hér á brýr í sambandi við það. Við fengum tiltölulega góðan hlut í fyrra. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég telji sjálfur að hér sé um eðlilega og sanngjarna skiptingu að ræða, en ég segi það, að slíkar tölur í prósentum hljóta að breytast á milli ára, og ef við í dag værum ekki á sama hátt reiðubúnir til þess að standa að tímabundnum verkefnum í öðrum kjördæmum, þá ættum við erfiðara með að krefjast þess að fá verulegt fjármagn til að sinna síðar þeim stórverkefnum sem okkar bíða. Og ég held að það verði ekki beðið í mörg ár eftir því, að það verði tekist á við einmitt ýmis þau stórverkefni sem hér hafa verið nefnd í kvöld, svo sem tengingu Djúpvegar, svo sem Breiðadalsheiði, Botnsheiði og tengingu af Patreksfjarðarsvæðinu við aðalvegakerfi landsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hv. 5. þm. Vestf. bar brigður á þær prósentutölur sem ég nefndi. Og hann las upp tölur í því sambandi. Þær tölur voru réttar. Það voru tölurnar yfir fjárveitingar til Vestfjarða. En hann las ekki upp tölur sem eru heildartölur fjárveitinga í landinu. Hv. þm. virðist ekki skilja hvernig þessar prósenttölur eru fundnar. Og meðan hv. 5. þm. Vestf. skilur ekki prósentureikning, þá held ég að það sé ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, þáltill. (þskj. 345). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegáætlun 1977—80, þáltill. (þskj. 311, n. 429, 430, 431, 363, 426, 428, 434, 435, 436, 437, 438, 439). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 434 felld með 33:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SighB, StJ, SvJ, EðS, EggÞ, HFS, JónasÁ, KP, LJós, SM, MÓ.

nei: OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SV, StH, StG, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, IH, JHelg, LárJ, MÁM, ÁB.

SigurlB, JÁH greiddu ekki atkv.

13 þm. (RH, SvH, AJ, BGr, GS, GeirG, GH, GilsG, GÞG, HÁ, JSk, JGS, MB) fjarstaddir.

Áður en brtt. 439 kæmi til atkv. mælti

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég vil taka það fram í sambandi við þessa till., að það orkar mjög tvímælis hvort hún á heima hér í sambandi við vegáætlun vegna þess að hér er farið fram á hækkun á bensíngjaldi sem er ákveðið samkv. sérstökum lögum, sem eru lög frá 29. apríl 1953, og þar segir í 1. gr. þeirra laga: „Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósolíu og bensíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu." Því sýnist mér að þar sem hér er um að ræða að hækka verð á bensíni og olíu á einstaka stöðum, þá brjóti það í bága við þessa löggjöf sem þar um fjallar og því þurfi breytingu á þeim lögum ef till. þessi á að hafa lagalegt gildi. Ég tel ekki þinglegt að bera upp till. sem hefur ekki lagalegt gildi í sambandi við það mál sem hér er um að ræða, sem er þáltill. um vegáætlun. Það þarf breytingu á löggjöfinni eigi að síður. Þetta vildi ég að kæmi fram. (**EggÞ:** Er 95. gr. vegalaga til?) Hún er fallin úr gildi fyrir nokkuð löngu. En ef maður ber þá grein saman við það lagalega gildi sem bensínskattur hefur, þá þarf breytingu á þeim lögum ef nýtt gjald á að koma til. Því mun ég ekki bera upp þessa till., og ég vænti þess að hv. flm. fallist á það.

Brtt. 439 kom ekki til atkv.
— 428,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 435 felld með 34:9 atkv.
— 438,1 felld með 34:8 atkv.
— 438,2—3 komu ekki til atkv.
— 438,4 felld með 32:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, JónasÁ, LJós, SM, RA, StJ, SvJ, AG, EðS, EggÞ.
nei: HES, IT, IngJ, IG, JóhH, IH, JHelg, LárJ, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SV, StH, StG, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, ÁB.

JÁH, KP, MÓ, SighB, SigurlB greiddu ekki atkv.
13 þm. (HÁ, JSk, JGS, MB, RH, SvH, AJ, BGr, GS, GeirG, GH, GilsG, GÞG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Bærinn Hvammur stendur undir Tindastól, og þar er gamalt prestssetur og kirkja. Neðan við þennan bæ fellur á sú sem hér er gerð till. um að brúa, Laxá, og brúin á að kosta 14 millj. kr. Þannig háttar til á þessum stað að vegurinn, sem liggur yfir þessa brú, liggur ekki að öðrum bæjum, a. m. k. getur ekki komið öðrum bæjum að gagni, ekki fyrr en þá einhvern tíma síðar meir. Í Hvammi hefur lengi búið einn maður, þ. e. a. s. presturinn í sókninni, og þetta er sem sagt brú fyrir prestinn, en hann hefur fram að þessu aðeins haft göngubrú. Þetta er að sjálfsögðu gott og fagurt. Gallinn er bara sá að presturinn er fluttur á Sauðárkrók.

Á næsta bæ búa systkin og þau hafa fengið heimild til þess að nýta þessa eyðijörð. Þau vilja fá þessa brú og gera sér reyndar von um það að vegur verði lagður á milli þeirra bæjar og Hvamms, þ. e. tveggja km leið, en á meðan nota þau annan og heldur lélegan veg. En sveitin í heild er áfram einangruð meira en flestar aðrar sveitir á landinu vegna þess að Laxárheiði er lokuð á vetrum. Fyrir utan þessi systkin og prestinn, sem fluttur er á Sauðárkrók, veit ég ekki um neinn skagfirðing sem telur þetta vera á meðal brýnna verkefna í vegamálum, annan en hæstv. dómsmrh. Hann vill ólmur fá þessa brú hvað sem tautar og raular. (**Dómsmrh.:** Hann er líka kirkjumrh.) Já, hann er líka kirkjumrh., og hann veit sem er, að sumir aðrir hafa fengið sína brú og hann vill náttúrlega ekki vera minni maður.

En upp af Valadalsheiði er önnur brú. Hún er á þjóðleiðinni milli Norðurlands og Suðurlands. (**Gripið fram í:** Ég hef aldrei heyrt hana nefnda.) Upp af Vatnsskarði er þessi brú. Hún er á þjóðleiðinni milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðar. Og þetta er gömul brú, þetta er ein elsta brúin á norðurleiðinni. Hún er komin á sjötugsaldur. Hún kostar lítið meira en brúin prestsins, en hún hefur ekki fengist endurbyggð nú ár eftir ár vegna þess að það eru engir peningar til. Þó er þetta alkunn slysagildra fyrir þá 300—400 bíla sem aka daglega að sumrinu yfir þessa brú. En hún á sem sagt að bíða enn um sinn meðan verið er að byggja brú fyrir eyðijörð. Þetta er sýnishorn um vinnubrögð sem ekki á að þola. Þess vegna hef ég flutt þessa till. og þess vegna segi ég já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Meðan rök fyrri flm. þessarar brtt. eru ekki hrakin tel ég ábyrgðarhluta að greiða þessari till. mótatkv. og því segi ég já.

Brtt. 426 tekin aftur.
— 437,a felld með 40:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, KP.
nei: OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SV, StH, StG, SvJ, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, EðS, EggÞ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, IH, JHelg, JÁH, JónasÁ, LárJ, SM, MÓ, MÁM, ÁB.

RA, SigurlB, StJ, HFS, LJós greiddu ekki atkv.
13 þm. (RH, SvH, AJ, BGr, GS, GeirG, GH, GilsG, GÞG, HÁ, JSk, JGS, MB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég var einn þeirra sem töldu að aðra brú á landinu hefði átt að byggja á undan Borgarfjarðarbrú, þ. e. a. s. Ölfusárbrú, en eigi að síður er Borgarfjarðarbrúin nú orðin staðreynd og ég tel að það sé nauðsynlegt að þeim framkvæmdum, sem þar eru nú hafnar með löglegum hætti, verði fram haldið og lokið sem fyrst. Þess vegna segi ég nei.

Brtt. 437,b felld með 34:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, JónasÁ, KP, LJós, SM, RA, SighB, StJ, SvJ, EðS.
nei: HES, IT, IngJ, IG, JóhH, IH, JHelg, JÁH, LárJ, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SV, StH, StG, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, ÁB.

MÓ, SigurlB, EggÞ greiddu ekki atkv.
13 þm. (HÁ, JSk, JGS, MB, RH, SvH, AJ, BGr, GS, GeirG, GH, GilsG, GÞG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þetta verkefni er eitt af nauðsynlegum verkefnum í vegagerð. En þar sem hvort tveggja skortir nú, að lokið sé þeim rannsóknum, sem þarf til þess að fara að vinna að þessu verki, og fjármagn til þess að veita í framkvæmdina, þá segi ég nei.

Brtt. 436 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 428,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 363 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 428,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 445).

Sameinað þing, 71. fundur.

Þriðjudaginn 29. mars, að loknum 70. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, eru þær æsifregnir sem birst hafa í blöðunum að undanförnu um hag og afkomu Útvegsbanka Íslands. Síðasta fregnin varðandi þetta mál var í einu dagblaði s.l. laugardag, og er því haldið fram að heyrst hafi úr hópi bankamanna, eins og blaðið orðar það, að skynsamlegast mundi vera að leggja bankann hreinlega niður. Ég tel að hér sé um svo mikla fjarstæðu að ræða og öfgar að hv. Alþ. eigi fulla heimtingu á að gerð sé grein fyrir málefnum Útvegsbankans, sérstaklega með tilliti til þess að bankinn er ríkisbanki og Alþ. skipar bankaráð hans. Reikningar bankans eru að sjálfsögðu prentaðir og gefnir út í byrjun hvers árs og geta því allir, sem áhuga hafa á, kynnt sér rekstrarafkomu bankans, eins og hún er um hver áramót, og fjárhagsstöðu að því er eignir og skuldir varðar.

Reikningar bankans fyrir árið 1976 eru í prentun, en munu verða gefnir út eins og venja er þegar því verki er lokið, sem mér er tjáð að muni verða í næsta mánuði. Sem bankaráðsmaður hef ég reikninga bankans fyrir árið 1976 undir höndum í handriti eins og endanlega hefur verið gengið frá þeim til prentunar, og samkv. reikningnum var rúmlega 30 millj. kr. rekstrarhagnaður hjá bankanum árið 1976 og eigið fé bankans í árslok 1976 rúmlega 280 millj. kr. Þess ber þó að geta í þessu sambandi, að brunabótamat fasteigna bankans mun vera um 1200 millj. kr. hærra en bókfært verð þeirra í reikningum bankans, svo að segja má að það séu hrein öfugmæli þegar verið er að tala um slæma fjárhagsstöðu bankans. Raunverulegar eignir bankans nema um 1½ milljarði umfram skuldbindingar hans.

Í þeim umr., sem orðið hafa um málefni Útvegsbankans, hefur því verið haldið fram að innlánaaukning hafi verið minni hjá bankanum en eðlilegt er. Einnig þetta er rangt. Samkv. skýrslu, sem ég hef undir höndum um aukningu sparifjár í bankakerfinu nú fyrir s.l. 3 ár, kemur í ljós að aukning sparifjár hjá Útvegsbankanum er með eðlilegum hætti og í hlutfalli við stærð bankans. Hlutur sparifjár og aukning útlána er mest hjá Landsbankanum, þar næst hjá Búnaðarbankanum, en Útvegsbankinn er í þriðja sæti, aðrir bankar koma þar á eftir.

Þá hefur því verið haldið fram að staða bankans gagnvart Seðlabankanum hafi verið erfið um s.l. áramót. Ef litið er á þá skyldu, sem á Útvegsbankann er lögð í sambandi við rekstrarfjármögnun sjávarútvegs og fiskvinnslu, hlýtur bankinn á vissum tíma að verða að nota þá yfirdráttarheimild sem hann hefur á hinum almenna viðskiptareikningi sínum hjá Seðlabankanum. Sú skylda er lögð á herðar bæði Landsbankanum og einnig Útvegsbankanum að veita bátaflotanum hin svokölluðu útgerðarlán, sem á hverjum tíma eru innan ramma sem settur er í samráði við Seðlabankann. Auk þess er einnig lögð sú skylda á þessa banka að lána til viðbótar þeim afurðalánum, sem Seðlabankinn endurkaupir, og nema þau lán 28—30% til viðbótar afurðalánum. Um síðustu áramót námu endurseld afurðalán hjá Útvegsbankanum rúmlega 2400 millj. kr. og viðbótarlánin, sem bankinn varð að inna af hendi, því um 700 millj. kr. Vertíðarundirbúningur bátaflotans fer venjulega fram á haustmánuðum ár hvert og eru útgerðarlánin þá veitt. Ég hygg að um síðustu áramót hafi þessir tveir málaflokkar, hin svokölluðu skyldulán til útgerðar og fiskvinnslu, numið hjá Útvegsbankanum rúmlega 1100 millj. kr. Er það sú upphæð sem bankinn var með á yfirdráttarreikningi sínum um síðustu áramót hjá Seðlabankanum.

Þegar þess er gætt, að um 60% af öllum lánum Útvegsbankans fara til sjávarútvegs og fiskvinnslu og að á bankann er lögð sú skylda að lána bæði útgerðarlán til bátaflotans og veruleg viðbótarlán til fiskvinnslunnar umfram afurðalánin, er sannarlega ekkert óeðlilegt við það þó að bankinn þurfi á vissum tíma á yfirdrætti hjá Seðlabankanum að halda. Eins og áður sagði nam þessi yfirdráttur um síðustu áramót um 1100 millj. kr., en hefur farið nokkuð lækkandi síðan, og geri ég ráð fyrir, ef allt fer með felldu, að hann verði að miklu leyti horfinn í vertíðarlok.

Ég vil að lokum geta þess, að ég held að það sé engin ástæða til að ætla annað en að viðskiptabankarnir muni fara eins varlega og frekast er kostur með að nota þá yfirdráttarheimild sem þeir hafa hjá Seðlabankanum vegna þeirra vaxtakjara sem á þessum reikningum eru. Á árinu 1976 voru vextir þessara reikninga ákveðnir 24%, en urðu í raun 30.6% að því er Útvegsbankann varðar, þar sem vextirnir eru reiknaðir af hæstu upphæð á 10 daga fresti þótt skuldin standi mun skemur. Nokkur leiðrétting mun þó í vissum tilfellum hafa verið á þessu gerð um s.l. áramót. Nú hafa þessir vextir verið hækkaðir í 36% sem getur þýtt 43% raunvexti með sömu þróun og varð hjá Útvegsbankanum á síðasta ári. Vona

ég að hér sé aðeins um bráðabirgðaákvörðun að ræða hjá Seðlabankanum.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að ræða málefni Útvegsbankans hér á Alþ., svo að þjóðin hefði eitthvað annað en æsifregnir blaðanna að byggja mat sitt á þegar um er að ræða stöðu Útvegsbankans og fjárhagsafkomu hans.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er um mjög vandmeðfarið mál að ræða þar sem um er að ræða málefni eins banka. Þess vegna skiptir það auðvitað mjög miklu máli að menn fái ekki neinar rangar hugmyndir í því sambandi, — hugmyndir sem gætu orðið til þess að veikja traust almennings á þessari stofnun. Ég tel því eðlilegt að gefnu því tilefni, sem hér hefur verið gefið, að segja örfá orð um málefni þau sem þar bar á góma og flutt voru vegna blaðafregna sem birst hafa að undanförnu.

Það er eitt af sérkennum bankakerfis hér á landi, að lengi hefur verið óvenjulega mikil sérhæfing banka að því er varðar útlán til atvinnuveganna. Þessu skipulagi fylgja ýmsir annmarkar, þar sem sveiflur í afkomu einstakra atvinnuvega hafa af þessum ástæðum mismunandi áhrif á stöðu einstakra banka. Fyrir þessu var á sínum tíma gerð mjög rækileg grein í áliti svokallaðrar bankamálanefndar sem lagt var fram í jan. 1974.

Eitt helsta vandamálið á þessu sviði hefur verið alllengi, því að hér er ekki um nýtt vandamál að tefla, hversu mikill hluti af lánum Útvegsbankans rennur til sjávarútvegsins. Hann hefur því orðið fyrir miklum erfiðleikum, þegar blásið hefur á móti í þessum atvinnuvegi, og hefur þá átt erfitt um vik að sinna með eðlilegum hætti útlánum til annarra atvinnuvega. Við þetta hafa svo bæst vandamál vegna afleiðinga gossins í Vestmannaeyjum, en þar hefur Útvegsbankinn verið aðalviðskiptabankinn. Það er þess vegna rétt út af fyrir sig, að Útvegsbankinn hefur af þessum ástæðum átt um skeið við að etja mun erfiðari lausafjárstöðu en hinir ríkisbankarnir. En Seðlabankinn hefur reynt að koma til móts í þeim efnum og hlaupið undir bagga ef á hefur þurft að halda viðvíkjandi lausafjárstöðu.

Það hefur verið bent á ýmsar leiðir til þess að leysa þetta vandamál, t. d. sameiningu Útvegsbankans og Búnaðarbankans, en bankamálanefndin, sem ég gat um áðan, mælti einmitt með þeirri lausn. Fyrir henni hefur þó ekki virst vera nægilegt fylgi og hefur því verið bent á þá leið í staðinn, að samið yrði um flutning tiltekins hluta af sjávarútvegslánum Útvegsbankans til annarra ríkisbanka. Með því móti yrði stefnt að jafnari útlánadreifingu en nú á sér stað.

Þau vandkvæði, sem hafa steðjað að Útvegsbankanum í þessum efnum, hafa auðvitað engum verið ljósari en bankastjórn hans. Þess vegna var það svo, að fyrir um það bil ári, í marsmánuði, 18. mars fyrir ári, gekk bankastjórn Útvegsbankans á minn fund og lýsti áhyggjum sínum af erfiðleikum, sem bankinn ætti í, og benti á leiðir sem hún teldi að eðlilegt væri að athugaðar væru. Það var í fyrsta lagi að athugað væri, hvort ekki væri hægt að veita Útvegsbankanum leyfi til að setja upp útibú á fleiri stöðum en hann hafði og þá á stöðum þar sem ekki væri gert ráð fyrir að sérstaklega mundi koma til útlána til sjávarútvegs, og í öðru lagi að reynt yrði að greiða fyrir aðgerðum í þá átt að flytja hluta af útlánaviðskiptum Útvegsbankans til sjávarútvegs til annarra banka.

Efni þessara viðræðna ræddi ég við bankastjórn Seðlabankans og skrifaði síðan 22. mars 1976 svo hljóðandi bréf til Seðlabankans sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta — það er dags. 22. mars 1976:

„Í framhaldi af viðtali við dr. Jóhannes Nordal vill rn. hér með mælast til þess, að Seðlabankinn athugi á hvern hátt væri hægt að létta byrði Útvegsbankans vegna útlána hans til sjávarútvegs með samningum við aðra ríkisbanka. Jafnframt vill rn. mælast til þess að Seðlabankinn athugi og geri till. um nýj útibú fyrir Útvegsbankann í nágrenni Reykjavíkur."

Í framhaldi af þessu bréfi hafa síðan farið fram viðræður um þetta efni á milli ríkisbankanna, og fyrir nokkru var samþykkt af Útvegsbankanum eða bankaráði hans tillaga bankastjórnar um samningsgrundvöll þar sem gert var ráð fyrir að veruleg útlánaviðskipti væru flutt frá Útvegsbankanum til hinna ríkisbankanna fyrir milligöngu Seðlabankans.

Eins og ljóst er af því, sem ég hef nú sagt, er alger samstaða um það milli bankastjórnar Útvegsbankans og Seðlabankans að raunhæfasta leiðin til þess að styrkja stöðu Útvegsbankans sé fólgin í þeirri tilfærslu viðskipta sem nú er verið að athuga. En jafnframt vil ég geta þess, að á þeim tíma, sem liðinn er síðan ég ritaði þetta bréf, hefur Útvegsbankinn fengið leyfi til þess að setja upp tvö útibú, annað í Kópavogi og hitt á Seltjarnarnesi, og reyndar er í athugun stofnun þriðja útibúsins, þannig að staða hans að því leyti til ætti einnig að geta mjög batnað á næstunni, þó að árangur þeirra aðgerða geti ekki komið í ljós alveg á stundinni.

Ég vil ekki endurtaka út af fyrir sig þær upplýsingar sem komu hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni varðandi tölur, bæði hvernig staða Útvegsbankans hefði verið við Seðlabankann um s. l. áramót né heldur hitt, hver innlánsaukning hefði átt sér stað hjá Útvegsbankanum. Ég er ekki að endurtaka það né heldur það sem fram kom hjá honum, að það hefði verið svo á undanförnum árum, að um 60% af útlánum Útvegsbankans hefðu verið bundin í sjávarútvegi. Það voru á s. l. ári, að ég hygg, 56%, svo að maður fari alveg nákvæmlega með, af lánum hans sem voru bundin í sjávarútvegi. En sé miðað við það hver útlán Útvegsbankans í heild eru af öllum útlánum bankanna, þá er augljóst að þetta hlutfall til sjávarútvegsins hlýtur að leggja óeðlilega byrði á Útvegsbankann samanborið við aðra banka. Og þá er sem sagt, eins og ég hef lýst yfir, verið að athuga hvernig létta megi að nokkru af Útvegsbankanum þessari byrði, létta hana nokkuð og færa hana yfir til annarra banka. Með hvaða hætti það eigi sér stað get ég ekki ekki upplýst nú, en vil undirstrika að þar verður ekkert gert sem ekki er fullt samkomulag um á milli þeirra aðila sem í hlut eiga. Og ég hef þá trú að þessar ráðstafanir muni verða til þess að bæta stöðu Útvegsbankans.

Ég vil aðeins enn undirstrika það, að það er

auðvitað óhjákvæmilegt og það er hægt að sjá af staðreyndum, að afleiðingar eldgossins í Vestmannaeyjum hlutu að bitna mjög á Útvegsbankanum, en hann er eini bankinn sem þar hefur útibú, en Vestmannaeyjar ein aðalverstöð landsins um langa hríð.

En ég vil mjög undirstrika það, að það er engin ástæða til þess fyrir almenning að bera í brjósti neinn ugg vegna þeirra tímabundnu erfiðleika sem átt hafa sér stað hjá Útvegsbankanum. Enginn sparifjáreigandi, sem hefur lagt fé sitt til Útvegsbankans, þarf að ala með sér nokkurn ótta um að það fé sé í hættu, í fyrsta lagi af því að staða bankans er ekki þannig, að hún gefi neitt tilefni til þvílíks ótta, og í öðru lagi af því að eins og menn vita er nú allt innlánsfé í Útvegsbankanum eins og öðrum ríkisbönkum ríkistryggt, innstæður þar eru ríkistryggðar, og það er nauðsynlegt vegna þeirra skrifa, sem kastað hefur verið fram um þessi efni, að fólk almennt geri sér þetta fyllilega ljóst. Og það er engin ástæða til nokkurs ótta í þessu sambandi. Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar og er verið að gera varðandi Útvegsbankann, verða til þess að styrkja stöðu hans þannig að hann geti haft sambærilega stöðu að sínu leyti til gangvart t. d. Seðlabankanum og að því er lausafjárstöðu snertir eins og aðrir bankar. Það væri mjög mikið óþurftarverk, ef það væri vakin hjá nokkrum manni sú hugsun að þessi bankastofnun væri í nokkurri hættu eða þeir, sem hafa átt viðskipti við bankann, þyrftu að bera nokkurn ugg í brjósti. Og mér finnst alveg nauðsynlegt að undirstrika það enn á ný og þetta komi skýrt fram hér af minni hálfu, þannig að það geti ekki átt sér stað og geti ekki breiðst út neinar hviksögur um þetta efni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég held að þessi síðustu orð hæstv. viðskrh. og bankamrh. séu tímabær hugvekja. Að sjálfsögðu veit alþjóð að annaðhvort fer ríkið allt á hausinn eða ríkisbankarnir standa undir þeim skuldbindingum sem á þeim hvíla. En í sambandi við þessi ummæli, áður en ég fer út í það sem ég hef punktað hér niður, þá held ég að vandamálið, sem verður til þess að vekja upp umr. um stöðu Útvegsbankans í þessu tilfelli, sé kannske að finna í öðrum stað í bankakerfinu. Ég er ekki frá því að svo sé, að það frjálsræði í athöfnum og alls konar ráðstöfunum sem Seðlabanki Íslands hefur til athafna, geti verið orsök þess að bankarnir komast í vanda. Það, sem kemur fram í blaðaskrifum sem hér er verið að vitna í sem æsifregnir, virðist ekki vera meiri æsifregnir en það, að bankamrh. upplýsir að bankastjórn Útvegsbankans hafi gengið á fund hans til þess eins að ræða vandamál bankans, og það þarf talsvert að bjáta á til þess að slík pílagrímsganga sé farin. En þessi skrif sem áttu sér stað í Frjálsri verslun, 2. tbl. 1977, og er þar vitnað í ummæli mín um vanda Útvegsbanka Íslands, og svo haldið áfram í Dagblaðinu fyrir nokkrum dögum og vitnað einnig í það, sem skrifað er í Frjálsa verslun, eru svo hljóðandi:

„Afkoma Útvegsbankans hefur verið mjög til umræðu manna á meðal undanfarið. Er ljóst að bankinn hefur um áraraðir verið að sligast undan þungum byrðum vegna fyrirgreiðslu við fyrirtæki í sjávarútvegi. Sjaldan mun staða bankans þó hafa verið jafnslæm og nú. Það vakti athygli að Albert Guðmundsson alþm., sem þekkir manna best til viðskipta og fjármála í landinu, lýsti yfir því á fundi nýverið að Útvegsbankinn yrði gjaldþrota innan skamms."

Það, sem vantar inn í þessi ummæli mín, er það, að ég gat þess að það væri alveg útilokað að nokkurt fyrirtæki, hvort sem það er banki eða einkafyrirtæki eða ríkið sjálft, gæti staðið undir þeim kvöðum að taka lán, eftir þeim upplýsingum sem komu fram hjá Guðlaugi Gíslasyni sem hóf þessar umr., þegar vextir eru komnir upp í það að vera 36% og yfir 40%, á sama tíma sem bankanum er gert að skyldu, eftir því sem mér skilst í þessum ramma, sem vitnað var í, að Seðlabankinn setti, að lána út fé með 11% vöxtum. Hvaða fjármálastofnun eða hvaða aðili er svo sterkur að hann geti ausið út mismun á því sem hann fær og verður að láta af hendi sem getur svarað til allt að 20—30%?

Ég held að það sé augljóst, að það er kominn tími til að athuga hvað er að ske í Seðlabankanum. Hvernig stendur á því að það skuli ekki vera rætt á Alþ. þegar Seðlabankinn getur hagað sér svona? Því vil ég segja það, að það er fyllilega tímabært — og ég undirstrika það — að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands og setja honum einhvern ramma sem er þrengri en sá sem er í dag.

Ég held að þessar fregnir, þó að ég persónulega hafi haft talsverð óþægindi af að þessi ummæli mín í Frjálsri verslun voru slitin úr samhengi við það sem ég sagði, hafi vakið menn til umhugsunar um ekki einungis Útvegsbankann, því að Útvegsbankinn er virt stofnun sem hefur gegnt sínu hlutverki með prýði hér í Reykjavík og um landið allt, heldur um bankamál almennt. Útvegsbankinn hefur gegnt bankastarfsemi og hlutverki annarra banka á stöðum úti á landi þar sem aðrar bankastofnanir hafa útibú, en ekki veitt sjávarútveginum fyrirgreiðslu, og aðilarnir frá þeim stöðum hafa verið viðskiptavinir Útvegsbankans bæði hér í Reykjavík og annars staðar, og það út af fyrir sig er athugunarefni. Hvernig stendur á því að t. d. bankar eins og Samvinnubankinn og önnur útibú hafa svo að segja einkarétt á peningamarkaðinum á ákveðnum stöðum, en koma sér undan að veita fé í atvinnurekstur staðarins, þann undirstöðuatvinnurekstur sem er á hverjum stað og oftast nær er sjávarútvegur? Aðrir bankar telja sig ekki bera sömu skyldu til þess að hlaupa undir bagga með útveginum nema að því marki sem Landsbankinn að sjálfsögðu gerir. Ég held að aðrir bankar fari afskaplega varlega í að koma nálægt útveginum, þó má finna undantekningar.

Ég hleypti ekki af stað þessum umr. á Alþ., en ég sé mig neyddan til að taka þátt í þeim vegna beirra ummæla og vegna þess að ég hef verið flæktur inn í þetta mál á byrjunarstigi. En það hefur komið fram að það er alger óþarfi að kalla þær fregnir og blaðaskrif, sem hafa orðið um Út-

vegsbankann og stöðu hans og eru sennilega afleiðing af gerðum annarra aðila eins og t. d. Seðlabankans, æsifregnir. Ég held að það hafi verið tímabært fyrir Alþ. að fá þessi mál, peningamál þjóðarinnar almennt, til umræðna í sölum Alþ. Ég vona að þetta sé aðeins byrjunin, því að ég mun hér í lok, hæstv. forseti, óska eftir því að þessum umr. verði frestað til þess að okkur gefist kostur á að kynna okkur málið betur og kynna okkur þá einnig þær fullyrðingar sem komu hér fram.

Guðlaugur Gíslason segir, ef ég fer rétt með, að það sé samkv. reikningum Útvegsbanka Íslands, sem ekki eru komnir út, um 30 millj. kr. rekstrarhagnaður á s. l. ári hjá bankanum og hann hafi nú 280 millj. kr. eigið fé. Ég vona að ég fari hér rétt með, skrifaði það eftir Guðlaugi Gíslasyni, ef ekki, þá verður það leiðrétt, að eignir séu um 1200 millj. til 1.5 milljarðar umfram skuldir. Og mér skildist á honum, að það væri allt í lagi með rekstur bankans þrátt fyrir þessa háu vexti sem bankinn greiðir Seðlabankanum, og þrátt fyrir þessa lágu vexti sem Útvegsbankinn tekur af útlánum. Ég trúi því ekki. En þetta eru fullyrðingar sem ég vil fá tíma til að athuga vel áður en þessari umr. verður slitið. En ég skal viðurkenna það, að ég veit ekki hvaða ramma Seðlabankinn setur Útvegsbankanum. Það kom fram í máli Guðlaugs Gíslasonar áðan, að Útvegsbankanum væri ákveðinn rammi settur og honum væri gert að skyldu að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum og fiskvinnsluframleiðslutækjum landsins. Hvaða rammi er þetta sem við erum að tala um? Er bankanum skylt að taka peningana í yfirdrætti frá Seðlabankanum, vegna þess að hann á ekki nógu mikið eigið fé sjálfur til þess að þola að standa að 60% undir fiskvinnslunni eða undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar? Og á sama tíma innan þessa ramma er honum skylt að taka 11% vexti af þeim, sem fá lánin, en á sama tíma er honum gert að skyldu að greiða 40% fyrir lánin. Hver er þessi rammi sem Seðlabankinn setur, sem er svo ranglátur að bankinn er í vandræðum, — banki sem hefur verið fram til síðustu ára einn af virtustu peningastofnunum þessa lands?

Það er 1100 millj. kr. yfirdráttur hjá Seðlabankanum um áramót, segir Guðlaugur Gíslason. Ég trúi því. En hvað hefur skeð áður, úr því að þetta er komið til umr.? Hvað hefur skeð áður? Er búið að breyta öðrum yfirdráttum í löng lán? Er búið að breyta erlendum lánum í innlend lán til langs tíma? Hvað hefur skeð? Þetta veit ég ekki. Þetta vil ég fá að kynna mér áður en við ljúkum þessum umr.

Það er mjög alvarlegt mál, eða a. m. k. lít ég þannig á, ef þær upplýsingar eru réttar, sem komu fram hjá Guðlaugi Gíslasyni í hans framsögu um þetta mál, að vextir skuli vera komnir yfir 40%, eða á s.l. ári frá 36% og yfir 40%. Þetta er meira en lítið athugunarefni fyrir ríkisstj. og ekkert síður fyrir Alþ. Og ég tel að þetta sé ekki viðkvæmt mál. Það kom fram hjá viðskrh. að þetta væri viðkvæmt mál þar sem um viðskiptabanka væri að ræða. Þetta er ekkert viðkvæmnismál. Fyrir hvern er það viðkvæmt mál? Það er viðkvæmt mál fyrir ríkisstj., það er viðkvæmt mál fyrir Seðlabankann, en það er ekki viðkvæmt mál fyrir almenning, það er ekki viðkvæmt mál fyrir Útvegsbankann, vegna þess að honum er settur rammi sem hann ræður ekki við, eftir því sem frsm. sagði hér áðan. Og það er ekki viðkvæmt mál fyrir viðskiptavini vegna þess, eins og hæstv. viðskrh. sagði réttilega að þetta er ríkisbanki. En svo er spursmálið: Hvaða kvaðir hefur ríkið jálft kallað yfir sig? Er það nokkuð betur statt heldur en Útvegsbankinn ef til mergjar verður krufið?

Peningamál þjóðarinnar eru þess eðlis að þau þarf að taka til athugunar, og það verður ekki gert hér í stuttri umr. um Útvegsbanka Íslands einan. Málið er miklu stærra. Og þennan vanda á að leysa, eftir því sem kom fram hjá ráðh., með því að greiða fyrir tilfærslu á viðskiptum fyrir sjávarútveginn til annarra banka. Sem sagt, það er búið að koma þessum banka í vanda, og það á að færa vandann yfir á aðra banka svo mikið sem þeir þola það. Endanlega hlýtur vandinn að verða sá sami hjá þeim, annað er alveg útilokað með þessu áframhaldi.

Ég hef alltaf álitið að þessir sektarvextir eigi alls ekki rétt á sér, þeir eigi engan rétt á sér. Ef menn geta ekki staðið í skilum, þá er það af einhverjum ástæðum. Það er ekki alltaf af hreinum aumingjaskap. Það er ekki alltaf af því að þeir séu að fjárfesta í eigin húsnæði, eigin bílum eða lifi í lúxus. Það er vegna þess að atvinnuvegirnir hafa ekki borið sig að undanförnu. Og þetta verðum við að fara að skilja. Hvað skeður svo þegar jafnvel ríkissjóður stendur ekki í skilum við sjóðina og sjóðirnir standa ekki í skilum við þá sem fá samþykkt lán úr þeim, og útgerðin stendur ekki í skilum við smiðjurnar og smiðjurnar standa ekki í skilum við innflytjendur sem lána efnivið í reikning — og hvar endar þetta? Þetta endar í sektarvöxtum með sektarvöxtum í Gjaldheimtunni. Þjóðin er öll komin á sektarvexti einhvers staðar, og svo dynja rukkunarhótanir yfir þjóðina, eins og réttilega hefur komið fram og mjög réttilega kom fram hjá Bjarna Guðnasyni fyrrv. alþm. nýlega í sjónvarpsviðtali. Þetta er orðið óþolandi, hreint sagt óþolandi kvaðir komnar bæði á einstaklinga, fyrirtæki og nú er það að knésetja bankastofnun. Það er fjöldinn allur af einstaklingum og fyrirtækjum í nákvæmlega sömu aðstöðu og Útvegsbankinn.

Og hvað þýðir að tala um að leysa vanda Útvegsbankans með fleiri útibúum í nágrenni Reykjavíkur, á Seltjarnarnesi og í Kópavogi? Á að spýta þar inn peningum frá Seðlabankanum, eða á bara að opna þarna afgreiðslustofnun fyrir sparifé til þess eins að fá enn þá harðari samkeppni um sparifé á þessum stöðum inn í hennan taprekstur? Maður skyldi ætla að það kæmi þó a. m. k. fram við hverja Útvegsbankinn á að keppa um sparifé í Kópavogi. Er nokkur annar banki í Kópavogi en Útvegsbankinn, fyrir utan Sparisjóð Kópavogs? Það held ég ekki. Hann er sem sagt að fjölga afgreiðslustöðum í þessu byggðarlagi. Ég held að það sé enginn banki á Seltjarnarnesi. Þar á að koma útibú frá Útvegsbankanum. Það getur verið að það komi þar eitthvað inn af peningum, ég skal ekki segja

um það. En hvaðan kemur þetta fé. Þetta er sparifé sem er í öðrum bönkum í Reykjavík. Vinnumarkaður þessara staða er Reykjavík. Aftur á móti eru opinber gjöld greidd á þessum stöðum. Eini vinnumarkaðurinn, sem eitthvað kveður að fyrir Kópavog, er Reykjavík, þó að það séu að skapast þar fleiri og fleiri atvinnuskapandi fyrirtæki. Á Seltjarnarnesi er svo til ekkert, enginn atvinnurekstur, einstaka verslun og eitt útgerðarfyrirtæki, þannig að þetta er sparifé sem þegar er í umferð í Reykjavík og er þá dregið frá öðrum bönkum í þessi útibú. Ég hef ekki trú á að það leysi vanda Útvegsbankans.

Ég reikna með að það verði greiður aðgangur fyrir mig að fá upplýsingar um stöðu ekki bara Útvegsbankans, heldur bankanna almennt við Seðlabankann, að ég fái aðgang að skýrslu Seðlabankans um stöðu bankanna, sem að vísu er, að mér skilst, trúnaðarplagg. Ég mun óska eftir henni sem trúnaðarskýrslu og ekki hafa annað úr þeirri skýrslu við málflutning en það sem hæstv. ráðh. leyfir mér að fara með. En ég vil vita sjálfur hvort ég er að fara með rétt mál eða ekki. Það get ég ekki nema hafa aðgang að upplýsingum. Ég trúi ekki að alþm. verði *meinað um þær upplýsingar sem þeir telja sig* þurfa til þess að taka þátt í umr. um stærstu vandamál þjóðarinnar sem peningamálin og efnahagsmálin eru orðin.

Ég vil fá eftir það sem kom fram hjá Guðlaugi Gíslasyni, hv. 3. þm. Suðurl., sem er bankaráðsmaður, ýmsar upplýsingar um mál Útvegsbankans. Ég óskaði ekki eftir þessum umr., það gerðu aðrir. Ég vil fá að vita hverju hefur verið breytt af yfirdráttarlánum í langtímalán. Ég vil fá að vita hvort erlendum lánum hefur verið breytt í innlend langtímalán. Ég vil fá að vita hvernig staða bankans var orðin og hefði verið ef engu hefði verið breytt og hvernig hún er í dag. Og við skulum þá hjálpast að því að komast að kjarna málsins. Af hverju er staðan svona alvarleg? Þá getum við líka vitað hvort Seðlabankinn hefur sett bönkunum óeðlilegan ramma, Útvegsbankanum og öðrum bönkum. Ég tel að öllu viðskipta- og athafnalífi þjóðarinnar hafi verið skorinn svo þröngur stakkur með alls konar bindingum, — ekki eingöngu með innlánsbindingum, heldur alls konar öðrum ráðstöfunum, að það er orðið of lítið svigrúm fyrir frjálst athafnalíf í landinu. Og nú á þessu augnabliki og frá áramótum hefur verið takmörkun á útlánum hjá bönkunum við afgreiðslu á rekstrarfé til fyrirtækja almennt og mörg fyrirtæki þurft að selja eignir til að fara ekki á hausinn.

Ég sé ekki ástæðu til þess — og tek undir það með hæstv. viðskrh., að nokkur sá sem á sparifé í bönkunum, hvort sem það er í Landsbankanum eða Útvegsbankanum, þurfi að óttast um inneign sína. Sparifjáreigendur í Útvegsbankanum eru *ekkert öðruvísi settir en sparifjáreigendur í* Landsbankanum. Það er engin hætta að þeir tapi sínu fé. Ég undirstrika, að ef fólk fer að halda annað, þá er það ástæðulaus ótti. Það er svo vitað mál að fólk kaupir hvað sem það getur hönd á fest til þess að eiga ekki peninga. Af hverju það? Það hlýtur að vera eitthvað mikið að okkar peningamálum.

En ég er sammála um að það þarf að gera ráðstafanir til þess að styrkja stöðu Útvegsbankans. Og ég er enn þá vissari um að það þarf að gera enn þá meira átak til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs og landsins í heild og þá sérstaklega út á við. Sú skuldasöfnun, sem við *erum allir* sammála um að er orðin allt of mikil, er að sliga okkur, á sama hátt og skuldasöfnun einkaaðila og fyrirtækja og þá bankans í þessu tilfelli, er að sliga kerfið í heild.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. *Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, en* þó gefa orð síðasta ræðumanns mér tilefni til þess að segja örfá orð. Hann sagði að það ætti að vera gullvæg regla fyrir alla að vita hvort þeir færu með rétt mál eða ekki. Hann vildi ekki fara með nema rétt mál. Þetta er góð regla. En menn þurfa þá að vita, áður en þeir fara að tala, hvað er rétt og fara þá rétt með af því þeir vita hver sannleikurinn er. En mér fannst koma fram í máli hv. síðasta ræðumanns að hann skorti upplýsingar um ýmis atriði, sem hann teldi sér nauðsynlegt að fá, og auðvitað hefði verið æskilegt að hann hefði aflað sér þeirra upplýsinga áður en hann lét á sínum tíma frá sér fara þau ummæli, sem eftir honum hafa verið höfð og e. t. v. hafa orðið tilefni til þess að um málið hefur verið skrifað á öðrum stöðum.

Ég er hv. þm. ekki sammála um að þau skrif megi ekki flokkast undir æsiskrif. Ég flokka þau undir æsifregnir. Fregnir af þessu tagi eru til þess skrifaðar að vekja æsing og eru óheppilegar. Það vænti ég að hv. þm. viðurkenni þegar hann hugsar málið betur. Auðvitað má skoða öll mál og endurskoða löggjöf og þar á meðal löggjöf um Seðlabankann eins og annað. En ég held að það hafi verið nokkuð ofmælt, sem hann sagði varðandi Seðlabankann, að hann hafi sett Útvegsbankanum einhvern sérstakan ramma. Auðvitað hefur Seðlabankinn ekki sett Útvegsbankanum neinn sérstakan ramma. Það hafa gilt alveg hliðstæðar reglur og sömu lánareglur fyrir Útvegsbankann eins og aðra banka. Ef hann á við með þessum ramma það þak sem sett hefur verið varðandi útlán bankanna, þá er þar um að ræða reglur sem bankarnir hafa gengið undir með samkomulagi við Seðlabankann. Og það er nú svo með banka, að þeir lána ekki annað fé og geta ekki lánað annað fé en þeir fá til meðferðar hjá sparifjáreigendum eða þá fá að láni hjá einhverjum öðrum lánardrottnum. Og það er auðvitað öllum kunnugt, að það ráðstöfunarfé, sem bankarnir hafa til útlána, er takmarkað af þeirri einföldu ástæðu að sparifé er ekki nægilegt fyrir hendi, og ég býst varla við að það þurfi að rekja það fyrir hv. alþm. hverjar ástæður liggja til þess a. m. k. að verulegu leyti, sem sé þær, að hér hefur verið mikil verðbólga og menn hafa gjarnan viljað setja fjármuni sína *frekar í annað heldur en að leggja* þá inn í banka. Þar af leiðandi hefur sparifé bankanna ekki hrokkið til að mæta þeim þörfum sem þeir hafa orðið að fullnægja. Og á bönkum hvíla vissar skyldur og þar af alveg sérstaklega á ríkisbönkum. Þeir eru bankar atvinnuvega og hafa talið sér skylt að vera það, eru það samkv. beinum lagabókstaf, og þess vegna hefur það

verið þannig, að Útvegsbankann hefur í raun og veru skort fé — sparifé — til þess að mæta þeim þörfum, þeim kröfum sem til hans hafa verið gerðar, aðallega af þeim atvinnuvegi sem hann hefur fyrst og fremst þurft að hafa viðskipti við og fullnægja skyldum gagnvart.

Ég held að það sé mjög villandi, vægast sagt, þegar hv. síðasti ræðumaður var að tala annars vegar um 11% útlánsvexti, sem Utvegsbankinn hefði orðið að lána á, og hins vegar 40% vexti, sem hann hefði orðið að greiða Seðlabankanum. Ég hygg að Útvegsbankinn hafi hvorki á þessu ári né á a. m. k. síðari hluta fyrra árs greitt neitt þvílíka vexti sem hann nefndi, ekki þá sérstöku refsivexti sem hann er að tala um. Hygg ég að sú regla hafi gilt a. m. k. frá því í ágústmánuði s. l.

En það er svo, eins og ég sagði, að þessi mál eru viðkvæm og það er erfitt fyrir mig, jafnvel þó að ég viti nánar um vissa hluti í þessu sambandi, að fara að segja frá þeim hér. Það eru ýmis atriði í þessu sambandi trúnaðarmál sem ekki er gott fyrir mig að reifa hér. Hins vegar er auðvitað æskilegt að almannavaldið og þá ekki hvað síst Alþ. fylgist sem best með fjárreiðum þeirra banka sem reknir eru af ríkisfé. Þeir hafa að vísu og eiga að hafa sjálfstæðan fjárhag og þannig er um hnúta búið. En það er einmitt með sérstöku kerfi, sem ætti að duga, reynt að sjá til þess að fjárveitingavaldið og þá sérstaklega Alþ. geti fylgst með ástæðum og fjárhag og starfsemi þessara stofnana. Og það er gert með þeim hætti að Alþ. kýs alveg sérstaka eftirlitsmenn eða ráðamenn sem eiga að fylgjast með starfsemi þessara banka. Það eru bankaráðsmennirnir, og seta í bankaráði á vissulega ekki að vera neitt puntstrá sem maður gæti veifað. Setu í bankaráði fylgja skyldur og það miklar skyldur. M. a. álít ég að það væri eðlilegt að setu í bankaráði fylgdu þær skyldur og það væri um leið gert heimilt að bankaráðsmennirnir gætu gert sínum þingflokkum grein fyrir stöðu þessara mála. Það er heppilegra að ræða þessi mál þannig í þingflokkunum að mínu mati. Þó að oft sé talað um það hátíðlega að allt eigi að fara fram fyrir opnum tjöldum, þá eru það sum mál sem betra er að ræða í þröngum hóp heldur en í glerhúsi eins og við erum nú í hér. En ég skal játa að vegna lagaákvæða, sem eru um bankaráðin, er e. t. v. takmarkaður réttur þeirra að þessu leyti, af því að þeir eru bundnir vissri þagnarskyldu, og þess vegna getur verið að þeir telji sér ekki fullkomlega heimilt að gefa jafnvel þeim, sem hafa kjörið þá, þingflokkunum, skýrslu um þessi efni. En ég held að það þyrfti að huga að því hvort þessu þyrfti ekki að breyta, því að auðvitað eru þessi bankaráð sett upp til þess að Alþ. — fjárveitingavaldið — geti með þessum óbeina hætti fylgst með þeim fjármálum ríkisins sem fara í gegnum þennan farveg, en koma ekki beint til kasta Alþ., eru ekki sett í fjárlög o. s. frv. Og ég get alveg fallist á að það þyrfti að reyna að gera þetta kerfi raunhæfara.

Ég held að það sé ekki rétt að hafa þann hátt á sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Albert Guðmundsson, stakk upp á, að fresta þessum umr. og taka þær upp síðar. Ég held að það sé best að láta þeim lokið nú. En auðvitað er svo hverjum þm. sem er í lófa lagið að bera fram formlega fsp. varðandi ákveðin efni í þessu sambandi, og þá verður auðvitað reynt að svara þeim. Þó getur verið að þar setji vissar skorður að það verður að gæta viss trúnaðar í þessu sambandi gagnvart viðskiptamönnum. Það getur t. d. verið spurning um það, ef farið er að spyrja á Alþ. um viðskipti eins ákveðins viðskiptamanns við banka, hvað heimilt er að upplýsa í því efni. En það má vera að opinberar umr. um banka og sérstaklega þá um banka almennt geri engan skaða. En ég held að það sé hugsanlegt, ef umr. fer að spinnast um einn sérstakan banka, að þá hafi það óheppileg sálræn áhrif, sem sagt þau sálrænu áhrif að traust tapist. En fyrsta og eitt höfuðatriðið fyrir bankastofnun er að njóta trausts.

Ég skal að öðru leyti ekki fara almennt út í þann inngang að efnahagsmálaumr. eiginlega almennt, sem hv. þm. Albert Guðmundsson minntist hér á, nema hvað ég vil segja það, að mér fannst hann heldur svartsýnn á þetta allt, og veit ég að ekki vill hann fara að verðlauna vanskilamenn. Ég hefði heldur haldið að hann mundi vera á hinni línunni, að allir skilamenn ættu að njóta góðs af því að vera skilamenn, en vanskilamenn væru kannske ekki of góðir til þess að gjalda sinna vanskila. En mér heyrðist hann telja það mjög eftir að vanskilamenn yrðu eitthvað að gjalda fyrir það að standa ekki í skilum á réttum tímum. En þá ætti hann að leiða hugann að því, hvers vegna bankarnir t. d. geta ekki greitt betur úr þörfum annarra en raun ber vitni stundum. Ætli það geti ekki stafað af því, að viðskiptavinirnir sumir hverjir hafa ekki staðið í skilum eins og um var samið og þess vegna sé lausafjárstaðan verri en annars hefði orðið og þess vegna erfiðara um vik fyrir bankana að leysa úr þörfum? Ég veit að hv. þm. er mér sammála um þessi atriði, þó að orð hans féllu á þá lund að mér virtist hann vera í heldur úfnu skapi yfir því ástandi sem honum fannst ríkja í þjóðfélaginu þessa stundina. Hann er mér sammála um það, að það er auðvitað höfuðatriðið að menn standi við skuldbindingar sínar og menn geti borið traust til viðskiptavinanna, að bankarnir geti borið traust til viðskiptavinanna og að viðskiptavinirnir geti líka borið traust til bankans. Á því byggist þessi starfsemi. En það er ekki til þess að efla slíkt traust ef menn fara að tala um að allt sé að fara á hausinn, jafnvel bankar og jafnvel ríkissjóður sjálfur. Þannig held ég að menn megi ekki tala, jafnvel þó að góðir spámenn, eins og hv. fyrrv. þm. Bjarni Guðnason, hafi látið sér um munn fara orð sem eitthvað hafa gengið í þá átt.

Ég held að við ættum ekki að hafa þessar umr. nú öllu lengri, en það sé rétt fyrir menn að hugsa málið og koma þá síðar með formlegar fsp. að athuguðu máli.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér hafa verið teknar upp umr. um einn af ríkisbönkunum, Útvegsbankann, og sagt frá því að orðrómur væri á kreiki hér í borginni sem gæti skaðað þennan banka eða veikt traust hans, og til þess í raun inni að reyna að hnekkja þessum orðrómi hafa

þessar umr. orðið hér að þessu sinni, skilst mér.

Í máli hæstv. viðskrh. og bankamrh. hefur komið fram, að Útvegsbankinn hafi átt og eigi í nokkrum erfiðleikum og hann hafi m. a. leitað til ráðh. í þeim efnum og málið hafi síðan komið til Seðlabankans. Ég tók eftir því að hæstv. bankamrh. greindi hér frá tveimur ástæðum fyrir því að þessi ríkisbanki ætti nú í nokkrum erfiðleikum. Annars vegar var sú ástæða, að bankinn þyrfti að þjóna aðalatvinnuvegi landsmanna, sjávarútvegi, í mjög ríkum mæli og í svo ríkum mæli að hann ætti þar fullt í fangi með að leysa sín verkefni af hendi. Hins vegar væri það, að það væri nokkurn veginn ljóst að bankinn hefði lent í vissum erfiðleikum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og afleiðinganna af því. Ég býst við því að þetta sé hvort tveggja rétt hjá hæstv. ráðh., að vissa tímabundna erfiðleika hjá Útvegsbankanum megi rekja að nokkru til þessa. Hitt er auðvitað rétt og sjálfsagt að taka hér undir og undirstrika, að Útvegsbankinn sem ríkisbanki er jafnöruggur banki jafnt fyrir fyrirtæki og stofnanir sem einstaklinga í landinu og aðrir ríkisbankar, á því leikur auðvitað enginn vafi. Útvegsbankinn er líka eignalega séð vel stæður banki. En hann getur auðvitað eigi að síður lent í erfiðleikum sem hér hefur einmitt verið minnst á.

Ég tók eftir því líka, að hæstv. bankamrh. sagði að það væri nú til athugunar að greiða úr vandamálum bankans með ýmsu móti, m. a. hefði Seðlabankinn gert það nokkuð og gerði, og þar að auki væri það til athugunar að létta af Útvegsbankanum ýmsum þeim verkefnum sem hann hefur þurft að sinna að undanförnu. Ég vil einmitt í tilefni af þessu segja það, án þess að ég geri ráð fyrir að hér fari fram mjög almennar umr. um þetta mál á þessu stigi málsins, að ég er á þeirri skoðun, sem hér hefur m. a. komið fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni á nokkuð annan hátt en ég hefði viljað láta það koma fram, að sú fyrirgreiðsla, sem átt hefur sér stað bæði við þennan banka og fleiri í vissum tilfellum frá hálfu Seðlabankans, sé mjög vafasöm fyrirgreiðsla og ekki af því tagi sem dugir.

Ég tók svo eftir að málshefjandi hér, sem er bankaráðsmaður í Útvegsbankanum, segði að á s. l. ári hafi bankinn greitt í vexti til Seðlabankans 30.6% að meðaltali. Síðar var sagt hér í umr. að vextir hefðu verið á milli 30 og 40%. Það skiptir mig í rauninni ekki aðalmáli hvort er nákvæmara, en ég tel nokkurn veginn fullvíst að bankinn hafi þurft að borga Seðlabankanum fyrir fyrirgreiðslu um og yfir 30% vexti. Það kunna að vera nokkrar ástæður til þess að Seðlabankinn setur upp reglur um það sem almennt er kallað að beita refsivöxtum gagnvart bönkum og aðilum sem fara út fyrir settar reglur. Það geta verið viss rök fyrir því að slíkum reglum sé beitt. En vitanlega er ekki hægt að flokka þetta á neinn hátt undir það að leysa þann vanda sem hér er um að ræða hjá þessum ríkisbanka. Ef hlutfall Útvegsbankans er stærra en hann fær ráðið við með góðu móti í þjónustu við einn aðalatvinnuveg landsins, sjávarútveg, ef hlutfall Útvegsbankans er stærra en hann ræður við með góðu móti í þessum efnum og ef þessi ríkisbanki hefur þurft að taka á sig vanda m. a. vegna áfallanna í Vestmannaeyjum á sínum tíma og það hefur sett hann í vanda, þá þarf að mæta þessu á allt annan hátt heldur en að leita til Seðlabankans og geta fengið á sig refsivexti þar. Í slíkum tilfellum getur eitt af tvennu komið til greina. Það hefur verið rætt um hér áður að sameina þennan banka öðrum bönkum, t. d. öðrum ríkisbanka, og gera einn miklu víðfeðmari og sterkari banka sem getur miklu betur tekið á sig viss vandamál. Ef það tekst ekki, þá er auðvitað enginn vafi á því, og það er það sem ég vil leggja áherslu á í þessum efnum, að þá beri ríkinu sjálfu skylda til að efla ríkisbanka sinn, Útvegsbankann í þessu tilfelli, umfram það sem nú er, styrkja hann að fjármagni til þess að hann geti rekið þá þjónustu við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar sem talin er eðlileg. Ef bankareksturinn er að öllu öðru leyti eðlilegur og góður, þá þarf vitanlega að leysa vandamál bankans á þennan hátt. Ég vil segja það, að ég hef enga trú á þeirri lausn að ætla, eins og sagt er, að létta af bankanum tilteknum verkefnum og færa yfir til annarra. Ég er á þeirri skoðun að bankinn muni ekki leysa nein vandamál með þeim hætti, heldur haldi vandinn áfram. Sem sagt, varðandi hugsanlegar ráðstafanir segi ég það, að ríkinu ber skylda til að efla þennan banka sinn fjárhagslega frá því sem nú er, færa til hans fjármagn, ekki með neinum refsivöxtum, — refsivextirnir eiga að gilda um allt annað í sambandi við hinn almenna rekstur bankanna, — til þess að bankinn geti staðið undir þeim verkefnum sem honum eru ætluð og hann er að glíma við.

En að öðru leyti verð ég að segja það, að það var ekki meining mín að fara að taka hér þátt í almennum efnahagslegum umr. eða ræða hér um stefnuna í peningamálum, sem ríkjandi er hér, og vaxtapólitíkina. Það verður eflaust gert við annað tækifæri en þetta. En ég vildi bætast í hóp annarra sem undirstrika það að Útvegsbankinn er öruggur banki, hann er jafnöruggur og allir aðrir bankar, hann er efnahagslega sterkur banki eignalega séð. Hann á í vissum vanda sem ber að leysa, ef ekki með sameiningu við aðra banka þannig að við fáum öðruvísi lagaða heild, þá ber að færa fjármagn til þessarar stofnunar svo að hún geti sinnt verkefnum sínum eðlilega. Þegar síðan þessum málum hefur verið kippt í lag, þá er auðvitað sjálfsagt að beita sömu reglum við þann banka og aðra banka að því leyti til sem rétt þykir að hafa refsivaxtaaðferðir um hönd. En hitt er auðvitað augljóst mál, að það er rétt sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði hér, að það verður engum banka og engu fyrirtæki bjargað með því að það fái aðstoð upp á 30 eða 40% vexti, ekki einu sinni þó að það verði klipin af þeim mörg fyrirtæki og þau færð til annarra. Slíkt getur ekki gengið til lengdar.

Ég fyrir mitt leyti óska ekki eftir neinu framhaldi þessara umr. En ég vil gjarnan eiga minn þátt í því að hafa áhrif á lausn þessa máls, af því að ég álít að hér sé um að ræða ekki aðeins mál sem varðar Útvegsbankann, heldur mál sem varðar þýðingarmikinn hluta af atvinnurekstrinum í landinu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leiðrétta það, sem fram kom hjá hæstv. viðskrh., að ég hafi ekki farið með rétt mál áðan. Allt, sem ég sagði var með fyrirvara vegna þess að ég hafði ekki aðgang að opinberum gögnum, það taldi ég upp, en það, sem ég sagði þar fyrir utan, var rétt. Ummæli, sem höfð voru eftir mér, voru slitin úr samhengi við annað sem ég sagði, en það er ekkert rangt í því sem ég sagði. Tilefni þess, að ég taldi mig ekki geta fjallað um þau atriði sem ég taldi upp, voru upplýsingar sem komu fram hjá bankaráðsmanni, hv. 3. þm. Suðurl., þegar hann talaði um stöðu bankans og hag eins og hann stendur í dag. Ég gerði fsp. um hvernig stæði á með aðrar ráðstafanir sem ég vissi ekki nákvæmlega hvort hafi verið gerðar eða ekki, til þess að vita það þyrfti ég að fá aðgang að skýrslum og þar með trúnaðarskýrslum milli Seðlabankans og bankanna almennt. Það þarf að athuga margt: Hvaða tryggingar eru bak við útlán. Því hærri sem þau eru, þeim mun nauðsynlegra er að vita það. Um þessi mál vil ég ekki fjalla nú vegna þess að ég hef ekki nógu miklar upplýsingar um þau.

Hitt er annað mál, að hæstv. ráðh. gat um að það væri ofmælt hjá mér að Útvegsbankinn væri settur í ramma. Þetta eru ummæli sem ég tók upp eftir hv. 3. þm. Suðurl. sem er bankaráðsmaður Útvegsbankans. Í upphafi þessara umr. talaði hv. þm. um, að Útvegsbankanum væri settur rammi. Það er ekki misskilningur, það skrifaði ég orðrétt og við getum hlustað á það af segulbandinu á eftir.

Það er líka rétt hjá hæstv. ráðh., að bankarnir lána ekki annað fé út en sparifé og þess vegna geta þeir ekki gert öllum skil. Ég reikna með að hann eigi þá við fyrirtæki, sem ég gerði að umræðuefni, og einstaklinga. En þegar sparifé landsmanna er bundið að því marki sem sparifé er bundið samkv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og rennur svo út bakdyramegin yfir í opinberar framkvæmdir í gegnum ríkissjóð, þá er fyllilega ástæða til þess að athuga hvernig stendur á þessum ráðstöfunum Seðlabankans að hefta sjálfstæði bankanna, hefta aðgang einstaklinga og fyrirtækja að því vinnufé, þeim vinnutækjum, sem sparifé landsmanna er til nota fyrir ríkissjóð í opinberum framkvæmdum. Það er ekkert ofmælt og ekkert ofsagt í þessum ummælum mínum. Það vita allir, að bundið sparifé hefur flætt til opinberra framkvæmda, það sýna reikningar ríkissjóðs um yfirdrátt í Seðlabankanum um hver áramót, og ég get ekki ímyndað mér að nokkur láti sér detta í hug að ég fari þar með rangt mál.

Hæstv. ráðh. telur að ég sé svartsýnn á fjármál þjóðarinnar. Ég er það, það er alveg rétt. Ef við höldum áfram að taka 20 milljarða kr. erlend lán á hverju ári, 1600—1700 millj. á mánuði, og ef það deilist niður í vinnustundir miðað við 8 stunda vinnudag, þá eru það milljónatugir á hverri einustu vinnustund, og ég hef áhyggjur af því. Það er ekkert ofmælt hjá hæstv. ráðh., að ég er svartsýnn á slík vinnubrögð. Það var ekki heldur rangt hjá mér þegar ég fór með töluna um yfirdráttarsektarvexti. Ég heyrði hana ekki í fyrsta sinn hjá hv. 3. þm. Suðurl. núna, ég er búinn að heyra hana margoft og víða. Yfirdráttarvextir, sem Útvegsbankinn og aðrir bankar og peningastofnanir verða að greiða, eru á milli 30 og 40%. Hv. þm. staðfesti það í sínum upphafsorðum. Ekki fer ég með rangt mál þar.

Ég er því miður ekki alveg sammála hæstv. ráðh. að bankaráðin eigi að vera einhvers konar pólitískir upplýsingaaðilar fyrir þingflokkana. Ég er á þeirri línu, skulum við segja, að a. m. k. ríkisstj., helst Alþ., eigi að fá öll mál Seðlabankans, sem geta verið stefnumótandi í ráðstöfunum, til umfjöllunar. Það er sjálfsagt að fjalla um þau, eins og lög gera ráð fyrir, á lokuðum fundum Alþ. ef þau eru þess eðlis. En það hefur ekki verið haldinn lokaður þingfundur síðan ég kom til þingsetu, en ég minnist þess að það kom fyrir þegar ég var hér þingsveinn. Að vísu var ekki Seðlabankinn til þá. Þá voru slík trúnaðarmál rædd hér á lokuðum fundi. En það er sárt að þurfa að horfa upp á það að ríkisstofnun, sem hefur notið og nýtur enn þá virðingar, sérstaklega hér í höfuðborginni, þar sem hún hefur aðalstöðvar, en einnig úti um land allt, skuli vera í þeirri klemmu og þeim vanda sem hún er í og það ekki af neinu öðru en mannlegum ráðstöfunum. Það er ekki neitt sem hefur dottið af himnum ofan á Útvegsbankann einan. Þetta eru mannlegar ráðstafanir og ég vil segja mannleg mistök einhvers staðar.

Ég vil að sjálfsögðu taka undir það sem réttan málflutning hjá ráðh., að það á ekki að verðlauna vanskilamenn. Hitt er annað mál, að bestu menn eru orðnir vanskilamenn og bestu fyrirtæki standa höllum fæti, og ég vil láta athuga hvernig stendur á því. Við erum ekki að tala um neina vanskilamenn þegar við erum að tala um stórfyrirtæki. Við erum að tala um fyrirtæki í vanda, og ég vil vita af hverju þessi vandi er orðinn svona útbreiddur.

Það skapast eflaust önnur tækifæri, e. t. v. með tillöguflutningi um endurskoðun á lögum um Seðlabankann, til þess að ræða þessi mál almennt, svo að ég skal ekki halda mig fast við að þessum umr. verði frestað. Hv. 3. þm. Suðul., bankaráðsmaður Útvegsbankans, hóf umr. Ég tók þátt í þeim vegna þess að í ummæli mín var vitnað á opinberum vettvangi og varð til að hleypa þessari skriðu og umtali af stað. En ég vil segja að það er öfugþróun ef peningastofnun eða fyrirtæki kemst í vandræði og jafnvel í óleysanlegan vanda eftir því sem viðskiptavinirnir verða stærri og að maður skyldi halda traustari. Við erum að tala hér um vanda Útvegsbanka Íslands sem hefur haft því hlutverki að gegna að hafa viðskipti við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Og ef undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eru þannig á sig komnir að sú peningastofnun, sem þeir skipta við og þeim er gert að skipta við, þolir ekki fjárfestinguna eða þolir ekki viðskiptin við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, þá held ég að við hljótum að vera sammála um að það er eitthvað í ólagi einhvers staðar. Og það er okkar að finna vandann og leysa hann.

Ég er ekki sammála hv. 2. þm. Austurl., að það eigi að sameina Útvegsbankann öðrum bönkum. Ég held að það sé ekki rétt. Ég held að það sé

rangt. En ég er sammála honum um að það þarf að gera á einhverjum vettvangi einhverjar aðgerðir til þess að hann komist úr þessum vanda sem hann er í. Það þarf að leysa hann úr þessum vanda, hvernig sem að því er farið. En það þarf fyrst og fremst að finna hvar meinið liggur. Og meinið liggur langt í burtu frá Útvegsbanka Íslands.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að ræða hér efnahagsmál frekar en aðrir þm. sem til máls hafa tekið. En þar sem ég var um alllangt skeið bankastjóri í Útvegsbankanum, þá finnst mér hins vegar ekki úr vegi að hér sé lögð nokkur áhersla á aðalatriði sem fram hafa komið í þessum umr. og skipta Útvegsbankann verulega miklu máli.

Þegar ég var bankastjóri í Útvegsbankanum og var á ferðalögum erlendis og í viðskiptum við erlenda banka, þá lagði ég ríka áherslu á að ég væri bankastjóri einmitt Útvegsbanka Íslands sem væri banki undirstöðuatvinnuvegar í landinu. En það vill svo til að það hljómar allt öðruvísi í útlöndum að vera Útvegsbanki Íslands heldur en það hljómar á Íslandi, og þó viðurkenna allir að sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. En það er frekar að hann fæli frá heldur en laði að Útvegsbankanum sparifjársöfnun, eins og málin hafa verið rekin að undanförnu og eins og fjallað hefur verið um þessi mál. Erlendis naut bankinn og nýtur fyllsta trausts einmitt vegna þess að hann var Útvegsbanki og er Útvegsbanki landsins.

En svo vil ég aðeins að menn athugi hvað gerst hefur síðustu árin. Það hefur verið stofnaður Iðnaðarbanki. Það hefur verið stofnaður Samvinnubanki. Það hefur verið stofnaður Alþýðubanki. Hver bankastofnunin hefur rekið aðra, og það gátu menn séð fyrir fram að hlaut að hafa einhver áhrif á sparifjársöfnunina hjá þeim bönkum sem fyrir voru. Og það er auðvitað réttilega bent á það af hæstv. bankamrh. að um sparifé slást bankarnir að vissu leyti vegna þess að þeir nota auðvitað sparifé í sinni veltu til þess að lána það út öðrum.

Það er ekki aðeins að það hafi verið stofnaðir þarna nýir bankar í landinu, heldur er það einnig svo, að á síðustu árum hefur það verið svo að Útvegsbankinn hefur varla fengið nokkurt útibú. Ég held að á s. l. 12 árum eða þar um bil hafi bankinn fengið að setja upp þrjú útibú. Á sama tíma hefur t. d. Búnaðarbankinn, sem er ríkisbanki líka, sett á stofn eitthvað 10 útibú. Hverjir ráða því hvort banki fær að setja upp útibú eða ekki? Ég held að landbrh. ráði því hvað Búnaðarbankinn setur upp af útibúum og iðnrh. hafi einnig ráðið því hvað Iðnaðarbankinn hafi sett upp af útibúum. Eftir því sem hæstv. ráðh. sagði áðan, er eitthvað verið að ráða bót á þessu núna, enda er þess auðvitað mikil þörf því að það er ekki nóg að bæði séu stofnaðir nýir bankar í landinu og einnig að útibúum sé ákaflega misskipt á milli bankanna. Auðvitað ætti það að vera hlutverk Seðlabankans að ákveða útibúin í samræmi við stöðu bankanna yfirleitt. En þessu hefur verið öðruvísi varið hjá okkur.

En það, sem mestu máli skiptir, er það, sem hefur komið fram hjá ráðh. og hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni og hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, að það er alveg fráleit fjarstæða að vera að tala um Útvegsbankann sem eitthvað nálægt því að vera gjaldþrota, — banka sem er eignalega mjög vel staður, þó að hann hafi lent í einhverjum greiðsluvandræðum vegna þess hvernig atvinnuvegirnir hafa verið reknir og hvernig búið hefur verið að öðru leyti að þeim sem hafa þurft að verja mestu fé til útlána til útvegsins, sem eru Útvegsbankinn og Landsbankinn.

Ég vil aðeins taka það fram, að það er rétt sem sagt hefur verið, að hv. þm. Albert Guðmundsson telur að ummæli hans hafi verið eitthvað mistúlkuð. Engu að síður hafa þau komist á prent með þeim hætti að þau komast ekki aðeins á prent hér heima, heldur fara þau til útlanda og hafa áhrif á afstöðu erlendra banka til bankamálanna hér. Og það er auðvitað sorglegt að vita til þess að það skuli verið að tala um gjaldþrot hjá banka, sem er jafneignalega vel staður og Útvegsbankinn er. Slíkt nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það er alveg rétt, sem menn hafa bent á, að það er ekki hægt að ræða almennt um bankana í þessum umr., á þessum vettvangi.

Ég vil taka fram að Útvegsbankinn ætti í raun og veru frekar að njóta trausts til þess að vera viðskiptabanki útvegsins. En því miður er það nú þannig, að það eru ýmsir hér á landi sem eru e. t. v. feimnir við það að útvegurinn er svo og svo illa staður, og það hefur áhrif á hvort menn vilja leggja sparifé inn þar. Meðan ég var í Útvegsbankanum hafði Útvegsbankinn mest sparifé næst Landsbankanum. Hitt er svo ósköp eðlilegt, að Búnaðarbankinn hafi aukið sparifé sitt meira en Útvegsbankinn, m. a. vegna þess að Búnaðarbankinn hefur sett upp útibú hér og þar og byggt stærðarbankahús hér og þar um landið á sama tíma sem Útvegsbankanum hefur verið meinað slíkt af Seðlabankanum, því að hann er ríkisbanki, þarf að sækja til Seðlabankans um útibú, sem hinn bankinn þarf ekki. Mér finnst að menn verði að átta sig á þessu og það sé ósköp eðlilegt að menn ræði um þá óeðlilegu vexti sem talað hefur verið um hér í umr. En menn mega engan veginn, vegna þess hver áhrif það getur haft í sambandi við viðskiptamenn bankans hérlendis og erlendis, ræða um nokkurt gjaldþrot í sambandi við banka sem er jafnvel staður og Útvegsbankinn er eignalega, enda þótt hann hafi átt í þessum vissu erfiðleikum sem bent hefur verið réttilega á hér í umr. að eru tímabundnir og oft árstíðabundnir, vegna þess að útgerðarlánin eru lánuð á vissum tíma og greiðast svo upp á öðrum tíma ársins og þá kannske jafnast alveg út það sem lánað hefur verið til útvegsins. Svo má auðvitað ekki gleyma því, að það var auðvitað geysilegt áfall fyrir Útvegsbankann, eldgosið í Vestmannaeyjum, því að það er staðreynd að útibúið í Vestmannaeyjum var eitt af stærri og meiri háttar útibúum Útvegsbankans.

Það er ákaflega erfitt að deila um aðstöðu bankanna, bæði hér á Alþ. og einnig í blöðum, og sérstaklega er það mjög varhugavert og ég vil

sérstaklega gjalda varhug við því ef tekin eru úr sambandi orð manna um aðstöðu bankanna og þau ekki skilin á réttan hátt, hvar menn í raun og veru telja að erfiðleikarnir liggi. Ég tel nauðsynlegt að bæta úr erfiðleikum Útvegsbankans í sambandi við þau vaxtamál, sem rætt hefur verið um, og þá er það einnig eðlilegt, eins og nú er komið, þegar bankar eru fyrir alla atvinnuvegi landsins, að fleiri bankar hafi útvegsmálin og láni til útvegsins heldur en bara Útvegsbankinn og Landsbankinn. Búnaðarbankinn lánar að sjálfsögðu eitthvað til landbúnaðarins, en ég held ekki neitt til útvegsins, a. m. k. mjög lítið. Sannleikurinn er sá, og auðvitað varð ég var við það á sínum tíma eftir að þessir nýju bankar fóru á flot, að það vildi til að menn nytu aðstoðar þessara banka gegn því jafnvel að leggja inn hjá þeim sparifé sem þeir sóttu úr Útvegsbanka og fengu lán út á hjá þessum nýju bönkum. Finnst mér rétt að menn geri sér grein fyrir og athugi þær myndir sem ég nú hef bent á. Hitt er svo annað mál, að það er auðvitað á öðrum vettvangi sem skoða ber bankalöggjöfina í heild, bæði vegna viðskiptabankanna og Seðlabankans, og ég skal ekki frekar orðlengja á þessu stigi málsins um þessi mál nú.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja nokkur orð við þessa umr., því að hér er verið að tala um mjög virðulega og góða stofnun í íslenskum sjávarútvegi og fiskiðnaði sem er Útvegsbanki Íslands. Það er rétt, sem sagt hefur verið af hinum gætnari mönnum hér í umr., að það er ekki sama hvernig talað er um bankastofnanir, fjármál þeirra og afkomu. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða, bæði fyrir viðkomandi stofnanir og einnig þá sem eiga viðskipti við þær stofnanir sem um er rætt. Getur það jafnvel skipt sköpum fyrir þá, sem eiga viðskipti við viðkomandi banka, og einnig bankana, hvernig um þessi mál er fjallað.

Rétt er að undirstrika, bæði vegna þess banka, sem hér er til umr., og þeirra aðila, sem eru helstu viðskiptavinir bankans, þ. e. fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskiðnaði og einnig mikils fjölda verslunarfyrirtækja, að Útvegsbankinn á fyrst og fremst við tímabundna erfiðleika að stríða sem stafa í fyrsta lagi, eins og sagt var hér áðan, af tímabundnum ástæðum, sem eru tengdar sjávarútvegi, og staðbundnum erfiðleikum, og mun ég koma nánar að því á eftir, og svo í öðru lagi stafa erfiðleikar þessa banka af því að Útvegsbankinn varð sérstaklega illa úti vegna eldgoss í Vestmannaeyjum. Það er alþjóð kunnugt og engum kunnugra um það en hv. frummælanda þessarar umr., Guðlaugi Gíslasyni.

Mér finnst rétt að undirstrika það, að hvora tveggja þessara erfiðleika er hægt að leysa og leysa með þeim hætti að bæði bankinn og viðskiptavinir bankans geti vel við unað. Ef það er haft í huga, að Útvegsbanki Íslands hefur verið aðalbanki Vestmannaeyja um áraraðir og er enn, og einnig ef það er haft í huga, hvað eldgosið hafði mikil og neikvæð áhrif fyrir afkomu þessa banka og hvað raunverulega var lagt mikið á þessa einu stofnun meðan á gosinu stóð og síðan, þá þrengist umræðan raunverulega niður í það, hvort raunverulega hafi verið rétt að staðið í sambandi við uppgjörið í tengslum við eldgosið í Vestmannaeyjum. Var rétt metið hvernig farið var í bætur gagnvart fyrirtækjum og bæjarsjóði Vestmannaeyja? Ég vil leyfa mér að fullyrða að svo hafi ekki verið. Það er m. a. vegna þessa sem þessi stofnun á við erfiðleika að etja og einnig Vestmannaeyjabær og fyrirtækin í Vestmannaeyjum. Við, sem höfum unnið við sjávarútveg og fiskiðnað, vitum að fyrirtækin í Vestmannaeyjum fengu sínar bætur á allt öðru verðlagi heldur en þau urðu að byggja sig upp á ný, þ. e. a. s. kostnaðurinn við að byggja fyrirtækin upp aftur var mun meiri heldur en ráð var fyrir gert. Þetta hefur auðvitað komið mjög þungt niður á Útvegsbankann sem aðalfyrirgreiðslustofnun fyrirtækjanna í Vestmannaeyjum. Skuldbindingar bankans við sjávarútveg eru miklar og fyrrv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson sagði m. a. að það gæti verið að hlutfall Útvegsbankans vegna sjávarútvegsins væri stærra en bankinn réði við. Um það er ég ekki dómbær. Ég sit ekki í bankaráði Útvegsbankans, og allt það sem ég get sagt í þessari umr. er byggt á því, sem hér hefur fram komið, og því, sem ég þekki úr fiskiðnaðinum.

Það er vitað mál, að afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskiðnaði á undangengnum árum hefur verið mjög misjöfn eftir því í hvaða landshluta fyrirtækin eru. Mér er ekki kunnugt um það umfram það, sem ég þekki til Vestmannaeyja, hvaða fyrirtæki t. d. á Suðvesturlandssvæðinu eru einkum í viðskiptum við Útvegsbankann. En ef mikill fjöldi þeirra er í viðskiptum við þennan banka, en tiltölulega færri aftur á móti í viðskiptum við Landsbankann, geri ég ráð fyrir að þarna sé líka hluti af skýringunni á erfiðleikum Útvegsbankans, þ. e. a. s. að vegna erfiðleika fyrirtækja á Suðvesturlandssvæðinu hafi það komið hart niður á Útvegsbankanum.

En það, sem mér hefur fundist vanta í þessa umr. af hálfu allra þeirra sem hafa rætt um vandamál Útvegsbankans, er eitt atriði í sambandi við lausn á þessu vandamáli eða þessum erfiðleikum. Það hefur komið fram að til greina kæmi að sameina bankann öðrum bönkum. En það mun skorta á nægjanlegt fylgi til þess að svo sé hægt. Það hefur verið talað um að Útvegsbankinn þyrfti að setja upp fleiri útibú. Getur það verið góðra gjalda vert ef þörf er fyrir útibú þar sem þau koma til greina. Það hefur einnig verið talað um að það yrði greitt fyrir aðgerðum sem fælu í sér flutning á hluta af viðskiptum Útvegsbankans yfir til annarra banka. Mér finnst vanta hér inn í tvö mjög veigamikil atriði sem ég held að hljóti að vega miklu þyngra heldur en allt það sem nefnt hefur verið hingað til, sem eru þau, að á meðan ekki hefur verið gengið frá lokauppgjöri vegna Vestmannaeyjagossins, bæði við Vestmannaeyjabæ og vegna þeirra fyrirtækja sem menn hafa orðið að byggja þar upp og reka áfram, þá er ekki komin viðeigandi lausn á þessum málum. Mín skoðun er sú, og ég set hana hér hiklaust fram, að það þurfi að afskrifa einhvern hluta þeirra skulda sem hvíla á lánastofnunum og Vestmannaeyjakaupstað vegna eldgossins.

Það er raunverulega og áreiðanlega stærsti hluti þess vandamáls sem snýr að Útvegsbank-

anum og okkur öllum hv. þm. hér um leið. Þá þarf að breyta skammtímalánum, sem þessir aðilar hafa þurft að taka á sig á því verðbólgutímabili sem hér hefur verið allt frá því að gosið hófst og til dagsins í dag, það þarf að breyta skammtímalánum, sem þessir aðilar þurftu að taka á sig, yfir í lengri tíma lán. Ég er sannfærður um það, að ef þetta væri gert og gengið þannig frá lokauppgjöri að vestmannaeyingar sitji við hreint borð og þjóðin geri þá réttstæða, þannig að þeir standi jafnvel að vígi og þeir stóðu fyrir gosið, þá er ég sannfærður um að stærsti hluti vandamáls Útvegsbankans er úr sögunni og þá mun Útvegsbankinn geta þjónað sjávarútvegi og fiskiðnaði vel, jafnvel og hann gerði fyrir eldgosið. Þær aukakvaðir, sem á þessa stofnun voru lagðar umfram það sem aðrar stofnanir þurftu að axla vegna eldgossins, verður að leysa. Það verður að létta þeim af Útvegsbankanum og einnig vestmannaeyingum og einnig þeim fyrirtækjum sem hér eiga hlut að máli.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. En það voru tvö atriði, sem komu fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem voru byggð á misskilningi um það að Búnaðarbankanum væri heimilt að setja upp útibú eftir geðþótta eða löngun. Hann verður eins og aðrir bankar að hlíta fyrirmælum Seðlabankans þar um og fær leyfi hans til þess að setja upp útibú. (Gripið fram í.) Jú, það verður hlutverk landbrh. að sækja á Seðlabankann með það, en hann getur ekki einn ráðið því. Hitt vil ég líka taka fram, að Búnaðarbankinn, svo stór sem hann er, lánar að sjálfsögðu mikið til atvinnuvega og viðskipta í landinu, ekki bara í sveitum landsins, heldur einnig í þéttbýli, og ber honum auðvitað skylda til þess sem alþjóðarbanka, sem hann og er.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. eða leiðrétting. Það kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv., að hann hafði skilið orð mín svo að ég hefði haldið fram að Útvegsbankanum hefði verið settur einhver annar rammi af Seðlabankanum heldur en öðrum í bankakerfinu. Þetta er annaðhvort misheyrn eða misskilningur. Það, sem ég sagði um þetta, var á þessa leið: Sú skylda er lögð á herðar bæði Landsbankanum og einnig Útvegsbankanum að veita bátaflotanum hin svokölluðu útgerðarlán sem á hverjum tíma eru innan ramma sem settur er í samráði við Seðlabankann. Ég minntist aðeins á þetta eina atriði, að útgerðarlánin til bátanna eru sett innan ramma sem bankarnir koma sér saman um að höfðu samráði við Seðlabankann. Þegar ég tala um ramma, þá á ég við það, að þar væri um að ræða mishá lán vegna stærðar skipanna. Það var þetta sem ég talaði um, en ekki að Útvegsbankanum hafi verið settur annar rammi af Seðlabankanum heldur en er almennt í bankakerfinu.

Landbúnaðaráætlanir, fsp. (þskj. 365). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 365 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um landbúnaðaráætlanir. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður undirbúningi landbúnaðaráætlana fyrir Vatnsnes og Skaga?“

Tilefni þessarar fsp. er í sem skemmstu máli að hinn 29. okt. 1974 var haldinn fundur á Hvammstanga til þess að ræða þörf fyrir landbúnaðaráætlun í Kirkjuhvamms- og Þverárhreppum. Þennan fund sóttu bændur úr þessum tveimur hreppum, það sóttu hann einnig fulltrúar frá Búnaðarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu, og Hvammstangahreppi. Þangað kom sýslumaður Húnavatnssýslu, landnámsstjóri, fulltrúar Fjórðungssambands norðlendinga og fulltrúi frá Framkvæmdastofnun ríkisins. Á þessum fundi var samþykkt að fara þess á leit við Fjórðungssamband norðlendinga að það beitti sér fyrir að gerð yrði landbúnaðaráætlun fyrir Vatnsnessvæðið, og í framhaldi af því hóf Landnám ríkisins söfnun á frumgögnum varðandi ástand búnaðarmála í þessum tveimur hreppum. Þegar sú gagnasöfnun var nokkuð á veg komin var skipuð af hæstv. landbrh. svokölluð landbúnaðaráætlananefnd, og hefur sú n. haft með höndum framkvæmd landbúnaðaráætlana síðan.

Með sama hætti og hér er um rætt var hinn 18. okt. 1975 haldinn að Blönduósi fundur um landbúnaðaráætlun fyrir Skagasvæðið og fyrst og fremst fyrir Skagahrepp og Skefilsstaðahrepp og hluta Vindhælishrepps. Á þessum fundi mættu sveitarstjórnir og bændur af þessu svæði og fulltrúar samtaka með sama hætti og á Hvammstangafundinum og auk þess fulltrúi frá landbúnaðaráætlananefnd. Einnig þar var þess farið á leit að gerð yrði sérstök landbúnaðaráætlun fyrir þetta tiltekna svæði. Eftir að þessar samþykktir hafa verið gerðar hefur harla lítið heyrst um framvindu þessara mála og ekki vitað hvort eitthvað er að þeim hugað. En þess má geta í leiðinni, að *úr mínu kjördæmi hafa einnig* komið fram óskir um landbúnaðaráætlun fyrir austurbyggðir Skagafjarðar, en þeirri málaleitan má telja að hafi verið hafnað að sinni af landbúnaðaráætlananefnd. Þess vegna hef ég ekki spurst fyrir um framkvæmdir á því svæði einnig hér.

Í framhaldi af þessum orðum er rétt að láta þess getið, að það er alls ekki að ófyrirsynju að þess er óskað að sérstakar landbúnaðaráætlanir verði gerðar fyrir þessi tvö byggðarlög sem þarna eiga hlut að máli. Þau byggðarlög eru að búsetu til fremur veik. Byggð er strjál og hefur verið að gisna á undanförnum árum. Það er mikið fámenni á einstökum jörðum og mikil hætta á því að byggð grisjist þar meir en orðið er ef ekki verður brugðið við með sérstakar ráðstafanir. Það er einnig þegar farið að bera á því að nokkuð mikilla vonbrigða gæti hjá fólki á þessum svæðum vegna þess hversu lítið hefur áunnist í því að vinna að framkvæmd þessara áætlana sem hér er spurst fyrir um.

Nú skal ég ekki hér fara út í að rekja stöðu þessara svæða að neinu marki og geyma mér það þá til seinni tíma. En við setningu Búnaðarþings í vetur minntist hæstv. landbrh. á landbúnaðaráætlanir. Hann gat þess að samþykkt hefði verið að hefja áætlun um uppbyggingu í Árneshreppi

á Ströndum samkv. tillögum landbúnaðaráætlananefndar í framhaldi af því sem unnið hefur verið að við Inn-Djúpsáætlun og Hólsfjallaáætlun. Í framhaldi af þessum orðum hæstv. ráðh. sagði hann að til athugunar væru nú svæði á Vesturlandi: Mýrum, Snæfellsnesi, í Dölum, og á Norðausturlandi með tilliti til áætlanagerðar og hefði rn. fyrir sitt leyti samþykkt að í það verði ráðist.

Mér þótti ástæða til vegna þessara ummæla og einnig vegna þess, hve dregist hefur að unnið væri að undirbúningi og gerð áætlana fyrir Vatnsnessvæðið og Skagasvæðið, að spyrjast fyrir um það, hvernig þessum málum væri háttað. Í framhaldi af því má bæta því við, hvort á að skilja orð hæstv. ráðh. við setningu Búnaðarþings á þá lund, að önnur svæði hafi þarna verið tekin fram yfir eða e. t. v. þau svæði sem hæstv. ráðh. nefndi þar sérstaklega.

Þessar skýringar ætla ég að láta nægja með þeirri fsp. sem hér er beint til hæstv. ráðh.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 365 er fsp. frá hv. 2. þm. Norðurl. v., sem hann gerði hér grein fyrir. Svar mitt, sem samið er af þeim sem fjalla um þessi mál í landbrn., mun verða nokkru viðtækara en fsp. gefur tilefni til og þá um leið skýra gang þessara mála eins og þau hafa gengið fyrir sig og hvernig staða þeirra er nú. En svarið er á þessa leið:

Á undanförnum árum hefur mönnum orðið ljóst að hafa þarf áhrif á þróun byggðar í landinu umfram það sem var áður gert. Í landbúnaði hefur framleiðendum farið ört fækkandi þrátt fyrir meiri framleiðslu og byggðir hafa lagst í eyði. Af þessum sökum hefur komið fram áhugi og vilji fyrir gerð áætlana um þróun byggðanna og þær aðgerðir sem nauðsynlegastar væru til þess að halda þeim svæðum í byggð sem hallast stæðu. Það er hins vegar svo, að ákvarðanir um þróun byggðar og búsetu á býlum hafa fyrir utan félagsleg áhrif veruleg áhrif á framleiðslu- og markaðsmál í landbúnaði. Af því þótti rétt að koma á samstarfi á milli stefnumarkandi stofnana í landbúnaði við ákvörðunartöku um landbúnaðaráætlanir.

Í árslok 1974 skipaði rn. nefnd með þátttöku Framkvæmdastofnunar ríkisins, Landnáms ríkisins, Stéttarsambands bænda, Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands til þess að gera till. um áætlanir á sviði landbúnaðar. N. hafa borist allmörg erindi um áætlanagerð í landbúnaði, en jafnframt hefur n. haft frumkvæði að því að athuga svæði þar sem lágar tekjur, lítil bústærð og fólksfækkun virðist stefna framþróun landbúnaðarbyggðar í hættu. Að mati n. eru eftirfarandi svæði í brýnastri þörf á einhverri fyrirgreiðslu sem væri byggð á samræmdu átaki þeirra, sem standa að landbúnaðaráætlananefnd, með fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins:

1. Norður-Þingeyjarsýsla. Í atvinnumálaáætlun, sem gerð var fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, var landbúnaður ekki tekinn með, þótt hann sé einn af stoðum atvinnulífsins í sýslunni. Allmikil framleiðsluröskun hefur orðið á síðustu árum og horfir svo að hörgull geti orðið á mjólk á Þórshöfn, en þar er mjólkurbú. N. telur áætlunargerð þar nauðsynlega til þess að auka mjólkurframleiðsluna og einnig til þess að styrkja þá búsetu sem þar er.

2. Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu. N. hefur borist erindi um áætlunargerð í hreppum samhljóða till. til þál. sem kom fram á Alþ. á s. l. vetri. N. hefur lagt til að í þá áætlunargerð verði farið, sem yrði með hliðstæðu fyrirkomulagi og áætlanir um uppbyggingu Árneshrepps sem nú eru í gangi.

3. Vestfirðir. Þaðan hafa borist beiðnir um áætlunargerð. Höfuðröksemd fyrir gerð þeirra er það öryggisleysi sem þéttbýlissvæðin búa við vegna ónógrar mjólkurframleiðslu á svæðinu. Árneshreppur hefur þegar verið tekinn til áætlunargerðar. Af þeirri reynslu, sem hefur fengist, er ljóst að vel skipulögð uppbygging á félagslegum grundvelli með fullri ábyrgð heimamanna á framkvæmd og fjárreiðum gerir alla uppbyggingu ódýrari. Jafnframt er einstökum bændum gert mögulegt að byggja upp á jörðum sínum, sem að öðrum kosti yrði þeim ofviða.

4. Vesturland. Á Mýrum, Snæfellsnesi og í Dölum eru nokkrir hreppar, 6—8, þar sem afkoma bænda er mjög slæm. Það, sem einkum virðist þurfa að gera á Mýrum og sunnanverðu Snæfellsnesi, er að stuðla að meiri votheysgerð. Í Dölum: Fellsstrandarhreppi, Skarðshreppi og Saurbæjarhreppi, þarf að snúa við þeirri þróun, að mjólkurframleiðslan minnki með ári hverju, með því að tryggja að flutningum sé haldið uppi.

5. Norðurland vestra. Athygli n. hefur verið vakin á hnignun byggðar á Vatnsnesi. Athuga þarf vel ástæður þess og hvort spyrnt skuli við fótum. — Skagasvæðið: Þaðan hafa borist erindi um áætlunargerð. — Hof- og Haganesvíkursvæði: Þaðan hafa einnig borist erindi um áætlunargerð úr 4 hreppum.

6. Suðurland. N. hefur borist ósk um áætlunargerð fyrir Vestur-Skaftafellssýslu annars vegar og vesturhluta Árnessýslu hins vegar.

Af hálfu landbúnaðaráætlananefndar hefur sú forgangsröðun verið gerð að svæði, sem mjólkurframleiðslu vantar á eða hafa orðið fyrir mikilli fólksfækkun og tekjur bænda eru lágar á, hafa notið forgangs. Jafnframt er ljóst að áætlanir á öllum þeim svæðum, sem beiðni hefur komið fram um, geta ekki farið fram eða verið gerðar á skömmum tíma. Þar koma til sjónarmið varðandi fjármagn til uppbyggingar og sjónarmið varðandi markaðs- og framleiðsluhorfur. Af þessum orsökum hefur ekki verið tekin ákvörðun um áætlanir fyrir öll þessi svæði sem um er rætt, og eru Vatnsnes og Skagi meðal þeirra. Allmikil upplýsingasöfnun hefur hins vegar farið fram um stöðu þessara svæða og rætt hefur verið við heimamenn, en það mun létta þann undirbúning sem á vantar þegar að þessum svæðum kemur.

Þetta er það svar, sem ég hef við fsp. hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég skal bæta því við, að af hálfu landbrn. hefur ekki verið synjað um þær till. sem þessi n., sem ég vitnaði hér til áðan, hefur gert, heldur reynt að vinna að framkvæmd þeirra. En eins og kemur fram í lok þessa svars þarf til þess meira fjármagn en hefur verið til umráða fram að þessu. En n. vinnur, eins og fram hefur komið, að þessum málum áfram.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Mér er fyllilega ljóst að áætlanir sem þessar hafa tiltölulega lítið gildi án þess að fjármagni sé varið til þess að framkvæma þær og til þess að fylgja eftir þeim breytingum sem þarf að gera á aðstöðu fólksins til búskaparhátta í þeim héruðum sem þær ná til. Þetta er vitaskuld ljóst og þá um leið jafnljóst að þar geta ekki allir orðið fremstir í röð. Ég verð hins vegar að segja að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með það, um leið og ég hlýddi á þá upptalningu sem hæstv. ráðh. fór hér með, að þau svæði, sem ég hef hér spurt sérstaklega um, Vatnsnes og Skagi, eru harla neðarlega á blaði í áliti landbúnaðaráætlananefndar.

Það eru orðin, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, 2—3 ár síðan þessi mál komust á dagskrá í þeim héruðum sem hér um ræðir með fjölmennum fundum og almennum samþykktum. Og ég verð að játa þá fákunnáttu mína og það eftirtektarleysi mitt, að ég hafði ekki heyrt um að fyrirætlanir væru uppi um sérstakar áætlanir t. d. fyrir Mýrar í Mýrarsýslu fyrr en ég heyrði það við setningu Búnaðarþings og svo aftur nú.

Ég skal ekki á þessu stigi fara að dæma um það á nokkurn hátt hvaða landssvæði eigi að hafa þarna forgang. En ég lít svo til að þær byggðir, sem ég hef hér minnt á, séu harla veikar hvað búsetu snertir og það megi mikið vera ef ýmsar aðrar byggðir séu þar veikari. Ég get sagt t. d. að í frumgögnum, sem varða athugun á Vatnsnessvæðinu, kemur í ljós að í Þverárhreppi og Kirkjuhvammshreppi er túnstærð mjög lítil. Í Þverárhreppi sést að á 6 jörðum er túnstærð innan við 10 ha., á 16 jörðum á milli 10 og 20 ha. og aðeins á 11 jörðum túnstærð yfir 20 ha. Í Kirkjuhvammshreppi er ástandið enn lakara. Þar er túnstærð á 11 jörðum innan við 10 ha. og á 19 jörðum á milli 10 og 20 ha., en aðeins á 8 jörðum yfir 20 ha. Þetta eitt út af fyrir sig bendir til þess, að þarna sé verulegra úrbóta þörf. Víst er þetta þó ekki einhlítur mælikvarði. Hitt held ég að skipti kannske enn þá meira máli, hve mikið fámenni er á hverju heimili í þessum byggðum. Þarna eru þó að ýmsu leyti landkostir góðir. Má nefna t. d. að vestan á Vatnsnesi eru sauðlönd mjög góð og landkostir eru einnig góðir á Skaga. En fámenni byggðanna, einangrun þeirra í félagslegu tilliti, erfiðar samgöngur, ekki síst á Skagasvæðinu, eru þess valdandi að byggðir þessar eru ákaflega veilar og getur svo farið að það megi ekki mikið út af bregða svo að ekki hljótist stórskaði af.

Það er ekki ástæða til þess að bæta við þetta mörgum orðum. Ég vil aðeins segja það, að ég tel að það skipti verulegu máli, þar sem svo stendur á sem í þessum byggðum, að það fólk, sem treyst hefur á að einhverra aðgerða væri að vænta á komandi árum, sjái fyrir með nokkuð sterkum líkum hvenær röðin kemur að því. Og miðað við þá röðun, sem hér kom fram hjá hæstv. ráðh., er ekki með nokkrum hætti hægt að sjá hve langur tími muni líða þangað til kemur að því að hafist verði handa á þessum tilteknu svæðum, svo að ég fæ ekki séð að í svari hæstv. ráðh. hafi komið fram nokkur hughreysting til þess fólks sem þarna á hlut að máli. Þetta vil ég láta hér koma fram og vonast eftir því að við getum á komandi árum varið meira fjármagni til þessara landbúnaðaráætlana og um leið styrkt þá byggð sem við teljum í sameiningu að nauðsynlegt sé að halda við sem víðast í okkar góða landi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og réttilega var fram tekið af hálfu fyrirspyrjanda, hv. 2. þm. Norðurl. v., komu ekki fram í svari mínu neinar gyllivonir, enda ekki til þess ætlast, heldur skýrt frá staðreyndunum einum eins og þær eru. Ég vil hins vegar taka það fram í sambandi við þau vinnubrögð, sem n. hefur haft og hún hefur markað sér án afskipta rn., að hún lét gera skýrslu yfir tekjur bænda um allt land upp úr þeim gögnum sem hún fékk þar að lútandi þegar hún hóf störf sín og hefur að nokkru leyti byggt á þeim, auk þess sem fram kom hér áðan um mjólkurframleiðslu. Þetta voru tvö meginatriði sem hún hefur byggt forgangsröðun sína á: mjólkurframleiðslan annars vegar og afkoma fólks hins vegar samkv. þessu úrtaki sem hún hefur gert. Hins vegar get ég tekið undir það með hv. 2. þm. Norðurl. v., að þarna er brýn verkefnaþörf og eins og önnur verk verða þau ekki unnin nema með fjármagni og góðu skipulagi. Ég tel að hafi tekist afar vel til um framkvæmdina í Árneshreppi á Ströndum á s. l. ári, og n. mun kappkosta að reyna að ná slíkri framkvæmd á þeim svæðum öðrum sem verða tekin til þessarar meðferðar, enda er það eina vonin til þess að ná árangri um hraða í þessum málum.

Leigu- og söluíbúðir á vegum sveitarfélaga, fsp. (þskj. 390). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 390 að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. um framkvæmd laga um leigu- og söluíbúðir á vegum sveitarfélaga, og er fsp. í þremur liðum:

„1. Hve margar íbúðir voru fullgerðar 1. jan. 1977?

2. Hve margar ófullgerðar íbúðir voru í smíðum á sama tíma?

3. Hve mörg leyfi hafa nú verið veitt til smíði nýrra íbúða á þessu ári og hve margar umsóknir þar að lútandi hafa borist.?“

Með breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins 1973 var tekin inn í lögin heimildargrein um að fjármagna 1000 leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga næstu 5 ár. Hér var að vísu um heimild að ræða, en eftir ýmsum sólarmerkjum að dæma mátti ætla að heimildin yrði ekki notuð að fullu fyrir árslok 1978 eða 5 árum eftir að lögunum var breytt. En með breytingu á þessum sömu lögum á síðasta þingi var heimildarákvæðunum breytt í skyldu, þannig að á næstu 5 árum frá gildistöku laganna skal reisa eða fjármagna 80% af byggingarkostnaði 150 íbúða ár hvert næstu 5 árin, samtals 750 íbúða, og samtímis var sveitarfélögunum heimilað að selja íbúðirnar.

Ég tel að það sé æskilegt að bæði Alþ. og þeim, sem knýja á um þessar framkvæmdir, sé gerð grein fyrir stöðu þessara mála: Annars vegar

hvað framkvæmdir eru hafnar á mörgum íbúðum, þar með talið hve mörgum íbúðum er lokið. Þá geta menn séð hvenær því marki verður náð sem stefnt var að með áðurnefndri lagabreytingu 1973, þar sem fjármögnun 150 íbúða á ári er nú lögbundin næstu 4 ár frá þessu vori að telja. Þá finnst mér einnig æskilegt að upplýsingar komi fram um það, hvernig mál standa með úthlutun íbúða fyrir þetta ár og hve miklum hluta umsókna er hægt að sinna, þannig að við gerum okkur nokkra grein fyrir hver eftirspurnin er og að hve miklu leyti hægt er að sinna henni varðandi þessar íbúðir.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurningin er á þessa leið: Hve margar íbúðir af leigu- og söluíbúðum á vegum sveitarfélaga voru fullgerðar 1. jan. 1977? — Svarið er: 175 íbúðir.

2. spurningin: Hve margar ófullgerðar íbúðir voru í smíðum á sama tíma. — Svarið er: 115 íbúðir.

3. Hve mörg leyfi hafa verið veitt til smíði nýrra íbúða á þessu ári og hve margar umsóknir þar að lútandi hafa borist? — Svarið er, að húsnæðismálastjórn hefur samþykkt leyfi til byggingar 118 íbúða á þessu ári. Fyrir húsnæðismálastjórn liggur tillaga um leyfi til byggingar 26 íbúða til viðbótar sem gert er ráð fyrir að verði samþ. Samtals er hér um að ræða 144 íbúðir og vantar þá enn 6 upp á að fullnægt sé ákvæði laganna um 150 íbúðir á ári, og geng ég út frá því að það verði gert. Umsóknir hafa borist um byggingu 337 íbúða.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins koma hér til að þakka hæstv. félmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur flutt okkur. Sýnist mér, miðað við þær tölur sem hér komu fram, að allmjög sé sótt á um að fara þessa leið varðandi húsnæðisvandamál dreifbýlisins vítt um land, og það kæmi mér ekki á óvart að allir landshlutar ættu þar býsna margar umsóknir sem ekki verður hægt að sinna.

En eigi að síður er gagnlegt að fá þessar upplýsingar hér inn, ekki síst með tilliti til þess að ýmsir velta því fyrir sér hvort þetta sé hið rétta form eða hvort við eigum frekar að snúa okkur að breytingum, þ. e. að efla verkamannabústaðakerfið sem slíkt. En það er annað mál sem ég ætla ekki að ræða hér.

Sameinað þing, 72. fundur.

Þriðjudaginn 29. mars, að loknum 71. fundi.

Ellilífeyrisþegar, þáltill. (þskj. 96). — Fyrri umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Í fjarveru hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, s. l. haust tók 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Eyjólfur Sigurðsson prentari, sæti hans hér á hv. Alþ. og flutti hann þá till. til þál. á þskj. 96 sem hér er til umr. Vil ég fyrir hönd flm. og Alþfl. fylgja till. þessari úr hlaði með örfáum orðum, ef til nokkurrar skýringar mætti verða.

Till., eins og ég áðan sagði, er á þskj. 96 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til að kanna efnahagslega og félagslega stöðu ellilífeyrisþega í landinu öllu. Aðalverkefni n. verði:

1. Að kanna lífskjör ellilífeyrisþega.
2. Að kanna félagslega stöðu ellilífeyrisþega.
3. Að kanna hver sé munur á aðstöðu ellilífeyrisþega, er dvelja á elliheimilum og öðrum slíkum stofnunum, og þeirra, sem dvelja utan þeirra.
4. Að kanna hvaða munur sé á aðstöðu ellilífeyrisþega, er búa í þéttbýli, og þeirra, er búa í dreifbýli.
5. Að kanna hvernig ástatt sé um heilbrigðisþjónustu við aldraða.
6. Að leggja fram till. til úrbóta í framhaldi af niðurstöðu könnunarinnar."

Við núlifandi íslendingar viljum gjarnan láta telja okkur velferðarþjóðfélag. Sú hugsun er þó að mínu viti of oft byggð á óskhyggju einni. Staðreyndir í því sambandi benda á mörg dæmi þar um, því miður. Það situr síst, að öllu athuguðu, á okkur að fyllast drambi og ofmetnaði yfir því öryggi sem öllum þjóðfélagsþegnum eru í raun tryggð. Þóttafullar fyrirsagnir sjást og heyrast í fjölmiðlum okkar þegar við, þessi afkastamikla þjóð til sjós og lands, erum í erlendum blöðum og skýrslum nefnd vanþróuð þjóð í einstökum atriðum.

Það, sem hér er raunverulega um að ræða, er aðstoð okkar við öryrkja, lamaða og fatlaða og þá síðast, en ekki síst eldri kynslóðina. Sannleikurinn er sá, að yngsta kynslóðin geldur þess einnig ef við vanrækjum skyldur okkar við þá eldri, og skal vikið að því síðar.

Till. þessi er um nefndarskipun til þess að allsherjarkönnun fari fram á félagslegri stöðu þeirra elstu, þ. e. ellilífeyrisþega, lífskjörum þeirra, félagslegum og öðrum möguleikum þeirra til að lifa sem eðlilegustu lífi, án þess að vera þjakaðir af áhyggjum fyrir morgundeginum og öllu er því fylgir, og að hafa vinnu sem er við þeirra hæfi, líkamlega og andlega. Það væri hins vegar rangt að halda því fram, að ekkert hafi verið gert til úrbóta í þessum málum. Slíkar fullyrðingar væru jafnrangar og að halda hinu fram, að í þessum efnum hefðum við náð einhverju sérstaklega fullkomnu lokamarki sem ekki verði betur um bætt eða gert.

Samkv. upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins var ellilífeyrir einstaklings hinn 1. mars s. l. 23 919 kr., að viðbættri tekjutryggingu 20 992 kr. samtals 44 911 kr. á mánuði. Á ári er því um að ræða 540 þús. kr. tekjur. Einhver kann að segja í þessu sambandi: Eru þetta ekki sambærileg laun við lægstu launaflokka verkakvenna og starfsfólks í iðnaði, verslunar- og skrifstofufólks, lægstu launaflokkanna hjá ríki og sveitarfélögum? Það kann vel að vera að finna megi jafnlág laun í launatöxtum hjá fullvinnandi fólki. Nauðsynlegt er þó að hafa í huga að hinn aldni einstaklingur á engra annarra kosta völ en að láta sér umrædda aðstoð duga eingöngu til lífsframfæris. Hann hefur þrátt fyrir mikið framboð á launamarkaði enga möguleika til að drýgja

tekjur sínar á neinn annan hátt. Hann eða hún getur ekki og fær enga slíka möguleika.

Samkv. jafngömlum heimildum frá Tryggingastofnun ríkisins fá hjón í ellilífeyri 43 055 kr., að viðbættri tekjutryggingu 35 487 kr. samtals 78 542 kr. á mánuði. Miðað við beinharða krónutölu tapa því ellilífeyrisþegar í hjónabandi sem næst 12 þús. kr. á mánuði miðað við það að vera tveir sjálfstæðir einstaklingar, t. d. í óvígðri sambúð, eða a. m. k. 144 þús. kr. á ári í þessu tilliti. Engum kemur þó til hugar að í þessu efni verði beinhörð krónutala látin ráða úrslitum. Þar munu aðrir hlutir meiru um ráða sem betur fer þjóðfélagsins vegna. Verði hin öldnu hjón svo heppin að fá rúm á elliheimili þegar starfskraftar dvína, þá kostar það 73 þús. á mánuði sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir að viðbættum 5 þús. í vasapeninga á mánuði. Nauðsynlegt er að hafa í huga að hér er rætt um þá einstaklinga eða hjón sem engar aðrar tekjur hafa og ekki úr öðrum fjármunum að spila. Þegar frá eru talin örfá undantekningartilfelli er hér um allan meginþorra fólks í þessum aldursflokkum að ræða.

Mjög er um það deilt, hvort rétt sé að allt aldrað fólk búi á elliheimilum eða hliðstæðum stofnunum, og sýnist þar sitt hverjum, jafnvel þótt sérfræðingar séu. Hér verður enginn dómur um það felldur hver leið er þar æskilegust og mannúðarfyllst. En hér um ætti að vera alllöng og haldgóð reynsla innanlands sem hægt væri að draga góða lærdóma af um allt framtíðarskipulag þessara mála. Hér á ég við forstöðumenn elliheimilisins Grundar og Dvalarheimilis aldraðra sjómanna sem ég veit af eigin reynslu að mundu fúslega veita allar upplýsingar og taka fullan þátt í tillögugerð að breyttum starfsháttum, ef reynsla þessara aðila gefur tilefni til.

Flestir vilja lifa sem lengst og margur einstaklingurinn og hjónin greiða beint og óbeint háar fjárfúlgur og margir stóran hluta ævinnar til þess að viðhalda lífi sínu og heilsu. En þegar frá eru teknir lífeyrissjóðir og opinber aðstoð, þá virðast of fáir ætla í reynd að verða gamlir og lítt færir til vinnu. Á lífeyrissjóðina er nú orðið meira litið og af of mörgum til þeirra sem lánastofnana fremur en tryggingar fyrir lífsframfæri í ellinni. Þetta hugarfar þróast þó að staðreyndirnar um hækkandi meðalaldur fólks blasi við. Þessar þversagnir birtast svo aftur í því, að aldraða fólkið leggur allt kapp á að forða sér og reyna að vera ekki fyrir, en slitnar um leið úr tengslum við flest fólk á miðjum aldri og þar yfir og sér í lagi við yngstu árgangana, börnin — og gagnkvæmt. Fólkið, sem búið hefur okkur, sem nú teljum okkur á miðjum aldri það líf og þá aðstöðu er við búum við, fær það eitt að launum að komast í biðröð eða í biðsal geymslunnar. Þann veg launum við þeim unnið ævistarf. Heil bæjar- og borgarhverfi tæmast af börnum. Eftir situr gamla fólkið slitið úr tengslum við líf og þrótt hinna yngri. Yngstu kynslóðirnar byggja ný hverfi þar sem eldra fólkið sést vart, á sama hátt slitið úr tengslum við fortíðina og lífsreynslu hennar.

Eldri kynslóðin er ekki hávær eða kröfuhörð og lætur sér oft lítið verða nægjanlegt, og að baki henni standa engir þrýstihópar. En höfum við og niðjar okkar efni á því að klippt sé svo snöggt sem raun ber vitni á hinn mikilvæga þráð á milli kynslóðanna? Fara ekki of margir of mikils á mis við þessi snöggu þáttaskil og þá án tillits til aldurs?

Hér kemur fleira til en kynslóðaskiptin ein: Mikil verðmæti í byggingum, gatnagerð, vatns- og holræsagerð, ásamt hvers konar almenningsþjónustu sem nýst hefur á einum stað, en skortir sárlega í hinum nýju hverfum stækkandi byggðar. Auk hinna kröppu kjara eldra fólksins, sem ég hef hér áður minnst á, kemur öryggisleysið, takmörkuð heilsugæsla, — gæsla sem aldrei hefur verið meiri þörf á en einmitt nú þegar árin færast yfir. Aldnir geta legið sjúkir og jafnvel umhirðulausir dögum saman án þess að þeirra sé vitjað langtímum saman. Á efri árum eiga ekki allir vini og ættingja sem vitja þeirra og hlúa að þeim. Það eiga svo margir nóg með sig. Erlendis eru okkur sagðar sögur af því að látnir menn liggi dögum saman í herbergi án þess að nokkur láti sig þá varða eða skipti sér af þeim.

Í hinni hörðu og miskunnarlausu lífsbaráttu nútímans, sem kallar báða foreldra út á vinnumarkaðinn, vaxa eðlilega kröfurnar um aukningu dagvistunarheimila fyrir börn, og skal hér síst úr nauðsyn þeirra dregið. Án fjölgunar dagvistunarheimila gætu núverandi þjóðfélagshættir ekki þrifist. En rétt eins og við framleiðum ekki nauðsynlega endurnýjun þjóðarinnar með vélum, þá getum við ekki heldur vélvætt uppeldi yngstu kynslóðarinnar. Hver óskar eftir heilum aldursflokkum sem þekkja ekki heimilislíf eða heimili nema sem svefn- eða náttstað? Er maðurinn þá ekki í raun og veru að óska þess að gamla baðstofulífið endurtaki sig á ný, þar sem allir sváfu í sama herbergi, mamma prjónaði og pabbi las úr einu bókinni sem á heimilinu var, Vídalínspostillu, og takmörkuð aðstaða var til þrifnaðar? Þannig gæti e. t. v. einhver spurt. Ekki er það nú ætlan mín eða flm. þessarar tillögu.

Tilgangurinn með flutningi till. þessarar er fyrst og fremst sá, að fá fram athugun á félagslegri og fjárhagslegri afkomu eldra fólksins í landinu, í öðru lagi að tryggja að sú lífsreynsla, sem eldra fólkið óhjákvæmilega býr yfir, þurfi ekki að fara með því yfir landamæri lífs og dauða, heldur komist sú reynsla til yngri kynslóðarinnar og hún hafi tækifæri til að vega hana og meta til nútímalífs. Kynslóðirnar fái m. ö. o. svo lengi sem nokkur kostur er að lifa í návist hver annarrar, að forðað verði frá þeim dökku blettum sem hinar fjölmennari milljónaþjóðir berjast nú gegn: fáförnum fátækrahverfum er njóta ekki umönnunar nútímatækni og vísinda, en hins vegar ný hverfi full af iðandi lífi og lífsþrótti sem engin tengsl hefur við liðna tíð.

Allt okkar tal um velferðarríki hefur ekki efni á því að láta ástand þessara mála óathugað, svo mikið er að veði. Til að ná fram umræddum athugunum er þessi þáltill. flutt.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. um till. verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 327). — Frh. einnar umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Mín ætlan var að ræða helst ekki þessa till. til þál. nema hæstv. samgrh. væri viðstaddur, en þar sem það hefur nú dregist mjög lengi að slíkt gæti átt sér stað tel ég ástæðulaust að bíða öllu lengur, þar sem nú er langt liðið á þinghald, og ætla því nú að fylgja þessari þáltill. úr hlaði með örfáum orðum.

Á þskj. 327 flyt ég svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á samgrh. að láta athuga nú þegar með hvaða hætti best verði tryggðar sem öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli.

2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.

3. Lýsingu vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugunum þessum skal hraðað svo sem frekast er kostur með það fyrir augum að niðurstöður geti legið fyrir hið allra fyrsta og í síðasta lagi haustið 1977.“

Á yfirstandandi þingi hafa orðið miklar umr. um alla helstu þætti samgöngumála og fram hafa komið þáltill. í þeim efnum. Ekki alls fyrir löngu var hér á dagskrá fsp. frá hv. 9. landsk. þm. í sambandi við flugsamgöngur við Vestfirði, og í svari hæstv. samgrh. í þeim umr. kom í ljós að n. hefur starfað að því að gera athuganir og úttekt á flugsamgöngum innanlands í heild og fyrir liggur nú niðurstaða þeirrar athugunar. Þessi till. er hins vegar um það að Vestfirðir verði teknir út úr þessari almennu athugun vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem vestfirðingar búa við að því er varðar ekki bara flugsamgöngur, heldur og samgöngur bæði á landi og sjó, þetta sé tekið út úr því er Vestfirði varðar vegna þeirrar sérstöðu og þeirra erfiðleika sem þar er um að ræða. Ég held að það sé vart nokkur vafi á því, að Vestfirðir eru sá landshluti sem er langsamlega verst settur samgöngulega séð, þó að litið sé til allra þessara helstu samgöngubátta, þ. e. a. s. bæði samgangna á landi, í lofti og á sjó. Það hefur verið rakið hér og skal aðeins vikið að því í örfáum orðum, að í samgöngum á landi eru Vestfirðir einangraðir frá aðalvegakerfi landsins 7—9 mánuði á ári. Í sjósamgöngum eru Vestfirðir einangraðir á sama tíma og samgöngur eru lokaðar á landi allt upp í þrjár vikur, og varðandi flugsamgöngur eru Vestfirðir einnig einangraðir á þessu sama tímabili svo að dögum skiptir. Og það er kannske fyrst og fremst með hliðsjón af þessum staðreyndum, að þessi till. til þál. er flutt, og einnig vegna hins, að ekki er að sjá að neinar líkur séu á því að hálfu stjórnvalda að gerðar verði neinar sérstakar ráðstafanir vestfirðingum til handa til þess að bæta þetta vandræðaástand.

Eins og flugsamgöngum við Vestfirði er nú háttað, þá er um að ræða aðeins þrjá flugvelli á Vestfjörðum sem Flugleiðir halda uppi áætlunarflugi til. Þessir staðir eru Patreksfjörður, Þingeyri og Ísafjörður. Enginn þessara flugvalla er þannig útbúinn að á þeim sé hægt að lenda eftir að dimma tekur og myrkur er komið. Ég hygg að hér sé um eina landshlutann að ræða sem þannig er ástatt um að enginn flugvöllur í landshlutanum sé þannig útbúinn að hægt sé að lenda þar í myrkri.

Að því er varðar 1. lið þessarar þáltill., um lýsingu og öryggistæki vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli, þá er rétt að það komi fram, að hugmyndir hafa verið uppi um þetta manna á meðal alllengi. En því hefur verið haldið fram, að framkvæmdir í þessum efnum væru svo kostnaðarsamar að litlar sem engar líkur væru á að í framkvæmdir yrði ráðist vegna þess. Ég hef heyrt að fullyrðingar af þessu tagi hafi ekki við nein rök að styðjast, og mér er a. m. k. ekki um það kunnugt að nokkur athugun hafi átt sér stað eða fram farið í þessum efnum. Ég held að miðað við nútímatækni sé ekkert ólíklegt að ætla að hægt sé að framkvæma aðgerðir af þessu tagi, en um það skal ekkert fullyrt á þessu stigi. Það er m. a. til þess að fá úr því skorið sem þessi till. er flutt.

Það er einnig rétt að vekja á því athygli varðandi þennan þátt till., þ. e. a. s. lýsingu á Ísafjarðarflugvelli og vegna aðflugs að honum, að það er nokkuð umliðið síðan upp kom sú hugmynd frá einum vestfirðingi, sem nokkuð mikið þekkir til þessara mála, að hægt mundi að leysa þetta vandamál með flóðlýsingu sem einnig gæti lýst upp Ísafjarðarkaupstað. Það er fyllilega ástæða til þess að gengið verði úr skugga um það, hvort framkvæmanlegt er að gera þær öryggisráðstafanir með lýsingu á Ísafjarðarflugvelli, og það verði gengið úr skugga um það, hvort slíkt sé ekki framkvæmanlegt.

Að því er varðar 2. lið þáltill., um endurbætur á flugbrautunum í Holti og í Bolungarvík, til þess að þessar tvær flugbrautir gætu gegnt því hlutverki að vera varaflugvellir fyrir Ísafjarðarflugvöll, þá er þess að geta að aðflug á Ísafjarðarflugvöll er með þeim hætti og er undir þeim kringumstæðum, að það getur verið svo að dögum skiptir, þótt að öllu öðru leyti sé ágætisveður, að ólendandi sé á Ísafjarðarflugvelli vegna misvinda sem þar eiga sér títt stað, einmitt á þeim stað sem Ísafjarðarflugvöllur er staðsettur, svo og áþeim stöðum sem aðflug er þar. Er því brýnt að athugaðir verði möguleikar á því, hvort ekki sé hægt með framkvæmdum og lagfæringum á annaðhvort flugbrautinni á Holti í Önundarfirði eða í Bolungarvík að byggja upp þá aðstöðu að þeir geti verið varalendingarstaðir fyrir Ísafjarðarflugvöll. Það er nokkuð ljóst að mínu viti, að vart verður hægt að ráða bót á þeim annmörkum sem eru varðandi Ísafjarðarflugvöll vegna þessarar óhagstæðu vindáttar, þannig að það verður að öllum líkindum að leita annarra leiða heldur en breytinga varðandi Ísafjarðarflugvöll sjálfan. Þetta hefur, að því er ég best veit, ekki heldur verið athugað og það er einmitt um það sem annar liður þáltill. fjallar, athugaðir verði möguleikar á því að leysa

þessi vandkvæði að því er varðar ótryggt flug á Ísafjarðarflugvöll með því að lagfæra flugbrautir í Önundarfirði eða í Bolungarvík. Mér er sagt af einum reyndasta flugstjóra í innanlandsfluginu hjá Flugfélagi Íslands að það sé a. m. k. nokkuð ljóst við fyrstu sýn, án þess að nokkuð verði um það fullyrt nema að undangengnum frekari athugunum, að allt bendi til þess að hægt sé að búa til flugvöll utan til við Flateyri í Önundarfirði sem ætti að vera hægt að lenda á allan sólarhringinn, þ. e. a. s. þar muni vera hægt að útbúa flugvöll sem er upplýstur, þannig að myrkur ætti ekki að hamla því að hægt væri að nota flugvöll sem þar væri. Að sjálfsögðu þyrfti með þetta í huga einnig að kanna þennan möguleika, ef ekki sýnist fært að lagfæra svo flugbrautina í Holti að hún næði þessum tilgangi.

Að því er varðar 3. lið þessarar þáltill., sem er um lýsingu vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli, þá eru, að mér er tjáð, taldar á því líkur að ekkert sé því til fyrirstöðu að búa Patreksfjarðarflugvöll þannig úr garði að hann sé hægt að nota eftir að myrkur er komið, þ. e. a. s. með lýsingu flugbrautar og aðflugslýsingu. Um þetta skal að sjálfsögðu ekkert fullyrt heldur.

Þetta eru atriði sem ég tel nauðsynlegt að gengið verði úr skugga um, hvort og á hvern hátt eru framkvæmanleg, með það í huga að bæta eins og mögulegt er þennan þátt samgangna við Vestfirði. Auk þess er ljóst að bæta þarf öryggisbúnað bæði á Patreksfjarðarflugvelli og á Ísafjarðarflugvelli. En það er um þessi tilteknu atriði sem þessi þáltill. fjallar, að framkvæmd verði athugun á þessum verkefnum, sem hér er um að ræða, vegna þess að það er vart við því að búast að vestfirðingar uni því öllu lengur að þeir séu langt aftur úr öðrum landshlutum að því er varðar samgöngur í lofti.

Það kom fram í svari hæstv. samgrh. í áður tilvitnuðum umr. varðandi fsp. um flugsamgöngur við Vestfirði, að ekkert liggur fyrir um það og engin till. er uppi um að neitt sérstakt átak verði gert að því er varðar Vestfirði þrátt fyrir þessa sérstöku erfiðleika sem þeir eiga við að búa. Það er ekkert sem bendir til þess að neitt slíkt sé á prjónum þeirra aðila sem hér geta mestu um ráðið, þ. e. a. s. hæstv. ríkisstj., sem auðvitað gæti í þessu sem og mörgu öðru látið til sín taka ef vilji væri fyrir hendi. Í mínum huga er það sjálfsögð ósk og krafa af hálfu vestfirðinga að athugun þessi eigi sér stað og að hún sé framkvæmd á þeim tíma að henni geti verið lokið fyrir fjárlagagerð fyrir árið 1978, þannig að hægt sé að taka tillit við afgreiðslu fjárl. til þess sem þarna þarf augljóslega að gera eftir að þessari athugun lýkur. Ég get ekki látið mér detta annað í hug, ef menn á annað borð kynna sér þá sérstöku erfiðleika sem vestfirðingar eiga í varðandi samgöngur, hvaða nafni sem nefnast, að þá sé það í raun og veru augljóst mál, að það er full ástæða til þess að gera sérstakt átak á þeim stað vegna þessara tilteknu kringumstæðna, en ekki bíða eftir því að heildarúttekt og heildartillögur um lagfæringar varðandi flugsamgöngur á öllu landinu sjái dagsins ljós. Það er augljóst mál og til þess hefur verið vitnað oft hér í umr. á Alþ., að til þess að bæta þar allt, sem talið er nauðsynlegt að gera í þeim efnum, þarf óhemjumikið fjármagn. Ég hygg þó að það sé ljóst, að framkvæmdir, sem þarna yrði um að ræða, kæmu ekki til með að vera það miklar að þær væru ekki viðráðanlegar, og það er allt sem mælir með því að landshluti, sem er svona illa settur varðandi samgöngur, njóti forgangs og sé tekinn út úr með þeim hætti að reynt sé a. m. k. að gera þær úrbætur sem lífsnauðsynlegar eru til þess að vestfirðingar njóti sambærilegra samgangna við aðra landshluta.

Þegar fsp. hv. 9. landsk. þm. var hér til umr. svaraði hæstv. samgrh. hv. þm., þegar hann spurði um einstaka flugvelli og ástand þeirra, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað varðar spurningu hv. 9. landsk. þm. um einstaka flugvelli, þá tel ég ekki ástæðu til að fjalla um þá sérstaklega, enda hefur ekki verið unnið að því frekar en gert er í þessari skýrslu. Hins vegar," sagði hæstv. ráðh., „ef gera ætti þar sérstakar ráðstafanir yrði það að gerast í sambandi við afgreiðslu fjárl. og sérstök fjárveiting í slíku skyni til vallarins eða á annan hátt, sem samgrh. hefur að sjálfsögðu ekki yfir að ráða því að fjárlög fyrir árið 1977 eru löngu orðin afgreidd."

Það er með hliðsjón af þessu og til þess að ekki þurfi að standa frammi fyrir þessu á næsta vetri án þess að fyrir liggi athugun á framkvæmdum í þessa átt sem þessi þáltill. er flutt. Hún er flutt til þess að það geti verið lokið athugun á úrbótum vegna flugsamgangna við Vestfirði nú á komandi sumri, þannig að niðurstöður geti legið fyrir áður en fjárlög verða afgreidd fyrir árið 1978 og þannig hægt að taka tillit til framkvæmda og veita fé á fjárl. næsta árs. Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð nema þá frekara tilefni gefist til. En ég vænti þess, að með hliðsjón af þeirri brýnu þörf, sem vestfirðingar eru í í samgöngumálum nái þessi þáltill. fram að ganga, og ég á ekki von á því að hún mæti andstöðu úr einni eða neinni átt. Ég legg talsverða áherslu á það, þar sem hér er aðeins um það að ræða að þetta verði athugað og niðurstöður liggi fyrir á komandi hausti, að þá sé ekkert því til fyrirstöðu að sú n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, geti afgreitt það til þingsins áður en þingi lýkur nú í vor, þannig að þessi athugun geti átt sér stað á komandi sumri.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn. til umfjöllunar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. þáltill. um athugun á úrbótum á flugsamgöngum við Vestfirði. Hv. flm. Karvel Pálmason gat aðdragandans að þessum tillöguflutningi. En fyrir nokkrum vikum var rædd hér á Alþ. fsp. frá mér sama efnis og þessi till. er, að því er ég best fæ séð nákvæmlega í sama anda og sama efnis, grg. að vísu með nokkuð breyttu orðalagi frá grg. fsp. minnar, en ekki er till. verri fyrir það. Þarna var hreyft máli, sem samþm. minn tók undir og hafði fyllilega ástæðu til. Ég tek undir það, sem kom fram í hans ræðu, að svör hæstv. samgrh. við fsp. minni voru heldur neikvæð þannig að það var full ástæða til þess að halda málinu áfram frekar en gert var með fsp. minni.

Eftir að umr. um fsp. mína, sem ég hef minnst á, fóru fram á Alþ. átti ég fund með flugmálastjóra og einum reyndasta flugmanni sem flýgur að jafnaði til Vestfjarða. Sá flugmaður hafði eftir samræður okkar á meðal gert, eftir því sem honum gafst tækifæri til í sínu flugi, sérstakar frumathuganir á þeim möguleikum sem í þessari till. felast. Að þessari athugun flugmannsins lokinni, sem raunar er ekki nýtilkomin því að hann hefur undanfarin ár haft þetta til sérstakrar athugunar, gengum við fund með flugmálastjóra þar sem rætt var um þetta, og þar kom ýmislegt fram sem mér satt að segja fannst ekki allt til þess fallið að vekja bjartsýni í huga mínum. Þ. á m. kom fram sú ályktun þeirra beggja og þriggja raunar, því að báðir flugmálastjórarnir voru þarna viðstaddir um tíma, að það mundi nokkuð öruggt mál að ómögulegt væri að koma við lýsingu til næturflugs á Ísafjarðarflugvöll. Samtal okkar beindist því aðallega að möguleikum í Bolungarvík og Önundarfirði. Mér heyrðist á máli þeirra og þeim litlu athugunum, vil ég segja, sem gerðar hafa verið, að möguleikar í Bolungarvík væru harla litlir, en öllu meiri í Önundarfirði. Þó þannig að varla mundi fært að nota núverandi flugbraut í Önundarfirði, þótt framlengd væri og endurbætt, til næturflugs, en sennilegra væri að til þyrfti að koma ný flugbraut norðan megin fjarðarins eða vestan megin, utan við Flateyri, þannig að hægt yrði að koma við upplýstum flugvelli fyrir þá stærð véla sem Flugleiðir nota yfirleitt til síns áætlunarflugs. Sem sagt, af þessum fundi okkar fór ég ekki miklu vonbetri en ég kom.

En það, sem ég fór fram á þarna fyrst og fremst, var að gera það sem þessi till. bendir einmitt réttilega á, að það þarf að rannsaka þetta. Þetta er engan veginn fullrannsakað, og það er nauðsynlegt að þessi athugun fari fram, ekki síst með tilliti til vindáttar. Það hefur ekki, að mér skildist, farið fram viðhlítandi könnun á hegðun vinda á þessum slóðum og þá sérstaklega í Önundarfirðinum. Ég tek því heils hugar undir það, að það, sem við fyrst og fremst þurfum í þessu efni nú, er að láta kanna málið og því var mér lofað munnlega af þessum aðilum, en að sjálfsögðu verður það loforð gildismeira og líklegra til að bera árangur ef ályktun Alþ. kemur þar til viðbótar, svo að ég lýsi að sjálfsögðu stuðningi mínum við þessa till. og vænti þess, að hún megi ná fram að ganga.

Það var réttilega bent á það af hv. frsm. áðan, sem og mér og fleirum þegar fsp. mín var til umr, að Vestfirðir hafa þarna óneitanlega sérstöðu, sem hlýtur að verða tekið sérstakt tillit til. Það er ákaflega erfitt fyrir einn landsfjórðung að vera þannig settur að hvergi á neinum flugvalla hans séu aðstæður til næturflugs. Ég benti á það í framsögu fyrir fsp. minni, að þarna kæmi vafalaust ekki einungis það til að Vestfirðir hefðu verið orðnir þarna afskiptir, heldur að náttúruaðstæður væru þarna sérstaklega erfiðar. Við höfum í dag afgreitt vegáætlun, og í umr. um hana kom sérstaklega til tals í mínu máli og hjá fleirum nauðsyn þess að gera vetrarfæran veg milli Ísafjarðar og suðurfjarðanna og tengja þannig syðri hluta landsfjórðungsins við nyrsta hlutann og þá um leið mestu þéttbýliskjarna fjórðungsins. Því er það að við þessar umr. um flugmál tengi ég alveg tvímælalaust veg um Breiðadalsheiði, því að — ég segi ekki með vissu, en með það hugboð í huga að það verði ekki komið við næturlýsingu og næturflugi norðan Ísafjarðar, þá verður hitt enn þá brýnna, að geta notfært sér varavöll sunnan Breiðadalsheiðar til þess að flugsamgöngur til Ísafjarðar verði tryggari, þ. e. a. s. að jafnvel þó að ólendandi sé á Ísafirði vegna þrengsla við flugvöllinn eða vindáttar, sem æðioft er óhagstæð og hamlar flugi, þá gæti flugvöllur í Önundarfirði orðið til þess að fullnægja þörfum ísfirðinga og íbúum norðan heiðarinnar. Ég er þess vegna í engum vafa um að þetta er athugun sem hlýtur að vera gerð, og ég vona að hún sé nú þegar hafin. En með samþykkt þessarar till. yrði örugglega tryggilegar frá því gengið að hún bæri þann árangur sem til er ætlast, þannig að við fjárlagagerð jafnvel á næsta ári lægi fyrir athugun, sem væri þá hægt að taka tillit til með fjárveitingu á fjárl. næsta árs. Hvort þessi athugun getur farið fram á þetta skömmum tíma er ég ekki til komin að staðhæfa neitt um, en a. m. k. að hefjast handa um hana sem fyrst.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég átti ekki von á öðru en hv. 9. landsk. þm. tæki undir það sjónarmið sem kemur fram í þeirri till. sem hér er til umr. Mér var það í raun og veru ljóst og reyndar hafði hugboð um það, áður en hæstv. samgrh. svaraði fsp. hv. 9. landsk. þm., að það væri ekki að vænta frumkvæðis af hálfu hæstv. ríkisstj. eða úr þeirri átt að því að taka Vestfirði sérstaklega út úr til athugunar í þessu máli. Það var því full ástæða til þess, þegar ótvírætt lá fyrir sú vitneskja að ekkert væri uppi um það að slíkt yrði gert, að fylgja þá eftir málinu með því að flytja um það sérstaka þáltill.

Varðandi það, sem hv. 9. landsk. þm. sagði um ummæli flugmálastjóra, bæði aðalflugmálastjóra og varaflugmálastjóra, og kannske einhverra flugstjóra um að ómögulegt væri að koma við lendingarljósum á Ísafjarðarflugvelli, þá má vel vera að það reynist rétt. En það liggur ekkert fyrir um það við athugun nú, og það þarf að fá úr því skorið, fá gengið úr skugga um hvort það sé svo í raun og veru, að það sé ekki um nokkurn möguleika að ræða. Það má vel vera að þeir reynist sannspáir um þetta, því að hér er ekki nema um spádóma að ræða vegna þess að a. m. k. mér er ekki kunnugt um að nokkur athugun hafi átt sér stað í þessu efni. En vel má vera, að þeir reynist sannspáir í þessu efni og að þetta komi í ljós. En þá liggur það líka fyrir alveg ótvírætt.

Mér heyrðist, eftir því sem hv. 9. landsk. þm. orðaði það, að hann hefði rætt við sama flugstjóra hjá Flugleiðum og ég einmitt ræddi við. (**SigurlB:** Ingimar.) Já, Ingimar Sveinbjörnsson, og það er mjög svipað sem hv. 9. landsk. þm. hafði eftir honum og hann tjáði sig um við mig. En hann tók alltaf að vísu fram að þessi tilteknu atriði þyrfti að athuga sérstaklega og gaumgæfilega, þannig að gengið yrði úr skugga um þetta. En ég man ekki betur en þegar verið var að ræða um og taka ákvarðanir um staðsetninguna á

Ísafjarðarflugvelli, þá hafi einnig verið a. m. k. að einhverju leyti athugaðir möguleikar á staðsetningu flugvallar í Bolungarvík og það talið ekki síðra. Ég skal ekkert um þetta fullyrða, en ég hygg, að einhverjar athuganir hafi átt sér stað þegar þessar hugleiðingar voru uppi. En það breytir ekki því, að það er nauðsynlegt að gera þessa athugun nú og fá úr þessu skorið. Og ég vænti þess sem sagt að það auðnist að koma þessu máli samþykktu út úr þinginu áður en það lýkur nú störfum, af því að, eins og ég áður sagði, ég á ekki von á því að um þetta séu neitt deildar meiningar, menn geti verið um það sammála að þessi athugun fari fram.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki segja mörg orð til viðbótar við það sem tveir síðustu ræðumenn hafa hér sagt á undan. Ég vildi aðeins koma hér upp til þess að þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir flutning þessarar till. og lýsa því yfir að ég mun veita henni fyrir mitt leyti brautargengi. Ég vil sérstaklega taka það fram, að ég er sammála honum um að það þarf að kanna vissa þætti án þess að það sé endilega verið að kanna alla hluti um allt land á sama tíma og ég tel, að þarna sé einn rannsóknar- og könnunarþáttur sem þurfi nauðsynlega að sinna.

Það hefur orðið í auknum mæli að áætlunarflugvélarnar til Ísafjarðar, sem er ein fjölfarnasta flugleið í innanlandsfluginu, hafa þurft að lenda á Þingeyri, en þangað er æðidrjúgur spölur frá Ísafirði. Vegna þvervinds á völlinn er oft og tíðum ekki hægt að lenda þótt ágætisveður sé að öðru leyti til flugs. Ef rannsókn leiddi í ljós að það væri hægt að koma upp í Holti í Önundarfirði — eða hv. þm. sögðu utan við Flateyri, ég ætla að það sé eigi að síður innan við Flateyri, — ef þar væri hægt að koma á varaflugvelli, þá lengdist akstursleiðin frá Ísafirði á flugvöll ekki nema sem nemur um 20 mínútna akstri og er þar gevsilega mikill munur á eða þurfa að fara alla leið til Þingeyrar. Við finnum best fyrir því á sumrum, þegar Flugfélagið heldur uppi tveimur flugferðum á dag til Ísafjarðar, hver munur er á slíkri þjónustu eða eins dags ferðum á vetrum þegar skammdegið leyfir ekki nema eitt flug.

Ég tel sem sagt að það sé mjög þýðingarmikið að þessi könnun fari fram, þannig að við höfum niðurstöður af henni þegar kemur til ákvörðunar um frekari framkvæmdir á þessu sviði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, þáltill. (þskj. 419). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Mengunarvarnir í álverinu í Straumsvík, þáltill. (þskj. 362). — Ein umr.

Flm. (Sigurður Magnússon): Herra forseti. Það er alkunna að í hinum tæknivæddu iðnaðarlöndum er iðnaðarmengun víða mjög alvarlegt vandamál, en við uppbyggingu stóriðjuvera í þessum löndum fyrr á öldinni var mengunarvandamálum lítill gaumur gefinn. Nú hin síðari ár hafa þessar þjóðir hins vegar í auknum mæli gert sér grein fyrir hinum skaðlegu áhrifum mengunarinnar á allt lífríki, jafnt gróður, dýr og menn, og í þessum löndum er því nú víða verið að reyna að draga úr eituráhrifum stóriðjunnar með endurbótum á tækjabúnaði í verksmiðjum og með setningu strangra starfsleyfa fyrir slíkan iðnað. Tilvera gamalla iðjuvera, sem ekki eru hönnuð fyrir nýtískuhreinsibúnað, mun þó tefja mikið alla viðleitni til endurbóta í iðnaðarlöndum þessum því að í lagasetningu um mengunarvarnir og heilbrigðishætti er víða tekið mikið tillit til erfiðleika þeirra við að endurnýja tækjabúnað sinn. Þessar þjóðir munu því í mengunarvörnum sínum hugsa sér að snúa þróuninni við í áföngum.

Aðstaða okkar íslendinga í þessum efnum er allt önnur. Stóriðjuver eru sem betur fer ekki mörg né gömul hér á Íslandi og áhrif iðnaðarmengunar því tiltölulega nýtt fyrirbæri. Við glímum ekki við vanda iðnaðarþjóðanna að eiga mörg stóriðjufyrirtæki sem breyta þarf frá grunni til að gera þau starfhæf miðað við nútímakröfur um mengunarvarnir. Ísland hefur því í þessum efnum mikla sérstöðu. Sérstaða okkar byggist og á því, að lífríki landsins er miklu viðkvæmara fyrir áhrifum mengunar, t. d. flúormengunar, en lífríki flestra annarra þjóða vegna þess að jarðvegur hér er fremur súr og kalkfátækur, auk þess sem land okkar býr við óhagstæð veðurskilyrði. Af þessum sökum getur mengunarlöggjöf, sem telst framfarasinnuð víða erlendis, verið ófullnægjandi við íslenskar aðstæður. Góðar venjur í öðrum löndum geta reynst vera ónógar hér.

Á þessar staðreyndir hefur oft verið minnst, svo sem við umr. um lagasetningu um álverið í Straumsvík á sínum tíma, en þá vöruðu þm. Alþb. alvarlega við áhrifum mengunar frá álverinu úr því að engar kröfur voru gerðar um það í samningunum við ÍSAL að sett væru upp hreinsitæki í verksmiðjunni þegar í upphafi.

Þannig vakti Alfreð Gíslason læknir og þáv. þm. Alþb. sérstaklega athygli á þeirri hættu sem starfsfólki álversins væri búin vegna ryks og flúormengunar og hann taldi að leiða mundi til ýmissa hættulegra atvinnusjúkdóma, m. a. á slímhimnur líkamans og á lungu og öndunarfæri. Einnig varaði hann við flúoreitrun eða flúorósis, sem væri hægfara sjúkdómur og mjög þekktur erlendis í sambandi við verksmiðjurekstur, en sjúkdómur þessi lýsti sér einkum í sérkennilegum breytingum á beinum líkamans og bandvef. Jafnframt því sem varað var við þessum sjúkdómum var varað við mengunarhættu fyrir allt lífríkið í umhverfi bræðslunnar sem gæti leitt af þeirri flúormengun, sem frá henni kæmi, og hefði slæm áhrif jafnt á gróður sem dýralíf.

Þessum aðvörunarorðum þm. Alþb. var ekki sinnt, og í samningunum við ÍSAL var ekki gert ráð fyrir uppsetningu hreinsitækja þrátt fyrir að á þessum árum væru slík hreinsitæki komin upp við flestar nýrri verksmiðjur erlendis, svo sem í Noregi.

Sama hefur einnig komið fram nú nýverið í

skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins, þar sem þeir segja að eftir að hafa gert könnun á framleiðsluháttum og mengunarvörnum í milli 60 og 70 verksmiðjum í ýmsum löndum sé niðurstaða Heilbrigðiseftirlitsins sú, að engin af þessum verksmiðjum búi við slíkt öryggisleysi sem álverksmiðjan í Straumsvík.

En þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir þær staðreyndir, að slík hreinsitæki væru orðin algeng víða erlendis um það leyti sem samningarnir voru gerðir, var sem íslenskir ráðamenn tryðu þá fullyrðingum fulltrúa auðhringsins um þarfleysi slíkra mengunarvarna, svo sem ummæli þeirra frá þessum tíma bera glöggt vitni um.

Þannig segir t. d. þáv. iðnrh. í viðreisnarstjórninni í svari við fyrirspurn hér á Alþ. í mars 1967, með leyfi forseta:

„Þannig hefur verið vitað, frá því fyrst var farið að ræða um byggingu álverksmiðju hér á landi, að viss mengun gæti stafað frá rekstri hennar, aðallega vegna uppgufunar á flúorvetni frá bræðsluofnum hennar. Má segja að þetta sé sú eina tegund mengunar sem orð sé á gerandi í sambandi við fyrirhugaða álbræðslu í Straumsvík. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir, er full ástæða til þess að ætla að flúormengunin muni ekki skapa teljandi vandamál í sambandi við vinnu verkamannanna og annarra í verksmiðjunni sjálfri þar sem loftræsting í bræðsluofnum hennar og önnur vinnsluskilyrði verða góð."

Það var af þessum ástæðum sem stjórnvöld töldu ekki ástæðu til þess á þessum tíma að gera neinar verulegar athuganir á þeirri hættu, sem starfsfólki verksmiðjunnar væri búin, og gengu ekki nægilega tryggilega frá þessu í samningunum við auðfélagið. Samningamenn þess sögðu hinum íslensku ráðamönnum að engin veruleg vandamál mundu skapast á þessu sviði vegna þess að loftræsting í bræðsluofnum og vinnuskilyrði væru góð. Hins vegar segir þessi sami ráðh. að ríkisstj. hafi athugað meira hvaða áhrif mengunin gæti haft í umhverfi bræðslunnar, þ. e. a. s. á gróður og dýralíf. Um þær niðurstöður segir ráðh. í svari við sömu fyrirspurn orðrétt:

„Í þessu sambandi skiptir það að sjálfsögðu miklu máli hvar álbræðslunni er valinn staður. Það hefur frá upphafi verið ljóst, að álbræðsla ÍSALs yrði mjög vel staðsett í Straumsvík í þessu tilliti. Hún mun standa þar á opnu svæði þar sem ríkjandi vindátt er á haf út og gróður í næsta nágrenni mjög takmarkaður og yfirleitt ekki af þeim tegundum sem taldar eru sérstaklega viðkvæmar fyrir mengun af völdum flúors."

Segir ráðh., að þetta hafi komið skýrt fram, væntanlega hjá fulltrúum hinna erlendu samningamanna, strax á fyrsta stigi viðræðnanna. En þá var, segir svo ráðh. síðar, talið að staðsetning verksmiðjunnar ein saman væri nægileg trygging fyrir því, að ekki þyrfti rykhreinsun, þ. e. a. s. ef bræðslan yrði staðsett í Straumsvík.

Þessi ummæli sýna vel þann einfeldnisháttt og þann ákafa sem einkenndi allar gerðir þeirra stjórnmálaflokka sem stóðu að samningunum um álverið á sínum tíma, þ. e. a. s. Sjálfstfl. og Alþfl. Engum aðvörunarorðum var sinnt, hvorki frá þm. Alþb., frá íslenskum vísindamönnum né nokkrum öðrum þeim sem þá vöruðu við þessu, heldur var gleypt við öllum fullyrðingum svissneska auðherranna. Undirlægjuháttur einkenndi því þennan þátt samningagerðarinnar eins og reyndar samninginn allan. Allt var sett að veði til að þóknast hinum erlendu herrum og til að sanna fyrir þjóðinni gildi hinnar erlendu stóriðju: raforkan, heilsa íslenskra verkamanna og gróður og önnur náttúra umhverfis verksmiðjuna. Það var skákað í því skjóli að engin teljandi vandamál hlytust af, nóg væri líka af raforkunni og verkafólkið gekk um atvinnulaust og gróðurríkið hvort sem var takmarkað í nágrenni verksmiðjunnar.

En reynslan er ólygnust, hún talar sínu máli, og hún hefur sannað að það var ekki ástæðulaust að óttast mengunaráhrif frá álverinu, eins og haldið var fram af þm. Alþfl. og Sjálfstfl. á sínum tíma. Það hefur sannast að það var óþarfa greiðasemi við auðhringinn að spara honum þann kostnað að setja upp hreinsitæki í verksmiðjunni strax í upphafi. Allar rannsóknir og skýrslur opinberra aðila jafnt sem annarra styðja þetta, m. a. nú síðast skýrsla heilbrrh. sem hann gaf Alþ. á dögunum og byggð er að mestu á umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sem raunar framkvæmdi þessa rannsókn eftir kröfu verkalýðsfélaganna.

Í skýrslunni kemur fram að margir vinnustaðir í álverinu séu heilsuspillandi vegna ryks og mengaðs lofts og einkum skaðlegir fyrir öndunarfæri starfsmanna, og eru þær niðurstöður mjög í anda þess, sem Alfreð Gíslason læknir spáði á sínum tíma. Kemur fram í skýrslu heilbrrh. að 7 af 8, sem veikst hafa í álverinu, hafi verið kallaðir til viðtals og sjúkrasaga þeirra könnuð og hafi komið í ljós að allir hafi þessir menn verið einkennalausir við læknisskoðun eftir að þeir hófu störf hjá fyrirtækinu. Niðurstöður rannsókna sýndu að allir þessir menn voru með sjúkdóma í öndunarfærum, sem í sumum tilfellum voru mjög slæmir, og haldnir miklu sleni og þreytu að vinnu lokinni. Jafnframt segir í niðurstöðum rannsókna á þessum starfsmönnum, að mengað andrúmsloft á vinnustöðum þessara manna sé orsök sjúkdómstilfella þeirra og sjúkdómar þeirra eigi að flokkast undir atvinnusjúkdóma. Rannsóknir á flúormagni í þvagi starfsmanna álversins benda og til þess, að veruleg hætta sé á flúoreitrun meðal þeirra, þar sem fundist hefur flúormagn í sólarhringsþvagi allt upp í 3.2 mg í lítra, en miðað er við 4.8 sem hættumörk á 48 klst., enda hefur það skýrt komið fram, að heilbrigðisyfirvöld, svo sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins, telja að aðstæður í Straumsvík séu þannig að hætta sé á atvinnusjúkdómum. Við þetta má svo bæta, að komið hefur fram á blaðamannafundi, er trúnaðarmenn starfsfólksins í Straumsvík héldu nýlega og reyndar líka fulltrúar verkalýðsfélaganna sem eiga samninga við ÍSAL, að vitað væri um mörg fleiri tilfelli veikinda en þau 8 sem um er að ræða í ofannefndri skýrslu, þar sem starfsmenn hafi annaðhvort orðið að hætta að fullu störfum í álverinu að ráði læknis eða reynt að breyta um störf.

Heyrnarmælingar hafa einnig verið gerðar í ál-

verinu, m. a. í febr. 1974, framkvæmdar af heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Framkvæmdar voru mælingar á 117 starfsmönnum og reyndust 97 hafa skerta heyrn og þar af 30 með verulegt heyrnartap. Segir að niðurstöður mælinganna bendi til óeðlilegrar tíðni heyrnartaps hjá starfsmönnum fyrirtækisins.

Asbestnotkun fyrirtækisins er einnig talin verulega hættuleg, en rannsóknir á síðustu árum erlendis hafa sannað að samband er á milli rykmengunar frá asbesti og vissra tegunda krabbameins. Starfsemi með asbest í iðnaði hefur þannig verið sett undir sérstakt eftirlit víða erlendis, svo sem í Svíþjóð þar sem komið hafa upp tugir þúsunda veikindatilfella af þessum sökum. Svo virðist sem fyllsta gáleysis hafi gætt í sambandi við meðferð þessara efna í álverinu. Trassaskapur þess og virðingarleysi fyrir íslenskum hagsmunum kemur líka vel fram í þeim umgengnisvenjum sem fyrirtækið hefur tamið sér við að fjarlægja margs konar hættuleg úrgangsefni, svo sem kerbrot og önnur skaðleg úrgangsefni, en þessum efnum hefur oftsinnis verið mokað í hraungjótur í nágrenni álversins eða á öskuhauga hafnfirðinga án þess að lágmarksaðgæsla væri viðhöfð. Þessir umgengnishættir bera náttúrlega vitni þeim hroka sem forstöðumenn álversins telja sig geta beitt í umgengni við íslendinga, jafnt yfirvöld sem almenning.

Þannig mætti halda áfram að rekja heilbrigðisrannsóknir sem gerðar hafa verið á starfsfólki álversins, og ber þar allt að sama brunni. Þannig hefur t. d. Heilbrigðiseftirlit ríkisins nýlega sent frá sér mjög vandaða grg. um þessi mál sem birt hefur verið í a. m. k. sumum dagblaðanna að mestu leyti, og er þess vegna ekki ástæða til þess að rekja hana hér, þar sem gera verður ráð fyrir að þm. hafi meira og minna kynnt sér hana. Ég tel þó rétt að víkja hér að nokkrum atriðum í þessari grg., þó einkum að einu atriði. Þegar í henni er búið að telja upp ýmsa þá vinnustaði í álverinu sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins telur að hafi heilsuspillandi þætti eða vinnuaðstæður, þá eru upp taldir ýmsir þeir helstu sjúkdómar sem komið geta upp vegna ofangreindrar mengunar eða ástands á ofangreindum stöðum. Og þar eru nefndir margir alvarlegir sjúkdómar, eins og húðkrabbamein, exem og útbrot og brunasár sem dæmi um húðsjúkdóma. Það eru nefndir sjúkdómar eins og lungnakrabbamein, brjósthimnu- og lífhimnukrabbamein og ýmsar óeðlilegar bandvefsmyndanir, berkjuþrengsli, bæði bráðir sjúkdómar af þeim sökum og eins langvinnir með lungnakvefi, ýmiss konar erting í slímhúð og öndunarfærum, krabbamein í nefholi og lungum, krabbamein í nýrum, þvagrás og þvagfærum og ýmsir beinsjúkdómar, svo eitthvað sé nefnt.

Eftir að þetta hefur verið upp talið í skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins segir, að af þessari upptalningu sjáist að nær ekkert líffæri eða líffærakerfi sé óhult vegna mengunar við slíkan verksmiðjurekstur.

Og síðan segir: Eru þá nokkrir þessara sjúkdóma algengari við álbræðslu heldur en annað verksmiðjustarf eða aðra verksmiðjustarfsemi? Svarið er jákvætt, og eru það fyrst og fremst vissir sjúkdómar í berkjum og lungum, flúorósis, sem taldir eru einkennandi atvinnusjúkdómar við álbræðslu.

Þessar skýrslur og heilbrigðisathuganir tel ég ekki ástæðu til að rekja frekar hér, svo mikið sem þær hafa verið í fréttum undanfarið. En það er ljóst á öllu þessu að vinnuskilyrði í álverinu er stórskaðleg heilsu þess starfsfólks sem þar vinnur, og reynslan hefur sýnt að fullyrðingar auðhringsins á sínum tíma og hinna innlendu samningamanna um góð vinnuskilyrði hafa reynst orðin tóm.

En hvernig er þá ástandið hvað viðkemur hinni ytri mengun frá álverinu, hvað segir reynslan okkur í því efni? Og þá er rétt að geta þess fyrst, að þrátt fyrir loforð stjórnvalda við upphaf samningagerðarinnar við ÍSAL, að stöðugt yrði fylgst með flúormengun frá álverinu og að íslensk yfirvöld mundu alltaf hafa tiltækar upplýsingar til að meta aðstæður í Straumsvík, hefjast opinberar rannsóknir ekki fyrr en með starfi flúornefndarinnar 1971, eftir miklar umr. og gagnrýni og eftir að sýnt hafði verið fram á að mikil flúormengun væri í gróðri í nágrenni verksmiðjunnar. Má í því sambandi minna á rannsóknir Ingólfs Davíðssonar grasafræðings á trjágróðri í Hafnarfirði sumarið 1970, en hann sá þá sýnilegar skemmdir á blöðum furu og hlyntrjáa og reynis. Mældi hann flúorinnihald furu 19 ppm, en þetta er eining sem notuð er við slíkar mælingar, hlyns 49 ppm og reynis 50 ppm.

Flúornefndin hefur í upphafi þessa árs skilað frá sér skýrslu um rannsóknir sínar, en skýrsla þessi nær til ársins 1975. En niðurstöður af starfi nefndarinnar lágu fyrir þegar á sumrinu 1976 og má segja að það gegni hinni mestu furðu að þessi skýrsla skyldi ekki hafa verið opinberuð fyrr. Þótt skýrslan sé ekki nægilega nákvæm, þannig sýnir hún ekki hámark og lágmark flúormagns við sýnitökur á sama svæði, og þótt reynt sé að gera sem minnst úr niðurstöðum hennar, ber hún þó þess glöggt vitni að veruleg aukning flúormengunar er í nágrenni við álverið þannig að víða er flúormagn komið langt yfir hættumörk.

Í töflu, sem merkt er III í umræddri skýrslu, eru t. d. bornar saman mælingar á flúormagni í grasi og heyi á nokkrum mælistöðum, og kemur þar fram mikil aukning flúormagns milli áranna 1973 og 1975. Á svæði, sem merkt er I og er í 3—4½ km fjarlægð frá álverinu, er flúorinnihald í grasi 1973 31 ppm, en 1975 40 ppm. Á sama svæði er flúormagn í heyi 1973 34 ppm, en 1975 57 ppm.

Í töflu IV í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður mælinga á flúormagni í laufi og barri og kemur fram að mikil aukning er á flúormagni í þessum gróðri. Þannig er flúoraukningin í laufi á svæði I milli áranna 1968 og 1975 mjög veruleg eða úr 3.8 ppm í 38 ppm, og í barri á sama tíma og sama svæði úr 2 6 ppm í 13 ppm. Hæsta flúormagn í einstöku sýni á þessu svæði er í birkilaufi 1975 67 ppm. Á belti III, sem er í 6.5—15 km fjarlægð frá álverinu, er flúormagn í laufi 1968 3.1 ppm, en vex upp í 38 ppm við mælingar 1975. Og í barri á sama svæði er vöxturinn á þessu tímabili úr 2 ppm í 8 ppm.

Í skýrslunni eru líka birtar mælingar á flúormagni í rigningarvatni og er veruleg aukning á flúormengun í því, svo sem við Dysjar, sem er einn mælistaðurinn, en það mældist 1975 tæplega 80 ppm.

Fram kemur í skýrslunni að vindáttir hafa mikil áhrif á flúormengun á einstökum sýnitökustöðum. Þannig er mest mengun í norður og norðaustur frá álverinu, svo sem við Dysjar og við Reykjavíkurflugvöll, en þar mun væntanlega vera átt við Öskjuhlíðina og sýni tekin í gróðrinum þar í Öskjuhlíðinni. En þessara tveggja staða er sérstaklega getið í skýrslunni um svæði, þar sem mengun sé komin á mjög alvarlegt stig.

Rannsóknir hafa einnig farið fram á flúormagni í beinum dýra í nágrenni álversins og hafa í þeim fundist sjúkdómseinkenni flúorósis eða flúoreitrunar og yfirleitt miklu meira flúormagn en almennt gerist á Íslandi. Einkum er þetta hátt í beinum eldri dýra og styður þær kenningar að áhrif flúormengunar aukist með tímanum. Og þess má geta, að þessar rannsóknir hafa sýnt meira flúormagn í beinum dýra allt vestur í Borgarfjörð en eðlilegt getur talist miðað við aðstæður á Íslandi.

Ljóst er af þessum rannsóknum, sem skýrslan birtir, að veruleg hætta stafar nú þegar af flúormengun á *lífríki í nágrenni verksmiðjunnar og* áhrifanna er þegar farið að gæta, sem fyrr segir, bæði í Reykjavík og jafnvel vestur í Borgarfjörð. *Víst er að eituráhrifin fara sífellt vaxandi með* hverju ári sem líður, ekki síst vegna þess að verksmiðjan hefur sífellt verið að stækka og auka *framleiðslu sína jafnt á áli sem á flúoreitri.* Og enn er fyrirhuguð stækkun. Vísindamönnum ber reyndar ekki saman um hvar setja skuli hættumörk í þessu sambandi, enda fer það t. d. á gróðri eftir tegundum. Eins hefur verið bent á að erlendar reglur um þetta eigi varla við á Íslandi vegna þess, hve jarðvegur hér sé *kalklítill*, en við slík skilyrði eru hættuáhrif flúorsins miklu meiri. Áhrif á dýr fara t. d. eftir aldri og næringu. Í Noregi eru hættumörk talin vera um 30 ppm í þurrfóðri hjá mjólkurkúm, og almennt eru erlendir vísindamenn á því, að hættumörkin séu 30—40 ppm í heyi sem ársmeðaltal.

Mér virðist því að niðurstöður skýrslunnar bendi allar til verulegs hættuástands þar sem þessi flúoreitrun hefur víða mælst langt fyrir ofan þessi mörk, og verður því ekki lengur þolað að verksmiðjan sé án hreinsitækja, þótt ljóst sé að jafnvel með slíkum búnaði verði ekki girt fyrir mengunarhættu frá álverinu og vegna þess fullkomlega ábyrgðarlaust að huga enn einu sinni að stækkun hennar. Ég tel að þessar skýrslur flúornefndarinnar eigi að birta almenningi og reyndar alþm., auk þess sem unnið verði áfram að rannsóknum á þessu sviði, rannsóknarstöðum fjölgað, sýnitökustöðum fjölgað og skýrslur gefnar um einstakar mælingar. En ljóst er af öllu, að kenning sú, sem fyrrum iðnrh. og núv. hv. þm. Jóhann Hafstein hélt fram við gerð samningsins við ÍSAL um staðsetningu verksmiðjunnar, að staðsetning verksmiðjunnar ein saman gerði reykhreinsun óþarfa, hefur ekki staðist reynslu tímans.

Ég hef nú hér stuttlega rakið mengunarsögu álversins í Straumsvík, minnt á gagnrýni Alþb. við upphaf samninganna, fullyrðingar ráðamanna þá um skaðsemi mengunar frá álbræðslunni og gert stuttlega grein fyrir þeim rannsóknum sem fram hafa farið á heilbrigðisháttum þar suður frá. En mig langar nú að rekja nokkuð þá raunasögu sem afskiptasaga opinberra aðila vegna mengunarvarnanna í álverinu hefur verið. Saga þessi er saga svika og aftur svika af hendi forráðamanna álversins. Segja má að fyrstu opinberu afskiptin hefjist eftir tilkomu reglugerðar nr. 164 1972 er Magnús Kjartansson setti í ráðherratíð sinni, en hún fjallar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna og var sett með stoð í lögum nr. 85 frá 1968. En í framhaldi af setningu hennar beittu heilbrigðisyfirvöld sér fyrst fyrir því að álverið yrði gert að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar, þ. e. a. s. að sótt yrði um starfsleyfi samkv. henni. En í 6. gr. reglugerðarinnar frá 1972 segir að verksmiðjur og iðjuver, er starfi við gildistöku reglugerðarinnar og falli undir ákvæði 1. gr., sbr. 2. gr., skuli innan þriggja mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins gögn þau, er um ræðir í 5. gr., og óska starfsleyfis.

Hinn 31. okt. 1972 sendi Íslenska álfélagið rn. bréf þar sem tekið er fram, að réttarstaða ÍSALs og Suisse Aluminium fari eftir ákvæðum aðalsamnings milli ríkisstj. Íslands og Alusuisse, sbr. lög nr. 76 1966, ef ágreiningur rís um málefni. Í niðurlagi bréfsins tekur ÍSAL þó fram að félagið sé reiðubúið til þess að gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri verksmiðjunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði, en um slíkt hafði verið kveðið á í upphaflegum samningi frá 1966. Hér lofaði ÍSAL sem sagt endurbótum, en gaf jafnframt í skyn, að ef samkomulag næðist ekki við stjórnvöld hefði félagið rétt til að skjóta máli sínu til erlends gerðardóms, og vitnar þar í upphaflega samninginn milli viðreisnarstjórnarinnar og Alusuisse. Þetta orðalag verður náttúrlega ekki skilið öðruvísi en sem dulbúin hótun um að leggja málið í erlendan dóm ef íslenskir ráðamenn vilja ekki fylgja skoðunum álversins eftir í einu og öllu um nauðsynlegar mengunarráðstafanir. En sem kunnugt er er í þessum samningi hið fráleita ákvæði sem undanþiggur álverið að mestu íslenskum lögum og mikið hefur verið gagnrýnt. Íslensk stjórnvöld hafa þó aldrei, hvorki fyrr eða síðar, túlkað samninginn þannig að álverið væri undanþegið íslenskum lögum um heilbrigðishætti og mengunarvarnir vegna þeirra ákvæða sem eru í 13. gr. samningsins, en þar segir að ÍSAL verði að byggja, reka og útbúa bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti og skal í þeim efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana sem ábyrgar eru á framkvæmd á slíkum reglum. Þetta vil ég undirstrika, að eftir öllum þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um þetta mál, hafa íslensk stjórnvöld hvorki fyrr né síðar túlkað þessi ákvæði samningsins eins og forstöðumenn álversins vilja gera.

Þetta bréf frá 31. okt. 1972 leit heilbrrn. á sem umsókn um starfsleyfi og sendi það til umsagnar Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerði þá mikla úttekt á þessum málum suður í Straumsvík og skilaði langri grg. um það til rn. sem of langt mál yrði að rekja hér, en í lokaorðum þessarar skýrslu segir:

„Heilbrigðiseftirlit ríkisins telur óhjákvæmilegt að setja upp hreinsitæki við álverið í Straumsvík er taki megnið af flúorsamböndum úr ræstilofti verksmiðjunnar þannig að komið verði í veg fyrir frekari flúormengun í umhverfi og þar með skemmdir á gróðri og hugsanlegt heilsutjón á mönnum og dýrum. Ályktun þessi er í fullu samræmi við samþykkt heilbrigðisráðs Hafnarfjarðar og álit borgarlæknisins í Reykjavík. Ályktun þessi er einnig í fullu samræmi við ráðstafanir sem þykja sjálfsagðar annars staðar í heiminum þar sem álframleiðsla fer fram. Stoðum undir þessa ályktun renna sérstaklega rannsóknir skaðleysismarkanefndar svo og upplýsingar Suisse Aluminium, Zürich, um flúormagn í ræstilofti. Ályktunin getur einnig samrýmst rannsóknum flúornefndarinnar á gróðri, svo langt sem þær ná. Og síðast en ekki síst er ályktunin í samræmi við álit sérfræðinga í Noregi og Finnlandi á flúorþoli plantna er við misjöfn veðurskilyrði búa á norðlægum slóðum. Framkvæmd þessa máls þolir enga bið umfram það sem tæknileg vandamál gera nauðsynlegt. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er tæplega fært um að meta hugsanlegan frest uns framkvæmdum ætti að geta verið lokið, en ef ekki einhver sérstök tæknileg vandamál verkfróðum mönnum augljós skjóta upp kollinum ætti framkvæmdafresturinn tæplega að þurfa að vera lengri en 4—6 mánuðir. Lengri frestur væri a. m. k. mjög óæskilegur."

Undir þetta bréf frá Heilbrigðiseftirlitinu til rn. skrifar Baldur Johnsen, þáv. forstöðumaður þessarar stofnunar.

Hinn 28. mars 1973 sendir íslenska álfélagið síðan rn. bréf þar sem staðfest er að félagið muni setja upp hreinsitæki í Straumsvík og verði verkinu hraðað og unnið í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, en nokkrum dögum áður lauk uppsetningu tilraunahreinsitækja í samvinnu við Jón Þórðarson, íslenskan mann sem þá vann að uppfinningu slíkra tækja, og stóðu yfir tilraunir með þessi tæki er bréfið var skrifað. Rúmu ári síðar skrifar heilbrrn. Íslenska álfélaginu aftur bréf og segir þar, að þar sem í ljós hafi komið að tilraunir þær með nýja gerð hreinsitækja, sem rætt hafi verið um í bréfinu frá 27. mars 1973, hafi ekki borið þann árangur sem vænst var, telji rn. óhjákvæmilegt að nú þegar verði hafist handa um uppsetningu hreinsitækja í samræmi við fyrirmæli í bréfi frá því í jan. 1973, og er minnt á staðfestingu ÍSALs um að svo yrði gert. Ítrekað er í bréfi þessu að gera verði þessar ráðstafanir í fullu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og að verkinu verði lokið innan 6 mánaða.

Í okt. sama ár svarar íslenska álfélagið bréfi þessu og fellst á skoðun rn., hvað viðkemur árangri tilraunatækjanna og ítrekar fyrri yfirlýsingar sínar um að hreinsitæki verði sett upp og verkinu hraðað.

Eins og þau bréfaskipti bera með sér, er ég hef hér vitnað til, er ljóst að afskipti Heilbrigðiseftirlits ríkisins af mengunarmálum í Straumsvík hefjast raunar ekki fyrr en með setningu reglugerðar nr. 164 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og annarra hættulegra efna sem áður var á minnst. Reglugerð þessi var sett í tíð vinstri stjórnar með stoð í eldri lögum. Á grundvelli hennar er álverið krafið umsóknar um starfsleyfi og sett undir umsjón og eftirlit Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Athugun Heilbrigðiseftirlitsins leiðir til þess, að heilbrrn. krefst uppsetningar hreinsitækja í verksmiðjunni, og er sú krafa samþ. af hálfu Íslenska álfélagsins sem hafði þá nokkru áður hafið tilraunir með íslensk tilraunatæki til rykhreinsunar, en samkomulag virðist hafa verið um að bíða eftir niðurstöðum þeirra tilrauna. Eftir að þær sýna neikvæðar niðurstöður er krafa rn. síðan ítrekuð og veittur hálfs árs frestur til þess að koma fyrir nýjum tækjum. Síðan þetta gerðist eru liðin um það bil 2½ ár, frá því að gagnsleysi þessara tilraunatækja lá fyrir og ítrekuð loforð voru gefin um uppsetningu nýrra hreinsitækja, en ekkert hefur bólað á efndum. Óhjákæmilegt er því að gagnrýna stjórnvöld alvarlega að hafa ekki knúið á um efndir í þessum efnum af hendi álversins, og sérstaklega ber reyndar að gagnrýna að í millitíðinni hefur verið gerður nýr samningur við ÍSAL um stækkun álversins án þess að í þann viðaukasamning væru settar skýrar kröfur um uppsetningu hreinsitækja og tekinn af allur vafi um að Íslenska álfélagið bæri að fylgja heilbrigðisreglugerðum og lögum á Íslandi og undirstrikaður skilningur og túlkun íslenskra stjórnvalda á eldri samningum um þetta efni.

En ríkisstj. sá ekki ástæðu til þess að gera þetta þrátt fyrir fengna reynslu og þrátt fyrir kröfur þm. Alþb. hér á Alþ. og þrátt fyrir skýlausar kröfur Náttúruverndarráðs og heilbrigðisyfirvalda. Stjórnvöld geta ekki skotið sér á bak við það, að þeim hafi ekki verið kunnugt um afstöðu þessara opinberu stofnana. Í því sambandi vil ég lesa hér upp bréf sem Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins skrifar Íslenska álfélaginu 15. ágúst 1975, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og heilbrigðismálaráð Hafnarfjarðar mun Heilbrigðiseftirlit ríkisins gera eftirfarandi kröfur í sambandi við fyrirhugaðan hreinsibúnað við álverið:

1. Að heildarflúormengun frá verksmiðjunni verði eins lítil og unnt er og alls ekki meiri en sem svarar 1 kg flúors (loftkenndum og í ryki) á tonn af framleiddu áli miðað við ársmeðaltal.

2. Að heildarrykmengun frá verksmiðjunni verði eins lítil og unnt er og ekki meiri en sem svarar 2½ kg af ryki á tonn af framleiddu áli.

3. Byggingu hreinsibúnaðar verði þannig hagað, að taka megi hann í notkun í áföngum fyrir sífellt stærri hluta keranna. Hreinsun á lofti frá öllum kerum í samræmi við 1. og 2. lið verði komið í gagnið fyrir 1978.

4. Öll hugsanleg stækkun álversins í Straumsvík verði háð skilyrðum reglugerðar 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.

Enn fremur mun Heilbrigðiseftirlit ríkisins beita sér gegn því að frekari stækkun álversins verði leyfð fyrr en hreinsibúnaður hefur verið tekinn í notkun fyrir meginhluta keranna og sönnuð hefur verið hæfni hans. Kröfur um hreinsibúnað og mengunarvörn fyrir hugsanlega stækkun álversins verði metnar í samræmi við þær aðstæður í tækniþróun hreinsibúnaðar og starfshátta við álframleiðslu, sem þá kunna að ríkja, svo og með tilliti til þess, hvort frekari stækkun álversins í Straumsvík komi yfirleitt til greina."

Eins og ég gat um áðan ritar undir þetta bréf Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Vilji þeirra aðila, sem kemur fram í þessu bréfi og að þessu erindi standa og skrifa álverinu um það, var algjörlega hundsaður.

Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt eiga að annast eftirlit með mengunarvörnum og heilbrigðisháttum á vinnustöðum á Íslandi, vilji þeirra er hundsaður. Og hverjar eru afleiðingarnar þegar íslensk stjórnvöld sýna slíkum stofnunum ríkisins og starfsmönnum þeirra lítilsvirðingu og virðast afgreiða umsagnir þeirra sem markleysu, — stofnunum íslenska ríkisins sem okkur ber fyrst og fremst að styrkja og efla, — stofnunum sem hafa verið í áralöngum slag við auðfélagið í Straumsvík um nauðsynlegar mengunarvarnir og um að það fylgi íslenskum lögum? Jú, slíkt tómlæti stjórnvalda ýtir undir dólgshátt og frekju forráðamanna álversins sem nú leyfa sér jafnvel að vefengja vísindalegar niðurstöður þessara stofnana og telja umsagnir þeirra um aðstæður í Straumsvík sprottnar af pólitískum ofstæki einu saman. Þegar svo er komið, þá segi ég: Mælirinn er fullur og það er kominn tími til þess að Alþ. grípi í taumana og kveði slíkan hroka niður.

Eins og komið er nú skiptir það því mestu máli að mynda hér á Alþ. samstöðu til að knýja á framkvæmd þeirra loforða, sem álverið gaf í tíð vinstri stjórnarinnar um uppsetningu fullkomnustu hreinsitækja, og láta ekki lengur málið drabbast áfram. Ég fagna því að ýmsir, sem áður voru linir og framtakslitlir í þessu máli, hafa nú gert sér grein fyrir þeirri hættu sem að steðjar í sambandi við mengun frá álverinu, og ég efast reyndar ekki um að hér á Alþ. sé mikill meiri hluti fyrir að leiða þetta mál til farsælla lykta. Í því sambandi mætti einnig minna á fjölmargar samþykktir félagasamtaka, sérstaklega nú á síðustu mánuðum og vikum, og einnig kannske nýlega skoðanakönnun sem dagblað hér í borginni lét framkvæma, þar sem var haft samband við 300 manns eftir sérstakri úrtaksaðferð. Niðurstöður þeirrar skoðanakönnunar sýna glöggt að vilji fólksins er ótvíræður í þessu efni. En reynslan af samskiptunum við forráðamenn álversins er hins vegar slík, að ég tel fulla ástæðu til þess að Alþ. láti álit sitt í ljós, svo ekki fari á milli mála hver vilji þess er. Því er í þáltill. þessari lagt til að ríkisstj. tryggi uppsetningu fullkomnustu hreinsitækja sem dragi úr innri sem ytri mengun og verði álverinu veittur ársfrestur til að koma slíkum tækjum fyrir. Sá frestur, sem þar er gert ráð fyrir, er verulega miklu rýmri en sá er áður hefur verið veittur af yfirvöldum, sbr. þau bréf heilbrigðisyfirvalda er ég hef hér vitnað til. Alþ. verður á hinn bóginn að hafna algjörlega þeirri staðhæfingu forstöðumanna álversins að veita þurfi þeim 3½ árs til 4 ára frest til uppsetningar slíkra tækja, en ætla má fullvíst að eigendur álversins hyggist með svo löngum framkvæmdatíma dreifa þeim kostnaði, er fylgir endurbótum, á nokkurra ára tímabil. En oft hefur komið fram í máli þeirra um þetta efni að nauðsynleg útgjöld vegna tækjabúnaðar við uppsetningu hreinsitækja yrðu erfiður kostnaðarauki fyrir álverið. Þetta geta íslensk yfirvöld ekki tekið marktækt þegar sýnt er að mengun í álverinu er komin á mjög alvarlegt stig. Undir slíkum kringumstæðum er ekkert svigrúm til eftirgjafar. Aukin mengunaráhrif munu hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar, og jafnvel má ætla að ekki sé langt að bíða þess, að flúorosis eða flúoreitrunar verði farið að gæta hjá fólki sem býr eða starfar í nágrenni við bræðsluna.

Þáltill. þessi gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. tryggi setningu ákveðinna starfsreglna til að tryggja sem best framkvæmd heilsugæslu í álverinu, og að reglum um öryggismál og hollustuhætti sé framfylgt þar suður frá og að tryggður sé réttur starfsfólksins til að hafa áhrif á þetta eftirlit og framkvæmd þess. Kemur þetta fram í 2., 3. og 4. tölulið þáltill., þar sem kveðið er á um sérstaka heilsugæslustöð undir umsjón heilsugæslulæknis, starf sérstaks heilbrigðis- og öryggismálafulltrúa kjörins af starfsfólki og skipun sérstakrar starfsnefndar um heilbrigðis- og öryggismál, þar sem starfsfólkið eigi fulltrúa til jafns við verksmiðjufélagið, en oddamaðurinn verði heilsugæslulæknir.

Öll eru þessi ákvæði sett fram vegna þeirrar reynslu er fengist hefur. Og eins hefur komið fram bæði frá heilbrigðisyfirvöldum og starfsfólkinu í álverinu að mikið vanti á reglubundna heilsugæslu og að eftirlit í þessum efnum sé nægilega gott. Reglur þessar eru líka mjög líkar þeim sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur lagt til að giltu í járnblendiverksmiðjunni uppi á Grundartanga, þannig að ætla má víst að þær samrýmist kröfum þeirrar stofnunar. Einnig er hvað varðar sum þessara atriða beinlínis kveðið á um slíkt eða líkar reglur í settum reglugerðum um heilbrigðismál. Ákvæði þessi eru einnig mjög í samræmi við kröfur verkalýðsfélaganna sem aðild eiga að samningum suður í Straumsvík.

Að lokum er í þáltill. kveðið á um að samið skuli við ÍSAL um greiðslu alls kostnaðar af mengunarrannsóknum sem nauðsynlegt er að framkvæma að mati heilbrigðisyfirvalda, en komið hefur fram bæði hjá forsvarsmönnum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og hjá heilbrrh. að fjárskortur hamli mjög starfsemi Heilbrigðiseftirlits ríkisins, m. a. við rannsóknir í Straumsvík. En flm. telja sjálfsagt að álverið sjálft greiði fyrir þessum rannsóknum svo sem það verður að greiða fyrir uppsetningu hreinsitækja og almennri heilbrigðisgæslu, enda ljóst samkv. lögum að þeir sjálfir eiga að tryggja að heilbrigðis- og mengunarreglum sé fylgt og að fyllsta öryggis sé gætt, en forsendur slíks eru vitaskuld reglu-

bundnar rannsóknir á mengunaráhrifum verksmiðjunnar.

Það þarf ekki að ítreka það hér hvernig fjárhag Heilbrigðiseftirlitsins er varið. En úr því ég er að nefna það hér, þá minntist ég þess að fyrir nokkrum dögum barst hér inn á borð okkar þm. skýrsla um heilbrigðismál í Kísiliðjunni við Mývatn sem er saman tekin af landlæknisembætti og Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Í inngangi nokkurs konar eða yfirliti með þessari skýrslu er aðeins komið inn á þann fjárskort sem hamli mjög starfsemi Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og í lokaorðum þessa yfirlits eða inngangs segir m.a. um rannsóknir í Kísiliðjunni, að ónógur tækjabúnaður og lítil fjárráð hafi gert það að verkum að mælinganiðurstöður séu ekki jafnnákvæmar og verið gæti. Og síðar segir þar að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafi ekki yfir nauðsynlegum sýnitökutækjum að ráða. Tækin voru fengin að láni hjá einstaklingum fyrir tilstilli persónulegra sambanda. Þannig er nú ástatt málefnum og tækjakosti þeirra stofnana í þjóðfélaginu sem með þessum málum eiga að fylgjast — mengunarmálum.

En ég vil aðeins að lokum draga saman í nokkur orð meginatriði máls míns og segja:

Rykmengun á vinnustöðum í álverinu hefur nú þegar í mörgum tilfellum valdið atvinnusjúkdómum. Flúormagn, sem mælt hefur verið í þvagi starfsmanna, sýnir að flúoreitrun hjá sumum starfsmönnum er að nálgast hættumörk. En bent hefur verið á að afleiðingar flúoreitrunar á líkamann geta valdið mjög alvarlegum sjúkdómum í beinum og liðamótum. Flúormengun í gróðri og öðru lífríki í umhverfi verksmiðjunnar í Hafnarfirði og allt til Reykjavíkur er sums staðar komin upp fyrir hættumörk þegar á árinu 1975 með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir gróður, dýr og menn, sem á þessum svæðum búa. Krafan um uppsetningu fullkomnustu hreinsitækja hlýtur því að vera skilyrðislaus og án tafar, enda er það samdóma álit allra heilbrigðisstofnana og Náttúruverndarráðs. Forsvarsmenn álversins hafa árum saman vikið sér undan því að efna það loforð, er þeir gáfu í tíð vinstri stjórnarinnar um uppsetningu hreinsitækja, og brotið þannig ákvæði í upphaflegu samningunum um heilbrigðisvarnir. Þeir hafa vefengt niðurstöður rannsókna íslenskra eftirlitsaðila og borið á þá pólitískt ofstæki og krafist tilslökunar á reglum er þeir hafa mótað um mengunarvarnir. Þeir hafa m.a. óskað eftir því að tekið væri tillit til þess við setningu reglna um hreinsibúnað að verksmiðjan væri gömul og því kostnaðarsamt að breyta kerum hennar, og í því sambandi minnt á að aðrar reglur giltu víða erlendis um gamlar verksmiðjur.

Á þessar úrtölur geta íslenskir aðilar ekki hlustað. Krefjast verður að fylgt sé kröfum íslenskra heilbrigðisaðila sem falin er framkvæmd á reglum og lögum um heilbrigði og mengun á vinnustöðum, og fráleitt er að gefa neitt eftir um mengunarvarnir þrátt fyrir það að verksmiðjan sé nokkurra ára og þrátt fyrir það að nauðsynlegar breytingar verði auðfélaginu kostnaðarsamar. Ekki má heldur leyfa félaginu að dreifa framkvæmdum við uppsetningu hreinsitækja á 3—4 ár, eins og farið hefur verið fram á, til þess að létta þeim kostnaðarbyrðina. Hafði ég reyndar sérstaklega hugsað mér að spyrja heilbrrh. — og vonaðist til að hann yrði viðstaddur þessa umr. um afstöðu íslenskra stjórnvalda nú til þessarar kröfugerðar af hendi álversins. Krafa okkar er að vita afstöðu þeirra. Enginn ráðh. er hér í salnum þessa stundina, og það kann að vera að þeir hafi ekki áhuga á að hlýða á þetta mál, enda orðið viðkvæmt. En sem sagt, reynslan hefur sýnt að Íslenska álfélagið hefur hundsað vilja opinberra aðila og margsvikið gefin fyrirheit og jafnvel haft í hótunum um að leggja málið undir úrskurð erlends dómstóls ef ekki náist samkomulag um lausn málsins. Því er nauðsynlegt einmitt nú að Alþ. láti vilja sinn í ljós og knýi þannig á um efndir þeirra loforða er álfélagið hefur gefið. Og það er trú og von okkar flm. þessarar till. að hér á Alþ. sé sá meiri hl. sem þarf til þess að þessi till. fáist samþykkt og að málinu verði kippt í lag.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef þegar kvatt mér hljóðs við umr. um þessa þáltill., en ég vil nú þegar gera athugasemd og þó í fyrirspurnarformi til hæstv. forseta varðandi meðferð þessa máls hér í þinginu. Er þetta mál þess eðlis, herra forseti, að sjálfsagt geti talist að um það sé fjallað hér í Sþ. yfir tómum stólum? Og ég spyr í áheyrn þeirra tveggja eyrna, sem nú eru hér í salnum að mínum frádregnum: Er eðlilegt að fjallað sé um þetta mál í fjarveru hæstv. iðnrh., í fjarveru formanna iðnaðarnefnda þingsins? Er þetta sæmileg meðferð á máli? Getur Alþingi verið þekkt fyrir að fjalla um málið með þessum hætti, og gætir hæstv. forseti sæmdar Alþingis með því að láta fjalla um það á þennan hátt?

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af fyrirspurn hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég í fyrsta lagi benda á það, að löglega var til þessa fundar boðað, í öðru lagi vissu allir þm. hvaða mál voru á dagskrá, og í þriðja lagi vissi ég ekki til þess að fyrri flm. þessa máls hefði neitt við það að athuga að mæla fyrir þessari þáltill. á þessum tíma. Ef hv. flm. hefði eftir því óskað, þá hefði ég að sjálfsögðu við því orðið. Ennfremur vil ég minna á það, að fleiri voru hér í þingsal þegar umr. þessi hófst, og einnig vil ég á það benda, að hæstv. iðnrh. var hér líka staddur meðan hluti af þessari umr. fór fram. Þannig tel ég að það hafi ekki verið á neitt óheiðarlegan hátt af minni hálfu stofnað til þeirra umr. sem hér hafa verið. Umr. er frestað nú og verður haldið áfram síðar.

Umr. frestað.

Veiting prestakalla, þáltill. (þskj. 352). — Frh. fyrri umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð hér um. Þegar mælt var fyrir þessari till. á dögunum flutti hv. 5. þm. Vestf. hér röggsamlega ræðu, eins og hans var von og vísa, í þessu máli og kom inn á meginkjarna

þess, og hef ég í raun og veru þar litlu við að bæta. Það hefði hins vegar verið ákaflega fróðlegt og skemmtilegt að fá hér þann mann sem átti að tala á undan mér með réttu, þ. e. a. s. hv. 3. þm. Vestf., því að hann er flm. að frávísunartill. í raun á þessa till. sem hér liggur fyrir nú til umr., þ. e. a. s. till. um að gengið verði til þjóðaratkvgr. um málið. Það sýnir nú eiginlega best hvernig málatilbúnaðurinn er, að allir aðalforsetar þingsins skuli telja sig knúða til þess að flytja frávísunartill. — óbeina frávísunartill. — varðandi þetta mál, enda verð ég að segja eins og er, að ég hefði kunnað miklu betur við að hlutirnir væru sagðir hreint út og það væri flutt um það frv. á Alþ. að prestskosningar væru afnumdar. (**Gripið fram í:** Það hefur verið flutt.) Það hefur verið flutt, já, og það er betra að gera það þá bara hreinlega. Ef menn vilja endilega halda þessu þrefi áfram hér og reyna að ná þessu máli fram, þá er miklu réttara að fá úr skorið um vilja þingsins.

Ég minni á það, eins og reyndar var gert af hv. 5. þm. Vestf., varðandi þetta mál, að hér var í fyrra flutt hin ágætasta ræða af hálfu hæstv. utanrrh. sem sýndi ljóslega hver tilgangurinn með þessum tillöguflutningi var, sem sé sá einn í raun, ef hann átti að hafa einhverja þýðingu, að afnema þessar kosningar. Og það er algert sérmál sem menn hafa sínar ákveðnu skoðanir um, hvort eigi að taka þennan rétt af sóknarbörnum eða ekki að velja sér prest. Það er mál sem menn geta vissulega deilt um. En þessi till. um nefnd, sem getur ekki átt að vinna að neinu öðru en þessu afnámi, það er till., sem mér fellur ekki í geð að þurfa að ræða yfirleitt.

Þetta mál hefur verið mikið rætt hér í þinginu og það hefur líka verið mikið rætt af hálfu þeirra sem þykjast sjálfkjörnir til þess að fjalla um þetta mál á Kirkjuþingi meðal þeirra sem þar eru fulltrúar. Þar hefur verið lýst yfir mikilli hneykslun á Alþ. að fara ekki eftir vilja þeirra sem þar hafa gert ályktanir. Og meira að segja hefur það því miður gerst, að sjálfur biskupinn, sem ég met að mörgu leyti mikils, hefur talað um, að aðalmál manna hér hafi verið gjálfur og menn hafi talað um þetta mál af gáleysi og í flimtingum, og haft um það ansi stór orð. Ég vil ekki kannast við það fyrir mitt leyti. Ég hef talað um þetta mál í fullri alvöru.

Það veit ég svo, að ýmislegt af því, sem ég sagði í fyrra um stefnur innan kirkjunnar og þá stefnu sem mér þætti fara að verða um of ríkjandi þar, hefur farið í taugarnar á þeim ágæta manni, herra biskupnum yfir Íslandi. En það gladdi mig sömuleiðis að fyrsti flm. þessarar till. þá og sá, sem situr hér nú sem varaþm. aftur, góðu heilli fyrir þetta mál, skulum við segja, séra Ingiberg Hannesson, hv. þm., hann tók einmitt undir sumt af því sem ég sagði í mínu máli þar um, og ég gladdist yfir því. En ég veit að herra biskupnum hefur illa líkað að á það væri minnt, að um sumt væri kirkjan að færast í afturhaldsátt.

Það myndast miklar sögur um prestskosningar. Ég hef tekið þátt í nokkrum prestskosningum og ég kannast ekki við þessi ósköp sem menn eru alltaf að lýsa í kringum þær. Og ef það er meiningin, eins og mér skilst, að hér eigi að fara út á þá braut að fáir aðilar eigi þarna að velja, þ. e. sóknarnefndir eigi þarna að velja með safnaðarfulltrúum, þá er ég hræddur um að sá klíkuskapur, sem oft hefur verið talað um að ætti sér þarna stað, mundi ekki síður verða mikill í þeim þrönga hópi.

Ég hef hins vegar alveg sérstaka ástæðu fyrir því að vera á móti afnámi prestskosninga, það mun ekki hafa komið fram í mínu máli hér í fyrra.

Það vill svo til — vel til, segi ég, að formæður og forfeður mínir áttu hvað drýgstan hlut að því að því skipulagi var komið á, að ég tel, sem ríkir nú góðu heilli innan kirkjunnar, með uppreisn sinni austur á landi gegn valdi kirkjustjórnarinnar á sínum tíma. Og ég er afar stoltur af því að þetta fólk skyldi þar ganga fram fyrir skjöldu og rjúfa það vald. Ég held að ég þættist ættleri að meiri ef ég færi nú að breyta hér til. Þetta er kannske ein meginástæðan fyrir því að ég er hér á móti, þó ég hafi margar aðrar röksemdir í frammi sem óþarft er e. t. v. að endurtaka.

Ég sagði að það er mikið talað um að það þurfi að losna við prestskosningar vegna ýmissa óheillavænlegra áhrifa sem þeim fylgja. En síðan á engu að síður að velja presta með ákveðnu fyrirkomulagi: með óbeinum kosningum þeirra fulltrúa sem áður hafa verið kjörnir af söfnuðinum. Það væri þá miklu nær, held ég, að þessir aðilar yrðu skipaðir beint af kirkjumrh. með umsögn þá biskups.

Ég ætla ekki að hafa langt mál hér um og hlýt því miður að fara hér af fundi á eftir og harma það, ef þessar umr. halda hér áfram. Vissulega er ástæða til þess að vera viðstaddur þær umr. þó þær megi ekki dragast um of á langinn, svo að menn fái till. sínar í n. — og ekki skal ég hafa þar á móti — og hægt sé að senda þessar till. verulega til umsagnar þeirra aðila sem hér eiga um að fjalla. En ég vildi aðeins koma hér inn á það, að ég tók þátt í sjónvarpsþætti í fyrra um þessi mál — illu heilli, sagði ég á eftir, því sjálfur var ég ekkert hrifinn af þessum sjónvarpsþætti og allra síst vegna þess að hann snerist á allt annan veg og um allt annað efni en átti að vera, eins og menn hafa séð sem á hann horfðu.

En viðbrögðin við þessum sjónvarpsþætti urðu á allt annan veg en ég átti á von. Í fyrsta lagi fékk ég það staðfest af mörgum málsmetandi mönnum innan kirkjunnar, sem ég reyndar vissi mætavel, að því færi fjarri að það væri aðeins um persónulegar kosningar að ræða í sambandi við prestskosningar, þar væri óneitanlega enn þá, svo sem eðlilegt er og sjálfsagt að mínu viti, deilt um stefnur.

Ég verð að játa það, að þegar fyrsti guðsmaðurinn hringdi í mig í fyrra, en þeir voru æðimargir, þá fékk ég örlítinn hjartslátt því að ég reiknaði með að nú ætti að fara að taka þennan guðleysingja í karphúsið og skamma hann nú ærlega. En það fór nokkuð á annan veg, því að klerkar eru vitanlega menn kurteisir og fara ekki að hringja í menn til þess að skamma þá. En þeir eiga líka hreinskilni til þess að þakka mönnum fyrir ef þeim hefur líkað vel, og þeir voru undarlega margir sem þökkuðu mér fyrir

þennan sjónvarpsþátt, — undarlega margir og skýtur furðulega skökku við í sambandi við þá miklu eindrægni sem sagt er að ríki um að afnema þessar kosningar.

Ég ætla ekki að nefna þessa ágætu menn, það væri alrangt, en þeir voru, eins og ég sagði, undarlega margir, ef það var rétt, sem hér hefur verið haldið fram, að afnám prestskosninga ætti svo alfarið fylgi innan prestastéttarinnar. Þessir menn lágu ekkert á þeirri skoðun sinni að þeir vildu ekki taka völdin úr höndum fólksins. Þeir vildu sem sagt að þessar kosningar héldu áfram. Þeir sögðu að á því fyrirkomulaginu væru vitanlega gallar, alveg eins og við verðum að kynnast því í okkar kosningum til þings. En þeir hikuðu ekki við að fullyrða, að þeir fylgdu því fyrirkomulagi áfram að prestskosningar ættu að vera. Og ég met mikils orð þessara manna, hinna mætustu manna, sem hafa starfað fyrir kirkjuna um áraraðir og áratugi. Ég met orð þeirra mjög mikils og var þeim ákaflega þakklátur, því að þær grunsemdir voru farnar að læðast að mér að kannske væri öll klerkastéttin orðin svona þröngsýn og þau orð, sem ég mælti hér í fyrra um að kirkjan væri að færast í þessa átt, væru enn sannari en ég átti þó von á.

Það var svolítið gaman að kynnast því, hvernig menn vildu láta kjósa æðsta mann kirkjunnar, biskupinn. Hann er kosinn, eins og kunnugt er, af klerkum einum, og það kom mjög skýrt fram hjá þessum mönnum, sem töluðu við mig, að þeir höfðu ekkert við það að athuga að biskupskjör færi fram á annan veg. En þeir menn margir hverjir, sem eru fylgismenn þess að afnema prestskosningar, mér skilst að þeir megi ekki heyra á það minnst að missa þann rétt að kjósa biskup, það komi ekki til nokkurra mála, þar horfi allt öðruvísi við, það séu þeir, hinir einu sönnu fulltrúar, sem það eigi að gera. Ég vona að sú sé ekki raunin á með þann hv. þm. sem situr hér rétt við hliðina á mér, því að það þætti mér lakara ef það væri almenn skoðun þessara aðila.

Ég sem sagt lýsi yfir andstöðu við málið eins og ég veit að það er hugsað, þ. e. a. s. við afnám prestskosninga. Ég geri það af mörgum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja frekar hér. Ég gerði það svo rækilega í fyrra að ég held að ég hafi þar litlu við að bæta. Ég geri það líka vegna forsögu þessa máls sem ég held að fari ekkert á milli mála að hafi orðið íslenskri kirkju og íslenskri kristni til hins mesta gagns á sínum tíma. Ég hygg að fátt eða ekkert hafi orðið kirkjunni til betra lífs, ef menn eru að hugsa um hag hennar á annað borð, heldur en sú frjóa umræða, sem skapaðist út frá þeim öldum sem risu hér rétt fyrir aldamótin síðustu og héldu svo áfram í byrjun þessarar aldar. Og það væri hörmulegt fyrir kirkjuna, — ég tel mig nú engan sérstakan fulltrúa hennar, — en það væri hörmulegt fyrir kirkjuna ef hún sykki aftur niður í eitthvert eintónavæl sem eingöngu snerist í eina átt. Það er vissulega gaman að því, það veit ég að hv. þm. kannast margir við, það er vissulega gaman að fylgjast með þeim skemmtilegu og fjörugu trúmálaumræðum sem hér urðu og hleyptu lífi í allt kirkjulíf fram eftir öllu á þessari öld og það væri miður ef sú umræða koðnaði niður. En ég hygg að einmitt ein meginforsendan fyrir því, að þessir menn standa svo hart fyrir afnámi prestskosninga, sé einmitt að láta þessa starfsemi fara í þann farveg. Þeir vita, held ég, ekki hvað þeir eru að gera þegar þeir fara út í það, því oft er um að ræða eina lífið í söfnuðinum í kringum þessar kosningar, og það er þó alltaf lífsmark, sem þeir ættu að kunna að meta.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég mun ekki flytja langa ræðu á þessum kvöldfundi, en tel þó rétt að segja örfá orð um þetta mál.

Það væri að vísu freistandi að ræða nokkuð við hv. síðasta ræðumann, þann sem talaði á síðdegisfundinum, hv. 7. landsk. þm., Helga Seljan. Ég sagði honum áður en fundi var frestað í dag, að ég mundi hafa gaman af að spjalla dálítið við hann út af ræðuflutningi hans, en hann mun nú vera farinn í Austurveg með kvöldinu, kominn austur í Grímsnes, svo það er ekki ástæða til að svara honum mörgum orðum. Þó vil ég benda á að hann rökstuddi andstöðu sína gegn þessari þáltill. með því að vitna til afstöðu náinna frænda sinna á Austurlandi og ættingja og forfeðra að langfeðgatali og taldi sig ekki mega með nokkru móti bregða út af þeirri afstöðu sem þeir hefðu haft til þessara eða svipaðra mála. Er það sannarlega gott þegar menn fara svo nærgætnum höndum um afstöðu forfeðra sinna og frænda til slíkra mála. En hv. 7. landsk. þm. féll í þá sömu gröf og aðrir sem andmælt hafa þessari till. til þál. Hann talaði gegn henni á þeim grundvelli eða eins og það væri till. um að leggja niður prestskosningar. Þetta er algjörlega rangt. Þessi till. fjallar einungis um að kjósa n. úr hópi okkar þm., 7 manna n., til að endurskoða lög um veitingu prestakalla sem orðin eru 60 ára gömul. Þetta hefur margoft verið tekið fram, en virðist með engu móti komast til skila hjá hv. andstæðingum þessarar till. En eins og segir í grg. og rökstuðningi með till. hefur þeirri skoðun stöðugt vaxið fylgi meðal leikra sem lærðra, að tímabært sé að endurskoða þessi lög miðað við breyttar þjóðfélagsaðstæður.

Því hefur verið haldið fram við þessa umr., að flm. till. héldu áfram að sigla undir flösku flaggi því að þeir stefndu beint að afnámi prestskosninga í landinu, þeir ætluðu sér að svipta hinn almenna borgara landsins rétti til að velja sér sálusorgara og fleira af þessu tagi. Þessu og engu öðru vilja þeir menn trúa. Ég tel að þessi n., ef kjörin verður, sem ætlað er að endurskoða þessi gömlu lög, geti haft tiltölulega mjög frjálsar hendur, og það er alls ekki hægt að fullyrða að niðurstaða hennar verði endilega sú að afnema prestskosningar. En það er ekki heldur nauðsynlegt að þær þurfi að vera með því gamla sniði sem núgildandi lög mæla fyrir um. Það hefur verið sagt um þessi lög, að þau fjölluðu einungis um framkvæmd við kosninguna sjálfa. Menn hafa leiðst út í það að lesa lögin upp grein fyrir grein og dvalist þá kímileitir við orðalag þessara gömlu laga um það, hvernig menn eigi að bera sig að því að hvolfa úr kjörkössum, og annað eftir því. En það sjá þó allir menn, sem vilja lesa þau lög með opnum augum, að þeir þurfa ekki að lesa nema 1. gr. til að sjá að hún

er stefnumarkandi á þann veg að þessi skýring þeirra, að lögin fjalli einungis um kosninguna sjálfa og framkvæmd hennar á kjördegi, fær ekki staðist.

Það hefur verið bent á að kirkjuþing hafi oft eða a. m. k. fjórum sinnum mælt með því að láta endurskoða þessi gömlu lög, og prestar landsins hafa oft látið þennan vilja sinn í ljós. Prestastefnur hafa gefið yfirlýsingar eða gert samþykktir um þessi mál og héraðsfundir og svo mætti lengi telja.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessa till. nú. En aðalröksemd mín er sú, að ég viðurkenni að vísu að Kirkjuþing er ekki sett til þess að segja Alþ. fyrir verkum, það er fjarri öllu lagi. En hins vegar verðum við að taka tillit til samþykkta Kirkjuþings, og í því efni vil ég leyfa mér að vitna í 14. gr. laga um Kirkjuþing, en þau lög eru nr. 43 frá 3. júní 1957. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál er kirkjur, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði.“

Þetta tel ég svo skýrt og skorinort að hv. Alþ. geti með engu móti skorast undan því að taka afstöðu til ályktana sem Kirkjuþing gerir svo til einróma hvað eftir annað.

Ég vil aðeins geta þess til gamans, þegar menn eru að tala um það, síðast núna hæstv. forsetar þings okkar, að það sé ekki hægt að láta ályktanir Kirkjuþings velkjast fyrir hina háa Alþingi þing eftir þing, það verði að vísa því máli undir dóm alþjóðar, og í því sambandi benda þeir á hvað þetta mál hefur oft borið á góma í sölum Alþingis á síðustu árum, — af þessu tilefni vil ég geta þess svona til fróðleiks, að það gekk alls ekki hljóðalaust að fá lög um Kirkjuþing samþ. Þau voru líka flutt á þingi hvað eftir annað. Ég held að frv. til l. um Kirkjuþing hafi fyrst verið flutt á Alþingi skömmu eftir síðustu aldamót. Þá voru flm. séra Árni Jónsson á Skútustöðum o. fl. Það náði ekki fram að ganga, lá lengi í þagnargildi. Síðan mun það hafa verið á árunum — ja, líklega 1940—1950, að Magnús Jónsson prófessor flytur frv. til l. um Kirkjuþing. Enn þá fær það ekki náð fyrir augum alþm. og dagar uppi. Mál um sama efni er síðan flutt af menntmn. Ed. 1956 — í þriðja sinn. Það nær ekki fram að ganga. Loks er það flutt af sömu n. árið 1957 og verður að lögum á því ári. Ég leit að gamni mínu í grg., sem fylgdi því frv. árið 1957, og ætla að lofa ykkur að heyra tvær-þrjár setningar úr þeirri grg., með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a.:

„Kirkjuþing fyrir hina íslensku þjóðkirkju hefur verið áhugamál prestastéttarinnar um hálfrar aldar skeið.“ Og síðar í grg.: „Um gagnsemi þessa frv. fyrir kirkjuna ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum. Það liggur í augum uppi. Kirkjuþing er kirkjunnar mönnum ekki síður nauðsynlegt en t. d. bændum og sjávarútvegsmönnum fyrir sitt leyti þeirra þing. Mætti fastlega gera ráð fyrir því, að þegar fengin væri reynsla af starfi Kirkjuþings mundu menn engan veginn vilja án þess vera, enda er þess að vænta að með líðandi árum mundi vaxa festa og þróttur í starfi þess.“

Þessi fáu orð, þessar setningar, sýna m. a. hvað prestastéttin lagði mikið upp úr því að fá frv. um Kirkjuþing samþ., en á Kirkjuþingi fjalla lærðir sem leikir fulltrúar, sem áhuga hafa á málefnum kirkjunnar, um hennar mál.

Ég ætla að láta þessi fáu orð nægja, um leið og ég vænti þess að þessi till. fái skjóta og greiða leið í gegnum þingið. Það er í raun og veru það eina sem ég sem meðflm. þessarar till. fer fram á. Ég segi fyrir mig, að ég legg ekki höfuðáherslu á að afnema prestskosningar heldur fá lögin endurskoðuð. Ég legg áherslu á að vilji Kirkjuþings sé tekinn til greina, eins og ég hef reynt að rökstyðja hér í þessum orðum, og ég legg áherslu á að það verði ekki reynt að bregða fæti fyrir þessa till. með málþófi þegar við fyrri umr., heldur að málið fái greiða og þinglega meðferð.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég fæ ekki varist þeirri hugsun að naumast sé það einleikið hver ókyrrð og jafnvel slæðingur verður á hinu háa Alþ. í hvert skipti sem á góma ber prestskosningar. Það er einkum einn hv. þm., 5. þm. Vestf., sem þá bregður fyrir sig athæfi sem minnir mig nokkuð á fyrirbrigði sem stundum bar fyrir augu í æsku minni vestur á Vestfjörðum. Hv. þm. rýkur upp til handa og fóta, virðist sjá draug í hverju horni, skyrpir og púar í hvert skúmaskot með tilheyrandi orðbragði. Og þetta minnir mig mjög á einstaka gamlar konur, sem fornar voru í skapi og höfðu það fyrir sið að rjúka upp með þessu látæði í hvert skipti sem komu ókunnugir menn af tilteknum ættum eða tilteknum bæjum og þær töldu að hefðu eitthvað óhreint í fylgd með sér. Ég fæ ekki varist þeirri hugsun að hv. þm. og þeim öðrum, sem eins verður innanbrjósts þegar þeir heyra minnst á prestskosningar og að skoða það mál niður í kjölinn, þeim hafi einhvern tíma tekist slysalega með val á sálusorgara úr því að sálarró þeirra er ekki meiri en þetta. En ekki nóg með það að svona sé látið út í það að skoðuð séu prestskosningamál að undirlagi Alþingis. Ofan á það bætist, eins og heyra mátti hér á hinu háa Alþ. fimmtudaginn 17. mars, að þm. eru gerðar upp skoðanir og fullyrt æ ofan í æ að tilteknir þm. sigli í þessu máli sérstaklega undir fölsku flaggi, villi á sér heimildir, séu einræðissinnar, fastir í miðaldahugsunarhætti. Þetta eru bara örfáir af þeim orðaleppum, sem hv. 5. þm. Vestf. lét þá fjúka, og mætti æra óstöðugan ef tína ætti þá alla til. Ljótt væri ef satt væri að þm. iðki það að sigla undir fölsku flaggi, villa á sér heimildir, koma aftan að þingbræðrum sínum í máli eins og þessu. En það er fleira til ljótt. Það er líka ljótt að gera öðrum upp skoðanir að tilefnislausu, og allra ljótast er að gera það gegn betri vitund, eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði a. m. k. hvað mig snertir. Ég er einn af flm. þáltill., sem hér er til umr., og styð það mál sem þar er fitjað upp á, athugun á núverandi fyrirkomulagi prestskosninga og athugun á því, hvort ráð þyki að gera þar einhverjar breytingar á. Slíkt hefur borið á góma fyrr, ef ég man rétt fyrir fjórum ef ekki fimm árum, þar sem við hv. 5. þm. Vestf. vorum báðir staddir. Þar gerði ég grein fyrir skoðun

minni á þessu máli og hún hefur ekki breyst síðan, og mun ég nú lýsa henni í stuttu máli.

Ég álít að af ýmsum orsökum sé mjög eðlilegt og eðli málsins skv. að þetta mál sé skoðað á þann hátt sem lagt er til í þessari þáltill. okkar. Í fyrsta lagi er það vegna þess, að Alþ. er beinlínis skylt að taka það tillit sem ber til stofnunar sem það hefur sett á laggirnar, þ. e. a. s. Kirkjuþings, sem hefur fengið ákveðið verksvið og valdsvið. Það er ekki samboðið virðingu Alþ. að láta það viðgangast ár eftir ár að uppi séu hafðar till. á Kirkjuþingi sem síðan sé ekki á nokkurn hátt alvarlega sinnt, séu ekki alvarlega skoðaðar af Alþingis hálfu. En í öðru lagi tel ég að þetta mál sé tímabært vegna þess, að ég tel, þvert á móti því sem 5. þm. Vestf. hélt fram, að ég og aðrir flm. vildum takmarka valfrelsi safnaðanna, svipta safnaðarfólkið kosningarrétti, gera það ómyndugt, — þvert á móti vil ég auka valfrelsi safnaðanna. Ég tel að leiðin út úr þeirri sjálfheldu, sem þetta mál er í, sé sú, að það sé skoðað niður í kjölinn, og þá held ég að sú leið, sem allir gætu á endanum kannske sætt sig við, væri að söfnuðirnir ættu ekki aðeins einn kost, eins og nú, þ. e. a. s. almenna, beina kosningu prests, heldur gætu söfnuðirnir ákveðið hvort þeir hefðu þennan hátt á eða aðra hætti sem um hefur verið rætt. Ég nefni af þeim t. a. m. kjörmannakosningu þar sem ákveðnir fulltrúar safnaðar önnuðust prestskosningu ef safnaðarfólkið sjálft óskaði þess. Ég bendi á aðra leið, sem er kvaðning prests, þ. e. a. s. söfnuður geti, ef honum sýnist svo, snúið sér til ákveðins prests og óskað eftir að hann sæki um það prestakall sem söfnuðurinn byggir. Fleiri afbrigði eru til af prestskosningum önnur en það sem hér hefur tíðkast. Það eru því í rauninni hv. 5. þm. Vestf. og skoðanabræður hans sem vilja takmarka valfrelsi safnaðanna. Það eru þeir sem vilja rígbinda söfnuðina við eitt og aðeins eitt kosningafyrirkomulag, það kosningafyrirkomulag sem þeir geta fellt sig við. Því tel ég mjög ómaklegt að saka þá sem vilja að fleiri kostir séu skoðaðir, að valfrelsið sé aukið, ekki bara um prestinn heldur einnig um aðferðina til að velja sér prest, — að bera þeim á brýn að þeir séu með einræðistilhneigingar vilji afnema allt frelsi og rétt safnaðanna og vilji koma vali sálusorgara undir einræðisvald eins manns, eins og mig minnir að fullyrt hafi verið úr þessum ræðustóli fyrir tæpum hálfum mánuði.

Ég sé ekki að það sé með nokkru móti hægt að verja það að Alþ. víki sér undan að skoða þetta mál af alvöru, meiri alvöru en gert hefur verið þegar það hefur verið borið fram í frv.-formi áður, og fullnægja þar með í rauninni þeirri skyldu sem Alþ. tók á sig þegar það samþ. 14. gr. laga um Kirkjuþing. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál er kirkjur, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði.“ Þetta er fyrri málsgr. í þessari grein, og af henni tel ég alveg ljóst að Alþ. hefur veitt Kirkjuþingi umboð til þess að fjalla á sinn hátt um öll mál kirkjunnar sem undir löggjafarvaldið heyra. Svo er það löggjafarvaldsins að snúast á sæmilegan og sómasamlegan hátt við þeim niðurstöðum sem á Kirkjuþingi verða. Það hefur ekki verið gert enn þá. Það er markmið okkar flm. þáltill., sem hér er til umr., að koma því til leiðar að svo verði gert. Ég vísa gersamlega á bug sem tilhæfulausum öllum fullyrðingum um að hér sé siglt undir fölsku flaggi, hér sé verið að villa á sér heimildir, og neita að hér sé verið að koma aftan að nokkrum manni.

Ingiberg J. Hannesson: *Herra forseti.* Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu ráði, en mér finnst ástæða til þess að árétta skoðun mína á þessu máli, og ég fagna því að þessi till. skuli fram komin aftur á þessu þingi, þar sem hún hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi, og fór þá raunar svo sem vænta mátti, að ekki fengist á þingi afgr. mál sem þjóðkirkjuna varðar. Það er ekki í fyrsta skipti og kemur ekki lengur á óvart. En ég vil vekja athygli á því hér, að það er varla lengur við það unandi að löggjafarsamkunda þjóðarinnar skuli ár eftir ár leiða hjá sér að afgr. mál sem þjóðkirkjuna varða og hafa beðið úrlausnar árum saman, og vil ég þá nefna auk þess máls, sem hér um ræðir, t. d. fjárhagsleg málefni safnaðanna í landinu, t. d. eflingu Kirkjubyggingasjóðs og einnig sóknargjöldin sem eru nánast eini nefskatturinn sem orðinn er eftir í kerfinu og er brýn þörf á að gera að prósentugjaldi, svipað og t. d. er með kirkjugarðsgjöld sem eru 1½% af útsvari og aðstöðugjöldum. En þetta mál var til meðferðar á síðasta þingi, en sofnaði í n. og þar við situr. En þetta var raunar útúrdúr frá því umræðuefni sem hér er til umr. í kvöld.

Það er alkunna hversu rík óánægja er orðin innan kirkjunnar með það fyrirkomulag um veitingu prestakalla sem nú hefur verið í rúm 60 ár. Prestskosningar voru stórt spor í framfaraátt á sínum tíma, en í dag eru þær oftast nær hvimleitt fyrirbæri, nánast skrípamynd af því lýðræði sem þær endurspegluðu í upphafi. Breyttir þjóðfélagshættir gera það að verkum að fyrirkomulag þetta er orðið úrelt og raunar stór hemill á alla starfsemi kirkjunnar. Það er vitað mál að margan góðan starfsmanninn missir kirkjan einungis vegna þess að menn vilja ekki gefa sig í þá mannskemmandi atlögu sem prestskosningar oftast nær eru. Auk þess hefur kirkjan með þessu fyrirkomulagi svo til og raunar enga tilfærslumöguleika á sínum starfsmönnum, sem hlýtur að vera erfitt hverri þeirri stofnun sem vill ná umtalsverðum árangri. Og svo er ekki hægt að tala um lýðræði þegar prestur er kosinn til embættis ævilangt.

Það mætti flytja langt mál um þessi efni og á síðasta þingi tjáði ég mig um það í mörgum atriðum, og ég vil því ekki lengja þessa umr. með því að teygja þann lopa. En ég vil taka það skýrt fram, sem raunar liggur í hlutarins eðli og hv. þm., sem talaði á undan mér, kom mjög greinilega að, að það er greinilegt að þessi þáltill., sem flutt er, gerir ráð fyrir því að þessi lög séu endurskoðuð og að fengin verði skipan á þessi mál sem kirkjunnar menn og þeir, sem eru óánægðir með núverandi fyrirkomulag, geti fellt sig við. Það ætti ekki að vefjast fyrir hv.

þm. að í því skyni er þessi till. flutt. Og það er hægt að skoða þessi mál nánar og það er hægt að finna ýmsar leiðir, eins og raunar kom fram í máli hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar.

Ég vil víkja nokkrum orðum að því sem fram kom í dag í máli hv. þm. Helga Seljans. Hann byrjaði á því að nefna forsetatillöguna um þjóðaratkvæði um prestskosningar og hann nefndi hana frávísunartillögu. Ég er raunar hjartanlega sammála því og þykir raunar furðu sæta að sú till. skuli hafa komið fram og það frá forsetum þingsins. En að öðru leyti geymi ég mér að ræða hana þar til hún kemur á dagskrá.

Það kom fram í máli Helga Seljans að hann hefði, eftir að hann tók þátt í sjónvarpsþætti á s.l. vetri um þessi mál, fengið upphringingar frá mörgum klerkum sem tjáðu honum þakkir sínar fyrir frammistöðu hans í téðum þætti. Ég get raunar ímyndað mér eftir orðum þm. að dæma hverjir það hafa verið og skal auk þess fúslega játa að sá þáttur var ekki góður prófsteinn á málefnalegar umr. um þessi mál, þar sem hann fór meira og minna úr böndum og komust ekki fram þær skoðanir á báða bóga sem þar hefðu þurft að koma fram. En ég vil ekki ræða nú nánar um það.

Sami þm. vék að innri málefnum kirkjunnar og fjallaði um kenninguna og þröngsýni í skoðunum, einkum hinna yngri presta, eins og hann orðaði það. Á það vil ég engan dóm leggja nú og það er allt annað mál. Menn mega gæta sín á því að rugla ekki saman skoðunum sínum og guðfræðilegum skilningi og svo hinu ytra fyrirkomulagi í skipulagi kirkjunnar. Þar er um tvennt ólíkt að ræða, enda þótt hvort tveggja tilheyri sömu stofnunum.

Það er rétt að vissu marki, sem kom fram hjá sama hv. þm., að með engu móti mætti svipta kirkjuna því lífi sem um hana skapaðist í því andrúmslofti sem ríkti við prestskosningar. Ég gat þess í ræðu hér á hv. Alþ. í fyrra, að nánast það eina jákvæða, sem ég sæi við prestskosningar, væri sú kynning og þau tengsl sem myndu ðust þegar unnið er að undirbúningi prestskosninga. En ef ekki er hægt að koma lífi í kirkjuna með neinu öðru móti en prestskosningum, þá verðskuldar hún ekki að lifa og er þá ekki lengur lífvænleg. En við kristnir menn vitum raunar hvaðan lífið kemur. Það kemur ekki frá æsingamönnum prestskosninganna eða fagurgala þeirra, sem halda fram þessum og þessum frambjóðanda. Nei, lífið kemur frá Kristi, stofnanda kirkjunnar og höfundi og fullkomnara trúarinnar, og það er ekkert á móti því að hv. alþm. viti þetta og íhugi.

Að öðru leyti tek ég undir orð hv. þm. sem hér töluðu áðan, Friðjóns Þórðarsonar og Magnúsar Torfa Ólafssonar, og vek athygli á því og ítreka það, að þessi till., sem við erum hér að tala fyrir, gerir einungis ráð fyrir því að þessi mál séu endurskoðuð og fundin í þeim sú leið eða þær leiðir sem menn geta unað við. Það hefur sem sé verið margt um þetta mál rætt hér á hv. Alþ. og skoðanir verið skiptar, svo sem vænta mátti. Þeim mun furðulegra er það, að hv. þm. skuli ekki sjá sóma sinn í því að leiða þetta mál til lykta á einhvern hátt til þess þó a. m. k. að losna við að fjalla um þetta mál þing eftir þing og þannig að vilji þingsins komi skýrt fram. Mér er ljóst og það hefur komið fram í umr., að mörgum finnst sem verið sé að taka rétt af söfnuðunum með því að afnema prestskosningar ef sú leið yrði valin, og þá á ég við almennar prestskosningar. En hvers virði er þessi réttur þorra fólks sem e. t. v. fyrir utan prestskosninguna lætur sig málefni kirkjunnar litlu sem engu varða? Jú, það er spennandi að standa í kosningahríð, og ég hef heyrt um menn, sérstaklega hér á Reykjavíkursvæðinu, sem hafa sérhæft sig í prestskosningum og bíða spenntir eftir því að fá að ota næsta presti á foraðið og hafa lúmskt gaman af.

Það er alltaf hægt að vekja upp spenning og atorkusemi í sambandi við slíka kosningu — og hvað gera menn ekki líka fyrir kunngingja sína og vini þegar þarf að koma þeim í betra embætti? Og við þurfum ekki að fara langt aftur í tímann, aðeins nokkra daga, til að sjá hvernig menn notfæra sér kosningar sem þessar til þess að draga fram í dagsljósið staðreyndir, sem e. t. v. eru til þess fallnar að varpa skugga á frambjóðendur og draga þá niður í svaðið. Það voru kosningar í Hafnarfirði fyrir örfáum dögum og það hafa birst af þeim fréttir í blöðum. Ég þarf ekki að útlista það nánar. Mönnum virðist nefnilega ekki vera neitt heilagt í prestskosningum. Þar helgar tilgangurinn tíðum meðalið og sjálfir umsækjendurnir, prestarnir, ráða oft engu um þá stefnu sem málin taka í hita baráttunnar. Þar duga öll meðul einungis ef hægt er að ná settu marki. Og svo eiga þessir menn að leiða söfnuðinn á eftir í guðsótta og góðum siðum og verða oft að byrja á því að sætta stríðandi fylkingar, eða það sem er algengara, að þegar kosningunum lýkur hverfa menn yfirleitt af vettvangi og láta ekki sjá sig í sambandi við kirkjulegt starf fyrr en hillir undir næstu orrahríð.

Ég fjölyrði ekki frekar um þetta mál að sinni, en ég vænti þess að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi og með því móti gæti þingið tjáð sig og vilja sinn í því efni að reyna að finna leið í þessu máli sem þorri fólks og kirkjunnar menn geta sætt sig við.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég var meðflm. að samhljóða þáltill. þeirri, sem hér er um fjallað, á fyrra þingi. Ég er enn þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að taka fyrirkomulag prestskosninga til endurskoðunar. Ég er alls ekki viss um með hvaða hætti. E. t. v. væri hægt að nefna enn fleiri möguleika en hv. þm. Magnús T. Ólafsson gerði áðan. Ég tel nauðsynlegt að hugleiða þessi mál. Hv. síðasti ræðumaður tók raunar af mér ómakið með lýsingu sinni á afleiðingum prestskosninga með þeim furðulega og ógeðþekka hætti sem þær nú fara fram.

Er mál þetta var til umr. hér í fyrra leyfði ég mér að komast svo að orði og mun endurtaka það, að fornir vinir mínir í prestastétt, hinir mestu sómamenn, fengu þess háttar meðhöndlun í prestskosningum að þeir biðu þess ekki bætur. Ég er enn þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar.

Ég missti því miður af fyrri hluta ræðu hv. 5. þm. Vestf., sem hv. þm. Magnús T. Ólafsson lýsti litríkum orðum nú fyrir skemmstu, og ætla að

ég hafi þar farið á mis við allmörg fuss og svei og fruss og skyrpingar, sem, eins og hv. þm. Magnús T. Ólafsson lýsti því, einkenndu mjög framferði fjölkunnugra kvenna á þeim tíma þegar ekki þótti við hæfi að skipta orðum við hinn illa, heldur að fæla hann burt með þess háttar blásturshljóðum.

Aftur á móti hlýddi ég á ræðu hv. þm. Helga Seljans fyrr í dag, og ég verð nú vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns að taka það fram, að ég heyrði hann hreint ekki segja að eftir sjónvarpsþátt þann, er á var minnst, hafi ýmsir prestar hringt í hann til þess að hæla honum fyrir frammistöðuna. Það sagði Helgi ekki. Hann var þar að greina frá því að þessir prestar hefðu lýst yfir andstöðu sinni við þáltill. sem þá var til umr. og lýsa yfir því, að þeir vildu ekki gera breytingar á fyrirkomulagi prestskosninga.

Um hið innra starf kirkjunnar sagði hv. síðasti ræðumaður: Við vitum það, kristnir menn, hvaðan það líf kemur. Það kemur frá Kristi. — Og hann bætti því síðan við, að það væri eins gott að hv. alþm. vissu það. Hér erum við komin að ákaflega þýðingarmiklu atriði og síst vildi ég á nokkurn handa máta snúa út úr því sem hv. ræðumaður sagði. Þessi þjóð er svo til öll, að þeim fáu einstaklingum undanskildum sem hafa gert til þess sérstakar og að því er mér finnst hjákátlegar ráðstafanir að skilja á milli sín og þjóðkirkjunnar, — við erum öll dæmd inn í þessa þjóðkirkju, við erum öll aðilar að henni. Ómálga börn erum við samkv. hefðinni tekin inn í söfnuðinn, og mættu alþm. minnast þess, jafnvel sjá á yfirhöfnum sínum hvíta bletti eftir aðgerðir manns, sem stundað hefur það að mótmæla þessari aðferð við inntöku íslendinga í söfnuðinn. En hvað sem því líður, þá erum við á þeirri stundu tekin inn í söfnuðinn. Og stóra spurningin er hvort það er einstaklingunum að kenna þótt þeir verði þar aldrei virkir félagar. Hverjum er þar um að kenna?

Ég sagði það fyrir u. þ. b. ári, þegar þessi mál bar hér á góma, að ég væri til viðtals um að við legðum okkur fram um að gera ítarlega úttekt á stöðu kirkjunnar í samfélagi okkar, hugleiða hvort ekki beri að skilja að ríki og kirkju, jafnvel að leggja niður prestskap í landinu. En ég vil að þetta verði gert í einlægni og raunverulega með hag þessarar öldnu stofnunar fyrir augum. En vegna þess að ég tel að þetta mál, sem hér um ræðir, prestskosningarnar, sé þess háttar að prestskosningarmál eigi að fá úrslit — lýðræðisleg úrslit, þá er ég nú frekar þeirrar skoðunar að rétt sé að freista þess með þeim hætti að láta fara fram þjóðaratkvgr. um prestskosningarnar, ef við gætum leitt þetta mál til lykta með þeim hætti. Ég er alveg viss um að hægt væri að leiða það til lykta með betri hætti, en ég fæ ekki séð fram á að hv. Alþ. muni gera það um sinn, og ég held að það liggi á að leiða þetta mál til lykta og lýsi sem sagt yfir stuðningi mínum við það að leitað verði þjóðaratkvgr. um málið.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Mér finnst það þannig vaxið að það sé eðlilegt að sem flestir þm. tjái hug sinn um það.

Mér verður á að varpa fram þeirri aths., að þessi till. til þál. hefði þurft að koma fram fyrr á þessu þingi með tilliti til þess hve það virðist þvælast fyrir hv. Alþ. að afgreiða mál af þessu tagi, sem hafa komið hvað eftir annað inn á þing, en aldrei hlotið þinglega afgreiðslu.

Ég vil í sem stystu máli segja það sem mína skoðun, að mér finnst það meira en meðalskömm fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar að geta ekki tekið afstöðu í máli sem þessu, og mér finnst það harla lítil virðing og kurteisi við íslensku þjóðkirkjuna að hundsa æ ofan í æ sanngjarnar málaleitanir hennar um að athuga skipan þessara mála. Till. fer ekki fram á annað og mér finnst það alveg óþarfi af mönnum að belgja hér út brjóstið og gefa sér fyrir fram hvað vaki fyrir tillögumönnum og Kirkjuþingi sem margsinnis hefur farið fram á að Alþ. samþ. slíka endurskoðun.

Ég hef raunar alltaf átt dálítið bágt með að fella mig við og trúa því að prestskosningar séu slíkt forað sem hv. þm. séra Ingiberg Hannesson gaf í skyn og maður hefur heyrt úr öllum áttum, ekki hvað síst frá prestum sem reynt hafa hvað prestskosningar eru. En ég hygg að það sé hárrétt hjá hv. þm., séra Ingiberg, að það eru alls ekki prestarnir sem ráða þar ferðinni, illu heilli. Það eru menn, sem hafa gaman af að standa í kosningahasar og oftast þeir, eins og hann sagði, sem kannske láta sig allra minnst varða um málefni kirkjunnar og kristni í landinu. Og það er illa farið þegar slíkir menn ráða kannske einna helst ferðinni þegar fólk á að velja sér prest.

Ég get fallist á það, að þjóðaratkvgr. væri eðlileg, en hvað sem henni líður þarf þessi till. að sjálfsögðu að fá þá meðferð á Alþ. sem henni hæfir. Þjóðaratkvgr. er vissulega lýðræðisleg aðferð, og ég er alls ekki komin til með að segja um hver yrðu úrslit þjóðaratkvgr. Ég veit það hreint ekki, en þannig kæmi alla vega almennur þjóðarvilji fram. En ég get vel ímyndað mér að það komi á kjósanda nokkurt hik þegar hann á að greiða atkv. um það hvort afnema eigi prestskosningar, ef hann veit ekki, hefur enga hugmynd um hvað eigi að koma í staðinn. Þetta liggur því ekki heldur alveg beint við.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta. Það er búið að segja margt með þessu og móti. Ég get lýst því yfir, að því meir sem ég hugsa þetta mál, því hlynntari verð ég hugmyndinni um að afnema prestskosningar í þeirri mynd sem þær eru nú. En mér er eins farið og ég gat mér til um kjósandann sem stendur frammi fyrir þjóðaratkvgr., að ég vil helst vita hvað ég á að fá í staðinn, og ég er ekki alveg sannfærð um að það sé rétta leiðin að setja þetta vald í hendur fámenns hóps innan hvers safnaðar. En koma dagar og koma ráð, og mér finnst að það geti ekki orðið neinum til skaða að þessi endurskoðun, sem lýst er í síðustu málsgr. grg., verði látin fara fram, og ég hlýt að skora á alþm. að reyna hver fyrir sitt leyti að ljá þessari till. stuðning sinn þannig að hana dagi ekki einu sinni enn uppi á þessu þingi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér hafa nú síðasta tæpan klukkutímann — ja, líklega fjórir

og hálfur stuðningsmaður þess máls, sem hér er til umr., tekið til máls og talað nokkuð í sama dúr. Þegar ég tala um hálfan, þá á ég við hv. síðasta ræðumann sem var ekki alfarið viss í því hvora leiðina hann mundi velja í sambandi við þetta mál. Mér virtist þó að hv. þm. væri frekar eða stærri helmingurinn á því að afnema kosningar, en ekkert þó víst um það eins og mál standa nú. Það hefur verið sameiginlegt í máli flm. þessarar till., sem hér hafa talað í kvöld, og einnig hv. þm. Ingibergs Hannessonar, sem var 1. flm. að sams konar till. á síðasta Alþ., að þessi till. fjallaði ekki um afnám prestskosninga, það væri einungis lagt til að það væri talið tímabært að lögin yrðu endurskoðuð. Einnig er það sameiginlegt með öllum þessum hv. þm., að þeir lesa hver á fætur öðrum upp úr lögum um Kirkjuþing, og það er sameiginlegt álit þeirra allra að Alþ. sé skylt að taka tillit til sjónarmiða þess. Það vita auðvitað allir hver stefna Kirkjuþings er í þessum málum. Stefna Kirkjuþings hefur verið sú, að það bæri að afnema algjörlega prestskosningar. En nú á síðari árum hefur verið farið inn á það millistig af hálfu Kirkjuþings að leggja til að tekið yrði upp hið svokallaða kjörmannafyrirkomulag, þ. e. a. s. að taka kosningarréttinn af allflestum safnaðarbörnum og færa hann í hendur 5—7 einstaklinga sem sitja í sóknarnefnd. Þetta er sú till., sem Kirkjuþing hefur a. m. k. síðustu 2—3 ár haldið sér við. Ef þessir hv. þm. eru eindregið þeirrar skoðunar, að það beri skilyrðislaust að taka tillit til þessara óska, þessa álits Kirkjuþings, þá fer ekki hjá því að það er meining þeirra, að það eigi að afnema prestskosningar í því formi sem þær eru nú. Allur málflutningur væri andstæður og órökréttur í sambandi við þetta. Það þýðir því ekki fyrir menn að neita því, að grundvöllurinn að þessum tillöguflutningi er sú stefnumörkun Kirkjuþings, að það beri að afnema prestskosningar í núverandi formi. Því verður ekki á móti mælt, enda hefur verið til þess margvitnað að í framsögu fyrir sams konar þáltill. á síðasta Alþ. var beinlínis sagt berum orðum hver tilgangurinn var.

Hv. 2. þm. Vesturl. sagði áðan að tilgangurinn með þessum tillöguflutningi væri sá, að fengin yrði skipan sem kirkjunnar menn gætu sætt sig við. Hver er sú skipan? Hún liggur fyrir þannig að það þýðir ekki fyrir hv. flm. þessarar þáltill. að neita því hver tilgangurinn er þó að þeir forðist flestir hverjir eins og heitan eldinn að segja það í raun og veru hreint út. Tilgangurinn liggur fyrir. Það hefði því verið miklu hreinlegra og heiðarlegra, — hvernig sem mönnum líkar hér tal um heiðarleika eða óheiðarleika, sumir taka sér það greinilega nærri eftir því sem heyra mátti hér í kvöld, — en það hefði verið miklum mun heiðarlegra að segja þetta hreint út, að till. væri flutt til þess að fá fram breytingar á því kosningafyrirkomulagi, sem nú er í sambandi við prestskosningar, og fara að till. Kirkjuþings. Eða vilja þessir hv. þm., flm. þessa máls hér, segja það hér á Alþ. að það sé ekki þeirra meining að fara að till. Kirkjuþings með því að afnema prestskosningar í núverandi mynd? Eru þessir hv. þm. til þess reiðubúnir? Ég hygg ekki að svo sé, vegna þess að þeir vilja taka tillit til þessarar skoðunar, enda sagði einn af hv. flm., hv. þm. Friðjón Þórðarson, áðan að það væri ekki endilega nauðsynlegt að kosningarnar yrðu með sama sniði og nú er. Menn hanga alltaf í þessu. Þeir eru alltaf að gjálfra við það að þurfa ekki að segja hreint út það sem þeir meina, en tala alltaf utan að því. Þessi hv. þm. undirstrikaði það líka, og las upp úr lögum um Kirkjuþing, að Alþ. bæri tvímælalaust að taka tillit til vilja þess aðila í þessu efni. Og það er út af fyrir sig skoðun sem menn geta haft, hvort Alþ. beri skilyrðislaust að taka tillit til þess, fara að óskum þess. Það er skoðun sem menn sjálfsagt geta haft og ekkert við því að segja.

En nú kem ég að blessuðum öðlingnum, hv. 3. landsk. þm. Það er ekki oft sem maður heyrir ræðuflutning af því tagi sem þessi hv. þm. hafði hér uppi áðan, hv. þm. Magnús T. Ólafsson. Það er ekki oft sem maður heyrir málflutning af því tagi sem hann lét sér hér um munn fara áðan, enda hefur hv. þm. það orð á sér á hinum ólíklegustu stöðum að vera mjög málefnalegur í málflutningi, og ekkert skal ég undan draga í þeim efnum. Sá stimpill hefur fylgt hv. þm. nú upp á síðkastið. Hann gerði mikið úr þeim orðum sem ég hafði viðhaft hér fyrr við umr. þessa máls, og einnig dró hann inn í umr. orð sem aðrir hv. þm., sem eru á svipaðri skoðun og ég í þessu efni, höfðu hér látið sér um munn fara. Ég ætla ekki í þessu máli frekar en öðrum málum hér á hv. Alþ. að fara neitt dult með mína skoðun. Það má vel vera að einhverja hv. þm. svíði undan því orðavali sem ég læt mér um munn fara á einhverjum tímum og er ekkert við því að segja. Því verður líklega ekki breytt. Það er illt að kenna gömlum hundi að sitja, eins og sagt er. Ég hef yfirleitt tamið mér að láta menn komast í fullan skilning um mína meiningu, þannig að menn væðu engan reyk í þeim efnum hvar þeir hefðu mig. Þessi hv. þm. talaði um að við, og þá sérstaklega ég, sem værum sérstaklega andvígir þessu hlýtum að hafa lent í því einhvern tíma slysalega að velja okkur sálusorgara. Ég veit ekkert um hina sem eru svipaðrar skoðunar og ég í þessum efnum, hvað þá hefur hent, en ekkert slíkt hefur hent mig. Ég get sagt hv. þm. það, að ég hef aðeins einu sinni tekið þátt í prestskosningum, og ég varð ekki fyrir neinum vonbrigðum með niðurstöðu þeirra kosninga. (Gripið fram í.) Nei, fyrsta skrefið er víst kirkjuráð. Það eru sumir í því hér. Síðan gæti hugsast að þeir héldu áfram leiðina upp á toppinn, ef menn eru að hugsa um það. Það er ekki mín meining. En skoðun mín á þessu er ekki til orðin vegna þess að ég hafi lent í einhverju slysi varðandi val á sálusorgara. Skoðun mín á þessu máli er einfaldlega vegna þess að ég tel það rangt, gjörsamlega rangt gagnvart sóknarbörnunum í landinu, ekki síður gagnvart kirkjunni, að svipta fólk þessum lýðræðislegu réttindum sem það nú hefur. Það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að ég snýst gegn þessu máli. Og það er alveg ástæðulaust bæði hjá hv. 3. landsk. þm. svo og öðrum þeim þm., sem tala í svipuðum dúr og hann, að vera að halda því fram að við höldum hér uppi málþófi. Við áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til þess að koma á framfæri skoðunum okkar um þetta mál eins og önnur. Ég hef ekkert við það að athuga þó að fjórir eða fimm

stuðningsmenn þessarar þáltill. komi hér hver á fætur öðrum og túlki sömu sjónarmið. Það er sjálfsagt. En á sama hátt áskil ég mér auðvitað rétt til þess að koma á framfæri minu sjónarmiði án þess að það verði lagt út á þann veg að verið sé að reyna að koma í veg fyrir að þetta mál fái eðlilega meðferð í þinginu.

Og þá sagði hv. 3. landsk. þm. og var allharðorður, sem vart hefur mátt segja um hv. þm. til þessa, að ég og aðrir værum að gera flm. þessarar þáltill. upp skoðanir. Ég orðaði það svo fyrr við þessa umr., að ég teldi varðandi flutning á þessari till., með hliðsjón af því sem fram hefði komið hjá sömu aðilum við umr. um till. fyrr á þingi í fyrra, þá væri hér siglt undir fölsku flaggi. Ég orðaði það svo og ég itreka það enn. Miðað við allan málflutning forsvarsmanna þessarar þáltill. um að það beri skilyrðislaust að taka tillit til Kirkjuþings, þá er hér verið með tillöguflutning af þessu tagi, að sigla undir fölsku flaggi. Eða af hverju fluttu þessir hv. þm. ekki um það frv. hreinlega að breyta lögum um prestskosningar? (Gripið fram í.) Já, menn heyra greinilega hver tónninn er. Þetta er ekki uppgerð, hvorki hjá mér né öðrum sem hafa sömu skoðun á þessu máli og ég. Undirtónninn er þessi. Það er að visu misjafnt milli einstaklinga hversu hátt hann kemur upp á yfirborðið og hversu menn eru hreinskilnir, en þetta er grunntónninn. Og ég virði það við menn ef þeir segja það hreint út. Það gerir þessi hv. þm. sem greip fram í áðan. En aðrir halda þessari skoðun í undirdjúpunum, allt annað er haft uppi.

Þá kom hv. 3. landsk. þm. að því, að það væri síður en svo að tilgangur þeirra flm. væri að þrengja svigrúm almennings í landinu til þess að velja sér sálusorgara. Það væri þvert á móti, þeir vildu taka upp hugsanlega fleiri valkosti fyrir fólk til þess að velja sér sálusorgara eftir, og nefndi þar á meðal hugsanlega leið að hægt væri að kveðja til prest í prestakall. Þegar þessi mál voru hér til umr. á Alþ. á árinu 1974 eða eftir þær umr. var talsvert skrifað um þessi mál, þ. á m. af klerkum, og ég vil með leyfi hæstv. forseta vitna aðeins í örfá orð, í sambandi við þetta, þ. e. a. s. þá hugsanlegu leið, að mega kveðja til prest. Séra Jón Thorarensen ritaði grein í Morgunblaðið í febrúar 1974, þar sem hann fjallar fyrst og fremst um það frv. sem þá hafði verið lagt fram í þinginu um að afnema prestskosningar með öllu, ef ég man rétt. Hann segir varðandi þetta, sem hv. 3. landsk. þm. kom inn á, um að kveðja til prest:

„Það væri ekki amalegt, ef t. d. sú fáránlega hugmynd kæmist fram að söfnuðir fengju rétt til að kalla prest með vissum skilyrðum, en kjósa ekki, sbr. framlagt frv. um þetta, 6. gr. Þá væri það aðeins til þess að útiloka meiri hl. hvers safnaðar frá því að ráða nokkru um þetta mál, og því meira sem þetta yrði fært frá safnaðarfólkinu almennt til einstakra manna, því meir væri verið að færa kirkjuna frá fólkinu og gera hana fremur að stofnun bara fyrir prestana."

Þetta eru orð eins manns úr klerkastétt um þessa hugmynd, að gefa kost á því að kveðja til prest. Hans skoðun er sú, að með því væri verið að færa kirkjuna frá fólkinu. Ég hygg að hvaða meiningar sem menn hafa uppi um hvernig eigi að standa að með val á prestum, þá hygg ég að allir séu um það sammála að reyna að finna þá leið sem fremur færði kirkjuna nær fólkinu en fjær. Ég ætla a. m. k. engum annað en að sú sé meining hjá mönnum. En auðvitað geta verið á þessu eins og mörgu öðru misjafnar skoðanir.

Hv. 2. þm. Vesturl. greindi frá því, að mikil óánægja væri orðin ríkjandi innan kirkjunnar með prestskosningar, og taldi að eins og þær hefðu farið fram væri það í raun og veru skrípamynd af lýðræðinu. Vel má vera að það sé hægt að benda á einhver dæmi þessa, ég þekki það ekki af eigin raun. Líklega má finna eitthvað slíkt, og er slæmt ef svo er. En halda menn að það verði engin skrípamynd ef á að fara þá leið sem Kirkjuþing hefur lagt til, að færa þetta á hendur örfárra einstaklinga? Halda menn að það verði nokkuð betra en að gefa fólki almennt kost á því að segja til um valið. En það er auðvitað spurning sem varpa mætti fram þegar menn tala um óánægju innan kirkjunnar með prestskosningar: Hvað er það sem menn leggja þá til grundvallar þegar menn tala um óánægju innan kirkjunnar. Er þar einvörðungu verið að tala um skoðun t. d. presta, eða hvaða mynd draga menn upp af því þegar þeir eru að tala um álit sem er ríkjandi innan kirkjunnar?

Nú er vitað mál að um þetta eru mjög deildar meiningar innan prestastéttarinnar, hvort afnema beri prestskosningar eða ekki. Það er ekki eining um það innan þeirrar stéttar að fara þá leið sem Kirkjuþing hefur lagt til. Það er augljóst mál. Ég dreg mjög í efa að það sé í raun og veru hægt að segja ákveðið um hversu mikil óánægja er innan kirkjunnar um þetta mál, nema þá því aðeins að það yrði skoðað sérstaklega og athugað. Ég vitnaði í sjónvarpsviðtal við biskupinn fyrr við þessa umr., þar sem hann greindi frá því að leitað hefði verið álits safnaða í landinu, að því er mér skildist. Mér er ekki kunnugt um hver útkoma þessarar skoðanakönnunar, ef kalla má svo, hefur verið. En það væri vissulega fróðlegt að vita hver væri skoðun hins almenna safnaðarmanns í landinu á þessu, og það er auðvitað hægt að fá vitneskju um það. (Gripið fram í.) Hinn almenni safnaðarmaður er það fólk sem er í söfnuðinum, geri ég ráð fyrir. Ég á við það. Ég held að hv. þm. hljóti að vera mér sammála um það. (Gripið fram í.) Ja, ég veit ekki hvort menn þurfa að fá sérstaka skilgreiningu á því. Við vitum um skoðanir einstakra fulltrúa innan safnaða, þeirra sem hafa átt setu á Kirkjuþingi, og ef menn vilja fá skilgreininguna að við teldum þá til hinna æðri innan safnaðarins, þá er það útlátalaust af minni hálfu. En ég dreg mjög í efa að það sé almennt vitað um hug safnaðarfólksins um þetta mál, og það er það sem ég á við. (Gripið fram í.) Ég ætla að koma að því síðar.

Þá sagði hv. 2. þm. Vesturl. að þetta fyrirkomulag væri orðinn stór hemill á starf kirkjunnar. Ég verð enn að segja: Ég þekki ekki til slíkra dæma, en sjálfsagt eða a. m. k. líklega er þetta mjög misjafnt milli hinna einstöku safnaða. En mér vitanlega, þar sem ég þekki til, er mér ekki um það kunnugt að það, að safnaðarfólk hafi rétt til þess að kjósa sér prest, sé

hemill á allt starf kirkjunnar. (Gripið fram í.) Er það? Svona var þetta orðað.

En svo sagði hv. 2. þm. Vesturl. annað. Hann sagði að í raun og veru væri ekki hægt að tala um lýðræði þegar prestur væri kosinn ævilangt, og það er auðvitað rétt. En er nú ekki eðlilegra, í stað þess að leggja til að afnema algjörlega og alfarið prestskosningar, að taka upp það fyrirkomulag að kjósa skuli á ákveðnu árabili, þannig að menn verði ekki ævilangt? Eru þeir fulltrúar, sem t. d. standa að þessari till., þessum tillöguflutningi, reiðubúnir til þess? Og í öðru lagi: Eru t. d. prestar eða fulltrúar á Kirkjuþingi fúsir til að afsala þeim rétti presta sem þeir hafa nú til þess að kjósa biskup? Ætti það ekki að fara saman? Er það almennt vilji prestastéttarinnar að breyta jafnhliða breytingu af þessu tagi, sem hér er verið að tala um, í þá átt að prestar kjósi ekki lengur biskupinn? Ekkert slíkt hefur komið fram mér vitanlega. Þó getur verið að slíkt hafi sést eða heyrst án þess að ég hafi orðið þess var.

Hv. 2. þm. Vesturl. minntist hér örfáum orðum á þá till. sem hæstv. forsetar þingsins hafa borið fram um þjóðaratkv. Hv. 7. landsk. þm. fór um hana nokkrum orðum í dag eða þann skilning sinn á henni, að hún væri í raun og veru frávísunartillaga við þá þáltill. sem hér liggur fyrir, og ég heyrði ekki annað en hv. 2. þm. Vesturl. væri sammála því. Og það er engu líkara, a. m. k. í augum okkar sem erum þeirrar skoðunar að hér sé í raun og veru um frávísunartill. að ræða, — það er engu líkara en að hæstv. forsetum þyki nóg um tillöguflutning af þessu tagi og leggi til að vísa því frá — eða þá að einhverra hluta vegna eru menn ekki til þess reiðubúnir enn að taka afstöðu til málsins hér á hv. Alþ. Ýmsar ástæður geta auðvitað legið til þess og um það skal ég ekki fara að fjalla hér. En ég er einn í hópi þeirra sem líta á þessa till. um þjóðaratkv. sem beina frávísunartill. við þá þáltill. sem hér er nú til umr.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í þessar umr. Það er alveg ljóst og er raunar löngu vitað hver er afstaða mín til þess grundvallarsjónarmiðs sem að baki þessari till. liggur. Ég hef ekki á móti því, nema síður sé, að þetta þingmál eins og önnur fái þinglega meðferð, því ég treysti á að dómgreind þm. og lýðræðisást almenningi til handa sé það rík í hv. þm. enn a. m. k. að þeir hafni því að það sjónarmið verði ofan á að afnema prestskosningar og taka á þann hátt þennan rétt sem almenningur nú hefur.

Ég vitnaði áðan í grein sem séra Jón Thorarensen skrifaði á árinu 1974. Ég vil að síðustu — með leyfi forseta — aðeins lesa hér örfá orð í lokin úr grein sem annar prestur skrifaði einnig á árinu 1974, séra Árelíus Níelsson. Hann fjallar einnig um þetta mál í þessari grein, en segir, með leyfi forseta:

„Með afnámi prestskosningarréttar er verið að læðast aftan að því fólki sem lætur sig kristni í landinu nokkru varða. Með þessu er hugsanlega verið að leggja rétt kirkjunnar í hendur valdhöfum sem láta sig kristni landsmanna litlu skipta. Með þessum ráðum er verið að ónýta ráð og baráttu bestu manna í upphafi þessarar aldar. Með þessu fáti er verið að stíga spor aftur á bak í menningarlífi, frelsi og þegnréttindum þjóðarinnar. Og með því að afnema þennan rétt er verið að ganga á rétt einnar fámennustu, en þó að mörgu leyti virðulegustu stéttar þessarar litlu þjóðar."

Ég er sama sinnis og þessi prestur að því er þetta varðar. Sé það meining flm. þessarar þáltill., sem ég hef haldið fram að væri og tel að liggi að baki flutningi hennar, að prestskosningar verði afnumdar í því formi sem þær nú eru, þá tel ég að hér sé verið að stíga stórt ógæfuspor, afnema lýðréttindi og vinna kirkjunni í landinu ógagn.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þá þykir mér Bleik brugðið þegar hv. 5. þm. Vestf. kveinkar sér undan að honum skuli svarað fullum hálsi. (**KP**: Síður en svo.) Máske stafar það af því, að hann hefur hér í ræðustól tvívegis í þessari umr. iðkað um of athæfi sem ég hygg að engum sé hollt, að berja höfðinu við steininn. Hann vill ekki láta sér skiljast að það að taka tillit, taka lögskipað tillit til þess, að Kirkjuþing hefur óskað breytinga á fyrirkomulagi prestskosninga, geti falið í sér nokkurn skapaðan hlut annan en þann að samþ. alfarið þær till. sem kunna að hafa komið frá einhverju Kirkjuþingi. Það, sem ég og aðrir flm. þessarar till. hafa verið að reyna að koma hv. þm. í skilning um, er að þessu er ekki svo farið.

Tillitið til málatilbúnaðar Kirkjuþings og lögskipaðs réttar þess felst í því, að Alþ. taki á þessu máli þannig að það hljóti eðlilega skoðun, sem við teljum að heppilegast verði gert með þeirri nefndarskipun sem við leggjum til. Í þessu felst alls ekki að þar með sé verið að samþ. fyrir fram, hvorki það, sem komið hefur frá Kirkjuþingi hingað til, né það, sem kynni að koma frá þessari n., ef skipuð yrði, þótt ég ali með mér þá von, eins og ég lýsti í fyrri ræðu minni, að af slíkri athugun gætu sprottið tillögur, sem yrðu til þess að setja niður þessar deilur og þennan ágreining, og fyrirkomulag fyndist sem allir mættu vel við una. Ég lýsti því í örfáum orðum og þarf ekki að endurtaka það, en þar lýsti ég því m. a. að þeir söfnuðir, sem það kysu, gætu haldið núverandi kosningafyrirkomulagi, þ. e. a. s. almennum, beinum prestskosningum.

Því er það algjörlega gegn öllum eðlilegum rökum að halda því fram að það eina, sem um sé að ræða, sé annaðhvort núverandi fyrirkomulag óbreytt eða afnám prestskosninga, eins og hv. 5. þm. Vestf. gerir. Hann hlýtur að geta látið sér skiljast við rólega yfirvegun að kostir í þessu máli, eins og mörgum öðrum, eru ekki bara tveir. Það eru ákaflega fá mál sem eru þannig vaxin að það sé aðeins um tvo andstæða kosti að velja, og sem betur fer er þetta mál ekki eitt af þeim.

Ég hef aldrei sagt það sem mér virtist hv. þm. eigna mér, að ég hefði brugðið honum eða öðrum um að halda uppi málþófi í þessu máli — og ég mun ekki gera það heldur, herra forseti. Ég ætla ekki að lengja orð mín verulega umfram það sem orðið er. En ég ætla aðeins að víkja að því sem hv. þm. hafði eftir grein séra Jóns Thorarensens, þar sem hann fyrir sitt leyti hafnar hugmyndinni um kvaðningu prests. Þau um-

mæli, sem höfð voru eftir séra Jóni, eiga alls ekki við þær hugmyndir sem ég reifaði hér í örfáum orðum, því ég tók skýrt fram að þar væri átt við kvaðningarrétt safnaðarins alls, svo að þar er enginn réttur tekinn af nokkrum safnaðarmanni til áhrifa á prestsval. Þar gæti kvaðning komið hreinlega í stað þess kosningafyrirkomulags *sem nú gildir*. Þetta *sýnir einmitt* hve margra kosta er völ og hve eðlilegt það er, eðli málsins samkv., að þeir kostir séu skoðaðir í kyrrð og næði af þeim mönnum sem Alþ. kann að velja til þess hlutverks.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið úr því sem komið er, og sjálfsagt er ekki ástæða til þess að eyða öllu meira púðri á hv. þm. Karvel Pálmason út af þessu máli. En ég vildi aðeins árétta tvö eða þrjú atriði, sem komu fram í máli hans, og leiðrétta.

Það er eiginlega undarlegt með nefndan þm., að hann virðist ekki geta skilið að þeir menn, sem standa að flutningi þessarar till., vilja breytingar. Það hefur enginn af flm. farið dult með þetta. Þetta ætti hv. þm. að vera löngu ljóst og þarf ekki að eyða frekari orðum að því. Þarna er á ferðinni einhver meinloka sem hann virðist ekki geta losnað við.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að það er staðreynd að það er mikil óánægja innan kirkjunnar með það fyrirkomulag sem verið hefur um veitingu prestakalla, þ. e. a. s. almennar prestskosningar. Og það er jafnljóst mál að þetta hefur verið lagt fyrir söfnuðina í landinu á undanförnum árum, þetta hefur verið lagt fyrir safnaðarfundi og fyrir héraðsfundi í prófastsdæmunum. Auðvitað eru ekki allir á einu máli um þetta. Því hefur aldrei verið haldið fram. Skoðanir eru misjafnar. En það er mikill meiri hluti manna, sem um þetta hafa fjallað, fylgjandi því að breytt verði til og almennar prestskosningar afnumdar. Hvað svo á að koma í staðinn, það er einmitt hlutverk þeirrar n., sem þáltill. gerir ráð fyrir að verði skipuð, að gera tillögur um það. Það er einmitt hlutverk hennar að fjalla um það, hvað geti komið í staðinn fyrir þetta fyrirkomulag ef það verður ofan á að breyta til. Og það hafa komið fram ýmsir möguleikar hér í kvöld, sem ég þarf ekki að fara að rekja **nánar**.

En ég vil aðeins koma inn á það sem menn kalla kjörmannafyrirkomulag, þ. e. a. s. að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar kjósi prest ásamt viðkomandi prófasti, eins og gert er ráð fyrir í fyrri frv. sem um þetta hafa verið flutt hér á Alþ. Mér er eiginlega ráðgáta hvað það er sem menn óttast svo í sambandi við hugsanlegt fyrirkomulag í þá átt. Hvaða aðferð er notuð í sambandi við ráðningu kennara t. d.? Vita menn og þá einnig hv. þm. Karvel Pálmason hvaða aðferð þar er notuð? Hann er sjálfur kennari. Er þar ekki nokkurs konar kjörmannafyrirkomulag á ferðinni? Ég veit ekki betur en að skólanefndarmenn fjalli um umsóknir kennara og mæli svo með vissum umsóknum til ráðh. sem síðan veitir stöðuna. Jú, auðvitað verða stundum deilur út af slíkum veitingum, það er mér ljóst. Það er aldrei hægt að gera svo að öllum líki. En sem betur fer er það ekki mjög algengt. Það heyrir frekar til undantekninganna heldur en hitt, að menn þurfi að deila um slíkar veitingar, og ég hef ekki nokkra ástæðu til þess að ætla að slíkt þyrfti frekar að vera í sambandi við veitingu prestsembætta þó að starf prestsins sé annars eðlis heldur en starf kennarans, þá þarf það samt sem áður ekki að verða til þess að þetta fyrirkomulag notist ekki. Við þurfum líka að hafa t. d. ekki síður góðan lækni í okkar þjónustu. Hvernig er hans embætti veitt? Er það ekki ráðh. *sem skipar lækna*? Þannig gætum við haldið áfram að telja ótal starfsstéttir, og við endum alltaf á þessari sömu spurningu: Af hverju þarf þessi skipan að gilda um presta eina?

Og í framhaldi af þessu fer hv. þm. Karvel Pálmason að velta fyrir sér spurningunni um það, hvort ekki beri að íhuga það um leið að kjósa presta til ákveðins tíma, við skulum segja 5 eða 10 ára. Ég væri því ekki mótfallinn út af fyrir sig, að slíkt væri athugað, ef við höldum okkur við þá hugmynd **yfirleitt að kjósa presta.**

Ég ætla nú ekki að fara út í það sem hann drap á einnig um kosningu biskupa. Ég veit að það yrði efni í margar ræður fyrir hv. þm. Karvel Pálmason hér á Alþ. ef það ætti að fara að fjalla um kosningu biskupa, og ég ætla ekki að fara að innleiða þær umr. hér eða víkja að því. Við skulum halda okkur við þetta efni.

Það er hægt að vitna í gamlar tímaritsgreinar um þessi mál eins og önnur og við gætum gert það endalaust, bæði með og á móti. Ég held að við vinnum ekkert á því. Það eru skiptar skoðanir um þetta mál í prestastétt líka. Ég hef aldrei legið á því í mínum málflutningi um þetta mál. En hitt er augljóst, að stór hluti *prestastéttarinnar er mótfallinn núverandi kosningafyrirkomulagi*. Það get ég fullyrt, þó að það séu ýmsir klerkar sem vilja halda þessu og þá einkum þeir eldri.

Ég *vænti* þess, að við ræðum þessi mál, eða þeir, sem þá verða á hv. Alþ., ræði þessi mál þegar niðurstaða liggur fyrir af starfi þeirrar n. sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir að verði kosin. Fyrr er í raun og veru ekki tímabært að ræða þetta í einstökum atriðum, þó að ekki sé hægt að komast hjá því að svara ýmsum atriðum í þessu sambandi sem komið hafa hér fram. Ég vænti þess að hv. Alþ. afgreiði þetta mál og þm. sameinist um að koma því það fljótt áfram, þar sem liðið er á þingtímann, að það geti hlotið afgreiðslu þegar á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Launakjör hreppstjóra, þáltill. (þskj. 380). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að vera ekki við, en mér sýndist ekki líklegt að umr. um prestskjör lyki svo fljótt sem raun varð á.

Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 380 till. til þál. um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra. Í grg. með þessari till. vísa ég til 7. gr. laga um hreppstjóra frá 1965, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði í hlutfalli við íbúatölu umdæmisins miðað við 1. des. næsta ár á undan. Reiknast launin þannig, að í hreppi með 100 íbúa eða færri eru þau 7500 kr. á ári, í hreppi með 101—150 íbúa 8400 kr. o. s. frv., þannig að launin hækki um 900 kr. fyrir hverja 50 íbúa.“

Í 8. gr. sömu laga segir jafnframt:

„Nú verða almennar breytingar á launum starfsmanna ríkisins, og er fjármálaráðherra þá heimilt að breyta launum hreppstjóra að sama skapi.“

Ég hef aflað mér upplýsinga hjá fjmrn. um laun hreppstjóra árið 1976, og kom þá í ljós að fyrir 1—100 íbúa voru þau á því ári samtals 63 503 kr., fyrir 100—150 íbúa 71 156 kr. á ári og fyrir 150—200 íbúa 78 845 kr. o. s. frv., þannig að hækkunin nemur u. þ. b. 7750 kr. fyrir hverja 50 íbúa. Nú kann sumum að þykja þetta töluverð laun orðin, og sannarlega er þar um verulega hækkun að ræða frá því að lögin voru sett 1965. Hins vegar hef ég orðið var við það á nokkrum árum, þeim sem ég hef starfað nú sem þm. og hitt marga hreppstjóra að máli, að kjör hreppstjóra eða álag á hreppstjórum er ákaflega breytilegt eftir umdæmum. Í sumum hreppum kann þetta að vera sanngjarnt, þar sem umsvif eru lítil, í ýmsum sveitahreppum. En það er allt annað t. d. í sjávarþorpum þar sem umsvif geta stundum verið mjög mikil. Mér þykir því ljóst að ekki er rétt að ákveða laun hreppstjóra fyrir alla eins, eins og gert er með þessum lögum frá 1965 og síðan hefur verið með þeim hækkunum sem framkvæmdar hafa verið.

Það er t. d. ljóst að þau störf, sem hvíla á hreppstjóra í sjávarþorpi þar sem mikill fjöldi aðkomumanna er iðulega starfandi, þar sem oft getur verið að vissu leyti röstusamt, eru mikil, og hefur hreppstjóri á einum slíkum stað, sem er með um 250 íbúa, áætlað að störf hans væru u. þ. b. 4 tímar á dag og félli starfstíminn oft utan eðlilegs vinnutíma, t. d. um helgar. En hins vegar ef þau laun, sem þessum hreppstjóra voru greidd á síðasta ári, eru reiknuð á vikugrundvelli, þá munu þau vera um 1811 kr. á viku eða ekki fjögurra tíma kaup verkamanns. Miðað við þá vinnu sem þessi hreppstjóri, sem er mjög athugull, telur sig inna af hendi yrði tímakaupið um 90 kr. Auk þessa hafa hreppstjórar gegnt ýmsum öðrum skyldum, t. d. annast innheimtu fyrir sýslumenn. Fyrir nokkrum dögum tjáði mér hreppstjóri í borpi þar sem eru rúmlega 500 manns, að hann innheimti á síðasta ári 28 millj. kr. fyrir sýslumann og fékk enga aukabóknun fyrir það.

Mér sýnist því að þessu athuguðu að endurskoða beri kjör hreppstjóra, bæði taka tillit til slíkra skyldustarfa sem ég hef nú nefnt, t. d. innheimtu, og einnig ber að taka tillit til þess að aðstaða er mjög breytileg í hinum ýmsu sveitarfélögum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að mjög er mikilvægt að hæfir og traustir menn veljist til hreppstjórastarfa, og sannarlega hafa sem betur fer slíkir menn valist til þessara starfa. En ég hygg að það gerist þó erfiðara með hverju ári ef laun eru ekki bætt. Einnig er hægt að nefna það, að störf hreppstjóra eru töluvert önnur þar sem lögregluþjónn er ekki og meiri á slíkum stöðum heldur en þar sem lögregluþjónn er.

Ég hygg að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þessa tillögu. Í till. er lagt til að Alþ. feli ríkisstj. að láta endurskoða lög og reglur um launakjör hreppstjóra. Henni fylgir grg. sem lýsir nokkurn veginn því sem ég hef nú rakið. Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til að till. verði vísað til hv. allshn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil í fáum orðum lýsa stuðningi mínum við þessa till. til þál. frá hv. 2. þm. Vestf. En í rauninni er þessi till. þó tæplega nógu víðtæk. Hún lýtur að því að láta endurskoða lög og reglur um launakjör hreppstjóra, og sannarlega er full þörf á því. En í raun og veru þyrfti líka að athuga starf þeirra og stöðu, því að sannleikurinn er sá, að störf hreppsstjóra eru mjög misjöfn eftir því um hvaða sveitarfélag er að ræða. Ég veit að það er fyllsta þörf á því að láta endurskoða launin, því eins og kemur fram af grg. og við vitum margir hverjir, þá eru þau ekki mannsæmandi miðað við þau störf sem margir þeirra inna af hendi. En starfsaðstaða þeirra og verkefni eru mjög mismunandi. Þeir eru nú margir hverjir t. d. umboðsmenn skattstjóra. Þeir voru lengi vel nokkuð almennt umboðsmenn tryggingana, en fyrir nokkrum árum, eins og menn muna, þótti mér gerð heldur ómakleg hríð að þeim á því sviði. Þar voru ýmsir sem sýndu ákveðna tilburði í þá átt með því að bera fram frv. og till. um að svipta þá þessu starfi sem umboðsmenn tryggingana og aðstoðarmenn sýslumanna að því leyti. Ég held að þau störf hafi þeir rækt vel.

Sannleikurinn er sá, að það er vitanlega ekki hægt að rökstyðja það að laun hreppstjóra hækki mikið nema þeir gegni tilsvarandi störfum. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að fara fram á það við þá n., sem fær þessa þáltill. til skoðunar og meðferðar, að hún athugi þetta mál vandlega á víðari vettvangi en þessi till. gerir ráð fyrir því þess er full þörf. Hreppstjórastarfið er virðulegt starf og það er vandasamt starf. Það stendur föstum rótum í fornum jarðvegi þjóðfélags okkar. Hreppstjórar hafa löngum verið verðir laga og réttar og aðstoðarmenn sýslumanna. Þeir þurfa að fá þokkaleg laun fyrir sín störf, en það þarf einnig að marka og skýrgreina störf þeirra og starfssvið, svo að hvort tveggja svari kröfum tímans.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir góðar undirtektir. Ég veit að hann þekkir þessi mál manna best af löngum starfsferli sínum, og ég vil segja það, að ef það hefur ekki komið nógu greinilega fram hjá mér, þá átti ég einmitt við það í þeim orðum sem ég sagði m. a., að starfsemi hreppstjóra er mjög breytileg eftir sveitarfélögum og þarf að ákveða kjör þeirra með tilliti til þess. Og einnig er það rétt sem hv. þm. sagði, að að sjálfsögðu þarf þá að skilgreina betur en gert er starfssvið þeirra.

Ég vil svo spyrja hv. þm. að því, hvort hann

vilji ekki hugleiða að flytja brtt. við þessa till. mína í þá átt sem hann nefndi. Ég tek það fram, að ég mun taka öllum ábendingum vel í því sambandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 73. fundur.

Miðvikudaginn 30. mars, kl. 2 miðdegis.

Ellilífeyrisþegar, þáltill. (þskj. 96). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 327). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Veiting prestakalla, þáltill. (þskj. 352). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Launakjör hreppstjóra, þáltill. (þskj. 380). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þinghlé.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þessi fundur er síðasti fundur fyrir páskaleyfi og í tilefni þess óska ég hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðiríkrar páskahátíðar.

Efri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 30. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Innlend lyfjaframleiðsla, þáltill. (þskj. 442). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 374). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. (þskj. 427). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, felst heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ísland gerðist aðili að sjóðnum við stofnun hans 1945. Með l. nr. 82/1968 var ríkisstj. heimilað að staðfesta breytingar á og viðauka við stofnskrá sjóðsins. Með breytingum þessum var m.a. komið á fót kerfi sérstakra dráttarréttinda. Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að gjaldeyrissjóðnum og hefur því með höndum fyrir hönd ríkisins öll viðskipti við sjóðinn.

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á undanförnum áratugum og hið frjálsa kerfi til greiðslu viðskipta, sem honum er tengt, hefur tvímælalaust komið að miklu gagni og átt drjúgan þátt í þeim öru efnahagsframförum sem orðið hafa eftir síðari heimsstyrjöldina.

Ísland hefur nokkrum sinnum tekið lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Skuld Íslands við sjóðinn nemur nú 62.5 millj. sérstakra dráttarréttinda eða jafnvirði um 13 600 millj. kr. Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er nú 23 millj. sérstakra dráttarréttinda, en í öðru frv., sem legið hefur fyrir Alþ., er óskað heimildar til þess að hækka kvótann í 29 millj. sérstakra dráttarréttinda og hefur það frv. nú þegar verið afgreitt.

S.l. 4 ár hefur verið unnið mikið starf á sviði alþjóðagjaldeyrismála til að reyna að móta nýtt kerfi sem komið gæti í staðinn fyrir stofngengisfyrirkomulagið sem kallað hefur verið. Haustið 1972 var á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sett á fót ráðherranefnd sem falið var það verkefni að endurskoða alþjóðagjaldeyriskerfið. Starf n. var vel á veg komið þegar hinar miklu olíuverðhækkanir urðu í árslok 1973 sem gerbreyttu öllum viðhorfum í gjaldeyrismálum. Í júní 1974 skilaði n. lokaskýrslu og skiptist sú skýrsla í tvo meginkafla. Fjallaði annar um megindrætti í framtíðarskipan gjaldeyrismála, en hinn um bráðabirgðaaðgerðir í þessum efnum. Í fyrsta lagi var komið á fót bráðabirgðanefnd sem var ætlað að fylgjast með þróun alþjóðagjaldeyrismála, gefa ráð þar að lútandi og vinna áfram að endurskoðun á stofnskrá sjóðsins. Í öðru lagi voru settar reglur um framkvæmd sveigjanlegrar gengisskráningar. Í þriðja lagi var ákveðið að reikningseining sjóðsins yrði sérstök dráttarréttindi með ákveðinni samsetningu þjóðmynta í stað gulls. Í fjórða lagi var komið á sérstökum olíulánasjóði sem starfaði fram í maí 1976. Á þessu tímabili lánaði sjóðurinn samtals 6.9 milljarða sérstakra dráttarréttinda, en þar af tók

Ísland 39.2 millj. þessara sérstöku dráttarréttinda eða jafnvirði um 8600 millj. kr.

Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gekk endanlega frá tillögum um nýja stofnskrá í mars 1976. Tillögur þessar að annarri breytingu stofnskrárinnar eru hinar víðtækustu sem lagðar hafa verið fram frá því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var settur á stofn. Fela þær í sér að staðfestar skuli til frambúðar þær bráðabirgðabreytingar sem ég gat um áðan, en þar að auki koma aðrar mikilvægar breytingar.

Breytingunum er í aðalatriðum hægt að skipta í sex þætti:

Í fyrsta lagi er hverju aðildarlandi í sjálfsvald sett hvaða gengisfyrirkomulag það velur sér. Gert er ráð fyrir að síðar meir verði hægt að ná samkomulagi um nýtt almennt gengisfyrirkomulag, þar með talda hugsanlega endurreisn stofngengisfyrirkomulags í einhverri mynd sem aðildarlönd ættu þá kost á að taka þátt í.

Ákvæði um gengisfyrirkomulag taka mið af því, að grundvallartilgangur alþjóðagjaldeyriskerfisins er að koma á sem frjálsustum viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn milli landa. Aðildarríkin skulu eiga samvinnu við sjóðinn og önnur aðildarríki um að tryggja skipulegt og stöðugt gengisfyrirkomulag. Getur þetta ákvæði náð til stefnunnar í efnahags- og fjármálum bæði inn á við og út á við, en tillit skal taka til aðstæðna hvers ríkis fyrir sig. Með þessu ákvæði er ætlast til að sjóðurinn hafi víðtækt eftirlit með gengismálum aðildarlandanna og ráðgist við þau á reglubundnum grundvelli um skráningu gengis þeirra og réttmæti skráningarinnar á hverjum tíma. Er þetta sennilega eitt mikilvægasta ákvæðið í allri stofnskrárbreytingunni, enda er eftirliti sjóðsins ætlað að miklu leyti að koma í stað þess aðhalds sem stofngengisfyrirkomulagið átti að veita þegar heimild sjóðsins þurfti til stofngengisbreyt.

Með fylgi 85% atkvæðameirihl. getur sjóðurinn ákveðið, að aðstæður í alþjóðaviðskiptum leyfi að komið verði á nýju stofngengisfyrirkomulagi. Undir slíkum kringumstæðum er hverju aðildarlandi ætlað að koma á stofngengi, nema það hyggist beita öðru gengisfyrirkomulagi.

Önnur meginbreytingin er, að hlutverk gulls í alþjóðagjaldeyriskerfinu skal minnkað og gullforði sjóðsins seldur. Mikilvægustu breytingarnar samkvæmt þessum lið eru eftirfarandi: 1) Hætt verði að nota gull sem grunneiningu stofngengisfyrirkomulagsins og sem verðmæliseiningu sérstakra dráttarréttinda. 2) Hætt verði að skrá opinbert gengi á gulli. 3) Hætt verði að skylda aðildarríki til að greiða í gulli til sjóðsins eða frá sjóðnum til aðildarríkjanna. Sjóðnum verði ekki lengur leyft að taka við greiðslum í gulli nema að fengnu leyfi aðildarríkjanna með miklum meiri hl. atkv. 4) Sjóðurinn ljúki við að ráðstafa 40 millj. únsa af gulli, þ. e. þriðjungi gulleignar hans. 5) Sjóðnum verði heimilað að selja afganginn af gullforða sínum, annaðhvort á markaðsverði eða á því opinbera verði sem gilti fyrir aðra stofnskrárbreytinguna. 6) Hagnaður, sem til fellur vegna gullsölu, verði færður á sérstakan reikning til að nota í almennum viðskiptum sjóðsins svo og til aðstoðar við þróunarlöndin. 7) Sjóðnum verði gert að sjá svo um, að þegar hann verslar með gull skuli hann forðast að stjórna verðinu eða leitast við að koma á föstu gullverði á heimsmarkaðinum. 8) Aðildarríkjunum verði gert að skyldu að eiga samvinnu við sjóðinn um að haga stefnu sinni við uppbyggingu gjaldeyrisvarasjóða á þann hátt, að hún verði í samræmi við alþjóðleg stefnumið sem miði að skipulegri uppbyggingu alþjóðlegrar gjaldeyrisverslunar og að sérstöku dráttarréttindin verði höfuðgjaldmiðillinn í gjaldeyrisvarasjóðum aðildarríkjanna. Mikið af þeim völdum, sem sjóðnum er ætlað að fá samkvæmt þessu, er háð 85% meiri hl. atkv. aðildarríkjanna.

Þá er þriðja meginbreytingin að breytt verði formi og umfangi sérstakra dráttarréttinda, þannig að þau geti orðið að höfuðgjaldmiðli fyrir gjaldeyrisvarasjóði í heiminum. Aðalbreytingarnar, sem felast í þessum meginlið, eru þær, sem hér segir: 1) Að aðildarríkin geti átt viðskipti í sérstökum dráttarréttindum án þess að sérstakt samþykki sjóðsins komi til. Viðskipti í sérstökum dráttarréttindum eru ekki lengur byggð á því að aðildarlöndunum sé nauðsyn á að nota sérstök dráttarréttindi til greiðslu milli landa. 2) Sjóðnum verði heimilt að leyfa viðskipti milli þátttökuríkja, sem ekki er gert ráð fyrir í stofnskránni. 3) Sjóðnum verði heimilt að endurskoða ákvæði um lágmarkseign þátttökuaðila í sérstökum dráttarréttindum. Er honum leyfilegt að koma á, breyta eða fella niður reglur í þessu efni með minni meiri hl. atkv. en nú er leyfilegt, þ. e. a. s. ekki er þörf á í þessum tilfellum jafnmiklum auknum meiri hl. atkv. og annars er, þannig að í þessu tilfelli er miðað við 70% í stað 85% sem má kallast almenna reglan. 4) Notkunarmöguleikar sérstakra dráttarréttinda í viðskiptum þeim, er fara fram á almennum reikningi sjóðsins, verði auknir. 5) Sjóðurinn getur leyft öðrum en núv. þátttökuaðilum að eiga sérstök dráttarréttindi, en þó ekki öðrum en opinberum aðilum. Þá má sjóðurinn fjölga þeim tegundum viðskipta er nota má sérstök dráttarréttindi til.

Fjórða meginbreytingin, sem felst í þessari nýju skipulagsskrá eða stofnskrá, má segja að sé sú, að viðskipti sjóðsins séu einfölduð, sérstaklega þau sem fara fram á almennum reikningi hans, eins og kallað er.

Þá hefur og tækifærið verið notað til að gefa ýmsum viðskiptaháttum, er þar hafa viðgengist í nokkur ár, lagagrundvöll með því að taka þá inn í stofnskrána. Má nefna þá ætlun sjóðsins að sjá svo um, að almenn lán sjóðsins verði endurgreidd á 3—5 árum, nema annað sé ákveðið. Hin nákvæmu ákvæði um endurgreiðslu lána í núverandi stofnskrá eru felld niður. Og tekin eru upp ákvæði er gera sjóðnum kleift að nota alla gjaldmiðla aðildarríkja í viðskiptum sínum.

Fimmta meginbreytingin er svo sú, að gert er ráð fyrir því að hægt verði að koma á fót sérstakri nefnd eða ráði sem skal vera stofnað með 85% atkvæða meiri hl. N. þessi mundi að mestu leyti líkjast bráðabirgðanefnd þeirri sem ráð sjóðsins setti á laggirnar og áður er minnst á, en þó hafa ákvörðunarvald og ekki eingöngu ráðgjafarhlutverk.

Sjötta meginbreytingin er svo sú, að stofn-

skrárbreyting þessi gerir ráð fyrir ákveðnum skipulagsbreytingum á sjóðnum, þ.á m. er að finna ákvæði um kosningu manna í framkvæmdastjórn og nauðsynlegan atkvæðameirihl. við að koma á eða breyta ýmsum ákvæðum stofnskrárinnar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara nánar út í að rekja efni það sem felst í þessari stofnskrá. Stofnskráin er prentuð með þessu frv. sem fylgiskjal. En á því er sá agnúi, sem skylt er að biðjast afsökunar á, að hún er þar prentuð á ensku án þess að þýðing fylgi. Ástæðan er sú, að þetta er óskaplega langt skjal og hefði verið því samfara verulegur kostnaður að þýða hana á íslensku og láta hana fylgja með á íslensku einnig, svo sem að jafnaði hefur verið gert þegar um þess háttar löggildingar á stofnskrám er að ræða. Þó hygg ég að þessi aðferð sé engan veginn fordæmalaus. En ég vona að úr þessu sé bætt með því að í athugasemdum við frv. er rakið allítarlega hvert efni felst í þessari stofnskrárbreytingu og í þessari nýju stofnskrá sem hér er um að ræða. Auk þess er þess að geta, að það er mjög tæknilegt mál á þessu og hætt við, jafnvel þótt því hefði verið snarað á íslenska tungu í flýti, að það hefðu orðið dálitlir gallar á þeirri þýðingu.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess að frv. verði að umr. þessari lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur gert hér grein fyrir þessu frv. sem veitir ríkisstj. heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Eins og hv. þm. hafa orðið varir við er hér um að ræða þykka bók sem lögð hefur verið á borðið hjá okkur, hún er 101 bls., en af þessari 101 síðu eru 5 á íslensku, en 96 á ensku, þar af er allur samningurinn, sem okkur þm. er ætlað að fjalla um, á ensku. Ég tel að það sé alveg af og frá að nokkur þingnefnd fáist til þess að fjalla um samning, sem óskað er eftir að Alþ. leggi blessun sína yfir, án þess að hann hafi verið lagður fram í íslenskri þýðingu. Ég heyrði afsökunarbeiðni hæstv. ráðh. og veit að honum er ekki vel við að eyða miklu fé úr ríkissjóði og vill því reyna að spara. En í þessum efnum er ég hræddur um að sparnaðurinn verði lítill að endingu, vegna þess að það segir sig nokkuð sjálft að þennan samning verður hvort eð er að þýða á íslensku, hvað sem tautar og raular, og er reyndar gert ráð fyrir því í grg. að svo verði gert, því að þar stendur: „Þýðing á stofnskránni að meðtöldum ofantöldum breytingum mun verða birt í C-deild Stjórnartíðinda, þegar breytingarnar hafa verið staðfestar fyrir Íslands hönd.“ Hefðu þá ekki verið hyggilegri vinnubrögð að byrja á því að þýða samninginn, þannig að Alþ. hefði getað fjallað um hann í íslenskri þýðingu.

Það er síður en svo að hér sé um að ræða eitthvert ómerkilegt mál sem ekki sé ástæða fyrir alþm. að kynna sér. Þessi stofnun hefur ekki sloppið við gagnrýni, eins og mörgum er kunnugt, og mér þykir því einsýnt að alþm. telji sér skylt að kynna sér hvaða breytingar er verið að gera nú á þessari stofnun sem svo mjög hefur verið á milli tannanna á mönnum af ýmsum ástæðum. Ég tel því að það liggi e.t.v. ekki mikið á að afgreiða þetta mál og það séu ekki ýkjamiklar líkur til þess að það sé hægt að afgreiða það fyrir þinghlé úr því að það er seint fram komið og þýðing ekki fyrir hendi, enda fæ ég satt að segja ekki séð að samþykki okkar íslendinga á þessum samningi breyti ýkjamiklu til eða frá. Okkar lóð á vogarskálina, sem mælir það hvort samningurinn hefur hlotið staðfestingu eða ekki, er svo agnarsmátt, eins og sjá má á bls. 81 þar sem raktir eru kvótar hinna einstöku þjóða, að það mun áreiðanlega engu skipta í þessu sambandi.

Þessi stofnun er sem sagt ekkert sérstaklega lýðræðisleg, enda þótt hún sé kennd við Hinar sameinuðu þjóðir, og hún er mjög afbrigðileg sem slík og langt frá því að geta talist stofnun sem þjóðir Sameinuðu þjóðanna eru ásáttar við. Þetta kemur kannske berlegast fram í kvótaskiptingunni á bls. 81, þar sem fram kemur aðeins lítill hluti ríkja Sameinuðu þjóðanna eða a.m.k. langt frá því að vera allur fjöldinn af þátttökuríkjum Sameinuðu þjóðanna sem þar er aðili að.

Ég vil nú leyfa mér í þessu sambandi að spyrja hæstv. ráðh. að því, áður en lengra er haldið, hvort sú kvótaskipting, sem þar er upp gefin, sé rétt eða ekki, hvort tölurnar, sem þar eru nefndar, séu raunveruleg mynd af veruleikanum eins og hann er eða hvort þarna er um að ræða einhverjar tölur sem tilheyra fortíðinni og skipta engu máli í þessu sambandi. Mér er það satt að segja alls ekki ljóst. Ég hélt að Bandaríki Norður-Ameríku hefðu í kringum 25% af samanlögðum kvóta allra aðildarríkja, en samkv. upptalningunni á bls. 81 eru þau með hvorki meira né minna en 32% af samanlögðum kvóta, sem kynni að hafa verið upphafleg kvótaskipting. Er mér þess vegna ekki alveg ljóst hvers vegna þessari kvótaskiptingu er haldið við endurnýjun og breytingar sem nú er verið að gera á samningnum. Þetta vildi ég sem sagt fá hér upplýst, hvort hér er um raunverulega kvótaskiptingu að ræða eða upplýsingar um liðna tíð. Ef þetta er hin raunverulega kvótaskipting, þá fer auðvitað ekkert á milli mála að hún er mjög ósanngjörn og óeðlileg í hæsta máta. Kvótafjöldinn mun vera samanlagt tæplega 9000 millj. dollara, en eins og við sjáum á bls. 81 ráða Bandaríki Norður-Ameríku yfir 2750 millj. dollara eða tæpum þriðjungi. Aftur á móti ræður Ísland ekki yfir nema 1 millj. dollara. Ef við berum saman hlutföllin milli Íslands og Bandaríkjanna, þá sjáum við að þar er engin sanngirni þótt miðað væri við fólksfjölda, því að bandaríkjamenn eru þó þrátt fyrir allt ekki nema þúsund sinnum fleiri en við íslendingar, en hérna er gert ráð fyrir því að þeir hafi 2750 sinnum meiri rétt í þessum sjóði, og þannig mætti reyndar lengi telja. Þessi kvótaskipting er afar einkennileg, að ekki sé meira sagt, og væri mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um það, hvort hún er raunverulega svona eða ekki.

Eins og fram kemur í þessum samningi hefur það löngum verið svo, að 85% samanlagðs kvóta hefur þurft til þess að breyta stofnskránni eða til að taka þýðingarmestu ákvarðanir. Af þessu

má ljóst vera að bandaríkjamenn hafa algert neitunarvald vegna þessa ákvæðis um kvótaskiptinguna. Þeir hafa algert neitunarvald gagnvart öllum ákvörðunum sem lúta þessu ákvæði. Ég hef satt að segja grun um að kvóti bandaríkjamanna sé ekki eins hár og hér er greint frá, að hann sé einhvers staðar nærri því að vera 25%. En það breytir ekki því, að þeir hafa algert neitunarvald, líka eftir að breytingar hafa verið gerðar.

Nú er það að vísu svo, að ein breyting virðist hafa verið gerð, eins og kemur fram í formála, að sjóðnum væri heimilt að endurskoða ákvæði um lágmarkseign þátttökuaðila í sérstökum dráttarréttindum. Er honum leyfilegt að koma á, breyta eða fella niður reglur í þessu efni með minni meiri hl. atkv. en nú er leyfilegt, 70% í staðinn fyrir 85%. Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að ákvæði um aukinn meiri hl. sé breytt og hinn aukni meiri hl. lækkaður í þessu sérstaka tilviki. Einmitt í þessu sambandi skiptir ákaflega miklu máli hver hinn raunverulegi kvóti bandaríkjamanna er, hvort hann er meiri eða minni en 30%, því að það sker úr um það hvort bandaríkjamenn hafa úrslitavald í þessari stofnun, hafa algert neitunarvald einir þjóða eða ekki.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða hér um þennan samning að öðru leyti. Ég vildi bara fá strax upplýsingar um þetta mikilvæga atriði, en áskil mér rétt til þess að ræða þetta við síðari umr. málsins.

Því er sem sagt ekki að leyna, að þessi stofnun hefur sætt harðri gagnrýni úr ýmsum áttum, vegna þess að við hefur þótt brenna að fyrirgreiðsla af hálfu þessarar stofnunar væri pólitískum skilyrðum háð og að þessari stofnun væri beitt í þágu þeirra skoðana sem bandaríkjamenn og stjórn þeirra aðhyllast hverju sinni. Menn hafa vafalaust gert sér vonir um að nú, 32 árum eftir að Sameinuðu þjóðirnar voru settar á stofn, 32 árum eftir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók til starfa, yrði hinum ólýðræðislegu ákvæðum í stofnskrá þessarar stofnunar breytt til hins betra. En það virðist ekki mikið bóla á breytingum í þá átt, nema svo óverulegum að þær skipta sáralitlu máli.

Upplýst var í ræðu hæstv. ráðh. að skuld Íslands við sjóðinn næmi nú samtals 62 millj. sérstakra dráttarréttinda, sem væru jafnvirði 13 600 millj. kr., af því væru svonefnd jöfnunarlán 11.5 millj. sérstakra dráttarréttinda, olíulán 39.2 millj. sérstakra dráttarréttinda og almenn yfirdráttarlán 11.5 millj. sérstakra dráttarréttinda. Það kemur reyndar allt fram hér í grg. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvaða áform eru uppi af hálfu ríkisstj. um greiðslu þessara lána.

Þótt ég hafi nú ekki á takteinum í hvaða ákvæði það er, þá veit ég þó að í samningnum er gert ráð fyrir því að almennar skuldir við sjóðinn séu greiddar upp á 3—5 árum, sem er tiltölulega skammur tími þegar svo stórar upphæðir eiga í hlut. Gott væri því að fá upplýsingar um það, hver væru áform ríkisstj. um greiðslu þessara miklu lána sem mörg hver eru eyðslulán, hrein eyðslulán, vegna þess að ríkisstj. og hæstv. viðskrh. hafa verið ófáanleg til að setja einhverjar hömlur á óþarfan innflutning. Vegna þess að núv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. hafa verið ófáanleg til þess að taka upp einhverja stjórn á gjaldeyrismálum þegar verst hefur staðið á í þeim efnum, þá höfum við Íslendingar safnað óhóflegum gjaldeyrisskuldum á seinustu árum sem eiga vafalaust eftir að koma okkur í mikinn vanda. Það er því alls ekki að ófyrirsynju að spurt er hvernig háttað verði endurgreiðslu þessara miklu lána, þegar fyrir liggur einmitt í því máli, sem við erum hér að ræða, að lánin verður að greiða upp á 3—5 árum.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get fallist á þá aths. sem hv. þm. Ragnar Arnalds setti hér fram varðandi það, að ekki fylgdi með þýðing á íslensku á stofnskránni, enda gat ég þess í minni frumræðu, en vil jafnframt segja, að ég hygg að þetta sé engan veginn fordæmalaus aðferð, en ég er ekki að mæla með henni. Eins og hv. þm. vék að, þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að þessi stofnskrá eða skipulagsskrá eða hvað á að kalla hana verði þýdd á íslensku og hún verði þannig birt í Stjórnartíðindum á sínum tíma. En það er alveg áreiðanlegt að þýðing á þessari stofnskrá er ekki hrist fram úr erminni á stuttum tíma þannig að ef ætti að gera kröfu um þýðingu áður en Alþ. afgreiðir málið, þá yrði það ekki afgreitt á þessu þingi. Veröldin mundi nú sennilega halda áfram að ganga sinn gang þó að það yrði ekki afgreitt á þessu þingi, og ég legg það alveg á vald þn., sem fær frv. til meðferðar, hvort henni sýnist fært að afgreiða það eða hvort hún fellst ekki á það. Þá mundi að sjálfsögðu afgreiðsla málsins bíða næsta þings. Mér dettur ekki í hug að vera að ýta neitt sérstaklega á það. En það hefur verið talið æskilegt að Ísland gæti fullgilt samninginn eða stofnskrána hið fyrsta.

Hv. þm. beindi þeirri spurningu til mín, hvort þessi viðbætir eða listi yfir kvótana, sem birtur er á bls. 81, væri raunverulegur eða ekki. Ég vil játa það í hreinskilni að ég vil heldur fá að láta athuga þetta og koma upplýsingum um það til n. sem fær málið til meðferðar, en maður gæti haldið að það væri ekki birt annað með þessari stofnskrá en það sem raunverulegt væri. Það eru svo, eins og hann sagði, sérstakar reglur um atkvgr. í þessari stofnskrá, og þær er að finna þarna í stofnskránni. Þar er mismunandi gildi gefið atkv. ríkjanna eftir því, hversu framlögin eða kvótarnir eru háir. Þessar reglur um atkvgr. liggja fyrir í þessari stofnskrá. Það má sjálfsagt deila um það í sjálfu sér, hvort það séu lýðræðislegri hættir eða ekki. Við vitum að í Sameinuðu þjóðunum sjálfum hefur hver þjóð, stór eða smá, sitt atkv. og sitt eina atkv. En aftur á móti í hinum svokölluðu sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna, a. m. k. í þeim ýmsum, er þetta með öðrum hætti. Þannig er það í þessum fjármálalegu stofnunum bandalagsins eða sérstofnunum bandalagsins, sem raunar sumar hverjar og þ. á m. þessi voru stofnaðar á undan sjálfum Sameinuðu þjóðunum. En það þykir auðvitað góð og gild regla í ýmsum tilfellum að atkvgr. sé að einhverju leyti bundin við fjáreign, og mörg félög eru þannig byggð, eins og öllum er kunn-

ugt, og þ. á m. hlutafélög í okkar rétti og rétti flestra þjóða, þannig að ég held að um þetta atriði megi út af fyrir sig deila, hvort það er lýðræðislegt eða ekki að haga atkvgr. á þennan hátt.

Hv. þm. gat þess að starfsemi þessa sjóðs hefði verið gagnrýnd allmikið. Sjálfsagt er það rétt, að það hafi komið fram gagnrýni á þennan sjóð og stjórn hans og þá af mismunandi tilefnum. Hitt held ég að enginn dragi í efa, að þessi sjóður hefur gert mikið gagn, og ég held að sú breyting, sem nú er lögð til á þessari stofnskrá, sé gerð með samkomulagi þeirra ríkja sem þarna eiga aðild að, eða a. m. k. í grundvallaratriðum er hún þannig til orðin. Annars hélt ég að sú gagnrýni, sem fram hefur komið, hefði öllu frekar beinst að hinni stofnuninni, þeirri stofnun sem má kalla systurstofnun þessarar stofnunar, þ. e. a. s. Alþjóðabankanum. En sjálfsagt hafa þær báðar endrum og eins verið gagnrýndar. Ég hef átt þess kost að sitja á fundum þarna, fáum að vísu, en þó nokkrum, og hefur þar komið fram nokkur gagnrýni, eins og eðlilegt er. En ég held þó að það hafi frekar sett svip sinn á þær samkomur, að menn hafi talið að þessar stofnanir hafi gert mikið gagn og þeir vildu ekki vera án þeirra. Ég hygg að þetta eigi við um velflest þátttökuríkin, hvort sem eru stór eða smá.

Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvernig Ísland hygðist greiða skuldir sínar eða lán við sjóðinn. Ég get nú eiginlega ekki á stundinni svarað því öðruvísi en svo, að Ísland mun að sjálfsögðu greiða það á þann hátt sem samið hefur verið um. Ég hef ekki í höndunum lista yfir þessi lán og ekki yfir einstaka gjalddaga þeirra. En það verður auðvitað staðið við þær skuldbindingar. Um sum þessara lána gilda sérreglur, þ. e. a. s. um lán þessa olíusjóðs sem settur var á fót vegna þeirra miklu verðbreytinga sem urðu á olíunni og var ekki ætlað að starfa nema um takmarkaðan tíma og ef ég man rétt mun hafa hætt lánveitingum á síðasta ári. Þó má vera að þetta sé ekki nákvæmlega rétt hjá mér, en ég held að því hafi þannig verið varið.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni er það Seðlabankinn sem hefur mjög annast öll þessi samskipti við þessar stofnanir fyrir Íslands hönd. Sérstaklega er það einn starfsmaður þar sem hefur haft með höndum þau málefni sem varða þessar stofnanir, og það er sjálfsagt að n. sú, sem fær þetta mál til meðferðar, fái hann á sinn fund og fái þær upplýsingar hjá honum sem n. óskar eftir. En ég endurtek — og það er aðalatriðið — að mér dettur ekki í hug að vera með neina sérstaka ýtni hér með þetta mál. Ég viðurkenni, að það má gagnrýna annmarka á framlengingu þess, og legg það á vald n., hvort hún treystir sér til að afgreiða það eða telur réttara að fresta málinu öllu til næsta þings, sem mundi þá verða til þess að það yrði dráttur á því að Ísland gæti fullgilt þessa nýju skipulagsskrá.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mér þykir gott að heyra að hæstv. ráðh. ætlar ekki að ýta svo fast á eftir afgreiðslu þessa máls að það geti ekki fengið eðlilega skoðun, og ég minni á að það mun víst engu breyta hvort þetta mál verður afgreitt á þessu vori eða næsta hausti. Þá þarf að liggja fyrir þýðing samningsins á íslensku. Enginn skilji orð mín svo að ég sé að áfellast hæstv. ráðh. fyrir það að þýðinguna skuli vanta, því að málið er auðvitað ekki þess eðlis að hann hafi beinlínis haft með það að gera. En ég tel að þar sé ljóður á ráði þeirra embættismanna, sem hafa undirbúið þetta mál, að hafa ekki séð til þess að Alþ. gæti fjallað um það með íslenska þýðingu í höndunum því að þeir hafa haft nógan tíma. Það er ekki því um að kenna. Þessi samningur mun hafa verið afgreiddur í ráðinu fyrir einu ári, eða í aprílmánuði 1976, og því hefði nægur tími átt að geta gefist til þess að þýða samninginn á íslensku, eins og þarf hvort eð er að gera, þannig að hann gæti legið fyrir þegar málið væri tekið hér til afgreiðslu. En mér finnst að vinnubrögð af þessu tagi sýni, eins og oft vill vera, virðingarleysi embættismanna gagnvart Alþ. sem þeir líta á eins og hverja aðra afgreiðslustofnun sem ekki þurfi að upplýsa um efnisatriði málsins, heldur nægi að fleygja málinu til þingsins og láta það síðan afgreiða það með skjótum hætti.

Ég undraðist það að hæstv. ráðh. skyldi gera tilraun til að verja það ólýðræðislega skipulag sem er á þessari alþjóðlegu stofnun, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. (**Dómsmrh.:** Þetta eru nú kannske öllu frekar staðreyndir.) Jú, en ég hjó eftir því að ráðh. nefndi það sem dæmi, að þegar um væri að ræða stofnanir hér innanlands, eins og hlutafélög, þá gilti það gjarnan að atkvæðisréttur færi eftir fjáreign. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að slíkt gerist þegar byggð eru upp fyrirtæki. En þess háttar fyrirkomulag á auðvitað miklu síður nokkurn rétt á sér í eðlilegum samskiptum ríkja og síst af öllu þegar búið er að koma því svo fyrir að það er ekki hægt að breyta þeirri aðstöðu sem eitt ríkið hefur komið sér í fyrir 32 árum vegna þess að þetta ríki hefur neitunarvald gagnvart breytingunum vegna þeirra ákvæða sem eru í stofnskránni. Og það er að sjá að Bandaríkin hafi enn neytt aðstöðu sinnar að þessu sinni til þess að koma í veg fyrir að aðstöðu þeirra væri hnekkt.

Í sambandi við hlutafélög er kannske rétt að minna á í þessu sambandi, að það þykir ekki við eiga að nokkur einn fjármagnsaðili ráði yfir meira en 20% atkv. á aðalfundi hlutafélags. Það þykir við hæfi að setja því nokkrar skorður hve mikil völd einn aðili geti haft, og væri betur ef sú regla væri viðhöfð í sambandi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. En eins og við höfum áður rakið er svo ekki. Það vantar á að áhrifavaldi Bandaríkjanna séu nokkrar skorður settar, og það er einmitt þetta atriði sem er sjálfsagt að skoða miklu rækilegar. Ég er út af fyrir sig ekki að segja að við íslendingar munum megna í framhaldi af skoðun Alþ. á þessu máli að breyta þar miklu. En menn verða hins vegar að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvernig aðstæður eru og þá í minnsta lagi að leggja lóð sitt á þá vogarskál að þessu verði breytt með sameinuðu átaki. Menn verða sem sagt að hafa stefnu í

þessu máli, skoðun á því, jafnvel þótt ekki séu miklar líkur á að við einir fáum þar miklu um breytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Tékkar, frv. (þskj. 292). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og er um eina breytingu á tékkalögunum, hefur verið til meðferðar hjá hv. Nd. og hefur verið samþ. þar samhljóða. Þetta frv. er samið af n. sem starfað hefur frá því á s. l. vetri að því verkefni að gera till. um breytta og bætta skipan tékkaviðskipta. Þessi n. hefur nú fyrir nokkru lokið störfum. Hún var skipuð fulltrúum dómsmrn., viðskrn., Seðlabanka, viðskiptabankanna og Sambands ísl. sparisjóða. Í áliti þeirrar n. eða till. voru reglur um breytta meðferð og notkun tékka, og þær reglur hafa í raun verið komnar til framkvæmda og byggðar á því, að það hefur orðið samkomulag á milli bankanna um breytingu þeirra, þannig að það hefur ekki kallað á lagabreytingu að taka upp þá breyttu skipan sem þar er um að ræða og ég held og ég vona að geti horft til mikilla bóta varðandi tékkanotkun og komið í veg fyrir þá misnotkun tékka sem því miður hefur átt sér stað. Þetta frv. er að segja má einn þáttur í þessari endurskoðun.

En ástæðan til þess að tékkamálin hafa verið þannig tekin til skoðunar er auðvitað sú mikla notkun, sú ofnotkun tékka vil ég segja, sem átt hefur sér stað og þróast hefur hér um nokkur undanfarin ár. Og það er áreiðanlega ekki ofmælt að það hafi að því leyti til verið komið hér í verulegt óefni. En eins og ég sagði, þá standa vonir til að með þessum tékkareglum, sem lánastofnanirnar hafa komið sér saman um að taka upp, verði ráðin nokkur bót á þeirri misnotkun á þessu sviði, sem átt hefur sér stað. Þetta frv. hnígur í sömu átt. En það er þó aðeins um eitt afmarkað atriði, þ. e. a. s. um refsingar fyrir misnotkun í sambandi við tékka. Gildandi tékkalög, sem eru nr. 94 frá 1933, hafa aldrei haft að geyma nein sérstök refsiákvæði. Þess vegna hefur verið refsað fyrir tékkamisferli eftir 248. gr. almennra hegningarlaga þegar auðgunartilgangur hefur verið sannaður, en annars eftir 261. gr. almennra hegningarlaga þegar um vítavert misferli hefur verið talið að ræða, en án þess að þar hafi verið sannaður auðgunartilgangur. En eins og mál þessi eru nú vaxin þykir rétt að taka í tékkalögin sérstök refsiákvæði, og það ætti ásamt öðrum þeim reglum, sem upp hafa verið teknar, að geta spornað við misnotkun tékka og auðveldað dómstólum að koma lögum yfir þá sem brotlegir gerast með því að gefa út innistæðulausa tékka eða á annan þann hátt sem í þessu frv. segir.

Samkv. frv. er það svo, að það á að refsa með sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkv. almennum hegningarlögum: a) þeim sem gefur út tékka án þess að innstæða sé fullnægjandi á reikningi hans hjá greiðslubankanum og b) þeim sem án sérstakrar ástæðu afturkallar tékka eða ráðstafar innstæðu og hindrar á þann hátt að tékki, sem hann hefur þegar gefið út, greiðist við sýningu innan sýningarfrestsins, sbr. 29. gr. Það er vitnað þarna í greinar í tékkalögunum. Síðan er sagt að krafa um opinbera ákæru skuli borin fram af handhafa tékka sem ekki hefur fengið hann greiddan vegna ófullnægjandi innstæðu eða vegna þess að tékkinn hefur verið afturkallaður, eða af ábyrgðarmanni sem af greindum ástæðum hefur leyst til sín tékka eða á yfir höfði sér að leysa til sín tékka, eða af greiðslubanka sem hefur innleyst tékka án fullnægjandi innstæðu. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að það komi fram krafa frá þeim aðilum, sem þarna eru taldir, um opinbera ákæru.

Það má segja að sú refsing, sem þarna er tiltekin, sé ekki ýkjahá. En þá er þess að gæta, að það er gert ráð fyrir því í samræmi við raunveruleikann að þyngri refsing geti legið við samkv. almennum hegningarlögum, og öll þau alvarlegri auðgunarbrot, sem kunna að eiga sér stað í sambandi við tékka, koma til með að falla undir ákvæði almennra hegningarlaga þrátt fyrir þessi ákvæði sem gert er ráð fyrir að sett séu í tékkalögin.

Eins og ég sagði hefur hv. Nd. fallist á þetta frv. og samþykkt það. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að einskis sé látið ófreistað til þess að sporna við því allt of almenna misferli, sem átt hefur sér stað í sambandi við notkun tékka, og reynt sé með öllum ráðum að kenna mönnum rétta notkun þeirra, því að auðvitað eru tékkar mjög nauðsynlegir í viðskiptum manna og viðskiptalífinu almennt. Þess vegna er það að sjálfsögðu út af fyrir sig spor aftur á bak ef ekki er hægt að nota þá með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, vegna þess að þeir séu svo herfilega misnotaðir. Þess vegna er æskilegt að reyna að setja þær reglur um þetta sem styðja að því að rétt sé farið með þessar ávísanir sem tékkarnir eru.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en óska eftir því að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. Þó að tékkalög eigi auðvitað eðli málsins samkv. að vera til meðferðar hjá fjh.- og viðskn., þá er það nú svo, af því að hér er eingöngu um refsiákvæði að ræða, að rétt er að frv. fari til allshn., og svo var í Nd. Þess vegna geri ég það að till. minni að frv. verði vísað til hv. allshn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan beina spurningu til hæstv. ráðh. vegna þess að mér er ekki alveg ljóst hvað hér er á ferðinni. Spurningin er í framhaldi af því sem stendur í 1. gr., hún hefst á þessum orðum: „Refsa skal með sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi nema þyngri refsing liggi við samkv. almennum hegningarlögum.“ Ég hef staðið í þeirri meiningu að bankarnir hafi hingað til tekið sér ákveðið dómsvald, sem vafasamt er að þeir geti gert. Svo kemur spurningin: Er það ætlunin með þessu frv. að lögfesta dómsvald til handa bönkunum? Í 1. gr. stendur: „Krafa um opinbera ákæru skal borin fram af handhafa tékka.“ En er, áður en til ákæru kemur, verið

að gefa bönkunum vald til að refsa á einhvern hátt, annaðhvort með sektarvöxtum eða sektum eða farið fram á þriggja mánaða fangelsi, en ef álitið er að brotið sé það stórt að það þurfi að þyngja refsinguna frá því, þá skuli farið eftir almennum hegningarlögum? Ég verð að segja að ég hefði fagnað því að fá þetta frv. til fjh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. Þar hefði ég getað komið fram þeim óskum þeirra aðila sem hvað mest nota tékkaviðskipti við bankana, þ. e. verslunaraðila eða allrar atvinnustarfsemi í landinu, sem notar ávísanir miklu meira en almenningur gerir þó að tékkanotkun sé mjög almenn hér á landi. Því hefði ég heldur viljað fá þetta frv. í fjh.- og viðskn. En ég fer þess hér á leit við hæstv. forseta, að hann komi því áleiðis til allshn., ef málinu verður vísað þangað, að umsagnar verði leitað til aðila vinnumarkaðarins.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel það á misskilningi byggt hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni að tala um dómsvald hjá bönkunum í þessum efnum. Það er ekki og hefur ekki verið. Hins vegar var það svo, að Seðlabankinn tók að sér að innheimta eða reyna að innheimta þá tékka sem innstæða reyndist ekki vera fyrir. Það má orða það þannig, að hann hafi tekið að sér fyrir viðskiptabankana að reyna að innheimta þá tékka sem var framvísað án þess að innstæða væri fyrir hendi.

Það eru í tékkalögunum ákveðnar reglur um hvað á að greiða þegar tékki lendir í vanskilum, alveg eins og þar er ákvæði um hvað á að greiða eða hvað bætist við víxilfjárhæð þegar víxill lendir í vanskilum. En það má vera að Seðlabankinn hafi innheimt frekari þóknun eða vexti. En þá áttu þeir, sem þar höfðu gerst brotlegir eða hafði orðið á í þessu sambandi, um það að velja að gera upp við Seðlabankann eða að það var sent til dómstólanna. Það er sannast að segja að það voru orðin stórkostleg vandræði að því hvílíkur fjöldi tékka var sendur til dómstólanna, náði ekki nokkurri átt og nær ekki nokkurri átt að vera að láta dómstóla sitja yfir því að reyna að boða menn, ná í menn og eltast við menn út af einhverjum innstæðulausum tékkum sem þeir borga aldrei og verður aldrei neinum lögum þannig yfir komið. Þetta er misnotkun að minum dómi á starfskröftum dómstólanna. Þess vegna er það einn liðurinn í þessum breyttu reglum, sem teknar hafa verið upp nú með samkomulagi bankanna, að Seðlabankinn hverfur út úr þessu kerfi sem innheimtustofnun. Það reynir hver viðskiptabanki að innheimta þá tékka sem hann getur, og eru settar ýtarlegri reglur um það og gert ráð fyrir því, að það kveði miklu minna að því en áður að það þurfi að senda þessi plögg, ef ég má svo að orði komast, til dómstóla. En þó verður auðvitað aldrei hjá því komist, og þá auðvitað allra helst ef um beina glæpsamlega notkun þeirra er að tefla, þessi skjöl hafi verið notuð í auðgunartilgangi, þá hlýtur það auðvitað alltaf að koma til dómstólanna.

Það var athugað í þeirri samstarfsnefnd, sem um þetta fjallaði og þessar reglur samdi, hvort það væri ekki rétt að setja enn þá strangari reglur í þessu efni, þ. e. a. s. hvort ekki væri rétt að leggja enn þá ríkari ábyrgð á viðskiptabankana, á þann banka sem hefur látið viðskiptamanni sínum í té ávísanahefti eða tékkhefti, hvort það væri ekki rétt að láta viðskiptabankann hreinlega bera ábyrgð á sínum viðskiptavini og hann yrði að greiða tékka ef innstæða reyndist ekki vera fyrir hendi. Það varð ekki samkomulag um það og var látið sitja við þessar reglur sem settar voru og eru að höfuðefni sjálfsagt þær, að viðskiptabankinn á að taka að sér innheimtu sumra tékka, ef svo má segja, og ætti þess vegna miklu sjaldnar en áður að koma til þess að leita þyrfti til dómstóla út af þessu. En auk þess eru auðvitað reglurnar þær efnislega, að það á að reyna að girða fyrir að þeir menn fái í hendur svona ávísanablöð sem ekki hafa þeirra not eða ekki er trúandi til þess. Fyrir slíkt er auðvitað ómögulegt að girða með öllu fyrir fram, en það er þó eitt höfuðatriðið.

Hv. síðasti ræðumaður gat þess, að það væri nauðsynlegt að hafa þessar ávísanir til notkunar við verslun og í öllu viðskiptalífi, og það er auðvitað alveg rétt. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni væri það auðvitað spor aftur á bak ef þyrfti að hverfa frá nauðsynlegri notkun þessara ávísana. En sannleikurinn er sá, að ég hygg að sú misnotkun eða þau mistök, sem hafa átt sér stað í sambandi við notkun tékka, séu ekki fyrst og fremst hjá versluninni. Ég hygg að það séu frekar einstök undantekningartilfelli og þá bundið við einstaka aðila á því sviði. Ég held að misnotkunin eigi sér og hafi átt sér stað miklu frekar bara vegna þess að það hafi í raun og veru allt of margir fengið þetta í hendur. Það hefur hver sem er og getur hver sem er svo að segja fengið í hendur ávísanahefti. Það getur verið þægilegt auðvitað að geta fengið tékkhefti upp á vasann og greitt kannske kaffibolla þar sem maður kemur með tékka, en það er ekki alveg nauðsynlegt. En ég held að það sé miklu frekar að í þess háttar viðskiptum og hjá þess háttar mönnum hafi misnotkun átt sér stað.

En það, sem segja má um þetta frv. og í framhaldi af því sem hv. þm. spurðist fyrir um, er þetta, að þarna er eiginlega refsing lögð við vissu formlegu broti sem er fólgið í þeim athöfnum sem lýst er í þessu frv. En þegar um alvarlegri brot er að tefla, þar sem auðgunartilgangur liggur á bak við og annað því um líkt, þá fer það eftir sem áður eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. En ég vil — og það er að nokkru leyti tilefnið til þess að ég kem hér upp aftur — leiðrétta það, að ekki var í minum huga misnotkun fyrirtækja sem hafa hvað mest með ávísanaviðskipti að gera, heldur einmitt misnotkun þeirra sem skipta við fyrirtækin. Ég get upplýst það hér að ég rak verslun, þó nokkuð umfangsmikla varahlutaverslun fyrir ákveðna bifreiðategund, sem ég var á þeim árum umboðsmaður fyrir, ásamt öðrum stærri vélum, og fann ég mig tilneyddan að neita að taka við greiðslu í ávísunum frá öðrum bönkum og peningastofnunum en þeim sem gáfu mér upplýsingar um að innstæða væri fyrir hendi og meira en það, þegar ég hringdi í bankann, áður en ég tók við ávísun sem greiðslu, á sama hátt og í

viðskiptum sem ég hef átt erlendis meðan ég bjó þar. Þá gat bankinn tekið frá þá upphæð, sem ávísunin var gefin út á, gegn því að gefa upp númer, dagsetningu og upphæðina á ávísuninni. Þá skipti ekki öllu máli hvort ég kom með ávísunina í bankann til innheimtu sama dag eða nokkrum dögum seinna, innstæða var frá tekin. Þess vegna tek ég undir það með hæstv. ráðh., að það þarf að athuga það miklu betur hvort ekki þarf að setja strangari reglur varðandi bankana sjálfa um útgáfu á ávísanaheftum, þannig að það skapist ekki þessi eltingarleikur við einstaklinga sem gera það að leik að gefa út falskar ávísanir. Ég held að það mundi auðvelda mjög öll ávísanaviðskipti ef bönkunum væri sett einhver upplýsingaskylda um innstæður á þann hátt sem ég gat um, þannig að gefi maður upp upphæð, númer á ávísun, hver gefur hana út og hvenær hún er dagsett, þá sé viðkomandi banki þar með búinn að taka frá upphæð til greiðslu á þeirri ávísun.

Ég hefði gjarnan viljað hafa hér þó nokkrar umr. um þessi ávísanamál, en ég ætla að láta það bíða þangað til þetta mál kemur aftur til umr. og mun þá til upplýsingar fyrir ráðh. m. a. koma að ráðstöfunum á tekjum Seðlabankans eða viðskiptabankanna af því sektarfé sem myndast í tékkasjóði og kannske fleiri sjóðum Seðlabankans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 348). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Þinghlé.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að þetta er síðasti fundur deildarinnar fyrir páskaleyfi vil ég óska hv. dm. og starfsliði Alþingis gleðilegra páska.

Neðri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 30. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Virkjun Blöndu, frv. (þskj. 400). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 354). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 453).

Fávitastofnanir, frv. (þskj. 296). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 454).

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Byggingarlög, frv. (þskj. 417). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen). Herra forseti. Það frv. til byggingarlaga, sem hér liggur fyrir var lagt fyrir síðasta þing. Því var vísað til félmn. þessarar hv. d. Félmn. sendi það til umsagnar margra aðila. Ýmsar aths. komu fram og nokkrar óskir um breytingar. Það vannst ekki tími til þess að afgreiða málið eða koma því lengra áleiðis á síðasta þingi. En það var ákveðið að hafa þá málsmeðferð, að félmrn. í samstarfi við formann félmn. þessarar hv. d., hv. 4. þm. Vestf., Gunnlaug Finnsson, skyldi athuga allar umsagnir, sem fram höfðu komið, og freista þess að gera till. um þær breyt. sem samstaða næðist um. Niðurstaðan af þessari ítarlegu athugun varð sú, að frv. er nú flutt með nokkrum breyt. og eru þær raktar í grg. frv. á bls. 8—10.

Frv. var upphaflega samið af fjölmennri n. sem skipuð var í maímánuði 1973 af þáv. félmrh. Hannibal Valdimarssyni. Þessi n., sem skipuð var fulltrúum frá ýmsum helstu samtökum og stofnunum sem hér eiga hlut að máli, varð sammála um það frv. sem lagt var fyrir í fyrra. Strax við 1. umr. þessa frv. og svo í þeim umsögnum, sem ég gat um, komu fram nokkrar aths., m. a. og kannske sérstaklega út af ákvæðum V. kafla frv. um byggingarstjóra, sem var nýmæli. Við hina ítarlegu könnun á vegum formanns félmn. og félmrn. hefur m. a. þessum ákvæðum verið breytt.

Ætla ég að í rauninni þurfi ekki að fara á þessu stigi mörgum frekari orðum um þetta frv. sem miðar að því að fella saman í einn lagabálk helstu ákvæði sem snerta byggingarsamþykktir.

Eitt atriði vil ég þó sérstaklega nefna hér sem er nýmæli. Það er í 4. gr. frv., 3. málsgr., þar

sem segir svo: „Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.“ *Aðdragandi þessa máls er sá, að* á Alþ. 1972 var samþ. þál. skv. till. sem hv. 2. þm. Reykn., Oddur Ólafsson, flutti um það að kanna leiðir sem tryggi að byggingar og umferðaræðar framtíðarinnar, er njóta fjárhagslegrar fyrirgreiðslu opinberra aðila, verði hannaðar þannig að fatlað fólk komist sem greiðlegast um þær. Þessi till. var samþ. og í framhaldi af samþykkt hennar fjallaði svo bæði flm. hennar ásamt fleiri aðilum um þetta mál. Í samræmi við till. Odds Ólafssonar alþm. er þetta ákvæði nú inn sett í 4. gr. og miðar að því að skylt sé að setja í byggingarreglugerð ákvæði sem tryggi umbúnað til að auðvelda fötluðum og ellihrumum að komast leiðar sinnar. Hér er um margvíslegar aðgerðir að ræða sem raktar voru rækilega á sínum tíma, bæði í till. þessa hv. þm. og umr., og skal ég ekki fara frekar út í það hér. *En ég held að hér sé um félagslega mjög mikilvægt atriði að ræða.*

Í grg. frv., sem fylgdi frá þeirri n., sem samdi frv., og birt er hér aftur, er gerð ítarleg grein fyrir frv., bæði almennt og í einstökum atriðum, og í upphafi grg., á bls. 8—10, er getið um þær breyt. sem gerðar hafa verið frá því að frv. var lagt fyrir í fyrra.

Ég læt þessa framsögu nægja að sinni, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 418). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á skipulagslögum stendur í beinu sambandi við frv. til byggingarlaga sem *ég gerði hér grein fyrir næst á undan. Aðdragandi* er sá, að í maímánuði 1973 skipaði þáv. félmrh. n. til að endurskoða lög um byggingarmálefni og semja frv. til byggingarlaga. Sú n. skilaði því frv. til byggingarlaga sem lagt var fyrir síðasta þing og hefur nú verið endurskoðað og lagt fram að nýju nokkuð breytt. Í sambandi við það þarf að breyta nokkuð tveimur greinum skipulagslaga, og um það fjallar þetta frv. sem er einnig samið af hinni sömu nefnd.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 368). — 1. umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. höfum við íslendingar í 20 ár verið aðilar að Alþjóðasamþykkt um verndun fugla. Í þessari samþykkt er kveðið svo á, að aðildarríkin banni haglabyssur sem taka fleiri en tvö skothylki, þ. e. a. s. marghlaðnar eða sjálfhlaðnar byssur. *Nágrannalönd okkar munu öll hafa tekið þetta ákvæði inn í sín lög,* og mér sýnist sjálfsagt að við gerum það líka. Þetta mál hefur verið rætt áður hér á Alþ. svo ég orðlengi ekki frekar um það að þessu sinni.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Tónmenntarfræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 403). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt fjórum öðrum þm. till. til þál. *um tónmenntarfræðslu í grunnskóla.* Ég leyfi mér að lesa till., með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj., að hún hlutist til um að hafin verði nú þegar af hálfu menntmrn. skipulegur undirbúningur að tónmenntunarfræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins, þar sem engin slík fræðsla er veitt nú og verður ekki við komið með venjulegum hætti.

Hugað verði sérstaklega að því, hvernig tengja megi starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntunarfræðslu grunnskólanna.

Stefnt skal að því, að fræðsla sú, er till. gerir ráð fyrir, geti hafist þegar á næsta skólaári.“

Þetta mál hefur lengi verið á döfinni í mínum huga. Ég held að eitt mitt fyrsta verk sem alþm. hafi einmitt verið að skrifa hæstv. menntmrh. og lýsa áhuga mínum og áhyggjum í þessu máli. *Ég vil — með leyfi forseta — lesa kafla úr því* bréfi, því ég tel það í beinu samhengi við þessa till. sem hér liggur fyrir, en í bréfinu segir m. a.:

„Úti á landsbyggðinni eru nemendur skyldunámsstigsins enn í mjög mörgum tilfellum algjörlega afskiptir í þessu efni“ — þ. e. a. s. að því er varðar tónlistarfræðslu. „Það er tilviljun einni háð, hvort börn og unglingar fá þar nokkurt tækifæri til að iðka söng og almenna tónmennt innan skólans. Sóknarpresturinn eða áhugasamur kennari, þar sem þessir aðilar á annað borð eru fyrir hendi, bæta hér hvað helst dálítið úr skák. Faglærðir tónmenntarkennarar eru enn allt of fáir til í landinu og alls ófáanlegir út í dreifbýlið, í fámenn skólahverfi þar sem kennsla í tónmennt gerir hvergi nærri að uppfylla kennsluskyldu fagkennara.

Það er tilgangur þessa bréfs að fara þess á leit við hið háa rn. að athugað verði á hvern hátt megi sem fyrst bæta hér eitthvað úr. Hugmynd um eins konar farkennslu í tónmennt í dreifbýlinu tel ég athugunarverða. Hæfur og áhugasamur tónmenntarkennari gæti ferðast á milli skóla og kennt hugsanlega nokkrar vikur á hverjum stað í námskeiðsformi. Mér er kunnugt um að innan Tónmenntakennarafélags Íslands ríkir áhugi á þessu máli og fullur vilji til úrbóta, en samráð og stuðningur fræðsluyfirvalda þarf að koma til. Í samtali mínu fyrir skömmu við for-

mann félagsins, Egil Friðleifsson í Hafnarfirði, kom fram að hann hefur þegar áætlun allt að því tilbúna um undirbúning þessa máls úti um land og kveðst reiðubúinn til að ríða á vaðið sjálfur fengi hann til þess leyfi frá sínu starfi við Öldutúnsskóla og greiddan ferðastyrk. Egill hefur í huga stutta heimsókn, 2—3 daga, í skóla sem nú hafa enga kennslu í tónmennt. Tímann mundi hann nota til að kanna jarðveginn meðal kennaraliðsins, glæða og virkja áhuga, sem fyrir hendi væri, og veita leiðbeiningar um hvernig mætti innleiða söng- og tónmennt í skólann án þess að bein fagleg kennsla kæmi til, þar sem lærðir kennslukraftar eru ekki fyrir hendi. Þarna er að vísu talað um mjög stuttan tíma við hvern skóla, en gæti markað upphafið að frekari aðgerðum. Eðlilegt væri að landið allt yrði tekið fyrir með skipulegum hætti eftir landsfjórðungum, athugun væri gerð á hvaða svæði og hvaða skólar væru afskiptastir á þessu sviði."

Hér lýkur tilvitnun úr bréfi mínu, sem er dags. 25. sept. 1974. Þetta bréf og erindi mitt fékk jákvæðar undirtektir hjá hæstv. menntmrh., og ég veit að það hefur verið til athugunar og þessi mál raunar öll á breiðara sviði. Hingað til hefur þó ekkert verið gert til almennrar samræmingar, en eins og ég bendi á, þá er þessi kennsla, sem í till. felst, þegar framkvæmd á vissum skólasvæðum, eins og t. d. í Árnessýslu og í Borgarfjarðarsýslu. En þetta þarf að ná lengra, verða skipulagðara og almennara.

Ég bendi á það í grg., sem ég hygg að megi teljast alluggvekjandi staðreynd, að af 225 grunnskólum á landinu eru rúmlega 60 skólar, sem ekki veita neina tónmenntarfræðslu, og allmargir til viðbótar, þar sem þessari fræðslu er meira og minna ábótavant. Langsamlega verst settir að þessu leyti eru að sjálfsögðu þeir landshlutar þar sem dreifbýli er mest og erfiðast um samgöngur, og þarf það að sjálfsögðu ekki að koma á óvart.

Í grg. er einnig bent á að af 29 skólum í fimm sýslum, Vestur-Barðastrandarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, veita 8 skólar einhverja tónmenntarfræðslu, hinir alls enga. Nú er það mjög svo greinilega fram tekið í grunnskólalögunum, 42. gr., að þessa fræðslu skuli veita, að vísu nokkuð af skornum skammti eða eina kennslustund vikulega. Ég vil í því sambandi benda sérstaklega á, til viðbótar við tónlistaratriðið, að þá stendur þar einnig í 42. gr. að veitt skuli fræðsla í „þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum". Mér er ekki grunlaust um að þessi liður, eins og hann leggur sig allur, sé yfir alla skóla landsins nokkru síður ræktur en skyldi. Aðrar námsgreinar hafa sótt á. Hér er í lögunum gerð heiðarleg tilraun til þess að sinna þessum þætti almennrar menntunar meir en hefur verið, en ég veit að jafnvel hér á þéttbýlissvæðum og í höfuðborginni jafnvel er þessum nauðsynlega þætti sinnt minna en skyldi og minna heldur en lög gera ráð fyrir. Það er nú svo, að iðkun þeirra þátta í almennri menntun, sem lýst er í þessari lagagr., verður eins og dálítið út undan í öllu brauðstriti okkar í dag.

Það er búið að semja allítarlega og vel unna námsskrá fyrir tónmennt í grunnskóla. Þar er fjallað á skipulegan hátt um markmið, eðli og skipulagningu námsins og kennslunnar í grunnskólunum. En það þarf ekki að taka það fram að þessi bók hér, sem er einmitt námsskrá um tónmennt, er varla nema nafnið tómt enn. En hún markar framtíðarstefnu í þessum málum og ég hygg að hún eigi eftir að koma að góðu haldi á þessu sviði.

Ég bendi á í grg., að einn mesti þrándur í götu fyrir eðlilegri framkvæmd tónmenntarfræðslunnar er einmitt skortur á tónmenntarkennurum og það jafnvel þó að síðan 1959 hafi verið starfandi sérstök tónmenntarkennaradeild við Tónlistarskólann í Reykjavík. Reyndin er sú, að útskrifaðir kennarar þaðan leita gjarnan til tónlistarskólanna, hinna sérhæfðu tónlistarskóla, en fara síður út í hina almennu skóla og þá eiginlega alls ekki út í hina fámennu skóla, þar sem fámennið gerir það að verkum, að þeirra skyldukennslu, þ. e. a. s. kennslumagni, verður engan veginn fullnægt.

Ég bendi á jafnframt, og ég vil leggja áherslu á það, að mikil þörf sé á að hlúa að tónmenntarkennaramenntuninni og þá sérstaklega með þeim hætti að láta hana koma að nokkru leyti inn í hina almennu kennaramenntun í Kennaraháskóla Íslands og þá ekki hvað síst með þarfir hinna fámennu dreifbýlisskóla í huga.

Það er einnig bent á í grg. hin nýju lög um tónlistarfræðslu, sem afgr. voru frá hv. Alþ. fyrir rúmlega tveimur árum. Þar er kveðið svo á að ríkið greiði launakostnað skólastjóra og kennara til hálfs á móti sveitarfélögum. Áður var þetta sáralítið styrkt af hinu opinbera. Með þessum nýju lögum er gert mikilsvert átak til stuðnings tónlistarlífi í landinu. Enginn vafi er á því. En eins og bent er á í grg. hefur reyndin orðið sú sums staðar, að með tilkomu tónlistarskóla hefur kennslan í tónmennt í hinum almenna grunnskóla hreinlega fallið niður, og við þessa þróun er náttúrlega ekki hægt að una. Það er í alla staði eðlilegt og nauðsynlegt að tengja starf tónlistarskólanna og almennu grunnskólanna þegar tónlistarskólarnir njóta nú með nýjum lögum verulegs stuðnings frá ríki og sveitarfélögum.

Með tilliti til þessa telja flm. þessarar till. tímabært að yfirvöld fræðslumála geri skipulegar ráðstafanir og sinni þannig lögboðinni skyldu sem í dag er vanrækt. Flm. sýnist vænlegasta og sennilega eina færa leiðin vera sú að stofna til tónmenntarfræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins þar sem aðstæður eru þannig að fræðsluskyldu í þessari námsgrein verður ekki sinnt með venjulegum hætti. Í bréfi því, sem ég las upp hér í upphafi, er lauslega minnst á hugmyndir sem kæmu til greina, en að sjálfsögðu yrði að athuga þær betur og færa í ákveðnara form en þar er drepið á.

Við bendum á í grg. að líklegt sé að nokkur kostnaður fylgi framkvæmd þessarar till., en fyrst og fremst muni það þó vera skipulagning fremur en fjármagnsatriði sem þyngst er á metunum. Við bendum á að hver grunnskóli á lögboðinn rétt til þessa þáttar skyldunámsins sem annarra og að ríkið sparar sér í rauninni, eins og nú er, launagreiðslur til tónmenntarkennara

í þeim 60—70 grunnskólum sem enga slíka fræðslu veita í dag. Er því eðlilegt að þeir fjármunir verði látnir renna til að bæta upp með einhverjum hætti það sem þeir nemendur fara á mis við er alls enga tónmenntarfræðslu fá á skyldunámsstigi.

Við bendum á að það mætti jafnvel hugsa sér að ein til tvær vandaðar tónlistarkynningar yfir veturinn væru betra en ekki, þó að ekki væri um neina frekari tónmenntarfræðslu að ræða, en slíkar tónlistarkynningar gætu orðið nokkur uppbót. Það liggur í augum uppi að einmitt þessir skólar og þessir nemendur, sem till. höfðar fyrst og fremst til, hafa harla fá tækifæri út í mestu dreifbýlishéruðunum til þess að njóta neins af því sem á boðstólnum er í stærri kaupstöðum, að ég ekki tali um höfuðborgina, þar sem listsýningar, tónleikar og hvers konar menningarstarfsemi stendur með mestum blóma.

Ég er viss um að margir almennir kennarar við skólana reyna að bæta úr þessari vöntun eftir bestu getu með því að iðka almennan söng í skólunum, sem er sannarlega mikils virði, en það bregst auðvitað til beggja vona eftir áhuga og hæfileikum kennaranna á hverjum stað. Því er talið af okkur flm. alveg nauðsynlegt að til komi skipuleg athugun fræðsluyfirvalda á tiltækum leiðum til að tryggja eftir því sem nokkur kostur er, að fjöldi nemenda í grunnskólum landsins fari ekki algjörlega á mis við þennan fræðsluþátt vegna búsetuástæðna. Við bendum á, að þó að naumt sé skammtað til tónmenntarfræðslunnar, ein kennslustund á viku, þá felst þó í henni viðurkenning á því, að þekking og iðkun á tónlist skuli ekki teljast til munaðar og sérréttinda fárra útvalinna, heldur sem sjálfsagður hluti af menntun og menningarlífi almennings. Við íslendingar höfum frá fyrstu tíð verið iðnir við lestur bóka og lagt rækt við bókmenntir okkar og bókmenntaarfleifð. „Betra er berfættum en bóklausum að vera“ og „blindur er bóklaus maður“. Fleiri slíkir orðskviðir íslenskir bera þessari staðreynd ótvírætt vitni. Hið sama verður því miður ekki sagt um tónmennt og almenna iðkun tónlistar. Þar er flest af miklum vanefnum gert þótt vissulega verði vart vaxandi skilnings og áhuga bæði meðal almennings og af hálfu stjórnvalda. Íslenska skólakerfið hefur þar mikilvægu undirstöðuhlutverki að gegna og það hlutverk verðum við að rækja svo vel sem framast er kostur eigi tónmennt og tónlist ekki að vera hornreka í menningarlífi íslensku þjóðarinnar.

Ég vona að hv. alþm. hafi skilning á þessu máli og því verði hraðað eftir föngum hér á hv. Alþ., þannig að það fái afgreiðslu á þessu þingi sem nú sér senn fyrir endann á, þannig að unnt verði að hefjast handa um framkvæmd till. þegar á næsta skólaári.

Ég vil, hæstv. forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. menntmn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er góð till. sem hér er til umr., till. til þál. um tónmenntarfræðslu í grunnskóla. Ég held að þessi till. sé bara hátt upp í það eins góð og till. sem samþ. var hér á Alþ. 29. apríl 1974. Hún fjallar um nákvæmlega sama efni. Ég ætla að leyfa mér að lesa þá till. upp. Flm. hennar var Helgi Seljan, hafði reyndar hreyft þessu máli oftar en einu sinni og í fyrsta sinn þegar hann kom á þing sem varamaður fyrir 19 árum. En þessi till., samþ. á Alþ. 29. apríl 1974, hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að taka til gagngerðrar endurskoðunar allt tónlistarnám í landinu. M. a. skal starf hinna einstöku tónlistarskóla samræmt skyldunáminu og almenn tónlistarkennsla skipulögð, þar sem engin er nú. Skal að því stefnt að færa undirstöðukennslu í hljóðfæraleik inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu. Við þessar aðgerðir svo og aðrar, sem nauðsynlegar reynast, skal stuðst við álit tónmenntunarnefndar menntmrn. frá 30. ágúst 1972.“

Ég heyrði ekki betur en 1. flm. þeirrar till., sem hér er til umr., segði að í viðtali sem hún átti við hæstv. menntmrh. hefði hann tekið vel þessu máli, sýnt því mikinn skilning. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að enginn þeirra fjögurra þm., sem að þessari till. standa, virðist hafa vitað um þessa þál. frá 1974, sem ég var að lesa upp áðan, né heldur menntmrh. sjálfur. Ég hef litið yfir grg. með þessari till. og sé ekki að á þessa þál. frá 1974 sé minnst. En vegna hennar held ég að það sé óþarfi að vísa þessari till. til n. Mál þetta hefur þegar verið samþ. hér á Alþ. Hins vegar má hér vel viðhafa hið fornkveðna, að sjaldan sé góð vísa of oft kveðin. Ég hef ekkert á móti því að þessari till. sé vísað til n., en ég fyrir mitt leyti vísa til þál. þeirrar sem þegar hefur verið gerð. Og ef menn vilja tvítaka þetta, þá sé ég ekki annað en það væri hægt þegar í stað, án þess að um málið þurfi endilega að fjalla í nefnd.

Það er mikið talað í grg. — og frsm. gerði það líka — um „tónmennt“. Ég vænti þess að þar sé líka átt við söngmennt. Sannleikurinn er sá, að það, sem okkur vantar í skólana, er ekki fyrst og fremst að nemendur læri að spila á hljóðfæri, heldur að nemendur læri að syngja. Reyndar vil ég hafa fyrirvara varðandi þetta orð „að læra“ að syngja. Það á að vera hlutverk skólanna að auðvelda nemendum þá ánægju sem söngur veitir hverjum manni og þá ekki síst fjöldasöngur. Ég leyfi mér að vara við því, að farið verði að kenna músikina allt of vísindalega í skólunum. Það er gott að nemendur læri á hljóðfæri, en þá fyrst og fremst til þess að spila undir söng.

Þetta er eitt af því sem við höfum verið að glata, íslendingar, á undanförnum áratugum af ýmsum ástæðum. Söngurinn sem tíðkaðist víða, jafnvel á heimilum, var talinn sjálfsagður þáttur í lífi fólksins. Hann hefur smám saman verið að hverfa. Til þess að fá eðlilegan söng á heimilum þarf maður nú orðið helst að fara norður í Þingeyjarsýslu. Þar helst þessi hefð ennþá.

Því miður hefur dregið úr þessu æ meir sem áhrifin utan frá hafa aukist. Æskulýður okkar gengur upp í vissri tegund tónlistar sem kennd er við „popp“. Margt gott má um það segja. En það er einn galli á, og hann er sá, að á vissu skeiði, þegar unglingarnir eru hvað næmastir á ýmislegt sem gæti orðið þeim til þroska, þá lokast þeir af, ef svo mætti segja, í þessum tónlistarheimi. Þeir hlusta ekki á neina aðra tón-

list. Það er m. a. fyrir það, að á þessu skeiði er afskaplega rík tilhneiging fólks að tilheyra skilyrðislaust einhverri hjörð. Og skv. lögmáli þessarar hjarðar, þá á maður ekki að hafa áhuga á öðru en þessari tónlist, og nokkrum stjörnum þessarar tónlistar. Það er ekki nóg með að þetta unga fólk hlusti einvörðungu á þessa tegund tónlistar, heldur les það næstum að segja ekki um annað en stjörnur þessarar tónlistar. Það lokast inni í þröngum tónlistarlegum radíus og veit ekkert, á næmasta skeiði, hvað er að gerast þar fyrir utan.

Ég er þeirrar skoðunar, að söngur sé í rauninni svo eðlilegur manninum að telja megi að hann sé honum álíka eðlilegur og andardrátturinn. Eðlilegur söngur hefur horfið og þar með sá þroski og sú sáluhjálp, vil ég segja, sem fólk getur fengið af honum. Ef okkur tækist að koma á almennri eðlilegri söngiðkun í skólunum, þá er ég sannfærður um að það yrði miklu, miklu minni þörf fyrir svokallaða sálfræðiþjónustu. Eðlilegur söngur hjálpar til þess að losa fólk við ýmiss konar hömlur og margs kyns sálartruflanir. Það er ekkert vafamál.

Þess vegna vara ég við allt of fræðilegri framkvæmd þessara mála. Það er auðvelt að gera unglingana þreytta á þessu, ef þeir þurfa að stagla í ýmsum röddum hjá einhverjum kennara, af því að það er metnaðarmál kennarans að fá út svo og svo fágaðan söng og margraddaðan. Það er ekki það sem okkur vantar. Okkur vantar eðlilegan og óþvingaðan söng í skólana.

Í tengslum við þetta má svo nefna þetta margumtalaða kynslóðabil. Á samkomum úti á landsbyggðinni gerist það, guði sé lof, enn þá endrum og sinnum, að kynslóðirnar sameinast í söng og söngurinn gæti verið eitt tækið til þess að brúa bilið milli kynslóðanna. En þá má ekki heldur nein kynslóðin loka sig úti í horni með einhverja sérstaka tónlistartegund. Mér hefur satt að segja verið æðimikið áhyggjuefni þessi einangrunarstefna ungu kynslóðarinnar. Ég kynntist því meðan ég var að kenna, hvað nemendurnir gátu lokast af í þessum poppheimi sínum og hvað lögmál hjarðarinnar var þar miskunnarlaust. Mér er það minnisstætt einu sinni, er ég hafði orð á því við einn bekkinn, að tiltekinn nemandi, — ég var kunningi þeirrar fjölskyldu, — hlustaði mikið heima fyrir á klassíska tónlist, sinfóníur og annað slíkt. Ég hélt mig vera að hrósa nemandanum með þessu, hækka hann í áliti. En ég reyndist hafa gert honum hinn versta grikk. Ég hafði komið upp um hann. Hann tilheyrði ekki hjörðinni, eins og hann átti að gera. Hann laut ekki lögmálum hennar, úr því það sannaðist upp á hann að hann leyfði sér að hlusta á klassíska tónlist heima fyrir.

Ein leiðin út úr þessu væri söngurinn. Það, sem okkur vantar, er fyrst og fremst það, að sem flestir kennarar hafi fengið þjálfun til þess að stjórna eðlilegum söng nemenda. Of mikil þjálfun og hátíðleiki og mikil áhersla á ýmsar teoríur tónlistarinnar gæti hins vegar dregið úr hollum áhrifum hins eðlilega söngs.

Umr. frestað.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 347, n. 402 og 415, 416). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. hefur verið til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. og hún hefur fjallað um málið og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ., en minni hl. leggur til að því verði breytt á þann hátt, að sú upphæð, sem verja á í þessu skyni, verði hækkuð verulega.

Þetta frv. fjallar um það, sem fyrirsögn þess segir til um, ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Í Ed. var gerð breyting á frv. frá því sem það upphaflega var lagt fram, á þá leið að styrkja sérstaklega í fyrsta lagi þá aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva, og í öðru lagi til að styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi sem verða að nota olíu til upphitunar. Þessir tveir liðir, liðirnir c og d í frv., hafa lítil áhrif á málið, vegna þess að gert er ráð fyrir því á fjárl. að um 698 millj. kr. verði varið til þess að greiða niður hitunarkostnað íbúða sem nota olíu til upphitunar aðallega, en gert er ráð fyrir því, að þessir tveir liðir, c- og d-liður, sem bætt var við frv. í meðferð þess í Ed., muni kosta um 6 millj. kr. samtals eða um 3 millj. kr. hvor liður, þannig að þessi breyting hefur sáralítil áhrif á málið í heild, þar sem um er að ræða yfir 70 þús. styrki skv. þeim reglum sem í ráði er að greiða út styrki til.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um frv. umfram þessi aðalatriði. Eins og ég gat um áðan liggja fyrir brtt. sem minni hl. fjh.- og viðskn., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, hefur flutt um að sú upphæð, sem verja á í þessu skyni, verði hækkuð úr 698 millj. upp í 1275 millj., að því er ég ætla, miðað við það sem ætla má að söluskattsstig muni gefa í tekjur. Ég vil aðeins í sambandi við þetta segja það, að það er orðið svo að segja daglegt brauð að það berist till. inn á Alþ. frá þm. Alþb. um stórhækkanir útgjalda úr ríkissjóði án þess að það sé jafnframt gerð grein fyrir því hvernig á að standa undir þeim útgjöldum. Í dag er það olíustyrkurinn sem á að hækka, eins og ég sagði áðan, úr 698 millj. upp í 1275 millj. Í gær voru það vegamálin sem áttu að hækka um 725 millj., að því er mig minnir. Fyrir nokkrum dögum eða kannske vikum flutti þm. úr Alþb. till. um að fella niður söluskatt af kjöti og kjötvörum, sem mundi kosta ríkissjóð um 2000 millj., og einnig af rafmagni, sem mundi kosta ríkissjóð um 1100 millj., án þess að það væru gerðar nokkrar till. um það með hverjum hætti ætti að mæta þessum auknu útgjöldum.

Ég álít að þegar um er að ræða till. um verulega útgjöld úr ríkissjóði, þá séu slíkar till. alls ekki marktækar nema gerð sé grein fyrir því hvernig á að afla fjár. Ég tók eftir því fyrir nokkru, að það var sagt frá því í fréttum frá Sviþjóð að stjórnarandstaðan þar í landi hefði flutt alveg sérstakar till. um það hvernig hún vildi hafa fjárl., og í þeim till. kom fram hvernig stjórnarandstaðan ætlaði að afla tekna til þeirra

fjárlaga, en það var gert ráð fyrir því að útgjöld skv. þeim fjárl. yrðu talsvert verulega hærri en í þeim fjárl. sem ríkisstj. í því landi hefur lagt til að verði.

Að öðru leyti skal ég ekki gera að umtalsefni þessar brtt., þar sem ekki hefur verið talað fyrir þeim enn þá.

Eins og komið hefur fram hér áður, þá nemur styrkur til þess að greiða niður hitunarkostnað eða útgjöld á fjárl. 698 millj. kr. Í því sambandi er rétt að undirstrika þá stefnu hæstv. ríkisstj., að þó að ég mundi kjósa að þessi upphæð væri hærri og álíti að það eigi að stefna að því að gera hitunarkostnað sem jafnastan um landið, þá vil ég aðeins undirstrika þá stefnu hæstv. ríkisstj., að hún leggur mjög mikla áherslu á að flýta lagningu hitaveitna alls staðar á landinu, og á nokkrum árum hafa verið tekin stór stökk í þessum efnum og tugþúsundir manna hafa fengið hitaveitur sem áður höfðu þær ekki. Þetta þýðir auðvitað að það verða sífellt færri og færri sem þurfa að hita híbýli sín upp með olíu og þess vegna nýtast þær fjárhæðir betur sem til þess er varið.

Skv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér í viðskrn. og raunar er kunnugt, var upphæð olíustyrksins 9 500 kr. á mann á tímabilinu 1. mars 1976 til 28. febr. 1977. Styrkþegar voru um 70 þús. samtals. En þar sem veittur er aukastyrkur til tekjulágra skv. lögunum, eins og einnig er gert ráð fyrir í þessu frv., samsvaraði þetta um 73 þús. einföldum styrkjum. Heildarupphæð olíustyrks var skv. þessu 693.5 millj. kr. á s.l. ári eða reikningsári, þ.e.a.s. því tímabili sem ég tiltók áður og miðað er við í sambandi við greiðslu olíustyrksins. Á þessu ári er áætlað að styrkurinn verði 10 500 kr. á mann, en um fjölda styrkþega er ekki vitað nákvæmlega, enda eru tölur breytilegar eftir ársfjórðungum og erfitt að reikna út hvað þeir munu verða margir. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að ef afgangur verður, þá gangi hann til þeirra sem lögin ætlast til að fái styrkina sem þá mundu hækka.

Eins og nú háttar mun fjöldi íbúa á hitaveitusvæðum, þeirra sem njóta hitaveitu í dag, vera samtals um 132 150 manns. Það hafa verið gerðar um það áætlanir og það hefur verið skýrt frá því raunar hér á Alþ. af hæstv. orkumrh., hvernig horfi í þessum málum og að hverju sé stefnt. Þá er gert ráð fyrir því að staðir, sem líklega fái hitaveitu fyrir árið 1980, hafi íbúafjölda sem nemur 24 400 manns. Staðir, sem hugsanlega gætu fengið hitaveitu fyrir árið 1985, hafa íbúa að tölu til 10 800, og þeir staðir, sem hugsanlega gætu notið hitaveitu eftir 1985, hafa íbúafjölda sem nemur 2 700 manns. Þegar þetta er talið saman er ástæða til þess að ætla að hugsanlega gætu notið hitaveitu um 170 500 manns, þegar búið er að leggja þær hitaveitur sem möguleikar kunna að vera á að gera.

Þróun þessara mála hefur verið mjög ör á undanförnum árum, vegna þess að það hefur verið lögð á þetta mikil áhersla. Árið 1974 var talið að hitun húsa hérlendis væri þannig skipt: hús, sem hituð eru upp af jarðvarma, væru 45.8%, með rafmagni 6.6% og olíu 47.6%. Í dag er talið að hitaveita sé fulltengd til 58% þjóðarinnar, 10% noti rafmagn til að hita hús sín, en 32% brenni olíu í sama tilgangi. Frá árinu 1974 hefur þróunin orðið það ör að um 12.2% íbúa landsins hafa fengið tengda hitaveitu á þessu tímabili. Þarf raunar ekki að eyða mörgum orðum að því að þetta kostar mikið fjármagn, og það er einmitt það, sem menn hafa verið að stefna að í þessum málum í senn, að greiða styrki til þeirra, sem nota olíu til upphitunar og raunar rafmagn, og að reyna að hraða sem mest má verða lagningu hitaveitna á þeim stöðum landsins þar sem bestir kostir eru.

Eins og kom fram hjá mér hér áður, er ástæða til þess að ætla, miðað við þær áætlanir sem fyrir liggja, þó að þær séu með mörgum fyrirvörum á ýmsum stöðum, að möguleikar eigi að vera á því að tæplega 80% þjóðarinnar geti, þegar upp er staðið, hitað hús sín með jarðvarma, eða 78—80%, þá verði rafhitun hjá 11—12% þjóðarinnar og um 11—8% eftir atvikum noti olíu til upphitunar. Um þetta er þó tvennt að segja. Annars vegar það, að nokkrir staðir eru í þessum áætlunum um hitaveitur, þar sem ekki er alveg fullreynt hvort kunni að reynast hagkvæmt eða borgi sig að leggja þar hitaveitur. Á hitt er svo að líta, að það eru sífelldar örar tækniframfarir á þessum sviðum sem kunna að valda því að það verði möguleikar á að leggja hitaveitur á stöðum sem enginn telur mögulegt í dag.

Það er ástæða til þess, áður en ég lýk máli mínu, að geta þess, að fjh.- og viðskn. barst erindi frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, þ.e.a.s. útdráttur úr fundargerð stjórnarinnar varðandi sérstaklega olíustyrk til skóla. Ég sé ástæðu til þess að lesa bókun úr fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sem gerð var 14. mars 1977, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Olíustyrkur til skóla: Lögð voru fram þskj. nr. 338 og 347 varðandi frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. Samþ. var að mæla með framgangi frv. með þeirri breyt., að olíustyrkur verði greiddur öllum skólum sem hitaðir eru upp með olíu, en ekki einvörðungu heimavistarskólum.“

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem talsvert hefur verið rætt hér á Alþ. að undanförnu, svo það er kannske ekki þörf á því að hafa um málið mjög langa umr. Ég hygg að öll meginatriði þessa máls hafi komið fram. En ég vil þó gera hér með nokkrum orðum grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Við afgreiðslu fjárl. fyrir síðustu áramót var það einn liður í þeirri fjárlagaafgreiðslu af hálfu stuðningsflokka ríkisstj. að breyta gildandi lögum, sem höfðu verið hér um nokkurn tíma, varðandi greiðslu á svonefndum olíustyrk til þess að draga úr kyndingarkostnaði í íbúðum þeirra sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíu.

Það skipulag hafði verið á um þessi mál frá því 1. mars 1974, að innheimt hafði verið eitt söluskattsstig sem aukagjald á alla landsmenn í því skyni að því yrði varið til þess að lækka kyndingarkostnað hjá þeim sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíu. Þegar lög um þetta efni voru upphaflega sett var gert sérstakt sam-

komulag við fulltrúa launþegasamtakanna, seint á árinu 1973, um að þeir sættu sig við, að þetta gjald yrði lagt á, vegna þess að upp hafði komið þessi sérstaki vandi, að nokkur hluti landsmanna fékk á sig þessi stórauknu útgjöld í sambandi við upphitun íbúðarhúsa, en aðrir landsmenn, einkum þeir sem bjuggu við hitaveituaðstöðu, sluppu að mestu við þessi auknu útgjöld sem þá voru að skella á með olíuverðhækkun.

Á fyrsta framkvæmdaárinu, frá 1. mars 1974 til jafnlengdar á árinu 1975, má segja að það hafi í öllum aðalatriðum verið farið með framkvæmd þessara laga eins og til stóð, þ. e. a. s. fénu, sem var innheimt, var úthlutað til þeirra aðila sem lög ákváðu, til þeirra sem höfðu orðið fyrir aukaútgjöldum vegna olíuverðshækkunar. En svo var tekin upp breyting, og það var þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Þá var farið að klípa af þessu gjaldi og var síðan skotið inn viðbótarákvæðum í lögin um að leggja að vísu gjaldið á áfram, en taka nokkurn hluta af gjaldinu og láta renna í Orkusjóð til þess að mæta þeim kostnaði sem áður hafði legið á Orkusjóði í sambandi við rannsóknir varðandi hitaveituframkvæmdir. Þannig var dregið úr styrk til þeirra, sem verða að hita hús sín upp með olíu, frá því sem lögin gerðu ráð fyrir. Þessu hefur verið haldið áfram í tíð núv. stjórnar og náði hámarki við afgreiðslu fjárl. um síðustu áramót, þegar ákveðið var að ríkissjóður tæki til sín gjaldið sem heild, — þetta eina söluskattsstig, sem lagt hafði verið á í þessu skyni, skyldi allt renna í ríkissjóð, þá áætlað í kringum 1700 millj. kr. á ársgrundvelli, en hins vegar skyldu um 700 millj. eða nánar tiltekið 698 millj. af þessu gjaldi áfram renna til þeirra sem höfðu notið olíustyrks í þessum efnum, en 1000 millj. kr. — 1 milljarður — af gjaldinu skyldu renna beint í ríkissjóð, en hann taka síðan að sér að fjármagna Orkusjóð til þeirra framkvæmda sem hann hefur með höndum.

Ég hef marglýst því yfir hér í umr. um þetta mál áður, að ég hef verið og er algjörlega andvígur þessari framkvæmd á lögunum og tel að þarna hafi verið hreinlega svikin gefin loforð bæði þeirra, sem stóðu að því að setja þessi lög, og þeirra, sem rætt var sérstaklega við þegar löggjöfin var sett. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að það er Framsfl. að mínum dómi sem ber höfuðábyrgð á því að svona hefur verið staðið að þessari framkvæmd. Það var ráðh. Framsfl., viðskrh., sem tók að sér framkvæmdina og byrjaði á því að sveigja til þessa framkvæmd á þennan hátt og beitti sér síðan að sjálfsögðu fyrir því hér á Alþ. að lögunum var breytt á þennan hátt stig af stigi. Það fer auðvitað ekkert á milli mála að með þessari breytingu hefur verið stórlega dregið úr þeim stuðningi sem átti að veita til þeirra sem þarna áttu erfiðasta aðstöðu og olíustyrkurinn, sem er veittur t. d. nú eða ráðgert er að veita á þessu ári, er hlutfallslega miklu lakari miðað við verðlag nú en hann var þegar lögin voru sett, svo það hefur beinlínis verið dregið úr þessum styrk. En ekki nóg með það. Auðvitað var eðli málsins þannig að styrkurinn átti hlutfallslega að aukast eftir því sem tekjurnar urðu meiri, sem aflað var í þessu skyni, og þeir urðu færri, sem svona stóð á fyrir, að þurfa að njóta þessa styrks. En þetta hefur sem sagt allt orðið á annan veg. Inn í þetta mál hefur verið blandað því sem hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., sem hér var að tala á undan mér, hv. þm. Tómas Árnason, ræddi nokkuð um, — því hefur verið blandað saman við þetta mál, að það væri unnið að því að koma upp fleiri hitaveitum í landinu en áður og það sé gagnlegt mál og nauðsynlegt mál. Það hefur auðvitað aldrei verið hér á Alþ. nokkur minnsti ágreiningur um það manna á milli eða flokka á milli, að rétt væri að greiða götu þeirra sem ynnu að því að koma upp fleiri hitaveitum, aðstoða þá með lántökum og á annan hátt að koma upp sínum mannvirkjum þeim til góða. En það voru auðvitað engin rök til fyrir því, að það ætti að skylda þá, sem bjuggu við erfiðasta aðstöðu í þessum efnum, þá, sem þurftu nú að standa undir mestum kyndingarkostnaði í íbúðum sínum, til þess að leggja fram fé til að koma upp hitaveitum annars staðar. Það var í eðli sínu rangt og alveg gagnstætt þeim lögum sem í gildi voru um þetta efni. Ef átti að leggja fram alveg sérstakt framlag til þeirra sem voru að ráðast í hitaveitufram kvæmdir og losa sig út úr vandanum, ef átti að leggja þeim alveg sérstakt framlag af opinberu fé, þá átti auðvitað að leggja það á ríkisheildina alla, en ekki að klípa það af þeim takmarkaða styrk sem til var og ætlaður hafði verið með lögum allt öðrum aðilum.

Þessi framkvæmd stefnunnar hefur auðvitað bitnað mjög misjafnlega á landsmönnum. Það eru til landsfjórðungar eins og t. d. Austfirðingafjórðungur þar sem ekki er ein einasta hitaveita til og allir verða að búa við það svo til að þurfa að hita upp íbúðir sínar með því að kaupa dýra olíu. Þeir, sem svona stendur á fyrir, hafa auðvitað orðið harðast úti í þessum efnum í sambandi við þessa framkvæmd stefnunnar. Svipað er að segja t. d. um vestfirðinga sem njóta hitaveitna að mjög litlu leyti. En hvað um það, svona hefur verið staðið að þessum málum á kostnað þessara aðila fremur en allra annarra.

Á það hefur einnig verið bent í þessum umr., að svo er komið með þessa gjaldtöku að hún er í sjálfu sér að verða hreinn skrípaleikur. Þegar lagt er eitt söluskattsstig á alla landsmenn, einnig þá sem verða að nota olíu til þess að hita upp íbúðarhús sín, og þessi gjaldtaka nemur í kringum 1700 millj. kr. á ári, þá kemur í ljós að þeir, sem eiga að njóta þessa styrks, það er talið að þeir greiði af þessum 1700 millj., bara í beinu hlutfalli við höfðatölureglunа, þá borgi þeir 550—600 millj. kr., en eiga að fá 698 millj. kr. greiddar til baka. Þetta getur maður sagt að sé byggðastefna í lagi í höndunum á Framsfl. Þarna tekst honum nú aldeilis upp, að leggja þennan skatt á á þennan hátt og færa mönnum svo hinn bitann og auðvitað biðja um tilheyrandi þakklæti út á allt saman. Auðvitað er þetta orðið hreint hneyksli, og þessi skatttaka er ekki lengur vegna þessara aðila. Það mætti leggja þennan skatt niður þess vegna. Hann er lagður á undir fölskum forsendum, eins og komið er. Hér er um svo lítinn styrk að ræða, þ. e. þegar nettógreiðslan er talin, að það er ekki umtalsvert.

Ég legg áherslu á að framkvæmdir í hitaveitu málum í landinu koma þessu olíustyrksmáli ekk-

ert við. Það hefði aldrei átt að leggja á þetta sérstaka gjald til þess að styrkja hitaveitufram-kvæmdir. Það var lagt á í allt öðru skyni. Og ég verð að segja það, að ég met hitaveiturnar líka þannig að það séu fyrirtæki út af fyrir sig sem sjálfsagt sé að ráðast í. Það þarf að útvega þeim, sem þar eiga hlut að máli, stofnfé til framkvæmdanna með lántöku, og síðan borga þessi fyrirtæki sig sjálf. Sú hefur reynslan verið. Í nokkrum tilfellum hefur það verið svo, að ríkissjóður hefur komið þarna til líka, eins og t. d. gagnvart Suðurnesjum, þar sem ákveðið er að ríkissjóður sé 40% eignaraðili að hitaveitufram-kvæmdunum við Svartsengi á móti 60% hjá heimamönnum. Það er öðruvísi staðið þar að heldur en hjá þeim sem búa við það vandamál sem skapaðist við olíuverðshækkunina.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., Tómas Árnason, lét orð að því liggja, að það væri ekki hægt að taka mjög hátíðlega till. okkar alþb.-manna um aukin útgjöld ríkissjóðs sem fælust í okkar till. Við legðum slíkar till. fram svo að segja daglega án þess að benda á það hvaða tekjur ríkissjóður ætti að fá í staðinn. Jú, menn hafa nú reynt að nota svona rök-semdir áður, en þær hafa ekki reynst mjög hald-bærar. Í fyrsta lagi er nú það, að það liggur auðvitað ljóst fyrir að við alþb.-menn höfum verið og erum óánægðir með ýmsar ákvarðanir um útgjöld ríkissjóðs. Það fer t. d. ekkert á milli mála, að við erum andvígir því að ríkissjóður sé að leggja frá sér beint fjármagn til framkvæmd-anna á Grundartanga. Við viljum gjarnan ráð-stafa þeim fjármunum, sem þangað eiga að fara í beinu framlagi af hálfu ríkisins, á annan veg. Það þarf vitanlega ekki að endurtaka þetta við hverja till. sem flutt er um að ráðstafa fjár-munum ríkisins á annan veg en gert hefur verið. Við höfum einnig bent á það, að við teljum enga ástæðu til þess, eins og sakir standa, að gera ráð fyrir því í fjárhagsuppsetningu hins opinbera að borga niður á þessu ári skuldir ríkisins við Seðlabankann um 2000 millj. kr. eða 2 milljarða. Það er ekkert heilagt að hafa það á þennan hátt, þó að meiri hl. hér á Alþ. hafi ákveðið fyrir sitt leyti að hann vilji hafa þennan hátt á. Við höf-um vitanlega leyfi til að flytja okkar till. um að ráðstafa þessum fjármunum á annan veg.

Hægt er vitanlega að nefna hér margt fleira. Við erum t. d. á þeirri skoðun og höfum marg-sinnis sett fram það álit okkar, að það ætti að lækka vextina í landinu. Slík lækkun á vöxtum mundi stórkostlega draga úr útgjöldum ríkissjóðs á fjárl., þar sem skv. fjárl. eru vaxtagreiðslur ríkisins nú orðið reiknaðar nærri 9 þús. millj. kr. Það er vitanlega ekkert heilagt að hafa þennan hátt á. Og hægt væri að sjálfsögðu að nefna hér miklu fleiri og stærri liði þar sem ágreining-ur er á milli okkar í minni hl. og hinna, sem eru í meiri hl., um hvernig eigi að ráðstafa tekjum ríkisins.

Hv. þm. nefndi hér m. a. nokkrar till. okkar, og það var býsna athyglisvert hvað hann nefndi. Hann nefndi að í gær hefðum við m. a. flutt till. um það, að u. þ. b. helmingur af söluskatti af bensíni, sem rennur í ríkissjóð, yrði látinn renna í Vegasjóð til vegaframkvæmda. Það er rétt. Þessi upphæð nemur skv. áætlun í kringum 725 millj. kr. En við erum bara á þessari skoðun. Hún hefur reyndar komið æðioft fram í Tímanum líka. Og það er merkilegt ef það hefur farið fram hjá hv. þm., það sem stendur í Tímanum um þetta efni, að það sé engin sanngirni í því að hafa þann hátt á til frambúðar að ríkissjóður beinlínis græði í tekjum á hverri hækkun sem verður úti í heimi á verðlagi á bensíni og olíu. En ríkissjóður hefur blátt áfram skóflað inn tekjum að undanförnu, auknum tekjum, með því að leggja 20% söluskatt á útsöluverðið, stór-hækkandi verð á olíu og bensíni. Ef einhver á að njóta þessa skatts, þá eru það fyrst og fremst vegaframkvæmdirnar í landinu. Og þó að Fram-sfl. sé kannske ekki tilbúinn til þess allur að samþ. nú í dag að það verði gerð breyting á þessu, þá mætti segja mér að hann færi nú að hugsa sig um, þegar fer að nálgast kosningar, hvort hann eigi ekki að **taka upp þessa till.**

Hv. þm. minntist einnig á að það væri komin till. hér fram frá alþb.-mönnum um að aflétta söluskatti á kjöti og það gæti jafnvel numið um 2000 millj. kr. Jú, það er rétt. Þetta er bara sama till. sem Tíminn er að skrifa um svo að segja daglega og bændasamtökin gera samþykktir um á öllum sínum fundum nú um þetta leyti. Það er kannske jafn-óguðlegt af þeirra hálfu að nefna þetta. En sannleikurinn er sá, að það borgar sig að falla frá því að leggja söluskatt á kjötið. Það eru ekki einhliða útgjöld hjá ríkissjóði. Það hef-ur líka áhrif á reksturinn á öðrum grundvelli. Það miðar að því að lækka vísitöluna. Það miðar að því að lækka útgjöld ríkisins í formi launa. Hið háa verð, sem er á kjötvörunum, kemur að sjálfsögðu inn í vísitölu og hefur áhrif á hinar miklu launagreiðslur á vegum ríkisins og ýmis önnur útgjöld.

Till. um að fella niður söluskatt á kjöti og eins á rafmagni miða hvorar tveggja að því að reyna að draga nokkuð úr hinni margumtöluðu dýrtíð. Þar er líka um ráðstöfun að ræða sem ég hygg að verði horfið að síðar, þó að það sé ekki til nægilegur meiri hl. fyrir þessari till. enn hér á Alþingi.

Þetta er vitanlega ekki aðalatriði þessa máls, því að í sjálfu sér snýr þetta mál við á allt ann-an veg en hv. þm. Tómas Árnason lagði það upp í sínu tali. Hér er nefnilega um það að ræða, hvort við eigum að halda okkur við að þeir eigi að eiga þær tekjur, sem hér er um að ræða, sem voru lagðar á landsmenn þeirra vegna, hvort þeir eigi að fá að halda þessum tekjum eða hvort ríkið á að fá að hirða þær.

Það er rétt að ég hef flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 416, en þar er gert ráð fyrir að inn í frv. verði tekið það ákvæði, að ¾ úr söluskattsstigi skuli ganga til þess að lækka kyndingarkostnað-inn hjá þeim sem verða að búa við það áfram að þurfa að hita upp húsnæði sitt með olíu. Og það er rétt, þetta getur þýtt í kringum 1200—1250 millj. kr. miðað við 12 mánuði, og þar er um talsvert verulega hækkun að ræða frá því sem gert er nú ráð fyrir skv. fjárl., að greiða í þessu skyni í kringum 700 millj. kr. En þó að farið yrði að þessu leyti að minni till., þá er enginn vafi á því að áfram verður eftir allmikill vandi hjá þeim sem þurfa að nota olíu til upp-hitunar húsa sinna. Þeir verða áfram að búa við

miklu lakari kjör í þessum efnum en hinir, sem geta notið hitaveitna eða hitað upp hús sín með rafmagni. Það er enginn vafi á að þeir mundu áfram búa við lakari kjör.

Ég álít að löggjöf um þessi efni eigi að fela þetta í sér, að það sé ákveðið, eins og áður hafði verið, a. m. k. tiltekinn hluti af þessu gjaldi — ég hef ekki viljað fara hærra en upp í ¾ úr söluskattsstigi — yrði markaður í þessu skyni, og það tel ég í rauninni vera algjört lágmark.

Ég skal svo ekki efna til frekari umr. um þetta atriði. Eins og ég hef sagt hér áður hefur þetta verið rætt svo ítarlega hér, að það er auðvitað öllum ljóst um hvað ágreiningurinn stendur í þessum efnum, hvort á að mæta vanda þeirra, sem þarna standa í mestum vanda, á fastmótaðri hátt og að meira leyti en gert er skv. þessu frv. eða hvort á að halda áfram að draga úr stuðningi við þessa aðila, eins og því miður hefur verið stefnan nú um nokkurt árabil. Ég er andvígur þeirri stefnu og af því flyt ég þessa brtt. og geri þá grein fyrir minu máli sem ég hef þegar gert.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég er sammála hv. 2. þm. Austurl. um það, eins og ég hef áður tekið fram, bæði í ræðu minni hér áður og einnig á Alþ. í fyrravetur, að það ber að stefna að jöfnuði í þessum málum, ber að stefna að því að húshitunarkosntaður verði svipaður um land allt, og þarf ég í raun og veru engu við það að bæta, enda er það í fullu samræmi við stefnu Framsfl. í þessum málum. Þá er ástæða til að benda á það, að þegar gerð var sú breyting á þessu að færa styrkfjárhæðina inn á fjárl. í staðinn fyrir að vera skv. sérstökum lögum, þá var um að ræða nánast bókhaldsatriði. Áður greiddu allir landsmenn þennan söluskatt. Það er ekkert nýtt nú að þeir, sem njóta olíustyrks, greiði einnig söluskatt. Þeir gerðu það einnig áður af þessu söluskattsstigi, þannig að þar er ekki á nein breyting.

Þess er að geta til glöggvunar, ef það hefur ekki komið fram nægilega skýrt hjá mér áður, að það er ætlast til þess skv. fjárl. að 698 millj. kr. verði varið til þessa máls og það er föst upphæð í fjárl. Gefi hins vegar söluskattsstigið meira af sér, þá geri ég ráð fyrir að það renni í ríkissjóð og sennilega þá Orkusjóð ef til þess kæmi. Viðskrn. telur ekki mögulegt að segja til um það nú, hversu margir styrkþegar muni verða á þessu reikningsári sem byrjaði 1. mars, vegna þess að það liggur ekki ljóst fyrir á hverjum tíma hve margir hafa tengst hitaveitum, og þess vegna er ekki hægt á þessu stigi málsins að segja til um það, hve styrkurinn verði hár, en í fyrra var fjármagnið 693.5 millj. Nú er fjármagnið 698 millj. Það liggur ekki ljóst fyrir, eins og ég sagði áður, hversu margir hafa horfið sem styrkþegar vegna þess að þeir hafa tengst hitaveitum, og þarna kemur til væntanlega talsverður munur sem kemur þeim til góða sem þiggja olíustyrk.

Hv. 2. þm. Austurl. gekk það langt í sínum málflutningi, að hann talaði um að það væri kannske eins gott að leggja þennan styrk niður. Ég vil benda á það, að 5 manna fjölskylda nýtur styrks sem nemur 52 500 kr. á ári, ef styrkurinn er 10 500 kr., og sennilega verður hann hærri. Ég vil taka það fram að ég vildi hafa þetta hærra, en þeir, sem taka þátt í því að stjórna landi og tilheyra stjórnarmeirihl., verða að gæta þess að til sé fé til ráðstöfunar, og það kannast áreiðanlega hv. 2. þm. Austurl. við frá því að hann hefur átt sæti í ríkisstj.

En varðandi það atriði sem ég drap aðeins á hér áður, að alþb.-menn bæru fram mikið af till. um aukin útgjöld úr ríkissjóði án þess að gera grein fyrir því, hvernig ætti að mæta þeim útgjöldum, þá minntist hv. 2. þm. Austurl. nokkuð á þetta og skýrði frá því, að þeir hefðu lagt til að fella niður útgjöld ríkissjóðs sem nemur líklega um 1100 millj. kr., þ. e. a. s. Grundartangamálið. En það er eins og dropi í hafið ef miðað er við till. alþb.-manna hér á Alþ. um aukin útgjöld úr ríkissjóði og málflutning þeirra innan þings og utan um útgjöld úr ríkissjóði og einnig um að fella niður stórkostlegar tekjur í ríkissjóð. Ég get minnst á örfá atriði án þess að ég vilji lengja mjög mitt mál.

Ég hef tekið saman t. d. útgjaldatillögur þriggja þm. úr Alþb., þeirra hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, Lúðvíks Jósepssonar og Ragnars Arnalds, við fjárl. Þær nema tæplega 2 500 millj. kr. — 2 milljörðum 443 millj. og 600 þús kr. Einnig hefur Alþb. haldið því fram — og þ. á m. hv. 2. þm. Austurl. — í blöðum að það ætti að hækka raungildi tekna opinberra starfsmanna um 20—30%. Það mundi þýða 5 500 millj. kr. aukin útgjöld úr ríkissjóði. Síðan koma vegamálin með 725 millj. kr. Síðan kemur þetta mál með olíustyrkinn, 575 millj. Þetta eru því æðiháar upphæðir þegar um þessi mál er rætt í heild.

Ef við lítum hins vegar á málflutninginn um lækkun á tekjum ríkissjóðs, þá hefur hv. 2. þm. Austurl. skrifað um og gagnrýnt þá ráðstöfun núv. ríkisstj. að hækka söluskattinn um tvö stig. Það þýða tekjur upp á 3 400 millj. Hann hefur gagnrýnt þá ráðstöfun að tvö söluskattsstig, sem lögð voru á vegna Vestmannaeyjagossins og snjóflóðanna í Norðfirði, skydu tekin í ríkissjóð. Það eru 3 400 millj. Þá hefur einnig verið gagnrýnd harðlega sú ráðstöfun að framlengja tímabundna vörugjaldið, 18%. Ef það væri fellt niður, þá mundi það kosta ríkissjóð 5 500 millj. Upp í þetta kemur svo Grundartanginn, 1100 millj., sem er eins og dropi í hafinu, eins og ég sagði áðan, því ég hygg að þegar þessi mál öll eru lögð saman muni skorta um 20 milljarða á að endarnir nái saman á þeim fjárl. sem Alþb. talar fyrir innan þings og utan og gerir till. um aukin útgjöld hér á Alþingi.

Það er svo alveg sérstakt mál að tala um Grundartangann, vegna þess að ég veit ekki betur en að Grundartangaverksmiðjan, járnblendiverksmiðjan, hafi verið samþ. í fyrrv. ríkisstj. og ráðh. Alþb., sem sat í fyrrv. ríkisstj., hafi verið aðaltalsmaður málsins. Það er því hæpið að gera mikið úr þessu sem sparnaði ef miðað er við forsögu málsins.

Ég kem nú aðeins inn á þetta í tilefni af þessu máli. Það er kannske vegna þess, að ég vildi gjarnan geta verið sammála um að greiða hærri upphæð til olíustyrksins vegna þess aðstöðumunar sem fólk býr við sem þarf að kynda hús sín með olíu, miðað við þá sem njóta hitaveitna. Ég vildi gjarnan taka þátt í því að afla meira fjár til vegaframkvæmda o. s. frv., o. s. frv. Allt

verður þetta auðvitað háð því hver heildarútkoman er, og þess vegna bendi ég á þessa staðreynd, að miðað við tillögugerð alþb.-manna hér á Alþ. um aukin útgjöld úr ríkissjóði og málflutning þeirra innan þings og utan, þá skortir á 20 milljarða að endarnir nái saman á þeim fjárl., sem Alþb. talar fyrir.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er e.t.v. ekki ástæða til að fara að lengja þessar umr. mikið á þessum nótum, en aðeins nokkur orð vildi ég þó segja í tilefni af því sem hv. 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, var að enda við að segja hér.

Það var þá sérstaklega tal hans um það, hverjar væru raunverulega till. okkar og hvernig þau fjárl. mundu líta út sem við töluðum fyrir á Alþ. Þar var nú meira en lítil skekkja í uppsetningu hans á málum. Mér sýnist að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvers eðlis sú gagnrýni hefur verið hjá okkur sem beinst hefur að því að standa gegn þeirri ákvörðun núv. ríkisstj. að hækka söluskattinn t.d. um tvö stig í sambandi við niðurfallið sem átti að verða á tveimur söluskattsstigum þegar hætt var að greiða í Viðlagasjóð vegna Vestmannaeyjagossins og snjóflóðanna í Neskaupstað. Þegar ríkissjóður tók þessi tvö söluskattsstig til sín og nældi sér þannig í 3.4 milljarða kr., þá var ríkisstj. að hækka verðlagið í landinu, auka við dýrtíðina umfram það sem þurfti, með vitanlega tilheyrandi afleiðingum. Hér var auðvitað fyrst og fremst um það að ræða að losna við afleiðingarnar af þessari dýrtíðarráðstöfun. Auðvitað þýðir hækkað verðlag í landinu, eins og ég benti hér á áður, stóraukin útgjöld, líka á vegum ríkisins og á vegum ríkisstofnana, svo þessar tekjur verða vitanlega engar nettótekjur hjá ríkinu, en þær eru gildur þáttur í verðbólgustefnunni. Auk þess hafa auðvitað þessar ráðstafanir það í för með sér, að útgjöld fjöldamargra annarra aðila, t.d. allra þeirra sem hafa með höndum atvinnurekstur og launagreiðslur, hækka um leið og verðlag í landinu hækkar.

En án þess að ég skuli nú fara langt út í það, þá hefði verið fyllilega ástæða til þess að ræða hér einmitt um þann reginmisskilning sem virðist koma fram, t.d. að mér sýnist að verulegu leyti í nýlega gerðum samþykktum Framsfl., þar sem menn endurtaka í sífellu alveg eins og heilagt orð, að ríkissjóður skuli vera rekinn hallalaust, og talið afskaplega þýðingarmikið atriði í sambandi við mörkun efnahagsstefnu. Þetta segir ekki nema hálfa sögu. Það er engin bót á efnahagsástandinu í landinu að tryggja það að ríkissjóður sé rekinn hallalaust, ef það er einfaldlega gert á þann hátt að hækka allt verðlag í landinu með tilheyrandi afleiðingum. Það getur haft mikla þýðingu í sambandi við lausn efnahagsmála að tryggja, að ríkissjóður sé rekinn hallalaust, með ráðstöfunum sem miða m.a. að því að ná til ríkisins ákveðnum tekjum sem ekki hafa þá þær afleiðingar að auka á þenslu í kerfinu. En það er einmitt þetta sem hefur verið að gerast hjá núv. ríkisstj. Hún hefur hvað eftir annað farið inn á þá braut. Hún eykur ríkistekjurnar að vísu, tryggir að það verður hallalaus rekstur hjá ríkinu, en skilur eftir sig þann vanda að hún hefur hækkað verðlagið í landinu. Það er þarna sem skilur auðvitað á milli. Menn verða að átta sig á því, að það er röng aðferð, sem hér hefur verið viðhöfð, að ætla að tryggja þennan hallalausa rekstur hjá ríkinu á þennan hátt, og auðvitað hefur gagnrýni okkar í sambandi við meðferðina á þessum söluskattsstigum fyrst og fremst beinst að þessu. Sama er að segja um framlenginguna á tímabundnu vörugjaldi. Hún hefur leitt til almennrar verðhækkunar í landinu og leiðir af sér margfalt meira vandamál en jafnvel tiltekinn hallarekstur á ríkissjóði hefði gert. En ég er ekki að mæla með því út af fyrir sig að ríkissjóður sé rekinn með halla, en þessi aðferð er röng og hún heppnast ekki nema framhaldið geti verið það, að þegar ríkissjóður hækkar á þennan hátt allt verðlag í landinu, þá sé hægt að fylgja því eftir með því að menn fái ekki hækkunina á verðlagi bætta, að það sé hægt að fylgja þessari ráðstöfun eftir með því að hægt sé að halda niðri kaupi. Þá ber hún auðvitað árangur að vissu marki. En ég hef álitið að málin lægju t.d. þannig núna á þessu hausti og þessum vetri, að það væri síður en svo um það að ræða að hægt væri að koma fram meiri kjaraskerðingu en orðið er, heldur þyrfti einmitt að bæta nokkuð fyrir syndir í þeim efnum sem framdar hafa verið nú að undanförnu.

Það er því eins og hver annar algjör misskilningur, skulum við segja, að tala um að þessi gagnrýni okkar á þessari sérstöku gjaldtöku ríkisins jafngildi því að við ætlum að skilja við fjárhag ríkissjóðs með 20 milljarða halla. Það er auðvitað algjör misskilningur, því þá virðist þm. ekki gera ráð fyrir því að lækkað verðlag hafi nein áhrif m.a. á útgjöld ríkisins.

Eins er auðvitað með karp um að ég hafi sagt að það væri eðlilegt að ganga út frá því að launasléttirnar í landinu þyrftu á launahækkun að halda sem næmi 20—30% að raunvirði. Í fyrsta lagi er þetta ekki einu sinni haft rétt eftir mér, heldur er það, sem ég hef sagt, að það þarf að gera slíkar ráðstafanir til þess að jafna upp þann halla sem búið er að framkalla í þessum efnum. Það er alveg rétt, launin þurfa að hækka á milli 20 og 30% almennt séð í landinu til þess að ná jöfnuði við það sem áður var búið að semja um varðandi launagreiðslur, og það er ekkert smáræðis átak að ná því marki. Og ég hygg að það skipti ekki meginmáli hvað ég eða aðrir segja um það efni. Það vita, hygg ég, allir nú, sem eitthvað svolítið sjá fram fyrir sig, að við erum komnir að því að það verða knúðar fram hækkanir á launum. Þar verður um hækkun að ræða, og þýðir ekki að skrifa upp einhverja tölu og segja: Þessi hækkun kostar 5 þús. millj. og þær 5 þús. millj. ætlar Alþb. að taka út úr ríkissjóði. — Auðvitað er hér aðeins um að ræða afleiðingu af þeirri stefnu sem fylgt hefur verið, og það er nú komið að því að þessi laun verði hækkuð, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. En ég skal ekkert um það segja hvað sú hækkun verður mikil. En það er ekki mikil ástæða til þess að vera að þreyta kapp um þessi atriði því þau tel ég ekki ýkjamikils virði.

Mér fannst hv. þm. algjörlega misskilja mál mitt að því leyti til, þegar hann minntist á það sem ég sagði, að það væri í rauninni eins gott

að leggja niður þennan skatt ef framkvæmdin ætti að vera á þá lund sem hún væri nú. Þá svaraði hann með því að benda á að þessi olíustyrkur væri á 5 manna fjölskyldu nú hátt í 50 þús. kr. og ég væri þá líklega að leggja til að taka þetta af þeim sem svona stæði illa á fyrir. Ég hélt að hann hefði skilið mál mitt. Ég hafði bent allrækilega á að ef við tökum 5 manna fjölskyldu, þá kemur það út úr þessu dæmi að hún fær e.t.v. 50 þús. kr., en borgar líklega í kringum 45 þús. af því sjálf í auknum skatti. Það var það sem ég var að benda á, að þessir aðilar, sem eiga að fá olíustyrk skv. þessari framkvæmd, eru látnir borga fyrst í þennan sjóð með gjaldtökunni næstum eins mikið og þeir eiga að fá úr sjóðnum. Auðvitað hafði mér ekki dottið í hug að taka af mönnum olíustyrkinn, en halda áfram skattlagningunni. Ég held að enginn maður hafi getað skilið orð mín á þá leið.

Nei, hér er aðeins um það að ræða, hvort það sé rétt stefna að hverfa frá löggjöfinni, eins og hún var mótuð á sínum tíma í sambandi við þessa sérstöku gjaldtöku og til greiðslu á þessum olíustyrk, hvort það á að hverfa frá þeirri stefnu, sem þar var mótuð í grundvallaratriðum, með því að draga verulega úr greiðslu þessa styrks hlutfallslega miðað við verðlag með þeim rökum að þessir aðilar, sem svona stendur á fyrir, þurfi að flýta fyrir hitaveituframkvæmdum annars staðar. Ég segi, að það á að halda uppi þeim hraða sem verið hefur í sambandi við hitaveituframkvæmdir. En þar verður þjóðin öll að koma til, en ekki þessir aðilar sérstaklega, og það á að útvega þeim aðilum, sem ráðast í þær framkvæmdir, lán til framkvæmdanna, eins og jafnan hefur verið gert. En hitt er óréttlátt, að ætla að klípa aukin fjárframlög í þessum efnum af þessum takmarkaða styrk til þeirra sem stendur tiltölulega verst á hjá varðandi upphitun húsa.

ATKVGR.

Brtt. 416 felld með 16:5 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Þinghlé.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Þar sem þetta er lokafundur d. fyrir páskaleyfi vil ég óska deildarmönnum öllum gleðilegra páska og taka það fram, að þ. kemur saman á ný til funda 13. apríl og til fundar d. verður boðað með dagskrá.

Sameinað þing, 74. fundur.

Miðvikudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lánareglur Lífeyrissjóðs sjómanna, þáltill. (þskj. 432). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verndun Bernhöftstorfu, þáltill. (þskj. 447). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bygging nýs þinghúss, þáltill. (þskj. 294). — Frh. einnar umr.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þáltill. um byggingu nýs þinghúss. Ég vil taka undir það, sem í till. felst, að byggja nýtt þinghús á þeirri lóð sem Alþ. hefur nú yfir að ráða, og ég vil líka taka það fram að þetta er mitt persónulega álit. Hins vegar hafa forsetarnir sem slíkir ekki tekið beina afstöðu til þessa máls.

Þetta mál horfir öðruvísi við nú en fyrir nokkrum árum vegna þess að þá hafði Alþ. ekki yfir að ráða jafnmiklu lóðarrými og nú er hér í nágrenni við alþingishúsið. Svo giftusamlega hefur til tekist á undanförnum árum, að ríkið og Alþ. hafa eignast hús og lóðir í nágrenni við alþingishúsið. Ég get vel tekið undir það, að starfsaðstaða alþm. og starfsfólks Alþ. er engan veginn nógu góð, og það er gefið mál að þessi aðstaða batnar ekki á þann veg sem hún þarf að vera fyrr en við höfum komið upp nýju alþingishúsi eða byggt við, þannig að aðstaðan batni eins og hún þarf að verða.

En á hitt vil ég benda í leiðinni, að mikið hefur verið gert hin síðari ár til þess að bæta starfsaðstöðu Alþingis og alþm. Kaup á húseignum í Kirkjustræti, Vonarstræti og Þórshamri hafa gjörbreytt þessari aðstöðu frá því sem áður var. Það má segja að nú hafi allir alþm. skrifstofu til þess að vinna í og flestir sérherbergi, þótt enn þá vanti nokkuð á, að allir alþm. hafi þá aðstöðu. En að því er unnið að því marki verði náð áður en langir tímar líða.

Þá hefur starfsaðstaða nefnda Alþ. batnað mikið frá því sem var fyrir nokkrum árum, og einnig hefur skapast aðstaða til þess að koma í aðgengilegt horf bókasafni Alþ. Sömuleiðis hefur verið hægt að skipuleggja lóðina í kringum alþingishúsið þannig að hún lítur miklu betur út en áður. Einnig hafa komið upp bílastæði sem áður vantaði til þess að þau kæmu að fullum notum.

Á þetta vil ég minna því þessi aðstaða hefur breyst mest nú hin síðustu ár. Hitt er alveg rétt, að þinghúsbygging er eigi að síður aðkallandi mál sem alltaf hefur verið til umr. á Alþ. annað slagið. Árið 1961 var samþ. þál. á Alþingi sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins í samvinnu við fulltrúa frá þingflokkunum að gera till. um framtíðarhúsnæði Alþingis.“

Till. þessi var frá allshn. Alþ., en n. hafði til meðferðar þáltill. frá þm. Þórarni Þórarinssyni og Halldóri E. Sigurðssyni. Síðan gerði Þórarinn Þórarinsson alþm. fyrirspurn um þetta mál, og það var árið 1968. Hefur verið unnið að máli þessu, þinghúsbyggingu, öðru hverju síðan, en ekki nógu skipulega að þessum málum staðið, vil ég segja, og á tímabili virtist útilokað að byggja alþingishús hér í nágrenni Tjarnarinnar þar sem fyrirhugað var þá að byggja ráðhús við Tjörnina. Nú virðist sú hugmynd vera úr sögunni, þótt mér sé ekki kunnugt um hvar ráðhús skuli reisa, en það er annað mál sem ég ætla mér ekki að ræða.

Að lokum skal það fram tekið, að núv. forsetar Alþ. hafa falið húsameistara ríkisins að athuga þá möguleika sem fyrir hendi eru til byggingar nýs þinghúss á þeirri lóð er Alþ. hefur nú yfir að ráða. Vafalaust má koma nýju húsi fyrir með ýmsum hætti og margar eru þær spurningar sem koma fram þegar byggja skal yfir þingheim framtíðarinnar, t. d. hvað á að reikna með mörgum alþm. og þingflokkum, á að reikna með skiptingu þingsins í deildir eða skal það vera ein málstofa? Þetta er aðeins örlítið brot af þeim málum sem koma fram í hugann þegar bygging er hugleidd.

Ég endurtek þá skoðun mína, að við eigum að vinna að þinghúsbyggingu og vera framsýnir á því sviði og ætla okkur nægan undirbúningstíma, því það er eins og þar segir: Það skal vel vanda er lengi á að standa. Þetta vildi ég að kæmi fram hér við þessa umr., en að öðru leyti ætla ég mér ekki á þessu stigi að ræða þetta mál nema sérstakt tilefni gefist til þess.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Nokkur tími hefur liðið síðan mál þetta var tekið á dagskrá og mér gafst kostur á að fylgja úr hlaði þeirri þáltill. sem nú liggur fyrir þinginu um undirbúning og aðdraganda að nýrri þinghúsbyggingu. Svo vildi til að á þeim fundi var hæstv. forseti Sþ. fjarstaddur, og ég get því lýst því að mér er mikil ánægja að heyra það á orðum hans að við lítum svipuðum augum á þetta mál.

Ég rifja það upp, að ég sagði í máli mínu að ég væri ekki á þessari stundu að leggja fram alvarlegar umkvartanir um starfsaðstöðu Alþ. Það væri helst að kjósendurnir, borgararnir, hefðu ástæðu til kvörtunar hér í húsinu. Mikið hefur verið gert til að bæta starfsaðstöðuna, og ég tók einmitt fram að þótt n., sem um þetta mál hefðu fjallað, hefðu ekki komist að niðurstöðu hefðu forsetar þingsins jafnt og þétt unnið að málinu, sérstaklega á þann hátt að gangast fyrir kaupum húseigna og lóða hér í nágrenninu, nú síðast veigamiklum kaupum sem hæstv. núv. forseti Sþ. átti frumkvæði að.

Mér þykir einnig jákvætt að heyra það, að núv. forsetar hafa beðið húsameistara ríkisins um að athuga möguleika á byggingum á lóðum umhverfis þinghúsið. Ég vil þó minna á að þessu máli hefur oft áður verið vísað til embættismanna. Þeir hafa í mörg horn að líta, og það er þörf á því að fylgja málinu eftir ef á að vænta nokkurra ákveðinna svara. Segi ég þetta að fenginni reynslu og án alls vantrausts á viðkomandi embætti.

Í sambandi við framtíðarbyggingar þingsins

koma vissulega fram ýmsar spurningar, eins og hæstv. forseti benti á. Spurning er hve stórt á þingið að vera. Ég tel að við munum ekki geta svarað þeirri spurningu á næstunni fyrir jafnlangan tíma og bygging á að standa og þinghúsbyggingu verði að haga svo, að það verði fyrir hendi möguleikar á einhverri stækkun þingsins á næstu mannsöldrum ef það verður þá vilji þjóðarinnar. Önnur spurning er sú, hvort gera eigi ráð fyrir deildaskiptu þingi eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að svara þeirri spurningu sem fyrst. En þó að henni verði ekki svarað með ákvörðun um breytingu á stjórnarskránni og afnámi deildaskiptingar virðist mér að það geti verið í samræmi við þær hugmyndir sem nú hafa verið lagðar fram í stórum dráttum. Verði önnur bygging — þinghússbygging — reist í næsta nágrenni við þetta hús væri sjálfsagt að gera þar ráð fyrir þingsal sem rúmaði Sþ., jafnvel þó að það yrði á komandi áratugum eitthvað stækkað. Ef það yrði gert, þá væri þessi salur í gamla húsinu til reiðu fyrir Ed. á meðan hún væri til og jafnvel um alllanga framtíð ef þinginu og þjóðinni sýnist svo að afnema deildaskiptinguna ekki, því ég tel sjálfsagt að það fylgi ákvörðun um að byggja yfir þingið hér í kvos gamla bæjarins að þetta hús verði áfram þinghús og hluti af húsakynnum Alþingis.

Þegar ég mælti fyrir till. gat ég þess, að það mundi ekki vera fordæmi fyrir því að vísa máli til forseta þingsins. Ég gerði það því að till. minni að málinu yrði aðeins frestað, en ekki vísað formlega til n. Hins vegar væri þess vænst af þingheimi að forsetar þingsins tækju till. til umr. og ef þeim sýndist svo gætu þeir látið frá sér fara eitt eða fleiri álit áður en till. verður endanlega afgreidd.

Ég vil ítreka það, að meginhugmyndin á bak við þessa till. er að taka skuli ákvörðun um staðsetningu Alþ., og það er till. okkar, sem margir hafa flutt áður og vitað er að margir styðja, að þingstaðurinn verði ákveðinn hér í gamla húsinu og í næsta nágrenni við það. Í till. er talað um lóðirnar vestan við þinghúsið, en í framsöguræðu leyfði ég mér að útvíkka þetta nokkuð, enda tel ég sjálfsagt að láta kanna hvort aðrir möguleikar, t. d. beint suður af þinghúsinu, eru fyrir hendi og mönnum lýst vel á þá. Strax og ákvörðun hefur verið tekin er hægt að hrinda af stað undirbúningi sem ég vil, eins og hæstv. forseti Sþ. auðheyrilega líka vildi, að tæki sinn tíma, þannig að vel yrði til málsins vandað, enda liggur okkur ekki svo mikið á. Við gætum hæglega tekið ein tvö ár í að undirbúa samkeppni. Ég efast um, að það verði gert á styttri tíma. Síðan gætum við haldið víðtæka samkeppni um megindrætti þinghúss, staðsetningu þess og skipulag hér í næsta nágrenni. Slík samkeppni er yfirleitt ekki höfð bindandi, en vafalaust mundu koma út úr því hugmyndir sem gætu leitt til þess, að áður en mjög langt líður verði hægt að hugsa til þess að byrja á framkvæmdum. Nefndi ég í því sambandi 100 ára afmæli þessa húss árið 1981.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Nokkrir hv. þm. Alþfl. flytja hér till. um að hafinn verði undirbúningur að nýbyggingu fyrir Alþ. vestan við núverandi þinghús og stefnt að því að fyrsta skóflustungan verði tekin á 100 ára afmæli alþingishússins árið 1981. Ég held að þessi till. sé allrar athygli verð, því að ég held að það geti tæpast dulist neinum hv. þm. eða öðrum að þörfin fyrir nýtt þinghús er orðin mjög brýn. Þrengslin hér í þingsalnum eru óviðunandi með öllu, og þessi þrengsli bitna reyndar ekki aðeins á hv. þm., heldur ekki síður á gestum þeirra og áheyrendum. Satt að segja er það furðulegt að áheyrendum að umr. hér á Alþ. skuli vera boðið að sitja uppi á þeim hænuprikum sem eru hér fyrir ofan okkur.

Ég held hins vegar að það sé nokkur meinloka að Alþ. geti hvergi annars staðar átt heima en í þessari kvos, þar sem það er nú. Ég vil að vísu alls ekki útiloka þann möguleika, en mér finnst það ekkert sjálfgert mál. Ég tel því sjálfsagt og eðlilegt, ef þetta mál verður nú tekið til nýrrar athugunar, að það sé þá gert á breiðari grundvelli en till. gerir ráð fyrir. Það eru mikil þrengsli í þessari litlu kvos, þar sem miðbær Reykjavíkur er, og alveg sérstaklega þegar hafðar eru í huga þær kröfur sem gerðar eru til bílaumferðar og stæðis fyrir bíla og bifreiðar.

Nýtt alþingishús er reyndar ekki eina stórbyggingin sem talað er um að reyna að koma fyrir í þessari kvos. Við vitum að stjórn Seðlabanka Íslands hefur verið önnum kafin við það á undanförnum árum að reyna að koma fyrir stórbyggingu hér í miðbænum og hefur ekki gengið vel. Eins hafa ríkisstj. fleiri en ein gert tilraun til að fá það samþ. að nýtt stjórnarráðshús verði reist hér í miðbænum, nánar tiltekið á svonefndri Bernhöftstorfu við Lækjargötu, en einnig með misjöfnum árangri og engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um þá byggingu. Og flestir minnast sjálfsagt þeirra tilrauna sem gerðar voru á sínum tíma til að koma upp ráðhúsi einmitt hér á svipuðum slóðum — ráðhúsi fyrir Reykjavíkurborg. Ég er einn af mörgum sem eru þeirrar skoðunar að þessar stórbyggingar eigi ekki heima hér á miðbæjarsvæðinu og það sé tilgangslaust og óþarft að vera að reyna að troða þeim hér niður þar sem ekki er pláss fyrir þær. Ég held að það sé miklu hyggilegra að reyna að velja nýjan, rúmgóðan stað þar sem vel getur farið um þessar byggingar og hægt er að koma þeim fyrir í fögru og vistlegu umhverfi, þar sem einnig er sæmilegt rúm fyrir aðvífandi umferð.

Með þetta í huga flutti ég ásamt hv. þm. Svövu Jakobsdóttur till. á þinginu 1973—1974, veturinn 1973—1974, þar sem lagt var til, að kosin yrði 7 manna milliþn. sem gerði í samráði við skipulagsyfirvöld till. um hvar hagkvæmast væri að velja stað nýjum byggingum fyrir æðstu stjórn landsins, þar sem ljóst væri orðið að á núverandi miðbæjarsvæði í Reykjavík yrði ekki í framtíðinni nægilegt landrými fyrir helstu stjórnarstofnanir ríkisins. Í till. sagði einnig: „Á því svæði, sem valið yrði, skal m. a. gera ráð fyrir byggingum fyrir Alþingi, ríkisstj. og ráðuneyti, Seðlabanka Íslands og aðrar ríkisstofnanir, eftir því sem þurfa þykir. Þó skal gert ráð fyrir að ríkisstofnunum, sem ekki eru háðar æðstu stjórn landsins í daglegum störfum sínum, verði í

framtíðinni valinn staður í þéttbýliskjörnum úti um land, utan höfuðborgarsvæðisins."

Ég er enn þeirrar skoðunar að þetta sé skynsamlegasta stefnan. Ég vil ekki fullyrða neitt um hver sá staður sé sem heppilegastur er. Það þarf að skoða betur. Lengi vel hafði ég hug á og reiknaði með að hyggilegast yrði að velja þessum stjórnarstofnunum stað á hinu nýja miðbæjarsvæði sem ráðgert hefur verið í Fossvogi. En vel má vera að nú sé of seint að koma þessum stofnunum þar fyrir. Það veit ég ekki. Það má vera að það sé liðin tíð að þar sé rúm fyrir þessar stofnanir. Þetta þyrfti að sjálfsögðu að athuga nánar. En ég vil leggja á það áherslu að margir aðrir staðir hér í grenndinni koma til greina, og það þarf að sjálfsögðu að leggja talsverða vinnu í að athuga það með hliðsjón af áætluðu skipulagi á þessu svæði hvar slíkar stofnanir ættu best heima.

Þetta er sú athugasemd sem ég vil gera við till. hv. þm. Ekki það að ég hafi neitt á móti því að samþ. sé að undirbúningur að nýbyggingu fyrir Alþ. sé hafinn, heldur hitt, að mér finnst nokkuð óskynsamlegt að slá því föstu að þessi bygging skuli tvímælalaust vera vestan við núverandi þinghús. Ég held að það sé engin ástæða til að slá föstu, hvar staðurinn sé, fyrr en að betur athuguðu máli.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég bað um orðið, þegar þessi till. kom til umr. fyrir allnokkru, og vildi gera við hana örfáar athugasemdir.

Ég vil í fyrsta lagi fagna fram kominni till. sem ég tel mjög tímabæra. Það er enginn vafi á því, að við þurfum fljótlega að fara að vinda okkur að því að taka ákvörðun um framtíðarhúsnæði fyrir Alþingi og starfsemi þess. Undir þetta tek ég.

Ég verð hins vegar að taka undir það með síðasta hv. ræðumanni, að mér þykir orðalag till. nokkuð ákveðið, að reisa skuli nýtt hús fyrir Alþingi vestan við núverandi þinghús. Mér sýnist að fjölmargt þurfi að athuga áður en svo ákveðin stefna er tekin. Í fyrsta lagi vil ég nefna skipulag Alþingis sem reyndar hefur borið á góma í þessum umr. Á Alþingi að vera í einni deild eða tveimur? Í mínum huga hefur það mikil áhrif á það húsnæði sem Alþ. þarf.

Ég vil mótmæla því, sem kom fram hjá hv. frsm., að leggja eigi niður Ed. Alveg eins mætti leggja niður Nd. En það skiptir kannske ekki öllu máli. Ef þingið yrði sameinað í eina deild hefur það vissulega veruleg áhrif á það húsnæði sem þingið þarf til sinna nota, en ég er ekki sannfærður um að ekki megi breyta þessu húsi sem við erum í. Þetta húsnæði hefur margt til síns ágætis, a. m. k. sögulega. Ég hef ekki heyrt þau rök sem sannfæra mig um að ekki megi t. d. stækka þennan sal ef Alþ. yrði ein deild, t. d. til beggja handa hérna við okkur, og fá þó nokkra aðstöðu umfram það sem er þegar að finna í þessu húsi. Mér finnst nauðsynlegt að skoða þennan möguleika einnig vandlega.

Ég er einnig ósammála því, sem kom fram í framsögu hjá hv. frsm., að starfsaðstaða alþm. væri út af fyrir sig nokkuð sæmileg orðin. Það er að vísu rétt að margir alþm. hafa fengið skrifstofuholu hér í kring, sumir tveir og þrír í herbergi, og sums staðar er það þannig að menn verða að tala saman í lágum hljóðum svo ekki heyrist allt á milli herbergja. A. m. k. var ég varaður við því einu sinni, þegar ég kom út í gamla húsið Skjaldbreið, að tala ekki hátt það sem ekki mátti heyrast. Ég tel þetta ekki bærilega starfsaðstöðu — eða t. d. vélritun og almenna þjónustu sem veita þarf við undirbúning mála hjá alþm., ég tel hana langt fyrir neðan það sem viðunandi er. Ég vil varpa fram þeirri hugmynd, hvort ekki sé jafnnauðsynlegt að byggja t. d. sæmilega skrifstofuálmu einhvers staðar í tengslum við þetta hús. Alþ. á hér mikið landssvæði í kring, og vel mætti koma slíkri álmu fyrir án þess að nokkuð skyggði á þetta hús og hafa þó samgang á milli og hafa þar aðstöðu fyrir alla þingflokka og fyrir vélritun og annað sem þeir þurfa að hafa í tengslum við sig. Ég vil leggja á það áherslu, að ég tel starfsaðstöðu að þessu leyti raunar fyrir neðan allar hellur, ef ég má orða það svo. Ég held því að það þurfi einnig að skoðast, hvernig þessu verður fullnægt. Ég tel þetta ákaflega mikilvægt til þess að þm. geti starfað eins og þeim ber skylda til.

Ég vil ekki heldur taka undir orðalagið í þessari grein, sem ég reyndar hef minnst á fyrr, um staðsetningu fyrir vestan núverandi alþingishús. Það tel ég ófært og vil því umorða greinina þannig, að húsnæði fyrir Alþ. og til starfsaðstöðu fyrir alþm. verði tekið til skjótrar athugunar. Ég held að það þurfi að herða þarna mjög á og nauðsynlegt er að fá úr þessu skorið.

Ég hef stundum spurt um n. sem mér er tjáð að sé enn þá til og í sitji nokkrir ágætir alþm. sem áttu að skoða þetta mál. Ég hef ekkert heyrt frá henni í fjölmörg ár. Ég heyrði hana nefnda um það leyti sem ég kom hingað fyrst. En hvar er hún? Er ekki hægt að fara að leita eftir áliti þessarar n.?

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil endurtaka það, að ég tek undir það í þessari till. að þessu máli þarf að hreyfa og við verðum að fara að skoða það og verðum að fara að athuga það, en ég vil að það verði skoðað á langtum breiðari grundvelli en mér þykir fram koma í þessari þáltill.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil á sama hátt og síðasti ræðumaður fagna þessari till., að hún skuli vera fram komin. Hún er löngu tímabær. Árið 1972 eða 1973 flutti ég um það till. í borgarstjórn að fela borgarstjóra að hefja viðræður við forseta Alþ. um að borgarstjórn Reykjavíkur fengi alþingishúsið til umráða sem ráðhús fyrir Reykjavíkurborg, ráðhús höfuðborgarinnar, með þeim kvöðum að sjálfsögðu að húsið yrði varðveitt eins og það er, og þar af leiðandi yrði það nokkurs konar safnhús þótt borgarstjórn Reykjavíkur notaði það fyrir æðstu stjórn höfuðborgarinnar og aðsetur fyrir listaverk borgarinnar o. fl. um leið, sem sagt að varðveita það sem menningarverðmæti samtímis að það yrði ráðhús Reykjavíkur. Í þessari till. kom fram hugmynd um að byggt yrði yfir Alþ. frá grunni á nýjum og fallegum stað, og í þessari till. kom fram sú hugmynd að nýtt þinghús yrði reist við

Rauðavatn, því ég álít að við Rauðavatn, þar sem er nægilegt opið og óbyggt svæði, væru margs konar möguleikar um fallegt umhverfi fyrir Alþingi og þinghús. En þá yrði þar byggt hús sem svaraði kröfu tímans. Og ég gerði þá ráð fyrir að Alþ. yrði skipað tveim deildum, en ekki bara Sþ. Það dettur náttúrlega engum í hug að leggja niður Ed.

Á þeim tíma gerði ég mér ferð til þáv. forseta Sþ., sem var Eysteinn Jónsson, og ræddi þetta mál við hann. En hann taldi sig andvígan hugmynd minni og sagði að hann mundi beita sér fyrir því að n. skilaði áliti sem fyrst um uppbyggingu á starfsaðstöðu Alþ. hér á þessum stað og þá með viðbótarbyggingum. Mér fannst, áður en ég gekk á fund Eysteins Jónssonar, þessi hugmynd hans vera afleit og mundi skemma hér umhverfið, en eftir að ég talaði við Eystein fannst mér hugmynd hans ekki svo afleit þegar allt væri tekið til. En ég er smám saman að sveigjast inn á þá braut aftur, að það sé ekki rétt að hlaða kvosina hér í miðborginni meira en þegar er orðið, en eins og við vitum eru þrengslin hér í miðborg höfuðborgarinnar það mikil að ekki er á það bætandi. Við höfum hér í kvosinni Landsbanka Íslands, sem dregur að sér gríðarlega mikinn fjölda af fólki, Útvegsbankann líka, sem eru einu gjaldeyrisbankarnir. Við höfum Seðlabanka Íslands sem er sístækkandi bákn og nýbúið að opna hér í stórhýsi við hliðina á Alþ. nýja skrifstofuaðstöðu. Við höfum tollstjóraembættið, við höfum skattstjórann, Póst og síma, borgarskrifstofurnar, Gjaldheimtuna og margt fleira sem dregur mikla umferð inn í kvosina. Þar fyrir utan höfum við sambandið á milli nýju hafnarinnar og gömlu hafnarinnar sem gerir þetta allt miklu erfiðara. Því hallast ég meira og meira að því aftur að nýtt alþingishús eigi að rísa utan við miðborgina, eins og hún er núna, en að sjálfsögðu vita menn að kvosin, þó hún sé kölluð miðborg, er langt frá því að vera miðsvæðis á borgarsvæðinu.

Ef ekki liggur fyrir tillaga um staðsetningu þinghúss, sem ég hélt nú að til væri, þarf að taka slíka ákvörðun nú þegar. Til viðbótar ákvörðun um hvar og hvernig þinghús eigi að vera liggur ekki heldur fyrir hvort Alþ. verður skipað eins og það er í dag eða ekki. Á meðan er til lítils að vera að tala um nokkra byggingu. Eru menn með það í huga að flytja till. nú um breytingu á Alþ. sjálfu? Finnst hv. alþm. að þinghús til að hýsa Alþ., eins og það er í dag, ekki vera til umr.? Ég held að það verði ekki sú breyting á skipun Alþingis, a. m. k. ekki það fljótt, að það verði hægt að taka fyrstu skóflustunguna 1981, ef á að bíða eftir ákvörðunum í tveimur eða þremur samhangandi málum.

Ég vildi gjarnan að það yrði tekin ákvörðun um það fljótlega, hvort byggja á nýtt hús á nýjum stað eða hvort það á að fara að þeirri hugmynd, sem ég fyrst heyrði hjá Eysteini Jónssyni, fyrrv. forseta Sþ., að byggja við þetta hús hér. En hvort sem verður gert, þá er engin ástæða til þess að vera ekki búinn að byggja á 100 ára afmælinu. Ég held við verðum að hrista af okkur það sleifarlag, að við þurfum með nýjustu tækni að vera miklu lengur, mörgum árum lengur að reisa nýtt þinghús heldur en t. d. tók að byggja þetta alþingishús, og að vera með einhverja sýndarmennsku, táknræna skóflustungutöku á 100 ára afmæli, og láta svo byggingu draslast áfram í hægagangi er engum til sóma.

Ef aftur á móti á að byggja við þetta hús á þessum stað, þá er engin ástæða til að taka nokkra skóflustungu. Við eigum þá bara að taka viðbygginguna í notkun 1981. Þetta hús var byggt, að ég man rétt, á tveimur árum eða skemmri tíma, og er sagt sérstaklega frá því, hve menn lögðu hart að sér í einhverjum versta vetrarkulda, sem þá hafði þekkst; að ljúka við húsið. Og því var lokið á réttum tíma og jafnvel fyrr en gert var ráð fyrir.

Sem sagt, ég hallast frekar að því að byggja upp nýtt hús annars staðar og gera það þannig úr garði að það svari kröfum tímans, miðað við Alþ. eins og það er í dag. Ef aftur á móti það nær ekki fram að ganga verði ákvörðun a. m. k. tekin innan nokkurra vikna, þannig að viðbygging, ef úr verður hér á þessum stað, verði tilbúin án nokkurrar skóflustungusýndarmennsku til notkunar fyrir Alþingi 1981.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Undirtektir manna undir mál þetta, þ. e. að hraða byggingarmálum Alþ., eru mjög jákvæðar, en eðlilegt að skoðanir séu mismunandi á einstökum atriðum. En það, sem hinir yngri þm. hafa sagt, hygg ég að sé ósköp svipað og ég og fleiri sögðum upp úr 1960, þegar síðast voru miklar umr. um þetta mál. Ymislegt, sem á milli ber, er eingöngu af þeirri ástæðu, að ég a. m. k. og ýmsir aðrir, sem hér eru inni, erum búnir að ganga í gegnum heila þætti í þessu máli árangurslaust, erum búnir að vinna í n. og ræða við byggingarmeistara og skoða staði í bænum. Það er því ekki um að ræða neitt óðagot þegar við endum á þeirri niðurstöðu að vera hér í nágrenninu, heldur liggur að baki því alllöng saga.

Mér er minnistætt þegar ég sat stuttan tíma í bæjarstjórn Reykjavíkur, að þá fór þáv. borgarstjóri, Gunnar Thoroddsen, einu sinni með fullan strætisvagn af bæjarfulltrúum og varabæjarfulltrúum til að skoða staði fyrir ráðhús, en staður fyrir ráðhús getur eins verið staður fyrir þinghús í eðli sínu. Ég held að það hafi verið upp undir 20 staðir í bæjarlandinu sem voru skoðaðir, hver öðrum fallegri, á hæðunum í núverandi úthverfum Reykjavíkur og vestur um bæ. Ég hef í seinni tíð leitt hugann um slóðir þessa ferðalags, og ég held að það séu e. t. v. ein eða tvær lóðir, sem þá voru fáanlegar og hægt að tala um í þessu sambandi, sem ekki er búið að byggja á eða loka þannig af, að þeir kostir eru ekki fyrir hendi lengur. Þetta hefur allt stuðlað að því, að nú er valið annaðhvort að vera hér kyrr eða það, sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði, að fara langt út í núverandi úthverfi. Hann nefndi Rauðavatn. Mér hefði dottið í hug Árbæjarhöfðinn, þó að þar sé að vísu mikið af rafmagnslínum og ekki falleg iðnaðarhverfi þar skammt frá. En sá staður gæti komið til greina. Lausnin yrði sú, að við yrðum að fara út fyrir byggð. Það er að vísu freistandi að láta sig dreyma drauma, eins og komu fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, um að byggja upp heilt hverfi yfir æðstu stjórn ríkisins, þing, stjórnar-

ráð, Seðlabankann o. fl. En ég óttast mjög að við mundum reisa okkur hurðarás um öxl ef við byrjuðum á slíku. Við erum býsna duglegir við að búa til teikningar. Það mundi vera álíka mikið stórvirki fyrir okkur að ráðast í það eins og fyrir brasilíumenn að byggja sér nýja höfuðborg. Og reynslan af slíku, þar sem það hefur verið gert, er mjög vafasöm. Ég er hræddur um að það yrði hálfbyggt hverfi í marga mannsaldra. Ég er feiminn við þá hugmynd, þó ég játi að það sé töluverð reisn yfir henni og sýni ímyndunarafl og stórhug.

Ég held að það sé ógerningur fyrir okkur að segja að við verðum að bíða með öll byggingaráform Alþ. þangað til búið er að koma stjórnarskránni og stjórnskipaninni í eitthvert endanlegt horf. Það endanlega form verður aldrei til. En þær breytingar, sem einna helst hafa verið ræddar nú undanfarið og kunna að vera fram undan, eru þess eðlis að ég tel að það sé hægt að byggja án þess að bíða eftir þeim. Mætti einna helst deila um það, hvort við gætum byggt áður en við vitum hvort deildaskiptingin verður afnumin eða ekki. Ef byggð yrði hér í nágrenninu ekki aðeins skrifstofuhöll, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson lagði mesta áherslu á, heldur líka bygging yfir stofnunina Alþingi með viðeigandi reisn, bygging sem sýndi sæmilega gestrisni gagnvart kjósendum okkar og fólkinu í landinu, þá væri hægt að gera ráð fyrir báðum deildum í því húsi. Það er engin hætta á því, að minni salurinn af tveimur yrði ekki notaður og nothæfur þrátt fyrir það. Það er líka til sú lausn að ætla minni deildinni, — ég skal ekki segja hvort Ed. ætli sér að stækka og verða stærri en Nd., við skulum láta orðaleik um þá hluti eiga sig, — en ætla minni deildinni samkomusal hér. Ég tel að það ætti að vera gangur á milli húsanna, enda er fjarlægðin ekki mikil.

Það er sem sagt liðin reynsla sem gerir það að verkum að ég a. m. k. er búinn að gera upp hug minn um þetta mál. Ég var ekki á þessari skoðun fyrst, ég taldi sjálfsagt að byggja myndarlegt þinghús á nýjum stað, eins og þeir gerðu í Ísrael. Það er bara sá munurinn, að þeir hafa Rotschildana sem borguðu það, en við höfum þá ekki. Þeir byggðu stóra höll uppi á auðri hæð. En ef menn fara með þingið út fyrir byggð þá verður þinghúsið að vera heilt bæjarfélag. Við verðum að hafa margs konar þjónustu sem ekki er í nágrenninu, og menn mundu fljótlega reka sig á ef vinnustaður okkar yrði fjarri mestum hlutanum af þjónustubyggðinni.

Reynslan sýnir okkur fleira. Hún sýnir okkur að n., sem fara af stað með góðum ásetningi, gengur furðulega tregt að komast að niðurstöðu. Hún sýnir að leit til hinna og þessara sérfræðinga tekur endalausan tíma með mismunandi árangri. Það verður að fylgja málinu fast eftir af þingsins hálfu ef eitthvað á að gerast.

Ég vil taka fram út af ummælum hv. þm. Alberts Guðmundssonar, að ég notaði orðið skóflustunga ekki í táknrænni merkingu. Þegar ég talaði um að við gætum ætlað okkur tíma hafði ég tvennt í huga: Í fyrsta lagi, að undirbúningurinn verður að vera góður. Það þýðir ekki að byggja nýtt alþingishús eftir þeirri íslensku byggingar- og lífsreglu að byrja að grafa og fara svo að teikna húsið þar á eftir. Í öðru lagi er efnahagsástand þjóðarinnar í dag þannig, að það mundi varla teljast verjandi að veita stórar fjárhæðir til þinghúsbyggingar. Ég vil að þingið taki tillit til þeirra aðstæðna á komandi árum og um það bil sem undirbúningur, teikningar og staðarákvörðun eru komin á það stig, að ekki þarf að standa á því, geti þingið lagt á það mat eftir efnahagsástandi, hvenær það telur rétt að byrja á byggingu yfir sjálft sig.

Og að lokum þetta: Hv. þm. Steingrímur Hermannsson taldi að vinnuaðstaða í þinginu væri fyrir neðan allar hellur. Hann gerir miklu meiri kröfur en ég hef gert, en það kemur aftur til af því, að mér er minnistætt hvernig þingið var fyrir 15—20 árum. Það var ekki miklu fámennara en nú, en þá höfðum við enga af þremur byggingum hér í kring. Við höfðum ekki Skjaldbreið, við höfðum ekki gula húsið og við höfðum ekki Þórshamar. Hvernig haldið þið að það hafi gengið? Það er með tilliti til þess samanburðar sem ég hef talið að forsetar þingsins ættu viðurkenningu skylda fyrir að þeir hafa gert mikið til þess að bæta starfsaðstöðuna. Ef menn vilja fá nútímalega skrifstofuaðstöðu eins og höfðingjar, þannig að þm. hafi „svítur“ eða fínar skrifstofur og skrautlegar og sjálfsagt einkaritara og móttökuherbergi með, þá mega menn láta sig dreyma um það. Það er ekki langt síðan þm. í Stórþinginu í Osló þurftu að vera tveir saman í herbergi, ef þeir eru það ekki enn þá. Hugmyndirnar um það, hvort aðstaða hér er góð eða ekki, er eingöngu hægt að setja fram í samanburði annaðhvort við það, sem verið hefur áður, það hefur verið mitt viðhorf, eða þá hitt, hvað væri æskilegt.

Ég vil að lokum ítreka ósk mína um það, að forsetar þingsins ræði um þetta mál og að við tökum það svo til umr. áður en þinginu lýkur, og ég vona að við getum þá afgreitt þessa till. Ég vil taka það fram, að flm. eru til viðræðu um breytingar á orðalagi og einstökum atriðum sem má vel vera að séu ekki eins og þingheimur getur á þau fallist.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það kann að stafa af því að ég er, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal orðaði það, einn af hinum yngri alþm., að ég hef ekki sannfærst um það, að þetta virðulega hús rúmi ekki starfsemi Alþingis. Ég er hér um bil alveg viss um að húsrýmið — eða skortur á því — hefur ekki staðið löggjafarstarfsemi Alþ. fyrir þrifum. Ég held að aðkallandi störf Alþ. og kannske þá síður sæmd þess muni sprengja af því þetta húsnæði á næstu árum. E. t. v. kann ástæðan fyrir því, að n. sú, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson minntist á áðan að hefði ekki skilað störfum, hefur ekki gert það enn þá, — e. t. v. er ástæðan sú, að n. hafi komist að þeirri niðurstöðu, að alþingishúsið, þetta fallega grásteinshús, rúmi enn þá vitsmuni alþm. og tími sé kannske til þess kominn að þeir fari að hugleiða það dálítið, hvort ekki sé meira en mögulegt að bugsa talsvert skýrt í litlu húsnæði.

Mér finnst alveg fráleitt að alþm. eyði nú tíma eða þreki í umr. um smíði nýs alþingishúss. Ef það er í raun og veru svo þröngt um hv. alþm. sem sumir þeirra vilja vera að láta, þá eru náttúrlega tiltækar miklu ódýrari ráðstafanir til þess

að tryggja nægilegt húsrými fyrir þá, — ódýrari ráðstafanir en þær að stækka húsið, — það liggur í augum uppi.

Ég hef ekki enn verið sannfærður um það, að það, sem áfátt kann að vera starfsemi Alþ., stafi af húsnæðisskorti. Og því fer víðs fjarri að ég hafi verið sannfærður um það, að þessi aldna, virðulega stofnun muni aukast svo að visku og náð við stækkað húsrými, að það komi til greina að við förum að leggja fé í smíði nýs alþingishúss um sinn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því, að ég missti af fyrri hluta af síðustu ræðu hv. frsm., en seinni hlutann tók ég til mín og vil svara í fáum orðum.

Hv. frsm. talaði um starfsaðstöðu þm. og taldi að þeir, sem teldu hana ekki viðunandi, vildu „svítur“, heyrði ég hann segja, — það munu víst vera nokkur herbergi með móttökuherbergi o. fl. þess háttar. Ég hef ekki heyrt nokkurn einasta mann minnast á slíkt, og það er ærið mikið bil þar á milli að hafa „svítu“ einkaritara og móttökudömu kannske líka og ég veit ekki hvað og hvað eða þá aðstöðu sem þm. búa við núna. Ég veit ekki hvar hann hefur heyrt slíkt. Þetta er meiri útúrsnúningur en ég hef heyrt frá hv. þm. fyrr. (Gripið fram í.) Það er kannske hans eigin draumur, ég vil bara andmæla þessu.

Ég held að mörg mál, sem hér eru borin fram, bæði mál flutt af honum og mér o. fl., beri því miður vott um það að við höfum ekki haft aðstöðu til að láta rannsaka þau eins og við vildum, fara í gegnum eldri mál og aðstoða okkur við þann undirbúning. Ég held satt að segja að virðingu Alþ. hafi hrakað af þessari ástæðu, að við höfum ekki haft tækifæri til að vinna mörg mál, sem hér eru flutt, eins og við vildum og þurfum að treysta í vaxandi mæli á að ríkisstj. láti vinna mál og leggja fram. Við höfum ekki aðstöðu til þess að vinna sem sjálfstæðir einstaklingar, og það harma ég. Ég veit að þeir, sem líta í eigin barm og skoða undirbúning mála sem þeir hafa flutt, finna fyrir þessu. Ég segi fyrir mitt leyti að ég teldi það ekki ofrausn þó hver þingflokkur hefði t. d. eina eða tvær vélritunarstúlkur, eitthvað þess háttar, og það er langt á milli þess og einkaritara fyrir hvern þm., eða þó að þingflokkur hefði t. d. skrifstofuaðstöðu saman, þó að þm. væru tveir í herbergi, það skiptir ekki öllu máli, og fundaraðstöðu og þess háttar. Ég tel, að þessi atriði þurfi einnig að skoða, og vil andmæla því sem ég heyrði frá hv. frsm. og ég verð að segja eins og er, að ég er ekki vanur að heyra frá þessum hv. þm.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að lengja þessar umr. En það kemur ýmislegt upp í hugann þegar hlustað er á umr. sem þessar. Slíkar umr., eins og hér hafa verið, hafa stundum áður farið fram hér á þingi þó að ég hafi ekki, að því er mig minnir, verið viðstaddur slíkar umr.

Ég hygg að alltaf þegar þetta mál hefur komið á dagskrá, bygging nýs alþingishúss, hafi umr. mjög hnigið að þeirri spurningu hvar eigi að reisa húsið. Og það hefur verið komið inn á það einnig nú. Það hefur þá ekki alltaf verið haldið sér við lögsagnarumdæmi höfuðborgarinnar.

Menn hafa getað hugsað sér annað heldur en að hafa þingið hér í Reykjavík. Ég ætla nú ekki að fara að rifja upp þá sögu. En til gamans má þó rifja það upp, að 1925 fluttu þrír menn þáltill. í Nd., Sveinn Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson og Benedikt Sveinsson, um að skora á ríkisstj. að láta fara fram þjóðaratkvgr. á sumri komanda, eins og það var orðað, jafnhliða landskjörinu um það hvort samkomustaður Alþ. skuli vera á Þingvöllum við Öxará frá 1930. Þessi till. hafði nærri náð fram að ganga, hún var felld með tveggja atkv. mun, svo að eitthvað hafa þá líka verið skiptar skoðanir um þetta efni.

Það er ekki heldur lengra en frá 1965, að þá kom till. til þál. um þjóðaratkvgr. um samkomustað Alþ. þar sem skyldi fara fram þjóðaratkvæði um hvort stefna skuli að því að Alþ. verði háð á Þingvöllum. Þessi till. var borin fram af Ágúst Þorvaldssyni og Gísla Guðmundssyni, en náði ekki fram að ganga.

Þegar þetta er haft í huga er ekkert einkennilegt að það komi fram mismunandi skoðanir hér í dag um það hvar eigi að reisa nýtt alþingishús.

Ég tek undir sjónarmið þeirra manna sem hafa haft við það að athuga að sú till., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir að nýtt alþingishús verði vestan við núverandi þinghús. Ég skal taka það fram, að fyrst þegar ég fór að hugsa um þessi mál var efst í huga mínum, eins og mér skildist á hv. þm. Benedikt Gröndal að hefði verið hjá honum, að þinghúsið ætti að vera á öðrum stað en hér, þó að ég hafi ekki haft í huga að flytja þingið til Þingvalla. En ég verð að segja að eftir því sem ég hef meir hugsað þetta mál, þá hef ég frekar hallast að því að það væri rétt að hafa þinghús hér í nágrenni þessa húss. Þó verð ég að segja það, að persónulega hef ég ekki gert upp endanlega skoðun mína í þessu efni.

Ég held, að þó að það sé langur tími síðan menn fóru að hugsa um staðarval fyrir alþingishús, þá hafi raunverulega ekki verið unnið að því máli sem skyldi eða nægilega vel til þess að það sé með góðu móti hægt að bera ýmsa valkosti saman. Ég á við það, að það er að mínu viti ekki nægilegt að fara í bíl um bæjarlandið og líta á ýmsa mögulega staði. Það þarf að gera sér grein fyrir hvernig byggingin á að vera, hvernig hún fellur inn í viðkomandi umhverfi, og jafnvel að gera bráðabirgðateikningar af húsi og mannvirkjum á fleiri en einum stað til þess síðan að geta borið þessa kosti saman. Með tilliti til þessa held ég að það sé varhugavert nú fyrir hv. Alþ. að ætla að taka, að því er mér skilst á hv. 1. flm. þessarar till., taka ákvörðun á þessu þingi um það, hvar á að byggja nýtt alþingishús. Ég held að það sé varhugavert að gera slíkt og málið þurfi miklu betri undirbúning. Menn geta sagt að það hafi gefist nógur tími til slíks undirbúnings og það hefði átt að vera búið að vinna það verk, en það er staðreynd að mínu viti að það er ekki búið. Ég held að við eigum að flýta okkur hægt í þessu efni.

En nú segja menn, og það hefur komið fram í þessum umr., að okkur liggi á vegna þess að aðstaða okkar þm. sé slík að við getum ekki búið við þetta og það komi niður á störfum okkar

sem þm. og á Alþ. í heild. Um þetta atriði mætti margt ræða. Ég tek alveg undir það, að það þarf að bæta ýmislegt hér á Alþ. og bæta aðstöðu þm. í ýmsum efnum. Og ég geri ráð fyrir því og ég held að það hljóti að liggja í augum uppi að slíkt verður alltaf hægt að segja. Við gerum ekkert endanlegt í þessu efni. En ég hef tilhneigingu til þess að ætla að það komi ekki — eða kannske ég orði það þannig, að það þurfi ekki að koma svo mjög niður á störfum okkar eða Alþ. sem löggjafarsamkomu, hver aðstaða okkar er í dag. Það eru ýmsar skoðanir í þessu efni.

Til gamans mætti t. d. rifja það upp, að þegar, að lokinni síðustu heimsstyrjöld, breska parlamentið eða neðri málstofan var í rústum, þá lá það fyrir að bæta úr þessu. Það voru miklar umr. um þetta mál, og umr. snerust um það, í hvaða formi ætti að byggja upp nýja neðri-málstofu. Það voru uppi háværar raddir um að það yrði að gera með þeim hætti að málstofan yrði mikið stækkuð og byggð upp í nútímastíl. Aðrir voru á móti og þ. á m. maður sem tekið var mark á, Winston Churchill. Hann sagðist vera á móti þessu, móti þessari fyrirætlun. Það ætti að byggja neðri málstofuna upp nákvæmlega eins og hún hefði verið. Þá var honum bent á að þetta gæti ekki gengið, það væri ekki lengur hægt að una því að aðeins ⅔ þm. neðri deildarinnar hefðu sæti, eigin sæti í málstofunni. Winston Churchill sagði: Það er einmitt þetta sem við þurfum að varðveita. Neðri málstofan á að vera þannig byggð upp að það séu ekki nema ⅔ þm. sem hafa sæti. Þó að svo sé, þá er það þannig undir venjulegum umr. í deildinni að það eru margir stólar auðir, en þegar stóru málin koma fyrir, þá fyllist málstofan, öll sæti full og gólfið á milli stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar einnig fullt af þm. sem þar standa. Það er þetta sem gefur neðri málstofunni það sérstaka andrúmsloft sem þar og hvergi er annars staðar á nokkurri löggjafarsamkomu. — Þetta sagði Winston Churchill. Og það er alkunna, að það var farið að hans till. Neðri málstofan var byggð svona upp, eins og hún var.

Nú er ég ekki með þessu að segja að við eigum nú að fara að byggja upp þinghús þannig að það verði ekki nægileg sæti einu sinni fyrir alla þm. Mér kemur ekki slíkt til hugar. En ég hygg að þessi saga, sem ég hef hér drepið á, gæti þó gefið okkur til kynna að það sé varhugavert að meta gildi löggjafarþings eftir því hve það er háð á mörgum fermetrum.

Ég held að þó að við, eins og ég sagði áðan, flýtum okkur hægt í byggingarmálum Alþ., þá þurfum við ekki að óttast neitt í því efni. Við þurfum ekki að óttast að það þurfi að hamla störfum Alþ. á þann veg að það gegni ekki eins vel hlutverki sínu sem löggjafarþing þjóðarinnar. En um leið og við flýtum okkur hægt, þá held ég að það sé rétt að við vinnum nú markvissara að því heldur en við höfum gert, svo að málið geti legið þannig fyrir að það sé hægt að velja á milli mismunandi kosta í sambandi við staðsetningu nýs húss. Meðan við erum að gera þetta, þá skulum við halda áfram að vinna að bættri aðstöðu, eins og hv. 1. flm. þessarar till. tók fram að gert hefði verið á síðustu árum undir forustu núv. hæstv. forseta Sþ.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál frekar, en taldi rétt að koma fram með þessar hugleiðingar mínar í tilefni af þeim umr. sem fram hafa farið.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég segi eins og hv. seinasti ræðumaður, að ég skal ekki lengja þessa umr. mikið, en vildi gjarnan að það kæmi fram, að ég álít að hér sé hreyft nauðsynjamáli. Aðstaða Alþ. og þeirrar starfsemi, sem Alþ. þarfnast, er að mínu mati alls ekki fullnægjandi og þarf úrbóta við, og hefur raunar verið farið um það mörgum orðum af þeim hv. þm. sem talað hafa í málinu.

Mér finnst, að kjarni þessa máls komi fram í grg. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það er tilgangur þessarar till. að taka ákvörðun um staðarval og hefja fljótlega undirbúning nýrrar byggingar. Er sjálfsagt að láta fara fram samkeppni um gerð hússins og umhverfi þess.“ Ég er alveg sammála um þann tilgang, sem felst í þessum setningum, og finnst það forvitnismál að fá að sjá, eftir að slíkt útboð eða samkeppni hefur farið fram, hvernig arkitektar og byggingarmenn gætu hugsað sér að leysa framtíðarhúsnæðisþörf og aðstöðu Alþ. hér á þessum stað og í umhverfi hans. Þess vegna hefði ég talið að það væri nægjanlegt, og ég vil beina því til þeirrar n. sem fær þetta mál til meðferðar, að stytta svolítið till., t. d. þannig að segja: „Alþ. ályktar að fela forsetum þingsins að hrinda af stað undirbúningi undir nýbyggingu fyrir Alþingi“ — setja punkt þarna á eftir og sleppa „vestan við núverandi þinghús“ og halda síðan áfram: „Verði efnt til samkeppni um bygginguna og umhverfi hennar“ — og sleppa „og stefnt að því að fyrsta skóflustunga verði tekin á 100 ára afmæli alþingishússins 1981“ — þó ég sé út af fyrir sig alls ekkert andvígur því.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég mun á nokkrum þingum hafa hreyft því máli, sem er hér til umr. og mun þá hafa verið hvatamaður nýrrar þinghússbyggingar. Ástæðan til þess, að ég hef ekki hreyft þessu máli á síðustu þingum, er sú, að mér hefur nokkuð snúist hugur og ég er ekki sami áhugamaður um að flýta nýrri þinghússbyggingu og ég áður var. Ég ætla ekki að eyða löngu máli til að gera grein fyrir þessari breyttu afstöðu minni, en vil þó nefna sérstaklega tvö atriði. Að sjálfsögðu gæti að ýmsu leyti farið betur um alþm. í nýju þinghúsi. Það er vafalaust. En nýtt þinghús mundi aldrei hafa það sem þetta þinghús hefur. Það hefði enga sögulega hefð, engar sögulegar minningar og tengdi okkur ekki á neinn hátt við fortíðina, eins og þetta þinghús þó vissulega gerir. Á þeim tæpum 100 árum, sem Alþ. hefur starfað hér, hafa gerst margir og stórir atburðir í okkar sögu sem eru tengdir þessu húsi. Hér var sjálfstæðisbarátta við dani til lykta leidd, hér var unnið að lýðveldisstofnuninni þó að formlega færi hún fram á öðrum stað og hér hefur landhelgisbaráttan verið leidd til fulls árangurs og sigurs, og þannig mætti lengi telja. Það eru því óneitanlega bundnar margar minningar við þetta hús sem ekki mundu fylgja nýju þinghúsi. Og ég held að á þeim tímum, sem nú eru, ættum

við ekki að gera lítið úr þeim sögulegu tengslum sem þetta hús varðveitir. Ég held líka að það sé í flestum öðrum löndum þannig háttað, að þó að þinghús þar séu orðin úrelt, eins og t. d. breska þinghúsið, þá eru menn ófúsir að flytja þaðan. Þetta held ég að menn ættu að hugsa vel um áður en endanlega er ráðist í nýja þinghúsbyggingu.

Annað atriði, sem hefur haft áhrif á afstöðu mína í þessum efnum, er það, að það eru svo ótalmörg verkefni í þjóðfélaginu sem eru óleyst og að mínu mati eru ekki minna aðkallandi heldur en að byggja nýtt þinghús, þó að það geti verið nauðsynlegt. Það kann að vera satt, að þessi afstaða sýni ekki sama stórhug og var á sínum tíma þegar þjóðin réðst í að byggja þetta þinghús og lét það ganga fyrir öllum öðrum verkefnum. En tímarnir hafa breyst mikið síðan. Þá var ekki verið að hugsa um að sinna mörgum verkefnum sem við teljum hvað nauðsynlegust nú. Þá var t. d. ekki verið að hugsa um það að byggja elliheimili, barnaheimili, skóla og jafnvel ekki spítala. Nú bíða stórfelld verkefni óleyst á öllum þessum sviðum, sem mér finnst mörg þannig vaxin að þau eigi að hafa forgangsrétt umfram nýja, dýra þinghúsbyggingu. Af þeim ástæðum finnst mér að við eigum að fara okkur hægt í öllum breytingum í þessum efnum.

Hitt er annað mál, og ég skal viðurkenna að það er alveg rétt, að starfsaðstaða þm. er að ýmsu leyti ekki eins góð og hún ætti og þyrfti að vera. En ég álít að þau salarkynni, þar sem við höldum okkar fundi hér, séu alveg fullboðleg fyrir okkur. Jafnvel þó að svo færi að samþ. væri að gera þingið að einni deild mætti sameina þessa sali með þeim árangri að þingið gæti vel haldið fundi sína hér áfram. Hitt er það, að við þurfum að fá bætta aðstöðu að ýmsu leyti fyrir nefndarfundi og þm. þurfa að fá bætta starfsaðstöðu, og inn á þá braut hefur verið farið með því að tryggja þm. skrifstofuhúsnæði hér á næstu grösum, eins og hæstv. forseti Sþ. minntist á. Ég tel að hann hafi unnið mjög gott verk þegar hann átti sinn meginþátt í því að Þórshamar var keyptur. Ég hygg að við eigum að halda áfram að leysa mál þm. á þann hátt að þeir geti hér í grennd við þinghúsið haft sæmilega starfsaðstöðu til að vinna að sínum málum og til að taka á móti því fólki sem vill heimsækja þá.

Ég held að í náinni framtíð eigum við að leggja fyrst og fremst áherslu á það verkefni í sambandi við Alþ., en fara okkur hægt í því að ákveða nýja þinghúsbyggingu því að eins og ég sagði áðan eru það ótalmörg verkefni, sem bíða, sem eru ekkert síður nauðsynleg heldur en ný þinghúsbygging og þjóðin leggur sennilega enn þá meiri áherslu á og mundi e. t. v. telja ekki rétt ráðið að alþm. létu það ganga fyrir að byggja eitthvert stórhýsi yfir sig á meðan fjöldamörg nauðsynleg verkefni bíða óleyst sem að margra dómi eru meira aðkallandi. Ég nefndi áðan t. d. elliheimili og sjúkrahús, skóla og barnaheimili og annað þess háttar sem dæmi um þetta. En ég vil til viðbótar nefna eitt stórt verkefni sem Alþ. var raunverulega búið að lofa að leysa, en hefur ekki sinnt nægilega enn þá, en það er bygging þjóðarbókhlöðu. Ég held að í menningarmálum þjóðarinnar sé ekkert verkefni meira aðkallandi heldur en að koma hér upp nýrri fullkominni þjóðarbókhlöðu, sameina þau söfn, sem fyrir eru, og skapa fræðimönnum og öðrum þeim, sem á safni þurfa að halda vegna t. d. sérgreina sinna, aðstöðu til að geta sótt þangað þá menntun sem söfn veita.

Þessum hugleiðingum mínum fannst mér rétt að koma á framfæri vegna þess að ég mun á sínum tíma hafa verið einn mesti hvatamaður nýrrar þinghúsbyggingar, en mér finnst við nánari athugun að við eigum að íhuga þetta mál vel áður en ákvarðanir eru teknar um það.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Mengunarvarnir í álverinu í Straumsvík, þáltill. (þskj. 362). — Frh. einnar umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Er þingmál þetta kom til umr. voru allfáir hv. alþm. viðstaddir er hv. þm. Sigurður Magnússon flutti framsöguræðu sína. Er hann hafði hálflokið flutningi þessarar framsöguræðu, þá var, ef mig minnir rétt, aðeins viðstaddur formaður iðnn. Ed., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, og ég. Þá vorum við tveir einir í salnum auk hæstv. forseta.

Mál það, sem Sigurður Magnússon reifaði þá ítarlega, var þess háttar að mínu viti að til háborinnar skammar var fyrir Alþ., þ. á m. hv. alþm. sem telja að núverandi hús, sem vér nú stöndum í og sitjum, rúmi ekki sæmd stofnunarinnar. Í framsöguræðu þessa hafði verið lögð geysileg mikil vinna við öflun fræðilegra gagna varðandi mengun frá Straumsvíkurverksmiðjunni og málið í grundvallaratriðum þannig vaxið, að mér fannst raunar alveg bráðnauðsynlegt að a. m. k. hæstv. iðnrh. væri viðstaddur umr. og síðan allir aðrir þeir hv. alþm. raunar, sem munu, ef að líkum lætur, í næstu viku fjalla um yfirvofandi tilurð annarrar stóriðjuverksmiðju sem ætlun ríkisstj. er og að því er mér skilst Alþfl. að verulegu leyti að rísi hér uppi í Hvalfirði. Líkur benda til þess að allur undirbúningur fyrirhugaðrar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði hvað mengunarhliðina snertir sé þess háttar, að hann falli nokkurn veginn að viðhorfum þeirra manna sem létu reisa álverksmiðjuna í Straumsvík án hreinsitækja, — viðhorfum þessara sömu manna til heilsu starfsmanna og til nánasta umhverfis verksmiðjunnar og þess lífs í landinu, sem verður fyrir áhrifum frá verksmiðjunni.

Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að það hefði verið þýðingarmikið fyrir þessa hv. þm. að hlýða á ræðu Sigurðar Magnússonar, framsöguræðu hans með máli því sem hér er til umr. Enn þá fremur er ég þó þeirrar skoðunar eftir að hafa heyrt það nú fyrir stundu af munni forseta, að þegar hefur verið sett á dagskrá Nd. álit iðnn. d. varðandi málmblendimálið, áður en iðnn. Ed. hefur verið kvödd saman til þess að fjalla um skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins, sem heilbrrn. leggur til grundvallar vinnslulevfi sem það hefur nú þegar gefið út. Meiri hl. iðnn. Nd. treystir sér sem sagt til þess að mæla með samþykkt frv. um samninginn við Elkem og um

málmblendiverksmiðjuna án tillits — gersamlega án tilits til þess hvaða álit sérfræðingar hafa á mengunarhættunni frá verksmiðjunni, án þess að hafa kynnt sér nokkur gögn varðandi mengunarhættu frá fyrirhugaðri verksmiðju. Og ekki nóg með það, að meiri hl. iðnn. Nd. skrifi undir nál. með meðmælum um samþykkt þessa frv., heldur hefur fulltrúum Alþb. í iðnn. beggja d. þingsins verið synjað um að fá skýrslu heilbrigðiseftirlitsins í hendur til þess að geta kynnt sér þetta mál, beinlínis vegna þess að það er ljóst mál að veiting starfsleyfisins frá heilbrrn. brýtur í bága í ýmsum grundvallaratriðum við vilja Heilbrigðiseftirlits og Náttúruverndarráðs og annarra þeirra manna, sem um það ber að véla hvort slík leyfi skulu leyfð.

Þegar hv. þm. Sigurður Magnússon flutti framsöguræðu sína fyrir þáltill. í heyranda hljóði sex eyrna, að hv. eyrum forseta meðtöldum, hér í þessum sal, þá óskaði hann eftir því að fá tækifæri til þess að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. iðnrh. um grundvallaratriði varðandi mengunina frá álverksmiðjunni í Straumsvík. Hvar hæstv. iðnrh. var þá staddur veit ég ekki annað en það, að hann var ekki hér í húsinu. Ég er þeirrar skoðunar, að vegna þess hvernig staðið var að umfjöllun málsins á þeim degi þegar það var tekið til meðferðar hér í þingsalnum, þá sé bráðnauðsynlegt að frsm. flytji hér að nýju í viðurvist alþm. þann hluta framsöguræðu sinnar sem mestu máli skiptir, til þess að hann geti gert grein fyrir þessum þýðingarmiklu spurningum, gert grein fyrir þeim og fengið svör við þeim frá hæstv. iðnrh., til þess að hv. alþm. geti, ef þeir vilja, ef þeir mega vera að og ef þeir þora, ef þeir eru menn til, vegna þess á hvern hátt þeir hafa bundist í önnur stóriðjumál sem hér liggja fyrir, vesalingarnir litlu, — ef þeir þora að hlýða á þessa ræðu, þau rök sem þar voru flutt fram með kröfunni um tafarlausar ráðstafanir til þess að binda endi á mengunina frá Straumsvíkurverksmiðjunni, en henni verði lokað ella.

Ég hefði talið ákaflega æskilegt, ef það hefði fengist fram við umr. um þessa þáltill. af hálfu forsvarsmanna Framsfl. sérstaklega, hvort þeir ætla að túlka nýgerða samþykkt miðstjórnar flokksins gegn erlendri stóriðju á þá lund, að ekki komi til greina að þingflokkur Framsfl. samþykki leyfi fyrir þriðja kerskálanum í Straumsvík til Alusuisse. Ég hefði talið það ákaflega æskilegt ef svar við þeirri spurningu hefði getað fengist fram nú þegar, ekki bara vegna þeirrar nauðsynjar að alþm. geti gert sér grein fyrir viðhorfunum til þessa stóriðjumáls, heldur fyrst og fremst til þess að kjósendur Framsfl. geti gert sér nú þegar nokkra grein fyrir því, að hve miklu leyti þeir eiga að taka mark á samþykktum miðstjórnar í þessu máli. Þetta er þýðingarmikið nú, vegna þess að það hefur komið fram, að vísu með ákaflega loðnu orðalagi og í miklum hugrenningasamböndum, að hæstv. iðnrh. ætli að veita Alusuisse a. m. k. þriggja og hálfs árs frest til þess að koma upp hreinsitækjum í Straumsvík, a. m. k. þriggja og hálfs árs frest, þrátt fyrir það að upplýsingar liggi nú fyrir um að mjög alvarlegrar mengunar frá álverksmiðjunni gætir nú þegar alla leið vestur á Mýrar, að maður tali ekki um Álftanessvæðið, og að flúormagn langt yfir hættumörk hefur fundist í barrtrjám og öðrum viðkvæmum gróðri undir Esjurótum. Enn fremur er ákaflega mikil þörf að fá nú upplýsingar um hver afstaða Framsfl. ætlar að verða til þriðja kerskálamálsins í Straumsvík, vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur látið það uppi, — að vísu var það aðeins 10 dögum eftir að hann hafði lýst því yfir í Ed. að rangt væri að þriðji kerskálinn í Straumsvík væri forsenda fyrir fyrirhugaðri Hrauneyjafossvirkjun, — 10 dögum síðar lét hann það uppi mjög skorinort að viðræður við Alusuisse um þriðja kerskálann í Straumsvík væru nú á döfinni.

Eins og þetta mál er allt saman í pottinn búið er fráleitt fyrir okkur að taka til umr. frv. það, sem nú er boðað að leggja eigi fram í Nd. Alþ. á morgun frá n., án þess að hafa áður rætt til hlítar þau mál sem varða stórhættulega mengun frá stóriðju sem við höfum þegar í landinu. Það má vel vera að afstaða hv. alþm. til þessa atriðis, sem lýtur að mengun og stóriðju, sé mjög misjöfn, allt frá því að vera gersamlega sama og upp í það, eins og ég þykist verða var við hjá ýmsum hv. stuðningsmönnum stjórnarinnar, að þeim sé ekki sama, en þeir styðji þessar stóriðjufrumkvæmdir og beri blak af stóriðjufurstum ríkisstj. gegn samvisku sinni, gegn betri vitund, eins og sumir þeirra segja: Vitaskuld erum við á móti málmblendiverksmiðjunni í Hvalfirði, en við verðum bara að gera þetta vegna rafmagnsmálanna, vegna Landsvirkjunar, — segjandi þá raunverulega sem svo: Landsvirkjun verður að koma rafmagninu sínu í sölu. Hún verður að gera það hvað sem hún fær borgað fyrir það, og það verður þá bara að hafa það hverjar afleiðingarnar verða. — Sams konar afstöðu heyrir maður hjá ýmsum hv. þm. ríkisstj., þegar rætt er um álverksmiðjuna í Straumsvík: Þetta er alveg hræðilegt, þetta er alveg hræðilegt slys. Það er óttalegt til þess að vita að þessi verksmiðja skuli spúa eitri yfir þetta svæði þéttbýlisins við Faxaflóa, að fólkið, yfir 100 þús. manns, sem byggir þetta svæði sem liggur undir menguninni, skuli þurfa að taka á sig þennan óþverra fyrir erlent auðfélag og ekkert skuli vera hægt við þessu að gera. Þetta er alveg skelfilegt. En hvað eigum við að gera í þessu máli? Við verðum að styðja ríkisstj. okkar, við verðum að styðja við bakið á iðnrh. okkar, og ekki megum við bregðast honum Jóhannesi okkar. En það er skelfilegt til þess arna að vita. — Og svo eru náttúrlega þessir menn, sem ég vék að áðan, sem er alveg sama. Mönnum var sama strax í upphafi, þegar verksmiðjunni var komið upp, og er sama enn, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal, sem orðaði það svo við umr. hér á Alþ. fyrir skemmstu að hann þekkti ekki einn einasta þm. sem óskaði þess að við hefðum ekki álverksmiðjuna í Straumsvík.

Ég endurtek það, að ég er þeirrar skoðunar að við verðum að fjalla mjög ítarlega um reynslu okkar af menguninni frá álverinu í Straumsvík — mjög ítarlega — áður en Alþingi tekur að fjalla um tilurð annarrar verksmiðju sem reisa á samkv. leiðbeiningum nær sömu sérfræðinganna sem stóðu að álverinu í Straumsvík á sínum tíma,

samkv. ráðleggingum sömu hagfræðinganna og sömu verkfræðinganna og sömu bankastjóranna sem leggja nú hvað fastast að okkur að heimila Alusuisse að koma upp þriðja kerskálanum þarna suður frá áður en búið er að koma upp mengunarvörnum á þessu svæði. Ég tel fráleitt að Alþ. skuli ekki krefjast ítarlegrar rannsóknar óháðra sérfræðinga á menguninni frá álverinu í Straumsvík áður en lið er máls á því, hvað þá að ræða um aðra stóriðjuverksmiðju á þessu svæði.

Umr. frestað.

Efri deild, 56. fundur.

Fimmtudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Skálholtsskóli, frv. (þskj. 433). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um Skálholtsskóla. Eins og kunnugt er hefur um hríð starfað skóli í Skálholti. Hann var reistur fyrir forgöngu þjóðkirkjunnar og Skálholtsfélagsins. Áhugasamir aðilar á Norðurlöndum veittu mjög mikilsverðan fjárstuðning við byggingu skólans og svo einnig ríkissjóður sem hefur lagt fram fé á fjárl. nú um nokkur undanfarin ár sem stofnkostnað. Núna s. l. ár var þetta framlag 6 millj. kr.

Skálholtsskóli hefur frá upphafi starfað með líku sniði og lýðháskólarnir á Norðurlöndunum hinum. Vísir að slíkri starfsemi var hér upp kominn í landinu áður, þar sem voru héraðsskólarnir. En eftir að þeir voru felldir inn í hið almenna skólakerfi hefur ekki verið völ á hliðstæðri skólagöngu hérlendis eins og kostur er á Norðurlöndunum.

Með flutningi þessa frv. er stefnt að því að setja löggjöf um Skálholtsskóla. Starfsemin yrði með alveg sama sniði og áður. Lagt er til að ríkissjóður veiti skólanum fjárstuðning í sama mæli og Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn njóta nú samkvæmt nýrri löggjöf um viðskiptafræðslu. Ákvæðin um hluttöku ríkissjóðs í kostnaði við Skálholtsskóla í þessu frv. eru sniðin eftir þeirri löggjöf.

Skólinn verður hins vegar sjálfseignarstofnun eins og raunar fyrrnefndu skólarnir og ber kirkjuráð ábyrgð á fjárreiðum hans, eins og segir í 8. gr. frv. Í frv. er ákvæði um stjórn skólans og í 8. gr. er kveðið á um hversu ráðstafa skuli húsnæði hans ef skólahald yrði lagt niður.

Ég held ég láti hjá líða að flytja langa eða ítarlega framsöguræðu um þetta mál, en vísa til frv., ég held að það hljóti að teljast mjög einfalt að gerð og nokkuð ljóst í framsetningu líka.

Skálholtsskóli hefur starfað í nær 5 ár. Aðsókn hefur verið mikil, og bendir það til þess að stofnun þessa skóla sé ekki að ófyrirsynju, en orðin af brýnni þörf, — þörf sem um langa hríð hefur verið reynt að mæta í nálægum löndum á líkan hátt og hér er lagt til. Ég hef aðeins leitast við að fylgjast með árangri af starfi þessa skóla í gegnum árin, og mér virðist að hann sé mjög góður og sé nánast í fyllsta samræmi við það sem að var stefnt með stofnun skólans af forvígismönnum hans.

Eins og áður segir hefur Alþ. að undanförnu veitt skólanum verulegan fjárstuðning á fjárl., allt upp í 7 millj. kr. á ári, má segja, þegar það var mest. Kostnaður ríkissjóðs af rekstri, miðað við ákvæði frv. og miðað við þann rekstrarkostnað sem orðið hefur að undanförnu við skólann, sem ekki er fjölmennur, rétt um 20 nemendur, mundi ekki nema öllu hærri upphæð en veitt hefur verið í fjárlögum sem stofnkostnaður að undanförnu. Hagsýslustofnunin hefur kannað þá hlið málsins og þingnefnd verða að venju sendar niðurstöður hennar.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, herra forseti, en vil árétta það, sem segir í aths. með frv., að þar sem bæði Alþ. og almenningur hafa veitt skólanum stuðning á þann hátt, sem ég hef — þó mjög lauslega — drepið á, þá virðist eðlilegt að setja löggjöf um starfsemi stofnunarinnar.

Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að fagna því að frv. þetta skuli vera komið hér fram. Hér er gert ráð fyrir því að stofnun, sem hefur starfað undanfarin ár með ágætum, fái sinn sess í skólakerfinu, og ég lít svo á að skóli á þessum grundvelli eigi þar heima.

Frá því að Skálholtsstaður fékk sess í hugum íslendinga sem biskupssetur að fornu hefur þar verið rekinn skóli, að sjálfsögðu fyrst og lengi vel í tengslum við kirkjuna, en jafnframt var hann sú stofnun sem miðlaði almennri þekkingu til þeirra lærisveina sinna sem síðan gegndu áhrifastöðum í þjóðlífinu og voru brautryðjendur á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Því hefur Skálholt ásamt með Hólum í Hjaltadal skipað sinn ákveðna sess og sinn virta sess í hugum íslendinga allt þar til stóll og skóli voru niðurlagðir laust fyrir síðustu aldamót, illu heilli, á niðurlægingartímum í sögu þjóðarinnar. En með endurreisn Skálholts nú hin síðustu ár hefur þótt sjálfsagt, að jafnframt því sem staðurinn yrði kirkjuleg miðstöð risi þar og starfaði skóli, svo sem áður var, þó með öðru sniði væri en þá. Þessi skóli hefur nú starfað í nokkur ár og lagt áherslu á, eins og segir í frv. sem hér liggur fyrir, að „dýpka skilning“ nemenda sinna á félags- og menningarlífi samtíðarinnar, auk þess sem hann vinnur að varðveislu þjóðlegrar menningararfleifðar íslendinga og starfar á grundvelli kristinnar kirkju. Að þessu leyti hefur skólinn sérstöðu í íslensku skólakerfi, byggir enda á starfsemi og starfsháttum hinna kunnu norrænu lýðháskóla sem reynst hafa mörgum æskumanninum notadrjúgir til uppbyggingar fyrir menntun framtíðarinnar.

Hér hefur Skálholtsskóli auk þess fyllt upp í vissa eyðu í skólakerfinu, þar sem þar hafa fengið aðgang ýmsir þeir nemendur sem urðu utanveltu í hinu almenna kerfi og fengu aðstöðu til að átta sig og finna sjálfan sig á nýjum vettvangi við frjálst nám og holla leiðsögn.

Ég tel að Skálholtsskóli hafi þegar sannað ágæti sitt, þótt hann hafi ekki lengi starfað, og styð

því þá hugsjón, sem að baki honum liggur, og þá viðleitni að stuðla að hagnýtu þjóðlegu skólastarfi á kristilegum grundvelli. Það dylst áreiðanlega engum, að á tímum siðferðilegrar upplausnar, sem við blasir á mörgum sviðum, því verður ekki á móti mælt, þá er sérstök þörf á stofnun sem leggur áherslu á kristilegar dyggðir og beinir nemendum sínum inn á siðferðilega heilbrigðar brautir og elur jafnframt upp heilbrigt ungt fólk sem vill beina kröftum sínum að eflingu þjóðlegra verðmæta og fegurra mannlífs. Þetta er auðvitað hlutverk allra skóla í landinu. En misjafnlega er það rækt, eins og við má búast, og ekki er alls staðar lögð sú áhersla á hinn siðferðilega og trúarlega þátt uppeldisins sem þörf væri á ef þjóðin á að stefna til farsældar og gæfu á komandi árum.

Það er þjóðinni til sóma hvernig staðið hefur verið að endurreisn Skálholtsstaðar, og ef Skálholtsskóli fær að starfa áfram á sama grundvelli og verið hefur með stuðningi ríkisvaldsins, þá er vel farið og áreiðanlega þjóðinni til gæfu. Þess vegna styð ég þetta frv. og vænti þess, að það hljóti jákvæða afgreiðslu á hv. Alþingi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er nú kannske ekki aðallega þetta frv. sem mig langar til þess að ræða örfáum orðum hér. Ég hefði fremur kosið að hæstv. ráðh. hefði mælt hér fyrir öðru frv. en þarfara, þrátt fyrir það að ég telji um margt eðlilegt að þessum skóla séu sett ákveðin lög.

Ég veit ekki enn þá um beina afstöðu mína til þessa frv., hef ekki gert það upp við mig fyllilega. Ég tel hins vegar eðlilegt að svona skóli sé hér starfandi. Ég veit að það er margt gott um hann að segja. Þar hefur farsæll skólamaður haldið um stjórn og heldur þar um stjórn, og ég hygg að þær spurnir, sem ég hef haft þar af, gefi nokkuð góða mynd af skólastarfinu. Þær eru jákvæðar, þær spurnir. Hins vegar vakna ýmsar spurningar varðandi svona skóla, reyndar eins og aðra þá skóla sem eru með þetta miklum ríkisstuðningi, en engu að síður sjálfseignarstofnanir með sinni sjálfstæðu stjórn. Ég tel t. d. að þegar við erum að setja lög um þennan skóla, þó eðli hans sé eðli lýðháskólans og eðli frjáls náms, þá beri að huga að því e. t. v. hvort ekki eigi á einhvern hátt að tengja hina almennu deild betur við hið almenna skólakerfi í landinu, þ. e. a. s. almennu deildina, sem segir hér að veiti almenna framhaldsmenntun þeim sem að loknu skyldunámi eða litlu síðar hafa horfið úr skóla, en vilja taka þráðinn upp að nýju. Þetta hygg ég að þyrfti að athuga betur að þessi deild yrði þá í beinni og nánari tengslum við hið almenna skólanám í landinu. En hitt er svo annað og eðlilegt, að um hinar valfrjálsu deildir og eins sjálfsnámið og rannsóknarstörfin gildi annað. En ég geri auðvitað líka athugasemd við það nokkra, þegar þessi skóli, sem nú er gerður að ríkisskóla að miklu leyti, rekstrarkostnaður hans skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar sem greiðist 80%, og stofnkostnaðurinn 80% og hið sama um heimavist, að þá tel ég það vitanlega orka tvímælis að þeir aðilar, sem nú eru í skólanefndinni, eigi þar allir sæti áfram, heldur verði þar eitthvað meiri hlutdeild frá hálfu menntmrn. en þarna er ráð fyrir gert. En þarna eru sem sagt menn eftir tilnefningu kirkjuráðs, Sambands ísl. sveitarfélaga, Kvenfélagasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Skálholtsskólafélagsins. Þetta eru allt saman ágætir aðilar vitanlega. En ég held að það þurfi samt að huga að því, þegar svona breyting er gerð, að skólastjórnin skuli skipuð með einhverjum öðrum hætti.

Hvort sá ágæti maður, sem þarna ræður nú ríkjum, og þeir, sem á eftir honum koma, verða nefndir rektorar eða ekki læt ég mig litlu skipta. Það fylgir því viss fordild að vísu að hafa þetta nafn á, en ég geri ekki ágreining út af því út af fyrir sig.

En aðalástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs út af þessu var einmitt það frv. sem ég sakna enn frá hæstv. menntmrh., en það er frv. um samræmdan framhaldsskóla eða frv. um framhaldsskólanámið almennt. Hér var í fyrra á ferðinni, eins og hæstv. ráðh. gat um, frv. um viðskiptamenntunina, bæði um Verslunarskólann og Samvinnuskólann og stóraukna hlutdeild ríkisins í þeim skólum báðum. Nú er komið að Skálholtsskóla og ríkið tekur hann að sér að mestu leyti, og þá er eðlilegt að menn fari að spyrja um verknámsskólana okkar, iðnskólana, sem enn þá búa við miklu lakari hlut en þær sjálfseignarstofnanir sem hér er um að ræða. Verður að vænta þess, að í framhaldi af þessu, — hefði auðvitað átt að ganga á undan, — en í framhaldi af þessu a. m. k. kæmu iðnskólarnir með fulla kostnaðarhluttöku ríkissjóðs í bæði rekstrar- og stofnkostnaði.

Ég hef á undanförnum þingum flutt þáltill. um að frv. um framhaldsskólastigið almennt yrði lagt fram. Ég hef ekki séð ástæðu til þess nú á þessu þingi af þeirri einföldu ástæðu, að í haust var boðað frv. um framhaldsskólamenntunina og eftir því hef ég svo sannarlega beðið. Hæstv. ráðh. lagði fram frv. til mikilla bóta og rýmkunar varðandi fjölbrautaskólana og ber að þakka það. Það var mjög til bóta, en fer þó engu að síður enn þá eftir því hvaða námsbrautir eru innan fjölbrautaskólans. Verknámsbrautirnar almennt eru þess vegna enn þá niðri á 50%, eins og iðnskólarnir og verknámsskólarnir sjálfir eru í dag. Ég held að það sé varla unnt að taka þessi mál svona eitt af öðru út úr án þess að taka öll málin í samhengi, og ég vænti þess fastlega og spyrst hér með fyrir um það, hvort fyrir þinglokin a. m. k. verði ekki örugglega lagt fram þetta frv. um framhaldsskólamenntunina, þar sem ég vænti þess að hlutur verknámsskólanna verði gerður jafn hinum bóklegu. Auðvitað vitum við að það frv. nær ekki fram að ganga á þessu þingi, en það verði a. m. k. sýnt núna og við sjáum það þá á næsta þingi í þeim búningi að það megi fara í gegn á næsta þingi, því á því er ábyggilega miklu brýnni þörf og ríkari heldur en að koma í gegn þessu frv. og sömuleiðis þeim frv. sem hér fóru í gegn í fyrra um viðskiptamenntunina.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Örfá orð, herra forseti. Það voru nokkrar athugasemdir í ræðu hv. síðasta ræðumanns varðandi gerð þessa frv.

Annars vegar er hugsanleg þörf á auknum tengslum almennu deildarinnar við skólakerfið í landinu. Það er vissulega atriði sem er skoðunarvert, og á Norðurlöndum hefur verið ýmis gangur á þessu og lýðháskólarnir starfað í mismunandi nánum tengslum við hið almenna skólakerfi. En ég hygg að það sé hæpið að setja inn í lögin sjálf, ef þetta frv. verður að lögum, öllu nánari ákvæði um þetta, en eðlilegra að skipa því með reglugerð.

Svo er það um skipun skólanefndar, að þar væri eðlilegt að ríkið hefði meiri hlutdeild. Þetta er líka atriði sem menn geta og hljóta að velta fyrir sér og geta verið skiptar skoðanir um. En til skýringar hvers vegna þetta er sett upp í frv. á þann hátt sem þar er gert, þá er það gert með hliðsjón af því að þessum skóla er ætlað að hafa nokkuð mikla sérstöðu. Hann fellur ekki inn í kerfið, honum er ætlað að hafa nokkuð mikla sérstöðu og meira frjálsræði en hinum almenna skóla er ætlað. Því er skólanefnd skipuð þetta mörgum aðilum sem ekki eru beint tilnefndir af stjórnarvöldum.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. um frv. um framhaldsskólann, þá get ég svarað því að frv. er nú í prentun. Það var áður búið að setja það. Eftir að sú n., sem að þessu máli hefur unnið, hafði skilað því til rn. var það tekið í skoðun á venjulegan hátt hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Það tók verulegan tíma. En nú er sem sagt búið að setja prentun í fullan gang. Það ætti að koma úr prentun strax eftir helgi og verður þá flutt á Alþ. til kynningar, eins og hv. þm. sagði. Auðvitað er öllum ljóst að það er ekki hugsanlegt að slíkt mál verði afgreitt á einu þingi og satt að segja ekki til þess ætlast af rn. Þvert á móti mun nú, um leið og málið verður lagt fyrir Alþ., frv. verða sent mjög mörgum aðilum til skoðunar og umsagnar, og er þá hugsun rn. sú, að síðan yrði reynt að skoða umsagnir og ábendingar, meta þær og fella inn í eftir því sem ástæða þætti til, áður en frv. verður flutt að nýju.

Það kemur örlítill misskilningur fram í því þegar minnst er á iðnskólana, að þeir eru náttúrlega kostaðir af opinberu fé að öllu leyti þó sveitarfélögin geri það að hálfu. Ég er alveg sammála um — og það hefur komið fram báltill. í þá stefnu — að samræma beri þennan kostnað á framhaldsskólastiginu þannig að ríkið og sveitarfélögin, hvernig svo sem sú skipting yrði þeirra í milli, þá yrði jafnt hlutfall hvort sem um væri að ræða svokallaða verknámsskóla eða bóknámsskóla. M. a. með tilliti til þessarar báltill. svo og umr., sem fram hafa farið um þetta, þá vona ég að sú stefna, sem kemur fram í frv., að koma á fullu samræmi í þessu, mæti hér nánast engri andspyrnu, heldur þvert á móti verði menn nú ásáttir um þetta. Hitt er svo framkvæmdaatriði, hvernig skiptingin verður á milli ríkis og sveitarfélaga.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir í öllum aðalatriðum ummæli hv. þm. Helga F. Seljans um frv., sem hér liggur fyrir, og vildi aðeins bæta við örfáum orðum.

Ég er einn af þeim fjölmörgu mönnum, hygg ég að ég megi segja, sem hafa velgt með sér þá von að lýðháskólahugmyndin gamla yrði endurvakin með nýjum rökum og færð til þess horfs, sem hæfir nútímaaðstæðum á landi hér. Ég er þeirrar skoðunar að lýðháskólakerfið gæti verið okkur ákaflega gagnlegt, lýðháskólafyrirkomulagið, e. t. v. fyrst og fremst til þess að þvinga mætti fram gegnum lýðháskólana þær breytingar sem ég tel að gera þurfi á hinu almenna skólakerfi landsins.

Íslendingar fengu aldrei sitt skólakerfi, hafa ekki fengið það enn í dag, — skólakerfi sem fengi að þróast að íslenskum þjóðháttum og náttúrufari þessa lands og atvinnuháttum. Skólakerfið var flutt inn til Íslands frá Danmörk á sínum tíma, íslenska skólakerfið. Til Danmerkur hafi það flust frá þýsku furstadæmunum og virtist falla mjög vel að dönskum þjóðháttum og staðháttum eins og fleira það sem þýskt er. Hér fékk það ekki að þróast í samræmi við íslenska menningu eða þjóðhætti eða náttúrufar þessa lands eða atvinnuhætti, heldur var það járnbent í því formi sem það var flutt inn.

Við umr. um þetta frv. vil ég nú ekki eyða mjög löngum tíma í að rökstyðja þann grun minn að þetta innflutta, harða, erlenda skólakerfi, sem hefur steinrunnið á landi hér, hafi valdið okkur mjög miklu félagslegu, pólitísku og efnahagslegu tjóni. Þau rök mun ég færa fram síðar í sambandi við mál sem slíkt heyrir meira en þetta frv. sem hér liggur fyrir.

Ég tel að það væri meiri þörf fyrir löggjöf um lýðháskóla almennt heldur en fyrir þetta frv., þótt frv. um lýðháskólann í Skálholti gæti orðið fyrsta skrefið í þá átt. En þá blasir sú hætta við, að löggjöf um lýðháskólann í Skálholti, sem reknir er við sérstakar aðstæður og með öðrum hætti en við getum búist við að lýðháskólar verði reknir hér á landi yfirleitt, kynni e. t. v. að marka stefnuna í þeirri löggjöf sem síðar yrði sett, að þarna yrði smíðaður rammi utan um aðra íslenska lýðháskóla sem rísa kunna og þá rammi sem ekki hæfir þeim.

Hv. 2. þm. Vesturl. minnti á þann sess sem Skálholtsstaður hlaut í vitund þjóðarinnar að fornu. Ég held að þessi sögulega upprifjun sé góð, nákvæmlega í þessu sambandi. En við þurfum einnig að huga að þeim sess sem Skálholtsstaður hefur hlotið í vitund þjóðarinnar hin síðari árin einnig. Söguleg stoð lýðháskólans í Skálholti er síður en svo tengd eingöngu við dýrð þessa staðar. Saga Skálholtsstaðar í niðurlægingu og eymd, óskaplegri eymd og niðurlægingu, er einnig löng. Ég hygg ég fari með rétt mál, að upphaf lýðháskólans í Skálholti, sem hér er fjallað um, hafi raunverulega verið vandræði sem aðstandendur Skálholtsfélagsins voru komnir í með mannvirki sem reist voru í Skálholti í því skyni að stuðla að því að þar kæmist aftur upp biskupssetur.

Það má vera okkur öllum í fersku minni, að félagsskapur upphófst á landi hér sem vann að því að endurreisa biskupsstól í Skálholti og núv. biskup Íslands var einn af forvígsmönnum þess félagsskapar. Málið hlaut allgóðan byr, einkum meðal þeirra manna sem aðgang höfðu að dálitlum fjárráðum, og ég hygg að stuðningur almennings við hugmyndina um biskupssetur í Skálholti hafi fyrst og fremst verið úti um byggðir landsins, meðal þess fólks sem vildi færa vald frá

Reykjavík, svo kirkjulegt sem veraldlegt, að svo miklu leyti sem hægt væri. En um vakningu var ekki að ræða í sambandi við endurreisn Skálholtsstaðar. Svo þegar að því kom að reist höfðu verið þarna nokkur húsakynni, þ. á m. vegleg kirkja, og úrslit fengust í því að biskupinn yfir Íslandi, sem var nú forustumaður Skálholtsfélagsins, vildi ekki setjast að sem biskup í Skálholti, þá blasti við mönnum það vandamál, hvernig nýta ætti þessi mannvirki og þau verðmæti, sem höfðu safnast saman á Skálholtsstað hinum nýja, með einhverjum þeim hætti að þetta yrði okkur ekki til skammar, það sem búið var að gera þarna, eða öllu heldur ekki til vansæmdar umfram það sem þegar var orðið. Og þarna var tekin ákvörðun, sem ég vona svo sannarlega að muni ekki valda auknum vonbrigðum, að reisa þarna skóla þar sem í vetur munu hafa setið, eins og hæstv. menntmrh. sagði, 20 nemendur.

Hæstv. ráðh. fór nú svona á léttu tölti yfir þau atriði sem hann drap á varðandi árangurinn sem hann kvaðst hafa fylgst með af starfi skólans og taldi góðan og í átt við það sem að væri stefnt. Vegna þess, hversu hæstv. menntmrh. er mætur maður, tel ég þessa óljósu yfirlýsingu hafa nokkurt gildi. En gjarnan hefði ég viljað að hann hefði gert örlitla grein fyrir áttinni, sem að er stefnt þarna, og hann hefði einnig sagt okkur frá því í hverju árangurinn — hinn góði árangur — hefði komið fram. Alþ. hefur veitt skólanum stuðning, eins og hæstv. ráðh. gat um, 7 millj. kr. á ári í stofnkostnað. En ég hefði einnig viljað að hæstv. ráðh. hefði sagt okkur frá því, hversu mikill sá stuðningur hefði verið sem skólinn hefði fengið frá almenningi, sem hann sagði að stutt hefði skólann og veitt honum styrk, hversu hár hluti af stofnkostnaði skólans hefði komið frá almenningi, sem sagt, hann hefði farið dálítið nákvæmar út í þessi atriði sem lúta að stuðningi Alþ., hvernig hann var til kominn, að hve miklu leyti hann var til kominn vegna þess að það hefði verið álit Alþ. að hér væri um að ræða nauðsynlegan skóla sem eðlilegt væri að starfaði í Skálholti með þessum hætti, eða hvort Alþ. tók þarna að sér, eins og stundum áður, að reyna að hjálpa þeim ágætu höfðingjum, sem stóðu að stofnun skólans, til þess að klóra dálítið í bakkann.

Ég þekki nemendur, sem stundað hafa nám við lýðháskólann í Skálholti, tvo ágætismenn unga sem ég hef fullkomna ástæðu til þess að taka mark á. Báðir báru þeir skólanum vel söguna. Og ég hef þóst verða þess var í fari þessara ungu manna, af því að ég þekkti þá fyrir skólagönguna og hef haft talsverð kynni af þeim eftir hana líka, að þeir hafi haft gott af verunni í lýðháskólanum í Skálholti. Það sannar e. t. v. ekki neitt. Sennilega hefðu þeir haft gott af veru í einhverjum öðrum skóla líka. En þó hef ég grun um það, að báðir þessir piltar hafi komið þarna frá lýðháskólanum í Skálholti með örlítið meira víðsýni og kannske heilbrigðari viðhorf til skólanáms almennt heldur en gengur og gerist. Sem sagt, ég dæmi bara út frá þessum tveimur tilfellum. Ég held að skólinn hafi gert gagn, a. m. k. áreiðanlega ekki ógagn.

En ég tel það ákaflega vafasamt að við eigum að samþykkja hér sérstakt lagafrv. um lýðháskóla í Skálholti. Ég hefði viljað að fyrir Alþ. væri lagt frv. til l. um lýðháskóla almennt. Og svo loks þetta, svo að ég víki nokkuð í sömu átt og hv. þm. Helgi Seljan: Ég tel önnur verkefni í bili hvað lagasetningu snertir miklu brýnni heldur en setningu laga um lýðháskóla í Skálholti.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það var nú með vilja gert að ég hafði framsöguræðu í stysta lagi. Þetta eru annadagar á Alþ. En með því að dagskrá Ed. er ekki löng núna og þolinmæði forseta hér áreiðanlega ekki minni en annarra forseta þingsins, þá held ég að ég verði aðeins að svara nokkrum orðum því sem hv. síðasti ræðumaður hefur til mín beint, hv. 5. þm. Norðurl. e.

Ég vil, áður en ég geri það, í framhaldi af því, sem ég sagði áðan um frv. um framhaldsskólann, bæta því við, að ég bað um að hringja fyrir mig í prentsmiðjuna og það er von á því að frv. komi úr prentun á þriðjudag og ætti þá að vera hægt að leggja það fram á miðvikudag. Það kannske skiptir ekki öllu máli um daga úr því sem komið er, af því að þarna verður fyrst og fremst um kynningu að ræða.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. ræddi þetta mál nokkuð vítt og breitt. Menn auðvitað velta fyrir sér ýmsum fleiri atriðum heldur en lýðháskóla í Skálholti þegar þetta ber á góma, fræðslu fullorðinna yfirleitt t. d., og við höfum verið hér með frv. á Alþ. um fræðslu fullorðinna. Það hefur ekki þótt fært að afgreiða það. Það er nokkuð stórt í sniðum, gerir ráð fyrir nokkuð stórri yfirbyggingu og mundi hafa í för með sér nokkuð mikinn kostnað o. s. frv. Í annan stað, ja, nefnum dæmi, með öldungadeildunum og með ýmiss konar ákvæðum, sem menn munu sjá í hinu væntlega frv. um samræmdan framhaldsskóla er gert ráð fyrir miklu meiri sveigjanleika í skólakerfinu, það verður opnara en áður, aðgengilegra fyrir fullorðið fólk að hefja þar nám á tilteknum takmörkuðum sviðum. Og kannske með tilliti til þess alls hefði þótt eðlilegt að leita eftir samræmi á milli skipulegrar og formbundinnar fullorðinsfræðslu, sjálfstæðrar, eins og hugmyndin er í frv. því sem legið hefur fyrir, og svo aftur þeirrar fullorðinsfræðslu sem kemur til með að rúmast innan nýrrar löggjafar um samræmdan framhaldsskóla. En þar verður stefnt að meiri sveigjanleika, meiri opnun, fleiri námsbrautum og auknu valfrelsi. Hins vegar er starfsemi lýðháskólans í Skálholti nokkuð mikið sér á parti.

Hv. þm. virtist vera mjög uggandi út af of sterkum áhrifum frá erlendum skólakerfum á okkar skólamál yfirleitt og telur sig sakna þess að ekki nái að þróast íslenskari skólastefna og íslenskara skólakerfi. Ég vil þá spyrja í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Er það ekki einmitt það, sem menn eru hér að reyna, að fikra sig áfram, í staðinn fyrir að setja heildarlöggjöf um „lýðháskóla“, væntanlega þá sniðna eftir norrænni fyrirmynd að einhverju leyti a. m. k.? Það höfum við alltaf gert til þessa, og það eru ekki miklar líkur til þess að við allt í einu tökum að horfa bara niður fyrir tærnar á okkur og á okkar allra nánasta umhverfi, en lítum ekk-

ert á reynslu annarra. Það eru engar líkur til þess að það verði gert. En er það þá ekki einmitt í meira samræmi við hugsun þessa hv. þm. að leyfa þessum skóla að sýna sig, veita honum þennan stuðning án þess að þrengja að honum, þannig að hann geti starfað frjáls eftir sem áður, en veita honum þennan ákveðna stuðning og leyfa honum að þróast, fikra okkur þá áfram með fleiri slíka þegar tímar líða fram, fremur en byrja nú á því að setja upp stóra löggjöf um þetta? Mér sýnist þetta einmitt — að fara í þetta svona hægt — falla betur að skoðunum hv. þm.

Annars fer alltaf svolítið í taugarnar á mér þessi ótti hv. þm. — þetta hefur komið hér fram áður — við erlend áhrif á okkar mál, eins og t. d. í menningarmálum, að það sé einhver háski búinn af því að hafa hliðsjón af því sem aðrir eru að gera. Í fyrsta lagi er það svo, að í gegnum þau ár og áratugi sem liðnir eru síðan íslendingar fóru að skipuleggja sín fræðslumál, sín skólamál, þá hafa auðvitað allir þeir menn, sem að því hafa unnið, reynt eftir fremstu getu að tileinka okkur það besta úr reynslu nágrannaþjóðanna og sía hitt frá. Það er alveg út í bláinn að berja það síðan blákalt fram, að menn hafi gleypt allt hrátt frá útlöndum. Það gerir enginn maður. Menn reyna þetta. Hitt er annað mál, að það kann að mega leiða rök að því að það hafi mistekist. En þetta er algerlega út í bláinn, álít ég, að halda að við getum byggt upp okkar skólamál án nokkurs tillits til þess sem fram fer í umheiminum. Það gefur auga leið, að við hljótum að gefa því gætur og reyna að leita samræmis við þau kerfi sem eru í nálægum löndum, m. a. út af því að ekki kannske alveg helmingur, en mjög stór hluti af þeim íslendingum, sem stunda háskólanám, stundar það í öðrum löndum, mjög stór hluti, og við verðum þess vegna að gæta nokkurs samræmis, þó að við áfram eins og hingað til gerum allt sem við getum til þess að vinsa úr gallana, en nýta okkur aftur það jákvæða í reynslu annarra þjóða. Þetta var nú almennt út af ummælum hv. þm. um þetta efni.

Hann fór nokkrum orðum um það hér, hv. þm., að lýðháskólinn hefði komið eins og af tilviljun inn í uppbyggingu Skálholtsstaðar. Nú ætla ég ekkert að fara að rekja þá sögu. En ég vil bara benda hv. þm. á það, að þegar menn taka sér fyrir hendur eitthvert ákveðið verkefni, t. d. það að byggja upp Skálholtsstað, þá er þess engin von að þá stökkvi fram úr höfði manna í byrjuninni alskapaðar hugmyndir um það hversu vinna skuli. Menn setja fram ýmsar hugmyndir, síðan þróast þær, þá kemur reynslan og segir sitt, þá koma aðrar hugmyndir og ábendingar annars staðar frá. Ég sé ekki að það sé nokkuð athugavert við það þegar menn standa á auðum stað eins og var í Skálholti og reyna að leggja niður fyrir sér hvernig byggja skuli upp þann stað í samræmi við sögu hans, þó að þá eigi sér stað þróun og menn endurskoði ákvarðanir og leiti þeirra leiða sem hagstæðastar þykja til að gera staðnum til góða og gæða hann lífi.

Hv. þm. beindi því til mín í ræðu sinni, að ég gerði nánari grein fyrir því, hvert væri stefnt með stofnun þessa skóla. Ég gæti ósköp vel lesið 4. gr. frv. um starfsemi skólans, hvernig hún sé uppbyggð, því að í henni er gerð full grein fyrir því, að hverju var og er stefnt, því að þetta er alveg eins og það var í upphafi. En ég held að af því að allir hv. þm. hafa frv. á borðinu hjá sér, þá láti ég nægja að vísa til þessarar gr. um þetta atriði. Ég vil aðeins minna á það, að í 5. gr. segir að skilyrði fyrir skólavist er að nemendur verði 18 ára á skólaárinu, nema eldri séu, og hafi lokið skyldunámi. En þessi grein bendir til þess og gefur það ákveðið til kynna, að skólanum er ætlað að veita nokkuð þroskuðum ungmennum og svo fullorðnu fólki kost á að starfa á þeim grundvelli sem lagður er í 4. gr. frv., og þá fyrst og fremst fólki sem af ýmsum ástæðum hentar ekki að ganga beint inn í hinn formbundna og sem mörgum finnst nokkrum viðjum reyrða skóla.

En svo spurði hann einnig um það og vildi fá það örlítið nánar fram sett sem ég var að segja um stuðning við skólann og hins vegar um þann árangur sem þar hefur orðið. Upplýsingar mínar um það hef ég eins og hann af viðtölum við hlutaðeigendur, við þá, sem þarna hafa numið, og aðstandendur. En það, sem ég þó marka kannske mest, eru viðtöl við nokkra skólamenn sem hafa fylgst með ungmennum sem hafa verið í skóla hjá þeim, hætt þar og síðan tekið til við þennan skóla. Þeir hafa tjáð mér að að þeirra mati hafi áhrifin verið mjög góð og jákvæð. Maður getur ekki byggt þetta á öðru en svona upplýsingum. Það eru ekki próf þarna, enda segja þau ekki endilega til um uppeldisleg áhrif o. s. frv. Sem sagt, ég álít að þarna hafi margir fengið tækifæri til þess að taka upp fjölbreytt nám og störf, líkt og greint er í 4. gr., sem þeir hefðu ekki haft eins greiðan aðgang að í almenna skólakerfinu, fengið tækifæri til að vinna við þetta, fundið sjálfa sig og áttað sig á því, hvaða stefnu þeir mundu taka í sínu námi og starfi.

Hv. þm. misskilur þegar ég tala um stuðning almennings og Alþ. við skólann. Það kalla ég stuðning almennings að sýna það í verki að menn vilja nota skólann. Svo gat ég um fjárveitingarnar, og það kalla ég að Alþ. hafi stutt skólann, að veita honum fé. Það er þetta sem ég átti við.

Það er oft svo, að ýmiss konar einkaframtak kemur af stað góðum hlutum, leitar síðan til ríkisins um framhaldið. Varðandi uppbyggingu þarna, stofnkostnað við þennan skóla, þá er þetta svona, að þegar ákveðið er að byggja skólann, þá er heildarkostnaður áætlaður um 20 millj. kr., og norrænir vinir Skálholts munu hafa lagt fram um 10 millj. kr. eða um helminginn af því sem þá var áætlað. En svo, eins og oftar vill verða með byggingar hér á landi, þá dregst þetta í tíma, e. t. v. hefur verið byggt stærra, en fyrst og fremst út af drætti þá sem sagt hækkar þessi kostnaður upp í nálægt 50 millj. kr. Í þessu tilfelli er það þetta sem veldur erfiðleikum við stofnkostnaðinn. Í öðrum tilvikum mörgum sem við þekkjum, þar sem framtak félaga og einstaklinga hefur komið af stað góðum hlutum og síðan leitað til ríkisins, þá eru það önnur atriði sem valda.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég vil fyrir mitt leyfi þakka fyrir þessar umr. Þetta verður allt til þess að skýra málið, og mig undrar

það ekkert þó að menn hafi ýmsar skoðanir á einstökum atriðum í sambandi við þetta mál. En mér heyrist allt sem fram hefur komið, vera fremur jákvætt heldur en hitt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla alls ekki að lengja umr. um þetta frv., aðeins þrjú og þó fyrst og fremst tvö atriði sem ég vildi leiðrétta í máli hæstv. ráðh., eða leiðrétta annað þeirra, en skýra hitt.

Því fer víðs fjarri að ég hafi eða muni mæla gegn því að við færum okkur í nyt reynslu erlendra skólamanna í íslenska menntakerfinu. Því fer víðs fjarri. Ég er þeirrar skoðunar eins og hæstv. ráðh., að okkur beri að tileinka okkur þá þekkingu þeirra sem fellur að íslenskum aðstæðum, og svo er ekki aðeins í menntamálum, heldur öðrum þeim málum sem varða framfarir á landi hér og lausn íslenskra vandamála. En hitt staðhæfði ég, að fjölmargt í hinu danska skólakerfi, hinu erlenda skólakerfi, hafi verið flutt hingað inn til landsins án þess að gerð væri nógu ítarleg tilraun til þess að fella það að íslenskum þjóðháttum, atvinnuháttum, náttúrufari landsins og með þessum hætti hafi verið unnið stórtjón á íslenskri skólaæsku, á menningu þjóðarinnar og atvinnuháttum hennar. Ég get nefnt dæmi um þetta. Ég get nefnt hæstv. menntmrh. dæmi um þetta, svo að ég taki nú það allra grófasta, um kennslu í málfræði á landi hér, þá kennslu sem stundum hefur verið í málfræði á landi hér. Hér er kennd íslensk málfræði sem kölluð er. Sannleikurinn um þessa málfræði er hins vegar sá, að hér er kennd latnesk málfræði, þýdd yfir á íslensku, og öll þessi ár hefur verið unnið að því að sveigja íslensku undir lögmál latneskrar málfræði og það svo, að hún er víða gengin af göflunum. Þetta er aðeins eitt dæmi af ákaflega mörgum. Hvaða vit er í því á þessu vertíðanna landi, þar sem megnið af framleiðslunni er árstíðabundið, að við kúldrum vinnuglaða unglinga í skólum, t. d. á sauðburðinum, þegar þeir eru látnir sitja allt að því gráti nær yfir latneskri málfræði á íslensku, allt að því gráti nær af löngun til þess að koma heim og taka þátt í þeim menntandi undrum sem eru að gerast úti í vorgrænni náttúrunni, að láta skólakerfið ræna unglingana þessari gleði og þeim þroskamöguleikum sem felast í því að fá að taka þátt í því allra skemmtilegasta og besta og erfiðasta í atvinnulífi landsins? Þetta sama gildir um starfið við sjóinn.

Nei, það má vel vera að svo sé um margar íslenskar stofnanir og marga starfsemi á landi hér og það teljist eðlilegt að dómi hæstv. menntmrh., að fyrst byggi menn hús af mikilli starfsgleði, að ég ekki segi í „fanens vold og magt", setjist síðan niður og spekúleri í því til hvers eigi að nota húsið. Það hafði verið lagt í talsverðar byggingarframkvæmdir á Skálholtsstað og það megum við muna býsna vel, a. m. k. við sem unnum að því að skrifa fréttir á þeim árum, að það var svo sannarlega stefnt að því að endurreistur yrði biskupsstóll í Skálholti. Þetta var haft uppi af hálfu þeirra sem fyrir framkvæmdunum stóðu, raunar löngu eftir það að þeir vissu það sjálfir að þar mundi aldrei rísa biskupsstóll. Og það hafði verið reynt til þrautar áður að það yrði hreint ekki um sinn að biskupssetur yrði aftur í Skálholti. En það var haldið áfram að starfa þarna að framkvæmdum, og ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið gott. Ég vil á engan hátt gera hlut þeirra manna, sem að því unnu, lítinn. En það var ljóst mál, að löngu, löngu áður en forustumenn Skálholtsfélagsins hættu að hafa það uppi, að þar ætti að verða biskupssetur, þá vissu þeir það sjálfir að af því mundi ekkert verða, þannig að þarna brást nú dálítið á heilindin. Og ég er þeirrar skoðunar, að við uppbyggingu íslenskra skóla og þ. á m. e. t. v. fyrst og fremst íslenskra lýðháskóla, þá megum við ekki láta þess háttar vinnubrögð ráða. Það voru slíkir menningarmenn, sem stóðu að Skálholtshreyfingunni, ágætis menningarmenn, að þeim kom það náttúrlega miklu fremur til hugar, þegar þeir voru búnir að reisa þarna þessar byggingar, að koma þá upp skóla í Skálholti, enda átti sú hugmynd sér vissulega sögulega stoð, vitaskuld alltaf miklu frekar í huga að að koma þar upp skóla heldur en t. d. hænsnabúi. En ég aðhyllist alls ekki þá skoðun hæstv. menntmrh., að það geti talist eðlilegt að byggja fyrst hús og taka síðan ákvörðun um það, til hvers eigi að nota það. Hitt er náttúrlega miklu eðlilegra, að sníða þá bygginguna að fyrirhuguðum notum.

Ég ítreka þetta: Ég er því ekki hlynntur að það verði brugðið fæti fyrir lýðháskólann í Skálholti. Ég vil að lagt verði af mörkum fé til þess að hann geti starfað og látið gott af sér leiða. Og ég tel alveg hreint fráleitt að rammi utan um lýðháskóla á Íslandi, sem ég vona að verði miklu meiri, verði smíðaður utan um þennan sérstaka skóla í Skálholti. Ég tel það alveg fráleitt. Ég er hræddur um að löggjöfin um lýðháskólann í Skálholti yrði síðan látin gilda um aðra lýðháskóla á Íslandi eða a. m. k. látin verka sem rammi um þá, þannig að þeir yrðu felldir inn í þess háttar form. Ég tel óeðlilegt að það væri gert. Ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að lýðháskólinn í Skálholti starfi eins og hann hefur gert án sérstakrar löggjafar og við getum lært af þeirri reynslu, sem þar fæst, og tekið tillit til hennar þegar við síðan smíðum löggjöf um lýðháskóla á Íslandi.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af þessari síðustu ræðu vil ég aðeins taka það fram, að lýðháskólinn í Skálholti var ekki teiknaður sem biskupssetur, hús skólans í Skálholti var ekki teiknað sem biskupssetur, heldur skólahús.

En út af því að ég fór að freistast til að ræða um þessi hábölvuðu erlendu skólakerfi, — auðvitað viljum við allir nota það besta, auðvitað hefur öllum sést yfir að einhverju leyti einhvern tíma, — en þessi hráskinnaleikur, að vera sí og æ að úthúða erlendu skólakerfi og eins erlendis menntuðum mönnum, eins og átti sér stað hér í annarri deild í vetur, þetta fer orðið í taugarnar á mér svona álíka eins og þegar menn eru að úthúða skattheimtu ríkisins, en heimta í sama

orðinu margföld framlög til ýmissa góðra hluta. Mér finnst vera meira en lítill tvískinnungur í þessu öllu saman, því auðvitað þurfum við margoft að sækja þekkingu út fyrir landsteina eins og fleira. Þetta segi ég nú sem afsökun mína fyrir því að ég fór að rexa um þessi erlendu áhrif. Það viðurkennum við öll, að okkur hefur ekki tekist allt nákvæmlega eins og best verður á kosið. Það væri þá ekki sannur málsháttur inn, að það er auðvelt að vera vitur eftir á.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég tel nú ekki ástæðu til að lengja þessa umr. svo mjög. En vegna þeirra umr., sem orðið hafa um lýðháskóla almennt, vil ég gjarnan að það komi fram hér við 1. umr. þessa máls, að ég hef langan tíma haft áhuga á því að þróast gæti frjáls lýðháskóli í landinu. Og ég var sannarlega þeirrar skoðunar, að þegar efnt var til þessa skólahalds á Skálholtsstað, þá væri það gert á réttum stað þar sem kirkjan og kirkjulegt starf væri bakhjarl að slíkum skóla. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé algerlega rangt, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. hélt fram, af því að ég veit betur, að upphaf Skálholtsskóla hafi orðið vegna vandræða með eitthvert mannvirki sem þar hafi verið reist á staðnum. Ég held að það sé alveg nægilegt til þess að sýna fram á, að svo er ekki, að eftir að Skálholtsskólinn var settur af stað og honum komið í gang, þá varð að byggja þar nýtt íbúðarhús fyrir sóknarprestinn.

Ég er töluvert fróður um ganglag í hestum, og það er ekkert fjarri lagi að viðurkenna það rétta lýsingu, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. viðhafði um hæstv. ráðh., að hann hafi farið á léttu, ljúfu tölti í sinni ræðu. En ég hef reynt að gera mér grein fyrir því, á hvaða gangtegund sá hv. þm. hafi farið þegar hann var að ræða um þessi mál. Ég þekki engan eðlilegan gang hests sem hann fór. En ég hef heyrt talað um að það hafi verið til einn hestur sem átti það til að fara á kýrstökki og það þótti mér einna líkast, því að svo ónákvæmt virtist mér vera farið með staðreyndir í þessu máli, eins og ég hef reynt að sýna fram á.

Ég ætla ekki að lengja þessi orð. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að það verði umr. um lýðháskóla. Til þess frv., sem hér liggur fyrir, vil ég ekki taka afstöðu í einstökum atriðum. Ég tel að stefna skólastarfsins sé trúlega allvel skilgreind í 4. gr. frv. En það eru ýmsir fleiri þættir sem þar þarf að huga að, og ég held að það sé mál til komið að það verði gert á Alþ., að virða fyrir sér með hverjum hætti lýðháskólastarfi verði komið á í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Innlend lyfjaframleiðsla, þáltill. (þskj. 442). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt þeim hv. þm. Stefáni Jónssyni, Ragnari Arnalds og Geir Gunnarssyni borið fram till. til þál. um eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa frv. á þá lund, að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs umfram innflutt lyf, sé hún fyllilega samkeppnisfær.

Að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum, verði læknum lögð viss skylda á herðar að nýta þau umfram hin erlendu lyf.

Jafnframt verði stuðlað að fjölbreyttari lyfjaframleiðslu en nú er."

Ég vil fyrst vitna í grg. okkar með þessari till., en þar segir að miklar umr. um verðmismun erlendra og innlendra lyfja hafi vakið athygli og ýmsar spurningar, ljóst sé að svör fáist ekki né úrbætur nema með nákvæmri athugun færustu aðila og ótvírætt þarf sú athugun að fara fram og ráðstafanir í kjölfar hennar. Æskilegt hlýtur að teljast að lyf séu sem ódýrust, og þegar margfaldur verðmismunur kemur fram, þá er von að krafist sé skýringa og aðgerða. Þrátt fyrir það að fram kemur, að innlend lyf, jafngild hinum erlendu að áhrifum, eru í sumum tilfellum margfalt ódýrari, eru erlendu lyfin flutt inn og á þau vísað e. t. v. jafnmikið eða meira. Þá er von að við sé staldrað og þess krafist að vissar lágmarksráðstafanir séu gerðar. Hér er svo vitnað í tvö viðamikil frv. um lyfjaframleiðslu og sölu sem lögð voru fram í tíð vinstri stjórnarinnar og ég tel að núv. ríkisstj. hafi svæft meginhugmyndir þeirra frv. og því sé róttækra kerfisbreytinga síður en svo að vænta, lágmarkskrafan hljóti hins vegar að vera sú sem þessi till. gerir ráð fyrir, annars vegar að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs, einkum þar sem hún er fyllilega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu, og hins vegar að læknum sé gert að miða lyfseðlaútgáfu við það, að öðru jöfnu að innlend lyf sitji í fyrirrúmi þar sem þau gefa jafngóðan árangur og þau erlendu.

Við segjum í grg. að hér sé um það mikilvægt atriði fyrir sjúklinga, sjúkratryggingar, innlenda lyfjaframleiðslu og þjóðarhag í raun að ræða, að þess verði að krefjast að ýtrustu ráðstafanir séu gerðar í þá átt sem till. gerir ráð fyrir. Það er rétt að taka það fram, það kom í ljós þegar frv. var lagt fram í vetur um nokkrar breytingar á lyfsölulögum, að endurskoðun væri í gangi á lyfsölulögunum almennt og fyrsti áfangi þeirra væri það frv. sem þá kom fram. Það er vonandi að sú endurskoðun sé hún í gangi af fullri alvöru, leiði til jákvæðrar niðurstöðu hvað þetta snertir. En þessar breytingar, sem við komum fram hér í vetur, voru að mínu viti ekki veigamiklar, en þó taldar engu að síður nauðsynlegar og hafði ég ekkert við þær þá að athuga.

Við lentum í nokkrum vanda með form þessarar till. Það kom til mála að láta fara fram rannsókn á þessu máli. Um þetta höfðu orðið mikil blaðaskrif og miklar umr. Það bar mjög hér á milli hjá mönnum. Klögumálin gengu á víxl og vissulega ástæða til þess að fá úr skorið um réttmæti ýmissa staðhæfinga sem komu fram varðandi þessa framleiðslu. Niðurstaðan hjá okkur varð hins vegar sú að flytja hér almenna till., sem beindist að þessum tveim meginatriðum, samtvinnuðum þó. Við gerum okkur þó engu að

síður ljóst, að það erfiðasta í þessu og viðkvæmasta jafnframt væri varðandi læknana um vissa skyldu sem lögð yrði á herðar þeirra að nýta þessi innlendu lyf umfram hin erlendu. Nú er það svo, að heilbrigðisyfirvöld leggja læknum ýmsar skyldur á herðar með reglugerðum t. d. og vel mætti hugsa sér það í því formi. Það er auðvitað alltaf spurning um það hversu vel menn fara eftir slíkum reglugerðarákvæðum, og auðvitað er misjafnt hvað reglugerðarákvæðin eru ákveðin eða hvort þau eru það almenns eðlis að menn þurfi jafnvel ekki svo mjög eftir þeim að fara. En við fundum þó ekki aðra leið til þess en að einhver viss skylda ætti hér að koma til.

Ég gæti rakið dæmi hér um af persónulegri reynslu varðandi þetta atriði í því læknishéraði þar sem ég bý. Þar er skipt um lækna allþétt, og ég veit um sjúkling þar sem notar allmikil lyf. Þessi sjúklingur notaði dýrt lyf við sínum sjúkdómi, erlent dýrt lyf. En allt í einu kom svo staðgengill héraðslæknisins skamman tíma, kvað ekkert vit vera í því að þessi sjúklingur notaði þetta lyf, sem væri um það bil þrisvar sinnum dýrara en jafngott innlent lyf og fullkomlega jafn-árangursríkt, það hefði lengi verið til, það væri ekki því til að dreifa. Síðan hefur þessi sjúklingur verið með þetta innlenda lyf og það gefist fullkomlega jafnvel og það erlenda sem áður hafði verið notað. Ég fullyrði að þetta skipti mjög miklu máli fyrir viðkomandi sjúkling, sem þurfti svo mjög á þessum lyfjum að halda, og raunar fleiri. En við gerum okkur það ljóst, flm., að hér er um erfiðasta og viðkvæmasta þátt málsins að ræða og þarf ábyggilega vel að honum að huga, áður en sett er viss regla um það sem við förum hér fram á.

Ég vitnaði í lagafrv. sem lögð voru fram á sínum tíma af vinstri stjórninni. Annað þeirra var lagt einu sinni fram. Það var greinilegt að það var ekki vilji meiri hl. þingsins að það færi í gegn, þ. e. a. s. frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins. En með leyfi hæstv. forseta átti hér að vera um að ræða „Lyfjastofnun ríkisins eða ríkisstofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald sem lýtur sérstakri stjórn samkv. lögum þessum undir yfirstjórn heilbrrh." — „Hlutverk og markmið Lyfjastofnunar ríkisins er að annast innflutning, útflutning og heildsölu lyfja og skyldra vara og stuðla að hagsýnni notkun þeirra. Í því skyni skal stofnunin m. a.:

1. Flytja inn hráefni og umbúðir til lyfjagerðar, sérlyf, eiturefni og hættuleg efni, hjúkrunar- og sjúkragögn og aðrar skyldar vörur sem lyfjabúðir og sjúkrahús samkv. eðli slíkra stofnana selja eða nota.
2. Selja í heildsölu vörur sem taldar eru í lið 1 og auk þess innlenda framleiðslu sömu vöru.
3. Annast útflutning á lyfjum.
4. Vinna með stöðugum athugunum gegn hvers konar óhóflegri notkun lyfja og stuðla að hagsýni í lyfjanotkun meðal almennings og á sjúkrahúsum.
5. Safna og vinna úr upplýsingum varðandi lyfjanotkun í samráði við heilbrn.
6. Stuðla með fjárframlögum í mennta- og rannsóknaskyni að framförum í lyfjafræði, lyfjaframleiðslu og skyldum greinum."

Hér var sem sé um veigamikið frv. að ræða og vandasamt um leið og viðkvæmt einnig, og það voru hinir færustu menn sem það höfðu samið. En fyrir þessu var greinilega ekki meiri hluti hér á þingi.

En um hitt frv., sem tvívegis var lagt fram, náðist hins vegar allmikil samstaða þótt ekki næðist það í gegn, en það var um lyfjaframleiðslu. Í aths. með því frv. sagði, með leyfi hæstv. forseta, að það frv. hafi verið samið að meginefni af n. til að gera till. á grundvelli stefnumarks þáv. ríkisstj. um að endurskipuleggja lyfjaverslunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn. Að öðru leyti er vísað til mjög nákvæmrar grg. sem við fengum þá í þn. og kynntum okkur nokkuð, grg. dr. Kjartans Jóhannssonar um lyfjasölu og lyfjagerð, sem var unnin fyrir heilbr.- og trn. Tilgangur þessa fyrirtækis átti að vera annars vegar sá, að starfrækja meiri háttar lyfjaframleiðslu samkv. löggiltri lyfjaskrá og löggiltum lyfsalasöfnum og lyfjaforskriftum og í öðru lagi að stunda tilraunir og rannsóknir með það fyrir augum að framleiða sérlyf. Og einn kaflinn fjallaði sérstaklega um verðlagningu lyfjaframleiðslu, þar sem sagði að það skyldi ávallt vera kostnaðarverð með hæfilegu tilliti til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Og í aths. sagði einmitt, að það hefðu farið fram nokkrar undirbúningsviðræður við Pharmaco hf. um hugsanlegt lyfjaframleiðslufyrirtæki sem væri þó að meiri hl. til í eigu ríkisins.

Þetta voru þau frv. sem er vitnað til í grg., ég taldi rétt að minnast hér á, og þau koma reyndar í ýmsum atriðum verulega inn á það sama og er talað um í till., þó í öðru formi og viðtækara sé. Ég skal ekki dvelja við það eða vekja upp deilur um þessi frv., þau eru liðin tíð. En við afgreiddum þetta frv. um lyfjaframleiðslu hér frá okkur í Ed. og tel ég að það hefði orðið til mikilla bóta ef það hefði orðið að lögum. En auðvitað er hægt að nefna ýmsar smærri breytingar, sem eru eflaust mögulegar enn þá. Ég get nefnt þar alveg sérstaklega lyfjaskráninguna sem dæmi. En það telja vísir menn að sé okkur mjög til baga, að lyf eru nú skráð til 20 ára, en á Norðurlöndunum, í nágrannalöndum okkar, er um að ræða miklu skemmri tíma, allt niður í 5 ár. Þessi regla um 20 ára skráningartímann stendur í raun og veru í vegi fyrir því að hægt sé að knýja niður verð á lyfjum. Það er hins vegar hægt að neita auðvitað um frekari hækkanir.

Það er rétt að vitna í hlutföllin í lyfjanotkun hér á landi, þ. e. a. s. annars vegar þau erlendu og hins vegar þau innlendu. Magnið hefur haldist mjög svipað frá 1970 til 1975, þ. e. a. s. um 33% bæði árin. En hvað verðmæti snertir, þá hefur þróunin orðið sú að 1970 voru um 28% af lyfjunum innlend lyfjaframleiðsla, en á árinu 1975 aftur um 23%, hafði sem sagt farið niður um 5%, og er þar sumpart um að kenna sífellt dýrari erlendum lyfjum sem komu á markaðinn, en ekki beinlínis því að innlend lyfjaframleiðsla hafi svo mjög dregist saman.

En aðalumr., sem urðu hvatinn að þessari

till., voru um hinn mikla verðmismun. Á honum voru ýmsar skýringar og ég vil ekki dæma um réttmæti þeirra til eða frá. En aðeins sem dæmi um þennan verðmismun í sambandi við sama magn, þá er rétt að nefna dæmið um róandi lyf sem er mjög algengt og er mjög mikið notað, þar sem hið innlenda, sá skammtur sem miðað er við, kostaði 335 kr., en hið erlenda, sem hefur nákvæmlega sams konar verkun, kostar í öðru tilfellinu 2193 kr. og í hinu tilfellinu 2190 kr. Hér er vitanlega um gersamlega óeðlilegan mismun að ræða sem jafnvel þessar greinar, sem um þetta voru skrifaðar, hafa ekki skýrt fyrir mér að neinu leyti. Hins vegar nefni ég svo dæmi um glákulyf, innlent lyf sem kostar 695 kr., danskt sem kostar 1194 kr. og bandarískt sem kostar 2296 kr. sömu skammtar. Hér er líka um gífurlegan mismun að ræða og svo mikinn vegna þess að hér er að áliti færustu manna um nákvæmlega jafn-árangursrík lyf að ræða. Þessi verðmismunur fær engan veginn staðist.

Það eru ýmsir þröskuldar hér í vegi, og við gerum okkur það fullljóst. Við vitum t. d. að þróun læknavísindanna er mjög ör, og það á eins við um lyfjaframleiðsluna. Mörg ný lyf eru að ryðja sér til rúms, og það er vitanlega engin leið að framleiða þau hér þegar. Okkur vantar t. d. til þess tækni, mjög fullkomna oft og sérhæfða, sem þarf til þessarar framleiðslu. Þessi framleiðsla er háð einkaleyfum, sem eru mjög dýr og ekki mögulegt að fá undanþágu frá þeim og svo koma ýmsar hömlur aðrar þar til og þessi lyf fást því ekki til almennrar framleiðslu, og sömuleiðis er hráefnið, sem í þessi lyf er notað, oft ekki auðfengið. Allt þetta leggst á eitt með það, að það er ekki hægt þegar í stað eða fljótlega að taka til við framleiðslu hér á nýjum erlendum lyfjum og er það afar skiljanlegt. En auðvitað er svo um mikinn meginhluta algengra lyfja, að það á að vera hægt að framleiða þau hér og við eigum tvímælalaust mjög færa aðila á þessu sviði. Þá starfsemi þarf því sannarlega að styrkja og að því beinist till. okkar. Ég hef meira að segja heyrt hinn ágætasta lækni hafa þau orð hér um, að við ættum jafnvel að innleiða bann við innflutningi rándýrra lyfja ef jafngóð lyf væru fyrir hendi hér. Ekki viljum við ganga svo langt e. t. v. Þó kann það að koma til álita. Ég virði a. m. k. orð þessa ágæta manns mikils, og hann viðhafði þau einmitt í því sambandi að það þyrfti þá ekki að ganga eins hart fram í því að leggja einhverja vissa skyldu á herðar læknanna. En auðvitað verður þá að vera fullkomlega úr því skorið — og á það leggjum við áherslu — fullkomlega úr því skorið að hér sé um jafngóð og jafnárangursrík lyf að ræða. Við viljum ekki að það verði flanað að neinu í því efni.

En miklar umr. og mikil blaðaskrif hér um hafa orðið til þess, að þetta mál hefur komist á hreyfingu. Úr sannleiksgildi þess verðmismunar, sem hefur hér mest verið ræddur, verður að fást skorið, og innlend lyfjaframleiðsla á ekki síður en önnur framleiðsla íslensk að hafa forgang, alveg sérstaklega þar sem hún er jafngóð hinni erlendu, og þá er jafnsjálfsagt að tryggja það með vissum aðgerðum. Þegar kemur að svona veigamiklum þætti eins og lyfjum, þá ætti gróðasjónarmið a. m. k. að hverfa, svo mikil samfélagsleg nauðsyn er okkur á því að lyfjaframleiðsla sé sem best, en jafnframt sem ódýrust og hagkvæmust. Ekki ætti heldur á okkur að standa á þessu mikla ári iðnaðarins og innlendrar framleiðslu að gefa þessu verkefni gaum, einkanlega þegar upplýst er að e. t. v. sé ekki allt með felldu hjá okkur um verð á ýmsu því sem við erum að flytja inn af þessu tagi. Það er a. m. k. von okkar flm. að við endurskoðun þá, sem sögð er vera í gangi, verði fullt tillit tekið til meginsjónarmiða þessarar tillögu.

Ég held að ég hafi ekki lengri framsögu hér um. Till. skýrir sig sjálf. Ég hef vitnað í þá þætti hennar sem ég tel vera vandasama og viðkvæma og þurfi að skoða vel. En aðalatriðið er þó sú mikla umr. sem hér hefur orðið um hinn óeðlilega verðmismun, sem við getum ekki látið fram hjá okkur fara alveg þegjandi og þurfum vissulega að huga að.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. æskja þess, að till. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þar sem till. fer í n. sem ég sit í, þá mun ég ekki vera margorður. Ég held að það sé fullkomin nauðsyn á því að ræða þessi mál og taka þessa till. til gaumgæfilegrar athugunar. En þetta mál um lyf og lyfjasölu er að sjálfsögðu mjög vandmeðfarið, því að hér stendur: „Að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum.“ Það er kannske barna sem vandinn skapast strax. Hver er kominn til með að fullyrða að innlend lyf séu jafngóð erlendu lyfjunum, og það er á þessu sem oft hefur strandað um notagildið. Lyf eru svo sérstaks eðlis að það er mjög mikils virði að öryggi sé um þeirra gæði. Í mörgum tilfellum er innlend framleiðsla jafngóð og erlend. En hitt er svo annað mál, að margir læknar telja sig vera í meira öryggi ef þeir gefa lyf frá viðurkenndum, gömlum framleiðslufyrirtækjum erlendum, — lyf sem búið er að reyna í fjöldamörg ár. Og það hefur komið fyrir að lyf, sem hafa verið í notkun árum saman, — ég tek það fram: ekki innlend, heldur erlend, — þau hafa svo ekki reynst jafngóð eða saklaus og sagt var að þau væru þegar til kom, og af því hefur hlotist mikill skaði. En eitt er víst: Innlenda lyfjaframleiðslu þarf að auka, og ég veit ekki betur en starfandi séu aðilar einmitt að þessum málum sem hafa það í huga að auka til muna framleiðslu á innlendum lyfjum. En vandinn er líka sá, að nýir lyfjaflokkar eru jafnan að koma og lyfjaflokkar sem kannske eru lítið notaðir hér á landi, varla til þess fallnir að hefja framleiðslu fyrir þá litlu notkun sem er í okkar landi. Eins og ég tók fram áðan, þá er oft svo erfitt að fullyrða um notagildið að margir sérfræðingar veigra sér við að fullyrða að ódýra lyfið sé jafngott og það upprunalega. Venjan er sú, að þessi upprunalegu lyf, sem eru dýrust, eru lyf sem eru byggð á vissum framleiðslurétti og handhafar hans nota sér aðstöðu sína tiltekinn árafjölda á meðan verið er að ná upp kostnaði við lyfið áður en það komst á framleiðslustig.

Ég held að það sé ósköp erfitt að fyrirskipa læknum hvaða lyf þeir eigi að nota. Hitt er svo annað mál, að án efa er mikil nauðsyn á því að fram fari miklum mun meiri kynningarstarfsemi um lyf innan læknafélaganna heldur en hingað til hefur verið gert, og að sjálfsögðu, ef það er talið öruggt að innlend lyf séu jafngóð erlendum, þá skuli nota þau frekar en þau erlendu. Það finnst mér algerlega sjálfsagt, enda veit ég ekki annað en þekkt sjúkrahús og okkar ágætu læknar margir noti innlendu lyfin miklu frekar en þau erlendu ef þeir eru nokkuð öruggir um að það sé sami gæðaflokkur.

Ég viðurkenni að þetta hefur komið nokkru meira til skoðunar núna síðustu árin vegna þess að í tíð vinstri stjórnarinnar var gerð sú breyting á, að nú kostar lyfið til sjúklings jafnmikið hvort sem verðmæti þess er við skulum segja 2000 kr. eða 200 kr. eða 500 kr., þannig að þeir borga sama verð fyrir lyf á einum lyfseðli hvert sem magnið er. Þetta veldur einhverju um það, að það eru gefnir stærri skammtar nú heldur en áður var, og má segja að þetta hafi bæði kosti og galla. En nokkuð mun vera um að það séu gefnir óeðlilega stórir skammtar til þess að fyrirbyggja, skulum við segja, að fólk utan af landi þurfi að leita til læknis aftur aðeins til þess að fá nýja uppáskrift.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 65. fundur.

Fimmtudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verslun með erlendan gjaldeyri, þáltill. (þskj. 451). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 290). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 465).

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 374). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 374 var lagt fram í hv. Ed. og hlaut þar samþykki án þess að deildar meiningar yrðu um. Efni þessa frv. er hliðstætt eldri frv. sem flutt hafa verið til að framlengja undanþágu um leyfi til slátrunar í þeim húsum sem ekki hafa fengið löggildingu. Enda þótt á síðustu árum hafi verulega áunnist í þeim efnum að gera sláturhús þannig úr garði, að þau hafi verið löggilt, er þó langt frá því að tekist hafi enn að ná því marki og er unnið að því, en jafnhliða er nú einnig unnið að því að endurskoða þessi mál nokkuð frá því sem áður hefur verið gert. Brýna nauðsyn ber því til að fá þetta frv. afgreitt, til þess að hægt sé að framkvæma slátrun á næsta hausti á þeim svæðum þar sem sláturhús búa við undanþágu.

Ég vona að þetta frv. fái sömu viðtökur hér og í hv. Ed. og fái afgreiðslu frá hv. Alþingi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég sé mig knúinn til þess að kveðja mér hljóðs um fundarsköp og ræða þá málsmeðferð sem ætlunin er að viðhafa um frv. það um járnblendiverksmiðju á Grundartanga sem er á dagskrá deildarinnar í dag. En þannig er háttað að mikilvægt gagn í máli þessu, þ. e. a. s. umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins um starfsleyfi verksmiðjunnar, fékk ég ekki afhent fyrr en nú í morgun á fundi iðnn. þrátt fyrir ítrekaðar óskir mínar um að fá tækifæri til að kynna mér umsögn þess áður en málið kæmi til umræðu. Vil ég hér og nú koma þeirri ósk á framfæri við forseta að umr. um þetta mál verði frestað og málið tekið út af dagskrá fundarins í dag.

Iðnn. Nd. hefur reyndar fyrir allnokkru lokið meginvinnu sinni við athugun frv. þessa. Þó hafði hún ákveðið að bíða með frágang nál. þar til starfsleyfi verksmiðjunnar væri komið frá heilbrrn., en starfsleyfi þetta skal gefa út skv. lögum og í því eru fyrirtækinu sett skilyrði um mengunarvarnir og almenna heilsugæslu. Segir í reglugerð um þetta, að áður en starfsleyfi skuli gefið út skuli rn. óska umsagnar Heilbrigðiseftirlits ríkisins um gerð þess.

Fulltrúar Heilbrigðiseftirlits ríkisins sendu frá sér til heilbrrn. nákvæma og ítarlega umsögn um gerð starfsleyfis þegar í janúar, en við gerð umsagnar sinnar höfðu þeir m. a. samráð við Náttúruverndarráð, einkum um það er við kæmi ytri mengun frá verksmiðjunni. Kom þetta fram í viðræðum iðnn. við fulltrúa þessara aðila. Eftir fund n. með fulltrúum Heilbrigðiseftirlits ríkisins gerði ég ítrekaðar tilraunir til að fá umsögn þessa um starfsleyfi afhenta, en ég áleit að þekking og skilningur á tillögum Heilbrigðiseftirlits ríkisins væru forsenda þess að ég gæti fjallað með eðlilegum hætti um starfsleyfið er það kæmi fram. En þrátt fyrir ítrekanir fékkst umsögnin ekki afhent og mér á hinn bóginn tjáð að umsögnin yrði afhent er starfsleyfið væri afgreitt frá rn. Sætti ég mig við þessa afgreiðslu málsins, en sagði hins vegar hv. form. iðnn. d. að vegna þessa óskaði ég eftir því að tveir eða þrír dagar gæfust til þess að skoða starfsleyfið, eftir að það hefði verið fram lagt, og gerði þá

ráð fyrir því að skoða mætti það með hliðsjón af tillögum Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Svo sem kunnugt er hefur nú starfsleyfi þetta um verksmiðjuna verið afgreitt og mér var afhent það miðvikudaginn 6. þ. m. eða skömmu fyrir páska. Þá brá hins vegar svo við, að umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins fékkst ekki afhent þrátt fyrir endurítrekun af minni hálfu og mér borin þau skilaboð heilbrrn., að umsögnin yrði einungis afhent formönnum iðnn. Alþ. sem trúnaðarmál.

Ljóst var því að ekkert tækifæri mundi gefast yfir páskana til að kanna nákvæmlega með tilliti til umsagnar Heilbrigðiseftirlits ríkisins starfsleyfi verksmiðjunnar, en búið var að ákveða að málið kæmi til umr. á Alþ. strax að loknu páskaleyfi þm. Jafnframt var ljóst að formaður iðnn. ætlaði ekki að halda sérstakan fund í n. til að fjalla um starfsleyfið, enda hafði hann sagt mér að slíkt væri óþarfi, meiri hl. n. væri búinn að skrifa undir nál. hvort sem væri og án þess að starfsleyfið hefði þá verið fram komið eða að þessir aðilar hefðu getað kynnt sér umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Gat hann þess t. d. sérstaklega við mig að Þórarinn Þórarinsson, hv. þm. og annar fulltrúi Framsfl. í n., hefði skrifað undir meirihlutaálit n. undir þessum kringumstæðum, og verð ég að segja að vinnubrögð meiri hl. í þessu máli komu mér kynlega fyrir sjónir og geta þau varla talist þingleg. Af þessum sökum hef ég m. a. ekki getað lokið gerð minnihlutaálits og er það önnur ástæða þess að ég fer fram á frestun umr. um mál þetta.

Ég vil líka taka það fram, að þótt mér sé nú, svo kynlegt sem það er, afhent umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins sem trúnaðarmál, tel ég að ekki beri að túlka það svo að mér sé ekki heimilt að gera að umræðuefni hér í þingsölum þau atriði starfsleyfisins og umsagnarinnar þar sem greinilegt ósamræmi ríkir á milli ákvæða. Annað væri fullkomlega óeðlilegt og einræðisleg vinnubrögð í fyllsta máta. En beiðni þessi, að með umsögnina skuli fara sem trúnaðarmál, er komin frá heilbr.- og trmrn. og væri fróðlegt að viðkomandi ráðh. gæfi á því skýringu hvers vegna svo skuli með fara.

Ég sé strax við fyrsta yfirlit umsagnarinnar að ákvæði starfsleyfisins og umsagnarinnar stangast herfilega á í ýmsum atriðum, einkum þeim er varða mengunarvarnir við iðjuverið í þeim tilfellum er hreinsibúnaður bilar. Í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins var gert ráð fyrir nær tafarlausri stöðvun á framleiðslu verksmiðjunnar undir slíkum kringumstæðum vegna þeirrar mengunarhættu sem fylgir rekstri hennar við slíkar aðstæður. Í starfsleyfinu er verulega dregið úr þessum kröfum og í raun gert ráð fyrir að rekstur hennar sé heimilaður þrátt fyrir bilanir hreinsitækja meðan viðgerð stendur yfir. Í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins var og gert ráð fyrir að áður en til rekstrar verksmiðjunnar kæmi skyldi fyrirtækið gera áætlun um viðhald og eftirlit hreinsitækjanna og aðgerðir í bilunartilfellum og væri slík áætlun háð samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Í starfsleyfinu er hins vegar einungis gert ráð fyrir að fyrirtækið geri slíka áætlun sem lögð verði fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins til kynningar, og er vitaskuld mikill munur hér á. Ljóst er því við fyrstu skoðun að í veigamiklum atriðum er brugðið frá umsögn og till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um mengunarvarnir í Grundartangaverksmiðjunni.

Ég tel að það sé kominn tími til þess að stjórnvöld virði og meti á réttan hátt till. og ráðgjöf íslenskra vísindamanna og eftirlitsaðila í heilbrigðisvörnum á vinnusöðum og þá ekki síst í stóriðjuverum, svo sem dæmi sanna í Straumsvík og í Kísiliðjunni við Mývatn. Það verður ekki lengur þolað að umsagnir þessara aðila séu sniðgengnar svo sem verið hefur. Ég vil einnig minna á að nú er í fyrsta skipti verið að gefa út starfsleyfi til stóriðju á Íslandi eftir setningu reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og annarra hættulegra efna, þar sem kostur er á að fjalla um starfsleyfið áður en endanleg ákvörðun er tekin um framkvæmdir. Því er víst að starfsleyfi þetta, ef frv. verður samþ. hér á Alþ., verður raunverulegur prófsteinn á kröfur íslendinga til mengunarvarna í slíkum fyrirtækjum og skapar fordæmi í framtíðinni. Mikilvægt er því að flana ekki að neinu nú við umr. og ákvörðun þessa máls.

Vil ég að lokum ítreka ósk mína um að umr. um mál þetta verði frestað og það verði tekið út af dagskrá deildarinnar í dag.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Í tilefni af málaleitan hv. 3. þm. Reykv. um að 2. dagskrármálið verði af dagskrá tekið vil ég benda hv. þm. á 44. gr. þingskapa, þar sem fjallað er um að þm. geti gert till. um dagskrá. Í 2. málsgr. þeirrar greinar er settur tímafrestur hvenær slík ósk eigi fram að koma, þar sem segir svo: „Ef farið er fram á að mál sé látið ganga út af dagskránni skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin.“ Dagskrá þessa fundar var ákveðin í gær, og ég varð þess var að þm. vissu af því að þetta mál var sett á þá dagskrá, svo að ef formleg krafa um að taka málið af dagskrá átti að fá afgreiðslu þá sem ætlast er til í þingsköpum, átti krafan að koma fram í gær.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Mér kemur nú alveg á óvart að heyra í hv. 3. þm. Reykv. Það hefur verið gott samstarf í iðnn. Nd. Þar hafa margir fundir verið haldnir, og ég hef ekki vitað annað en að hv. 3. þm. Reykv. hafi fengið svör við öllum þeim spurningum sem hann hefur borið fram um þetta mál, m. a. skriflegum spurningum sem voru 31 að tölu, minnir mig, — svör við þessu öllu.

Hv. þm. talaði um að hann hafi ekki fengið starfsleyfið fyrr en 6. þ. m., það var fyrir páska, og þess vegna hefði ekki verið gott að átta sig á því og umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins hefði ekki legið fyrir. Ég fékk umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins í gær, þykka bók, og henni fylgdi svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Til formanna iðnn. Alþ.

Að beiðni heilbr.- og trmrn. sendir Heilbrigðiseftirlit ríkisins formönnum iðnn. Alþ. tvö eintök af umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins um starfsleyfisumsókn íslensku járnblendiverksmiðjunnar.“

Og neðan undir stendur: „Sent sem trúnaðarmál.

Hrafn Friðriksson yfirlæknir,
forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins.“

Ég hringdi í Hrafn Friðriksson í gærkvöldi og spurði hann að því, hvers vegna þetta væri sent sem trúnaðarmál. Hann sagði að það væri hægt að misnota þetta með því að slíta úr samhengi efni umsagnarinnar og það væri ekki til þess ætlast, það væri ekki heldur málinu til bóta. Ég spurði hann að því, hvort starfsleyfið væri í samræmi við till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins. „Já,“ sagði hann, „það er það í aðalatriðum.“ „Eruð þið ánægðir með starfsleyfið?“ spurði ég. „Já,“ sagði hann. „Þetta er aðalatriði málsins,“ sagði ég. „Já auðvitað þetta er aðalatriði málsins,“ sagði hann. Ég sagði að þm. mundu e. t. v. óska eftir að sjá þessa umsögn, en ég fyrir mitt leyti óskaði ekkert sérstaklega eftir því eftir þetta samtal, því aðalatriðið frá mínu sjónarmiði væri að Heilbrigðiseftirlitið hefði fengið óskir sínar uppfylltar í starfsleyfinu.

Við Heilbrigðiseftirlitið starfa nú tveir ungir og færir menn sem áreiðanlega vilja ekkert nema gott. Þeir ætlast ekki til, að það verði farið út í öfgar í þessum málum, en þeir vilja, eins og skylda ber til, reyna að gera það sem í mannlegu valdi stendur til þess að stuðla að góðum mengunarvörnum hér á landi. Það viljum við þm. líka.

Ég tel rétt að láta þm. hafa þessa bók, en því miður er hún ekki til strax. Við eigum bara tvö eintök, upplýsti Hrafn. Það er allmikil vinna að prenta þetta því bókin er þykk.

Í morgun var fundur í iðnn. Nd. Ég var með eitt eintak, sem ég átti að hafa, og ég var með annað eintak, sem form. iðnn. Ed. átti að fá og hann er nú búinn að fá. Þetta eina eintak lánaði ég Sigurði Magnússyni, hv. 3. þm. Reykv., og lét afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlitsins vera með í bókinni, þótt hún yrði aðeins þykkari fyrir það. Ég sagði að þótt þetta væri trúnaðarmál, þá gæti hann vitanlega sýnt flokksbræðrum sínum þessa bók, og Hrafn Friðriksson hefði sagt í gær að hann væri reiðubúinn hvenær sem væri að ræða við þm. bæði um þessa till. þeirra og eins starfsleyfið í heild. Enginn í iðnn. Nd. óskaði eftir að fá bókina nema hv. 3. þm. Reykv., enda töldu þeir nm. að það væri aðalatriðið að starfsleyfið væri í samræmi við till. Heilbrigðiseftirlitsins. Það væri og miklu hægara að tala við forstöðumann Heilbrigðiseftirlits ríkisins heldur en að lesa bókina, og allir þm. eiga aðgang að Heilbrigðiseftirlitinu.

Það er þess vegna alger fjarstæða sem hv. 3. þm. Reykv. fer fram á, að nú verði þetta mál tekið út af dagskrá vegna þess, að umsögn Heilbrigðiseftirlitsins liggi ekki fyrir og hafi ekki verið útbýtt áður. Að segja það eftir þær upplýsingar, sem þessi hv. þm. fékk í morgun í iðnn. það er nú svona dálítið skrítið. Það er svo aftur annað mál, að vitna svona í tveggja manna tal. Það er ekki alltaf viðeigandi, en það er nú sjálfsagt að muna eftir því, ef leiðir okkar liggja saman eftirleiðis, að segja ekki orð við hv. 3. þm. Reykv. svona sem ekki mega fljúga. Að vísu var ekki um það að ræða í þessu tilfelli. Það mátti fara allt sem ég sagði við hann. Má koma á prenti meira að segja, því það var ekkert ljótt, en stundum er þó þannig að menn veigra sér við því að vera að vitna í það sem sagt er undir fjögur augu, jafnvel þótt það sé skaðlaust. En hv. þm. segist ekki vera tilbúinn með sitt minnihluta álit. Hann þarf langan tíma og þess vegna þarf hann að fá frest. Ég held, herra forseti, að ég tefji ekki tímann með lengra máli og sé ekki ástæðu til annars heldur en að haldið verði áfram með umr.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er fyrst og fremst í tilefni af ummælum hæstv. forseta í sambandi við þá beiðni sem hér hefur fram komið um að taka út af dagskrá tiltekið mál. Ég verð að segja það, að ummæli hæstv. forseta komu mér mjög á óvart og eru mjög einkennileg og það virðist vera að hann sé lítið kunnugur starfsvenjum hér á Alþ. í sambandi við það sem hann sagði hér um þessa beiðni. Hér er um það að ræða hvort taka skuli til umr. mál þar sem n. hefur ekki enn þá skilað nál. til þingsins að fullu. Það er upplýst að sú n., sem hafði með málið að gera, var á fundi rétt fyrir hádegi í morgun og þá voru lögð fram mjög þýðingarmikil gögn í þessu máli, skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Það er vitanlega engin frambærileg ástæða til þess að ætlast til að nál. séu komin á borð þm. á þessum tíma, sem liðinn er síðan n. hélt fund. Það kemur líka í ljós að 1. minni hl. í n. hefur lagt fram sitt nál. og því var útbýtt hér á borðin um leið og þingfundur var settur, og ég býst ekki við að neinn hv. dm. hafi enn þá komist yfir að lesa það nál. Til þess hefur ekki unnist neinn tími. Það er algjörlega óvenjulegt á Alþ. að taka til umræðu mál þegar ekki er búið að sinna þeim þinglegu skyldum að leggja fram nál., ef aðilar í n. óska eftir að leggja fram nál. og innan hóflegs tíma. Það er því brot á öllum venjulegum þingstörfum að taka mál eins og þetta til umr. á þessum fundi.

Það er líka algjör misskilningur, að ekki sé annað sagt, hjá hæstv. forseta að túlka þingsköpin þannig, að ef óskað sé eftir því af þm. að taka mál út af dagskrá af einhverjum sérstökum ástæðum, þá beri honum skylda til þess að leggja fram beiðni um það þann dag sem dagskrá sé samin. Hæstv. forseti hlýtur að vita það, að yfirleitt sjá þm. ekki dagskrána fyrr en á fundardegi. Þetta er því vitanlega líka alveg út í hött, enda eru auðvitað mörg dæmi um það, tugir, ef ekki hundruð dæma um það, að þm. hafi óskað eftir því hér í ræðustól að mál yrði tekið út af dagskrá, m. a. af því að nál. hafi ekki verið útbýtt, eða einhverjar aðrar ástæður liggja þar til, og forseti hefur allajafna orðið við slíku ef það hefur ekki afgerandi áhrif á afgreiðslu málsins.

Nú er auðvitað ekkert um það að villast í þessu efni, að það er auðvelt að afgreiða það mál, sem hér er um að ræða í gegnum þingið og gera frv. að lögum sé nægur meiri hl. fyrir því hér á Alþ. Það er nægur tími til þess án þess að ætla sér að gera það með þeim hætti að brjóta allar venjulegar þingreglur sem viðhafðar hafa verið hingað til.

Ég beini því þeim tilmælum enn til hæstv. forseta að hann endurskoði þessa afstöðu sína og fallist á að taka þetta mál út af dagskrá, því það

er algjörlega óvenjulegt að ætla að ræða það með þessum hætti. Ég er ansi hræddur um að það verði þá að gera hér alveg nýjar kröfur í sambandi við gerð dagskrár og útbýtingu hennar til þm. ef ætti að fara að beita slíkum bolabrögðum eins og hæstv. forseti er hér að vitna til í sambandi við þetta mál.

Ég vil einnig beina því til hæstv. ríkisstj., sem að þessu máli stendur, að það verður skiljanlega ekki til þess að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls hér að efna hér til langra umr. um þau atriði sem auðvelt er að losna við umr. um. Ég tel á engan hátt heppilegt að standa þannig að umr. að taka málið fyrir nú, áður en nm. eru búnir að skila nál., áður en þm. hafa getað fengið að lesa sum nál. sem eru nú komin á borð þm., að ég tali ekki um að það liggur fyrir að menn hafa ekki fengið að kynna sér þýðingarmestu gögn málsins, hafa ekki fengið tíma til þess enn þá.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála, það vita allir hv. alþm., að ástæðan til þess að það mál, sem hér er rætt um, hefur verið hjá iðnn. d. rétt um 2½ mánuð, er sú, að umsögn hefur legið fyrir frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins varðandi skilyrði fyrir starfsleyfi sem aðilar málsins, m. a. hinn erlendi aðili, hafa ekki viljað sætta sig við. Þetta hafa allir alþm. vitað. Nú hefur hins vegar orðið sú breyting á, að starfsleyfi er veitt og málið á að fá sinn framgang hér á Alþ. eftir því sem meiri hl. stendur til með því. En hvað er þá eðlilegra í sambandi við skyldur alþm. í sambandi við afgreiðslu svona mála en að alþm. vilji fá að sjá hvað það var sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins sagði í sínu áliti sem stöðvaði þetta mál í 2½ mánuð. Hvað var það? Um hvað snerist málið? Hvaða skilyrði settu þeir fram sem þurftu að stöðva málið? Dettur nokkrum manni í hug að það sé frambærilegt að segja hér á Alþ. í sambandi við afgreiðslu máls eins og þessa: Ja, þetta er trúnaðarmál, þetta má ekki sýna alþm., þetta mega þeir ekki ræða um. Þetta er trúnaðarmál. — Auðvitað lætur Alþ. ekki bjóða sér slíka forsmán, og það er enginn embættismaður, hvorki hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins né annars staðar, fær um að ætla að svara Alþ. á þann hátt að það fái ekki að sjá þessa umsögn. Og þó að sagt sé að þessi umsögn hafi verið send formönnum iðnn. beggja d., þá er það vitanlega ekki frambærilegt á neinn hátt. Allir alþm. eiga rétt á að fá að sjá hana. Hér hefur ekki verið gerð nein sérstök krafa um að þetta álit yrði prentað og því yrði dreift út til allra alþm. Það er mál út af fyrir sig. En hér á ekki að vera um neitt levniplagg að ræða. Alþm. eiga að fá rétt til að sjá það og lesa það og gera sér fulla grein fyrir því um hvað var deilt og hverju hefur verið breytt.

Mér er ljóst af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að það hefur verið vikið frá þeim upphaflegu skilyrðum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins setti í sambandi við mengunarvarnir, í veigamiklum atriðum. En samt eru sett allströng skilyrði í sambandi við starfsleyfið og auðvitað eiga þessi mál öll að koma hér fram. Það er svo mál út af fyrir sig, að það er hv. iðnn. til háborinnar skammar að hafa staðið þannig að málum eins og þessu að afgreiða fyrir sitt leyti þetta mál áður en hún hefur kynnt sér þetta meginatriði málsins, umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og borið það saman við þau skilyrði sem síðan hafa verið sett fyrir starfsleyfinu. Og það er líka óþinglegt á allan hátt að iðnn. skuli ekki gera hv. Alþ. fulla grein fyrir því í öllum meginatriðum um hvað hér var deilt. Ég skil satt að segja ekki að það geti verið ósk nokkurs alþm. að fara í launkofa með eitthvað af þessum atriðum. Auðvitað komast þau öll til skila á sínum tíma og verða upplýst. Þessi mál eru þegar komin svo langt að þeim verður ekki haldið leyndum, og af því á vitanlega að upplýsa þau hér á Alþ. og einmitt á meðan málið er hér til umr. og afgreiðslu.

Ég skal ekki lengja þetta hér að sinni, en ítreka enn við hæstv. ríkisstj. og viðkomandi hæstv. ráðh., að hann beiti sér fyrir því að fresta umr. um málið, taka það út af dagskrá í dag svo það geti fengið hér eðlilega umr., nál. liggi fyrir, eins og venja er til og mönnum gefist kostur á því að kynna sér þá þýðingarmiklu umsögn, sem þarna liggur fyrir, með eðlilegum hætti. Og það er alveg víst, að verði gripið til þess að ætla reyna að þjösna þessu máli í gegn með slíkum lagaskýringum eins og hér komu fram hjá hæstv. forseta, þá má hann eiga það alveg víst að það mun ekki ganga greiðlega að fá hér ýmis afbrigði sem leitað er efir í sambandi við afgreiðslu mála, því þetta er að brjóta venjulegar þingreglur sem viðhafðar hafa verið hér á Alþ. árum saman. Ég þekki ekkert dæmi þess, að að þarflausu sé neitað að fresta máli þegar svona stendur á.

Ég undirstrika það enn einu sinni, að frá minni hálfu og míns flokks er ekki á nokkurn hátt verið að gera hér tilraun til þess að koma í veg fyrir að hv. Alþ. geti með eðlilegum hætti afgreitt það mál sem hér er um að ræða. Meiri hl. verður að sjálfsögðu að ráða. Og það er nægur tími til þess.

Ég vænti þess að hæstv. forseti eða viðkomandi hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því að málið verði tekið út af dagskrá.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Vegna ummæla hv. 2. þm. Austurl. vil ég enn ítreka það sem ég sagði í athugasemd minni við mál hv. 3. þm. Reykv. Það var á vitorði þingheims og deildarmanna í gær að þetta mál yrði tekið á dagskrá. Það kom m. a. fram í máli eins af þm. þingflokks hv. 2. þm. Austf., og því var hægur hjá, ef þm. úr þeim þingflokki óskuðu mjög eindregið að málið væri ekki tekið á dagskrá, að koma þeirri ósk á framfæri þá þegar við mig sem vitað var að mundi stjórna þessum fundi. Það var ekki gert. En þá áttu þeir enn þess kost að fara að ákvæðum 44. gr., sem ég vitnaði til áðan, um það að ákveðinn fjöldi þm. getur knúið fram atkvgr. í d. um hvort mál skuli tekið á dagskrá, ef þeir eru ósammála um þá dagskrá sem forseti hefur samið.

Ég vísa því algjörlega á bug ummælum hv. þm. um að þau orð, sem ég lét hér falla, hafi byggst á vanþekkingu á þingvenjum, og því fremur vísa ég á bug þeim ummælum að þar sé um bolabrögð að ræða.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það var að mínum dómi næsta söguleg ræða sem hv. þm. Ingólfur Jónsson flutti hér áðan.

Þegar hann gefur skýringu á því, að álit Heilbrigðiseftirlitsins varðandi Grundartangaverksmiðjuna er ekki lagt fyrir á þann hátt sem eðlilegur hlýtur að teljast, þá vitnar hann í mann sem hann hefur talað við í síma. Og maður þessi á að hafa sagt: „Það væri hægt að misnota þetta plagg, slíta ýmislegt úr samhengi, og það væri málinu ekki til bóta.“

Ég bendi mönnum á að þessi rök mætti nota varðandi hvaða mál sem væri. Það væri hægt að neita þm. um nauðsynleg plögg í hvaða máli sem væri, ef við ættum að viðurkenna þetta sem rök. Það væri ekki óhætt að sýna þingmönnum nein mikilvæg plögg, vegna þess að þeir gætu misnotað þau!

Ég hef sjaldan heyrt fáránlegri yfirlýsingu úr þessum ræðustól, mjög sjaldan, guð sé lof.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, að hér er um að ræða hið argasta hneyksli. Framkoma meiri hl. iðnn. er fyrir neðan allar hellur. Það liggur hér fyrir, það er yfirlýsing frá formanni iðnn., að enginn iðnaðarnefndarmanna nema hv. þm. Sigurður Magnússon fer fram á að fá að sjá álit Heilbrigðiseftirlitsins. Enginn þeirra kærði sig um það, allir tilbúnir að skrifa undir án þess að athuga þetta mikilvæga atriði. Einn þeirra skilst mér að hafi skrifað undir, Þórarinn Þórarinsson hv. þm., fyrir alllöngu, áður en hann skrapp til útlanda. Mér þykir verst að formaður þingflokks Framsfl. Þórarinn Þórarinsson skuli ekki vera hér staddur til þess að gera grein fyrir þessari afstöðu. (Gripið fram í.) Nú já, þarna er hann. Ég vænti þess að hv. þm. geri grein fyrir þessari afstöðu sinni og reyni að bera af sér eitthvað af þessu.

Greinilegt er að eins og oft vill verða í málum af þessu tagi, þá er allt í einu einhver svipa á lofti sem rekur menn áfram miskunnarlaust, hvað sem það kostar, virðingu Alþ. má það einnig kosta. Ég man eftir því fyrir tveim árum, þegar frv. sem snerti samstarfið við Union Carbide um sams konar verksmiðju á Grundartanga var hér til endanlegrar afgreiðslu, þá voru vinnubrögðin mjög svipuð, þá var líka svipa á lofti, þá var málið keyrt áfram. Og ástæðan til þess að svo hart var keyrt á Alþingi Íslendinga, — menn fengu ekki einu sinni að skreppa í hádegismat, — hún var sú, að forstjórar frá Union Carbide voru búnir að panta sér far frá New York hingað upp til Íslands til þess að skrifa undir samninginn. Til þess að forstjórar Union Carbide byrftu ekki að afpanta farseðlana frá New York til Reykjavíkur, þá var virðing Alþingis Íslendinga látin sæta þessari meðferð. Enn er verið að endurtaka þennan ljóta leik.

„Það eru ekki nema tvö eintök af álitinu,“ segir hv. þm. Ingólfur Jónsson. „Það tekur tíma að prenta þetta.“ Hefur hv. þm. ekki heyrt um þá tækni sem nefnist ljósritun? Ef maður þarf að fá ljósritað eitthvert plögg hér á Alþingi, þá þarf maður ekki annað en að fara hér til eins starfsmannsins og innan stundar er hann búinn að ljósrita þetta í svo og svo mörgum eintökum. Og það plagg, sem hér um ræðir, er svo þýðingarmikið að það á ekki að afgreiða þetta mál fyrr en hver einasti þm. er búinn að kynna sér það, ekki aðeins iðnaðarnefndarmenn.

Þá er það hlutur hæstv. forseta í þessu máli. Ég var að vona það, eftir að ég hafði kvatt mér hljóðs, þá mundu viðbrögð hans við nánari athugun verða á þá leið að maður teldi sig ekki þurfa að koma hér upp í ræðustólinn að þessu sinni, hann mundi sjá að sér, hann mundi verða við þeim tilmælum að fresta málinu í staðinn fyrir að stunda hér þrætubókarlist, vitna í þingsköp til stuðnings þeirri afstöðu sinni að verða ekki við þessum tilmælum, þessum sjálfsögðu tilmælum. Hæstv. forseti sagði hér áðan, að þetta og hitt hafi verið mönnum kunnugt þegar í gær, m. a. það, að hann mundi sitja hér í forsetastóli. Ég heyrði það hvergi tilkynnt á Alþ. í gær, að sá maður, sem nú situr í forsetastóli, mundi sitja þar í dag. En mér skilst að samkv. þessari athugasemd hans hafi mönnum borið að snúa sér til hans í gær með beiðni um frestun.

Ég vil vara hæstv. forseta við. Ég vil benda honum á það, að ef hann verður ekki við þessum tilmælum eftir þær upplýsingar sem nú liggja fyrir, þá gerist hann sekur um meiri háttar hneyksli í krafti forsetavalds síns.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég vil fyrst segja vegna ummæla hæstv. forseta í sambandi við ósk mína um að fá málinu frestað, — ummæla þar sem hann vitnar til þingskapa og ég ætla ekki að rengja í sjálfu sér að séu rétt, ég hef ekki þá þekkingu að ég treysti mér til þess að rengja þau ummæli forseta, — en ég vil af því tilefni segja honum að í gærmorgun óskaði ég eftir því við hv. formann iðnn., Ingólf Jónsson, að fá téða umsögn afhenta þá strax í gær. Þessa ósk bar ég fram fyrir hádegi í gær og hafði þá upplýsingar um það, staðfestar bæði frá heilbrrn. og Heilbrigðiseftirliti ríkisins, að þessi umsögn hefði verið send hv. þm. Ingólfi Jónssyni 6. þ. m., þ. e. a. s. miðvikudaginn fyrir skírdag, og þess vegna taldi ég víst að þm. gæti orðið við ósk minni og afhent mér þessa umsögn í gær. Þá hefði e. t. v. ekki þurft að koma til þessara umr. hér í dag. Af þeim ástæðum, vegna þess að ég átti von á því í allan gærdag að fá þessa umsögn afhenta, gerði ég ekki ráðstafanir til að óska eftir frestun fyrr en að loknum þessum fundi, og ég vil að forseti endurskoði afstöðu sína með tilliti til þessara upplýsinga minna.

Ég hef hér í höndunum bréf, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson hefur reyndar lesið hér upp, sem fylgdi umsögninni frá heilbrigðisráðuneytinu, en þetta bréf er dags. 6. þ. m. þegar umsögnin var send honum.

Ég veit ekki hvað ég á að eyða að öðru leyti miklum tíma í að ræða ummæli þessa hv. þm. Sumir hafa þegar vikið að sumum þeirra, svo sem því, að plagg þetta þurfi að vera trúnaðarmál vegna þess að það sé auðvelt að rangtúlka það og misnota það. Ég er nú satt að segja ekki þingvanur, en mér koma þessi ummæli mjög á óvart. Okkur alþm. berast nær daglega hvers kyns umsagnir, tillögur, greinargerðir og skýrslur frá jafnt opinberum aðilum sem félagasamtökum. Okkur eru fengin þessi gögn til þess að auðvelda okkar málatilbúnað og til þess að við getum greint rétt frá röngu hér í okkar daglegu

störfum. Ég get ekki séð að þessi umsögn, sem hér um ræðir, sé neitt öðruvísi en öll þau plögg sem á borð okkar koma. Ég get ekki litið öðruvísi á en hér sé beinlínis verið að búa sér til eða finna ástæður til þess að koma í veg fyrir það, að hér á Alþ. séu þessi mál rædd og að þau nái eyrum þjóðarinnar. Ég get enga aðra skýringu séð á þessu.

Síðan gaf þessi hv. þm. í skyn, að það hafi verið rangt af mér og ódrengilegt að vitna til ummæla, sem hann viðhafði við mig um afgreiðslumáta meiri hl. n., a. m. k. sumra nm., á þessu máli, að þeir skyldu skrifa undir nál. áður en starfsleyfið lá frammi og einnig og enn frekar áður en umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins var lögð fram. Ég verð nú að segja eins og er, að ég gat ekki ímyndað mér, — og ég vona að hv. þm. skilji það, — ég gat ekki ímyndað mér að þetta væri neitt leyndarmál sem ég væri að ljóstra upp. Satt að segja tók ég það ekki sem slíkt, því það liggur í augum uppi að hv. þm., sem að meiri hl. standa, voru ekki búnir að kynna sér umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins þegar nál. þeirra fór í prentun. Því var dreift hér á borð þm. í gær, ef ég man rétt, en það hefur komið fram, að umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins var lögð fram til þessara sömu þm. í dag. Ég gat því í þessum efnum ekki verið að ljóstra upp neinu leyndarmáli, og ég vil að það komi hér fram.

Að öðru leyti snerust ummæli þessa hv. þm. um það að gera sem allra minnst úr þessu máli. M. a. kom það fram hjá honum, að ég einn nm. í iðnn. Nd. hefði óskað eftir að fá að sjá umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Ja, ég verð að segja eins og er, að mér finnst þetta slæmur dómur um aðra hv. þm. í þessari ágætu n., og ég veit reyndar ekki hvort það er rétt. En ef svo er, þá er þetta mjög slæmur dómur, og það er eins gott að þjóðin fái að vita það, ef þetta er satt, hvers konar vinnubrögð eru stunduð á Alþ., að menn skuli leyfa sér það eftir þá reynslu, sem við höfum af stóriðju á Íslandi, — eftir þá illu reynslu — og eftir þá reynslu sem við höfum af samskiptum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og annarra eftirlitsaðila við stóriðjufyrirtæki, að þm. skuli leyfa sér það að skoða ekki umsagnir Heilbrigðiseftirlits ríkisins um svona mál. Síðan er reynt að afgreiða málið og segja að umsögnin sé í samræmi við starfsleyfið og bætt svo við kannske á eftir: í aðalatriðum eða í meginatriðum. Nei, ég held að úr því að þessar upplýsingar hafa komið hér fram, þá séu gagnlegar umr. fyrir fólkið í landinu að fá að frétta af skoðunum þeirra þm., sem hér um ræðir, á málum sem þessum.

Ég vék stuttlega að því í ræðu minni áðan, að það væri komið nóg af því að fótumtroða umsagnir íslenskra vísindamanna og heilbrigðisaðila í málum sem þessum. Það er kannske full ástæða til þess, úr því að umr. eru hafnar hér um þetta mál, að rifja eitthvað annað af því upp. Ég hef reyndar stundum gert það áður hér í ræðustól. Ég minnti á það t. d. fyrir nokkrum dögum hér í umr., að síðast þegar hér var til afgreiðslu á Alþ. till. um stækkun álversins í Straumsvík, sem og var samb. og gerður viðbótarsamningur, m. a. um raforkumál, um það leyti sem Alþ. var að fjalla um þetta, þá hefði Heilbrigðiseftirlit ríkisins sent Íslenska álfélaginu bréf, þar sem það gerði því grein fyrir hugmyndum sínum, hugmyndum heilbrigðismálaráðs Hafnarfjarðar og hugmyndum Náttúruverndarráðs um það, hvernig staðið skyldi að mengunarvörnum í álverinu. Í þessu bréfi segir orðrétt í 4. lið þess, og ætla ég að lesa það hér upp, með leyfi forseta: „Öll hugsanleg stækkun álversins í Straumsvík verði háð skilyrðum reglugerðar 164 frá 1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna. Enn fremur mun Heilbrigðiseftirlit ríkisins beita sér gegn því að frekari stækkun álversins verði leyfð fyrr en hreinsibúnaður hefur verið tekinn í notkun fyrir meginhluta keranna og sönnuð hefur verið hæfni hans (þ. e. hæfni hreinsibúnaðarins) um hreinsimöguleika og mengunarmörk fyrir hugsanlegan hreinsibúnað ákveðin.“ Þetta álit lá fyrir. Það var ekki verið að hafa fyrir því að kynna það alþm. og þetta er fótumtroðið. Það er gerður samningur 1975 um stækkun álversins án þess að virða þessi orð. Það má reyndar segja sömu sögu í sambandi við Kísiliðjuna við Mývatn. Það hefur komið fram í nýlegri skýrslu, sem hefur verið dreift hér á borð okkar um mengunarhættu þar, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins er búið að standa í áralangri baráttu við að fá komið þar upp nauðsynlegum mengunarvörnum. Og nú þegar nýtt mál er á ferðinni, þá er það stór hópur þm., sem á að fjalla um málið, sem telur ekki ástæðu til þess að kanna umsagnir þessara aðila, og það er sagt beinlínis hér í ræðustóli á Alþ. að starfsleyfið og umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins séu í aðalatriðum samhljóða.

Ég sagði í minni fyrri ræðu, að þó að mér hefðu verið afhent þessi gögn sem trúnaðarmál, þá liti ég svo á að það bæri að túlka það þannig, að sú túlkun, að þetta væri trúnaðarmál, gæti ekki komið í veg fyrir að ég hefði heimild til þess að greina hér frá þeim ákvæðum í starfsleyfi annars vegar og umsögn hins vegar þar sem ákvæði stönguðust á. Ég tel ekki hægt að túlka þetta svo. Og eftir að hv. þm. Ingólfur Jónsson hefur sagt það sem hann gerði fyrr í ræðu sinni, tel ég mér skylt að koma hér að þó ekki sé nema einu ákvæði í þessu starfsleyfi þar sem verulega er vikið frá kröfum Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Ég læt nægja að vitna hér í eitt atriði, en mun væntanlega við umr. síðar, ef þeim verður frestað, gera frekari grein fyrir þessu. Þetta er ákvæði 2.5 í starfsleyfi, og ég ætla að lesa það upp, a. m. k. fyrri part þess. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verði af óviðráðanlegum og ófyrirséðum orsökum ekki unnt að flytja til hreinsibúnaðar allt rykmengað loft, sem um ræðir í ákvæðum 2.1, skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar í samræmi við áætlun þá, sem gerð skal samkv. ákvæði 2.3, 2. málsl. Reynist fyrirtækinu ekki unnt að ljúka nauðsynlegum lagfæringum til uppfyllingar ákvæðis 2.1 innan þriggja klukkustunda frá því er umrætt ástand skapaðist, skal bilunin tilkynnt Heilbrigðiseftirliti ríkisins er fylgist með framkvæmd úrbóta og leggur fyrir ráðh. í samráði við landlækni hvort ástæða geti verið til sérstakra aðgerða vegna bilunarinnar. Fyrirtækinu er heimilt að halda áfram rekstri verksmiðjunnar meðan viðgerð stendur yfir, ef

bilunin stafar ekki af ófullnægjandi viðhaldi búnaðarins og unnið er að úrbótum af fullum hraða, enda sé ekki ástæða til að ætla að reksturinn valdi tjóni á heilsu starfsmanna verksmiðjunnar eða íbúa í grennd eða spjöllum á umhverfi. Að öðrum kosti getur ráðh. mælt svo fyrir að rafstraumur til ofns verði rofinn og rekstur hans stöðvaður þar til úrbótum er lokið."

Svona hljóðar þessi grein í starfsleyfi umræddrar verksmiðju, og mér sýnist að þarna séu ýmsir annmarkar á. En hvernig hljóðar samsvarandi grein í umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins og tillögum þess. Ég ætla að lesa hana hér upp, með leyfi forseta:

„Verði af óviðráðanlegum og ófyrirsjáanlegum orsökum ekki unnt að flytja til hreinsibúnaðar allt rykmengað loft, sem um ræðir í ákvæði 2.1, skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar í samræmi við áætlun þá, sem gerð skal samkv. ákvæði 2.3, 3. málsl. Reynist fyrirtækinu ekki unnt að ljúka nauðsynlegum lagfæringum til uppfyllingar ákvæðis 2.1 innan einnar klukkustundar frá því að umrætt ástand skapaðist, skal rafstraumur til ofns verksmiðjunnar rofinn og rekstur hans stöðvaður."

Ég vænti þess að þm. geri sér grein fyrir því, líka þeir sem standa að meirihlutaáliti hv. iðnn. Nd. Alþ., að á þessum ákvæðum er meginmunur og það er rangt, sem hér kom fram í ummælum hv. formanns iðnn., að starfsleyfið sé í aðalatriðum eins og umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Við það getur hann ekki staðið þegar á reynir.

Ég ítreka ósk mína til forseta, sérstaklega með tilliti til þess sem ég gat um í upphafi máls míns.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. hefur skýrt frá því, að hann hafi í gær gert sér von um að fá í hendur plagg það, sem um er að ræða, þann dag og þá talið að sér mundi væntanlega unnt að ljúka nál. fyrir fundinn í dag, þá tel ég rétt að mælt verði á þessum fundi fyrir þeim nál. sem fyrir liggja en málinu síðan frestað til nýs fundar kl. 2 á morgun í þeirri von að hv. 3. þm. Reykv. hafi þá nál. að mæla fyrir.

Lúðvík Jósepsson: Ég verð að lýsa undrun minni enn einu sinni yfir þeirri stjórn sem er á þessum fundi hjá hæstv. forseta. Hann hefur vitnað hér í þingsköp, en hann mætti kannske hafa lesið fleiri greinar í þingsköpunum en þá sem hann vitnaði hér til. Í 17. gr. þingskapa eru ákvæði um nefndir Alþ. og störf þeirra, og það sem þar segir um störf n. Alþ. er orðrétt á þessa leið:

„N. lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þm. á fundi. Eigi má taka málið að nýju til umr. fyrr en a. m. k. einni nóttu síðar en nál. var útbýtt."

Nú liggur fyrir, eins og hér hefur verið upplýst, að n., sem fjallaði um málið, var að ljúka fundi sínum kl. 11 fyrir hádegi í morgun og þá voru lögð fram þýðingarmikil gögn í málinu. Minnihlutaaðilar í n. hafa ekki skilað áliti, — annar hefur að vísu lokið sínu áliti, sem hefur verið fjölritað og eins og ég sagði var lagt hér á borð þm. í þingfundarbyrjun, en menn hafa enn ekki haft aðstöðu til þess að lesa það, en hinn aðilinn hefur ekki enn þá haft tíma til þess að skila sínu áliti af eðlilegum ástæðum. Hér er því beinlínis verið að gera tilraun til þess að brjóta þingsköp og reyna að afgreiða mál á ólöglegan hátt.

Auðvitað er enginn kostur í þessu máli annar en sá að verða við réttmætum óskum sem hafa komið fram um að taka málið út af dagskrá að þessu sinni. Og það er full ástæða til þess, þegar það liggur einnig fyrir að þeir, sem fram á þetta fara, hafa bent á að það er full aðstaða til þess að standa að afgreiðslu þessa máls á allan þann hátt að vilji Alþ. komi fram og málið nái fram að ganga sé nægur meiri hl. fyrir því.

Í rauninni er alveg furðuleg afstaða hjá hæstv. forseta. Hvað kemur honum til þess að brjóta hér margra ára þinghefð, þegar beiðnir af þessu tagi hafa komið hér fram, og vitna til greinar sem ég fullyrði, eftir að hafa verið hér á þingi nokkuð yfir 30 ár, að hefur aldrei verið beitt? Ég a. m. k. óska eftir því að hæstv. forseti láti grafa það upp, hafi það einhvern tíma verið notað í þingsögunni, að það mætti ekki breyta dagskrá nema þm. hafi getað komið fram óskum sínum um það leyti sem var verið að semja dagskrána. Mér er ekki kunnugt um það. En hitt er auðvelt, að telja hér upp tugi tilfella um að óskað hafi verið eftir því með frambærilegum ástæðum að mál væri tekið út af dagskrá, m. a. þegar nál. hafa ekki legið fyrir. Hér er ekki um það að ræða að verið sé að draga það á neinn óhæfilegan hátt að nál. sé skilað. Það hefur ekki unnist eðlilegur tími til þess að koma nál. fram og það er því skýlaust brot á þingsköpum að ætla að taka málið hér fyrir. Ég mótmæli því enn að sá háttur verði hafður á, sem hæstv. forseti var að leggja til, að málið verði tekið fyrir, talað hér fyrir meirihlutaáliti og öðru minnihlutaáliti og síðan yrði umr. haldið áfram síðar. Það er ólöglegt og það er brot á venjulegum þingreglum og því verður að mótmæla slíkum vinnubrögðum.

Ég satt að segja skil ekki hvað getur legið þar á bak við, ef hæstv. ríkisstj., sem á hlut að máli í sambandi við þetta mál, leggur áherslu á að þessi háttur verði hafður á, að menn mega ekki skila sínu nál. og þm. geti ekki fengið að lesa þau með eðlilegum hætti og kynna sér þýðingarmikil gögn sem eru alveg nýkomin fram í málinu. Ég skil það ekki. Það er alveg augljóst mál að hún er með þessu að tefja bæði fyrir afgreiðslu þessa máls og annarra mála, því að vitanlega þarf meiri hl. á Alþ. ekki að láta sér koma til hugar að minni hl. noti þá ekki öll þau ráð, sem hann á yfir að ráða samkv. þingsköpum í sambandi við afgreiðslu mála. Það mun því sannarlega ekki flýta hér fyrir neinu þegar er verið að hjösnast þannig áfram og brjóta á mönnum hefðbundnar reglur.

Ég skal falla frá því að ræða hér utan dagskrár meira um þetta mál þó að það gefist fyllilega tilefni til þess. Það verður þá gert undir öðrum liðum hér á eftir ef ekki verður orðið við þeirri ósk að málið verði tekið út af dagskrá eins og sakir standa og tekið þá fyrir á nýjum fundi með eðlilegum hætti og í samræmi bæði við þingvenjur og þingsköp.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það má segja að þessi krafa um að taka þetta

mál út af dagskrá sé að nokkru leyti óeðlileg, því að sumir ræðumanna hafa farið að ræða efnislega um málið áður en endanlega hefur verið frá því gengið hvort málið kemur til umr. hér eða ekki.

Ég tel rétt að það komi fram hér áður en þessum löngu umr. um þingsköp lýkur, að umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins til heilbrrh. varðandi starfsleyfi til Járnblendifélagsins hefur, eins og aðrar umsagnir og vandasöm mál, verið til meðferðar í rn. frá því að Heilbrigðiseftirlitið gekk frá henni. Um málið hafa fjallað þar deildarstjóri í rn., lögfræðingur, sem hefur farið yfir það mjög vandlega. Það hafa verið haldnir sameiginlegir fundir, bæði með mér, ráðuneytisstjóra rn., lögfræðingnum og forsvarsmönnum Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Í flestum greinum er farið eftir till. Heilbrigðiseftirlitsins. Hins vegar er töluvert önnur uppsetning sem á sér stað í starfsleyfinu en í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins. Það eru gerðar till. af lögfræðingi rn. í sambandi við þær breytingar allar. Það má segja að höfuðbreytingin frá því, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins leggur til, og til þess, sem er í starfsleyfinu, sé sú, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins mælti aðeins með einum ofni í staðinn fyrir að umsóknin var um tvo ofna. Það kom auðvitað ekki til greina að afgreiða málið á þennan hátt. Á bak við þessa umsögn Heilbrigðiseftirlitsins eða álit þess var það, að ef langur tími liði frá því að fyrri ofninn væri tekinn í notkun, þá gætu tækniframfarir orðið miklar í mengunarvörnum. Því var þetta sjónarmið þeirra eðlilegt hvað þetta snertir. Hins vegar töldu bæði lögfræðingur og ráðuneytisstjóri og ég féllst fúslega á að það bæri auðvitað að veita annaðhvort leyfi fyrir báðum ofnunum eða synja um starfsleyfið. Við tókum aftur upp annað ákvæði í sambandi við síðari ofninn, að hann yrði kominn í notkun innan 24 mánaða frá því að fyrri ofninn væri tekinn í notkun. Þar með settum við fyrir þann leka, ef miklar breytingar hefðu orðið á mengunarvörnum, og urðum við beiðni Járnblendifélagsins hvað þetta snertir. Þetta tel ég fyllilega eðlilegt að gera og um það vorum við allir, sem um þetta mál fjölluðum í rn., algerlega sammála.

Hitt atriðið var það sem hv. 3. þm. Reykv. las hér upp áðan, sem er töluverð breyting gerð frá upprunalegum till. Heilbrigðiseftirlitsins, enda kom það, sem þar er sett fram, ekki til greina og hefði enginn sætt sig við það. Ekki hefði þurft að spyrja norsku aðilana um það, heldur hefði verið nóg að spyrja íslensku aðilana hvort þeir sættu sig við, ef hreinsibúnaður bilaði, að þá skyldi verksmiðjan stöðvuð innan eins klukkutíma. Þó að starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins færu upp í bifreið um leið og hreinsibúnaður bilaði, þá eru þeir varla komnir á þessum klukkutíma upp í verksmiðju. Nú er talið að þegar bilanir í hreinsibúnaði í verksmiðjum sem þessum eigi sér stað taki í flestum tilfellum einn og hálfan til tvo og hálfan tíma að gera við hreinsibúnaðinn. Hins vegar geta komið fyrir mun alvarlegri bilanir. Undir það er sett með þessum ákvæðum. Ég hygg að það hefði verið um tómt mál að tala að hafa þetta ákvæði með þessum hætti, og ég býst ekki við að annar verksmiðjurekstur, sem fyrir er í landinu, og þá ekki endilega álverksmiðjan frekar en áburðarverksmiðja eða sementsverksmiðja, mundi sætta sig við það, að ef hreinsibúnaður bilaði, þá þyrfti að stöðva alla framleiðslu og alla vinnu eftir einn klukkutíma. Þetta eru ákvæði, sem eru ekki framkvæmd í þeim löndum sem við þekkjum til og höfum kynnt okkur í þessum efnum.

Það, sem mestu máli skiptir, er að það hefur verið vandað mjög til þessa starfsleyfis og farið eftir því sem er í gildi sérstaklega í Noregi og í Bandaríkjunum. Hins vegar er Járnblendifélaginu skylt að hlíta í hvívetna íslenskum reglum sem eru fyrir hendi eða kunna að verða settar. Þetta er það sem skiptir höfuðmáli í þessu öllu saman.

Ég tel ekki óeðlilegt að Heilbrigðiseftirlitið setji fram sínar ströngustu kröfur til síns rn., sem það heyrir undir, og síðan væru þessar kröfur ræddar og hvað væri skynsamlegt að ganga langt, en halda þó mjög ströngum ákvæðum. Mér er fyllilega kunnugt um það, að hinn norski aðili er langt frá því að vera ánægður með þetta starfsleyfi og telur að það sé allt of strangt í mörgum veigamiklum atriðum. Vissulega var ágreiningur og kröfur sem fram komu, bæði við rn. og við mig, sem við höfum ekki gengið að, og þær margar.

Ég vil út af þessari skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins taka fram, að forstöðumaður eftirlitsins sendi þessi tvö eintök að beiðni rn. og var tekið fram að þó að það væri sent formönnum iðnn., þá var auðvitað jafnsjálfsagt og eðlilegt að allir alþm. hefðu aðgang að þessari skýrslu. En hún var ekki framleidd í stóru upplagi, heldur aðeins fyrir þessa aðila sem fjölluðu um starfsleyfið. Og það eru auðvitað mörg fleiri gögn sem fyrir liggja í þessum efnum, uppköst að starfsleyfi, ein tvö eða þrjú, sem starfsmenn rn. gerðu. Það hefur ekki tíðkast að leggja fyrir Alþ. öll drög og öll bréf sem fara á milli stjórnvalda í þessum efnum, heldur auðvitað fyrst og fremst það bréf sem mestu máli skiptir og öllu máli skiptir, sjálft starfsleyfið. Það starfsleyfi er sent einnig iðnn. og auðvitað Járnblendifélaginu og er 17 síður. Það liggur auðvitað fyrir að hver þm., sem þess óskar, getur fengið að sjá það eða óskað eftir að það verði ljósritað. Sömuleiðis sé ég enga ástæðu til þess að halda neinu dauðahaldi í það, að menn megi ekki tala um þessa skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins til rn. eða til ráðh. eftir vild og eftir því sem menn hafa ánægju og vilja til.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þessar umr. hafa aðallega snúist um tvö formsatriði eða átt að snúast um þau: annars vegar óskina um að taka málið af dagskrá í dag og hins vegar um það að ein mikilvæg skýrsla í málinu hefur verið sýnd nm. sem trúnaðarmál. Að vísu er þessi skýrsla, sem er kölluð „umsögn" Heilbrigðiseftirlits ríkisins, eins og hæstv. ráðh. hefur útskýrt, umsögn eftirlitsins til ráðh. Þetta er ekki umsögn til Alþ. Engu að síður er þessi skýrsla komin inn í málið, og ég tel það mikinn misskilning að stimpla hana trúnaðarmál. Ég vil leyfa mér að túlka orð hæstv. heilbrrh. hér áðan svo, að hann hafi tekið þetta aftur og þessi skýrsla sé ekki trúnaðarmál lengur. Ef þetta er misskilningur hjá mér, þá vænti ég að það verði

leiðrétt. (**Sjútvrh.**: Þetta er rétt.) Þetta er rétt, segir hæstv. ráðh. Þá hefur það náðst fram og er vafalaust til bóta.

Ég mun ekki skipta mér af deilum um dagskrána. Venjan er fyrst og fremst sú hér á Alþ. að reyna að ná samkomulagi milli meiri hl. og minni hl. um hvernig hátta skal afgreiðslu stórra mála, þó að lesa megi í þingsköpum reglur sem oft hefur verið í ýmsar áttir vikið frá. Ég harma það að slíkt samkomulag skuli ekki vera fyrir hendi að þessu sinni, enda hefur farið svo, að þessi fundur er nú langt til farinn í umr. sem hefðu aldrei átt að fara fram.

Meginástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er þó sú, að mér finnst ég þurfa að bera af mér sakir. Það hafa fallið þung orð um vinnubrögð meiri hl. iðnn. og verið sagt að hún hafi gefið út álit sitt án þess að hafa séð þessa umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Ég hef að vísu skrifað undir álit meiri hl. n. með fyrirvara sem við getum rætt síðar. Tveir forsvarsmenn Heilbrigðiseftirlitsins sátu langan fund með iðnn. og þá höfðu þeir þessa margumræddu fjölrituðu umsögn í höndunum. Á þessum fundi var rætt um öll meginatriði málsins frá heilbrigðissjónarmiði og mér fannst koma þar fram mjög skýrt hver deilumálin voru og hver meginviðhorf Heilbrigðiseftirlitsins. Eftir það var langt hlé á fundum meðan beðið var eftir því að heilbrrn. gæfi út leyfið. Þegar leyfið lá fyrir, ég fékk það miðvikudaginn fyrir páska, þá átti ég fyrir mína hönd viðræður við forstöðumenn Heilbrigðiseftirlitsins í framhaldi af fundinum sem við áttum með þeim, og með tilliti til leyfisins. Í þessum ítarlegu viðræðum sannfærðist ég um það, að Heilbrigðiseftirlitið teldi að leyfið væri mjög vel viðunandi. Það var fyrst eftir að ég hafði sannfærst um það í viðræðum við forráðamenn Heilbrigðiseftirlitsins, eftir að leyfið hafði verið gefið út, og ég hafði haft heilt kvöld til að lesa það sjálfur, sem ég lét í ljós við formann iðnn. að ég væri reiðubúinn til þess að skrifa undir álitið með fyrirvara. Ég vísa því algerlega frá mér öllum ásökunum um óvönduð vinnubrögð eða skort á umhyggju fyrir þessari hlið málsins.

Ég vil geta þess, að Heilbrigðiseftirlitið hafði vissar hugmyndir um breytingar á lögum um verksmiðjuna í viðræðum við n. og lét okkur meira að segja sjá þær fjölritaðar. Tvö meginatriði í þessum hugmyndum þeirra hafa alþfl.-menn tekið upp og samið um þau sérstakt frv. sem var útbýtt í dag, frv. um breytingar á lögunum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þetta varðar trúnaðarmenn verkafólksins og sérstakar hollustunefndir, en ég tel eðlilegra, að slík ákvæði séu í þeim lögum og eigi við allan iðnað í landinu, heldur en reyna að koma þeim inn í þessi lög, þannig að þau ættu aðeins við þessa einu verksmiðju. Ég nefni þetta til þess að sýna fram á að ég hef haft samráð við Heilbrigðiseftirlitið og skrifaði ekki undir nál. fyrr en ég var sjálfur sannfærður um að Heilbrigðiseftirlitið er eftir efnum og ástæðum ánægt með leyfið.

Ég leit svo á að umsögn, sem þessir embættismenn sendu til rn. síns um ákveðið mál, sem er nýjung eins og hér hefur komið fram, sé þess eðlis að hún sé ekki lágmarkskröfur þeirra. Þetta fannst mér koma fram í viðræðum við þá, bæði á fundum n. og utan. Umsögnin var ekki lágmarkskröfur. Það getur enginn maður sagt hvað eru lágmarkskröfur. Þeir eru þarna að berjast fyrir vissum reglum og fara að eins og samningamenn. Þeir stilla í þessari umsögn sinni til rn. kröfunum mjög hátt, og það er þess vegna sem málið er búið að taka þennan tíma. Ég heyrði á embættismönnum Heilbrigðiseftirlitsins, að þeir teldu að heilbrrn. hafi staðið vel í ístaðinu fyrir þeirra hönd, af því að vafalaust hefur deilan ekki verið milli Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrrn, heldur milli þessara heilbrigðisaðila annars vegar og verksmiðjunnar og þeirra, sem skipta beint við hana. Það eru eðlilega andstæðir pólar í málinu.

Um efni leyfisins getum við rætt, þegar málið verður formlega tekið á dagskrá. Ég vil ítreka það, að ég vænti þess að menn geti náð friðsamlegu samkomulagi um umræðuna, því að eftir þá mánuði sem liðnir eru getur einn dagur til eða frá ekki ráðið sköpum, og hefur raunar þegar orðið til þess að hleypa illu blóði í meðferð málsins.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að hann hefur leyft að sú skýrsla, sem hér hefur mest verið rædd, verði gerð opinber þannig að allir þm. hafi aðgang að henni og geti notað hana í sambandi við meðferð þessa máls. Ég hef að vísu litið þannig á, að eftir að það lá fyrir að starfsleyfi væri fengið og fullnægt öllum þeim meginskilyrðum sem heilbrrn. hefði sett, þá hafi þessi skýrsla ekki lengur neina meginþýðingu. En eigi að síður er gott að menn geti kynnt sér sögulega hvernig gangur þessa máls hefur verið og það ættu menn að geta séð með því að lesa þessa skýrslu. Annars hygg ég að hún sé nokkuð fræðileg og það séu nokkrir þm. — og ég verð að játa að ég er í þeim hópi — sem hafa ekki nægilega fræðilega þekkingu til þess að geta dæmt um ýmis þau atriði sem þar eru.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að ég dróst inn í þessar umr. í sambandi við það að því var haldið fram að ekki hefði verið unnið að öllu leyti vel í hv. iðnn. Ég verð að líta svo á að það sé ekki rétt, því að menn þekkja líka formann iðnn. að því, að þar sem hann hefur verkstjórn með höndum er sæmilega unnið, og ég held að það hafi verið gert í þessari n. Ég held að í raun og veru hafi þetta mál verið til meðferðar í n. tvívegis. Það byrjaði þannig að formaður n. fór að halda fundi áður en málið var komið til 2. umr. og komið til n. og ætlaði að flýta þannig fyrir málinu, og við héldum marga fundi á því stigi, þangað til fulltrúi Alþb. uppgötvaði að þetta væri ekki réttmæt aðferð, það ætti ekki að taka málið til meðferðar fyrr en það raunverulega kom til n. Það varð til þess — ég var því miður fjarverandi þá — að málið var alveg tekið upp að nýju og sömu menn yfirheyrðir aftur sem búið var að yfirheyra einu sinni áður, þannig að ég held að hv. formaður iðnn. verði ekki ásakað-

ur fyrir að það hafi ekki verið nægilega unnið í n. að þessu máli.

Sannleikurinn var líka sá, að raunverulega hafi öllum meginstörfum n. í sambandi við þetta mál verið lokið snemma í febr., en hins vegar stóð eitt eftir, og það var það að starfsleyfi var ekki fengið fyrir verksmiðjunni, ekki samþykki heilbrrn. Við í meiri hl. vorum tilbúnir til þess strax þá að ganga frá nál. þegar þetta starfsleyfi lægi fyrir. Það dróst hins vegar í nokkrar vikur, en seint í mars var svo komið, eftir því sem formaður n. tjáði mér og aðrir, sem fylgdust með þessu máli, að það mundi verða gengið frá starfsleyfi um mánaðamótin mars-apríl og þá væri búið að fullnægja öllum þeim meginatriðum sem heilbrrn. hefði sett fyrir starfsleyfinu. Það var líklegt, þegar þingi var frestað, að ég mundi ekki vera í bænum í páskavikunni og ekki alveg öruggt hvort ég mætti hér á fyrsta eða öðrum degi þingsins þegar það kæmi saman aftur. Formaður n. lagði hins vegar áherslu á að við gengjum frá nál., meiri hl., þar sem starfsleyfi væri raunverulega fengið. Niðurstaðan var þess vegna sú að við gengum frá nál., en það var með því fororði frá minni hálfu og ég hygg allra þeirra, sem undirrituðu nál. meiri hl. að það yrði ekki lagt fram á Alþ. fyrr en búið væri að ganga formlega frá starfsleyfinu, enda er þetta beinlínis tekið fram í nál. þar sem segir á þessa leið:

„Með ýmsum skilyrðum, sem heilbrrn. hefur sett fyrir starfsleyfi til handa járnblendiverksmiðjunni, ætti að vera fengin trygging fyrir því að ströngum reglum um mengunarvarnir innan og utan verksmiðjunnar verði fylgt."

Ef ekki hefði fengist fullnæging á þessum skilyrðum og starfsleyfi, þá hefði þetta nál. aldrei verið lagt fram. Ég var fjarverandi þegar það var lagt fram, en formaður n. hefur fullkomlega efnt það loforð við mig að leggja nál. ekki fram á Alþ. fyrr en starfsleyfi væri fengið. Formlega hygg ég að hafi verið gengið frá starfsleyfinu 5. eða 6. apríl, en nál. ekki lagt fram á Alþ. fyrr en í gær, þannig að við þetta hefur verið staðið.

Ég var búinn að kynna mér nokkuð þau atriði, sem heilbrrn. hafði sett fyrir starfsleyfinu. Ég skal hins vegar játa það, að þekking mín er takmörkuð í efnum, sem lúta að jafnströngum mengunarvörnum og hér er um að ræða. Ég verð þess vegna að treysta á það sem fróðir menn segja um þau efni. Og ég taldi, eftir því sem ég best gat séð, að ef þeim skilyrðum yrði fullnægt, sem lá fyrir að heilbrrn. mundi setja og hefur nú verið fullnægt, þá væri forsvaranlegt að samþykkja þetta frv. hvað þá hlið málsins snerti.

Ég hygg að ég hafi með þessu gefið nægilega skýringu á afstöðu minni til málsins eða til vinnubragða í sambandi við málið. En ég vil aðeins einu sinni endurtaka það, að þó að megi deila kannske á formann iðnn. fyrir ýmislegt eins og okkur aðra, þá verður aldrei deilt á hann fyrir það að hann hafi ekki nógu traust vinnubrögð þar sem hann fer með verkstjórn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þetta verða aðeins fáein orð.

Ég vek athygli á því, að í þessum umr. hefur hæstv. heilbrrh. gert flokksbróður sinn, formann iðnn., að ómerkingi. Hann lýsti hér yfir að hann teldi enga ástæðu til þess að farið yrði með margumræddа skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins sem trúnaðarmál, en í upphafi ræðu sinnar áðan lagði hv. formaður iðnn. áherslu á að það væri mjög þýðingarmikið að farið væri með þessa skýrslu sem trúnaðarmál. Bak við þetta var sem sé engin ráðherraákvörðun. Niðurstaðan sýnist mér vera sú, að þessi hv. þm. mótar afstöðu sína til réttar alþm. varðandi upplýsingar í stórmáli eftir áliti embættismanns úti í bæ, — áliti sem embættismaðurinn gefur honum í síma. Eftir því eigum við að haga störfum okkar hér á Alþ. Það er viðhorf formanns iðnn. þessarar hv. deildar.

Svo bætist það ofan á, önnur einkunn bætist ofan á þessa handa hv. formanni iðnn. Hann vinnur að þessu máli þvert gegn þingsköpum. Reyndar sá formaður þingflokks Framsfl. ástæðu til þess að hrósa honum sérstaklega fyrir þá vitleysu. Það átti að vera til marks um það, hvað við hefðum duglegan formann iðnn., að hann er byrjaður að pæla í þessu máli löngu áður en þingsköp leyfa. Og svo þegar hann er búinn að eyða tíma iðnn. svo og svo lengi í málið og það kemst upp um strákinn Tuma, þá verður að vinna þetta allt saman upp að nýju.

Ég ætla ekki að lengja þessa umr. frekar, en ég vek athygli á þessum tveimur einkunnum, sem hv. formaður iðnn. hefur hér fengið. Og ég spyr eftir slíkar einkunnir hvort slíkur maður geti talist hæfur til þess að gegna formennsku í iðnn.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187, nr. 455 og 461). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var hv. 5. þm. Vesturl. sem efaðist um að ég væri fær um að gegna formennsku í iðnn. Alveg skal ég nú fyrirgefa hv. þm. þessi ummæli með tilliti til þess að maðurinn var í æsingi og ekki sjálfrátt um hvað hann sagði. Það verður að fyrirgefast. Það verður líka að fyrirgefast þó að sami hv. þm. geri bréf Heilbrigðiseftirlitsins og orð rn. og ráðh. að mínum orðum. Hv. þm. sagði að ég hefði fullyrt að það væri nauðsynlegt að hafa þetta sem trúnaðarmál, enda þótt ég hafi skýrt frá því að það væri prentað á bréfið að það ætti að vera trúnaðarmál. Ég hef talið að hv. 5. þm. Vesturl. kynni skil á því, ef hann fengi bréf sem væri merkt trúnaðarmál, að hann teldi alveg nauðsynlegt að fara með það sem slíkt þangað til hann væri leystur undan því, og það gat enginn nema hæstv. heilbrrh. ákveðið hvort þessi orð, sem prentuð eru á umrætt bréf, skyldu gilda áfram eða hvort þau skyldu ekki gilda áfram. Hæstv. ráðh. hefur ákveðið að þetta skuli ekki lengur vera trúnaðarmál og þá er það ekki lengur trúnaðarmál. En ég upplýsti hér í dag, að þrátt fyrir það að þetta væri trúnaðarmál, þá ættu þm. aðgang að þessari skýrslu, og þess vegna lánaði ég hv. 3. þm. Reykv. bókina svo að hann og hans flokksbræður gætu kynnt sér hana.

En það er nú ekki meira um þetta. Ég hef alltaf haft talsverðar mætur á hv. 5. þm. Vesturl., en mér þykir leiðinlegt þegar hann hrekkur upp af standinum, eins og stundum er sagt, og missir alveg glóruna í einhverjum æsingi af því að frv. til l. um verksmiðju á Grundartanga er til umr. Þessi hv. þm. talar alveg þvert gegn vilja kjósenda sinna, sem vilja fá þessa verksmiðju.

Iðnn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. á þskj. 187 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. N. hefur haldið marga fundi um málið og fengið til sín ýmsa aðila sem gefið hafa haldgóðar upplýsingar og umsagnir um fyrirhugaða verksmiðju. Komið hafa til viðræðu í n. aðilar frá eftirtöldum stofnunum: Náttúruverndarráði, Líffræðistofnuninni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Vita- og hafnamálaskrifstofunni, Járnblendifélaginu, Orkustofnun og Landsvirkjun. Enn fremur mættu á fundum hjá n. forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi hans, ráðuneytisstjórinn í iðnrn., ritari viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, formaður verkalýðsfélagsins á Akranesi og stjórnarmaður frá verkalýðsfélaginu á Hvalfjarðarströnd, ásamt oddvita Skilmannahrepps. Voru umsagnir þessara aðila jákvæðar.

Um fyrirhugaða járnblendiverksmiðju hefur mikið verið rætt og ritað frá því að málið kom fyrst á dagskrá. Hafa skoðanir manna verið nokkuð skiptar, eins og oft vill verða þegar um nýjungar og stórmál er að ræða. Iðnn. hv. d. hefur leitast við að kynna sér fyrr og síðar allt sem snertir stofnkostnað og rekstur járnblendiverksmiðju eins og frv. á þskj. 187 gerir ráð fyrir með því að ræða við sérfróða menn og lesa það sem fáanlegt er um verksmiðjur af þeirri gerð, sem hér um ræðir.

Alþm. munu minnast þess, að þetta mál hefur áður verið til umr. á hv. Alþ. Í aprílmánuði 1975 voru sett lög um að ríkisstj. skyldi beita sér fyrir stofnun hlutafélags í því skyni að koma á fót járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Fyrirhugað var að reisa verksmiðjuna í samvinnu við bandarískt fyrirtæki, Union Carbide Corporation. Með þeim aðila stofnaði ríkisstj. Íslenska járnblendifélagið hf. í aprílmánuði 1975. Eignarhluti íslendinga var 55%, en eignarhluti Union Carbide 45%. Union Carbide gekk úr félaginu á s. l. sumri, en ríkisstj. yfirtók hlut þess í Járnblendifélaginu. Um það samdist að Union Carbide greiddi íslendingum 850 millj. kr. vegna samstarfsslitanna. Var upphæðin miðuð við að ríkissjóður yrði skaðlaus vegna ýmiss konar kostnaðar við undirbúning fyrirtækisins svo og Landsvirkjun vegna seinkunar á orkusölu. Viðræður voru teknar upp við norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket um aðild að Járnblendifélaginu. Samningar tókust og hafa þeir verið undirritaðir af Íslands hálfu með fyrirvara um samþykkt Alþ. á frv. því sem hér er til umr. og iðnn. hefur fjallað um.

Samningar við Elkem-Spigerverket eru í flestum atriðum svipaðir þeim samningum sem áður voru gerðir við Union Carbide. Þau frávik, sem gerð hafa verið frá fyrri samningum, eru til bóta og hagstæðari fyrir íslendinga eins og fram kemur í grg. með frv. Stofnkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 447 millj. norskra kr. á verðlagi ársins 1978. Hefur áætlaður kostnaður því hækkað um 71 millj. norskra kr. frá árinu 1974. Valda því verðhækkanir, kaupgjaldshækkanir og nákvæmari áætlanir en fyrir voru. Áætluð ársframleiðsla er 50 þús. smál. af kísiljárni, en var í eldri áætlun 47 þús. lestir. Tekjuverð er nú áætlað 3405 kr. norskar pr. tonn fob., en 3294 norskar kr. í eldri áætlun, hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1978. Þessi áætlun er byggð á áætlun Elkems um skilaverð til norskra kísiljárnsframleiðenda. Miðað við að markaðsástand færist í eðlilegt horf telur Elkem að reikna megi með 2900 norskum kr. 1977 í skilaverð og 3405 norskum kr. 1978. Í grg. frá Þjóðhagsstofnun, dags. 19. febr. s. l., segir m. a.:

„Þótt þessar verðforsendur um markaðshækkun kunni að virðast bjartsýnar er þess að geta, að álits um verðforsendur þessar hefur m. a. verið leitað hjá sænska járnkontoret sem telur þær fremur varkárar."

Árstekjur fyrirtækisins á skilaverði eru nú taldar 170.2 millj. norskra kr. á verðlagi ársins 1978, miðað við 154.8 millj. norskra kr. áður og hafa þær því hækkað í áætluninni um 15.4 millj. norskra kr. eða um 10% vegna meiri framleiðslu og hækkaðs verðlags.

Markaðshorfur fyrir stál og þar með kísiljárn eru almennt taldar fremur góðar. Er reiknað með 4% ársvexti stál- og kísilframleiðslu næstu árin. En markaðurinn hefur oft verið sveiflukenndur vegna breytinga á eftirspurn.

Gert er ráð fyrir að norska sölufélagið Fesil annist sölu á framleiðslu verksmiðjunnar á Grundartanga. Sölukostnaður fyrirtækisins reyndist vera árið 1975 2.85% af söluverði framleiðslunnar. Markaðshlutdeild Fesils í Evrópu er 35% á kísiljárnsmarkaðinum. Árið 1974 nam heildarsala Fesils 280 þús. tonnum, en þar af fóru 210 þús. tonn á Evrópumarkað.

Elkem hefur trausta stöðu í kísiljárnsframleiðslu og vel skipulagða söluaðstöðu.

Elkem framleiðir bræðsluofna fyrir kísiljárnsverksmiðjur og mun sjá um smíði á ofnum í verksmiðjuna á Grundartanga fyrir sambærilegt verð og áður samdist um eftir útboð við fyrirtæki á Ítalíu.

Rafskaut mun verksmiðjan kaupa frá Elkem á venjulegu markaðsverði.

Hráefni til verksmiðjunnar verður keypt á frjálsum markaði, þar sem verð er hagstæðast.

Ákveðið er að breyta öðrum ofni kísilverksmiðjunnar á Grundartanga þannig, að framleiða megi aðra járnblenditegund ef henta þykir. Hefur sú ákvörðun orðið til þess að vekja áhuga norðmanna á samstarfi við íslendinga, þar sem umrædd breyting er talin mjög þýðingarmikil fyrir öruggan rekstur og betri afkomu verksmiðjunnar.

Í grg. til iðnn. segir Þjóðhagsstofnun um markaðshorfur:

„Í heild verður að telja markaðsforsendur traustar vegna samvinnu við Elkem, og er það einnig álit hlutlausra aðila, sem leitað hefur verið til um þetta efni, eins og nefnt er hér að framan. En hagur fyrirtækisins er vitaskuld mjög háður því að hagvöxtur glæðist á ný í iðnaðarlöndum Vestur-Evrópu á næstu árum."

Sala framleiðslunnar frá járnblendiverksmiðjunni er betur tryggð nú en áður var, miðað við

samninga við Union Carbide. Í sölusamningnum felst það mikilvæga atriði, að nýting framleiðslugeta íslensku veksmiðjunnar verður aldrei lakari en í verksmiðjum Elkems í Noregi. Sölukostnaður er lægri samkv. núverandi samningi en áður. Kveðið er svo á að verksmiðja Járnblendifélagsins fái aldrei minni söluumsetningu hlutfallslega en um er að ræða hjá verksmiðjum Elkems á hverjum tíma. Jafnframt verður tryggt að Járnblendifélagið fái ávallt sama nettó-fob-verð fyrir framleiðslu sína og verksmiðjur Elkems miðað við sömu vöru. Þó verður tekið tillit til hugsanlegs mismunar á flutningskostnaði frá Íslandi og Noregi, en að öðru leyti verður framkvæmd verðjöfnun á flutnings- og sölukostnaði milli aðilanna. Þess er rétt að geta, að verði framleiðsla verksmiðjunnar seld til Ameríku, eins og fyrirhugað er að einhverju leyti, verður flutningskostnaður lægri á þann markað frá Íslandi heldur en frá norsku verksmiðjunni.

Fyrir söluaðstoð og ábyrgð mun íslenska verksmiðjan greiða 40 norskar kr. sem samsvarar 1.2% af áætluðu byrjunarsöluverði, en mun fara hlutfallslega lækkandi þegar tímar líða.

Gildistími sölusamnings verður nú 20 ár frá því að starfræksla hefst, en í samningunum við Union Carbide var gengið út frá 15 ára gildistíma.

Ráðgert er að Elkem selji Járnblendifélaginu í byrjun tæknikunnáttu á sams konar grundvelli og Union Carbide og þá fyrir sömu þóknun í hlutabréfum, þ. e. 3.2 millj. dollara. Jafnframt mun Elkem veita félaginu samfellda tækniþjónustu við verksmiðjureksturinn á svipuðum grundvelli og um samdist við Union Carbide og fá fyrir það sömu þóknun, þ. e. 3% af andvirði seldrar framleiðslu. Gildistími samningsins um þessa aðstoð er óbreyttur, þ. e. 15 ár frá því að starfræksla hefst.

Elkem mun láta í té verkfræðiaðstoð með umsjón og byggingu verksmiðjunnar og verður hún greidd eftir venjulegum tímatöxtum fyrir slíka þjónustu. Innlendum verkfræðistofum verður hins vegar falið að sjá um hönnun og eftirlit með byggingu verksmiðjunnar undir umsjón Elkems að eins miklu leyti og frekast er kostur.

Orkustofnun og Landsvirkjun hafa haft orkusölusamninginn til athugunar. Er talið, að samningurinn sé hagstæður fyrir Landsvirkjun, sérstaklega vegna sölu á afgangsorku og mikils nýtingartíma. Miðað er við að orkusala Landsvirkjunar til Járnblendifélagsins og skipti milli forgangs- og afgangsorku verði söm að umfangi og vera átti samkv. rammasamningi þeim er gerður var áður milli aðilanna. Líkur eru þó til að salan verði heldur meiri í reynd. Hins vegar verður óhjákvæmilega nokkur seinkun á byrjun rafmagnsafhendingar til verksmiðjunnar vegna þeirrar frestunar sem orðin er á byggingarframkvæmdum við hana. Er nú miðað við að fyrri bræðsluofninn geti tekið við rafmagni í árslok 1978 eða ársbyrjun 1979. Það er sem næst ári síðar en ráðgert var við stofnun Járnblendifélagsins. Síðari ofninn verður tilbúinn á tímabilinu júlí-sept. 1979 eða í síðasta lagi í ársbyrjun 1980 samkv. nánari ákvörðun. Samið hefur verið við Landsvirkjun um bætur fyrir það tjón sem búast má við vegna þessarar breytingar á samningnum.

Að því er varðar rafmagnsverð til verksmiðjunnar er nú ráð fyrir því gert að upphaflegt orkuverð í Bandaríkjamillum á kwst. sé 6.6 mill meðalverð fyrstu árin og haldist óbreytt sem lágmarksverð, en núverandi verðhækkunarreglur rafmagnssamningsins verði felldar niður og í stað þeirra verði tekið upp nýtt orkuverð í norskum aurum er komi til greiðslu þegar í byrjun og sæti síðan leiðréttingu fimmta hvert ár eftir sömu reglum og var til orkufreks iðnaðar í Noregi eftir samningum gerðum samkv. reglum norsku ríkisrafveitnanna frá 1962—1972. Jafnframt fari greiðslur fyrir orku fram í norskum kr. í stað Bandaríkjadollara. Orkuverð þetta er 3.5 norskir aurar á kwst., samsvarar ca. 6.61 mill meðalverði, og er sem næst hið sama og taka mun gildi í Noregi samkv. áður greindum reglum hinn 1. júlí 1977. Frá og með 1. júlí 1982 mun Járnblendifélagið greiða 0.5 norska aura, sem samsvarar ca. 0.94 mill, til viðbótar þessu verði, en sú viðbót mun ekki sæta verðhækkun á samningstímanum. Með þessu fyrirkomulagi um skýrari reglur varðandi hækkun orkuverðs vegna verðlagsbreytinga munu tekjur Landsvirkjunar af orkusölunni hækka verulega frá núgildandi samningi á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar, en væntanlega verða nokkru lægri á síðustu árum samningstímans. Samkv. áætlunum Landsvirkjunar munu heildartekjurnar yfir samningstímann ekki vera lægri en orðið hefði eftir samningnum óbreyttum. Gildistími rafmagnssamningsins verður 20 ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns eins og áður var um samið.

Í samningnum verða og sömu endurskoðunarákvæði og áður ef til breytinga kemur á meiri háttar forsendum um orkuverð. Loks er gert ráð fyrir því, að aðilar taki upp viðræður um það áður en 15 ár eru liðin af samningstímanum, hvort framlengja skuli samninginn og á hvaða grundvelli.

Í öllum samningsdrögum og samningum um orkuverð járnblendiverksmiðjunnar hefur verið gert ráð fyrir að rafmagnið hækkaði í takt við hækkanir á raforkuverði til orkufreks iðnaðar í Noregi. Eftirtalið sýnir samanburð á verði fyrstu fjögur starfsár verksmiðjunnar eins og það hefur verið sett fram í samningsdrögum og samningum:

Forgangsorkuverð, bandarísk mill á kwst., samningsdrög 1974: 1. og 2. ár 7 mill, 3. og 4. ár einnig 7 mill, samningur 1975: 1. og 2. ár 9.5 mill, 3. og 4. ár 10 mill, samningsbreyting í des. 1976: 1.—4. ár 10.8 mill.

Í samningnum eru eftirtalin ákvæði varðandi sölu á afgangsorku auk verðákvæðisins:

Hæsta sala 306 gwst. á ári, meðalsala 244 stundir á ári fyrir samningstímann, minnsta sala á einu ári 122 gwst. og minnsta sala á samfelldu fjögurra ára tímabili 183.5 gwst. á ári.

Þessi ákvæði eru nauðsynleg fyrir Landsvirkjun og gefa mikið svigrúm við afhendingu afgangsorkunnar.

Verð á forgangsorku er 202 aurar fram til

1982, meðalverð 3.5 norskir aurar eða 126 aurar kwst. með núv. gengi, en afgangsorka 51 eyrir kwst.

Hagnaður Landsvirkjunar er mestur af löngum nýtingartíma á forgangsorku auk sölu á mikilli afgangsorku. Samkv. orkuspá er talið að Sigölduvirkjun verði fullnýtt 1981—1982, en þá er reiknað með að virkjun Hrauneyjafoss verði komin í gagnið. Útreikningar sýna að Landsvirkjun hagnast vel á orkusölu til járnblendiverksmiðjunnar með því verði sem um er samið. Stundum er því haldið fram að Landsvirkjun hafi skaðast á því að selja raforku til stóriðju, þ.e. álverksmiðjunnar í Straumsvík. Hafa sumir sett upp hneykslunarsvip og talað um ráðleysi í því sambandi að selja raforku á kostnaðarverði. Menn gera sér ekki alltaf grein fyrir því, að það, sem kallað er kostnaðarverð, getur talist hagstætt verð fyrir seljandann ef allir kostnaðarliðir eru nægilega ríflega reiknaðir og framleiðsluverð er réttilega fundið. Ef virkjun, sem ætlað er að endast í a.m.k. 75 ár, er afskrifuð á 25 árum og fyrningin yfir þann tíma er reiknuð með í orkuverðinu, er hagnaðurinn augljós. Landsvirkjun hefur hagnast verulega á orkusölu til álverksmiðjunnar. Kemur það glöggt fram í greinargerð framkvæmdastjóra og yfirverkfræðings Landsvirkjunar til iðnn., dags. 16. f.m., þar sem segir m.a.:

„Um síðustu áramót hafa tekjur Landsvirkjunar frá ÍSAL þegar greitt niður meira en helming áfallinnar greiðslubyrði vegna stofn- og rekstrarkostnaðar Þjórsárvirkja, og í árslok 1994 hafa sömu tekjur á um 25 ára tímabili fullnægt greiðslubyrði þessari svo til að fullu, enda þótt ÍSAL nýti aðeins 60% af afli Búrfellsvirkjunar. Dæmið er í rauninni enn hagstæðara en þetta, því að Þórisvatnsmiðlun nýtist jafnt fyrir Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun og einnig hluti háspennulínanna og spennistöðvarinnar við Geithals, en ekki er tekið tillit til þess að framan. Enn má ekki gleyma því, að virkjanir mala gull eftir að lán vegna þeirra hafa verið greidd upp."

Framangreindar staðreyndir sýna ótvírætt hve hagur Landsvirkjunar er stór í rafmagnssölunni til ÍSALs. Það er augljóst að almenningur hefur hagnast mjög á því að stórvirkjun var gerð í Þjórsá og að markaður fékkst strax fyrir mestan hluta orkunnar. Þess má geta að vandfundið mun lægra heildsöluverð til almennings í Vestur-Evrópu en hjá Landsvirkjun, kr. 2.46 á kwst. 1976, að Noregi undanskildum, enda var þar byrjað snemma á virkjunum fyrir stóriðju.

Með tilkomu álversins í Straumsvík fékkst markaður fyrir raforku frá stórvirkjun. Ef orkufrekur notandi væri ekki fyrir hendi hefði ekki verið unnt að virkja Búrfell á hagkvæmasta hátt. Þá hefði orkan verið mun dýrari til almenningsnota en hún nú er. Það er blekking þegar því er haldið fram að orkan sé niðurgreidd til álversins í Straumsvík og almennir notendur gjaldi fyrir það. Heildsöluverð á raforku frá Landsvirkjun var 1976 2.46 kwst. og er það lægra en víðast hvar annars staðar í nágrannalöndunum.

Hátt smásöluverð frá hinum ýmsu rafveitum verður ekki rakið til álverksmiðjunnar. Dreifingarkostnaður orkunnar hér á landi er mjög mikill. Þá má á það minna að söluskattur, verðjöfnunargjald, tollar og flutningsgjöld nema allt að 40% af því verði sem notandinn greiðir.

Heildsöluverð frá Landsvirkjun til rafveitnanna er lágt vegna þess að virkjað er á hagkvæman hátt. Áður en ráðist var í virkjun við Búrfell og samningar lágu fyrir um greiðslu álversins fyrir orkuna var sýnt fram á með ítarlegum útreikningum að orkan yrði allt að 60% dýrari til almenningsnota án álverksmiðju heldur en með álverksmiðju, og reynslan hefur sýnt að upphaflegir útreikningar voru réttir. Á s.l. ári voru samningarnir við svisslendinga endurskoðaðir og orkuverðið hækkað verulega.

Með lögum um Landsvirkjun 1965 var stigið mikilvægt framfaraspor. Landsvirkjun hefur haft forgöngu um hönnun virkjana í Þjórsá: virkjun við Búrfell 210 mw., virkjun við Sigöldu 160 mw. og virkjun við Hrauneyjafoss 210 mw. Allar þessar virkjanir eru mjög stórar á íslenskan mælikvarða. Þær eru hagkvæmar m.a. vegna stærðarinnar.

Þeir, sem eru fyrir fram á móti allri stóriðju, telja, að samningarnir við Suisse Aluminium hafi verið í alla staði óhagstæðir og til tjóns fyrir þjóðina. Þetta er að sjálfsögðu öfugmæli sem stangast á við staðreyndir. Álverksmiðjan tók til starfa haustið 1969. Á þessum stutta starfstíma verksmiðjunnar hafa íslendingar fengið greitt fyrir orkusölu, vinnulaun og þjónustu við fyrirtækið 24 þús. millj. kr. eða 24 milljarða kr. í erlendum gjaldeyri. Við verksmiðjuna vinna 500—600 manns fyrir góðum tekjum. Auk orkugjaldsins greiðir verksmiðjan framleiðslugjald, 20 dollara á tonn, sem fer hækkandi eftir verði á áli. Framleiðslugjaldið er greitt þótt taprekstur sé hjá verksmiðjunni. Þannig er hagur Íslands miklu betur tryggður með þessu fyrirkomulagi heldur en gæti verið með því að verksmiðjunni væri gert að greiða skatta samkv. skattalögum, eins og önnur fyrirtæki gera. Álverksmiðjan stendur undir öllum erlendum lánum vegna virkjunarinnar við Búrfell. Þannig verður fyrsta stórvirkjun landsins skuldlaus eign eftir tiltölulega stuttan tíma vegna greiðslna álverksmiðjunnar. Álverksmiðjan er styrk stoð í atvinnulífi íslendinga og gefur þjóðinni árlega miklar gjaldeyristekjur.

Sjávarútvegurinn er stór þáttur í þjóðarbúskapnum. Miklar vonir eru bundnar við hann, ekki síst eftir sigurinn í landhelgismálinu. En sjávarútvegurinn einn nægir ekki. Fjölþættur iðnaður, smærri og stærri, landbúnaður, samgöngur, verslun og ferðamannaþjónusta munu einnig gegna mikilvægu hlutverki í efnahagslífi þjóðarinnar. Fjölbreytni atvinnulífsins veitir öryggi og eykur möguleika á bættum þjóðarhag. Þess vegna er brýn nauðsyn að auka fjölbreytni í iðnaði og stuðla með því að atvinnuöryggi og vaxandi framleiðslu. Orkuverð til járnblendiverksmiðjunnar er hærra samkv. samningnum en til álverksmiðjunnar. Stafar það af því, að verðlag hefur hækkað allt efni, vélar og vinnulaun til Sigölduvirkjunar. Sigölduvirkjun er af þeim ástæðum dýrari en virkjunin við Búrfell sem lokið var við 1969.

Líklegt má telja að járnblendiverksmiðjan gefi

góðar tekjur í þjóðarbúið þegar fram líða stundir. Þess gerist vissulega þörf þótt allt verði gert sem unnt er til þess að efla aðra atvinnuvegi í landinu. Það hefur verið á það minnst að arðgjöf verksmiðjunnar sé helst til lítil, og má það til sanns vegar færa, sérstaklega þegar verð á framleiðslunni er í öldudal.

Gerður hefur verið útreikningur á arðsemi fyrirtækisins, sem að sjálfsögðu er háð verðlagi á framleiðslunni, fyrir árið 1985 með framleiðsluverði 1978 og öðrum kostnaðarliðum miðað við það ár. Þá er gert ráð fyrir að sölutekjurnar verði 50 þús. tonn á 170 millj. kr. Hráefniskaup: kvarts 13 millj., koks 25 millj., kol 8 millj., járn 5 millj., rafskaut 6 millj., annað 1 millj. Þessir liðir samtals 58 millj. Raforka 18 millj. Hafnargjöld og annar breytilegur framleiðslukostnaður 5 millj. Fastur framleiðslukostnaður: vinnulaun 11 millj., stjórnun, skrifstofukostnaður og viðhald 10 millj. Tækniþóknun o. fl. 7 millj. Verðjöfnunargjald 2 millj. Vextir 24 millj. Afskriftir 28 millj. Þetta gerir samtals í gjöld 163 millj. og er þá eftir hreinn hagnaður 7 millj. norskra kr. eftir að fyrirtækið hefur verið afskrifað um 28 millj. norskra kr. Þetta er áætlun Elkems sem byggist á reynslu þeirra í rekstri sams konar verksmiðju.

Það kemur m. a. fram, að sé áætlun Járnblendifélagsins óbreytt færð til fasts verðlags ársins 1978, þ. e. verðbreytingar bæði á tekju- og kostnaðarliðum reiknaður frá, verður árleg arðsemi Járnblendifélagsins 9.9% án kostnaðar við hafnar- og vegagerð, en 9.7% að þeim kostnaði meðtöldum. Þess ber að geta, að í útreikningum um áætlaða arðsemi er reiknað með 28 millj. kr. norskra kr. í afskriftum, hreinn hagnaður fyrir beina skatta er talinn vera 7 millj. norskra kr. árið 1985 á verðlagi ársins 1978 samanborið við 36.3 millj. norskra kr. í eldri áætlun. Þetta kemur til af því að kostnaðaráætlun nú er mun varkárari en áður var. Má m. a. nefna að nú er reiknað með að 150 manns vinni við verksmiðjuna, en aðeins 115 í fyrri áætlun.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þjóðhagstærð fyrirtækisins og segir m. a.:

„Útflutningstekjur í heild miðað við verðlag og meðalgengi ársins 1976 eru áætlaðar 5050 millj. ísl. kr. eða tæplega 7% af heildarvöruútflutningi 1976 og er þetta svipað hlutfall og áður var reiknað. Vinnsluvirði fyrirtækisins, sem sýnir framlag þess til þjóðartekna og líta má á sem þá virðisaukningu sem á sér stað við framleiðsluna, er í meðalári á verðlagi ársins 1976 áætlað 2400 millj. ísl. kr. eða 1.3% af vergum þjóðartekjum 1976. Sem hlutfall af fob-verðmæti er vinnsluvirðið 47—48%, sem er líklega nokkru hærra en frá álverksmiðjunni, en talsvert lægra en t. d. í sjávarútvegi. Að viðbættu raforkuverði hækkar vinnsluvirði í 3050 millj. ísl. kr. eða 1.6% af þjóðartekjum og rúmlega 60% af heildartekjum, sem er sennilega talsvert hærra en í álverksmiðjunni."

Enn fremur segir Þjóðhagsstofnun: „Helstu niðurstöður þessara aths. eru þær, að í samanburði við fyrri samninga séu áætlanir um stofnun og rekstur fyrirtækisins mun traustari en áður. Á þetta einkum við um stofnkostnaðar- og rekstrarkostnaðaráætlanir, um sölu- og markaðsmál og fjáröflun til byggingar verksmiðjunnar. Hins vegar sýna núverandi áætlanir minni arðsemi en þær fyrri, enda sennilega mun varkárari en þær áætlanir sem gerðar voru í samvinnu við Union Carbide. Mest áhætta virðist bundin forsendum um þróun markaðsverðs, þótt hún sé almennt talin verða svipuð því sem þessar áætlanir gera ráð fyrir."

Gert er ráð fyrir að höfn í Grundartanga og endurbætur á vegi muni kosta 400—500 millj. kr. Spurt hefur verið um hvort þörf sé á því að gera nýja höfn svo nærri Akraneshöfn. Áður en því er svarað þarf að gera sér grein fyrir því, hve mikið flutningskostnaður mundi aukast ef Akraneshöfn yrði notuð í stað Grundartangahafnar. Einnig má reikna með miklum framkvæmdum við Akraneshöfn til þess að hún gæti annað öllum flutningum til og frá verksmiðjunni. Einnig þyrfti geymslurými á hafnarsvæðinu á Akranesi til þess að ferma mætti skip og afferma á skemmri tíma en landflutningarnir taka. Vegakerfið um 8 km leið yrði að byggja upp að nýju til þess að það þyldi álagið sem yrði mjög mikið, eða 56 ferðir á dag í 300 daga á ári með 14 tonna farm í hverri ferð. Framleiðsla til útflutnings er 50 þús. smál. og auk þess 185 þús. tonn af hráefni. Sementsverksmiðjan flytur líparít úr Hvalfirði og greiddi í fyrra um 7 kr. fyrir hvern tonnkm. Sé þessi kostnaður hækkaður um 30% vegna verðhækkana yrði flutningskostnaður á ári til og frá verksmiðjunni 68 millj. kr. Það, sem hér hefur verið talið, styður þá skoðun að rétt sé að gera tiltölulega ódýra höfn við Grundartanga. Hún mun hafa miklar tekjur, sérstaklega þegar frá líður. Hafnargjöld skulu vera þau sömu og gilda í Reykjavíkurhöfn.

Ríkissjóður keypti um 80 hektara af landi úr jörðinni Klafastöðum í Skilmannahreppi og greiddi fyrir það 13.2 millj. kr., þar af 5 millj. kr. fyrir hafnaraðstöðuna. Samkv. drögum að lóðasamningi leigir ríkissjóður íslenska járnblendifélaginu tæplega 13 hektara af þessu landi og er árleg leiga fyrir það 1 millj. 236 þús. kr., sem hækkar fyrst í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, en síðar í samræmi við húsaleiguvísitölu iðnaðarhúsnæðis.

Í samningnum við Union Carbide hafði ekki verið gengið frá fjármögnun járnblendiverksmiðjunnar, en segja má að það hafi nú verið gert að mestu leyti. Hefur lánssamningur verið undirritaður við Norræna fjárfestingarbankann um rétt til lántöku að upphæð 200 millj. norskra kr. Lán þetta yrði tryggt með veði í verksmiðjunni án ábyrgðar eignaraðila. Viðræður við Export Finans í Noregi eru vel á veg komnar um viðbótarlán. Liggur fyrir í höfuðatriðum hvernig verksmiðjan verður fjármögnuð og hvaða kröfur lánveitendur koma til með að setja. Fjármögnun verksmiðjunnar er fyrirhuguð þannig: Hlutafé 24 millj. dollara, sama sem 127 millj. norskra kr., hluthafalán 44 millj. kr., stofnlán til langs tíma 200 millj. kr., lán frá framleiðendum 120 millj. kr., rekstrarlán 30 millj. kr., samtals 525 millj. norskra kr. Má því segja að fjármögnun fyrirtækisins sé nú að fullu tryggð.

Norræni fjárfestingarbankinn hefur lýst yfir trausti sínu á fyrirhugaðri járnblendiverksmiðju á Grundartanga með því að veita stórlán til

framkvæmdanna án sérstakrar ábyrgðar eignaraðila. Er málum því betur borgið nú en áður var í fyrirhuguðu samstarfi við Union Carbide, þar sem fjárútvegun til verksmiðjunnar var óleyst að mestu þegar samstarfsslit urðu. Virðist ástæða til þess að ætla að það hafi valdið slitum í samstarfi fremur en sú lækkun sem varð á kísiljárni á heimsmarkaði í ársbyrjun 1976. Stjórnendur Union Carbide hafa lengi þekkt verðsveiflur á þessari framleiðslu og jafnan kunnað ráð við þeim vanda sem af þeim hefur hlotist.

Eins og áður hefur verið vikið að verða fullkomnustu hreinsitæki sett upp í verksmiðjunni. Ryki frá verksmiðjunni verður safnað saman og það sett í köggla. Rykið frá járnblendiverksmiðjunni í Kristiansand í Noregi er notað í sement og hefur það gefist vel. Tilraunir eru nú gerðar í sementsverksmiðjunni á Akranesi með það í huga að nota rykkögglana frá verksmiðjunni á Grundartanga í sement. Standa vonir til að það megi takast hér með eins góðum árangri og í Noregi. Kæmi það þá í stað líparíts sem nú er flutt úr Hvalfirði til sementsverksmiðjunnar.

Þegar frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var til umr. í hv. Alþ. 1975 lá ekki fyrir starfsleyfi frá heilbrrn. fyrir verksmiðjunni. Eigi að síður var frv. samþykkt í trausti þess að nægilega ákveðin skilyrði fyrir mengunarvörnum og heilbrigðisháttum yrðu sett í starfsleyfið áður en verksmiðjan tæki til starfa. En nú liggur starfsleyfi fyrir í samræmi við lög og ströngustu reglur þegar lagafrv. um verksmiðjuna er til meðferðar á Alþ. Málið er því hvað þetta snertir miklu betur undirbúið en áður var. Bestu hreinsitæki verða sett upp í verksmiðjunni áður en framleiðsla hefst. Með starfsleyfi heilbrrn. eru skilyrði sett fyrir fullkomnustu mengunarvörnum. Það er trygging fyrir fullkomnum mengunarvörnum innan og utan verksmiðjunnar að samkomulag um starfsleyfið er milli rn. og Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Fyrirtækið mun vinna að fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og slysavörnum, sérstaklega með hliðsjón af hugsanlegum atvinnusjúkdómum. Unnið verður að þessum málum í samvinnu við samstarfsnefnd vinnuveitenda og verkafólks. Nauðsyn ber til að vel verði fylgst með starfsaðstöðu þeirra sem í verksmiðjunni vinna.

Það er þakkarvert að heilbrrn. hefur að fengnum till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og með aðstoð landlæknis sett þau skilyrði fyrir starfsleyfi verksmiðjunnar sem að mestu gagni mega koma.

Margir fagna því að aukið samstarf er tekið upp milli íslendinga og norðmanna. Elkem-Spigerverket hefur mikinn áhuga á samstarfi í fyrirhuguðum verksmiðjurekstri. Norðmenn hafa langa reynslu í framleiðslu járnblendis, hagnýtingu þess og sölu í mörgum þjóðlöndum. Verðsveiflur í framleiðslunni á heimsmarkaði valda því að öðru hverju koma mögur ár í rekstri slíkrar verksmiðju. Þannig mætti ætla að árið 1976 hefði verksmiðjan á Grundartanga tæplega skilað nægilegum hagnaði fyrir ríflegum afskriftum, eins og venjulega er reiknað með í norskum járnblendiverksmiðjum. En á árinu 1976 var mikil lægð í verði járnblendis, eins og kunnugt er. Reynslan hefur sýnt að verðlagið hækkar á ný og rekstraraðstaðan breytist til batnaðar. Þannig hafa norsku verksmiðjunnar efnast og staðið af sér mögru árin. Með tilkomu járnblendiverksmiðjunnar verður flutt inn í landið tækniþekking sem íslendingar ættu að njóta góðs af þegar tímar líða. Beinn og óbeinn hagnaður ætti því að verða af fyrirtækinu ef rétt er að málum staðið.

Hér að framan hefur verið drepið á hagnaðinn af orkusölunni til verksmiðjunnar. Einnig þær tekjur, sem koma inn fyrir vinnu og þjónustu. Framleiðsla járnblendiverksmiðjunnar fer öll á erlendan markað og hún mun því gefa allmiklar gjaldeyristekjur í þjóðarbúið.

Stóriðja hér á landi getur ekki komið í stað annarra atvinnugreina, heldur aðeins til viðbótar því sem fyrir er. Stóriðja í samstarfi við útlendinga er út af fyrir sig ekkert takmark í íslensku atvinnulífi og kemur því aðeins til greina að skilyrði séu heppileg og framkvæmdin teljist að vel athuguðu máli þjóðhagslega hagkvæm. Ahætta fylgir öllum atvinnurekstri og þá einnig stóriðju. Talið er að álverksmiðjan í Straumsvík hafi verið rekin með talsverðum halla sum árin, en hagnaður á öðrum árum hafi unnið upp tap mögru áranna. Þegar miklar verðsveiflur eru á framleiðslunni getur árleg rekstrarútkoma orðið mjög misjöfn. Þetta er flestum kunnugt gegnum árin hér á landi úr sjávarútvegi og fleiri atvinnugreinum.

Stóriðja hér á landi í samstarfi við útlendinga á sér ekki langa sögu, enda virðast umr. um þau mál vera mjög viðkvæmar og tilfinningaríkar. Íslendingar búa við heilnæmt loftslag og eru enn næstum lausir við mengun og óhollustu í andrúmsloftinu. Sjálfsagt er að vernda þau góðu skilyrði, sem þjóðin býr við, og læra af reynslu annarra hvernig best verði komist hjá öllum mistökum. Umræður og ákvarðanataka í mikilsverðum málum mega ekki stjórnast af tilfinningum einum, heldur miklu frekar af raunsæi og skynsemi. Stóriðja er talsverð hér á landi nú þegar. Má t. d. nefna sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju, kísilgúrverksmiðju, fiskmjölsverksmiðjur, álverksmiðju, frystiiðnað sjávarafurða, skipasmíðar o.fl. Nú á allra síðustu tímum hefur tækni og þekking aukist nægilega mikið til þess að nú er unnt að koma við fullkomnum mengunarvörnum í hvers konar iðnrekstri.

Íslendingar hljóta að setja sér það takmark að tryggja atvinnuöryggi, góð lífskjör þjóðinni til handa með efnahagslegu jafnvægi, aukinni framleiðslu og hagstæðum greiðslujöfnuði við útlönd. Hér á landi eru miklar vonir bundnar við iðnaðinn. Líklegt má telja, að iðnaðurinn geti tekið við miklum hluta af fólksfjölguninni í landinu. Það verður því að halda áfram uppbyggingu í fjölþættum iðnaði. Mörg smáfyrirtæki geta vissulega náð tilganginum og góðum árangri ekki síður en þau stóru ef rétt er á málum haldið. Óhjákvæmilegt er að flytja inn margvísleg hráefni til iðnaðarframleiðslunnar. En í landinu eru einnig mörg efni sem vinna mætti úr. Má m. a. nefna endurvinnsluiðnað sem gæti orðið arðbær, vinnslu innlendra jarð-

efna, betri nýtingu og aukna vinnslu búvara og hvers konar sjávarafla.

Ísland er ríkt land af ýmsum náttúruauðæfum. A því ríður mest að þjóðin eigi þess kost að hagnýta möguleikana á skynsamlegan hátt. Það verður verkefni ríkisstj. og Alþ. næstu ár að leggja traustan grunn að verkmenntun, tækni og hagnýtingu landsins gæða og hafsins umhverfis landið. Þau verkefni eru mikilvæg og tækifærin til þess að vinna að þeim vekja vissulega bjartsýni um þróttmikið atvinnulíf og batnandi efnahag þjóðarinnar í framtíðinni.

Herra forseti. Frv. til l. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga er þáttur í því að efla atvinnu og auka framleiðslu þjóðarbúsins. Iðnn. var ekki sammála um afgreiðslu málsins. Hv. 3. þm. Reykv., Sigurður Magnússon, skilar séráliti og leggur til að frv. verði fellt. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, hefur svipaða afstöðu til frv. og skilar einnig séráliti. En fimm alþm., Ingólfur Jónsson, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson, Pétur Sigurðsson og Lárus Jónsson, leggja til að frv. verði samþ. eins og fram kemur í nál. meiri hl. iðnn. á þskj. 455.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu að sinni.

Frsm. 1. minni hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef gefið út nál. sem minni hl. í iðnn. og í þessu áliti mínu legg ég til í lokin að frv. verði fellt. Ég tel að svo margt hafi gerst í þessu máli síðan það var til umfjöllunar fyrir tveimur árum að ástæða sé til þess að undirstrika andstöðu mína gegn málinu enn frekar en kann að hafa verið reyndin þá, en þá tók ég ekki þátt í atkvgr. og lét þannig í ljós andstöðu mína við málið.

Ég veit að margir hv. þm. eru í miklum vafa um ágæti þessa máls og það af ýmsum ástæðum. M. a. held ég að fæstum þyki trúlegt að þetta fyrirtæki sé jafnarðvænlegt eða það sé jafnmikið gróðafyrirtæki og hefur verið látið í veðri vaka. Eins held ég að augu manna séu að opnast fyrir þeirri hættu sem fylgir vaxandi íhlutun útlendinga í atvinnu- og viðskiptalíf íslendinga. En það er einmitt sú hætta sem ég vil undirstrika hvað mest í sambandi við þetta mál.

Þetta mál er engan veginn nýtt hér á Alþ. Það eru tvö ár síðan Alþ. samþykkti lög um járnblendiverksmiðju þar sem segir í upphafsgrein laganna að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem reisi og reki þess háttar verksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði og skuli heimilt að kveðja hlutafélagið Union Carbide Corporation í New York til samvinnu um stofnun eða starfsemi verksmiðjunnar. Þessi lög voru samþ. 26. apríl 1975. Tveimur dögum síðar, eða 28. apríl 1975, var stofnað Íslenska járnblendifélagið hf. með þátttöku íslenska ríkisins og hins bandaríska fyrirtækis, sem segir í lögunum, Union Carbide Corporation. Hér fór því allt eins og fyrirskrifað var. M. a. var svo frágengið, eins og lögin ákváðu, að íslendingar ættu meiri hluta hlutafjár og hefðu því meiri hl. í stjórn félagsins, a. m. k. að formi til. En margt fer öðruvísi en ætlað er. Blekið var varla þornað á undirskriftum undir stofnsamninginn um Járnblendifélagið þegar stjórnendur Union Carbide tóku að sýna tregðu í samvinnu, enda gerðust þau tíðindi mót von hinna bjartsýnu áhugamanna um þessa starfsemi að markaður fyrir kísiljárn tók að þrengjast á árinu 1975 og verðfall var yfirvofandi og skall raunar á. Og enn er kísilmarkaðurinn „veikur“ eins og segir í álitsgerð Þjóðhagsstofnunar sem er dags. 19. febr. 1977.

Viðskiptum Union Carbide við íslenska ríkið lauk með því að þetta félag bar fram ósk um að mega draga sig út úr járnblendifyrirtækinu, og urðu íslendingar við þeirri ósk, enda greiddi Union Carbide miklar skaðabætur fyrir þetta brotthvarf sitt eða um 850 millj. ísl. kr. Ekki virðist minnsti vafi á því, enda er það raunar í ljós leitt í grg. fyrir þessu frv., að Union Carbide keypti sig laust vegna vantrúar á arðsemi járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Þessi auðhringur valdi þann kost að greiða fast lausnargjald einu sinni fyrir allt í stað þess að bera þá byrði sem óviss framtíð kynni að leggja á starfsemina á Grundartanga. Af tvennu illu vildi fyrirtækið frekar kaupa sig laust við föstu gjaldi en að spila í þessu kísiljárnhappdrætti upp á von og óvon næstu 15—20 árin.

Vissulega segja þessi viðskipti við Union Carbide sína sögu. Fyrst og fremst má af henni ráða að járnblendiverksmiðja sem þessi er áhættufyrirtæki og af þeim sökum ekki eftirsóknarvert fyrirtæki fyrir íslendinga. Hún sýnir einnig hversu samningar við alþjóðlega auðhringi og önnur erlend gróðafélög eru haldnir ef á reynir, og þá er rétt að hafa það hugfast að samningurinn við Union Carbide var auðvitað ekkert einkamál eins ráðh., heldur má segja að Alþ. sjálft hafi verið beinn aðili að honum vegna lagasetningar sinnar um málið. Þarf Alþ. að vera betur á verði en hingað til um val samningsaðila á vegum ríkisstj. og fylgjast betur með ferli og efni þeirra mála sem fyrir það eru lögð.

Hvað snertir járnblendimálið sérstaklega, þá sýnir ferill þess frá því að lögin voru samþykkt í apríl 1975 að rök þau, sem flutt voru til stuðnings því, voru afar hæpin og raunar röng í veigamiklum atriðum. A. m. k. er víst að rekstraráhættan reyndist miklu meiri en talið var. Það hefur sýnt sig að markaður getur brugðist skyndilega fyrir framleiðsluvörur svona fyrirtækis og verðsveiflur eru tíðar.

Og nú hefur járnblendimálið tekið nokkuð nýja stefnu. Það er hafinn nýr þáttur í sögu þessa máls sem er þegar orðin nokkuð löng. Þessi nýi þáttur málsins birtist í frv. því sem nú er til meðferðar á Alþ. og verið hefur í sérstakri athugun hjá iðnn. undanfarnar vikur og mánuði. Það má segja um þetta frv., að það sé í flestu líkt lögunum frá 1975 sem nú er víst ætlunin að nema úr gildi. Það vekur að vísu athygli að nafn hins nýja viðsemjanda, Elkem-Spigerverket, er aldrei nefnt í texta frv., svo sem er þó í 2. gr. laga nr. 10 1975, þar sem í hlut á Union Carbide. Eins og 2. gr. frv. er orðuð, má ætla að heimild til vals á viðsemjanda sé rýmri en er í lögum nr. 10/1975, þannig að hún þurfi ekki endilega að vera bundin við Elkem-Spigerverket. En úr því að ætlunin er að stofna til sameignar um járnblendiverksmiðjuna við Elkem-Spigerverket, þá sýnist eðlilegast að nafn þess hefði verið nefnt í texta frv.

Röksemdir í grg. fyrir þessu máli eru í aðalatriðum mjög á sama veg og fyrir tveimur árum. Mikið traust er borið til hins norska viðsemjanda með tilliti til reynslu hans í viðskiptum og stórrekstri af ýmsu tagi, og söm var trúin á Union Carbide fyrr. Spá um rekstrarafkomu fyrirtækisins lofar góðu um arðsemi þess að áliti þeirra sem samið hafa grg., og orðrétt segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um arðsemisáætlunina í heild má segja að hún er byggð á traustari grunni en sú fyrri.“

Það er ástæða til þess að staldra við þessi orð. Hér munu engar brigður bornar á ágæti Elkem-Spigerverkets út af fyrir sig, því að það er án efa traust fyrirtæki sem býr yfir mikilli viðskiptareynslu. En trúlega er nú þetta fyrirtæki ekki rekið sem góðgerðarfélag frekar en títt er um auðhringi yfirleitt, og þarf ekki að fara í grafgötur um að Elkem-Spigerverket vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn, og gildir þá einu hvert þjóðerni þess er. Það er varla meira en stigsmunur á norskum og bandarískum auðhringum, en enginn eðlismunur. Að svo komnu máli er einungis hægt að láta í ljós von um það, að núverandi viðsemjandi reynist orðheldnari en hinn fyrri, ef svo fer að þetta frv. verður að lögum. Það er illt til þess að hugsa ef Alþ. yrði að nýju niðurlægt með því að viðsemjandi hlypist frá skyldum sínum í þessum málum. Þó að ég gefi ekkert slíkt í skyn hvað varðar Elkem-Spigerverket, þá eru viðskiptin við Union Carbide-auðhringinn slík, að þau ættu að vera Alþ. viðvörun um að áhætta fylgir sameignarsamningum við fyrirtæki sem lúta siðaboðum fjárgróðans. Það, sem einu sinni hefur gerst, getur endurtekið sig.

Hvað snertir svo arðsemi hinnar fyrirhuguðu verksmiðju, þá er hæpið að halda því ákaft fram að arðsemin sé reist á traustari grunni nú en áður. Arðsemisáætlunin er enn sem fyrr spá mörg ár fram í tímann. Sumar mikilvægustu forsendur fyrir spánni eru ákaflega óvissar, einkum markaðshorfur og markaðsverð. Í fskj. I með frv., sem er dags. 18. nóv. 1976, þar sem fjallað er um markaðshorfur og sölu, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, en grg. þessa mun Járnblendifélagið hafa samið:

„Mikill samdráttur varð á stálmarkaðinum á árinu 1975 og var hann í lágmarki í ágúst-sept. það ár. Síðan hefur orðið verulegur bati þó enn vanti talsvert á að framleiðslan hafi náð sama magni og árið 1974. Á síðustu mánuðum“ — og þá er átt við árið 1976 — „á síðustu mánuðum hefur aftur gætt samdráttar á stálmarkaðinum. Verð á kísiljárni hefur fylgt þessari þróun. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hægum og e. t. v. nokkuð hikandi bata á næstu ársfjórðungum.“

Þessi tilvitnuðu orð stjórnar Íslenska járnblendifélagsins minna á þá staðreynd, að heimsmarkaðsverð á kísiljárni hefur „sveiflast mikið“ á undanförnum árum, svo að notað sé orðalag Þjóðhagsstofnunar, og þau rifja upp minningarnar um það, að þegar járnblendimálið var lagt fyrir Alþ. á þinginu 1974—1975, þá ríkti bjartsýni um sölu kísiljárns, en sú bjartsýni hvarf fyrr en nokkurn varði. Útlitið í markaðsmálunum 1975 leiddi til þess að Union Carbide greiddi stórfé fyrir að verða undanþegið þeirri áhættu sem verðfall kísiljárns hlaut að hafa í för með sér.

Mín skoðun er sú, að arðsemisáætlun Íslenska járnblendifélagsins sé býsna völt ef tekið er tillit til reynslu síðustu ára að því er varðar verðlag á kísiljárni og markaðshorfur í sambandi við þá vöru. Ef áætlun Íslenska járnblendifélagsins á að standast þarf að verða mikil breyting á ástandi þessara mála frá því sem verið hefur undanfarin ár. Það glæðir að vísu vonir manna um sambúðina við Elkem-Spigerverket að fyrirtæki þetta er tengdara kísiljárnsframleiðslu og sölu þess í Evrópu en Union Carbide. Má því ætla að norska fyrirtækið sýni fulla alvöru í samstarfinu þótt á móti kunni að blása. Hitt er óvarlegt, að treysta þeim spádómi, sem nú er birtur Alþ., að hagnaðarkúrfan stefni alltaf upp á við í 17½ ár.

Einn er sá ókostur stóriðju eða orkufreks iðnaðar, ef menn vilja heldur nota það nafn, að stóriðjunni fylgir margs konar mengun og önnur skaðsemd fyrir nánasta umhverfi sem haft getur áhrif á lífríki náttúrunnar og einnig á heilsufar manna. Járnblendiverksmiðja er engin undantekning í þessu efni. Henni fylgir mengun innanhúss og utan. Hér er um að ræða ákaflega óaðlaðandi vinnustað þar sem starfsmenn eiga von á því að vera með vitin full af ryki og öðrum óþverra, þar sem hávaði og hiti og alls konar titringur í vélum þrúgar menn daglangt og enginn veit raunar nema bráðdrepandi eiturgufur, eins og kolsýrlingur, seytli inn í skrokk á mönnum í meiri eða minni mæli. Því miður er hvergi að finna nákvæma grg. um hollustuhætti á vinnustað járnblendiverksmiðjunnar í þeim aths. og fskj. sem dreift hefur verið með þessu þingmáli sem borið er þó fram í annað sinn á tveimur árum. Má það furðulegt heita þegar þess er gætt, að vitneskja manna um hvers kyns mengunarhættu hefur vaxið mjög á síðustu árum. Í fskj.. I með frv., sem er samið af stjórn Járnblendifélagsins, er að vísu kafli um umhverfismál, þar sem segir að mikil áhersla hafi ætíð verið lögð á umhverfisvernd í sambandi við rekstur járnblendiverksmiðjunnar. Segir að af hálfu Járnblendifélagsins sé fyrirhugað að verksmiðjan verði búin öllum þeim bestu mengunarvörnum sem völ sé á. Ég skal ekki vefengja það, að fullur vilji liggi á bak við þessi orð. A. m. k. er ég sannfærður um að íslenskir stjórnendur verksmiðjunnar og eins hæstv. iðnrh. séu fúsir til að verða við ítrustu kröfum í þessu efni, og þá er auðvitað bæði átt við þá mengun, sem utanhúss er, og hina innri mengun, þ. e. þá mengun sem er innanhúss í verksmiðjunni og hefur m. a. bein áhrif á heilsu og líðan starfsmanna. Mér er til efs að menn hafi leitt hugann nægilega að innanhússmenguninni og þeim atvinnusjúkdómum sem fylgt geta störfum í verksmiðju af þessu tagi, svo sem eins og kísilveiki sem er mjög hættulegur og slæmur lungnasjúkdómur.

Það kom fram á fundi iðnn. með forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins, að það ætti að vera hægt að koma í veg fyrir mengunaráhrif ef öllum kröfum eftirlitsins er fullnægt. Í því sambandi skiptir tæknileg uppbygging inni í verksmiðjunni líklega höfuðmáli. Ef á að takast að eyða

mengun og gera þessa verksmiðju að nokkurn veginn skaplegum vinnustað, þá verður að vinna að því að eyðing mengunarinnar eigi sér stað „þar sem upptök hennar eru," eins og ég held að ég hafi orðrétt eftir forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins á fundi með okkur í iðnn. Sannleikurinn er sá, að menn hafa allt of lítið leitt hugann að heilsufari starfsfólks í verksmiðjum af þessu tagi. Nóg er nú samt, þó að íslendingar láti glepjast af áróðrinum fyrir gróðanum af þess háttar verksmiðjum, þó að þeir geri sig ekki seka um að láta eins og þessir vinnustaðir séu óskaðlegir mannlegri heilsu. Nær væri að menn gerðu sér grein fyrir þeim sannleika, að allar þessar stórverksmiðjur eru hættulegar heilsu manna og með afbrigðum óaðlaðandi vinnustaðir.

Þær skýrslur, sem nú liggja fyrir um mengunaráhrif álbræðslunnar í Straumsvík og kísiliðjunnar í Mývatnssveit, ættu að vera viðvörun um aðgát í sambandi við nýjar verksmiðjur af sama eða svipuðu tagi. Því miður verður ekki séð af grg. eða fskj. með þessu máli að forráðamenn járnblendiverksmiðjunnar séu nægilega vel á verði í þessum efnum. Öll framsetning þessa máls er í þeim anda að gylla fjárhagslegan og þjóðhagslegan ávinning fyrirtækisins, en varla orði eytt að manneskjulegu umhverfi starfsfólksins eða mannsæmandi vinnuaðbúnaði né heldur öryggismálum og heilbrigðisþjónustu í þrengri merkingu.

Við undirbúning þessa máls hafa forsvarsmenn þess sýnt ótrúlega lítinn áhuga á mengunarmálum og aðbúð á vinnustað, enda vitanlegt að sá dráttur, sem verið hefur á því að þetta mál kæmi til 2. umr. í þessari hv. d., stafaði af ágreiningi um mengunarvarnir og hollustuhætti. Þó að ég hafi ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér orðalag starfsleyfis né skriflega grg. Heilbrigðiseftirlitsins og umsögn um þetta atriði vegna þess hversu seint það barst mér í hendur fyrir þennan fund, þá er aðeins eftir að vona að ítrustu kröfum sé fullnægt loks þegar málið er komið á þetta stig. En um það atriði eins og annað, sem snertir þetta mál, hef ég allan fyrirvara og bíð þess eins að reynslan skeri úr um það.

Auðvitað hefði verið æskilegt að geta rætt frekar við forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins um málið eftir að starfsleyfið var gefið. En ég segi eins og er, að mér finnst það ekkert aðalatriði. Ég treysti öllum þessum málatilbúnaði mjög varlega og er á móti málinu af margvíslegum ástæðum. Það mundi ekki breyta lokaafstöðu minni í þessu máli þótt ég fengi fulla vissu um að öllum mengunarvörnum væri fylgt í samræmi við ítrustu kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Raunar fæ ég ekki betur skilið af ræðu, sem hæstv. heilbrrh. hélt hér í dag utan dagskrár, — ég fæ ekki betur skilið en það vanti talsvert á að ítrustu kröfum sé hlítt í sambandi við veitingu starfsleyfisins, a. m. k. hvað snertir vinnslu verksmiðjunnar á meðan hreinsun á sér stað í mengunarvarnartækjunum. Og þetta kemur mér satt að segja ekkert á óvart. Því miður er ótalmargt sem bendir til lítils áhuga Járnblendifélagsins og Elkem-Spigerverkets á því að koma við fyllstu mengunarvörnum. Við vitum af gamalli og nýrri reynslu að stóriðjufyrirtæki reyna með öllum ráðum að aka sér undan skyldum í mengunarvörnum. Það kemur mér því ekkert á óvart í þessu efni.

Ég hef orðið var þeirrar skoðunar margra hv. alþm. og fleiri að það sé óraunhæft að standa gegn samþykkt þessa frv. eins og nú er komið. Menn segja sem svo, að Alþ. hafi tekið stefnu í þessu máli með lögum um járnblendiverksmiðju fyrir tveimur árum og því sé ekki hægt að snúa við þótt mikilvægar forsendur hafi brostið, svo sem eins og höfuðforsendan, sem var það að Union Carbide sagði sig úr Járnblendifélaginu. Ég geri mér fyllilega grein fyrir þeim vanda, sem við er að stríða, og viðurkenni að það er ekki auðhlaupið að því að hverfa frá ákvörðunum sem teknar hafa verið. Að vísu hefur ekkert það gerst í framkvæmdum við sjálfa verksmiðjubygginguna og aðrar framkvæmdir á verksmiðjusvæðinu sem gerir það örðugt í sjálfu sér að hætta við verkið. Það, sem í margra augum gerir það erfitt að hætta við járnblendiverksmiðjuna, er allt annað. Ástæðan er sú, að á þessu máli hefur verið haldið með sérstökum hætti af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ástæðan er sú, að stórt og mikið raforkuver hefur verið reist svo að segja algerlega á þeirri forsendu að sett yrði á laggirnar erlent stóriðjufyrirtæki til þess að nýta bróðurpartinn af framleiðslu þessa orkuvers. Sigölduvirkjunin er grundvölluð á þeirri hugsjón að tengja skuli saman og gera óaðskiljanlegar byggingu raforkuvera annars vegar og útlenda stóriðju hins vegar.

Ég veit að margir, sem þegar hafa áttað sig á hættunni af áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu, telja sér samt ekki fært að ganga gegn járnblendiverksmiðjunni af ótta við að það rekist á hagsmuni Landsvirkjunar og Sigölduvirkjunar. En eins og ég segi, þá var ráðist í byggingu Sigölduvirkjunar út frá þeirri forsendu að komið yrði á fót stóriðjufyrirtæki til raforkukaupa frá Sigöldu. Það er líka vitað að mjög margir af ráðamönnum þjóðarinnar, bæði meðal stjórnmálamanna og embættismanna, eru ákafir stuðningsmenn þeirrar grundvallarhugsunar í raforkumálum að tengja saman byggingu orkuvera og stóriðjuframkvæmdir. En eins og augljóst má vera, þá þýðir þetta í reynd að við neyðumst til að leita útlendra auðhringa um uppbyggingu atvinnufyrirtækja í landinu í hvert skipti sem ráðist er í virkjun til raforkuframleiðslu. Þessi stefna réð öllu í sambandi við Búrfellsvirkjun á sínum tíma, og þá var gengið svo langt að útlendur auðhringur, Alusuisse, fékk að reisa stóriðjufyrirtæki hér á landi án þess að íslendingar ættu nokkuð í fyrirtækinu. Og þessi stefna var ráðandi í sambandi við Sigölduvirkjun, og svo virðist einnig vera varðandi Hrauneyjafossvirkjun, sem er næst á óskalista Landsvirkjunar. Og hvar verður numið staðar á þessari leið? Að mínum dómi er fyrir löngu kominn tími til þess að spyrna við fótum gegn þessari stefnu í raforkumálum sem hlýtur óhjákvæmilega að leiða okkur lengra og lengra út á þá braut að útlendingar ráði stórum hluta atvinnu- og viðskiptalífs í landinu. Það er m. a. þetta atriði sem mig

langar mjög til þess að hv. frsm. meiri hl. iðnn. og formaður iðnn., hv. þm. Ingólfur Jónsson, fari að reyna að skilja.

Hv. frsm. meiri hl. gerði raforkuverð að umræðuefni og varði enn samninginn milli Landsvirkjunar og Alusuisse á sinni tíð, orkusölusamninginn, og hann hélt því enn þá fram að íslendingar hefðu haft mikinn hagnað af viðskiptunum við Alusuisse og þetta hefði verið góður samningur. En um þetta hlýt ég að verða hv. þm. Ingólfi Jónssyni algerlega ósammála. Raforkusamningurinn við Alusuisse var af ýmsum ástæðum mjög gallaður, og það sést raunar miklu betur nú eftir 11 ár heldur en sjá mátti fyrir við gerð hans, og þetta hygg ég að margir muni viðurkenna sem þó studdu þennan samning á sínum tíma, því að það er stundum svo að menn sjá ekki langt fram í tímann og er ekkert við því að segja. En það er hart þegar menn geta ekki séð að sér eftir mörg ár eða áratugi og viðurkennt mistök sín. Ég tel sem sagt, þvert ofan í það sem hv. þm. Ingólfur Jónsson var að segja í ræðu sinni, að raforkusamningurinn við Alusuisse hafi verið óhagkvæmur og hann sé vissulega víti til varnaðar, og þannig held ég að menn hugsi í reynd þó að þeir segi annað. Og eins er með orkusöluna til járnblendiverksmiðjunnar nú. Þar er verðið miklu lægra en gerist t. d. í Noregi, og þannig endurtekur sig a. m. k. að nokkru leyti sagan frá 1966.

Þegar þetta mál var til meðferðar hér í d. fyrir tveimur árum, þá gerði ég ýmsar og nokkuð ítarlegar aths. við frv. um járnblendiverksmiðju og taldi málið ekki nógu vel undirbúið, hvernig sem á væri litið, út frá fjárhagslegu sjónarmiði séð. Mér þótti þá allt of mikil bjartsýni ríkja varðandi arðsemi fyrirtækisins, auk þess sem hagnaðarvonin í sambandi við þessa stóriðju byggðist á gífurlegum fríðindum sem fyrirtækinu eru veitt, bæði að því er varðar stofnkostnað og rekstur, þannig að ekki er í neinu samræmi við það sem almennt gildir um fyrirgreiðslu við iðnaðaruppbyggingu. Endanleg afstaða mín til málsins þá var sú, að ég lýsti yfir því í ræðu hér sem nm. í iðnn., að ég treysti mér ekki til þess að mæla með samþykkt frv., og ég tók ekki þátt í atkvgr. um málið þá. Ég tel að þeir hlutir hafi gerst í þessu máli síðan það var til umfjöllunar fyrir tveimur árum, að ástæða sé til enn meiri andstöðu við málið. Ég hef því gefið út minnihlutaálit sem felur í sér till. um að frv. verði fellt.

Umr. frestað.

Tónmenntarfræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 403). — Frh. einnar umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú dálítið erfitt að fara beint úr orkumálunum í menninguna, en það mun rétt vera, að ég hafði kvatt mér hljóðs þegar þetta mál var til umr. um daginn. En einhvern veginn hef ég ekki haldið til haga því sem þá var til umr. og því sem ég ætlaði að ræða sérstaklega um. En þó er eitt atriði sem mig langar til þess að minna á vegna þess að hæstv. menntmrh. innti mig eftir því nokkru áður en fundur hófst, hvenær sem það nú var, fyrir hálfum mánuði eða svo, að hann óskaði eftir því að vera viðstaddur umr. um þetta mál. Þess vegna var það m. a. tilgangur minn með því að fara í ræðustól þá að fara fram á að málinu yrði frestað þar til hæstv. menntmrh. yrði við til þess að ræða þetta mál.

Þetta er óneitanlega mikið mál og snertir auðvitað grunnskólalögin fyrst og fremst, að ég hygg, eins og þetta er sett fram. Ég er sammála flm. um að hér er um stórt mál að ræða og mjög nauðsynlegt að fara að koma því svo fyrir að tónlistarfræðsla geti átt sér stað í öllum skólum landsins. En ég vil samt minna á það, að gert er ráð fyrir því í lögum um grunnskóla að lögin séu framkvæmd á tilteknu árabili. Ég man nú ekki hvort það eru 8 eða 10 ár sem lögin greina um þetta. Og við höfum auðvitað alltaf gert okkur grein fyrir því, að eitthvað af þessum atriðum hlaut að verða út undan í framkvæmdinni, a. m. k. nokkur ár. Ég hygg þess vegna að það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðh. sé hér við til þess að gefa skýringu á því hvernig stendur um framkvæmd þessa máls. Þess vegna vil ég nú leyfa mér að mælast til við hæstv. forseta að þessu máli verði ekki haldið áfram hér án þess að hæstv. menntmrh. sé viðstaddur.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Þegar málinu var frestað síðast, 30. mars, voru þrír á mælendaskrá og ég tel rétt að þeir fái að flytja mál sitt, en málinu verður frestað enn þangað til hæstv. menntmrh. á þess kost að vera viðstaddur.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég held að ég noti tækifærið og segi örfá orð um þetta mál fyrst það er hér á dagskrá öðru sinni.

Ég er meðflm. að till. þessari til þál. um tónmenntarfræðslu í grunnskóla á þskj. 403. Þegar till. þessi kom til umr. hér í hv. þd. fyrir páska flutti hv. 1. flm., 9. landsk. þm., framsöguræðu með hefðbundnum hætti þar sem till. var rædd og skýrð í meginatriðum. Þá talaði og hv. 5. þm. Vesturl. Ég sé að hann er nú ekki í sínu sæti, en læt samt þessi fáu orð falla, sem snúa að honum, eigi að síður. Ræða hans birtist í Þjóðviljanum í gær, að ég ætla, og málflutningur hans snerist mikið upp í það að bera saman þessa till., sem hér er til umr., og till., sem flutt var á Alþ. og samþ. sem þál. 29. apríl 1974. Í umræddri Þjóðviljagrein kemst hann þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því að enginn þeirra fjögurra þm., sem að þessari till. standa, virðist hafa vitað um þál. frá 1974.“ Taldi hann í raun inni óþarft að vísa þessari till. til n., hvað þá heldur meira.

Nú er það svo að iðulega verður ágreiningur um það, hver eigi fyrstu hugmynd eða frumkvæði að ákveðnu máli. Skal ekki gert lítið úr framlagi hv. 7. landsk. til þessa málefnis. Ég man að vísu ekki hvort hann var 7. eða 6. landsk. þm. á þeim tíma sem hann flutti svipaða till. Þó að listamenn ýmsir afli fanga til verka sinna með margvíslegu móti þarf ekki að vera um neitt syndsamlegt athæfi að ræða. Höfundur að hugverki á að vísu eignarrétt á því, þó með þeim takmörkunum sem greinir í gildandi höfundalögum. En svipaðar hugmyndir kunna að kvikna

í hugskoti tveggja manna eða fleiri um svipað leyti. Það eru ekki ýkjamörg ár síðan sungið var hérlendis eitthvað á þessa leið: „Ertu frönsk eða frönsk dómínó?“ Og sama lagið getur verið útsett með ýmsum hætti, þannig að um höfundarrétt verði að ræða á ákveðinni útsendingu. Verst er þegar öndvegisverk, hvort sem þau eru á sviði tónlistar eða öðrum sviðum, eru tekin og færð í allt annan búning, jafnvel skrumskæld frá sinni upphaflegu mynd.

Á undanförnum árum og áratugum hefur mikill fjöldi þáltill. verið fluttur hér á hinu háa Alþ. Þær eru að sjálfsögðu mjög misjafnar að gæðum og áhrifum. Sumir telja þær gagnslitlar, jafnvel tímasóun að flytja þáltill. og ræða þær. En almennt hafa þm. viljað eiga og reka þennan hugmynda- eða hugsjónabanka sinn, ef svo má að orði komast, láta gamminn geisa öðru hvoru. Það er ekki alltaf að þessar till. séu í hnitmiðuðu formi eða allt flutt á hnitmiðaðan hátt, heldur eru till. þessar oft og iðulega náskyldar að efni og orðfæri þegar betur er að gáð. Sumum efnum er margoft hreyft í lítt breyttu formi. Önnur ber á góma aðeins einu sinni. Ég held t. d. að þáltill. um samræmingu á leturborðum ritvéla hafi aðeins verið flutt einu sinni. Á hinn bóginn hafa margar þáltill. verið fluttar um heyverkun og heyverkunaraðferðir o. s. frv., hver annarri lík.

Það má segja náttúrlega, að þessi till. okkar flm. sé ekki ýkja-frumleg, en eigi að síður snertir hún mjög mikilvægan vettvang menntа- og fræðslumála og því má segja að að því leyti sé góð vísa aldrei of oft kveðin. Ég vek sérstaka athygli á þeirri setningu í till. þar sem segir að hugað verði sérstaklega að því, hvernig tengja megi starf sérstakra tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir, við tónmenntarfræðslu grunnskólanna. Þetta er að vísu meginverkefni við að fást. Þetta er að vísu meginverkefni við að fást. Þetta er ekki ósvipað því, að ég tel að leggja þurfi mikla áherslu á að tengja saman eða kenna skólanemendum að nota og nýta almenningsbókasöfn sér til fróðleiks og aukins þroska. Það er ekki ósvipað þegar rætt er um þátt tónlistarinnar í almennri fræðslu og á hinn bóginn hina sérstöku tónlistarskóla.

Það má segja að á undanförnum árum hafi ýmislegt þokast í rétta átt í þessum efnum. Það mun hafa verið fyrir tveimur árum eða svo að samþykkt voru á Alþ. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þar var kveðið svo á eitthvað á þá leið, að ríkið greiði launakostnað skólastjóra og kennara til hálfs á móti sveitarfélögum. Framlag ríkisins nemur á fjárl. 1977 155.4 millj. kr. til tónlistarfræðslu utan grunnskólans, þ. e. a. s. til hinna ýmsu tónlistarskóla víðs vegar um landið. Hér er vissulega um mikilsverðan stuðning að ræða við tónlistarlíf í landinu og hefur víða komið að góðum notum. Ég get minnt á það, þar sem ég þekki best til á Vesturlandi, að þar er það svo — að vísu hefur starfað í Stykkishólmi tónlistarskóli frá 1964 með miklum ágætum, en hins vegar er ekki lengra síðan en líklega eitt eða tvö ár að tónlistarskólar tóku til starfa í þéttbýlinu á Snæfellsnesi, bæði í Grundarfirði, í Ólafsvík og á Hellissandi. Nú starfa tónlistarskólar á öllum þessum stöðum. Það er mikill áhugi á þessari starfsemi og hún er í miklum blóma eins og stendur. Tónlistarskóli fyrir Dalasýslu tók til starfa á s. l. hausti. Allt er þetta allmerkilegt og vert að virða það sem vel hefur verið gert í þessum málum.

Þar sem ekki er fjölmenni í hv. deild ætla ég ekki að fara mörgum orðum í viðbót um þessa till., þó að ég vildi segja um hana örfá orð. En ég leyfi mér samt að segja að lokum, að þó að í þessari till. sé e. t. v. fátt eitt sagt sem ekki hefur verið áður sagt eða sviðsett af einhverjum öðrum, þá hygg ég að hún geti haft nokkurt gildi. Ég man að hv. 5. þm. Vesturl. sagði m. a. í sinni ræðu að sjaldan væri góð vísa of oft kveðin, og er það orð að sönnu. Ítrekun og endurtekning er ávallt eða mjög oft nauðsynleg að vissu marki. Góð mál ná sjaldnast samþykki alveg fyrirhafnarlaust. Verði þessi þáltill. til þess að vekja fleiri en áður til umhugsunar um þau sannindi, að iðkun og þekking á söng og tónmennt sé æskilegur og sjálfsagður þáttur í menntun og menningarlífi alls almennings, fólksins í landinu, og e. t. v. til þess að efla óþvingaðan og eðlilegan söng í skólum, þá er nokkrum árangri náð og til einhvers unnið að mínum dómi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 75. fundur.

Föstudaginn 15. apríl, kl. 2 miðdegis.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og nú er orðin venja mun ég leitast við að gefa Alþingi skýrslu um utanríkismál, eins og árlega hefur verið gert nú um nokkurt skeið, og geta þá jafnframt um samskipti Íslands við aðrar þjóðir, bæði tvíhliða viðskipti og þátttöku í alþjóðastofnunum. Að ósk þm., sem fram kom á síðasta Alþ., er skýrslan heldur fyrr á ferðinni og með aðeins öðrum hætti en áður hefur tíðkast.

Það er nokkuð síðan þessi skýrsla var lögð fram, og það er ekki mín sök að hún er ekki rædd fyrr, það hafa önnur mál verið þýðingarmeiri hér á hv. Alþ. og hef ég ekkert um það að segja. Mér er það nægilegt að okkur tókst að leggja skýrsluna fram nokkurn veginn á þeim tíma sem um var beðið. Hvenær hún er rædd er svo algerlega á valdi forseta Alþingis.

Með þessari skýrslu hefur nú verið dreift sem fskj. skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um síðasta Allsherjarþingið og þess vegna mun ég ekki rekja störf þess í skýrslu minni eins náið og gert hefur verið í fyrri skýrslum. En ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að ræða þessa skýrslu einnig, ef þess kann að verða óskað, og vil aðeins, áður en ég hef ræðuna geta þess, að það hefur orðið bláðsíðuruglingur. Á eftir bls. 58 kemur 113, en bls. 59 er svo á eftir nr. 112. Þessu hafa menn eflaust tekið eftir, þeir sem lesið hafa skýrsluna, en svona til fróðleiks öðrum kannske get ég þessa.

Engar breytingar hafa orðið á meginatriðum íslenskrar utanríkisstefnu, en hún byggist á þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum, norrænni samvinnu, þátttöku okkar í NATO, þátttöku okkar í stofnunum er fjalla um viðskiptamál, samskiptum við Efnahagsbandalagið og vinsamlegum samskiptum við allar þjóðir.

Aðalutanríkismál íslendinga undanfarinn aldarfjórðung hefur verið landhelgismálið. Nú má segja að takmarkinu sé náð með hinni nýju 200 mílna efnahagslögsögu okkar. Ég mun ekki rekja sögu landhelgismálsins, hún er Alþ. vel kunn. Fram undan er nú að nýta auðæfin, sem finnast á þessu efnahagssvæði okkar, á skynsamlegan og arðvænlegan hátt, þannig að fiskurinn verði til frambúðar vaxandi forði fyrir okkur og öðrum til góðs. Ég mun víkja síðar nokkrum orðum að hafréttarmálum almennt.

Nú hefur hinn nýi forseti Bandaríkjanna setið við völd í næstum tvo mánuði. Erfitt er að spá hvaða breytingar kunna að verða á utanríkisstefnu Bandaríkjanna, þó virðist Carter forseti leggja meiri áherslu á mannréttindi eða réttara sagt brot á þeim í samskiptum við aðrar þjóðir og afstöðu Bandaríkjanna til þeirra. Ég tel að fagna beri þessu aukna tilliti til mannúðar og baráttu fyrir mannréttindum, enda er umvöndun hans beint til allra sem gerast brotlegir á þessu sviði, þótt segja megi að þar sem öryggisástæður gegna miklu hlutverki er áhersla aðeins léttari.

Hvaða áhrif þessi stefna kann að hafa á þróun samskipta Bandaríkjanna og Sovétríkjanna er erfitt að segja, en hinir síðarnefndu telja þetta freklega íhlutun í innanlandsmál sín. Höfuðatriðið er að samningatilraunir til að takmarka framleiðslu kjarnavopna og takmörkun hervæðingar í Mið-Evrópu haldi áfram og beri einhvern árangur. Samningar þessir hafa staðið í mörg ár og árangur því miður orðið sáralítill. Vopnaframleiðslan heldur stöðugt áfram, vopnin verða ægilegri og ægilegri með hverju árinu. Ísland styður og mun styðja allar þær tilraunir sem gerðar eru á alþjóðavettvangi til að draga úr hernaðarkapphlaupinu, og ég nefni þar t. d. auka-allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem fjalla á um afvopnun og haldið verður á næsta ári.

Í septembermánuði s. l. lést Mao Tse-tung, formaður, leiðtogi kínversku þjóðarinnar um árabil. Með honum hvarf af sjónarsviðinu einhver áhrifamesti og mikilhæfasti stjórnmálamaður aldarinnar. Nokkur átök hafa orðið í Kína eftir dauða hans milli ýmissa afla innan flokksins. Eftir því sem næst verður komist mun ekki verða um miklar stefnubreytingar að ræða í utanríkismálum þessa mikla ríkis. Stefnan virðist enn byggjast á jafnvægiskenningu í heimsáhrifum, þannig að komi fram breyting í samskiptum við eitt stórveldið kemur fram mótvegandi breyting í samskiptum við hitt eða við ríkjabandalög og ríkjasamstæður. En ég er ekki spámaður og framtíðin verður að skera úr þessu.

Ástandið í Mið-Austurlöndum á s.l. ári einkenndist mjög af hinni hörmulegu borgarastyrjöld í Líbanon, sem nú er nýlega lokið. Sameinuðu þjóðirnar hafa byrjað fjársöfnun til uppbyggingar í Líbanon og hefur Ísland þegar lagt fram 5000 dollara í því skyni. Ástandið í Mið-Austurlöndum hefur undanfarin ár haft mikil áhrif á gang heimsmála. Ísland hefur stutt þá afstöðu Sameinuðu þjóðanna, sem fram kemur í ályktun Öryggisráðsins nr. 242 frá 1967, sem fordæmir töku landssvæðis með hervaldi og hvetur til þess að varanlegum og réttlátum friði verði komið á í Mið-Austurlöndum. Ályktun Öryggisráðsins kveður á um að Ísraelar hverfi heim frá herteknu svæðunum og að landamæri og stjórnmálalegt sjálfstæði viðkomandi þjóða verði tryggt og viðurkennt til frambúðar. Ályktunin gerir enn fremur ráð fyrir friðhelgi ríkja á svæðinu, réttlátri lausn á flóttamannavandamálinu og stofnun hlutlausra belta milli deiluaðila.

Margt bendir til þess að deiluaðilar í Mið-Austurlöndum séu nú fúsari en áður til að hefja umr. um friðsamlega lausn deilumála, og standa vonir til að ýmis formsatriði varðandi viðræðurnar leysist von bráðar.

Ástandið í sunnanverðri Afríku var ofarlega á baugi á árinu 1976. Var fjallað ítarlega um þessi mál á 31. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, eins og fram kemur í skýrslu fastanefndar Íslands. Ísland studdi flestar till., sem fram komu á þinginu og miða að því að koma á meirihlutastjórn í Suður-Afríku og Rhódesíu og stuðla að fullum mannréttindum þar. Ísland hefur hins vegar ásamt hinum Norðurlöndunum fylgt þeirri stefnu, að leggja beri áherslu á að réttlæti nái fram að ganga í sunnanverðri Afríku án þess að koma þurfi til valdbeitingar eða ófriðar, og hefur jafnan setið hjá um till. á þingum Sameinuðu þjóðanna sem hvetja til valdbeitingar, enda ganga slíkar till. í berhögg við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

Norðurlöndin hafa fremur kosið að hvetja til pólitískra og efnahagslegra aðgerða til að hafa áhrif á minnihlutastjórn hvítra manna í sunnanverðri Afríku. Á 31. Allsherjarþinginu flutti fastafulltrúi Íslands ræðu um ástandið í Suður-Afríku þar sem fordæmd var harðlega kynþáttastefna stjórnarinnar og ofbeldisverk hennar í Soweto. Jafnframt var lýst yfir stuðningi Íslands við svarta meiri hlutann og hvatt til frekari aðgerða Öryggisráðsins í þessum málum.

Augljóst er að ástandið í sunnanverðri Afríku er mjög slæmt og stefnir að meiri háttar átökum haldi áfram sem nú horfir. Málamiðlunartill. breta og Bandaríkjanna í Rhódesíu og kröfur blökkumanna um stjórnarítök hafa hlotið lítinn hljómgrunn hjá valdhöfum hvítra mann enn sem komið er. Ísland mun halda áfram að styðja alla þá viðleitni í þessu vandamáli sem samræmist stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og felur í sér friðsamlega og réttláta lausn fyrir íbúa þessa heimshluta. Og enn er haldið áfram að reyna að koma á friði í sunnanverðri Afríku, eins og nýjustu fréttir benda til og gerst hefur eftir að þessi skýrsla var samin og lögð fram.

Flestum mun enn í fersku minni ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu sem haldin var á árunum 1973—1975 í Helsinki og Genf. Henni lauk með því að stjórnarleiðtogar hinna 35 þátttökuríkja undirrituðu Helsinki-samþykktina svokölluðu. Þar var m. a. birt yfirlýsing um meginreglur, sem þátttökuríkin hétu að fylgja í samskiptum sínum, og lagður nokkur grundvöllur að auknum og frjálsari samskiptum ríkj-

anna á ýmsum sviðum. Umdeilt var, þegar samþykktin var gerð, hvort eða hver ávinningur væri að henni, og eru skoðanir máske sums staðar skiptar um þetta enn þá. Ég hygg þó að fullreynt sé að rétt spor hafi verið stigið með ráðstefnuhaldi þessu og Helsinki-samþykktinni, að hún hafi þegar orðið til þess að styrkja framgang góðra og þarflegra mála. Hinu er þó síst að leyna, að framkvæmd margra þátta samþykktarinnar er tæpast hafin eða mjög skammt á veg komin.

Í samræmi við ákvæði Helsinki-samþykktarinnar sjálfrar verður síðar á þessu ári haldinn í Belgrad í Júgóslavíu fundur þar sem væntanlega mun fást góð yfirsýn yfir hvað áunnist hefur í málefnum sem samþykktin fjallaði um á þeim um það bil tveim árum sem liðin verða frá undirritun hennar. Ég vil taka fram, að ég tel ekki að þessi fundahöld í Belgrad eigi að verða neins konar réttarhöld yfir þátttökuríkjunum, þar sem reynt verði að draga þau til dóms fyrir það sem kann að hafa skort á fulla framkvæmd hinna ýmsu þátta samþykktarinnar. Ekki var raunhæft að búast við öðru en að breytingar í kjölfar hennar tækju nokkurn tíma. Og á nýafstöðnum utanrrh.-fundi Norðurlanda var þessi skoðun áréttuð. En ég tel mikilvægt að fulltrúar þátttökuríkjanna noti þetta nýja tækifæri sem allra best til þess að leggja í jákvæðum anda á ráðin um frekari aðgerðir á hinum ýmsu sviðum samþykktarinnar. Ekkert lát má verða á viðleitninni til að treysta og bæta sambúð þeirra um allt ólíku ríkja sem hér um ræðir.

Íslendingar hafa svo sem aldrei þurft að gerast aðilar að mannréttindasamþykktinni. Þau hafa verið hér í heiðri höfð, mannréttindin, æðilengi, og sama má raunar segja um mörg önnur ríki Vestur-Evrópu. En sífellt getur gott batnað, og við munum kappkosta að fylgja Helsinki-samþykktinni út í æsar í þeirri von og trú að aðrir geri slíkt hið sama.

Það, sem athyglisverðast var við síðasta Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, var aukinn vilji þátttakenda til að reyna að ná samkomulagi án atkvgr. Andinn virðist annar en á undanförnum þingum.

Dæmi um þetta var Kóreumálið. Ákveðið var að það skyldi ekki rætt á þinginu þar sem frekari umræður gætu spillt fyrir lausn málsins. Þannig var komið í veg fyrir samþykkt till. sem ganga í berhögg hvor við aðra, eins og fyrir kom á þinginu á undan. Eins var aðgangur ekki eins harður í till. varðandi Mið-Austurlönd og Afríku. Frekari upplýsingar um þingið er að finna í skýrslu fastanefndarinnar sem ég áðan nefndi.

Á þessum síðasta aldarfjórðungi 20. aldarinnar stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að mannkynið verður að beita kröftum sínum til að koma í veg fyrir eða draga úr þeirri hættu, að staðbundin smástríð eða vopnuð átök breiðist út og verði að tortímingarstríði. Það verður að hindra frekari útbreiðslu kjarnavopna og aftra því, að geislavirk efni, sem dreift er vegna orkuframleiðslu í öðrum friðsamlegum tilgangi, verði nýtt til vopnaframleiðslu til árása sem leitt gætu til allsherjar kjarnorkuvopnastyrjaldar.

Það er mitt álit að framtíð mannkynsins byggist á því að þessi vandamál leysist. Það er sannfæring mín að Sameinuðu þjóðirnar séu eini vettvangurinn þar sem mögulegt er að vinna að lausn þessara mála á öllum sviðum. Sameinuðu þjóðirnar geta bætt ástandið og misræmið á efnahagssviðinu og barist gegn hungrinu sem nú fellir milljónir manna á ári hverju og kemur í veg fyrir að aðrar ótaldar milljónir öðlist fullan andlegan og líkamlegan þroska. Þær geta beitt nýjustu vísindaaðferðum við að lækna smitandi sjúkdóma í heiminum. Þær geta opinberað fyrir alheimi, ef mannréttindi eru þverbrotin, og stuðlað að því að úr því verði bætt. Þær geta dregið úr hættunni á dreifingu kjarnavopna. Þær geta vonandi komið í veg fyrir deilur og vopnuð átök, sem leitt gætu til heimsstyrjaldar. Það er sannfæring mín að Sameinuðu þjóðirnar gætu gert þetta, sáttmálinn, samþykktirnar og stofnanirnar, sem eru verkfærin til að hrinda þessu í framkvæmd, eru fyrir hendi. Á vantar aðeins vilja þátttökuríkjanna til að notfæra sér þessi verkfæri til hins ítrasta. Eins og ég sagði í ræðu minni á síðasta Allsherjarþingi: Samtök verða ekki miklu betri en aðilarnir sem mynda þau.

Á s. l. ári voru haldnir í New York tveir fundir Hafréttarráðstefnunnar. Þótt á fundunum hafi náðst verulegur árangur, sérstaklega hvað snertir auðlindalögsögu strandríkis, eru enn óleyst mörg meiri háttar deilumál. Ekki er því talið að takast muni að ná endanlegu samkomulagi á næsta fundi ráðstefnunnar sem hefst í New York 23. maí.

Ágreiningur um valdsvið fyrirhugaðrar Alþjóðahafsbotnsstofnunar hefur einna mest tafið störf ráðstefnunnar, en í stuttu máli sagt vilja þróunarlöndin að hagnýting auðlinda á svæðinu fyrir utan lögsögu strandríkja fari fram sem mest á vegum hafsbotnsstofnunar, en iðnþróuðu ríkin telja að starfsemi einstakra ríkja og fyrirtækja eigi að vera sem minnst háð yfirráðum stofnunarinnar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til málamiðlunar hefur lítill sem enginn árangur náðst. Það hefur torveldað samkomulag, að margar hliðar fyrirhugaðrar starfsemi hafsbotnsstofnunarinnar eru ókunnar, en einnig er hér um að kenna skipulagi viðræðnanna sjálfra. Reynt verður að ráða bót á þessu á næsta fundi ráðstefnunnar, en þar verða fyrstu vikurnar helgaðar viðræðum um alþjóðahafsbotnssvæðið, en í þeim eiga formenn sendinefnda einkum að taka þátt. Fulltrúar hafa einnig verið hvattir til að stofna til óformlegra viðræðna um þessi mál, en nýafstaðinn er tveggja vikna fundur undir formennsku Jens Evensens og lofa niðurstöður góðu um áframhaldandi sáttatilraunir.

Eins og ég gat um hefur verulegur árangur náðst um öll atriði varðandi lögsögu strandríkja. Á fyrri fundinum á s. l. ári voru ítarlega könnuð drögin að samningi sem formenn nefndanna lögðu fram í lok Genfarfundarins 1974. Á forsendum þessarar könnunar voru gefnir út endurbættir textar. Á seinni fundinum var lögð áhersla á þau mál sem ekki hafði náðst samkomulag um, og má þar nefna m. a. aðgang landluktra ríkja að sjó, réttindi erlendra ríkja í lögsögu strandríkis, nánari skilgreiningu landgrunnsins, lausn deilumála, reglur um vísindarannsóknir og ráðstafanir gegn mengun. Komist var nærri lausn sumra þessara mála, enda hefur atburðarás utan

ráðstefnunnar haft sín áhrif. En nú virðist augljóst að ekki verða síðustu skrefin til samkomulags stigin fyrr en lausn finnst varðandi alþjóðahafsbotnssvæðið.

Verkefni íslensku sendinefndarinnar hefur verið að stuðla að heildarsamkomulagi, sem skerði ekki yfirráðaréttinn yfir auðlindum, sem strandríki er ætlaður samkvæmt áður nefndum samningsdrögum. Stefnt er að því að taka þátt í samningaumleitunum og fylgjast sem best með öllu sem fram fer á ráðstefnunni, en einkum með þeim atriðum sem varða hagsmunamál íslendinga sérstaklega. Þetta er mjög vandasamt verk og í mörg horn að líta. Ohætt er að fullyrða að starf íslensku sendinefndarinnar undanfarin ár hefur heppnast sérlega vel.

Aðgerðir í öryggismálum hafa sem kunnugt er þann höfuðtilgang að tryggja eins og best má verða að þjóð geti búið sjálfstæð í landi sínu við það þjóðskipulag sem hún kýs sér, en þurfi ekki að sæta utanaðkomandi íhlutun. Í ótryggum heimi, þar sem mikill, ég vil segja óheyrilegur vígbúnaður er eitt helsta einkennið og dæmi um yfirgang of mörg, hefur fámennri og vopnlausri þjóð okkar þótt óhjákvæmilegt að vera aðili að varnarbandalagi þeirra ríkja sem svipuðust sjónarmið hafa og við. Sú staðreynd breytir ekki þeirri ósk okkar og von, að sem allra fyrst náist sá árangur á sviði afvopnunarmála og umbóta í heiminum að slíkra sérstakra ráðstafana gerist ekki þörf.

Ég hygg að óþarfi sé að ræða öryggismál frekar hér við þessa umr., þar eð á dagskrá er till. sem væntanlega verður rædd annaðhvort síðar í dag eða þá á seinni fundum og fjallar einmitt um þessi mál sérstaklega. Ég mun því sleppa því að ræða þau meira en orðið er.

Samstarfið innan vébanda Evrópuráðsins á umliðnu ári var með svipuðum hætti og áður. Einn merkasti viðburður ársins, að því er til Evrópuráðsins tók, var sá, að Portúgal öðlaðist fulla aðild að ráðinu og var þar með 19. aðildarríki þess. Gerðist þetta að undangengnum frjálsum kosningum, þeim fyrstu sem farið hafa fram þar í landi um 50 ára skeið með lýðræðislegum hætti. Þar með hafði Portúgal uppfyllt þau skilyrði, sem stofnsamningur Evrópuráðsins og Mannréttindasáttmáli Evrópu setja hverju því ríki, sem öðlast vill aðild að ráðinu, um grundvallarmannréttindi og lýðræðislega stjórnarhætti. Var það öllum fyrri aðildarríkjum Evrópuráðsins mikið fagnaðarefni að geta boðið Portúgal á þennan hátt velkomið í hóp lýðfrjálsra landa í Evrópu. Á það ekki síst við um Ísland, þar eð Portúgal er einn af stærstu kaupendum íslenskra fiskafurða.

Í júnímánuði 1976 kom hingað til lands fiskveiðinefnd Ráðgjafarþings Evrópuráðsins, bæði til þess að halda hér einn af sínum reglulegu fundum og til þess að kynna sér fiskveiði- og fiskverndunarmál hér á landi. Meðlimir n. heimsóttu frystihús og skipasmíðastöð, áttu fund með fiskifræðingum í Hafrannsóknastofnun, fóru í landhelgisflug o. fl. Á síðasta fundi Ráðgjafarþings Evrópuráðsins var af hálfu n. lögð fram skýrsla um hafréttarmál og vernd auðæfa hafsins, og má segja að þar sé mjög hallast að þeirri stefnu sem íslendingar hafa um árabil barist fyrir, bæði að því er tekur til réttinda strandríkja til aukinna yfirráða yfir fiskimiðum sínum og til fiskverndarmála.

Í lok janúarmánaðar s. l. var vígt nýtt Evrópuráðshús í Strasbourg, vegleg og mikil bygging þar sem bæði Evrópuþingið og Ráðgjafarþing Evrópuráðs munu framvegis halda fundi sína, auk ráðherranefndarinnar að sjálfsögðu. Vígslan fór fram á sérstökum hátíðarfundi er forseti Frakklands stjórnaði. Í sömu vikunni hélt ráðgjafarþingið einn af sínum reglulegu þingfundum, auk þess sem ráðherranefndin kom saman til fundar og sátu þann fund utanrrh. flestallra aðildarríkja Evrópuráðsins, þ. á m. utanrrh. Íslands. Sú er venja, að formaður eða varaformaður ráðherranefndarinnar flytji Ráðgjafarþinginu um þetta leyti árlega skýrslu n. Svo vildi til að þann dag, sem þessi liður var á dagskrá þingsins, gat hvorki formaður n., sem er utanrrh. Grikklands, né varaformaðurinn, utanrrh. Írlands, komið því við að vera að heiman. Það kom því í minn hlut að flytja þinginu skýrslu n. Gerði ég það í alllangri ræðu. Fjallaði fyrri hluti hennar að meginefni um störf ráðherranefndarinnar á umliðnu ári, en í síðari hluta ræðunnar fjallaði ég aðallega um utanríkismál Íslands, afstöðu þess til ýmissa alþjóðamála, þróunina í fiskveiði- og hafréttarmálum o. s. frv. Þá er ræðunni lauk svaraði ég svo sem venja er fjölda fsp. frá þm. um ýmis mál sem ráðherranefndin hafði fjallað um og látið til sín taka.

Auk þess, sem hér er getið, undirritaði ég í þessari ferð þrjá Evrópusáttmála sem ákveðið hefur verið að Ísland gerist aðili að, en það er Evrópusamningur um aðgerðir gegn alþjóðlegum hermdarverkum, Evrópusamningur um réttarstöðu óskilgetinna barna og Evrópusamningur um meðferð og vernd húsdýra.

Svo sem kunnugt er hefur Ísland þegið aðstoð frá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna undanfarin 5 ár, sem nemur um það bil einni millj. dollara. Fé þetta hefur runnið til ýmissa rannsóknarverkefna í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi. Á síðasta aðalfundi Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í sumar var ákveðið að úthluta Íslandi sömu fjárhæð næstu 5 árin. Ríkisstj. tók hins vegar þá ákvörðun að afþakka þessa aðstoð á þeirri forsendu, að vanþróuð ríki ættu að hafa forgang að slíkri aðstoð og að rétt þyki að Ísland sé frekar gefandi en þiggjandi að sjóðum Sameinuðu þjóðanna. Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum afþakkaði formlega þennan styrk á síðasta Allsherjarþingi samtakanna. Framlag Íslands til Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna er 16 millj. kr. árið 1977, en auk þess greiðir Ísland 80 millj. kr. til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) á sama tímabili. Sérstakur sjóður um aðstoð Íslands við þróunarlöndin fær 25 millj. til ráðstöfunar á fjárl. 1977, sem er um það bil helmingi hærri fjárhæð en árið áður. Meiri hluti þeirrar fjárhæðar rennur til samnorrænna verkefna í Kenýa og Tanzaníu.

Sem kunnugt er hvatti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma til þess að hin þróuðu aðildarríki samtakanna létu allt að 0.7% af þjóðarframleiðslu renna til þróunarlandanna.

Ljóst er að auka þarf framlag Íslands til þróunarlandanna talsvert ef ná á þessu marki, en geta má þess, að Svíþjóð og Noregur eru meðal þeirra fáu þjóða sem nú þegar hafa náð áðurnefndu markmiði. Það hefur verið stefna íslendinga að greiða framlög sín beint til viðkomandi alþjóðastofnana, svo sem UNDP og IDA, þannig að þau komi að sem bestum notum. Ekki hefur verið talið ráðlegt að taka upp einhliða aðstoð við þróunarlöndin af Íslands hálfu vegna þess mikla kostnaðar sem stjórn slíkrar aðstoðar hefði í för með sér. Skynsamlegast hefur verið talið að nýta þær stofnanir, sem þegar eru fyrir hendi á alþjóðavettvangi og hafa yfir nauðsynlegri sérþekkingu að ráða. E. t. v. má segja að samnorræna aðstoðin við Afríkulönd sé undantekning, en í því tilviki höfum við að miklu leyti notið aðstoðar hinna Norðurlandanna. Íslenskir sérfræðingar hafa í mörg ár starfað á vegum sérstofnana Sameinuðu þjóðanna, og má þar sérstaklega nefna sérfræðinga í sjávarútvegi sem starfa á vegum FAO.

Eitt það markverðasta, sem skeði í utanríkisviðskiptum okkar á árinu 1976, var að bókun nr. 6 við viðskiptasamning Íslands og Efnahagsbandalagsins tók gildi 1. júlí 1976, eftir að samkomulag hafði tekist í fiskveiðideilunni við Bretland. Tollar á íslenskum sjávarafurðum, sem bókunin náði til, lækkuðu þar með í Efnahagsbandalagslöndunum um 80%, eins og bókunin hefði tekið gildi um leið og fríverslunarsamningurinn 1. apríl 1973, en síðustu 20% falla niður 1. júlí 1977. Tollur á ísfiski og heilfrystum fiski verður samt ekki alveg afnuminn, heldur var hann strax 1. júlí 1976 lækkaður úr 15% niður í 3.7% fyrir ísaðan eða heilfrystan þorsk, ýsu og ufsa, en úr 8% niður í 2% fyrir ísaðan eða heilfrystan karfa. Um frekari lækkun verður ekki að ræða. Hins vegar fékkst viðurkenning bresku og dönsku ríkisstj. á því, að þær sjávarafurðir, svo sem fryst flök og rækja, sem voru tollfrjálsar í Bretlandi og Danmörku á meðan þessi lönd voru í EFTA, skyldu verða tollfrjálsar að nýju þegar í stað.

Eftir að þessi tollfríðindi hafa fengist hefur skapast góð aðstaða fyrir útflutning okkar í mikilsverðum markaðslöndum. Má telja hvað snertir opinber afskipti að við stöndum betur að vígi nú með að selja afurðir okkar heldur en nokkru sinni fyrr. Innflutningur á flestum útflutningsvörum okkar er nú frjáls í helstu markaðslöndum okkar, og enn fremur hafa tollar að mestu leyti verið afnumdir í EFTA-löndum og EBE-löndum. Í stærsta markaðslandi okkar, Bandaríkjunum, var tollur á frystri fiskblokk felldur niður samkv. samningum á vegum GATT, sem gerðir voru 1967, en tollur á freðfiskflökum í Bandaríkjunum er nú aðeins um 2% miðað við núverandi verðlag.

Hin alþjóðlega efnahagskreppa, sem fylgdi í kjölfar hinnar gífurlegu verðhækkunar á olíu fyrir þrem árum, hefur haft mikil áhrif á utanríkisviðskipti okkar. Á síðasta ári fór þó aftur að rofa til og gætti þess verulega í batnandi vöruskiptajöfnuði okkar. Það er athyglisvert, að þrátt fyrir efnahagsörðugleikana forðuðust flest iðnaðarríki að grípa til innflutningshafta. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) í París hefur unnið markvisst að því að koma í veg fyrir að einstök lönd taki upp innflutningshöft. Á ráðherrafundi stofnunarinnar 1974 stóðu aðildarríkin að yfirlýsingu, þar sem þau skuldbundu sig til að grípa ekki til innflutningshafta þar eð slíkar ráðstafanir mundu óhjákvæmilega leiða til gagnaðgerða og þar af leiðandi aðeins verða til þess að auka efnahagserfiðleikana. Þessi yfirlýsing, sem var gefin til eins árs í senn, hefur tvívegis verið endurnýjuð, síðast á ráðherrafundi OECD-landanna 1976. Er almennt viðurkennt að yfirlýsingin hafi borið tilætlaðan árangur.

Innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hefur einnig verið unnið að því að vernda og treysta þá fríverslun sem samtökin byggjast á. Af EFTA-löndunum hefur Portúgal átt í mestum erfiðleikum, þar sem landið hefur orðið fyrir miklum áföllum á efnahagssviðinu samtímis miklum stjórnmálasviptingum. Hafa EFTA og einstök aðildarríki þess sýnt mikinn áhuga á vandamálum og baráttu Portúgals fyrir lýðræði og efnahagslegum framförum. Til að styðja þessa viðleitni ákváðu EFTA-löndin að stofna í fyrra sérstakan iðnþróunarsjóð fyrir Portúgal eftir þeirri fyrirmynd sem Norðurlöndin gáfu með stofnun iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland þegar við gengum í EFTA árið 1970. Ísland er aðili að portúgalska iðnþróunarsjóðnum og framlag þess er 1% af stofnfénu eða jafnvirði einnar millj. dollara, sem greiðast á 5 árum. Hv. alþm. muna að sjálfsögðu er þeir samþykktu lög þess efnis.

Í ráðgjafarnefnd EFTA, þar sem sitja fulltrúar atvinnulífsins, hafa fulltrúar alþýðusambandanna beitt sér fyrir því, að á vegum EFTA væri tekið upp nánari efnahagssamstarf í því skyni að draga úr atvinnuleysi og verðbólgu. Einnig hafa þessir aðilar mælt með því að samstarf milli EFTA-landanna og Efnahagsbandalagsins verði aukið á sviði efnahags- og fjármála með hliðsjón af því, að frá 1. júlí 1977 verði komin á fríverslun, aðallega með iðnaðarvörur, á milli 16 ríkja Evrópu. Þessi málefni voru til umr. á sérstökum fundi ráðgjafarnefndarinnar, þar sem mættir voru ráðh. EFTA-landanna, í Stokkhólmi í febr. 1977.

Viðræður á vegum GATT í Genf um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahamla, sem hófust í Tókíó árið 1973, héldu áfram í fyrra, en þeim hefur lítið miðað áfram hingað til. Þess er vænst að raunhæfar samningaviðræður geti hafist fyrir alvöru á þessu ári, en enn þá er óvíst hvenær þeim lýkur. Ísland tekur þátt í þessum viðræðum og hefur nána samvinnu við Finnland, Noreg og Svíþjóð. Hins vegar er það ljóst, að vegna þeirrar hagstæðu aðstöðu, sem Ísland er aðnjótandi hvað snertir tolla á innflutningi í flestum markaðslöndum sínum, er ekki mikils að vænta fyrir það í GATT-viðræðunum. Við hljótum samt, vegna þess hve utanríkisviðskiptin eru þýðingarmikil fyrir okkur, að hafa hag af því að rutt sé úr vegi hindrunum, sem torvelda þróun alþjóðaviðskipta, og fylgt sé ákveðnum reglum um framkvæmd þeirra.

Engir nýir viðskiptasamningar voru gerðir á árinu 1976, en sameiginlegar nefndir, sem starfa samkv. samningum Íslands við Efnahagsbandalagið, Pólland og Tékkóslóvakíu, komu saman til funda til að ræða framkvæmd samninganna

og önnur sameiginleg viðskiptamál. Auk þess voru að venju haldnir reglulegir fundir norrænna embættismanna um alþjóðleg viðskipti.

Í mars 1976 var gefinn út forsetaúrskurður um endurskipulagningu á fyrirsvari Íslands gagnvart þeim löndum sem við höfum stjórnmálasamband við. Var á árinu unnið að því að framfylgja úrskurðinum, en hann hefur í för með sér töluverða hagræðingu á störfum ýmissa sendiherraembætta.

Hin nýja skipan um sendiherra í fjarlægum löndum með aðsetri í Reykjavík kom til framkvæmda á s. l. ári. Pétri Thorsteinsson sendiherra var falið þetta starf og í lok ársins hafði hann heimsótt og afhent trúnaðarbréf sem sendiherra Íslands í Kína, Japan, Pakistan, Indlandi og Íran. Vann sendiherrann að því að koma á samböndum á ýmsum sviðum í ofangreindum löndum, m. a. að finna heppileg ræðismannsefni, kynna málstað Íslands í landhelgismálinu og kanna möguleika á viðskiptalegum tengslum við ofangreind lönd. Ákveðið er að sendiherrann afhendi einnig trúnaðarbréf sem sendiherra í Thailandi nú alveg á næstunni. Síðar á þessu ári verður hægt að vega og meta hvernig þessi ráðstöfun hefur gefist, og mun ég væntanlega geta skýrt Alþ. frá niðurstöðum í næstu skýrslu minni.

Ekki hefur verið stofnað til stjórnmálasambands við nein ný lönd frá því ég flutti mína síðustu skýrslu um utanríkismál í apríl í fyrra. Ísland hefur í dag stjórnmálasamband við 60 lönd. Á s. l. ári var hafinn undirbúningur að stofnun eftirtalinna ræðisskrifstofa: Ankara í Tyrklandi, Bogota í Kólombíu, Seoul í Suður-Kóreu, Fort-Wayne í Indiana-ríki í Bandaríkjunum og Port Said í Egyptalandi. Ein ræðisskrifstofa var lögð niður á árinu, það var ræðisskrifstofan í St. Malo í Frakklandi.

Ég vil vekja athygli á því, að allar ræðisskrifstofur Íslands erlendis nema aðalræðisskrifstofan í New York eru undir stjórn ólaunaðra ræðismanna. Beinn kostnaður við rekstur þessara skrifstofa nam alls um 2 millj. kr. á árinu 1976. Leitun mun vera að jafngagnlegri, en kostnaðarlítilli þjónustu í þágu íslenska ríkisins. Sú ómetanlega aðstoð, sem þessar ræðisskrifstofur veita, er því miður allt of lítið kynnt fyrir íslenskum almenningi.

Í dag starfa 168 ræðismenn á 151 skrifstofu að málefnum Íslands, en þessum málefnum má skipta í þrennt: a) Aðstoð við íslendinga erlendis sem eiga í einhverjum vandræðum. b) Margvísleg upplýsingagjöf um Ísland og þjóðina. c) Fyrirgreiðsla varðandi sölu íslenskra afurða.

Í því skyni að viðhalda og auka kynni ræðismanna á íslenskum málefnum hefur verið ákveðið að efna til ræðismannaráðstefnu í Reykjavík 21. —25. ágúst n. k. Verður þetta önnur ræðismannaráðstefna sem utanrrn. gengst fyrir. Sú fyrri var haldin 1971 og gafst mjög vel og var undirbúin af báv. utanrrh. Emil Jónssyni.

Í viðleitni sinni til að auka upplýsingar um íslenskar útflutningsvörur á erlendri grund gaf utanrrn. út á s. l. ári kynningarbækling um ákveðnar útflutningsvörur. Var höfð samvinna um útgáfuna við viðskrn., Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og hlutaðeigandi útflytjendur. Var þessi kynningarbæklingur sendur öllum sendiráðum og ræðismannsskrifstofum Íslands. Hefur rn. hug á að halda þessari útgáfustarfsemi sinni áfram með kynningu á fleiri vörutegundum.

Ríkisstj. ákvað á s. l. sumri að málefni, er varða samskipti Íslands við vestur-íslendinga, heyrðu framvegis undir utanrrn. Var sérstök n. skipuð af rn. í sept. s. l. til að hafa með höndum þetta mál. Fyrsta verkefni n. hefur verið að styðja við bak útgáfu Lögbergs-Heimskringlu, m. a. með því að hafa milligöngu um ráðningu ritstjóra blaðsins, auk þess sem allhárri peningafjárhæð hefur verið ráðstafað til blaðsins.

Í utanríkisþjónustunni starfa í dag alls 82 starfsmenn í rn. og sendiráðum okkar erlendis, þar af 59 sem bundnir eru flutningsskyldu. Embættismenn eru alls 39 starfsmenn, fjölgaði um einn í rn. á árinu, en þar hefur starfsmönnum ekki fjölgað s. l. 10 ár.

Á s. l. ári var hafist handa um kaup á íbúðarhúsnæði fyrir varamenn sendiherra, en heimild til slíkra kaupa hafði Alþ. veitt í fjárl. Keypt var húsnæði í New York og London, möguleikar athugaðir í Kaupmannahöfn og nú nýverið keypt hús í Stokkhólmi. Það er skoðun mín að stefna beri að því að kaupa húsnæði á sem flestum stöðum erlendis fyrir starfsfólk sendiráðanna ef hagstætt þykir, enda muni slíkar ráðstafanir leiða til sparnaðar þegar fram í sækir, þar sem leigugreiðslur eru víða erlendis óheyrilega miklar. Fullt samráð hefur verið haft við fjvn. um þessi kaup.

Mér var sem utanrrh. á árinu 1976 boðið í opinberar heimsóknir til Tékkóslóvakíu, Ungverjalands, Frakklands og Ísraels. Ég heimsótti Tékkóslóvakíu og Ungverjaland í ágústmánuði og Frakkland í desemberbyrjun, en sá mér ekki fært að þiggja boð Ísraels vegna anna. Auk þess sótti ég utanrrh.-fund Norðurlanda í Stokkhólmi í marsmánuði og í Kaupmannahöfn í ágúst. Ég sótti einnig utanrrh.-fund Atlantshafsbandalagsins í maí og í des. Utanrrh. Póllands kom í opinbera heimsókn til Íslands í sept. Það skal sérstaklega tekið fram, að ég tel slíkar heimsóknir og sambönd við starfsbræður erlendis mjög gagnlegar, ekki síst hin nánu sambönd við utanrrh. Norðurlandanna.

Svo sem áður greinir er skýrsla um þátttöku okkar í Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fskj. skýrslu þessarar og mun ég því eigi hafa mál mitt lengra, en svara að sjálfsögðu fsp. ef fram koma.

Að endingu vil ég, svo sem venja hefur verið, þakka utanrmn. mjög gott samstarf á liðnu ári.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil í byrjun máls míns þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans. Hún var snemma á ferðinni að þessu sinni og er það vissulega þakkarvert, og einnig tel ég það þakkarvert að nú skuli gefast tækifæri til þess að ræða skýrsluna á sæmilega rúmum tíma, en því miður hefur ekki alltaf verið svo.

Þessari skýrslu ráðh. fylgdi í þetta skipti ítarleg grg. um síðasta Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og er það nýmæli sem einnig ber að fagna. Annað nýmæli, sem ég tel að beri að

meta og væntanlega verður framhald á, er að ekki alls fyrir löngu hefur einnig verið útbýtt hér meðal alþm. sérstakri skýrslu um norrænt samstarf á árinu 1976. Sú skýrsla er samin af formanni Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á því ári. Ég hygg að ég hafi fundið að því á s. l. ári, þegar skýrsla hæstv. utanrrh. var til meðferðar, að slík grg. annaðhvort frá samstarfsráðh. okkar í ráðherranefnd Norðurlandaráðs eða frá fulltrúum Íslands í ráðinu, þingfulltrúunum, hefði ekki komið fram og væri ekki rædd á Alþ. Ég vil einnig fagna því, að nú hefur verið úr þessu bætt, og ég vona, að þar verði framhald á. Ég tel að það séu þessar skýrslur og þó að sjálfsögðu fyrst og fremst skýrsla hæstv. utanrrh. sem hljóti að vera grundvöllur þeirra umr. sem hér fara fram um utanríkismál í dag, enda þótt ég telji eðlilegt og raunar sjálfsagt að þm. ræði hvern þann þátt utanríkismála undir þessum lið sem þeir telja einhverju skipta, hvort sem um hann er fjallað í skýrslunum eða ekki.

Ég hef ekki hina minnstu tilhneigingu til að þegja um það sem vel hefur verið gert á sviði utanríkismála á liðnu ári, en það er sem betur fer ýmislegt. Sérstaklega er mér það fagnaðarefni, að íslenskir ráðamenn hafa breytt allmjög um viðhorf og vinnubrögð að því er tekur til stuðnings við þróunarlönd og skipti við Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Það má vissulega segja í þessu sambandi að batnandi mönnum sé best að lifa. Raunar efa ég ekki að hæstv. utanrrh. hefur lengi verið það ljóst að hér þurfti verulega um að bæta ef Íslendingar ættu ekki að verða sér varanlega til minnkunar í þessum efnum. En annað tveggja hefur átt sér stað þangað til nú, að hæstv. ráðh. hefur ekki sótt þetta mál af þeim skörungsskap sem dugði, eða hitt, að hann hefur hitt fyrir óbilgjarna fjáröflunar- eða fjárgæslumenn ríkissjóðs sem ekki hafa látið undan síga fyrr en nú. Það hefur helst til lengi verið bæði Alþ. og ríkisstjórnum, ekki einni, heldur fleirum, til vansæmdar hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Sjóður sá, sem stofnaður var með lögum frá Alþ. árið 1971, hefur verið févana alla tíð og sáralítils megnugur. Hitt hefur þó verið enn þá blöskrunarlegra, að ár eftir ár skyldum við Íslendingar sækjast eftir og þiggja umtalsverða fjárhagsaðstoð frá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, þeirri stofnun sem hefur það hlutverk að styðja fátækar, styðja sveltandi þjóðir. Fyrir þetta höfum við mátt bera kinnroða a. m. k. s. l. 5 ár. Nú hefur þessu betli verið hætt og því ber vissulega að fagna.

Hitt sætir einnig tíðindum, sem gerðist við afgreiðslu fjárlaganna síðustu, að fjárhæðin til Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin var hækkuð úr 12.5 millj. kr. í 25 millj. eða tvöfölduð. Víst er þetta framför og ber vott um aukinn skilning á gildi þess máls, sem hér er um að ræða, og sæmd okkar Íslendinga sem tiltölulega vel settrar þjóðar. Ég er ekki í neinum vafa um það, að í samstarfi við aðrar Norðurlandaþjóðir, sem vinna að þessum málum, kemur þessi fjárhæð, sem veitt var til Þróunarsjóðsins, að töluverðu gagni þótt ekki sé hún stór. Ég óska þess vegna hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. raunar líka til hamingju með þennan áfanga í málefnum okkar annars vegar og þróunarlandanna hins vegar í von um að hér sé um upphaf stefnubreytingar að ræða sem framhald verði á. Mætti vel una því að Alþ. og ríkisstjórnir settu sér það mark að tvöfalda t. d. framlagið til Þróunarsjóðsins árlega nokkur næstu árin, þangað til því marki væri þá náð sem að er stefnt og ákveðið í lögum um sjóðinn frá 1961 um aðstoð við þróunarlöndin, þar sem segir að framlög íslendinga til þróunarlanda skulu aukin svo fljótt sem verða má til þess að þau nemi 1% af þjóðartekjum. Vil ég í þessu sambandi láta í ljós þá ósk mína og von, að hvorki hæstv. utanrrh., hæstv. fjmrh. né aðrir íslenskir ráðh. nú eða á komandi tímum þurfi að roðna af blygðun þegar minnst er á þróunaraðstoð, þegar minnst er á samskipti ríkra og fátækra þjóða, en það veit ég að ráðamenn okkar hafa þurft að gera á undanförnum árum.

Óneitanlega væri ánægjulegt að lifa sem fyrst þá stund þegar íslenskur ráðh. gæti með mjög góðri samvisku hvatt til aukinnar aðstoðar hinna ríku þjóða heims við þróunarlöndin. Gott fordæmi Íslands gæfi slíkri ræðu aukinn þunga, hvort heldur hún yrði flutt austur í Manilla eða einhvers staðar hérna megin á jarðkringlunni.

Um landhelgismálið get ég að þessu sinni verið fáorður. Eins og aðrir alþm. og Íslendingar almennt fagna ég innilega þeim mikla sigri okkar Íslendinga, þeim mikla sigri hins íslenska málstaðar sem nú er orðinn staðreynd. Ég skal að þessu sinni spara mér allar tilraunir til söguskýringar um það, hverjum sá árangur, hverjum sá sigur er fyrst og fremst að þakka. Nú skiptir að sjálfsögðu mestu máli að við berum gæfu til að hagnýta hina nýju stöðu, sem upp er komin, á skynsamlegan hátt, svo að brátt megi sannast á þann hátt, að enginn vefengi, að stefna okkar var rétt og hún var ekki aðeins í okkar þágu eða annarra strandríkja, heldur mannkynsins í heild.

En í sambandi við landhelgismálið langar mig þó til að spyrja hæstv. utanrrh. tveggja spurninga. Hin fyrri krefst örstutts inngangs.

Fyrir páska bárust hingað þær fréttir að Efnahagsbandalag Evrópu ætlaði nú að fara að senda menn til Íslands í því skyni að semja um veiðiheimildir bretum til handa í íslenskri landhelgi. Fréttastofur fullyrtu jafnvel að nú yrði þumalskrúfan sett á Íslendinga, nú yrði þeim hótað með viðskiptaþvingunum. Ráðamenn hér, ráðh. hæstv, voru spurðir hvað hæft væri í þessu. Þeir báru fréttina til baka. Þeir sögðu að ekki hefði komið fram nein beiðni um viðræður og því síður væri það rétt að nokkrum hótunum hefði verið beitt í sambandi við þessi mál. Svo liðu páskarnir og ekkert fréttist til hinna væntanlegu sendimanna frá Efnahagsbandalagi Evrópu. En svo bregður við, ég held einhvern fyrsta dag, ef ekki fyrsta dag eftir páska, að ríkisstj. Íslands heldur fund og sendir frá sér hátíðlega tilkynningu að fundinum loknum, og ég verð að segja að mér fannst og kannske fleirum sú tilkynning vera harla kynleg. Hún var í stuttu máli, ef ég man hana rétt — og efnislega hygg ég að ég muni hana rétt, þá var hún á þá leið, að ef tilmæli bærust frá Efnahagsbandalagi Evrópu um viðræður, þá yrði slíkri beiðni vel tekið af hálfu íslenskra stjórnarvalda.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Hefur hann breytt um skoðun frá því í vetur? Er hann ekki á sömu skoðun og hann var í vetur þegar hann lýsti því yfir að það væri ekki um neitt að semja? Telur hann í dag að um eitthvað sé að semja?

Seinni spurningin, sem mig langar til að varpa fram, varðar fiskveiðisamninga þá sem í gildi eru, ýmist tímabundnir við vestur-þjóðverja eða með uppsagnarfresti við belga, norðmenn og færeyinga. Í sambandi við þessa samninga leyfi ég mér að varpa fram þessari spurningu: Hefur hæstv. ríkisstj. tekið ákvörðun um að segja þeim samningum upp, sem með uppsagnarfresti eru, og jafnframt, hefur hún tekið afstöðu til þess, hvernig svarað verður beiðni vestur-þjóðverja eða Efnahagsbandalagsins fyrir þeirra hönd um endurnýjaðar eða framlengdar fiskveiðiheimildir þegar þýski samningurinn rennur út? Þetta eru mikilvægar spurningar, og ég veit að það eru fleiri en ég sem æskja gjarnan að fá sem greiðust og ákveðnust svör við þeim.

Þar sem fyrir Alþ. liggur þáltill. frá okkur alþb.-mönnum um úrsögn úr Atlantshafsbandalagi og brottför hersins og umr. um þessa till. fara væntanlega fram bráðlega, þá ætla ég ekki við þetta tækifæri að ræða hermálið eða NATO-málið almennt. Það verður gert af minni hálfu og okkar alþb.-manna síðar. Hins vegar þykir mér rétt í tilefni af skýrslu hæstv. utanrrh. að minnast á nokkur framkvæmdaatriði — bein framkvæmdaatriði — sem varða íslensk stjórnvöld og aðra íslenska aðila annars vegar og ameríska herinn hins vegar, og mun ég þá að þessu sinni fyrst og fremst víkja að vandamálum sem leiðir af þeirri staðreynd að hér er erlendur her í landi, alveg án tillits til þess að sumir telja dvöl hans í sjálfu sér a. m. k. réttlætanlega og jafnvel nauðsynlega, en aðrir telja hana óæskilega og stórháskalega.

Fyrst vil ég víkja stuttlega að vandamáli sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn og of margir virðast loka augunum fyrir. Þar er um að ræða þau margvíslegu neikvæðu áhrif sem herstöðin og bramboltið þar á Miðnesheiðinni hefur á allt venjulegt íslenskt atvinnulíf í sínu umhverfi. Sjávarútvegur á Suðurnesjum hefur lengi átt þarna við algerlega óeðlilegan keppinaut að etja og átt í vök að verjast af þeim sökum á margvíslegan hátt. Þar nefni ég fyrst samkeppnina um vinnuaflið, og þá er ekki einungis um sjálfa bandaríkjamennina að ræða eða herinn beinlínis, heldur engu síður þá verktaka íslenska sem vinna margvísleg störf í þágu hersins. Þessi og önnur samkeppni svo og sú staðreynd, að hundruð bandaríkjamanna hafa búið í sjávarplássunum syðra og notið þar margvíslegrar opinberrar þjónustu án þess að greiða eina krónu til sveitarfélaga þeirra þar sem þeir hafa verið búsettir, þetta er einnig sérstakt vandamál. Samkeppni hinna mörgu og í ýmsum tilvikum smáu og fjárhagslega veikburða útgerðarmanna og útgerðarstöðva suður með sjó, samkeppnin við herstöðina og við forríka Aðalverktaka og Reginverktaka eða hvað þeir nú heita allir er ákaflega erfið, ekki síst þegar stórfelld aflarýrnun á sér jafnhliða stað, eins og suðurnesjamenn hafa mátt búa við umfram flesta aðra landsmenn nú hin síðustu ár. Það verður að segjast eins og er, að þeir, sem þarna eru að berjast við það að halda íslenskum atvinnutækjum í gangi rétt við herstöðvarvegginn, ef svo má segja, telja sig lítinn stuðning og lítinn skilning hafa hlotið hjá ýmsum opinberum aðilum í þeirri tvísýnu glímu, sem þeir heyja, og í sambandi við að leysa þá margvíslegu örðugleika sem þarna eru á ferð. Þeir staðhæfa og færa í sumum tilvikum a. m. k. að því nokkur rök, að þeir hafi orðið afskiptir á ýmsan hátt og um lánafyrirgreiðslu til uppbyggingar og endurnýjunar flota og fiskvinnslustöðva hafi síður verið að ræða á þessum slóðum heldur en víðast hvar annars staðar. Það er full ástæða til að gera þessi mál öll að ítarlegu umræðuefni hér á Alþ., enda þótt ég láti það ógert að sinni, láti nægja að minna á þetta vandamál. Hitt vil ég þó segja og legg á það áherslu, að það er fullkomið alvörumál fyrir Alþ. og ríkisstj. ef hinn gamli og oft og tíðum blómlegi höfuðatvinnuvegur suðurnesjamanna, sjávarútvegurinn, berst ekki aðeins í bökkum, heldur ríðar hreinlega til falls, eins og nú virðist vera. Þeir, sem gera þá kröfu, sem ég tel réttmæta og vil fyrir mitt leyti styðja, að við leitumst við að byggja landið allt, hvarvetna þar sem lífvænlegt er, ættu ekki að gleyma því, að Suðurnes með sína mörgu, bæði stóru og smáu útgerðarstaði eru líka hluti landsbyggðarinnar og hann alls ekki ómerkur, og í þessu efni skiptir ekki ýkjamiklu máli hvort fjarlægðin frá Reykjavík er 50 km, 100 eða 200 km. Það má ekki eiga sér stað að útgerð dragist stórlega saman á þessu svæði, en það hlýtur að verða á næstu missirum ef ekki verður að því unnið og það jafnvel gert á alveg skipulagðan hátt með sérstöku átaki að snúa þarna þróuninni við, endurnýja með eðlilegum hætti fiskvinnslustöðvar og fiskiskip á þessu svæði ekki síður en á öðrum útgerðarstöðum víðs vegar um land. Eins og sakir standa er ástandið þarna ekki aðeins ískyggilegt, heldur mjög alvarlegt.

Þáttur í uppbyggingarstarfi sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Suðurnesjum verður að vera í því fólginn að halda framkvæmdum og hvers konar brambolti hersins og verktaka á hans snærum í sæmilegum skefjum.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hin sýnilegu óþrif sem af hernum og herstöðinni stafa. Þau eru þó sum næsta alvarleg og geta orðið örlagarík, svo sem sú staðreynd að helstu vatnsból þar syðra eru í bráðri hættu vegna margra ára og áratuga olíumengunar af völdum hersins. Ekki er það heldur alveg saklaust eða með eðlilegum hætti þegar herinn verður uppvís að því að brjóta reglur og fleygja úrgangi í hafið í trássi við alþjóðasamþykktir, í trássi við landslög. Og það verð ég að segja, að framkoma ýmissa þeirra opinberra aðila, sem við sögu komu nýlega í sambandi við slíkt atvik, þ. á m. tveggja rn., var ekki til þess fallin að vekja sérstakt traust eða sannfæra menn um að þeir, sem þar fjölluðu um þetta mál, stæðu nægilega fast í ístaðinu þegar herinn á Miðnesheiði væri annars vegar. Ef ég man allar hringavitleysuyfirlýsingarnar í sambandi við málið rétt, þá var gangurinn eitthvað á þessa leið:

Upp kemst um það, að herinn hefur fleygt í sjó í Faxaflóa einhverjum hylkjum og það ekkert

fáum, heldur í tonnatali. Utanrrn. segir þegar að það hafi ekki veitt leyfi, en virðist hins vegar bera það á Landhelgisgæsluna og lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli að þau hefðu líklega verið þarna með í ráðum og sennilega veitt einhver leyfi. Forstjóri landhelgisgæslunnar og lögreglustjórinn í Keflavík harðneita allri aðild að þessu máli. Sjútvrn. lætur frá sér fara yfirlýsingu sem var dálítið einkennileg og bendir jafnvel til þess að það hafi ekki vitað nægilega gerla hvaða reglur gilda um mengunarvarnir á sjó, og ætti það þó að vita slíkt. Og loks kemur hin síðasta tilkynning, annaðhvort frá utanrrn. sjálfu eða varnarmáladeild þess, ég man nú ekki hvort heldur var, og því miður, hæstv. utanrrh., held ég að þessi síðasta tilkynning hafi jafnvel verið vitlausari, ef ég má orða það svo, heldur en allar hinar til samans. Þar var frá því skýrt, að manni skildist, að þetta væri í rauninni nokkurn veginn í lagi, þar eð utanrrn. hefði veitt leyfi til losunar á þessu rusli ef það hefði verið spurt. Það væri nefnilega búið að spyrja herinn hvers konar úrgangur hér hefði verið á ferðinni, og herinn hefði svarað að þetta væri ákaflega saklaust drasl og það væri ekki hættulegt á nokkurra handa máta.

Meira hygg ég að hafi ekki gerst í þessu máli, og ég held að enginn íslendingur viti með fullum sannindum nánari deili á þessum hylkjum sem þarna var í leyfisleysi sökkt í sæ. En því miður virðist svo, a. m. k. í vissum tilvikum, þegar herinn á í hlut, þá er eins og utanrrn. trúi, það þurfi ekki að þreifa á eins og Tómas forðum.

En úr því að ég minntist á drasl frá hernum get ég ekki stillt mig um að segja fáein orð um embættisveitingu eina sem hæstv. utanrrh. hefur verið töluvert gagnrýndur fyrir. Ég á þá að sjálfsögðu við embætti skransölustjóra setuliðseigna, á fínu máli forstjóra Sölu varnarliðseigna, ef ég man það rétt. Umsækjendur um þetta gagnmerka embætti í utanríkisþjónustunni — mér skilst að það tilheyri henni — voru að sjálfsögðu fjölmargir. Margt var þar harðduglegra og hámenntaðra manna. Og það verð ég að segja, að langt er síðan Framsóknarráðh. a. m. k. hefur tekist með slíkum ágætum að velja hæfasta umsækjandann í veglegt embætti eins og ég hygg að hæstv. utanrrh. hafi gert í þetta sinn. Sá, sem stöðuna hlaut, var eins og allir vita aðstoðarritstjóri Tímans. Þetta var áreiðanlega verðskuldað úr því að framkvæmdastjóri blaðsins sótti ekki.

En nú vík ég að stærra og miklu alvarlegra máli. Þar er um slíkt mál að ræða að ekki verður við það unað að hæstv. utanrrh. og ráðunautar hans taki því með axlaypptingum og kæruleysi, eins og því miður hefur átt sér stað. Hér á ég við þá mikilvægu spurningu, þá örlagaríku spurningu, hvort hér í herstöðinni eða í tengslum við hana séu geymd kjarnorkuvopn af einhverju tagi. Þetta mál hefur verið rætt hér á Alþ. nokkrum sinnum, einkum s. l. ár, þegar ýmsir erlendir aðilar, þ. á m. kunnir vísindamenn á sviði hernaðar, fullyrtu hiklaust að Ísland væri eitt þeirra landa þar sem kjarnorkuvopn eru varðveitt. Hæstv. utanrrh. hefur því miður látið undir höfuð leggjast að ganga úr skugga um hvernig þessum málum er raunverulega háttað. Hann hefur jafnvel sagt að sönnunarskyldan á þessu máli hvíli á okkur sem vakið höfum athygli á staðhæfingum herfræðirita og vísindamanna víðs vegar um heim. Það væri okkar að sanna að herinn hér væri með kjarnorkuvopn. Ég varð satt að segja steinhissa þegar ég heyrði hæstv. utanrrh. halda þessu fram. Þetta var satt að segja miklu misheppnaðri varnartilraun heldur en ég átti von á frá honum. Og hún var enn þá misheppnaðri heldur en sú tilraun að spyrja herinn og láta sér nægja hin loðnu svör hans.

Hæstv. ráðh. lét þau ummæli falla hér í fyrra, að hann tryði því ekki að bandaríkjamenn gengju á gert samkomulag um að hafa hér engin kjarnorkuvopn. En hér er um slíkt mál að ræða að menn mega ekki leyfa sér að lifa í trú, síst sjálfur utanrrh. landsins. Hér þarf að ríkja vissa. Og það er hæstv. utanrrh. sem á embættis síns vegna og eðli málsins samkv. að gangast fyrir því að ekki aðeins alþm., heldur þjóðin öll viti fyrir víst hvort hér eru faldar kjarnorkusprengjur eða ekki.

Það er haft fyrir satt um víða veröld að kjarnavopn séu í bandarísku herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Ég get ekkert um þetta fullyrt. Hæstv. utanrrh. getur það því miður ekki heldur, hann bara trúir. Það kann að nægja honum. En þetta mál er svo alvarlegt að það er ábyrgðarleysi að skella við því skollaeyrunum og láta þá óvissu haldast sem um þetta ríkir vissulega. Fram að þessu hefur þess einungis verið farið á leit við hæstv. utanrrh. að hann láti fara fram könnun á því, hvort hér á landi geti verið um það að ræða að varðveitt séu kjarnorkuvopn. Það er vissulega kominn tími til að skerpa þessa kröfu, og ég leyfi mér því hér og nú að gera þá kröfu til hæstv. utanrrh. að hann afsanni, að hér séu kjarnorkusprengjur, eða sanni, að þær séu hér, og skipi þá bandaríkjamönnum tafarlaust að hverfa með þær á brott í samræmi við margyfirlýstan vilja íslenskra ríkisstjórna og við samkomulag við Bandaríkin þar um.

Ég ætla ekki að rekja hér í löngu máli eða einstökum atriðum hinar mörgu blaða- og tímaritagreinar þar sem því er alveg hiklaust haldið fram að kjarnorkuvopn séu á Íslandi. Það hefur oft verið gert áður. En ég sé ekki betur en svo megi telja að flestir þeir, sem rita um hernaðarfræðileg efni og um vopnabúnað í heiminum, gangi út frá því sem staðreynd, að hér séu kjarnorkuvopn. Ég ætla að þessu sinni að láta nægja að vitna til einnar greinar um þessi mál, en hún birtist s. l. sumar í þekktu vísindatímariti, New Scientist. Grein þessi — eða efnisatriði hennar — er byggð á samstarfi þriggja vísindamanna og birt á ábyrgð þeirra allra. Hún hefur að geyma afar fróðlegar, en að sama skapi uggvænlegar upplýsingar um dreifingu kjarnorkuvopna og hugsanlega beitingu þeirra, jafnvel fyrir misskilning eða slys í upphafi. Þeir vísindamenn, sem þarna eiga hlut að máli, eru prófessor við Uppsalaháskóla og Nóbelsverðlaunahafi í eðlisfræði, forstjóri Alþjóðlegu friðarrannsóknarstofnunarinnar í Stokkhólmi og prófessor við Kaliforníuháskóla, áður deildarstjóri í varnarmálaráðuneyti

Bandaríkjanna. Í inngangi að grein þessari er áhersla á það lögð af tímaritsins hálfu eða þeirra, sem gefa það út, að höfundar séu allir í fremstu röð vísindamanna að því er tekur til gerðar og útbreiðslu kjarnorkuvopna. Allir virðast þeir ganga út frá því sem gefnu, lýsa því aðeins sem kunnri staðreynd að Bandaríkin munu hafa svokölluð „taktísk" kjarnorkuvopn á Íslandi. Nú er það svo um okkur íslendinga flesta eða alla, að við erum það illa lærðir í herstjórnarlist og atómfræðum að okkur er ekki fullljós munurinn á hinum ýmsu tegundum kjarnorkuvopna. Mér skilst, að fræðimenn skipti slíkum vopnum í tvo meginflokka: „strategísk" og „taktísk" kjarnorkuvopn. Virðist þá aðalmunurinn vera sá, að hin fyrrnefndu, „strategísku" vopnin, eru mjög langdræg og mjög öflug, en hin „taktísku" draga skemmra, en þó að því er sagt er yfir þvera og endilanga Evrópu eftir því sem upplýst hefur verið.

Í umræddri grein er þessum „taktísku" kjarnavopnum eða eldflaugum lýst og sprengimætti þeirra. Þar er og gerð grein fyrir fjölda þeirra og dreifingu. Fullyrt er að í Evrópu einni séu um 7000 slík vopn á vegum bandarískjamanna og a. m. k. 3500 eða fleiri á vegum rússa. Og löndin, þar sem bandaríkjamenn geyma birgðir sínar, eru talin upp: Bretland, Vestur-Þýskaland, Belgía, Holland, Portúgal, Spánn, Ísland, Ítalía, Grikkland, Tyrkland.

Nú kynni einhver að álykta sem svo að þessi „taktísku" kjarnorkuvopn séu e. t. v. ekki sérlega voðaleg samanborið við öflugu og langdrægu tegundina, stóru kjarnavopnin. En standi einhver í þeirri meiningu, að þessar svokölluðu minni sprengjur séu hálfgerð barnaleikföng, þá er það mikill og ákaflega háskalegur misskilningur. Fæst hinna „taktísku" kjarnavopna eru kraftminni en sprengjur þær sem á sínum tíma var varpað á Hiroshima og Nagasaki, en mörg þessara vopna eru langtum öflugri, allt að hundrað sinnum kraftmeiri, að því er segir m. a. í þessari grein sem ég hef vitnað til. Samanlagður sprengikraftur „taktískra" kjarnorkuvopna í Evrópu einni er talinn um það bil fimmtíu sinnum meiri en allra þeirra sprengna sem sprengdar voru í síðustu heimsstyrjöld, í Kóreustríðinu og í Víetnamstyrjöldinni til samans.

Nú er það að sjálfsögðu von okkar allra, von alls mannkyns, að leiðtogar herveldanna sýni þá vitsmuni og þá varkárni sem þarf til að afstýra kjarnorkustyrjöld. Ég er þeirrar skoðunar eða réttara sagt ég el þá von í brjósti að núv. ráðamenn jafnt í austri sem vestri vilji forðast þær ógnir sem af kjarnorkustríði hljótast. Ég vona einnig að þorri hershöfðingja jafnt í austri sem vestri fylgi þeim í þessu og er það þó aðeins von, veik von. Og því er verr og miður, að til kunna að vera svo ofstækisfullir menn, svo blindir, bæði hershöfðingjar og jafnvel stjórnmálamenn, að þeir munu tæplega hika við að tefla á allra tæpasta vað í þessum efnum án tillits til hugsanlegra afleiðinga. Þeir munu jafnvel finnast sem segjast ætla að bjarga Evrópu, eins og þeir orða það, með því að tortíma henni. Séu það slíkir ofstækismenn öðru hvorum megin sem hafa fingur á gikk atómsprengjunnar á örlagaríku augnabliki, á tíma hótana, á tíma mikillar spennu, þá gætu þeir vissulega komið af stað þeirri keðjuverkun sem á örskömmum tíma skildi við Evrópu alla, ef ekki allan hnöttinn, sem rjúkandi rúst.

Nú er það margyfirlýst stefna bæði núv. og allra fyrrv. íslenskra stjórnvalda síðan her kom hér í landið, að hér á landi eigi ekki að vera kjarnorkuvopn af neinu tagi. Hæstv. núv. utanrrh. hefur lýst þessu yfir hvað eftir annað. Hann segir: Þetta er mín stefna, þetta er stefna ríkisstj. Íslands. — Hæstv. ráðh. segist trúa því að hér séu engin kjarnorkuvopn. Ég og margir fleiri viljum vita vissu okkar í þessum efnum. Herfræðingar um allar jarðir reikna með því, eins og ég hef þegar sagt, að Bandaríkin séu hér með svokölluð „taktísk" kjarnorkuvopn. Við vitum ekki hvort þetta er rétt. En við viljum vita það og við teljum okkur eiga rétt á að fá að vita það, eiga heimtingu á að fá að vita það, því að hér er ekki um smávægilega hluti að tefla. Það er ekki af einstæðri forvitni og einskærri hnýsni sem verið er að krefjast skýrra og rökstuddra svara við þeirri spurningu, hvort herstöðin á Miðnesheiði og þar með allur þéttbýliskjarninn hér við Faxaflóa er eitt hinna líklegustu skotmarka á allra fyrstu mínútum kjarnorkustyrjaldar.

Nú kann hæstv. utanrrh. að segja sem svo, að það sé hægara sagt en gert fyrir okkur íslendinga, blessunarlega fáfróða í öllu sem að hernaðarlist lýtur, að fá úr því skorið með óyggjandi vissu hvort hér séu kjarnorkuvopn. Ég hygg að vísu að þeir íslenskir vísindamenn séu til sem með mælitækjum sínum og annarri könnun gætu úr því skorið, hvort rétt sé sú staðhæfing t. d. að Lockhead Orion vélar bandarískra flotans á Keflavíkurflugvelli séu að öllum líkindum búnar djúpsprengjum með kjarnaoddi. Þetta eru þær vélar, einmitt þær vélar sem fljúga reglulegt könnunarflug frá Íslandi og eru dag hvern að þvælast á aðalfarþegaflugvelli okkar í millilandaflugi og yfir landi okkar og landhelgi. Það væri vissulega fróðlegt að fá af því fréttir, hvort tilgáta manna, þ. á m. ameríska vísindamannsins Barry Schneiders, um flutning véla þessara er rétt eða röng. Treysti nú hæstv. utanrrh. ekki íslenskum vísindamönnum til að rannsaka þessi mál, vil ég í allri vinsemd benda honum á annan möguleika. Það er að vísu hugmynd sem ég hef áður stungið að sessunaut mínum, hv. 4. þm. Reykv., formanni utanrmn., en þar sem hann er enn þá að hugsa sig um og virðist ekki vera tilbúinn með svarið, þá vil ég leyfa mér einnig að vekja athygli hæstv. utanrrh. á þessum möguleika.

Í Stokkhólmi er stofnun, sem nefnist Alþjóðlega friðarrannsóknarstofnunin og hefur þann tilgang að afla upplýsinga um vopnabúnað og hertækni og fjalla fræðilega um slík mál, fyrst og fremst í þágu afvopnunar og friðar. Þessi stofnun, skammstöfuð SIPRI, var sett á laggirnar árið 1966. Frumkvöðlar voru sænskir stjórnmálamenn með þáv. forsrh. Sviþjóðar, Tage Erlander, í broddi fylkingar. Stofnunin var sett á laggirnar til að minnast þess með verðugum og viðeigandi hætti að þá höfðu svíar setið á friðstóli í 150 ár. Hálf önnur öld var þá liðin án þess að Sviþjóð tæki þátt í styrjöld. Þessi

alþjóðlega rannsóknarstofnun í þágu friðarins hefur unnið afar verðmætt starf á undanförnum árum. Enda þótt hún njóti fjárstyrks frá sænska ríkinu er stofnunin algerlega óháð því og sjálfstæð um verkefnaval og starfsaðferðir. Þessi stofnun hefur lagt sig fram um að afla sem gleggstra upplýsinga um viðbúnað og dreifingu vopna um jarðkringluna, einkum til að bregða á það ljósi hvað stendur í vegi fyrir eða torveldar afvopnun og friðsamlega lausn ágreiningsog deilumála. Ég tel mig hafa traustar heimildir fyrir því, að þessi stofnun nýtur mikils og vaxandi álits og rit hennar um vígbúnað og fleira eru talin hin áreiðanlegustu heimildarrit á sínu sviði sem til eru. Rit þessi eru m. a. mikið notuð af stofnunum Sameinuðu þjóðanna og til þeirra er að sögn ótæpilega vitnað á afvopnunarfundum stórveldanna, í Salt-viðræðunum svonefndu. Þykir hvorum deiluaðila um sig drjúgur stuðningur að því, ef þeir geta við eitt eða annað tækifæri vitnað til svo hlutlauss og áreiðanlegs aðila eins og SIPRI er máli sínu til stuðnings.

Nú vil ég leyfa mér að beina því til hæstv. utanrrh., hvort hann vill ekki að athuguðu máli beita sér fyrir því, að starfsmenn frá þessari virtu og viðurkenndu rannsóknarstofnun, starfsmenn sem vinna í þágu afvopnunar og friðar, væru fengnir, ef fáanlegir eru, til að rannsaka búnað Bandaríkjahers á Íslandi með sérstöku tilliti til þess, hvort þar eru kjarnorkuvopn af einhverju tagi. Ég held að það sé allra hluta vegna nauðsynlegt að fá úr þessu skorið á svo öruggan hátt sem verða má. Og það mætti vel segja mér að hæstv. ráðh. yrði því feginn, ekkert síður en ég og margir aðrir, ef hægt væri að ganga úr skugga um það að málum sé ekki þann veg háttað að meira en annar hver íslendingur sofi með helsprengjuna svo að segja undir koddanum.

Að lokum vil ég segja nokkur orð um norrænt samstarf og aðild íslendinga að Norðurlandaráði. Um það mál þarf ég ekki að eyða mörgum orðum, vegna þess að í því sambandi eru allir íslenskir stjórnmálaflokkar sammála í meginatriðum.

Samstarf íslensku sendinefndarinnar á vettvangi Norðurlandaráðs hefur allan þann tíma, sem ég hef getað fylgst með því, verið gott. Það er löngu liðin sú tíð þegar hv. Alþ. eða þeir, sem hér réðu, voru að burðast við það með ýmsum kúnstum að útiloka sósíalista frá þátttöku í þessu ráði, m. a. með því að láta deildirnar kjósa hvora um sig og þar fram eftir götunum. Þetta er algerlega liðin tíð og raunar ástæðulaust að vera að rifja hana upp. En þó verður það að segjast, að enn heyrast raddir og þá sérstaklega kannske raddir ýmissa sérvitringa, en þó jafnframt manna sem virðast vera ókunnugir málum, sem nota hvert tækifæri til þess að gera lítið úr norrænni samvinnu og segja að hún sé ekkert annað en veisluhöld og skálaræður. M. a. hafði ég punktað hjá mér það sem stóð í því virðulega dagblaði Vísi í dálki þeim sem ritar sá rithöfundur sem Svarthöfði nefnist. Þar kom nokkrum sinnum áður en síðasta Norðurlandaráðsþing var haldið lítils háttar ádrepa um þá stofnun og þó alveg sérstaklega þá stofnun sem Norðurlandaráð hefur fætt af sér hér á landi, Norræna húsið. Og til þess að menn átti sig á því að þær raddir eru nú ekki aldauða, að norræn samvinna sé ýmist einskis virði eða jafnvel af hinu illa, þá langar mig — með leyfi hæstv. forseta — að vitna í þessa grein til þess að sanna þetta, að svona raddir heyrast enn þá og er kannske víðar að finna en maður gerir sér grein fyrir. Þessi höfundur, sem kallar sig Svarthöfða, er gjarnan nokkuð stórorður stundum þegar honum er mikið niðri fyrir, og honum var það greinilega þegar hann gerði atlöguna að Norræna húsinu — og geisaði hann mjög, eins og sagt var um Hallgerði forðum. Hann segir m. a. í þessari merku grein sinni:

„Við höfum fengið nóg af sleggjudómum og ósannindum í landinu þótt við séum ekki að burðast með einhverja samnorræna trúboðsstöð í áróðri.“ Og enn fremur: „Frá Norræna húsinu hefur flotið slíkur einhliða pólitískur áróður á undanförnum árum, að það hlýtur að fara að verða almenn krafa að því verði lokað.“

En sem betur fer held ég að þetta sé rödd undantekningarinnar og reglan sé sú, að íslendingar almennt meti a. m. k. að nokkru það samstarf sem tekist hefur með Norðurlandaþjóðunum og borið árangur, bæði í Norðurlandaráði og á öðrum vettvangi.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að starfsemi Norðurlandaráðs og norræn samvinna í heild sé okkur íslendingum ákaflega mikilvæg og fyrir margra hluta sakir eigi hún að vera, eins og hún er nú, einn of hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Það er mjög margt sem rennir stoðum undir þessa skoðun. Ég vil aðeins nefna það, að í miklum sviptibyljum heimsmálanna allt frá lokum síðustu heimsstyrjaldar hafa að sjálfsögðu steðjað að okkur ýmsar hættur og svo er enn, m. a. vegna áratuga erlendrar hersetu í landinu, og sem sérstakt mótvægi gegn of einhliða erlendum áhrifum og þá fyrst og fremst engilsaxneskum áhrifum eru menningartengslin við Norðurlönd okkur ákaflega mikilvæg. Þangað höfum við einnig bæði sótt nú þegar og eigum eftir að sækja eitt og annað á sviði löggjafar og af ýmsu öðru tagi

Ég vil aðeins geta þess, áður en ég lýk máli mínu, að meðal mála á Norðurlandaráðsþinginu, sem haldið var nú í Helsinki í aprílbyrjun, voru málefni eins og aukið samstarf Norðurlandaþjóða á sviði þróunaraðstoðar. Það voru hvorki fleiri né færri en þrjú frv. eða till. sem fjölluðu um þessi efni sem þar voru til meðferðar — um þessi efni eða einstaka þætti þeirra — og ég hygg að það megi fullyrða, að það er vilji fyrir því innan Norðurlandaráðs að auka þessa samvinnu til verulegra muna.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum vitna til þeirra orða sem ég lét falla hér við sama tækifæri í fyrra, en þá lauk ég máli mínu á þessa leið: Flokkur minn, Alþb., er engum háður öðrum en félagsmönnum sínum, íslensku alþýðufólki, sem hefur öðlast þá lífsskoðun að sósíalismi samfara lýðræði sé það þjóðskipulag, sem vert sé að berjast fyrir. En Alþb. viðurkennir einnig mikilvægi þeirrar baráttu og telur hana mál dagsins í dag, sem snýst um það að treysta stjórnarfarslegt, efnahagslegt og menningarlegt

sjálfstæði Íslands og íslenskrar alþýðu. Það er af þessum sökum sem Alþb. hefur barist og mun berjast fyrir fullum sigri íslendinga í landhelgismálinu. Það er af þessum sökum sem Alþb. spyrnir fast gegn vaxandi ítökum og áhrifum erlendra auðhringa á íslenskt atvinnulíf og hagnýtingu íslenskra auðlinda. Það er af þessum sökum sem Alþb. heldur áfram af vaxandi þunga baráttunni fyrir úrsögn Íslands úr NATO, fyrir brottför alls herliðs héðan, fyrir afnámi herstöðvar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ef dæma má eftir þeirri skýrslu, sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram og flutt, hefur verið harla tíðindalítið í utanríkismálum íslendinga síðustu 12 mánuði eða svo. Ekki mun þó í raun og veru vera hægt að segja þetta um tímabilið, heldur hefur það verið ærið viðburðarríkt. En hæstv. ráðh. hefur valið þann kost að vísa út og suður í stærstu málin með örfáum orðum og velja leið hagræðingarinnar, segja sem allra minnst, en fylla upp í þau mál sem ekki eru eins umdeild eða tíðindamikil. Kann að vera að þessi stefna hans í skýrslunni valdi því að Alþ. hefur ekki nokkurn áhuga á þessari skýrslu eða umr. um hana og hefur vantað a. m. k. 4 af hverjum 5 alþm. á fundinn í dag. Tel ég þetta miður, af því að ég hygg að það sé nú reynsla í þjóðþingum nágrannalanda, og ætti svo að vera hér líka, að árleg umr. um utanríkismál sé með stærri viðburðum þingsins og hún sé þannig undirbúin að þm. hafi á henni áhuga og vilji taka þátt í henni, aðrir en einn talsmaður fyrir hvern flokk. Þessar umr. taka heila daga og nætur í höfuðborgum Norðurlandanna, svo að dæmi sé nefnt.

Af því, sem hæstv. ráðh. hefur nálega sleppt eða nefnt með örfáum orðum, nefni ég fyrst landhelgismálið. Það er að vísu rétt hjá honum, að mönnum er það vel kunnugt. Þó væri fróðlegt að fá mat hans á þeim tíðindum, sem gerst hafa undanfarið ár, og því, hvernig landhelgismálið stendur í næsta nágrenni við okkur.

Í öðru lagi tel ég að hæstv. ráðh. hafi algerlega gengið fram hjá einu skuggalegasta utanríkisvandamáli sem íslenska þjóðin á nú við að stríða, sem er gífurleg skuldasöfnun erlendis. Þó er langur kafli í skýrslunni — og góður svo langt sem hann nær — um utanríkisviðskipti. En þetta meginatriði, sem hvenær sem er getur haft áhrif á skipti okkar við umheiminn, finnst mér að vanti og hefði átt að vera meginatriði sem aðrar upplýsingar um viðskiptamál snerust um.

Í þriðja lagi nefni ég það, að hæstv. ráðh. lætur sér nægja 6 línur um varnarmálin sem að jafnaði eru með stærstu þáttum í utanríkisskiptum okkar, og þykir mér þó keyra um þverbak þegar hann lýsir því yfir að hann þurfi ekkert um þau að segja af því að það sé komin fram till. um þau frá Alþb. Þar á umr. að fara fram. Þetta finnst mér vera lágkúrulegt af hæstv. ráðh. Hann á að hafa frumkvæði og ræða um þessi mál eins og hann vill og lofa öðrum að koma til sín, en ekki hlaupa á eftir einstökum till., eins og hann gerir, og vísa til þeirra í árlegri yfirlitsskýrslu ríkisstj. um utanríkismál.

Enn má nefna það, að lítið er fjallað um norrænt samstarf. Er vísað til annarrar og ágætrar skýrslu um það. En einnig þar eru mörg atriði sem mér finnst að eigi heima í almennri yfirlitsskýrslu og að ekki megi skorta einhverjar hugleiðingar um samband okkar við Norðurlöndin, enda hefur ýmislegt verið að gerast þar, t. d. hið aukna efnahagssamband okkar við Noreg, viðburðir í öryggismálum norðmanna og viðkomandi hafinu fyrir norðan okkur, umr. um öryggismál í Norðurlandaráði og fleira, sem allt jaðrar við hagsmuni okkar og full ástæða væri til að ræða.

Enda þótt rólegt hafi verið í landhelgismálinu og við höfum getað fagnað miklum sigri nú undanfarið hefur undanfarið tveggja missira tímabil ekki farið varhluta af stórum viðburðum á því sviði. Það hófst með þorskastríði sem stóð s. l. vor, samningum um það og síðan, eftir að þeir runnu út, þeirri blessunarlegu þróun að við erum lausir við breska togaraflotann. Þetta eru sögulegir atburðir og vafalaust þeir af atburðum þessa árs sem hæst mun bera í sögubókum íslendinga í framtíðinni. Enda þótt stjórnarandstaðan hafi á þessu tímabili veitt ríkisstj. allhart aðhald og verið ósammála ýmsum atriðum í sambandi við framkvæmd þeirrar heildarstefnu sem þjóðin vill að minni hyggju öll standa saman um, þá er sjálfsagt að viðurkenna það, að árangur starfsins þetta ár hefur orðið sá að við höfum unnið mikinn sigur. En baráttan í landhelgismálinu hefur færst frá okkur yfir á næstu lönd fyrir austan okkur og verður fróðlegt að fylgjast með hver tíðindi þar gerast og hvort þau leiða til þess að mál verði aftur tekin upp varðandi landhelgi okkar. Ég vil láta í ljós þá eindregnu von, að ríkisstj. ljái ekki máls á að ræða um samninga við Efnahagsbandalagið, því að við erum ekki aflögufærir af þeim fiskstofnum sem það hefur áhuga á. Slík skýrsla sem þessi hefði verið ágætt tilefni til að gefa stefnuyfirlýsingu eða ítreka fyrri stefnu varðandi grundvallaratriði þessa máls. Þá hefðu nokkrar línur orðið fréttnæmar og kannske getað gert gagn, sparað einhverjum mönnum suður í Brüssel tálvonir eða jafnvel ferðalög.

Ég gat þess, eins og ég raunar gerði í þessari umr. á þinginu í fyrra, að ég tel skuldir íslendinga við aðrar þjóðir vera orðnar hættulegt mál og raunar það mál sem hættulegast geti reynst sjálfstæði íslendinga. Við höfum horft upp á að fjármálaræðu breska fjmrh. er svarað af leiðtoga stjórnarandstöðunnar með því að segja: Þetta var ekki fjármálaræða ríkisstj., heldur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við fréttum af því að önnur skuldug verðbólguþjóð, Ítalir, hafi orðið að hlýða, boði og banni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Eru þessi örlög á næsta leiti fyrir okkur? Þróunin í þessum málum hefur verið svo hættuleg að það yfirskyggir öll smáatriði varðandi rekstur á viðskiptum okkar við umheiminn. Enn í ár ætlar ríkisstj. sér að taka 20 milljarða að láni erlendis, nota helminginn af því til að borga afborganir og vexti af eldri lánum, velta skuldunum á undan sér og bæta 10 milljörðum við. OECD, stofnunin í París, sem utanrrn. annast samband við, hefur lýst því yfir að við íslendingar séum nú skuldugastir allra þjóða sem

í þeim samtökum eru, en þar eru allar efnahagslega sterkustu þjóðir heimsins. Innanlands er þetta mál svo alvarlegt í augum hugsandi manna, að jafnvel æskulýðssamtök Sjálfstfl., stærri stjórnarflokksins, láta frá sér fara óvenjulega hörð og alvarleg mótmæli gegn þessari þróun.

Nú er mér ljóst að skipting viðskiptamála á milli utanrrn. og viðskrn. er eins og hún er. Hún hefur þróast þannig á alllöngu tímabili, og það kann að vera að hæstv. utanrrh. þyki það sér nokkur fjötur um fót í slíkum umr. eða takmarki það hvað hann getur sagt um viðskiptamál. En mér finnst alvara málefnisins sjálfs vera það mikil, að slík atriði ættu ekki að hindra að reynt væri að líta á þessi mál sem heild, því að það getur farið svo áður en langt líður að þessi mál verði orðin eitt af stærstu verkefnum utanríkisþjónustunnar.

Í byrjun skýrslu sinnar ræðir hæstv. ráðh. nokkuð um ástand í utanríkismálum almennt og kemur fljótlega að forseta Bandaríkjanna hinum nýja, Jimmy Carter, og nefnir þá að vonum viðhorf Carters til mannréttindamála. Þarf ekki að fjölyrða um að Carter hefur tekið upp þann hátt að veita þeim minnihlutahópum, sem berjast fyrir mannréttindum fyrir austan járntjald, aðallega í Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu, beinan stuðning í ræðum og með því að hitta fulltrúa þeirra að máli. Þetta hefur orðið til þess, að viðhorf til þessarar mannréttindabaráttu hefur orðið að meiri háttar utanríkismáli og a. m. k. nokkrir af utanrrh. Norðurlandanna hafa látið í ljós skoðun á þessum málum. Ekki var annað að heyra á utanrrh. svía, sem hér var í heimsókn, heldur en hún hafi verið ómyrk í máli um þetta, um vanþóknun sænsku ríkisstj. á stefnu t. d. tékka og einnig Sovétríkjanna.

Hæstv. utanrrh. Íslands lætur sér nægja að taka á heldur vægan hátt undir ummæli Carters, en segir ekkert frá eigin brjósti. Ekki efast ég um hans eigin skoðanir, þær koma fram í umtali hans um Sameinuðu þjóðirnar. En hann hefur valið að fara miklu vægar í sakir heldur en næstu nágrannaríki okkar, og er það fróðlegt út af fyrir sig.

Mér er fullkomlega ljóst að það er erfitt vandamál hvort yfirleitt er hyggilegt að blanda saman siðferðilegu mati á stjórnvöldum í meðferð þeirra á þegnunum og milliríkjaviðskiptum. En þetta hefur gerst og farið eins og ferskur blær vegna þess hvert nýnæmi er að því. Carter hefur fengið jákvæðar undirtektir t. d. hjá sumum Norðurlandanna og fleiri löndum í Vestur-Evrópu, þó að frá því séu undantekningar, eins og t. d. kanslari Vestur-Þýskalands. Ég tel ástæðu til að benda á að utanrrh. okkar gengur þarna skemmra en flestir nágrannar okkar og fer sér hægt í að taka undir þann stuðning sem baráttuhópar fyrir mannréttindum, sérstaklega í Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu, hafa fengið frá Vesturlöndum. Slíkur stuðningur hefur þar af leiðandi verið mjög lítill frá ríkisstj. okkar. Kann að vera að hæstv. ráðh. hafi ástæður fyrir því að hann velur þessa stefnu.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um öryggis- og samvinnuráðstefnuna, sem haldin var í Helsinki á sínum tíma, og það samkomulag, sem kennt er við Helsinki. Mannréttindadeilurnar hafa risið í sambandi við þá ráðstefnu og í skjóli þess, að samningurinn, sem gerður var, opnar á vissan hátt fyrir það að samningsþjóðirnar geti rætt um ýmis mannréttindamál sem nefnd eru í viðkomandi „kúrfu“ samkomulagsins, án þess að hafa afskipti af innanríkismálum annarra.

Hins vegar vil ég taka fram að ég er mjög sammála því viðhorfi sem hæstv. ráðh. lætur í ljós til framþróunar Helsinki-sáttmálans og þeirrar ráðstefnu sem á að fara fram í Belgrad í Júgóslavíu nú á næstunni. Verður þar fjallað um hvernig þetta samstarf, sem tókst í Helsinki, þróist á næstunni. Ég tel það rétt, sem hann segir, að það væri óviturlegt að gera Belgradráðstefnuna að neins konar réttarhöldum yfir einstökum þátttökuríkjum. Þótt mannréttindamálstaðurinn sé góður væri miklu fórnað ef hann yrði til þess að splundra þessu samkomulagi algerlega, eins og ekki er útilokað að gæti gerst ef illa yrði á málum haldið í Belgrad.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um hafréttarráðstefnuna, og á því sviði get ég einnig tekið undir skoðanir hans. Eg vil láta í ljós þá skoðun að við Íslendingar verðum að halda áfram virkri þátttöku í hafréttarráðstefnunni og sýna að við höfum áhuga á fleiru en því sem kemur okkur sjálfum til góða. Aðdragandi þessarar ráðstefnu var mjög merkur, þegar fram kom hugsjónin um það, að allt haf utan við landhelgi strandríkja skyldi verða sameiginleg eign mannkynsins og auðæfi hafsbotnsins skyldi verða hagnýtt fyrir fátækar þjóðir. Þetta er einhver stórbrotnasta hugsjón í alþjóðamálum sem fram hefur komið um langan tíma, og jaðrar við að hún jafnist við stofnun og tilgang Sameinuðu þjóðanna sjálfra. Þetta er auðvitað mesta þjóðnýting sem nokkrum manni hefur dottið í hug á jörðinni. En ég hygg að það sé þýðingarmikið skref fyrir örlög mannkynsins að þetta takist. Ef það tekst ekki, þá mun ríkja ástand á höfunum sem verður komandi kynslóðum ekki til blessunar. Það er því mikilvægt að samkomulag náist um verkefni fyrstu nefndar á ráðstefnunni, sem er samningurinn um úthafið, og ég vænti þess að íslenska sendinefndin, sem að minni hyggju hefur unnið gott starf, sérstaklega forustumaður hennar, um langt árabil, haldi áfram og leggi lóð sín á vogarskálar þess að lausn finnist á þessum vandamálum. Sitthvað er raunar óvíst enn varðandi önnur mál sem þarna eru og gætu vel komið upp. Hæstv. ráðh. nefndi nokkur þeirra, og við eigum fullkomið erindi þó ekki væri nema til að fylgja þeim eftir. En tilhneiging hefur verið til þess að íslenska sendinefndin einbeitti sér að okkar eigin hagsmunamálum, en léti hitt algerlega sitja á hakanum, jafnvel að ganga svo langt að láta úthafsmálin vera sem eins konar verslunarvöru, þannig að við værum reiðubúnir til þess að rétta þar einhverjum hjálparhönd sem vildi hjálpa okkur með fiskveiðilögsöguna. Þetta eru e. t. v. ekki annað en venjuleg vinnubrögð á alþjóðavettvangi, en engu að síður held ég að það sé mikilvægt fyrir okkur og sóma okkar að við sýnum áfram jákvæðan áhuga á þessu máli.

Ég minntist á að hæstv. ráðh. hefði látið sér nægja fá orð um öryggismál okkar og varnarmál. Mér finnst varnarmálin og framkvæmd þeirra vera svo umsvifamikil að það hljóti að vera efni í kafla í skýrslu einu sinni á ári að skýra þjóðinni frá nokkrum helstu atriðum í sambandi við þau. Það er ekki nóg að taka þau til umræðu annað eða þriðja hvert ár, þó að það sé þakkavert hvenær sem það er gert.

Í þessu sambandi sakna ég þess, sem mér finnst að Alþ. ætti að ræða, hverjar skoðanir okkar eru á þróun öryggismála í nágrenni við okkur, sérstaklega fyrir norðan okkur á Atlantshafinu, hvað er að gerast í samningum norðmanna og rússa sem geta haft áhrif á allt þetta svæði. Snertir þetta okkur nokkuð? En menn virðast ekki hafa mikinn áhuga á slíkum bollaleggingum eða tilraunum til þess að flytja upplýsingar, sem kynnu að vera fyrir hendi, eða draga fram skoðanir annarra manna, þó að varla sé hægt að opna svo blað t. d. í Noregi að ekki séu greinar og fréttir um þessi mál. Og ég sakna þess líka að ekkert skuli vera rætt um hlustunartækni sem notuð er hér á Íslandi og umhverfis landið. Þó að fréttir segi okkur að hlustunardufl reki á land og fiskibátar veiði upp hlustunarkapla, þá ríkir einhver dómadagsþögn um þetta málefni sem hægt er að lesa um í erlendum tímaritum. Ef menn vilja kynnast þessari tækni, sem veldur því að hafið umhverfis Ísland, þ. á m. fiskimiðin, er morandi af hlustunartækjum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og e. t. v. fleiri aðila, get ég vísað til árbókar þeirrar stofnunar í Stokkhólmi, SIPRI, sem hv. síðasti ræðumaður gerði mjög að umtalsefni. Hygg ég að hann hafi ekkert ofsagt um það hversu fróðlegt er að fylgjast með þeim upplýsingum sem sú stofnun birtir um friðar- og vopnamál. Ég tel að þetta atriði, sem sjómenn okkar reka sig á og rekur upp á strendur okkar, sé veigamikið í sambandi við skilning á því, hvernig varnir Íslands eru framkvæmdar, hvað það er sem er að gerast hér, hvernig stendur á því að önnur ríki hafa áhuga á okkur og af hverju sá áhugi stafar. En veigamikið svið, sem getur veitt okkur skýringar sem hafa áhrif á þessi mál, er ekki talað um. Íslenska þjóðin hefur aldrei heyrt þetta nefnt fyrr en hún heyrir fréttirnar, og íslensku blöðin eru nú einu sinni þannig, að þau taka þessi dufl og fara að gera úr þeim annaðhvort rússagrýlu eða einhverjar vangaveltur um að ameríkanar hafi skrifað með rússnesku letri á duflin, þó að ekki þurfi nema miðlungs áhugamann um þessi mál til þess að geta ímyndað sér hvað þarna er á ferðinni.

Ég hef aldrei verið í þeirri stöðu að fá neinar upplýsingar um varnarliðið undir þagnarheiti og hef aldrei getað fengið neinar upplýsingar um þessa hluti frá varnarliðsmönnum hér á Íslandi eða NATO-mönnum í Brüssel eða Norfolk. En með því að lesa þekktustu rit um þessi mál kemst maður að þeirri niðurstöðu að eitthvað meira en lítið hljóti að vera á ferðinni.

Ég sakna þess einnig að heyra jákvæðar fréttir frá hæstv. ráðh. um flugstöðvarmálið á Keflavíkurflugvelli. Það var sagt fyrir nokkrum áratugum, þegar mönnum þóttu framkvæmdirnar við Miklubraut í Reykjavík ætla að dragast, að strákur hafi verið spurður að því hvað hann ætlaði að gera þegar hann yrði stór, og hann sagði: Ég ætla að vinna í Miklubrautinni. Ég held að það hljóti að fara svo að yngri menn í vissum embættum geti sagt, að það verði ævistarfið þeirra að dunda við það að undirbúa þessa flugstöð. Ég er sjálfur sannfærður um að búið væri að reisa hana ef vinstri stjórnin hefði ekki forklúðrað þeim málum eins og öðru í íslenskum utanríkismálum. En aðskilnaðurinn á milli farþegaflugsins og varnarliðsins er aðkallandi mál. Það er óþolandi fyrir virðingu íslendinga að þetta skuli blandast saman á þann hátt sem gerist á flugvellinum.

Ég sakna einnig nánari frásagna um ýmislegt annað í sambandi við rekstur flugvallarins til viðbótar við sitthvað sem hefur komið fram í fjölmiðlum og var nefnt í ræðu síðasta ræðumanns. Er forvitnilegt að vita hver viðhorf manna eru til öryggis farþega á flugvellinum. Það er stórmál á flugvöllum um allan heim, þótt það snerti e. t. v. ekki varnirnar beint. Einnig væri forvitnilegt að heyra hvernig öryggisbúnaði flugvallarins fyrir farþegaflug í heild er háttað.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma í að ræða fleiri atriði sem hæstv. ráðh. drap á. Um mörg þeirra, eins og viðhorfin til Suður-Afríku og til þróunarlandanna, er ég algerlega sammála því sem fram kemur í skýrslunni. Ég gleðst eins og aðrir yfir því sem hefur náðst í sambandi við hjálpina við þróunarlöndin, þó að við séum enn mjög skammt á veg komnir. Það var þó virðingarverð aukning sem varð við afgreiðslu síðustu fjárl., og ég vænti þess að atkv. Íslands á alþjóðavettvangi verði áfram notuð til þess að styðja þá almennu stefnu varðandi þriðja heiminn sem hæstv. ráðh. lýsti sérstaklega í því sem hann sagði um Suður-Afríku.

Að lokum vil ég láta í ljós ánægju yfir því, að hrundið skuli hafa verið í framkvæmd þeirri tilraun að sendiherra með aðsetri í Reykjavík annist samband við ýmis fjarlæg lönd. Hann er að vísu orðinn einsdæmi í veröldinni, því hann er sendiherra hjá hálfu mannkyninu, en við erum líklega einsdæmi líka. Mér er minnisstætt þegar það var fyrst nefnt við íra fyrir 10—15 árum, hvort þeir mundu sætta sig við að maður úr Reykjavík væri útnefndur sendiherra í Dyflinni. Þeim kom þetta þá svo spánskt fyrir sjónir, að þeim fannst það ógerlegt með öllu, vildu heldur hafa mann sem sæti í Kaupmannahöfn, sem líklega er álíka langt frá Dyflinni og Reykjavík. En ég vænti þess að þegar tími verður til að rannsaka þessa tilraun gagnrýnum augum muni koma í ljós að hún hafi gefist vel.

Um aðrar breytingar á utanríkisþjónustunni vil ég láta í ljós að ég hef ekkert nema gott um þær að segja. En það kann að vera veikleiki manns, sem er í stjórnarandstöðu og hefur dálítinn áhuga á utanríkismálum, að ég tel það ekkert sérstakt hrós um hæstv. ráðh., að það hafi ekki fjölgað starfsfólki í rn. í 10 ár — 10 umbrotaár. En ég veit að hann er hagsýnn maður og hefur með því sýnt fullan trúnað við ríkisstj. sem auðvitað eru allar sparnaðarstjórnir. Engu að síður verður hver að bjarga sér í kerfinu, þegar öllu er á botninn hvolft, og ég vænti þess, að utanríkisþjónustan fái með árunum þá starfs-

krafta og þá aðstöðu sem hún þarf til að geta gegnt hlutverki sínu. Hún hefur gert það vel, er sífellt að gera betur. Því er ekki að leyna, að utanríkisþjónustan er mjög lítil miðað við það verkefni sem hún hefur. Lítil verður hún alltaf að vera. En við skulum vænta þess, að við getum gert vel við hana ekki síður en aðra þætti stjórnkerfisins í framtíðinni.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég tel vel á því fara að hæstv. utanrrh. skuli hafa valið að hefja skýrslu sína um utanríkismál á kafla þar sem vikið er að mannréttindamálum í heiminum. Tilvera sjálfstæðs lýðfrjáls þjóðfélags á Íslandi er, þegar allt kemur til alls, reist á þeirri bjargföstu trú, að þegar til lengdar lætur séu skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, samtakafrelsi og ferðafrelsi öflugri en vopn og vígvélar. Þetta er grundvallarsannfæring okkar sem fyrir hvern mun viljum halda uppi lýðfrjálsu þjóðfélagi í landinu.

Við, sem lifað höfum áratugina beggja vegna miðbiks þessarar aldar, höfum fengið að heyra marga spádóma um þverrandi lífsmátt og slæmar framtíðarhorfur lýðfrjálsra þjóðfélaga og lögbundinna stjórnarhátta í heiminum. Einatt hefur virst dökkt í álinn og ýmislegt mátti færa því til sönnunar að bölsýnismennirnir hefðu nokkuð til síns máls. Samt tel ég reynsluna sýna að spádómar þeirra hafi orðið sér til skammar. Það þarf ekki annað en líta á atburði síðasta árs, t. a. m. í sunnanverðri Evrópu eða sunnanverðri Asíu, til að sannfærast um hver þróttur er í lýðræðislegu stjórnarfari og frelsisþrá þjóðanna. Eftir áratuga fasistastjórn eru þjóðir Pýreneaskaga, portúgalir og spánverjar, sem óðast að koma á hjá sér lýðfrelsi og lýðræðislegum stjórnarháttum. Ekki er langt síðan einræðisstjórn herforingja í Grikklandi hrundi til grunna undan þunga illra verka sinna. Og fyrir fáum vikum gerðist það í öðru fjölmennasta ríki heims og fjölmennasta lýðræðisríki sem uppi hefur verið, að þar skipti í fyrsta skipti í sögu sjálfstæðs Indlands um stjórn. Valdaflokkurinn þar um marga áratugi beið ósigur í kosningum og orsökin að ósigri hans var fyrst og fremst að allra dómi að valdhafarnir höfðu vegið að lýðræðis- og frelsishefð í landinu.

Það hefur einnig sýnt sig á síðustu missirum, að Helsinki-samþykktin, kafli hennar um mannréttindi, hefur sýnt mátt sinn, sýnt lífsmagn frelsishugsjónar. Meðan Helsinki-ráðstefnan var á döfinni spáðu ýmsir hraklega fyrir henni, en reynslan hefur tvímælalaust sýnt á þeim skamma tíma, sem liðinn er síðan gengið var frá samþykktum ráðstefnunnar, að sú mikla vinna og tími, sem fór í það starf var ekki unnið fyrir gýg.

Ég vil í þessu sambandi gera sérstaklega að umræðuefni, að að mínum dómi skorti nokkuð á að Ísland hafi fyrir sitt leyti sinnt mannréttindamálum á einum vettvangi eins og vert væri og eins og okkur ber. Þar á ég við þær samþykktir sem byggðar voru eftir langt þóf og mikið starf á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Enn hefur Ísland ekki gerst aðili að þessum samþykktum, hvorki hinni almennu samþykkt um að halda mannréttindi í heiðri né hinni sérstöku um að leggja mannréttindamál að vissu marki undir dóm á vegum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Ég tel ekki vansalaust að ár líði eftir ár án þess að nokkuð örli á því að íslenskar ríkisstjórnir geri alvöru úr því að Ísland gerist aðili að þessum samþykktum og fullgildi þær fyrir sitt leyti, en nú mun loks fullnægt þeirri ríkjatölu sem þarf til þess að samþykktirnar komi til framkvæmda.

Ég vil fagna því sem fram kom í skýrslu hæstv. utanrrh. um breytta afstöðu Íslands til þróunaraðstoðar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Á árum áður, þegar við hæstv. utanrrh. sátum saman í ríkisstj., var það sameiginleg afstaða okkar að Íslandi bæri að afþakka þær fjárhæðir sem til boða stóðu af þróunarfé frá stofnun Sameinuðu þjóðanna, og ég samgleðst hæstv. ráðh. að þetta markmið er nú orðið að veruleika, að sá skerfur, sem Ísland átti kost á, hefur verið afþakkaður og við tökum ekki lengur fé til okkar þarfa frá margfalt brýnni þörfum fátækustu þjóða veraldar. Þá er það einnig ánægjuefni að framlag Íslands hefur verið nokkuð aukið til þróunaraðstoðarstofnana á vegum Sameinuðu þjóðanna, en þó má miklu betur gera ef duga skal til að sóma Íslands sé borgið.

Meginefni þess máls, sem ég mun flytja hér, er um þau viðhorf sem skapast hafa eftir að stefna Íslands um lögsögu strandríkja yfir miðum fyrir ströndum sínum hefur unnið algeran sigur hvað okkur snertir og 200 mílna reglan er að verða almenn regla við Norður-Atlantshaf. Mér finnst of mikið á því bera að fólk telji að hér sé um málalok að ræða, að þessi sigur færi okkur í sjálfu sér svo öfluga aðstöðu að þessum málum þurfi ekki að sinna að sama marki hér eftir og verið hefur um skeið, að þeim þurfi ekki að helga þá athygli og umhugsun sem verið hefur á baráttuskeiðinu. Hér hafa aðeins orðið að mínum dómi áfangaskipti. Nýr áfangi er að hefjast, ný þróun við breytt skilyrði. Ekki þarf annað en að benda á hversu breytt viðhorf ríkja um fiskverndarmál á alþjóðavettvangi hafa sýnilega fallið í breyttan farveg nú alveg á síðustu mánuðum. Það er komið í ljós að þær alþjóðastofnanir, sem fjallað hafa um fiskverndarmál á Norður-Atlantshafi, Norðaustur-Atlantshafs- og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndirnar, eru í rauninni úr sögunni. Nú hljóta sameiginlegar aðgerðir margra ríkja á þessu svæði að byggjast á 200 mílna lögsögu strandríkja og þá er þátttaka veiðiríkjanna úr sögunni, þeirra veiðiríkja sem eiga ekki land að þessu hafsvæði, í því formi sem hún hefur verið meðan nefndirnar tvær störfuðu. Strandríkin hafa þessi mál algerlega í sínum höndum. Veiðiríkin falla út nema þá sem samningsaðilar við strandríkin sem hafa um það sjálfdæmi hvern hlut veiðiríkjanna þau vilja gera. Yfirráð fiskimiða á Norður-Atlantshafi eru í rauninni hér eftir í höndum fárra ríkja: Bandaríkjanna, Kanada, Grænlands, Íslands, Færeyja og Noregs, og Efnahagsbandalags Evrópu, þar sem sá hluti af sameiginlegri lögsögu þess bandalags, sem Bretlandi heyrir til, hefur langmesta þýðingu.

Kanadastjórn hefur þegar átt frumkvæði að

því að koma skipan á mál á Norðvestur-Atlantshafi að Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðanefndinni frágenginni. Fyrsti undirbúningsfundur í því skyni var haldinn á þessum vetri. Á Norðaustur-Atlantshafi hafa átt sér stað viðræður milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, enn sem komið er mjög lauslegar viðræður um sjónarmið í fiskverndarmálum. Sömuleiðis hafa átt sér stað viðræður um sama efni og einnig um veiðimál milli Noregs og Efnahagsbandalagsins. Vandkvæði eru nokkur á því að ræða þessi mál á ákveðnum grundvelli vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir að sumu leyti um hvernig háttað verður framkvæmd á fiskveiðilögsögu við Grænland, og það mál skiptir auðvitað mestu fyrir okkur Íslendinga hvað varðar fiskimið sem koma innan lögsögu annarra ríkja. Engu að síður ber að mínu viti mikla nauðsyn til að við Íslendingar verjum bestu kröftum, sem stofnanir okkar á þessu sviði eiga yfir að ráða, til að meta aðstöðuna og móta stefnu. Það er aðkallandi að staðan sé metin og mótuð meginstefna sem von sé til að staðist geti fram í tímann.

Annar þáttur þessara mála er e. t. v. ekki eins aðkallandi, en getur þegar frá líður orðið enn þýðingarmeiri. Þar á ég við áhrifin af útfærslunni í 200 mílur umhverfis okkur, í viðskiptalöndum okkar, á þær markaðsaðstæður sem við þurfum að sæta fyrir útflutning á íslenskum sjávarafurðum í þessum löndum. Þýðingarmestu markaðssvæði okkar eru Bandaríkin, Vestur-Evrópa og Sovétríkin. Ég tel sýnt nú þegar, að áður en mjög langt um líður hljóti áhrif útfærslunnar í 200 mílur hjá þeim ríkjum, sem kaupa af okkur þorra fiskafurða okkar, að segja til sín. Innan 200 mílna lögsögu Bandaríkjanna koma gagnauðug fiskimið, líklega þau sem helst eru sambærileg eða hafa verið sambærileg við fiskimiðin við Ísland að fiskigengd um langan aldur. Á miðunum úti fyrir fylkjum Nýja-Englands á norðausturströnd Bandaríkjanna voru fram eftir öldum stundaðar fiskveiðar í stórum stíl og þær voru þar þýðingarmikil atvinnugrein. Þeim hefur á síðustu öld hnignað verulega á þessu svæði vegna samkeppni iðnaðarins, þegar háborg bandarískrar iðnþróunar var í Norðausturfylkjunum. Nú er sú breyting á orðin, að bandarískur iðnaður flyst í vaxandi mæli til annarra landshluta. Í norðausturhluta Bandaríkjanna og sérstaklega í Nýja-Englandi ríkja breyttir atvinnuhættir. Þetta landssvæði er tiltölulega illa statt í atvinnumálum. Krafan um útfærslu af Bandaríkjanna hálfu í 200 mílna fiskveiðilögsögu kom líka fyrst og fremst frá fylkjum Nýja-Englands, t. d. Massachusetts og nálægum fylkjum. Og það fór ekki milli mála og kom mjög skýrt fram í máli þeirra manna, sem beittu sér fyrir útfærslunni í Bandaríkjunum, að tilgangurinn var að gera sjávarútveg á ný að þýðingarmikilli undirstöðu í atvinnulífi þess svæðis. Því verður gerð gangskör að því, jafnframt því að þessi bandarísku mið verði friðuð fyrir stórveiði erlendra flota og stofnarnir réttir við, þá munu bandaríkjamenn, bæði stjórnvöld og útgerðarmenn, gera ráðstafanir til að stórauka fiskveiðar og fiskvinnslu á grundvelli forgangsréttarins á fiskimiðunum innan 200 mílnanna. Þetta mál varðar okkar stórum að mínum dómi. Skilyrðin fyrir fiskútflutningi okkar til Bandaríkjanna, fyrir fisksölu fyrirtækja í íslenskri eigu í Bandaríkjunum, hljóta að breytast þegar þessi þróun kemst á rekspöl. Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið að fylgjast vandlega með því, hvað í vændum er, og móta hugmyndir um hversu bregðast skuli við þegar áhrifa útfærslunnar við Bandaríkin fer að gæta fyrir fiskveiðar þar og á fiskmarkaðinum í því stóra og þýðingarmikla markaðslandi okkar.

Öðru máli gegnir um Sovétríkin. Um þau þrengist stórlega á fjarlægari miðum við útfærslu í 200 mílur. Þau verða þar með háðri eigin lögsögu sem einkum nær yfir auðug fiskimið í Barentshafi og Hvítahafi. Þar er aflinn að mestu sömu fisktegundir og sovétmenn hafa keypt af okkur Íslendingum í mestum mæli hingað til. Því eru þar, eins og reyndar í Bandaríkjunum, horfur á því að breytingarnar, sem fylgja í kjölfar útfærslunnar í 200 mílur, verði til þess að þrengja aðgang íslenskra útflutningsaðila að fiskmörkuðunum.

Þetta verður til þess að áður en langt um líður hljóta íslenskir fiskútflytjendur og íslensk stjórnvöld að beina sjónum í vaxandi mæli að þriðja helsta markaðssvæðinu, Vestur- og Suður-Evrópu. Þróun útflutnings til ríkja Efnahagsbandalagsins, frá því að bókun 6 tók gildi fyrir tæpu ári, sýnir óumdeilanlega að skilyrðin eru góð fyrir sölu íslenskra sjávarafurða í stórum stíl á þessu markaðssvæði þegar íslenskir útflutningsaðilar fá þar jafna aðstöðu og samkeppnisaðilar þeirra. Nú hefur Portúgal sótt um inngöngu í Efnahagsbandalagið, og umsóknar frá Spáni um inngöngu í það bandalag er að vænta strax og um garð eru gengnar breytingarnar í lýðræðisátt á stjórnarfari þar í landi. Því getur svo farið innan nokkurra ára að tvö helstu markaðslönd íslenskra saltfiskútflytjenda verði komin inn á svæði Efnahagsbandalagsins, en saltfiskur er, eins og kunnugt er, sú fiskafurð sem verð hefur haldist einna stöðugast á í verðsveiflum síðustu ára.

Ég tel því að hér beri allt að sama brunni, að markaðir í Vestur-Evrópu og Suður-Evrópu, sem búast má við að tengist í einn sameiginlegan markað áður en langt um líður, öðlist vaxandi þýðingu fyrir íslenskan fiskútflutning. En þar er, eins og allir vita, ófrýnilegt ljón á veginum. Tvö af áhrifamestu ríkjum Efnahagsbandalagsins eru einmitt þau sem troðið hafa illsakir við Ísland á baráttuskeiðinu fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar að þeim mörkum sem nú er að verða almenn regla og þessar þjóðir hafa tekið sér og farið þar með í slóð okkar Íslendinga. Bretar hafa háð við okkur hvert þorskastríðið af öðru og þeir ásamt vesturþjóðverjum beittu sér fyrir því, að Efnahagsbandalagið beitti okkur um skeið viðskiptaþvingunum til þess að reyna að knýja fram veiðiheimildir sér til handa á íslenskum fiskimiðum. Það er ljóst að enn sækjast þessi ríki eftir veiðiheimildum, og betra er að gera ráð fyrir að stjórnir þeirra séu enn til alls vísar. Ég tel reynsluna sýna að svo sé. Þetta gerir öll samskipti okkar við Efnahagsbandalagið erfið. Þau hafa vaxandi þýðingu og þeim fylgir vaxandi vandi.

Það er rangt að hafa hljótt um þessi mál, um þessi breyttu viðhorf, sem við hljótum að mínum dómi að standa frammi fyrir áður en langt um líður. Það er engum til góðs í þessu né nokkru öðru þýðingarmiklu máli að láta liggja í láginni breytingarnar, sem sjá má fyrir, og vandkvæðin, sem á því eru að bregðast við þeim á æskilegan hátt. Um þessi mál öll þarf að mínum dómi opinberar umræður í miklu meiri mæli en átt hafa sér stað hingað til. Það er áríðandi að þjóðin geri sér ljósar þær aðstæður sem geta skapast á þessu sviði von bráðar. Stjórnvöldum ber tvímælalaus skylda til að kanna þessi mál sem nánast, móta afstöðu til þeirra og skýra almenningi frá því mati á horfum sem komist verður að eftir þeirri vitneskju, sem fyrir liggur á hverjum tíma, og hver úrræði virðast vænlegust til að taka því sem að höndum kann að bera.

Ég vil taka skýrt fram, að það er síður en svo að þessi orð mín megi skilja sem ádeilu eða gagnrýni á hæstv. ráðh. fyrir að þessu atriði skuli ekki gerð skil í skýrslu hans um utanríkismál. Þarna er að sjálfsögðu um að ræða málefni sem eru fullt eins mikið á vegum sjútvrn. og viðskrn. og utanrrn. En málið er þó í eðli sínu fyrst og fremst utanríkispólitískt að mínum dómi. Því vildi ég ekki láta hjá líða að koma þessum sjónarmiðum á framfæri í einu umr. á Alþ. þar sem fjallað er um utanríkismál á breiðum grundvelli.

Guðmundur H. Garðarsson: Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir góða skýrslu um utanríkismál og hafði hugsað mér að fjalla hér um þann þátt utanríkismála sem snýr að utanríkisviðskiptum. Það kom mér satt að segja mjög á óvart að hv. síðasti ræðumaður, Magnús T. Ólafsson, skyldi þó einn þm. víkja nokkuð að utanríkisviðskiptunum í sambandi við utanríkismál þjóðarinnar. Þau þing, sem ég hef setið, hefur þessi þáttur utanríkismála íslendinga og sú stefnumótun, sem þar hefur átt sér stað, lítið verið til umr. og ég vil segja verið vanræktur. Ég vil þess vegna taka undir lokaorð hv. þm. þegar hann sagði hér áðan, að þetta væri sá þáttur í utanríkismálum íslendinga sem alþm. ættu að fjalla meira um, bæði vegna eigin starfa og vegna þjóðarinnar.

Ég mun víkja nokkru nánar að því sem hv. þm. Magnús Torfi sagði í sambandi við mat hans á einstökum mörkuðum og markaðsmöguleikum fyrir sölu íslenskra afurða í framtíðinni. En áður vil ég fjalla með nokkuð öðrum hætti um utanríkismál heldur en tíðkast hefur hér þegar skýrsla utanrrh. hefur verið rædd á undangengnum árum.

Sú skýrsla, sem fram er lögð, er samin að hefðbundnum hætti. Þar er fjallað almennt um þróun alþjóðamála, talað um Mið-Austurlönd, málefni sunnanverðrar Afríku, aðgerðir í framhaldi að Helsinki-ráðstefnunni, Sameinuðu þjóðirnar, hafréttarmál, öryggismál o. s. frv. En síðan kemur sá kafli, sem ég hafði hugsað mér að helga mína ræðu, um utanríkisviðskipti. Sá kafli í skýrslu hæstv. ráðh. er mun ítarlegri en í fyrri skýrslum á síðustu árum og fagna ég því mjög, því að ég er þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. Magnús T. Ólafsson, að utanríkisviðskiptin séu raunverulega veigamesti þáttur utanríkismála næst varnar- og öryggismálum.

Umr. um utanríkismál Íslands, þegar undan eru skilin varnar- og öryggismál, hafa ekki verið miklar á liðnum árum, og ber sérstaklega að harma hversu lítil áhersla hefur verið lögð á af hálfu íslenskra stjórnmálamanna að fjalla um þýðingu utanríkisviðskipta í stefnumótun utanríkismála. Það skal dregið í efa að allur almenningur og jafnvel hv. þm. geri sér nægilega góða grein fyrir mikilvægi utanríkisviðskipta fyrir frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar né því orsakasambandi sem er á milli frjálsra utanríkisviðskipta og einstaklingsfrelsis.

Um þessar mundir eru liðin 37 ár frá því að íslendingar fengu utanríkismál til fullrar og sjálfstæðrar meðferðar. Það var í apríl 1940 við hernám þjóðverja á Danmörku, en samkv. samsandslögunum frá 1918 fóru danir með utanríkismál fyrir Íslands hönd. Hernámið gerði dönum ókleift að fjalla um þessi mál, og hinn 10. apríl 1940 samþykkti Alþ., sem þá sat, þáltill. um að Ísland skyldi að svo stöddu taka meðferð utanríkismálanna í sínar hendur. Á grundvelli þessarar þál. voru síðan gefin út brbl. nr. 120 frá 8. júlí 1940, um utanríkisþjónustu erlendis.

Frá því að þessir atburðir áttu sér stað eru liðin 37 ár, eins og ég gat um áðan. Á þessu tímabili hafa orðið mikil umskipti í heiminum og þeir atburðir gerst er kollvarpað hafa eldri hugmyndum um stöðu og samskipti þjóða. Á þessum tíma hefur mikill fjöldi þjóða öðlast frelsi og sjálfstæði, þ. á m. Ísland árið 1944. En á sama tíma hafa aðrar þjóðir glatað því algerlega og hafa verið innlimaðar í ríkjaheildir eða samsteypur, svo sem átti sér stað með Eystrasaltslöndin og fleiri ríki á yfirráðasvæði Sovétríkjanna, svo að dæmi sé nefnt.

Í umróti seinni heimsstyrjaldarinnar, 1939—1945 og á næstu árum þar á eftir, þurftu íslendingar að þreifa sig áfram um mótun sjálfstæðrar stefnu í utanríkismálum, — stefnu sem hentaði smáríki í baráttu þess fyrir frelsi og sjálfstæði í samræmi við þjóðareðli og forna arfleifð. Vandi þjóðarinnar og forustumanna hennar var mikill, en grundvöllur stefnumörkunar var skýr. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar vildi að stefna í utanríkismálum hvíldi á borgaralegum, þingræðislegum grundvelli sem tryggði þjóðinni og einstaklingunum sem mest frelsi og sjálfstæði inn og út á við. Mótun utanríkisstefnu Íslands á þessum árum var þó að ýmsu leyti örðugt og vandasamt verk. Það þurfti víðsýni og mikinn kjark til að móta frá grunni stefnu í utanríkismálum sem í ýmsum efnum braut í bága við hefðbundnar hugmyndir manna.

Heimsstyrjöldin síðari, er kostaði tugi milljóna manna lífið, gerbreytti heimsmyndinni og sannaði mönnum m. a. skaðsemi gagnrýnislausrar þjóðernishyggju. Mótaði það mjög frambróun í samskiptum þjóða á næstu árum og var lýðræðisríkjunum mikil þvatning til stóraukinnar samvinnu og samstarfs á mörgum sviðum.

Utanríkismál eru eðli málsins samkvæmt mjög margbrotin og fjölþætt. Erfitt er að skilgreina, svo að fullnægjandi sé, hvað í hugtakinu felst.

Í víðustu merkingu má segja að undir utanríkismál heyrir það er varðar hagsmuni Íslands út á við. Sem dæmi má nefna utanríkispólitík landsins, viðskipti við önnur lönd, svo sem stjórnvöld annarra ríkja og verslunaraðila, fyrirsvar Íslands í öðrum ríkjum og hjá alþjóðastofnunum, gæslu hagsmuna íslenskra ríkisborgara utan Íslands o. s. frv. Og vegna smæðar þjóðarinnar og eðlilegrar takmörkunar og mikillar verkaskiptingar kom þegar í upphafi í hlut utanrrh. og utanrrn. að fjalla sérstaklega um öryggis-, varnar- og hafréttarmál.

Forustumenn borgaraflokkanna á sínum tíma skynjuðu vel óskir og kröfur þjóðarinnar í þessum efnum og mörkuðu þá stefnu sem hefur tryggt íslendingum frelsi og öryggi í tæplega fjóra áratugi. Áhersla var lögð á sjálfstæði Íslands í nánu samstarfi við lýðræðisþjóðir heims. Aðild Íslands að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, Atlantshafsbandalaginu, Fríverslunarbandalagi Evrópu, Norðurlandaráði o. s. frv. bera þessu órækan vott. Aðild Íslands að framangreindum bandalögum og stofnunum felur í sér nánara samstarf en áður þekktist við aðrar þjóðir á mikilvægum hagsmunasviðum samfara ákveðnum skuldbindingum er af viðeigandi þátttöku leiðir. Hin nýja og breytta heimsmynd, sem fylgdi í kjölfar heimsstyrjaldarinnar og Kóreustríðsins 1950—1953, neyddi þjóðir heims til ákveðnari afstöðu til þeirra miklu þjóðfélagsátaka er áttu sér stað á þessum upplausnarárum. Lýðræðisþjóðirnar efndu til efnahags- og varnarsamstarf á þessum árum til varnar borgaralegum lýðræðis- og þingræðisréttindum sem við íslendingar búum enn við eins og flestar aðrar vestrænar þjóðir. Á þessu tímabili hefur verið hart sótt að þessum þjóðum inn og út á við af aðilum sem vilja borgaralegt lýðræði og frelsi feigt. Þá hefur því miður örlað á því að vegið hefur verið sérstaklega að þeim mönnum íslenskum sem mótuðu og hrundu í framkvæmd þeirri stefnu í utanríkismálum Íslands sem hefur tryggt frelsi og fullveldi þjóðarinnar frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Og því miður hafa ómerkilegar og jafnvel rangar fullyrðingar um farsælan árangur þessarar stefnu frjálshyggju og víðsýni verið viðhafðar og þeir forustumenn sumir, sem nú eru fallnir frá, hlotið ranglátan dóm sumra manna, og oft á tíðum hefur verið talað um þjóðholl þeirra á vítaverðan hátt.

Viðskiptaþáttur íslenskrar utanríkisstefnu, sem fyrr er getið, byggðist á frjálsum og óþvinguðum viðskiptum við þær þjóðir sem hentaði hagsmunum Íslands best á hverjum tíma að eiga viðskipti við. Forustumenn íslenskra stjórnmálaflokka hafa aldrei þurft að blanda saman viðræðum um viðskiptahagsmuni Íslands annars vegar við öryggis- og varnarhagsmuni þjóðarinnar hins vegar, sama hvaða ríkisstj. hefur setið að völdum. Og ástæðurnar eru mjög einfaldar. Það var og er hagsmunamál meginþorra íslendinga að borgaralegt lýðræði og öryggi út á við sé verndað í skjóli aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og með víðtæku samstarfi við vestrænar þjóðir á sem flestum sviðum. Þannig hefur það verið í framkvæmd á liðnum 30 árum.

Þjóðin hefur líka í tæplega þrjá áratugi stutt þá flokka sérstaklega sem hafa stofnað til og stuðlað að framgangi utanríkisstefnu Íslands á á framangreindum grundvelli. Yfir 80% kjósenda styður þessa flokka. Íslendingar hafa notið fulls frelsis til að leita og njóta viðskipta við aðrar þjóðir. Aðild Íslands að NATO hefur hvorki hindrað né stuðlað að viðskiptum við einstakar þjóðir á því tímabili sem um er að ræða. Íslendingar hafa t. d. óhindrað haft sín viðskipti við Sovétríkin á þriðja áratug, selt þangað mikið af frystum sjávarafurðum og keypt í staðinn mestalla þá brennsluolíu og bensín sem þörf hefur verið fyrir.

Umr. sumra um þátt utanríkisviðskipta og afstaða þessara manna til einstakra landa hafa oft og tíðum einkennst af mikilli fákunnáttu eða fáfræði. Hefur jafnvel verið reynt að halda því fram að aðild Íslands að NATO hafi haft áhrif á íslensk utanríkisviðskipti. Þetta er alrangt. T. d. má nefna að á síðustu 30 árum og eftir að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu árið 1949 hafa viðskiptin við Sovétríkin stóraukist. Þessi viðskipti hafa oft verið Íslandi hagkvæm. Aðild að NATO hefur ekki verið þjóðinni fjötur um fót að nýta þá möguleika út í ystu æsar sem þar hafa verið fyrir hendi á hverjum tíma. Það er svo annað mál, hvort Sovétríkin hafa ekki reynt að notfæra sér þessi viðskiptatengsl sér og fylgdarmönnum sínum hérlendis til framdráttar. Á þessu stigi skal ekki frekar farið út í þá sálma.

Því er svo ekki að leyna, að þótt viðskiptin við Sovétríkin hafi á stundum verið Íslandi hagkvæm, en þau hafa til skamms tíma verið á vöruskiptagrundvelli, þá hafi hin frjálsu og óbundnu viðskipti Íslands við Bandaríki Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu verið miklu hagkvæmari og fólkinu í landinu ábatasamari. Sem dæmi má nefna að útflutningur Íslands til Bandaríkjanna á frystum sjávarafurðum síðustu áratugina hefur raunverulega verið kjölfestan í atvinnulífi og góðri lífsafkomu þjóðarinnar. Atvinnuöryggi og bein lífsafkoma þúsunda sjómanna. verkamanna og verkakvenna um land allt hefur byggst á framleiðslu og útflutningi frystra sjávarafurða til Bandaríkjanna, en þangað fer um 75% af öllum frystum sjávarafurðum sem framleiddar eru hérlendis. Þar hefur verðlag á frystum sjávarafurðum verið hvað hæst og fyrir þann markað hafa því dýrustu vörurnar verið framleiddar. Þetta eru staðreyndir sem ég heyri yfirleitt aldrei talað um á hv. Alþ., ég veit ekki hvernig á því stendur — fyrr en hv. þm. Magnús Torfi fór að fjalla um þessi mál með þeim hætti sem mjög æskilegt er að ræða um utanríkismál. Hann sagði m. a. að það væri gott fyrir hv. alþm. og þjóðina í heild að gera sér grein fyrir því og hugsa til þess hver framtíðarþróunin verður væntanlega í þessum málum við það að aðrar þjóðir hafa fært fiskveiðilögsögu sína út í 200 sjómílur.

Mér fannst vangaveltur hv. þm. mjög athyglisverðar þegar hann skipti réttilega helstu markaðssvæðum íslendinga í þrjú höfuðsvæði, í fyrsta lagi Norður-Ameríka, þ. e. a. s. Bandaríkin og Kanada, í öðru lagi Vestur-Evrópu og í þriðja lagi Austur-Evrópu og Sovétríkin. Hv. þm.

ræddi um áhrif útfærslunnar með tilliti til þess, hvort búast mætti við því að mikil framboðsaukning yrði á fiski t. d. í Bandaríkjunum, þannig að íslendingar yrðu að fara að athuga sinn gang í þeim efnum með tilliti til markaðsuppbyggingar í Vestur-Evrópu sérstaklega. Um það, hvort staða íslenskra útflutningsaðila þrengist janfmikið, t. d. í Bandaríkjunum, eins og hv. þm. kom inn á, er ég ekki alveg sömu skoðunar um þróunina næstu tvo áratugina, m. a. vegna þess að bandarískur sjávarútvegur er kominn á ég vil segja það niðurlægingarstig, að það eru litlar líkur fyrir því, að hann geti náð sér upp með þeim hætti að það framboð fisks, sem hann mun koma til með að setja inn á bandaríska markaðinn, breyti miklu þar um. Ef við höfum það í huga að framleiðsla Bandaríkjanna á þorskfiskafurðum og innflutningur á tímabilinu 1948—1975 hefur breyst þannig, að árið 1948 gátu bandaríkjamenn sjálfir látið markaðnum í té 72% af þörfum hans, en innflutningur 28%, en árið 1975 er svo komið að 93% af þörfum markaðarins fyrir þessar fisktegundir er fullnægt með innflutningi, en 7% var eigið framboð, þá sér maður hvílík gífurleg breyting hefur þarna á orðið. Það eitt mundi t. d. ekki nægja í þessari stöðu að fiskstofnarnir styrktust við austurströnd Bandaríkjanna, því að þar eru nú aðallega þær fisktegundir sem íslendingar selja í Bandaríkjunum, — það eitt, að þessir stofnar styrkist, mundi ekki nægja, vegna þess að flóttinn úr þessari atvinnugrein í Bandaríkjunum, bæði sjávarútvegi og fiskiðnaði, hefur verið það mikill og lífsafkoma manna í sjávarútvegi og fiskiðnaði í Bandaríkjunum er langt fyrir neðan það meðallag sem þekkist í bandarísku atvinnulífi, að það þarf mjög mikla breytingu til hins betra til þess að það þrífist með þeim hætti að okkur ætti að stafa hætta af auknu framboði frá bandaríkjamönnum sjálfum. Hins vegar er hugsanlegt að kanadamenn, sem að vísu eru líka komnir nokkuð langt niður í sjávarútvegi, gætu eflt sjávarútveg sinn á ný og aukið útflutning sinn til Bandaríkjanna og þar gæti komið aukin samkeppni gagnvart íslenskum fiski á næstu árum. En þá er einnig rétt að hafa það í huga, að fiskverslun hefur aukist gífurlega mikið í Bandaríkjunum á síðustu árum og áratugum. Bæði hefur hún aukist nokkuð vegna aukinnar fiskneyslu á hvern íbúa og svo hefur hún aukist að sjálfsögðu við hina miklu íbúafjölgun sem er í Bandaríkjunum. Einnig má geta þess, að bandaríkjamenn stefna hröðum skrefum að því að minnka kjötneyslu. Þá eru bæði íslensku fyrirtækin og önnur fyrirtæki, sem selja fiskafurðir í Bandaríkjunum, orðin miklu áhrifameiri aðili á markaðnum í Bandaríkjunum en þau voru fyrir nokkrum árum og geta þess vegna haft mun meiri áhrif á neyslu fisks í framtíðinni heldur en verið hefur hingað til. Hins vegar er ég sammála hv. þm. Magnúsi Torfa, að þetta er auðvitað mál sem þarf að huga að og ekki séu ráð nema í tíma séu tekin.

Ég er sammála hv. þm. varðandi Sovétríkin, að þar munu markaðsmöguleikar okkar hugsanlega þrengjast í framtíðinni, enda hefur það sýnt sig í útflutningi sjávarafurða til Sovétríkjanna á síðustu árum að sovétmenn meta stöðuna þannig sjálfir, því að það hefur stórlega dregið úr innkaupum sovétmanna á fiski frá Íslandi á síðustu árum og eru allar horfur á að svo muni halda áfram. En það er ekki eingöngu vegna þess að þeir séu farnir að fiska meira sjálfir eða það standi á okkur að bjóða fiskinn, heldur er hitt, að verðlag á fiski og sjávarafurðum í Sovétríkjunum er fyrir neðan það sem íslendingar vilja selja sinn fisk á í frystu ástandi. Stundum hafa sovétmenn látið þau orð falla í samningaviðræðum, að raunverulega væru þeir að borga jafnvel hærra verð heldur en þeir seldu þann sama fisk út úr búð í verslun í Moskvu þannig að af því mætti draga þá ályktun að viðskipti þessi séu þess eðlis að á þeim sé ekki að byggja, og rétt ályktað hjá hv. þm., að það mun líklegast þrengja mjög um útflutningsmöguleika þangað.

En þá komum við að Vestur-Evrópu. Hvaða möguleika og hvaða skilyrði höfum við til þess að auka útflutning okkar til Vestur-Evrópu? Um verðlag á sjávarafurðum í Vestur-Evrópu, ef undan er skilinn ísfiskur, dagverð á ísfiski, sem getur verið mjög hátt, er það að segja, að það hefur verið fyrir neðan það markaðsverð sem bandarískri markaðurinn hefur boðið. Hins vegar hafa verið að skapast nokkru betri möguleikar á sölu frysts fisks í Vestur-Þýskalandi á síðustu árum, og það er fyrirsjáanlegt að bretar munu hafa mikla þörf fyrir fisk, bæði ísaðan og frystan. Það eru engar líkur fyrir því að bretar geti orðið sjálfum sér nægir í þeim efnum þrátt fyrir útvíkkaða fiskveiðilögsögu í kringum Bretlandseyjar og Írland. Það er því ekki nokkur vafi á því að Vestur-Evrópa mun hafa vaxandi þýðingu fyrir íslenska útflytjendur og útflutningsatvinnuvegi á næstu áratugum. Og ég hallast að þeirri skoðun, að það sé einmitt í vesturvegi, í Vestur-Evrópu, sem við gætum hugsanlega haft aukna möguleika á sölu sjávarafurða, að því tilskildu að fiskstofnarnir styrkist við Ísland í framtíðinni og svo einnig vegna þess, að ef eitthvað kynni að dragast saman í Bandaríkjunum, þá er þetta markaðssvæði sem býr við þau lífskjör að markaðirnir munu helst svara þeim verðkröfum sem íslendingar gera vegna framleiðslu sinnar. Þess vegna er mjög þýðingarmikið fyrir íslensku þjóðina að vel takist til í samskiptum hennar við Vestur-Evrópubúa.

Okkur hefur tekist mjög vel í sambandi við útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu. Við höfum fengið viðurkenningu fyrir 200 mílunum af hálfu þessara þjóða, þ. e. a. s. Vestur-Evrópuþjóðanna, og það er engin ástæða til að halda annað en að samskipti okkar við þessar þjóðir muni leysast með farsælum hætti í framtíðinni, þannig að það ætti ekki að vera hindrun í vegi fyrir því að íslendingar fái þau tækifæri í sambandi við sinn vöruútflutning í Vestur-Evrópu sem nauðsynlegt er.

Ég vil svo að lokum fjalla lítillega um þýðingu frjálsra utanríkisviðskipta. Það er ágætt að rifja einstöku sinnum upp að ekki eru allir sammála í þeim efnum hvernig þessi mál skulu vera skipulögð. En hérlendis hafa í áratugi togast á tvö andstæð öfl varðandi stefnuna í utanríkisviðskiptum. Annars vegar hafa verið bar-

áttumenn frjálsrar verslunar og hins vegar talsmenn skipulagshyggju og ófrelsis í þessum efnum sem öðrum. Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur fylkt sér að stefnu frjálshyggju um frjálsa verslun, og má segja að í grundvallaratriðum hafi verið reynt að vinna samkv. því í utanríkisviðskiptum. Stundum hefur reynst erfitt að framkvæma stefnu frjálsrar verslunar í innflutningsmálum vegna óviðráðanlegra erfiðleika í efnahags- og gjaldeyrismálum. En hvað sem því líður er hægt að slá því föstu, að stefna frjálsra viðskipta hafi ráðið frá upphafi stefnumótunar í þessum efnum á fyrsta áratug lýðveldisins Íslands. Og enn er þetta grundvallarstefnan í utanríkisverslun landsmanna og þannig vill meiri hluti þjóðarinnar hafa það.

Ástæður hins mikla fylgis fólks við frjálsa utanríkisverslun eru augljósar. Almenningur vill hafa gott vöruúrval og valfrelsi. Fólk hefur komist að raun um að ríkisforsjá, höft og skömmtun í þessum efnum eru andstæð hagsmunum þess. Reynslan hefur sýnt að vöruúrval við slíkar aðstæður hefur orðið minna og gæði þess, sem á boðstólum er, lakari án þess að verðlag væri hagstæðara.

Utanríkisviðskipti landsins hafa byggst á frelsi einstaklinga og félagasamtaka, framleiðenda til að annast innkaup á vöru landsmanna erlendis frá eða leita markaða þar fyrir útflutningsafurðir þjóðarinnar. Þetta frelsi hefur skilað þjóðinni ómældum verðmætum og raunverulega ráðið úrslitum um frelsi Íslands og sjálfstæði út á við. Fólkið hefur sjálft án afskipta ríkisvaldsins fengið að leita fanga þar sem arðsvonin var mest. Á grundvelli þessa hafa utanríkisviðskiptin þróast á síðustu áratugum og eru nú í nokkuð fastmótuðum skorðum, þannig að íslendingar selja nú meginmagn útflutningsafurða sinna til landa sem kaupa þær á besta fáanlega verði. Á sama tíma eru innkaup gerð frá löndum þar sem þau eru hagkvæmust og vörurnar bestar. Þarf ekki ætíð að fara saman að hakvæmasta markaðslandið fyrir íslenskar vörur séu best þegar að innkaupum kemur. Gott dæmi þess er að á síðustu árum hafa 25—30% af útflutningnum, miðað við verðmæti, farið til Bandaríkjanna, en þaðan hefur innflutningurinn hins vegar aðeins verið 7—9%. Aftur á móti hefur útflutningurinn til Efnahagsbandalagslanda Evrópu verið um 31%, en innflutningurinn um 44% frá þessusvæði. Þannig hafa dollaratekjurnar af útflutningnum til Bandaríkjanna að verulegum hluta verið notaðar til vörukaupa í Vestur-Evrópu eða til að greiða fyrir olíuvörur frá Sovétríkjunum nú síðustu árin vegna minnkandi kaupa rússa á sjávarafurðum frá Íslandi, á sama tíma og íslendingar viðhalda sínum innkaupum þaðan. Vöru- og olíuinnkaup frá þessum löndum hafa verið hagkvæmari en frá Bandaríkjunum. Þannig er viðskiptafrelsið notað þjóðinni í hag.

En framangreindur samanburður segir ekki nema hálfa sögu um eðli þess og kosti að geta valið um markaði fyrir útflutningsvörur þjóðarinnar á hinum frjálsu mörkuðum heims, eins og t. d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku og í Vestur-Evrópu. Það verð, sem fæst fyrir hverja útflutta einingu, og sú verðmætasköpun, sem þar er að baki, er mjög mismunandi eftir því til hvaða markaðslands selt er. Hið sama gildir um atvinnuuppbyggingu og atvinnuöryggi þessu tengt.

Sá útflutningsiðnaður, sem mesta þýðingu hefur fyrir íslenskan þjóðarbúskap, er hraðfrystiiðnaðurinn. Hefur svo verið í þrjá áratugi. Hann er fyrst og fremst grundvallaður á sölu frystra sjávarafurða á hina frjálsu markaði, þ. e. a. s. markaðina í Norður-Ameríku og í Vestur-Evrópu. Sovétríkin og Tékkóslóvakía hafa einnig gegnt þar veigamiklu hlutverki. Sem dæmi má nefna að árlegt hlutfall meðaltals frystra sjávarafurða í útflutningi, miðað við verðmæti, hefur verið 25—40% af heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar á hverju ári. Til samanburðar má geta þess, að sá afurðaflokkur, sem hefur komist næst fiskinum í útflutningi, er saltfiskur. Árlegt meðaltal hans í útflutningnum er þetta frá 10% og upp í 14% á umræddu tímabili, en hefur komist hæst upp í 23%. Saltfiskurinn er einkum seldur til Portúgals og Ítalíu, þ. e. a. s. ríkja, sem eru innan Efnahagsbandalagsins.

Það er þess vegna mikilvægt, þegar rætt er um utanríkismál, að gera sér grein fyrir því hvað felst á bak við utanríkisviðskipti og frelsi í þeim efnum. Á þessari framkvæmd og þeirri stefnu, sem ég hef rætt um að framan, þ. e. a. s. uppbyggingu framleiðslutækja hraðfrysta iðnaðarins á Íslandi og markaðsuppbyggingu erlendis, er raunverulega grundvöllur íslensks atvinnulífs byggður. Rúmlega 100 hraðfrystihús og á annað hundrað saltfisksstöðvar, sem dreift er um allt landið, framleiða staðlaðar vörur eftir kröfum markaðanna allt árið um kring, þeirra markaða, sem greiða vinnu við þessa framleiðslu. Og á síðustu áratugum og síðustu árum hefur auknu og samræmdu skipulagi verið komið á veiðar og vinnslu í sambandi við íslenskan fiskiðnað. Velgengni og afkoma þjóðarinnar, fjölda byggðarlaga og þúsunda heimila um land allt, byggist á þessari atvinnugrein, þ. e. a. s. íslenskum fiskiðnaði. Sölu-, markaðs- og viðskiptamál eru því snar þáttur í lífi og afkomu þessa fólks og þjóðarinnar í heild.

Í ljósi umr. um utanríkisstefnu Íslands taldi ég ekki óviðeigandi að draga upp þessa mynd í sambandi við utanríkisviðskiptin og minna á, hvernig stefna frjálshyggju í utanríkisverslun hefur tryggt Íslandi öruggan sess á bestu fiskmörkuðum heimsins. Með því hefur styrkum stoðum verið rennt undir örugga afkomu þjóðarinnar á grundvelli háþróaðs íslensks iðnaðar sem stenst að fullu harða samkeppni og kröfur heimsmarkaðanna. Í þessu felst veigamikill þáttur og ég vil segja veigamesti þátturinn í sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Þær þúsundir, sem vinna í sjávarútvegi og fiskiðnaði á Íslandi, geta með stolti litið yfir farinn veg, og framtíðin gefur fyrirheit um enn glæsilegri árangur ef þjóðin og ég vil segja hv. þm. einnig halda vöku sinni. Því ber að tryggja enn betur núverandi grundvöll íslenskrar utanríkisstefnu á sviði utanríkisviðskipta og stuðla að auknum útflutningi til háþróaðra markaðssvæða á grundvelli þeirrar utanríkisstefnu sem núverandi ríkisstj. aðhyllist og stendur að.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mig langar að fá að segja hér nokkur orð í tilefni af þeim umr. sem fram hafa farið um skýrslu þá er ég áðan flutti. Ég harma það, eins og hv. 2. landsk. þm., hversu fáir þm. hafa sýnt þessum málum þann áhuga að vera viðstaddir umr. í dag. Hann kennir það því að skýrsla mín sé svo léleg og leiðinleg að menn hafi ekki áhuga á þessum málum. En ég vil benda á það, að þm. hljóta að hafa gert sér grein fyrir því að formaður Alþfl. mundi taka til máls, og það hefði þó átt að draga þá að þó að þeim leiddist sjálf skýrslan. Ég ætla að tala um nokkur þau atriði sem fram hafa komið í umr.

Menn hafa yfirleitt verið sammála um að mannréttindi ætti að ræða og við ættum að vera mjög ákveðnir og harðskeyttir í fylgi okkar við réttindabaráttu ýmissa minnihlutahópa. Hv. 2. landsk. þm. lét orð að því liggja að ég hefði verið allmiklu linari í mínum málflutningi heldur en frú Söder, utanrrh. Svía, sem kom hingað fyrir nokkrum dögum. Það má vel vera að ég hafi sagt eitthvað minna þá heldur en hún. En ég vil benda hv. þm. á það, að 20. sept. 1976 hélt ég ræðu á þingi Sameinuðu þjóðanna og hún er prentuð sem fskj. með skýrslu um þátttöku Íslands í 31. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þar er á bls. 5 mjög ákveðið undirstrikað að Sameinuðu þjóðirnar ættu stöðugt mjög sterklega að berjast gegn misrétti gagnvart minni hlutum hvar sem væri í veröldinni. Og ég eins og ég sagði í minni upphaflegu ræðu, þá varð það úr að þessu sinni að birta ekki í skýrslunni það sem gerst hafði á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ég treysti því að þm. hafi lesið það, þeir sem áhuga hafa, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég skammast mín ekkert fyrir þá frammistöðu að þessu leyti. Ég held að Íslendingar hafi, eins og atkvgr. munu sýna þegar farið er yfir það, ekki sýnt þessum málum minni áhuga né stuðning heldur en ýmsar aðrar Norðurlandaþjóðir, og ég bendi á það að við höfum haft samstöðu ævinlega með einhverri Norðurlandaþjóð. Þær hafa skipst nokkuð, en við höfum ávallt fylgt einhverri þeirra eða verið samferða kannske öllu frekar.

Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. 2. landsk. þm., að það vantar ýmislegt í þessa skýrslu sem hefði gjarnan mátt vera þar. Ég ber ekki á móti því. Það er alltaf svo að það þarf að velja og hafna, og það má segja að þarna hefðu ýmis mál mátt vera sem ekki eru og hefði mátt fjalla ítarlegar um ýmis mál sem þarna eru. Hann nefndi sum þeirra. Ég ætla ekki að fara að halda uppi neinum deilum við hann um hversu langt hefði átt að ganga í ýmsum skýrslum og skilgreiningum á málaflokkum.

Ég sagði í minni ræðu að ég teldi landhelgismálið svo kunnugt þm. og svo margrætt og það síðast í haust, þegar samningarnir, sem gerðir voru í Osló í vor, voru til staðfestinga hér, að það væri tæpast þörf á því að rifja það upp. Enn fremur minnist ég umr. hér utan dagskrár um það, hvað fram undan væri í viðskiptum okkar eða samskiptum við Efnahagsbandalag Evrópu, og ég sá ekki ástæðu til þess að þreyta þm. á því að endurtaka það sem ég þá sagði.

Nú er það auðvitað rétt að kringumstæður breytast nokkuð frá degi til dags kannske og þess vegna gæti verið ástæða til þess að rifja upp eitthvað af því sem áður hefur verið sagt. Ég ber ekki á móti því. Og ég vil t. d. í tilefni af fsp. hv. 3. þm. Reykn. endurtaka það og undirstrika, að það, sem ég hef áður sagt um þau efni, er óbreytt. Ég tel ekki að eins og sakir standa sé ástæða eða aðstæður kannske öllu frekar til þess að gera gagnkvæman fiskveiðisamning við þessar þjóðir. Hins vegar hef ég haldið því fram og geri enn og mun gera, að við ættum að taka upp viðræður við þessar þjóðir um fiskverndarsamning, því að ég held að fiskvernd á þessum miðum, sem liggja saman, sé öllum aðilum til góðs. Ég geri mér fyllilega vonir um að sá dagur komi og það vonandi fyrr en síðar, að við getum gert gagnkvæman fiskveiðisamning, og mér er alveg sama hvernig þetta verður lagt út. Þetta er mín skoðun og ég mun standa við hana, en endurtek sem sagt, að ég tel að eins og sakir standa séu þessar aðstæður ekki fyrir hendi. Þess vegna er það, að þó að ég telji þessar aðstæður ekki fyrir hendi, þá hef ég verið fylgismaður þess að rætt væri við fulltrúa Efnahagsbandalagsins um fiskverndarmál.

Hv. 2. landsk. þm. gagnrýndi það að almenni kaflinn væri ekki nægilega ítarlegur, og það var líka gert í fyrra. En ég minni á það, að það var í fyrsta skipti í fyrra sem þó var reynt að gera einhverja grein fyrir stöðu stjórnmála í heiminum. Það höfðu verið fluttar hér nokkrar skýrslur, bæði af mér og fyrirrennara mínum, og slík tilraun hafði ekki verið gerð. En þegar hún er gerð, þá er fundið að því að hún sé ófullkomin. En mjór kann að verða mikils vísir, og eftirkomendur mínir í starfi ættu þá væntanlega að bæta um betur, þar sem ég hef þó reynt að byrja, og gera þennan kafla að enn meira atriði í skýrslunni heldur en hann kannske er. Og viðurkenna má að hann mætti vera fullkomnari. Ég skal ekki bera neitt á móti því.

Helstu atriði varnarmála á að ræða, sagði hv. 2. landsk. þm. og gagnrýndi það, að ég hefði sagt hér eitthvað á þá leið, að ég mundi koma að þeim málum betur þegar till., sem hér hefur verið lögð fram yrði til umr. Ég vísa til þess kafla sem í skýrslunni er og saminn var áður en þessi till. kom fram, og ég hefði að sjálfsögðu verið fús til að ræða hann ef ég hefði ekki talið það tvíverknað að ræða þessi mál á tveim fundum og um tvö mál.

Skuldasöfnun við útlönd er geigvænleg og ég er eins hræddur við hana og hv. 2. landsk. þm. En ég taldi og tel að skuldasöfnun við útlönd sé mál viðskrn., en ekki þess rn. þar sem ég starfa, og þess vegna hefur það ekki verið nefnt í þeirri skýrslu sem ég hef hér gefið. Ég hef leitast við að fara ekki yfir á verksvið annarra ráðh. nú fremur en endranær, held ég mér sé óhætt að segja, í mínu starfi, og ég mun ekki gera það. En samt vil ég út af þessum ummælum segja það, að það er auðvitað ekki sama í hvað lán eru tekin, og það er ekkert óeðlilegt að tekin séu lán til þess að framlengja lán. Það

er oft gert að fremlengja víxla og framlengja lántökur. Við vitum það allir, sem hér erum inni, að lánamarkaðurinn hefur verið þröngur og það hefur verið mjög erfitt að fá löng lán. Lán, sem fengist hafa upp á síðkastið, hafa sjaldnast verið lengri en til 8 ára. Er hægt að búast við því eða ætlast til þess að þau fyrirtæki eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir lánsfé til 8 ára, séu þannig búin að bera sig að þau standi undir því að greiða öll lán upp? Ég held það ekki. Ég held t. d. að það væri mjög ósanngjarnt að ætlast til þess að Sigalda væri búin að borga sín lán. Þar var byrjað að framleiða rafmagn á skírdag og það í mjög smáum stíl. Eins er það með skipin. Þau þurfa auðvitað tíma til þess að ná niður því fjármagni sem til þeirra hefur verið tekið að láni. Mér finnst ekkert óeðlilegt að það séu tekin lán til þess að framlengja önnur lán, enda hefur það oft verið gert, hygg ég. En það er rétt, að það eru tekin lán til þess að reisa mannvirki sem á að rísa á Grundartanga og ýmsir eru misjafnlega sáttir við, skulum við segja, svo að ég segi nú ekki of mikið. Mér er ekki kunnugt um afstöðu hv. 2. landsk. þm. til þess mannvirkis, en ef hann vill fella þá lántöku niður, þá er það náttúrlega sjónarmið út af fyrir sig.

Í sambandi við kaflann um mannréttindin langar mig í fyrsta lagi að geta þess, að í sameiginlegri yfirlýsingu utanrrh. Norðurlanda á fundi, sem haldinn var hér í Reykjavík 23. mars, en minnst á þessi mál og undirstrikað að öll þessi 5 Norðurlönd séu sama sinnis og verið hefur um afstöðu til mannréttinda og þess, hversu illa gengur víða að framfylgja þeim í dag. Og við vorum þar ekki neinir dragbítar, Íslendingar. Við vorum fyllilega sammála því að þetta ætti að vera svona og við ættum að leggja höfuðáherslu á að berjast fyrir mannréttindum, að sjálfsögðu fyrst og fremst þar sem þau eru fótum troðin.

Að því er snertir samninga þá um mannréttindamál sem hv. 3. landsk. þm. vék að, þá vil ég geta þess að hér er um þrjá samninga að ræða og Ísland er þegar aðili eins þeirra, en unnið hefur verið að því að við gerðumst aðilar að hinum tveim líka. Hafa þeir að undanförnu verið í sérfræðilegri athugun hjá einum af prófessorum háskólans. Má búast við að hægt verði að ganga frá aðild að þeim á næstunni og ég tek fram að ég óska þess að svo megi verða.

Ég vil þá víkja örfáum orðum að aðstoð Íslands við þróunarlönd, sem svo hafa verið nefnd, og út af fyrir sig þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir hans ötulu baráttu og góða stuðning við málaleitan mína um aukið fjármagn í þessu skyni. Þar hefur, eins og hér hefur verið bent á, náðst nokkur árangur, þó hvergi nærri nægilegur, það skal viðurkennt. En aðstoð Íslands við þróunarlönd mun samkv. fjárl. ársins 1977 nema 205,2 millj. kr. Af framangreindri fjárhæð nemur bein langtíma þróunaraðstoð 195 millj. kr. Framlög Íslands til beinnar þróunaraðstoðar hafa undanfarin ár verið mun lægri en þau eru ráðgerð á þessu ári, þ. e. árið 1973 voru þau 25.7 millj., 1974 34.6, 1975 73.9 og 1976 69.3 millj., en svo á þessu ári 195 millj. kr., beina langtíma þróunaraðstoðin, eins og ég áðan sagði. Auðvitað ber að hafa í huga að hér hefur orðið einhver gengisbreyting, þannig að það er kannske ekki algerlega raunhæfur samanburður, en engu að síður er þó glöggt að hér er um verulega lagfæringu að ræða.

Ég get tekið undir það sem hv. 3. landsk. þm. sagði áðan, það hefur verið ósk mín í þau bráðum 6 ár, sem ég hef verið í ríkisstj., að við féllum frá að þiggja þá aðstoð sem okkur hefur verið boðin, og hann hefur stutt mig í því. En aðrir ráðh. hafa staðið gegn því. Ég ætla ekki að fara að nefna hér nein nöfn í því sambandi, þess gerist engin þörf. En í skýrslunni, sem lesin var upp og ég flutti hér áðan, eru einmitt nefnd þau rn. sem ríkustu áhersluna lögðu á að halda áfram að þiggja þessa aðstoð. Og það varð ofan á, svo að það getur verið við ýmsa að sakast í því efni ef menn vilja fara út í slíkt. Það má vel vera að ég hafi ekkki sótt málið af nægum skörungsskap. En maður verður þó að hafa fylgi samráðh. sinna til þess að geta sótt slík mál. Og ég held að það sé alveg óhætt að fullyrða að frá utanrrn. hafa í hvert einasta skipti verið sendar miklu hærri beiðnir um fjárframlög heldur en fengist hafa samþykkt á hv. Alþ., svo að ég hygg að það sé ekki við okkur að sakast hversu seint hefur gengið að auka þessa margumtöluðu og mikilvægu þróunaraðstoð.

Ég ætla ekki að ræða landhelgismálið neitt að ráði, og ég ætla ekki fremur en endranær að fara út í það hér hverjum eitt eða annað sé að þakka. Það hef ég aldrei gert og það mun ég aldrei gera. Það hefur verið samstaða í landhelgismálinu. Alþ. hefur verið einhuga og þjóðin hefur verið einhuga. Þess vegna tel ég að það eigi enginn öðrum frekar að eigna sér ávinning þann sem unnist hefur í því efni. Þetta er mín skoðun, hefur verið og mun verða.

Ég hef þegar svarað fyrri spurningu hv. 3. þm. Reykn. um það, hvort ég hafi breytt um skoðun gagnvart fiskveiðisamningi, og mun ekki endurtaka það. En hann spurði annarrar spurningar, sem sagt þeirrar, hvort tekin hefði verið ákvörðun enn þá um uppsögn þeirra samninga sem hafa þau ákvæði að geyma að uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, í þeim öllum held ég. Það hefur ekki verið gert. Það er enn þá allmikill tími til stefnu þar til samningurinn við Vestur-Þjóðverja rennur út 28. nóv., og ég hygg eða það er a. m. k. mín hugsun í dag, þó að ég áskilji mér rétt til að breyta um skoðun, eins og oft hefur verið sagt, að þessir samningar eigi allir að renna út á sama tíma. Og ég tel að við eigum að segja þessum samningum upp. Það er auðvitað spurning með samninginn við færeyinga, en ég tel að það eigi að segja honum upp, jafnvel þó að hann kynni að verða gerður á ný í eitthvað öðru formi, til þess að gera öllum jafnhátt undir höfði, til þess að hafa landhelgina alveg frjálsa þegar þar að kemur.

Um atvinnulífið á Suðurnesjum og örðugleika þess vegna dvalar varnarliðsins hef ég oft rætt áður. En ég tel ekkert eftir mér að endurtaka það, að það er ákaflega misjafnt hvað menn segja um þessi mál. Þegar lítið er að gera á Suðurnesjum þykir mörgum gott að hafa varnarliðið og vinnuna á Vellinum. Þegar mikið er að

gera við sjóinn og annars staðar í þessum kaupstöðum og þorpum, þá er það vont, þá þarf það helst að fara. Svona hafa sjónarmiðin verið eins lengi og ég man eftir, og ég geri satt að segja ráð fyrir að þau verði svona meðan nokkur her dvelur á Miðnesheiði.

Ég veit ekki og ætla ekki að leiða neinar getum að því hvort hv. 3. þm. Reykn. var að tala fyrir því, að varnarliðið borgaði fyrir veruna hérna, þegar hann talaði um að bæjarfélögin fengju ekki greiðslur fyrir þá aðstöðu sem þau veittu. Ég læt það liggja á milli hluta. En ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég er á móti því og hef alltaf verið það. Ég er ekki sammála Aron Guðbrandssyni og sálufélögum hans í þessu efni og mun berjast á móti því meðan ég hef eitthvað að segja í íslenskum stjórnmálum.

Um olíumengunina eða mengunina á vatninu vegna olíu, þá er það vandamál, það viðurkenni ég fúslega, — vandamál sem við höfum verið að reyna að rannsaka í langan tíma í utanrrn., fengið til þess hæfa verkfræðinga, jarðfræðinga að leita að nýjum vatnsbólum eða leita að ráðum til þess að halda vatninu hreinu. Það hefur gengið illa, ég skal fúslega viðurkenna það. Hér er um vandamál að ræða sem nú er verið að glíma við og vonandi finnst einhver lausn á.

Og um þetta drasl, sem fleygt var í sjóinn, vil ég segja það, að þar urðu mistök. En við höfum þegar mótmælt þessum aðgerðum, eins og ég held að ég hafi upplýst hér á hv. Alþ. ekki alls fyrir löngu og ég sé satt að segja litla möguleika á því að slæða þetta upp til þess að rannsaka hvort eitthvað sé í því sem sé hættulegt. En ég viðurkenni það, að þarna var rangt að farið og varnarliðið fór ekki að réttum lögum og reglum, — reglum sem það á að þekkja og reglum sem því er skylt að fara eftir. Ég veit ekki hvort ég hefði samþykkt það að þessu yrði fleygt í sjóinn ef það hefði verið borið undir mig, og ég minnist ekki þeirrar yfirlýsingar sem hv. 3. þm. Reykn fór með, en vafalaust er hún rétt, hann er ekki vanur að fara með ósatt mál. Það hlýtur að standa einhvers staðar haft eftir einhverjum fyrst hann segir það. En sú yfirlýsing er ekki frá mér. Hitt er svo annað mál, að ef það hefði verið kannað að hér væri um skaðlausa hluti að tefla, þá dettur mér ekki í hug að halda því fram að ég mundi skilyrðislaust hafa neitað því, ef það þá á annað borð heyrir undir mig sem ég er ekki viss um. Ég held að það sé fullt eins sjútvrn. sem þetta fellur undir a. m. k. þangað til við höfum umhverfismálarn. eða deild eða hvað á að kalla það, sem hugsanlegt er að við gætum komið upp.

Ég veit ekki hvort ég á að tefja hv. þingheim með því að fara að ræða um kjarnorkuvopn frekar en ég er áður búinn að gera. Það er náttúrlega einn möguleiki til þess að ganga úr skugga um það hvort kjarnorkuvopn séu á Keflavíkurvelli, og hann er sá að koma hér upp deild eða hópi manna sem hefur vit á þessu, íslenskum. Þetta hefur verið stundum athugað, þ. á m. í vinstri stjórninni. Þá vorum við svo bjartsýnir að við héldum að herinn færi og við þyrftum ekki að rannsaka þetta. Þetta er enn þá til umhugsunar hjá mér a. m. k., hvort ekki eigi að fara einhverja slíka leið.

En hv. þm. benti á aðra leið. Hann benti á að fá stofnunina SIPRI til að gera þessa könnun. Ósköp er ég hræddur um að þó að hann væri jafnvel forsrh., þá mundi honum ganga treglega að fá þessa stofnun til að gera slíka könnun. Ég segi þetta ekki alveg út í bláinn. Það hefur verið óskað eftir upplýsingum og athugunum frá öðrum þjóðum á því sem er að gerast á Keflavíkurvelli og við höfum ekki vit á, og okkur hefur verið neitað um það. Ég ætla ekki hér að rekja það hvert leitað hefur verið, en ég vænti þess að hv. þm. trúi því að þetta hafi verið reynt og því hafi verið neitað. Þess vegna endurtek ég það, sem ég sagði hér í vetur og hv. 3. þm. Reykn. þótti fáránlegt og fjarstætt, að ég trúi því enn í dag að það séu ekki kjarnorkuvopn geymd á Keflavíkurflugvelli.

Um Norðurlandasamvinnu vil ég taka undir allt sem hv. þm. sagði um hana og fleiri raunar sem hafa, að ég hygg, minnst á hana. Ég vona að hún eflist. Hygg ég að þeir fulltrúar, sem eru margir hér inni sem hafa átt þess kost að sitja slík þing, geti borið um það og að skýrslan beri vott um það, að okkur er þessi samvinna geysilega mikils virði og það svo mikils virði að án hennar hefði tæpast verið unnt fyrir Íslendinga að taka þó þann þátt í alþjóðasamstarfi sem við gerum. Ég minntist á þetta lauslega í örstuttri ræðu sem ég hélt í Helsinki um daginn og endurtek það ekki, en það fór alveg saman við það sem hv. 3. þm. Reykn. sagði um Norðurlandasamvinnu. Og ég veit að á Norðurlöndum hefur vegna þess arna aukist skilningur á Íslandi og íslenskum þörfum, og vegna Norðurlandasamvinnunnar fengum við stuðning þessara þjóða í landhelgismálinu, fyrst finna, síðan hverrar af annarri, og hann var okkur mikils virði á þeim tíma sem við fengum hann, því að þá áttum við sannarlega í vök að verjast.

Ég held að ég geti nú að mestu farið að ljúka máli mínu. Ég ætla aðeins að segja við hv. 2. landsk. þm., að auðvitað er það áhugamál mitt ekki síður en hans að flugsstöðin geti risið sem allra fyrst. Hann segir að vinstri stjórnin hafi eyðilagt þennan möguleika. Ekki veit ég hvaðan hann hefur það eða hvernig hann rökstyður það. En ég sem sagt geri mér vonir um að hægt verði að byrja á þessari flugstöð hið allra fyrsta, vegna þess að ég er algerlega sammála því sem hv. þm. sagði, að sá aðskilnaður, sem talað er um, er alger nauðsyn. Það verður ómögulegt að halda uppi þarna öruggri reglu og öruggum lögum nema þessi aðskilnaður fari fram. Öryggi flugfarþega er auðvitað ekki nægilegt, ég skal viðurkenna það. En það hefur þó verið gerð tilraun til þess að stemma stigu við ofbeldisverkum með því að fela vissum hópi manna eftirlit með fólki sem fer úr landi og upp í íslenskar flugvélar. Ég veit að hér eru ýmsir inni sem hafa farið út fyrir pollinn, sumir nokkrum sinnum, og þeir ættu að þekkja þetta.

Ég þakka svo hv. 2. landsk. þm. fyrir það að hann vill meira fé til flugþjónustunnar. Hann segir að það finnist hér hlustunartæki í kringum landið og það séu að reka hér dufl og þess háttar og ég minnist ekkert á það í minni ræðu. Hann hlýtur að geta lesið um það í ræðu fyrirrennara míns.

Efri deild, 57. fundur.

Mánudaginn 18. apríl, kl. 2 miðdegis.

Hlutafélög, frv. (þskj. 452). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er tekið til umr., frv. um hlutafélög, er allumfangsmikill bálkur, bæði frv. sjálft og aths. sem því fylgja. Það er þess vegna ekki hægt að ætlast til þess að þm. geti lesið það yfir í flýti né heldur að þeir geti áttað sig á efni þess á stuttri stundu eða á stuttum tíma. Þess vegna er þetta frv. lagt fram hér nú til þess að sýna það, en ekki ætlast til þess að það verði afgreitt á þessu þingi. Er gert ráð fyrir að þm. gefist þá tóm milli þinga til þess að athuga frv. og setja sig inn í það, en þar er um að ræða ýmis atriði sem eðlilegt er að menn vilji athuga nokkuð og auk þess, eins og eðlilegt er í svona bálki, mörg atriði eða ákvæði sem ekki er hægt að segja um að endilega séu þau einu réttu, heldur getur verið þar um ýmis álitamál að tefla. Ég skal þess vegna reyna að stilla framsöguræðu minni nú í hóf um þetta mál og einmitt með tilliti til þess, að það er tæplega hægt að gera ráð fyrir því að þm. átti sig á framsöguræðu fluttri um það nema þeim hafi áður gefist nokkurt tóm til þess að kynna sér frv. Ég mun því reyna að fara nokkuð fljótt yfir sögu.

Þetta frv. til l. um hlutafélög hefur verið samið á vegum viðskrn. Frv. hafa samið fyrst og fremst þeir Gylfi Knudsen fulltrúi í viðskrn. og Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari. Þetta verk hófst raunar þegar á árinu 1972, og næsta ár, eða sumarið 1973, voru frumdrög að frv. send til ýmissa aðila. Þeir aðilar, sem frv. var þannig sent, eru 17 talsins og listi er yfir þá í upphafi aths. með frv. Frv. var sent til Alþýðusambands Íslands, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags ísl. iðnrekenda, Félags löggiltra endurskoðenda, viðskiptadeildar Háskóla Íslands, lagadeildar Háskóla Íslands, Lögmannafélags Íslands, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, skattrannsóknarstjóra, Verslunarráðs Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga, dómsmrn., fjmrn., heilbr.- og trn. Þó að þetta séu allmargir aðilar, þá er ekki þar með sagt að ekki megi finna einhverja aðra sem hefði mátt senda frv. til.

Umsagnir bárust frá nokkrum aðilum, en engan veginn öllum, og þessar umsagnir bárust ekki fyrr en allmiklu seinna en það var sent út sem eðlilegt var, eða ekki fyrr en á árinu 1974. Sameiginlegt álit barst frá Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Auk þess sendu Lögmannafélag Íslands og Félag löggiltra endurskoðenda ítarlegar umsagnir um frumdrögin, en frá öðrum þeim, sem upp voru lesnir, bárust ekki aths.

Það var samróma álit þeirra, sem umsagnir sendu, að mikil væri nauðsyn á því að setja ný hlutafélög. En að sjálfsögðu komu fram í þessum umsögnum ýmsar aths. Var farið gaumgæfilega yfir þær aths. og tekið tillit til þeirra sumra hverra eftir því sem ástæða þótti til.

Hlutafélög eiga sér alllanga sögu hér á landi. Skýringa á upphafi þeirra hérlendis og setningu löggjafar um þau er að leita í þróunarsögu atvinnulífs á Íslandi. Atvinnuhættir landsmanna voru, eins og kunnugt er, afar fábrotnir allt til síðustu ára 19. aldar. Í lok aldarinnar hófst hins vegar togaraútgerð á Íslandsmið, fyrst eingöngu af hálfu útlendinga, en í byrjun 20. aldar var fyrsta alíslenska togarahlutafélagið stofnað. Fiskveiðihlutafélögum fjölgaði ekki mikið fram til 1911, en frá því ári og til ársins 1917 hófu 20 aðilar togaraútgerð hérlendis. Segja má að eiginleg hlutafélög spretti upp úr þessum umsvifum og umbrotum í atvinnulífinu, en veigamestu fyrirtækin í þessari nýju atvinnugrein voru einmitt hlutafélög, og það má segja að frá upphafi hafi togaraútgerðin að mestu leyti verið rekin í hlutafélagaformi, nema þá að undanskilinni togaraútgerð bæjarfélaga. Þess má geta, að fyrsta hlutafélagið, sem stofnað var með almennu útboði hlutafjár, var Íslandsbanki, en togaraútgerðin fékk, eins og kunnugt er, einmitt að mjög miklu leyti, a. m. k. til að byrja með, fjármagn sitt frá þeim banka.

Þessi umbrot í atvinnulífi, sem aðeins var minnst á, höfðu staðið yfir um nokkurt skeið áður en lög voru sett um það rekstrarform sem ríkjandi var orðið í hinni nýju atvinnugrein, þ. e. a. s. hlutafélagaformið. Lög um hlutafélög voru sett árið 1921, lög nr. 77/1921, og eru þau enn í gildi. Lög þessi voru mjög sniðin eftir hinum fyrstu dönsku hlutafélagalögum frá 1917. Dönsku lögin þóttu í ýmsum efnum ófullkomin og settu danir því sér ný lög um hlutafélög þegar árið 1930. Fyrstu lögin um hlutafélög á Norðurlöndum voru sett í Svíþjóð árið 1848.

Þessi lög um hlutafélög, nr. 77/1921, eru orðin meira en hálfrar aldar gömul. Þau eru því fyrir löngu orðin ófullnægjandi. Það er nauðsynlegt að fylgjast með löggjöf sem þessari til að tryggja að hún fullnægi kröfum atvinnu- og viðskiptalífsins á hverjum tíma. Á þessum langa tíma, sem liðinn er síðan gildandi lög voru sett, hefur fengist mikil reynsla, bæði hér og erlendis um lagareglur, er lúta að hlutafélögum, og um kosti og galla hlutafélagaformsins almennt. Enn fremur er það svo, sem hér þarf ekki að rekja, að atvinnu- og viðskiptalíf hefur tekið miklum breytingum á þessum tíma. Hlutafélögum hefur á þessum tíma einnig fjölgað ört og er þess vegna, hygg ég, sannmæli að það sé orðið fyrir löngu tímabært að setja ný hlutafélagalög.

Þegar á árinu 1948 ályktaði Alþ. að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á hlutafélagalögunum frá 1921, og þá var samið frv. um það efni sem lagt var fyrir Alþ. 1952. Það frv. höfðu samið hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson, en frv. náði ekki samþykki Alþ.

Eftir 1930 vann samnorræn n., sem íslendingar tóku að vísu ekki þátt í, að undirbúningi nýrrar hlutafélagalöggjafar og með það þá auðvitað fyrir augum, eins og endranær þegar um slíka norræna samvinnu er að ræða, til undirbúnings lagasetningu, að það leiddi til samræmingar á lagasviðinu að því er hlutafélög varðaði. Í Svíþjóð leiddi

þetta starf til nýrra og mjög ítarlegra hlutafélagalaga árið 1944.

Síðan var lögð enn meiri áhersla á norræna samvinnu um þetta efni og hófst slík samvinna að nýju á árinu 1961. N. sú, er að þessu vann, lauk störfum árið 1969 og hafði þá samið tillögu að hlutafélagalögum fyrir öll Norðurlöndin að Islandi undanskildu. Ný lög um hlutafélög hafa svo tekið gildi í Danmörku 1. janúar 1974 og í Svíþjóð 1. janúar 1977. Frv. til l. um hlutafélög hafa einnig verið lögð fram í Noregi og Finnlandi, en ég hygg að þau hafi ekki verið afgreidd enn. Lög þessi og lagafrv. eru að talsverðu leyti byggð á norrænu till., en allmikilla frávika gætir þó.

Löggjöf um hlutafélög hefur þannig verið í allsherjarendurskoðun á Norðurlöndum undanfarin ár þótt sum löndin hafi búið við mun yngri og fullkomnari löggjöf í þessum efnum en íslendingar. Hlutafélagalöggjöf hefur einnig víðar verið í endurskoðun, eins og t. d. innan Efnahagsbandalags Evrópu þar sem unnið hefur verið að samræmdum reglum á þessu sviði.

Við samningu þessa frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið höfð hliðsjón af samnorrænu till. og einkum hefur verið tekið mið af dönsku till. og dönsku lögunum. Reynt hefur þó verið að líta til íslensks fjárhagskerfis og þjóðfélagshátta. Reynt hefur verið að afla upplýsinga um starfandi íslensk hlutafélög eftir því sem tök hafa verið á, en engar heildarskýrslur eru til um þau, t. d. um skiptingu þeirra á atvinnuvegi, upphæð hlutafjár, fjölda starfsmanna eða annað það er máli gæti skipt.

Um fjölda hlutafélaga er það að segja, að í ársbyrjun 1972 hafa skráð hlutafélög hér á landi verið um 3100, eftir því sem næst verður komist. Hafa ber í huga að ætla má að skráður sé verulegur fjöldi hlutafélaga sem hætt eru almennt allri raunverulegri starfsemi. Til samanburðar má geta þess, að heildarfjöldi hlutafélaga í Svíþjóð var árið 1970 100 166. Það ár voru 11 166 ný hlutafélög skráð þar í landi, en hér á landi voru sama ár skráð 163 ný hlutafélög.

Varðandi þá spurningu, í hvaða atvinnugreinum hlutafélagaformið sé einkum tíðkað, þá má ætla að það sé hér mjög algengt réttarform fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu, siglingum og loftflutningum, í iðnaði, í mannvirkjagerð, svo sem byggingarstarfsemi og verktakastarfsemi ýmiss konar. Hlutafélagaformsins gætir hins vegar minna í verslun og ýmiss konar þjónustustarfsemi þó að þar séu einnig slík fyrirtæki að sjálfsögðu fyrir hendi.

Áður en ég vík að efni frv. sérstaklega og helstu breyt. sem felast í því, þykir mér rétt að víkja aðeins örfáum orðum að hlutafélögum almennt og hlutverki þeirra.

Það hefur stundum verið haft á orði, að í hlutafélögum ætti sér stað ýmiss konar fjármálaleg misnotkun og jafnvel ýmiss konar spilling og að þetta form á þeim væri haft að hálfgerðu yfirvarpi og væri misnotað. Menn hafa talað um gervihlutafélög og þá sjálfsagt ekki haft hvað síst í huga fyrirtæki eða hlutafélög sem eru í eigu mjög fárra manna og í rauninni eingöngu fjölskyldumeðlima. Þessi háttur mun nokkuð hafa tíðkast hér og hann hefur einnig tíðkast erlendis. Þetta hefur leitt til þess, að sumir hafa haft hálfgerðan imugust á þessum fyrirtækjum og þessara sjónarmiða gætir talsvert enn þá. E. t. v. eru að einhverju leyti ástæður til þessarar ótrúar eða vantrausts á hlutafélagaforminu. En ef þessar skoðanir kynnu að eiga við einhver rök að styðjast, sem ég legg nú ekki dóm á, þá dregur það auðvitað síst úr því að ný og endurskoðuð löggjöf sé sett um þetta fyrirtækjaform. Þvert á móti rennir það auðvitað mjög stoðum undir það að slík endurskoðun fari fram.

Nú á dögum er skipulag hlutafélaga og valdskipting í þeim ekki lengur takmarkað við hefðbundna þætti, svo sem tengslin milli stjórnar félags og hluthafafunda, stöðu minni hl. gagnvart meiri hl., samskipti einstakra hluthafa sín á milli. Á síðari tímum hafa þau sjónarmið komið fram að almenningur og starfsfólk félaganna eigi að fá meiri upplýsingar um þau og rekstur þeirra og bein áhrif á ákvarðanatöku í félögunum.

Allmiklar umr. hafa orðið hér á landi undanfarið um það sem kallað hefur verið atvinnulýðræði, bæði hér á Alþ. og utan þess. Í þessu sambandi vil ég strax geta þess, að í þessu frv. eru ekki bein ákvæði er lúta að þátttöku starfsmanna hlutafélaga í stjórn þeirra. Ég tel ekki rétt að reglur um það efni verði ræddar og afgreiddar sérstaklega fyrir hlutafélög, þar sem atvinnulýðræði er ekki takmarkað við fyrirtæki í hlutafélagaformi. Eðlilegast er að þau mál séu rædd og ákvarðanir teknar um þau í heild áður en farið er að setja reglur á þessu sviði **fyrir hin einstöku** réttarform fyrirtækja.

Almennt er viðurkennt að hlutverk hlutafélaga sé ekki einvörðungu að stuðla að sem mestum hagsbótum fyrir hluthafana heldur gegni þau þýðingarmiklu hlutverki í atvinnu- og efnahagslífi þjóða. Svo hefur og reynst hér á landi. Þetta félagaform hefur skipt miklu máli fyrir atvinnurekstur okkar og gerir það enn í dag. Frumhlutverk hlutafélagalöggjafar er að gera hlutafélagaformið að eftirsóknarverðu réttarformi fyrir atvinnustarfsemi. Slík löggjöf hefur því verulega þýðingu bæði fyrir almenna þjóðfélagshagsmuni og fyrir starfsmenn slíkra félaga.

Spyrja má að því, hvaða ástæður ráði því að hlutafélagaformið er valið sem réttarform fyrirtækja. Sú ástæða, sem upphaflegust er, er söfnun fjármagns í einn stað frá mörgum aðilum til þess að ráðast í atvinnurekstur sem einstaklingi væri ofviða. Hérlendis eru þau hlutafélög í yfirgnæfandi meiri hl. sem eru svo smá að nauðsyn á samsöfnun fjármagns hefur tæpast ráðið vali réttarformsins, en þó hefur það sjálfsagt haft sitt að segja í ýmsum tilfellum, eins og menn munu flestir þekkja dæmi til. Í öðru lagi má nefna þá takmörkun ábyrgðar sem fylgir hlutafélagaforminu. Það má ætla að hún sé þung á metunum þegar þetta félagsform er valið og er sennilega aðalástæðan fyrir því að hlutafélagaformið er valið hér á landi. Ýmsar ástæður aðrar geta skipt máli í þessum efnum sem of langt yrði að rekja hér.

Víða erlendis er meginhluti alls hlutafjár hlutafélaga kominn frá litlum hluta allra félaganna þannig að stór hlutafélög setja mjög

svip sinn á atvinnulíf hátekjuþjóðanna. Þessi stóru félög eru oft í eigu mikils fjölda fólks og á hlutabréfum í þeim er yfirleitt þekkt markaðsverð sem myndast annaðhvort í viðskiptum á opinberum verðbréfamarkaði eða við frjáls viðskipti utan kauphinga. Verðbréfamarkaður hefur ekki verið til hér á landi, en í lögum um Seðlabanka Íslands er heimild fyrir bankann til að reka kauphing. Einhver vísir að verðbréfamarkaði mun nú nýlega hafinn á vegum Fjárfestingarfélags Íslands hf. Hin svokölluðu almenningshlutafélög hafa ekki tíðkast hér á landi að neinu ráði og eru ástæður til þess eflaust margar. Má þar til nefna vöntun kauphingsskráningar, ákvæði skattalaga er gera innstæðueigendum í bönkum og sparisjóðum hærra undir höfði en eigendum hlutabréfa, ófullkomin löggjöf um hlutafélög og ófullnægjandi vernd minni hl. í hlutafélögum.

Úr ýmsum þeim annmörkum, sem ég drap nú á, er þessu frv., sem hér liggur fyrir, ætlað að bæta. Mér fannst rétt að minnast aðeins á þetta og gefa þetta almenna yfirlit yfir hlutafélög og málefni þeirra áður en farið er út í einstök atriði þessa frv. Þessi félög eru ekki oft til umr. hér á Alþ. almennt og þess vegna rétt að gera sér nokkra grein fyrir stöðu þeirra þegar frv. til nýrrar heildarlöggjafar um þau liggur fyrir.

Ég ætla þá að gefa örstutt yfirlit yfir efni frv., en mun síðan aðeins drepa á helstu breytingar sem felast í frv. frá gildandi lögum, en endurtek það, sem ég hef þegar sagt, að það er að sjálfsögðu ekki hægt að gera það tæmandi hér í framsöguræðu, heldur verður það að gerast með því að lesa frv. yfir og bera það saman við gildandi lög.

Frv. þetta er í 160 gr., en gildandi lög eru aðeins 60 gr. Lengd og ítarleiki frv. er í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í þessum efnum. Það, sem veldur því að frv. er svo miklu meira að vöxtum en gildandi lög, er að í frv. er fjallað um ýmis þau málefni, sem lítið eða ekkert er minnst á í gildandi lögum, og einnig er fjallað mun ítarlegar um ýmis þau atriði og raunar flest þau atriði sem gildandi lög hafa þó ákvæði um. Frv. er í 19 köflum. Í 1. kafla eru ákvæði um gildissvið frv., skilgreining á hugtakinu hlutafélag og fjallað um samstæður hlutafélaga svokallaðar. Í 2. kafla eru ítarleg ákvæði um stofnun hlutafélaga. 3. kafli hefur að geyma ákvæði um greiðslu hlutafjár. Í 4. kafla eru ýmis ákvæði er snerta hlutafé, hlutabréf og hlutabréfaskrá. Sérstaklega er fjallað um hækkun og lækkun hlutafjár svo og eigin hlutafé í 5.—7. kafla. Settar eru ítarlegar reglur, sem flestar eru nýmæli, um stjórn hlutafélaga, annars vegar um félagsstjórn í 8. kafla og hins vegar um hluthafafundi í 9. kafla. Í 10. og 11. kafla eru ákvæði um endurskoðun og ársreikninga hlutafélaga og er hér um nákvæm ákvæði að ræða sem að flestu leyti eru nýmæli. Settar eru reglur um arðsúthlutanir, varasjóði o. fl. í 12. kafla. 13. og 14. kafli fjalla um slit hlutafélaga, samruna þeirra. Um skaðabótaskyldu stofnenda, stjórnarmanna og annarra gagnvart hlutafélagi er fjallað í 15. kafla. 16.—19. kafli hafa að geyma ákvæði um erlend hlutafélög, skráningu hlutafélaga, refsingar og önnur atriði.

Skal ég nú, eins og áður var sagt, víkja örlítið að helstu breytingunum.

Í 1. gr. frv. eru tvær mikilvægar breytingar frá gildandi lögum sem ástæða er til að vekja athygli á. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmarksfjárhæð hlutafjár verði ákveðin 1 millj. kr. Samkvæmt gildandi lögum er lágmarksfjárhæð hlutafjár 2000 kr., en sú fjárhæð er vegna verðlagsþróunar undanfarna áratugi orðin allt of lág. Vel má vera að ýmsum sýnist að sú fjárhæð, sem sett er í þetta frv., 1 millj., ætti að vera hærri, og það er einmitt dæmi um eitt af þeim atriðum sem alltaf hljóta að vera nokkurt álitamál í þessu sambandi. Samkvæmt gildandi lögum mega hluthafar ekki vera færri en 5. Hér er lagt til að gerðar verði ríkari kröfur um fjölda hluta og hluthafa en nú eru í gildi, og kveðið er á um að hlutir og hluthafar skuli ekki vera færri en 10. ætlunin með þessu er m. a. sú að hamla gegn því að stofnuð séu þau hlutafélög sem ég hef áður nefnt og hefur stundum verið gefið nafnið gervihlutafélög. En það er að sjálfsögðu eins með þetta atriði og hið fyrra, að álitamál er hve stofnendur eða hluthafar í hlutafélagi skuli vera margir.

Í gildandi lögum er í 1. gr. skilgreining á hlutafélögum og sagt að hlutafélög séu þau sem stofnuð eru til að afla ágóða til skiptingar með einhverjum hætti á milli félaga. Þessari skilgreiningu á hugtakinu er sleppt í þessu frv. þar sem talið er að það geti verið um hlutafélög að ræða sem ekki er hægt að segja að hafi þetta atriði beinlínis að sínu markmiði, og eru reyndar ýmis dæmi til hér um slík hlutafélög. Í 2. gr. þessa frv. eru ákvæði um það sem kallað er samstæður hlutafélaga. Eru víða í frv. ákvæði um það fyrirbæri hlutafélaga og settar sérstakar reglur um það. Þetta er það form fyrirtækja sem nefnt hefur verið á erlendu máli „concern", þegar um er að ræða það sem kallað er móðurfélag og dótturfélag. Hugtaksatriðið í þessu sambandi er það, að talað er um að það sé um samstæðu hlutafélaga að ræða þegar meirihlutavald atkvæða er í höndum móðurfélags eða annars hlutafélags. Er miðað við það að þegar svo er ástatt sé um þessa svokölluðu samstæðu hlutafélaga að tefla. Það má vera að í daglegu máli sé í svona tilviki talað um samsteypu frekar en samstæðu. En þetta form hefur víða komist á erlendis og er notað þar mikið og eitthvað mun þess gæta hér á landi. Hefur þótt sums staðar nokkur hætta á því að misnotkun gæti átt sér stað í sambandi við þetta form og þess vegna þykir nauðsynlegt að setja sérstakar reglur um það efni.

Gert er ráð fyrir því í þessu frv. að verulegar breytingar komi til greina frá gildandi lögum um ýmis atriði varðandi aðferð og undirbúning að stofnun hlutafélags. T. d. er breytt ákvæðunum um fjölda stofnenda og skilyrði þau sem þeir skulu fullnægja. Samkvæmt gildandi lögum skulu stofnendur ekki vera færri en 5, lögráða menn, fjár síns ráðandi og að öðru leyti þeim kostum búnir er þeir skyldu hafa lögum samkvæmt til þess að reka í sínu nafni at-

vinnu fyrirhugaðs félags eða til að eiga þær eignir sem félaginu er ætlað að eignast. Samkvæmt frv. skulu stofnendur vera 10 hið fæsta og minnst helmingur þeirra skal hafa heimilisfestu hér á landi. Í gildandi lögum er það skilyrði að stofnendur hlutafélags séu einstaklingar. En frá þessum fyrirmælum hefur framkvæmdin í raun og veru vaxið og er fyrir löngu orðið tímabært að breyta þessu þannig að auk einstaklinga geti ýmsir lögaðilar verið stofnendur, svo sem ríki, sveitarfélög, samvinnufélög, hlutafélög og fleiri aðilar. Er lagt hér til að svo verði gert.

Um 2. kafla er það að öðru leyti almennt að segja, að þar eru yfirleitt ítarlegri og strangari reglur um stofnun hlutafélaga en í gildandi lögum, enda er talið nauðsynlegt að hafa sem best eftirlit með stofnun hlutafélaga þar sem hætta á því, að misferli geti átt sér stað, er einna mest í sambandi við þær aðgerðir.

Ákvæði 3. kafla um greiðslu hlutafjár eru mun ítarlegri en samsvarandi ákvæði gildandi laga. Markmiðið er að sjálfsögðu að tryggja svo sem frekast er kostur að hlutafélag fái fullgild verðmæti í samræmi við það sem skráð hefur verið um hlutaféð.

Ýmis nýmæli eru í 4. kafla, sem fjallar um hlutafé, hlutabréf og hlutaskrá. Sérstaklega má benda á að skorður eru reistar við því, hversu langt má ganga í því að takmarka meðferð hluthafa á hlutabréfum sínum með ákvæðum í samþykktum. Gildandi lög reisa út af fyrir sig engar skorður við efni slíkra takmörkunarákvæða.

Ákvæði gildandi laga um hækkun hlutafjár eru mjög ófullkomin. Nauðsynlegt er því að setja fyllri ákvæði um þetta efni, enda er hækkun hlutafjárins ráðstöfun sem ber sérstaklega að hafa eftirlit með. Koma þar til greina sömu sjónarmið og við stofnun hlutafélags. Sérstaklega ber að gæta að áskrifendum séu tryggðar nauðsynlegar upplýsingar um hag félagsins, að tekið sé tillit til hagsmuna eldri hluthafa og að félagið fái raunveruleg verðmæti sem greiðslu á hlutafé og að þau verðmæti, sé um annað að ræða en greiðslu í reiðufé, séu réttilega virt. Ákvæðum frv. um hækkun hlutafjár er ætlað að tryggja að hagsmuna þeirra, sem ég hef getið, verði gætt. Hækkun hlutafjár getur verið fólgin í áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, og eru settar reglur um hvort tveggja.

Í gildandi lögum eru allnákvæmar reglur um lækkun hlutafjár. Í 6. kafla frv. felast þó ýmsar breytingar frá gildandi lögum. Sérstaklega má benda á að tæmandi reglur eru settar um það, hvernig ráðstafa má lækkunarfjárhæðinni. Aðaltilgangur reglnanna um lækkun hlutafjár er að tryggja að hagur lánardrottna félagsins skerðist ekki vegna lækkunarinnar.

Tvær mikilvægar breytingar eru gerðar frá gildandi lögum að því er varðar eigin hlutabréf félags. Lagt er til að heimild til að veita hlutafélaginu leyfi til að eiga sjálft meira en 10% af greiddu hlutafé sínu verði felld niður. Sú venja hefur skapast í þessum efnum, að hlutafélögum hefur verið leyft að eiga allt að 30% af eigin hlutafé ef fjárhagur félaganna leyfir slíkt. Þessi venja er að ýmsu leyti óheppileg og er því rétt að afnema hana, en halda því ákvæði að hlutafélögum sé heimilt að eiga allt að 10% af greiddu hlutafé. Síðari breytingin er í 62. gr. frv., þar sem kveðið er á um að atkvæðisréttur fylgi ekki eigin hlutabréfum félags.

Í kaflanum um félagsstjórn er um að ræða margvíslegar breytingar frá gildandi lögum og er mun ítarlegar kveðið á um stöðu og starfsemi stjórnar en nú er. Nokkur nýmæli má nefna:

Heimilt er í samþykktum að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til þess að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meiri hluti skal þó ætíð kjörinn að hluthafafundi.

Í félögum, þar sem hlutafé er 10 millj. kr. eða meira, skal stjórnin ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

Skilyrðin, sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu uppfylla, eru þau, að þeir skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, líkan sem ræðir um í 1. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Framkvæmdastjóri og minnst helmingur stjórnarmanna skulu búsettir hér á landi. Samkvæmt gildandi lögum verða stjórnarmenn að eiga hlut í félaginu, vera lögráða og hafa fjárforræði og fullnægja lögmæltum skilyrðum til að reka í eigin nafni þá atvinnu sem félagið rekur eða ætlar að reka.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu gefa skýrslu um hlutabréfaeign sína í félaginu og í félögum innan sömu hlutafélagasamstæðu.

Settar eru ítarlegar reglur um fundi félagsstjórnar, starfssvið og starfsskyldur félagsstjórnar og framkvæmdastjóra, en um þetta efni eru fátækleg ákvæði í gildandi lögum. Sjálfsagt má segja að það geti verið í framkvæmd nokkur misbrestur á í þessu efni varðandi það að stjórn hlutafélags fylgist nægilega með starfsemi hlutafélagsins, eins og henni auðvitað þó ber að gera.

Heimilt er að ákveða í samþykktum að auk félagsstjórnar skuli vera fulltrúanefnd, kjörin hluthafafundi. Nefndin skal hafa eftirlit með því, hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögur stjórnar um ráðstöfun hagnaðar.

Ákvæði frv. um hluthafafundi eru í 16 greinum, en í gildandi lögum er fjallað um það efni í tveimur greinum, svo að augljóst er að þar er um mörg nýmæli að ræða og ítarlegar kveðið á um ýmis atriði heldur en nú er.

Ýmis ákvæði kaflans miða að því að auka eða afmarka réttindi hinna einstöku hluthafa. Í kaflanum eru ákvæði sem eiga að tryggja minni hl. hluthafa ákveðna vernd. Reglur um vernd minni hl. eru annars víða í frv., og almennt má segja að stefnt sé að mjög aukinni vernd minni hl. með þessu frv.

Örfá dæmi um nýmæli og breytingar í þessum kafla má nefna sérstaklega:

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmenn sækja hluthafafundi svo og að sækja fundi ásamt ráðgjafa. Í 62. gr. felast ýmsar breytingar varðandi atkvæðisrétt. Er reynt að sporna við óhóflegu valdi einstakra hluthafa með öðrum og raunhæfari hætti en gert er í gildandi lögum.

Nýmæli er í 66. gr. sem veitir einstökum hluthöfum rétt til að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi.

Ef félagsstjórn vanrækir að boða til hluthafafunda þegar henni er það skylt ber ráðh. að láta boða til fundar ef krafa kemur fram um það frá tilteknum aðilum. Umboðsmaður ráðh. stýrir fundum sem þannig hefur verið boðað til.

Gildandi lög eru mjög fáorð um boðun til hluthafafunda, stjórn þeirra og skyld mál og er því lagt til að sett verði nákvæm ákvæði um þessi efni, enda hafa þau oft valdið ágreiningi í hlutafélögunum.

Um endurskoðun og könnun reikninga eru mjög ófullkomin ákvæði í gildandi lögum. Um það efni fjallar 10. kafli frv. sem er í 13 greinum. Segja má að mestur hluti þess kafla sé nýmæli. Örfá atriði má nefna sérstaklega:

Minni hl. hluthafa er veittur réttur til að krefjast þess að ráðh. tilnefni endurskoðanda er starfi að endurskoðun ásamt kjörnum endurskoðendum.

Reglur eru um að hlutafélög yfir ákveðinni stærð skuli kjósa löggiltan endurskoðanda.

Ráðh. hefur ýmsar heimildir og skyldur í sambandi við tilnefningu endurskoðenda þegar fyrirmælum frv. um það efni er ekki fylgt.

Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund. Einnig skulu þær færa endurskoðunarbók til notkunar fyrir stjórnina.

Hluthafi getur krafist rannsóknar á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi stofnun þess o. fl. Hljóti slík tillaga fylgi hluthafa er ráða minnst ¼ hlutafjár getur hluthafi farið þess á leit við ráðh. að hann tilnefni rannsóknarmenn.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um efni ársreiknings og yfirleitt eru ákvæðin um hann mjög fábrotin og ófullkomin. II. kafli, sem um ársreikninginn fjallar, er því að mestu leyti nýmæli. Hér er um að ræða að mestu tæknileg bókhaldsatriði og fjölyrði ég ekki um það efni, en læt nægja að vísa til ákvæða kaflans og athugasemda við þau.

Í 12. kafla er fjallað um arðsúthlutanir og varasjóði í 7 greinum og er að mestu leyti um nýmæli að ræða. Í gildandi lögum er þessara mála getið í örfáum orðum. Nokkur dæmi um nýmæli frv. að þessu leyti skal ég nefna:

Settar eru reglur um það, hverju sé unnt að úthluta sem arði.

Kveðið er á um skyldu til að leggja í varasjóð og hversu mikinn hluta árságóða beri að leggja í slíkan sjóð. Enn fremur eru ákvæði um á hvern hátt megi nota varasjóð.

Settar eru reglur um ákvörðun um arðsúthlutun og í því sambandi er minni hl. hluthafa tryggður réttur til arðgreiðslu að vissu marki.

Ákvæði er um að lánveitingar félags til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra séu því aðeins heimilar að fullnægjandi trygging sé sett, þó aðeins að því marki sem eigið fé félagsins er hærra en hlutafé.

Um félagslit eru allítarlegar reglur í gildandi lögum. Um nokkrar breytingar og nýmæli er þó að ræða í frv. Þeim ástæðum er fjölgað sem leiða til skyldu til félagsslita, en þær ástæður eru: Í fyrsta lagi þegar félagi skal slíta samkvæmt ákvæðum í lögum eða samþykktum félags, en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit, t. d. ef hluthafar verða færri en 10. Þegar félagið hefur ekki tilkynnt hlutafélagaskrá um stjórn og stjórnarmenn, sem fullnægja skilyrðum, eða hefur ekki framkvæmdastjóra þegar þess er krafist samkvæmt ákvæðum frv.

Þegar ársreikningar, samþykktir og endurskoðaðir, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir hin síðustu þrjú reikningsár.

Í 14. kafla eru settar ítarlegar reglur um samruna hlutafélaga, en ófullkomin ákvæði eru um hana í gildandi lögum. Það hefur verulega þýðingu fyrir uppbyggingu og endurskipulagningu atvinnufyrirtækja að sem gleggstar reglur séu um samruna.

Í gildandi lögum er sérstakur kafli um erlend hlutafélög og allítarlegar reglur. Mörg ákvæði frv. eru svipuð ákvæðum gildandi laga, en nokkurra breytinga og nýmæla gætir þó. Geta má þess, að samkv. frv. er það lagt á vald ráðh. að veita hlutafélagi, sem á lögheimili og varnarþing erlendis, rétt til að starfa hér á landi ef fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Í 17. kafla, sem fjallar um skráningu hlutafélaga, er afar mikilvæg breyting sem snertir fyrirkomulag skráningarinnar. Samkv. gildandi lögum fer skráning hlutafélaga fram í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig, þ. e. a. s. ekki er um að ræða neina heildarskrá. Hér er gert ráð fyrir því, að skráningin verði á einni hendi fyrir landið allt. Er talið vafalaust að mikið hagræði yrði að slíku fyrirkomulagi.

Gert er ráð fyrir því, að ákvæði frv. taki til þeirra hlutafélaga, sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku, með örfáum undantekningum.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa fleiri orð um frv. nú Eins og að líkum lætur hefur hér ekki verið drepið nema á örfá atriði sem fram koma í þessu frv., og ég leyfi mér að undirstrika það, sem áður er sagt, að þar er að finna mjög mörg nýmæli, ákvæði sem eru ekki í gildandi lögum og miklu fyllri ákvæði um ýmis þau efni sem þó eru einhver ákvæði um í gildandi lögum. Yfirleitt er stefnt að því með þessum fyllri lagaákvæðum að koma í veg fyrir, að þetta réttarform geti verið misnotað, og enn fremur að tryggja, að réttar upplýsingar séu fyrir hendi varðandi þessi félög, og um vernd minni hl. og um vernd lánardrottna og mörg önnur atriði í þessu sambandi.

Með frv. fylgja mjög ítarlegar athugasemdir þar sem ég hygg að unnt sé að fá svör við ýmsum þeim spurningum sem vakna í sambandi við lestur frv.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. Það kann að vera álitamál hvort frv. sem þessu ætti frekar að vísa til allshn. eða fjh.- og viðskn. Ég ætla að leyfa mér að gera till. um að því verði vísað til fjh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil fagna því að þetta frv. skuli nú vera komið fram hér á Alþ. Hins vegar er mér ljóst og er sjálf-

sagt öllum ljóst að það getur ekki orðið um það að ræða að þetta frv. fái á þessu þingi gaumgæfilega meðferð í nefnd.

Það hefur komið fram að grundvöllurinn að þessu frv. sé samnorræn tillaga um hlutafélagalöggjöf. Nú það er afskaplega mikilvægt að svona hafi verið unnið að slíku máli. Allt frá árinu 1961 hefur verið unnið á samnorrænum vettvangi að mótun á hlutafélagalögum, og það starf tók 8 eða 9 ár. Það sýnir hversu umfangsmikið og mikilvægt þetta starf er. En því miður — og ég segi: því miður, þá tókum við afskaplega lítinn þátt í því starfi og í reynd ekki nema að nafninu til. Íslendingar tóku lítinn eða engan þátt í mótun á þeim texta, sem þar kom fram, og í þeim umr., sem lágu að baki þess texta.

Framhaldið af því áliti, sem var skilað 1969 af þessari samnorrænu n., var að hinar ýmsu þjóðir tóku til við að útbúa sín hlutafélagalög og flestar hafa nú lokið því. Og mér er nær að halda að einnig í Noregi hafi verið samþykkt ný hlutafélagalög eða séu alveg á næsta leiti.

Samt sem áður, þótt við höfum ekki tekið mikinn þátt í þessu starfi, höfum við byggt á þessum texta, og það er alveg ljóst að það er mjög til bóta að svo er gert. Hins vegar þurfum við að sýna mikla varúð þar sem við höfum ekki tekið þátt í þeirri umr. sem liggur að baki textans. Hins vegar er mér kunnugt um að það hefur verið unnið að þessu frv. hér í mörg ár, og ég efast ekki um að það hafi verið gaumgæfilega gert, þótt hitt hefði verið betra.

Það er afskaplega mikilvægt að þetta frv. verði sem fyrst að lögum þótt það verði ekki á þessu þingi, þá er mjög mikilvægt að það geti orðið að lögum í einhverri mynd á næsta þingi. Við búum við ófullkomna hlutafélagalöggjöf frá 1921, og það frv. til laga um hlutafélög, sem lagt var fram á Alþ. stuttu eftir 1950, náði ekki fram að ganga. Þá var brýn þörf fyrir ný hlutafélagalög, upp úr eða um 1950, og við getum ímyndað okkur hversu brýn þörfin er í dag.

Í þessu frv. eru ákvæði sem bæði styrkja þetta form, hlutafélagaformið, og ættu einnig að styrkja álit þessa félagsforms og auka traust þess. Það verður ekki komist fram hjá því, að þetta félagsform hefur reynst þýðingarmikið og hefur þegar unnið sér fastan sess meðal þeirra þjóða sem búa við þjóðskipulag líkt og við búum við, þannig að það er afskaplega mikilvægt að þessi löggjöf sé vel úr garði gerð.

Í þessu frv., þótt ég hafi ekki haft aðstöðu til að lesa það allt, sýnist mér að séu mjög mikilvæg ákvæði sem reyndar eru í hinum samnorræna texta, bæði um gerð ársreikninga og matsreglur allar varðandi þá gerð, sem eru mjög ófullkomnar í dag, varðandi endurskoðun þessara reikninga og endurskoðun þessara félaga. Það eru hins vegar tekin í þessum lögum upp ný hugtök eins og góð reikningsskilavenja, góð endurskoðunarvenja, sem ekki eru fullmótuð í okkar þjóðfélagi, en þetta eru hugtök sem yrðu að mótast og vinna sér sess. Það eru einnig mjög mikilvæg ákvæði varðandi meðferð fjármagnsins í félaginu, á hvern hátt megi ráðstafa því, að það sé ekki heimilt að lána það og ráðstafa því til hluthafa eftir því sem mönnum dettur í hug á hverjum tíma, heldur verði það að fylgja ákveðnum reglum. Þetta er að sjálfsögðu gert til að tryggja betur hag þeirra manna og þeirra aðila sem eiga inni hjá þessum félögum, því að það hefur verið svo að hagur þessara aðila hefur ekki verið nægilega vel tryggður.

Þá eru hér einnig mikilvæg ákvæði um það, hvert skuli vera lágmarkshlutafé og hversu margir hlutir skuli vera. Um þetta má sjálfsagt endalaust deila. Hér er gert ráð fyrir að hlutir skuli ekki vera færri en 10 í stað 5 áður. Ég leyfi mér að efast um gildi þessa ákvæðis. Það hefur verið misjafnt hversu strangar kröfur hafa verið gerðar til þess hversu hlutir skuli vera margir, jafnvel allt niður í 1 eða 2, og ég er ekki sannfærður um að þetta hafi úrslitaþýðingu, þessi fjölgun úr 5 í 10. Hins vegar hefur mun meiri þýðingu hversu hátt hlutafé skuli minnst vera. Ég held að það geti best tryggt að ekki sé verið að stofna hlutafélag í tilfellum þar sem hlutafélagsformið á alls ekki við. En það hefur verið mjög algengt fram á þennan dag að alls konar smáfyrirtæki, fjölskyldufyrirtæki, hafa verið stofnuð í formi hlutafélaga. Hér er gert ráð fyrir að þetta lágmark sé ein milljón, sem vissulega þarf að endurskoða og athuga. En það er líka mjög mikilvægt í þessu frv., að það er ekki aðeins gerð ákveðin krafa um hvað þetta hlutafé má vera minnst, þótt ég telji að það þurfi að hækka þessa upphæð, heldur einnig á hvern hátt skuli tryggt að þetta hlutafé sé greitt, — það hefur verið mjög farið fram hjá því — að tryggja að það hlutafé, sem ákveðið er í hlutafélagi, sé greitt inn í félagið.

Ég ætla ekki að hafa miklu lengra mál um þetta, herra forseti. En þó er eitt sem mér finnst nokkuð óljóst í frv., þótt verða kunni að ég hafi ekki séð það enn þá og það er hvernig skráningu hlutafélaga skuli háttað. Hér segir að ráðh. setji reglur um skipulag hlutafélagaskrár. Ef ég man það rétt var gert ráð fyrir því í hinum samnorræna texta að það væri sérstakt embætti skráningarstjóra og sérstök hlutafélagaskrá og það væri sérstök stofnun fyrir landið allt. Nú er út af fyrir sig galli að þurfa að draga alla hlutafélagaskráningu til eins aðila. Það er á vissan hátt kostur að geta haft þessa hlutafélagaskráningu dreifða, það veitir betri þjónustu úti um allt land. En hinu er ekki að neita, að þessi hlutafélagaskráning hefur alls ekki verið í lagi, og ég efast um að menn viti með fullri vissu hversu mörg hlutafélög eru í þessu landi. Þess vegna held ég að það sé rétt metið að þetta verði ekki lagfært nema færa þetta á eina hendi og tryggja þá betur og tryggja vel upplýsingamiðlun út um landið.

Þá er einnig mikilvægt varðandi þessa hlutafélagaskrá að hlutafélagaskráin hafi raunhæft eftirlit og fylgist með hlutafélögunum. Það er í gildandi hlutafélagalögum ákvæði þess efnis, að hlutafélög skuli skila inn reikningum á hverju ári. Þessu ákvæði er ekki og hefur sennilega aldrei verið framfylgt. Í hinum samnorræna texta var gert ráð fyrir því, að til skráningarstjóra skyldi skila ársreikningum fyrir hvert einasta hlutafélag. Ég er ekki að segja að þetta skuli vera þannig, en það er mjög mikilvægt og ég vil leggja á það áherslu, að þessi hlutafélagaskrá

sé þannig skipulögð að það sé raunhæft eftirlit með starfsemi hlutafélaga eða a. m. k. yfirsýn yfir starfsemi hlutafélaga. Það var gert ráð fyrir að sú regla yrði í gildi að hverjum sem væri væri heimilt að hafa aðgang að þessari hlutafélagaskrá og fá að sjá reikninga viðkomandi félaga, því að reikningar þessara félaga eiga ekki að vera nein leyniplögg að mínum dómi. Það eru ýmsir sem hafa þar hagsmuna að gæta, og það er á vissan hátt nauðsynlegt að það sé tryggt að almenningi og þeim, sem eiga þar hagsmuna að gæta, sé tryggður aðgangur að vissum upplýsingum varðandi öll hlutafélög. Það styrkir einnig þetta form. Það mun fá meira traust í viðskiptum ef slíkt er fyrir hendi.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson benti á, að það er ekki hægt að segja að það séu beinlínis glögg ákvæði í frv. varðandi hlutafélagaskrána, hver skuli hana halda, af því að það er, eins og hann sagði, lagt á vald ráðh. að setja nánari reglur um það.

Það var svo og mun hafa verið þannig í þessum norrænu lögum og var raunar hugað að því hér líka að setja ný lög um firmaskráningu, og hefur nú reyndar verið gert uppkast að lögum um það efni, frv. um það efni, og í því frv. var gert ráð fyrir einni firmaskrá fyrir landið allt og þá embætti firmaskrárstjóra.

Þetta mundi að sjálfsögðu þýða nýja stofnun, sem getur verið þarfleg stofnun ef hún væri sett á stofn. Ef það er vilji hv. Alþ. að koma því á, þá tel ég sjálfgefið að hlutafélagaskráningin verði í höndum þessa firmaskrárstjóra. En eins og þetta er, þá er ekki löggjöf um það efni fyrir hendi, og hefur verið gert ráð fyrir að viðskrh. setti reglur um hvert fyrirkomulag skyldi vera á skráningunni. Þá yrði það sennilega að vera þannig, að það yrði deild eða starfsmaður í rn. sem sæi um þessa skráningu. Það má sjálfsagt sitt hvað að því finna. Ég held að það verði viðaminna og kosti minna en að setja upp sérstakt embætti og þá sérstöku stofnun, sem gert var ráð fyrir, firmaskrárstofnun.

Hitt er svo auðvitað, að það geta verið skiptar skoðanir um hversu mjög eigi að draga þetta saman á einn stað. Því fylgja vissir annmarkar, en hins vegar augljósir kostir, að á einum stað séu titækar upplýsingar um þetta efni, og með þeim hætti tryggt meira samræmi í framkvæmd að þessu leyti til heldur en átt hefur sér stað hér að undanförnu, þar sem skrásetning félaganna og raunar firmaskráning almennt er á eins mörgum höndum og menn vita.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í tilefni þess sem hv. síðasti ræðumaður sagði, en þakka honum að öðru leyti fyrir góðar undirtektir. Ég endurtek líka það sem ég áður sagði í minni framsöguræðu, að mér er ljóst að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að hv. dm. hafi getað á þessum stutta tíma sett sig fyllilega inn í efni þessa viðamikla frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Innlend endurtrygging, frv. (þskj. 401, n. 444). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. N. varð einhuga um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt. Halldór Ásgrímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Meginefni þessa frv. er að auka áhættufé félagsins, og var sannarlega orðið mál á að svo yrði gert. Lögin eru orðin 30 ára gömul og aðeins smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á þeim frá því þau voru sett og þess vegna er auðsætt að það er tímabært að breyta tölum sem þar eru.

Áhættufé félagsins var í upphafi ákveðið 6 millj. og hafa aðeins bæst 400 þús. kr. við, innborgað áhættufé frá vátryggingarfélögum, en sýnilegt er að þetta verður að stórauka. Það verður að teljast mjög óheppilegt að vátryggingarfélag, þar sem ríkið er langstærsti eigandinn, fullnægi ekki þeim kröfum er ríkisvaldið gerir til annarra vátryggingarfélaga um áhættufé, jafnvel þótt eigið fé þess sé nægilega hátt. Nokkur hluti af iðgjaldatekjum íslenskrar endurtryggingar, eða um 20%, er frá erlendum vátryggingarsamningum, og það hefur viljað brenna við að erlend frumtryggingarfélög hafi ekki viljað endurtryggja hjá íslenskri endurtryggingu vegna þess að þeim hefur þótt áhættufé heldur of lítið. Þess vegna er aðkallandi að ráða bót á þessu, svo að félagið tapi ekki af hagstæðum samningum. Hagkvæmasta leiðin, að því er kunnugir telja, er að fá lagaheimild til þess að gefa út jöfnunaráhættufjárbréf og nota til þess mismun er fram kæmi við hækkun á bókfærðu verði á fasteignum félagsins.

Í frv. er lagt til að áhættuféð verði 34 millj. og það verði fengið með því að gefa út jöfnunaráhættufjárbréf. Talið er að fasteignir félagsins geti staðið undir þessu. Brunabótamat þeirra var síðast 199232689 kr., en bókfært verð aðeins 126196080 kr.

Önnur atriði frv. en þau, sem snerta áhættuféð, eru aðeins til komin vegna breyttra aðstæðna.

Eins og ég sagði var einróma álit n. að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
5.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests, frv. (þskj. 379). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 58. fundur.

Mánudaginn 18. apríl, að loknum 57. fundi.

Innlend endurtrygging, frv. (þskj. 401). — 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 18. apríl, kl. 2 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði. (þskj. 187, n. 455, 461 og 462). — Frh. 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurður Magnússon): Herra forseti. Afstaða mín til frv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði er óbreytt eftir að fjallað hefur verið um málið í iðnn. Nd.

Ég tel að með samningi þessum séu íslendingar að sóa hinni dýrmætu orkuauðlind, raforkunni, á óhagkvæman hátt og taka á sig mjög áhættusamar fjárhagsskuldbindingar um leið og vikist er frá nauðsynlegum skilyrðum mengunar og náttúruvarna.

Ég tel, að hér sé tekin röng stefna í atvinnumálum þjóðarinnar, og vara við því að áfram verði gengið á þeirri braut sem svo mikill vilji er fyrir af hálfu núv. stjórnvalda. Stóriðja, sem byggist á erlendum aðföngum, erlendri tæknikunnáttu og erlendum markaðsyfirráðum, þótt hún sé í meirihlutaeign íslendinga, má ekki hafa forgang í atvinnubróun landsins, forgang að nýtingu orkuauðlinda þess, þegar við blasa í landinu fjölmargir vannýttir möguleikar þjóðlegs íslensks iðnaðar og fjölmargar óuppfylltar þarfir fyrir raforku.

Ég fullyrði að ef haldið hefði verið áfram framkvæmd þeirra áforma, sem uppi voru í tíð fyrrv. ríkisstj. 1974 um nýtingu orkunnar til innlendra þarfa, væri nú þegar tiltækur markaður fyrir alla raforkuna frá Sigölduvirkjun. Nú stöndum við hins vegar frami fyrir þeirri einstöku staðreynd, að verið er að taka í notkun aðra stærstu virkjun landsins án þess að markaður fyrir raforku hennar hafi verið undirbúinn, enda er það ekkert launungarmál, sem altalað er meðal þeirra sem starfa í raforkuiðnaðinum, að skipulag og stjórnun raforkuframkvæmda sé með endemum. Og Framsfl., sem stóð að stefnumörkun fyrri ríkisstj. í raforkumálum, hefur látið teyma sig til þess að skipta um stefnu og standa nú að þessum málum. En núv. hæstv. iðnrh. og raforkumálaráðherra sést ekki fyrir í ákafanum að gera eitthvað og forðast að fara troðnar slóðir í þeirri von að marka ný og merk spor. Þetta ráðleysi hæstv. ráðh. mun svo leiða til stórhækkaðs verðs á raforku til almennings ef ekki á að koma til stórfellds hallarekstrar á raforkuverunum, svo sem hér á landsvirkjunarsvæðinu. Á sama tíma er dregið úr framkvæmdum við samtengingu landsins í eitt raforkusvæði og endurbyggingu dreifikerfisins, þótt vitað sé að þau verkefni séu brýnust á sviði raforkumála, en úr þeim er dregið vegna þess, að hæstv. raforkumálaráðh. átti ekki hlut að því, að marka þá stefnu, heldur fyrirrennari hans í starfi. Í stað þessa er virkjunarframkvæmdum eins og framkvæmdunum við Krófluvirkjun hraðað þótt slíkt sé ekki tímabært. En það var fyrsta verk hæstv. ráðh. að fresta byggðalínunni svonefndu þótt búið væri að ganga frá öllum þáttum þeirrar framkvæmdar, m. a. öllum nauðsynlegum pöntunum efnis til línubyggingarinnar. Áformum um uppbyggingu hvers kyns nýiðnaðar og raforkuhitun er enn slegið á frest eða drepið á dreif, en í stað þess ráðist í stóriðjuframkvæmdir á Grundartanga sem fyrri stjórnvöld höfðu horfið frá. Stjórnað er þannig og stýrt af glæframennsku og gjörsamlega litið fram hjá sameiginlegum hagsmunum þjóðarinnar.

Þetta ráðleysi verður Alþ. að stöðva. Í stað þess að skjóta enn á frest nauðsynlegum þjóðhagslegum áformum í raforku- og atvinnumálum þarf að hefjast handa um framkvæmdir. Því fjármagni, sem nú á að ráðstafa til verksmiðjunnar á Grundartanga, á að verja til raflínuframkvæmda og uppbyggingar nýiðnaðar í landinu sem vinnur úr íslenskum hráefnum. Þær tollaívilnanir, sem nú á að veita járnblendiverksmiðjunni, á að veita íslenskum iðnaði sem víða berst í bökkum vegna hárra tolla á innfluttum hráefnum til framleiðslu sinnar. Raforkuna á sem sagt að nota til innlendra þarfa, við uppbyggingu þessa nýiðnaðar og útrýmingu olíunotkunar þar sem því verður við komið.

Fullnýta þarf sem fyrst ónýttan markað fyrir raforkuhitun, en sá markaður nemur hundruðum gwst., og spara þannig milljarða króna í olíukostnað, en árleg olíunotkun þjóðarinnar til húshitunar einnar saman er nú um 130 millj. lítra og kostar á innflutningsverði olíu þessa árs um 2½ milljarð og verðið til íslensks almennings um 4 milljarða. Útrýmingu olíunotkunarinnar er því mikill gjaldeyrissparnaður samfara, auk þess sem hér er um að ræða brýnt hagsmunamál fyrir það fólk sem býr utan hitaveitusvæðanna, því sannað hefur verið með tilraunum að rafhitun húsa er um 50% ódýrari fyrir húseigendur en olíukynding. Þar sem mögulegt er að nota jarðvarma til upphitunar er sjálfsagt að nota hann. Einnig er sjálfsagt að halda áfram rannsóknum og framkvæmdum við jarðvarmaleit, því víst má telja að finna megi virkjanlegan jarðvarma þar sem ekki er vitað um slíkt nú. Slíkt má þó á engan hátt koma í veg fyrir framkvæmdir við rafhitun húsa því henni má koma fyrir með tvennu móti: annars vegar raforkuhitun þar sem ólíklegt er talið að jarðvarmi finnist og eins með rafhitun vatns á hitakerfi húsa þar sem líkur eru á að jarðvarmi finnist síðar. Slíkar fjárhæðir eru í húfi fyrir þjóðina í sambandi við þetta mál að engar mótbárur duga. Eins þarf að kanna til hlítar nýtingarmöguleika raforkunnar til fiskimjölsþurrkunar

í stað olíu, en þau tæknilegu vandamál, sem þar standa enn í vegi, má með öllum líkindum leysa.

Samhliða þessum framkvæmdum þarf að styrkja innlendan iðnað í landinu, svo sem með tækniaðstoð, markaðsrannsóknum, auknum lánveitingun og niðurfellingu tolla á hráefnum. Gera þarf stórhuga iðnþróunaráætlun um uppbyggingu nýiðnaðar sem hagnýtir innlend hráefni og orku landsins. Á þessu sviði bíða þjóðarinnar, eins og ég gat um áðan, mörg verkefni. Sum þessara nýiðnaðarverkefna má ráðast þegar í vegna þess að nægilegar rannsóknir liggja fyrir um hagkvæmni og rekstur, en önnur þarf að undirbúa frekar. Sem nýiðnaðarverkefni má nefna ýmsa úrvinnslu fiskúrgangs til lyfjaframleiðslu, steinefnaiðnað úr vikri, gjalli og perlusteini, einkum til þarfa í byggingariðnaði, en úr þessum efnum má vinna hvers konar þilplötur og einangrunarefni og nota þau í stað innfluttra efna, svo sem plasts og trjávöru. Basalt, sem nóg er til af í landinu, má bræða og móta úr því margvíslegar iðnaðarvörur, svo sem rör og hellur með miklum styrkleika, og breyta þannig grjótinu okkar í dýrar útflutningsvörur. Talin hefur verið heppileg stærð slíkra steiniðjuvera er nýttu um 10—20 mw. sem verður að teljast mikil raforkunotkun hjá einstökum fyrirtækjum á íslenskan mælikvarða.

Nefna mætti vinnslu úr ýmsum sjávarefnum, frekari vinnslu landbúnaðarafurða, að ekki sé minnst á stóreflingu fiskvinnsluiðnaðarins sem fyrir er.

Hvers konar tækja- og vélaiðnaður fyrir undirstöðuatvinnuvegina á líka að eiga mikla þróunarmöguleika sé að honum hlúð, svo sem nýsmíði í járniðnaði fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu og margvíslegur raftækjaiðnaður fyrir raforkuver og dreifikerfi raforku.

Sementsframleiðslu þarf að auka, en nú eru flutt til landsins árlega um 40 þús. tonn af sementsgjalli fyrir hundruð millj., en mætti framleiða í landinu. Innlenda áburðarframleiðslu þarf einnig að auka og framleiðslu fóðurköggla til skepnueldis. Og við þessa iðnaðaruppbyggingu alla þarf að hafa í huga að nýta verkkunnáttu og tæknikunnáttu þjóðarinnar, en af henni er nóg til í landinu..

Þessum verkefnum, er ég hef hér stuttlega lýst, á þjóðin að snúa sér að og hafna þeirri stefnu, sem núv. iðnrh. er sérstakur áhugamaður um, þ. e. a. s. stórfelldri erlendri stóriðju. Markmið hinna erlendu stóriðjuspekúlanta hafa komið skýrt fram í áætlunum um Integral sem svissneski álhringurinn Alusuisse hefur haft forgöngu um að gera, en í henni er ekki einungis lagt til að erlendir aðilar komi hér upp álbræðslum, heldur gerist þeir aðilar að virkjunarrannsóknum og síðar byggingu orkuvera í landinu. Full ástæða er því til að ætla að stjórnvöld séu nú að endurvekja hin fyrri áform um erlenda stóriðju og þá sérstaklega áliðnað í samvinnu við Alusuisse, — áform sem sett voru fram fyrst á viðreisnarárunum, en náðu þá ekki framgangi nema að litlu leyti vegna mikillar andstöðu landsmanna.

Nauðsyn er á því að þjóðin geri sér grein fyrir þeirri hættu, sem hér er á ferðinni, og dragi lærdóm af þeirri reynslu sem fengist hefur af álverinu í Straumsvík. En það er staðreynd, þótt því sé andmælt af hálfu þeirra er boða erlenda stóriðju, að orkusölusamningarnir við álverið eru einn svívirðilegasti skattpíningarsamningur sem íslensk stjórnvöld hafa gert fyrr og síðar.

Með nál., er ég hef lagt fram í máli þessu, fylgir tafla um orkusölu Landsvirkjunar, og kemur þar fram hver áhrif orkusalan til ÍSALs hefur haft á verðlagningu raforku á landsvirkjunarsvæðinu. Sýnir tafla þessi að þegar stórfellt tap verður á rekstri Landsvirkjunar vegna gífurlegrar rýrnunar á greiðslu ÍSALs til Landsvirkjunar, þá tekur söluverðmæti fyrirtækisins að fylgja verðlagningu í landinu. Fyrirtækið Landsvirkjun á ekki annarra kosta völ en að setja auknar byrðar á innlenda viðskiptamenn sína til að standa undir framleiðslukostnaði sínum. Þessi bróun sést best er borið er saman orkuverð til ÍSALs annars vegar og annarra kaupenda raforku hins vegar. Þannig er orkuverð til ÍSALs 1969 eða í upphafi 68% af orkuverði til annarra kaupenda, en þetta hlutfall fellur síðan niður í 24% 1975. Á því ári kaupir ÍSAL raforku af Landsvirkjun fyrir 490 millj., sem er greiðsla á 1027 gwst., en aðrir kaupendur greiða þá Landsvirkjun 1 milljarð 547 millj. fyrir 787 gwst. 1976 eru gerðar nokkrar lagfæringar á orkuverðinu með nýjum samningi, en þrátt fyrir þá leiðréttingu er orkuverðið til ÍSALs á því ári, 1976, ekki nema 32% af orkuverðinu til annarra kaupenda. Ljóst er að miðað við sömu þróun á álverði og verið hefur undanfarin 15 ár mun hlutdeild ÍSALs haldast óbreytt þrátt fyrir verðbótaákvæði hins nýja orkusölösamnings.

Áhrif raforkusölunnar til ÍSALs á orkubúskap íslendinga eru geigvænleg, eins og þetta sýnir, þegar borið er saman orkuverð til auðhringsins og þær miklu fjárfestingar og skuldbindingar sem þjóðin hefur tekið á sig í þessu sambandi, svo sem við uppbyggingu rafveitukerfisins. Þannig kemur fram í upplýsingum frá Sambandi ísl. rafveitna um orkusölu til notenda árið 1975, að heildarsöluverðmæti raforkunnar það ár hafi verið 6 milljarðar 659 millj., þar af greiddi ÍSAL 490 millj. eða 7,4% af heildarsöluverðmætinu.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir, sem hér eru rifjaðar upp nú og áður hafa oft verið fram settar, halda menn áfram, eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson, að tíunda ágæti álsamningsins, og virðist ekki vera hægt að rökræða þessa hluti við hann. Ég vil segja að víti séu til að varast þau, og samningarnir við ÍSAL eru víti til varnaðar. Ég tel því að þjóð okkar og Alþ. standi hér frammi fyrir raunverulegum valkostum: annars vegar nýtingu raforkunnar til innlendra þarfa til að fullnægja efnahagslegum og félagslegum kröfum fólksins í landinu og svo hins vegar nýtingu raforkunnar í samvinnu við útlendinga við mjög áhættusama framleiðslu sem byggist á erlendum aðföngum. En ég hef haldið því fram að raforkusalan til járnblendiverksmiðjunnar kunni að leiða til orkuskorts og þá um leið aðgerðaleysis af hálfu stjórnvalda til aukinnar innlendrar orkunýtingar.

Þegar ég segi að stefni í orkuskort hef ég í huga að landið verði tengt í eitt rafveitusvæði, svo sem ákveðið hefur verið, með þeim stofnlínum sem til þess þurfa að koma. Fram hefur komið hjá raforkuyfirvöldum að tæknilega væri hægt að koma þessum línum upp á næstu 3 árum, þ. e. a. s. Austurlínunni svonefndu 1978 og Vestfjarðalínunni 1979, ef fé væri veitt til þessara verkefna. En með þessum línum skapast möguleikar á því að veita umframorku af einu svæði til annars, frá svæðum, sem hafa umframorku, til landshluta, sem búa við orkuskort, svo sem til Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða, og jafnframt að hætta disilkeyrslu á þessum svæðum til raforkuframleiðslu. Þessar framkvæmdir eru vitaskuld dýrar, eins og komið hefur fram, en þó ódýrar í samanburði við það ráðleysi og bruðl sem núverandi ástand þessara mála býður.

Í nýjustu orkuspám, þar sem gert er ráð fyrir slíkri samtengingu kerfisins, kemur glöggt fram að hin mikla sala á raforku til járnblendiverksmiðjunnar getur leitt til orkuskorts áður en næsta virkjun kemur í gagnið. Er þó í þeirri spá ekki gert ráð fyrir neinum stórátökum í atvinnumálum, eins og gera þyrfti, eða sérstökum nýiðnaðargreinum er nota mikla raforku.

Sérstakt áhyggjuefni hlýtur þetta að vera nú þegar mikil óvissa ríkir um framkvæmdirnar við Kröfluvirkjun. Þótt vonast sé til að sá vandi, sem þar er við að fást, reynist yfirstíganlegur, er það algjört ábyrgðarleysi í allri áætlanagerð og orkuspám að gera ráð fyrir að Kröfluvirkjun geti hafið fulla raforkuframleiðslu næstu árin.

Í grg. frá Orkustofnun, sem iðnn. hefur borist, kemur fram að í slíku samtengdu kerfi verði orðinn afl- og orkuskortur þegar 1978 sé ekki gert ráð fyrir neinni framleiðslu frá Kröfluvirkjun, en sé gert ráð fyrir hálfri framleiðslu hennar verður kominn aflskortur 1979 og orkuskortur 1980. Ég held að það megi bæta við að það sé mjög óvarlegt að gera ráð fyrir þó ekki sé nema hálfri framleiðslu hennar á þessu tímabili.

Í þessari grg. Orkustofnunar kemur fram, að kæmi ekki til sala á forgangsorku til járnblendiverksmiðjunnar færist fullnýtingarmörk afls og orku aftur um tvö ár. Samtenging landshlutanna, þetta brýnasta verkefni okkar í raforkumálum, er beinlínis forsenda þess að hægt sé að auka raforkunotkunina til innlendra þarfa.

Raforkumarkaðurinn er til, en hann er vannýttur vegna þess skipulagsleysis sem raforkumál landsins hafa verið í og eru í, en það var fyrst í tíð fyrrv. ríkisstj. sem hafist var handa á þessu sviði.

Um ástand raflínukerfisins eða dreifikerfisins segir orkumálastjóri í áður tilvitnaðri grg., og vitna ég orðrétt til ummæla hans:

„Við vitum að Sigalda ein sér verður ekki í reynd fullnýtt að orku 1978. En mikilvægt er að gera sér grein fyrir því, að ástæðan til þess er ekki sú, að orkuþörfin sé ekki fyrir hendi, heldur sú, að flutnings- og dreifikerfi landsins er ekki í stakk búið til að koma orkunni, sem ekki nýtist frá Sigöldu, til þeirra notenda sem þurfa á henni að halda. Það ríkir m. ö. o. offramboð af orku í einum hluta landsins samtímis orkuskorti í öðrum hlutum þess“.

Þetta var tilvitnun í bréf orkumálastjóra.

Orkuþörfin er því til staðar, eins og ég gat um áðan, um það geta menn ekki deilt. Vil ég í því sambandi vekja athygli á að verkfræðideild Landsvirkjunar hefur tilkynnt iðnn. að orkusalan til járnblendiverksmiðjunnar, miðað við 488 gwst., nemi um 630 millj. á ári fyrst í stað, en það samsvarar um það bil sölu á 200 gwst. af forgangsorku á almennan markað eða til rafveitnanna, og þessi markaður er til staðar. Væri þessi seinni kostur tekinn væri tekjutap Landsvirkjunar vegna járnblendiverksmiðjunnar bætt, auk þess sem óráðstafað væri þá um 288 gwst. sem selja mætti við vægu verði til innlendra neytenda sem hagnýtt gætu slíka orku.

Þær aðstæður, sem ég hef hér nú lýst, eru slíkar að með engu móti er hægt að rökstyðja raforkusölu til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, og fráleitara reyndar þegar haft er í huga að raforkuna á að selja undir framleiðslukostnaðarverði orkunnar frá Sigöldu, miðað við 10% vexti og 40 ára afskriftartíma. Og ég vil taka það fram, að í þessum útreikningum er ekki heldur tekið tillit til byggingarkostnaðar Hrauneyjafossvirkjunar, svo sem rétt væri að gera.

En verð forgangsorku samkvæmt þessu frv. er ætlað að verði 202 aurar á kwst. fram til ársins 1982, en verð afgangsorku 51 eyrir á kwst. og meðalverð því kr. 1.26 á sama tíma og verð raforku til landsmanna er að meðaltali miklu hærra. Hins vegar ber á það að líta, að þótt verð á forgangsorku sé 202 aurar á kwst. eða 95% af gjaldskráðu verði Landsvirkjunar frá og með áramótunum 1976—1977 verður fyrst og fremst að styðjast við meðalverðið kr. 1.26 á kwst., því vegna hinna ströngu afhendingarskilmála er það rangtúlkun að tala um afgangsorku í sambandi við afhendingu raforku til verksmiðjunnar á Grundartanga. En í samningunum um raforkusöluna þangað eru eftirfarandi ákvæði um sölu afgangsorku auk verðákvæðanna:

Ákvæði 5.1: Mesta sala 306 gwst. á ári. Ákvæði 5.2: Meðalsala 244 gwst. á ári á samningstímabilinu. Ákvæði 5.3: Minnsta sala á einu ári 153 gwst. Ákvæði 5.4: Minnsta sala á samfelldu fjögurra ára tímabili 183,5 gwst. á ári.

Þessi ströngu skilyrði, er ég hef hér lesið upp, gefa mjög lítið svigrúm í orkuafhendingu og er því alrangt að tala um ótryggða orku í þessu sambandi eða afgangsorku. Til þess að skjóta rökum undir þennan málflutning minn vil ég vitna til orða orkumálastjóra í grg. þeirri frá Orkustofnun er ég vitnaði til áðan. Þar segir: „að miðað við verðlagningu orkunnar sýnast þessi ákvæði tæplega eiga hér heima. Hér er gerð gæðakrafa sem varla er í samræmi við verð vörunnar. Ákvæði 5.2 á Landsvirkjun út af fyrir sig að geta uppfyllt án vandkvæða og án þess að takmarka verulega sölu á afgangsorku til annarra notenda. Óeðlilegt er hins vegar að notandi, sem ekki greiðir hærra verð, geti gert slíka gæðakröfu. Ákvæði 5.3 og 5.4 geta hugsanlega leitt til þess, ef þeim er strangt framfylgt, að aðrir kaupendur afgangsorku frá

Landsvirkjun verði að sætta sig við meiri sveiflur í orkuafhendingu milli árstíða og milli ára en járnblendiverksmiðjan þarf að gera, enda þótt ákvæðin hafi ekki áhrif á meðaltal orkuafhendingar yfir lengra tíma. Meiri sveiflur í afhendingu má líta á sem rýrnun á gæðum hinnar seldu vöru.“ Og síðar segir í þessari sömu grg.: „Æskilegt væri að losna alveg við ákvæðin 5.2—5.4, enda eru þau ekki í samræmi við verðlagningu afgangsorkunnar.“ Lýkur þar með tilvitnun um þetta atriði í bréf orkumálastjóra og Orkustofnunar.

En ég vil segja, að það verður að taka fullt mark á þessum orðum og viðurkenna það, að umrædd skilyrði eru svo ströng að skilgreiningin afgangsorka á hér ekki við. Tímabundið getur þetta verið rétt, en í samningum um orkuafhendingu til næstu 20 ára við aðstæður, sem enginn sér fyrir, getur þetta ekki staðist.

Ég vil svo bæta því við í sambandi við þennan raforkusölusamning, að þótt fallist sé á þær forsendur verðlagningar, sem þar er gert ráð fyrir til verksmiðjunnar á Grundartanga, og þar með þá skilgreiningu, sem Landsvirkjun hefur sett fram í sambandi við orkuafhendinguna og orkusöluna yfirleitt, þrátt fyrir það og séu þessi mál skoðuð frá því sjónarhorni, þá kemur í ljós að hreinn hagnaður Landsvirkjunar af þessari orkusölu er að mati Landsvirkjunar á 20 ára tímabili einungis 2 milljarðar eða 100 millj. kr. á ári, og er þá í öllu fylgt þeirra skilgreiningu. ingu.

Ég tel því, þegar litið er til hinna fjölmörgu nýtingarþarfa raforkunnar fyrir fólkið í landinu, sem ég hef vakið athygli á fyrr í ræðu minni, að það sé ráðleysi að ráðstafa raforkunni eins og samningurinn gerir ráð fyrir, þrátt fyrir það að fyrirtækið sé að meiri hl. í eign íslendinga og þrátt fyrir það að nokkur trygging sé fyrir því að verðið fáist bætt með þeim verðbótasamningum sem gert er ráð fyrir í samningnum. Íslenska þjóðin hefur einfaldlega ekki efni á því að ráðstafa orku sinni með þessum hætti.

Ég ætla þá að þessu sinni ekki að hafa fleiri orð um þennan þátt málsins, þ. e. a. s. raforkusöluna og nýtingu raforkunnar við okkar íslensku aðstæður, og vitna þar til minnar fyrri ræðu. Þar fjallaði ég nokkuð um þetta, eins og þm. e. t. v. muna. Og ætla ég þá að vikja aðeins á eftir að rekstrarafkomu þessa fyrirtækis. Það skiptir vitaskuld miklu máli hvernig að þeim málum er staðið.

Ég vil segja að það er mikil ástæða til þess að efast um arðsemi járnblendiverksmiðjunnar, sem stafar af því hve verð á kísiljárni er háð verði stáls, en stálframleiðslan á nú í miklum erfiðleikum bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu, en það er á Evrópumarkaðinn sem selja á framleiðslu verksmiðjunnar. Þannig hefur verð á stáli lækkað um 15½% á s. l. ári eða úr 348 dollurum í 294. Þessu ástandi stálmarkaðarins er nokkuð lýst í fjármálaritinu Economist 12. febr. s. l., en þar segir að stálframleiðsla í Evrópu og í Bandaríkjunum eigi nú í vaxandi erfiðleikum vegna aukinna umsvifa, einkum japana og reyndar annarra landa, svo sem þriðja heims landanna. Samkv. greininni stafar framleiðsluaukning japana m. a. af því, að tækni þeirra við stálframleiðslu hefur þróast mjög ört, sem sést á því að fyrir 20 árum voru japanir 69 stundir að framleiða hvert tonn af stáli, en eru í dag tæpar 9 stundir að því. Á sama tímabili, 20 ára tímabili, hafa evrópumenn alls aukið afköst sín í stáliðnaðinum úr 36 stundum á tonn í 15—25 stundir og bandaríkjamenn úr 15 stundum í 11. Fyrir um 20 árum framleiddu japanir 9.4 megatonn af stáli af um 270 megatonna heimsframleiðslu, en framleiða nú 119 megatonn af 680 megatonna heimsframleiðslu, og hefur hlutdeild þeirra aukist úr 3½% í 17½% á þessu umrædda tímabili. Ýmis lönd þriðja heimsins hafa líka rutt sér til rúms í stáliðnaðinum, svo sem Brasilía, Venesúela, Íran, Egyptaland og fleiri lönd, en gert er ráð fyrir að þessi lönd ráði yfir um 10% af stálframleiðslunni strax 1980, til samanburðar við framleiðslu þeirra 1964 sem var um 1% heimsframleiðslunnar.

Erfiðleikar stálvinnslunnar í Evrópu eru afleiðing þessarar þróunar m. a., og verður ekki annað séð en þetta erfiðleikatímabil sé varanlegt, en stálvinnsluver í Evrópu eru nú rekin langt undir fullum afköstum, í Þýskalandi t. d. á um 60% af afkastagetu, og fjölmörg fyrirtæki í Frakklandi, Belgíu, Bretlandi og víðar búast við gjaldþroti. Segir í áðurnefndri grein, að hugmyndir séu uppi um þjóðnýtingu þessarar framleiðslu víða í Evrópu og væntanlegar séu aðgerðir í tollamálum til að reyna að verja þessa framleiðslu frekari áföllum.

Svipaðar greinar um ástand stálmarkaðarins má finna í ýmsum öðrum erlendum blöðum. Þannig kemur fram t. d. í grein í blaðinu Le monde diplomatique frá því í des. s.l., að stálmarkaðurinn í Efnahagsbandalagslöndunum eigi í miklum erfiðleikum og af þeim sökum hafi 25 þús. manns misst vinnu sína við þennan iðnað í EBE-löndunum einum saman á tímabilinu frá því í júlí 1975 þar til í júní 1976. Og í Metal Bulletin segir að lagerpláss kísiljárnframleiðenda í Noregi séu orðin full eða að fyllast vegna lélegrar markaðsþróunar kísiljárns.

Það er rétt að vekja athygli á þessu ástandi stálmarkaðarins, sérstaklega vegna þess að það er stefnt að því í sambandi við framleiðslu verksmiðjunnar á Grundartanga að selja á þennan markað. Þegar fer megnið af sölu Fesils, sölusambandsins sem kemur til með að selja framleiðslu Grundartangaverksmiðjunnar, á þennan Evrópumarkað, um það bil 70% af sölu þess, og afgangur framleiðslunnar fer síðan til Japans. Og það, sem kannske gerir málið enn stærra, er það að áætlanir eru um það hjá Elkem og Fesil að 1985 muni 90% af sölunni fara til þessara Evrópulanda eða 320 þús. tonn, en aðeins 30 þús. tonn á Japansmarkaðinum.

Það er spurning hvort það hafi e. t. v. verið þessar ástæður stálmarkaðarins í Evrópu sem urðu þess valdandi, að Union Carbide kaus að draga sig út úr samvinnunni við Íslendinga um byggingu verksmiðjunnar og greiða 850 millj. í skaðabætur til íslenska ríkisins til þess að vera laust allra mála.

Um þátt Union Carbide í þessu máli segir í frv., þar sem gerð er grein fyrir aðdraganda málsins, og les ég það orðrétt:

„Í okt. 1975 var gert hlé á viðræðum um lánsfjármálin, jafnframt því sem fulltrúar Union Carbide létu í ljós um þær mundir verulegar áhyggjur yfir framvindumöguleikum fyrirtækisins í náinni framtíð. Á árinu 1975 varð verulegur samdráttur á markaði fyrir kísiljárn, og töldu fulltrúarnir hugsanlegt að vöxtur eftirspurnar yrði hægari en fyrr hafði verið áætlað, jafnframt því sem fjölgun eða endurnýjun kísiljárnverksmiðja gæti orðið meiri næstu árin en fyrri kannanir hefðu bent til. Einnig töldu þeir líkur á hækkandi byggingarkostnaði. Með hliðsjón af þessu var tekin um það sameiginleg ákvörðun á stjórnarfundi í Járnblendifélaginu í nóv. 1975 að takmarka frekari fjárskuldbindingar félagsins þar til búið væri að endurskoða áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað félagsins og gera nýja markaðsathugun. Var og ákveðið að fresta framkvæmdum við bygginguna að svo stöddu og neyta heimilda til þess í gerðum verksamningum.

Snemma árs 1976 lágu fyrir ýmsar niðurstöður af þeim athugunum sem stjórnin hafði ákveðið, og töldu fulltrúar Union Carbide þær staðfesta áhyggjur sínar fremur en hitt. Kváðust þeir reiðubúnir til að standa við allar skuldbindingar sínar samkv. gerðum samningi, en hins vegar væri útlit fyrir að ekki mundi takast að koma verksmiðjunni upp án frekari skuldbindinga af hálfu beggja aðila. Teldu þeir vafasamt að ganga til slíks vegna þess, að líkur væru til lakari afkomu fyrirtækisins en við hefði verið búist, og kæmi allt eins til greina að leggja það á hilluna að svo stöddu."

Það er rétt að það komi fram hér, að ég hef óskað eftir því á Alþingi án árangurs að fá afhentar allar þær upplýsingar sem um getur í ofangreindri tilvitnun svo sem þær nýju markaðsathuganir sem gerðar voru og staðfestu áhyggjur Union Carbide um óhagkvæmni verksmiðjunnar. Ég hef bæði óskað eftir þessum gögnum í iðnn. Nd. og einnig hér við 1. umr. málsins beinlínis af iðnrh.

Ég sé nú, að iðnrh. hefur farið úr salnum, hefur ekki haft þolinmæði til að hlusta á þessa ræðu, og ég óska eftir því við forseta að hann verði beðinn um að koma hér í salinn, m. a. til þess að hlusta á þessa ósk mína, og ætla ég að bíða með frekari málflutning þar til hann hefur komið hér inn í salinn. — Já, ég sé að iðnrh. er kominn aftur í salinn þannig að ég get haldið áfram málflutningi mínum.

Ég var kominn þar í ræðu minni sem ég gat um það, að ég hefði ítrekað óskað eftir því að fá þær áætlanir, m. a. um nýjar markaðsathuganir, sem stjórn Járnblendifélagsins í samvinnu við Union Carbide lét gera á sínum tíma, en þessar áætlanir staðfestu áhyggjur hinna bandarísku aðila um óhagkvæmni verksmiðjunnar uppi á Grundartanga og þess vegna vekur það mikla furðu að þessi plögg skuli ekki fást afhent. Ég óska eftir því og ítreka þá ósk mína við iðnrh. að þessi plögg verði dregin fram í dagsljósið.

Af þeim upplýsingum um markaðsmál, sem ég hef hér lesið, má ráða að útlit sé fyrir að verð á kísiljárni verði lágt á næstu árum, en mikið verðfall varð á þessari vöru á árinu 1976, eins og þegar hefur komið fram. Og í viðræðum við iðnn. Nd. hefur Jón Sigurðsson forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar sagt, að miðað við verðlag ársins 1976 hefði járnblendiverksmiðjan ekki borið sig, og undirstrikar þá staðreynd að fyrirtækið er áhættufyrirtæki. Að minni ósk hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út arðsemi verksmiðjunnar miðað við rekstur á árinu 1976 og læt ég þá útreikninga fylgja nál., sem lagt hefur verið fram, sem fskj., en niðurstöður þeirra útreikninga eru þær, að miðað við verðlag á kísiljárni á því ári og áætlaðan rekstrarkostnað verksmiðjunnar hefði beint tap á rekstrinum orðið á því ári 22 millj. norskra kr. eða um 800 millj. ísl. kr.

Arðsemisáætlun sú, sem hins vegar er stuðst við í samningnum um verksmiðjuna, er byggð á spám Elkems um verðlagningu kísiljárnsverðs 1978, og er full ástæða til þess að draga frá arðsemisáætlun og þær verðlagsforsendur, sem hún miðar við, mjög í efa þegar litið er til fenginnar reynslu og þeirrar markaðsþróunar sem spáð er í stáliðnaði. Og þó að Þjóðhagsstofnun gefi upp tiltölulega jákvætt álit á arðsemisútreikningum verksmiðjunnar vil ég vekja athygli á því, að hún gerði það líka með bréfi dags. 10. mars 1975 er málið var þá til afgreiðslu hér á Alþ. Þá taldi Þjóðhagsstofnunin eftir þeim upplýsingum, er hún hafði tiltækar og voru einkum frá Elkem, að markaðsþróun kísiljárnsverðs yrði hægfara, en þó jákvæð og upp á við, einkum vegna vaxandi eftirspurnar. Þrátt fyrir þetta gerist það nokkrum mánuðum síðar en bréfið er skrifað, eða strax í ársbyrjun 1976, að verðlag á kísiljárni snarfellur með þeim afleiðingum, er ég hef hér bent á. Þannig held ég að það sé full ástæða til þess að taka athugun Þjóðhagsstofnunar á þessu máli með miklum fyrirvara, sérstaklega vegna þess að það er ljóst af öllum upplýsingum þessa máls, að Þjóðhagsstofnun hefur ekki þá möguleika sem virðist þurfa til þess að kanna þetta mál sjálfstætt, en byggir athuganir sínar og umsagnir á upplýsingum þeirra erlendu aðila sem verið er að semja við.

En það er ekki nóg með að rekstraráætlanir járnblendiverksmiðjunnar séu byggðar á loftköstulum hvað varðar sölu á afurðum hennar. Hráefnakostnaður er greinilega mjög vanreiknaður. Þannig er það deginum ljósara, að jafnvel þótt við tækjum mark á spám Elkems um skilaverð kísiljárns, en gengjum út frá réttum hráefnakostnaði, blasir eigi að síður við stórkostlegur halli á rekstri verksmiðjunnar, og vil ég nú rökstyðja þetta nokkru frekar máli mínu til stuðnings.

Í rekstraryfirliti, sem Þjóðhagsstofnun hefur gert á grundvelli verðlagsins 1976, er hráefnakostnaður 43% af sölutekjum og lætur nærri að það sé meðaltalshlutfall hráefnakostnaðar ef litið er aftur til langs tímabils í þessum iðnaði. Í rekstraryfirliti, sem hins vegar er gert fyrir árið 1985 miðað við verðlag ársins 1978 og Járnblendifélagið vill nota sem mælikvarða á arðsemi verksmiðjunnar, enda byggt á spám Elkems, er hráefnakostnaður hins vegar einungis 34% af sölutekjum. Verður að telja að hér sé mjög óvarlega áætlað um hráefnakostnað, og meðan engin rök eru færð fyrir slíkum útreikningum verður að álykta að hér sé með reikningskúnstum

verið að búa til æskilegan rekstrargrundvöll fyrir verksmiðjuna, einkum þar sem vitað er að verð á hráefnum hefur undanfarin ár hækkað heldur meira en markaðsverð kísiljárns og almennt er því spáð að hráefnaverð muni hækka hlutfallslega meira en fullunnar vörur. Þannig er það skoðun vistfræðinga að verð á óendurnýjanlegum auðlindum muni fara sífellt hækkandi, auk þess sem vaxandi kröfur þriðja heims ríkjanna, hráefnislandanna svonefndu, um sjálfsagða efnahagslega endurreisn í kjölfar stjórnarfarslegs sjálfstæðis þeirra muni leiða til hækkandi verðs á slíkum hráefnum.

Áætlun þessi er því villandi og röng og furða ég mig á því, að Þjóðhagsstofnun skuli ekki gera athugasemdir við þennan þátt hennar, en í umsögn Þjóðhagsstofnunar, þar sem fjallað er um áætlaðan hráefnakostnað, segir orðrétt: „Hvað hráefnis- og vinnulaunakostnað áhrærir er þessi áætlun reist á raunverulegum kostnaðartölum einnar verksmiðju, Elkem í Noregi, og tiltölulega vel þekktum einingarverðum á helstu hráefnisliðum, þ. e. a. s. kvartsi, kolum og koksi."

Þannig er þessi umsögn. En hefði ekki verið ástæða til þess í svo stóru máli að gera vísindalegri athuganir og kanna t. d. vísitölur í Noregi yfir þessi væntanlegu hráefni járnblendiverksmiðjunnar, frekar en að taka gildar tölur frá Elkem um rekstur einnar verksmiðju þar? En staðreynd er, ef heildsöluvísitölur þessara hráefna í Noregi eru skoðaðar, að hráefnaverð er hér áætlað allt of lágt, eins og fyrr sagði. Í stað þess að áætla hráefnakostnaðinn 34% af sölutekjum væri nær að áætla hann 44% af sölutekjum, en hlutfallið 44% hefði orðið meðaltal hráefniskostnaðar kísiljárnverksmiðju eins og járnblendiverksmiðjunnar í hlutfalli af sölutekjum ef miðað er við verðlag áranna 1971—1976.

Ef við leiðréttum nú þessar augljósu reikningsskekkjur þeirra, sem ákafast tala fyrir verksmiðjunni á Grundartanga, og göngum út frá eðlilegum hráefniskostnaði, hver verður þá arðsemi verksmiðjunnar? Lítum yfir rekstraryfirlitið, sem byggt er á rekstri árið 1985 og verðlagi ársins 1978, áætlunina sem Járnblendifélagið vill nota sem mælikvarða á arðsemi verksmiðjunnar. Þessi áætlun gerir ráð fyrir 7 millj. norskra kr. í hagnað. Ef hráefniskostnaðurinn er leiðréttur til þess sem eðlilegast hlýtur að teljast miðað við reynslu síðustu 6 ára, þá er hagnaðurinn horfinn og niðurstaða rekstraryfirlits er orðin neikvæð um 10 millj. norskra kr. eða um það bil 360 millj. ísl. kr. Til þess að þetta glæfrafyrirtæki á Grundartanga geti borið sig og komið út með hallalausan rekstur miðað við söluverðsforsendur Járnblendifélagsins og Elkems má verð á hráefnum ekki vera hærra en 38% sem hlutfall af sölutekjum eða 6% lægra en meðaltal síðustu 6 ára.

Allt er því gert til þess að gera þetta fyrirtæki girnilegt í augum íslendinga. Gerðar eru spár um stórhækkað söluverð á kísiljárni þrátt fyrir svart útlit í markaðsmálum og útreikningarnir síðan kórónaðir með því að lækka hráefniskostnað stórlega frá því sem eðlilegt getur talist í slíkum iðnaði. Reikningskúnstir sem þessar geta menn viðhaft séu þeir að leika sér, en ekki ef þeir vilja í alvöru láta taka mark á sér.

Með nál. mínu í þessu máli fylgja töflur yfir þróun norskrar heildsöluvísitölu yfir kol og koks, járn og málma ásamt töflu, er sýnir hreyfingu á markaðsverði kísiljárns, til þess að undirstrika þennan málflutning minn. Ég læt einnig fylgja þar töflu er sýnir hlutdeild hráefniskostnaðar í framleiðslu hugsanlegrar járnblendiverksmiðju miðað við verðlag á árunum 1971—1976. En niðurstaða mín er sú, hvað viðkemur arðsemi þessa fyrirtækis, eins og ég gat um áðan, að þetta sé áhættusamt glæfrafyrirtæki eins og ástandi mála á markaðnum er nú háttað, og áhætta okkar íslendinga er vitaskuld allt önnur og miklu meiri en hins norska aðila því hann hefur þegar margvíslegra hagsmuna að gæta á kísiljárnsmarkaðnum. Hann er knúinn til þess vegna baráttu sinnar um yfirráðin á Evrópumarkaðnum að halda framleiðslu sinni áfram og reisa nýjar verksmiðjur í stað þeirra gömlu sem gengið hafa úr sér, auk þess sem hann tekur gróðann af sölu tækniþekkingar, af sölu tæknibúnaðar og bræðsluofna og sölu á hráefnum sem ætlunin er að kaupa í Norður-Noregi þar sem Elkem á námur. Einnig ber að hafa það í huga að Elkem er eignaraðili í stáliðjuverum í Evrópu og hefur þannig margslunginna hagsmuna að gæta.

Og ætla ég þá að hverfa frá þessari arðsemisathugun allri saman og víkja að öðrum þætti þessa máls sem eru mengunarmálin. Ég gat þess við 1. umr. málsins að full ástæða væri til að kanna hvaða áhrif hinn sérstaki tæknisamningur Járnblendifélagsins við tæknideild Elkems kynni að hafa, svo sem við val hreinsitækja. Nú hefur það verið staðfest að tæknideild Elkem, sem fær einokunaraðstöðu við val og smíði ýmiss tæknibúnaðar, m. a. hreinsitækja, telur sig ekki geta smíðað hreinsitæki sem hreinsi meira en 95% af útblæstri verksmiðjunnar og hún hefur ekki yfir að ráða þeirri tæknikunnáttu sem gerir kleift að endurvinna úrgang verksmiðjunnar. Union Carbide, sem upphaflega var rætt við um samstarf við byggingu verksmiðjunnar, hafði hins vegar yfir að ráða tækni til þess að hreinsa útblásturinn um 99% og tækni til að endurvinna úrgang verksmiðjunnar. Allar umr. um mengunarþátt verksmiðjunnar og veitingu starfsleyfis í upphafi voru því miðaðar við tæknikunnáttu hins bandaríska aðila, en með tilkomu Elkems má segja, að viðhorfin hafi mikið breyst og séu allt önnur. Um þennan þátt málsins segir í skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sem fylgir umsögn þeirra um gerð starfsleyfis, með leyfi forseta:

„Á fyrri hluta ársins 1975 fjallaði Heilbrigðiseftirlit ríkisins um starfsleyfisumsókn fyrir hlið stæða verksmiðju er byggð skyldi og rekin í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide. Niðurstaða Heilbrigðiseftirlits ríkisins varð þá sú, að unnt væri að reisa slíka verksmiðju án þess að fyrirsjáanlegt væri, að rekstur hennar hefði í för með sér verulega mengun umhverfis, og á þann hátt, að heilbrigði og öryggi starfsfólksins væri nægjanlega tryggt. Forsendur þessarar niðurstöðu voru þær, að beitt yrði nýjustu og fullkomnustu tækni til varnar mengunar á ytra jafnt sem innra umhverfi og

að til grundvallar starfsleyfis yrðu lagðir staðlar bandarísku umhverfismálastofnunarinnar EPA fyrir hreinsun útblástursloftsem lagðir höfðu verið fram í tillöguformi haustið 1974 og almennt var álitið að lögfestir yrðu þar í landi. Upplýsingar þær sem fylgdu áðurnefndri starfsleyfisumsókn Íslenska járnblendifélagsins, dags. 7. sept. 1976, leiddu hins vegar í ljós ýmsar breytingar frá þeim áætlunum, sem gerðar voru í samvinnu við bandaríska fyrirtækið. Tók Heilbrigðiseftirlit ríkisins þá afstöðu, að við afgreiðslu umsóknarinnar væri nauðsynlegt að vinna málið frá grunni á ný, m. a. af eftirtöldum ástæðum:

1. Framleiðslutækni norska fyrirtækisins er að nokkru leyti frábrugðin þeirri framleiðslutækni Union Carbide sem áður var lögð til grundvallar.

2. Á þeim tíma, sem liðinn er frá afgreiðslu fyrri till., hefur ýmislegt gerst í umhverfismálefnum slíkra verksmiðja í helstu framleiðslulöndum, m. a. hafa verið settar nýjar reglur um megunarvarnir og fram hafa komið margþættar kröfur um bættar aðstæður á vinnustað.

3. Í umsókn fyrirtækisins er eindregið óskað eftir því, að starfsleyfi verksmiðjunnar byggi á reglum norskra yfirvalda um mengunarvarnir við slíkar verksmiðjur þar í landi sem nýlega hafa verið settar. Reglur þessar eru að verulegu leyti frábrugðnar áðurnefndum till. bandarísku umhverfisverndunarstofnunarinnar og gera ekki jafnstrangar kröfur til hreinsunar rykmengaðs útblástursloftsfrá slíkum verksmiðjum."

En það var vegna þessarar kröfu, sem hér er lýst, um leyfi til verksmiðjunnar til framleiðslu í bilanatilfellum allt að 14 sólarhringa á ári eða um 4% af rekstrartíma hvers árs, sem staðið hefur í þófi nú um nokkurra mánaða skeið að afgreiða starfsleyfi til verksmiðjunnar. Þetta er á allra vitorði sem fylgst hafa með gangi málsins, og niðurstaðan liggur nú fyrir. Till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins hefur í ýmsum atriðum verið hafnað og kröfum Járnblendifélagsins og Elkems fullnægt með ómarkvissu orðalagi um rekstur í ýmsum atriðum.

Ég gat þess í nál. mínu að ekki hefði gefist tími til þess, áður en því var skilað til prentunar, að kanna rækilega hvernig till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins hefðu verið meðhöndlaðar af rn. En vegna þess að veittur var frestur á umr. málsins hér í d. hef ég haft tækifæri til að bera till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins í einstökum atriðum saman við endanlega gerð starfsleyfis, og því miður verður það að segjast hér, að í mörgum atriðum hefur verið dregið úr þeim skilyrðum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins setti fram, og ég tel mér skylt að greina frá þessum veigamestu breyt. hér í d., einkum eftir að hæstv. heilbrrh. hefur ranglega skýrt Alþ. frá því að till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins hafi einungis verið breytt í tveimur atriðum. Aðrar breyt. hafi fyrst og fremst verið önnur uppröðun og framsetning tillagnanna.

Veigamestu breyt. frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins eru þær, að gefið er leyfi fyrir rekstri tveggja ofna nú þegar þrátt fyrir andstöðu Heilbrigðiseftirlits ríkisins, fyrirtækinu er raunverulega leyfður rekstur verksmiðjunnar í bilanatilfellum, mengunarmörkum er breytt og þau eru gerð rýmri í sumum atriðum en almennt þekkist í slíkum iðnaði í öðrum löndum, felldar eru burt eða dregið er úr kröfum um efnagreiningu á hráefnum og úrgangi verksmiðjunnar, sem er ein höfuðforsenda raunhæfs mengunareftirlits, dregið er úr kröfum um hönnun mannvirkja, svo sem reykháfa, millilofta í verksmiðju og innra kælikerfis verksmiðjunnar, felldar eru niður kröfur um sérstakan hreinsibúnað við flutning, mölun og pökkun hráefna og við málmsteypu, en á þessum stöðum í verksmiðjurekstrinum er talin sérstök hætta af rykmengun. Auk þessa er víða dregið almennt úr valdi og rétti Heilbrigðiseftirlits ríkisins til afskipta af framleiðslunni og fyrirkomulagi mengunarvarna. En til glöggvunar alþm. vil ég fara yfir þessar breyt. og bera saman annars vegar till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og samsvarandi ákvæði í starfsleyfinu, og mun ég í þessum orðum mínum oft vitna orðrétt til þessara till. með leyfi forseta.

Ákvæði 1.1. í starfsleyfinu fjallar um að veitt sé leyfi fyrir framleiðslu í tveimur ofnum í stað eins, en í athugasemdum sínum um ákvæði 1. segir Heilbrigðiseftirlit ríkisins m. a.:

„Mjög ör þróun hefur átt sér stað í gerð búnaðar til mengunarvarna við slíkar verksmiðjur. Enn fremur er í gangi endurskoðun á málefnum slíkra verksmiðja hjá yfirvöldum í nágrannalöndunum. Heilbrigðiseftirlit ríkisins telur því ekki rétt, að fjallað verði um veitingu starfsleyfis fyrir síðari ofninn fyrr en fyrirtækið óskar að hefja byggingu hans".

Í ákvæði 2.2. í starfsleyfinu, þar sem fjallað er um gerð hreinsibúnaðar, segir:

„Afkastageta búnaðarins og hógvær skipting skal við það miðuð að hreinsihæfni haldist óskert þó eitt hólf sé tekið úr notkun til viðhalds og eftirlits".

Í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins er hins vegar gert ráð fyrir því að afkastageta og hreinsihæfni haldist óskert þótt tvö hólf séu tekin úr notkun. En í athugasemdum sínum með þessu atriði segir Heilbrigðiseftirlit ríkisins m. a.:

„Pokahús verksmiðjunnar á Grundartanga mun verða af svonefndri yfirþrýstingsgerð. Mun það verða hólfað niður í a. m. k. tólf hólf, og er þess krafist að við hönnun þess verði við það miðað að hreinsigeta haldist óskert þótt lokað sé tveimur hólfum samtímis til viðhalds og eftirlits." Og annars staðar, þar sem fjallað er um hönnun slíkra pokahúsa, segir: „Mikilvægt er, að afkastageta pokahúsanna sé nægilega mikil þannig að þau anni öllu loftmagni sem til þeirra berst þótt taka þurfi hólf úr sambandi vegna viðhalds og eftirlits."

Hér hafa kröfur Heilbrigðiseftirlitsins sem sagt verið skornar niður að hálfu leyti.

Í ákvæði 2.3, í starfsleyfinu segir:

„Áður en til rekstrar verksmiðjunnar kemur skal fyrirtækið gera áætlun um viðhald og eftirlit með tæknibúnaði, varahlutabirgðum, aðgerðir í bilanatilfellum og aðra þætti er varða rekstraröryggi hreinsibúnaðar. Skal hún lögð fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins til kynningar."

Hér er gerð sú meginbreyting frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, að umrædda áætlun bar að leggja fram til samþykktar hjá Heilbrigðis-

eftirliti ríkisins. Og um mikilvægi rekstraröryggis hreinsibúnaðar segir svo í aths. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um þetta ákvæði 2.3:

„Reynslan af rekstri hreinsibúnaðar við erlendar verksmiðjur hefur leitt í ljós að rekstraröryggi hreinsibúnaður ræður oft meiru um það heildarrykmagn, sem út í andrúmsloftið er hleypt, en hreinsihæfni búnaðarins sjálfs.“

Um ákvæði 2.5, en í því er fjallað um aðgerðir í bilanatilfellum á hreinsibúnaði, segir í starfsleyfinu:

„Verði af óviðráðanlegum eða ófyrirséðum orsökum ekki unnt að flytja til hreinsibúnaðar allt rykmengað loft sem um ræðir í ákvæðum 2.1, skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar í samræmi við áætlun þá sem gerð skal samkv. ákvæðum 2.3. 2. málslið. Reynist fyrirtækinu ekki unnt að ljúka nauðsynlegum lagfæringum til uppfyllingar ákvæðis 2.1 innan þriggja klukkustunda frá því er umrætt ástand skapaðist, skal bilunin tilkynnt Heilbrigðiseftirliti ríkisins sem fylgist með framkvæmd úrbóta og leggur fyrir ráðh. í samráði við landlækni hvort ástæða geti verið til sérstakra aðgerða vegna bilunarinnar. Fyrirtækinu er heimilt að halda áfram rekstri verksmiðjunnar meðan viðgerð stendur yfir og bilun stafar ekki af ófullnægjandi viðhaldi búnaðarins og unnið er að úrbótum af fullum hraða, enda sé ekki ástæða til að ætla að reksturinn valdi tjóni á heilsu starfsmanna verksmiðjunnar eða íbúa í grennd eða spjöllum á umhverfi. Að öðrum kosti getur ráðh. mælt svo fyrir að rafstraumur til ofns verði rofinn og rekstur hans stöðvaður þar til úrbótum er lokið.“

Þannig hljóðar þessi skilgreining. En í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins eru hins vegar sett ákveðin tímamörk sem rekstur má fara fram í bilanatilfellum hreinsibúnaðar áður en straumur er rofinn. Er þar gerður greinarmunur á ofni og aftöppunarstöð. Þannig á samkv. till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins að rjúfa straum og stöðva framleiðslu eftir eina klukkustund ef bilun er í hreinsitækjum hjá ofni, en innan tveggja sólarhringa ef um er að ræða bilun í tæknibúnaði eða tækjabúnaði hjá aftöppunarstöð. Um þetta ákvæði segir í aths. till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins:

„Ákvæði 2.2 og 2.3 eru fram sett með það fyrir augum að rekstraröryggi hreinsibúnaðar verði sem best tryggt. Ófyrirséðar rekstrartruflanir og bilanir eru hins vegar óhjákvæmilegar. Með ákvæði þessu er þess krafist í meginatriðum að rekstur ofns verksmiðjunnar verði stöðvaður ef meiri háttar bilanir verða og ekki reynist unnt að hreinsa allt loftmagnið frá ofni verksmiðjunnar. Rekstur verksmiðjunnar án hreinsibúnaðar hefði í för með sér að miklu magni mjög fíngerðs ryks, sem verulega dregur úr skyggni, yrði hleypt út í andrúmsloftið. Staðsetning verksmiðjunnar er þannig háttað að rykmengun yrði mjög áberandi, séð frá mestöllu höfuðborgarsvæðinu, einkum í norð- og norðaustlægum vindáttum sem eru ríkjandi við Hvalfjörð. Rykmengað loft gæti einnig borist til Akraness í slíkum tilvikum. Lagt er til að rýmri ákvæði verði sett um aftöppunarstöð með tilliti til þess að í slíkum tilvikum berst margfalt minna rykmagn út í andrúmsloftið en vegna bilana í ofni.“

Í ákvæði 2.6 í starfsleyfinu er fjallað um hönnun reykháfa. Þar segir:

„Hæð reykháfa fyrir óhreinsað loft, sem hleypt er út innan ramma ákvæða 2.5 skal vera minnst 42 m yfir gólfi ofnhúss.“

Í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins segir hins vegar:

„Hæð reykháfa fyrir óhreinsað loft, sem hleypt er út innan ramma ákvæða 2.5, skal vera minnst 50 m yfir gólfi ofnhúss. Hönnun reykháfa skal vera með þeim hætti að tryggt sé að reyknum slái ekki niður á verksmiðjusvæðið eða í næsta nágrenni þess.“ Síðar í aths. um þessa gr. segir Heilbrigðiseftirlit ríkisins: „Reykháfshæð er miðuð við það sem tíðkast hefur í slíkum verksmiðjum fram til þessa.“

Úr ákvæði 2.7 í starfsleyfi er gersamlega sleppt einni mgr. úr þeim till., sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerði. Sú mgr., sem þarna er sleppt, hljóðaði svo í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins:

„Fyrirtækið skal láta framkvæma nákvæmar efnagreiningar og aðrar nauðsynlegar athuganir á hráefnum og úrgangi frá verksmiðjunni þegar Heilbrigðiseftirlit ríkisins að höfðu samráði við náttúruverndarráð telur slíkt nauðsynlegt, sbr. einnig gr. 2.16.“

Í aths. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um þetta orðalag ákvæðisins segir:

„Forsendur þess, að fallist er á losun úrgangs á þurru landi, eru þær, að ítarlegar forrannsóknir verði gerðar á grunnvatnsrennsli þeirra svæða, sem til greina koma að losunarstaðir verði valdir í, í fullu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd, Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð. En forsenda þess er að framkvæmdar verði nauðsynlegar efnagreiningar á úrgangi og að aðstæður séu þannig við losunarstað að fylgjast megi nákvæmlega með hugsanlegum mengunaráhrifum.“

Ég tel að þessi úrfelling á till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins sé mjög hættuleg.

Í þessu umræddu ákvæði 2.7 er einnig önnur breyting. Í því ákvæði var fjallað um meðhöndlun úrgangs. Í starfsleyfinu segir um þetta:

„Allt það ryk, sem ekki verður nýtt á þann hátt sem Heilbrigðiseftirlit samþykkir, skal kögglað áður en til losunar kemur eða með farið á annan viðurkenndan hátt.“ Hér hefur sem sagt verið skotið inn orðalaginu: „eða með farið á annan viðurkenndan hátt“, án þess að það sé nokkuð skilgreint hvaða aðilar eigi að viðurkenna meðhöndlun þessara úrgangsefna.

Í ákvæði 2.10 í starfsleyfinu er fjallað um efnainnihald hráefna. Í starfsleyfinu segir: „Miðað við ársmeðaltal skal magn brennisteins í kolum og koksi vera minna en 2% af heildarmagni þessara hráefna, en enginn skipsfarmur skal innihalda meira en 2.5%. Fyrirtækið skal láta Heilbrigðiseftirliti ríkisins í té upplýsingar um brennisteinsinnihald hvers kola- og koksfarms.“

Í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins segir hins vegar um þetta ákvæði — og sést best að þar hefur verið gerð veigamikil breyting:

„Miðað við ársmeðaltal skal magn brennisteins í kolum og koksi vera minna en 1.5% af heildarmagni þessara hráefna, en enginn skipsfarmur

skal innihalda meira en 2%. Fyrirtækið skal sjá um og kosta nauðsynlegar mælingar á brennisteinsinnihaldi hvers hráefnafarms í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Mælingar skulu framkvæmdar af aðilum sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins samþykkir, og skulu niðurstöður sendar stofnuninni jafnóðum og þær liggja fyrir ásamt afriti af farmskrá fyrir viðkomandi ferð skips þess er um ræðir.“

Hvað segir Heilbrigðiseftirlit ríkisins um þetta ákvæði sem svo mikið hefur verið breytt? Í aths. segir það:

„Eins og fram kemur í grein 2.3 er magn ýmissa varhugaverðra mengunarefna í útblásturslofti fyrst og fremst háð magni slíkra efna í hráefnum þeim sem notuð eru á hverjum tíma. Ákvæði þau, sem lagt er til að gildi um brennisteinsinnihald kola og koks, eru þau sömu og samkomulag var um að gilda skyldu um verksmiðjuna þegar bygging hennar var fyrirhuguð í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide.“

Hér má sem sagt hlutfall hættulegra eiturefna í hráefnum vera helmingi meira en till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins gera ráð fyrir og gert hafði verið ráð fyrir við gerð málsins á sínum tíma, vegna þess vitaskuld að Elkem fer fram á þetta. En það kemur fram í frv. að það á að nota hráefni úr námum þess í Norður-Noregi og það hráefni er væntanlega með þessu magni brennisteinsefna, og því er forsenda þess, að Elkem geti þarna hagnast á sölu þess til verksmiðjunnar, að starfsleyfið sé miðað við þetta tiltekna hráefni.

Ég held að í þessari breytingu ásamt þeirri, sem ég gat um áðan, að tala ekki skýrt um efnainnihald rannsóknar áður en úrgangi er dreift frá verksmiðjunni, þegar þetta tvennt fer saman, sé um mjög alvarlegt frávik að ræða frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Í sambandi við ákvæði 2.13 hefur í starfsleyfinu verið felld úr fyrsta setning þessa ákvæðis í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, en hún var svofelld: „Innra kælikerfi verksmiðjunnar skal vera lokuð hringrás.“ Þarna er sem sagt hönnunaratriðum verksmiðjunar breytt til að þóknast hinum erlenda aðila, en þetta er mjög mikilvægt atriði til þess að forðast mengunarhættu frá verksmiðjunni.

Ákvæði 2.17 í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins er alveg fellt út, gersamlega fellt út, en þetta ákvæði hjóðaði svo:

„Bendi líkur til þess að verksmiðjurekstur inn hafi í för með sér neikvæð áhrif á umhverfið getur Heilbrigðiseftirlit ríkisins að höfðu samráði við Náttúruverndarráð eða aðra umsagnaraðila krafist þess að stjórn fyrirtækisins láti framkvæma nauðsynlegar rannsóknir á þeim umhverfisáhrifum sem um ræðir. Slíkar rannsóknir skulu gerðar í fullu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð og framkvæmdar af þeim sem þessar stofnanir samþykkja.“

Ég held að það hljóti að vekja furðu allra, sem þetta mál skoða, að ákvæði eins og þetta skuli vera fellt út úr till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, svo sjálfsagt sem það er.

Ákvæði 3.1 fjallar um staði þar sem sérstök mengunarhætta er, m. a. um flutning, mölun, sigtun og pökkun kísiljárns og um málmsteypu. Í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins er gert ráð fyrir sérstökum hreinsibúnaði við þessa staði í verksmiðjunni. En í starfsleyfinu hafa þau atriði verið felld út úr ákvæði 3.1 Og um nauðsyn þess að hafa þarna sérstakan hreinsibúnað segir í aths. við till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins: „Liður b fjallar um flutning, sigtun og pökkun kísiljárns. Við þennan lið framleiðslunnar myndast mikið ryk sem samanstendur af frumefnum, járni og kísil, en grunur leikur á, þótt ekki sé örugglega vitað, að í rykinu geti leynst tridymit sem er ein hættulegasta tegund kísildíoxíðs með tilliti til lungnasjúkdómsins silikosis. Öll þessi starfsemi skal aðgreind og skilin frá annarri starfsemi að svo miklu leyti sem tæknilega er framkvæmanlegt og rykmengað loft hreinsað í hreinsibúnaði. Eiturlofttegundirnar fosfín og arsín geta myndast komist óeðlilegur raki að kísiljárni.“ Ég held að það fari ekki á milli mála við lestur þessara aths., að hér er um mjög hættulegan mengunarstað að ræða. Og mér er spurn: Hvers vegna er í starfsleyfinu þarna fellt út það skilyrði að á þessum stöðum sé komið fyrir sérstökum hreinsibúnaði.

Í ákvæði 3.2 er fjallað um hönnun mannvirkja með tilliti til þess, að loftræsting og vinnuaðstaða fullnægi mengunarvörnum á vinnustöðum. Í starfsleyfinu er ekki lengur að finna setningu sem var í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um gerð milli lofta í byggingunni, en hún var svo hljóðandi:

„Þannig skulu loft milli hæða vera þétt, en ekki með loftristum.“

Hér er sem sagt á öðrum stað, ég gat um það áðan um gerð reykháfa, felldar út úr till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins kröfur um að loft á milli hæða í verksmiðjunni séu þétt, en ekki ristagólf, og maður spyr: Hvers vegna er þetta fellt út? Það er vegna þess að það er búið að ákveða hvers konar hús á að byggja. Elkem er búið að hanna þetta hús, og þeir gera þar ráð fyrir sinni tækni, því sem þeir eru vanir, og undir það verða íslenskir aðilar, m. a. heilbrrn. að beygja sig.

Í ákvæði 3.3 er fjallað um þau mörk sem setja skuli um rykmengun á vinnustað. Er miðað við meðalgildi mælinga fyrir 8 stunda vinnudag eða vakt og 40 stunda vinnuviku. Gefnar eru upp jöfnur um útreikninga á styrkleikamörkum, annars vegar til að finna neðri mörk og svo efri mörk. Í starfsleyfinu eru neðri mörk ákveðin mest 3.5, en efri mörkin eru ákveðin 5. Segir síðan um þetta í starfsleyfinu:

„Félaginu er skylt að halda Sr (styrkleikamörk ryks í mg/m^3) undir neðri mörkum. Fari Sr hins vegar yfir neðri mörk, en ekki þau efri, skal félagið í samráði við lækni þess ganga úr skugga um þörf aðgerða til endurbóta, svo sem með því að draga úr styrkleikanum eða með því að takmarka þann tíma sem starfsmenn þurfa að vinna við slík skilyrði. Fari Sr yfir efri mörk ber félaginu að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir.“

En hverjar voru kröfur Heilbrigðiseftirlits ríkisins um þessi styrkleikamörk? Í þeim till. er aðeins getið um ein mörk — ekki efri og neðri

mörk, heldur aðeins ein mörk, og er lagt til að þau séu 2.5 mg að styrkleika á hvern rúmmetra. Í aths. Heilbrigðiseftirlits ríkisins segir um þetta:

„Í lið a er sá staðall eða áhættumörk, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins leggur til að gilda skuli á Íslandi fyrir leyfilegt magn af kristölluðu kísildíoxíði í „respirable" ryki, og hefur þá verið stuðst við svipaða staðla í öðrum löndum sem í gildi eru eða lagt hefur verið til að teknir verði upp."

Hér er sem sagt þessum till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sem eru byggðar á margra mánaða athugun þess og viðræðum og kynningu á þessu í öðrum löndum, verulega mikið breytt. Styrkleikamarkið er aukið um helming, úr 2.5 í 5, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir það fólk sem á eftir að vinna þarna.

Í ákvæði 3.4 er fjallað um notkun asbests. Um þetta segir m. a. í starfsleyfinu:

„Hæsti leyfilegur fjöldi asbestþráða í andrúmslofti á vinnustað skal vera 2 þræðir/cm^3."

En hvað segir Heilbrigðiseftirlit ríkisins um þetta í sínum till?

„Hæsti leyfilegur fjöldi asbestþráða í andrúmslofti á vinnustað skal vera 1 þráður/cm^3."

Þarna er þessu breytt um helming, það mega vera tveir þræðir í stað eins. Og í aths. um þennan þátt málsins segir Heilbrigðiseftirlit ríkisins:

„Asbest er samheiti á þráðlaga steinefnum sem algeng eru í náttúrunni, en best þekkt hér á landi er notkun asbests til einangrunar. Við járnblendiverksmiðjur eins og önnur fyrirtæki af svipaðri stærðargráðu og gerð er þörf fyrir notkun einangrunarefna mikil, og þar sem engar reglur eru í gildi um notkun asbests hér á landi, svo og hitt, að hin síðari ár hefur mönnum orðið ljóst að mikil og alvarleg heilsufarsleg hætta getur verið samfara notkun asbestsefna, þykir rétt að hafa í starfsleyfistill. fyrir verksmiðjuna reglur um notkun þessara efna og eru þær reglur í megindráttum sniðnar eftir gildandi reglum á Norðurlöndum.

Talið er að asbestryk geti á lengri tíma orsakað eftirtalda sjúkdóma:

1. Asbestos, sem er lungnasjúkdómur sem einkennist af bandvefsmyndun í lungum og líkist að því leyti silikosis.
2. Lungnakrabbamein.
3. Lífhimnukrabbamein og brjósthimnukrabbamein.
4. Kalkanir í brjóst- og lífhimnu."

Hún er mikil ábyrgð þeirra stjórnmálamanna sem ætla að hafa vit fyrir Heilbrigðiseftirliti ríkisins í þessu máli.

Í ákvæði 3.5 er m. a. ákveðinn leyfilegur styrkur arsinvetnis í andrúmslofti á vinnustað, og eru mörkin miðuð við meðalgildi fyrir 8 stunda vinnudag eða vakt. Í starfsleyfinu eru þessi mörk ákveðin 0.05 ppm. eða 0.2 mg/m^3. Í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins er hins vegar lagt til að mörkin séu 0.01 ppm. eða 0.05 mg/m^3. Hér er sem sagt enn einu sinni á enn öðrum stað og við önnur eiturefni verulega rýmkað um þau skaðleysismörk sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins setur. Um þessar reglur segir Heilbrigðiseftirlitið í aths. með till. sínum:

„Í húsakynnum, þar sem kísiljárn er til staðar, getur arsin og fosfin myndast komist óhóflegur raki að kísiljárninu. Þau mörk, sem hér eru sett sem hættumörk, eru þau sömu og í gildi eru í öðrum löndum."

„Í ákvæði 3.9 er fjallað um hreinsun á vinnustað. Í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins er sagt:

„Ryk, sem sest til á vinnustöðum, skal hreinsað reglulega og eins oft og þurfa þykir að mati heilbrigðisyfirvalda. Rykhreinsun skal framkvæmd með ryksugubúnaði sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins samþykkir. Rykhreinsun skal ekki framkvæmd með sópun, loftblæstri eða öðrum aðferðum sem valdið geta rykmengun andrúmslofts á vinnustöðum."

Þetta eru till. Heilbrigðiseftirlitsins. Hins vegar segir í endanlegri gerð starfsleyfisins um þetta ákvæði: „Vinnustaðir skulu hreinsaðir reglulega og eins oft og þurfa þykir. Hreinsun skal framkvæmd með ryksugubúnaði og á annan viðunandi hátt." Þessi orð eru býsna oft notuð: á viðunandi hátt, án þess að nánar sé skilgreint. „Þurfi hreinsun að fara fram með sópun eða öðrum aðferðum sem valdið geta rykmengun, skal það gert þannig að sem minnst óþægindi hljótist af."

Hér hefur sem sagt verið dregið úr skilyrðum. Og ég minnist þess nýlega, einmitt eftir fréttir af fundi starfsmanna álversins með fréttamönnum nú nýverið, að þá var þetta ein af meginkröfum þeirra, að það væri hætt að nota sópa til að þrífa, heldur væri það ryksuguaðferð alveg skilyrðislaust sem væri notuð. Hér er gert ráð fyrir því í till. Heilbrigðiseftirlitsins, en gefin heimild til gömlu aðferðarinnar samkv. starfsleyfistillögunum.

Einnig eru gerðar fjölmargar breytingar við ýmis ákvæði till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins sem virðast kannske við fyrstu athugun skipta litlu máli, en eru í reynd mjög alvarlegar og miða allar að því að rýra rétt stofnunarinnar til afskipta af rekstri og mengunarvörnum verksmiðjunnar, auk þess sem víða er fellt út úr till. orðalag sem leggur fjárhagslegar skuldbindingar á fyrirtækið í sambandi við mengunarrannsóknir. En sem kunnugt er þykja það góðar venjur í stóriðnaði í öðrum löndum að skylda fyrirtækin sjálf til að greiða kostnað af slíkum rannsóknum.

Ég held satt að segja að aðbúnaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins hvað varðar fjármál, mannahald og tækjabúnað til rannsóknarstarfa sé ekki svo beysinn að það sé ástæða til þess að hlífa Járnblendifélaginu við að greiða sjálft allan eðlilegan kostnað við mengunarrannsóknir. En ég ætla að nefna nokkur dæmi af þessu tagi, þar sem fært er til orðalag eða fellt út og bætt inn eftir aðstæðum — ákvæði sem miða að því að rýra rétt Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Þannig hefur verið fellt út úr ákvæði 2.4 orðalagið „á eigin kostnað" þegar rætt er um skyldur verksmiðjunnar við að láta fara fram mælingu á hæfni hreinsibúnaðar 6 mánuðum eftir að starfræksla verksmiðjunnar er hafin. Ég get á engan hátt skilið hvers vegna þetta ákvæði er fellt út. Í ákvæði 2.3, þar sem fjallað er um hæfni mælibúnaðar sem skráir upplýsingar um ástand útblástursloftsins hverju sinni, hefur verið fellt út

að mælibúnaður þessi skuli samþykktur og metinn af Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Fellt hefur verið úr ákvæði 2.11, þar sem fjallað er um almennt frárennsli frá verksmiðjunni, að leitað skuli samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins um fyrirkomulag og gerð þess búnaðar. Og í ákvæði 3.5, þar sem fjallað er um geymslu kísiljárns og fyrirskipað að komið skuli í veg fyrir að það komist í snertingu við óhóflegan raka, hefur verið bætt við orðunum: „eftir því sem við verður komið". Eins og fram kom áðan í upplestri mínum er þetta einmitt mjög varhugavert atriði, að kísiljárnið komist í samband við raka, því að þá leysist þar úr læðingi eiturefni sem eru hættuleg mönnum.

Ýmsar breytingar aðrar þessu líkar mætti nefna, svo sem í 3.10 og 3.13, en þar er fellt út að fylgt skuli sérstökum reglum sem í gildi séu á Norðurlöndunum, en Heilbrigðiseftirlit ríkisins segir að þetta orðalag sé notað um þau atriði þar sem skorti á að settar hafi verið reglur eða lög á Íslandi um þau atriði og því ekki hægt að vitna til þeirra. Í öllum þessum tilfellum var ætlast til þess af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins að fylgt væri þeim reglum sem strangastar væru á Norðurlöndum. Öllum þessum atriðum, þar sem vitnað er til slíkra reglna, hefur verið kippt út og ekkert sett í staðinn.

Þau ákvæði, sem ég hef hér fjallað um eða talið upp, fjalla um mengunarvarnir við verksmiðjuna, bæði ytra sem innra umhverfi hennar. En í starfsleyfinu er einnig kafli með ákvæðum um heilbrigðisþjónustu og slysavarnir og er hann í aðalatriðum samhljóða till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, en þó ekki jafnítarlegur og nákvæmur. Einnig er í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins kafli um heilbrigðis- og öryggismálafulltrúa starfsliðs, en honum er alveg sleppt í starfsleyfinu. Á hinn bóginn er vitnað til gildandi laga um það efni, þ. e. a. s. um samstarfsnefndir atvinnurekenda og verkafólks. Eins er kafli í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins þar sem fjallað er um skyldu fyrirtækisins í mengunar-, heilbrigðis- og öryggismálum á byggingartíma og er þeim kafla alveg sleppt án nokkurra skýringa.

Ég hef nú rakið nokkuð helstu breytingarnar sem heilbr.- og trmrn. hefur gert á till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um starfsleyfi Grundartangaverksmiðjunnar, og svo sem þm. hafa heyrt eru þær mjög margar og afdrifaríkar, þótt hæstv. heilbrmrh. virðist ekki hafa verið kunnugt um nema tvær þeirra. Ég hef leitast við að skýra sem nákvæmast frá þessum breytingum á till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sérstaklega vegna þess að þeir aðilar, sem ábyrgð bera á endanlegri gerð starfsleyfisins, óttuðust að till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins yrðu misnotaðar hér á Alþ., þeim yrði kippt úr samhengi, en þetta kom fram í umr. um málsmeðferð þessa máls í d. fyrir nokkru. En að sögn hv. formanns iðnn. Nd. var þetta ástæða þess, að þessar till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins voru merktar í upphafi sem trúnaðarmál. Eftir að hafa kynnt mér meðhöndlun þessara till. í heilbrrn. ætla ég að aðrar ástæður hafi legið á bak við þær óskir að till. yrðu ekki ræddar hér á Alþ.

Augljóst er af gerð starfsleyfisins að hinn erlendi samstarfsaðili hefur kúgað hæstv. heilbrrh. til að beygja sig fyrir kröfum um alvarlegar og verulegar tilslakanir í mengunarvörnum. Og síðan leyfa þm. sér, eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson, að segja að hér sé fylgt till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs og þessir aðilar hafi gefið jákvæða umsögn. Reyndar er það ekki einungis þessi hv. þm. sem meðhöndlar nú málið á þennan hátt. Meirihlutaálit þeirra, sem að því standa, hefst með því að telja upp alla þá aðila, sem komu á fund n., og síðan klykkt út með því að umsagnir þessara aðila hafi verið jákvæðar. Ég veit ekki, hvað veldur að menn ganga á þennan hátt frá nál. Þarna er vitnað t. d. í Náttúruverndarráð sem kom á fund n. Þeir menn hafa miklar áhyggjur, sérstaklega um meðferð úrgangsefna frá verksmiðjunni — miklar áhyggjur, og eins af því að rykhreinsun sé ekki nægileg. Síðan kóróna meirihlutaaðilarnir þetta nál. sitt með því að vitna í gamla umsögn Náttúruverndarráðs sem það gaf þegar málið var til afgreiðslu síðast á Alþ., 1975. Það er vitnað í þá umsögn, að hún hafi verið jákvæð. Eins og fram kemur í öllu málinu voru þá allt aðrar aðstæður uppi. M. a. átti að endurvinna þennan úrgang sem Náttúruverndarráð hefur miklar áhyggjur af.

Þarna er Heilbrigðiseftirlit ríkisins talið upp. Þessir aðilar komu á fund n. Og hvað gerðu þeir þar? Jú, þeir gerðu grein fyrir till. sínum sem ég hef hér rakið. Forsenda þess, að þeir séu jákvæðir í málinu, að svo miklu leyti sem þeir eru spurðir um það, sinn þátt málsins, — sú forsenda, að þeir séu jákvæðir í málinu, er að farið sé að till. þeirra. Þeim hefur öllum meira og minna verið rangsnúið. Síðan segir í nál. að þeir hafi gefið jákvæða umsögn. Þeir gáfu aldrei neina umsögn til n. Eina umsögn þeirra, sem liggur fyrir, er umsögnin sem þeir sendu heilbrrn., og á þeirri umsögn átti að byggja gerð starfsleyfis. Þeir hafa enga umsögn gefið n. Og það eru taldir upp fleiri aðilar þarna, eins og t. d. Orkustofnun, og ég vitna til bréfa þeirrar stofnunar, en hún hefur margt við raforkusamninginn að athuga.

Ég ætla ekki að segja þau orð um þá meðferð, sem kemur fram í þessu nál., sem mér finnst hæfa. Ég hef verið víttur fyrir það hér á Alþ. að bera það á einn hv. þm. að hann notaði lygina. Ég ætla ekki að viðhafa það aftur. En ég segi það og ég segi það satt, að það er ekki sama hvernig sannleikurinn er meðhöndlaður hér í þingsölum, og þetta nál. er vitaskuld hneyksli fyrir þá sem að því standa. Og það er vissulega lærdómsríkt eftir að hafa skoðað afgreiðslu þessa máls að kynnast viðhorfum einstakra þm. til nauðsynlegrar athugunar á þessum þætti málsins, svo sem viðhorfum formanns þingflokks Framsfl., hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, sem skákar í því skjólinu að hann hafi ekkert vit á mengunarvörnum, eins og hann orðaði það í þingræðu um daginn, — hann hafi ekkert vit á mengunarvörnum í stóriðjuverum. Hvers vegna las hann ekki till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins? Ég á nú eiginlega ekki orð til þess að afgreiða þetta eins og vera þyrfti hér í ræðustól. Það getur verið, að einhverjir aðrir þm. geri það hér á eftir, en ég held að það hefði verið skylda formanns þingflokks Framsfl., ef hann hafði ekki

vit á því að lesa till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, að fá einhvern annan í þingflokknum til að gera það. Eða eru þeir kannske allir með sama markinu brenndir? Nei, svona geta hv. þm. ekki leyft sér að afgreiða alvarleg mál.

Ekki er nú þáttur Alþfl. rismeiri í þessu máli. Formaður hans, hv. þm. Benedikt Gröndal, var einn þeirra sem sáu ekki ástæðu til þess að kynna sér nákvæmlega till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og þá ekki að kynna sér hvernig þær hefðu verið meðhöndlaðar. Þessi mikli alþýðuleiðtogi hefur margsinnis í vetur talað hér fyrir hugmyndum sínum um bættan aðbúnað verkafólks á vinnustöðum, og hann hefur þá ekki verið spar á stóru orðin um einlægan vilja sinn og flokksmanna sinna í þessum efnum. Það sést hins vegar best hver hugur fylgir máli nú þegar raunverulega reynir á röggsemi þm. og árvekni. Þá liggur hann flatur fyrir hagsmunum og kröfum hins erlenda auðhrings og hundsar till. íslenskra heilbrigðisverndarmanna. Þótt hann hafi þannig haft hátt um vilja sinn í vinnuverndarmálum hér á þinginu í vetur, þá hefur hann fallið á fyrsta prófinu og er lítil sæmd að.

Af því, sem hér hefur verið rakið að framan, má ljóst vera að enn einu sinni er það ætlun stjórnvalda að sniðganga till. íslenskra heilbrigðisaðila í veigamiklum atriðum um fyrirkomulag mengunarvarna í stóriðju, þrátt fyrir þá reynslu sem fengist hefur í álverinu í Straumsvík og í kísiliðjunni í Mývatnssveit. Og ég legg áherslu á í þessu sambandi, að nú er Alþ. í fyrsta skipti og heilbrrn. að veita starfsleyfi til stóriðju þar sem kostur er á að fjalla um einstök ákvæði starfsleyfis, gera kröfur til hönnunar mannvirkja og fyrirkomulags tækja og gerð hreinsitækja og uppfylla aðrar kröfur Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs áður en ákvörðun er tekin um byggingarframkvæmdir. Hér er því á vissan hátt verið að marka stefnu sem kann að verða notuð í framtíðinni við gerð slíkra starfsleyfa og er því miklu brýnna en ella að vel takist til.

Ég mun fara að ljúka máli mínu. Ég hef rakið þá helstu þætti sem taka verður tillit til við afgreiðslu frv. um járnblendiverksmiðju hér á Alþ. Meginniðurstaða mín af því er þessi:

1) Járnblendiverksmiðjan er óæskilegur orkukaupandi í samanburði við þá nýtingarmöguleika raforkunnar sem þjóðarinnar bíða hvarvetna sé rétt haldið á framkvæmdum í raforkumálum og sé unnið að uppbyggingu þeirra fjölmörgu nýiðnaðarverkefna sem við blasa í landinu.

2) Arðsemi verksmiðjunnar er mjög vafasöm og óörugg vegna lágs markaðsverðs á kísiljárni og útlit er fyrir að bætt markaðsskilyrði séu ekki á næstunni vegna erfiðleika á stálmarkaði, einkum í Evrópu. Fyrirtækið er því áhættufyrirtæki, eins og forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar hefur réttilega nefnt það.

3) Einokunaraðstaða Elkems, bæði á hráefnamarkaði, á sviði tækniþekkingar og á sölumarkaði framleiðsluvörunnar, er hættuleg eðlilegri samvinnu þess og íslendinga.

4) Þeim þætti málsins, sem ég hef hér rakið býsna ítarlega, mengunarmálunum, þ. e. a. s. hvort tveggja endurvinnslu úrgangs og reykhreinsunar, er komið svo fyrir að veruleg mengunarhætta stafar af og allt öðruvísi en upphaflega var ráðgert, þegar þetta mál var fyrst á dagskrá, og allt öðruvísi en nauðsynlegt getur talist svo að ítrasta öryggis sé gætt, enda uppfylla ákvæði starfsleyfis ekki ströngustu óskir Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs.

Ég tel því að alþm. ættu að hafna till. meiri hl. iðnn. þessarar d. um afgreiðslu frv. Alþ. ber á hinn bóginn að hefja mótun stórhuga iðnþróunarstefnu með þau markmið að nýta betur hráefni undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar, sjávarútvegs og landbúnaðar, og hefja framkvæmdir við uppbyggingu nýiðnaðar sem vinni dýrar framleiðsluvörur úr ýmsum þeim hráefnum sem land okkar á, en þegar eru til ýmsar áætlanir um hagkvæmni slíkrar iðju. Við uppbyggingu iðnaðar verði lögð sérstök áhersla á nýtingu þeirrar tækniþekkingar og verkþekkingar sem landsmenn hafa yfir að ráða og hefur þroskast við íslenskar aðstæður og atvinnuhætti, svo sem þekking á sjósókn og fiskvinnslu, raforkuframleiðslu og gufunýtingu, svo að eitthvað sé nefnt.

Í samræmi við þessar niðurstöður athugana minna á frv. er till. mín sú, að málið verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem augljós hagkvæmni og félagslegar og efnahagslegar aðstæður í landinu gera nauðsynlegt, að íslendingar hefji nú þegar markvisst hagnýtingu innlendra orkugjafa, fjármagns og vinnuafls til að takmarka sem mest olíunotkun, svo sem með rafhitun húsa og nýtingu rafmagns til uppbyggingar nýrra iðngreina, telur d. engan grundvöll til orkufreks stóriðnaðar, er byggir á erlendum aðföngum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þegar rætt er um veigamikil iðnaðarmál er eðlilegt að um leið sé rætt um orkumál, svo mjög fléttast þessir málaflokkar saman og verða á ýmsum sviðum ekki aðskildir. Alþfl. hefur haldið uppi mjög harðri gagnrýni á stjórn núv. ríkisstj. á orkumálum, bæði stefnuleysi, sem virðist vera, og framkvæmdum, sem frægar eru að endemum. Engu að síður höfum við haldið fast við þá afstöðu sem við tókum áður þegar afgreitt var frv. um járnblendiverksmiðju, enda má segja að Sigölduvirkjun sé fyrir mörgum árum orðin að veruleika og að ákvörðunin um þessa orkufreku verksmiðju standi í beinu samhengi við hana. Í þessari afstöðu felst síður en svo nokkur viðurkenning á meðferð eða stöðu orkumálanna í heild. Við höfum stutt hugmyndina um þessa verksmiðju í samhengi við byggingu Sigölduvirkjunar af því að hún er byggð á þeim forsendum, að fyrir hendi sé a. m. k. einn stór kaupandi.

Við teljum að það sé eðlilegt að nú eftir áratugshlé sé stigið annað skref í sambandi við orkufrekan iðnað í landinu, og verður varla sagt að þar sé farið með neinu óðagoti þegar uppbygging á iðnaði af þessu tagi gengur ekki hraðar. Við höfum frá upphafi haft allan fyrirvara varðandi fullkomnustu mengunarvarnir innanhúss og utan um þetta mannvirki svo og nokkur fleiri atriði.

Í þeim umr., sem verið hafa í landinu um iðnað almennt í tilefni af þessari fyrirhuguðu verksmiðjubyggingu, hefur ýmislegt næsta sérkennilegt komið fram. Það er búið að flokka iðnað og sú flokkaskipting er ærið einkennileg. Í fyrsta lagi er talað um „íslenskan iðnað“, í öðru lagi er talað um „nýiðnað“. Það er ekki „nýiðnaður“ þegar nýjungar verða í stóriðju eða minnstu iðnfyrirtækjum. Þetta er nýtt fyrirbæri sem mjög bar á t.d. í ræðu síðasta ræðumanns. Í þriðja lagi er „stóriðja“.

Þessi flokkaskipting, sem aðallega er í málflutningi alþb.-manna, er ábyrgðarlaus og glórulaus pólitískur áróður sem byggist á því að koma misskilningi inn hjá þjóðinni og getur ekki orðið íslenskum iðnaði til annars en tjóns. Enginn hefur nokkru sinni reynt að draga línu á milli iðnaðar og stóriðnaðar, enda getur það orðið býsna erfitt. Ég tel að við, sem yfirleitt viljum að íslenskur iðnaður verði byggður upp, eigum að líta svo á að íslendingum beri að nota tækifærið til þess að koma upp iðnaði eins stórum og við getum og hagkvæmt þykir, en það séu engin slík mörk til og að flokkun iðnfyrirtækja í áróðursskyni sé iðnaðinum beinlínis til tjóns. Mörg fyrirtæki í landinu eru á okkar mælikvarða stóriðja, eins og sementsverksmiðja, áburðarverksmiðja o. fl., og það á ekki að brjóta niður með misnotkun orða vilja þjóðarinnar til þess að koma sér upp slíkum iðnaði.

Hitt er svo annað mál, hver afstaða manna er til þess að hleypa erlendu fjármagni inn í landið í sambandi við uppbyggingu iðnaðar. Ég tel að við eigum að halda þessu máli algerlega aðskildu. Enda þótt á 15—20 ára tímabili sé um að ræða þrjú iðnmannvirki, þar sem til mála kemur þátttaka erlends fjármagns, er engin ástæða til að gera orðið stóriðju að einhvers konar skammaryrði og nota það í svívirðingarskyni við hvert tækifæri.

Menn geta haft mismunandi skoðanir á notkun erlends fjármagns. Alþfl. hefur frá upphafi hvatt til þess að farið verði varlega í að hleypa erlendum aðilum inn í landið, inn í íslenskt atvinnulíf, og hefur lagt til að hvert slíkt tilvik yrði rannsakað vandlega. Hins vegar er þess að geta, að járnblendiverksmiðjan hefur frá upphafi — fyrir atbeina iðnrh. og orkumálaráðh. Alþb. — verið hugsuð þannig að þar yrði meiri hl. hlutafjár í eigu íslendinga og fyrirtækið því að meiri hl. til íslenskt fyrirtæki. Ég tel að allur áróður alþb.-manna í þessu máli sé í raun og veru bein andstaða gegn uppbyggingu iðnaðar og furðulegt afturhald. Satt að segja kemur það úr óvæntustu átt þegar menn halda uppi slíkum draugagangi í íslensku þjóðfélagi sem getur ekki orðið til neins annars en þess að draga úr hug þjóðarinnar til að koma upp og styrkja iðnað í landinu.

Það má færa fram ýmis rök gegn einstökum iðngreinum og segja að þær séu óhreinar, þær valdi mengun og við eigum ekki að ráðast í þær, það sé of erfitt og hættulegt að vinna við þær. Þetta eru sjónarmið sem vert er að skoða.

Við skulum minnast þess, að fyrsti þáttur stórframleiðslu á Íslandi var togaraútgerð. Við höfðum ekki rekið togara í mörg ár þegar það kom í ljós, að um borð í þessum skipum viðgekkst mesta vinnuþrælkun sem þekktist í sögu þjóðarinnar. Áttum við þá að hætta við togaraútgerð? Ég býst við að vitringarnir í Alþb. hefðu komist að þeirri niðurstöðu. Er ekki hægt að hlusta á þá og komast að annarri niðurstöðu en þeir hefðu lagt til ef þeir hefðu setið hér á Alþ. 1920, að við legðum togaraútgerð niður. En nákvæmlega sama má segja um langflestar greinar nútímaiðnaðar. Þær einkennast af hraðri tækni og mikilli notkun nýrra efna og öðru sem er varhugavert fyrir umhverfi og starfsfólk. En með árverkni getum við yfirunnið þessi vandkvæði og það verðum við að gera.

Við skulum gera okkur ljóst að þetta kostar peninga. Mengunarvarnir kosta peninga. En iðnaður verður að rísa undir því að greiða þann kostnað. Á s. l. ári, 1976, var fjárfesting í öllum iðnaði í Noregi liðlega 6 milljarðar norskra kr. Þar af fór einn milljarður eingöngu til þess að draga úr mengun eldri verksmiðja og bæta starfsumhverfi í verksmiðjunum, enda eru norsk yfirvöld nú, þótt seint sé fyrir þá, að setja mjög strangar reglur og lög um þetta efni.

Varðandi þýðingu þessarar fyrirhuguðu verksmiðju almennt má vísa til umsagnar sem Þjóðhagsstofnun og forstöðumaður hennar, Jón Sigurðsson, hafa gefið. Hér er um allmikið fyrirtæki að ræða sem, eins og hann segir, hækkar að viðbættu raforkuverði vinnsluvirðið í 3050 milljarða eða 1.6% af þjóðartekjum svo að hér er um allmikla viðbót við íslenskt atvinnulíf að ræða hvað framleiðslu snertir. Er ábyrgðarhlutur að neita slíku fyrirtæki eingöngu út af tiltektum spekinga sem aldrei hafa sett sig inn í íslenskt atvinnulíf eða lífsbaráttu og berjast gegn fyrirtækinu af uppdikteruðum pólitískum ástæðum.

Þjóðhagsstjóri segir einnig að helstu niðurstöður aths. hans séu, að í samanburði við fyrri samninga séu þær áætlanir, sem nú eru uppi um stofnun og rekstur fyrirtækisins, mun traustari en áður. Á þetta einkum við um stofnkostnaðar- og rekstrarkostnaðaráætlanir, um sölu og markaðsmál og fjáröflun til byggingar verksmiðjunnar. Hins vegar sýna núverandi áætlanir minni arðsemi en þær fyrri, enda sennilega mun varkárari en þær áætlanir sem gerðar voru í samvinnu við Union Carbide Corporation. Mesta áhættan virðist bundin forsendum um þróun markaðsverðs, þótt hún sé almennt talin vera svipuð því sem þessar áætlanir gera ráð fyrir.

Ég vænti þess að enginn maður hafi haldið því fram, að stóriðja sé gulltryggð og að hún sé ekki háð almennum efnahagssveiflum í því efnahagskerfi sem ríkir á Vesturlöndum. Það er öllum ljóst, það höfum við upplifað varðandi álverið, og auðvitað er tekin áhætta með slíku fyrirtæki. Þá áhættu þarf að meta. Eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, fæ ég ekki séð að það sé ekki rétt fyrir okkur að taka þá áhættu í þessu tilviki. Það er vitað mál, að vegna þess hve stórkostlega kröfur um innri og ytri mengunarvarnir hafa aukist og hve allri tækni hefur fleygt fram á þessu sviði, mun á næstu árum mikill fjöldi af þeim verksmiðjum, sem til eru á þessu sviði, heltast úr lestinni. Þess vegna er ekki hægt að taka eina og eina setningu upp úr blöðum suður í álfu um það að stálfram-

leiðsla eigi almennt ekki við gott útlit að búa. Hér er um að ræða eina af grundvallariðngreinum nútíma tækniþjóðfélags, þannig að ég tel að óhætt sé fyrir alþm. að treysta dómum þeirra sérfróðu manna, sem um þetta mál hafa fjallað, hvað þetta snertir.

Rætt hefur verið um ýmsa þætti varðandi járnblendiverksmiðjuna, en þó engan eins og mengunarmálin og það sem viðkemur starfsleyfi verksmiðjunnar sem nú hefur verið gefið út. Hv. síðasti ræðumaður sá ástæðu til þess að bera svívirðingar á aðra þm. í sambandi við þetta og tók töluvert upp í sig, þó hann væri augsýnilega að reyna að varast að fá aftur áminningu frá forseta, eins og hann sagðist hafa fengið áður. Ég get svarað fyrir mig og sagt, að ég vísa algerlega burt sem tilefnis- og tilhæfulausum árásum, að ég hafi ekki séð ástæðu til að kynna mér málið. Þegar menn hafa setið fund eftir fund saman í n. til þess að vinna að þessu máli og skjalabunkarnir, sem þeir hafa með höndum, eru farnir að vera mörg pund, þá finnst mér heldur furðulegt og persónulegt að menn kveði upp slíka úrskurði um vinnubrögð hver annars. Við getum verið ósammála um efni málsins, en slíkar dylgjur eru ekki viðeigandi.

Varðandi mengunarhlutann og þátt Heilbrigðieftirlits ríkisins lét ég þau orð falla á nefndarfundi eitt sinn, að ef ætlunin væri að reyna að knýja þetta mál fram þannig að Heilbrigðiseftirlit ríkisins mótmælti afgreiðslu þess, þá teldi ég að málið mundi ekki ná fram að ganga. Ég get sagt það enn: Ef Heilbrigðiseftirlit ríkisins mótmælir opinberlega vinnsluleyfinu sem verksmiðjan hefur fengið, þá áskil ég mér rétt, sem ég gerði með undirskrift undir nál., til að endurskoða afstöðu mína.

Við höfðum rætt ítarlega við forráðamenn Heilbrigðiseftirlitsins í n., og þeir höfðu þá með sér margumrædda umsögn sína til ráðh. og upplýstu n. eins og framast var hægt á þeim fundi. Þegar leyfið hafði verið gefið út sneri ég mér persónulega til forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins og ræddi við hann þetta mál, eins og það stóð eftir að við höfðum báðir lesið leyfið. Það var skoðun hans að hann teldi leyfið mjög viðunandi, og hann sagði meira að segja ótilkvaddur að hann teldi að heilbrrh. hefði staðið vel í ístaðinu fyrir hönd heilbrigðissjónarmiðanna. Og ekki var hann að hæla sjálfstæðisráðh. mér til þóknunar.

Nú er það svo, að menn geta haft mismunandi mikið sjálfstraust í þessum efnum. Margt í þessu leyfi og öðrum plöggum varðandi það er í flóknum efnafræðilegum formúlum. Þó að leikmenn reyni að setja sig inn í þetta eftir því sem þeir best geta verður enginn ásakaður þó að hann vilji, áður en hann endanlega tekur afstöðu, heyra og jafnvel hlíta ráðum bestu sérfræðinga sem við höfum völ á. Það hef ég gert í þessu efni.

Ég mótmæli því, að þessi umsögn Heilbrigðiseftirlitsins sé tekin sem úrslitakrafa. Það hefur komið fram í meðferð málsins að hér er um að ræða nýtt starfssvið og forráðamenn Heilbrigðiseftirlitsins vita að það er ekki hægt að draga línu og segja: Svona verður þetta að vera og öðruvísi ekki. — Þetta er meira eða minna samkomulags- og samningamál. Þess vegna setja þeir upp í umsögn sinni ítrustu kröfur sem þeir telja að komi til mála. Þeir vita að það er meira eða minna samningamál milli rn., og þá væntanlega fyrst og fremst við aðila járnblendiverksmiðjunnar, hver niðurstaðan verður. Þetta er skýringin á því að forráðamenn Heilbrigðiseftirlitsins eru, — eftir því sem þeir sögðu mér, ég hef ekki heyrt að þeir hafi skipt um skoðun síðan, — ánægðir með niðurstöðuna. Skýringin er sú, að þeir bjuggust aldrei við að fá allt sem þeir settu fram. Og ég hygg að það megi fullyrða að það sé leit að járnblendiverksmiðju sem býr við strangari kröfur en þarna eru gerðar. Það er a.m.k. ekki nema ein verksmiðja í Noregi sem kemst nálægt því að geta staðist þessar kröfur.

Ég ítreka, að ef Heilbrigðiseftirlitið opinberlega mótmælir, þá mun ég og væntanlega fleiri endurskoða afstöðu mína. En við tökum ekki mark á sparðatíningi hv. frsm. Alþb. í n., þegar hann gat varla lesið sumar formúlurnar eða borið fram nöfnin á heimildarblöðum sem einhverjir spekingar í baknefndum Alþb. hafa framleitt fyrir hann.

Ég hef sagt frá því áður í umr. utan dagskrár, að alþfl.-menn hafa tekið upp tvö atriði úr hugmyndum Heilbrigðiseftirlitsins, sem raunar er gert ráð fyrir í starfsleyfinu, t.d. samstarfsnefnd, en þá er vísað í almenna samstarfsnefnd sem er í gömlu lögunum um járnblendiverksmiðjuna. Við höfum lagt til að þetta yrði sett inn í lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, þannig að ákvæði um trúnaðarmenn á vinnustað og hollustunefndir gildi um allar verksmiðjur, t.d. álverksmiðjuna og allar aðrar.

Ég vil svo í sambandi við þetta mál að lokum minna á að menn mega ekki tala eingöngu um Heilbrigðiseftirlitið og horfa á heilbrigðislöggjöfina í þessum efnum. Það hefur gilt og gildir enn aldarfjórðungs gömul löggjöf, sem sett var árið 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Það var mjög góð löggjöf á sínum tíma, en hefur því miður verið framkvæmd allt of slælega. Í þessari löggjöf er ákvæði í 38. gr. sem segir, að ef talin er hætta á ferðum fyrir líf eða heilsu verkamanna, þá geti Öryggiseftirlit ríkisins, þ.e. öryggisráðið, látið hætta vinnu á viðkomandi vinnustöðum. Ef það er sýnileg hætta fyrir heilsu starfsfólksins í þessari verksmiðju, t.d. við bilun, eða verksmiðjuyfirvöldin reyndust vera þrjósk og vildu ekki hafa þann hátt á sem óskað er eftir, þá getur Öryggiseftirlit ríkisins stöðvað vinnu í verksmiðjunni. Lög hafa meira gildi heldur en úrskurðir rn., jafnvel þó að þeir veiti starfsleyfi fyrir verksmiðju.

Herra forseti. Ég mun ekki fara ítarlegar út í einstök atriði í sambandi við þetta mál. Það mætti tala um það langt mál og er raunar búið að gera það oft, en allar meginádeilur andstæðinga málsins tel ég vera ósannaðar. Iðnn. gekk mjög á orkumálastjóra og eina 4 eða 5 ráðamenn í orkumálum og frá Landsvirkjun og spurði þá hreinlega, hvort það væri rétt, sem haldið er fram, að bygging þessarar verksmiðju mundi leiða til orkuskorts 1979—1980. Og þeir svöruðu því allir afdráttarlaust neitandi. En þm., sem telja sig vera þess umkomna að ráðast á þingfélaga sína fyrir vinnubrögð þeirra, sjá ekki eða

láta sig ekki muna um það að endurtaka þessar firrur, þó að þeir hafi hlustað á 4—5 ráðamenn orkumála segja þveröfugt.

Það er fleira svona. Það var talað um að það hafi verið felld niður ósk um að verksmiðjan ætti að borga rannsóknir. Ég veit ekki betur en liður 1.2 í leyfinu segi að í samræmi við gildandi lög og reglur skuli fyrirtækið greiða allan kostnað við þær rannsóknir og aðgerðir, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins telur nauðsynlegt að framkvæma og ráðh. samþykkir, til könnunar á ytri jafnt sem innri mengun, til að vernda heilsufar starfsfólks og fyrirbyggja skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur krafist þess að fyrirtækið láti sjálft framkvæma tilteknar rannsóknir í samráði við stofnunina að fengnu samþykki ráðh. Hv. þm. flytur langt mál um að þetta hafi verið fellt niður, af því að það er ekki á þeim stað í skýrslunum þar sem hann leitar að því. En þetta atriði er bara sett fram í leyfinu sem eitt af yfirlitsatriðum sem gildir um málið allt.

Mér er ljóst að það er margs konar áhætta fylgjandi því að ráðast í slíkt fyrirtæki sem járnblendiverksmiðjuna. Ég tel að við munum ekki geta hagnýtt okkur þá orku, sem við eigum ónotaða í landinu, án þess að ráðast í slíkt fyrirtæki. Ég tel æskilegt að byggja upp íslenskan iðnað af þeirri stærð sem við getum algerlega ráðið við og það verði meginþátturinn í iðnaðaruppbyggingu í landinu. En ég sé ekkert óeðlilegt við það, þó að við byggjum nokkrar verksmiðjur með aðild erlendra aðila sem geta ekki aðeins lagt til fjármuni, heldur og tæknilega kunnáttu. Við skulum athuga að við eigum í iðnaðarsögu okkar glerverksmiðjuna og við eigum þaraverksmiðju á Reykhólum o.fl., þannig að það er ekki víst að sú tæknilega kunnátta, sem við að vísu borgum töluvert mikið fyrir, sé einskis virði fyrir okkur. Ég lít á þetta sem einn lið iðnaðaruppbyggingar, ekki þann umfangsmesta, en lið sem við eigum að ráðast í.

Ég tel að öll vandamál varðandi mengun og hollustuhætti séu viðráðanleg og við getum með því að fylgja málum vel eftir séð til þess að í þeim efnum verði ástandið þannig að íslenskt verkafólk geti vel við unað. Þessi verksmiðja mun reynast einn af mörgum steinum til að koma upp framtíðaratvinnuvegum sem byggjast á því að nota ekki aðeins þær auðlindir, sem eru í sjó og í jarðvegi, heldur einnig orkulindir landsins. Þær verða ekki notaðar eingöngu nema við séum reiðubúnir til þess að gera tilraunir með orkufrekan iðnað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. hv. iðnn. Nd. með fyrirvara um það mál sem hér er til umr., gagnstætt því sem ég gerði þegar hv. iðnn. og Alþ. mótuðu afstöðu sína til samnings við Union Carbide á sínum tíma. Fyrir þessari breyttu afstöðu minni vil ég gera örstutta grein.

Meginástæða fyrirvara míns eru breyttar forsendur fyrir afkomu eða arðsemi málmblendiverksmiðjunnar frá þeim sem áður voru. Reynslan hefur sýnt svart á hvítu að þetta fyrirtæki er mun áhættusamara í rekstri og dýrara í stofnkostnaði en gert var ráð fyrir þegar fyrri samningar um málmblendiverksmiðju voru til umr. hér á hv. Alþ. Þá lágu fyrir sérfræðilegir útreikningar sem Þjóðhagsstofnun hafði yfirfarið og staðfest, en þessir útreikningar bentu til mjög góðrar afkomu verksmiðjunnar, þ. e. a. s. 13.6% afkastavaxtafjárfestingar í henni. Að mati Þjóðhagsstofnunar þá virtist þessi niðurstaða miðuð við ítrasta öryggi í áætlun.

Þessu til viðbótar lágu fyrir óvenju ótvírætt orðaðar álitsgerðir sérfróðra manna um verðlagshorfur kísiljárns á heimsmarkaði. Þannig var t. d. kveðið að orði í skýrslu Þjóðhagsstofnunar um þetta atriði, en hún er dags. 8. mars 1975, með leyfi forseta:

„Í þeim skýrslum, sem Þjóðhagsstofnun hefur haft undir höndum, virðist ekki koma fram að búist sé við miklum verðsveiflum og virðist áhersla fremur lögð á vaxandi eftirspurn eftir kísiljárni og líklega takmörkun framboðs vegna úreltra framleiðsluaðferða með tilliti til tækni, mengunar og orkuverðs."

Þetta hefur því miður ekki reynst rétt. Verðhrun hefur orðið á kísiljárni á heimsmarkaðnum og er langt frá því að enn í dag hafi úr ræst að fullu. Um þetta segir svo orðrétt í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Mikill samdráttur varð á stálmarkaðinum á árinu 1975 og var hann í lágmarki í ágúst—sept. það ár. Síðan hefur orðið verulegur bati, þó enn vanti talsvert á, að framleiðslan hafi náð sama magni og 1974. Á síðustu mánuðum hefur aftur gætt samdráttar á stálmarkaðinum. Verð á kísiljárni hefur fylgt þessari þróun. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hægum og e. t. v. nokkuð hikandi bata á næstu ársfjórðungum."

Stofnkostnaður verksmiðjunnar hefur hækkað samkv. áætlun úr 68 millj. dollara 1976 upp í 81 millj. dollara nú eða um rúm 19%. Með þessu er auðvitað reiknað í útreikningum málmblendifélagsins og minnkar það út af fyrir sig arðsemina frá fyrri útreikningum. Á hinn bóginn virðist bitur reynsla af verðhruni kísiljárns síðustu ár ekki hafa haft veruleg áhrif á arðsemimat Járnblendifélagsins, því að það er gert ráð fyrir verulegri hækkun kísiljárns á byggingartíma verksmiðjunnar og síðan stöðugri árlegri 4% hækkun út allt áætlunartímabilið, sem er nálægt 17 ár. Þrátt fyrir þetta fæst ekki nema 9.9% arðgjöf af verksmiðjunni sjálfri án hafnar og vegaframkvæmda. Þessar forsendur voru ekki hafðar til viðmiðunar þegar samningarnir við Union Carbide voru til staðfestingar. Þá var í arðsemiútreikningum gert ráð fyrir óbreyttu verði kísiljárns á áætlunartímanum, þótt bjartsýni ríkti þá um markaðshorfur og nýfengin reynsla ekki fyrir hendi um verðhrunið sem var á næsta leiti. Það er athyglisvert að samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar, sem hún gerði að beiðni hv. iðnn., yrði arðsemi fyrirtækisins engin, þ. e. a. s. um yrði að ræða verulegt rekstrartap, ef gengið yrði út frá þeim forsendum að verðið hækkaði meðan markaðurinn væri að ná sér næstu tvö ár, en síðan væri reiknað með óbreyttu verði kísiljárns eins og gert var þegar arðsemimat var lagt á þessa framkvæmd hið fyrra sinnið, þ. e. a. s. við umr. um samninginn við Union Carbide. Þetta leiðir tvennt í ljós svo að ekki verður um villst. Að því er best verð-

ur séð eru nú miklu minni líkur en áður fyrir því að málmblendiverksmiðjan, sem fyrirhugað er að reisa í Hvalfirði, geti skilað arði og þar með skilað því fjármagni sem eigendur hennar leggja fram, og í öðru lagi, hversu mjög þetta fyrirtæki er háð óútreiknanlegum verðsveiflum á kísiljárni í næstu framtíð, m. ö. o. áhættan við rekstur þessa fyrirtækis er eftir öllum sólarmerkjum og líkum að dæma miklum mun meiri, miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir, heldur en áður var.

Þessi mikilvæga staðreynd hefur breytt afstöðu minni til þessa máls og þá að sjálfsögðu sér í lagi þess ákvæðis, að Alþ. samþykki að almenningur í landinu eigi 55% þessa fyrirtækis og leggi fram beint eða óbeint milljarða kr. í því skyni. Á því er auðvitað reginmunur, hvort yfirgnæfandi líkur eru á því að mati hinna færustu manna að fyrirtækið sjálft geti skilað þessu fjármagni aftur til þjóðarinnar á eðlilegum tíma eða um það ríki hin mesta óvissa, svo að ekki sé meira sagt, og jafnvel þurfi að leggja fjárhagslegar kvaðir og aukna skatta á allan almenning til þess að axla þá byrði ef illa fer. Með samþykkt þessa frv. má áætla að Alþ. sé að skuldbinda skattborgarana til þess að ábyrgjast 3500—4000 millj. kr. framlög einvörðungu í hlutafjárframlög, sérstök lán, vegagerð, hafnargerð og því um líkt vegna þessa fyrirtækis, og er þá að sjálfsögðu ekki meðtalin sú fjárhæð sem fyrirtækið sjálft tekur til láns vegna uppbyggingarinnar. Ætlunin mun a. m. k. fyrst í stað að afla þessa fjár með lánum, en að sjálfsögðu á ábyrgð ríkissjóðs, og lán þarf að borga ásamt vöxtum á sínum tíma.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að ég óskaði sérstaklega eftir útreikningi á því hversu mikil greiðslubyrði ríkissjóðs yrði af því fyrstu árin að standa straum af hlutafjárframlaginu einu, ef frá yrði dregin fjárhæð vegna skatttekna og arðs ríkissjóðs af fyrirtækinu, þ. e. reiknaðs arðs, eins og dæmið liggur fyrir frá málmblendifélaginu. Reiknað er með að ríkissjóður taki 15 ára lán til greiðslu á hlutafénu með 8.5% vöxtum. Útkoman er sú, og er þá miðað við þá rekstrarútkomu, eins og ég sagði áðan, sem Járnblendifélagið reiknar sjálft með, að útgreiðslur úr ríkissjóði yrðu 3400 millj. kr. fram til ársins 1985 umfram innkomnar tekjur ríkissjóðs af arði og sköttum. Eftir 1985 færi síðan að greiðast af þessum skuldum. Þessa útreikninga gerði fulltrúi málmblendifélagsins sjálfs fyrir mig eftir ósk minni. Athyglisvert er að hér er ekki reiknað með öðrum útgjöldum ríkissjóðs, svo sem hafnargerð. Raunar ætti fyrirtækið sjálft að mínu mati að byggja höfnina.

Ef gera hefði átt ráð fyrir samkv. bestu fáanlegu heimildum að fyrirtækið sjálft gæti staðið undir þessum skuldbindingum einmitt á þessu árabili, þannig að ljóst væri að ekkert vegna þessa fyrirtækis skerti á einn eða annan hátt sameiginlegan sjóð landsmanna, þá liti málið allt öðruvísi út í *mínum augum*. Þar sem líkur eru því miður á að afkoma fyrirtækisins leyfi slíkt ekki, svo sem ég hef hér rökstutt, jafnvel að rekstrartap bætist við vandann fyrstu árin, þá verð ég að lýsa andstöðu minni við ákvæðið um 55% eignarhlut ríkissjóðs í þessu fyrirtæki.

Ég þarf ekki að bæta miklu við þessa grg. fyrir sérstöðu minni í þessu máli. Hv. þm. Ingólfur Jónsson hefur skýrt sjónarmið meiri hl. hv. iðnn. að öðru leyti og afstaða meiri hl. kemur fram í nál. Mér þykir rétt að taka fram, að ég er þeirrar skoðunar að betur hafi verið staðið að samningagerð við Elkem-Spigerverket nú heldur en Union Carbide á sínum tíma, þótt óviðráðanlegar ytri aðstæður séu nú sýnu lakari til þess að reka slíkt fyrirtæki með eðlilegum ábata. Betur hefur verið gengið frá samningi um sölu á framleiðslu fyrirtækisins. Bein fjármögnun hefur verið tryggð að langmestu leyti og betur gengið frá umhverfis- og heilsuverndarmálum, auk þess sem miklum mun geðfelldara er í mínum huga að eiga samvinnu við norskt fyrirtæki en bandarískt á þessu sviði.

Varðandi mengun og starfsleyfi og þau ummæli hv. þm. Sigurðar Magnússonar, sem hann viðhafði hér um starfsaðferðir iðnn., vil ég einungis taka það fram, að það var álit forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins að starfsleyfi væri fullnægjandi og þeir væru fyrir margra hluta sakir fremur ánægðir með þá niðurstöðu sem fékkst með starfsleyfinu. Þetta lá fyrir iðnn. áður en gengið var frá málinu, þannig að ummæli hans um að iðnn. hafi kastað höndunum til þessa þáttar málsins tel ég algerlega úr lausu lofti gripin.

Afstaða mín til uppbyggingar orkufreks iðnaðar hefur verið skýr og þarf ég ekki að lengja þessar umr. til að útskýra hana. Hóflegur orkufrekur iðnaður, sem valinn er staður í landinu þar sem hagkvæmt er fyrir raforkuiðnaðinn, byggðaþróun og vegna mengunarvarna, er augljós forsenda þess að við Íslendingar eignumst á skjótan hátt öflugt orkuöflunar- og dreifikerfi, sem gerir það kleift, að allir landsmenn njóti nægrar, öruggrar og ódýrrar orku sem fyrst. Vitanlega væri æskilegt að við Íslendingar eignuðumst sjálfir hlut í svo sem tveim til þrem orkufrekum iðnfyrirtækjum, en fleiri slíkra fyrirtækja er ekki þörf í fyrirsjáanlegri framtíð til þess að ná því markmiði sem stefna þarf að vegna þarfa raforkuiðnaðarins. Mér virðist þó að við höfum svo margt annað að gera með takmarkað fjármagn, sem við höfum undir höndum, að skynsamlegra væri að semja við erlenda aðila, sem reisa vilja slík fyrirtæki hér á landi og kaupa af okkur orku, sem aðalatriðið er, um að þeir leggi fram allt áhættufé, a. m. k. fyrst í stað, en við ættum þá e. t. v. kost á því síðar að eignast hlut í fyrirtækjunum á allnokkru árabili og meiri hl. eftir ákveðinn rekstrartíma.

Herra forseti. Ég vil ekki lengja þessar umr. frekar. Sérstaða mín hefur komið fram. Í samræmi við hana mun ég ekki greiða atkv. með 2. og 3. gr. frv., en þær fjalla um skuldbindingar ríkissjóðs vegna eignaraðildar að fyrirtækinu og fleira. En verði þær greinar samþykktar af meiri hl. Alþ., mun ég greiða atkv. með öðrum greinum og frv. í heild.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Af hálfu frsm. meiri hl. iðnn. hefur verið gerð svo rækileg grein fyrir niðurstöðu nefndarmeirihl. að ég tel mig hafa litlu við það að bæta. Hins vegar hefur sitthvað komið fram í þessum umr. sem er

þess efnis, að mér finnst rétt að leggja þar orð í belg.

Vil ég þá fyrst víkja að því sem hefur verið sagt um þá heiðarlegu frásögn mína hér fyrir nokkrum dögum, að ég teldi mig ekki mikinn fræðimann í mengunarmálum. Ég er reiðubúinn til þess að endurtaka það einu sinni enn. Ég held að það væri heiðarlega gert af alþm. að gera svipaða játningu og ég í þessum efnum. Ég held að flestir þeirra hafi tiltölulega litla þekkingu á þessum málum. A. m. k. einn þm. hefur gert slíka játningu á undan mér og ekki skammast sín fyrir að gera það. Það var þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson. Hann lét þau orð falla hér í þingi að hann teldi sig lítinn sérfræðing í þessum málum. Hins vegar taldi hann nauðsynlegt að efla í landinu þá sérfræðiþekkingu sem lýtur að þessum málum, því að henni væri enn á margan hátt ábótavant. Meðan hann var iðnrh. studdi hann mjög að því að þetta var gert. En skoðun hans var nákvæmlega sama og mín í þessum efnum, að hvað mengunina snertir og ráðstafanir í sambandi við hana yrðu þm. fyrst og fremst að fara eftir því sem sérfræðingar segðu og legðu til, því miður væri þekkingu þm. þannig háttað.

Þetta var sú afstaða sem ég hafði í meiri hl. iðnn. Við vorum strax í janúarlok eða byrjun febr. sammála um öll atriði viðkomandi þessu máli, vorum fylgjandi framgangi þess, að því þó tilskildu að Heilbrigðiseftirlitið og heilbrrn. veittu fyrirtækinu starfsleyfi og það fullnægði þeim kröfum sem þessir aðilar gerðu um mengunarmál. Við lögðum það á sérfræðingana að meta það sem gera þyrfti í þessum efnum, og við stóðum dyggilega við bakið á þeim með því að leggja ekki nál. fram fyrr en niðurstaða væri fengin í þessu máli og það starfsleyfi fengið sem þeir álitu að væri viðunanlegt. Það hefur komið hér fram og ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég álít að Heilbrigðiseftirlitið og heilbrrn. hafi unnið mjög gott starf í þessum málum. Málið lá hreyfingarlaust hér í Alþ. í 2½ mánuð meðan þessir aðilar voru að fjalla um það við fyrirtækið hvernig mengunarreglum ætti að vera háttað. Ég tel að hæstv. ríkisstj. og meiri hl. iðnn. og raunverulega þingmeirihl. hafi hér staðið vel á bak við yfirvöldin í þessu máli með því að fresta aðgerðum í málinu meðan verið var að fjalla um þetta, og þá fyrst komst skriður á málið að nýju þegar búið var að ganga frá starfsleyfinu og fyrirtækið búið að fullnægja þeim skilyrðum sem Heilbrigðiseftirlitið og heilbrrn. töldu fullnægjandi.

Ég treysti þessum aðilum alveg í þessum efnum. Ég játa það enn eins og áður að þekking mín nær mjög skammt í þessum efnum. En ég treysti þeim aðilum, sem um þessi mál hafa fjallað, að hafa sett þau skilyrði að það sé eins vel frá gengið í þessum efnum og frekast er kostur.

Annars finnst mér það merkilegast við þær umr., sem hafa farið fram hér og farið fram áður um þetta mál, að það er glögg vísbending um eða glöggt dæmi um hvernig ýmsir flokkar haga afstöðu sinni eftir því hvort þeir eru í ríkisstj. eða utan ríkisstj. Ég er nokkurn veginn viss um það, að ef hér hefði verið svokölluð vinstri stjórn eða ef hér hefði verið svokölluð nýsköpunarstjórn, þá hefði þetta mál runnið í gegnum þingið. Þá hefði ekki verið um neina andstöðu að ræða af hálfu Alþb. Og þetta dæmi ég af þeirri reynslu sem fyrir liggur í þessum málum, og mér þykir þess vegna rétt að rifja hana upp með nokkrum orðum.

Alþb. og Framsfl. höfðu á sínum tíma algera samstöðu gegn álsamningnum svonefnda. Þessir flokkar voru andvígir álsamningnum af mörgum ástæðum, en þó sérstaklega þeirri, að álbræðslan lýtur ekki íslenskum lögum nema að takmörkuðu leyti og lögsagan yfir henni er í höndum erlends gerðardóms og ekki íslenskra dómstóla. Þeir gagnrýndu það einnig að rafmagnsverðið væri of lágt og illa gengið frá samningum um það. Þeir töldu einnig að það væri mjög varhugavert að leggja út í rekstur á jafnstóru fyrirtæki og álbræðslan er, það ætti frekar að sinna minni fyrirtækjum á þessu sviði.

Þegar vinstri stjórnin kom til valda náðist milli þeirra flokka, sem að henni stóðu, samkomulag um stóriðjumálin sem var í megindráttum á þá leið, að slík fyrirtæki, ef að þeim yrði horfið, ættu að vera að öllu leyti undir íslenskum lögum og íslenskri lögsögu, að íslendingar ættu að eiga sjálfir a. m. k. meiri hl. í fyrirtækjunum og það skyldi frekar vera stefnt að því að koma upp smáum iðnfyrirtækjum en stórum. Það var í samræmi við þetta sem samningar voru hafnir um verksmiðjuna á Grundartanga. Hæstv. fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson, hafði forgöngu um það mál. Mér finnst rétt að rifja upp samkv. hans eigin frásögn hvernig þetta mál bar að, en hann segir svo í umr. hér í Nd., sem fóru fram 19. mars 1975, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og menn vita er gert ráð fyrir þremur vélasamstæðum í Sigöldu og er hægt að láta þær hefja störf á mismunandi tímum, en allur stofnkostnaðurinn leggst í rauninni á fyrsta áfangann, þ. e. a. s. ef aðeins einn áfangi væri látinn framleiða orku, þá yrði sú orka mjög dýr. En ef virkjað væri í einum áfanga, eins og hagkvæmast var miðað við einingarverð, þá voru horfur á því, að um væri að ræða verulegt orkumagn sem ekkert verð fengist fyrir nema gerðar yrðu ráðstafanir til þess að framleiða iðnvarning til útflutnings. Ég setti þá á laggirnar nefnd til þess að kanna hvort stofnun slíks orkufreks iðnaðar væri hagkvæm fyrir Íslendinga. Ég setti n. ákveðnar og ófrávíkjanlegar pólitískar reglur.“

Í ræðu fyrrv. iðnrh. eru svo þessar reglur raktar, en höfuðatriði þeirra er það sem ég sagði hér áðan að Framsfl. og Alþb. voru sammála um, þ. e. að fyrirtækið yrði að vera að meiri hluta íslensk eign og að það væri að öllu leyti undir íslenskum lögum og lögsögu.

Síðar í þessari sömu ræðu fórust hæstv. fyrrv. iðnrh. orð á þessa leið:

„Þegar ég setti viðræðunefnd um orkufrekan iðnað þær reglur sem ég minntist á áðan, þá töldu margir þeir sem rætt höfðu við erlenda aðila, að þær væru fráleitar, þær jafngiltu því að slíkir samningar væru útilokaðir með öllu,

enda drógu ýmsir aðilar, sem hafið höfðu viðræður, sig í hlé þegar þeir kynntust þessari afstöðu, þ. á m. bandarískt auðhringurinn Union Carbide, en hann taldi 51% eignaraðild af sinni hálfu algert skilyrði. Það var ekki fyrr en 1973, í ársbyrjun, sem Union Carbide tilkynnti að fyrirtækið væri reiðubúið til að fallast á pólitísk skilyrði ríkisstj. Síðan var unnið að samningsgerð á þessum forsendum og um haustið" — það er haustið 1973 — „lágu fyrir drög sem ég taldi fullnægja þessum pólitísku hugmyndum mínum, á þeim forsendum þó sem ég gat um áðan, að við sætum uppi með verulegt orkumagn sem ekki væri unnt að koma í verð án þess að til kæmi orkufrekur iðnaður."

Þannig stóðu málin haustið 1973. Þá gerist hins vegar það sem oft hefur verið vikið að í umr. hér, að mikil olíuverðhækkun varð í heiminum sem hafði vitanlega breytingar í för með sér á afstöðu til þessara mála, einkum þó að því leyti hvað orku varðar að það virtist miklu álitlegra en áður að grípa til húsahitunar með rafmagni, og af þeim ástæðum sköpuðust ný viðhorf í þessu máli. Það kom þá til athugunar hvort við þyrftum á nokkrum sérstökum orkufrekum iðnaði að halda í sambandi við Sigölduvirkjun og af þeim ástæðum væri rétt að hverfa frá þeim ráðagerðum sem uppi höfðu verið um að semja við Union Carbide. Það fór fram nokkur athugun á þessum málum um áramótin 1974, en jafnframt gerðist það sem hafði veruleg áhrif á afstöðuna til þessara mála, að sú hugmynd kom upp að virkja Kröflu, og frv. um virkjun Kröflu var lagt fram af þáv. iðnrh. í janúarmánuði 1974. Þetta mál fékk mjög góðar undirtektir í þinginu þannig að löginn eru afgreidd næstum umræðulaust í byrjun apríl 1974. Þá gerðu menn sér vonir um að rafmagnið frá Kröflu gæti verið komið til notkunar jafnvel á árinu 1977, en a. m. k. á árinu 1978. Þá var þarna, þegar Krafla var komin til viðbótar við Sigöldu, mikil raforka fyrir hendi sem fyrirsjáanlegt var að landsmenn gætu ekki notað alla fyrst um sinn. Þá er það sem hugmyndin um samvinnu við Union Carbide kemur aftur til sögunnar.

Seint í marsmánuði 1974 sneri þáv. iðnrh. Magnús Kjartansson, sér til mín sem formanns þingflokks Framsfl. og afhenti mér drög að samningi við Union Carbide ásamt frv. þar að lútandi sem veitti stjórninni heimild til þess að halda áfram samningum við þetta fyrirtæki. Samkv. bókun þingflokksins var þetta mál itarlega rætt bæði 1. apríl og 3. apríl 1974 og samþykkt að standa að frv. sem fæli í sér heimild til ríkisstj. að halda áfram samningunum við Union Carbide og byggja á þeim drögum sem þá lágu fyrir. Ég hygg að aðrir stjórnarflokkar hafi fjallað um þetta mál líka á þeim tíma og jafnvel verið haft samband við stjórnarandstöðuflokkana. En eftir því sem ég man best, þá strandaði það ekki síst á andstöðu stjórnarandstöðuflokkanna þáv. að þetta mál var ekki lagt fram. Ég man að ég ræddi það við þáv. og núv. formann Sjálfstfl. sem taldi að þetta mál þyrfti meiri athugunar við. Það var þess vegna alveg ljóst vorið 1974 að ef vinstri stjórnin hefði haldið áfram, þá mundi þetta mál hafa verið lagt fyrir þingið í nokkuð svipuðu formi og það var þá. Ég veit því miður ekki um það sem gerist innan þingflokksveggja Alþb., en mér hefur verið sögð sú saga, að um þetta mál hafi verið fjallað þar á svipuðum tíma og komið í ljós að a. m. k. mjög margir þm. þess, jafnvel átta þm., mundu hafa getað fallist á þær hugmyndir sem þáv. iðnrh. hafði í þeim efnum. Afstaða níunda þm. hafði verið nokkuð óljós, hann hefur sennilega heldur verið á móti þá, en frekar þó reiknað með því að hann gæti orðið með málinu í þinginu. Þetta held ég að hafi verið hv. 2. þm. Austurl. En aftur gekk sú saga um tíunda þm., að hann væri alveg óforbetranlegur og mundi vera á móti málinu undir öllum kringumstæðum, en það var skýrt með því að hann væri meira skáld en stjórnmálamaður, og þá geta menn kannske giskað á hver það muni vera.

Það, sem ég hef rakið hér, sýnir alveg ljóslega að á þessum tíma var Alþb. á því að fylgja þessari framkvæmd, þ. e. verksmiðjunni á Grundartanga, ef næðist samkomulag svipað því og þau drög voru sem þá lágu fyrir. Þess vegna fullyrði ég það, að þetta mál hefði gengið fram í svipuðu formi og nú með stuðningi Alþb. ef það hefði átt áfram aðild að stjórn. Og ég er ekki síður sannfærður um það, að ef hér hefði komið nýsköpunarstjórn, þá hefði ekki heldur staðið á Alþb. að standa að framgangi þessa máls. En nú er Alþb. komið í stjórnarandstöðu og hefur verið í stjórnarandstöðu undanfarin ár. Það er það sem hefur fyrst og fremst ráðið þeirri breytingu sem orðið hefur á afstöðu þess til þessa máls.

Það er á ýmsan annan hátt sem hefur orðið breyting á afstöðu Alþb. á þessum tíma. Ég held að fyrir nokkrum vikum hafi farið fram umr. um till. sem hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 3. þm. Austurl. fluttu hér um staðsetningu stóriðjufyrirtækja úti um land, og þá held ég að flestir eða allir talsmenn Alþb. hafi risið gegn slíkum framkvæmdum, talið að þessar framkvæmdir ættu ekki neinn rétt á sér. En þetta var hins vegar ekki skoðun hæstv. fyrrv. iðnrh. þegar hann gerði þessi mál að umtalsefni í sambandi við Kröflufrv. 30. jan. 1974. Þá var hann að svara einhverjum hv. þm., sem ég sé nú ekki hver er, sennilega hefur það verið Halldór Blöndal, og gerði það m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. þm. minntist á, hvort það væri stefna ríkisstj. að ekki skyldi rísa stóriðnaður á Norðurlandi, ekki orkufrekur iðnaður. Því fer mjög fjarri. Ég tel það vera ákaflega mikilvægt atriði að meiri háttar fyrirtæki af slíku tagi rísi ekki aðeins hér á Suðvesturlandi, heldur einnig á Norðurlandi og Austfjörðum, þar sem aðstæður eru hentugar til þess. Og þær aðstæður eru vissulega hentugar bæði á Norðurlandi og Austfjörðum. Bæði á Norðurlandi og Austfjörðum er hægt að ráðast í mjög verulega stórar virkjanir, eins og hv. þm. minntist á. Um Dettifossvirkjun er fullnaðarkönnun á virkjunaraðstæðum að verða lokið, og ég geri ráð fyrir því, að iðnrh. fái lokaskýrslu um hana mjög fljótlega. Þá verða menn að vega það og meta, hvenær skynsamlegt er að ráðast í þá virkjun. En þá virkjun

yrði greinilega að tengja við einhvern orkufrekan iðnað sem mundi þá eðlilega rísa á Norðurlandi. Ég ætla að það hafi verið ein af mistökunum í stefnu viðreisnarstjórnarinnar að stórframleiðsla á ódýrri raforku var einvörðungu bundin við Suðvesturland."

Þarna kemur alveg greinilega fram að fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson, gat vel hugsað sér að það risi upp orkufrekur iðnaður bæði á Austurlandi og Norðurlandi, þó að flokksbræður hans afneiti öllum slíkum fyrirætlunum núna. Ég nefni þetta sem dæmi um það, hvernig vissir flokkar hafa mismunandi afstöðu eftir því hvort þeir eru í ríkisstj. eða utan ríkisstj. Mér finnst þetta mál alveg sérstakt dæmi um það, því að ég er sannfærður um að afstaða Alþb. hefði verið allt önnur í þessu máli ef það hefði nú átt aðild að ríkisstj. hvort heldur það hefði verið vinstri stjórn eða nýsköpunarstjórn.

Mér finnst svo rétt að víkja að því, að þegar þessi drög lágu fyrir frá fyrrv. iðnrh. um samninga við Union Carbide, þá var viss geigur í mér við það mál, og satt best að segja var það hv. 5. þm. Vesturl. sem hafði skapað þennan geig, sem var í mér, eða átt mikinn þátt í honum. Við vorum saman í nokkra daga úti í New York haustið 1973. Hann var þar fulltrúi á þingi Sameinuðu þjóðanna, en ég var á hafréttarráðstefnunni, það var verið að setja hana þá. Ég fylgdist með því að hv. þm. leysti störf sín hjá Sameinuðu þjóðunum mjög samviskusamlega af hendi. En hann hafði þó nokkurt aukastarf með höndum sem hann notaði sína frítíma til að sinna, og það var að safna sem mestum upplýsingum um Union Carbide. Og ég minnist þess stundum frá nefndarfundunum, að þegar einhver gat laumað að honum upplýsingum um Union Carbide, sem ekki voru sem ákjósanlegastar fyrir fyrirtækið, þá gladdist hv. þm. mikið. Ég fékk þær upplýsingar þá um Union Carbide, að ég varð dálítið smeykur að semja við þetta fyrirtæki, þó að það kæmu aðrir fróðir menn um þessi mál á eftir og héldu því fram að fyrirtækið hefði mikið batnað á síðari árum og þess vegna mundi vera óhætt að semja við það.

Nú stendur þetta mál þannig að við erum orðnir lausir við Union Carbide, og ég hef álitið að það yrði a. m. k. til þess, að þessi hv. þm. breytti eitthvað afstöðu sinni til málsins, og það ekki síður þar sem hann er mjög fylgjandi Norðurlandasamvinnu, þá teldi hann vel farið að það skuli vera norrænt fyrirtæki sem þarna er komið í staðinn fyrir hinn ameríska auðhring. Ég segi fyrir mitt leyti, að það er líka fyrir óbein áhrif frá þessum hv. þm., að ég er miklu ánægðari að samþykkja þetta mál síðan norska fyrirtækið kom inn í það heldur en meðan við áttum við Union Carbide. Ég tel að það hafi verið heppilegt að við skyldum losna frá samningum við það og þetta norska fyrirtæki koma í staðinn, enda sýnist mér að samkomulagið við norðmennina sé á ýmsan hátt hagstæðara heldur en samkomulagið við Union Carbide. Ég hygg að það megi hins vegar segja bæði um hinn endanlega samning við Union Carbide og eins um samninginn við norska fyrirtækið, að þessir samningar séu mun hagstæðari en þau drög sem við vorum að fjalla um í marsmánuði og aprílmánuði 1974, en ég veit ekki betur en Alþb. hafi verið tilbúið að ganga til samninga við Union Carbide á þeim grundvelli. (**JónasÁ**: Þú veist það ekki.) Ætli hv. þm. viti ekki eitthvað um þetta líka?

Það hefur verið talsvert mikið rætt um arðsemisjónarmið í sambandi við verksmiðjuna á Grundartanga og gerðar ýmsar spár, sem geta bent til þess, að rekstur slíks fyrirtækis verði ekki sem hagkvæmastur á næstu árum. Ég verð að játa það, alveg eins og í sambandi við mengunarmálin, að ég er enginn sérstakur fjármála spekingur og treysti mér þess vegna ekki til að dæma um þessar spár. En oft hef ég lesið spár, bæði í því enska blaði, sem vitnað er til, og í öðrum blöðum, um að hlutirnir muni þróast svona og svona, en hið gagnstæða hefur orðið niðurstaðan. Ég man t. d. eftir því að þegar við vorum að ræða hér um álsamninginn, þá voru það spádómur eiginlega allra hagfræðinga, sem um þau mál fjölluðu á þeim tíma, að rafmagnsverð mundi kannske haldast eins og það væri, en miklu frekar þó fara lækkandi vegna þess að kjarnorka væri alveg á næstu grösum. Þess vegna var okkur sagt að flýta okkur að semja áður en raforkuverðið félli enn þá meira. Og það voru ýmsir sem trúðu þessum orkuspám. Eftir stuttan tíma varð alveg gerbylting í þessum málum, sem þarf ekki að rekja hér. Þannig er með fjöldamargar spár sem svokallaðir efnahagssérfræðingar útbúa, að þær reynast iðulega rangar. Ég er ekki að segja með þessu að þessar spár séu rangar. En ég held, að það séu tiltölulega fáar atvinnugreinar, sem menn geti ráðist í, að það sé alltaf 100% öruggt fyrir fram, að þær verði reknar með hagnaði. Það gildir um flestar atvinnugreinar svona upp og ofan, að stundum gengur vel og stundum illa, og ég veit t. d. að hv. 2. þm. Austurl. kann að segja þá sögu í sambandi við sjávarútveginn, að hann á sín erfiðu ár og líka sín góðu ár. Það gildir líka um iðnaðinn á hinum ýmsu sviðum, stáliðnað eins og annað. En ég hef ekki trú á því að þessi iðnaðargrein jafni sig ekki á löngum tíma og jafnvel miklu styttri tíma heldur en horfur eru á nú. Þess vegna er ekki neinn sérstakur uggur hjá mér í sambandi við þessi mál. Ég hef ekki heldur trú á því að frændur okkar norðmenn, þó að menn vilji kannske ekki treysta á þá sem eins mikla fjármálamenn og höfðingjana í Union Carbide, færu að leggja í þetta fyrirtæki ef þeir gerðu ráð fyrir því að það yrði mikið tapfyrirtæki. Ég held að ástæðan til þess, að þeir eru tilbúnir að leggja hér fram mikla fjármuni, sé sú, að þeir telji að a. m. k. þegar til lengdar lætur sé hér um arðvæna starfsemi að ræða.

Það er nú sagt hér að Union Carbide hafi hætt við þetta vegna þess að það hafi ekki talið gróðann líklegan til að verða nógu mikinn. Mér er nú sögð önnur ástæða sem því hafi valdið, að þeir hafi frekar viljað fara út í aðra starfsgrein heldur en þessa og það hafi verið mikil átök í félaginu um það, jafnvel eins konar stjórnarbylting sem réð því að þeir drógu sig hingað. Ég skal ekkert dæma um þetta. En síðan ég kynntist Union Carbide í gegnum hv. 5. þm.

Vesturl., þá trúi ég ekki á þetta fyrirtæki eins og það sé alviturt og að við eigum að láta stjórnast alveg af því sem það gerir. Ég held að það sé ekki góð kenning, og ég hygg að hv. þm. sé mér sammála um það.

Ég get nú farið að láta þessu máli mínu lokið. En ég vildi aðeins rifja upp að síðustu það sem kom hér fram hjá frsm. 2. minni hl., að sá samningur, sem hér lægi fyrir væri á flestan hátt líkur álsamningnum. Ég mótmæli því að svo sé. Þessi samningur byggist á þeirri meginstefnu sem mótuð var af vinstri stjórninni og þáv. stjórnarflokkar voru sammála um. Hann mótast af þeirri stefnu, að íslendingar eigi að eiga sjálfir meiri hl. í fyrirtækinu, í staðinn fyrir að útlendingar eiga einir álbræðsluna. Hann mótast af því sjónarmiði, að þetta fyrirtæki eigi á allan hátt að vera undir íslenskum lögum og íslenskri lögsögu, í stað þess að álbræðslan er að verulegu leyti undir erlendum gerðardómi. Það er samið um miklu hærra orkuverð í þessum samningi heldur en í álsamningnum. Og það er síðast en ekki síst gengið frá miklu öflugri og fullkomnari mengunarvörnum í þessum samningi eða í sambandi við þennan samning heldur en var gert í sambandi við álsamninginn, svo að hér er um tvennt ólíkt að ræða og ekki á neinn hátt hægt að líkja þessu saman.

Ég get sagt það sem mína skoðun, að ég tel ákaflega varhugaverða braut að leyfa erlendum fyrirtækjum atvinnurekstur hér á landi öðruvísi en þeir séu undir þeim hömlum sem gert er ráð fyrir í þessum samningi. Og ég get lýst því sem minni skoðun, að ég teldi ákaflega óheppilegt ef álbræðslunni væri leyfð meiri stækkun en hún hefur þegar leyfi fyrir. Ég er hræddur við það þegar eitt erlent fyrirtæki er orðið mjög stórt og umsvifamikið í landinu, eins og álbræðslan er þegar orðin og mundi verða enn meira ef hún yrði stækkuð um þriðjung, eins og talað er um. Ég óttast að þegar svo sé komið sé þetta fyrirtæki orðið svo sterkt að því muni verða fært að færa sig alltaf meira og meira áfram, ef það fengi þennan þriðjung sem það kannske biður um núna, þá kæmi súrál á eftir, virkjun á Austurlandi þar á eftir o. s. frv., og þess vegna sé kominn tími til að stöðva þessa þróun nú og eigi að gera það strax. Ég held líka að með þeirri starfsaðferð, sem hér er viðhöfð, verði gengið mjög takmarkað til samstarfs við útlendinga um þessi mál. Þegar þannig er frá þessu gengið, að meiri hl. á að vera í eign okkar íslendinga sjálfra, þá verður aldrei hægt vegna okkar eigin getuleysis, ef svo mætti segja, að ráðast í mörg slík fyrirtæki, og ég held að þetta sé mjög góð hamla á það að ekki verði haldið áfram langt á þessari braut.

Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Vesturl., að við eigum að fara af mikilli gætni í sambandi við samskipti okkar við útlendinga í þessum efnum og ef við gerum það ekki, þá séum við búnir að leiða yfir okkur svipaða hættu og veiðar útlendinga voru áður fyrr í fiskveiðilögsögunni. Þess vegna eigum við að fara mjög varlega. Ég tel hins vegar að með þessum samningi sé ekki gert neitt það sem sé varhugavrt í þessum efnum. Ég tel jafnframt að með því að gera þennan samning sé útilokað að við förum að semja við erlent fyrirtæki í sambandi við virkjun Hrauneyjafoss. Það væri miklu frekar hægt að fá rök fyrir því að það væri nauðsynlegt, eins og Magnús Kjartansson gerði í sambandi við Sigölduvirkjun á sínum tíma, að hér þyrfti að koma einhver meiri háttar orkufrekur iðnaður sem útlendingar ættu að einhverju leyti þátt í, að ef ekki yrði neitt úr þessu fyrirtæki, Hrauneyjafoss yrði virkjaður og sú orka kæmi til viðbótar, sem þar verður að fá, innan lítils tíma. Með því að semja við þetta fyrirtæki nú álít ég að þeirri hættu sé afstýrt að við þurfum að semja við eitthvert erlent fyrirtæki um orkufrekan iðnað í sambandi við Hrauneyjafossvirkjun, enda skilst mér að það liggi fyrir upplýsingar um það, að á tiltölulega stuttum tíma, ef úr þessu fyrirtæki verður, munum við sjálfir geta hagnýtt til fulls þá orku sem kemur frá Hrauneyjafossvirkjun.

Ég vil svo ekki hafa fleiri orð um þessi mál að sinni. Ég vil aðeins endurtaka það, af því að mér er alltaf heldur hlýtt til Alþb. og stundum talinn vera kommúnisti, eins og þeir sem þar eru, þá finnst mér leiðinlegt að við skyldum ekki geta verið samferða í þessu máli eins og við vorum upphaflega. En ég skil vel hvaða ástæður liggja til þess. Það er vegna þess að þeir lentu í stjórnarandstöðu. Þess vegna var skipt um skoðun. Ég er hins vegar ekki að óska eftir því, að þó að þeir komi í stjórn verði þeir miklu opnari fyrir þátttöku útlendinga í stórfyrirtækjum hér á landi heldur en nú er. Ég gæti þess vegna vel hugsað mér að hafa samvinnu við þá um þessi efni, og ég treysti því líka, að það geti orðið almennt samkomulag milli allra flokka í landinu — og ég held að það sé að verða það — að fara eigi mjög gætilega í þessum efnum. Hitt er svo það sem mér finnst kannske rétt að segja og kom fram þegar rætt var um álsamninginn hér á sínum tíma, að ef til þess kæmi að ráðist væri í einhver slík fyrirtæki hér, þá er ég sama sinnis og ég var þá, að þau eiga ekki að vera hér á Suðvesturlandi, ekki á Reykjanesskaganum. Við eru búin að fá alveg nóg á Reykjanesskagann. Þess vegna er ég fyrir mitt leyti sammála þeirri till. sem þeir fluttu, hv. 4. þm. Norðurl. v. og 3. þm. Austurl., að ef við eigum í framtíðinni einhvern tíma að ráðast í slík fyrirtæki, þá eigi þau að vera staðsett helst á Norðurlandi eða Austurlandi, en alls ekki Reykjanesskaga. Við erum búin að fá alveg nóg af þessu.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Ég kemst ekki hjá því að víkja í upphafi máls míns nokkrum orðum að þeirri merkilegu ræðu sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, formaður þingflokks Framsfl., lauk hér við að flytja áður en þingfundi var frestað nú fyrir kvöldmat. En ég sé að hv. þm. er nú ekki mættur hér, svo að það er eiginlega heldur ólögulegt. Þá þykir mér ekki síður á skorta að hæstv. ráðh., sem hefur með mál þetta að gera, hæstv. iðnrh., er ekki sjáanlegur í salnum. En það þykir mér í rauninni algert lágmark, þegar slíkt stórmál er á ferðinni eins og það sem hér um ræðir, að a. m. k. sá ráðh., sem hefur með málið að gera, gefi sér tíma til þess að mæta hér á fundi og ræða við

þm. um málið. En í von um að hæstv. ráðh. sé rétt ókominn get ég þó haldið eitthvað áfram ræðu minni, m.a. með því að víkja nokkuð að þeirri mjög svo athyglisverðu ræðu formanns þingflokks Framsfl., Þórarins Þórarinssonar, sem ég minntist á áðan.

Hér var hv. þm. Þórarinn Þórarinsson að gera grein fyrir afstöðu sinni og síns flokks sem aðaltalsmaður flokksins á Alþ. til eins af allra stærstu málum sem lögð hafa verið fyrir Alþ. á þessu þingi. Hér er sem sagt um það að ræða, hvort íslenska ríkið eigi að ráðast í það að láta koma upp verksmiðju sem yrði ein af þeim stærstu í landinu, ráðast í framkvæmd sem gert er ráð fyrir í grg. frv., sem hér er til umr., að muni kosta 18.4 milljarða kr., og til viðbótar að sjálfsögðu tilheyrir þessum stofnkostnaði um það bil helmingurinn af stofnkostnaði okkar nýjustu virkjunar, Sigölduvirkjunar, því að það er gert ráð fyrir að verksmiðjan verði að taka til sín um það bil helminginn af orkunni frá þessari virkjun.

En hvað var það svo sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson sagði um afstöðu sína og síns flokks til þessa stórmáls? Jú, hann undirstrikaði það, að hann væri hreinskilinn og segði hreint út hvernig ástatt væri fyrir sér. Hann sagði varðandi fjárhagshlið málsins, að á þeirri hlið hefði hann ekkert vit, hann vissi ekkert um fjárhagslegan rekstur og hann treysti sér því ekki til að eyða neinum orðum að því hvort hér væri yfirleitt um það að ræða að rétt væri að ráðast í þetta fyrirtæki út frá því sjónarmiði að það gæti verið fjárhagslega þýðingarmikið fyrir þjóðina. En hann játaði hreinskilnislega, að hann hefði ekkert vit á þessari hlið málsins og gæti ekkert um það talað, og taldi sig afar hreinskilinn með því að geta þessa. Þá sagði hann einnig varðandi efnishlið þessa máls, að um það atriði málsins, sem mikið hefði verið rætt um, sem sneri að mengunarvandamáli og vissum hættum í sambandi við verksmiðjuna, þá sagðist hann líka geta endurtekið það enn einu sinni í fullri hreinskilni, að á því hefði hann heldur ekkert vit og gæti ekkert um það sagt. Ja, hvílík hreinskilni! Það er ekki amaleg afstaða hjá heilum stjórnmálaflokki að hafa þessa afstöðu til eins þýðingarmesta máls sem lagt er fyrir Alþ.: varðandi fjárhagshliðina og reksturinn ekkert vit, enga skoðun, varðandi vissar hættur, eins og í sambandi við mengun, ekkert vit, enga skoðun. Ja, það er nú hreinskilni sem um munar að segja frá þessu.

En hv. þm. þóttist þó hafa nokkuð til þess að miða sína afstöðu við og réttlæta afstöðu flokks síns til málsins eigi að síður, þó að svona væri nú ástatt fyrir honum. Og þá kom að því að hann fór að skýra frá því, hver væri afstaða og hver hefði verið afstaða Alþb. til málsins, og var auðvitað að finna alla afstöðu Framsfl. innifalda í þessari afstöðu alþb.-manna.

Þá skýrði hv. þm. m.a. frá því, að honum væri kunnugt um það, að um það leyti sem vinstri stjórnin var að leysast upp eða vorið 1974 mundi afstaða þm. Alþb. til járnblendiverksmiðju hafa verið sú, að 8 af þm. flokksins hefðu verið fylgjandi þeim frv.-drögum, sem þá lágu fyrir, einn þm., sem væri skáld, væri óforbetranlegur í málinu og væri ómögulegt að snúa honum til réttrs vegar, og annar þm., sem hann tilgreindi og það var ég, væri að vísu á móti málinu — hefði verið á móti málinu í orði, en líklega mundi ég hafa fylgt því þegar til atkvgr. hefði komið. Og svo gat þessi hv. þm., aðaltalsmaður Framsfl., Þórarinn Þórarinsson, um að það væri svo sem ekki mikið mark hægt að taka á þessari afstöðu skáldsins í Alþb. sem væri svona mikill þvergirðingur vegna þess að hann væri meira skáld en stjórnmálamaður. Ætli það hafi ekki einhverjum dottið í hug eins og mér, að öll þessi frásögn hv. þm. um afstöðu Alþb. benti til þess að hann væri allmiklu meira skáld sjálfur heldur en hann væri stjórnmálamaður, Þórarinn Þórarinsson, að skálda upp slíkar sögur eins og þessar sem hann var hér að greina frá, því að auðvitað veit hann að það er ekki einn einasti stafur fyrir þessu, sem hann var að segja, — ekki einn einasti. Það lá sem sagt alveg skýrt fyrir um þetta leyti, að afstaðan til þess máls, sem hér er verið að ræða um, og einnig í sambandi við Sigölduvirkjun var allt önnur en sú sem hv. þm. var að greina frá.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson vitnaði m.a. í ummæli Magnúsar Kjartanssonar frá því í janúarmánuði 1974, sem féllu hér í umr. af hans hálfu þegar var verið að ræða um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, og taldi að það, sem hann las upp í þeim efnum, hefði sannað það sem hann var að halda hér fram, að þetta hefði verið afstaða Alþb. til Sigölduvirkjunar, að hún væri ætluð beinlínis í sambandi við stóriðju, og það hefði verið stefna Alþb. að koma upp stóriðju á Norðurlandi og Austurlandi. Nú er það svo, að auðvitað er það, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson sagði í þessum efnum, slitið úr samhengi og túlkar allt annað en hann vildi vera láta. Ef hv. þm. hefði viljað vera sannsögull í þessum efnum, þá hefði hann vel getað greint nánar frá þeim umr. í þessu sama hefti Alþingistíðinda, sem hann var að vitna í, sem fram fóru einmitt um þessi mál, og því sem þar kom m.a. fram hjá hv. alþm. Magnúsi Kjartanssyni sem þá var iðnrh. En í þeim umr., sem liggja fyrir prentaðar og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson vitnaði til í þessum efnum, kemur, eins og ég sagði, allt annað fram en hann vildi vera láta. Það kemur skýrt fram í þessum umr., að Magnús Kjartansson tekur það fram, sem auðvitað hafði margsinnis komið fram áður í umr., jafnt á Alþ. og í miklum umr. í blöðum varðandi Sigölduvirkjun, þar segir hann alveg skýrum orðum að það hafi verið mótuð stefna vinstri stjórnarinnar allan tímann að orkan frá Sigölduvirkjun yrði notuð í þágu íslendinga sjálfra og eitt höfuðverkefnið, sem þessi orka ætti að leysa, væri einmitt húsahitunarvandamálið í landinu. Ég gæti lesið upp ýmis af þessum ummælum hv. þm. Ég vísa hins vegar í þessa ræðu, því að hún liggur fyrir.

Hins vegar var rætt um það af einum af þm. Sjálfstfl., Halldóri Blöndal, sem var ekki sem ánægðastur með það, eins og fram kemur í þessum umr., að lagt var fram frv. til heimildar um að virkja Kröflu og leysa á þann hátt orkuvandamál norðlendinga. Þessi hv. þm. Halldór Blöndal var nefnilega á þeirri skoðun að það ætti að leysa þessi mál, orkumál norðlendinga,

á annan hátt og það ætti gjarnan að ráðast í tilgreindar stórvirkjanir á Norðurlandi sem ekki kæmu síður til greina en þær vatnsvirkjanir sem nefndar hefðu verið á Suðurlandi. Umr. þeirra á milli, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson vitnaði í, snerust, eins og hinar prentuðu ræður bera með sér, fyrst og fremst um afstöðuna til þess, hvað liði því að ráðast í stórvirkjanir á Norðurlandi og Austurlandi í samanburði við ákvarðanir um að ráðast í slíkar framkvæmdir á Suðvesturlandi. Það er mjög augljóst á ummælum Magnúsar Kjartanssonar, að hann er fyrst og fremst að svara því, að vissulega sé það hans skoðun að stórvirkjanir í þessum landshlutum komi ekki síður til greina heldur en hér suðvestanlands. Hann bendir auðvitað á það, að hins vegar sé ljóst að til viðbótar við Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun sé augljóst mál að það þurfi að gera ráð fyrir því í hvað orkan eigi að fara ef eigi að ráðast þá þegar í nýja stórvirkjun. Og þá er það afstaða hans, að vissulega komi orkufrekur iðnaður jafnt til greina á Norðurlandi og Austurlandi eins og hér á Suðvesturlandi.

Hér blandar hv. þm. Þórarinn Þórarinsson því saman í sambandi við afstöðu okkar alþb.-manna, að við höfum auðvitað margsinnis tekið fram að við erum ekki á móti því að íslendingar geti komið sér uppi sinni stóriðju eða rekið orkufrekan iðnað þegar það hentar þeirra búskaparlagi. Við höfum marglýst yfir að við höfum ekki verið á móti því að þjóðin kæmi upp fyrirtæki eins og sementsverksmiðjunni, sem vissulega er stóriðja, áburðarverksmiðjunni, sem vissulega er stóriðja, og einnig að ráðist yrði í nýja áburðarverksmiðju, eins og rætt hefur verið um. Þarna er auðvitað um orkufrekan iðnað eða stóriðju að ræða sem getur með eðlilegum hætti fallið inn í okkar atvinnulíf. Hér er hins vegar reynt af talsmanni Framsfl. að rangtúlka þær umr., sem var vitnað í, því að eins og ég sagði kom það mjög skýrt fram í umr. hjá Magnúsi Kjartanssyni í þessu tilfelli, þar sem hann ræddi um þessi mál sem orkumálaráðh. þá, að hann segir að það hafi af sinni hálfu og ríkisstj. hálfu algeran forgang í sambandi við ráðstöfun á orku frá Sigölduvirkjun að leysa húsahitunarmálin með rafmagnshitun.

Ég hef sagt það hér nokkrum sinnum áður líka, að þegar framsóknarmenn eru að reyna að gera grein fyrir þeirri vandræðaafstöðu sem þeir hafa til Grundartangaverksmiðjunnar, þá eru þeir að reyna að afsaka afstöðu sína nú til málsins með því að segja að þegar ákvörðun var tekin á sínum tíma um að ráðast í Sigölduvirkjun, þá hafi um leið verið tekin ákvörðun um að það yrði að fylgja á eftir stóriðja af þeirri tegund sem við erum nú að deila um. Þetta er auðvitað tilhæfulaust og auðvelt að sanna að þetta er ekki rétt. Það liggur fyrir, eins og ég sagði, það er hægt að lesa það í ótal tilfellum upp úr þingræðum og vitna í bæði samþykktir og yfirlýsingar ríkisstj. frá þessum tíma, að það var ráðist í Sigöldu og tekin erlend lán til hennar á þeim grundvelli að íslendingar væru óbundnir öllum skilyrðum frá útlendingum um það, til hvers þeir ráðstöfuðu orkunni frá þessu orkuveri. Það lá fyrir að meginverkefnið ætti að vera það, fyrir utan að sinna hinni almennu orkuþörf atvinnuveganna í landinu, þá ætti forgangsverkefnið að vera að leysa húsahitunarvandamálið. Þannig stóðu málin, en ekki á þann hátt sem ýmsir framsóknarmenn vilja halda fram nú, að það hafi verið forsenda fyrir Sigölduvirkjun að á eftir fylgdi stóriðja af þeirri tegund sem hér er til umr., enda er það auðvitað fyrir neðan allt velsæmi að reyna að rökstyðja afstöðu heils stjórnmálaflokks til slíkra stórframkvæmda eins og Grundartangaverksmiðjan er á þennan hátt.

Afstaða Magnúsar Kjartanssonar til þessa máls kemur skýrast fram í því, hvernig hann tók afstöðu á Alþ. þegar frv. lá fyrir hið fyrra um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Magnús Kjartansson greiddi þá atkv. á móti frv. og benti á, að það hefði verið afstaða sín allan tímann að húshitunarvandamálin ættu að hafa forgang. Það er hins vegar rétt, að Magnús Kjartansson sem iðnrh. féllst á þá till. frá Landsvirkjun á sínum tíma, sem stóð að Sigölduvirkjun, að skipa sérstaka rannsóknarnefnd um orkufrekan iðnað þar sem formaður landsvirkjunarstjórnar, Jóhannes Nordal, var einnig formaður í þessari nefnd. Þetta var gert á þeim grundvelli að það skyldi kannað, hvort væri svo miklu hagstæðara í sambandi við byggingu Sigöldu að taka allar þrjár vélasamstæðurnar í gang svo að segja í einu, en þær áttu að vera þrjár, 50 mw. hver, að það gæti verið rétt að selja verulegan hluta af þessari orku til orkufreks iðnaðar sem gæti lotið þeim almennu skilyrðum sem ríkisstj. gæti komið sér saman um. Það hefur auðvitað ekkert farið á milli mála að ýmsir helstu forustumenn á vegum Landsvirkjunar og m.a. formaður þeirrar stjórnar, Jóhannes Nordal, hefur um langan tíma haft mjög mótaða afstöðu til erlendrar stóriðju. Hann hefur verið sannkallaður stóriðjumaður allan tímann. Og það er enginn vafi á því, að hann beitti áhrifum sínum í störfum þessarar n. til þess einnig að leita að möguleikum til að koma þessu áhugamáli sínu áleiðis. En það veit ég, að hvorki var tekin ákvörðun um það í ríkisstj., í vinstri stjórninni á sínum tíma, að það skyldi horfið að þessu ráði. Þegar það var rætt þar á þann hátt, að þá lágu orðið fyrir drög að frv. um járnblendiverksmiðju, þá lét ég bóka það í fundargerðarbók ríkisstj. að ég væri þessari framkvæmd algerlega mótfallinn. Ég hef skýrt frá þessu nokkrum sinnum á Alþ. og þetta liggur fyrir. Þetta veit auðvitað hv. þm. Þórarinn Þórarinsson mætavel. En hann munar ekkert um það í sínum skáldskap að halda því hér fram, þó að þetta liggi fyrir, að ég hefði eflaust samþykkt frv. ef það hefði komist inn í þingið.

Nei, málið lá þannig fyrir að það var vitað mál allan tímann að á þeim grundvelli, sem þessi drög gerðu ráð fyrir varðandi járnblendiverksmiðjuna, þá var mjög sterk andstaða gegn því í Alþb. En hitt er rétt, að af hálfu Landsvirkjunar, sem að forminu til átti Sigölduvirkjun, var lögð á það mikil áhersla að geta selt orkuna til slíkrar verksmiðju eins og þessarar.

Það, sem hér skiptir máli í þessum efnum, er að það er rangt að það hafi verið ráðist í Sigölduvirkjun á sínum tíma á þeim grundvelli að henni yrði að fylgja stóriðja. Það er rangt, það

er auðvelt að sanna það. Framsóknarmenn geta ekki skýrt afstöðu sína til málsins nú í dag á þeim grundvelli. Það er líka auðvelt að sanna það, að iðnrh. í vinstri stjórninni, Magnús Kjartansson, lýsir því yfir í umr. á Alþ. 30. jan. 1974 að það sé af sinni hálfu og ríkisstj. algert forgangsverkefni í sambandi við orkuna frá Sigöldu, til viðbótar við það að þjóna hinum almennu þörfum atvinnulífsins, að leysa húsahitunarvandamálið í landinu. Það var því vitanlega hægt vorið 1974 að taka afstöðu til þessara draga, sem fyrir lágu um járnblendiverksmiðju, á þeim grundvelli sem síðar var gert, hvort menn vildu fremur kjósa að ráðstafa um það bil helmingi orkunnar frá Sigöldu til járnblendiverksmiðju samkv. þessum samningsdrögum, sem fyrir lágu, eða hvort menn vildu ráðstafa orkunni á þann hátt sem vinstri stjórnin hafði margheitið og gert ákveðinn undirbúning að, að nota orkuna til þess að leysa húsahitunarvandamálið. Hið rétta er svo auðvitað það, að þegar frv. endanlega er samþykkt um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, þar sem gert var ráð fyrir félagsskap við stórfyrirtækið Union Carbide, þá er það samþykkt hér á Alþ. fyrst og fremst með atfylgi Sjálfstfl., sem þá er kominn í ríkisstj., og Framsfl., sem beita sér fyrir því að koma þessu máli í gegn. Sá samningur, sem þá var gerður, og lögin, sem þá voru sett, eru því vitanlega á ábyrgð þessara flokka, og það er í rauninni ekkert annað en lítilmennska að ætla að reyna að réttlæta afstöðu sína í þessu máli með því að einhverjir aðrir hafi áður verið búnir að taka af þeim ákvörðunarréttinn. Þeir höfðu fullt frelsi til þess að móta afstöðu sína í málinu og vera á móti frv., eins og Magnús Kjartansson var, þó að hann hafi á sínum tíma staðið að því að nefnd um orkufrekan iðnað væri sett á laggirnar og hún ynni það verk sem hún vann.

Ég vil svo rétt aðeins í framhaldi af þessu minna á það, að Magnús Kjartansson gerði þá grein fyrir afstöðu sinni til frv. um járnblendiverksmiðju, þegar það var hér afgreitt og hann hafði tekið þátt í umr. um málið, þá flutti hann beinlínis till. til þess að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, þar sem hann rökstuddi fyrst og fremst afstöðu sína með þeim hætti, að það ætti að nota orkuna frá þessu orkuveri umfram það, sem atvinnuvegirnir beinlínis þyrftu, til þess að leysa húsahitunarvandamálið.

En það, sem ég hef sagt hér í tilefni af ræðu hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, er, eins og ég sagði, fyrst og fremst táknrænt hvernig þeir framsóknarmenn bregðast við þessu máli nú, hvernig þeir rökstyðja afstöðu sína til málsins. Ég hygg að þeir hafi gert sér grein fyrir því, að almennt séð í þeirra flokki er þessi afstaða flokksins til verksmiðjunnar á Grundartanga illa séð. Það er sennilega mikill meiri hl. af áhrifamönnum í Framsfl. á móti þessari verksmiðju og enn meira á móti henni í dag en þeir voru fyrir tveimur árum, þegar fyrra frv. var hér á ferðinni. Og ég dreg ekki í efa að mikill meiri hluti af fylgjendum Framsfl. í landinu er andvígur þessari verksmiðju og vildi vera laus við hana. Það er líka alltaf að koma hér betur og betur í ljós, að eftir því sem þetta mál er rætt lengur á Alþ. og eftir því sem það kemur oftar fyrir Alþ., þá eru fleiri og fleiri þm. að snúast gegn þessu máli. Allan tímann hefur hv. þm. Framsfl., Páll Pétursson, verið andstæðingur þessa máls, og nú fer ekkert á milli mála að hv. þm. Ingvar Gíslason gefur hér út nál. líka gegn þessu frv., hann leggur til, að frv. verði fellt. Ýmsir þm. í hópi Sjálfstfl. eru heldur betur farnir að hristast líka. Hv. þm. Lárus Jónsson talaði að mínum dómi mjög skynsamlega um málið nú, því að hann hafði sérstaklega kynnt sér þann þátt málsins sem sneri að rekstrarafkomunni, og þegar hann hafði aðeins krufið þennan þátt, þá sá hann að það kom þar allt út með bullandi tapi og hér var um mjög óæskilega framkvæmd að ræða. Hann vill því ekki fylgja málinu vegna þessarar afstöðu. Við eigum eftir að sjá afstöðu fleiri þm. Ég trúi því satt að segja að þeir eigi eftir að koma fram enn þá nokkrir úr hópi sjálfstæðismanna og kannske framsóknarmanna líka sem verða á móti þessu máli. Ef við værum svo heppnir að við fengjum það enn einu sinni inn í þingið, sem sagt eftir að menn eru búnir að gera þá vitleysu að samþykkja þetta í annað sinn, og þessi Union Carbide í Noregi, sem nú er aðili, hefði gefist upp og málið yrði því að koma hér fyrir enn einu sinni, þá líklega fengjum við meiri hluta fyrir því að fella málið. En hitt er svo auðvitað mjög athyglisvert, að sjá þá framsóknarmenn sem taka hér þátt í afgreiðslu þessa máls. Þeir eru ekki aðeins orðnir dauðhræddir. Þeir treysta sér ekki með nokkru móti að flytja sitt mál hér á efnislegum grundvelli, reyna að færa einhver rök að því af hverju sé rétt að ráðast í þessa framkvæmd. Þeir bregðast við á þann hátt sem aðaltalsmaður þeirra hér hefur gert, Þórarinn Þórarinsson, að þeir segja: Ja, ég er hreinskilinn, ég hef ekkert vit á fjárhagshliðinni, ég er hreinskilinn, ég hef ekkert vit á mengunarmálinu. En Magnús Kjartansson skipaði einu sinni n. Alþb. hefði líklega samþykkt þetta, sérstaklega ef það hefði fengið að vera í ríkisstj. Af því erum við framsóknarmenn með málinu. — En sá málflutningur!

En hvað um það, það er auðvitað alveg augljóst að afstaða þeirra framsóknarmanna er þessi sem hún er vegna þess, að þeir hafa látið undan þeim þrýstingi sem er fyrir hendi í þeirra eigin flokki, hjá stóriðjumönnum þar, og þeir hafa látið undan þrýstingi frá vissum öflum í Sjálfstfl., en svo standa þeir þannig að málinu eins og oft áður, að þeir þora ekki frammi fyrir sínum kjósendum að kannast við eigin afstöðu til málsins. Þeir ætla að ganga út í kjördæmin, þegar næst verður kosið, og segja: Ekki vorum við nú í rauninni með Grundartangaverksmiðjunni. Þetta var allt Alþb. að kenna. — En ég hygg að þeir sleppi ekki þannig út úr málinu, þeir verði dregnir til dóms fyrir þessa afstöðu sína.

Nú hafði mér þó ekki dottið í hug í sambandi við það, sem ég ætlaði hér að segja um málið, að gera þessa afstöðu þeirra framsóknarmanna að neinu aðalatriði í mínum málflutningi. Ég tel þrátt við þá um þetta vera ómerkilega og sérstaklega þýðingarlaust að vera að þræta við þá hér um þetta og það eigi ekki að tala við þá um þessa afstöðu þeirra og framkomu þeirra í þessu máli nema á almennum kjósendafund-

um. Þar á að tala við þá og þar verður talað við þá um þetta mál. Þeir eru búnir að binda sig hér að greiða atkv. líklega flestir á þann hátt sem formaður þeirra þingflokks hefur hér gert grein fyrir.

En hvernig liggur svo þetta stórmál fyrir okkur nú í dag þegar við virðum það nánar fyrir okkur? Við 1. umr. málsins ræddi ég í allítarlegu máli um einn þátt málsins sérstaklega. Það var sá þátturinn sem sneri að því, hvort það gæti verið að það væri rétt hjá okkur að ráðast í þessa framkvæmd, í byggingu þessarar verksmiðju, vegna þess að það væri hagkvæmt að selja raforku til verksmiðjunnar á þeim grundvelli sem um hefði verið samið. Ég ræddi þennan þátt málsins í allítarlegu máli, og ég á eflaust eftir að koma eitthvað nánar að þessum þætti. En ég vil aðeins segja það nú, af því að ég ætla að láta það mæta afgangi að ræða um þennan þátt núna því að ég tel að ég hafi fullrætt hann áður, að svörin, sem menn hafa fengið hér við því sem fram kom varðandi orkusölusamninginn, eru ljótu svörin. Í rauninni hefur ekkert frambærilegt komið fram í þessum umr. frá talsmönnum verksmiðjumálsins til réttlætingar því að það væri hagstætt fyrir okkur að ráðstafa um það bil helmingi orkunnar frá Sigöldu til þessarar verksmiðju. Þvert á móti stendur hitt allt eftir, sem sagt hefur verið og bent hefur verið á, að það bendir allt á það að við munum hafa halla, beinan halla, af þeim viðskiptum að láta raforkuna í svona ríkum mæli á svo lágu verði og með þeim kjörum sem gert er ráð fyrir í þessum samningum. Það liggur t. d. nú fyrir og getur enginn maður um það þrætt, meira að segja nú hafa menn orðið hér plögg í höndunum frá þeim járnblendiverksmiðjumönnum sjálfum, þar sem þeir játa að hér sé verið að selja raforku samkv. þeim samningi, sem fyrir liggur, á helmingi lægra verði en raforkan er seld til svona verksmiðja annars staðar, t. d. í Noregi. Þetta viðurkenna þeir sjálfir. Það þýðir því ekki að þvæla þetta mál öllu lengur þannig að hér sé verið að selja raforkuna á einhverju hagstæðu verði. — Nú sé ég að hv. formaður þingflokks Framsfl. er kominn. Hann er sloppinn við alla skammaræðuna sem ég var með, og ég skil mætavel að hann hafi viljað sleppa við þetta. En hann kannske hlustar þá á eitthvað annað, sem sagt er, heldur en það sem beinlínis er beint til hans.

Í sambandi við raforkuverðið vil ég aðeins draga það fram nú strax, að ég hef hér í höndunum bréf frá Járnblendifélaginu sjálfu, frá Íslenska járnblendifélaginu hf., dags. 31. jan. á þessu ári. Þar segja þeir m. a., þegar þeir fara að berjast í því að reyna að færa einhverjar líkur fyrir því að þetta geti draslast í gegn án mikils taprekstrar og vegna þess að þeir hafi ýmislegt hagstætt af því, þá eru þeir að reyna að verja það, sem ég ætla mér að eyða mínu meginmáli hér í að ræða svolítið um, rekstrargrundvöllinn. Þá komast þeir m. a. svona að orði í sambandi við rafmagnsverðið í þessu bréfi:

„Þegar samkeppnisaðstaða járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga er metin verður að hafa það hugfast, að hún nýtur álíka hagstæðs orkuverðs og t. d. eldri norskar verksmiðjur og verulega hagstæðara orkuverðs en flestar nýjar verksmiðjur a. m. k. á norðurhveli jarðar njóta.“

Það er ekkert annað. Það er hér verið að láta rafmagnið í té, og það á að vera ein aðalskýringin á því, að væntanlega muni hún draslast í gegnum þetta rekstrarlega séð, að hún eigi að fá rafmagnið á því verði sem gömlu verksmiðjurnar í Noregi búa við eftir eldgömlum samningum, þar sem raforkuverðið til þeirra, eins og ég las upp úr norskum heimildum við 1. umr., þar sem verðið til þeirra verksmiðja er nefnt af norðmönnum sjálfum sem fjarstæðukennt verð. Við ætlum að selja þessari nýju verksmiðju raforkuna á því verði sem norðmenn kalla fjarstæðukennt verð, 3—4 norska aura kwst. eða nánar tiltekið 3.5, þegar þeir eru sjálfir búnir að setja sem lágmarksverð hjá sér ekki 3.5, heldur 6.62 aura norska. Það er því vitanlega alveg óhrekjanlegt, að raforkusalan er á þeim grundvelli að við ætlum að láta þá fá orkuna hér á hálfvirði, enda fer það svo, að Orkustofnunin sjálf segir í því bréfi, sem birt er hér með nál. sem hér liggja fyrir, að hún telji að skilyrði, sem séu í þessum orkusölusamningi, séu alveg fráleit, þau fái ekki staðist miðað við þær skyldur sem þarna er um að ræða, verðið langt undir því sem rétt er. Í þessu bréfi frá Orkustofnun segir líka að þeir telji að framleiðslukostnaðarverð á raforku frá Sigöldu sé eins og verðið er á forgangsorku í þessum samningi, þegar reiknað sé með 40 ára starfstíma orkuversins og 10% vöxtum. En við eigum ekki að fá þetta framleiðslukostnaðarverð fyrir þá orku, sem við látum til verksmiðjunnar, heldur helmingi lægra, af því að hún fær helminginn af orkunni undir svonefndu afgangsorkuheiti.

Ég sagði að ég ætlaði fyrst að verja nokkru af mínum ræðutíma í það, áður en ég kem raunverulega að orkusölunni, að ræða nokkru nánar um rekstrargrundvöll verksmiðjunnar, þennan rekstrargrundvöll sem talsmaður Framsfl., Þórarinn Þórarinsson, afgreiddi á svona léttilegan hátt, að hann hefði ekkert vit á honum og af því þyrfti hann ekki að hafa þar neina afstöðu. Ég tel fyrir mitt leyti, eins og kom fram í máli hv. þm. Lárusar Jónssonar, að það sé blátt áfram skylda alþm. að reyna að gera sér grein fyrir því varðandi fyrirtæki, sem við erum að ráðast í og verja stórum fjármunum til, hvort það séu einhverjar líkur til þess að fyrirtækið fái í rauninni staðist, hvort það geti borgað sig eða hvort við séum að leggja hér þá bagga á íslenska ríkið að við þurfum að borga með þessum rekstri um langt árabil. Hv. þm. Lárus Jónsson komst að þeirri niðurstöðu, að það væri alveg augljóst að um alllangan tíma yrðum við að borga með þessum rekstri rekstrarlega séð. Það var alveg fyrir utan raforkudæmið.

En hvað er það svo meira sem fyrir liggur hjá okkur varðandi rekstrarmöguleika þessarar verksmiðju? Jú, það hefur verið lögð fram rekstraráætlun og stofnkostnaðaráætlun, hvað hún muni kosta mikið og hvernig eigi að skipta þessum stofnkostnaði, og síðan hefur verið gerð rekstraráætlun. Nú er það svo merkilegt í sambandi við stofnkostnaðaráætlun, að það liggur fyrir

— og taki menn vel eftir — að meginstofnlánið, sem fengið hefur verið loforð fyrir, formlegt loforð frá Norræna fjárfestingarbankanum, það liggur alls ekki fyrir hvaða vaxtakjör eða lánskjör eiga að vera á þessu láni. Það er skýrt tekið fram að lánskjör verði ákveðin þegar það liggi endanlega fyrir í hvaða gjaldeyri þetta lán verði endanlega veitt, af því að það megi jafnvel búast við því að það verði tekið að láni af Norræna fjárfestingarbankanum á mörgum stöðum. Það er því ekki enn búið að semja um lánskjörin á aðalstofnláninu. En hvað um það, menn geta gefið sér þar eins og fyrri daginn við þessa útreikninga ýmsar tölur, og það hefur verið gerð rekstrarkostnaðaráætlun. Og hér hefur verið dregið fram í þessum umr., að fengin hafi verið staðfesting á því hjá Þjóðhagsstofnun, að sé gengið út frá rekstraráætluninni eins og hún er sett upp af aðilum málsins sjálfum, en lagt til grundvallar það verðlag sem var alveg öruggt og lá óumdeilanlega fyrir á s. l. ári, árinu 1976, þ. e. a. s. framleiðslan hefði verið seld á því verði sem þá var skráð á þessari framleiðsluvöru og hráefnisverðið einnig sett inn í dæmið á þeim grundvelli sem þeir járnblendimenn hafa tekið inn í sína áætlun, þá er staðfest að það hefði orðið yfir 800 millj. kr. rekstrartap á verksmiðjunni á þessum grundvelli miðað við s. l. ár. Þessu er ekki mótmælt, enda þýðir vitnalega ekkert að neita því að tvisvar sinnum tveir séu fjórir, það þýðir ekkert að lemja höfðinu þannig við steininn. Þetta liggur alveg augljóst fyrir í þeirra eigin útreikningum. Samt sem áður er gert ráð fyrir því í þeirri rekstraráætlun, sem lögð er fram, að allt geti þetta farið batnandi með árunum, með því að menn gefa sér það fyrir fram að framleiðsluvaran muni hækka mjög verulega í verði á næstu tveimur árum fyrst og fremst og síðan um 4% á ári eftir að framleiðslan er komin í fullan gang. Auðvitað sjá allir, sem eitthvað eru vanir rekstri, að þetta eru vægast sagt veikar forsendur. Það er hæpið að ráðast í stórframkvæmdir og mikinn rekstur sem byggður er á grundvelli eins og þessum, að treysta bara á að þarna verði um verulegar verðhækkanir að ræða.

Þá er einnig bent á það, að svo undarlega sé að þessu staðið í áætlunargerðinni hjá þeim járnblendimönnum, að þeir reikna með hækkun á verði á framleiðsluvöru verksmiðjunnar, en þeir reikna ekki með sams konar hækkun á því hráefni sem verksmiðjan þarf að kaupa og vinna úr. Það liggur alveg augljóst fyrir að þegar verksmiðjan á samkv. þeim áætlunum, sem fyrir liggja, að fara að skila hagnaði, þá er gert ráð fyrir því að hráefnið, sem hún þarf á að halda, sé miklu minna hlutfall af heildarframleiðsluverðmætinu en það hefur verið um margra ára skeið. Á það hefur verið bent, að ef menn reiknuðu með því að þessi stóri liður í framleiðslukostnaðinum, sem er aðkeypt hráefni, yrði áfram jafnhátt hlutfall af heildarframleiðsluverðmæti verksmiðjunnar og hann hefur verið á undanförnum 6 árum að meðaltali, þá er bullandi tap á verksmiðjunni.

Það kemur eflaust í ljós þegar betur er að gáð, að hv. þm. og talsmaður Framsfl., Þórarinn Þórarinsson, er hyggnari en menn halda í fyrstu, að reyna að losa sig út úr þeim vanda að reyna að rökstyðja, að það sé rétt að fara út í þessa framkvæmd, einfaldlega með því að hann hafi ekkert vit á málinu. Það losar hann úr öllum vanda. Hann þarf ekki að svara nokkrum sköpuðum hlut varðandi atriði eins og þetta á þennan hátt, að halda því aðeins fram að hann hafi ekkert vit á málinu.

Nú er einnig þess að geta, að rekstraráætlanir þessa fyrirtækis eru byggðar á þeim útreikningum að það er gert ráð fyrir að tveir 30 mw. ofnar eigi að afkasta toppframleiðslumöguleika miðað við fyrri upplýsingar, sem legið höfðu fyrir frá Union Carbide á sínum tíma, þ. e. a. s. að hvor ofn fyrir sig með stanslausri vinnslu allt árið gæti framleitt 25 þús. tonn af kísiljárni, eða að heildarframleiðslan gæti orðið 50 þús. tonn. Hins vegar er upplýst í þeim gögnum sem liggja fyrir, að hinn norski samstarfsaðili treystir sér ekki til þess að ábyrgjast að það sé hægt að selja alla þessa framleiðslu þó að hún lægi nú fyrir. Hann veitir nokkra tryggingu fyrir sölu sem nemur 80% af framleiðslunni á tilteknu árabili, en síðan fellir hann alveg niður skyldu sína á því að tryggja að varan seljist.

Nú er auðvitað enginn vafi á því, að allir þeir, sem gera rekstraráætlanir af nokkurri varkárni um mikilvægan rekstur, hefðu í tilfellum eins og þessu reiknað með nokkru minni ársframleiðslu hjá verksmiðjunni en því sem er algert hámark miðað við stanslausan rekstur ofnanna, Á þetta hefur verið bent af verkfræðingum og rekstraraðilum sem hafa farið yfir þessar áætlanir, að hefði t. d. það verið sett inn í rekstraráætlunina að gera ráð fyrir því að framleiðslan yrði ekki nema 80% eða 90% af hámarki, þá er líka grundvöllurinn hruninn undan öllu saman, þá stenst reksturinn ekki miðað við þær áætlanir sem liggja fyrir. En sem sagt, mönnum er sagt hér á hv. Alþ. að þeir eigi kost á því að ráðast í verksmiðjurekstur á þessum grundvelli, þessum veika fjárhagsgrundvelli, að öll framleiðslan seljist alltaf á síhækkandi verði án þess að hið þýðingarmikla hráefni til vinnslunnar hækki að sama skapi á móti, ekki gert ráð fyrir neinum áföllum á þennan hátt. Auðvitað er alger fávitaskapur að samþykkja rekstraráætlanir á þessum grundvelli.

Ég hef ekki kynnt mér mikið þær áætlanir sem lágu til grundvallar rekstri þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum, en ég trúi því varla að þær áætlanir hafi verið öllu vitlausari en þessar eða ógætilegri. Ég tel nokkurn veginn alveg augljóst mál að með þessum rekstri er stefnt í hallarekstur, nema einhver sérstök heppni verði með.

Það liggur líka fyrir að það er auðvitað engin tilviljun að þetta ameríska stórfyrirtæki, Union Carbide, sem var mest rætt um í þessum efnum fyrir tveimur árum, eitt það stærsta í þessari framleiðslugrein í heimnium, sem þeir járnblendimenn áttu ekki nógu stór orð til að hæla hér á sínum tíma fyrir framsýni og visku varðandi þennan rekstur, það hefur fengið það út úr athugunum sínum á þessu dæmi að það t. d. borgaði sig fyrir það að borga 850 millj. kr. til

þess að vera laust út úr þessum samningi. Það vildi ekki halda áfram. Það vildi heldur fórna fé til þess að vera laust.

Nei, það er athyglisvert í þessum efnum hvernig ýmsir hv. alþm. taka á slíkum stórmálum eins og því sem hér er um að ræða. Annaðhvort trúa menn öllu sem fyrir þá er lagt, fást ekki til þess að beita eigin dómgreind að neinu leyti og láta þannig auðvitað hafa sig að hálfgerðum fíflum æ ofan í æ, eða þá að þeir halda að sé um að ræða eitthvað sem heitir stóriðja, einhvern rekstur sem stóru þjóðirnar hafa haft með að gera, þá halda þeir að þar hljóti að liggja gróði, án þess að nenna að athuga það að nokkru leyti. Við munum vel eftir því, að á sínum tíma, þegar var verið að rökstyðja það að semja ætti við Swiss Aluminium um álbræðsluna í Straumsvík, þá voru hér haldnar miklar ræður um að við íslendingar yrðum að fá eitthvert öryggi í okkar efnahagsmál, eitthvað sem hægt væri að treysta á, ekki þennan blessaða fisk, þennan landbúnað og þennan íslenska iðnað okkar sem oft skilaði taprekstri, það þyrfti að koma hér eitthvað sem væri hægt að treysta á.

Hver hefur svo reynslan verið? Hún varð heldur dapurleg, reynslan hjá okkur, þegar við fórum á s. l. ári eða fyrir rétt rúmlega ári að gera upp við þetta álfélag skattinn sem það átti að greiða eftir samningunum sem gerðir voru. Þar var auðvitað samið um að álverið ætti að borga tiltekinn skatt, ákveðið framleiðslugjald, og það voru auðvitað sett ýmis ákvæði um þessa skattgreiðslu, m. a. um það, að ef reksturinn skilaði ekki góðum hagnaði, þá átti ekki heldur að borga skatt, þá átti þetta að færast til baka. En okkar samningamönnum, sem sömdu um þetta, datt ekki í hug slík fjarstæða eins og það gæti nokkurn tíma komið út úr sjálfum álrekstrinum að þar færi eitthvað niður, að þar yrði eitthvert tap. Þeir reiknuðu einvörðungu með því að skatturinn gæti farið upp á við og voru búnir líka að reikna út býsna myndarlega skattafúlgu langt fram í tímann sem við hefðum úr að spila í þessum efnum. En svo þegar skattadæmið var gert upp eftir orðanna hljóðan og eftir reikningum verksmiðjunnar og afkomunni hjá verksmiðjunni í Straumsvík eftir sjö ára rekstur, þá komu þeir álmenn og sögðu við okkur: Ja, við eigum nú inni á skattreikningnum heldur hærri upphæð en við höfum borgað ykkur á þessum sjö árum í framleiðslugjald. Við eigum inni heldur hærri upphæð. — Og þannig var dæmið rétt gert upp. Að vísu stöfuðu þessi undur, að þeir skyldu nú eiga meira inni en þeir höfðu borgað, að nokkru leyti af því að þeir höfðu tryggt sér gengisgróða af innistæðunni sem þeir orðið áttu inni þar sem þeir höfðu borgað of mikið. En hið raunverulega var það, þó að við hefðum tekið gengisbreytingar algerlega út úr þessu dæmi, þá var greiðsla á skatti eða framleiðslugjaldi frá þessu stórfyrirtæki nauðalítil og sagði í rauninni ekkert allan þennan tíma, vegna þess að þessi staðfasti rekstur, þessi líka trausti rekstur sem ekki tapaði eins og íslenskur iðnaður, hafði verið gerður upp ár eftir ár með bullandi rekstrartapi samkv. reikningum fyrirtækisins. Það kom þá sem sagt í ljós að verð á áli gat líka fallið engu síður en verð á fiskblokk. Og það liggur nú fyrir okkur að hefðum við íslendingar t. d. staðið að rekstri álversins á þeim tíma þegar verðfall álsins varð hvað mest, þá hefðum við, ekki stærri bógar en við erum íslendingar, orðið að loka verksmiðjunni. Við hefðum ekki getað haldið áfram að framleiða án þess að selja jafnlengi og auðfyrirtækið Swiss Aluminium gat með þeirri samtryggingu sem auðhringarnir höfðu sín á milli. Þeir drógu að vísu úr framleiðslukraftinum og söfnuðu hér upp miklum birgðum. En við hefðum ekki getað gert þetta og við gerum þetta ekki í almennum rekstri hjá okkur, þar verðum við heldur að leggja upp laupana.

Reynslan af þessu á vitanlega að hafa kennt okkur að það er hrein goðsögn að vera að tala um að erlend stóriðja sé ekki háð vissum verðlagssveiflum í heiminum og vissum áhættum í fjárhagslegum rekstri, engu síður en okkar matvælaframleiðsla, og auðvitað eigum við að reyna að hyggja að því, eftir því sem við getum, að við séum ekki að láta draga okkur inn í rekstur af þessu tagi nema það séu þá strek rök fyrir því að reksturinn verði okkur hagkvæmur.

Í sambandi við rekstur á þessari verksmiðju á Grundartanga, sem ráðgerður er, hefur mönnum farið svipað í umr. um þetta eins og varðandi álverið, að þeir hafa verið með hinar mestu blekkingartölur varðandi þýðingu þessa rekstrar í okkar þjóðarbúskap. Menn leika sér gjarnan að því að taka brúttóframleiðsluverðmæti verksmiðjunnar og finna út hvað það sé mikil fjárhæð borið saman við okkar útflutning. Auðvitað er slíkur samanburður hrein fjarstæða. Framleiðsla af því tagi, sem á sér stað í Straumsvík og er ráðgerð uppi á Grundartanga, byggist á úrvinnslu úr innfluttum hráefnum og þarf því að nota frá ⅓ upp í 40% af brúttó-framleiðsluverðmætinu til þess að greiða fyrir innflutt hráefni. Sannleikurinn er líka sá, að ef tekin er sú rekstraráætlun sem liggur fyrir varðandi járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, sé sú rekstraráætlun tekin og athugað nánar hvað hún getur haft mikla þýðingu í okkar efnahagslífi þegar rétt er á málið litið, hvað er það sem þá kemur út úr dæminu? Þá kemur það út úr dæminu að raunverulega skili þessi verksmiðja ekki gjaldeyrislega séð í okkar þjóðarbú, a. m. k. um mjög langan tíma, öðru en sem nemur hinum raunverulegu launagreiðslum hjá fyrirtækinu, beinum og óbeinum. Það er líka rangt að taka inn í þetta dæmi raforkusöluna, því að í besta falli borga þær tekjur, sem við eigum að fá í aðra hönd fyrir afhenta raforku til verksmiðjunnar, til með að standa undir þeim útgjöldum sem við verðum að hafa af því raforkuveri sem við ætlum að ráðstafa að hálfu leyti til þessarar verksmiðju. Þar verður ekki um neinn ábata að ræða. Og auðvitað eru tölur eins og hráefniskostnaður og eins og ég sagði raforka, hafnargjöldin, því að við verðum að byggja sérstaka höfn sem þau þjónustugjöld verða að renna til, tækniþjónustan sem þessir aðilar leggja fram, vextirnir af kapitalinu og afskriftirnar, eyðslan sjálf, ekkert af þessu færir raunverulegan pening í okkar þjóðarbú. Það, sem eftir stendur, er vinnulaunagreiðslan, bein og óbein, og hugsanlegur hagnaður eða hugsanlegt tap dregið frá

vinnulaunagreiðslunum. Eftir því hvað djarftækir menn eru í áætlanagerðinni með framleiðslumagnið, þá kemur í ljós að launagreiðslur allar geti, sé reiknað t. d. með 80% framleiðslumagni, orðið í kringum 680 millj. kr., en sé hins vegar reiknað með meira framleiðslumagni og eins og gert er í þessari áætlun, þá geta launin farið í kringum 800—900 millj. kr.

Auðvitað er hér, þegar málið er skoðað nánar, um tiltölulega mjög þýðingarlítinn rekstur að ræða efnahagslega séð fyrir okkar efnahagskerfi — mjög þýðingarlítinn. Ég nefni aðeins sem dæmi að loðnuverksmiðja, sem mér er vel kunnugt um og starfaði núna í 2½ mánuð, framleiddi útflutningsvörur á rúmlega 2½ mánuði fyrir rúmlega 1000 millj. kr., fyrir rúmlega einn milljarð, og hún þurfti ekki að kaupa hráefnið fyrir erlendan gjaldeyri og flytja það inn sem nam þriðja parti af þessu. Hún þurfti auðvitað, þessi verksmiðja, það er rétt, að standa undir þeim erlenda kostnaði sem liggur í vélabúnaði og vissum tækjum verksmiðjunnar og olíum til brennslunnar og öðru þess háttar. En hún þurfti ekki að kaupa hráefni sem nam 30% af þessu útflutningsverði. Það var innlent, það var nýting á okkar auðlind. Milljarðurinn, sem kom út úr 2½ mánaðar rekstri þessarar verksmiðju í þjóðarbúið, sem verksmiðjan stóð vitanlega ekki ein algerlega að, heldur ákveðinn skipafloti líka, þessi rekstur hefur þessa þýðingu í okkar þjóðarbúskap, miklum mun meiri þýðingu, þegar við værum að tala um reksturinn yfir allt árið, heldur en raunverulega svona verksmiðja hefur í sjálfu sér.

Það er því ein blekkingin, sem hér hefur verið haldið fram í þessu máli, að rekstur verksmiðju af þessu tagi þýði að það sé verið að skjóta einhverjum traustum stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar. Það eru þvert á móti, eins og ég hef rakið hér, miklu meiri líkur á því að við getum haft verulegan hallarekstur af þessari verksmiðju, a. m. k. um talsvert árabil, og verðum að borga með henni, og við hefðum átt að ráðstafa okkar fjármunum, sem við leggjum óhjákvæmilega og alveg beint í þetta fyrirtæki, á allt annan veg. Hér hefur verið á það bent, að samkv. þeim samningsdrögum, sem fyrir liggja, og frv. verður íslenska ríkið að leggja fram í beinu hlutafé eða öðrum framlögðum verðmætum, sem íslenska ríkið verður að kaupa, og í algerum áhættulánum, sem jafngilda beinu framlagi, við verðum að leggja fram í kringum 3½ milljarð áður en verksmiðjan er komin í gang. Það hefði sitthvað mátt gera fyrr með þessa fjárhæð sem hefði skilað sínu í okkar þjóðarbú.

En það er ekki aðeins að þessi rekstur allur sé svona hæpinn, eins og ég hef hér verið að gera grein fyrir, heldur það, að þessar tiltölulega ljótu áætlanir, sem eru svona óábyggilegar, sem hér liggja fyrir, eru líka byggðar upp á því að það er verið að ætla þessari verksmiðju, þessum rekstri allt önnur rekstrarkjör en okkar atvinnuvegir eiga almennt við að búa. Í frv. er t. d. tekið fram að ein af skyldum íslenska ríkisins, — það er ekki einu sinni skylda þessa járnblendifélags sjálfs, það er skylda íslenska ríkisins, — er að kaupa land undir verksmiðjuna og hafa það a. m. k. svo stórt að það sé hægt að tvöfalda hana síðar. Það er líka skylda á ríkinu að leggja veg að verksmiðjunni. Það gerir ríkið ekki í sambandi við venjuleg íslensk atvinnufyrirtæki. Það er tekið hér einnig fram í 3. gr. frv. að ríkið eigi að byggja sérstaklega höfn fyrir þessa verksmiðju, leggja fram í höfnina sem beinan styrk 75% af stofnverði hafnarinnar og lána hin 25%. Þetta gerir vitanlega íslenska ríkið ekki við einstök fyrirtæki á vegum landsmanna sjálfra, því fer víðs fjarri. Þá er tekið fram í 3. gr. frv. að fyrirtækið eigi ekki að þurfa að borga stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld í sambandi við sinn stofnkostnað. Íslensk fyrirtæki, sem eru stofnuð, verða að borga þetta. Þau verða öll að borga þessi gjöld. Hér er um býsna háar upphæðir að ræða. Þá er einnig tekið fram í 9. gr. frv. að verksmiðjan verði byggð við þær aðstæður að ekki þurfi að greiða tolla eða önnur aðflutningsgjöld, söluskatt af vörum, ekki einu sinni af tækjum sem notuð eru í sambandi við byggingarframkvæmdirnar. En þegar ráðist er hins vegar í það að koma upp íslenskum fyrirtækjum, t. d. þeir sem ráðast í það að byggja eða stækka loðnuverksmiðju, þeir verða að borga aðflutningsgjöld í talsverðum mæli af vélum og tækjum til verksmiðjunnar og að sjálfsögðu full gjöld af öllum þeim tækjum og áhöldum sem þeir þurfa að nota í sambandi við sínar byggingarframkvæmdir.

Hér er gert stórkostlega upp á milli almennra íslenskra atvinnufyrirtækja og þessa fyrirtækis sem á að reka hér í sameign með útlendingum. Þetta er auðvitað stórhættulegur leikur, og það er enginn vafi á því að þetta fær ekki staðist til lengdar. Það eru þegar komnar fram kröfur um það frá innlendum iðnaði, hann gerir kröfu um að fá að njóta fríðinda af þessu tagi líka. Hann vill fá raforkuna á svipuðu verði, a. m. k. miðað við nýtingartíma, eins og þessi verksmiðja á að fá, hann vill njóta sömu tolla- og skattafríðinda og hann vill láta ríkið leggja sér hluti í margvíslegum verðmætum eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. að þetta fyrirtæki eigi að njóta. Og þegar kröfur íslensks iðnaðar verða komnar fram með fullri alvöru um þetta atriði, þá auðvitað sannfærast menn um að þetta fær ekki staðist, þetta er ekki hægt. Þessi atvinnurekstur allur verður að taka sinn þátt í því að standa undir íslenska þjóðarbúinu, hann verður að borga sinn hluta af hinum almenna rekstri.

Það hefur nokkuð verið bent á það í þessum umr. einnig, að það liggja fyrir ýmsar upplýsingar um býsna skuggalegar horfur í markaðsmálum verksmiðju af þessu tagi. Enginn efast nú um að slíkt ástand gekk yfir framleiðslu af þessu tagi nú fyrir stuttu. Ég veit að allir hv. alþm. hafa fengið upplýsingar sem var dreift á borð okkar þm. og teknar hafa verið saman af aðilum sem hafa haft áhuga á því að reyna að gera Alþ. nokkra grein fyrir hvernig þessar áætlanir væru raunverulega byggðar upp. Þeir hafa m. a. dregið fram vissar upplýsingar sem komið hafa fram í erlendum þekktum tímaritum alveg nýlega um markaðsmál á kísiljárni. Í þessum upplýsingum segir m. a. að 12. febr. hafi staðið í viðskiptatímaritinu The Economist, sem gefið er út í London, þetta m. a.:

„Það er fyrirsjáanlegt að hin mikla kreppa stálmarkaðarins heldur áfram. Pantanir minnka að magni til og þeim fer einnig fækkandi. Verksmiðjur eru reknar langt undir afkastagetu. Undirboð valda truflunum á mörkuðum. Uppsögnum verkamanna í stálverum fer sífellt fjölgandi. Fjöldi stálfyrirtækja rambar á barmi gjaldþrots sem vart getur annað bjargað en þjóðnýting.“

Það hefur einhvern tíma þótt upplýsingar hér á hv. Alþ. þegar tímarit eins og það, sem hér er um að ræða, skýrir frá málum á þennan hátt, að það hefði ekki verið full ástæða til að gefa þessu gaum, sérstaklega þegar hægt er að benda á það að miklu fleiri tímarit erlend, sem fjalla um þessi mál, skrifa um þau mjög í sama dúr og hér er um nýjar upplýsingar að ræða og allítarlegar röksemdir sem þessu fylgja, hvernig á þessu standi, og það hefur ekki verið reynt hér á hv. Alþ. að hrekja það á neinn hátt að þessar upplýsingar liggi fyrir og sé líklegt að hér sé rétt farið með staðreyndir. En það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. og þeim meiri hl. hér á Alþ., sem hún styðst við, sé alveg sama um allar svona upplýsingar. Þeir afgreiða málið bara á þennan létta hátt, að segja eins og hér var sagt, — það var víst formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, sem bætti þeirri speki við til viðbótar við annað sem hann setti hér fram, að það væri svona með allan rekstur, hann gengi upp og niður, hann tapaði og hann græddi, og það yrði bara að taka því. Eftir þessari kenningu skiptir engu máli að vera að huga að þessum efnum, við getum farið út í hvað sem er, það fer upp eða það fer niður, og það þarf ekkert að vera að brjóta heilann neitt um það. Sem sagt, þegar menn vita að það lítur illa út í þessum efnum, þetta er mjög hæpið, þá er það afgreitt á einhvern hátt af þessu tagi.

Nei, það er auðvitað augljóst mál að hér er ekki um glæsilegan rekstur að ræða skoðað frá almennu rekstrarsjónarmiði. En það er reyndar einn þáttur í málinu eftir, eins og þetta enska tímarit bendir á, að þegar fyrirtækin fara að loka og segja upp og fara á hausinn, þá er þó alltaf til ein leið, það er bara að þjóðnýta heila dótið. Og þá er nú fyrst og fremst komið að Sjálfstfl., þá er nú hans hlutverk komið upp í málinu. Það er bara að þjóðnýta dótið. Ef þeir gefast upp, þessir Elkem-menn, þá tökum við bara að okkur að reka þetta og þjóðnýtum það og skrifum svo nokkra leiðara í Moggann, svona nokkrar vikur í röð, að það verði að hætta þessari helvítis þjóðnýtingu á öllum sviðum og efla einstaklingsframtakið. — Þetta er kannske hugsunin í málinu, þetta er kannske draumurinn hjá hv. 1. þm. Suðurl., formanni iðnn. Nd., sem hér talaði fyrir þessu máli, Ingólfi Jónssyni, að hann sé að reyna að gera ríkisgeirann enn þá stærri en hann er svo að menn geti þá skrifað enn þá betur um þennan stóra ríkisgeira.

Nei, ég held að það sé enginn vafi á því, að allir þeir, sem fást til þess í raun og veru að líta á þetta mál efnislega, reyna sem sagt að gera greinarmun á því, hvort hér geti verið um ábatasaman rekstur að ræða, rekstur sem þjónar okkar hagsmunum, sem er hagstæður fyrir okkur, hvort heldur er varðandi sölu á raforku eða almennt rekstrarlega séð, hvort þetta muni styrkja okkar efnahagskerfi eða ekki, þá komist menn að þeirri niðurstöðu að þetta sé síður en svo glæsilegt fyrirtæki.

Það væri svo gaman að spyrja sjálfstæðismenn um það, hvort þeir séu hrifnir af þessari stefnu, rekstri af þessu tagi, sem íslenska ríkið á rúman helming í í félagi við útlendinga, hvort þeir væru hrifnir af því rekstrarformi að svona rekstur ætti að njóta sérstakra vildarkjara og sérstakra fríðinda umfram hinn almenna rekstur sem einstaklingsframtakið í landinu m. a. hefur með höndum. Er það stefna Sjálfstfl.? Eru þeir ánægðir með þetta form, ætla þeir að halda þessu áfram?

Mér sýnist að það sé nú ekki hægt, þó að ég sé nú þegar búinn að tala hér nokkuð lengi, þá sé ekki hægt að víkja sér undan því að ræða hér nokkuð þær upplýsingar sem hér hafa komið fram varðandi þann þátt þessa máls sem sérstaklega snýr að mengunarhættu og mengunarvörnum.

Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að við höfum í rauninni vitað það öll hér á Alþ. að þetta mál lá jafnlengi og raun varð á hjá hv. iðnn. þessarar d., eða í rúmlega 2½ mánuð, vegna þess að deilt var um það í sambandi við starfsleyfi fyrir verksmiðjuna hvaða reglur ættu að gilda í rekstri hennar til þess að forða frá mengun.

Það gerðist nefnilega að Heilbrigðiseftirlit ríkisins sendi frá sér ítarlega grg. í heilli bók 10. jan. þar sem það setti fram kröfur sínar um mengunarvarnir í þessari verksmiðju. Menn voru farnir að tala um það hér á Alþ. sín á milli hvort þetta ætlaði að fara eins og í sambandi við Union Carbide, hvort þetta færi allt um koll á leiðinni, hvort ríkisstj. kæmi málinu ekki í gegn, hvort hún fengi í rauninni ekkert starfsleyfi fyrir þessa verksmiðju vegna ágreinings um þessi skilyrði.

Svo kom að því að hæstv. heilbrh. Matthías Bjarnason, veitti verksmiðjunni starfsleyfi með þar til greindum mörgum skilyrðum. Það hefðu vitanlega verið eðlileg vinnubrögð hér á hv. Alþ. að sú n., sem hafði með málið að gera til athugunar og fjallaði um það í 2½ mánuð, hefði gert hér ítarlega grein fyrir því í sínu máli á hverju stóð raunverulega allan þennan tíma, hvaða kröfur voru settar fram um öll þýðingarmestu atriðin frá hálfu Heilbrigðiseftirlitsins og hvernig þessi átök enduðu í sambandi við veitingu starfsleyfisins, í hvaða efnum var vikið frá þeim kröfum sem settar voru fram af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins.

En hvernig stóð hv. iðnn. þessarar d. að þessu verki? Hún gerði enga grein fyrir þessu. Hún sagðist aðeins hafa talað við þessa menn og gaf í skyn, að þetta væri allt í lagi, og sagði á svipaðan hátt og formaður n., hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, sagði þegar við vorum að samþykkja fyrir rúmu ári heimild til álverksmiðjunnar um stækkun þar sem nam 20 mw. orkusölu til þeirra, að það væri óþarfi að setja þar nokkur viðbótarskilyrði, það væru allir sammála um að þarna yrði komið sem allra fyrst upp góðum hreinsitækjum og öruggum búnaði. Það

er sem sagt þetta almenna sem auðvitað er nú komið í ljós að ekkert er að marka, ekkert hefur verið farið eftir í þessu tilfelli. Það, sem skiptir auðvitað máli, er hvaða skilyrði eru sett fyrir byggingu verksmiðjunnar og fyrir rekstri hennar. Eru skilyrðin þannig að það sé líklegt að þau haldi?

En hv. iðnn., sem átti að gera d. grein fyrir málinu og þá ekki síst þessum þætti sem hafði staðið svona lengi á, hún brást skyldu sinni varðandi þetta atriði og ætlaði í rauninni að láta hlaupa alveg yfir þennan þátt. En sem betur fer er búið að gera hér grein fyrir því í ræðu hv. frsm. 2. minni hl. n., Sigurðar Magnússonar, þá er búið að gera hér allítarlega grein fyrir því, hvaða kröfur um mengunarvarnir Heilbrigðiseftirlit ríkisins setti fram í þessu plaggi sínu frá 10. jan. og að hvaða leyti hefur verið vikið frá þeim kröfum í þeim málum sem einhverju varða í sambandi við mengunarvarnir. Ég ætla að víkja að nokkrum af þessum atriðum svolítið nánar.

Ég hef ekki fengið þetta í mínar hendur skriflega enn þá, en ég skrifaði það þegar frá þessu var sagt hér í ræðu. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að það hefði átt hreinlega að prenta í nál. meginatriðin í skilyrðum frá Heilbrigðiseftirlitinu og einnig þar við hliðina á til glöggvunar fyrir þm. að hvaða leyti var vikið frá þessum meginskilyrðum í sambandi við starfsleyfið. Þá hefðu þm. getað myndað sér skoðanir á því, hvort hér væri rétt að málum staðið eða ekki.

Í þessum upplýsingum hefur það m. a. komið fram, að Heilbrigðiseftirlitið vildi hafa þann hátt á að veita nú starfsleyfi fyrir einum bræðsluofni, en ekki tveimur, vegna þess að það á að setja upp einn bræðsluofn í verksmiðjunni fyrst, og það kemur fram í grg., sem fylgir með frv., að meira segja gerð síðari ofnsins er ekki fullákveðin enn. Það getur komið til mála að hann verði hafður stærri og eins og þar segir, að menn eigi eftir að notfæra sér nýja reynslu í sambandi við gerð þess ofns. Ég verð að segja það, að mér finnst þessi afstaða Heilbrigðiseftirlitsins fullkomnlega eðlileg. Það er eðlilegt að miða starfsleyfið við þann eina ofn sem á að kaupa og er ákveðinn og er hægt að taka afstöðu til. Til hins á vitanlega að taka afstöðu síðar, þegar málin liggja þannig fyrir að menn vita hvernig ofninn á að vera í öllum greinum. Frá þessum óskum Heilbrigðiseftirlitsins er vikið. Það er ákveðið að gefa verksmiðjunni nú í upphafi starfsleyfi fyrir tveimur ofnum. En segja má að þetta sé ekki það sem skiptir hér algjörlega sköpum, þó ég telji að sú vinnuaðferð, sem Heilbrigðiseftirlitið lagði til, hefði verið eðlilegri.

Þá hefur einnig komið hér fram, að aðalágreiningurinn hafi í rauninni staðið á milli Heilbrigðiseftirlitsins og þeirra járnblendimanna um það, hvernig með skyldi fara mengunarvarnir í verksmiðjunni þegar það kæmi upp að hreinsitæki biluðu eða færu úr sambandi um lengri eða skemmri tíma. Kröfur Heilbrigðiseftirlitsins voru þær, að ef þessi bilun yrði inni í vinnusalnum og gæti haft áhrif á loftið þar, þá skyldi rofið rafmagn til verksmiðjunnar eftir einn klukkutíma frá því að bilun átti sér stað hafi ekki tekist að gera við bilunina. Þarna átti ekkert að fara á milli mála, að það átti ekki að gera ráð fyrir því að mengunin fengi að breiðast þarna út innan um starfsfólk verksmiðjunnar. Það átti að rjúfa rafmagnið til verksmiðjunnar og stöðva reksturinn. En þetta vildu hinir norsku samstarfsmenn íslensku ríkisins ekki fallast á. Þeir vildu hafa þetta á annan veg. Þeir vildu fá leyfi til þess að halda áfram rekstri þó um bilun væri að ræða í hreinsitækjum. Síðan varð niðurstaðan sú, eftir því sem hér hefur verið skýrt frá, að verksmiðjan megi ganga allt upp í það að vera í 14 sólarhringa á ári spúandi reyk sínum óhreinsuðum út og einnig um vinnusvæðið, án þess að komi til stöðvunar af þessum ástæðum. Síðan er búið þannig um hnútana, að hafi ekki tekist innan þriggja klukkustunda að gera við þessa bilun, þá á að tilkynna þetta heilbrmrh. og hann hefur samband við landlækni og síðar er sagt að þá geti ráðh. látið stöðva reksturinn. Auðvitað sjá allir að á þessu er gífurlega mikill munur. Í öðru tilfellinu er fortakslaust gengið út frá því að verksmiðjan hefur ekki rekstrarleyfi, á ekki að vinna nema hún geti uppfyllt sínar kröfur um mengunarvarnir. En í hinu tilfellinu er allt galopið. Það þýðir lítið að segja að ráðh. geti auðvitað látið stöðva vinnsluna, en hann getur líka látið allt ganga.

Auðvitað höfum við alltaf vitað að Alþ. getur sett sínar reglur. En það getur líka látið vera að setja reglurnar, eins og það hefur gert.

Það fer ekkert á milli mála hvað þeir hugsa sér, þeir járnblendimenn, í þessum efnum. Í Morgunblaðinu, rétt eftir að þetta leyfi hafði verið veitt, er haft eftir einum forstöðumanni Járnblendifélagsins, Jóni Steingrímssyni, í sambandi við þetta leyfi, þá er það undir fyrirsögninni: Leyfið er þröngt, en þó viðunandi. Og svo segir m. a. í þessari klausu eða haft eftir þessum forstöðumanni orðrétt: „Okkur eru að vísu settar þröngar skorður og e. t. v. fullþröngar í sumum atriðum, en við töldum heppilegast að fá starfsleyfi sem þannig væri frá gengið að við þyrftum aldrei á undanþágu að halda.“ Það var einmitt það, þeir þyrftu aldrei á undanþágu að halda, en þeir reikna nú með því að þurfa á undanþágu að halda.

Þarna lá hundurinn grafinn. Auðvitað fer það ekkert á milli mála, að það sem þarna er strax verið að koma fram með fyrirvara um, þar þarf að fá undanþágu frá reglunum. Það á að standa þannig að málum að það sé hægt í gegnum ráðh. að sleppa verksmiðjunni við að fullnægja þeim skyldum sem til var ætlast.

Hér var skýrt frá mörgum öðrum atriðum sem snerta þessi mengunarmál og þau skilyrði, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafði sett fram, en vikið var frá. Það var t. d. mjög athyglisvert eitt atriði sem þarna kom fram, sem snerti svonefnt rekstraröryggi í hreinsibúnaðartækjum, hvernig þetta rekstraröryggi ætti að vera til þess að talið væri að útbúnaður sá, sem treyst væri á, væri fullnægjandi. Í kröfum Heilbrigðiseftirlitsins sagði að félagið væri skyldugt að senda inn upplýsingar til Heilbrigðiseftirlitsins og leita samþykktar þess fyrir þessum öryggisbúnaði. Þetta var strikað út og sagt að greinargerð þess skyldi send Heilbrigðiseftirlitinu til skoðunar.

Þarna er auðvitað alveg augljóslega um grundvallarbreytingu að ræða. Annars vegar er gert ráð fyrir því að senda eitthvað til álits eða skoðunar. Eftir er allt þrasið við að sjá um að menn standi við það sem til er ætlast. En upphaflegu kröfurnar voru vitanlega allt annars eðlis og gerðu ráð fyrir raunverulegu öryggi.

Þá þótti mér líka það býsna sláandi varðandi skilyrði, sem Heilbrigðiseftirlitið hafði sett fram, um að það skyldi ekki leyfilegt að nota þar ýmis hráefni með meira eiturinnihaldi en í tilteknu hlutfalli. Það þurfti að breyta þessu hlutfalli og hækka þetta um helming, leyfa helmingi meira eiturinnihald í hráefnum, sem mátti nota við framleiðsluna, heldur en Heilbrigðiseftirlitið hafði gert skriflegar kröfur um. Auðvitað er þarna líka verið að víkja frá þessum öryggisreglum í þýðingarmiklum atriðum. Það er verið að slaka til.

Ég hirði nú ekki um að telja upp öll þessi atriði, en þau voru miklu fleiri en þau sem ég hef minnst hér á, atriði sem á þennan hátt var breytt frá kröfum Heilbrigðiseftirlitsins, allt á einn veg, til þess að slaka á þessu eftirliti. Og þetta er gert þó að um það sé að ræða að þessi norski aðili, sem hér er samið við, gefi út strax í byrjun að hann telji sig ekki ráða yfir tækni í sambandi við mengunarvarnir sem tryggi meiri hreinsun en sem nemur 95% þegar best lætur, á sama tíma sem áður var gengið út frá því, miðað við það sem upp hafði verið gefið hjá Union Carbide, að þeir gætu hreinsað þessi úrgangsefni sem næmi 99%.

Það er sem sagt alveg ótvírætt reiknað með því nú að hafa miklu slakari hátt á í sambandi við mengunarvarnir. Það er vikið frá þýðingarmiklum kröfum, sem Heilbrigðiseftirlitið setti fram, og til þess, sem er að finna í starfsleyfinu. Svo koma hér einstakir hv. þm. sem tala sérstaklega fyrir þessu máli, eins og hv. formaður þingfl. Framsfl., og tala um það, að meðan Heilbrigðiseftirlitið mótmæli ekki, hann sem sagt sætti sig við þetta allt saman, að hafa þetta svona, á meðan Heilbrigðiseftirlitið mótmæli því ekki að starfsleyfið verði veitt á þessum grundvelli. Auðvitað vita allir hv. alþm. að þessi mál liggja ekki svona fyrir. Eftirlitsstofnun eins og Heilbrigðiseftirlit ríkisins setur fram kröfur varðandi mál eins og þetta. En hafi heilbrrn., sem er yfir þessu Heilbrigðiseftirliti, fallist á vægari kröfur, kannske ekki afleitar reglur, en á vægari kröfur, þá er vitanlega engin von til þess að undirstofnunin rjúki fram á sviðið og mótmæli því sem rn. sjálft hefur gert. Þannig gerast hlutirnir ekki hjá okkur. Það er því alveg gagnslaus afsökun að ætla að afsaka það, að þannig er staðið að þessum málum sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Auðvitað er það verk okkar þm. í þessu tilfelli, að við eigum að leggja okkar mat á það, hvort hér hafi verið réttilega að málum staðið, hvort okkur sýnist þær kröfur, sem voru settar fram af Heilbrigðiseftirlitinu, hafa verið eðlilegar eða óeðlilegar. En í mörgum greinum, þar sem Heilbrigðiseftirlitið tekur fram í sambandi við sínar kröfur að þar sé það að fara fram á nákvæmlega sama stöðul og gildi annars staðar á Norðurlöndum, þar var einnig breytt til eða ákvæði strikuð út.

Það er því vitanlega ekki rétt, sem hér hefur verið sagt, að það hafi verið farið í öllum meginatriðum eftir kröfum Heilbrigðiseftirlitsins varðandi mengunarvarnir. Það hefur hreinlega verið vikið frá kröfum Heilbrigðiseftirlitsins, sem liggja fyrir skriflega, það hefur verið vikið frá þeim í þýðingarmiklum atriðum.

Hér hefur einnig verið á það bent, að það er vissulega þýðingarmikið atriði í þessum efnum, að hér er um það að ræða að settar eru reglur í fyrsta skipti eftir nýrri almennri reglugerð sem Heilbrigðiseftirlitið starfar eftir varðandi mengunarmál. Hér er því verið að skapa fordæmi. Hér er verið að leggja þær línur sem má búast við að verði farið eftir um langan tíma. Því álít ég að þegar svona stendur á, þá hafi verið rangt að víkja í nokkru atriði frá kröfum Heilbrigðiseftirlitsins, við hefðum átt að reyna að halda okkur við ítrustu varúðarreglur í þessum efnum sem þarna komu fram.

Það er hins vegar ljóst að hinn erlendi aðili, Elkem-Spigerverket, hefur sagt nei, hann hefði ekki viljað halda áfram ef hann hefði ekki komið sínu máli fram, og þá hefði líklega liðið yfir hæstv. ríkisstj., ef hún hefði staðið frammi fyrir því enn á ný að fá ekki þetta sitt hjartans mál fram.

En í sambandi við þetta, einmitt þessar reglur, sem þarna hafa verið ákveðnar nú varðandi starfsleyfi þessarar verksmiðju, og einnig önnur atriði, sem hér er vikið frá hinum almennu reglum sem varða íslensk fyrirtæki, þá finnst mér nauðsynlegt að það komi hér skýrt fram, og ég vona að fréttamiðlar finni ástæðu til að segja frá því án þess að draga þar nokkuð undan, að það hafi komið fram á Alþ. í sambandi við afgreiðslu þessa máls að það mun verða barist fyrir því eftir löglegum leiðum hér á Alþ. á komandi árum að breyta þessum reglum, því til þess höfum við lagalegan rétt. Þeir hjá Elkem-Spigerverket í Noregi skulu reikna með því. Það kemur alveg skýrt fram við afgreiðslu þessa máls að hér eru ýmsir fulltrúar á Alþ. sem strengja þess heit, að þeir muni beita sér fyrir að þessum ákvæðum, bæði varðandi mengunarreglur, sérréttindi varðandi rekstur og önnur atriði, muni verða breytt. Þeir hjá Elkem-Spigerverket geta ekki treyst á það að þetta haldi á þann hátt sem gerði í sambandi við samninginn við Swiss Aluminium. Þeir hjá Swiss Aluminium gerðu samning á þeim grundvelli að það væri ekki hægt að breyta vissum undirstöðuatriðum þess samnings með nýjum lögum á Alþ. En vonandi verður þessum reglum breytt strax eftir næstu kosningar. Við skulum vona t. d. að það verði þá búið að koma svo miklu viti inn í kollinn á þeim framsóknarmönnum, sem segjast ekkert vita í dag, að þeir samþykki a. m. k. fyrir stjórnarstóla að breyta þessum ákvæðum, þannig að þeir í Noregi skuli ekki treysta á að þeir fái hér undanþágur eftir vild sinni frá þeim reglum sem íslenska Heilbrigðiseftirlitið vill hafa hér, og ekki heldur í sambandi við nein sérstök rekstrarfríðindi. Það verður sem sagt unnið að því af fullum krafti að koma fram breytingum á þessum atriðum, því til þess höfum við alveg ótvírætt vald samkvæmt því sem hér er verið að gera. Sjálfstfl. er þegar bilaður í þessu máli. Hann getur

ekki einu sinni trompað fram öllu sínu liði. Hann ræður því ekki eftir næstu kosningar að geta tryggt áframhald þessara reglna. Hans lið verður þar margsprungið, eins og það er þegar í dag. Framsfl. sannfærum við. Og aðra fáum við einnig með okkur í stjórnarandstöðunni, auk þess sem við ætlum að koma miklu fleirum inn hjá Alþb. eftir næstu kosningar. Þá breytum við þessum ákvæðum. Ég tel að það sé rétt og það sé einnig þýðingarmikið að hinn erlendi aðili, sem hér á hlut að máli, fái að vita það alveg milliliðalaust, að þessar yfirlýsingar eru gefnar hér á Alþ., að að þessu verður unnið. Hann skal ekki treysta á að hann njóti hér stórfriðinda umfram íslenskan atvinnurekstur. Hann skal ekki heldur treysta á að það verði vikið frá þeim stöðlum sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins vill halda hér í heiðri í sambandi við mengunarvarnir. Hann verður þá kannske, þessi erlendi aðili, að kaupa sig út úr þessum leik á eitthvað svipaðan hátt og Union Carbide, borga okkur einhverjar krónur um leið og hann kveður.

En það er rétt, að það er þýðingarmikið atriði í sambandi við afgreiðslu þessa máls, varðandi járnblendiverksmiðjuna, að það er atlast til þess að hún lúti íslenskum lögum, það sé hægt að koma yfir hana íslenskum lagabreytingum. Og auðvitað ber okkur skylda til að fylgja þessu máli eftir á þann hátt að knýja þarna fram breytingar. Við eigum ekki að þola það að útlendingar geti treyst á að koma hingað með mengunariðnað sinn sem þeir eru flæmdir úr sínum eigin löndum með, og við eigum ekki heldur að koma þeim upp á það, að þeir geti náð í okkar vatnsorku hér á framleiðslukostnaðarverði og treyst á það að þeir eigi hana. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að það hefur verið að gerast hér á Íslandi nú að undanförnu, að það er að verða stórkostleg breyting á afstöðu fólks í landinu til þessarar erlendu stóriðju. Það er enginn vafi á því. Og það segir nokkra sögu í þessum efnum, að þegar Dagblaðið lætur fara fram skoðanakönnun hér nýlega á afstöðu manna til erlendrar stóriðju, þá kemur í ljós að yfir 80% af þeim, sem svara, lýsa sig andvíga þessari stóriðju. Og það er auðvitað alveg eins og með veðurvitann, þegar hv. þm. Þórarinn Þórarinsson segir í lok sinnar ræðu, — maður þekkir þennan framsóknarveðurvita, hvernig hann snýst, — þá segir hann: Hingað og ekki lengra. Það er komið nóg af þessu. Þeir eiga ekki að fá þriðja kerskálann í Straumsvík, sem hæstv. iðnrh. er þó að semja um eða a. m. k. að ræða um. (Gripið fram í.) Já, bara ræða. En menn treysta nú ekki á veðurvitann mjög mikið. Hann getur snúist eftir ýmsum aðstæðum. Þetta er að mínum dómi samt sem áður táknrænt um það sem er að gerast hjá Framsfl. Hann er núna að snúast með þessum vindi. Hann er að verða á móti þessari stóriðju. Hann þorir ekki að segja núna að hann sé með stækkun álversins í Straumsvík, þó hann væri með stækkun á álverinu þar í fyrra. Þeir þurfa bara svolitið lengri tíma, framsóknarmenn, til að snúast aðeins betur, og upp úr næstu kosningum fáum við þá til þess að breyta þessum lögum og láta þá Elkem-Spigerverket-menn í Noregi skilja að þeir eiga þetta ekki á þurru.

Ég sagði í upphafi míns máls, að ég hefði við 1. umr. um málið einkum lagt áherslu á að ræða þann þátt þessa máls sem sneri að raforkusölunni og af því gæti ég í rauninni sparað mér það nokkuð að ræða þann þýðingarmikla þátt í löngu máli nú að þessu sinni. En ég vil þó bæta við það, sem ég hef áður sagt um það atriði, örfáum orðum, því það er auðvitað enginn vafi á því, að ef það er fullkomlega rétt sem ég og ýmsir fleiri hafa haldið fram, að raforkusalan sjálf sé mjög óhagstæð viðskipti fyrir okkur íslendinga, að þarna förum við illa með dýrmæta orku og látum hana á undirverði, — ef þetta er rétt, sem ég og margir aðrir hafa haldið fram og ekki hefur verið reynt að hrekja í þessum umr., þá sjá menn auðvitað að þetta er fráleit ráðstöfun, því það getur enginn haldið því fram að það sé eitthvað álitlegt upp á rekstrarafkomuna að efna til þessa rekstrar.

Það, sem ég ætlaði að bæta við hér í sambandi við sjálfa raforkusöluna, er m. a. þetta sem fram kemur í þessu hóflega orðaða bréfi, eins og við var að búast, um raforkusölusamning ríkisstj. frá Orkustofnun, hvað hún segir þarna um þennan samning eða orkumálastjórinn sjálfur, Jakob Björnsson. Hann segir í þessu bréfi, sem prentað er með nál. 2. minni hl. iðnn., um þennan raforkusölusamning m. a. þetta: „Eftir því sem séð verður af tiltækum gögnum virðist forgangsorkuverðið vera svipað og kostnaðarverð orkunnar frá Sigöldu á verðlagi nú, miðað við 10% vexti og 40 ára afskriftartíma.“ Sem sagt, forgangsorkan, sem er rétt um það bil á helmingi hærra verði en meðaltalsorkan er seld á samkv. samningnum, hún er að dómi orkumálastjóra, verðið á forgangsorkunni er um það bil framleiðslukostnaðarverð. Og þá sjá menn að við erum raunverulega samkv. þessu að selja verksmiðjunni orkuna á hálfvirði.

Ég vil fara örfáum orðum um það fyrirkomulag, sem notað er í sambandi við orkusöluna, að kalla um það bil helminginn af orkunni, sem seldur er samkv. þessum samningi, afgangsorku. Þar er bent á að það sé ekki bein skylda að afhenda nema um það bil helminginn af þessu orkumagni óslitið sem forgangsorku, það megi rjúfa orkusöluna til verksmiðjunnar eftir þar til settum reglum. En þó eru þær reglur svo stífar að þar er ekki hægt að víkja frá með því að rjúfa orkuna nema um örstuttan tíma án þess að lenda í því að brjóta samninginn.

Hvað mundi það svo þýða ef menn reyndu að notfæra sér þessi ákvæði, að taka af verksmiðjunni orkuna einhvern tiltekinn tíma þannig að hún gæti ekki haft í gangi nema annan ofninn stuttan tíma eða þá annan ofninn í fullum gangi og hinn kannske í hálfum líka stuttan tíma, því það er ekki hægt öðruvísi, annars eru menn búnir að reka sig upp undir afhendingarskilyrði sem nefnd eru í samningnum, — hvað gerist þá, ef menn gerðu þetta, af því þeir vildu ekki láta þessa afgangsorku í svona ríkum mæli og ætluðu að nota hana í eitthvað annað, selja hana til annarra á hærra verði? Hvað gerist þá? Þá fellur einfaldlega niður framleiðslumagnið hjá verksmiðjunni, hún framleiðir minna. Jú, það væri aðeins hægt að bjarga þarna að örlitlu leyti raforkuseljandan-

um sem þarf ekki að láta orkuna alla á þessu óhagstæða verði. En þá kemur það niður á rekstri verksmiðjunnar, að hún framleiðir þá ekki það sem reiknað er með í rekstraráætlunum hennar, og þá myndast þar taprekstur.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála að öll þessi ákvæði í orkusölusamningnum um afgangsorku eru hrein blekking. Hinn norski aðili, alveg eins og sá ameríski áður, eins og Union Carbide áður, í fyrri samningnum, reikna alltaf með í öllum sínum útreikningum og öllu því, sem gerð er grein fyrir í grg. með frv. báðum, þá reikna þeir alltaf með meðaltalsverði á kwst. af því að þeir eru að kaupa þetta, sem nefnd er forgangsorka og afgangsorka, og miða allar sínar áætlanir við að þeir fái hvort tveggja í því magni sem hér er um að ræða til þess að geta haldið verksmiðjunni í óslitnum gangi. Það er því alveg ljóst að við erum að selja þessa raforku, helminginn af allri orkunni frá Sigölduvirkjun, til þessarar verksmiðju á hálfvirði, undir framleiðslukostnaðarverði.

Orkumálastjóri orðar þetta auðvitað eins og hver annar embættismaður og undirmaður ráðh. í þessum efnum, þá orðar hann allt þetta á þennan prúðmannlega og hóflega hátt til að stinga ráðh. og aðra þá, sem hafa gert þennan samning, ekki allt of mikið. Þegar hann kemur að afhendingarskilyrðum, sem snerta afgangsorkuna, þá segir hann ósköp einfaldlega:

Varðandi þessi ákvæði vill Orkustofnun benda á eftirfarandi: Í fyrsta lagi, að miðað við verðlagningu orkunnar sýnast þessi ákvæði tæplega eiga heima. Hér er gerð gæðakrafa, þ. e. um afhendingu á orkunni, — hér er gerð gæðakrafa sem varla er í samræmi við verð vörunnar. Og orkumálastjóri bætir hér við orðrétt á þessa leið: „Óeðlilegt er hins vegar að notandi, sem ekki greiðir hærra verð, geti gert slíka gæðakröfu.“

Það er því alveg ljóst, eins og ég hef sagt hér áður, að við erum hér að ráðstafa mikilli orku á of lágu verði. Það er því ómögulegt að ætla að hleypa þeim rökum undir þennan málflutning þeirra járnblendimanna, að við eigum að gera þennan samning af orkusöluástæðum. Við getum líka notað þessa orku til okkur gagnlegra hluta á allt annan veg, þar sem orkan mundi skila okkur miklu meiri verðmætum, ég tala nú ekki um að því leyti til sem við kæmum orkunni út í almennan iðnað okkar sem við seljum orkuna á tiltölulega háu verði, og einnig að sjálfsögðu til þess að losa okkur sem mest mögulegt er við olíuna til upphitunar húsa, því það fer auðvitað ekkert á milli mála að það bendir allt til þess, að sá kostnaðarliður, olían til húsahitunar, verði sífellt hærri og hærri, óhagkvæmari og óhagkvæmari. Að sjálfsögðu eigum við að athuga vel með hvaða hætti við notum okkar raforku til upphitunar húsa, hvort við gerum það að verulegu leyti í gegnum fjarvarmaveitur, sem kallaðar eru, eða með beinni upphitun þilofna, og fleiri aðferðir geta komið vissulega til greina. En þar er bara spurningin um það, hvaða leið á að velja. Auðvitað borgar það sig fyrir okkur þjóðhagslega sérstaklega, þegar eitthvað er litið fram í tímann, að ráðstafa okkar orku í þessu skyni, og það borgar sig margfaldlega á við það að ráðstafa henni á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir. Þar að auki verðum við svo auðvitað að hafa það í huga, sem aldrei fæst tekið inn í þessi útreikningsdæmi, hvað það hefur að segja fyrir okkur í okkar efnahagslífi að standa þannig að málum að við seljum á slíku verði eins og hér er um að ræða jafnmikið af orkunni til erlendrar stóriðju, hvað það hefur að segja í sambandi við það að við verðum miklu fyrr en ella að ráðast í nýja virkjun. Það er auðvitað enginn vafi á því, að hefðum við núna lagt áherslu á að ráðstafa allri orku frá Sigöldu nú í okkar eigin þágu án slíkrar stóriðju sem hér er um að ræða, þá hefðum við ekki þurft að ákveða að hefja strax framkvæmdir við Hrauneyjafoss, þar sem um er að ræða eflaust framkvæmdakostnað sem mun hlaupa upp á 18—20 milljarða, eins og sá kostnaður kemur til með að verða. Hér erum við því að leggja á okkur þunga bagga eða á framtíðina með því að ráðstafa orkunni og það til langs tíma á þann hátt sem hér er gert.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Niðurstaða mín í þessum efnum er þessi: Ég tel að það hafi ótvírætt komið fram í þessum umr., bæði nú við 2. umr. málsins og eins við 1. umr., að þessi járnblendiverksmiðja er okkur óhagstæð. Orkusalan er óhagkvæm. Við ættum að ráðstafa orkunni á allt annan veg. Í þeim efnum erum við sennilega að binda okkur talsvert þunga bagga fjárhagslega séð þegar litið er til framtíðarinnar, en það er algjör misskilningur að við höfum eitthvað upp úr þeim viðskiptum.

Í öðru lagi tel ég að það hafi komið skýrt fram í þessum umr. að rekstrarafkoma þessarar verksmiðju er vægast sagt tvísýn. Bendir í rauninni allt til þess, að hér geti orðið um alvarlegan hallarekstur að ræða sem kæmi til með að hvíla allþungt á okkur á næstu árum. Við verðum að binda hér mikið fjármagn sem er að sjálfsögðu tekið frá öðrum, og kostar sitt að leggja þetta fjármagn fram. Við erum að fara út í mikinn áhætturekstur, þar sem samningarnir eru meira að segja þannig að hinn erlendi aðili hefur alla möguleika til þess að skjóta sér undan áhættunni og skilja okkur eftir í aðalrekstraráhættunni. Hann hefur einkaumboð til að selja alla framleiðsluna og tekur sín háu sölulaun. Hann áskilur sér rétt til þess að smíða og selja þá ofna sem eiga að fara í þessa verksmiðju. Við megum ekki einu sinni kaupa þá eftir frjálsu og eðlilegu útboði og velja það sem okkur þykir ódýrast og best. Það er áskilið í samningunum af hans hálfu að við verðum að kaupa af honum. Hann á að fá árlega myndarlegar fjárhæðir fyrir það sem hann kallar rekstrarlega þekkingu sem hann leggur fram, og hann á að fá líka sérreiknað verulega fjárhæð fyrir þekkingu sem hann leggur fram í sambandi við stofnkostnaðinn. Og það er auðvitað enginn vafi á því, að sú aðstaða öll, sem þessi erlendi aðili hefur varðandi einkaumboð á sölunni og alla þá möguleika sem hann hefur til þess að selja okkur það sem þarf til rekstrarins og í stofnkostnað, er slík að með því bjargar hann sér í lengstu lög þó að illa kunni að fara. En við sitjum uppi með tap.

Í þriðja lagi tel ég einnig að hafi komið fram í þessum umr. að veruleg hætta sé á því að við séum að kalla yfir okkur meiri og miklum mun

meiri mengun, bæði gagnvart okkar starfsfólki og umhverfi, heldur en eðlilegt er. Hér er slakað verulega varðandi mengunarkröfur frá því sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur sett fram kröfur um. Það er augljóst að hinn erlendi aðili gengur þarna á lagið, hann ætlar að fá undanþágur, hann gefur það strax til kynna, og hann vildi helst fá svo rúmt starfsleyfi að hann þyrfti ekki að vera að biðja um neinar undanþágur. Og hann vill áskilja sér rétt til þess að mega láta reykinn ganga þarna út yfir nágrennið algjörlega óhreinsaðan um alllangan tíma á hverju ári í sambandi við bilunartilfelli.

Enn vil ég svo nefna það til, að þessi framkvæmd, eins og stóriðjustefnan öll, er í algjöru ósamræmi við margumtalaða byggðastefnu. Framkvæmd af þessu tagi miðar að því að festa mikið fjármagn á einum stað, sem dregur eðlilega úr því að hægt sé að mæta þörfum annarra. Stóriðjustefnan öll miðar að því að draga fólkið saman að vissum stórum einingum þar sem hinir erlendu aðilar hafa tögl og hagldir. Það hefði að mínum dómi verið miklu réttara og meira í samræmi við yfirlýsta byggðastefnu að nota þessa fjármuni til þess að efla þá atvinnuvegi okkar sem eru í eðlilegu samræmi við þá byggð sem nú er í landinu, eins og okkar sjávarútvegur og landbúnaður er og okkar margbreytilegi iðnaður getur verið. En stóriðjustefnan er þarna fullkomin andstæða. Og enn vil ég nefna þá ástæðu, að með þessari stefnu erum við að gefa erlendum stórfyrirtækjum allt of mikið vald í okkar litla og tiltölulega fábreytilega efnahagslífi.

Það er enginn vafi á því, að þegar slíkir auðjötnar eins og þeir, sem eiga álverið í Straumsvík, verða búnir að stækka það en um ⅓ hluta og þessir norsku aðilar, sem hér eru á ferðinni í sambandi við Grundartangaverksmiðjuna, fara að krækja saman sínum klóm og koma sér saman um það að hafa áhrif miðað við sína hagsmuni á hvernig við stjórnum okkar málum, þá er okkur hætt. Þessir aðilar vilja t. d. frá sínum hagsmunum séð að við göngum í Efnahagsbandalag Evrópu. Það er þeirra bandalag. Þar njóta þeir sín best. Það er ekki nokkur einasti vafi á því, að eftir því sem tök þessara aðila verða sterkari. — (Gripið fram í.) Þessi stórfyrirtæki studdu þá stefnu í Noregi. Það stóð ekki á því. Það voru aðrir sem komu í veg fyrir að Noregur kæmist í Efnahagsbandalagið. Þessi stórfyrirtæki börðust fyrir því að norðmenn yrðu þar þátttakendur eins og þau gátu, og þau munu gera það hér líka. Sem sagt, vaxandi áhrifavald þessara aðila er einnig stórhættulegt okkar litla efnahagslífi.

Það skal svo einnig haft í huga, að það rekur engin nauður til þess að við séum að fara út í þessa glæfra. Við erum ekki í neinum vandræðum. Við höfum atvinnumöguleika í ríkum mæli þegar við ætlum okkur að fara að nýta til fulls okkar auðugu fiskimið sem innan skamms vitanlega færa okkur helmingi meiri verðmæti en þau gera í dag. Og þegar við reynum að notfæra okkur aðra atvinnulega möguleika, sem við eigum og vitum um á sviði iðnaðar og landbúnaðar, þá er auðvitað enginn vafi á því, að íslenska þjóðin er ekki í neinum vandræðum með atvinnutækifæri og möguleika til þess að halda vel á sínum málum. Við erum því ekki í sömu aðstöðu sem sumar fátækar þjóðir eru úti í heimi, eins og ný ríki í Afríku, sem neyðast jafnvel í þeirri stöðu, sem þær standa í, til þess að taka við erlendri stóriðju, þó að þær viti vel um þá hættu sem henni fylgir. Við eigum allt aðra möguleika hér. Því eigum við að hafna þessari stefnu. Það er hreinlega ekkert til sem hægt er fram að færa þesssari stefnu til gildis. Því er það að við í Alþb. leggjum eindregið til að Alþ. afgreiði þetta mál með þeirri till. sem fulltrúi okkar í iðnn., Sigurður Magnússon, hefur lagt hér fram, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, því vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá, eins og þar stendur, sem sagt snúið sér að þarfari málum.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þetta var nú ljóta Njálan, sagði Sigurður skólameistari eitt sinn þegar strákur einn hafði sagt honum ýmsar sögur eftir Njáli sem hann kannaðist lítt við að væru sannar. Vera má þó að þessir útreikningar hv. 2. þm. Austurl., sem hann hefur haldið að okkur hér í hálfa þriðju klukkustund, fái að einhverju leyti staðist. Úr því verður reynslan að skera.

Þetta mál um járnblendið hefur verið mikið rætt og á sér langan aðdraganda. Saga þess er margþætt. Þar hafa ýmsir ráðamenn og sérfræðingar látið álit sitt í ljós. Og með lögum nr. 10 frá 26. apríl 1975 var ríkisstj. heimilað að stofna hlutafélag til að reisa og reka kísiljárnsverksmiðju á Grundartanga við Hvalfjörð í samvinnu við bandaríska stórfyrirtækið Union Carbide. Nú er það ekki ætlun mín að rekja aðdraganda þessa máls eða sögu í mörgum orðum. Rétt er þó að nefna nokkur atriði.

Það hefur orðið mönnum mikið umhugsunarefni, hvers vegna risaveldið Union Carbide óskaði eftir að hætta við fyrirhugaða þátttöku í þessum félagsskap. Sumir telja að mannaskipti í stjórn þess stórfyrirtækis hafi leitt til þessarar niðurstöðu. Hv. 4. þm. Reykv. vék að því í ræðu sinni í dag. Aðrir segja aðalástæðuna vera þá, að forráðamönnum Union Carbide hafi ekki lítist á blikuna við nánari athugun, að því er varðar gróðavon og markaðshorfur.

Hvað sem um hinar raunverulegu ástæður má segja, gekkst fyrirtæki þetta þó inn á að greiða það sem því bar samkv. samningum þegar samvinnuslit urðu. Ég tel ekki ástæðu til að harma það að Union Carbide hætti við aðild sína að fyrirtæki þessu, miklu fremur ástæðu til að fagna því að vel metið og traust norskt fyrirtæki skyldi koma í staðinn, stutt í raun og veru af norrænu samstarfi og fjármagni úr Norræna fjárfestingarbankanum. Þó er svo að sjá og heyra að nokkurs saknaðar kenni í afstöðu og orðum a. m. k. sumra talsmanna Alþb. út af því að Union Carbide skuli nú endanlega vera úr sögunni að þessu leyti.

Ég bendi á það, sem segir í nál. frá 2. minni hl. iðnn. á þskj. 462. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Auk þess er ljóst, að frv. þetta og samningur við Elkem-Spigerverket eru í ýmsum atriðum verri en upphaflegar hugmyndir um samvinnu Union Carbide, svo sem hvað varðar sölu og markaðsmál, tæknisamvinnu og mengun-

arvarnir.“ Og enn segir: „Union Carbide, sem upphaflega var rætt við um samstarf við byggingu verksmiðjunnar, hafði hins vegar yfir að ráða tækni til að hreinsa útblásturinn um 99% og tækni til að endurvinna úrgang hennar. Allar umr. um mengunarþátt verksmiðjunnar og veitingu starfsleyfis í upphafi voru því miðaðar við tæknikunnáttu hins bandaríska aðila, en með tilkomu Elkems eru nú allt önnur viðhorf uppi.“

Það er sannarlega fróðlegt og frásagnarvert að heyra talsmenn Alþb. minnast sinna fornu félaga í Union Carbide með allt að því grátklökkum saknaðarhreim í röddinni.

Niðurstaða frsm. 2. minni hl. iðnn. er því sú, að hér sé um að ræða áhættusamt glæfrafyrirtæki hvað viðkemur arðsemi þess, eins og ástand markaðsmála er nú. M. ö. o. gengur nær öll hin langa grg. hans eða nál., alls upp á 12. bls., út á það að skeggræða um hina fjárhagslegu uppbyggingu fyrirtækisins og hæpinn fjárhagslegan grunn þess. Hann ræðir m. a. þar og einnig í ræðu sinni hér í dag um rekstrarhorfur og hæpna arðsemi verksmiðjunnar, stálmarkaðurinn eigi nú í erfiðleikum í heiminum, hráefnakostnaður sé mikill, hallalaus rekstur sé næsta vonlaus, niðurstaða hvað viðkemur arðsemi: fjárglæfrar. Þetta kom einnig fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Vonandi sýnir þetta aðallega vaxandi ábyrgðartilfinningu á sviði fjármála og má það til tíðinda telja úr þessari átt.

Að vísu ræddi hv. frsm. 2. minni hl. mengunarmálin í síðari hluta ræðu sinnar, en einhvern veginn fannst mér hann skipa þeim í annað sæti.

Hv. iðnn. hefur klofnað í þrennt í þessu máli. Sá hlutinn, sem ég hef nú minnst á, leggur til að frv. sé vísað frá með rökstuddri dagskrá 1. minni hl. iðnn. leggur til að frv. verði fellt. Um þetta fjallar sá minni hl. í þskj. 461. Þar segir hv. 1. þm. Norðurl. e. að vísu.

„Elkem-Spigerverket er myndarlegt og traust fyrirtæki en engin góðgerðarstofnun fremur en við er að búast. Það er ekki eins og að hafa heimininn höndum tekið að þurfa á slíkum viðskiptum sem þessum að hrekjast frá einum auðhringnum til annars, hvort sem hann á heimilisfang í New York eða Osló.“

Ég leyfi mér að víkja að öðru sem þessi talsmaður hv. 1. minni hl. iðnn. segir undir rómverskum lið III í sínu plaggi. Þar segir hann eitthvað á þá leið, að bak við hugmyndina um kísiljárnsframleiðsluna á Grundartanga liggi sú ímyndun, sem festi rætur hér á landi snemma á þessari öld, að leið íslendinga til hagsældar og framfara lægi í því að virkja fallvötn landsins til raforkuframleiðslu í þágu stórfyrirtækja og gilti þá einu hvort slík fyrirtæki væru innlend eða erlend, aðalatriðið væri að ná tangarhaldi á auðmagni og tæknikunnáttu til þess að koma upp þess háttar fyrirtækjum. „Þessi stefna var ekki einvörðungu boðuð með köldum rökum efnishyggju og talnaspeki,“ segir þessi hv. talsmaður, „heldur allt eins með skáldlegum draumsjónum og listrænum tilfinningahita. En reynslan hefur sýnt að þessi hugsjón er blekking.“ Þarna finnst mér hann víkja, þessi hv. alþm., heldur kuldalega að aldamótamönnum okkar sem sáu í anda „knörr og vagna knúða krafti, sem vannst úr fossa þinna skrúða“ o. s. frv. En e. t. v. höfðu þeir ekki eins mikla möguleika til að koma hugsjónum sínum og fyrirætlunum í framkvæmd og við kunnum að eiga nú á dögum. Og hann leggur til, eftir að hafa skrifað tvo rómverska kafla í viðbót, nr. IV og V, að frv. þetta verði fellt.

Meiri hl. iðnn. leggur til í nál. á þskj. 455 að frv. verði samþykkt, þó að fyrirvarar prýði þar undirskriftir tveggja nm. Þess er getið í nál. að margir fundir hafi verið haldnir um málið og fjölmargra upplýsinga aflað. Það kemur fram í nál. þessu, að n. hefur m. a. haft samband og átt viðræður við Náttúruverndarráð, líffræðistofnunina, Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Vita- og hafnamálaskrifstofuna, Járnblendifélagið, Orkustofnun og Landsvirkjun. Enn fremur hafa komið á fund til n. forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi hans, ráðuneytisstjórinn í iðnrn., ritari viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, formaður verkalýðsfélagsins á Akranesi og stjórnarmaður frá verkalýðsfélaginu á Hvalfjarðarströnd ásamt oddvita Skilmannahrepps. Það er sagt, að allir þessir aðilar hafi skýrt viðhorf sín til verksmiðjumálsins, sem voru yfirleitt jákvæð, segir þar. Einnig er nefnt í nál. að haft hafi verið samband við Guðmund Guðmundsson efnafræðing, stjórnarmann í Sementsverksmiðju ríkisins, og rætt við hann sérstaklega um hvort og hvernig mætti nýta ryksalla frá járnblendiverksmiðjunni í sement. Talið er að menn geti gert sér vonir um þetta atriði.

Það er ofureðlilegt, og við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur um það, að skoðanir manna eru skiptar um gildi stóriðju fyrir íslendinga. Það má telja þetta mjög eðlilegt, þar sem um slík mál er að ræða þar sem við erum í raun-inni að feta okkar fyrstu skref á þeirri braut, þó að hins vegar megi teljast mjög óeðlilegt þegar ýmsir hv. alþm., eins og hér var bent á í dag, eru að tala um iðnað, stóriðju, nýiðnað og hvað þeir kalla þetta allt saman og hvernig þeir flokka það og eftir hvaða reglum.

Það er rétt að ýmsir óttast mengun og óheilbrigði af völdum slíkrar verksmiðju og af slíkum ótta snúast þeir gegn málinu. En hér er m. a. vitnað í skýrslu Náttúruverndarráðs til Heilbrigðiseftirlits ríkisins frá 1975, þó ég hirði ekki að lesa þá umsögn upp.

Í þessu nál. er einnig bent á reynslu umhverfisyfirvalda í Noregi. Þar er því haldið fram, að ekki hafi komið fram neinar upplýsingar sem bendi til þess að slík mengun sem talin er stafa frá slíkum verksmiðjum hafi haft skaðleg áhrif á gróður eða dýralíf. Það má einnig benda á, að vitaskuld hefur mengunarvörnum á þessu sviði fleygt fram hin síðustu ár. Tækni til þess að mæta slíkum skaðvænlegum áhrifum er með allt öðru móti núna heldur en var fyrir tiltölulega fáum árum, enda er starfsleyfi til handa járnblendiverksmiðjunni bundið ýmsum ströngum skilyrðum, eins og bent hefur verið á.

Þessi meiri hl. iðnn., sem ræðir mál sitt á þskj. 455, leggur til, eins og ég hef nú bent á, að frv. sé samþ.

Oft og iðulega hefur verið um það rætt, af flestum alþm., að ég ætla, að nauðsynlegt sé að skjóta fleiri styrkum stoðum undir íslenskt atvinnulíf, þó að hv. 2. þm. Austurl. minnti á

þessa setningu eða svipaða í hálfgerðum háðglósutón eða hálfkæringi áðan.

Þegar hafist var handa um fyrstu stórvirkjanir fallvatna hérlendis var það mat hæfustu og raunsæjustu manna, að slíkt yrði óframkvæmanlegt a. m. k. fyrst í stað án þess að hafa allstóran orkumarkað. Þannig var álverksmiðjan í Straumsvík tengd Búrfellsvirkjun og Grundartangaverksmiðjan eða önnur stóriðja af svipuðu tagi tengd Sigölduvirkjun. Þær ríkisstjórnir, sem setið hafa að völdum á Íslandi frá því að stórvirkjanir hófust, hafa lagt mikið kapp á störf og rannsóknir stóriðjunefndar eða nefndar til að leita að hentugum orkufrekum iðnaði, eins og það hefur oft verið orðað. Það er nánast hending ein, að samstarfið við Union Carbide skyldi ekki verða endanlega staðfest og innsiglað í tíð vinstri stjórnarinnar undir yfirumsjón orku- og iðnrh. Alþb. Þetta vita allir sem vilja vita, og þetta kom mjög greinilega fram hjá hv. 4. þm. Reykv. síðdegis í dag. Hvort það samstarf hefði enst lengur eða skemur undir þeim hatti veit náttúrlega enginn, en vel má svo vera.

Hitt má svo segja, að það sé óþarfi fyrir þá ríkisstj., sem við tekur hverju sinni, að feta í fótspor fráfarandi ríkisstj. Ljóst er þó að erfitt er að söðla alveg um, ekki síst í orkumálum, þar sem allar rannsóknir og undirbúningsaðgerðir eru sérlega fjárfrekar og tímafrekar, en orkueftirspurnin á hinn bóginn mjög aðkallandi og aðgangshörð.

Við þurfum að efla iðnaðinn, hvaða nöfn sem honum eru gefin, og gera hann fjölþættari. Bent hefur verið á að kísiljárnsframleiðslan sé nátengd stálframleiðslunni, sem er ein af grundvallariðngreinum nútíma tækniþjóðfélags. Öllum atvinnurekstri fylgir áhætta og í raun og veru margs konar mengun. Við komumst aldrei langt án þess að taka einhverja áhættu, það er deginum ljósara. Að sjálfsögðu verður að gæta hófs og hollustuhátta, sýna fyllstu gætni, leggja áhersla á umhverfisvernd. En það er allt önnur aðstaða nú og fullkomnari tækni til að hamla gegn hvers konar mengun og óhollum áhrifum í atvinnurekstri, bæði hér og annars staðar. Og það er ljóst og þess er krafist, að slíkri tækni eigi og verði beitt til hins ítrasta til að hamla gegn hvers konar skaðlegum áhrifum.

Við megum ekki gleyma því, að fyrirhuguð verksmiðja á Grundartanga er íslenskt fyrirtæki, háð löggjöf landsins, lögsögu og yfirstjórn okkar sjálfra. Hún á að veita mörgu fólki örugga og lífvænlega atvinnu, auka fjárráð okkar, framkvæmdagetu og gjaldeyrisöflun og stuðla að bættum lífskjörum landsmanna.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Þegar vitnað er í menn eins og Sigurð skólameistara, orðheppna menn, þá er viðkunnanlegra að rétt sé með farið.

Athugasemd Sigurðar skólameistara: „Þetta var nú ljóta Njálan," var ekki sögð af því tilefni að nemandi hans kynni ekki það sem hann átti að kunna í Njálu. Sigurður var að prófa nemanda í íslensku og þótti hann standa sig illa, kunna lítið í móðurmálinu. Og þá spurði meistari: „Heyrðu, góði minn, hver hefur kennt þér íslensku?" Og nemandinn svaraði: „Hann heitir Njáll." Og þá var það sem meistari sagði: „Þetta var nú ljóta Njálan."

Ræða hv. síðasta ræðumanns var því miður nokkuð með svipuðum blæ og þessi tilvitnun hans í Sigurð skólameistara eða þau tildrög sem hann sagði hafa verið til orða hans. Ég verð að segja það, af því að hér talaði ágætur dalamaður, að þetta var ljóta Laxdælan.

Mér kemur satt að segja á óvart að heyra þennan tón allt í einu í þessum hv. þm. Það mátti hann eiga, að fyrir tveimur árum hafði hann miklu meiri fyrirvara varðandi stuðning sinn við Grundartangaverksmiðjuna, benti á ýmislegt sem mátti verða mönnum til varnaðar. Nú hefur hann alveg frelsast, að því er virðist, og er farinn að halda ræður í svipuðum dúr eins og hæstv. landbrh. flutti um þá sælu sem biði byggðarlagsins þar efra með tilkomu þessarar verksmiðju. (**Gripið fram í:** Og er þá mikið sagt.) Og er þá mikið sagt, já.

Annars er ég ekki hingað kominn í þennan stól til þess að bera neitt í þann læk sem þegar er orðinn barmafullur af óhrekjanlegum röksemdum gegn Grundartangaverksmiðjunni. Mig langar aðeins að drepa á nokkur atriði sem mættu kannske verða mönnum umhugsunarefni.

Hvernig stendur á þessu kappi sem stjórnvöld leggja á að fá þessa verksmiðju, þrátt fyrir þær staðreyndir sem fyrir liggja? Það er búið að sýna fram á það, að ef rekstur þessarar verksmiðju hefði verið hafinn á s. l. ári, þá hefði tapið orðið um 800 millj. Það er búið að sýna það, að raforka til verksmiðjunnar er sama sem gefin. Það er búið að sýna fram á, að þessu fyrirtæki er ekki gert að hlíta ákvæðum um mengunarvarnir nema að takmörkuðu leyti, þegar tekið er tillit til þeirrar kröfu sem Heilbrigðiseftirlitið gerði í þessum efnum. Það er búið að sýna fram á þetta, það er búið að sýna fram á hitt.

Hér eiga útlendingar hlut að máli, eins og oft áður í stórmálum á undanförnum áratugum. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar sagnfræðingar framtíðarinnar fara að kanna þetta tímabil, þá verði það eitt helsta rannsóknarefni þeirra og undrunarefni jafnframt hvað hafi ráðið afstöðu valdamanna þessarar þjóðar gagnvart útlendingum.

Svo segir í hinni ágætu bók, Atómstöðinni, að hvenær sem Búi Árland nálgaðist Uglu eða yrti á hana, þá „fékk hún í hnén", eins og nóbelsskáldið orðaði það. Það er engu líkara en íslenskir valdamenn, þeir sem mestu hafa ráðið um íslensk stjórnmál á undanförnum áratugum, hafi „fengið í hnén", aftur og aftur „fengið í hnén", þegar þeir hafa staðið frammi fyrir útlendu valdi. Svona virðist þetta hafa verið í sambandi við hermálin, landhelgismálið aftur og aftur og nú í sambandi við stóriðjuna. Ég vona að sú komi tíð að þeir menn, sem mestu ráða um örlög þessarar þjóðar, hætti að „fá í hnén" gagnvart útlendu valdi.

Nú er farið að fækka á fundinum, ýmsir þeir, sem töluðu hér í dag, eru horfnir af vettvangi. Hv. þm. Benedikt Gröndal, formaður Alþfl., veittist að þeim eina fulltrúa frá iðnn. sem gerði málinu raunverulega einhver skil, veittist að honum beinlínis fyrir það. Ef við hefðum ekki

fengið ræðu hv. þm. Sigurðar Magnússonar og samanburð hans á kröfum Heilbrigðiseftirlitsins og svo aftur á móti starfsleyfinu sem veitt var til vinnslu á Grundartanga, þá hefðum við ekki vitað það sem við vitum núna um hættuna sem vofir yfir byggðarlaginu þar efra, mengunarhættuna sem vofir yfir þegar verksmiðjan tekur til starfa. Fyrir þetta veittist hv. þm. Benedikt Gröndal sérstaklega að Sigurði Magnússyni, kallaði þetta spardartíning, auvirðilegan spardartíning. Og til þess nú að allir vissu að hann, Benedikt Gröndal, hefði fjallað um mengunarhliðina af samviskusemi, þá lét hann þess getið að hann hefði talað við forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins og sannfærst um það af því samtali að allt væri í besta lagi.

Menn sýna hver af öðrum mjög vítavert ábyrgðarleysi í sambandi við þetta mál. Og málflutningur sumra kemur mjög á óvart, þegar hann er miðaður við það sem þeir hafa verið að segja á öðrum vettvangi.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, form. þingflokks Framsfl., sagði frá því í dag, að þegar við vorum báðir staddir vestur í New York, þá hefði hann orðið var við það, að ég hefði aflað mér gagna um Union Carbide og ég hefði leyft honum að athuga þessi gögn. Það er rétt, ég reyndi að leiða hann í allan sannleikann um þennan auðhring, og ég verð að segja það, að hann reyndist hinn námfúsasti nemandi, enda játaði hann í dag að það hefði verið kominn í hann mikinn beygur varðandi samstarfið við þennan auðhring eftir að ég hafði haft hann í læri, miðlað honum fróðleiknum vestur í New York. En hann er ekki fyrr kominn heim heldur en hann turnast, lendir þá í öðrum og verri félagsskap og endurskoðar þessa afstöðu sína.

Mér hefur því virst núna að undanförnu, þegar ég hef lesið leiðara Tímans, að þessi hv. þm. hafi aftur verið að vitkast.

Það má vitna í þessa leiðara sem svar við málflutningi hv. þm. hér í dag. Hann segir t. d. 11. jan. — undir leiðarann skrifar ÞÞ: „Reynslan af viðskiptunum við álhringinn“ — hann er að að ræða um mengunina í Straumsvík — „hvetur vissulega til varfærni þegar fjölþjóðafyrirtæki eiga í hlut, og undarlegt hlýtur það að þykja ef einhverjir láta sig dreyma um frekari samninga við hann meðan hann vill ekki hlíta íslenskum lögum, ekki greiða eðlilegt orkuverð og ekki fullnægja loforðum um umhverfisvernd.“ Og svo bætir ÞÞ við: „Annars mun það rétt, að hann er hvorki verri né betri en fjölþjóðafyrirtæki eru yfirleitt. Þess vegna ber smáþjóðum eins og íslendingum að eiga sem minnst undir þeim.“ Og lýkur leiðaranum á þessum orðum: „Íslendingum hefur gefist best og mun áfram gefast best að treysta á eigið framtak.“

Þegar ég las þetta var ég sannfærður um að höfundurinn væri á móti Grundartangaverksmiðjunni.

Í leiðara 10. mars, sem heitir: „Er þörf fyrir stóriðju útlendinga?“ er tónninn alveg þessi sami. Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson lýkur þeim leiðara með þessum orðum: „Ísland býður þjóðinni þannig vissulega mikla möguleika til góðrar afkomu ef hana brestur ekki framtak til að hagnýta þá. Íslendingar þurfa vissulega ekki að gerast háðir erlendri stóriðju á neinn hátt.“

Þetta tel ég að merki það, að við þurfum ekki heldur að gerast háðir Elkem-Spigerverket. Og sá, sem þetta segir, hann er, meðan hann er að semja þennan leiðara, á móti Grundartangaverksmiðjunni. Það eru nú reyndar ennþá fleiri framsóknarmenn. Situr einn á vinstri hönd hv. þm. Þórarni Þórarinssyni núna, sem áreiðanlega er á móti henni líka. Og ég sé a. m. k. tvo sem eru það áreiðanlega í hjarta sínu. Þar með er nú eiginlega upp talið Framsóknarliðið í salnum þessa stundina, að undanskildum hæstv. ráðh.

En nú kem ég að því, hvers vegna framsóknarmenn, að undanskildum tveimur, koma ekki fram og mótmæla, lýsa yfir þessari afstöðu sinni. Mér er ljúft að vitna það, að þegar ég rabba við þessa menn marga hverja eru þeir nákvæmlega sammála mér um öll helstu mál. Og þetta segi ég þeim til hróss. Ég finn yfirleitt engan mun þegar ég rabba við þessa menn einslega. En svo kemur annað til skjalanna þegar á að fara að afgreiða mál. Þá gerist svipað og þegar fóstrur á dagheimilum fá sér göngu með börnin. Þá ganga þær á undan og halda í band og börnin koma á eftir og halda öll í þetta band. Þetta sama er að gerast með þingflokk Framsfl. á þessari Grundartangagöngu. Það gerist yfirleitt í þessum göngutúrum, að það eru einhverjir óþekktarormar. Tveir hafa svolítið vikið frá, sleppt bandinu, en afgangurinn dregst með, öll strollan. Og sú fóstra sem teymir strolluna samkvæmt fyrirskipun frá forstöðukonu dagheimilisins, sú fóstra sem hefur verið að skrifa þá leiðara, sem ég var að lesa hér úr áðan, hún ber ábyrgð á göngunni. Hún er látin taka ábyrgðina.

Það er eitt af mörgum merkilegum rannsóknarefnum, þetta Framsóknarfyrirbæri, þessi tvískinnungur sem kemur t. d. fram annars vegar í þeim leiðurum, sem ég var að vitna í, og svo málflutningi hv. þm. Þórarins Þórarinssonar hér í dag. Ef ég vissi ekki af reynslu að maðurinn er fyllilega normal, þá mundi maður nefna í þessu sambandi það sem er nefnt „skizofrenia“.

Hvað allt væri nú miklu gæfulegra fyrir þessa þjóð ef þessir ágætu menn, sem skipa þingflokk Framsfl., höguðu sér eins og þeim er í raun og veru eðlilegt í stórmálum. Þá væri búið með allar Grundartangaáætlanir. Við værum líka búnir að losna við herinn. Því vil ég bæta við þeirri ósk, að sú komi tíð að þessir framsóknarþm. hagi sér eins og þeim er eðlilegt í stórmálum.

Hæstv. iðnrh. hefur í sambandi við stóriðjumál gefið ýmsar yfirlýsingar. Til að mynda gaf hann þá yfirlýsingu í sambandi við hugmyndir um að koma upp álveri í Eyjafirði, að slíkt kæmi auðvitað ekki til mála í andstöðu við vilja heimamanna, — kæmi alls ekki til mála. Nú er það svo með Grundartangann, að það mál hefur aldrei verið borið undir heimamenn. Þessi nýi samningur hefur aldrei verið ræddur þar á almennum fundi. Og það fullyrði ég, að allur þorri manna á Vesturlandi, ég get ímyndað mér 70—80% af borgfirðingum, þeir eru harðir andstæðingar þessarar verksmiðju. Og þeir hafa spurt mig, bændur þar efra, þegar þeir hafa verið að

heyra þessar yfirlýsingar hæstv. ráðh.: Af hverju gildir ekki sama um okkur og t. d. eyfirðinga?

Ég vil nú beina þessari fyrirspurn til hæstv. ráðh. Og ég læt það fylgja með til hv. þm. Vesturl., sem hér eru staddir, að ég skora á þá að efna með mér til almennra funda í kjördæminu um þetta mál áður en það fær hér endanlega afgreiðslu, svo að hæstv. iðnrh. geti fengið um það að vita hvar menn á Vesturlandi standa í þessu máli. Og þá vænti ég þess, að hann standi við þær yfirlýsingar sínar að honum detti ekki í hug að þröngva upp á heimamenn verksmiðju eins og þessari þvert gegn vilja þeirra.

Þetta er eitt af þeim dapurlegu kvöldum sem jafnan verður óþægilegt að minnast. Málið er afgreitt. Liðið er allt tilbúið. Strollan er komin á bandið. Það er oft talað um virðingu Alþ., hún sé ekki nógu mikil. Engin furða kannske.

Árið 1949, rétt eftir að búið var að ganga frá aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu með þeim hætti sem það var gert, því að þá fengu íslensk stjórnvöld heldur betur í hnén, þá var ég ritstjóri að *tímariti, mánaðarriti,* sem *gefið* var út af ungum sósíalistum, og það kom til mín skáld, Steinn Steinarr, með kvæði sem nú er orðið frægt. Það heitir „Eir". Skáldið ávarpar styttu, „standmynd, sem steypt er í eir", byrjar sísvona: „Jón Sigurðsson forseti, standmynd, sem steypt er í eir." Seinna í kvæðinu segir skáldið: „Ó, þú, sem einn sólbjartan morgun varst hamingja mín." Það er nótt þegar skáldið stendur þarna og ávarpar Jón forseta, nótt og myrkur, eins og núna, þegar búið er að draga tjöldin fyrir gluggana hérna í salnum. Og þó að nú séu næstum 30 ár síðan skáldið orti þetta, þá sýnist mér að hugleiðingar þess eigi við enn í dag. Ég tek sem dæmi þessar ljóðlínur:

„Eitt þögult og dularfullt hús stendur andspænis oss,
og enginn veit lengur til hvers það var forðum reist,
en nafnlausir menn, eins og nýkeypt afsláttarhross,
standa náttlangt á verði, svo það geti sjálfum sér treyst.
Jón Sigurðsson forseti, standmynd, sem steypt er í eir,
hér stöndum við saman í myrkrinu — báðir tveir."

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Þessar umr. eru nú orðnar langar og er nú ekki ástæða til að lengja þær mikið. En mér datt í hug núna þegar hv. 5. þm. Vesturl. fór héðan úr ræðustólnum gömul saga sem sögð var af konu sem kom í verslun og ætlaði að kaupa púðursykur og hafa það tvö pund, og þá sagði verslunarmaðurinn: „Kíló er það nú kallað." Þá sagði gamla konan: „Alltaf heyrir maður nú eitthvað nýtt. Er það nú ekki lengur kallað púðursykur." Þetta er í fyrsta skipti í þau ár, sem ég hef hlustað á ræður hv. 5. þm. Vesturl., sem ég hef heyrt hann segja frá því að hann væri sósíalisti. Það er eitt af því sem hann hefur forðast að nefna og talið mjög fráleitt að vera að segja frá. Hins vegar hefur hann haft þann hátt á sem hann hafði áðan, og það þekkti ég vel, að hann segði frá því að það bæri ekki mikið á milli sín og framsóknarmanna. Þeir væru að vísu misjafnlega góðir, en ögn betri tegundin væri eins og hann og þess vegna ættu menn að kjósa sig, en ekki að vera kjósa Framsókn, enda hefði hún alveg nóg af atkv. á Vesturlandi. Ég man t. d. eftir því á framboðsfundunum fyrir síðustu kosningar í Vesturlandskjördæmi, að þá sagði hv. 5. þm. Vesturl.: „Hann Halldór er svo góður landbrh., það hafa ekki aðrir verið betri, og til þess að tryggja að hann verði áfram verðið þið að kjósa mig." Þess vegna þekkti ég þetta ósköp vel, að framsóknarmenn væru ágætir, og að hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, væri ágætismaður nema hann færi að gera einhverjar aths. við það sem hv. 5. þm. Vesturl. segði, þá fóru gæðin af. Þetta kannaðist ég allt saman við. Ég kannaðist líka við það, að þegar hæstv. iðnrh. ásamt mér boðaði til fundar til að kynna þetta mál uppi í Leirársveit, þá kom hv. 5. þm. Vesturl. með tvo þingeyinga og lét þá biðja um orðið á undan bændunum í Leirársveit og heimamönnum í héraði. Þetta fannst honum eðlileg kynning og passa vel. (Gripið fram í.) Ja, ég veit nú ekki nema mennirnir hafi nú verið pantaðir að norðan, ansi fannst mér það líkt því, og ég er alveg viss um að hv. 5. þm. Vesturl. vissi vel af því.

Ég kann ekki heldur við það, og ég ætlaði hv. 5. þm. Vesturl. stærri hlut en það, þegar hann segir að við séum háðir norðmönnum af því að við eigum í fyrirtæki með þeim þar sem við höfum meiri hluta. Hverjir bregðast? Þá eru það við sjálfir sem bregðumst, en ekki norðmennirnir. Meira að segja er það svo í okkar pólitísku flokkum, að þar erum við ekki hver háður öðrum þó að skoðanir okkar liggi saman. Við reynum, ef ber á milli, að sameina okkur um það þegar á þarf að halda og við þurfum að koma fram málum sem máli skipta. En það þýðir ekki að við séum háðir, heldur er það ákvörðun okkar, hvers og eins, að standa að þeim málum sem flokkur okkar og ríkisstj., sem við stöndum að, kemur fram fyrir þjóðina, af því að við vitum að það gera það ekki aðrir betur. Þetta er ljóst, og ég efast ekkert um að samstarf okkar við norðmenn verður með þeim hætti að fulltrúar okkar í þeirri stjórn og því fyrirtæki hafa alveg í fullu tré við þá. Ég er ekkert kvíðinn út af því. Ég tel að okkar menn hafi sýnt það í stærri málum og veigameiri að þeir hafa í fullu tré við erlendar þjóðir, þó miklar séu fyrir sér, og hafa sigrað þær og leitt þær sjálfir inn á rétta braut. Þessu held ég að hv. 5. þm. Vesturl. verði að gera sér grein fyrir og eigi að hafa í frásögn þegar hann fer næst að tala við kjósendur okkar þar efra og segja þeim að nú ætli hann að reyna að komast inn á þessa braut fyrir áhrif frá Framsókn.

Út af því, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér í kvöld, þá væri það mikið verk sem ég ætti fyrir höndum ef ég ætlaði mér að fara að ræða þá ræðu alla, enda sagði einn frammi á ganginum: Þetta er nú ekki mikið, því hann er ekki nema hálfdrættingur á við samþm. sinn á Austurlandi, hv. 3. þm. Austurl., í tíma, hann er ekki kominn upp í nema 2½ tíma, Sverrir komst í

fimm, hv. 3. þm. Austurl., á sínum tíma, svo þeir eru færir til verka þar. Hitt held ég að okkur muni ekki bera saman um, og hélt ég þó að við hefðum báðir allsæmilegt minni, að þegar ákvörðunin var tekin um Sigöldu hafi það ekki verið af þáv. iðnrh. tengt því að það væri verið að vinna að því að fá erlent fyrirtæki til að taka þátt í atvinnurekstri hér, sem keypti raforku frá Sigöldu, og þess vegna væri hægt að virkja hana í einum áfanga. Þetta tel ég mig muna, að það hafi verið stefna þáv. hæstv. iðnrh. að fara inn á þessa braut þá og hann hafi byggt ákvörðunina um að virkja Sigöldu í einu lagi einmitt á þessu. Ég man hitt líka jafnvel, að hv. 2. þm. Austurl., þá hæstv. sjútvrh., hafði aðra skoðun á málinu. Hann var á móti málinu frá upphafi. Þess vegna er ekki um snúning frá hans hendi að ræða. Hitt kann ég ekki við og hef áður mótmælt, að því sé haldið fram að þáv. hæstv. iðnrh. hafi staðið einn í sínum flokki um þessa skoðun. Því hef ég ekki trúað og trúi ekki enn. Ég minni á það að í aprílmánuði 1974, þegar séð var til hvers mundi draga í íslenskum stjórnmálum, þá var það þáv. hæstv. iðnrh. sem vildi gefa út bréf til Union Carbide um það, að að afstöðnum kosningum mundi verða staðið við samninga við þá, og ef ég man rétt, þá var það þáv. stjórnarandstaða í Sjálfstfl. sem ekki taldi tímabært að gefa út þetta bréf. Ég treysti því að hv. 2. þm. Austurl. muni þetta eins og ég. (Gripið fram í.) Mér er alveg sama þó þú sért með þetta í þingtíðindunum. Ég veit vel um þetta mál. Og hann veit það, hv. 2. þm. Austurl., að þetta bréf vildi þáv. hæstv. iðnrh. að yrði skrifað þeim þar vestra og flokkarnir sameinuðust um það.

Nú verð ég að segja það, að mér fannst það dálítið merkilegt í dag þegar ég heyrði saknaðartón t. d. í ræðu hv. frsm. minni hl. yfir því, að það skyldi slitna upp úr samningum við Union Carbide, þeir hefðu verið betri en þeir norsku. Og þessa kenndi jafnvel hjá hv. 2. þm. Austurl. einnig í hans ræðu. Ég skal að vísu játa að ég þekki ekki eins vel inn á þessi fyrirtæki og hv. 5. þm. Vesturl. því hann hefur farið miklu víðar. Vafalaust hefur hann sýnt leikritið sitt núna um daginn þegar hann var fyrir vestan, ég vona að þeir hafi fengið að sjá Skjaldhamra, og þá hafa karlarnir lagast þar vestra. Ekki trúi ég öðru, því að það leikrit er gott, og ég vona hv. 5. þm. Vesturl. hafi kunnað á þeim tökin. Þess vegna er kannske saknaðartónninn núna. En það er nú fleira sem snýst, og þetta kom mér á óvart.

Það fannst mér líka koma fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl. og fannst mér það ekki óeðlilegt af svo veraldarvönum manni sem honum, að hann gerði ráð fyrir því að þannig stæðu fyrirtæki að rekstri, að það bæri ekki allt upp á sama dag og það gæti verið að illa gengi nú hjá þessu fyrirtækinu þó það gengi betur hjá því á morgun. Ég held að við höfum haft þá sögu að segja í öllum okkar atvinnurekstri, og það verður alveg sama þótt við stöndum að atvinnurekstri með mönnum frá öðrum þjóðum. Skin og skúrir skiptast á í öllum atvinnurekstri, og ástæðan til þess að við erum að reyna að gera okkar atvinnurekstur fjölbreyttari er einmitt að reyna að verjast þessum áföllum sem alltaf koma upp í öllum atvinnurekstri, en auðvitað misjafnlega, geta komið upp í sjávarútvegi í dag, landbúnaði á morgun og iðnaði þriðja daginn. Það er ástæðan fyrir því að við erum að reyna að hagnýta okkur þær orkulindir sem við höfum yfir að ráða, og þ. á m. eru fallvötnin.

Hv. 2. þm. Austurl. var að tala um að hann mundi reyna að snúa framsóknarmönnum síðar meir. Ég veit nú ekki hvort á að snúa hinum í þessu máli, því ég veit ekki annað en að við hefðum sameiginlega markað þá stefnu að samstarf við erlenda aðila um atvinnurekstur hér á Íslandi væri bundið því skilyrði að við ættum meiri hl., að það færi að íslenskum lögum í einu og öllu og við reyndum að selja raforkuna á sem hagkvæmustu verði svo við gætum flýtt fyrir orkuframkvæmdunum og hagnýtt okkur fallvötnin á þennan veg. Það er svo annað mál þó að þetta hafi gerst svona eins og hv. 4. þm. Reykv. lýsti í dag.

Hv. 2. þm. Austurl. lýsti því nú yfir og það kom engum á óvart, en hann lagði nú á það áherslu og lokaði alveg augunum þá og sagði að þeir stefndu að því að fá fleiri menn inn á þing næst. Hvaða stjórnmálaflokkur gerir það ekki? Ég held að allir stefni að því, svo þetta þurfti hv. þm. ekki að segja hér.

Ég skal nú reyna að fara ekki að eyða löngum tíma í þetta mál því umr. eru orðnar langar. Ég vil aðeins minna á að það, sem hefur gengið yfir núna á s. l. ári og á þessu, er að hér hafa verið uppi í fjölmiðlum, mörgum blöðum og útvarps- og sjónvarpsþáttum umr. um að landbúnaður á Íslandi væri óverjandi og óferjandi, sauðfé gengi á gróður landsins, það þyrfti að gefa með því sem færi út úr landinu og annað eftir því. Samt er það staðreynd í sambandi við útflutning á landbúnaðarvörum, að fyrir ríkissjóð — meira að segja fyrir ríkissjóð eru útflutningsbæturnar hagstæðar vegna þess að kjöti fylgir ull og gæra og ullariðnaðurinn er vaxtarbroddur í okkar iðnaði og gerði það að verkum, þessi útflutningur á landbúnaðarvörum, að íslenska ríkið hafði 1200—1300 millj. kr. meiri tekjur á s. l. ári vegna gjaldeyrissölu og þar af leiðandi innflutnings heldur en greitt var í útflutningsbætur. Það þarf ekki heldur að minna á það, að hér hafa verið uppi miklar umr. hjá spekingum, sem spá inn í framtíðina, um að allur fiskur okkar væri til þurrðar genginn. Ég tek hins vegar undir það með hv. 2. þm. Austurl., og þá þekkti ég hann og þá var hann í essinu sínu þegar hann talaði um fiskinn, að auðvitað vex fiskurinn hjá okkur á miðunum þegar við erum búnir að friða landhelgina út í 200 mílur. Til þess höfum við verið að þessu. Og þeir sem sýknt og heilagt eru að reyna að telja þjóðinni trú um að allir atvinnuvegir hennar séu að ganga til þurrðar og hún hafi í raun og veru ekkert til að lifa á, það eru spámenn sem ég hef litla löngun til þess að hlusta á.

Sama hefur verið uppi með iðnaðinn, að það er alltaf verið að reyna að prédika að við getum ekki rekið okkar iðnað. Nú vil ég taka undir það, að við eigum að efla okkar atvinnuvegi af fullri orku og við höfum til þess mikla möguleika á öllum sviðum. En ég vil einnig minna á að upp-

bygging sú, sem við höfum haldið uppi í landinu, hefur gerst með erlendu fjármagni. Þetta fjármagn höfum við í flestum tilfellum fengið að láni. Þannig höfum við virkjað, þannig höfum við byggt áburðarverksmiðjuna, sementsverksmiðjuna. Þetta eru, eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði, líka stóriðjufyrirtæki, og okkar fiskiðnaður er mesta stóriðjan í okkar landi og raunar má segja að ullariðnaður eða gæruiðnaðurinn sé orðinn það líka.

Eitt af því, sem nú er til umr. og mest er talað um af þessum mönnum, sem þykjast vera framsýnir, er að þjóðin sé búin að taka svo mikil lán að nú megi hún engin lán taka meir. Mér finnst hjá þessum spekingum, en sem betur fer hefur ekki farið mikið fyrir slíkri speki hér í þessum umr. þó það hafi verið dálítill keimur af því, þá séu okkur sem sagt allir vegir bannaðir eða ófærir eða lítt færir. Þess háttar svartsýni vil ég ekki hlusta á. Ég vil hins vegar segja það, að ég tel að það, sem máli skipti í sambandi við viðskipti okkar við aðrar þjóðir í sambandi við atvinnumál, það sé höfuðatriði að við höfum meiri hl. í fyrirtækjunum og þau hlíti íslenskri lögsögu. Þetta er meginmálið.

Ég vil einnig segja það, og ég tel það kost við Grundartangaverksmiðjuna, að þetta er ekkert stórfyrirtæki. Þetta er álíka fyrirtæki og sementsverksmiðjan á Akranesi. Ég veit að ég þarf ekki að spyrja hv. 5. þm. Vesturl. að því, hann veit vel að þeir á Akranesi mundu ekki vilja sleppa sementsverksmiðjunni, en það voru til menn á þeim tíma sem töldu fráleitt að byggja hana uppi á Akranesi. Og það er nú svo, að ef við ætlum að dreifa byggðinni og efla okkar byggðir úti um landið þá liggur það m. a. í því og náttúrlega undirstaðan í því er sú, að við verðum að koma þar upp atvinnufyrirtækjum því þar fjölgar ekki fólkinu nema atvinnan aukist. Þetta verðum við að gera okkur ljóst. En ég tel líka mikinn kost við slík fyrirtæki eins og þetta að ekki sé um of stór fyrirtæki að ræða, heldur fyrirtæki sem falli eðlilega að því að fjölga fólki með hæfilegum hraða í þeim byggðarlögum sem slík fyrirtæki eru sett niður í. Tel ég að Grundartangaverksmiðjan nái því takmarki. Ég tel einnig að með samningum og leyfi hæstv. heilbrrh. sé gengið frá þessum málum eins og best verður fyrir séð. Ég efast heldur ekkert um það, ef þarf þar um að bæta, að þá muni okkar menn, sem með þessi mál fara, kunna þar full skil á og koma því í framkvæmd. Ég efast ekkert um það. Mér dettur ekki í hug að við verðum neinir undirlægjumenn í samskiptum okkar við norðmenn. Ég álít því, eins og er stefnumörkun míns flokks, Framsfl., að við getum undir vissum kringumstæðum átt fyrirtæki með öðrum þjóðum eða þegnum annarra þjóða, enda sé þessum skilyrðum fylgt, og þannig hafi verið á þessu máli haldið frá því fyrsta og til þessa dags, að það sé frá þessu gengið. Ég efast ekki um að það þætti ekki mikið happaverk almennt þar efra ef við kæmum í veg fyrir byggingu Grundartangaverksmiðju og hafnarinnar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er nú ljóta barnsfaðernismálið hver eigi þennan járnblendikróga sem allir eru nú að sverja af sér hver í kapp við annan. Hæstv. iðnrh. kennir hann fyrirrennara sínum í ráðherrastarfinu. Hv. 2. þm. Austurl. sver hann bæði af sér og flokksbróður sínum. Og hv. þm. flokksbróðir minn Þórarinn Þórarinsson kennir Alþb. þennan króga og segist hafa verið viðstaddur. En ég verð nú að segja það, að það skiptir kannske ekki miklu máli hver er ættin að þessum grip. Hann er ekki gæfulegur og það er ekki ástæða til þess að binda við hann góðar vonir. Ég held að úr því að allir aðstandendur skammast sín svo fyrir þetta afkvæmi sitt, þá ættu þeir að hætta að deila um það hverjum sé um að kenna, að það skyldi koma undir, og raunar bara gleyma því, að þessi atburður hefur átt sér stað, og gera ekki svona lagað aftur og vita hvort þeir öðluðust þá ekki meydóminn á ný.

Ég get verið stuttorður í þetta skiptið. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni við 1. umr. um málið og við umr. um járnblendisamninginn við Union Carbide árið 1975. Sú afstaða mín hefur ekkert breyst. Ég gerði mér von um það, þar sem málið hafði langa dvöl í hv. iðnn., að þá yrði það saltað þar til frambúðar eða þá að það tæki þeim breytingum að það yrði aðgengilegra. Því miður hefur raunin ekki orðið sú. Að vísu er rétt að geta þess, að einungis þrír af sjö iðnnm. fylgja frv. án fyrirvara. Hv. þm. Lárus Jónsson og hv. þm. Benedikt Gröndal var kaþólskari en páfinn í iðnn. og fús að taka alla áhættu af þessari samningagerð, og þar með sýnist mér þá að nál. sé réttnefnt meirihlutaálit. En ég verð að segja það, að mér þykir þeir hv. þm. sýna verulegan kjark og óraunhæfa bjartsýni sem ekki ala í brjósti efasemdir um réttmæti þess að fylgja þessu máli eftir þær upplýsingar sem hafa komið í ljós við nána athugun á málinu. Rafmagnsverðið er of lágt og það er engin skynsemi í því að selja rafmagn eftir þessum orkusölusamningi. Orkumálastjóri hefur að vísu látið í ljós með mjög þokukenndum orðum, eins og hv. 2. þm. Austurl. benti á, í fskj. með nál. á þskj. 462, að orkuverð á forgangsorkunni verði svipað og framleiðslukostnaðarverð hjá Sigöldu ef miðað er við 40 ára afskriftatíma og 10% vexti. Það má vera að þetta sé rétt hjá honum. En þessi sala tekur ekkert mið af því raforkuverði, sem verður eftir að Krafla er komin í gagnið og farin að „færa ljós og yl“, og ekki heldur af orkuverði frá Hrauneyjafossi.

Þessi stefna getur ekki gengið. Það verður að reisa rönd við því að íslendingar verði sífellt að greiða niður orkuverð til útlendra stórfyrirtækja og taka á sig sjálfir allar hækkanir. Um þetta efni höfum við hv. 1. þm. Norðurl. e. flutt till. til þál. um raforkusölu á framleiðslukostnaðarverði á þskj. 306. Við vekjum þar athygli á aðferðum norðmanna við verðlagningu á raforku til orkufreks iðnaðar, en hún er breytileg á nýjum samningum eftir framleiðslukostnaðarverði ríkisrafveitnanna norsku. Ég hef gert grein fyrir því máli hér í þessum ræðustól og þarf ekki að rifja það upp hér. En í stað þess að þessi samningur gerir ráð fyrir orkuverði 3½ eyri yrði fyrirtækið að greiða 6½ eyri norskan ef það yrði reist í Noregi. Svona framferði er

rangt og það bindur framtíðinni byrðar sem illt er að rísa undir. Þetta fer fyrirsjáanlega eins og í Straumsvík. Verðið verður fyrr en varir allt of lágt og strax og næsta orkuver tekur til starfa eru íslenskir notendur farnir að greiða niður verðið. Það, sem kallað er afgangsorka og orkusala í þessum samningi, er ekki raunverulega afgangsorka. Það er það sem Norðmenn kalla „fastkraft med afbrudsklausul". Það á að greiðast með 75% af forgangsorkuverði. Þetta liggur í því hverjir eru afhendingarskilmálarnir og magn orkunnar, þessar 244 gwst. á ári til jafnaðar á samningstímanum.

Ég vonaði sannarlega að hv. frsm. n., 1. þm. Suðurl., áttaði sig á málinu, en hann hefur ekkert lært og hann hefur heldur engu gleymt. Hann er enn þá með sömu rökin sem hann hefur alltaf haldið fram af óhugnanlegri þrautseigju um hagnaðinn af raforkusölu til álversins í Straumsvík, því miður.

Þá er það áætlun Þjóðhagsstofnunar um 800 millj. kr. tap sem orðið hefði 1976 ef verksmiðjan hefði þá verið tekin til starfa og rekin með fullum afköstum og þá miðað við skilaverð Fesils það ár, sem er auðvitað það eina raunhæfa. Storm P. sagði að það væri erfitt að spá, sérstaklega um framtíðina. Þjóðhagsstofnun þurfti ekkert að spá, því að hún þurfti bara að setja dæmið upp út frá gerðum hlutum og þekktum stærðum og reikna svo, og þeir reiknuðu og fengu út 800 millj. kr. tap fyrir skatta. Það er von að hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, tali hér skörulega um áhættu sem sé óforsvaranlegt að taka ekki.

Svo kemur greiðslubyrði ríkissjóðs. Hv. þm. Lárus Jónsson, einn af iðnaðarnm. í hv. d., fékk starfsmann stóriðjunefndarinnar og Seðlabankans og Járnblendifélagsins og guð veit hvað til þess að gera útreikninga á greiðslubyrði vegna hlutafjárframlaga. Greiðslubyrðin á að vera samkv. þeim upplýsingum, sem hann var hér að leggja fram í dag, 3 400 millj. umfram tekjur til 1985, og þá eru lögð til grundvallar lán til 15 ára á 8.5% vöxtum. Þetta er gert samkv. rekstraráætlun Járnblendifélagsins sjálfs og af þessum þrígilda starfsmanni. Þá er eftir náttúrlega bygging hafnarinnar og að sjálfsögðu sú greiðslubyrði, sem af henni hlýst. Ég er ekkert hissa á því þó að hv. þm. Lárus Jónsson skrifi nú undir með fyrirvara. Að vísu væri hreinlegra af hv. þm. að leggjast gegn fyrirtækinu eins og hv. þm. Ingvar Gíslason, vegna þess að það er engin lausn að íslendingar eigi fyrirtækið einir. Það eru miklu fleiri ókostir á frv. heldur en þessi.

Ég er ekki sammála flokksbróður mínum og formanni þingflokksins um það, að samningarnir hafi batnað mjög við það að Union Carbide sé úr spilinu, en Elkem sé komið í staðinn. Ég hef að vísu ekkert góða trú á Union Carbide. En þeir hafa sýnt það, eins og hv. þm. Jónas Árnason og Þórarinn Þórarinsson tóku eftir um árið þegar þeir voru fyrir vestan, að þeir kunna að græða hjá Union Carbide og þarna var ekki gróðavon. Menn geta svo velt því fyrir sér, hvort það hafi verið teflt eitthvert valdatafl þarna innan hringsins. Ég legg ekki mikinn trúnað á það. Ég held að það komist ekki þar að stjórn aðrir menn en þeir sem bera þó nokkurt skyn á rekstraráætlanir og hagnaðarvon.

En hvers vegna Elkem þrátt fyrir þetta allt saman leggur í þessa áhættu, að taka bátt í fyrirtækinu, væri náttúrlega freistandi að velta fyrir sér. Áhætta þeirra er að vísu ekki nærri eins mikil og ÍSALs, þar sem þeir geta selt félaginu tækniþekkingu upp í hlutabréf og verðlagt hana sjálfir. Þeir gætu einnig ætlað að hagnast á sölu hráefna til Járnblendifélagsins. Japanir eru að leggja kísiljárnsmarkað heimsins undir sig, og það kann að vera að Elkem-hringurinn megi ekki vegna hluthafa sinna heima fyrir láta mikinn bílbug á sér finna. Þar kann að vera hluti af skýringunni af hverju þeir færa út kvíarnar hér. Það kann að vera að þeir eigi óþægilegt með að fá leyfi til þess að gera það í Noregi. Og svo er það náttúrlega freisting þegar orkan er seld næstum helmingi ódýrar hér en ef þeir reistu nýja verksmiðju í Noregi.

Það væri ástæða til að tala langt mál um umhverfisáhrif þessarar verksmiðju, en ég ætla nú ekki að fjölyrða um þau. Það hefur verið farið nokkuð ítarlega út í það í þessum umr. og ég ætla ekki að bæta miklu við það. Það kann að vera að þetta lauslega rabb um hugsanlega notkun úrgangsefna í sementsverksmiðjunni beri ávöxt, en það verður ekki notað nema lítið af úrganginum á þann hátt og hitt verður að hrúgast upp til minningar um forgöngumenn verksmiðjunnar. Það er mjög veruleg mengunaráhætta tekin með þessari verksmiðju þrátt fyrir þau ákvæði sem í samningnum eiga að tryggja mengunarvarnir, og þau eru ekki einhlít. Það nægir að minna á að ÍSAL lofaði 1966, — ég vitna til laganna um ÍSAL með leyfi forseta, það lofaði að gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur, — ég endurtek: góðar venjur í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Ég rifja ekki upp hér eða nú hvernig þetta ákvæði hefur verið haldið í álsamningnum. Það er öllum kunnugt, þó líklega sé hér einn maður inni sem vill ekki viðurkenna að neinn pottur sé brotinn í því efni.

Ég minni einnig á óæskileg þjóðhagsleg áhrif stóriðjuvera af þessari gerð. Ég fæ ekki séð að sá glannaskapur, sem lýsir sér í því að gera þennan samning, eigi rétt á sér, að það sé forsvaranlegt að taka þessa áhættu að þarflausu. Það er skárra að fullnýta ekki Sigölduvirkjun strax. Hún er af óheppilegri stærð og heppilegra hefði verið ef hægt hefði verið að virkja í áföngum. Það væri e. t. v. hægt að hugsa sér að setja ekki niður túrbínu strax. Og þá mætti fresta Hrauneyjafossvirkjun um tvö ár, og það held ég væri skynsamlegra heldur en ráðstafa orkunni svona. Þess vegna er afstaða mín enn þá hin sama og við 1. umr. málsins, að ég legg til að málið verði fellt, því að ég tel að þarna sé ráðleysislega farið með raforku, fyrirsjáanlegt tap á rekstrinum, greiðslubyrði vegna hlutafjár langt of þung og ömurlega farið með þetta góða land og ekki einasta það fólk, sem þarna kemur til starfa, heldur einnig það fólk. sem lifir í þessu þjóðfélagi og kemur til með að þurfa að axla þær fjárhagsbyrðar sem af þessu fyrirtæki munu fyrirsjáanlega hljótast.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það var aðeins stutt frá minni hálfu að þessu sinni. Það var í tilefni af því sem hæstv. landbrh. sagði hér um tildrögin að ákvörðun um Sigölduvirkjun og þau skilyrði sem þá var gengið út frá. Vegna þess, sem hann sagði hér, tel ég alveg óhjákvæmilegt að lesa upp nokkur atriði úr þingtíðindum um þetta mál, og ekki síður vegna þess að ég tek eftir því, hvort sem það er nú komið frá hæstv. landbrh. til flokksbræðra hans eða ekki, — ég tek eftir því að þeir framsóknarmenn ýmsir grípa mjög til þess í málflutningi sínum að halda því fram að með ákvörðuninni um virkjun Sigöldu á sínum tíma hafi af vinstri stjórninni verið tekin ákvörðun jafnframt um það, að í kjölfar þeirrar virkjunar skyldi sigla erlend stóriðja. Sem sagt, hæstv. landbrh. þóttist muna þetta allt á annan veg en ég hafði greint hér frá, svo ég vil nú lesa hér upp nokkur atriði máli mínu til sönnunar. Þó gæti ég auðvitað tilfært, ef ég hefði lengri tíma, enn þá fleiri yfirlýsingar frá tíma vinstri stjórnarinnar um að það er rétt, sem ég held fram um þetta efni, en alrangt sem hann heldur hér fram og hans flokksmenn eru hér að endurtaka.

Í ræðu á Alþ. 28. jan. 1974 segir þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, orðrétt það sem ég skal nú lesa upp. Hann er að vitna til tímabils löngu áður en hann varð ráðh., þegar heimildin um Sigölduvirkjun var gefin og heimildin um Hrauneyjafoss var gefin. Þá segir Magnús Kjartansson:

„Þegar rætt var hér á þingi um heimildir til virkjana við Sigöldu og Hrauneyjafoss vakti ég m. a. athygli á því, að það væri vissulega til hér í landinu ákaflega stór markaður, sem ekki væri hagnýttur, og það væri húshitunarmarkaðurinn. Ég flutti brtt. við frv. um Landsvirkjun um það, að tekið væri þar inn sem eitt af verkefnum Landsvirkjunar að auka húshitun með raforku á Íslandi. Þessi brtt. var samþ., hún var tekin inn í lögin. Þegar ég tók við störfum iðnrh. lágu fyrir hannanir á Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun. Fyrrv. ríkisstj. hafði lýst því yfir að Sigölduvirkjun ætti að hagnýta eins og Búrfellsvirkjun, þ. e. a. s. tengja hana við orkufrekan iðnað sem nýtti meginhluta orkunnar frá þeirri virkjun einnig. Ég lagði áherslu á það við Landsvirkjun, að í sambandi við áformin um Sigölduvirkjun yrði fyrst og fremst hugað að því að nýta hinn mikla innlenda markað sem fælist í húshitun og að áformi um nýtingu raforkunnar yrðu við það miðuð að hraða húshitunarframkvæmdum eins og hægt væri. Þetta var gert. Þessi könnun var framkvæmd og þessi áform um húshitunarframkvæmdir tekin inn í áætlanir Landsvirkjunar um rekstur Sigölduvirkjunar."

Þetta kom hér fram alveg skýrt og miklu meira en þetta. Á öðrum stað í þessari sömu ræðu segir Magnús Kjartansson einmitt um þetta atriði orðrétt sem hér segir:

„Ef fyrrv. ríkisstj." — þ. e. gamla viðreisnarstjórnin — „hefði haldið áfram stefnu sinni væri hún vafalaust fyrir löngu búin að ráðstafa með samningi orku þeirri sem framleidd verður í Sigölduvirkjun, eins og hún gerði við Búrfellsvirkjun."

Hann heldur svo áfram sínum málflutningi, ég skal ekki vera að lesa hann allan upp, þar sem hann bendir hins vegar á þá stefnubreytingu sem tekin var upp af vinstri stjórninni í þessum efnum, þar sem ætlunin var að miða Sigölduvirkjun við okkar innlendu þarfir. Hann segir enn fremur í þessari ræðu orðrétt á þessa leið:

„Í tíð þessarar ríkisstj." — þ. e. vinstri stjórnarinnar — „hefur verið tekin ákvörðun um Sigölduvirkjun í þágu íslendinga, eins og menn vita. Sú virkjun var ekki tengd neinum samningum við erlenda aðila. Við leggjum nú til að ráðist verði í Kröfluvirkjun." Það er undir umr. um Kröfluvirkjun sem þetta kemur fram í hans ræðu og hann heldur þar áfram þessum almenna rökstuðningi sínum fyrir því, hvernig staðið var af hálfu vinstri stjórnarinnar að ákvörðunartökunni um Sigölduvirkjun og til hvers hún átti að ganga. Áfram segir Magnús Kjartansson í þessari sömu ræðu orðrétt: „Þetta er að minni hyggju algjört forgangsverkefni á Íslandi um þessar mundir" — þ. e. a. s. að ráðstafa orkunni frá Sigöldu í sambandi við húshitunarmálin.

Eins og ég segi, þá gæti ég tekið upp úr þessum umr. miklu fleiri ummæli sem sýna það og sanna, svo ekki verður um villst, að það kom fram á tímum vinstri stjórnarinnar margsinnis að ákvörðun um Sigöldu var tekin á þeim grundvelli að engin skilyrði voru sett af hálfu Alþjóðabankans fyrir lánveitingum til virkjunarinnar í sambandi við stóra orkusölusamninga til stóriðju, og Alþjóðabankinn veitti sín lán á þeim grundvelli að orkan yrði notuð í þágu atvinnuvega þeirra, sem fyrir voru í landinu, og til húshitunarmála.

Í annarri ræðu um sama mál, þar er Magnús Kjartansson m. a. að skiptast á nokkrum orðum við núv. hæstv. forsrh., Geir Hallgrímsson, sem var greinilega á allt annarri skoðun en Magnús Kjartansson hvernig að þessum málum hefði átt að standa, kemur m. a. fram í ræðu Magnúsar þessi setning: „Hv. þm. sagði, að ákvörðunin um að miða Sigölduvirkjun við innlendan markað hefði frestað framkvæmdum við virkjunina um eitt ár." Síðan mótmælir Magnús að svo hafi verið.

Þessi setning og aðrar, sem ég hef tilgreint hér, sýna það og sanna að það fer auðvitað ekkert á milli mála að það er rétt, sem ég hef hér sagt, og er hægt að sýna með mörgum samþykktum, sem gerðar voru og komu hér fram á Alþ. á tímum vinstri stjórnarinnar, að ákvörðunin um Sigölduvirkjun var tekin óháð allri stóriðju og það er enginn bundinn af því í dag að þurfa nauðugur að samþ. stóriðju sem taki verulegan hluta af orkunni frá þessari virkjun vegna þess að það hafi verið ákveðið þegar ákvarðanir voru teknar á sínum tíma um virkjunina. Það er rangt. Þar er aðeins um afsökun af hálfu framsóknarmanna að ræða. Og ég vil vona að þeir framsóknarmenn, sem eru að afsaka sig með þessu á þennan ómerkilega hátt, hafi þetta ekki frá hæstv. landbrh. sem muni þetta svona rammvitlaust.

Sannleikurinn er sá, að það var meiningin áður en vinstri stjórnin tók við af viðreisnarstjórn-

inni sem hér var áður við völd, að um Sigölduvirkjun ætti að fara eins og Búrfellsverkjun, það ætti að ráðstafa henni að verulegu leyti til stóriðju. En vinstri stjórnin margtók það fram, og hældi sér fyrir það, að hún ætlaði að hafa þetta með öðrum hætti. Hitt er svo annað mál, að það er rétt sem ég hef sagt hér frá, að það komu auðvitað upp þau sjónarmið hjá áhugamönnum um erlenda stóriðju eins og formanni Landsvirkjunar, sem jafnframt var formaður í þeirri n. sem var að athuga um orkufrekan iðnað, að hann taldi að á margan hátt væri heppilegra að taka allar vélar virkjunarinnar, þrjár talsins, í gagnið strax í einu, en ekki að þær yrðu teknar í þremur áföngum eins og gert hafði verið ráð fyrir þegar virkjunin var samþ. og ætluð fyrir innlendan markað.

Beint framhald af þessu var svo það, að Magnús Kjartansson lagði til í till. sínum að við héldum okkur við þessar áætlanir sem þarna voru gerðar og voru mótaðar m. a. í tillöguflutningi hér á Alþ. í nafni vinstri stjórnarinnar allrar um það, hvernig skyldi staðið að framkvæmd þessara orkumála.

Ég vildi að þetta kæmi hér skýrt fram og þó að hæstv. landbrh. sé nú farinn af fundi og farinn að halla sér á sitt annað hvort eyra, þá verði hægt að koma þessu til hans og koma í veg fyrir að hann a. m. k. eftirleiðis sé að afvegaleiða flokksmenn sína með þessum skýringum, því þær eru rangar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég hafði nú eiginlega fallið frá orðinu í þeirri von, að þessari umr. yrði frestað til morguns, en úr því að á að ljúka henni í kvöld, þá sé ég mig til neydda til að koma því fram nú sem ég vildi sagt hafa í þessu máli. Ég skal reyna að vera eins stuttorð og ég get, þó að hér sé um stórt mál að ræða.

Við erum búin að hlusta hér dag eftir dag á rök með og á móti þessu máli. Ég hef að sjálfsögðu tekið með fyrirvara málflutning þeirra manna utan þings og innan sem ég veit að eru fyrir fram fjandsamlegir allri stóriðju. Sjálf er ég í flokki þeirra manna sem hafa talið stóriðju góða og gilda, en vilja fara með ákaflega mikilli gát.

Það, sem ég tel jákvætt við þetta mál í sjálfu sér, er það, eins og við aðra þá stóriðju sem um hefur verið að ræða hjá okkur, að slík fyrirtæki skapa óneitanlega atvinnuöryggi í okkar sveiflukennda atvinnulífi. Það hefur eða á að gera okkur fært að komast léttara frá að byggja stór raforkuver með hagkvæmri orkusölu og þá sérstaklega með tilliti til betri nýtingar á umframorku, sem annars nýttist ekki. Þetta fyrirtæki, sem hér um ræðir, kæmi vafalaust til þess að veita mikla atvinnu og verða mikil lyftistöng fyrir hlutaðeigandi byggðarlag. Þó ber þess að gæta, að atvinnuástand okkar í dag er þannig, að við megum í rauninni ekki við meiri þenslu í eftirspurn eftir vinnuafli, þannig að það verkar í þessu tilliti sem nokkur mínus. Mér er fyllilega ljóst að það eru mörg vandkvæði á því og erfiðleikar að hverfa frá þessu máli á þessu stigi. Þó eru framkvæmdir hafnar, en íslenska ríkið þó búið að leggja fram nokkurn hluta af sínu lögboðna framlagi samkv. frv. og samningi.

Eftir að hafa drepið á það, sem ég tel jákvætt við málið, þá hlýt ég að snúa mér að hinu, sem ég er ákaflega hrædd við og hikandi gagnvart. Ég læt þó gott heita það sem gert er ráð fyrir varðandi mengunarvarnir, umhverfisvernd og heilbrigðisaðstæður í þessu fyrirtæki, þó ég hins vegar telji að þar megi ekkert tæpara standa. En ég mundi ekki láta það fæla mig frá fylgi við málið. Það er staðreynd að tækni og framförum í mengunarvörnum hefur fleygt fram, og ég mundi treysta því, að það mundi hægt að búa svo um hnútana í þessu tilliti að við væri unandi.

Það, sem gerir mig mest hikandi og hrædda við að styðja þetta mál, er fyrst og fremst fjárhagslega hliðni. Ég sé ekki betur en að áhætta og óvissa um afkomu og arðsemi fyrirtækisins, þessir þættir séu svo veigamiklir að við hljótum að staldra verulega við. Mér sýnist líka áætlanir og umsagnir íslenskra aðila, eins og t. d. Þjóðhagsstofnunar, á furðu mikilli bjartsýni byggðar, og ég skil ekki samræmið á milli þess að gera ráð fyrir hækkandi söluverði á framleiðslunni, en ekki hækkandi verði á hráefninu, sem þó er mjög líklegt að haldist í hendur þó að erfitt sé að meta hvort muni hækka meira. Ég sé ekki betur en að Elkem-Spigerverket komi betur út að því er varðar alla áhættu við þetta fyrirtæki. Þannig er t. d. hlutafjárframlagið, sem er lagt fram, ýmist í reiðufé eða með hluthafalánum, það nemur 60 millj. norskra kr. hjá Elkem, en hins vegar 94.2 millj. hjá íslenska ríkinu. Ég sé ekki betur en að þetta hlutfall sé ekki það sama og eignarhlutfallið: 55 á móti 45. Þar við bætist, við þetta beina hlutafjárframlag og hluthafalán, að auk þess er íslenska ríkinu gert að standa straum af bæði höfn, vegalagningu, kaupum á landi og lagningu raflínu. En raflínan ein frá Geithálsi og í Hvalfjörð minnir mig að sé áætluð um einn milljarð kr. (Gripið fram í.) Hún þarf að koma hvort eð er, að sjálfsögðu er það rétt.

En þá er ég komin að því sem mér ógnar hvað mest, og það vil ég leggja áherslu á, mér ógnar það, við það efnahagsástand, sem við búum við í dag, og við 100 milljarða kr. erlendar skuldir, að bæta þarna við þessum stóru lánsfúlgum, en mér skilst að gert sé ráð fyrir 18 milljörðum í heildarfjárfestingu í fyrirtækinu og þar kemur íslenska ríkið til með að bera bróðurpartinn.

Ég hef margoft lýst því yfir hér á hv. Alþ. að undanförnu að ég sé ekki til viðtals um frekari erlendar lántökur, jafnvel ekki til þess að leggja vegi um landið, svo þungt sem mér liggur það verkefni á hjarta, þess vegna finnst mér erfitt að láta sér detta í hug að bæta svo stórum lánskvöðum við ríkissjóð, svo illa og hættulega, að ég tel, sem hann er staddur að þessu leyti gagnvart lántökum við útlönd. Við hljótum líka að taka mið af þeirri vitneskju sem er fyrir hendi um sérstaka erfiðleika á mörkuðum á stáli í heiminum. Og ég get ekki lokað augunum fyrir staðreyndum eins og þeim, að það eru að bætast í hóp stál- og kísiljárnsframleiðanda voldugir aðilar, eins og Japan með sínum volduga iðnkrafti og fleiri þróunarlönd, sem bæði verða

hugsanlega útflytjendur á stáli eða kísiljárni eða alla vega sjálfum sér nóg að meira eða minna leyti, þannig að það verði til að þrengja um á markaðinum fyrir Evrópu og í Bandaríkjunum. Það fór ekki heldur hjá því að ég legði við eyrun er ég hlustaði á sjónvarpsfréttir nú á dögunum. Þar var talað um að búið væri að smíða kafbát úr plasti og innan 10 ára yrðu flugvélar smíðaðar úr plasti sem væri sterkara en stál og margfalt léttara. Þetta eru kannske draumórar, en kafbáturinn er þó orðinn staðreynd — og hvað er ekki mögulegt á tæknisviðinu í dag?

Þá kem ég að enn einu atriði sem er mér stór þyrnir í augum, og það er að ég tel íslenskum iðnaði mismunað með þeim fríðindum öllum sem margoft er búið að minnast hér á, ég þarf ekki að endurtaka það: undanþága frá tollum, söluskatti, aðflutningsgjöldum. Þetta skapar að sjálfsögðu erfiða samkeppnisaðstöðu fyrir íslenska aðila. Mér er sagt að þetta sé alþjóðleg regla í þess konar viðskiptum eins og hér er um að ræða. Sjálfsagt er það rétt. En engu að síður slær það mann mjög illa. Og ég verð að segja það og taka undir með mínum andstæðingum, að mér finnst það dálítið sárt fyrir Sjálfstfl., talsmann einkaframtaks, að það skuli falla í hans hlut að leggja svo þungar byrðar á okkar efnahag til þess að styðja ríkisfyrirtæki í samvinnu við erlendan aðila, vitandi vits að fjöldamargir íslenskir einkaaðilar í iðnrekstri berjast í bökkum og kvarta sáran yfir of litlum skilningi og of lítilli fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á íslenskt hlutafélag sem heitir Íslenska stálfélagið. Það er búið núna, að ég best veit, í 10 ár að fara fram á fyrirgreiðslu frá íslenska ríkinu til að stofna hér verksmiðju sem framleiddi steypustyrktarjárn úr brotajárni, sem nú er allt flutt úr landi óunnið, og spara þannig íslenska ríkinu hundruð milljóna í erlendum gjaldeyri árlega. Það hefur hingað til verið daufheyrst við þessari málaleitan þessara íslensku aðila, sem ég held að hafi sýnt fram á með rökum að það er vert þess að hlustað sé á málaleitan þeirra og þeir studdir til þess að koma á þessu fyrirtæki.

Það eru nokkur önnur atriði, sem ég hlýt að benda á, í frv. og aðalsamningi sem fylgir sem fskj. með frv.

Það er þá í fyrsta lagi í 2. gr. aðalsamningsins, þar sem gengið er út frá að Elkem geti að 15 árum liðnum gert íslenska ríkinu að skyldu að kaupa öll þess hlutabréf. Íslenska ríkið hefur þarna bæði forkaupsrétt og jafnframt skyldu til að gera það ef norska fyrirtækinu sýnist svo. Hins vegar er svo í því tilfelli að íslenska ríkið vildi selja Elkem sinn hlut, að þá er aðeins um að ræða forkaupsrétt Elkems, en enga skyldu til að verða við þeirri ósk íslenska ríkisins. Það má segja að þetta sé kannske ekki eins afleitt og það lítur út fyrir að vera, því að þarna er talað um að söluverð skuli háð ákvörðun endurskoðandafirma sem báðir aðilar hafa orðið ásáttir um, þannig að ef fyrirtækið er mjög illa statt og Elkem vildi losna við sinn hlut, þá yrði söluverðið sennilega mjög lágt. En hvar stöndum við uppi með aðgerðarlaust stórfyrirtæki og einir á báti með rekstur þess, framleiðsluvöru og annað?

Í annan stað er talað um í 12. gr. samningsins að Elkem-Spigerverket skuli tryggja lágmarkssölu fram til 30. júní 1982. Eftir það ábyrgist það ekki þetta lágmark, sem nemur um 70% framleiðslunnar, að öðru leyti en því, að í samningnum er talað um að Járnblendifélagið skuli sitja við sama borð og hliðstæðar verksmiðjur norskar um sölu framleiðslunnar. Þarna finnst mér allt of ótryggilega um hnútana búið. Enn fremur finnst mér að í okkar áætlunum sé ákaflega hæpið að gera ráð fyrir hámarksframleiðslu 50 þús. tonnum, þó að erlendar verksmiðjur, sem nú eru í rekstri, skili ekki nema 60—80% afköstum.

Þetta eru allt mjög svo veikjandi punktar sem ég óttast að geti orðið okkur að fótakefli. Það vekur óhjákvæmilega spurningar að Union Carbide skuli draga sig í hlé, fyrirtæki og aðilar sem gerþekkja þessi mál. En einhverra hluta vegna hafa þeir ekki áhuga lengur og bjóðast til að greiða álitlegar skaðabætur, um 800 millj., til Járnblendifélagsins fyrir brigð þeirra á samningsgerð.

Ég skal ekki lengja þetta mál mitt miklu meir. Ég veit að það eru mikil rök annars vegar með þessu fyrirtæki, að við erum því miður ekki tilbúin í dag til að nýta þá orku, sem Sigalda framleiðir, til þess að nota hana í það sem við helst vildum, að rafvæða landið, koma húsahitun á þar sem jarðvarmi kemur ekki til greina. Þar eigum við eftir að byggja dreifikerfi og stofnlínur. En spurningin er, ef við tökum þær stóru fúlgur sem við ætlum að taka að láni erlendis og einbeitum okkur að þessu verkefni, hvort Sigöldu-orkan, sem annars færi til járnblendiverksmiðjunnar, væri ekki betur komin til þeirra þarfa heldur en að selja hana á fremur lágu og óhagkvæmu verði, að ég tel, til járnblendiframleiðslu. Það hlýtur líka að hvarfla að manni, ef við létum þessa miklu fjármuni renna til þess að styðja ýmsar íslenskar iðngreinar sem er fjárvant í dag, hvort útkoman yrði ekki jákvæðari og heppilegri fyrir íslenskan efnahag heldur en umrædd járnblendiverksmiðja.

Það er alveg rétt, að auðvitað fylgir áhætta öllum atvinnurekstri, sjávarútvegurinn okkar er ekki þar undanskilinn. En mér finnst að þessi áhætta sé annars eðlis og miklu stærri í sniðum heldur en við eigum að venjast við venjuleg íslensk atvinnufyrirtæki. Ég er hrædd um að með okkar meirihlutaeignaraðild og meirihlutaábyrgð, fjármálalegri og rekstrarlegri ábyrgð, séum við hugsanlega að reisa okkar efnahag hurðarás um öxl. Það kann vel að vera að þetta sé hugleysi sem ekki er samboðið góðum og kjörkuðum stjórnmálamanni, og það getur vel verið að afstaða mín byggist á því, að ég misskilji suma hluti í þessu máli eða hafi of litla þekkingu á öllum hliðum þess. En mín afstaða er sú, að ég vil heldur hætta á það, að ég geti sakða sjálfa mig eftir á um fákænsku og þekkingarskort í þessu máli, ef fyrirtækið skyldi nú bera sig og bera sig vel og verða okkur til þess vaxtarauka sem við mundum öll vilja vona. Því mundi ég sannarlega fagna, og þá skiptir minn misskilningur og mín fákænska engu máli. Ég vil sem sagt heldur hætta á það, heldur en hitt, að hafa lið málinu lið eiginlega alveg gegn því

sem mín sannfæring í dag og mín dómgreind í dag býður mér, ef svo færi, sem ég því miður óttast, að þessi verksmiðja á Grundartanga gæti orðið íslenska ríkinu og efnahag íslensku þjóðarinnar allt að því óbærileg byrði.

Ég hlýt því að taka þá ákvörðun að styðja ekki þetta mál. Ég hygg að ég hafi fært að því rök. Ég vona að framtíðin leiði í ljós að rök mín séu ekki þau réttu og þetta muni ganga betur en mér sýnist allar horfur á í dag eftir þeim upplýsingum og gögnum sem við höfum í höndunum nú. Að sjálfsögðu hafa þm. reynt að athuga þetta mál eins vel og gaumgæfilega og þeim hefur verið unnt, og auðvitað taka þeir afstöðu eftir því hvað þau rök með málinu og á móti hafa vegið í hugum þeirra, eftir að athugun þeirra og dómgreind hefur verið að verki þessa daga og þessar vikur og raunar lengur sem þetta mál er búið að vera á döfinni.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þegar ég kvaddi hér hljóðs áðan var hæstv. landbrh. enn í salnum. Ætlun mín var að þýfga hann um svar við þeirri áskorun, sem ég beindi til hans áðan, að við héldum fund í Vesturlandskjördæmi um Grundartangaverksmiðjumálið. En hann er farinn og ekki þá svars að vænta hjá honum á þessari nóttu.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson er hins vegar hér enn, og til hans beindi ég líka þessari áskorun. Ég tel að í tilefni þeirrar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. sem ég ræddi um áðan, sé þetta sjálfsagt mál, og ég vænti þess, að þessir hv. þm. séu til viðtals um þetta.

Ég verð að segja að heldur hressist maður þegar maður hlustar á ræðu eins og þá sem hér var flutt rétt áðan. Heldur sáttari verður maður við að tilheyra þeim hópi sem heitir alþm. Ég leyfi mér að þakka hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur fyrir þau orð, þó að forsendur hennar fyrir afstöðu til Grundartangaverksmiðju séu reyndar ekki þær sem móta afstöðu mína.

Mér láðist áðan, þegar ég var að tala um Framsfl. og afstöðu hans í þessu máli og lét orð falla sem máttu kannske skiljast sem svo, að ég teldi flokkinn skipaðan næsta ósjálfstæðum einstaklingum, ef ekki bara rolum, þá láðist mér sem borgfirðingur að beina sérstökum þökkum til þeirra hv. þm. tveggja sem hér hafa gengið hiklaust fram fyrir skjöldu í baráttu gegn Grundartangaverksmiðju. Þar á ég við hv. þm. Ingvar Gíslason og Pál Pétursson. Og ég leyfi mér að beina því til þeirra, að þó að hæstv. flokksbróðir þeirra, landbrh., talí gjarnan í skopi um að tveir norðlendingar komu á fund, sem haldinn var um Grundartangaverksmiðjuna í Borgarfirði, til þess að vara borgfirðinga við og segja af reynslu sinni af verksmiðju þar nyrðra, þá vona ég að þessir tveir hv. þm. norðlendinga, ef til þess kemur að þeir þurfi einhvern tíma að halda svipaðan fund eða á liðstyrk að halda á slíkum fundi, ef á döfinni væri að reisa verksmiðju þar nyrðra af sama tagi og Grundartangaverksmiðju, þá telji þeir það ekki goðgá að kveðja til einhverja menn úr Borgarfirði.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það er nú liðið alllangt á kvöldið og raunar fram á nótt og ég mun ekki lengja þessar umr. mikið, en ég vildi þó aðeins með örfáum orðum koma hér í ræðustól og gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli.

Hv. 5. þm. Vesturl. talaði hér í kvöld og raunar við 1. umr., og það kom fram bæði þá sem og í báðum ræðum hans í kvöld, að það færi furðuhljótt um afstöðu framsóknarmanna flestra í þessu máli. Hann taldi sig þó hafa haft þann aðgang að hjörtum og nýrum framsóknarmanna að hann kynni á því nokkur skil, og ég fagna því út af fyrir sig að hann fann þar vissa samhljóðun með honum varðandi ýmis atriði stjórnmálalegs eðlis. En hann lét orð að því liggja að flokksmenn flestir væru eins og óvitar í bandi fóstru, jafnvel þó ekki væri getið um það hver forstöðukonan væri, og það fer nú nokkuð á milli mála hvort hún var í líki fyrrverandi iðnrh. eða núv. iðnrh.

En ég vil segja það um þetta mál, að það kemur honum kannske nokkuð á óvart sem og öðrum sem fyrir fram móta ákveðna afstöðu, að mál kunni að vera þannig vaxin að þau orki nokkuð tvímælis, að það kunni að vera vandasamt mat hvað gera skuli. Og ég verð að segja það í þessu máli, að mér þykir þetta mat nokkuð erfitt. En ég vil líta til þess að málið á sér forsögu og hana nokkuð langa. Þetta mál er nátengt allri umr. um stefnu í orkumálum og við höfum í rauninni ekki mótað fyrir fram ákveðna stefnu sem fylgt hefur verið. Við höfum ekki búið við áætlunarbúskap í orkumálum.

Mér kemur það út af fyrir sig spánskt fyrir sjónir, svo sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Austurl., að umr. um fjármögnun vegna Sigölduvirkjunar hafi á engan hátt verið tengdar hugmyndum um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Það voru aðrir menn hér á vettvangi í þann tíð, og ég verð að segja það, að þá hefur almennt verið ranglega greint frá málum ef það hefur ekki verið tekið með í rekstraráætlun Sigölduvirkjunar, þegar leitað var erlends fjármagns, að hægt væri að selja orkuna. Þar geta að sjálfsögðu aðrir betur svarað fyrir en ég. En svona hefur það komið til mín a. m. k. (Gripið fram í.) Ég hygg að ég hafi lesið bæði Tímann og ýmis önnur blöð um þetta atriði.

En við stöndum frammi fyrir lagasetningunni frá 1975, og í kjölfar hennar var Járnblendifélagið stofnað og það hafa þegar átt sér stað vissar framkvæmdir, vissar aðgerðir átt sér stað m. a. kaup á landi. Við stöndum frammi fyrir því, að til ráðstöfunar er umframorka sem ekki er seljanleg, ekki a. m. k. fyrst um sinn, ef ekki kemur til þessi umtalaða að mörgu leyti miður geðþekka stóriðja.

Við stöndum frammi fyrir því líka, að ef áætlanir stæðust um Kröfluvirkjun, þá hefðum við á næstunni enn þá meiri umframraforku til sölu. Hér er því nokkur póstur sem rétt er að líta á, teknamegin séð, enda þótt ég ætli ekki að blanda mér í umr. um það hvort orkuverðið er rétt metið eða rangt.

Við stöndum sem sagt frammi fyrir því, að við erum þarna með umframorku til að byrja með sem við komum ekki í lóg. Og þá blandast þetta mál að sjálfsögðu líka inn í þær umr. og þá

ákvörðun sem þegar er búið að taka um Hraun-eyjafossvirkjun.

Þetta má segja að sé af hinu jákvæða, en ég vil segja að það, sem neikvætt er, eru fyrst og fremst efasemdir um rekstrargrundvöll verksmiðjunnar.

Ég er ekkert hræddur um það og vil ekki taka undir það, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að stjórnvöld á Íslandi fái eitthvað í hnén þó þeir ræði við minnihlutaaðild erlends auðhrings. Það verða þá nýir stjórnendur sem fá í hnén ef til þess kemur að þeir veita þessum sama auðhring síðar meirihlutaaðild.

Ég er ekki hræddur við það út af fyrir sig að það verði. En ég tel hitt vera mjög erfitt að meta, hvort rekstrarútkoma verksmiðjunnar verður á þann veg að við höfum hagnað af henni. Og ég hygg að þegar meta skal þetta í dag, þá sé nánast ógerlegt að segja hvor hópurinn það verður eftir svona 4—5 ár sem segir: Sjáið þið til, það vorum við sem höfðum á réttu að standa.

Það vill svo til að ég á enga forsögu varðandi afstöðu mína til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, af því að ég var hér ekki viðstaddur þegar atkv. voru greidd um það frv. síðast. En eitt ákvæði er í þessum lögum, og — raunar eru fleiri ákvæði í hugmyndunum sem ég er ekki alls kostar sáttur við, — en skilyrðislaust var ég á móti einu ákvæði í því frv. sem samþ. var 1975 og er nánast óbreytt í þessum lögum, og það er varðandi hafnaraðstöðuna á Grundartanga. Ég tel að stóriðjuhafnir eigi ekki að reisa undir hafnalögum. Ég tel það vera rangt að ríkið fjármagni þessa höfn að ¾ hlutum, enda þótt bein fjárveiting komi ekki til verksmiðjunnar á þessu stigi, heldur verði hafnargerðin fjármögnuð með erlendu fjármagni. En að því kemur að ríkið þarf að greiða þessa skuld, og það fær engar tekjur af höfninni til þess að greiða hana vegna þess að allar tekjur hafnarinnar renna til þeirra sveitarfélaga sem koma til með að eiga höfnina. Og ef það skyldi svo fara síðar, að aftur þurfi að reisa höfn í sambandi við einhvers konar stóriðju, þá tel ég rangt að gefa enn það fordæmi að stóriðjuhafnir verði reistar á sama hátt og íslenskar fiskihafnir.

Ég held að við séum nú komnir að þeim punkti að það verði ekki á næstunni til umr. hér á Alþ. stóriðja í því formi sem við höfum nú verið að ræða um. Ég legg á það áherslu að í öllum umr. í orkumálum verði tímanum varið til þess að stilla saman þær framkvæmdir, sem vinna þarf í landinu til að nýta orkuna, og virkjunarhraða. Og því miður eigum við eftir geysilegt óleyst verkefni á því sviði. Það nægir ekki eingöngu að leggja nýjar stofnlínur til flutnings á þessari raforku austur um land og vestur, heldur krefst það líka endurbyggingar á dreifikerfunum, sérstaklega í þéttbýli, hvort heldur verður tekið fjarhitakerfi með rafmagnskyndingarmiðstöð eða bein rafhitun. Þó valin verði bein rafhitun, þá kostar það líka endurnýjun á dreifikerfinu. En mér virðast öll rök í dag hníga í þá átt að fjarhitakerfi með vatni verði hagkvæmara og að kyndistöðvar með raforku og e. t. v. svartolíu til vara verði reistar.

Hér eigum við eftir óunnið verkefni sem kostar milljarða. Og ég tel að við eigum í framtíðinni að vera tiltölulega sparir á að ráðstafa okkar orku til orkufreks iðnaðar, þangað til við erum búnir að nýta þá möguleika sem við höfum hér í landinu bæði á þessu sviði sem og í ýmiss konar innlendum iðnaði. Þar eigum við líka mjög mörg óleyst verkefni þar sem þarf tæknilegan undirbúning og breytingar og tilraunir til þess að ná fram rafnotkun í staðinn fyrir olíunotkun.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurður Magnússon): Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu, enda liðið á nóttu og hæstv. forseti hefur ákveðið að halda hér fundi áfram þó að þm. hafi gefist upp á að fylgjast hér með umr., m. a. ýmsir þeir sem hér töluðu í kvöld og í dag og full ástæða hefði kannske verið til að tala frekar við hér úr ræðustól, þannig að það eitt hlýtur að stytta mitt mál.

Ég ætla þó að víkja að nokkrum atriðum. Mörgum atriðum og rangfærslum hefur nú þegar verið svarað af öðrum ræðumönnum hér og þess vegna óþarfi að víkja að því aftur af mér, en öðru kannske ekki fyllilega svarað og þess vegna ætla ég aðeins að víkja að því.

Það kom fram í máli síðasta hv. ræðumanns og það alveg réttilega, að núv. ríkisstj. fylgir engum áætlunarbúskap í raforkumálum og hún á sér enga stefnu í raforkumálum. Þetta hafði ég reyndar vitað og sagt í framsöguræðu minni hér fyrr í dag, þegar ég hafði nokkur orð um okkar raforkuframkvæmdir og skipulagsleysi og ráðleysi sem þar ríkti. En það eru greinilega fleiri á þessari skoðun, m. a. þm. stjórnarfl., og væri vonandi að þeir væru fleiri en einn og fleiri en tveir, þannig að takast megi e. t. v. að leiða núv. ríkisstj. á réttar brautir í þessum efnum.

Það er búið að minn á það hér, að þegar framkvæmdir voru ákveðnar við Sigölduvirkjun á sínum tíma, í tíð fyrrv. ríkisstj., þá voru þær ákvarðanir allar teknar, svo sem fjárskuldbindingar, ákvarðanir um lánsmöguleika til framkvæmda, án þess að framkvæmdirnar væru bundnar við erlenda stóriðju eða neina stóriðju eða einn einstakan stóran orkukaupanda. Á þetta hefur verið minnt hér í umr., og þetta hefur reyndar margoft komið fram í ræðum þm. hér í þingsölum og í blöðum ríkisstj. á sínum tíma þegar þetta mál var til umr. á Alþ. Enn þá er þó verið að hamra á því af ýmsum að þetta sé rangt, að Sigölduvirkjun hafi verið tengd einhverjum slíkum stóriðjuáformum. Og einkum er reynt að koma því á hv. fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson, að hann hafi með ákvörðun sinni um framkvæmdirnar við Sigöldu gert ráð fyrir Grundartangaverksmiðjunni sem hinum stóra orkukaupanda.

Það eitt er rétt í þessu, að um svipað leyti og ákvörðun um Sigölduvirkjun er tekin, framkvæmdarákvörðun, þá eru settar í gang alhliða athuganir á því, hvaða orkumarkaður væri heppilegastur fyrir þessa virkjun, því þá var þannig staðið að málum þegar stórar virkjunarframkvæmdir voru settar í gang, að ákveðið var að sjá fyrir nægum raforkumarkaði. Þá var þessi möguleiki skoðaður eins og ýmsir fleiri af sérstakri viðræðunefnd, en honum var síðar ýtt til hliðar, sérstaklega eftir að áhrif olíuverðhækkana fóru að koma í ljós í raforkuiðnaðinum á árinu

1973. Þetta varð til þess að ekki einungis þáv. iðnrh., heldur öll þáv. ríkisstj. og m. a. annar stjórnarflokkurinn í núv. ríkisstj., Framsfl., stóð að þeirri stefnubreytingu eða stefnumörkun sem þá var gerð, þ. e. a. s. að hraða nýtingu innlendrar raforku m. a. með það í huga að nýta þann markað fyrir framleiðsluna frá Sigöldu. Þetta finnst mér að hv. þm. Framsfl. eigi að vita og það eigi ekki að þurfa að minna þá á þetta í þingræðum nú í dag. En það er eins og þetta sé gleymt og vegna þess langar mig nú að vitna hér til þingtíðinda, en þau geta verið býsna góðar heimildir þegar minnisleysi eins og þetta ásækir þm.

Þingtíðindin, sem mig langar að vitna til, eru frá þinginu 1973—74, 23. hefti, og greina frá umr. á Alþ. í apríl á árinu 1974. Þá er hér til umr. í þinginu þáltill. um nýtingu innlendra orkugjafa sem var lögð fram af þáv. iðnrh. sem gerði það fyrir hönd allrar ríkisstj. Ég vil geta þess, að þessar umr. snerust ekki síst um mikla og merka skýrslu, sem fylgdi þessu máli hér á Alþ., skýrslu sem iðnrh. hafði látið gera um þessa innlendu orkunýtingu. Hann hafði skipað vinnunefnd þegar haustið 1973, þegar sýnt var að hverju stefndi vegna olíuverðhækkana. Hann hafði skipað þá n. og starfshópa til að vinna að þessu máli, og sú skýrsla var lögð fram um leið og þessi stefnumörkun átti sér stað. Hér segir:

„Ríkisstj. hefur í sambandi við þessa skýrslu lagt fram till. til þál. sem felur í sér að áfram verði haldið þeirri rannsókn, sem hafin var í fyrrahaust, og sett ákveðin markmið í því skyni," og vil ég leyfa mér að lesa upp þá till., með leyfi hæstv. forseta, en hún er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar eftirfarandi:

Gerð skal ítarleg framkvæmdaáætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Skal áætlunin miðuð við árlega áfanga og sem mestan framkvæmdarhraða og fela í sér eftirtalin atriði:

1) Hitaveituframkvæmdir hvarvetna þar, sem jarðvarmi er tiltækur og nýting hans talin hagkvæm. Verði miðað við að hitaveituframkvæmdum verði í meginatriðum lokið á árinu 1977.

2) Samtenging allra orkusvæða landsins og breyting á dreifikerfum svo að landsmenn allir geti átt kost á nægri raforku. Ráðist verði í nýjar virkjanir sem tryggi næga orkuframleiðslu og auknar rannsóknir á nýtanlegum virkjunarstöðum. Verði að því stefnt að sem flestir þeirra, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum, geti nýtt raforku til húshitunar fyrir árslok 1981.

3) Fjármögnunarráðstafanir með innlendri fjáröflun og erlendum lántökum, svo að nægilegt fé verði jafnan tiltækt til þessara framkvæmda.

Framkvæmdaáætlun þessi skal lögð fyrir næsta þing."

Að þessari stefnumörkun stóð öll fyrrv. ríkisstj., og hér er sem sagt ákveðið mjög skýrt og skilmerkilega að hraða mjög öllum áformum um þessa innlendu orkunýtingu. Það er ekki látið þar við sitja, heldur er beinlínis í þáltill. gert ráð fyrir því, að strax á næsta þingi, væntanlega strax á haustinu 1974, verði lögð fram fjármögnunaráætlun um þessar framkvæmdir.

Það er svo annað mál, og á því bera ekki þeir aðilar ábyrgð sem aðild áttu að síðustu ríkisstj. og eiga ekki aðild að núv. ríkisstj., að þessari stefnu var ekki framfylgt. En Framsfl. hefur í þessu máli eins og svo oft áður í málatilbúnaði sínum tekið skjótum stakkaskiptum og hann hefur ekki hirt um það í samstarfi í núv. ríkisstj. að koma þessari stefnu fram. Frá henni var horfið, sem sem oft hefur verið minnst á.

Í þessari skýrslu, sem ég vitnaði þarna til eða um ræðir í þessari ræðu, og með þessari þáltill, var, eins og ég sagði áðan, mjög nákvæm úttekt gerð á raforkumarkaðinum á Íslandi og áætlanir gerðar um að nýta hann sem allra fyrst. Í þessari skýrslu var einnig gerð grein fyrir þeim nauðsynlegu forsendum sem þetta mál hlyti að hvíla á, svo sem byggingu stofnlínu í landinu og endurbyggingu dreifikerfisins. Segir í ræðu fyrrv. iðnrh. í þessu máli, og talar hann þar fyrir hönd ríkisstj., eins og þegar hann gerir grein fyrir þál.:

„Gert er ráð fyrir að byggðalína til Norðurlands verði tengd í árslok 1975, og nauðsynlegt er að gera ráð fyrir að tenging Austurlands við Norðurland verði samtímis virkjun Kröflu, eins og áður hefur verið fjallað um hér á hinu háa Alþingi."

Þetta er ein af þeim ákvörðunum sem fyrri ríkisstjórn tók í sambandi við línubyggingar. Þessi lína var ekki komin fyrir árslok 1975, eins og ég hef minnst á, og hefur m. a. orðið til þess að skapa alvarleg raforkuvandamál norður í landi. Áætlun um framkvæmd þessarar línubyggingar var frestað af núv. ríkisstj., en í stað þess var ákveðið að flýta byggingu Kröfluvirkjunar, og ég ætla í sjálfu sér ekki að sakast við þá, sem voru bjartsýnir um virkjun Kröflu á sínum tíma. En það er ljóst að þessar ákvarðanir hafa leitt til ófremdarástands og eðlilegra hefði verið að flýta línubyggingunni og gefa sér betri tíma til rannsókna á Kröflusvæðinu, eins og að var stefnt.

Í þessari ræðu segir einnig í sambandi við rafhitunarmarkaðinn:

„Ef gert er ráð fyrir fullri rafhitun og að um 80% hennar verði komin í notkun 1980 eða 1981, er nauðsynlegt að allar landshlutatengilínur verði þá komnar og a. m. k. 80% af dreifikerfisbreytingum."

Hér sem sagt gerði fyrrv. ríkisstj. ráð fyrir því, að 80% rafhitunarmarkaðarins yrði komið í notkun 1980 og að þá væri búið að koma á þessum stofnlínum og að mestu leyti að endurbyggja dreifikerfið. Og þáltill., sem ég las upp áðan, gerði ráð fyrir að að þessari stefnu væri unnið. Ef svo hefði verið gert og ef við stæðum frammi fyrir því nú í dag, að 80% af nýtanlegum raforkuhitamarkaði á Íslandi væru komin í gagnið árið 1980, þá gætum við allt eins notað þann markað fyrir raforkuna frá Sigöldu eins og Grundartangaverksmiðjuna. Nú er gert ráð fyrir að hún komi í gagnið einhvern tíma seint á árinu 1979 og er ekki mikill munur á í þeirri tímasetningu og þeirri tímasetningu sem gert var ráð fyrir í þessum málatilbúnaði.

Á þessu vildi ég vekja nokkra athygli hér vegna þess að umr. hafa nokkuð snúist um þetta. En ég vil sem sagt varðandi þennan þátt málsins

taka undir þessi orð síðasta ræðumanns, sem voru alveg hárrétt, að núv. ríkisstj. hefur ekki fylgt áætlunarbúskap og skipulögðum vinnubrögðum eða mótað skýra og afdráttarlausa stefnu í raforkumálum og því er nú ástand þessara mála eins og raun ber vitni.

Það hafa sumir látið að því liggja hér í umr. að við andstæðingar þessa frv. værum í alla staði á móti stóriðju, töluðum margir gegn stóriðju. En ég vil leiðrétta þetta. Þetta er alrangt. Ég gat m. a. um það í minni framsöguræðu að margs kyns stóriðja gæti verið hugsanleg hér á Íslandi og mjög gagnleg fyrir þróun okkar atvinnugreina. Ég nefndi þar m. a. stækkun á ýmissi stóriðju sem þegar er reynsla af í landinu, eins og sementsframleiðslu og áburðarframleiðslu. Nefnd hefur verið heykögglaframleiðsla og framleiðsla úr steinefnum sem væri ein af þeim nýiðnaðargreinum sem að væri stefnt að byggja upp í landinu. Slíkar verksmiðjur, steiniðjuver, eru verksmiðjur sem nýta þetta 10—20 mw., algeng stærð slíkra verksmiðja, og það er vissulega stóriðnaður á okkar mælikvarða — mjög stór iðnaður. Ekki síst ef honum er komið fyrir hér utan þéttbýlissvæðisins, þá hljóta það að teljast stór og öflug fyrirtæki.

Stóriðja með þátttöku erlends fjármagns eða erlendra aðila getur líka vissulega við vissar kringumstæður, sé rétt á málum haldið, átt rétt á sér ef slíkt hentar okkar raforkumarkaði og ef forðast er að fara í samvinnu við erlenda einokunaraðila, sem geta í gegnum margslungin hagsmunatengsl og einokunaraðstöðu stjórnað og stýrt slíkum atvinnurekstri. Margs konar heilbrigð samvinna getur vissulega átt sér stað við erlendar þjóðir í sambandi við atvinnuframkvæmdir og vil ég undirstrika það hér sem mína skoðun. En það á ekki við um þær framkvæmdir sem hér er verið að boða.

Ég vil svo víkja aðeins að enn öðru atriði. Það hafa nokkrir ræðumanna hér haft á því orð að það væri söknunartónn í þessu nál. sem ég stend að, þar sem minnst er á fyrri aðila að þessu máli, Union Carbide, vegna þess að fram kemur í nál. mínu, að ég tel að þessi samvinna við hinn norska aðila sé að sömu leyti neikvæðari en þær hugmyndir sem boðið var í samvinnu við Union Carbide.

Ég vil taka það skýrt fram, að hér er ekki um neinn söknuð að ræða. Ég studdi aldrei það mál og reyndar hafði ekki aðstöðu til þess að láta skoðun mína í ljós um það þá á Alþ., en hefði ekki gert það, ef svo hefði borið undir. En það eru nokkrir þættir þarna, sem ég hélt að ég hefði gert glögga grein fyrir, sem skipta miklu máli í þessu sambandi.

Það er í fyrsta lagi mengunarþáttur þessa máls. Það er ekki neinn tilbúningur af minni hálfu að samvinnan við norska aðilann sé verri hvað því viðkemur, heldur er það skjalfest af Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Í skýrslu þeirri, er ég las hér upp fyrr í dag, frá Heilbrigðiseftirlitinu, þar sem fjallað er um þetta, segir einmitt á einum stað eftir að búið er að skýra frá þessum aðdraganda, þar segir Heilbrigðiseftirlitið að það hafi orðið að taka upp sjálfstæða rannsókn á þessu máli eftir að ljóst var að það var kominn nýr aðili, samstarfsaðili, vegna þess að hinn norski aðili beitti annarri tækni og framleiðsluaðferðum en Union Carbide. Og á einum stað segir, ég les það orðrétt, reyndar las ég það fyrr í dag, en ég ætla að endurtaka það hér vegna þess að mér virðist að menn hafi ekki náð því. Þar segir:

„Í umsókn fyrirtækisins er eindregið óskað eftir því að starfsleyfi verksmiðjunnar byggi á reglum norskra yfirvalda um mengunarvarnir í slíkum verksmiðjum þar í landi sem nýlega hafa verið settar. Reglur þessar eru að verulegu leyti frábrugðnar áður nefndum till. bandarísku umhverfisverndarstofnunarinnar og gera ekki jafnstrangar kröfur til hreinsunar rykmengaðs útblástursloftsins frá slíkum verksmiðjum.“

Þar með vænti ég að ég hafi gert grein fyrir þessu atriði.

Ég hef einnig lýst áhyggjum mínum yfir þeirri tæknisamvinnu sem gert er ráð fyrir að hafa við hinn norska aðila. Í Union Carbide-málinu var gert ráð fyrir að þriðji aðili hefði slíka starfsemi með höndum við hönnun og byggingu verksmiðjunnar. Nú er það tæknideild Elkems sem fær þarna einokunaraðstöðu, sem þýðir það að við erum háðir þeirri tæknideild m. a. um smíði hreinsibúnaðar, breytingar á honum síðar og viðhald, og þetta tel ég að einkum sé hættulegt.

Og í þriðja og síðasta lagi hef ég vakið athygli á því, að ég tel að markaðsmálin í tengslum við hinn norska aðila séu að mörgu leyti verri. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í þessum samningum að hinn norski aðili selji verksmiðjunni á Grundartanga hráefni til framleiðslu kísiljárns úr námum sínum í Norður-Noregi, hann selji henni elektrónur og ýmsan síkan búnað, og einnig, sem snertir markaðsmálin, að það verður sölusamband, sem hinn norski aðili hefur tögl og hagldir í, Fesil, sem annast sölu á framleiðslu verksmiðjunnar.

Ég held að í gegnum alla þessa þætti sé ástæða til að óttast að þarna geti ekki orðið um eðlilega samvinnu milli þessara aðila að ræða.

Ég veit ekki hvort það er ástæða til þess fyrir mig hér og nú að fjalla miklu ítarlegar um þetta mál. Stuðningsmenn þessa frv. og andstæðingar mínir hér á þingi í þessu máli hafa ekki séð ástæðu til þess að rökræða málið og hafa í sjálfu sér í mjög fáum atriðum vikið að þeim röksemdum sem ég hef sett hér fram, heldur reynt að afgreiða málið með almennu orðalagi og vikið sér undan því að koma að kjarna þess.

Þannig segir t. d. hv. þm. Þórarinn Þórarinsson í sambandi við allar þær arðsemisáætlanir og rekstraráætlanir, sem liggja fyrir, m. a. útreiknaðar af Þjóðhagsstofnun, og sýna stórfelldan halla á verksmiðjunni og um allar þær upplýsingar, sem liggja fyrir um ástand markaðarins og eru mjög neikvæðar, þá segir hann með sama hætti og hann vill afgreiða mengunarþátt þessa máls, að hann hafi ekki vit á þessu. Við svona menn þýðir vitaskuld ekkert að tala eða rökræða og verður það því ekki gert hér að þessu sinni. Ég vil þó víkja að einu atriði sem hann kom að í sambandi við þetta með arðsemi og rekstur verksmiðjunnar, að hann vildi líkja því við sjávarútveginn okkar íslenska. Hann sagði að hann ætti sín góðu og erfiðu ár og svo væri um rekstur yfirleitt. Það er vissulega rétt hjá þessum

hv. þm., að ýmis konar atvinnurekstur getur átt bæði við góð og erfið ár að búa, og þetta þekkjum við hér á Íslandi m. a. úr sjávarútveginum. En þar er langur vegur á milli að líkja því saman, rekstrarerfiðleikum hans og því máli sem hér liggur fyrir. Sjávarútvegurinn hefur fyrst og fremst við rekstrarerfiðleika að glíma vegna einhæfni sinnar, og við íslendingar höfum verið á síðustu árum að reyna að gera þann iðnað fjölbreyttari, setja undir hann fleiri og styrkari stoðir með því að taka upp nýtingu nýrra fisktegunda og nýjar framleiðsluaðferðir á þessu hráefni okkar og leita nýrra og ólíkra markaða. Þetta hljótum við að gera áfram. En slík uppbygging styrkir þennan iðnað sem er um leið okkar aðalundirstöðuiðnaður. Við kísiljárns-verksmiðju gildir ekkert slíkt. Við höfum ekki tök á því, íslendingar, að stjórna því, hvernig að þeim rekstri er staðið. Við ráðum ekki þeim mörkuðum og getum ekki meðhöndlað þá framleiðslu nema á einn veg, verðum að taka þeirri áhættu, þeim erfiðleikum, sem skella yfir, án þess að geta búist til varnar.

Ég hefði líka gjarnan viljað víkja nokkrum orðum að hv. þm. Benedikt Gröndal, en sé ekki ástæðu til þess úr því hann er ekki hér í salnum. En mér þótti svör hans við framsöguræðu minni næsta ómerkileg og það verður sannarlega í minnum haft, að hann skuli telja þær breytingar, sem heilbrrn. gerði á till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um mengunarvarnir þessarar verksmiðju, ómerkilegan sparðatíning, svo veigamiklar sem þær eru. Ætla ég ekki að þreyta þm. á því að fara að lesa þær hér aftur upp.

Ég vil aðeins að lokum segja það í þessu máli, að mér sýnist það ljóst að málið verður samþ. hér á Alþ. Það hafa mjög fáir þm. stjórnarflokkanna lýst yfir andstöðu sinni við frv., og sumir, sem hafa gert það, hafa lýst þá andstöðu við einstaka greinar þess, sem væntanlega þýðir að þeir muni reyna að knýja á um að þeim verði breytt, en jafnvel síðan fylgja málinu hvernig svo sem þeim tekst til með að fá slíkar einstakar breytingar fram. Sem sagt finnst mér ljóst af þessum umr. hér að stjórnarflokkarnir muni í meginatriðum standa að þessu frv. Það er einnig ljóst að einn stjórnarandstöðuflokkurinn, Alþfl., ætlar sér að standa með samþykkt þessa frv. Þó hef ég orðið var við það hér á Alþ., ekki í stólræðum, frekar í hliðarsölum og í viðræðum við einstaka þm., að innst í hjarta sínu eru mjög margir, þeir sem nú munu e. t. v. greiða atkv. með þessu frv., í hjarta sínu á móti því. En þeir segja sem svo: Málið er svo langt komið að það verður ekki snúið til baka. Og bæta því svo gjarnan við, að vonandi sé þetta síðasta stóriðjan af þessu tagi sem við þurfum að fjalla um hér á Alþ. Ég vil taka undir þetta. Þó svo að ekki takist nú að koma í veg fyrir þetta glæfrafyrirtæki á Grundartanga, þá er það von mín að sú umr., sem hér hefur farið fram, og sú rannsókn, sem átt hefur sér stað á þessu máli, verði til þess að Alþ. vari sig á því að koma með önnur slík mál í framtíðinni.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. sem mig langaði til og þótti raunar nauðsynlegt að gera við það sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, 3. þm. Reykv. Hann sagði að Framsfl. hefði snúið algjörlega frá þeirri stefnumörkun sem vinstri stjórnin markaði og hann túlkaði með upplestri úr þingtíðindum. Þessu vil ég mótmæla. Ég veit ekki annað en að það hafi verið gott samkomulag á milli stjórnarflokkanna um að halda þessari stefnu fram, sem kemur fram í því að orkumálin, eins og margsinnis hefur verið sagt, hafa haft algjöran forgang. Það kemur fram í þeim hitaveitufram kvæmdum, sem átt hafa sér stað um allt land, aukinni og árangursríkri leit að heitu vatni, áframhaldi á þeim virkjunum, sem þá voru ákveðnar, og tengilínu á milli orkuvera á Suðurlandi og Norðurlandi, sem kemur í gagnið eigi löngu síðar en Sigölduvirkjun tekur til starfa. Hitt er svo annað mál, sem ég drap á áðan, að verkefnið að koma orku til húshitunar um allt landið er milljarðafyrirtæki sem við ráðum ekki við á skömmum tíma, og hvarflar ekki að mér að við getum unnið slíkt verkefni á einu ári eða tveimur. Ég vil skýra það í leiðinni, að þegar ég talaði um það í ræðu minni áðan að við byggjum ekki við samræmda orkustefnu, þá á ég fyrst og fremst við það, að við búum í dag við það skipulag hér í landinu að við höfum stórt fyrirtæki, sem heitir Landsvirkjun, helmingafyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar, hér starfa Rafmagnsveitur ríkisins og fjöldamargar bæjar- eða sveitarfélagaveitur, og það er óljóst enn þá hver stefna verður mörkuð um samtengingu, samrekstur eða samvinnu þessara fjölmörgu aðila. En það vita eflaust líka allir þm., að það er unnið í dag af ákveðinni n. að stefnumörkun í þessu máli. Þetta er mál sem ég tel vera mjög aðkallandi að leysa, og á meðan það er ekki leyst, þá búum við sem sagt ekki við ákveðna markaða stefnu hvernig við komum fyrir stjórnunarþætti orkumálanna í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 67. fundur.

Þriðjudaginn 19. apríl, kl. 3 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187, n. 455, 461 og 462). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 462 felld með 25:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SM, PP, SvJ, EðS, GS, GilsG, IG, JónasÁ, KP, LJós.

nei: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, SighB, SigurlB, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, JSk, LárJ, RH.

SV, GF greiddu ekki atkv.
3 þm. (MÓ, EBS, JóhH) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Þar sem ég get ekki fallist á forsendur hinnar rökstuddu dagskrár, segi ég nei.

Ingvar Gíslason: Ég vil í sambandi við þessa atkvgr. minna á það, að till. mín sem 1. minni hl. er að þetta frv. sé fellt. Eigi að síður mun ég taka þátt í þessari atkvgr. og segi já.

1. gr. samþ. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, SighB, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, JSk, LárJ.

nei: PP, SvJ, EðS, GS, GilsG, IG, JónasÁ, KP, LJós, SM.

SigurlB, SV, SvH, GF, RH greiddu ekki atkv.

3 þm. (EBS, JóhH, MÓ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég mun með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni. Ég mun sitja hjá við atkvgr. þessa frv. sem heildar að undanteknum tveimur greinum, 3. gr., sem fjallar um stofnkostnað og fjárfestingu, og 9. gr., sem fjallar um öll hugsanleg friðindi til þessa fyrirtækis, Grundartangaverksmiðjunnar. Ég er ekki alfarið mótfallin stóriðju með þátttöku útlendinga, þótt ég vilji fara þar að með fyllstu gát. Þetta mál, er hér liggur fyrir um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju í Hvalfirði í sambandi við norska stórfyrirtækið Elkem Spigerverket, er hins vegar þannig vaxið og felur í sér, að því er ég fæ best séð, það mikla efnahagslega áhættu fyrir íslenska ríkið, að ég treysti mér ekki til að greiða því atkv., þá ekki hvað síst með tilliti til þess, að gert er ráð fyrri stórfelldum erlendum lántökum sem ég tel ekki réttlætanlegar til viðbótar hinni geigvænlegu skuldabyrði íslenska ríkisins í dag. Samkv. ofansögðu greiði ég ekki atkv. um þessa grein.

2. gr. samþ. með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, MB, MÁM, ÓlJ, PJ, PS, SighB.

nei: SvJ, EðS, GS, GilsG, IG, JónasÁ, KP, LJós, SM, PP, RH.

SigurlB, SV, SvH, GF, JSk, LárJ, ÓE greiddu ekki atkv.

3 þm. (EBS, JóhH, MÓ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. 2. gr. þessa frv. fjallar um það, að ríkið skuli eiga meira en helming af verksmiðju þeirri sem við fjöllum hér um og að jafnan skuli fulltrúar ríkisins vera í meiri hluta í stjórn verksmiðjunnar. Ekkert ákvæði er í frv. um að Alþ. skuli kjósa þessa fulltrúa ríkisins. En aðalatriðið er þó hitt, að ég tel það ekki vera í verkahring ríkisins að standa í áhættusömum atvinnurekstri og leggja þar undir ríkisfé. Við afgreiðslu frv. til l. um járnblendiverksmiðju vorið 1975 var ég mótfallin þeim gr. frv. sem um þetta atriði fjölluðu. Sú afstaða mín hefur ekki breyst og verður þeim mun ákveðnari sem það er líka óbreytt í þessu frv. að ríkið skuli hafa skyldu til að eignast eða leysa til sín alla verksmiðjuna að 15 árum liðnum ef samstarfsaðilanum sýnist svo. Að þessu vandlega athuguðu sé ég mér ekki annað fært en greiða atkv. gegn 2. gr. og segi nei.

3. gr. samþ. með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, MB, MÁM, ÓlJ, PJ, PS, SighB.

nei: EðS, GS, GilsG, IG, JónasÁ, KP, LJós, SM, PP, SigurlB, SvJ.

GF, JSk, LárJ, ÓE, SV, SvH, RH greiddu ekki atkv.

3 þm. (EBS, JóhH, MÓ) fjarstaddir.

4.—8. gr. samþ. með 21:10 atkv.

9. gr. samþ. með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, SighB.

nei: SvJ, EðS, GS, GilsG, IG, JónasÁ, KP, LJós, SM, PP, SigurlB.

SvH, GF, JSk, SV, RH greiddu ekki atkv.

3 þm. (EBS, JóhH, MÓ) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 21:11 atkv.

11.—14. gr. samþ. með 22:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, SighB, SigurlB, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, JSk, LárJ.

nei: LJós, SM, PP, SvJ, EðS, GS, GilsG, IG, JónasÁ, KP.

SV, GF, RH greiddu ekki atkv.

3 þm. (MÓ, EBS, JóhH) fjarstaddir.

Sameinað þing, 76. fundur.

Þriðjudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Útgjöld vísitölufjölskyldunnar, fsp. (þskj. 440). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Sú fsp., sem ég hef borið fram til hæstv. forsrh. á þskj. 440 um útgjöld vísitölufjölskyldunnar, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hversu mikill hluti (í krónum og hundraðshlutum) af ársútgjöldum vísitölufjölskyldunnar miðað við verðlag 1. febr. s. l. fer til greiðslu: a) aðflutningsgjalds, b) skatta af framleiðslu og söluskatts, c) verslunarálagningar?“

Auk þess að spurst er fyrir um hlut verslunarálagningar í útgjöldum vísitölufjölskyldunnar er spurst fyrir um þátt nokkurra veigamestu óbeinna skatta, sem vísitölufjölskyldan greiðir í ríkissjóð. Óþarft ætti að vera að taka fram, að hér er ekki spurt um allar óbeinar skattgreiðsl-

ur, t.d. er undanskilinn verulegur hluti skatta á bifreiðar og rekstrarvörur bifreiða. Enn fremur er undanskilinn þáttur launaskatts í vöruverði, skemmtanaskattur, flugvallagjald, þinglýsingar- og stimpilgjöld, svo að eitthvað sé nefnt. En þeir þættir, sem spurt er um, ættu þó að gefa verulega vísbendingu um hver hlutur ríkissjóðs í mynd óbeinna skatta gæti verið af útgjöldum vísitölufjölskyldunnar.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir fsp. sínum. Í tilefni þessara fsp. hef ég óskað eftir því, að Hagstofa Íslands gerði þá könnun sem farið er fram á, og hefur mér borist svo hljóðandi grg. frá Hagstofu Íslands, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp:

„Á þskj. nr. 440 er fsp. frá Geir Gunnarssyni til forsrh. um útgjöld vísitölufjölskyldunnar, svo hljóðandi: „Hversu mikill hluti (í krónum og hundraðshlutum) af ársútgjöldum vísitölufjölskyldunnar miðað við verðlag 1. febr. s.l. fer til greiðslu: a) aðflutningsgjalds, b) skatta af framleiðslu og söluskatts, c) verslunarálagningar. Á þskj. stendur í lið a innflutningsgjalds, en þar mun eiga að standa aðflutningsgjalds.

Hagstofan hefur áætlað hlutdeild umræddra útgjaldaþátta í framfærsluvísitölunni 1. febr. 1977 og eru niðurstöður hennar þessar:

1. Aðflutningsgjöld, ársútgjöld í kr. 91 þús., í hundraðshlutum af vísitölu 5.

2. Vörugjald, ársútgjöld í kr. 24 þús., í hundraðshlutum af vísitölu 1.3.

3. Sérstakt gjald á cif-verði bifreiða, innflutningsgjald af bensíni og hjólbörðum 25 þús. kr. í ársútgjöldum, í hundraðshlutum af vísitölu 1.4.

4. Sölugjald (20%) ársútgjöld 202 þús, kr. í hundraðshlutum af vísitölu 11.2.

5. Verslunarálagning 225 þús. kr., í hundraðshlutum af vísitölu 12.4.

Heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar miðað við verðlag 1. febr. 1977 eru 1 807 768 kr.

Margvíslegir örðugleikar eru á áætlun þessara útgjaldaþátta og geta niðurstöður því ekki orðið nákvæmar, en varla ætti hér að skakka miklu frá réttu.

Tekið skal fram að þessi áætlun tekur einvörðungu til vöruliðs vísitölunnar nema hvað sölugjaldið áhrærir, það er reiknað af öllu sem það leggst á. Að því er varðar aðflutningsgjöld, vörugjald og verslunarálagningu er þannig ekkert áætlað um hlutdeild í þjónustuliðum né húsnæðislið vísitölunnar, enda miklir örðugleikar á að áætla þetta. Auk þess er hér um tiltölulega litlar fjárhæðir að ræða. Þjónustuliðir og húsnæðisliðir nema 1. febr. 1977 um 28% af heildarútgjöldum vísitölufjölskyldunnar.

Hér fara á eftir skýringar við einstaka þætti áætlunarinnar.

Aðflutningsgjöld: Áætlun er gerð um aðflutningsgjöld á öllum erlendum vörum í vísitölunni og á nokkrum hluta hráefna innlendrar vöru, t.d. í fatnaði. Ekki eru reiknuð aðflutningsgjöld í verðlagsgrundvelli búvöru né í aðföngum innlendra vara, þar sem innlendur virðisauki er meginhluti af verði vörunnar. Í báðum þessum tilvikum er um smávægileg útgjöld að ræða. Á mörgum vörum eru aðflutningsgjöld mishá eftir því, hvort flutt er inn frá EFTA- eða EBE-löndum eða öðrum löndum. Er reynt að taka tillit til þessa.

Vörugjald: Reiknað er með vörugjaldi á innfluttum neysluvörum og innlendum fullunnum vörum í vísitölunni, en vörugjald á innflutt hráefni í innlenda framleiðsluvöru er ekki meðtalið.

Sölugjald er, eins og áður segir, reiknað af öllum liðum vísitölunnar, einnig af þjónustuliðum.

Verslunarálagning: Áætluð er almenn verslunarálagning, þ.e. álagning smásöluverslana (þar með brauðbúða og fisksala) og heildverslana. Yfirleitt er aðeins reiknuð smásöluálagning á innlendar vörur þar sem þær ganga beint frá framleiðanda til smásala. Þá er og ekki í áætlun þessari reiknað með því sem hér fer á eftir.

a) Álagning á aðföng innlendra vara, t.d. í heildsölukostnaði búvöru.

b) Álagning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á tóbak og áfengi.

c) Smásöluálagning á mjólk og rjóma. Hún kom raunar ekki til fyrr en í marsbyrjun 1977.

d) Álagning á lyf. Kaupandi greiðir aðeins hluta af verði lyfja (ca. 18—22%).

Álagning á innfluttum vörum er mishá eftir því, hvort innflytjandi selur vöruna í smásölu eða hún fer um hendur heildsala. Reynt er að meta í hverju tilviki, hvernig þessu er varið."

Greinargerð Hagstofu Íslands var á þessa leið, og vonast ég til þess að hún gefi fullnægjandi svar við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Þau voru ítarleg og greinileg, eins og vænta mátti frá þeim aðila sem vann verkið. Þegar ég samdi upphaflega fsp. hafði ég í a-lið sett á blað aðflutningsgjald, en á einhverju stigi málsins breyttist þetta í innflutningsgjald, sem er víðtækara. Þskj. var síðan prentað upp, og ég hafði samráð við hagstofustjóra um þá leiðréttingu. Ég tel ekki grundvöll til þess að gera þessar upplýsingar að umræðuefni í fyrirspurnatíma, en ítreka þakkir mínar til hæstv. forsrh.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ef ég hef tekið rétt eftir tölum í svari hæstv. forsrh. eru heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar 1807 þús. kr. Þessi stærð er ekki ný, en það er afar sjaldan sem það kemur fram opinberlega hvernig þessi vísitölufjölskylda er og við hvað er miðað. Mér er það minnistætt frá því að ég starfaði sem blaðamaður, að það var gert mikið til þess að hindra að þessi tala væri birt eða henni hampað mikið. En það er óneitanlega mjög fróðlegt að meðalfjölskyldan, sem við notum til þess að reikna breytingar á verðlagi og kjörum, vísitölufjölskyldan, skuli hafa 150 þús. kr. á mánuði. Ég bendi á þetta vegna þess að það standa yfir samningar um kaup og kjör vinnandi fólks í landinu og verkalýðsfélögin hafa gert þá grundvallarkröfu að láglaunafólk komist upp í 100 þús. kr. laun á mánuði. En svo er að heyra, sem sterkum öflum í þjóðfélaginu og forstöðumönnum atvinnulífsins þyki þetta vera miklar og harðar kröfur sem vafasamt sé að efnahagslífið

geti staðið undir. Þess vegna vil ég benda á þessa staðreynd, að vísitölufjölskyldan hefur 150 þús. kr. tekjur á mánuði.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja umr. í tilefni þessara aths. hv. síðasta ræðumanns, 2. landsk. þm., en ég vil leggja á það áherslu, að ég a. m. k. hef enga tilhneigingu til þess að leyna heildarútgjöldum vísitölufjölskyldunnar svokölluðu. En ef við ætlum að draga ályktanir af þeim útgjöldum, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, þá held ég að rétt sé að hafa í huga, og ég vona að ég fari rétt með, að vísitölufjölskyldan er samsafn og meðaltal margra fjölskyldna með mismunandi tekjur, úr mismunandi stéttum, þannig að það er e. t. v. ekki réttlátt að taka vísitölufjölskylduna annars vegar og lægstu laun hins vegar, þótt ég vilji með engu móti með þeim orðum gefa í skyn að laun hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu séu fullnægjandi. Ég tel þó rétt, að þetta komi fram og við gerum okkur grein fyrir því, hvernig vísitalan er reiknuð út. En það gefur mér aftur á móti tilefni til þess að hafa orð á því hér, að langt er síðan vísitölugrundvöllurinn var endurskoðaður og þar með útreikningur vísitölunnar, svo langt að ég hygg að neysluvenjur og kröfur manna hafi breyst allmjög á því tímabili og því sé ástæða til að endurskoðun fari fram að þessu leyti.

Innheimta söluskatts, fsp. (þskj. 414). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh. um innheimtu söluskatts:

„Er fyrirhugað að ráða bót á því misræmi, sem er á innheimtu söluskatts eftir því, hvort um er að ræða framkvæmdir við byggingu íbúðarhúsa á byggingarstað eða á verkstæðum og í verksmiðjum? Ef svo er, þá hvernig?"

Þessi fsp. er fram borin að sérstakri ósk þeirra aðila sem þetta snertir sérstaklega. Hún snertir allmörg fyrirtæki, sem standa að svonefndum einingabyggingum og telja sig, eins og aðilar t. d. bæði eystra og nyrðra, allhart leikna af söluskattsinnheimtu á þann hátt að þeir telja samkeppnisaðstöðu sína miklu lakari fyrir bragðið. Hér er annars um að ræða fyrirtæki svo sem Húsasmiðju Snorra Halldórssonar, Húseiningar á Siglufirði, Verk hf. í Kópavogi og Trésmiðju Fljótsdalshéraðs. Þessi fyrirtæki greiða af sinni vinnu við húsbyggingar 20% söluskatt af vinnunni sem unnin er inni, af því að hún telst til verkstæðisvinnu, í stað þess að losna við þessa innheimtu ef vinnan er unnin á byggingarstað. Hér er um verulegan aukakostnað að ræða sem eðlilegt er að þessir aðilar kvarti undan.

Það fer hins vegar ábyggilega ekki á milli mála að hér er um mjög heppilegan og hagkvæman byggingarmáta að ræða sem styðja ber með ráðum og dáð. Það er líka greinilegt að húsbyggjendur sækja orðið í þetta byggingarfyrirkomulag og vilja gjarnan fá hús með þessum hætti, og stjórnvöld og Húsnæðismálastofnun ríkisins hafa nú nýlega ákveðið vissar aðgerðir í lánamálum sem auðvelda húsbyggjendunum að komast yfir þessi hús.

Fsp. er fram borin m. a. af þessum ástæðum sem ég greindi áðan, að þessir aðilar telja sig hafa nokkur vilyrði um að úr þessu ósamræmi, en annað verður nú vart hægt að kalla þetta, kunni að verða bætt. Fyrir því er þessi fsp. lögð beint fram til hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 7. landsk. þm. vil ég leyfa mér að segja að sú framkvæmd, sem ríkt hefur við álagningu og innheimtu söluskatts af vinnu við húsbyggingar, byggist á 1. tölul. 7. gr. l. nr. 10 frá 1960, um söluskatt, en sá tölul. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti: 1) Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað, en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð."

Segja má að þetta ákvæði sé nokkuð skýrt og ótvírætt og hafi ekki valdið framkvæmdarerfiðleikum, en nokkrir úrskurðir hafa þó verið kveðnir upp um hvort takmarkatilfelli falli undir þetta undanþáguákvæði. Að óbreyttum lögum sýnist ekki mögulegt að breyta þeirri framkvæmd sem ríkt hefur varðandi innheimtu söluskatts af vinnu við byggingar. Hinu verður ekki neitað, að þetta lagaákvæði hefur verið gagnrýnt og hefur sú gagnrýni einkum beinst í þá átt, að núgildandi lagareglur kunni að standa eðlilegri þróun og stöðlun byggingariðnaðarins fyrir þrifum. Hafa þau vandkvæði, sem af þessari reglu leiðir, farið vaxandi hin síðari ár með hækkun söluskattshlutfallsins. Þetta vandamál er alls ekki einskorðað við söluskattsálagningu á byggingariðnaðinum. Á þeim 17 árum, sem liðin eru frá gildistöku söluskattslaganna, hefur töluvert gætt víxlverkana milli skattskylda sviðsins og söluskattshlutfallsins. Hækkandi söluskattshlutfall hefur gefið kröfum um undanþágur byr undir vængi. Því fleiri undanþágur sem veittar eru, þeim mun hærra verður skatthlutfallið að vera á þeim vörum og þeirri þjónustu, sem skattskyld er, til þess að halda óskertum tekjum ríkissjóðs. Ég tel því að fara verði mjög varlega í það að veita frekari undanþágur frá söluskattsálagningu og almennt beri að forðast að líta einangrað á einstök tilvik um þetta, heldur beri að stefna að heildstæðri lausn þessara vandamála. Kemur þá vel til greina í því sambandi að fækka undanþágum frá söluskattsálagningu og reyna þannig að ná lækkun á skatthlutfallinu og þá án þess að tekjur ríkissjóðs skerðist.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans, þó að þau feli það í sér að ekki sé áætlað að hér verði nein breyting á, heldur verði haldið áfram að leggja söluskatt á vinnu við þessar húseiningar sem eru byggðar innan fjögurra veggja. En eins og ég benti á áðan, þá er enginn vafi á því að hér er um rétta þróun í byggingarmálum að

ræða. Hér er um að ræða merkilega tilraun til þess að koma niður kostnaði í okkar húsbyggingum, eins og full þörf er á. Og það verður að ætlast til þess í raun og veru að ríkisvaldið heldur stuðli að því heldur en hitt að þetta takist. En á svörum hæstv. fjmrh. ber að skilja að það sé ekki ætlunin og það ber vissulega að harma.

Sykurhreinsunarstöð, fsp. (þskj. 404). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til iðnrh. á þskj. 404 um sykurhreinsunarstöð. Á síðasta þingi var samþykkt þáltill. sem ég flutti á því þingi um hagkvæmni þess að reisa og reka hér á landi sykurhreinsunarstöð. Er nú liðið eitt ár síðan þessi þál. var samþ. á þinginu, og eins og þá kom fram var málið rætt í n. og lagt til að það yrði athugað enn frekar, og gaf ýmislegt tilefni til þess að athuga gaumgæfilega hagkvæmni þess að flytja þennan iðnað inn í landið og fullhreinsa innanlands sykurinn sem notaður er innanlands. Vil ég því beina þeirri fsp. til iðnrh., hvað þessu máli líði og þeirri athugun sem hér um ræðir.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 12. maí 1976 var samþ. á Alþ. þál. þar sem ríkisstj. var falið að láta fara fram könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda sem upp hafa komið um sykurhreinsunarstöð hér á landi. Iðnrh. sendi Iðnþróunarstofnun Íslands þær áætlanir sem því höfðu borist um þetta mál, en þær byggja á því að reisa verksmiðju er flytti inn hrásykur, hreinsaði hann og pakkaði til notkunar á innanlandsmarkaði, en heildarsykurneysla hér á landi er nú áætluð um 10 þús. tonn á ári. Iðnþróunarstofnun var beðin um könnun á þessu máli, eins og farið var fram á samkv. þál. Í umsögn Iðnþróunarstofnunar segir m. a.:

„Sykurhreinsunarstöð yrði að ráða yfir öllum innlendum markaði, því að verðsveiflur eins og átt hafa sér stað undanfarin ár yrðu öllum hugsanlegum rekstraryfirburðum verksmiðjunnar ofviða sem í stöðugu ástandi væru ugglaust til staðar.“

Hinar miklu verðsveiflur á sykri valda því, að afar erfitt er að gera sér fullkomna grein fyrir hver verðmunur raunverulega er á milli hrásykurs og hreinsaðs sykurs þegar til lengdar lætur. En miðað við þær upplýsingar, sem Iðnþróunarstofnunin hafði um þann verðmun sem var í febrúar á síðasta ári á milli hrásykurs og hreinsaðs sykur, er talið að ráðgert fyrirtæki hefði ekki starfsgrundvöll.

Þetta er mat Iðnþróunarstofnunar. Í viðræðum iðnrn. við Iðnþróunarstofnun hefur komið fram að til þess að komast nær raunverulegri hagkvæmni ráðgerðrar sykurhreinsunarstöðvar væri nauðsynlegt að leita aðstoðar erlends sérfræðings, og í samráði við höfund áætlunar um sykurhreinsunarstöð hér á landi, Hinrik Guðmundsson verkfræðing, hefur verið ákveðið að leita frekari aðstoðar um eftirtalin þrjú atriði:

1. Tæknilega umsögn um byggingu og rekstur sykurhreinsunarstöðvar hér á landi, þar sem gert er ráð fyrir jarðgufu sem aðalorkugjafa.
2. Hverjar séu helstu forsendur þess, að rekstur sykurhreinsunarstöðvar komi til greina hér á landi.
3. Tölulegt mat á arðsemi fjárfestingar í fyrrnefndri sykurhreinsunarstöð miðað við ofannefndar forsendur.

Samband hefur verið tekið upp við finnskan sérfræðing, en ekki liggur fyrir hvenær álits hans er að vænta á þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans og er ánægður með að það skuli hafa verið unnið við að kanna þessi mál, því að ég tel að það sé margt sem mæli með og bendi til þess að það sé hagkvæmt að flytja þennan iðnað inn í landið. Jafnvel þó að nú um sinn hafi sykurverð lækkað á heimsmarkaði, þá held ég að muni vera hagkvæmt að hreinsa hér innanlands.

Ég vil minna á það, að tilgangurinn með þessari þál. var að reyna að flytja inn í landið þá atvinnu sem er við það að hreinsa sykurinn, auka iðnaðinn innanlands og auka atvinnuna sem er takmörkuð nokkuð víða hér á landi. Auk þess fer þjóðinni fjölgandi svo að við þurfum að hugsa fyrir því að reyna að efla iðnaðinn, þar sem sjávarútvegur og landbúnaður hafa ekki svo að sjáanlegt sé, möguleika á því að taka við verulega auknum fólksfjölda þjóðarinnar.

Þá var líka bent á það, að ef úr þessu yrði væri þetta verulega til sparnaðar á gjaldeyri því að hrásykurinn er ódýrari en hreinsaður sykur í innkaupum og þá kæmi þar verulegur gjaldeyrissparnaður.

Þá er líka stefnt að því að koma á hóflegu verðlagi á þessa hluti með því m. a. að draga úr flutningskostnaði og koma á hagkvæmni í viðskiptum.

Það var bent á það við flutning þessarar þáltill., að með því að gera vöruskiptasamning við þær þjóðir sem framleiða hrásykur, þá hefði þetta e. t. v. mátt takast, og væri æskilegt að sá þáttur væri rannsakaður.

Þá vil ég sérstaklega minna á það, að við getum nýtt okkar innlendu orkugjafa, eins og hæstv. iðnrh. minntist á.

Þetta eru allt þættir sem ég tel að tvímælalaust eigi að skoða niður í kjölinn, og þess vegna legg ég á það áherslu að hraðað verði svo sem kostur er að ljúka þessari athugun.

Stofnfjársjóður fiskiskipa, fsp. (þskj. 440). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 440 hef ég borið fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Ég sé ekki ástæðu til að eyða tíma í að ræða þessa fsp., hún þarfnast engra skýringa, en er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hve hárri upphæð námu greiðslur af óskiptu aflaverðmæti til Stofnfjársjóðs fiskiskipa á árinu 1976?

2. Hve háum upphæðum námu afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa á árinu 1976?

3. Hve háar upphæðir greiddi Stofnfjársjóður fiskiskipa á árinu 1976: a) til afborgana og vaxta af stofnlánum fiskiskipa, b) til skipaeigenda?"

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við 1. fsp.

Á árinu 1976 námu greiðslur til Stofnfjársjóðs fiskiskipa af aflaverðmæti alls 3151 millj. kr., þar af námu greiðslur af óskiptu aflaverðmæti 2616 millj. kr., en mismunurinn, 535 millj. kr., eru viðbótargjöld þeirra skipa sem eru með ríkisábyrgð á lánum. Viðbótargjöld þessi koma til aflahlutareiknings með venjulegum hætti.

Svar við 2. fsp.:

Torvelt er að áætla hverjar hafi verið heildargreiðslur afborgana og vaxta af fiskiskipum á s. l. ári þar eð enginn hluti þessara greiðslna á sér stað á milli einkaaðila. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar um þann hluta þessara greiðslna sem inntur er af hendi beint til banka eða opinberra sjóða. Á árinu 1976 voru þessar greiðslur sem hér segir:

1. Til Fiskveiðasjóðs voru alls greiddar 2340 millj. kr. Þar af námu greiðslur frá Stofnfjársjóði 1915 millj. kr., eins og áður greinir.

2. Greiðslur til Byggðasjóðs námu samtals 270 millj. kr. Þar af voru greiðslur frá Stofnfjársjóði 45 millj. kr.

3. Greiðslur vaxta og afborgana af erlendum lánum vegna fiskiskipa námu alls 2929 millj. kr. Þar af námu greiðslur af lánum, sem fiskiskipaeigendur tóku beint, 1083 millj. kr., en 1846 millj. kr. voru greiðslur af lánum sem ríkissjóður, viðskiptabankar og sveitarfélög tóku og endurlánuðu síðan.

4. Greiðslur Ríkisábyrgðasjóðs af lánum vegna fiskiskipa námu alls 1137 millj. kr. Mestur hluti þessarar fjárhæðar eða nálægt 1090 millj. kr. er meðtalinn í lið 3, eins og fyrr segir. Af 1137 millj. kr. greiðslu Ríkisábyrgðasjóðs fékk hann endurgreiddar 762 millj. kr. frá Stofnfjársjóði, Fiskveiðasjóði, Aflatryggingasjóði og af gengisstyrk.

5. Greiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins, einkum vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs, námu nálægt 118 millj. kr.

Samtals námu því greiðslur vaxta og afborgana, sem greiddar voru beint til banka, opinberra sjóða og til útlanda, um 5700 millj. kr.

Svar við 3. spurningu, a-lið:

Á árinu greiddi Stofnfjársjóður 2488 millj. kr. í afborganir og vexti af stofnlánum og skiptust þær greiðslur sem hér segir: Til Fiskveiðasjóðs 1915 millj. Til Ríkisábyrgðasjóðs 250 millj. til Byggðasjóðs 45 millj. til annarra lánveitenda 278 millj. Samtals 2488 millj.

Svar við b-lið 3. liðar:

Greiðslur til skipaeigenda námu samtals 679 millj. kr., en hluta þeirrar fjárhæðar eða tæpar 200 millj. kr. má beint rekja til þeirrar ákvörðunar að endurgreiða 15% af þeim 20% sem stærri skuttogurum var gert að greiða í Stofnfjársjóð. Ákveðið var að helmingur þessara 15%, þ. e. 7.5%, rynni til viðskiptabanka upp í rekstrarlán, en hinn helmingurinn og sá sem hér er tilgreindur rynni til útgerðarinnar. Þriðjungur þeirra 200 millj. kr., sem hér eru meðtaldar í greiðslum til skipaeigenda, hefur komið til aflahlutareiknings.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svör hans, en mun ekki gera þau að umræðuefni í þessum fyrirspurnatíma.

Sameinað þing, 77. fundur.

Þriðjudaginn 19. apríl, að loknum 76. fundi.

Skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, þáltill. (þskj. 456). — Fyrri umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er mælt fyrir, er flutt af ríkisstj. í því skyni að fá heimild Alþ. til að setja Þjóðhátíðarsjóði skipulagsskrá. Stofnfé sjóðsins er ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt í tilefni af 1100 ára búsetu Íslands 1974. Ráðgert er að 300 millj. kr. verði lagðar í þennan sjóð sem hafi þann megintilgang að veita styrki til stofnana og annarra aðila er vinni að varðveislu þeirra verðmæta lands og menningar sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf. Alþm. er þetta mál kunnugt, því að ráðstöfun þessa fjár kom til umr. hér á Alþ. í des. 1974 og að nýju í des. 1976. Þá var því lýst yfir af hæstv. viðskrh., að ágóða Seðlabanka Íslands af sölu þjóðhátíðarmyntar yrði ekki ráðstafað án atbeina Alþingis.

Samkv. lokauppgjöri Seðlabanka voru hreinar sölutekjur hans umfram allan kostnað af sölu þjóðhátíðarmyntar 337 millj. kr. miðað við uppgjörsdag 31. des. 1975. Ríkisstj. taldi eðlilegt að nokkrum hluta þessa ágóða yrði varið til þess að greiða ýmsan áfallinn kostnað vegna þjóðhátíðarinnar sem ekki hafði verið ætluð sérstök fjárveiting til að mæta. Í samræmi við þetta og fyrir tilmæli forsrn. greiddi Seðlabanki Íslands fyrir árslok 1976 rúmar 39 millj. kr. Þar af runnu rúmar 25 millj. til greiðslu á lagningu Gjábakkavegar, rúmlega 9.5 millj. til greiðslu á halla af sögusýningu og tæpar 4 millj. til greiðslu á kostnaði við Íslandskvikmynd. Jafnframt greiddi Seðlabankinn á þessu ári 15 millj. kr. af tekjum af sölu þjóðhátíðarmyntar til þeirra aðila sem standa að byggingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal, en það fé á að nægja til að ljúka þeirri framkvæmd. Alls hefur bankinn þá greitt rúmar 54 millj. kr. vegna þjóðhátíðarinnar, og hefur hluti þeirrar fjárhæðar komið af vöxtum af Þjóðhátíðarsjóðnum á árinu 1976, svo að þær greiðslur skerða ekki ráðgert stofnfé hans, 300 millj. kr.

Eins og rakið er í grg. með þáltill. hefur nú verið gengið frá reikningsskilum vegna þjóðhátíðarhaldsins og þar kemur fram að nettóskil nefndarinnar við ríkissjóð eru jákvæð um tæpar 6 millj. kr., enda eru birgðir, er Þjóðhátíðarnefnd skilaði af sér, þá reiknaðar á bókfærðu verði og ekki er talinn kostnaður við ritun Sögu

Íslands, rúmar 4.5 millj. kr., þar sem útgáfu og sölu þess ritverks er ekki lokið.

Þáltill. þessari fylgir skipulagsskrá Þjóðhátíðarsjóðs sem forsrn. hefur samið í samráði við dómsmrn. í umboði ríkisstj. á grundvelli tillagna Seðlabanka Íslands. Við gerð skipulagsskrár sjóðsins hefur einkum verið haft tvennt í huga: Í fyrsta lagi þótti rétt að afmarka ekki hlutverk sjóðs sem þessa svo þröngt að til baga geti orðið, því að erfitt er að sjá fyrir hvar skórinn muni helst kreppa í framtíðinni. Í öðru lagi þótti rétt að taka út úr tvö verkefni þar sem um óvenjumikla fjárþörf verður að ræða á næstu árum ef ætlunin er að hamla á móti örri og vaxandi eyðileggingu. Er hér annars vegar um að ræða náttúruvernd, en hins vegar varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta sem dreifð eru um allt land. Er ætlað að binda ¼ af ráðstöfunarfé sjóðsins til hvors þessa verkefnis fyrir sig.

Í grg. með þáltill. er að finna sérstakar álitsgerðir frá Náttúruverndarráði, Þjóðminjasafni Íslands og húsfriðunarnefnd, þar sem þessir aðilar gera grein fyrir verkefnum sínum og þörf sinni fyrir aukið fjármagn. Rek ég þær hugmyndir ekki frekar, en bendi á að húsafriðunarnefnd hefur samið skrá yfir þau hús sem hún leggur til að varðveitt verði eða friðuð í náinni framtíð. Ekki má skilja framlagningu þeirrar skrár hér á Alþ. á þann veg að með henni hafi stjórnvöld fallist á allar þær till. sem þar hafa komið fram.

Hinum helmingnum af ráðstöfunarfé sjóðsins mundi stjórn hans úthluta í samræmi við meginmarkmið hans, og koma þá einnig til greina viðbótarframlög til fyrrgreindra verkefna.

Þjóðhátíðarsjóður verður ávaxtaður í Seðlabankanum með hagkvæmustu kjörum. Ríkisstj. telur hugsanlegt að einhver hluti af fjármagni sjóðsins verði ávaxtaður með lánum til ríkissjóðs í því skyni að fjármagna framkvæmdir sem eru menningarlega mikilvægar og standa nærri verksviði sjóðsins. Þar kemur ekki síst til álita bygging þjóðarbókhlöðu, en byggingarnefnd hennar mun væntanlega hafa gengið frá útboðsgögnum síðar á þessu ári.

Þær raddir hafa heyrst, að rétt væri að verja ágóða af sölu þjóðhátíðarmyntarinnar til byggingar þjóðarbókhlöðu, og í byrjun þessa árs, 4. jan., barst ríkisstj. bréf frá byggingarnefnd þjóðarbókhlöðunnar og fagnar hún þeirri hugmynd, sem hreyft hefur verið á Alþ. og ýmsir hafa tekið undir, að Þjóðhátíðarsjóði verði varið til byggingar þjóðarbókhlöðu. Í tilefni af þessu bréfi efndum við menntmrh. til fundar með byggingarnefndinni. Fundurinn snerist um framkvæmdir við byggingu þjóðarbókhlöðunnar. Þar lögðum við menntmrh. áherslu á að öllum undirbúningi að byggingu bókhlöðunnar yrði haldið áfram af fullum krafti, en hann hefur nú staðið í allmörg ár, eins og eðlilegt er um svo viðamikla framkvæmd. Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að á grundvelli þess einhugar, sem ríkt hefur um byggingu þjóðarbókhlöðu hér á Alþ., sé einsýnt að þingið muni tryggja nægilegt fjármagn til þess að hagkvæmasta framkvæmdahraða verði haldið. Hluti af eða allt stofnfé Þjóðhátíðarsjóðs getur skipt máli að fá að láni til þjóðarbókhlöðu á næsta ári eða þar næsta í viðbót við hækkaðar fjárveitingar Alþingis, en á þessu ári er séð fyrir nægilegu fjármagni og eftir 1979 er eðlilegt að átaki því, sem beint hefur verið að framkvæmd landgræðsluáætlunar, verði snúið að fullnaðarlokum byggingar þjóðarbókhlöðunnar.

Lagt er til að sjóðsstjórn verði skipuð fimm mönnum og skuli þrír þeirra kjörnir af Sþ., einn tilnefndur af ríkisstj. og einn af Seðlabanka Íslands. Í upphaflegum till. Seðlabankans var gert ráð fyrir að stjórnin væri skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af ríkisstj., öðrum af Háskóla Íslands og þeim þriðja af Seðlabankanum, en með þeirri skipan, sem ríkisstj. ákvað, kýs Alþ. meiri hl. sjóðsstjórnar. Stjórnin, sem verður ólaunuð, ákveður bæði hve miklu fé verði varið til styrkveitinga hverju sinni og hverjir styrkina skuli hljóta. Ber hún í einu og öllu ábyrgð á starfsemi og stefnu sjóðsins, en Seðlabankinn mun annast ritara- og skrifstofustörf endurgjaldslaust, en annar kostnaður greiðist af sjóðnum sjálfum.

Eins og segir í ítarlegri grg., sem fylgir þáltill., hafa menn á síðari tímum vaknað til meðvitundar um það, að hinar ótrúlega öru tæknibreytingar nútímans eru að eyða fyrir augum okkar óbætanlegum menningararfi og spilla mörgum fegurstu stöðum landsins. Þó reynt hafi verið að spyrna við fótum með vaxandi framlögum og verndunaraðgerðum af hálfu ríkis og annarra aðila blandast vafalaust engum hugur um þau miklu verkefni sem enn eru ónunnin á þessu sviði. Má því segja að ærin verkefni bíði sjóðs sem ætlað er það meginhlutverk að vinna að varðveislu þeirra miklu verðmæta menningar og náttúru sem við íslendingar höfum fengið í arf.

Ég vil ljúka máli mínu með því að láta í ljós þá skoðun, að sú till. til þál., sem hér liggur fyrir, sé að meginstefnu í samræmi við þá þáltill. sem allir þingflokkar stóðu að og samþykkt var á Þingvöllum 28. júlí 1974. Eins og við munum og minnst hefur verið á, tók Alþ. þá ákvörðun að verja ríflegu fjárframlagi til og með 1979 til þess að græða upp landið og vernda gróðurinn. Einhugur hefur einnig ávallt ríkt um byggingu þjóðarbókhlöðu, og því verður að treysta að Alþ. sjái því máli fjárhagslega farborða jafnóðum og tæknilegum undirbúningi er lokið. Hvor tveggja þessi mál miða að því að varðveita og ávaxta þjóðararf. En jafnhliða þessum stóru og mikilvægu verkefnum er ekki síður mikilvægt að veita fé til að varðveita og vernda þau margvíslegu önnur verðmæti lands og menningar sem við höfum tekið í arf, eins og lagt er til nú að gert verði með Þjóðhátíðarsjóði. Ég vona að þm. verði einhuga um þessa till. og hún hljóti skjóta afgreiðslu.

Að svo mæltu vildi ég, herra forseti, gera það að till. minni að þáltill. verði vísað til síðari umr. og fjvn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á því að þessi till. kæmi svo fljótt til umr., en hún hefur greinilega notið forgangs fram yfir önnur mál sem á dagskrá eru á undan henni. Ég vil því mælast til þess,

vegna þess að ég mun hafa nokkrar aths. við þetta mál að gera, hversu gott sem það er í sjálfu sér, — ég vil mælast til þess, vegna þess að ég er engan veginn undirbúin til þess að gera grein fyrir því máli mínu, sem þó verður ekki langt þegar að því kemur, að umr. verði frestað nú og málið tekið fyrir á næsta fundi Sþ., þó ekki ef það verður í dag.

Umr. frestað.

Rekstrar- og afurðalán til bænda, þáltill. (þskj. 275). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðild grænlendinga að Norðurlandaráði, þáltill. (þskj. 80). — Ein umr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi lagði hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, fram till. þá sem hér er nú tekin til umr. Vegna veikindaforfalla flm. hefur dregist að mæla fyrir till. Mér er ljúft að verða við þeirri ósk hans að gera það hér með nokkrum orðum, enda er ég honum sammála um það, að það eigi að vera sjálfsögð skylda okkar íslendinga að greiða fyrir því, hvar sem við getum og með hverjum þeim hætti sem við getum, að grænlendingar, grænlenska þjóðin, fái risið á legg og notið sín sem sérstök þjóð. Grænlendingar eru um 50 þús. að tölu. Þeir eru því nokkru fjölmennari en bæði færeyingar og álandseyingar, en eins og öllum hv. alþm. er kunnugt hafa þessar þjóðir tvær, færeyingar og álandseyingar, báðar fengið ákveðinn aðildarrétt að Norðurlandaráði og hafa m.a. fengið fána sína viðurkennda þar sem fána sérstakra þjóðlanda. Svo langt eru grænlendingar ekki komnir. Saga þeirra, eftir að danir gerðu Grænland að amti í Danmörku, eins og þeir kalla það, er því miður mikil raunasaga. Á tiltölulega skömmum tíma hefur sérstakt, að vísu frumstætt veiðimannaþjóðfélag verið upprætt að mestu. Fólkinu hefur verið smalað saman, í sumum tilvikum með hreinu valdboði, í þorp og bæi þar sem það hefur síðan unnið við dönsk atvinnufyrirtæki. Á einni einustu kynslóð, ferli einnar kynslóðar hefur grænlenska þjóðin verið knúin til að gerbreyta um lífshætti og að því er virðist með hörmulegum afleiðingum á marga lund. Af miklu fyrirhyggjuleysi hafa danska þjóðin eða forustumenn Danmerkur látið það viðgangast, að stórir fiskiflotar margra þjóða hafa eytt svo gegndarlaust fiskimiðin við Grænland, að þar er nú víðast hvar orðin alger örðeyða, en þarna voru áður, eins og kunnugt er, einhver hin auðugustu fiskimið í heimi.

Ekki dreg ég það í efa, að ýmsir danskir ráðamenn hafa á undanförnum árum og áratugum viljað láta gott eitt af sér leiða í sambandi við stjórn Grænlandsmála. Það má jafnvel láta sér detta í hug að sumir þeirra hafi alið með sér þann draum, að nú skyldu danir sýna það öllum heimi hvernig menntuð norrræn þjóð eflir gamla nýlendu til dáða samkv. bestu iðnvæðingarforskrift nútímans. En Grænland er auðugt af ýmsum málmum og raunar fleiri verðmætum, og maður fær ekki betur séð en það hafi verið danskt auðvald sem hafi ráðið um stjórn Grænlandsmála á undanförnum áratugum svo að segja því sem það vildi, með þeim afleiðingum sem nú eru mörgum orðnar kunnar og þó e.t.v. ekki eins og skyldi. Þótt danskir valdamenn hafi stundum, þegar samviskan ónáðaði þá verulega, slett jafnvel umtalsverðum fjárhæðum í einhverjar endurbætur eða umbætur á Grænlandi, þá er eins og margt af því a.m.k. hafi gefist illa og reynst hrein hefndargjöf.

Ég tel að danir eigi að hafa vonda samvisku vegna frammistöðu sinnar í Grænlandi. Ég tel að það sé skylda frændþjóða dana á Norðurlöndum og okkar íslendinga ekki hvað síst að vekja samvisku dana í þessum efnum, að svo miklu leyti sem hún sefur, vekja samviskubit þeirra.

Ég vil svo aðeins vitna til þeirra orða sem eru í lok grg. hv. 3. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, með þeirri till. sem hér er til meðferðar, en þar segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðustu árum hefur eflst í Grænlandi pólitísk vakning, ekki síst meðal ungs fólks sem hlotið hefur menntun og kynnst ástandinu í öðrum Evrópulöndum. Þetta unga fólk ber fram eðlilegar kröfur um sjálfstjórn. En jafnframt vofa yfir grænlendingum meiri hættur en nokkru sinni fyrr, vegna þess að við landið og í því hafa fundist mikil verðmæti, t.d. bæði olía og úran. Hætta sú, sem vofir yfir grænlendingum, er að alþjóðlegir auðhringir fái aðstöðu til að nýta þessar auðlindir, án þess að grænlendingar verði um það spurðir, en með slíkri innrás væri bundinn endir á grænlenska menningu og eðlilegar grænlenskar sjálfstæðishugmyndir.

Danskir ráðamenn segja oft að vandamál grænlendinga séu „danskt innanríkismál“, og er vonandi ógeðfellt fyrir alla íslendinga að hlusta á slíkan málflutning. Hitt væri sýnu geðfelldara, að norðurlandabúar allir litu á það sem hlutverk sitt að styrkja grænlendinga til þess að ná þjóðlegri fótfestu á nýjan leik og ákveða sjálfir framtíðarörlög sín. Till. þessari er ætlað að gefa grænlendingum kost á að kynna vandamál sín og túlka viðhorf sín í stofnun þar sem fulltrúar allra Norðurlandaþinga eiga fulltrúa.“

Ég vil svo, herra forseti, gera það að till. minni, að þessari þáltill. verði að lokinni umr. nú vísað til utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., fjallar, eins og forseti lýsti og frsm. gerði grein fyrir, um aðild grænlendinga að Norðurlandaráði. Ég sakna þess að okkar ágæti vinur og þingbróðir, 1. flm. till., skuli ekki eiga þess kost að mæla fyrir henni. En það er ekki þar fyrir, að það var vel gert engu að síður, þó að af öðrum væri. Og ég vil lýsa því hér og nú, eins og ég hef raunar gert við 1. flm., — ég held að hann sé einn með till.,

— að ég er þessu mjög sammála. Ég álít að grænlendingar eigi ekkert síður rétt á því heldur en færeyingar, álendingar og við að eiga aðild að Norðurlandaráði og kynna þar aðstæður sínar, málefni og vinna þeim það fylgi sem Norðurlandaráð getur veitt og við höfum áður rætt um hér og það ekki alls fyrir löngu að er umtalsvert.

Það er vissulega rétt, sem hv. frsm., Gils Guðmundsson, sagði áðan, að það hefur verið framin rányrkja á grænlenskum fiskveiðislóðum og það er kominn meir en tími til þess að henni sé hætt. Það er einmitt þess vegna sem ég hef verið þeirrar skoðunar og er, að við eigum að gera fiskverndarsamning við Efnahagsbandalag Evrópu til þess að taka upp í sameiningu vernd á grænlenskum og íslenskum fiskimiðum og fiskstofnum. Ég álít að m.a. þess vegna sé það áríðandi og eðlilegt að grænlendingar fái aðild að Norðurlandaráði, þar sem þeir geti flutt mál sitt, eins og ég áðan sagði, og unnið sínum málstað gagn.

Ég veit ekki hversu margir grænlendingar eru. Hv. þm. talaði um að þeir væru 50 þús. Ég hygg að hann eigi þar við alla íbúa Grænlands, en hluti þeirra eru danir, eins og við öll vitum. Engu að síður er hér um umtalsvert þjóðarbrot að ræða, fólk sem er af sérstökum kynstofni, fólk sem byggir sérstakt land og fólk sem á skilið að njóta fyllstu mannréttinda. Þess vegna styð ég þessa till. af heilum hug.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst upp í ræðustólinn til þess að þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög jákvæðar undirtektir undir þá till. sem hér er nú til umr. Ég ætla ekki að fara að blanda inn í þessa umr. hugleiðingum um það, hvort við þurfum að gera fiskveiðisamning við Efnahagsbandalag Evrópu vegna grænlendinga, það er annað mál, en mér þykir vænt um að heyra það, að hæstv. utanrrh. styður þessa hugmynd, að grænlendingum verði gert kleift að láta rödd sína heyrast í Norðurlandaráði. Og því fylgir vissulega sá hugur — ég veit það — frá hálfu hæstv. ráðh., eins og ég hygg að ég hafi lagt áherslu á í tölu minni áðan, að við íslendingar hljótum að telja það skyldu okkar við hvert tækifæri að styðja þá baráttu sem grænlendingar heyja nú í fyrsta lagi fyrir því að fá heimastjórn í líkingu við það sem færeyingar hafa fyrir löngu fengið.

Ég vil aðeins í sambandi við þær hugleiðingar benda á þann mikla mun sem er þó á aðstöðu færeyinga annars vegar og grænlendinga hins vegar, að þegar um er að ræða fiskveiðimál og Efnahagsbandalag Evrópu, þá kemur þessi munur afar greinilega í ljós. Það virðist svo sem færeyingar geti á grundvelli sinna heimastjórnarlaga ráðið sínum málum a.m.k. að verulegu leyti sjálfir í þeim efnum, en grænlendingar verða, að því er manni er tjáð, að hlíta því, sem danir og Efnahagsbandalag Evrópu ákveða fyrir þeirra hönd, enda þótt fram hafi farið atkvgr. um það í Grænlandi, hvort þeir vildu aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, á sínum tíma, þegar sú atkvgr. fór fram í Danmörku, og ég held um 80% þeirra sem greiddu atkvæði í Grænlandi, vildu ekki aðild. Þetta er mikill munur, sem m.a. kemur þarna fram, og ég hygg að allir íslendingar hljóti að fagna því að það er vaxandi hugur í grænlendingum nú að auka sjálfstjórn sína og sjálfstæði.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rafstrengur til Vestmannaeyja, þáltill. (þskj. 409). — Ein umr.

Flm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 409 um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Rafmagnsveitum ríkisins að hefja nú þegar undirbúning að því, að nýr rafstrengur verði lagður til Vestmannaeyja.“

Þessi rafstrengur, sem nú flytur einn allt það rafmagn, sem Vestmannaeyjar fá frá meginlandinu frá orkuverum á Suðurlandi, er orðinn nokkuð gamall ef miðað er við aldur slíkra strengja. Hann hefur nú á þessu ári bilað tvívegis, auk þess sem gerð var á honum talsverð endurbót í upphafi ársins fyrir allmikið fé, mun hafa kostað um 70—80 millj. kr. Ekki var svo langt frá þeirri aðgerð þar til strengurinn varð fyrir áfalli vegna óhapps þegar skip setti strenginn sundur nálægt Vestmannaeyjum, og það kostaði það að þessi stóri kaupstaður og öfluga verstöð með mikilli framleiðslu og raforkufrekri var án orku frá meginlandinu og varð að reyna að útvega það rafmagn sem þurfti með því að keyra það varaafl, sem Rafveita Vestmannaeyja hefur, og með því að bæta við alloflugri raforkuframleiðsluvél, sem fékkst annars staðar til viðbótar. Öll þessi dísilkeyrsla var auðvitað mjög dýr, enda voru þá og eru enn allar fiskverkunarstöðvar í fullum gangi og tvær mjölverksmiðjur, utan alls þess rafmagns sem kaupstaðurinn sjálfur þarfnast með sínum margbreytilegu þjónustuatvinnuvegum og þeirri neyslu sem slíkur kaupstaður þarf að öðru leyti. Sú viðgerð tók langan tíma, stóð í margar vikur, enda þurfti að sækja til þeirrar viðgerðar sérfræðinga frá útlöndum. Og nú skömmu síðar hefur strengurinn bilað enn einu sinni og er viðbúið að það kosti einnig mikið fé. Ég tel að það sé mjög varlega áætlað að þessar viðgerðir á strengnum á þessu ári einu kosti a.m.k. helminginn af því sem nýr strengur kostar.

Það gefur auga leið og þarf ekki langra útskýringa eða mikilla við, að það er afar ótryggt fyrir svo öflugt og orkufrekt bæjarfélag að búa við það að hafa aðeins eina línu úr landi. Það er nú svo, að víðast hvar geta flutningalínur bilað þegar raforka er flutt á milli landshluta, og þó að það sé vissulega alvarlegt mál oft á tíðum, þá er eðli málsins samkv. a.m.k. í langflestum tilfellum miklu fljótlegra og auðveldara að gera við slíkar bilanir og tengja rafmagnið á nýjan leik heldur en þegar um er að ræða neðansjávarstreng. Til þess að gera við slíkan neðansjávarstreng þarf að vera mjög gott veður og stillt í sjó um nokkurn tíma, og þegar

slíkar bilanir verða að vetri til getur viðgerð dregist lengi. Það vitum við sem þekkjum veðráttuna við suðurströnd landsins þar sem er oft afar stormasamt. Má geta þess í leiðinni, að það mun vera stormur þar að meðaltali einu sinni í viku yfir allt árið, en þessi stormur, 9 vindstig og meira, kemur auðvitað miklu oftar, tiltölulega þéttar að vetrarlagi en á öðrum tímum árs. En það er einmitt að vetrarlagi sem orkunnar er mest þörf. Allra hluta vegna eru orkufrekustu fyrirtækin í fullum gangi og þarf ekki að hafa um það mörg orð.

Það hefur verið vestmanneyingum ljóst nú í allmörg ár, að mjög æskilegt væri og jafnvel nauðsynlegt að sækja eftir því að fá nýjan streng til Vestmannaeyja. Það hefur verið nokkur tregða á þessu. Strengurinn hefur fram undir það síðasta staðið sig allvel og Rafmagnsveitur ríkisins hafa verið nokkuð tregar að leggja út í svo dýrt fyrirtæki ef það ætti aðeins að vera til vara. En nú hefur nýliðin reynsla sýnt að strengurinn er orðinn viðkvæmur, hann er orðinn bilanagjarn, enda liggur hann víða á nokkuð ósléttum botni þar sem hætt er við að hann verði fyrir hnjaski, og slíkir strengir þola ákaflega lítið af því tagi. Hins vegar, eftir að þessi reynsla hefur fengist, eru menn alveg orðnir ákveðnir í því, sem til þekkja, að ekki verði lengur vikist undan því að koma upp öðrum streng: í fyrsta lagi vegna bilanahættu og þess stórkostlega tjóns sem verður þegar strengurinn fellur út og í öðru lagi vegna þess að það þarf að auka flutningsgetuna til Vestmannaeyja. Er álitið að þessi strengur, eins og hann er gerður, með þá flutningsgetu sem hann hefur, verði gersamlega fullhlaðinn eftir 2—3 ár, kannske í lengsta lagi fjögur. En ég vil benda á það, að ef við förum að leggja miklu meira á þennan eina streng, þá verða töpin ákaflega mikil í flutningi, og þessi töp vaxa ekki eftir beinni línu, heldur veldislínu, þannig að þau fara mjög hratt vaxandi eftir því sem meira er á hann lagt. Nú höfum við keypt fast rafmagn að undanförnu ofan af landi, um 4 mw., en bærinn notar yfir 6 mw. Allar líkur benda til og er raunar vitað að nú innan tíðar þurfum við að auka okkar föstu orkukaup af Rafmagnsveitum ríkisins, þannig að sífellt verður óhagkvæmara að flytja raforku eftir strengnum. Töpin eru nú um 10—12% og verða um 15% ef farið verður upp í þessa tölu, sem ég nefndi áðan, og enn hærri ef meira þarf að flytja. Það er þess vegna nokkuð augljóst, að það fer að verða bráðnauðsynlegt að fá nýjan streng, og það er mitt álit og þeirra, sem ég hef talað við um þessi efni, m. a. rafveitustjórann í Vestmannaeyjum, að það borgi sig örugglega að leggja út í þessa framkvæmd. Það er stutt í það að strengurinn verði fullhlaðinn, og auk þess er öryggið allt of lítið og það fé, sem hefur farið í þessar viðgerðir vegna truflana á þessu ári, er, eins og ég sagði áðan, komið upp í hálft verð a. m. k. á nýjum streng.

Ég get sagt það hér, að Rafveita Vestmannaeyja eða rafveitustjórinn í Vestmannaeyjum hefur leitað eftir tilboðum í strenginn. Það er auðvitað ekki hægt að greina frá því hvernig þau tilboð standa, en það er vitað mál þó, að það er einhvers staðar á því bili að vera rúmar 200 millj. kr. Þarna er sem sagt ekki um neitt ákaflega dýra framkvæmd að ræða, ef miðað er við þá nauðsyn, sem nú er upp komin, og við það ástand, sem strengurinn virðist vera kominn í, að hann skuli bila aðeins mjög stuttum tíma eftir ágæta viðgerð nú síðari hluta vetrar.

Ég held að það sé varla ástæða til þess að fjölyrða miklu meira um þetta mál. En ég held að það sé rétt að geta þess í leiðinni, að það er raunar ekki nóg að koma á þessum nýja streng, þessari nýju orkulínu til landsins. Það þarf einnig að styrkja flutninginn á raforku frá Hvolsvelli og niður til sands sem nú þegar er ófullnægjandi.

Ég held að ég verði að segja það, að ég er ekki ánægður með að hæstv. iðnrh. er ekki í salnum og getur ekki séð sér fært að hlusta á umr. um þetta orkumál sem sannarlega fellur undir hans verksvið. Þetta orkumál er að vísu ekki mjög stórt á landsmælikvarða, en er ákaflega stórt fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Ég treysti því, að hv. alþm. leggi þessari till. lið. Þetta er algerlega ópólitísk till. Þarna er aðeins verið að reyna að ýta áfram miklu nauðsynjamáli fyrir stærstu verstöð landsins.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þetta mál um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja frá fastalandinu er búið að vera í athugun heima í héraði um nokkurn tíma. Rafveitustjórinn þar hefur haft með höndum undirbúning þessa máls, því að vitað var að ekki mundi líða mjög langur tími þar til strengurinn mundi ekki fullnægja flutningsþörf á því rafmagni sem nauðsynlegt er að fá út til Eyja frá fastalandinu. Ég hygg að það hafi verið að því stefnt heima í héraði að undirbúa málið með nægjanlegum upplýsingum, þannig að viðkomandi stjórnvöld gætu gert sér fulla grein fyrir kostnaði við þetta mannvirki og að það hefði átt að koma hingað inn á Alþ. í haust.

Nú hefur það gerst, eins og kunnugt er, að alveg liggur ljóst fyrir að þessum framkvæmdum þarf að flýta meira en gert var ráð fyrir vegna þeirra bilana sem fram hafa komið nú á þessu ári.

Vestmanneyingar voru allt fram undir árið 1973 mjög vel settir í þessu sambandi. Engin bilun hafði fram að þeim tíma komið fram á strengnum og þá var nægjanlegt varaafl heima í Rafveitu Vestmannaeyja. Þar voru vélar með að samanlögðum hestaflafjölda rúmlega 5 þús. hestöfl, þannig að þó einhver bilun yrði uppi á fastalandinu, eins og nokkrum sinnum kom fyrir, þá urðu vestmanneyingar aldrei neitt við það varir vegna þess að það var skipt yfir samtímis má segja og gerðist næstum sjálfkrafa að skipt var yfir á vélaafl Rafveitunnar. En eins og kunnugt er, þá fór Rafveitan forgörðum með öllum búnaði í náttúruhamförum sem þar urðu 1973, og var þá þegar hafist handa um að fá varavélar til Eyja, en hvorki tími né aðstæður til þess að byggja Rafveituna upp í því formi sem áður var og nauðsynlegt er. Það var þá safnað saman smærri vélum, samtals milli 3000 og 4000 hestöfl. Ef ég man rétt, þá eru þessar vélar á fimm stöðum í bænum og er rekstur þeirra þar af leiðandi mjög erfiður fyrir starfsmenn Rafveitunnar. En meðan strengurinn var heill og menn töldu að nokkuð væri óhætt að treysta á

getu hans hefur þetta ekki mjög mikið komið að sök. Bilanir hafa ekki orðið miklar og varaafl fyrir hendi til þess að komist yrði hjá verulegri skömmtun á rafmagni eða að rafmagnsleysi ylli tjóni hjá hinum stærstu notendum, sem eru fiskvinnslustöðvarnar. En því miður virðist svo að strengurinn hafi eitthvað gefið sig 1973, og þarf engan að undra það, því að ég held að nokkur hluti hans hafi hreinlega þá farið undir hraun. Jarðfræðingar, sem starfandi voru úti í Eyjum meðan náttúruhamfarirnar gengu þar yfir, töldu að sennilega hefðu orðið eldsumbrot á hafsbotninum nálægt því þar sem strengurinn liggur, svo að engan þarf að undra þó að bilanir komi fram nú.

Það er því eðlilegt að þessu máli sé hreyft hér þó að það hefði verið mjög æskilegt að það hefði verið betur undirbúið af aðilum heima í héraði, með meiri upplýsingum. En nú er verið að vinna að slíkri gagnasöfnun, eins og kom fram hjá frsm., og verður vonandi innan mjög skamms tíma hægt að gera stjórnvöldum fullnægjandi grein fyrir því mannvirki sem hér um ræðir. En ég tek mjög undir það, að það er aðeins stuttur tími til stefnu. Þó að strengurinn gæti enst okkur í 2—3 ár, þá tel ég það stuttan tíma til undirbúnings, en innan þess tíma liggur nokkurn veginn alveg ljóst fyrir að nýr strengur verður að vera lagður út til Eyja. Það er þegar nokkur hluti bæjarins kominn inn á rafveitukerfið með kyndingu húsa og hefur farið vaxandi á undanförnum árum, þannig að einnig það kallar á aukna raforku umfram það sem kannske upphaflega var reiknað með og aðilar heima í héraði höfðu kannske gert sér grein fyrir fyrir nokkrum árum, þegar fyrst var farið að tala um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja.

Ég gat þess áðan, að við höfum verið mjög vel settir fram að 1973 með rafmagn, þar sem við höfum strenginn, sem þá var talinn mjög öruggur og traustur, og nægilegt vélafl. Og ég vil geta þess, að það kom fyrir — ég vil ekki segja iðulega, en nokkuð oft, þegar bilanir urðu á línunum uppi á landi, að rafveitan í Vestmannaeyjum var notuð til þess að keyra inn á Suðurlandssvæðið og bjargaði þá oft meðan viðgerðir fóru fram á línunum ef bilun varð vestan Hvolsvallar, þannig að þeir sem tengdir voru við Sogsvirkjunina fengu þá um misjafnlega langan tíma rafmagn frá varaaflsstöðinni í Vestmannaeyjum.

En eins og réttilega kom fram hjá frsm., þá hafa þeir atburðir gerst nú á þessu ári, að það liggur alveg ljóst fyrir að málinu verður að flýta mun meira en áður hafa verið gerðar áætlanir um, bæði vegna aldurs strengsins, hann er orðinn nokkuð gamall, þó hygg ég að með eðlilegum hætti hefði hann átt að geta enst nokkurn tíma enn þá, og einnig og alveg afgerandi liggur orðið ljóst fyrir að hann flytur ekki, þó hann væri í fullkomnu lagi, þá flytur hann ekki eftir örfá ár það rafmagn sem vestmanneyingar þurfa á að halda frá fastalandinu. Jafnvel þó að rafveitan heima verði byggð upp á einum og sama stað og með nægjanlegu varaafli fyrir byggðarlagið, þá er ekkert um það að ræða að nýr strengur verður að koma til viðbótar frá fastalandinu og á það verður að leggja áherslu að hann komi fyrr en menn heima í héraði og reyndar Rafmagnsveitur ríkisins hafa áður gert ráð fyrir.

Ég vil því mjög eindregið mæla með þeirri till. sem hér er til umr. og vil leggja áherslu á, af þeim ástæðum sem hér hefur verið gerð grein fyrir bæði af frsm. og mér, að málinu verði hraðað eins og frekast er kostur og að nýr strengur komi fyrr en kannske aðilar heima í héraði hafa áður talið að nauðsynlegt væri. Viðhorfið hefur breyst við það sem gerst hefur á þessu ári og er alveg sjáanlegt að hjá því verður ekki komist, að nýr strengur verður að vera lagður eins fljótt út til Eyja og frekast er kostur á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Raforkumál Vestfjarða, þáltill. (þskj. 361). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Á þskj. 361 hef ég leyft mér að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj. að hún láti þegar í stað hefja nauðsynlegan undirbúning að ákvarðanatöku um lagningu raflínu frá byggðalínu í botni Hrútafjarðar að Mjólkárvirkjun á Vestfjörðum, þannig að Alþ. gefist kostur á að taka afstöðu til þeirra framkvæmda við gerð fjárlaga fyrir árið 1978. Undirbúningur að ákvarðanatöku þessari miðist við till., sem þegar liggja fyrir um gerð slíkrar línu, línustæði, áfangaskipti framkvæmda o. fl., og við það miðað að lögn línunnar og gerð aðveitustöðva geti verið lokið eigi síðar en um áramót 1979—1980.

Jafnframt ályktar Alþ. að skora á ríkisstj. að hraða gerð áætlana um næstu vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum, þar sem m. a. verði skorið úr um, hvaða virkjunarstaður sé hagkvæmastur, án þess þó að brotið sé í bága við náttúruverndarsjónarmið, og till. um virkjunarstað, stærð og gerð virkjunar og kostnaðaráætlanir liggi fyrir sem allra fyrst, svo af þeim sökum sé unnt að taka ákvörðun um nýja vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum í samræmi við orkuþarfir svæðisins."

Herra forseti. Áður en ég held lengra áfram vil ég vekja athygli á því, sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði hér áðan, að nú á þessum fundi er lokið umr. um eina þáltill. um raforkumál og verði að hefja umr. um aðra. Ég tel mjög æskilegt og vil eindregið fara þess á leit við hæstv. forseta að athuga hvort hæstv. iðnrh. sé í húsinu og honum verði þá a. m. k. gert viðvart um að það sé verið að ræða raforkumál á þingfundum nú, svo honum gefist tækifæri til þess að vera viðstaddur þær umr. ef hann kærir sig um.

Tilgangurinn með flutningi till. þessarar er sá, að Alþ. marki sem fyrst þá ákveðnu stefnu í raforkumálum vestfirðinga sem líklegust er til þess að leysa sem fyrst úr brýnni raforkuþörf sem nálgast nú hreint neyðarástand. Engar framkvæmdir hafa verið ákveðnar í þeim efnum, en samt sem áður er langt komið margvíslegri undirbúningsvinnu, þannig að ákvarðanir er hægt að taka á grundvelli þeirrar undirbúningsvinnu,

en á það hefur skort. Till. þessi gerir ráð fyrir því, að sem fyrsti kostur til úrbóta verði valin sú leið sem talsvert er nú um liðið síðan könnuð var rækilega, en hún er að lögð verði lína frá byggðalínu í botni Hrútafjarðar til Mjólkárvirkjunar, en sú framkvæmd hefur nú um nokkurt skeið verið að mestu tilbúin til ákvörðunar.

Þá er jafnframt lagt til að hraðað verði athugunum, sem raunar er sumum hverjum þegar lokið, á líklegustu virkjunarstöðum á Vestfjörðum og endanlega skorið úr um hvaða virkjunarstaður sé hagkvæmastur, án þess þó að með þeirri virkjun sé brotið í bága við náttúruverndarsjónarmið. Verði síðan unnið að hönnun slíkrar virkjunar og gerð kostnaðaráætlana, þannig að skortur á slíkum undirbúningi standi ekki í vegi fyrir ákvarðanatöku um nýja vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum þegar þörf krefur.

Grg. sem fylgir þessari þáltill. er nokkuð löng og að sama skapi ítarleg þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að fara mjög mörgum orðum um efni till. og forsendur fyrir flutningi hennar, en þó vildi ég minnast í því sambandi á örfá atriði.

Eins og ástandið er nú í raforkumálum vestfirðinga er óhætt að fullyrða að algjört neyðarástand sé þar á næsta leiti og raunar þegar skollið á. Á s. l. ári var að vísu tekin í notkun stækkun á Mjólkárvirkjun, svonefnd Mjólkárvirkjun II, með 5.7 mw. afli. Þegar sú stöð var tekin í notkun var vitað að framleiðsla hennar mundi ekki duga nema til þess að fullnægja þeirri eftirspurn, sem þegar var orðin eftir raforku á veitusvæði Mjólkár, og því lítið sem ekkert afgangs, en samanlagt afl vatnsvirkjana á veitusvæði Mjólkárvirkjunar eftir tilkomu Mjólkárvirkjunar II er aðeins 9 6 mw. Eins og nú standa sakir er afl þessara virkjana hins vegar mun minna sökum þess að Mjólkárvirkjun II fær vatn að hluta til af vatnasvæði sem notað hefur verið til að knýja aflvélar Mjólkárvirkjunar I, þannig að í allan vetur hefur ekki verið unnt að keyra vélar Mjólkárvirkjunar I nema til að framleiða hálft afl. Af þeim sökum hefði raforkuskömmtun þegar verið orðin staðreynd á veitusvæði Mjólkárvirkjunar ef svo hefði ekki viljað til, að Rafveita Ísafjarðar hafi með ærnum tilkostnaði lokið kaupum og uppsetningu á nýrri 2,1 mw. dísilstöð. Sú stöð átti að vera varastöð fyrir Ísafjarðarkaupstað, en dísilaflstöðvar Rafveitu Ísafjarðar eru gamlar og úr sér gengnar og geta brugðist hvenær sem er, en hafa þó verið og eru enn keyrðar jafnt og þétt á vetrum. Þessi nýja dísilstöð Rafveitu Ísafjarðar hefur reynst það haldreipi sem forðað hefur frá algjöru neyðarástandi í raforkumálum á Vestfjörðum því Rafmagnsveitur ríkisins hafa gert samninga við Rafveitu Ísafjarðar um kaup á raforku frá þessari dísilstöð til dreifingar á Vestfjörðum. Með þessum hætti verður í aprílmánuði, þ. e. a. s. nú í þessum mánuði, búið að framleiða um 1 milljón kwst. fyrir RARIK í dísilstöð Rafveitu Ísafjarðar.

Að vísu er nú verið að vinna við vatnsmiðlunarframkvæmdir á vatnasvæði Mjólkárvirkjunar við svonefnda Hofsárveitu sem vonast er til að tryggi aflvélum Mjólkárvirkjunar I nægilegt vatnsmagn á næsta ári, en engin reynsla hefur enn fengist af því, hvort sú framkvæmd skilar fullum árangri, og er því jafnvel spáð af ýmsum mönnum, sem til þekkja, að það muni ekki verða.

Nú fyrir nokkrum dögum barust t. d. fréttir af því, að uppistöðulón Mjólkárvirkjunar væru tæmd og væri því ekki líklegt að Mjólkárvirkjun I og II gætu skilað því orkumagni inn á veitusvæði Vestfjarða sem þær hafa þó sameiginlega getað gert í vetur. Neyðarráðið, eina haldreipið þá var að setja í gang allar dísilstöðvar á Vestfjarðasvæðinu, sem margar eru orðnar mjög gamlar og úr sér gengnar, þannig að ekkert varaafl hefur verið tiltækt á þessu svæði nú um nokkurt skeið, og geta menn rétt rennt grun í það, hvað það mundi þýða ef eitthvað bjátaði á fyrir hin stórvirku framleiðslutæki á sviði sjávarútvegs sem starfrækt eru á Vestfjörðum.

Þetta hefur ekki aðeins í för með sér mikinn kostnað við framleiðslu rafmagns, heldur er með þessu ekki síður tekin sú mikla áhætta, eins og ég sagði áðan, að langtímum saman er ekkert varaafl til á öllu Vestfjarðasvæðinu og sumar dísilstöðvarnar, sem notaðar eru, auk þess að því komnar að falla úr notkun, en ef slíkt yrði mundi það að sjálfsögðu hafa í för með sér mikla erfiðleika fyrir vestfirðinga og gífurlegt fjárhagstjón bæði fyrir íbúa Vestfjarða og þjóðfélagið í heild. Um raforku til húsahitunar er að sjálfsögðu tómt mál að tala svo lengi sem þetta ástand varir. Kemur þetta t. d. glöggt í ljós ef á að miða við nýútkomna endurskoðaða orkuspá fyrir Vestfirði, þ. e. a. s. orkuspá orkuspárnefndar frá febrúarmánuði 1977, og ef sú spá er borin saman við framleiðslugetu virkjana á svæðinu. Vissulega verður, eins og ég hef áður vakið athygli á hér á hinu háa Alþ., að taka þessa orkuspá með nokkrum fyrirvara og allmiklum fyrirvara raunar, þar sem hún gerir ráð fyrir því að rafhitunareftirspurn verði fullnægt þá þegar sem hún er samin. En þar má einnig hafa til hliðsjónar upplýsingar um orkuþörf og orkuframleiðslu á veitusvæði Mjólkárvirkjunar sem Vestfjarðaveita RARIK hefur saman tekið, en sú spá er byggð á því að raforku til húsahitunar verði komið á á Vestfjörðum í áföngum á nokkru árabili.

Eins og fyrr sagði er sameiginlegt afl vatnsaflsvirkjana á svæðinu alls 9.6 mw. Sé miðað við þessa áætlun Vestfjarðaveitu RARIK um húsahitun með rafmagni í áföngum og 20% álagi vegna orkutaps verður orkuþörf Mjólkárvirkjunarsvæðisins sem hér segir: Árið 1978 alls 81.7 gwst. og orkuskortur 26.3 gwst. Árið 1979 orkuþörf alls 94.5 gwst. og orkuvöntun 39.1 gwst. Árið 1980 orkuþörf alls 107.6 gwst. og orkuvöntun 52.2 gwst. Ef anna ætti þessari orkuvöntun með orkuframleiðslu frá dísilstöðvum mundi það kosta sem hér segir: Árið 1978 473.4 millj. kr., árið 1979 703.8 millj. kr. og árið 1980 939 6 millj. kr. Hér er reiknað með því að þessi framleiðsla á orku með dísilstöðvum sé veitt með nýjum dísilstöðvum sem þarf að sjálfsögðu að bæta við á svæðinu og framleiðslukostnaður verði svipaður og hann er nú frá hinni nýju dísilstöð Rafveitu Ísafjarðar eða um 18 kr. á kwst. En hér er einnig við það miðað að framkvæmdir við Hofsárveitu skili fullum árangri, þannig að afl Mjólkárvirkjunar I nýtist til fulls.

Þrátt fyrir það ástand, sem hér hefur verið

lýst, hafa engar ákvarðanir verið teknar um frekari virkjunarframkvæmdir á Vestfjörðum. Að vísu var 14. maí árið 1975 samþykkt hér á Alþ. till. til þál. frá þm. frá Vestfjörðum þess efnis að ríkisstj. væri falið að heimila smávirkjun við Suðurfossá á Rauðasandi. Fljótlega eftir samþykkt till. var hafist handa um nokkrar undirbúningsframkvæmdir, en síðan ekki söguna meir. Bendir nú ýmislegt til þess að ekki verði af frekari virkjunarframkvæmdum þar, m. a. vegna þess að athuganir hafi leitt í ljós að virkjunin sé mun óhagkvæmari nú en fyrst var talið. En jafnvel þótt svo færi að haldið yrði áfram framkvæmdum við Suðurfossá er hér um svo litla virkjun að ræða, að orkan, sem hún gæti framleitt, yrði nánast eins og dropi í hafið þegar miðað er við þörfina.

Ef hæstv. ráðh. iðnaðarmála hefði verið viðstaddur þennan fund, þá hefði ég notað þetta tækifæri til þess að spyrja hann að því, hvað væri fyrirhugað um Suðurfossárvirkjun, hvort þar ætti að halda áfram. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. hefur fengið tilkynningu um að það sé verið að ræða um þetta mál og hann er í húsinu, veit ég.) Ég þakka fyrir. Mér gefst þá tækifæri til þess að beina þessari spurningu og væntanlega fleirum til hæstv. ráðh.

Þá voru samþ. lög á Alþ. 18. maí s. l., 18. maí 1976, um Orkubú Vestfjarða. Lagasetning þessi er einvörðungu um skipulag raforkumála í fjórðungnum, en í henni felst engin ákvörðun um frekari virkjanir eða aðrar ráðstafanir til þess að leysa úr raforkuvandkvæðum vestfirðinga.

Annað og meira en það, sem hér er upp talið, hefur ekki verið aðhafst í raforkumálum á Vestfjörðum og því óhætt að fullyrða að eindæma sinnuleysi hafi ríkt um þau mál hjá stjórnvöldum og æðstu yfirstjórn orkumála í landinu, enda munu þeir aðilar hafa talið sig þurfa um annað að hugsa í raforkuframkvæmdum en að bæta úr brýnni þörf þess fólks sem Vestfirði byggir.

Hæstv. ráðh. er kominn í salinn og vil ég þá nota tækifærið til þess að beina til hans minni fyrstu fyrirspurn, sem er á þá lund, hvort fyrirhugaðar séu frekari virkjunarframkvæmdir við Suðurfossá á Rauðasandi, hvenær þeim framkvæmdum, sem þar voru hafnar fyrir nokkru, en hefur ekki verið fram haldið, verði haldið áfram og þá með hvaða hætti.

Þeim mun augljósara er þetta andvaraleysi þar sem vitað er að till. hafa nú um nokkra hríð legið fyrir um aðgerðir til úrbóta, en ákvarðanir á grundvelli þeirra hefur ekki verið hirt um að taka. Svo eitt dæmi sé nefnt þessum orðum til stuðnings, þá er nú alllangt liðið síðan athugunum lauk varðandi gerð, stæði, kostnað og framkvæmdir við byggingu línu frá byggðalínu í botni Hrútafjarðar, þaðan í Króksfjarðarnes og síðan vestur um að Mjólkárvirkjun. Fyrir nokkru gerðu Rafmagnsveitur ríkisins till. til ríkisstj. við undirbúning fjárlaga um að línubyggingin yrði hafin, og ef á þá till. hefði verið fallist væri gerð línunnar hafin og langt á veg komin þegar þetta er talað. Ríkisstj. hafnaði hins vegar þessum till. Rafmagnsveitna ríkisins og hefur enn ekki fengist til þess að fallast á slíkar tillögur.

Svo annað dæmi sé tekið, þá fékk iðnrh. í júlímánuði árið 1976 í hendur frá Rafmagnsveitum ríkisins tvær viðamiklar skýrslur um næstu hugsanlegar vatnsaflsvirkjanir í Vestfirðingafjórðungi. Ég er með þessar skýrslur hér. Önnur þeirra, sem er talsvert þykk bók, er um frumáætlun um Dynjandisvirkjun og drög að áætlun um Skúfnavatnavirkjun, árituð af Almennu verkfræðistofunni hf., Fellsmúla 26, Reykjavík, ástimpluð júlí 1976. Síðari skýrslan er unnin af Rafmagnsveitum ríkisins eða Verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og einnig ástimpluð júlí 1976. Hún er skýrsla um athugun á orkuvinnslugetu og aflþörf Dynjandisvirkjunar og Skúfnavatnavirkjunar. Það fer sem sé bráðum að verða liðið eitt ár frá því að þessar skýrslur bárust hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. í hendur fullfrágengnar eða eins frágengnar og ég er með þær hér. En svo undarlega hefur verið á þessu máli haldið, að af einhverjum ástæðum hafa ekki þm. vestfirðinga og að ég best veit sveitarstjórnarmenn ekki heldur fengið um það að vita að t. d. frumhönnun virkjunar í Dynjanda væri lokið og sú virkjun því fyrir allnokkru komin á ákvörðunarstig. Ég veit ekki hvað veldur því, að við þm. af Vestfjörðum höfum ekki fengið að vita um þetta og fylgjast með þessu, eins og ég held að vaninn sé um allar slíkar og þvílíkar framkvæmdir og ráðagerðir um framkvæmdir í viðkomandi kjördæmum, og þætti vænt um að heyra svör frá hæstv. ráðh. um það, hvað veldur því að það er ekki fyrr en núna í þinglok sem ég og flestir samþm. mínir af Vestfjörðum, bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar, það er ekki fyrr en fyrst nú sem við fáum fregnir af því, að búið sé að ljúka þessum áætlunum sem ég lýsti hér áðan, og þær fregnir bárust okkur ekki frá yfirvöldum raforkumála í landinu né heldur frá iðnrn.

Ég vildi einnig beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort það kunni að vera rétt, sem flogið hefur fyrir, að þess hafi sérstaklega verið óskað við Rafmagnsveitur ríkisins, að a. m. k. á þessu stigi málsins fengju þm. af Vestfjörðum og sveitarstjórnarmenn úr kjördæminu ekki þessa skýrslu í hendur. (**Gripið fram í:** Vill hv. þm. endurtaka þessa fyrirspurn?) — Ég vildi gjarnan fá að vita það, hvort það kunni að vera að það hafi borist einhver tilmæli frá iðnrn. til Rafmagnsveitna ríkisins um að Rafmagnsveiturnar sendu ekki þessar skýrslur til þm. kjördæmisins eða sveitarstjórnarmanna í kjördæminu um svipað leyti eins og þær voru sendar til iðnrn. (Gripið fram í.) Enginn fótur fyrir þessu. Ég þakka fyrir þær upplýsingar.

Hvað sem því líður, þá er það staðreynd að þessar skýrslur tvær, sem eru mjög mikilvægar fyrir raforkumál Vestfirðingafjórðungs, hafa legið á borðum hæstv. ráðh. frá því í júlímánuði 1976 og það er ekki fyrr en fyrir nokkrum dögum síðan að mér bárust þessar skýrslur í hendur eða ég vissi af því að þessari undirbúningsvinnu væri svona langt komið. Ég vil einnig taka það fram, að ég hafði tal af samþm. mínum af Vestfjörðum og þeir höfðu sömu sögu allflestir að segja og ég, að þeir könnuðust ekki við að hafa um þetta vitað eða þessar skýrslur séð, og er það að mínu viti ekki venjuleg meðferð á máli eins og þessu.

Eins og málum er nú komið er því óhjá-

kvæmilegt að Alþ. marki stefnuna í úrbótum í raforkumálum vestfirðinga á grundvelli þeirra till. og áætlana, sem þegar liggja fyrir. Í þáltill. þessari er lagt til, að markmiðið með þeirri stefnu verði að leysa sem fyrst og með sem hagkvæmustum hætti úr raforkuvandkvæðum á Vestfjörðum. Fljótvirkasta leiðin, þ. e. a. s. sú, sem skilað gæti vestfirðingum mestri raforku á skemmstum tíma og eftir þörfum þeirra eins og þær eru hverju sinni, og jafnframt sú leið, sem er í fyllsta samræmi við þá stefnu um samtengingu orkuveitusvæða sem hvað brýnust er fyrir hagsmuni þjóðarheildarinnar og er í anda stefnu hæstv. iðnrh., sú leið, sem sameinar alla þessa kosti, er sú sem bent er á í þessari till., þ. e. a. s. að lögð sé lína frá byggðalínu úr botni Hrútafjarðar til Króksfjarðarness og þaðan vestur um til Mjólkárvirkjunar. Þegar er búið að fullvinna till. um gerð slíkrar línu, línustæði, styrkleika og framkvæmdaáfanga, þannig að ekkert er því til fyrirstöðu að hefjast þegar handa við gerð hennar eftir að ákvörðun hefur verið tekin og fjármagn útvegað. Þar sem talað er um í till. að ríkisstj. láti þegar ljúka undirbúningi að ákvarðanatöku um byggingu línunnar, þannig að unnt verði að taka ákvörðun um framkvæmdina við afgreiðslu næstu fjárlaga, er því fyrst og fremst átt við fjármagnsútvegun.

Samkv. þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um línu þessa, er kostnaður við gerð línunnar sjálfrar á verðlagi dagsins í dag áætlaður 1263 millj. kr. og kostnaður við aðveitustöðvar 900 millj. kr., einnig á núverandi verðlagi, þannig að heildarkostnaðurinn er áætlaður 2 163 millj. kr. Í þessum till., sem fyrir liggja, er jafnframt gert ráð fyrir því að línan verði byggð í tveimur áföngum á 2 árum, fyrri áfanginn frá botni Hrútafjarðar til Króksfjarðarness með aðveitustöð þar, síðari áfanginn frá Krókfjarðarnesi til Mjólkárvirkjunar með aðveitustöð þar.

Línan er einnig hönnuð eftir sömu forsendum og Norðurlínan, og samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér hjá yfirverkfræðingi Rafmagnsveitna ríkisins, og með hliðsjón af spám um orkuframboð og orkueftirspurn á Landsvirkjunarsvæðinu, má fastlega gera ráð fyrir að þegar Vestfjarðalínan væri tekin til notkunar fyrir áramótin 1979—1980, ef þessi till. yrði samþ., yrði til staðar minnst 10 mw. afl eða um það bil 50 gwst. orka til flutnings frá byggðalínu um Vestfjarðalínu til Vestfjarða, þó ekki sé gert ráð fyrir neinni raforkuframleiðslu frá Kröfluvirkjun fyrir þann tíma og byggðalínan þurfi því jafnframt að þjóna allri orkuþörf Norðurlands. Er hér um að ræða orku sem gerir meira en að uppfylla þarfir vestfirðinga fyrir raforku, þ. á m. til húsahitunar í áföngum. Að sjálfsögðu má svo enn auka flutningsgetu byggðalínunnar með byggingu annarrar 50 mw. spennistöðvar, og áætlanir Landsvirkjunar benda eindregið til þess, að nægilegt framboð af ódýrri raforku verði á orkuveitusvæði virkjunarinnar til flutnings eftir byggðalínu til Norður-, Austur- og Vesturlands. Ef allar áætlanir standast um raforkuframleiðslu Kröfluvirkjunar kemur raforkuframleiðsla hennar svo þar til viðbótar inn í kerfið og þar með eykst framboðið enn, þótt ég vilji ekki undir neinum kringumstæðum gera ráð fyrir að sú orka verði að sama skapi ódýr og hún kann að verða mikil.

Ég ætla ekki að hafa öllu lengra mál um þessa þáltill., a. m. k. ekki að sinni, en legg til, hæstv. forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. flm. þessarar þáltill. um raforkumál Vestfjarða, að með henni er hreyft ákaflega mikilvægu máli. Reyndar hafa orkumálin verið mjög mikið á dagskrá hjá okkur hér í Alþ. Mönnum er orðið ljóst að næg raforka, örugg raforka og ódýr raforka er ein af meginforsendum eðlilegrar þróunar um land allt, og Vestfirðir eru að sjálfsögðu þar engin undantekning.

Hins vegar eru Vestfirðir að þessu leyti dálítið verr settir en flestir aðrir landshlutar, að þeir eiga lengri leið í samtengt orkukerfi, og því miður hefur nokkuð borið á því, að margir ætla að það verði því lengra í það að Vestfirðir tengist þessu samtengda orkukerfi en aðrir landshlutar. En það er einnig staðreynd, að á Vestfjörðum er aðstaða til virkjunar fremur lakari en annars staðar, a. m. k. má ætla að orkuverð frá þeim virkjunum, sem þar koma til greina, verði heldur hærra en af stærri virkjunum víða annars staðar um landið. Því sýnist mér að Vestfirðir þurfi jafnvel fremur en margir aðrir á slíkri tengingu fljótlega að halda.

Þótt ég geti tekið undir þetta og fjölmargt fleira sem hv. frsm. sagði, þá fannst mér hann hins vegar sleppa nokkrum mikilvægum þáttum í þessu máli. Í fyrsta lagi held ég að varla sé hægt að neita því, að töluvert mikið hefur verið gert á Vestfjörðum nú upp á síðkastið. Hann hefur sjálfur bent á Mjólká II með 5.7 mw. afli og í þeirri gífurlegu aukningu sem þeirri virkjun fylgdi. Hún kom í notkun nú á síðasta ári. Einnig hefur hann nefnt Hofsárveitu sem miðla á vatni til Mjólkár I, sem missir, eins og hann sagði réttilega, það vatn, sem hún þarf á að halda, að mestu leyti a. m. k. þegar Mjólká II er í gangi. En ég veit ekki betur en að Hofsárveita hafi verið tekin í notkun s. l. haust að verulegu leyti, þó þar eigi eftir að ljúka nokkrum frágangi, og sýnist mér það misskilningur í þáltill. hans. En það er lítið mál. Hitt er svo staðreynd, að í vetur hefur þarna eins og víða verið vatnsskortur. Úrkoma hefur verið lítil, snjór lítill og vetur alveg með eindæmum mildur í raun og veru að þessu leyti, og við slíku er ávallt erfitt að gera.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. frsm., að með þessu skrefi, sem þarna er stigið, er þó ekki gert meira en að fullnægja svona nokkurn veginn orkuþörfinni eins og hún er í dag. Samkvæmt upplýsingum frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem hann vitnaði einnig í, — ég veit ekki hvort það eru sömu upplýsingar sem hann vitnaði í og þær sem ég er með, — en samkvæmt þeim, sem ég er með, má ætla að á árinu 1977 verði 22% aukin orkuþörf á Vestfjörðum og verði henni mætt að langmestu leyti með vatnsafli 44 gwst. af 53, en 9 gwst. með dísilorku.

Nú er það út af fyrir sig svo, að fyrir íbúann, sem fær raforkuna, eða atvinnufyrirtækið skiptir það litlu máli hvort orka kemur frá dísilrafstöð

eða vatnsaflstöð. Það er náttúrlega reikningsdæmi hvenær borgar sig að taka svo dýrt fyrirtæki eins og nýja vatnsaflsstöð í notkun. Hvað þarf orkuþörfin eða umframþörfin að vera mikil til þess að það borgi sig, til þess að það mikla fjármagn, sem þar er bundið, verði arðbært? Engu að síður sýnist mér það rétt, sem kom fram hjá honum, að með aukinni upphitun húsnæðis muni verða mikill stígandi í þessari orkuþörf á Vestfjörðum, og af þeirri ástæðu má alls ekki langt líða frá því að þessu síðasta skrefi, sem ég hef nefnt, er lokið þar til það næsta er tekið í notkun. Á þessu verður alltaf sem sagt einhver tröppugangur, einhver umframorkuþörf umfram það, sem vatnsaflsstöðvarnar geta fullnægt, einhvern tíma. Því verður þá að fullnægja með dísilorku, en síðan verður einhver umframorka þegar ný vatnsaflsvirkjun er tekin í notkun.

Í þessari þáltill. er ætlast til mikils. Þar er ætlast bæði til þess að tengja Vestfirði byggðalínunni og einnig að hefja nýja virkjun á Vestfjörðum. Ég er þeirrar skoðunar, að skynsamlegra sé að reyna að raða þessu í einhverri forgangsröðun og reyna að skoða þessa þætti hvorn út af fyrir sig. Ég held satt að segja, að vafasamt sé að hvort tveggja fáist í einu, og við þurfum því að meta hvort er mikilvægara. Ég fyrir mitt leyti held að lína eða tenging sé mikilvægari og ber að leggja höfuðáherslu á hana, og heyrðist mér reyndar hv. þm. vera mér sammála um það. Hann lagði ríkasta áherslu á þá tengingu. Ég harma að ekki skuli vera hafin framkvæmd við þessa línu.

Ég vek athygli á því, að í þessari till. mun fyrst og fremst vera fjallað um hina eiginlegu Vestfirði, en ekki um Strandirnar. En líklega er orkuskortur hvergi meiri heldur en einmitt í Strandasýslu. Þar hefur enign ný vatnsaflsstöð verið byggð nú um langan tíma, og þar hefur nokkuð árvisst orðið að keyra dísilstöðvar mjög mikið til þess að fullnægja orkuþörfinni. Þar er ekki heldur líkleg góð vatnsaflsvirkjun á næstunni, þannig að ég fæ ekki séð að orkuþörf strandamanna verði fullnægt nema með annaðhvort vaxandi dísilkeyrslu eða tengingu við byggðalínuna. Fyrsti áfangi þessarar Vestfjarðalínu mundi einmitt geta leyst úr þessum vanda strandamanna, og m.a. af þeirri ástæðu tel ég að í byggingu þeirrar línu hefði þurft að ráðast í síðasta lagi nú í sumar. Fyrsti áfangi línu úr Hrútafirði í Króksfjarðarnes eða rúmlega það gæti tengst inn á línu yfir Tröllatunguheiði og þannig tengt þetta kerfi meginraforkukerfi landsins. Þetta er ákaflega mikilvægt, og því miður virðist mér að mörgum hafi yfirsést þetta. A.m.k. sýnist mér sú brýna þörf, sem þarna er, hafa lítið verið rædd. Þetta yrði jafnframt fyrri áfanginn að línu sem teygði sig síðan alla leið vestur að Mjólká. Ég tek sem sagt undir þörf fyrir þessa framkvæmd mjög eindregið og ég tel óumdeilanlegt að í hana þarf að ráðast.

Að vísu hefur verið bent á það, að þörfin fyrir aukna raforku er mjög tengd því, hvernig tekst í þeirri jarðhitaleit sem nú fer fram á Vestfjörðum, og þessari staðreynd er varla hægt að neita.

Að sjálfsögðu er ljóst að þörf fyrir rafhitun húsnæðis minnkar mjög verulega ef jarðhiti finnst á stærstu stöðunum fyrir vestan, þar sem nú er leitað. Því miður hefur þetta ekki tekist vel alls staðar. Þetta hefur tekist á Suðureyri, en ekki í Bolungarvík, og við vitum ekki enn þá hvernig árangurinn verður á Ísafirði. En þetta hefur verið haft nokkuð sem afsökun fyrir því eða ástæða fyrir því, að framkvæmdir við þessa byggðalínu hafa verið látnar dragast.

Þótt ég viðurkenni að við jarðhita breytist orkumarkaðurinn verulega, þá held ég þó að þörfin fyrir byggðalínu í Króksfjarðarnes og fyrir Strandirnar sé óumdeilanleg og þetta hefur engin áhrif á þann kaflann. Af þeirri ástæðu var að mínu mati fullkomlega eðlilegt að ráðast í byggingu þeirrar línu nú í sumar. Þá lægi betur fyrir sumarið 1978 hver orkuþörfin verður fyrir aðra hluta Vestfjarðakjördæmis og hvort þá væri rétt að ráðast í byggingu þessarar línu áfram. Ég vil taka það fram, að ég tel alveg vafalaust að þessi lína þurfi að koma. Það er e.t.v. spurningin um 2—3 ár eða svo, eftir því hve mikill jarðvarmi næst á þessum svæðum, þannig að út af fyrir sig mætti hraða þessari línu.

Um virkjanir á Vestfjörðum gegnir hins vegar nokkuð öðru máli. Það er rétt, sem komið hefur fram, að margir virkjunarkostir hafa verið skoðaðir, eins og t.d. í Dynjanda, í Vatnsfirðinum, í Þverá og Ófeigsfirði og reyndar töluvert víðar, eins og kom fram í framsöguræðu. En það er einnig óumdeilanleg staðreynd, eða a. m. k. telur Orkustofnun það vera svo, að verðið frá þessum virkjunum öllum, jafnvel þeim stærstu, eins og t.d. í Vatnsfirðinum, þar sem talað er um 30 mw. virkjun, yrði yfir 4 kr. kwst. En hins vegar er það svo, að áætlað verð frá Blöndu er u.þ.b. 2 kr. og frá öðrum nokkuð minni virkjunum á Norðurlandi u.þ.b. 2.50—2.80 kr., þannig að raforkuverð er samkvæmt þessum áætlunum Orkustofnunar töluvert hærra frá virkjunum á Vestfjörðum en frá öðrum virkjunum og nokkru stærri víða um landið. Því vaknar eðlilega sú spurning, hvernig þetta raforkuverð verður jafnað. Verður það gert með auknu jöfnunargjaldi á raforku, auknum tilflutningi eða á hvern máta annan?

Ég legg á það mjög mikla áherslu, að vestfirðingar verða að búa við ekki aðeins næga raforku, heldur einnig raforku sem er ekki dýrari en sú raforka sem aðrir landshlutar kunna að hafa aðgang að. Þetta er mikilvægt atriði. Það breytir hins vegar ekki hinu, að einhverjar vatnsaflsstöðvar eru nauðsynlegar og eðlilegar á Vestfjörðum, m.a. til öryggis og á toppum þegar álagið fer saman þar og víðar um landið, þannig að virkjunarkosti þar þarf að skoða vandlega og fljótlega að ákveða hvaða kostinn þar á að velja.

Ég legg sem sagt höfuðáherslu á byggðalínuna fyrst og fremst strax í Króksfjarðarnes og síðan sem allra fyrst áfram með tilliti til þess, hver raunveruleg orkuþörf verður, á athugun á vatnsaflsvirkjunum, en þó með það í huga að orka frá þeim yrði að öllum líkindum dýrari en frá stærri virkjunum víða annars staðar um landið.

En það er ekki hægt að ræða þetta mál án þess að líta einnig á þá staðreynd, að Alþ. samþykkti á síðasta þingi heimildarlög um Orkubú

Vestfjarða sem á að taka við rekstri allra vatnsaflsstöðva, einnig línu, ef hún yrði lögð, og dreifingu eða smásölu og rekstri hitaveitna. Þetta mál var töluvert rætt á Alþingi og er hið athyglisverðasta mál. En ég hef aldrei farið leynt með þá skoðun mína, að ég held að þetta sé tvíeggjað sverð. Ég verð að segja, að mér þykir ekki ólíklegt að einhver töf hafi orðið í ákvarðanatöku í sambandi við Vestfirði á meðan það mál er ekki afgreitt. Ef Orkubú Vestfjarða á að taka við þessu sem ég hef nefnt, er eðlilegt að orkubúið sjálft ákveði, hvað það vill hafa sem næsta áfanga. Mér er tjáð að til þess að Orkubú Vestfjarða geti hafið göngu sína þurfi hið opinbera að losa rafveitur ríkisins á Vestfjörðum við mjög mikið af þeim skuldum sem þar á hvíla, líklega hátt í milljarð, og einnig þurfi að tryggja verðjöfnun í jafnvel mjög auknum mæli eða verulegan hluta verðjöfnunargjalds til Orkubús Vestfjarða. En er þetta nægilegt til þess að tryggja að um alla framtíð verði orkuverð á Vestfjörðum sambærilegt við það sem er annars staðar um landið eða sem sagt hið sama? Er þetta nægilegt? Ég get ekki svarað þeirri spurningu. En þeirri spurningu verður að sjálfsögðu að svara um leið og ef Orkubú Vestfjarða er sett á fót.

Ég hef smám saman komist að þeirri niðurstöðu og orðið ákveðnari í þeirri skoðun minni, að það sé ekki rétt leið að kljúfa orkumálin þannig upp úr, taka t. d. byggðalínuna og skipta henni niður á landshluta, Vesturland eigi hana um Vesturland, Norðurland um Norðurland, Austurland um Austurland, Vestfirðir um Vestfirðina o. s. frv., og afhenda hverjum þessara aðila orkuverin til rekstrar. Mér sýnist, og það er held ég viðurkennt, að ef það er gert, þá muni reynast nauðsynlegt að setja á fót eitthvert fyrirtæki ofan á þetta allt saman með sterkt miðstjórnarvald sem tryggir eðlilega samkeyrslu fyrir heildina. Ég held að það sé óumdeilanlegt. Svo hefur orðið t. d. í Noregi og víða annars staðar. Þetta hefur reynst nauðsynlegt. Þar var hins vegar þróun að þessu leyti komin svo langt að skrefið var ekki stigið til baka í þá átt, sem eðlilegra er að mínu mati, að fela þá einum aðila með sterkri þátttöku heimamanna að annast orkuöflun og háspennudreifingu og þar með rekstur þessa samtengda háspennukerfis.

Nú hefur hæstv. iðnrh. sett á fót n. sem á einmitt að fjalla um þessi mál, og ég veit að við fögnum því allir. Vonandi kemst hún fljótlega að niðurstöðu, þannig að leiðir verði ljósari að þessu leyti en þær hafa verið til þessa. Og þó segja megi að þetta sé kannske dálítið annað mál en raforkumál Vestfjarða, þá er þetta þó tengt að þessu leyti, að ég óttast að mjög mikilvæg ákvarðanataka sitji á hakanum á meðan þessi mál eru óráðin. Það er ákaflega skaðlegt og verður að hraða þeirri ákvörðunartöku þannig að framhald framkvæmda á Vestfjörðum m. a. geti orðið eðlilegt.

Ég ætla ekki að lengja þetta um of. Ég segi það eins og ég sagði í upphafi, að ég fagna þessari till. og ég held að gott sé að fá umr. um þessi mál hér, eins og gert hefur verið með þessari till. En við þurfum að líta á þessi mál frá öllum hliðum. Ég tel, að við ættum að reyna að sameinast um, að fá línuna í Króksfjarðarnes strax, en getum þá aðeins beðið með að ákveða, hvort virkjað verði eða hvar virkjað yrði fyrir vestan, og jafnvel fengið einhvern lengri tíma til þess að meta þörfina fyrir framhaldslínuna þótt sá dráttur megi alls ekki verða langur.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er hreyft ákaflega mikilvægu máli fyrir Vestfirði. Orkumálin eru þar einn veigamesti þáttur í því að gera byggðir þar byggilegar og samkeppnisfærar við það sem annars staðar er. Í orkumálum Vestfjarða er það að sjálfsögðu markmið, að þar verði fullnægt orkuþörfinni með innlendum orkugjöfum og orkuverðið verði þar hliðstætt því eða sambærilegt við það sem gerist annars staðar í landinu. Við erum að sjálfsögðu öll sammála um þessi grundvallaratriði. Og það er augljóst mál, að það vantar mikið á að búið sé að ná þessum markmiðum á Vestfjörðum. Þar ber m. a. vott um ræða hv. flm., 8. landsk. þm., hér áðan og grg. sú sem fylgir þáltill. sem hér er til umr.

Ein meginuppistaðan í grg. fyrir þessari till. er lýsing á ástandinu í dag. Og það er ekki farið fögrum orðum um það. Það er framarlega í grg. talað um að það sé óhætt að fullyrða, að algert neyðarástand sé á næsta leiti, og síðar í grg. er sagt að þetta neyðarástand sé þegar orðið. Það er kannske að mínu viti fullsterkum litum dregið upp um þetta ástand. Þó vil ég ekkert gera lítið úr alvöru málsins og tek undir það, sem hv. flm. lagði áherslu á og var auðvitað meginkjarni í hans ræðu, að það er nauðsyn aðgerða í þessum málum á Vestfjörðum. Það er enginn ágreiningur okkar á milli um þetta atriði.

Ég sagði að það væri kannske nokkuð dökkum litum málað myndin af ástandinu. Það er t. d. þar sem talað er um og vitnað í orkuspá og reiknuð út orkuvöntun og einnig útreikningar á kostnaði af orkuframleiðslu frá dísilstöðvum. Hv. þm. gerði grein fyrir þessu öllu saman og nefndi tölur í þessu sambandi. Þessar tölur eru umdeilanlegar. Þær eru ekki í samræmi við þá nýju samræmdu orkuspá sem hefur verið gerð fyrir landið. Þessar tölur eru nokkru hærri og gefa því ekki rétta mynd, ef gengið er út frá því að hin nýja samræmda orkuspá sé spá sem má byggja á. Ég skal ekki gera mikið úr þessu eða fara að tíunda hér hverju munar. Það skiptir í raun og veru ekki máli. Aðalatriðið er það, að það verður ekki um það deilt að nú þarf aðgerða við til þess að sjá vestfirðingum fyrir meiri orku.

Þetta er um ástandið í dag. Hv. 8. landsk. þm. var helst til stórorður, verð ég nú að segja, þegar hann fullyrti í ræðu sinni og raunar í grg. með till., að ekkert hafi verið gert í orkumálum á Vestfjörðum að undanförnu, eins og hann tók til orða.

Ég skal nú ekki fara að tíunda hvað hefur verið gert. Það má t. d. minna á það, að gert er ráð fyrir framkvæmdum í orkumálum á Vestfjörðum á þessu ári fyrir a. m. k. rúmar 500 millj. kr.

En það er rétt, og það vil ég ekki heldur draga neina dul á og það dregur heldur enginn dul

á slíka staðreynd, að það er ekki gert ráð fyrir nú á þessu ári fjárframlögum til orkumannvirkja, virkjana á Vestfjörðum né heldur gert ráð fyrir fjárveitingu fyrir byggðalínu. En það eru þessar framkvæmdir hvorar tveggja sem till., sem við ræðum hér, fjallar um. Og það er ekki óeðlilegt, því að þarna er um að ræða þá tvo veigamestu þætti, sem þarf að snúa sér að í sambandi við framkvæmdir í orkumálum Vestfjarða.

Það er svo með byggðalínuna, að ég er alveg sammála hv. flm. svo og raunar því, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. áðan, að það er nauðsynlegt að leggja byggðalínu svokallaða eða háspennulínu til þess að tengja Vestfirði aðalháspennukerfi landsins. Ég hygg að það geti ekki verið ágreiningur um þetta. En menn geta litið nokkuð mismunandi á það, í hvaða röð framkvæmdir eigi að vera í orkumálunum, hvort byggðalína eigi að ganga á undan virkjun á Vestfjörðum eða öfugt. Ég skal ekki fara hér út í umr. um það. En ég vil láta það koma hér fram, að nú er verið að vinna að undirbúningi framkvæmdaáætlunar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins á næsta ári og í þeirri undirbúningsvinnu er gert ráð fyrir því, að á næsta ári verði byrjað á byggðalínu til Vestfjarða og það verði lokið að leggja slíka línu, eða háspennulínu frá Brú í Hrútafirði og í Króksfjarðarnes. Það er ákaflega þýðingarmikil framkvæmd í sjálfu sér, því að með því að hafa úrtak úr þessari línu í Króksfjarðarnes er búið að tengja samveitukerfið á austanverðum Vestfjörðum, í Strandasýslu og í Austur-Barðastrandarsýslu, við aðalorkukerfi landsins, og um leið er hér kominn mikilvægur áfangi þessarar línu allt í Mjólká eða til Ísafjarðar, hvort heldur sem farið yrði, en um báða þessa möguleika er rætt.

Í sambandi við hinn meginþátt till. vil ég víkja aðeins örfáum orðum að Dynjanda. Hv. flm. ræddi nokkuð um þann undirbúning sem fram hefur farið að virkjun Dynjanda. Það er öllum kunnugt, að sá undirbúningur hefur staðið lengi. Og það hefur verið talað um þetta og viss undirbúningur að slíkri virkjun var hafinn jafnvel fyrir áratugum. En nú hin síðustu ár hefur þessum undirbúningi miðað svo ört áfram, að það er svo komið að það væri hægt að hefja nú hönnun mannvirkja og framkvæmdir á virkjun í Dynjanda. Og það er svo, að einmitt virkjun þar er eina umtalsverða virkjunin á Vestfjörðum sem hægt er að hefja framkvæmdir við svo að segja strax eða á næstunni. Annars staðar er rannsóknum ekki það langt komið — undirstöðurannsóknum, almennum rannsóknum á virkjunarskilyrðum, að það sé raunhæft að tala um möguleika á að virkja þar alveg á næstunni.

En það hefur komið upp mál á síðustu árum eða kannske ekki nema á síðustu missirum, sem hefur gert Dynjandisvirkjun nokkru erfiðari viðfangs. Það eru náttúruverndarsjónarmið sem aldrei heyrðist áður talað um í þessu sambandi. Og ég hygg að það sé nú svo, að það verði fáir sem ljá því fylgi að virkja Dynjanda nema hægt sé að samræma þessi sjónarmið: náttúruverndarsjónarmið og virkjunarsjónarmið. Þess vegna hefur samstarfsnefnd, sem er á vegum Orkustofnunar og iðnrn. og vinnur að því að samræma þessi sjónarmið, haft Dynjandisvirkjun til meðferðar á undanförnum missirum. Og það hefur verið lögð áhersla á það, og ég hef ekki átt ófá viðtöl t. d. við orkumálastjóra út af þessu máli, að ýta undir það, að það geti legið fyrir sem fyrst, hvort tekst að samræma náttúruverndarsjónarmið Dynjandisvirkjun eða ekki, við séum ekki lengur að velta vöngum yfir þessum möguleika sem kynni að vera, ef hann væri eftir allt saman óraunhæfur.

Það kom sérstakur skriður á þetta mál nú s. l. vor og sérstakar rannsóknir voru gerðar í þessu sambandi allt s. l. sumar, sem ég sé ekki ástæðu til þess að vera að tíunda hér í hverju eru fólgnar. Og nú fyrir nokkrum vikum var svo fundur í þessari samstarfsnefnd og fundur í Náttúruverndarráði þar sem málið var sérstaklega á dagskrá, og málið stendur þannig núna að Náttúruverndarráð hefur sent bréf til náttúruverndarnefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu, dags. 25. mars s. l., þar sem lagt er fyrir náttúruverndarnefnd sýslunnar, þar sem Dynjandi er, að kveða á um sínar skoðanir í þessu máli, og það er beðið um svar fyrir lok þessa mánaðar. Ég er því að vona að það sé núna sá skriður á þessu máli sem geti leitt alveg á næstunni til úrslita, þannig að þetta mikilvæga atriði í orkumálum Vestfjarða liggi ljóst fyrir, þ. e. hvort hægt er að virkja Dynjanda eða ekki.

Ég verð því að segja, að þó að þessi till. sé allra góðra gjalda verð og ekkert nema gott um það að hún kemur fram, þá getur naumast verið sagt að hún veki af nokkrum svefni í þessum málum. Eins og ég hef hér greint frá í stuttu máli, þá hefur þetta hvort tveggja verið til meðferðar, bæði það sem varðar virkjun á Vestfjörðum og sem varðar tengingu Vestfjarða við aðalorkuveitukerfið.

Hv. 2. þm. Vestf. talaði hér næstur á undan mér, og hann minntist nokkuð á Orkubú Vestfjarða. Hann gaf í skyn að það gæti verið, að umr. og fyrirætlanir um stofnun Orkubúsins hefðu tafið fyrir framkvæmdum í orkumálum Vestfjarða. Ég held að þetta hafi nú ekki orðið, og ég vil af þessu tilefni láta það koma hér fram, að þeir, sem hafa unnið að stofnun Orkubúsins, hafa á öllum stigum málsins lagt á það áherslu við forsvarsmenn vestfirðinga og sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum að láta hugmyndina um Orkubúið ekki tefja fyrir neinu. Halda skyldi áfram öllum framkvæmdum sem menn væru með eða teldu æskilegar, eins og ekkert hefði í skorist, á þeirri forsendu að það gæti aldrei skaðað, það væru hlutir sem væru orðnir til þegar Orkubúið yrði á sínum tíma stofnað og væntanlega gengju þá inn í Orkubúið. Ég leyfi mér því að vona að það hafi ekki verið nein töf af þessum ástæðum.

Ég vék aðeins að því áður, að það hefði verið ýmislget að ske í orkumálum Vestfjarða og það væri gert ráð fyrir rúmum hálfum milljarði kr. til framkvæmda í raforkumálum á þessu ári. En það má líka minna á það, að á Vestfjörðum hafa á undanförnum missirum verið ákaflega miklar framkvæmdir á sviði jarðvarmans í því formi, að það hafi verið lögð mikil áhersla á að kanna hverjir möguleikar væru á því að hagnýta mætti jarðvarma í þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum til hitaveitna eða upphitunar húsa. Eins og hv. 2.

þm. Vestf. kom inn á, þá stendur þetta verk enn yfir. Það er of snemmt að vera að spá um endanlegar niðurstöður, og ég skal ekki fara út í það. En það liggur í augum uppi, að hagnýting jarðvarmans er þjóðhagslega og frá sjónarmiði vestfirðinga sjálfra hagkvæmasta leiðin til upphitunar húsa. Þess vegna þarf að leggja ákaflega mikla áherslu á þetta. Það er svo, að þegar athugað er hve þörfin á Vestfjörðum er mikil fyrir orku til upphitunar húsa, þá er hún meira en helmingur af allri orkuþörf vestfirðinga til almennrar notkunar, iðnaðar o. s. frv. Það gefur upplýsingar um þetta að minna á, að í orkuspá, sem gerð var á s. l. ári á vegum orkunefndar Vestfjarða, var gert ráð fyrir að orkuþörf Vestfjarða yrði árið 1985 170 gwst., en þar af 112 gwst. til húshitunar. Af þessu er ljóst hvað það er í raun og voru mikilvægt starf sem er núna verið að vinna til athugunar á því að hagnýta jarðvarma til húshitunar, og undir árangrinum af því er líka ákaflega mikið komið. Það geta oltið á því ýmsar ákvarðanir í virkjunarmálum o. fl.

Nú skal ég ekki vera að ræða frekar um orkumál Vestfjarða í þessu sambandi.

Hv. 2. þm. Vestf. kom nokkuð í sínu tali inn á skipulag orkumála almennt og minnti á það, að hæstv. iðnrh. hefur nú á þessum vetri skipað sérstaka n. til þess að endurskoða orkulögin og gera till. um heildarskipulag orkumála. Við hv. 2. þm. Vestf. eigum báðir sæti í þessari n. Og ég ætla að láta nægja núna í bili að ræða málið við hann á þeim vettvangi og skal því ekki fara að ræða um skipulagsmálið hér í þessum umr. En ég vil aðeins segja það, að svo best verður skipulagið að það stuðli að því að virkja alla krafta, öll þjóðfélagsöfl, allt fólk í landinu sem best til átaka í þessum efnum. Og það er trúa mín, að það verði svo best gert að fólkið í hverjum landshluta og í hverju byggðarlagi hafi sem mest um sín eigin mál að segja í þessu efni eins og öðrum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrirspurnum var beint til mín í sambandi við þessa till., en hv. 3. þm. Vestf. hefur nú í ræðu sinni gert glögga grein fyrir þessum málum og sparað mér svör við sumu því sem ella hefði verið ástæða til að svara.

Ég vil í fyrsta lagi undirstrika það, sem ég raunar skaut hér fram í ræðu hv. flm. þessarar till., hv. 8. landsk., að mér er ókunnugt með öllu um það, að af hálfu iðnrn. hafi verið lagðar nokkrar hömlur á að alþm. eða aðrir fengju upplýsingar varðandi virkjunarmál Vestfjarða, og tel útilokað að slíkt hafi getað átt sér stað. Ég hef a. m. k. aldrei heyrt orð í þá átt. Þegar hv. flm. till. minnist í framhaldi af þessari fyrirspurn á það, að í fyrrasumar hafi iðnrn. borist skýrslur eða áætlanir um tvær virkjanir og að þeim hafi verið haldið leyndum fyrir þm. Vestfjarða, þá kemur mér þetta spánskt fyrir.

Ég hef aldrei heyrt að það væri venja í neinu rn., að þegar skýrslur berast, í þessu tilviki frumskýrslur, eins og það er orðað í grg. till., frumhönnun og frumáætlun, að viðkomandi rn. taki það upp hjá sjálfu sér að senda slíkar till. út til þm. viðkomandi kjördæmis. Hins vegar, ef þm. kjördæmis óska eftir að fá að sjá slíkar skýrslur, þá skil ég ekki að það yrði nein fyrirstaða á því, hvorki hjá rn. né Rafmagnsveitum ríkisins. En þegar hv. þm. telur nú ástæðu til þess, bæði í hinni löngu grg. þessarar till. og framsöguræðu sinni, að deila á rn. og iðnrh. í þessum efnum, þá verður mér að spyrja: Hvernig er varið áhuga hv. þm. á þessu máli? Hví hefur hann aldrei vikið að þessum málum við mig einu orði eða borið fram nokkrar óskir um að fá þessar skýrslur eða aðrar upplýsingar um raforkumál Vestfjarða? Mér finnst að áður en hv. þm. telur sig þess umkominn að deila á ráðh. eða rn. fyrir áhugaleysi eða sinnuleysi, þá hefði hann þó a. m. k. sem þm. kjördæmisins mátt sýna þann áhuga að óska eftir því að fá einhverjar upplýsingar eða einhverjar skýrslur. Ég held að það sé ekki réttmæt krafa og ekki í samræmi við venjur að rn. taki það upp hjá sjálfu sér, óbeðið, að senda út slíkar skýrslur. Í þessu tilviki mun vera um að ræða frumskýrslur, frumáætlanir. Skal ég ekki fara frekar út í þetta atriði. En af þessu má sjá að ásakanir hv. þm. eru alveg úr lausu lofti gripnar.

Varðandi Suðurfossá, sem hv. þm. spurðist fyrir um, þá var samþ. þáltill. hér á Alþ. um að ráðast í þá virkjun samkvæmt till., sem hv. 3. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, var 1. flm. að. Framkvæmdanefnd var skipuð og undirbúningur hafinn. Við nánari rannsóknir kom það í ljós, að vissir kostnaðarliðir við þá framkvæmd mundu verða töluvert hærri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum, sérstaklega í sambandi við stíflu og efni til hennar, og þótti af þeim ástæðum rétt að kanna það mál nánar. Það er meginástæðan fyrir því, að hlé eða dráttur hefur þar á orðið.

Varðandi háspennulínu úr Hrútafirði í Króksfjarðarnes og að Mjólkárvirkjun, þá hefur hv. 3. þm. Vestf. gert grein fyrir því, hvar undirbúningur þess máls er á vegi staddur. Það mál hefur að sjálfsögðu verið kannað og undirbúið og verða vafalaust till. og óskir um það við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar fyrir næsta ár, að fá fé til þess að hægt verði að byrja á því verki. En hv. þm. getur þess sjálfur í grg. till. sinnar, á bls. 4, að heildarkostnaður við þessa línu sé áætlaður nokkuð yfir 2000 millj. kr. á núverandi verðlagi. Þetta er eitt af þeim mikilvægu málum sem þarf að taka ákvörðun um í sambandi við orkumál Vestfjarða.

Varðandi einstakar virkjanir og virkjunarmöguleika á Vestfjörðum, þá er það, eins og 3. þm. Vestf. tók fram, Dynjandisvirkjun sem lengst er á veg komin. Þar eru það fyrst og fremst náttúruverndarsjónarmið sem valda því, að ekki hefur komið til ákvarðanatöku í því efni. Við vitum að hér er um viðkvæmt náttúruverndarmál að ræða, og vissulega verður það fyrst að liggja fyrir frá Náttúruverndarráði, náttúruverndarnefnd og þeim öðrum aðilum, sem hér eiga um að fjalla, bæði heima fyrir og fyrir landið allt, að þessir aðilar geti fallist á og mælt með þeirri virkjun. Hér er því ekki réttmætt af hv. flm. till. að hafa uppi ádeilur á iðnrh. eða rn. í þeim efnum. Er tekið nokkuð djúpt í árinni af hálfu hv. flm. um þetta efni eins og um fleira í þessari grg.

Virkjunarmöguleikar á Vestfjörðum eru margir,

og hafa farið fram verulegar rannsóknir nú upp á síðkastið, og hin allra síðustu ár hefur verið aukið fé til þeirra rannsókna. Ef maður lítur yfir þessa möguleika, þá er Mjólkársvæðið, sem á nú að heita fullnýtt með Mjólká II og Hofsárveitu. Svo er Dynjandissvæðið, sem rannsakað hefur verið rækilega og verið hönnuð þar virkjun, og þarf ég ekki að bæta þar fleiru við en þegar er komið fram. Það er Suður-Fossá. Þá er Glámusvæðið. Mælingar og rannsóknir hafa átt sér stað þar. Í rauninni liggur ekki enn þá fyrir hvar haganlegast þykir að virkja vatn á Glámuhálendinu og hvort það verður virkjað í einu lagi eða ekki. Þeir, sem um þetta hafa fjallað, hafa m. a. nefnt möguleika á að virkja niður í Skötufjörð, Mjóafjörð og Ísafjörð og mismunandi hugmyndir verið uppi um stærð virkjunar. En þetta mál er enn á könnunarstigi.

Annað meginvatnsorkusvæði Vestfjarða er Ófeigsfjarðarheiði. Þar hafa m. a. verið nefndir og kannaðir nokkuð þrír virkjunarstaðir: Í fyrsta lagi, Hvalá-Rjúkandi, í öðru lagi Þverá á Langadalsströnd, í þriðja lagi Margrétarvötn. Einnig eru hugmyndir um að virkja Þverá og Margrétarvötn í einu lagi. Þarna hefur líka verið talað um mismunandi virkjunarstaði og mismunandi stórar virkjanir.

Það er um þessa virkjunarmöguleika á Vestfjörðum, eins og ég gat um að lengst er komið rannsóknum og áætlanagerð Dynjandisvirkjunar, en margvíslegar undirbúningsrannsóknir hafa farið fram að undanförnu þó að niðurstöður séu ekki fengnar í þeim efnum, en rannsóknir sem eru mikilvægar fyrir það sem á eftir kemur.

Það er svo rétt að minnast á þau ummæli sem viðhöfð eru í grg. hv. þm. um neyðarástand í orkumálum á Vestfjörðum. Það kom í útvarpi í fréttaauka ekki alls fyrir löngu allstórorð yfirlýsing eða frétt um þetta neyðarástand, sem gaf Rafmagnsveitum ríkisins tilefni til að senda leiðréttingu. Í þessari leiðréttingu segir m. a., að í þessum fréttaauka í útvarpinu hafi því verið haldið fram að orkuskortur sé ríkjandi á Vestfjörðum, því þó bætt við, að enn sem komið sé bitnaði hann ekki á almennri heimilisnotkun. Rafmagnsveitur ríkisins segja um þessa fregn, að þetta sé rangt, bæta því við, að engum hafi verið neitað um raforku og ekki hafi orðið að skammta hana nema í bilanatilvikum. Iðnaður hefur fengið þá raforku sem beðið hefur verið um. Þessi fregn var sem sagt á ýmsa lund villandi og orðum aukin. M. a. segir í þessari leiðréttingu Rafmagnsveitna ríkisins, að í fréttaaukanum hafi verið sagt að kostnaður við framleiðslu í dísilvélum muni verða um hálfur milljarður á þessu ári, en Rafmagnsveiturnar telja hins vegar að olíukostnaður muni verða um 160 milljónir, og skakkar þar nokkru. Þá var lögð á það mikil áhersla í þessari fregn, að ekki væri ætlað fjármagn til raforkumála eða raforkuöflunar á Vestfjörðum á árinu 1977. En Rafmagnsveiturnar bentu á það, sem hér kom einnig fram áðan, að á þessu ári sé yfir 500 millj. kr. varið til ýmissa framkvæmda í orkumálum Vestfjarða, svo sem línulagna út frá Mjólkárvirkjun, byggingar aðveitustöðva, styrkingar innanbyggðakerfa o. fl.

Það er auðvitað öllum ljóst, að mikið þarf að gera í orkumálum Vestfjarða á næstunni. En það er engum til góðs að ýkja og hafa uppi fullyrðingar um miklu verra ástand en þar er. Að þessum málum er hugað og að þeim er unnið. M. a. má minna á að vestfirðingar hafa að undanförnu lagt mesta áherslu á að fá nýtt skipulag í þessum málum, þannig að héraðsbúar sjálfir réðu miklu meira en verið hefur um þessi mál.

Niðurstaðan af þeim athugunum, sem fóru fram, og rækilegu rannsóknum var frv. og síðan lög um Orkubú Vestfjarða, sem samþ. voru á síðasta þingi og ég held að vestfirðingar allir eða a. m. k. flestir hafi verið sammála um að hafi verið mikilvægt spor í rétta átt í þessum málum. A. m. k. hafa þeir aðilar, sem þar eru í fyrirsvari, látið í ljós mikla ánægju með þau lög.

Að formlegri stofnun Orkubúsins hefur síðan verið unnið. Það er mjög mikið verk vegna þess fjármálauppgjörs sem þar þarf að verða. Það er flókið mál og erfitt viðureignar, bæði skipting á eignum og skuldum Rafmagnsveitna ríkisins að því er snertir Vestfirði og svo yfirtaka Orkubúsins á rafveitum þar vestra. Að þessu máli hefur verið unnið og lögð í það mjög mikil vinna, og ég vænti þess, að það sé nú komið á lokastig. Þegar Orkubúið hefur verið formlega stofnað, þá verða það þess verkefni að sjá um þessi mál, undirbúa orkuöflun.

Ég vil undirstrika það, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði, að lög um Orkubú Vestfjarða hafa ekki orðið til að tefja framkvæmdir eða undirbúning mála á Vestfjörðum. Þeim hefur verið haldið áfram, bæði varðandi undirbúning að háspennulínunni, rannsóknir og undirbúning nýrra virkjana, og hefur þar ekki verið slakað á. En hins vegar er það von mín, að Orkubúið verði sem fyrst formlega stofnað og taki til starfa, taki við þessum verkefnum, og að heimamönnum í samráði við ríkisvaldið takist að leysa sem fyrst og sem best þann vanda sem hér er á höndum, — og að þessi skipan, sem samþ. var á síðasta Alþ. um stofnun Orkubúsins, verði til framdráttar fyrir orkumál Vestfjarða.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. iðnrh. þau svör sem hann veitti við fsp. mínum, þó að þannig hafi staðið á því miður, að mér gafst ekki tími til þess að láta hann vita af því fyrir fram að ég mundi flytja slíkar fsp., og þakka ég honum þá enn og aftur fyrir að hafa bæði viljað og getað svarað þeim fsp. sem ég beindi til hans með svo skömmum fresti. Hitt vil ég aftur á móti taka fram, að ég hélt því aldrei fram að það kynni að hafa verið ósk frá iðnrn. eða yfirvöldum orkumála um að neita þm. Vestf. um skýrslur eða áætlanir um virkjanir sem kynnu að hafa verið unnar ef þeir óskuðu eftir því. Því hélt ég aldrei fram. Það hefur engin fyrirstaða verið á því að fá slíkar skýrslur, eins og það var engin fyrirstaða þegar ég óskaði eftir að fá þessar tvær skýrslur sem ég nefndi hér sérstaklega. Það er nú einu sinni þannig, að hvorki þm. Vestf. né aðrir eiga sér sagnaranda, þannig að það getur verið að menn þurfi að hafa einhverja hugmynd um það, um hvað þeir eiga að spyrja. Og ég vil taka það sérstaklega fram og árétta það enn, að þegar ég hafði fengið

þessar skýrslur í hendur, sem ég gerði að umtalsefni, þá fór ég til nokkurra þingbræðra minna af Vestfjörðum — raunar allra — og þessar skýrslur komu þeim flestum — öllum, e. t. v. að einum undanteknum, jafnt á óvart og mér, og mér er ekki kunnugt um að aðrir þm. Vestf., að einum undanteknum, hafi þessar skýrslur í höndum, þannig að ef ég er sekur um aðgátarleysi í þessu máli og vanrækslu, þá er ég ansi hræddur um að við séum allir undir sömu sök seldir þar, þm. Vestf. Ég hefði talið það hyggilegra og að mörgu leyti æskilegra að við fengjum að fylgjast með málum eins og þessu frá upphafi, fengjum að vita um það, þegar þessar skýrslur voru gerðar, og mundi telja það mjög ákjósanlegt að sá háttur væri hafður á í framtíðinni, vegna þess að það er ekki við því að búast að við getum spurt um hluti sem við höfum ekki grun um að séu fram komnir.

Ég vil enn fremur leiðrétta hér nokkuð sem kom fram hjá hæstv. ráðh., þar sem hann vitnaði í álit Rafmagnsveitna ríkisins við fréttaauka sem lesinn var upp í útvarpi einhvern tíma í vetur. Það er ekki rétt, að engum á Vestfjörðum hafi verið neitað um rafmagn. Mér er fyllilega kunnugt um að fleiri en einum og fleiri en tveimur vestfirðingum hefur verið neitað um að fá rafmagn á næturhitunartaxta til þess að hita upp hús sín. Það hefur gerst á fáum undanförnum árum. Áður var ekki fyrirstaða á þessu. Nú er þetta ekki lengur hægt, þannig að það er ekki rétt með farið hjá Rafmagnsveitum ríkisins að ástandið á Vestfjörðum í raforkumálum sé þannig að menn fái þar rafmagn eins og þeir óska eftir og biðja um. Ég get sérstaklega nefnt það sem dæmi, að það hefur verið óskað eftir rafmagni á næturhitunartaxta til húsahitunar fyrir fjölmörg ný hús sem hafa verið byggð á Patreksfirði, og mér er ekki kunnugt um annað en að öllum þeim óskum hafi verið svarað neitandi.

Til þess einnig að svara því, sem kom fram hjá Þorv. Garðari Kristjánssyni, hv. þm., þá veit ég ekki hvað neyðarástand er í orkumálum ef það er ekki talið neyðarástand, að núna fyrir þremur vikum, eins og ég vitnaði til áðan, þrutu uppistöðulón aðalvatnsaflsvirkjunarinnar á Vestfjörðum með þeim afleiðingum að það varð að keyra allar varaaflstöðvar, dísilstöðvar, í fjórðungnum á fullu afli til þess að anna raforkuþörfum svæðisins. Ég vil aðeins benda á það, að þetta kom fram í fréttum fyrir svona þremur vikum, að þá væru uppistöðulón Mjólkárvirkjunar þorrin og byrjað var að keyra allar dísilstöðvar á öllum stöðum í Vestfirðingafjórðungi þar sem þær eru tiltækar. Og ég vil benda á t. d. hversu óhagkvæmt þetta er, að það kemur fram í orkuspá orkuspárnefndar, að undir slíkum kringumstæðum megi búast við allt að 40% orkutapi, sem er tvöfalt til þrefalt meira orkutap heldur en eðlilegt getur talist og viðgengst annars staðar. Þannig hefur ástandið verið á Vestfjörðum núna í þrjár vikur, og ef það er ekki neyðarástand að á þessum tíma skuli allar varaaflstöðvar vera keyrðar á fullu og ekkert öryggi til í raforkumálum fjórðungsins, allt varaafl fullnýtt, þá veit ég ekki hvað neyðarástand er. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að það er einmitt á þessum árstíma, einmitt á vetrarmánuðunum, sem eiga að safnast fyrir birgðir af snjó til þess að nægja í uppistöðulón með leysingum á sumrin svo einhver varaforði sé til að hausti. Nú eru öll uppistöðulón Mjólkárvirkjunar þrotin og menn, sem fylgjast mikið með virkjunarmálum á Vestfjörðum, hafa þungar áhyggjur af því, að hafi ástandið verið slæmt í þessum efnum nú síðari hluta vetrar, þá keyri algjörlega um þverbak á næsta vetri.

Þessar ástæður voru fyrir því, að ég nefndi það ástand, sem ríkir í raforkumálum á Vestfjörðum nú, hreint neyðarástand vegna þess að ef það gerist, að einhver af þessum gömlu disilvélum, sem nú um fárra vikna skeið hafa verið keyrðar á fullu afli til þess að anna raforkuþörfum svæðisins, ef eitthvað kemur fyrir einhverjar af þessum gömlu vélum, þá verður um að ræða hugsanlega stórfellt afurðatjón, alla vega mikla erfiðleika og vandkvæði fyrir íbúa svæðisins. Ég vil líka taka það fram, að það eru til mörg dæmi um það, bæði í vetur og í fyrravetur og veturinn þar áður, að ýmis heimilistæki og rafmagnstæki og jafnvel atvinnutæki, sem knúin eru rafmagni, hafi stórlega skemmst eða jafnvel eyðilagst vegna spennufalls.

Aðeins örfá orð um það sem fram hefur komið hér áður.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni, að þessi till. geri ráð fyrir því, að jafnhliða verði unnið að lagningu byggðalínu úr Hrútafirði og að byggingu virkjunar. Þvert á móti gerir till. ráð fyrir því, að þarna verði viðhöfð ákveðin framkvæmdaröðun, eins og greinilega kemur fram í till. sjálfri og eins og greinilega kemur fram í grg. Ég vil t. d. vitna í 2. mgr. grg. þar sem segir: „Till. gerir ráð fyrir að sem fyrsti kostur til úrbóta verði sú leið valin, . . . að lögð verði lína frá byggðalínu í botni Hrútafjarðar til Mjólkárvirkjunar jafnframt lagt til að hraðað verði athugunum á líklegustu virkjunarstöðum á Vestfjörðum — og endanlega skorið úr um hvaða virkjunarstaður sé hagkvæmastur.“ Þarna er sem sé lagt til í fyrsta lagi, að úr vandkvæðum vestfirðinga í raforkumálum verði bætt þannig, að lögð verði byggðalína úr botni Hrútafjarðar til Króksfjarðarness, síðan áfram vestur til Mjólkárvirkjunar, þessi ákvörðun verði tekin hið allra bráðasta, en síðar verði haldið áfram og hraðað undirbúningi að næsta vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum, þannig að þegar að því kemur að slíkrar virkjunar sé þörf, þá verði áætlanir um þá virkjun tilbúnar, þá verði búið að velja þann virkjunarstað á Vestfjörðum sem hagkvæmastur er og brýtur ekki í bága við náttúruverndarsjónarmið. Það er því rangt að segja að þarna sé ekki um að ræða röðun verkefna. Þvert á móti fjallar till. um röðun verkefna, og það er að sjálfsögðu mjög eðlilegt að það sé lagt til að verkefnum verði raðað með þessum hætti. Ég vil benda á að það er almennt talið, að frá því að ákvörðun er tekin um nýja vatnsaflsvirkjun líði 5—8 ár þar til vatnsaflsvirkjun þessi fari að skila frá sér raforku. Og ef ætti að bíða við núverandi aðstæður á Vestfjörðum í 5—8 ár héðan í frá eftir að úr því yrði bætt með nýrri virkjun, þá er ég hræddur um að allir væru

orðnir sammála um að neyðarástand væri farið að ríkja þar löngu áður en að því kæmi. Einnig er mjög hentugt að leggja byggðalínuna sem fyrsta valkost þegar þannig stendur á að ekki er enn ljóst hversu mikill jarðhiti er finnanlegur til upphitunar á íbúðarhúsnæði á Vestfjörðum, því kostur byggðalínunnar er nefnilega einmitt sá, að það er hægt að stjórna því í samræmi við þarfir, hve flutningarnir verða örir eftir línunni.

Ef virkjun er byggð á staðnum, sem yrði ef til vill jafnóhagkvæm í samanburði við aðrar virkjanir og hv. þm. Steingrímur Hermannsson var að lýsa hér áðan þá yrði a. m. k. um að ræða fyrstu árin talsverða umframframleiðslu á raforku sem ekki væri hægt að selja innan fjórðungsins og líklegt væri að vestfirskir raforkunotendur yrðu að bera baggana af í hærra raforkuverði en þeir ella þyrftu að greiða. Af þessum ástæðum báðum er mjög hyggilegt að velja þann valkostinn fyrst að byggja byggðalínu úr Hrútafirði og vestur um til Króksfjarðarness og síðan áfram til Mjólkárvirkjunar, ekki síst þegar það er vitað, að um verður að ræða talsvert mikið framboð á ódýrri raforku til flutnings eftir þessari línu, — raforku sem yrði ódýrari í kaupum fyrir vestfirðinga heldur en sú raforka sem þeir gætu aflað sér með virkjun heima í héraði. Og það er **alveg rétt hjá hv. þm. Steingrími** Hermannssyni, að Orkubú vestfirðinga getur tafið framkvæmdir í orkumálum í fjórðungnum. En það er alls ekki rétt hjá þessum ágæta þm. að Orkubú vestfirðinga þurfi að tefja framkvæmdir í raforkumálum í fjórðungnum. Ég vil aðeins í því sambandi benda á, að að sjálfsögðu er gert ráð fyrir í þessari þáltill. að það verði staðið með svipuðum hætti að byggingu byggðalínu eða Vestfjarðalínu frá byggðalínu í botni Hrútafjarðar og vestur um eins og staðið hefur verið að byggingu Norðurlínunnar sjálfrar. Það var ekki til fyrirstöðu fyrir þeirri framkvæmd að ekki var endanlega búið að fást úr því skorið hvernig ætti að skipa raforkumálum á Norðurlandi. Og það á ekki heldur að þurfa að standa í vegi fyrir slíkri framkvæmd fyrir vestfirðinga að ekki sé endanlega búið að ganga frá stofnun Orkubúsins. Nákvæmlega er þar um sama að ræða eins og gagnvart norðlendingum. Það er rétt að marka þá stefnu sem þar var mörkuð með lagningu byggðalínunnar. Sú stefna var á sínum tíma rétt, jafnrétt fyrir norðlendinga og hún er fyrir vestfirðinga, og það þarf ekki og á ekki að tefja þá framkvæmd þó að endanleg mynd sé ekki komin á skipulag raforkumála í þessum landshlutum.

Í tilbót við það, sem hv. þm. Þorvaldur Garðar sagði hér áðan um virkjanir á Vestfjörðum, get ég aðeins bætt því við, að þannig hefur verið að undirbúningi þeirra mála staðið — og vil ég þar ekki fara að ásaka einn eða neinn — að það má segja að einu fréttir, sem þm. vestfirðinga hafa haft af undirbúningi og rannsóknum á virkjunum þar, eru eiginlega nýjar fréttir á hverju sumri um að þar séu í gangi tilraunir og athuganir á því að veita sama vatnsmagninu ofan í nýjan fjörð, þannig að ég held að það sé búið að gera þrjár eða fjórar frumáætlanir um virkjun sama vatnsmagnsins á Drangajökulssvæðinu, og a. m. k. tvær, ef ekki þrjár áætlanir um virkjun sama vatnsmagnsins á Dynjandissvæðinu. Ég get svo bætt því við það, sem hv. þm. Þorvaldur Garðar sagði hér áðan um frumáætlanir Dynjandisvirkjunar, sem hann sagði, að mig minnir, að væri komið það vel á veg að nú væri ekki nema náttúruverndarsjónarmið sem stæðu þar í veginum, að ég veit ekki betur en nú á s. l. sumri hafi hjá einhverjum aðilum, sem hann e. t. v. þekkir betur til en ég, sá ágæti þm., komið upp sú hugmynd að það væri e. t. v. réttara að veita þessu vatnsmagni ofan í nýjan fjörð, þ. e. a. s. veita því ofan í Vatnsfjörð og virkja það þar og ekki með 12 mw. virkjun, eins og rætt er um hér, heldur 30 mw. virkjun í Vatnsfirði.

Og ég bið bara guð að hjálpa mér, ef þetta á að vera framhaldið á málunum, því margir eru firðirnir á Vestfjörðum og víða er hægt að leiða saman vatnið, þannig að þeir fara nú að verða fáir firðirnir sem ekki er búið að gera einhverjar frumáætlanir eða frumkannanir á hvernig leiða megi saman vatnið í.

Og ansi er ég hræddur um það, að það kunni að vera svarið þegar upp verður staðið, hvenær sem það verður, að sú frumáætlun, sem gerð er hér um Dynjandisvirkjun, reynist harla lítils virði þar sem sérfræðingarnir séu komnir að þeirri niðurstöðu, að það kunni að vera hagkvæmara að leiða sama vatnsmagn af sama vatnasvæðinu yfir í annan fjörð, Vatnsfjörð, en ekki Arnarfjörð, og virkja þar. A. m. k. er mér tjáð, og hef ég þó haft fyrir því að afla mér þeirra upplýsinga, að ýmsir reiknimeistarar orkuráðs eða Rafmagnsveitna ríkisins séu nú hrifnari af þeim hugmyndum heldur en hugmyndinni sem felst í þessu ágæta plaggi hér. Og það er ástæða þess, þetta sem ég er að segja hér, — það er ástæða þess, að ég legg til í seinni mgr. þessarar þáltill. að það verði undinn bráður bugur að því að velja sem allra fyrst þann virkjunarkost á Vestfjörðum sem fýsilegastur er og brýtur ekki í bága við náttúruverndarsjónarmið og síðan verði kröftunum einbeitt að því að gera áætlun um virkjun á þeim virkjunarstað, gera útreikninga um kostnað við slíkar virkjunarframkvæmdir og hugsanlegt raforkuverð frá slíkri virkjun, þannig að það liggi fyrir sem valkostur þegar að því kemur að leysa þarf raforkuvanda vestfirðinga með öðrum hætti en þeim sem lagt er til í þessari þáltill. að farið verði fyrst í, þ. e. a. s. með öðrum hætti en með lagningu byggðalínu frá Hrútafirði og vestur á firði.

Ég held svo að ég hafi ekki öllu fleiri orð um þetta mál. Ég tel að þessar umr. hafi leitt það í ljós, að í rauninni séum við þm. vestfirðinga sammála í öllum meginatriðum um þessi mál. Sá lítilvægi ágreiningur, sem milli okkar er, er raunar svo lítill að það tekur því vart og alls ekki að gera hann að einhverju atriði. En ég vil þess í stað hvetja bæði þm. vestfirðinga og hæstv. iðnrh. til þess að taka þann kost, sem er lagður til í þessari þáltill. um röðun verkefna og þm. Vestf. eru í raun sammála um, ekki síst þegar svo vill til að sá kostur, sem lagt er hér til að tekinn verði, er í fullu samræmi við stefnu núv. og fyrrv. hæstv. iðnrh. um samtengingu orkuveitusvæða, er hyggilegur og nauðsynlegur fyrir þjóðarheildina og einnig eðlilegasta leiðin

til þess að leysa raforkuvanda vestfirðinga eins og hann er nú og við þekkjum hann, þm. Vestf. og aðrir vestfirðingar, að eigin reynd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Deildaskipting Skipaútgerðar ríkisins, þáltill. (þskj. 375). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 375 hef ég ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni leyft mér að flytja till. til þál. um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins, svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hefja nú þegar endurskipulagningu á starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, sem miði að því að henni verði skipt í tvær deildir: Austurlands- og Vestfjarðadeild, með aðsetri á Reyðarfirði og Ísafirði.

Skal tekið mið af till. stofnananefndar um þetta frá árinu 1975 og þegar á næsta þingi lagt fram frv. hér að lútandi.“

Í grg. segjum við flm., að við sækjum okkar höfuðrök í einróma álit stofnananefndar frá árinu 1975 um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins, og er óþarfi að vitna frekar í það, það er í grg. En í þessari grg. er á það bent, að hér sé um töluvert atriði fyrir hvorn landshluta að ræða og einnig muni þetta hagkvæmara að mörgu leyti til þess að þjóna betur þeirri starfsemi, sem Skipaútgerð ríkisins á að annast. Það er ekki gert ráð fyrir því að flytja höfuðstöðvar Skipaútgerðarinnar frá Reykjavík engu að síður, en í hvorum landshluta væri skip og hvorri deild um sig mundu auk áhafnanna fylgja 5—10 menn. Og við bendum á það í lokin, flm., að einn þeirra nm., er að þessu áliti standa, er núv. forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bjarni Einarsson, en mjög væri eðlilegt að fela byggðadeild að vinna að þessu verkefni ásamt viðkomandi rn. og stofnuninni sjálfri.

Ég vil aðeins minna á það hér til þess að tefja ekki um of tímann, að á þinginu 1973—74 fluttu þeir hæstv. núv. menntmrh. og hv. þm. Karvel Pálmason þáltill. um smíði eða kaup strandferðaskips, og þar er mjög vikið að hinni miklu og brýnu þörf sem á því sé að starfsemi Skipaútgerðarinnar sé sem allra mest og best og þjónusta hennar sem best. Við þær umr. kom ég með þessa skoðun, sem ég hafði lengi haft, að rétt væri að Skipaútgerðin að hluta til væri staðsett á Austurlandi og að hluta til á Vestfjörðum með sinni nauðsynlegu sjálfsögðu aðstöðu í Reykjavík.

Ég leyni því sem sagt ekki, að í þessari stofnananefnd, þar sem ég átti sæti, kom ég þessari hugmynd á framfæri og hún var þar samþykkt af öllum nm.

Á undanförnum áratugum hafa alltaf öðru hvoru verið uppi um Skipaútgerð ríkisins margar hugmyndir, m. a. hugmyndir um að leggja hana hreinlega niður og ekki langt síðan sú till. kom fram. Út í það mál skal ekki farið hér. En við vitum að nú stendur fyrir dyrum nokkur endurskipulagning á aðstöðu Skipaútgerðarinnar. Nýr forstjóri hennar hyggst leggja sig fram um það að gera aðstöðu hér í Reykjavík til vörumóttöku og vöruafgreiðslu miklum mun betri en verið hefur, og á þann þátt viljum við flm. leggja mikla áherslu, einmitt að gera aðstöðuna hér viðunandi og í raun sem allra besta. Þá aukast líkurnar á betri og bættri þjónustu Skipaútgerðarinnar í heild.

Um hinn mikilsverða þátt þessa fyrirtækis í öllu er lýtur að vörudreifingu úti á landsbyggðina á liðnum árum mætti vissulega margt gott segja. Sá þáttur hefur verið og á að vera sem mestur og bestur. Þar hefur e. t. v. ekki alltaf verið á haldið sem skyldi og ekki heldur veittur nægur skilningur eða fjármagn til að gera hlutina nógu vel. En mestu hefur þó ráðið hin öra þróun annarra flutninga með bílum og flugvélum, sem út af fyrir sig er margt gott um að segja, en geta þó aldrei leyst allan vanda, enda fjarstæða í landi eins og okkar að nýta ekki til fullnustu þá ágætu flutningaleið sem sjórinn er.

Nú liggja flm. ekkert á þeirri skoðun sinni, að þeir vilja sem allra mest af vöruflutningum beint til hafna á landsbyggðinni án beinnar óþarfrar viðkomu í Reykjavík og þess mikla aukakostnaðar er í því felst. Þetta er jafnnauðsynlegt að gera þrátt fyrir þessa till., því auðvitað halda viðskipti og vörudreifing margs konar áfram engu að síður þó gert yrði verulegt átak að flytja vöru erlendis frá beint til aðalhafnar í hverjum landsfjórðungi sem höfuðreglu t. d.

Við flm. höfum séð margar og miklar ritsmíðar um það frá þessari ágætu stofnun einmitt, því miður, hve tillögugerð af þessu tagi væri fjarstæðukennd, og við vitum að það stafar m. a. af því, að þar hrýs mörgum manni hugur við því að eiga að fara að róta sér úr áratuga farvegi. Rétt er það, ef sú skipan, sem nú er á þessum málum, hefði gefist afburðavel, þá væri skiljanlegt að mótrök kæmu frá stofnuninni. En í sömu ritsmíðum er oft að finna dapurlega kafla um dæmi þess, hve þetta fyrirkomulag hefur gefist illa, ekki að vísu fyrirkomulagsins vegna, heldur miklu fremur vegna almennrar vanrækslu ráðandi aðila og jafnvel beins vilja til að leggja fyrirtækið niður, svo sem uppi hafa verið ákveðnar raddir um hér á Alþingi.

Við fengum í nefndarstarfinu í stofnananefnd að kynnast þessari dæmalausu tregðu sem hjá mörgum forstöðumönnum eða fyrirsvarsmönnum var fyrir hendi gegn öllum breytingum, hvers eðlis sem þær svo voru. Þetta var auðvitað misjafnt mjög, en þessi ágæta stofnun var þar síður en svo undantekning á hinn neikvæðari veg.

Þessi till. getur orðið til þess, þegar hún verður rædd í betra tómi og að fleiri áheyrendum viðverandi og þá einkum þeim, sem hafa barist fyrir því að leggja þessa stofnun niður með öllu, — hún getur orðið til þess að efla þá ágætu menn til frekari umr., og það vonum við að rætist þó síðar verði.

Ég efa það sem sé ekki að ýmsum þyki sem skipting af þessu tagi, þar sem skipin væru rekin í sitt hvorum landshluta með þó vissri yfirstjórn hér syðra, en að öðru leyti með mikla heimastjórn, sé fásinna ein. Sumir væru eflaust á því, að það ætti að fela einhverju Suðrafyrirtæki eða einhverjum ámóta aðila að annast þessa vöruflutninga, og eflaust eiga þessar radd-

ir eftir að heyrast og þær koma síður en svo á óvart.

Við höfum ekki frekar en stofnananefnd gerði á sínum tíma athugað þá rekstrarmöguleika, sem hér eru á, og þá annmarka, sem því kunna að vera samfara. Eflaust eru þeir einhverjir. En við efumst ekki um að þetta sé fullkomlega jafnmögulegt og að reka þessi skip héðan frá Reykjavík. Um það efumst við ekkert. Og tími flutninga á sjó er síður en svo liðinn hér við ströndina, og allra síst ætti það að vera þegar hafnarskilyrði hinna fjölmörgu staða hafa stórbatnað og öll aðstaða í landi einnig til að taka á móti vörum.

Ég vil líka taka það fram, að við flm. erum síður en svo að taka neinn spón úr aski norðlendinga, eins og einnig hefur heyrst, með því að setja þetta í okkar landshluta, þ. e. setja þessar deildir niður á Ísafirði og á Reyðarfirði, svo Akureyri yrði þarna afskipt. Vitanlega er það alger fjarstæða. Við vitum að til Akureyrar er einmitt um margar góðar vörur að gera til að sækja. En við vitum hins vegar að hljóðlaust og átakalaust gengur þessi breyting ekki fyrir sig og að mörgu þarf að gæta.

Það er nú einu sinni svo, að það er verið að tala mikið um útþenslu kerfisins, þessa margumtalaða kerfis. Það vill nú svo til að þessi útþensla gerist nokkurn veginn sjálfkrafa hér á þessu svæði. Það er aukið við starfslið jafnt og þétt. Það eru settar upp nýjar deildir á deildir ofan. En það vill oft verða svo, ef vikið er að slíku úti um land, að þá kippast menn við og finnst sem nú sé fyrst að verða aukning á þessu sama kerfi, og þá fyrst fara sumir að tala um óeðlilega yfirbyggingu og þó fyrst og fremst um hina miklu óhagkvæmni sem af slíku leiðir.

Menn hafa sagt að rekstur skipa af þessu tagi væri enn vonlausari austur á Reyðarfirði og vestur á Ísafirði en þó nokkurn tíma hér og væri þó langt til jafnað. Þetta er vitanlega sagt út í hött. Hringinn í kringum landið er ýmiss konar rekstur með ágætum, og við efumst ekki um að sú yrði raunin með þessi skip einnig ef þar væri vel að staðið og kannske sérstaklega ef duglegur heimaaðili, — þar eigum við ekki við einkaaðila, heldur sérstaklega aðila sem starfaði á vegum eða í tengslum við sveitarfélögin, — sæi um reksturinn í samráði við stofnunina hér syðra sem áfram héldist að sjálfsögðu, á þann veg, að hér yrði framkvæmdastjóri sem hefði ekki aðeins yfirsýn um allan rekstur, heldur annaðist sérstaklega þann þátt sem lyti að Reykjavík og vörudreifingunni þaðan.

Það er mikill misskilningur, sem fram hefur komið eða ég hef orðið var við, m. a. frá ágætum manni sem hefur haft mikil afskipti af málefnum Skipaútgerðarinnar, að með þessu móti eigi að skipta Skipaútgerð ríkisins í þessar tvær deildir og hún eigi að hverfa frá Reykjavík. Það er mesti misskilningur, því að aðstaðan hér er vitanlega svo mikilvæg að það er útilokað að fella hana niður og dytti engum heilvita manni í hug.

Það má segja að þetta mál sé ekki nægilega vel undirbúið hjá okkur flm., það þyrfti að rannsaka ýmsa þætti þess vel. En við leggjum áherslu á að það þarf að gera með jákvæðu hugarfari gagnvart þeirri breytingu, sem við teljum síður en svo ofraun. Það kann líka vel að vera að einhverjum þyki sem allir útreikningar þyrftu nú þegar að koma inn í þessa mynd, þ. e. hver kostnaður yrði af breytingunni. Auðvitað vitum við að hann verður nokkur. Hann verður það við hverja þá framkvæmd sem miðar að auknu jafnvægi í þessum efnum. En hér er auðvitað um að ræða alveg sérstaklega þjónustu við landsbyggðina og þess vegna er eðlilegt að sú þjónusta sé staðsett sem allra mest úti á landsbyggðinni.

Ég held að það sé enginn vafi á því, að stofnanadreifing almennt sé einn stærsti liðurinn í því að lagfæra ýmislegt sem orðið hefur á undanförnum árum varðandi jafnvægisleysi í byggð landsins. Við flm. tökum það skýrt fram, að við erum hér alls ekki að fitja upp á einhverju því, sem er allra sjálfsagðast eða brýnast. Það má auðvitað endalaust deila um það, hvað eigi þar að gera, og við getum auðvitað fallist á það að gjarnan mætti ýmislegt á undan eða jafnhliða ganga.

Ég vildi t. d. benda á það sérstaklega, að það er einn sjálfsagður hlutur sem ég vona að gerist innan skamms, og það er að Skógrækt ríkisins flytjist á þann eðlilega stað sem alltaf hefði átt að vera höfuðstaður og um leið aðalbækistöðvar fyrir þá stofnun, sem sé austur á Hallormsstað. Kannske verður það líka gert. Það hefur ekki a. m. k. fengið andbyr nema í mjög þröngum hópi þröngsýnustu embættismanna.

Ég vil sem sagt til þess að stytta mál mitt nú vísa í álit og ýmislegt það sem kom fram í stofnananefnd á sínum tíma, að ekki skyldi þar að neinu rasað, en líka gert það sem unnt væri til þess að koma hér á hreyfingu. Einstakar ríkisstofnanir hafa stigið umtalsverð skref í áttina. En betur þarf að gera og fleiri inn í myndina að koma. Með þessari till. er hreyft við einum þætti sem mjög hefur á ýmsan veg til umr. verið.

Hvaða örlög till. þessi fær í endurflutningi á næsta þingi, því við gerum okkur ljóst að hún fær enga afgreiðslu nú á þessu þingi, skal ég ekki um segja. Eflaust kemur þá upp spurningin um Skipaútgerð ríkisins í heild, hvaða rétt hún eigi á sér og hvort hún eigi að vera til. Margir af þeim, sem hafa haldið því fram að það ætti að leggja Skipaútgerð ríkisins niður — því erum við flm. algerlega andvígir, — þeir hafa sagt, að skiparekstur almennt væri betur kominn í höndum einstaklinga. Við vitum að það eru traust skipafélög hér á landi, eins og Eimskip og Skipadeild SÍS. En hitt er einnig til og nýleg dæmi eru þar um, að það er ekki allt fengið með frjálsræðinu og einkarekstrinum í þeim efnum frekar en í öðru.

Ég hef líka séð langa útreikninga frá fyrrv. forstjóra þessa fyrirtækis um hina miklu óhagkvæmni sem yrði af þessari tillögugerð. Ég virði þar vissulega margt, en ég tek það ekki algilt. N. kannaði á sínum tíma eða lét kanna möguleika hér á, það var glöggur aðili sem vann að þessu fyrir n., og ég ætla ekki að fara að rekja það frekar hér, en hann sá þar fleiri kosti en ókosti, m. a. vegna snertingar við þjónustusvæðið.

Það er talað um að rekstrarmöguleikarnir séu minni, eins og ég hef vikið að áður. Við sjáum

engu meiri vandkvæði á því að reka á þessum stöðum þessi skip heldur en hér í Reykjavík, allra síst þegar um það hefur verið jafnmikið kvartað af forsvarsmönnum þess fyrirtækis og raun ber vitni, hvað erfitt væri um rekstur þeirra hér á þessu svæði.

Þetta skapar vissulega ýmis vandamál sem ég skal ekki heldur fara náið út í hér, vegna þess að ég er nú þegar kominn fram yfir þann tíma sem ég lofaði að hafa til þessarar framsögu. Vandkvæðin eru t. d. í sambandi við skipverja, sem nú eru þegar á þessum skipum, og ýmsa menn, sem að þessu starfa. En hér er ekki um óyfirstíganlega erfiðleika að ræða. Ég veit a. m. k. ef ætti að flytja sömu stofnun frá landsbyggðinni og til Reykjavíkur, þá væri þetta ekki talið vandamál, síður en svo, og þar mundi enginn gera neinar athugasemdir. Sem betur fer, þá fer þjónustuaðstaðan úti á landsbyggðinni ört batnandi og atvinnuástand þar hefur farið batnandi einnig, og vonandi á ekki eftir að koma afturkippur í það. Það er þess vegna ekki hægt að vorkenna mönnum — það að flytjast frá þó þessu gósenlandi hér á höfuðborgarsvæðinu út á land, ekki í neinu tilliti í raun og veru, ef sú þróun fær að halda áfram sem við höfum verið að fá örlitinn forsmekk af núna á allra síðustu árum.

Ég veit ekki til hvaða nefndar eiginlega á að vísa þessu máli. Það hefur sennilega í för með sér kostnað, svo að réttast væri e. t. v. að vísa því til fjvn. Hér er um atvinnumál að ræða og mætti þess vegna vel flokkast undir atvmn. Og svo mætti vísa því til þeirrar n. sem virðist nú vera að verða ein allsherjarruslakista hér í Sþ., þ. e. a. s. allshn., sbr. það að þangað er mörgu vísað, en fátt sem þaðan kemur aftur, svo að ég hygg að ég leggi út í það að treysta þeirri n. þó best til þess, sem ég sjálfur er í, og legg til að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipan raforkumála, þáltill. (þskj. 130). — Ein umr.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í fjarveru 1. flm. þeirrar till., sem hér er á dagskrá, Magnúsar Kjartanssonar, mun ég segja hér nokkur orð um þessa tillögu.

Flm. að þessari till. eru, auk Magnúar Kjartanssonar, þm. Halldór Ásgrímsson, Benedikt Gröndal og Magnús T. Ólafsson, en till. fjallar um skipan raforkumála.

Aðalefni þessarar þáltill. fjallar um skipan raforkumála. Þar er lögð áhersla í fyrsta lagi á að slá því föstu sem einu meginverkefni í skipan raforkumála, að allt raforkukerfi landsins skuli samtengt og aðalorkuflutningskerfið lúti einni heildarstjórn.

Í öðru lagi er svo á það lögð áhersla, að komið verði upp einu virkjunarfyrirtæki fyrir allt landið, svonefndri Íslandsvirkjun, sem taki að sér orkuframleiðslu og rekstur á aðalorkuflutningsfyrirtækjum, og að þessi Íslandsvirkjun verði í eigu ríkissjóðs og sveitarfélaganna.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í þessari till., að þetta orkufyrirtæki, Íslandsvirkjun, fái einkarétt til þess að reisa og reka raforkuver og aðalorkuflutningslínur í landinu, en þó er gert ráð fyrir að þau orkufyrirtæki, sem þegar hafa rekstur með höndum í landinu, geti haldið áfram sínum rekstri ef þau kjósa það. En sem sagt, það er gert ráð fyrir því að þau haldi ekki áfram að bæta við sig virkjunum eða auka sína starfsemi.

Þá er gert ráð fyrir því í till., að Íslandsvirkjun verði rekin í sérstökum deildum, landfræðilega afmörkuðum deildum, til þess að reyna að koma þar á nokkurri heimastjórn viðkomandi aðila.

Í till. er síðan gert ráð fyrir því, að á þessum megingrundvelli taki ríkisstj. að sér að undirbúa löggjöf um skipan raforkumála og frv. að slíkri löggjöf verði lagt fyrir Alþ. svo fljótt sem kostur er á.

Í till. er einnig vikið nokkuð að dreifingarkerfinu sjálfu og gert m. a. ráð fyrir því, að Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafi þá með höndum nokkurn hluta af dreifingu raforkunnar, verði reknar sem sérstök landshlutadreifiveita, þannig að það sé tryggt að heimaaðilar í hverju héraði eða á hinum afmörkuðu landssvæðum geti haft með að gera almennan rekstur og haft áhrif á það, hvernig er staðið að málum.

Þetta eru svona nokkur meginatriðin sem till. byggist á.

Ég vil taka það fram, að þessi till., eins og kemur fram í grg. sem fylgir með till., hefur verið unnin á alllöngum tíma og var m. a. leitað til ýmissa þekktra forustumanna í sambandi við raforkumál landsins. Er þar sérstaklega getið fyrrv. raforkumálastjóra og orkumálastjóra, Jakobs Gíslasonar.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að það er mikil þörf á því, ég held að allra dómi, að koma sér sem fyrst niður á fastara og betra form en nú er ríkjandi varðandi skipan raforkumálanna í landinu. Það er mikil nauðsyn á því að nálgast það stig sem fyrst, að landið sem heild verði samtengt, þannig að hægt sé með eðlilegum hætti að velja fyrir landsmenn alla hvern þann virkjunarkost sem telst vera hagstæðastur á hverjum tíma og út frá heildarsjónarmiðum séð, og það mundi auðvelda mjög marga hluti og gera t. d. miklum mun auðveldara að koma á fullkominni jöfnun á raforkuverði og öðru því, sem mjög er umtalað í þessum efnum, auk þess sem það mundi að sjálfsögðu auðvelda stórkostlega að tryggja öllum landsmönnum nokkurn veginn svipað öryggi til þess að hafa næga raforku á hverjum tíma.

Því miður gat hv. 1. flm. þessarar till., sem hafði lagt mikla vinnu í hana, fyrst sem ráðh. að reyna að koma saman samkomulagi um þessi mál, — hann hefur ekki haft aðstöðu til þess að tala hér fyrir henni. Hann hefði gert það í miklu ítarlegra máli en ég sé ástæðu til að gera nú.

Mér er ljóst að ef samkomulag gæti tekist um skipan raforkumála í meginatriðum á þeim grundvelli, sem þessi till. gerir ráð fyrir, þá væri stórum áfanga náð varðandi þetta þýðingarmikla mál. Með þessum grundvelli, sem hér er bent á, er gert t. d. ráð fyrir því að það mikla

fyrirtæki á þessu sviði, sem nú er rekið í landinu, þ. e. a. s. Landsvirkjun, gæti haldið áfram sínum rekstri, en hins vegar ekki ætlast til þess að hún í því formi, sem hún er nú, stækkaði frá því sem orðið er, heldur tæki hér við svonefnd Íslandsvirkjun og Landsvirkjun gæti að sjálfsögðu gengið inn í það fyrirtæki þegar henni þætti það henta, og það mundi sennilega verða með tímanum.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, af því að ég veit að hér er um knappan tíma að ræða, tel ekki þörf á því. En ég legg til að að loknum fyrri hluta umr. verði till. vísað til allshn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þjóðaratkvæði um prestskosningar, þáltill. (þskj. 396). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 396, sem hér er til umr., er flutt af okkur hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Reykv. Till. kveður svo á, að ríkisstj. skuli falið að láta fara fram þjóðaratkv. jafnhliða næstu alþingiskosningum um það, hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar.

Í l. nr. 32 frá 1915, um veitingu prestakalla, er kveðið á um að beinar og almennar kosningar skuli fram fara við veitingu prestakalla. Á síðari árum hefur komið fram ákveðinn vilji af hálfu forustumanna þjóðkirkjunnar til að afnema þetta skipulag. Á þriðja Kirkjuþingi þjóðkirkju Íslands árið 1962 var samþykkt frv. til l. um veitingu prestakalla, þar sem gert var ráð fyrir afnámi beinna og almennra kosninga. Þetta frv. var lagt fram á Alþ. árið 1962—1963. Ein umr. fór fram um frv. og var það ekki tekið á dagskrá framar. Árið 1964 var sama frv. lagt fram á ný. Fór nú enn á sömu leið og í fyrra sinn, að aðeins ein umr. fór fram um málið. Segir nú næst af málinu, að frv. er flutt enn á ný á Alþ. árið 1972—1973 og enn fer sem fyrr, að frv. fer aðeins til 1. umr. Loks er svo frv. flutt á Alþ. 1973—1974. Er þá frv. vísað til ríkisstj.

Af þessu má tvennt vera ljóst: Annars vegar hefur mál þetta verið fast sótt af hálfu Kirkjuþings, hins vegar hefur á Alþ. farið lítið fyrir stuðningi við málið. Enginn kirkjumálaráðh. hefur gert mál þetta að sínu með því að flytja frv. sem stjfrv. Í öll skiptin hefur þess verið farið á leit við menntmn. viðkomandi þd. að flytja frv. án skuldbindingar um stuðning við það.

Af hálfu þjóðkirkjunnar hafa verið færð rök fyrir nýrri skipan um veitingu prestakalla, að prestskosningar í núverandi mynd reynist einatt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina, og að þær geri prestum óeðlilega erfitt að færa sig til á starfssviði sínu. Áhersla er lögð á vilja Kirkjuþings sem fram kom í því að frv. var þar samþykkt árið 1962 með 10:5 atkv., árið 1964 með 10:4 atkv., árið 1972 með 14:1 atkv. og árið 1974 með 2 mótatkv. Enn fremur er bent á afstöðu prestastefna, almennra kirkjufunda, sóknarnefnda og héraðsfunda málinu til stuðnings. Er haldið fram að mikil gagnrýni og óánægja hafi komið fram með núverandi fyrirkomulag við veitingu prestakalla, og hefur þessi gagnrýni og óánægja farið sívaxandi að dómi Kirkjuþings.

Á Alþ. hefur þetta mál þjóðkirkjunnar lítinn hljómgrunn átt. Bornar hafa verið brigður á réttmæti þess að afnema beinar og almennar prestskosningar. Í síðasta sinn sem þetta frv. Kirkjuþings var lagt fyrir Alþ. sendi menntmn. Ed. það til umsagnar ýmsum aðilum innan þjóðkirkjunnar. Virtist þá koma í ljós, að ekki væri jafnmikil eining innan þjóðkirkjunnar um afnám prestskosninga og af hafði verið látið. N. lagði til að frv. yrði vísað til ríkisstj., og var sú afgreiðsla málsins samþ. vorið 1974. Síðan hefur ekkert gerst í málinu nema Kirkjuþing hefur haldið áfram að samþykkja stuðning við afnám prestskosninga. Frv. hefur ekki komið á ný fyrir Alþ. En á síðasta þingi var lögð fram till. til þál. um skipun nefndar til að endurskoða lög um veitingu prestakalla og hlaut till. þessi ekki afgreiðslu. Hefur þessi till. nú verið endurflutt á þessu þingi.

Hinar síendurteknu samþykktir Kirkjuþings og endurflutningur frv. um afnám prestskosninga sýna svo glöggt sem verða má hver alvara fylgir máli þessu og hve illa Kirkjuþingið unir því að það skuli eigi fá framgang. Afdrif frv. sýna og glögglega hve mjög skortir á að sannfæring og samviska þm. leyfi stuðning við afnám prestskosninga. Málið er því í sjálfheldu. Í raun og veru er það lítt viðunandi ástand, að Kirkjuþing og Alþ. skuli enn vera svo mjög á öndverðum meið í máli sem varðar svo mjög starfsemi þjóðkirkjunnar. Þessu ástandi þarf því að ljúka sem fyrst.

Hér er um að ræða ágreining um grundvallaratriði. Annaðhvort eru prestskosningar beinar og almennar eða þær eru það ekki. Lausnar þessa ágreinings þarf samt að leita eftir leiðum sem líklegastar eru til niðurstöðu sem báðir aðilar ættu að geta sætt sig við, hvort heldur það yrðu beinar og almennar prestskosningar eða afnám þeirrar skipunar. Til þess að svo megi verða er nauðsyn að málið skýrist enn betur en orðið er. Það er nauðsyn að draga fram staðreyndir til að byggja á ákvarðanatöku í málinu. Hvorki Kirkjuþingi né Alþ. er ætlandi sá vanþroski að neita staðreyndum.

Nú er það svo, að ágreiningur er um það, hve mikil brögð eru að gagnrýni og óánægju með beinar og almennar prestskosningar, bæði innan einstakra félagseininga þjóðkirkjunnar og einkum meðal hinna almennu félaga þjóðkirkjunnar, almennings í landinu. Það verða og naumast fundin haldgóð rök gegn réttmæti þess, að fólkið í landinu, sem þjóðkirkjunni er ætlað að þjóna, sé spurt um álit þess um það, hvort það vilji áfram beinar og almennar prestskosningar eða afnám þeirra. Til þess að fá sem gleggsta mynd af skoðunum og vilja almennings í máli þessu er lagt til í till. þessari til þál. að látin verði fara fram þjóðaratkvgr. um það, hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar.

Þjóðaratkv. það, sem hér er lagt til, er sérstaks eðlis. Þetta leiðir af sérstöðu þjóðkirkju Íslands. Þjóðkirkjan nýtur sérstakrar stjórnarskrárverndar og breytingar á kirkjuskipun ríkisins skulu samkv. stjórnarskránni lagðar undir þjóðaratkv. til samþykktar eða synjunar. Af

þessu er ljóst hve stjórnarskráin leggur mikla áherslu á að almenningur í landinu sé hafður með í ráðum um kirkjuskipanina. Till. sú, sem hér er borin fram, skal ekki heimfærð beint undir þetta stjórnarskrárákvæði, en samt er hún vissulega í besta samræmi við það tillit sem þar er tekið til fólksins sem þjóðkirkjan á að þjóna. Og svo best eflum við kristni og kirkju í landinu að samráð verði haft við fólkið sjálft. Í trausti þess er þessi till. til þál. fram borin.

Að gefnu tilefni vil ég nú víkja að till. þeirri til þál. um n. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla, sem flutt var á síðasta þingi og nú er endurflutt á þskj. 352. Í umr. um till. þessa hér í Sþ. í síðasta mánuði kom sú skoðun fram, að till. sú til þál., sem hér er nú til umr. og mælir fyrir um þjóðaratkvgr., sé frávísunartill. við þáltill. um nefndarskipunina. Formlega séð getur þetta að sjálfsögðu ekki verið. Það hefði orðið að bera slíka till. fram sem brtt. við þáltill. um nefndarskipunina, en ekki sem sjálfstæða till. um þjóðaratkv. Þessar till. eru báðar sjálfstæðar og útiloka ekki hvor aðra, heldur væri hugsanlegt að báðar yrðu samþykktar. Hins vegar er ekkert óeðlilegt við það að mönnum komi í hug frávísun á till. um nefndarskipunina í þeim skilningi, að sú till. sé ekki raunhæf fyrr en þjóðaratkvgr. hefur farið fram samkv. till. þeirri sem nú er hér til umr.

Miklar umr. urðu á síðasta þingi og hafa þegar orðið á þessu þingi um till. um nefndarskipun á þskj. 352. Það er sama á hvaða hátt málið ber að, ásteytingarsteinninn er hinn sami. Það er deilt um hvort hafa skuli beinar og almennar prestskosningar eða ekki, og það er ágreiningur um hver sé vilji þjóðkirkjumanna, almennings í landinu, í þessu efni. Hins vegar hef ég engan heyrt segja að fólki, sem búi við kirkjuskipanina, komi málið ekki við eða hafi ekki vit á hvað sé því fyrir bestu. Ég geri ráð fyrir því, að þm. gangi almennt út frá því að fólkið eigi sjálft að ráða hvaða fyrirkomulag skuli vera, beinar og almennar prestskosningar eða ekki. Ef þetta er rétt hjá mér ættu allir að vera sammála um að fá fram ótvíræðan vilja fólksins í þessu efni, hver sem hann kann að reynast og hvaða persónulega skoðun sem þm. kunna að hafa á málinu. Þetta verður að sjálfsögðu ekki betur gert en með þjóðaratkvgr.

Þegar þjóðarviljinn er fram kominn hljóta deilur að minnka um þetta grundvallaratriði, hvort hafa skuli beinar og almennar prestskosningar eða ekki. Og þá er fyrst forsenda fyrir því að láta fara fram endurskoðun á lögum um veitingu prestakalla. Endurskoðunin hlýtur að vera með mjög mismunandi hætti eftir því, hvort gengið er út frá beinum og almennum prestskosningum eða ekki. Með tilliti til þessa er ótímabært að setja n. í endurskoðun laganna fyrr en þjóðarviljinn er í ljós kominn, þjóðaratkvgr. hefur farið fram.

Herra forseti. Ég legg til að að loknum þessum fyrri hluta umr. verði till. þessari vísað til hv. allshn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það stendur nú þannig á, að ég er sá eini af flm. að annarri till., sem varðar þessi málefni, sem er staddur hér í þingsalnum í kvöld, og ég vil ekki alveg láta þetta mál fram hjá mér fara. Ég skal játa það, að ég er nú kannske ekki ákafastur stuðningsmaður þeirrar till. sem ég er sjálfur flm. að ásamt fleirum, en hef þó gerst flm. till. nú tvívegis um skipun n. til þess að endurskoða lög um veitingu prestakalla. Ég geri það af einlægum áhuga mínum á því, að það sé kominn tími til þess að endurskoða þessi lög frá 1915 um veitingu prestakalla og það sé mjög nauðsynlegt að við förum að gera okkur grein fyrir því, hvort þessi lög verka á þann veg sem til var ætlast í upphafi. Það er að vísu rétt, sem menn hafa bent á, að þessi lög hafa lengi staðið og áttu sér áreiðanlega á ýmsan hátt eðlilegan aðdraganda þá. En hitt er annað mál, að það er nú svo með suma löggjöf, að hún á það til að úreldast og ekki víst að hún eigi alltaf jafnvel við. Ég er þeirrar skoðunar að lög um veitingu prestakalla og um kosningu presta hafi ekki gefist nægilega vel og þess vegna sé ástæða til þess að endurskoða lögin, og vel gæti ég hugsað mér að þau lög yrðu endurskoðuð allróttækt eða þeim verði breytt allverulega. Og þess vegna hef ég gerst flm. að till. á þskj. 352, sem hv. 1. flm. þessa máls hefur gert hér að umræðuefni.

Ég get líka sagt það einmitt í tilefni af þeirri till., sem hér er til umr. um þjóðaratkvgr. Íslendinga um prestskosningar, að ég er einnig og hef lengi verið mikill áhugamaður um það, að þjóðaratkvgr. sé beitt meira en gert er, og ég sé ýmislegt gott við það. Ég held að þetta sé nú aðferð sem er lýðræðisleg og getur átt sinn þátt í því að auka áhuga manna á þjóðmálum. Hins vegar er það jafnljóst, að það er nokkuð vandasamt oft að velja mál til að bera undir þjóðaratkv. og það er engan veginn sama hvernig það fer fram. Vel má nú vera að það sé hugsanlegt, að þjóðin sé látin skera úr í þessu efni í almennri þjóðaratkvgr. Það má vel vera. Ég vil alls ekki hafna þeirri hugmynd fyrir fram að svo kunni að vera. Ég get ekki látið hjá líða að minnast þess í sambandi við þjóðaratkv. almennt, að það var einmitt till. frá mér og hæstv. núv. dómsmrh., þáltill. sem hér var samþykkt fyrir einum 10 árum eða svo, sem einmitt fól í sér að kanna það, hvort ekki ætti að gera meira að því að hafa þjóðaratkv. um mál, þannig að það kemur mér ekkert á óvart og það stríðir ekki gegn skoðunum mínum þó að slík till. komi fram. Og vil ég alls ekki gera neitt lítið úr því að slík till. sem þessi komi fram, og ég efa ekki að þeir hv. flm., sem að henni standa, gera það af mjög góðum hug, og ég tek það ekki á nokkurn hátt illa upp þó að þeir flytji þetta mál, sem þó fer auðvitað nokkuð í aðra átt en sú till. sem ég stend að.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. 1. flm. till. sagði, að á ýmsan hátt er þetta mál í sjálfheldu. Kirkjuþing, sem er sérstök stofnun á vegum kirkjunnar þar sem sæti eiga þó leikmenn og prestar saman og fjalla um kirkjuleg málefni, þetta þing hefur fjallað mjög oft um þessi mál og sent sínar ályktanir til Alþ. með beiðni um að gera mál Kirkjuþings að sínum. En það hefur ekki mátt verða af einhverjum ástæðum, og er út af fyrir sig hugleiðingarefni hvernig á því stendur, að Alþ. skuli forsóma svo mjög marg-

ítrekaðar ályktanir Kirkjuþings. Þegar við aftur hyggjum að öðrum þingum, sem hér eru haldin, við skulum nefna bæði Fiskiþing og Búnaðarþing, þá þykir það vera mikið keppikefli og metnaðarmál þm. að gera ályktanir þessara þinga að sínum. Það er nokkurt hugleiðingarefni hvernig á því stendur að Alþ. er þannig sinnað, að það hefur ekki áhuga á því að gera málefni Kirkjuþings að sínum. Þetta er nokkurt hugleiðingarefni, og í rauninni er það hugleiðingarefni, hvernig á því stendur hvað er erfitt að fá umr. hér á Alþ., svo að gagn sé að, um kirkjumálefni, um málefni kirkjunnar, sem er svo langsamlega elsta menningarstofnun þjóðarinnar fyrir utan Alþ. að varla kemst annað í samjöfnuð nema Alþ. eitt. Það er dálítið einkennilegt hvað menn hafa lítinn áhuga á málefnum kirkjunnar og er eiginlega leitt til að vita, því að það er sú stofnun, vil ég meina, sem ekki einasta helst, heldur vinnur hér í landinu einna merkast og best starf í menningarlegum efnum og félagsmálefnum og andlegum málum, eins og henni ber. En svona er nú þetta, að Alþ. hefur lítinn áhuga á málefnum Kirkjuþings, og þykir mér það undarlegt í sjálfu sér að svo skuli þurfa að vera.

Ég hef dálitla tilhneigingu til þess eins og fleiri þm. að líta stórt á þau málefni sem um hefur verið fjallað á Fiskiþingi og Búnaðarþingi, og yfirleitt held ég að það hafi verið mjög til gagns fyrir löggjafarstarf að hafa við að styðjast ályktanir þess háttar stéttarþinga, ef svo má segja. Þess vegna þykir mér undarlegt hvað áhugi þm. er lítill á málefnum Kirkjuþings og hvað mönnum hættir til að gera lítið úr starfsemi Kirkjuþings. En þetta er ekki bara hvað varðar kirkjuna og þau andlegu málefni, sem hún fjallar um. Eins og ég segi, þá er kirkjan einhver elsta og merkasta stofnun sem við eigum með þjóðinni og þurfum að rækja. Þetta er raunar svo um miklu fleiri málefni sem snerta menningar- og félagsmál. Þau fást naumast rædd hér á Alþ. nema á hlaupum á milli þess sem við erum eitthvað að jagast um kröfugerð, fjármál og efnahagsmál. Og oft finnst mér að þetta setji heldur leiðinlegan blæ á Alþ. og umr. þar.

Ég skal ekki fara ítarlega út í þessi mál eða ræða um prestskosningarnar sérstaklega mikið. Ég hef lýst því og það hefur komið fram áður hjá mér, að ég hef ekki trú á því, að prestskosningar séu þess háttar fyrirbæri að ástæða sé til að setja það á vetur öllu lengur. Það er mesti misskilningur að prestskosningar séu lýðræðislegar. Ég sagði hér í þingræðu fyrir nokkrum árum, þegar þetta var til umr., að það minnti mig miklu frekar á fasistalýðræði heldur en lýðræði, því að þarna er verið að kjósa menn nánast til lífstíðar, en ekki til ákveðins tíma, eins og er eðli allra lýðræðislegra kosninga. Hins vegar mun það tíðkast í fasistaríkjum, að menn eru kosnir til lífstíðar og geta svo sagt upp starfi sínu þegar þeim sýnist. En mér skilst að prestarnir geti setið svo lengi sem þá lystir, þannig að lýðræði er þetta náttúrlega ekki. Það yrði þá, ef þetta á að vera lýðræðislegt, að taka upp einhverjar nýjar reglur og kjósa prestana til ákveðins tíma, þannig að ég held að það sé ekki rétt að nota það orð yfir þetta. En þegar ég ber þessar till. hér saman, þá auðvitað er mér það ljóst, að þær fara sín í hvora áttina og er ekkert við því að segja. Hins vegar fjalla þær um sama málefni, og ég gleðst yfir þeim áhuga sem fram kemur hjá þessum hv. þm. um að reyna að finna leið til þess að fá þetta mál úr sjálfheldu, eins og 1. flm. orðar það. Ég tel hins vegar eðlilegt að bæði þessi mál verði rædd í sömu þn. og um þau fjallað nokkurn veginn samtímis.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér þykir það nú miður að þeir hinir áhugasömustu hv. flm. að þeirri þáltill., sem hér var til umr. fyrr í vetur um nefndaskipan, skuli ekki vera viðstaddir þessa umr. líka, því að ég hygg að þeir mundu vilja tjá sig um þessa þáltill. En það er kannske ekkert við því að gera. Ég hefði þó kosið það. Ég veit ekki hvort ég á að fara fram á það við hæstv. forseta að hann frestaði umr. um stund, kannske þangað til séð yrði hvort þessir hinir áhugasömu flm. væru hér mættir á fundi. (Gripið fram í.) Ja, það var nú tekið sérstaklega fram af hv. þm. Ingvari Gíslasyni, flm. að hinni till., að hann væri ekki einn af þessum áköfu varðandi þá till. (**IG:** Ég er áhugasamur.) Ég tók það svo, að hann liti svo á að aðrir hv. flm. þeirrar till. væru mun áhugasamari um þann boðskap, sem sú till. hefði fram að færa, heldur en hann sjálfur væri. (**SvH:** Þetta er rétt skilið.) Það er þess vegna sem ég tala í þessum dúr. En kannske ég bíði með mínar óskir til hæstv. forseta og fari hér nokkrum orðum um þetta mál og láti sjá hvort ekki rætist úr með það að hv. flm. hinnar till. gangi í salinn.

Kannske ætti ég að vera ánægður yfir till. af þessu tagi vegna þeirra skoðana sem ég hef látið í ljós hér á Alþ. varðandi hina þáltill., þar sem gert er ráð fyrir nefndarskipun til að endurskoða lög um veitingu prestakalla, — ánægður segi ég, vegna þess að ég lít svo á og það kom hv. 1. flm. inn á hér áðan, að þessi till. sé í raun og veru frávísunartill. á hina. Það má auðvitað segja að formlega séð sé hér ekki um frávísunartill. að ræða, því að hvor tveggja þessarar till. eru sérstök till. En þetta er í raun og veru frávísun á þær till. sem fram hafa komið á tveimur undanförnum þingum um þetta mál. (Gripið fram í.) Með hliðsjón af því ætti ég að sjálfsögðu að vera ánægður með þessa till. En mér finnst, — vel má vera að það sé ekki rétt og ég skal ekkert fullyrða, — en mér finnst nokkur keimur þess efnis af þessari till., að hún sé á þá lund að Alþ. sé að skjóta sér á bak við, víkja frá sér því að taka afstöðu til þessara mála og þeirra óska eða þess vilja sem fram hefur komið margítrekað, eins og hv. 1. flm. þessarar till. kom inn á, margítrekaðra óska Kirkjuþings í þessum efnum.

Nú skal ég taka fram að ég er síður en svo andvígur því að gera meira að því að láta þjóðaratkvgr. fara fram. En það er rétt, sem hv. þm. Ingvar Gíslason kom hér inn á, að það er ærið vandmeðfarið að framkvæma þjóðaratkvgr. Og varðandi þetta efni er það í fyrsta lagi ljóst, að ekki eru allir íslendingar í þjóðkirkjunni, þannig að ef þetta ætti að fara fram samhliða alþingiskosningum, þá yrði að hafa til staðar tvenns konar kjörskrár, og sjálfsagt kæmi ýmislegt fleira upp varðandi framkvæmdina sem þyrfti að athuga í sambandi við þjóðaratkvgr. um þetta

mál. Ég held hins vegar og ég trúi því, að Íslendingar almennt séu það lýðræðiselskandi þjóð, að ef fram færi þjóðaratkvgr. um það og ef spurt væri beint: Viltu afnema prestskosningar eða viltu halda áfram óbreyttu ástandi? — þá er ég þeirrar skoðunar að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sé þeirrar skoðunar að hann vilji hafa prestskosningar eins og þær eru, þ. e. a. s. hið almenna sóknarbarn eigi þess kost að velja sér sálusorgara. Hitt má vel vera, að það yrði ekki mikil þátttaka í þjóðaratkvgr. af slíku tagi.

Ég fagna því, að nú gengur í salinn hv. þm. sem er greinilega miklu áhugasamari en hv. þm. Ingvar Gíslason um þau málefni sem hér hefur verið fjallað um, og mér hefur því tekist að teygja lopann þangað til hv. þm. gefst kostur á að taka til máls um þetta málefni. (IG: Var ég ekki alveg á sama máli?) Ég er nú búinn að gera því skil og get gert það betur ef hv. þm. óskar þess.

Hv. þm. Þorvaldur Garðar sagði hér — og það sagði raunar hv. þm. Ingvar Gíslason líka — að málið væri í sjálfheldu. Það er kannske að nokkru leyti rétt, að málið er í sjálfheldu að því leytinu til, að Alþ. hefur ekki viljað fallast á þessar ítrekuðu óskir Kirkjuþings, í fyrsta lagi um algert afnám prestskosninga, eins og Kirkjuþing óskaði eftir á sínum tíma, og á síðari stigum að færa þessar kosningar á hendur tiltölulega fárra einstaklinga, þ. e. a. s. að sóknarnefndir og safnaðarfulltrúar kjósi presta, eins og Kirkjuþing hefur ályktað um og óskað eftir. Á þetta virðist Alþ. ekki vilja fallast. Það er að vísu rétt, sem hv. þm. Ingvar Gíslason sagði áðan, að það hafa ekki ýkjamargir þm. tjáð sig um málið, og ég tek undir það með honum, að mér finnst talsvert bera á því að það sé lítill gaumur gefinn því að ræða það, sem í raun og veru snertir hið kirkjulega starf í landinu, og lítið gert að því að beina athyglinni að því sem betur mætti fara í þeim efnum. En ég vil þó segja það, að þó að ég meti mikils ályktanir og óskir, hvort sem það er Kirkjuþing eða eitthvert annað þing, þá tek ég ekki slíkar ályktanir eða óskir alfarið á þann veg, að ég ætli að segja já og amen við öllu því sem þar er um beðið. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvert innihald óskanna er og hvort það fer saman við það sem ég tel rétt vera í hverju tilfelli. En ég er reiðubúinn hvenær sem er til þess að ræða þau mál.

Ég held að það sé að nokkru leyti rétt hjá hv. þm. Ingvari Gíslasyni, að það skorti talsvert á það að þm. almennt gefi sér tíma til að ræða málefni kirkjunnar, hvort sem það er um afnám prestskosninga eða eitthvað annað sem þar kemur upp. Á þessu þyrfti að verða breyting og það væri æskilegt að meira væri fjallað um málefni kirkjunnar hér á hv. Alþ. en gert hefur verið. En það verður sem sagt að líta svo á, að Alþ. hafi ekki viljað fallast á þessar óskir Kirkjuþings, og það verður einnig að líta svo á, að hæstv. núv. kirkjumrh. hafi ekki haft það mikinn áhuga á breytingum í þessum efnum að hann hafi beitt sér fyrir því hér á Alþ. að breyting af þessu tagi yrði gerð. Nú er það alveg ljóst varðandi þá till., sem hér var vitnað til áðan í sambandi við nefndarskipun til að endurskoða lög um veitingu prestakalla, að auðvitað hefði kirkjumrh. á hverjum tíma getað skipað slíka n. án þess að Alþ. kæmi þar nokkuð nálægt, ef hann á annað borð hefði talið ástæðu til þess og haft vilja til að slíkt nefndarstarf ætti sér stað og hann hefði haft áhuga á því að breyta núverandi fyrirkomulagi í þessum efnum. Þetta virðist ekki hafa verið. Ég fagna því, að hæstv. núv. kirkjumrh. virðist ekki hafa mikinn áhuga á því að breyta frá því, sem nú er í þessum efnum, í þá átt að afnema almennar prestskosningar í landinu.

En það er einnig rétt, sem hv. 1. flm. þessarar þáltill. sagði hér áðan, að hér er ágreiningur um grundvallaratriði. Ég kalla þetta ekki fasistafyrirkomulag, sem við nú búum við, eins og hv. þm. Ingvar Gíslason sagði áðan. Ég skildi hann á þann veg að við byggjum við fasistafyrirkomulag í sambandi við prestskosningar. (**Gripið fram í:** Já, já, þetta er rétt skilið.) Ja, guð hjálpi þessum hv. þm. að tala í þessum dúr. Ég veit satt að segja ekki hvaða fyrirkomulag hugsunarhætti af þessu tagi væri hentugast. Eins og ég hef skilið og litið á framkvæmd fasisma, þá get ég ekki skilið að það sé hægt að líkja prestskosningum þeim, sem við nú búum við, við framkvæmd á þeirri margumtöluðu stefnu, fasisma, eins og hún hefur verið útskýrð fyrir okkur. Ég skil ekki hvað menn í raun og veru meina þegar þeir taka sér samlíkingu af þessu tagi í munn og bera það fram hér á hv. Alþ. Ég held að þetta þjóni ekki þeim tilgangi að taka upp umr. af meiri alvöru heldur en gert hefur verið um málefni kirkjunnar, eins og þessi hv. þm. talaði um að gera þyrfti. Ég held að það sé þveröfugt, að talsmáti af þessu tagi sé frekar í þá átt að spilla fyrir að eðlilegar og nauðsynlegar opnar umr. eigi sér stað um málefni kirkjunnar og hvað þar er hægt að betrumbæta frá því sem nú er.

Það er út af fyrir sig ágætt að fá fram vilja fólksins í landinu til þessa máls. En mér finnst alveg sjálfsagt að Alþ. sjálft taki afstöðu í þessu máli. Vill Alþ. fallast á afnám prestskosninga í núverandi mynd og taka upp skipunarfyrirkomulagið, eins og óskir Kirkjuþings hafa lengst gengið, eða vill það standa á því fyrirkomulagi sem verið hefur í reynd nú á undanförnum árum? Ég held að það sé engin ofætlan hverjum hv. alþm. að svara því, hvort hann er þeirrar skoðunar að það beri að afnema prestskosningar í landinu. Það hlýtur hver og einn þm. að geta gert það upp við sig, ef hann hefur ekki gert það, hvort hann aðhyllist frekar þá einræðislegu tilhneigingu, sem ég tel vera, með því annaðhvort að færa á færri hendur kosningu presta, ég tala nú ekki um ef á að afnema þær algerlega, eða hvort menn vilja viðhafa lýðræðislegar kosningar í landinu í þessum efnum. Þetta held ég að hver og einasti hv. þm. hljóti að geta gert upp við sig án þess að hann fái forskrift að því fyrir fram frá almenningi í landinu. Þm. hljóta að hafa á þessu einhverja skoðun sjálfir.

Það kom fram hjá hv. 1. flm. og frsm. þessarar þáltill., að líklega árið 1974, þegar þetta mál kom hér inn í þingið í frv.-formi, flutt þá af menntmn. að ég held Ed., að sú hv. n. hefði vísað málinu til umsagnar aðila innan kirkjunnar. (**ÞK:** Nei,

málinu var vísað til ríkisstj.) Nei, til umsagnar aðila innan kirkjunnar áður en endanlega var lagt til að því yrði vísað til ríkisstj., og að þær umsagnir, sem borist hefðu frá þessum aðilum, hefðu ekki gefið til kynna jafnmikla tilhneigingu til breytinga í þá átt, sem ályktanir Kirkjuþings hafa verið á undanförnum árum, og mér hefur virst á flm. þeirrar till. um nefndarskipun sem hér hefur verið til umr., eins og mér hefur virst að þeir vildu vera láta, að líklega mikill meiri hl. aðila innan kirkjunnar vildu breytingu í þessa átt.

Nú er rétt að taka það fram, að það heyrir til undantekninga að hv. flm. hinnar fyrri till. vilji viðurkenna að þeir séu í raun og veru að flytja till. um að afnema prestskostningar í landinu. Og mér þætti gaman að fá um það vitneskju, — ég sagði það hér við umr. um hina fyrri till., — mér þætti gaman að fá um það vitneskju, ef það liggur fyrir hvernig hluföll hafa verið í umsögnum eða skoðanakönnun, eins og mér hefur skilist að farið hafi fram innan kirkjunnar, hver hlutföll hafi verið í þessum efnum þar. Er það yfirgnæfandi skoðun þeirra aðila, sem til hefur verið leitað um þetta mál, að það beri að afnema prestskosningar í landinu? Eða hvaða hlutföll er þarna um að ræða?

Ég hef enga „statistik" yfir það, hversu Alþ. hefur gert lítið úr samþykktum kirkjuþings í gegnum árin. Ég er ekki svo fróður að ég viti um það. Vel má vera að það sé rétt hjá hv. þm. Ingvari Gíslasyni, að Alþ. hafi yfir höfuð að tala gert of lítið úr samþykktum Kirkjuþings. En ef svo er, þá hlýtur orsökin að vera sú, að Alþ. er á annarri skoðun en þessar óskir eða ályktanir Kirkjuþings hafa verið, og við því er auðvitað ekkert að segja.

Hv. þm. Ingvar Gíslason sagði hér eitthvað á þá leið, að sér þætti prestskosningar í núverandi mynd ekki svo lýðræðislegar að þær væru öllu lengur á vetur setjandi, hér væri um að ræða lífstíðarkosningar. Það er alveg rétt. En ef menn eru óánægðir með það fyrirkomulag, þá á auðvitað að breyta því, þá á að láta presta ganga undir kosningar á einhverju tilteknu árabili, ef þetta er kannske það eina sem menn finna athugavert við núverandi fyrirkomulag. Ég tek undir það, að ég teldi það mjög æskilegt og kæmi mjög til greina að breyta frá því að prestar séu kosnir til lífstíðar. En ég vil ekki, ef ég er óánægður með þetta atriði, breyta því á þann veg að taka kosningarréttinn af fólkinu. Ég vil þá gefa því tækifæri til þess að kjósa oftar um þessa einstaklinga eins og aðra einstaklinga sem lýðræðislegar kosningar fara fram um. Og ég hef sagt það áður og get sagt það enn, að ef það er í raun og veru svo, að alls konar spilling af hinu versta tagi þróast í prestskosningum, þá er það eitt af höfuðhlutverkum prestastéttarinnar sjálfrar að breyta svo slæmu hugarfari á hinn betri veg og koma í veg fyrir að slíkt hugarfar þróist öllu lengur í landinu, ef það er fyrir hendi.

Það ætti ekki að þurfa leikmenn á borð við mig til þess að vera að drepa á það, hvorki á Alþ. né annars staðar, að það er höfuðhlutverk prestastéttarinnar að gera manninn göfugri og betri, en ekki falla fyrir því, sem menn telja spillingu af einhverju tagi, og hlaupa undan merkjum vegna þess að spillingin sé svona. Það á að ráðast gegn henni og breyta hugarfarinu og það er mikilvægasta hlutverk prestastéttarinnar, þannig að það nær ekki nokkurri átt að mínu viti að vera að tala um það nú árið 1977 að svipta fólk í landinu þeim rétti að velja sér prest á lýðræðislegan hátt.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða lengri tíma í þetta. Ég taldi rétt að fara hér nokkrum orðum um þessa þáltill. og einnig að koma inn á nokkur atriði sem hafa komið fram í umr. og hefur einnig verið vikið að varðandi hina till., sem hér er til meðferðar í þinginu. En ég vil að síðustu segja það, að ef það eru margir Íslendingar svipaðrar skoðunar og hv. þm. Ingvar Gíslason um það, að við búum við fasistafyrirkomulag varðandi prestskosningar, þá er ég ekki hissa á því þó að hinir sömu menn vilji breyta til. En mér kæmi það á óvart ef það væru margir íslendingar sem væru á þeirri skoðun. Ég held að við búum við lýðræðislegt fyrirkomulag varðandi val presta, það lýðræðislegt, að ég vil halda því og vil neita með öllu að svipta almenning í landinu þessum lýðræðislegu réttindum sem hann er búinn að hafa í áratugi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er nú orðinn árlegur atburður að mál þetta komi til umr. á hinu háa Alþ. Það er dálítið sérkennilegur ókyrrleiki og undiralda í geistlegrar stéttar mönnum hér á landi og embættismönnum sem gegna eiga skyldum á því sviði varðandi kjör presta til þjónustu við söfnuðina. Það er ókyrrleiki hjá þeim, sem virðast veigra sér við því að leggja það undir dóm safnaðanna hvaða prest þeir vilja velja sér til þjónustu, og hjá embættismönnum, sem að líkum gera sér vonir um að fá að deila og drottna í þessu sambandi. Mér virðist þetta vera svo.

Hér er til umr. till. um þjóðaratkv., þar sem skorið verði úr um afstöðu almennings til þessa máls. Ég geri ráð fyrir að þetta sé að verða nauðsynlegt, þar sem hið háa Alþ. liggur undir þeim ásökunum frá Kirkjuþingi t. d., að Alþ. þverskallist við því sem það vill álíta að sé mikið meirihlutafylgi fyrir hjá þjóðinni, og það er afnám prestskosninga. Málið er í sjálfheldu, eins og flm. benti á, og með einhverjum hætti þarf hið háa Alþ. að losna úr þeirri sjálfheldu, sem það er í að þessu leyti, eða undan þeim ásökunum frá klerkum, frá Kirkjuþingi, að Alþ. fari í þessu efni alls ekki að því sem þeir vilja álíta að sé þjóðarvilji eða vilji meiri hl. almennings. Ég dreg það auðvitað í efa að þetta eigi sér nokkra stoð. Og það er auðvitað ekki nein ástæða til þess fyrir hið háa Alþ. að láta undan þrýstihópi eins og Kirkjuþingi, frekar en ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hlaupa upp til handa og fóta og bera hér fram till. um það sem menn versla um sín á milli, t. d. L.Í.Ú. á sínum aðalfundum eða einhver slík hagsmunasamtök í landinu, en um þetta höfum við nóg dæmi. Það er engin ástæða til þess að rjúka upp til handa og fóta enda þótt Kirkjuþing eigi í hlut, fremur en önnur hagsmunasamtök, samtök verslunarmanna eða Dagsbrún eða Sjómannasambandið eða Landssamband ísl. útvegsmanna.

Ég er þeirrar skoðunar að kirkjuyfirvöld séu að færa sig upp á skaftið með það að ná meiri tökum á þessu máli og fá að deila og drottna varðandi skipun presta. Og það getur ekki verið á lýðræðislegan veg, það getur ekki verið það sem við köllum lýðræði. Raunar er mér næsta óskiljanlegt það, sem hv. þm. Ingvar Gíslason sagði, að hinar almennu prestskosningar, þar sem söfnuðir fá að velja sína sálusorgara sjálfir, minni hann helst á einræðisfyrirkomulag. Ég fæ með engu móti skilið samhengið þarna á milli. Einræðisherra skipar menn í stöður, og þeir hinir sömu ráða ekki hvenær þeir hætta, þangað til annaðhvort þeir deyja eða hann lætur skjóta þá. En mér virðist aftur á móti að þessi ásókn kirkjuyfirvalda sé af því tagi, að þau vilji fá að skipa menn ævilangt í þessi embætti að eigin geðþótta. Og þessar tilfæringar varðandi sóknarnefndir og annað þess háttar eru fyrirkomulag sem mér líst ekkert á. Maður sér í anda tilþrifin þegar tekið væri til við að þrýsta á þær sellur og síðan undanfara þess: áflogin um kosningar í safnaðarstjórnir. Ég aftur á móti er alveg tilbúin til þess að ræða það, að prestar verði ekki kosnir ævilangt til þessara embætta. Það má gjarnan vera að því leyti, að þeir verði að ganga til kosninga t. d. eins og við alþm. Þeir eru ekkert of góðir til þess að ganga sjálfir fyrir kjósendur, eins og við t. d. verðum að gera, a. m. k. á fjögurra ára fresti. Þó kynni að vera hyggilegra að hafa þetta aðeins lengri tíma, eins og 8 eða 10 ár. En það er náttúrlega illt við að búa fyrir söfnuði ef þeim hafa orðið þau mistök á að kjósa yfir sig einhvern pokaprest, að þurfa að sitja uppi með hann alla ævi hans, sem getur orðið löng, eða ef einn er aðeins í framboði svo sem mörg dæmi eru til.

Ég er þeirrar skoðunar, þvert á móti, að við eigum ekki að leggja niður prestskosningar, heldur eigum við að taka til athugunar að kjósa miklu fleiri embættismenn, svo að þeir sitji ekki að völdum ævilangt, þannig að við þeim verði ekki hróflað nema þeir drýgi því stærri syndir eða glæpi. Þetta þyrfti að athuga vandlega og sem fyrst, því að slík er fyrirferð embættismanna í þjóðfélaginu að það þarf að taka til skarprar endurskoðunar hvernig eigi að sporna við því ofurvaldi. Að vísu ber Alþ. mikla sök í þessum efnum, því að það hefur á liðnum áratugum æ ofan í æ verið að afhenda vald sitt embættismönnum, — vald sem því ber að fara með og þeir hafa tekið gírugir við, eins og dæmin sanna. Það er talað um að Sjálfstfl. og Framsfl. stjórni þjóðinni. Þeir stjórna henni bara að hluta á móti embættismannaklíkunni — bara að hluta. Og hvernig á það líka að vera, þótt ofurmenni séu til allra verka sinna, átta ráðh., að þeir hafi nokkur tök á því að stjórna hinum flóknu málaflokkum eins og þyrfti. Þótt þetta þjóðfélag sé fámennara en t. d. breska þjóðfélagið, þá eru mál í nýju tækniþjóðfélagi ekkert auðveldari viðfangs en í hinum stærri. Og menn sjá náttúrlega hvaða vit er í því, ef við ættum að hafa hlutfallslega færri ráðh. miðað við fólkstölu. Þá væri ekki nema partur úr ráðh. Og niðurstaðan verður sú auðvitað, eins og ég gæti nefnt skýr dæmi um, að heilum rn. er stjórnað af ráðuneytisstjórnunum og embættismönnunum. Má heita að ráðh. komi þar lítt nærri nema þá til þess að skrifa nafn sitt, eftir því sem lagt er til að af hálfu ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna þar. Ég er ekki að upplýsa neitt nýtt. Þetta vita allir menn. Og menn hafa kannske tekið eftir því, að þegar mynduð er stjórn og uppi eru till. um að það þurfi að fjölga ráðh. í þessu nýja tækniþjóðfélagi okkar, þá kemur feiknalegur áróður á móti því og öllu saman er stjórnað af embættismönnunum sem mega ekki til þess hugsa að fá yfir sig pólitískt vald. Og aðalröksemdin er svo sú, að við höfum ekki efni á því, — við höfum ekki efni á að hafa ráðh. nógu fjölmenna til þess að Alþ. eða þeir í umboði Alþ. hafi nokkur tök á að stjórna eins og bæri. Þetta er náskylt þessu máli, sem hér er til umr., og þarf að taka til rækilegrar athugunar ef Alþ. ætlar ekki að verða alveg undir.

Við verðum varir við þetta á öllum sviðum, hvernig embættismennirnir sækja fram, á þessu sviði hérna líka, þar sem mér virðist herra biskupinn vera að færa sig upp á skaftið með það að skipa alla presta landsins eða þá dómsmrh. eftir hans till. Danir brugðu á þetta ráð fyrir einum þremur eða fjórum áratugum. Og hver er reynsla þeirra? Það hefur ekki einn einasti maður fengið arðgefandi og náðarsamlegt brauð í Danmörku nema hann væri af húsi sósíaldemókrata, næstum því undantekningarlaust. Geta menn rétt ímyndað sér að hart sé fyrir sannkristna menn að hafa slíkt yfir sér, að hafa krata sem sálusorgara alls staðar þar sem einhverju máli skiptir.

Það er alveg ljóst mál, að það er spor aftur á bak og ekki til að þjóna lýðræðinu, ef við ætlum að leggja niður leyfi almennings eða sóknarbarnanna til að velja sér sálusorgara. Það er talað um að prestskosningar séu illvígar mjög og þar berist menn gjarnan á banaspjót. Þetta eru þá hinir sannkristnu sjálfir sem því stjórna, sem koma beint frá prófborðinu, gjarnan eftir skólun þar í einhver ár hjá þeim sem maður að öðru jöfnu skyldi halda að væru farnir að nálgast dýrlingatöluna. Þeir hljóta að vera hershöfðingjar í því, eins og t. d. alþm. í framboði eru þeir sem stjórna að meginhluta til stefnunni og baráttuaðferðunum þegar þeir bjóða sig fram. Það er talað um að það séu kannske hálfir söfnuðirnir flakandi í sárum eftir þessi átök. Fyrr má nú vera. En ég segi ekkert nema það, að það er slakur prestur, eftir að hann hefur náð kosningu, sem ekki er fljótur að græða slík sár. Þá hefur hann ekki tök á því að nota sér aðstöðu sína, sem er feiknarleg eins og menn vita, svo að þetta er auðvitað fyrirsláttur og viðbára eins og öll önnur rök í þessu máli, að því sem mér virðist.

Hv. þm. koma núna þing eftir þing með sakleysislegar till. og gera sig strangheiðarlega í framan og segja: Við erum bara að leggja til að endurskoða eldgömul lög. Hvaða æðibunugangur er í ykkur, lýðræðissinnum, sem viljið viðhalda rétti sóknarbarnanna til þess að velja sér sálusorgara? Við erum ekkert að leggja til að afnema prestskosningar. Hvernig stendur á þessari þráhyggju ykkar að vilja ekki fallast á að endurskoða lög frá 1915? — Þegar grannt er skoðað, þá er ekkert í þessum lögum, ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur nema inngangurinn

um það, að það skuli vera almennar og beinar prestskosningar, og síðan er bara hvernig skuli haga til kosningunni, hvernig skuli hvolft úr kjörkössunum o. s. frv. Og þetta er nú sannkristni mátinn á því að þykjast svo sem ekkert vera að gera annað en athuga í rólegheitum gömlu lögin, en ætla síðan að koma blaðskellandi, þegar n. hefur verið skipuð, með till. þess efnis að skerða lýðræðið með þessum hætti. Það er ekki viðfelldið. Þetta er ekki líðanleg aðferð.

En svo að ég snúi mér að þessari till. hæstv. forseta vorra í Alþ., aðalforsetanna þriggja, þá er ég, eins og ég sagði í upphafi, helst á því að það verði að hafa þessa aðferð, svo að við og hið háa Alþ. losni við þessa ásókn og afturgöngur þing eftir þing. Þetta er vakið jafnóðum upp aftur eftir að menn hafa sett það niður. Og það er ástæðulaust fyrir hið háa Alþ. að liggja undir þeirri ásökun, að það banni að vilji almennings nái fram að ganga í þessu efni, sem þeir hinir geistlegu stéttar menn halda fram að við gerum, en vita þó ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut um. Ég er alveg sannfærður um að í almennum kosningum um þetta, þjóðaratkvgr., yrði fellt með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. að afnema prestskosningar. Ég læt mér ekki detta annað í hug. Ég mun þess vegna ljá þessari þáltill. fylgi mitt. Mér er ljóst að það er auðvitað viðamikið mál að fara að framkvæma þjóðaratkvgr. En á hitt ber að líta, að við megum ekki heldur vera of spör á það ef um mjög mikilvæg mál er að tefla. Það má kannske segja, að þetta sé naumast af því tagi, en allt að einu, ef þetta getur stuðlað að því að menn hafi hér flóafrið fyrir þessari leiðindaásókn, þá vil ég gjarnan ljá því stuðning minn.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Því miður missti ég af framsöguræðu 1. flm. sem og ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., þannig að ég get ekki vitnað í það sem þar var sagt. Mér þykir samt hlýða að koma hér upp og segja örfá orð í sambandi við þá till. sem hér liggur fyrir.

Ég vil segja það fyrst, að það hlýtur að vekja þó nokkra athygli þegar forsetar þingsins sameinast um till. þar sem lagt er til að vissu máli sé skotið til þjóðaratkvæðis. Og það hlýtur þá að leiða líka hugann að því, hvaða reglur við höfum um þjóðaratkvgr. Þær eru, hygg ég, harla fátæklegar. En svo mikið er víst, að þjóðaratkvgr. er út af fyrir sig ekkert einfalt mál, og enda þótt æ ofan í æ hafi verið um það rætt að skjóta þessu málinu eða hinu málinu til þjóðaratkvæðis, hvort sem um her eða öl eða eitthvað annað er að ræða, þá hefur aldrei úr því orðið, og þjóðaratkvgr. um eitthvert ákveðið málefni fór síðast fram þegar lýðveldi var stofnað á Íslandi þannig að síðan það var stofnað hefur hún aldrei verið framkvæmd. Ég hygg þess vegna að það þurfi vel til að vanda þegar efnt er til þjóðaratkvgr., og mér finnst út af fyrir sig rétt og eðlilegt að við stefnum að því, að mjög mikilsverðum málum verði skotið til þjóðarinnar. Ég vil segja það strax, að ég er ekki reiðubúinn á þessu stigi að leggjast gegn því að málinu verði skotið til þjóðarinnar einhvern tíma, en ekki á því stigi sem það er núna.

Sannleikurinn er sá, að mál eru venjulega það viðamikil og flókin að almenningur á þess raunar engan kost að afgreiða þau með því að skrifa eða krossa við eitt já eða við eitt nei. Það geta verið á málinu margir fletir. Og ég tel fyrir mitt leyti að þetta mál sé þess eðlis, að það sé nauðsynlegt að af hálfu Alþ. verði búið að vinna nokkra undirbúningsvinnu áður en það yrði lagt fyrir þjóðina.

Það hefur af þeim ræðumönnum, sem töluðu hér á undan mér, verið farið háðskum orðum um þetta mál, sérstaklega af hv. síðasta ræðumanni, og bregður nú engum við í þessum sal. Það er verið að tala um það að endurskoða lög frá 1915 og tala um það í þeim dúr að þarna sé í raun og veru ekkert að endurskoða, þetta séu bara fyrirmæli um hvernig kosningin skuli framkvæmd. Ég verð nú að segja það almennt, að það er ástæða til þess að endurskoða lög og fyrirkomulag í þjóðfélagi sem hefur breyst gersamlega á þessu tímabili síðan 1915, bæði hvað snertir búsetu fólks, samþjöppun hér á Reykjavíkursvæðinu, stækkun bæja og þorpa úti um land, sóknir sem hafa lagst í eyði, gersamlega allt, allt annað viðhorf varðandi umsóknir presta. Þeir eru sárafáir í landinu nú miðað við þann fjölda sem var í þann tíð þegar þessi lög voru sett. Það var ólíkt hvað keppt var þá meir um hvert brauð og hvert gott brauð þá en nú. Ef við getum ekki leitað að neinni leið til einföldunar á þessum málum og föllumst ekki á að það verði rólega skoðað og settir fram einhverjir valkostir í því, þá verð ég að segja það, að ef Alþ. fellst ekki á það, þá þykir mér að hér sé ríkjandi mikil þröngsýni og mikill einstrengingsháttur. Ég hefði þess vegna í fáum orðum sagt talið að einmitt flutningur þessarar þáltill. þrýsti á með það, að Alþ. kjósi n. til að skoða þessi mál og það yrði ekki tekin afstaða til þjóðaratkvgr. fyrr en sú n. hefur skilað störfum. Það kynni að fara svo, eftir því hvernig n. er skipuð og hve mikla vinnu hún innir af hendi, að þar komi fram upplýsingar um viðhorf manna, um breytta mynd og annað, svo að Alþ. ætti auðveldara með að átta sig á málinu og auðvelda Alþ. að taka ákvörðun og meta hvort það sé ástæða til þess að leggja málið fyrir þjóðina.

Við, sem fluttum þá till. sem hér var til umr. um daginn, höfum verið vændir æ ofan í æ um alls konar óheilindi og það var gert af síðasta hv. ræðumanni. Þegar ég kom hér inn var Karvel Pálmason, hv. 5. þm. Vestf., að tala, og ég hevrði að hann var enn að tala í því máli sem var hér á dagskrá um daginn. Ég verð þó að segja það um þennan ágæta hv. þm., að ég er eflaust mjög sammála honum í mörgu varðandi viðhorf mitt og viðhorf hans varðandi kirkjulegt starf í landinu. En við erum ekki sammála um þetta atriði. Hv. þm. vill meina það, að þeir, sem standa að tillöguflutningnum um endurskoðun á lögunum, hafi myndað sér alveg ákveðna skoðun, þeir vilja bara ekki láta hana uppi og allt annað sé fals. Ég held að hann mætti nú minnast ræðu hv. þm. Magnúsar Torfa hér um daginn, sem er einn af flm. og var aldeilis ekki á því að hann sigldi hér undir fölsku flaggi. Sannleikurinn er sá, ef við tölum um hugsanlega niðurstöðu slíkrar n., að ég er ekki búinn að móta mér afstöðu um það, hvaða leið ég mundi fylgja ef n. legði

fram einhverjar ákveðnar till. þannig að það væri ekki bara óbreytt ástand eða algert afnám kosninga. Ef til afnáms kemur, þá er spurning hvaða leið yrði farin. Og mér þykir brydda ærið mikið á því, að biskupnum sé gert það upp sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Austf., þar sem hann sagði að biskupinn væri að færa sig upp á skaftið með að skipa alla presta í landinu. Ég vil nú vekja athygli á því í fyrsta lagi, að mér þykir mjög ólíklegt að ný löggjöf yrði gengin í gildi þannig að hann hefði mörg ár á sínum embættisferli til þess að ráðskast með þá hluti. Og í öðru lagi þætti mér gaman að heyra hvaða prest biskupinn yfir Íslandi hefur skipað ólöglega. Því miður er ræðumaður farinn úr salnum, en ég vona að hann gæti komið með það úr því að hann kemur fram með slíka sleggjudóma.

Ég vil ekki mæla gegn því, að fólk heima fyrir í söfnuðum fái að ráða þessum hlutum. Við getum sennilega deilt hér endalaust um það, hvað er lýðræði og hvað er ekki lýðræði. En ég vil bara benda á það, að í þeim hugmyndum, sem hafa verið lagðar fram og Kirkjuþing lítur nánast á, má ég segja, sem umræðugrundvöll, eru þau tilbrigði að söfnuðurinn í heild þarf ekkert að leita, hvorki til biskups né ráðh. Hann getur ráðið til sín mann og það er skylt að veita honum embættið. Það eru til fleiri leiðir í þessu. Það er spurning um það, ef ákveðið er að auglýsa starfið laust og margir sækja um, — það er eflaust hægt að finna fleiri fleti á því en það, — hvort það verða bara einhverjir ákveðnir fulltrúar sem kjósa manninn, ég skal ekki segja um það, eða hvort hægt er að setja ákveðnar reglur eða söfnuðurinn sjálfur kynni að ráða því, hvort hann leitaði eða færi með málið til almennrar atkvgr.

Ég hafna þess vegna gersamlega því, sem fram hefur komið hér, að verið sé í einhverjum feluleik, hér sé meint annað en það, sem verið er að flytja, og hér eigi að lauma inn einhverju eftir að n. er búin að starfa. Og mér er spurn: Hvernig verður þessi n. skipuð? Ef það eru svona miklar fullyrðingar hér á Alþ. um að það sé á móti öllum breytingum, verða þá ekki allir, sem kosnir eru í n., þeirrar skoðunar að það skuli ekki breyta neinu, ef það á að fara eftir því. Mér dettur ekki í hug út af fyrir sig að þessi n. verði einlit. Og það er alveg áreiðanlegt, að mínu mati a. m. k. að það þurfi mikla lagni til og menn verði að slá tölurvert af sínum hugmyndum ef þeir eru með einhverjar fyrir fram, eða a. m. k. þeir sem harðastir eru í því að engu skuli breytt, til þess að það náist samstaða í slíkri n. Hins vegar getur hún veitt mikilsverðar upplýsingar, og ég tel það alls ekki fráleitt að hún geti fallist á einhverja skynsamlega leið sem einfaldar þessa hluti frá því sem er í dag.

Hv. 5. þm. Vestf. kom hér með spurningu áðan sem hann kom og með í umr. um hina till. um daginn, og var ég með upplýsingar, sem ég því miður hef ekki hjá mér hér. Það er varðandi þær umsagnir sem Kirkjuþing hafði leitað eftir meðal héraðsfunda í landinu. Ég man þó vissa hluti úr þessu án þess að vilja taka ábyrgð á því að þeir séu alveg réttir. En þessi skoðanakönnun er orðin það gömul, að ég tel að á henni sé ekki byggjandi í dag. Hún var þannig, að það var aðeins einn héraðsfundur sem mælti með óbreyttu skipulagi, og það var héraðsfundurinn í Reykjavíkurprófastsdæmi. 6 fundir, hygg ég, mæltu með þeim hugmyndum sem Kirkjuþing var með þá, þ. e. 1962. Síðari frv. Kirkjuþings eru ekki í veigamiklum atriðum breytt frá því sem þá var. Ég man ekki hvort það voru 2 eða 3 héraðsfundir sem vildu taka upp beina veitingu. En eins og ég segi: niðurstaða úr könnun, sem gerð var þá, og þeirri einu, sem ég hef, ég tel að hún sé ekki til þess að byggja á fyrir n. sem að þessum málum mundi starfa.

Ég ætla að sleppa því hér núna, eins og ég hef gert að undanförnu, að ræða um lýðræðið, þetta form lýðræðis. Það er þó jákvætt í ræðu hv. 3. þm. Austurl., að hann vildi ekki hafa prestana þá einu embættismenn sem eru kosnir aftur og aftur, heldur vildi hann setja undir þann hatt fleiri embættismenn.

Mitt sjónarmið er það, að prestar eigi að lúta sömu ráðningarkjörum og aðrir opinberir embættismenn. Hitt er annað mál, að ég get vel tekið undir það, að það eigi að opna betur möguleikana fyrir því að breyta um ef menn standa sig ekki. Og ég get verið alveg opinn fyrir því, ef söfnuðirnir fá heimild til þess á eigin spýtur að ráða presta, að það verði líka opnaðir betur fyrir þeim möguleikarnir til að segja prestum upp ef þeir reynast ekki starfi sínu vaxnir.

En ég vona nú að þessi ásókn, sem sækir að Sverri Hermannssyni, hv. þm., ég vona það nú innilega að hann nái sálarheill sinni og þessari ásókn, sem hann virðist sjá hér í þinginu, linni og hann öðlist nú sálarró. Og ég held að það verði best gert með því, að áður en þessu þingi lýkur verði valinn 7 manna hópur til þess að skoða þessi mál, þessi 7 manna hópur skili áliti og í ljósi þeirrar grg., sem hann sendir frá sér, verði tekin ákvörðun um það, hvort þjóðaratkvgr. fari fram eða ekki, og þá líka hvaða valkostir verði settir fram í slíkri þjóðaratkvgr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka öllum þeim, sem tekið hafa þátt í og tekið til máls í þessum umr., fyrir þeirra ræður. Ég verð að segja það, að það hefur ekki komið nein gagnrýni, að ég geti talið, á þá till. sem hér liggur fyrir. Ég er ánægður með þessi viðbrögð. Ég er að vísu mismunandi ánægður með hina einstöku ræðumenn sem hér hafa lagt til málanna.

Mér virðist að það hafi þegar í þessum umr. komið fram staðfesting á því, sem ég sagði í minni framsöguræðu, að ég hefði engan hv. þm. heyrt segja að fólki, sem búa á við kirkjuskipunina, komi þetta mál ekki við eða hafi ekki vit á því hvað því sé fyrir bestu. Mér virðist að enginn af þeim, sem talað hafa, hafi útilokað það að þjóðaratkvgr. fari fram, eins og till. gerir ráð fyrir.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði mjög hógværlega í málinu og tók fram, að hann hefði ekki á móti því, — ég skildi hann þannig, — að þjóðaratkvgr. færi fram um það, hvort ætti að afnema prestskosningar eða ekki.

Hv. 5. þm. Vestf. talaði á þann veg, að ég gat ekki fundið í raun og veru að hann væri and-

stæðingur þess að þjóðaratkvgr. færi fram, eins og till. gerir ráð fyrir. Hins vegar sagði hann eitthvað á þá leið, að því er mér skildist, að það hefði verið eðlilegra að Alþ. sjálft hefði kveðið upp úr um þetta. Það má segja að það hefði verið eðlilegra. En hér er hinn djúpstæði ágreiningur sem kominn er upp milli Kirkjuþings og Alþ. og Alþ. liggur undir ámæli fyrir að leysa ekki. Hann byggist á því. (**Gripið fram í:** Á hverju?) Það er ágreiningur um það, hvað fólkið í landinu vill. Kirkjuþingið segir að fólkið vilji afnema prestskosningar, og þeir, sem eru þeirrar skoðunar, halda því fram. Þeir, sem mæla gegn afnámi prestskosningar, segja hið gagnstæða. Þess vegna, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, hygg ég að það sé ákaflega þýðingarmikið að upplýsa þetta, þannig að það liggi fyrir jafntvímælalaust og það getur legið fyrir, hver er vilji fólksins, og leiðin til þess er þjóðaratkvgr.

Hv. 3. þm. Austf. lýsti eindregið fylgi sínu við þessa tillögu.

Og þá hef ég vikið að öllum þeim sem tóku til máls, öðrum en hv. síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Vestf. Hann útilokaði ekki heldur að þjóðaratkvgr. færi fram. En hann taldi að þjóðaratkvgr. ætti ekki að fara strax fram, eða ekki fyrr en n., sem hann vill fá skipaða í málinu, hefur skilað áliti. Hann fór nokkrum orðum um það, að slíkt væri nauðsynlegt, að því er mér skildist til þess að það væri hægt að leggja málið sómasamlega fyrir í þjóðaratkvgr.

Ég held að þetta sé ákaflega mikill misskilningur. Ég held að í þjóðaratkvgr. verði að leggja fyrir málið í höfuðatriðum, einhver grundvallaratriði, en ekki lagabálka, sem búið er að semja. Ég skal ekki segja að hv. þm. hafi meint þetta, og ég held að það þurfi enga athugun á því, hvað er grundvallaratriði í þessu máli. Það er spurningin um það, hvort á að afnema beinar og almennar prestskosningar eða ekki.

Hv. þm. taldi að við værum vanbúnir því, að hafa þjóðaratkvgr. eða hefðum litla reynslu af þeim, og það má til sanns vegar færa. Hann sagði að það hefði verið talað um þjóðaratkvgr. um öl, og nefndi kannske eitthvað fleira, en það hefði ekkert orðið af því. En af því að ölið var nefnt, þá minnir það á að það var höfð þjóðaratkvgr. um það, hvort ætti að vera bann á Íslandi eða hafa innflutning á sterkum drykkjum.

Mér virðist að ef það hefði verið beitt sömu röksemdarfærslu þegar þjóðaratkvgr. fór fram um bannmálið, þá hefði með sama rétti mátt segja: Nei við erum ekki reiðubúnir til þess. Við verðum að láta skipa n. til þess að semja áfengislög. Við verðum að vita hvernig lögin eru, áður en við tökum ákvörðun um hvort við viljum leyfa innflutning á sterkum drykkjum eða ekki. — Svona var ekki farið að, og það er ekki hægt að fara svona að í þjóðaratkvgr. Það verður að leggja fyrir grundvallaratriðin, og svo verður að byggja löggjöfina, sem á eftir kemur, á því hvað hefur verið ákveðið í þjóðaratkvgr., en ekki fara öfugt að.

Við skulum ekki mikla það fyrir okkur að fara í að framkvæma þjóðaratkvgr. í þessu máli. Ég held að það verði engir þeir framkvæmdaörðugleikar á því, að það verði ekki tiltölulega auðleyst. Hvernig ættum við að fara að samkvæmt stjórnarskrá ríkisins ef við gerðum breytingar á kirkjuskipuninni sjálfri? Við yrðum að bera það undir þjóðaratkvæði. Stjórnarskráin mælir svo fyrir. Og hvers vegna mælir stjórnarskráin svo fyrir í sambandi við kirkjuna? Kirkjan er stofnun sem er alveg sérstaks eðlis. Af því leiðir að það er ekki frambærilegt að bera presta þjóðkirkjunnar saman við aðra embættismenn. Aðrir embættismenn eru fulltrúar ríkisvaldsins. Þeir eru handhafar ríkisvaldsins í ýmsum myndum. Þeir eiga að koma fram við fólkið fyrir hönd ríkisvaldsins. En prestarnir eru fulltrúar trúarfélaga. Og svo ég víki að öðru ákvæði í stjórnarskránni, stjórnarskráin mælir svo fyrir að allir skuli hafa rétt til þess að mynda trúfélög. Það er ekki hægt að taka þennan rétt af fólki, og það er vegna þess að það er í samræmi við þetta sjónarmið, að einmitt þessi félög hafi vald til þess að kjósa sína starfsmenn og sína þjóna, sem eru allt annars eðlis en hinir venjulegu embættismenn ríkisins.

Ég held að eðli málsins sé þannig og það sé alveg auðsætt mál, að eins og málið liggur núna fyrir sé besta og eðlilegasta leiðin til þess að finna lausn á þessu djúpstæða deilumáli, sem í 15 ár a. m. k. hefur staðið milli Alþ. og Kirkjuþings, að hafa þjóðaratkvgr. og leita álits fólksins sjálfs. Það samrýmist best okkar lýðræðishugsun og það samrýmist best eðli þessa máls, frá hvaða sjónarmiði sem við lítum á það.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal hvorki tala hátt né lengi í þessu máli, enda aldrei tekið til máls áður þegar upphlaup hafa verið gerð hér á hinu háa Alþ. í því skyni að taka þann rétt af fólkinu í landinu að fá að velja sér sálusorgara, eins og hefur verið gert hér um mjög langt skeið. Ég teldi illa farið ef þessari gömlu og grónu venju yrði breytt og allt vald fengið í hendur biskupi.

Það, sem kom mér fyrst og fremst til þess að standa hér upp, voru nokkur orð frá hv. 3. þm. Vestf. Hann sagði: Alþ. liggur undir ámæli fyrir að leysa ekki ágreining milli Kirkjuþings og Alþingis. — Ég sé ekkert að því að þarna geti verið ágreiningur á milli, og sé ekkert því til fyrirstöðu að þeir, sem koma á Fiskiþing, Búnaðarþing, Kirkjuþing eða önnur slík þing, hafi einhverjar aðrar skoðanir en Alþ. En það er Alþ. sem er yfir öllum þessum þingum, það er Alþ. sem á að ráða og það er Alþ. sem á að skera úr.

Hv. þm. sagði einnig að Kirkjuþing fullyrti að fólkið í landinu vildi afnema prestskosningar og eina leiðin til þess að leysa úr því væri þjóðaratkvgr. Þetta finnst mér einkennilega ályktað. Í fyrsta lagi er ég ekki viss um að forsendan sé rétt. Ég hef enga hugmynd um það að fólkið í landinu hafi látið uppi þá skoðun að það vildi afnema prestskosningar. Rödd almennings hefur ekki heyrst í þessum efnum. Það er rödd embættismannanna, prestanna, biskupsskrifstofu og kirkjuráðs. Það er þetta fólk sem hefur sagt sitt álit. Síðan fullyrðir hv. þm. án þess að rökstyðja sitt mál, því miður, sem hann er þó vanur að gera, að Kirkjuþing fullyrði að fólkið í landinu vilji afnema prestskosningar og eina leiðin

út úr því sé þjóðaratkvgr. Þarna ályktar hv. 3. þm. Vestf. eins og barn. Þetta minnir mig á það sem hinn ágæti postuli Páll segir í Korintubréfinu:

„Þegar ég var barn hugsaði ég eins og barn og talaði eins og barn og ályktaði eins og barn, en þegar ég fullorðnaðist lagði ég niður barnaskapinn."

Þetta segir í 13. kapítula fyrra Korintubréfs og haft eftir ágætum manni, ekki ómerkari en sjálfum Páli

Mér finnst að hv. 3. þm. Vestf., þrátt fyrir að hann sé nú orðinn vel fullorðinn, hafi haldið áfram að álykta eins og barn.

Hvar eru rökin fyrir því, hvar eru rökin fyrir þeirri fullyrðingu, þegar hv. 3. þm. Vestf. segir hér að Kirkjuþing fullyrði að fólkið í landinu vilji afnema prestskosningar? Ég þekki ekki þau rök. Þau eru komin úr öðrum áttum. Og ég spyr á þessum tímum félagsfræðilegra kannanna: Hvar liggja fyrir niðurstöður skoðanakönnunar í þessum efnum? Mér sýnist að þarna sé notaður fullyrðingastíllinn, engar athuganir hafi farið fram í þessum efnum, hv. þm. byggi á því sem ég vil leyfa mér að kalla órökstuddar fullyrðingar hinna svartklæddu hempumanna á Kirkjuþingi. Rökfærsla hans í þessum efnum er líkust því að byggja hús sitt á sandi.

Hv. þm. sagði einnig að hann hefði ekki heyrt í þessum umr. neitt sem gagnrýndi þá till. sem hér liggur fyrir til umr. Ég skal viðurkenna það, að ég hef ekki hlustað grannt, — ég heyrði meðan ég var niðri í eldhúsi dálítið af því sem hv. þm. Karvel Pálsson sagði, og ég gat ekki heyrt betur en hann hefði ýmislegt við þessa till. að athuga. Það má vera að mér hafi misheyrst, en þó er það nú vandi þessa þm. að tala nægilega hátt til þess að ekkert fari á milli mála hvað hann hefur sagt og hvað ekki. (Gripið fram í.) En ef hv. þm. hefur hingað til ekki heyrt neina gagnrýnisrödd á þessu frv., þá vil ég lýsa því yfir sem minni skoðun að það sé engin þörf á þjóðaratkvgr. Ég tel að það fyrirkomulag, sem nú er í gildi, fólk hefur vanist og flestum líkar vel, eigi að halda áfram á meðan ekki er hægt að sýna fram á að fólkið vilji breyta til. Ég held að sú rödd, sem hann heldur að hafi komið frá fólkinu, sé hjáróma söngur sem borist hefur til eyrna þessara hv. þm. frá biskupsskrifstofunni.

Ég ætla ekki að fara að ræða síðari hluta málflutnings þessa hv. þm., þegar hann er eitthvað að bera saman þjóðaratkvgr. um áfengisbann og þjóðaratkvgr. um prestskosningar. Ég get bara ekki séð neitt skylt með þessu, hvort það eigi að leyfa að flytja vínanda inn í landið eða hvort eigi að leyfa fólki að hafa þennan rétt áfram, að mega velja sér sálusorgara.

Ég er ansi hræddur um það, að ef þetta nýja fyrirkomulag hefði fyrir kannske ekki löngu verið komið á, þá væri jafnvel búið að setja ýmsa presta, sem enginn söfnuður hefur hingað til viljað sjá, í allfeit brauð.

Ég vil ekki mæla almennt hér fyrir íhaldssemi. En eðli málsins samkvæmt eru vissar stofnanir og hljóta að vera og hljóta að verða nokkuð íhaldssamar í sínum störfum. Það verður að vera ákveðin festa í vissum stofnunum. Ég er á þeirri skoðun að íslenska þjóðkirkjan, hjá þessum trúleysingjum sem íslendingar eru almennt, hafi kannske verið íhaldssöm um of. En við eigum ekki að hlaupa til við hverja hugmynd sem upp kemur, eins og að flytja inn í kirkjurnar rokksöng, eins og mönnum datt í hug hér um árið, og rjúfa þannig hina fegurstu tónlist sem hinir miklu meistarar hafa samið guði sínum til dýrðar um aldir.

Kirkjan er í eðli sínu íhaldssöm stofnun og verður að mínum dómi að vera það og ég get ekki séð að það sé háskalegt að fólkið fái nú og í framtíðinni sem áður að kjósa sinn prest.

Herra forseti. Það mætti vissulega margt um þetta mál segja í viðbót. Þetta er eins og við vitum tímar vandamálanna. Ekkert mál er umtalað í þjóðfélaginu og í veröldinni öðruvísi en það sé kallað vandamál um leið. Það er unglingavandamálið og vandamálið með kynslóðabilið og vandamál með þetta og vandamál með hitt. Allt er orðið að vandamálum, ekki viðfangsefnum, ekki að raunverulegum úrlausnarefnum, heldur að vandamálum. Ég held að það sé nóg komið af þessum vandamálum, sé ærið af þeim fyrir, svo menn séu ekki að búa þau til, eins og mér heyrðist á fleiri en einum hv. alþm. áðan. Þeir sögðu að það væri ágreiningur milli Kirkjuþings og Alþingis. Strax var það orðið vandamál í þeirra munni. Það er ekkert vandamál, að menn hafi skiptar skoðanir. Það væri hins vegar vandamál og hefur sums staðar reynst afar mikið vandamál ef allir hefðu nákvæmlega sömu skoðun, sem ekki er æskilegt. Ég sé ekki að þarna sé vandamál á ferðinni. Samkoman Kirkjuþing hefur sínar faglegu skoðanir í þessum efnum, og þó ég vilji alls ekki væna okkar ágætu prestastétt um neina hlutdrægni gagnvart sínum málum yfirleitt, þá eru þeir líka menn eins og við. Það er hugsanlegt að þeir hugsi dálítið um sína stöðu og vilji leysa málin með öðrum hætti, sem þeim líkar betur flestum hverjum. Þó veit ég það, að það eru ekki allir prestar á þessari skoðun þó að meiri hl. Kirkjuþings hafi lýst þessu yfir. En ég held að Kirkjuþing ætti ekki að fullyrða annað eins og það, að það viti hverjar skoðanir fólkið í landinu hefur. Til þess að geta sagt eitthvað um það, hverjir eru með eða á móti prestskosningum, þarf að fara fram könnun á því. Það er miklu viðaminna fyrirtæki heldur en að hlaupa út í þjóðaratkvgr. eða ryðjast í slíkt fyrirtæki til þess eins að hrugga við góðum og gömlum sið.

Ég hef að vísu ekki ákaflega miklar áhyggjur af því, hvernig þessum málum er skipað yfirleitt. Þetta hefur aldrei verið neitt sérstakt vandamál fyrir mér, enda hef ég ekki gert mikið að því að kjósa presta. Þó gerði ég það í fyrra. Það vantaði prest í söfnuðinn okkar úti í Vestmannaeyjum og það var aðeins einn umsækjandi, ungur maður utan af landsbyggðinni, og til þess að þessi ágæti piltur, sem hefði líklega verið skipaður hvort sem var í embættið, gæti vitað að hann hefði stuðning sinna sóknarbarna, hann væri velkominn í þetta starf til þess að vinna með þessu fólki, þá lögðum við allmargir áherslu á að hann fengi miklu fleiri atkv. en hann þyrfti til þess að hljóta löglega kosningu. Það fékk hann. En það er ekki svo alltaf að um einn

mann sé að ræða. Ef fólkið vill ekki prestinn, þá kýs hann enginn. Ef fólk vill hætta að kjósa presta, þá gerir það það bara ekki. En mér finnst að við ættum að reyna að glíma við að leysa úr öðrum efnum en þessum. Þetta lag hefur dugað lengi vandræðalítið, og ég sé ekki nokkra þörf á því að við förum að hlaupa til þjóðaratkvgr. vegna þess, og enn minni þörf á því að hætta að gefa fólki í landinu það sjálfsagða tækifæri að kjósa sér sjálft sinn prest.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Sunnl. sagði snemma í sinni ræðu, ef það voru ekki hans fyrstu orð, að ég væri sem barn eða barn í málflutningi mínum í þessu máli. (**Gripið fram í:** Ályktun.) Ályktun gerir ekki mikinn mun. Sjálfur hefur hann svo haldið hér ræðu, og ég verð að gera játningu. Ég hef haft á tilfinningunni undir þessari ræðu að ég væri eiginlega barn, því ég skildi ekki hvað hann var að fara lengi vel. Hann gerði mér upp ýmsar hugsanir og stefnu og ályktanir sjálfur, sem í flestum tilfellum gengu þveröfugt við það sem ég hugsa og ályktа sjálfur. Og ég fór að hugsa: Hvernig stendur á þessu?

Nú er það upplýst að þegar hann var að hlusta á hv. 5. þm. Vestf., þá var hann hér hvergi nálægur. Ég fór að hugsa: Hvar skyldi hann hafa verið í veröldinni þegar hann var að hlusta á mig? En ég komst að því, að hann var alltaf að deila við mig og ræða við mig á þeirri forsendu að ég væri maður sem vildi afnema prestskosningar. Nú er það einmitt svo að allt, sem ég er að gera í þessu efni, mótast af allt öðru sjónarmiði, því ég tel að það eigi ekki að afnema prestskosningar. En með þessum rökum, ef svo mætti segja, hefur hv. 5. þm. Sunnl. sveipað sig hér í ræðustólnum. En fyrst hann nefnir mig sem barn, má ég þá ekki hafa þau forréttindi að segja það sem hvert barn mundi hafa sagt, að þau rök, sem hann sveipar sig með, eru engin rök. Hann gengur allsber í þessu máli.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hv. formanni Alþb. virðist farið að leiðast þófið í þessum umr. Það er nálægt því að maður sé hálfklökkur eftir jafnhjartnæma ræðu og hv. þm. Garðar Sigurðsson, þm. Alþb. flutti hér áðan. Það er langt síðan ég hef — og ég efast um að ég hafi heyrt svo hjartnæma ræðu flutta hér á Alþ. Og ég efast ekki um að allt, sem þessi hv. þm. sagði, var hans meining innst inni. En ég ætla ekki hér að gera það að umræðuefni. Hann verður áfram í mínum huga sveipaður þeim ljóma sem hans ræða ber vitni um, þar til annað kemur í ljós. En það er greinilegt að hv. þm. Ragnari Arnalds hefur fundist nóg um útleggingu flokksbróður síns í því máli sem hann gerði hér aðallega að umræðuefni.

En það var ekki þetta sem ég ætlaði að tala um. Ég ætlaði aðeins að gera örfáar athugasemdir við það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf., hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni. Hann sagði eins og áður að það væri full ástæða til þess að endurskoða nú lögin um veitingu prestakalla, þetta væru orðin gömul lög og slík gjörbreyting hefði átt sér stað í þjóðfélaginu frá því að þessi lög voru sett, að full ástæða væri til að endurskoða þau. Hann sagði m. a.: Sóknir hafa farið í eyði, umsóknir presta hafa gjörbreyst og svo áfram í þessum dúr, þ. e. a. s. aldrei komið að þeim kjarna sem í raun og veru tillögumennirnir meina með endurskoðuninni, þ. e. að breytt verði frá því kosningafyrirkomulagi sem nú er. Það er kjarninn sem menn eru að meina. Og hann sagði áfram: Meðan ekki er hægt að fá skoðun af þessu tagi hér á hv. Alþ., þá ríkir hér þröngsýni í þessum efnum.

Ég verð að segja það enn einu sinni, að mér finnst á það skorta hjá þessum hv. þm., sem standa að till. um nefndarskipunina og endurskoðun á lögunum, að þeir segi hreint út hverju þeir vilja breyta. Þeir ásaka okkur hina um það, að við vænum þá um óheilindi, að þeir vilji allt annað í raun og veru heldur en það sem við erum að segja að þeir vilji. En af hverju segja þeir ekki hreint út hvað það er sem þeir vilja breyta í þessari löggjöf? Vilja þeir ekki breyta kosningafyrirkomulaginu frá því sem nú er? Er það þeirra meining, vilja þeir halda óbreyttu kosningafyrirkomulagi varðandi prestskosningar? Ef svo er, þá á það að koma fram og þá er ástæðulaus sá ágreiningur sem virðist vera uppi, m. a. milli mín og þeirra tillögumanna. En þetta hafa þeir ekki sagt enn.

Og svo sagði hv. þm. Gunnlaugur Finnsson: Ég er ekki enn búinn að mynda mér skoðun um það, hvaða leið ég vil velja. — En þessi hv. þm., að því er ég best veit, stendur sjálfur að því á Kirkjuþingi að óska eftir breytingu í þá átt að afnema prestskosningar í þeirri mynd sem þær nú eru. Þó segir hv. þm., að hann sé ekki enn búinn að mynda sér skoðun um það, hvaða leið hann vilji fara. Ég veit ekki betur en hann óski eftir þessu sem fulltrúi á Kirkjuþingi, að það verði farið inn á þessa braut, og ég skil það sem skoðun hans að hann vilji velja þá leið. Og svo er haldið áfram í sama dúr og sagt eins og þessi hv. þm. sagði: Ég vil ekki mæla gegn því að fólkið fái að ráða. — En á hvern hátt á það að fá að ráða ef farið verður að þessum óskum Kirkjuþings, þ. á m. þessa hv. þm.? Á hvern hátt á það þá að fá að ráða? Þá eiga 5—7 menn í hverri sókn að ráða því, hvaða prestur kemur þar til starfa, hversu stór sem sóknin annars er, hversu mörg sóknarbörn sem í henni eru, og það tel ég ekki að sé að vilji fólksins ráði.

Ég held að það sé orðið tímabært að þeir hv. þm., sem eru þessarar skoðunar, að það beri að breyta kosningafyrirkomulagi varðandi prestskosningar, segi það hreint út. Það hefur einn af hv. tillögumönnum, hv. þm. Ingiberg Hannesson, gert. Hann sagði það hreint út í fyrra í framsögu fyrir sams konar þáltill. þá og hann endurtók það hér við umr. um till. þeirra fyrr í vetur. Það er því ekkert um það að villast hvað hann er að fara, hvað hann vill og hvað hann meinar. En mér finnst — og ég ítreka það: mér finnst að hér sé í raun og veru siglt undir fölsku flaggi, að menn segi ekki hreint út hvað það er sem þeir vilja fá breytt.

Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson greiddi hér — og ég er þakklátur honum fyrir það — frá meginatriðum í niðurstöðu þeirrar könnunar, sem átti sér stað, þó að það sé sjálfsagt alveg rétt, að þegar svo langt er um liðið eins og raun ber

vitni frá því að sú könnun fór fram, þá sé hún kannske ekki að öllu leyti marktæk. En það er líka spurning í þessu máli, hvernig var að þessari könnun staðið. Það er ekki stór hópur sem kemur saman á héraðsfundum. Könnun af þessu tagi þyrfti að vera almennt meðal safnaðarfólks. Er eitthvað því til fyrirstöðu, — ég spyr bara, sem fávís leikmaður kannske: er nokkuð því til fyrirstöðu að slík skoðanakönnun um afnám prestskosninga í núverandi mynd fari fram samtímis prestskosningu í einhverri sókninni? Er nokkuð sem mælir á móti slíku? Ég þekki það ekki, þess vegna spyr ég. En mér þykir ólíklegt að það sé neitt sem mælir á móti því eða kemur í veg fyrir það. Með slíkri skoðanakönnun er hægt að fá fram vilja safnaðarfólksins í heild sem á annað borð kemur til þess að kjósa sér sálusorgara, og það er marktæk skoðun. Það hefði ekki verið óeðlilegt að mínu viti að það hefði farið fram skoðanakönnun á þennan hátt t. d. við síðustu prestskosningar í Hafnarfirði. Það hefði verið marktækt að fá skoðanakönnun af slíku tagi, þar sem almenn þátttaka hefði orðið að öllum líkindum í skoðanakönnuninni.

Það er alltaf sama sagan hjá þeim hv. þm. sem standa að tillöguflutningi um nefndarskipunina, að einum undanskildum. Það sagði hv. þm. Gunnlaugur Finnsson líka. Ég ætla að sleppa því að ræða um lýðræði. Menn fást bókstaflega ekki til þess að ræða þann þátt málsins, sem er mikilvægasti þátturinn, hvort það á að afnema lýðræðislegar kosningar eða ekki. Það fást þessir hv. þm. ekki til þess að ræða. Þeir sleppa því alltaf í öllum umr. nú orðið um þetta mál.

Ég er alveg á öndverðri skoðun við hv. þm. Gunnlaug Finnsson um það, að prestar eigi alfarið að lúta sömu ráðningarkjörum og aðrir opinberir starfsmenn. Ég er nákvæmlega sömu skoðunar og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, að ég tel að prestsstarfið sé ekki sambærilegt við neitt annað starf á vegum ríkisins. Ég lít á prestsstarfið sem allt annars eðlis heldur en nokkurt annað starf opinbers starfsmanns, og ég tel það því engin rök fyrir því, að það eigi að afnema prestskosningar, að það eigi að setja presta eins og aðra embættismenn. Ég tel það engin rök að segja: Svona eru allflestir okkar embættismenn ríkisins settir. Ég lít þetta allt öðrum augum.

Ég er alveg sammála því, sem kom fram í síðari ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að það er ágreiningur, djúpstæður ágreiningur, skulum við segja, milli Alþ. annars vegar og Kirkjuþings hins vegar um þetta mál. Ég tel hins vegar að hér sé ekki um slíkan ágreining að ræða að það sé ekki hægt að fá úrslit um málið á hv. Alþ. Það ætti að vera hægt. Ég er ekki með því að mæla gegn þjóðaratkvgr. en ég tel að það hljóti hver og einn þm. að gera það upp við sig, án þess að hann viti fyrir fram niðurstöðu þjóðaratkvgr. hvort hann vill afnema prestskosningar í núverandi mynd eða ekki. Það hlýtur hver og einn þm. að geta gert upp við sig, hvort hann vill taka slík lýðræðisleg réttindi af fólkinu sem það hefur nú, þó hann hafi ekki á undan slíkri ákvörðun fengið fram vilja almennings í landinu um það, hver skoðun hans er.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða lengri tíma í þetta. Ég taldi nauðsynlegt að gera þessar athugasemdir. Og þó að hv. þm. Gunnlaugur Finnsson hafi sagt að bæði ég og hv. þm. Sverrir Hermannsson höfum eytt megninu af okkar ræðutíma í að ræða hina till. og efnislega þau mál sem undir hana falla, þá var það nú svo með ræðu hv. þm. sjálfs, hv. 4. þm. Vestf., að hann ræddi að verulega miklu leyti fyrst og fremst um þá till. og þá andstöðu sem hún mætir hér í þinginu. Það er ekkert óeðlilegt að neinu leyti, þegar verið er að ræða um þá þáltill. sem hér liggur fyrir um þjóðaratkvgr. varðandi þetta mál, að þá blandist að meira eða minna leyti inn í þær umr. umræða um þær till. sem verið hafa hér í þinginu tvö undanfarin ár og koma vissulega inn á þetta efni.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það er nú visst tilgangsleysi í því að halda hér uppi löngum umr. um þessi mál er svo fáir eru á fundi, og ég hafði raunar ekki hugsað mér að gera það. En í tilefni af ræðu síðasta ræðumanns þykir mér þó rétt að gera hér aðeins athugasemd, og úr því að ég er hér á annað borð kominn, þá vildi ég fyrst og fremst segja þetta varðandi ræðu hv. 3. þm. Vestf.:

Mér finnst að ef við förum af stað með þjóðaratkvgr. á þessu stigi, þá komi upp vissar spurningar og þ. á m. þessi spurning: Hverjir eiga að taka þátt í þessari atkvgr.? Það var alveg rétt ályktað hjá honum og rétt tekið fram, að það er heimild til þess að stofna söfnuði. Það eru margir söfnuðir hér á landi sem ekki eru þjóðkirkjusöfnuðir. Það eru einstaklingar sem skipta þúsundum. Eiga þeir að taka þátt í slíkri þjóðaratkvgr., eða á að gilda þar önnur kjörskrá en sú sem gildir við alþingiskosningar?

Í öðru lagi er ég ekki sammála um það, að greidd verði aðeins atkv. með eða móti: Mér finnst brýn nauðsyn til að í þjóðaratkvgr. komi fram stefnumörkun í aðalatriðum. Ég hef aldrei talað um það að leggja lagabálk fram til þjóðaratkvgr., heldur að það komi fram í aðalatriðum hvað það er sem fólk vill, hvaða form það er sem fólk vill taka upp.

Mér finnst að hér hafi komið fram mikill misskilningur og vanþekking á hvers konar stofnun Kirkjuþing er. Hv. 3. þm. Austf. kallar þetta þrýstihóp og ég veit ekki hvað og hvað, hagsmunasamtök, eins og LÍÚ. Og hv. 5. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, lét liggja að því hér, að Kirkjuþing væri fagleg stofnun. Fagleg stofnun geistlegrar stéttar manna heitir Prestastefna, en Kirkjuþingið er aftur stofnun þar sem saman starfa bæði leikmenn og prestar, jafnmargir af hvorum, nema biskup er þá oddamaður, og fjallar um ýmsa ytri starfsemi kirkjunnar — ekki hina faglegu hlið og ekki boðun sem slíka, heldur hin ytri mál kirkjunnar og starfsemi hennar, starfsemi sóknanna og annað því um líkt.

En varðandi það sem hv. síðasti ræðumaður kom að og kemur enn að, þá vil ég segja það, að ég vil helst ræða um málin á því stigi þar sem þau raunverulega eru til umfjöllunar. Ég hóf þó mína ræðu á því að tala um þáltill. sem hér liggur fyrir til umr., og ég lauk mínu máli með því að tala um hana, þó að ég léti freistast til þess að svara nokkrum atriðum úr ræðum þeirra

manna sem fjölluðu um þá till. sem nú liggur fyrir n., og það vegna þess að það kom fram ítrekað og enn þá einu sinni, — ég veit ekki hvort það er fimmta, sjötta eða sjöunda ræðan hér sem hefur verið haldin af hálfu þessa viðkomandi hv. þm., — þar sem enn er talað um það, að við séum með tvískinnung í málflutningi og siglum undir fölsku flaggi. Ég hef viljað ræða um þessi viðhorf, þessar skoðanir, á því stigi þegar það yrði raunverulega til umr., ef um það væri að ræða að það kæmi fram frv. eða eitthvert álit. Á því stigi hefði ég ekki skorast undan að ræða það.

Ég vil segja það, að það er alveg hárrétt, það hefur aldrei farið á milli mála, það er alveg hárrétt t. d. með mína afstöðu, að ég tel að breytingar séu æskilegar frá því formi sem nú er. Það fer ekkert á milli mála með það. En ég hef ekki viljað taka afstöðu til þess, hvaða form ég vildi taka upp. Ég hef viljað halda opnum dyrum eða opinni leið til að fallast á þær hugmyndir sem ég tel vera æskilegar hugmyndir um einföldun á þessum málum frá því formi sem nú er.

Hv. þm. kom með þungar ásakanir um það, að við vildum ekki tala um lýðræðið í þessum málum. Ég skil þetta nú ekki út af fyrir sig. Það er ákaflega takmarkað lýðræði sem er fólgið í því þegar fimmtugir menn hafa aldrei fengið að velja sér prest. Það er ákaflega takmarkað lýðræði. Og ég tel lýðræðið ekkert minna þannig að söfnuðirnir fái sjálfir að fyrra bragði að ráða sér prest. Ég tók undir það, að upp verði tekið rýmkunarákvæði, þannig að prestar gætu farið frá jafnvel tíðar en nú er ef þeir standa sig ekki í sinni embættisfærslu. Og ég sé ekki að þetta sé neitt minna lýðræði heldur en það sem nú gildir. Og ég ætlaðist til að þm. geti fengið upplýsingar um það, hversu virkt þetta lýðræði hefur verið í landinu á undanförnum svo sem tveimur áratugum, hversu virkt það hefur verið í raun. En þetta eru umr. sem ég hefði viljað spara mér og spara tíma Alþ. að ræða um þetta, þangað til að því kæmi að raunverulega yrði tekin ákvörðun um þetta. Það er ekkert annað sem liggur þarna á bak við. Svo er að sjálfsögðu ekkert við því að segja, þó að skoðanir séu skiptar um þessi mál ef menn vilja vel. Og það skal ég láta vera mitt síðasta orð, og það met ég þó við hv. 5. þm. Vestf., að ég veit að hann vill vel í þessum málum, og þá er miklu betra að deila við slíka menn, þegar maður veit það, jafnvel þó að þeir séu ósammála um einstök atriði.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Þjónustustarfsemi í Vestur-Húnavatnssýslu, þáltill. (þskj. 370). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er þakklátur fyrir að fá að gera grein fyrir þáltill. sem ég flyt hér um þjónustustarfsemi á Hvammstanga ásamt hv. þm. Páli Pétursyni. Þótt nokkuð sé nú orðið áliðið kvölds og fáir þm. eftir í húsinu, þá er meira um vert að reyna að koma til n. þessu máli sem flutt var fyrir allmörgum vikum, þar sem nú styttist óðum það sem eftir er þings.

Þessi till. er einfaldlega um það, að aukin verði þjónusta opinberra aðila á Hvammstanga við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu, og þessi till. er flutt samkvæmt eindregnum tilmælum heimamanna.

Við framkvæmd byggðastefnu má segja að tvær leiðir séu til. Annars vegar er sú stefna að efla tiltölulega fáa þéttbýlisstaði í landinu, t. d. einn til tvo staði í hverju kjördæmi, og safna til þessara staða allri uppbyggingarstarfsemi, opinberri þjónustu og stórvirkum atvinnutækjum sem völ er á að staðsetja í hverju kjördæmi. Hins vegar er sú stefna að gera ekki upp á milli stórra og smárra þéttbýlisstaða í hverju kjördæmi, heldur gefa þeim öllum færi á að þróast og dafna og láta ekki minni staðina í hverju kjördæmi lenda í skugga af hinum stærri til þess að komast hjá því að þeir minni staðni og jafnvel visni upp.

Fyrri leiðin, sem ég nefndi, á sér ýmsa talsmenn. Menn sjá þá gjarnan aðeins einn stað í hverju kjördæmi eða í hverri sýslu og vilja draga sem mest vald og umsvif á þennan eina stað. Ég held að það sé ekki síst meðal embættismanna í Reykjavík sem slík stefna á sér hvað öflugasta talsmenn. Ég er persónulega andvígur þessari stefnu og svo mun áreiðanlega vera um fleiri. Ég tel síðari leiðina tvímælalaust gæfulegri fyrir byggðaþróun á Íslandi.

Byggðarlögin utan höfuðborgarsvæðisins hafa lent í nokkurs konar nýlenduafstöðu gagnvart Reykjavík á ýmsum sviðum, og við eigum að forðast að hliðstæð þróun í smærri mynd eigi sér stað úti um landsbyggðina.

Vestur-Húnavatnssýsla er samfellt hérað og í því miðju hefur dafnað lítil þjónustumiðstöð á Hvammstanga. Hvammstangi hefur öll skilyrði til að gegna þjónustuhlutverki sínu með ágætum og þar er ört vaxandi atvinnulíf bæði á sviði verslunar og annarrar þjónustustarfsemi og einnig í útgerð, fiskvinnslu og iðnaði.

Ein af sameiginlegum stofnunum sýslufélagsins er sjúkrasamlag héraðsins. En það furðulega hefur gerst nú á seinustu árum, að eftir að sjúkrasamlög hreppanna voru lögð niður hefur öll þjónusta og skrifstofuhald sjúkrasamlags vestur-húnvetninga færst út úr sýslufélaginu. Stjórn sjúkrasamlagsins ákvað þó í desembermánuði fyrir rúmum tveim árum að skrifstofuhald sjúkrasamlagsins skyldi verða á Hvammstanga frá ársbyrjun 1975. En þá gerðist það að stofnun hér í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, kom beinlínis í veg fyrir það að sjúkrasamlagsstjórnin fengi ráðið því hvar skrifstofa þess væri, eins og raunar kemur fram í bréfi sem birt er sem fylgiskjal með þessari þáltill.

Þessi afskiptasemi miðstjórnarvaldsins í Reykjavík af málefnum sjálfstæðs sjúkrasamlags úti á landi er óþolandi og á ekki að líðast, og þar sem hér er um stefnumarkandi mál að ræða sem varðar fleiri staði en Hvammstanga og Vestur-Húnavatnssýslu, þá er alls ekki óeðlilegt að mál af þessu tagi sé tekið upp hér á Alþingi. Einnig er ljóst að ofríki Tryggingastofnunarinnar í málum héraðssjúkrasamlaganna er ekki heppilegt fyrir starfsemi þeirra og langeðlilegast að stjórnir sjúkrasamlaga séu einráðar um það, hvar þær vilja hafa skrifstofuhald sitt.

Annað dæmi um vandamál þessa staðar er löggæslumálin. Hreppsnefnd Hvammstanga hefur lengi krafist þess, að lögreglumaður verði ráðinn til starfa á Hvammstanga, en þeirri kröfu hefur alls ekki verið sinnt. Lögreglustörf á Hvammstanga hafa að undanförnu verið unnin í aukavinnu manns sem gegnir öðru starfi.

Á Blönduósi eru tveir lögreglumenn og einn á Skagaströnd. Sýslumaður hefur hins vegar skrifstofuaðstöðu á Hvammstanga og kemur hann þangað eða fulltrúi hans einu sinni í viku.

Það þarf tæpast að taka það fram, að megn óánægja er ríkjandi heima fyrir með skipan þessara mála, og á fundi manna úr öllum hreppum Vestur-Húnavatnssýslu 12. maí 1975 var samþykkt að beina því til sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, „hvort ekki sé tímabært að sýslunefndin óski eftir því við viðkomandi yfirvöld að Vestur-Húnavatnssýsla verði gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi, en með því ætti opinber þjónusta í sýslunni að geta batnað til muna frá því sem nú er," sagði í þessari samþykkt. Á sýslunefndarfundi var svo slík samþykkt gerð og efni hennar sent þm. kjördæmisins.

Hér er ekki gerð till. um að Vestur-Húnavatnssýsla sé gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi, því að vafalaust er mikil andstaða gegn því af kostnaðarástæðum að sýslumannsembættum sé fjölgað. En flm. þessarar till. virðist ekki til of mikils mælst að skrifstofuaðstöðu sýslumannsins verði nú a. m. k. breytt í lögregluvarðstofu með fastráðnum lögreglumanni, og má segja að það sé lágmarksúrlausn á þessum vanda.

Fleiri vandamál eru nefnd í þessari till., m. a. viðhaldsþjónusta frá Landssímanum sem ekki er á þessum stað, en þarf þar að vera.

Í till., eins og hún var flutt fyrir einu ári, var þess óskað að einnig yrðu staðsettir viðgerðarmenn frá Rafmagnsveitum ríkisins á þessum stað. **Úr því hefur nú verið bætt.**

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa mörg orð um þessa till. að öðru leyti. Ég vil aðeins láta þess getið, að sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur mjög eindregið hvatt hv. Alþ. til að samþykkja þessa till., en till. þess efnis var samþ. á seinasta sýslunefndarfundi. Einnig hafa ýmsir aðrir aðilar hvatt til þess, að þessi till. verði samþ., m. a. hreppsnefnd Hvammstanga og fundur margra hreppsnefnda á þessu svæði.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um þá till. sem hér liggur fyrir, miðað við það fámenni sem er í þingsalnum. Ég vil þó segja það, að ég vil taka undir með flm. það sem hann sagði um það, að nauðsynlegt væri að huga að uppbyggingu þéttbýlisstaða um landið sem víðast, ekki einvörðungu hinna stærstu, heldur einnig hinna smærri til þess að þeir dragist ekki aftur úr og visni, eins og flm. orðaði það. Ég held einnig að það þorp, sem hér er um að ræða, Hvammstangi, sé í góðum vexti. Þar er atvinnulíf í uppgangi og þar var fjölgun íbúa á síðasta ári meiri en í nokkru sveitarfélagi öðru í Norðurlandskjördæmi vestra. Þar eru einnig verulegar framkvæmdir sveitarfélagsins og um sæmilegan efnahag að ræða, að ég hygg, bæði hjá fólkinu sjálfu og eins hjá sveitarfélaginu. Um þetta er allt gott að segja, og er vonandi að svo gangi áfram.

Í sambandi við þá till., sem hér er um að ræða, þá tel ég að opinbera þjónustu þurfi að efla á Hvammstanga, og það hefur verið gert á undanförnum árum þó að árangur hafi ekki verið jafnmikill og tilraunir hafa staðið til.

Hv. flm. gat þess, að ráðinn hefði verið viðgerðarmaður frá Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta var gert nú í vetur eftir að Rafmagnsveitur ríkisins höfðu haft það mál til athugunar og úrlausnar í langan tíma, því að óskir hafa staðið um það efni miklu lengur en frá þeim tíma sem þessi þáltill. var fyrst flutt.

Enn fremur vil ég upplýsa hv. flm. till. um það, að lögreglumaður hefur verið fastráðinn á Hvammstanga, þar sem hann lét þess getið í sinni ræðu að óskum um þetta efni hefði ekki verið sinnt.

Þannig hefur nokkuð þokast í þá átt að sinna óskum Hvammstangabúa og vestur-húnvetninga um þetta efni, og ég tel að þannig þurfi að halda á málum áfram.

Enn vil ég geta þess, að fyrir tveim árum var kostur á að fá símvirkja til starfa á Hvammstanga, en þá fékkst ekki húsnæði, sem varð til þess að þessi maður hvarf ekki að því ráði að setjast þar að. Því miður er þetta ekki eina dæmi þess í þorpum úti á landsbyggðinni, að húsnæðisskortur verður til þess að þangað fást ekki þeir starfskraftar sem nauðsynlegir eru til þess að sinna þjónustu af því tagi sem hér er um að ræða. Hefur ekki enn tekist að bæta úr á þeim vettvangi, en væntanlega tekst það áður en langt um líður eða er a. m. k. vonandi.

Ég tel einnig að sú þjónusta, sem veitt er frá sýsluskrifstofunni á Blönduósi, þurfi að vera með þeim hætti að komist verði hjá verulegri óánægju hvað það snertir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi láta þetta koma hér fram, ekki síst vegna þess að hv. flm. hefur ekki vitað um þær breytingar sem orðið hafa í sambandi við lögreglumann, sem var sjálfsagt að koma hér á framfæri.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pálma Jónssyni fyrir góðar undirtektir við þetta mál, þótt ég hefði að sjálfsögðu helst kosið að hann og samflokksmaður hans, Eyjólfur K. Jónsson, hv. 5. þm. kjördæmisins, hefðu verið meðflm. að þessari till., eins og við höfum löngum leitað eftir. En það er einmitt ástæðan til þess, að flutningur þessarar till. hefur dregist, að leitað var eftir því og óskað var eftir því af hálfu heimamanna að hún yrði flutt af þm. allra flokka eða a. m. k. allra þm. kjördæmisins. Þess vegna einmitt gleður það mig, að undirtektir hv. þm. eru í grófum dráttum mjög jákvæðar.

Ég vildi hins vegar láta þess getið í sambandi við þá leiðréttingu, sem hv. þm. kom hér með, að þegar till. var lögð fram, þá var þessi breyting ekki orðin sem hann hér skýrði frá. Ég kynnti mér það sérstaklega, hvort aðstæður hefðu í ein-

hverju breyst frá því að till. var flutt í fyrra, en þá var till. svo seint fram komin að það var aldrei mælt fyrir henni, og hún fékk því ekki neina meðferð þá heldur í n., og var auðvitað sjálfsagt að flytja hana aftur. En áður en hún var flutt kynnti ég mér að hvað miklu leyti hefðu orðið breytingar til batnaðar í þessum efnum, og þá var ekki orðin, þegar till. var flutt, nein breyting í þessum efnum, hvað varðar löggæslu á staðnum. En við fögnum því að sjálfsögðu að loksins hefur verið orðið við þessum eindregnu óskum. Eftir standa þá sem áður þeir tveir þættir till. sem fyrst eru nefndir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnumál á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 413). — Ein umr.

Flm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Nú er orðið mjög áliðið dags, nýr sólarhringur hefst innan 10 mínútna. Kannske er það af þeim sökum sem því miður allt of fáir heyra, því svo sannarlega hefðu menn gott af því að hlýða á þegar rætt er um góð málefni og nytsamleg.

Það er fleira en málmblendiframkvæmdir eða prestatal sem ætti að geta vakið athygli á hinu háa Alþ. En sökum þess að nú munu allir hv. þm. vera horfnir úr salnum, þá sé ég ekki ástæðu til að halda hér um þetta langa ræðu, en að sjálfsögðu verður að mæla fyrir þessari till. til þál. um atvinnumál á Suðurlandi sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 413.

Þessi þáltill. er flutt að gefnu tilefni. Þetta er ekki neitt auglýsingaplagg af neinu tagi. Ég álít að það hafi orðið nauðsyn að hreyfa þessu máli hér á hinu háa Alþ. vegna þess, að Suðurland hefur dregist aftur úr í uppbyggingu atvinnuvega á undanförnum árum, og ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að þar er ekki um hafnir að ræða nema á vesturmörkum kjördæmisins.

Till. sjálf hljóðar svo, upphaf hennar:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að gera nú þegar áætlun um að treysta atvinnugrundvöll í Suðurlandskjördæmi, einkum í þeim hlutum þess þar sem atvinnuástand er verst og ný atvinnutækifæri fæst."

Sannleikurinn er sá, að nú í vetur og raunar áður hefur borið allmikið á atvinnuleysi í sveitarþorpunum á Suðurlandi. Um leið og dró úr vinnu við virkjanirnar á hálendinu kom í ljós að mjög margir urðu atvinnulausir, og síðan hefur margt fólk orðið atvinnulaust sem stundað hefur ýmsan iðnað sem lagst hefur niður, eins og t. d. á Selfossi, en þar voru atvinnuleysingjar nú í vetur á milli 70 og 80 manns og raunar fleiri, vegna þess að um 50 manns þar á ofan sóttu vinnu sína til Reykjavíkur.

Það er af þessu tilefni sem þáltill. er flutt.

Ég legg áherslu á það í till., að kannað verði í fyrsta lagi hvort ekki sé unnt að framleiða grasköggla og annað kjarnfóður í stórum stíl. Í öðru lagi að það hráefni, sem til fellur úr þessu mikla landbúnaðarhéraði, flytjist ekki óunnið á brott, heldur verði aðeins flutt þaðan fullunnið. Og í þriðja lagi að leita eftir því, hvort ekki sé unnt að nýta hin margvíslegu og mörgu ágætu gosefni sem til eru í mjög stórum stíl á Suðurlandi. Þar nægir að nefna vikur úr Heklu og ýmis önnur efni sem mjög þægilegt er að nota til framleiðslu á ýmsum byggingarefnum sem eru nú orðin mjög eftirspurð, ekki síst hér í nágrannalöndunum, þar sem tilfinnanlega vantar efni í slíka framleiðslu. Í fjórða lagi minni ég á hvort ekki sé unnt að fara út í það að framleiða grasplötur úr innlendu hráefni. Þetta er byggingarefni sem er ákaflega mikið notað um allt land og keypt dýrum dómum frá útlöndum. Í fimmta lagi leyfi ég mér að benda á að við rannsóknir, sem fóru fram fyrir nokkrum árum á vegum iðnrn. með aðstoð erlendra sérfræðinga, kom í ljós að á nokkrum stöðum á landinu finnst ákveðin tegund af basalti, svokallað kastbasalt, sem er þeirrar náttúru að úr því má framleiða ákaflega slit sterka fleti, — fleti sem ekki aðeins þola mikið álag og áníðslu, heldur er það einnig mjög vel sýruþolið og þolir ákaflega vel alls kyns kemískar samsetningar og þess vegna kjörið til þess að leggja í alls kyns jarðveg, sem víða er hér á landi sýruborinn, og leggja í alls konar gólf, verksmiðjugólf og annað slíkt. Það kom einmitt í ljós, að á Suðurlandi, a. m. k. á einum stað, fannst mikil náma af þessu efni í Vörðufelli á Skeiðum. Í sjötta lagi er lagt til að kannað verði hvort ekki sé hagkvæmt að leggja aukna áherslu á garðrækt og ylrækt til stórframleiðslu á grænmeti til innanlandsþarfa, því við vitum að grænmeti er flutt í stórum stíl til landsins og enginn vafi á því, að með samstilltu átaki, fjármagni og bjartsýni er hægt að auka þennan atvinnuveg mjög okkur til góðs og spara okkur einnig innflutning í þessum efnum. Og svo eru í sjöunda lagi önnur atriði sem stuðlað gætu að uppbyggingu atvinnuvega í landsfjórðungnum. Þar er ýmislegt sem kemur til greina, m. a. að efla ýmsar þær iðnaðargreinar sem lögð hefur verið stund á undanfarin ár, og öðru mætti bæta við.

Mér dettur nú í hug vegna máls sem liggur hér fyrir þinginu núna, till. um að selja ákveðnu fyrirtæki á Siglufirði húsnæði Tunnuverksmiðju ríkisins og leggja þá verksmiðju niður, að á síðustu tveimur árum hefur verið og á næstu árum verður leyft að veiða síld, Suðurlandssíld, sem verður hér auðvitað söltuð og úr henni unnið. Þá er ekki nokkur vafi á því, að það er mikið öryggi í því að hafa slíka verksmiðju starfandi. Og þar sem síldin veiðist fyrir Suðausturlandi og Suðurlandi, þá væri eðli málsins samkvæmt eðlilegast að koma þeirri verksmiðju fyrir þar, þegar það stendur fyrir dyrum að leggja hana niður nyrðra, þar sem hún er að vísu fjarri allri síldveiði.

Margar þessar till. fela í sér ábendingar um iðnað og iðju, jafnvel stóriðju, sem er fólgin í því að spara gjaldeyri. Ég vil í fyrsta lagi nefna það sem minnst er á fyrst, framleiðslu á grasköggum og kjarnfóðri, að á Suðurlandi eru víðáttumikil svæði, eins og kunnugt er, þar sem mjög auðvelt er að rækta gras, enda sýnir reynslan að það hefur tekist vel við uppgræðslu á Rangárvöllum og t. d. á Skógarsandi og hefur gjörbreytt landbúnaði í þeim héruðum. Og það er aðeins sáralítið af þeim möguleikum sem fyrir liggja á þessu sviði.

Við íslendingar flytjum til landsins geysimikið af dýru erlendu kjarnfóðri. Það er ósköp einfaldlega vegna þess að heyið nægir ekki til þess að gefa skepnunum eða halda þeirri nyt sem verður að vera í nútímabúskaparlagi. En ég fæ ekki betur séð en við sjálfir höfum flest þau efni til sem þarf í slíkt kjarnfóður. Ég er ekki búfróður, en mér telst til að talsverður hluti þess kjarnfóðurs, sem við flytjum inn, innihaldi kolvetni, eggjahvítuefni og ýmiss konar snefilefni. Vissulega eru líkur sem benda til þess, að við þurfum að flytja inn ýmis steinefni, en eggjahvítuefnaframleiðslu getum við séð um sjálfir og alla blöndun þessa fóðurs sem hægt er að blanda grasköggum til þessara nota. Þannig mætti selja grasköggla í mismunandi mæli til hinna ýmsu kaupenda eftir því, hvers konar innihaldi þeir óska eftir á þessu fóðri.

Með því að nefna þessa fyrstu till. er ég aðeins að gera betur grein fyrir henni og í öðru lagi að renna stoðum undir það, að þessar greinar innihalda margar gjaldeyrissparnað. Ég man nú ekki nú þær tölur sem nefndar eru í sambandi við innfluting á kjarnfóðri til landsins. Þær eru mjög háar og þar gætum við sparað okkar dýrmæta gjaldeyri sem við eigum greinilega allt of lítið af.

Annar liðurinn hins vegar er miklu fremur fólginn í því að verkafólk á Suðurlandsundirlendinu fái að njóta þeirrar vinnu eða þeirra atvinnutækifæra sem geta skapast við að fullvinna það hráefni sem landbúnaðurinn leggur til. Frá þorpunum hér á Suðurlandi er stutt og greið leið nú orðið til Reykjavíkur, og það er ekki nokkrum vafa undirorpið að það getur varla munað miklu hvort þeir, sem hafa slíkar vörur til dreifingar og sölu í Reykjavík, panta þá vöru t. d. frá kjötvinnslumiðstöð í Reykjavík, eða frá kjötvinnslumiðstöð austur í kjördæminu sjálfu. En munurinn liggur í því, að kjötið er flutt óunnið til Reykjavíkur og unnið hér í stað þess að það mætti pakka því öllu í neytendapakkningar þar eystra í ýmiss konar búning eftir kröfum fólksins og veita þá íbúum kjördæmisins eða landssvæðisins vinnu við það, í stað þess að hráefnið er flutt til vinnuaflsins hér í höfuðborginni. Og það er í raun langt síðan ég undraðist þá stefnu hins mikla félags, Sláturfélags Suðurlands, sem bændur eiga sjálfir, að mér skilst, að það skuli ekki hafa haft þessa stefnu frá upphafi. Kannske hefur það verið þá, að tregari samgöngur hafa valdið því að það hefur ekki legið eins beint við að gera það eins og nú, þegar það er ekki nema liðlega hálftíma akstur milli t. d. Selfoss og Reykjavíkur.

Í sambandi við þriðja liðinn vil ég segja það, að mér er kunnugt um að í sambandi við eldgosið í Eyjum, þegar þar kom upp geysilega mikið magn, margar milljónir tonna af vikri, þá komu til okkar margir menn úr ýmsum áttum sem vildu fá að kanna það, hvort unnt væri að fá þetta efni keypt og flytja það til Evrópu og framleiða þar úr því alls kyns léttsteypueiningar og ýmislegt annað byggingarefni, vegna þess að slíkt byggingarefni er á þrotum í mörgum nálægum löndum og verður sífellt dýrara að ná í það. Það kom hins vegar í ljós, að það efni, sem þar er um að ræða, er ekki heppilegt í steypu af neinu tagi vegna efnasamsetningar. En þar gegnir allt öðru máli með þau efni sem víða eru til á Suðurlandi. Þar er til vikur sem er ákaflega góður sem einangrunarefni og til íblöndunar í létta milliveggjasteypu, svo eitthvað sé nefnt. Þarna er mjög margt sem getur komið til greina að unnt verði að koma í það horf, að við gætum jafnvel flutt út í stórum stíl, sem mundi færa okkur sömuleiðis dýrmætan gjaldeyri til ráðstöfunar.

Ég nefndi áðan grasplöturnar, það er einnig gjaldeyrissparandi liður. Sömuleiðis má segja um fimmta liðinn, þar er að langmestu leyti um útflutningsframleiðslu að ræða. Sjötti liðurinn er til þess að spara sér innkaup frá útlöndum og sjöundi liðurinn er almennt um að styrkja almennan iðnað á Suðurlandi.

Ég nefndi það fyrst að þessi þáltill. væri flutt að gefnu tilefni, og ég vil leyfa mér að segja: af knýjandi nauðsyn til þess að vekja athygli ráðamanna á alvarlegu ástandi, og ég tel að þörf sé að grípa til nokkuð róttækra ráðstafana í þessum efnum. Það er ljóst að unnt er að útvega fjármagn ef mikill áhugi er fyrir ýmsum verkefnum, eins og raun hefur orðið á í sambandi við að leggja mikið fjármagn til stóriðju með útlendingum og til hafnargerðar fyrir útlendinga o. s. frv. En ég tel að það þurfi aðeins smámuni, ef miðað er við þær upphæðir, til þess að reisa atvinnulífið við á Suðurlandi, sem nú er í lægð, upp til þess að verða með því besta sem gerist á þessu landi, því það er enginn vafi að landkostir Suðurlands eru miklir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 78. fundur.

Miðvikudaginn 20. apríl, kl. 2 miðdegis.

Skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, þáltill. (þskj. 456). — Frh. fyrri umr.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil í upphafi tjá þakkir mínar fyrir að mér er hér gert fært að tjá mig í þessu máli, sem ég var ekki reiðubúin til í gær.

En í till. þeirri til þál., sem hér liggur fyrir flutt af ríkisstj., er farið fram á heimild Alþ. til þess að ríkisstj. setji Þjóðhátíðarsjóði skipulagsskrá þá sem prentuð er með ályktun þessari.

Þessi stuttorða till. hefur slíkt yfirbragð að eðlilegt virðist samkvæmt þingvenju að hv. Alþ. veitti hæstv. ríkisstj. með fúsu og glöðu geði heimild þá sem farið er fram á, ekki síst vegna þess að hér er annars vegar málefni sem í sjálfu sér verðskuldar einingu Alþingis.

Málið er hins vegar þannig til komið, að ég finn mig knúða til að gera við það nokkrar athugasemdir og biðja hv. alþm. að íhuga vel alla málavöxtu, sem ég veit að þeim er það vel kunnugt um að ég þarf ekki að hafa hér langt mál til upprifjunar. Ég hlýt þó að gera nokkru nánari grein fyrir viðhorfi mínu í sem stystu máli.

Skal ég þá strax koma að því meginatriði í mínum huga, sem ég hef áður lýst hér á hv. Alþ., að ég tel að hér hafi það gerst að stofnun utan

Alþ. hafi seilst inn á verksvið þess með ákvarðanatöku um ráðstöfun mikilla fjármuna sem heyra beint undir fjárveitingavald þingsins.

Seðlabanki Íslands, eign íslenska ríkisins, gefur út þjóðhátíðarmynt og annast sölu hennar í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974.

Í des. s. l. liggur fyrir uppgjör á hagnaði þeim sem af útgáfunni varð, nokkuð á fjórða hundrað milljóna kr. Bankastjórn Seðlabankans býður í þessu tilefni til hátíðlegrar mótöku forseta Íslands, ríkisstjórn og fleira stórmenni og tilkynnir þar að bankaráð Seðlabankans hafi nú að tillögu bankastjórnarinnar „ákveðið að stofna sérstakan sjóð af ágóða af útgáfu þjóðhátíðarmyntar. Nefnist hann Þjóðhátíðarsjóður og er stofnfé hans 300 millj. kr.“ Hér var vitnað — með leyfi forseta — orðrétt til ávarps Jóhannesar Nordals bankastjóra við þetta hátíðlega tækifæri, er tilkynnt var opinberlega um þessa ákvörðun Seðlabankans. Það fer sem sagt ekkert á milli mála, að hér var ákvörðunin tekin, og það fer varla fram hjá okkur þm., að við erum hér í dag að fjalla um þegar stofnaðan sjóð sem ber nafnið Þjóðhátíðarsjóður, sbr. fyrirsögn þáltill. Það fer væntanlega ekki heldur fram hjá okkur, að skipulagsskrá sú, sem prentuð er með ályktun þessari, er að efni til nákvæmlega í samræmi við till. seðlabankastjórnar að öðru leyti en því, að í stað þriggja manna sjóðsstjórnar er í skipulagsskránni gert ráð fyrir 5 mönnum, þar af þremur kjörnum af Sþ. Mætti sú bragarbót vissulega gleðja hjörtu vorra alþm.

Í ávarpi bankastjórans, sem ég vitnaði til áðan, segir á öðrum stað, með leyfi forseta:

„Taldi stjórn bankans óeðlilegt að hún tæki upp á sitt eindæmi ákvörðun um að verja svo miklum fjármunum til þarfa utan við verksvið bankans, enda þótt enginn vafi leiki á um formlega eignaraðild hans að þessu fé. Var því ákveðið að bankinn gerði till. um þetta efni til ríkisstj. sem síðan tæki endanlega ákvörðun um ráðstöfun fjárins.“

Nú er þá sem sagt að því komið fyrir okkur alþm. að rétta upp höndina til staðfestingar hinni endanlegu ákvörðun ríkisstj. — eða var það ekki það sem bankastjórinn átti við? Er ekki í raun og veru verið að binda hendur alþm. í þessu máli? Eða getum við verið þekktir fyrir að fara eitthvað að brölta með eigin skoðanir, gera rövl í svona góðu og menningarlegu máli sem lagt er fyrir okkur af hæstv. ríkisstj. sem óskar eftir samstöðu um málið? Eða er kannske ekki pláss í sölum hins hv. Alþ. fyrir tjáningarfrelsi og frjálsa skoðanamyndun, þessi dýrmætu gæði lýðræðisins sem við teljum okkur jafnómissandi og loftið sem við öndum að okkur?

Það er í trausti þess, að hv. alþm. sem flestir svari þessari spurningu játandi, að ég vil lýsa því yfir nú, að ég ásamt fleiri alþm. mun bera fram brtt. við till. sem fyrir liggur, sem hljóðar efnislega á þá leið, að ágóða þeim, sem varð af útgáfu þjóðhátíðarmyntar í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, skuli varið þannig: 1) Til byggingar Þjóðarbókhlöðu 200 millj. kr. 2) Til Húsfriðunarsjóðs 100 millj. kr.

Ég vænti þess, að þessi brtt., sem mun koma fram innan skamms, geti orðið samferða aðaltill. til fjvn. og verði þar tekin til umfjöllunar jafnhliða henni. En ég hlýt nú, þó að till. liggi ekki fyrir, að gera í stuttu máli grein fyrir brtt. eins og hún mun hljóða.

Þegar á árinu 1967 urðu allmiklar umr. á Alþ. um byggingu Þjóðarbókhlöðu, sem leiddu til þess að stofnaður var sérstakur byggingarsjóður sem veitt var til í fyrsta skipti árið 1968 1.5 millj. kr. Í aprílmánuði árið 1970 var síðan samþykkt, að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skyldi reist Þjóðarbókhlaða er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.

Um þessa till. var fullkomin samstaða á Alþ., og í umr. um hana, sem ég hef kynnt mér í þingtíðindum, lýsti einn þm. af öðrum ánægju sinni og fögnuði yfir þeim áhuga og einhug sem kom fram á þinginu um málið.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Þórarinn Þórarinsson gerðu málinu allítarleg skil, og hinn síðarnefndi lýsti m. a. hinu fullkomna vandræðaástandi sem ríkti í safnamálum okkar vegna þrengsla og aðstöðuleysis. Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson fór þarna vissulega með rétt mál, og ég held að öðrum hv. þm. væri hollt að kynna sér málið af eigin raun. Það er t. d. fróðlegt, ekki síst fyrir þm., að sjá hvernig búið er að varðveislu stórmerkra þingskjala í Þjóðskjalasafninu, gamalla gjörðabóka Alþingis, m. a. frá þjóðfundinum 1851, þar sem lýst er þeim sögulega fundi með gullfallegri rithönd Benedikts Gröndals.

Ég fer ekki nánar út í þessa sálma þó að þar mætti hafa um mörg orð. Í umr. um áðurnefnda þáltill. árið 1970 var lögð áhersla á að hraða sem mest öllum undirbúningi að byggingu Þjóðarbókhlöðunnar, þannig að framkvæmdir yrðu vel á veg komnar á þjóðhátíðarári, þó tæpast væri þess að vænta að byggingunni yrði þá lokið.

Um framgang þessa máls þarf ég ekki að fjölyrða nú. Hv. þm. öllum er það fullkunnugt, að fyrst nú er undirbúningi um það bil lokið og verið um þessar mundir að vinna að útboðsgögnum verksins.

Ég get ekki litið öðruvísi á málið, með tilliti til þeirrar kyrrstöðu og aðgerðaleysis sem þar hefur ríkt eftir samþykkt fyrrgreindrar þál., en að Alþ. hafi þarna með dapurlegum hætti fellt á sig heitstrengingar í þjóðhátíðarmáli, svo að sannarlega virðist nú ástæða til að bæta þar um. Fæ ég ekki séð að það yrði gert með eðlilegri og verðugri hætti en að láta Þjóðarbókhlöðu njóta þeirra fjármuna sem nú eru handbærir frá þjóðhátíðarári.

Ég hefði talið eðlilegt að upphæðin öll óskipt rynni til Þjóðarbókhlöðu. En til þess að fara millileið hef ég hugsað mér að ætla 200 millj. til Þjóðarbókhlöðu og 100 millj. til Húsfriðunarsjóðs.

Húsfriðunarsjóður er tiltölulega nýr sjóður sem ber það í nafninu að hann á að annast vernd gamalla húsa. Hann er fjárvana og honum væri að sjálfsögðu ómetanlegur styrkur að 100 millj. kr. framlagi.

Benda má á að Húsfriðunarsjóður gegnir um leið nokkrum hluta þess hlutverks sem Seðlabanki Íslands og ríkisstj. ætla Þjóðhátíðarsjóðnum, þ. e. einmitt verndun gamalla húsa og menningarminja, en þar að auki er sjóðnum samkvæmt skipulagsskránni, sem við höfum fyrir

augum, ætlað að annast vernd lands og náttúru. Ég vil í þessu sambandi vitna til áðurgreinds fylgiskjals, ávarps Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra, en hann segir um þetta efni, með leyfi forseta.

„Í fyrsta lagi er hér ekki um svo mikla fjármuni að ræða, að þeir geti komið að verulegu gagni nema notkun þeirra sé takmörkuð við tiltölulega þröngt svið."

Þessu er ég algjörlega sammála. En ég tel að eins og skipulagsskránni er háttað nú, þá sé þessum sjóði ætlað að ná til svo víðtæks sviðs, bæði til húsaverndunar, fornminja, verndunar lands og náttúru, að það sé orðið í rauninni allt of víðtækt til að sjóðurinn komi að því gagni sem til er ætlast af upphafsmönnum sjóðsins, seðlabankastjórum og þar á eftir ríkisstj., þar sem Þjóðarbókhlaða er er hins vegar afmarkað verkefni, það er stórt verkefni, mun sennilega koma til með að kosta um 1600 millj. kr., og 200 eða 300 millj. kr. mundu gera mögulegt að hleypa verkinu af stað myndarlega og tryggja áframhaldandi framgang verksins.

Nú er skylt að minnast yfirlýsingar hæstv. forsrh. og ríkisstj. um það, að framlög Alþ. muni á næstu árum verða tryggð til þess að tryggja eðlilegan framkvæmdahraða verksins, og síst vil ég draga í efa einlægni þessara fyrirheita. En við skulum hafa í huga, að það eru mörg verkefni af þessu tagi sem þurfa fjárframlaga með, og eins og efnahagsástandi okkar er háttað í dag og eftir reynslu undanfarinna ára við gerð fjárlaga þegar menningarmál eiga í hlut, þá fer ekki hjá því að það læðist að manni ótti um að erfitt verði að standa við þessar skuldbindingar, hversu einlægur hugur og ásetningur sem fylgir máli nú.

Ég vil líka minna á það, að samkvæmt upplýsingum frá byggingarnefnd — og það mun fleirum kunnugt um — er þessi bygging þannig vaxin, að hún er hugsuð sem einn áfangi, þannig að það verður að taka hana fyrir alla í einu. Hér er því þörf mikilla fjármuna til þess að málið komist á verulegan skrið.

Hæstv. forsrh. minntist á það í ræðu sinni í gær, að byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðu hefði sent ríkisstj. bréf þar sem farið var fram á beinlínis að þessi sjóður yrði heill og óskiptur látinn ganga til Þjóðarbókhlöðu. Hæstv. forsrh. upplýsti jafnframt, að hann og menntmrh. hefðu boðað byggingarnefndina á sinn fund og heitið fullum stuðningi Alþ. og ríkisstj. á næstu árum sem tryggði framgang málsins.

Ég vil leggja áherslu á að þetta er ekki flokkspólitískt mál. Það er mál sem fyrst og fremst varðar hlutverk og virðingu Alþingis og þess vegna í mínum huga stórmál. Ég get fúslega viðurkennt að það er ekki með horskum hug sem ég geng hér í rauninni á móti till. og óskum sjálfs forsrh. og um leið míns ágæta flokksforingja, Geirs Hallgrímssonar, og ríkisstj. allrar. En málið sjálft er mér einfaldlega meira virði en svo, að ég geti látið það aftra mér frá að fylgja sannfæringu minni.

Ég hlýt að lýsa því yfir einnig, að ég geri mér harla litlar vonir um að þessi brtt. okkar, sem lögð verður fram, nái fram að ganga, og það er fjarri mér að hafa í frammi hér nokkrar brýningar í garð hv. alþm. til stuðnings við hana. Þar koma að sjálfsögðu persónuleg viðhorf og sannfæring hvers og eins til með að ráða úrslitum.

Ég stend hér ekki af því að ég hafi neina löngun til að gera uppsteyt á hinu háa Alþ., og mér þykir í rauninni miður að verða til þess að rjúfa samstöðu í máli sem í sjálfu sér á samstöðu skilið. Það, sem fyrir mér vakir, er fyrst og fremst að fá úr því skorið, hvort hv. alþm. geta fellt sig við það hlutskipti, sem þeim er hér ætlað, og hvort þeir telji það samrýmast virðingu og reisn Alþingis.

En þegar nú loksins þetta mál kemur til kasta Alþ. og því vísað með þinglegum hætti til umfjöllunar þingnefndar, hv. fjvn., þá leyfi ég mér að vænta þess, að það fái þar eðlilega umfjöllun sem hvert annað þingmál sem þingið hefur allan rétt til að hafa áhrif á ef vilji og sannfæring er fyrir hendi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir ágætt minni, að ég hafi kvatt mér hljóðs strax á eftir framsöguræðu hæstv. forsrh. um þetta mál, og er sannarlega hrósvert þegar þess háttar, sem lýtur að þingsköpum, er munað á milli daga í þessari hv. stofnun.

Ég vil, eins og að líkum lætur, lýsa yfir stuðningi í sjálfu sér við öll þau markmið sem koma fram í þáltill. ríkisstj., við þau sjónarmið sem þar koma fram, samtímis því sem ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við brtt. þá sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir flutti hér áðan, og mun ég gera grein fyrir því hvers vegna.

Ég gæti ekki fengið mig undir nokkrum kringumstæðum til þess að styðja, hvorki í orði né við atkvgr., till. borna fram af Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra og formanni Landsvirkjunar um smáfjárveitingar til verndar landi og náttúrufari þessa fríða lands, í sömu andránni og Alþ. er knúið til þess með mjög svo ólýðræðislegum aðferðum að samþykkja inn í landið verksmiðjur í eigu útlendinga að verulegu leyti, sem eru líklegar til þess að valda þess háttar spjöllum á náttúrufari þess, að þúsundfaldar þær upphæðir, sem Alþ. er nú ætlað að samþ. til náttúruverndar hér samkvæmt till. Jóhannesar Nordals, mundu hvergi nærri nægja til þess að bæta það tjón.

Þetta mál, þessi till., er þá helst til þess fallin að auka sæmd Alþ., sem sumir hinna eldri þm. hér gera sér tíðrætt um, sem enn hljómar nú allt að því í eyrum manna, yfirlýsingar formanns þingflokks Framsfl. um það, að þannig væri virkjunarmálum hér og stóriðjumálum fyrir komið að alþm. væru helst ekki bærir til að fjalla um þau mál, hefðu ekkert með þau að gera, því að aflið og valdið væri í annarra höndum. Þessi till. um smáfjárveitingu gegnum hjartalokur Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra og Co. til verndar íslenskri náttúru og til landverndar á Íslandi er háðungarmál. Síst skal á mér standa að greiða atkvæði með framgangi þeirra mála til verndar íslenskri náttúru og landi gegn spjöllum erlendrar stóriðju. Síst skal á mér standa að greiða atkv. gegn því að leyft verði að koma upp hér í Hvalfirði þeirri verksmiðju sem nú er verið að þvinga í gegnum Alþ. lagasetningu um, þar sem gengið er þvert á ráðleggingar íslenskra sérfræðinga, þeirra sem

bærastir eru um slík mál að fjalla, um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir landsspjöll af völdum þeirrar verksmiðju og náttúruspjöll af hennar völdum. Síst skal standa á mér að greiða atkvæði gegn því að sú verksmiðja verði látin rísa hérna, og mundi samsvara tugmilljarða fjárframlögum til verndar íslenskri náttúru og gæðum þessa lands.

Ég legg sem sagt eindregið til, að seðlabankastjóra þeim, sem hér hefur verið nefndur og formanni Landsvirkjunar verði ætlað hið hefðbundna 5 ára tímabil afturbatapíkunnar áður en honum verði falið að semja frv. eða þáltill. um náttúruvernd á Íslandi, og mun greiða atkvæði með till. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég mun ekki hafa mörg orð um þetta mál og þakka fyrir að mér er gefinn kostur á að segja hér aðeins örfá orð.

Ég vil þakka mjög eindregið ræðu 9. landsk., Sigurlaugar Bjarnadóttur, sem var að mínu mati frábært innlegg í málið. Hún gerði því svo glögg skil að óþarft er að hafa um það fleiri orð.

Hún tók fram að það væri að hennar skapi að öll upphæðin rynni til Þjóðarbókhlöðu, og þá hugmynd vil ég styðja eindregið. En sé hitt til málamiðlunar, að skipta og 200 millj. renni í Þjóðarbókhlöðu og hitt í þann farveg, er hún nefndi, mun ég veita því stuðning.

Um aðdraganda að þessu máli væri hægt að hafa mikið mál, en ég ætla ekki að gera það hér við ríkjandi aðstæður, þó ærið tilefni sé til og grg. gefi tilefni til þess og raunar upphaf þessa máls, þegar svo er komið að ákveðin ríkisstofnun leggur út í skipulagða stórkostlega tekjuöflun á þjóðhátíðarári, á sama tíma og var komið svo hér í Alþ. að við lá að engin hátíðarhöld yrðu hér á Alþ. eða fyrir forgöngu ríkisvaldsins og meðal þjóðarinnar, a. m. k. ekki á Þingvöllum.

Það kunna e. t. v. einhverjir að muna það, að ég var beðinn að koma í sjónvarp ásamt öðrum mönnum, vegna þess að ég fór aldrei dult með það, að við gætum ekki verið svo fátækir að við hefðum ekki efni á því að gera okkur einhvern dagamun á sjálfum helgasta sögustaðnum og halda okkar þjóðhátíð. En það hvarflaði ekki að mér þá, að það væri ákveðin stofnun í landinu sem hefði skipulagt mörg hundruð millj. kr. hagnað, eins og hér segir, eða ágóða í því sambandi, það hvarflaði ekki að mér þá. Hins vegar hefur þetta átt sér stað, og nú á að ráðstafa ávinningnum. Það er fyrir fram skipulagt og á hér að koma inn á síðustu klukkutímum af starfstíma þingsins og keyrast í gegn. Ég mótmæli svona vinnubrögðum mjög eindregið og þakka því sérstaklega fyrir það innlegg sem kom í málið frá 9. landsk. þm.

Ég lofaði forseta því að vera ekki langorður, þegar ég bað um orðið, og mun ég ekki verða það. En ég undirstrika orð Sigurlaugar og segi, að hér varðar við virðingu Alþingis. Ég undirstrika það, sem hún sagði, að hér er ekki um flokksmál að ræða. Hún höfðar til afstöðu hvers einasta þm. frjálst og óþvingað, og ég styð það mjög að hver maður láti nú sannarlega brjóstvitið ráða óþvingað. Hvað er betra verkefni og meira við virðingu tímamótanna en að tryggja Þjóðarbókhlöðu öruggan og skjótan framgang. Allt, sem hér er upp talið til verndar landi og öðru, er það verkefni sem hlýtur að koma inn í umr. á Alþ. fyrr eða síðar og er stórmál. En þetta fjármagn, sem hér er lagt til, bjargar því engan veginn og það þarf miklu miklu meiri undirbúning en hér kemur fram að hafi átt sér stað í því sambandi. Ég undirstrika því, að ég mun fylgja þeirri hugmynd að Þjóðarbókhlaðan fái allt fjármagnið ef menn vilja sameinast um það. Að öðru leyti skal ég sætta mig við skiptinguna sem Sigurlaug nefndi.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það er rík ástæða til að taka undir aðfinnslur hv. 9. landsk. þm. um það, hvernig staðið hefur verið að þessu máli. Það er alveg rétt, sem fram hefur komið hjá henni, að Alþ. stendur frammi fyrir gerðum hlut í mjög viðkvæmu máli, að ég hygg, því ég efa það ekki að allir hv. alþm. vilja að einhugur sé um þetta mál og það leysist ekki upp í deilur. En aðfinnslur hennar eru fyllilega réttmætar og ég tek undir þær að öllu leyti. Ég vil þó benda bæði henni og öðrum hv. þm. á það, að hér er síður en svo við seðlabankastjóra einan að sakast, nema hann hafi hæstv. ríkisstj. alveg í vasa sínum. (**Gripið fram í:** Hann gerir það.) Hæstv. ríkisstj. var í lófa lagið að bera þetta frv. undir þingflokka áður en ríkisstj. samþ. það og lagði það hér fram á þingi. En það kemur á daginn, að ekki einu sinni stjórnarflokkarnir höfðu fengið tækifæri til þess að fjalla um það áður en það sást hér í sölum Alþ., hvað þá stjórnarandstöðuflokkarnir.

Ef þessi vinnubrögð hefðu verið viðhöfð og Alþ. sýnd sú virðing sem því ber, þá hefðum við væntanlega losnað við deilur um það, hvort féð skyldi renna til þessa málefnis eða hins, sem er í rauninni ákaflega erfitt að gera upp á milli. Þetta eru málaflokkar sem allir eru fjárvana og brýnt er að sinna. Ég vil því leyfa mér, jafnframt því sem deilt er á vinnubrögð seðlabankastjóra, að deila á hæstv. ríkisstj. fyrir þá framkomu sem hún hefur sýnt hv. Alþingi.

Ég er hlynnt því eins og fleiri hv. þm., að Þjóðarbókhlaðan fái til umráða eitthvað af því fé sem hér á að ráðstafa. En ég vil benda á það, að annað atriði hefði mjög komið til mála og hefði verið nauðsynlegt að ræða í þingflokkum, og það er, hvort átti að stofna sjóð með takmörkuðu ráðstöfunarfé árlega eða hvort átti að úthluta þessum 300 millj. kr. í einu, þannig að verulega sæist árangur þessarar þjóðhátíðargjafar. Ef þessar 300 millj. hefðu runnið óskiptar til Þjóðarbókhlöðu, þá hefði vissulega munað um það. En nú á að saxa þetta niður. Ég hygg að það séu 30 millj. á ári sem á að skipta hér til náttúruverndar og varðveislu fornminja, og þá vaknar sú spurning, hvort muni í rauninni muna mikið um þetta þegar sjóðir rýrna ár frá ári í okkar verðbólguþjóðfélagi.

En það, sem kom mér til þess að kveðja mér hljóðs, voru aðallega þau ummæli hv. 9. landsk. þm., að hún gerði sér ekki vonir um að till. hennar næði fram að ganga hér á Alþ. Mér fyndist það ákaflega alvarlegt mál fyrir Alþ. og fyrir Þjóðarbókhlöðu ef tillaga um framlag til Þjóðarbókhlöðu yrði felld hér á Alþ. Ég óttast að

það verði erfiðara uppdráttar í framtíðinni að fá samþykktir fyrir framlögum til Þjóðarbókhlöðunnar ef Alþ. er búið að fella það að hún fái eitthvað af þessu fé, úr því till. um það er fram komin.

Ég vil því lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel höfuðnauðsyn að ná samstöðu um þetta mál, og því fagna ég því, að till. skuli fram komin nú til þess að n., sem fær þetta til umfjöllunar, geti athugað þetta mál í ró og næði, kynnt sér vilja alþm. og reynt að búa svo um hnútana að málið verði afgreitt með samstöðu. En ég vil ítreka það, að ég held að það sé ekki Alþ. til sóma ef það fellir framlög til Þjóðarbókhlöðu, með allar þær viljayfirlýsingar og till. að baki sem hér hafa verið fluttar um þá stofnun.

Um Þjóðarbókhlöðu að öðru leyti ætla ég ekki að ræða hér við þessa umr. En menntmn. Nd. hefur í vetur heimsótt Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn og við höfum skoðað þar allar hirslur, og okkur er vel kunnugt um að það ástand er algjörlega óviðunandi og þessi mál verður að taka föstum tökum. Og ég verð að segja það fyrir mitt leyti, þó ég hafi fulla samúð með þeim málefnum sem Þjóðhátíðarsjóði er ætlað að sinna samkv. þeirri till. sem hér liggur fyrir, að ég veit ekki hvað það er, sem getur kallast verðmæti þessa lands og íslenskrar menningar, ef það er ekki bókin.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hinn 14. des. s.l. fóru fram umr. hér í Sþ. utan dagskrár einmitt af tilefni sem upp kom 10. des. s.l., en þá bauð bankastjórn Seðlabankans til fagnaðar í tilefni þess, að stjórn Seðlabanka Íslands hafði þá ákveðið að stofnaður skyldi sjóður með þeim hagnaði sem varð af sölu þjóðhátíðarmyntar. Í þessum umr. var nokkuð gagnrýnt að svona skyldi að málum staðið. Hér var og er eitt dæmið um það, að það eru aðilar utan Alþ. sem í raun og veru taka ákvarðanir sem Alþ. ber að taka. Ef ég man rétt, þá kom það fram bæði hjá hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. í þessum umr., að hér væri nú síður en svo um það að ræða að Alþ. stæði frammi fyrir gerðum hlut, þetta yrði nú lagt lagt fyrir Alþ. á sínum tíma. Það mátti jafnvel skilja það svo, að það væri hugsanlegt að ekkert yrði haft með þessar hugmyndir eða till. seðlabankastjórnar og því mætti fastlega gera ráð fyrir því, að önnur veisla yrði haldin til þess að afsegja þessar hugmyndir í því formi sem stjórn Seðlabanka Íslands lagði þær fram.

Þetta hefur auðvitað ekki gerst. Þarna var í raun og veru búið að taka ákvarðanir, búið að binda hendur Alþ. með ákvarðanatöku innan stjórnar Seðlabankans, auðvitað í góðu samstarfi við hæstv. ráðh.

Þetta er kannske ekki stórmál í þessu sambandi. En þetta er eitt af þeim dæmum sem benda hvað skýrast á það, að embættismannakerfið í landinu er alltaf að seilast lengra og lengra inn á það svið sem Alþ. ber að hafa í sinni forsjá. Það gerist æ oftar og í æ ríkara mæli að embættismannakerfið í landinu, hinar og þessar stofnanir eru farnar að taka ákvarðanir, — ákvarðanir sem Alþ. eitt á að taka. Og ef fram heldur sem horfir og ef þm. almennt skera ekki upp herör við háttarlagi af þessu tagi, þá líður ekki langur tími þar til. Alþ. í raun og veru verður kannske óþarfastofnun, allt vald verður falið embættismannakerfinu í landinu og ástæðulaust að hafa starfandi þjóðþing til þess eins að leggja blessun sína yfir ákvarðanatöku hinna og þessara stofnana eftir dúk og disk. Þetta er meginspurningin í sambandi við þetta. Það er hvernig að þessu máli hefur verið staðið. Í mínum huga er það ekkert meginatriði hvort þessum fjármunum verður ráðstafað á þann hátt, sem nú liggur fyrir í tillöguformi frá hæstv. ríkisstj., eða hvort það verður gert á þann hátt, sem hér hefur verið boðað í brtt. Ég vil þó segja það sem mína skoðun, að ég teldi eðlilegra að öllu þessu fjármagni hefði verið varið til byggingar Þjóðarbókhlöðu, öllum þessum 300 millj. Ég hefði talið það æskilegra og hefði léð því stuðning minn. Ég skal jafnframt taka það fram, að ég mun greiða atkv. með þeirri brtt sem hér hefur nú verið boðuð, en ekki er þó búið að útbýta.

Það er ekki nema eðlilegt, svo er orðið sorfið að sumum hverjum hv. stjórnarsinnum í flokksfjötrunum, að þeir séu farnir að velta því fyrir sér, hvort það sé ekki í raun og veru orðið vonlaust að vera að neinu brölti gegn foringjunum í flokknum, gegn flokksfjötrunum og gegn því kerfi sem á þá hefur verið lagt. En sem betur fer eru enn einstaka hv. þm. sem telja það þess vert að brölta og reyna að hrista þetta ok af sér. Þ.á m. er hv. 9. landsk. þm., a.m.k. í þessu máli. Og það er ástæða til þess að fagna því, fagna hverjum þeim einstaklingi, hvar í flokki sem hann er, — fagna því, að menn skuli enn hafa bolmagn til þess að láta sannfæringuna ráða umfram flokksfjötra og fyrirskipanir foringja. Þessu ber vissulega að fagna. Þeir eru allt of fáir, þeir einstaklingar sem telja þetta þess virði að þeir vilji leggja það á sig að leggja út í baráttu fyrir þessari hugsun.

Það er sem sagt fyrst og fremst aðdragandi þessa máls, hvernig það er til komið, sem er sérstök ástæða til þess að gagnrýna. Það væri æskilegt að hv. þm. allir gerðu sér ljóst hvernig embættismannakerfinu hefur í raun og veru tekist að sölsa undir sig vald sem Alþ. eitt á að hafa. Og þetta hefur auðvitað gerst vegna þess að þm. sjálfir hafa ekki veitt mótspyrnu við þessari ásælni kerfisins í landinu. Og ég vil sérstaklega taka undir það, að það er full ástæða til þess að mótmæla slíkum vinnubrögðum. Þegar þessar umr. fóru fram í des. s.l., þá datt mér ekki í hug að boðað yrði til afsalsveislu fyrir hönd stjórnar Seðlabanka Íslands til þess að afþakka hugmyndir þeirra um það, hvernig ætti að verja þessum fjármunum. Staðreyndin er sú, að það var í raun og veru búið formlega að ákveða þetta innan veggja Seðlabanka Íslands með formlegum veisluhöldum í tilefni þessa. Það er þetta sem ber að fordæma og víta, og ég vænti þess, að það verði fleiri hv. stjórnarþm. og fleiri hv. alþm. almennt talað sem nú rísi upp og sýni fram á það, að þeim er það full alvara að láta hér staðar numið og snúa barátttunni inn á þá braut frekar að endurheimta valdsvið Alþ. úr höndum embættismannakerfisins, hvers þáttar þess sem er, og að Alþ. taki upp baráttu fyrir því, að það verði þm. sjálfir, sann-

færing þeirra sem fyrst og fremst ræður afstöðu þeirra til mála hverju sinni.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal reyna að vera ekki mjög margorður um þessa till. sem hér liggur fyrir, og mér finnst ekki sérstök ástæða til þess að tala um þetta mál með neinum óvenjulegum hávaða. Að vísu er það sýnilegt, að hér er upp komið nokkuð alvarlegt vandamál. Það hafa sem sagt safnast saman 300 millj. og það virðist vera eins og oft áður, að þegar menn hafa safnað einhverju saman, þá koma áhyggjurnar og þá koma vandamálin.

En af því að ég kom svolítið við aðdraganda þessa máls, þá get ég ekki komist hjá því að segja aðeins nokkur orð um það og þá meðfram af því að það hefur verið látið liggja að því, að hér hafi verið beitt einhverjum gerræðisfullum vinnubrögðum og gengið fram hjá Alþ. í þessu efni.

Eg vona að ég hafi misskilið hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, en mér fannst hann vera eiginlega hneykslaður á því, að það hafi verið stofnað til þessarar fjársöfnunar með þessum hætti á þjóðhátíðarári þegar erfiðleikar höfðu verið miklir, efnahagserfiðleikar hefðu flætt yfir þjóðina. Ég held nú að mest af því fé, sem hefur komið í þennan sjóð, sé ekki komið frá íslendingum, heldur komið annars staðar að, af því að þessi mynt hefur verið seld annars staðar og þar eru menn sem leggja stund á það að safna mynt. En hafi íslendingar haft efni á því og gert það, að leggja í kaup á þessari mynt, þá hygg ég að þeir hafi ekki skaðast á því, af því að það er eðli þessarar myntar eins og annarrar, sem stofnað er til undir slíkum kringumstæðum, að verðgildi hennar vex nokkuð. En þetta er aukaatriði, og ég vona sem sagt að ég hafi misskilið þm. að þessu leyti, að hann hafi ekki meint þetta, þó að mér fyndist að þetta mætti lesa úr orðum hans.

Aðalatriðið er þetta: Hvernig hefur verið stofnað til þessa? Hefur þar verið gengið fram hjá Alþ. og virðingu þess eitthvað misboðið í þessu sambandi?

Ég leyfi mér að minna á að þjóðhátíðarhald var undirbúið af sérstakri n., sem kjörin var af Alþ. Í þeirri n. áttu fulltrúar allra flokka sæti, þannig að í sambandi við það mál var ekki gengið fram hjá Alþ. á einn eða annan hátt, enda var það svo, að þau hátíðarhöld voru í mínum huga alltaf fyrst og fremst hátíðarhöld Alþingis, og ég lagði fyrir mitt leyti alltaf áherslu á að það væri Alþ. sem ætti að hafa þar forustu en ekki ríkisstj., þó að það kæmi til kasta ríkisstj. með ýmsum hætti. Auk þess var það nú svo, m. a. vegna þeirra erfiðleika, sem upp komu á árinu 1974, og talsvert margra samþykkta sem komu frá mörgum góðum félögum á því ári, að það var dálitill beygur í mönnum við að halda hátíð það ár. Það var ekki látið duga af ríkisstj. hálfu að hafa samráð við þessa þingkjörnu þjóðhátíðarnefnd, heldur voru á fundi, sem ég hélt og kannske voru þar fleiri úr ríkisstj., kvaddir alveg sérstaklega formenn þingflokkanna til þess að fjalla um þau mál sem þjóðhátíðina vörðuðu, ásamt hinni þingkjörnu n., þannig að ég held að það hafi verið algert samkomulag, fullt samkomulag um öll atriði í sambandi við það á milli allra þessara aðila.

Það má segja að þetta atriði, sem nú er verið að ræða, hafi verið eitt af aukaatriðunum í sambandi við þjóðhátíðarárið, við skulum segja eins og kannske sögusýning og fleira, sem stóð ekki alveg beint í sambandi við sjálft þjóðhátíðarhaldið, en var þó talið vel við eiga. Og þessi hugmynd fæddist í Seðlabankanum. En það fer ýmislegt á undan, áður en fæðing á sér stað, og ég skal ekkert segja um hvaðan hugmyndin er runnin, en hún kom þaðan. Og ég held að það sé ekkert óvenjulegt, að það sé einmitt af svona tilefnum gefnir út minnispeningar eða mynt. Ég held að það hafi verið út af fyrir sig eðlilegt. Seðlabankinn gerði þetta ekki upp á sitt eindæmi með neinu gerræði, að stofna til þess arna. Hann hafði fullt samráð við þáv. ríkisstj. um að efna til þessarar útgáfu þjóðhátíðarmyntar, þannig að vissulega var ekki farið neitt á bak við ríkisstj. í því efni. Það var ekki bara það sem venjulega er kallað bankastjórn Seðlabankans, þ. e. a. s. bankastjórarnir, — sem við skulum segja að hugsi ekkert um pólitík, en hafa verið orðaðir við að flokkar eigi þar fulltrúa — sem tóku ákvörðun um þetta, heldur var það bankaráðið líka, og þar er það þó óumdeilanlegt, að allir flokkar áttu fulltrúa í bankaráði Seðlabankans. Till. um þetta var samþ. þar shlj. Þar átti m. a. sæti fulltrúi frá Samtökunum, sem þá voru sameinuð, og hann samþ. þetta auðvitað eins og aðrir. Og sú till., sem var samþ. á sínum tíma í Seðlabankanum, var á þessa lund, eins og segir í grg. með þáltill. og ætti að vera óþarfi að lesa upp, en ég ætla þó að gera það, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Seðlabankans mun í lok þjóðhátíðarársins afhenda ríkisstj. allan ágóða af útgáfu minnispeninganna með tillögum sínum um að honum verði varið til þess að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar sem núlifandi kynslóð hefur fengið í arf.“

Það er sem sagt ekkert annað en till. sem bankaráð Seðlabankans og seðlabankastjórnin gerir í þessu efni og það er ekki nánar kveðið þar á en þetta, að sjóðnum skuli varið til þess að varðveita og vernda þau veðmæti lands og menningar sem núlifandi kynslóð hefur fengið í arf.“ Sjálfsagt er þetta nokkuð víðtækt og getur sitthvað komist undir það. Þó að við höfum verið kannske nokkuð duglegir við það, íslendingar, að eyða jafnóðum því sem við höfum aflað, þá hefur sem betur fer ýmislegt safnast upp hjá kynslóðunum sem er arfur til núlifandi kynslóðar og núlifandi kynslóð hefur, að ég ætla, skilning á að nokkurs sé virði og varðveita þurfi.

Seðlabankastjórn ræddi þessa tillögu við mig. Ég hef að vísu engar bókanir hér við höndina, en ég held að ég muni það örugglega rétt, að ég hafi skýrt frá þessu á fundi hjá þjóðhátíðarnefnd og þar sem formenn þingflokkanna voru. Ég væri ekki tilbúinn að sverja það hér í stólnum, af því að ég er ekki svo minnugur að ég muni það alveg, en ég man ekki til þess að það kæmi nokkur athugasemd við þetta.

Síðan fór svo sala á þessari mynt fram og hún gaf þennan arð sem hér liggur fyrir, auk þess sem það hefur nokkuð verið tekinn þáttur, eins og hér er gerð grein fyrir, í framkvæmdum

sem var nauðsynlegt að gera í sambandi við þjóðhátíðina, eins og Gjábakkavegi, sem vitaskuld stendur áfram og var nauðsynlegur án tillits til allrar þjóðhátíðar.

Þegar svo seðlabankastjórnin gerir reikningsskil um þennan sjóð, þá gerir hún það á fundi að nokkrum samankölluðum. Það má kannske segja, eins og víðar á við, að margir eru kallaðir, en fáir útvaldir. Það hafa sjálfsagt einhverjir ekki verið á þessum fundi sem hefðu alveg eins átt að vera þar og þeir sem voru boðnir þangað. Ég held að það sé óþarfi að vera að kalla það nokkra veislu. Ég man ekki til þess, að það hafi verið mjög mikil veisluhöld sem fram fóru í sambandi við það. En þó svo hefði verið, þá væri það syndlaust að mínum dómi þó menn hefðu gert sér glaðan dag af því að það tókst svona vel til með þessa söfnun, af því að menn sáu það ekki fyrir þá, að þetta mundi valda þessum óskaplegu áhyggjum og vandamáli hér á hv. Alþ., að þessi sjóður skyldi safnast, 300 millj. Og þá gerir seðlabankastjóri grein fyrir þeim till. sem seðlabankastjórnin muni gera, sundurliðaðri en var í þessari ályktun bankaráðsins og bankastjórnarinnar á sínum tíma. En það voru líka aðeins till. og þær fóru til ríkisstj.

Ég svaraði því í vetur, og ég hafði svarað því áður aðspurður hér á hv. Alþ., að ráðstöfun þessa fjár mundi koma til kasta Alþ. Ég fæ ekki séð annað en hafi verið staðið við það fyrirheit. Ég fæ ekki betur séð en það sé verið að standa við það fyrirheit nú, og ég get ekki skilið þá hneykslun sem kemur fram hjá sumum hv. þm., að aðdragandi að þessu hafi verið með eitthvað óvenjulegum og óeðlilegum hætti, hann sé þannig að virðingu Alþ. sé stefnt í voða. Það væri betur ef það væri ekkert annað sem færi með virðingu Alþ. heldur en þetta mál, það leyfi ég mér að segja.

Ég held að það sé ekki hægt að segja að það sé seðlabankastjórnin sem hafi tekið ákvörðun í þessu efni. Hún hefur bara gert till. Þær till. voru ekki bindandi, hvorki fyrir fyrrv. ríkisstj. né núv. ríkisstj. Þær hafa báðar fjallað um þetta mál og núv. ríkisstj. hefur fallist á að gera þetta að till. sinni og leggja það fyrir þingið. En það er auðvitað bara till. frá ríkisstj., alveg eins og hvert annað frv. eða till. sem kemur frá ríkisstj. Alþ. hefur sínar frjálsu hendur eins og endranær til þess að ákveða að taka þau mál eins og það kýs. Og ég held að það hafi ekki verið komið aftan að einum eða neinum í sambandi við að leggja þessa till. fram hér á Alþ., því ég veit ekki betur en ríkisstj. eða hæstv. forsrh. sendi þessa till. á sínum tíma — fyrir alllöngu — a. m. k. til formanna þingflokka. Það hefði átt að berast í hendur hv. síðasta ræðumanns, að ég hygg, því að til formanna þingflokkanna var þetta stílað, ef ég veit rétt. A. m. k. veit ég að það kom til þingflokks framsóknarmanna og þar var hafður sá háttur á, að það var borið undir fund þar og Framsfl. féllst á að þetta væri lagt fram á Alþ., vitaskuld án þess að einstakir þm. væru bundnir við að samþykkja það alveg eins og þarna væri frá því gengið. Það er svo laukrétt, sem hér hefur verið sagt, að auðvitað er þetta ekki flokkspólitískt mál. Þó það nú væri að þm. mættu hafa sína skoðun á öðru eins máli og þessu, hvernig ætti að dreifa út þessum 300 millj., hvort það ætti að gera í einu lagi eða hvort ætti að hafa þarna einhverja sjóðmyndun og verja árlega vöxtunum.

Mér er þess vegna alveg ómögulegt að skilja þá vandlætingu sem fram kemur hjá hv. þm. yfir því, að það hafi verið farið eitthvað fram hjá þeim í þessu efni og það sé meiningin að fara fram hjá þeim. Þetta er núna lagt fyrir þá, það fær eðlilega meðferð, ég geri ráð fyrir að það fari til fjvn. eða til einhverrar n. fer það. Ég heyrði því miður ekki till. um það, en ég býst við að það fari til fjvn. og þá fjallar hún auðvitað um það. Og hver sem er getur auðvitað komið fram með brtt., enda er það ljóst þegar að hv. þm. einhverja a. m. k. brestur ekki kjark til að koma fram með brtt. í sambandi við þetta mál. Auðvitað er ekki neitt við því að segja þó að það sé breytt eitthvað þessari skipulagsskrá, það er algerlega á valdi Alþ. En ég vil nú segja meira, að það er einmitt með þeirri stjórn, sem sett er upp fyrir þennan sjóð, gerð sú ráðstöfun að leggja framtíðarákvörðunarvald í einstökum atriðum varðandi úthlutun úr þessum sjóði í hendur Alþ., þ. e. a. s. fulltrúa sem kjörnir eru af Alþ., af því að meiri hl. stjórnar þessa sjóðs á að vera skipaður þremur mönnum kjörnum af Alþ., og svo einn frá ríkisstj. og einn frá Seðlabanka. Það er því óumdeilanlegt, að eftir þessari skipulagsskrá á Alþ. að hafa þarna ákvörðunarvaldið. Og ef því þykir ekki nóg að hafa þrjá, þá getur auðvitað einhver hv. alþm. komið með till. um að allir fimm skuli kjörnir af Alþingi.

Auðvitað er ekkert eðlilegra en að menn hafi skiptar skoðanir á því, hvernig þessu fé skuli varið, hvort því skuli eytt strax, — það er hvort sem er svo, að það má segja að sjóðmyndanir hér hvetji ekki til eftirbreytni eða hafi ekki gert það að undanförnu, — hvort því sé varið strax til að byggja Þjóðarbókhlöðu eða hvort því sé varið eitthvað í þá átt eða á þann hátt sem lagt er til í þessari till., að það sé þarna til sjóður sem leggur nokkurt handbært fé til á hverju ári til þess að styrkja og styðja við þau markmið sem nefnd eru í skipulagsskránni. Þau markmið eru ekki þannig upp talin þar að þau séu á neinn hátt tæmandi, heldur gefa þau fullkomið svigrúm fyrir stjórn sjóðsins. Jafnframt er tekið fram að þessi tillög eða framlög, sem koma frá þessum sjóði, skuli ekki á neinn hátt skerða fjárveitingar til þessara nauðsynlegu þarfa sem þarna er um að ræða.

Ég biðst afsökunar, herra forseti, að ég hef kannske orðið langorðari en ég ætlaði í upphafi. Aðalatriðið var, að ég vildi undirstrika það, að bæði fyrrv. og núv. stjórn hafa haft þarna hönd í bagga. Það er vissulega ekki sanngjarnt að vera að vísa eitthvað í embættismannavald í þessu sambandi. Það er bara lítilfjörlegt, finnst mér. Við berum ábyrgð á þessu, ríkisstj., og við eigum að taka við ávítum. Hvort sem þær eru réttmætar, þá tökum við við þeim. En að vera alltaf með þessi skot á menn sem ekki eru hér í þingsölunum, þetta embættismannakerfi sem verið er að tala um, ég segi það satt, að það er farið að fara í mínar fínustu taugar.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að leggja fáein orð í þennan belg og þó alveg sérstaklega vegna þess að því máli, sem hér um ræðir, hefur af nokkrum hv. ræðumönnum nánast verið skipt þannig upp, að við komum til með að eiga um það að velja í atkvgr. um brtt., þegar þar að kemur, hvort við séum með eða á móti Þjóðarbókhlöðu.

Ég vil lýsa því, að ég tel mig eins mikinn áhugamann um byggingu Þjóðarbókhlöðu og flesta aðra hv. alþm. Ég tel mig hafa stutt það mál frá upphafi eftir því sem ég hef haft aðstöðu til, og mig langar til að gera það framvegis við hvert það tækifæri sem ég get. Ég tel hins vegar að sú ákvörðun Alþ., sem ég hygg að hafi verið gerð annaðhvort samhljóða eða nokkurn veginn samhljóða á sinni tíð á hátíðlegu þjóðhátíðarári við hátíðlegt tækifæri, hún hafi verið í því fólgin að Alþ. ætlaði að sjá til þess að ríkissjóður legði fram þá fjármuni sem til þess þyrfti að koma upp Þjóðarbókhlöðu og það heldur fyrr en seinna. Þetta átti að vera gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín, ef svo mátti segja, á þessu hátíðarári. Og ég lít þannig á, að með því að gera till. um að þessar 300 millj., sem má í rauninni líta á sem dálítið sérstakan hvalreka, ef till. kemur fram um að þessar 300 millj. eigi að renna alfarið til Þjóðarbókhlöðu öðruvísi en þá sem bráðabirgðalán til þess að brúa eitthvað bil, þá sé í rauninni með því verið að létta af Alþ. þeirri kvöð, sem það tók á sig og taldi ljúfa skyldu á sinni tíð, að útvega Þjóðarbókhlöðu það fé sem þyrfti til þess að hún kæmist upp.

Ég held að það hafi engum dottið í hug þá, að það ætti að fjármagna Þjóðarbókhlöðuna með einhverjum hvalreka, eins og ég segi, ágóða nánast af þjóðhátíðinni eða sölu þjóðhátíðarmyntar. Með þessum hætti væri í rauninni aðeins verið að létta af Alþ. að einhverju leyti þeirri skyldukvöð. Ég hélt það væri í rauninni ljúf skylda Alþ. að standa við fyrirheit sitt um að byggja Þjóðarbókhlöðu. Það er svo ekki á hverjum degi sem þess er í rauninni kostur að fá 300 millj. kr., jafnvel verðbólgukróna, til þess að vernda ýmsar mikilsverðar sögulegar minjar og til þess að vernda landið. Því miður er það ekki svo, að þær séu tiltækar til ráðstöfunar hér hjá okkur eða okkur finnist það svona á hverjum degi.

Ég vil skjóta því til þeirra sem telja að það sé nauðsynlegt fyrir Alþ. að sýna myndarskap í því að breyta þessari skipulagsskrá, að ég er tilbúinn til þess að vera meðflm. að till., ef mér sýnist að hún hefði eitthvert umtalsvert fylgi, að Alþ. sýni, að það er húsbóndi Seðlabankans, á þann hátt að inn í þessa skipulagsskrá verði skotið ákvæði um, að Seðlabankinn væri skyldur til þess að verðtryggja að fullu þessar 300 millj., þannig að þær komi að þeim bestu notum sem hugsast getur. Slík till. þjónar einnig því markmiði, sem ég held að fyrir öllum vaki, að þessar 300 millj. komi raunverulega að gagni til þess, eins og segir í þessum drögum að skipulagsskrá sem hér liggja nú fyrir og hægt er, eins og þegar hefur verið tekið fram, að breyta eftir því sem Alþ. vill, að tilgangur þessa sjóðs er nákvæmlega sá sem Alþ. í rauninni mótaði á sínum tíma í sambandi við þjóðhátíðarhaldið, að fé skyldi notað til þess að vinna að og vekja áhuga á því að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf. Ef hv. þm. telja að þetta mál sé alveg sérstaklega til þess fallið að heyja þá frelsisbaráttu sem hv. 5. þm. Vestf. var að tala um hér áðan, þá held ég að það væri best gert með því að flytja brtt. um þetta, að skylda Seðlabankann til þess að verðtryggja þennan sjóð að fullu.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég tel það mjög æskilegt og skynsamlegt, ef einhvern tíma stæði þannig á að Alþ. hefði ekki sinnt þeirri skyldu sinni, sem það var búið fyrir löngu að taka á sínar herðar, að ætla nægilegt fjármagn til byggingar Þjóðarbókhlöðu, að þá væri hægt að brúa eitthvert bil með því að taka einhvern hluta af þessum sjóði að láni sem síðan yrði endurgreitt þegar Alþ. sýndi þann myndarskap, sem ég trúi ekki öðru en það geri, þegar allar teikningar eru tilbúnar og hægt að fara að vinna að þessu. Það hefur tekið óeðlilega langan tíma, að ég hygg, að leggja fram það fé sem það er margbúið að heita í þessu skyni.

Ég get lýst því yfir, — og ég vil þá vitanlega taka afstöðu til málefnisins, en ekki þess, hverjir hafa undirbúið þetta mál, — ég get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að ég tel þessa skipulagsskrá skynsamlega og get fylgt henni, en teldi mjög æskilegt, ef samstaða næðist um það, að þessi sjóður yrði verðtryggður. Þá er ég ekki í neinum vafa um að hann kemur í framtíðinni að mjög miklu gagni í sambandi við þau mörgu og afar mikilvægu verkefni sem honum er ætlað að sinna.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrst almennar umr. hafa hafist um þessa till. tel ég rétt að það komi fram, að ég fyrir mitt leyti er tillgr. fylgjandi og mun greiða henni atkv.

Ég tel það hafa verið ágæta hugmynd að gefa út þjóðhátíðarmynt í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi 1974 og tel framkvæmd málsins hafa tekist vel.

Ég tel þau ákvæði í tillögum að skipulagsskrá, sem kveða á um markmið sjóðsins, vera skynsamleg. Það segir að tilgangur sjóðsins eigi að vera að veita styrki til stofnana og annarra aðila er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf. Þetta er verðugt verkefni fyrir þennan sjóð sem orðinn er til með þessum hætti. Þar segir enn fremur að fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skuli renna til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og að annar fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skuli renna til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Eru þetta hvort tveggja mikil nauðsynjamál.

Að öðru leyti á stjórn sjóðsins að úthluta ráðstöfunarfénu hverju sinni í samræmi við megintilgang sjóðsins.

Erindi mitt var það eitt að láta koma fram, að ég er fylgjandi tillgr. og mun greiða henni atkvæði.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fyrst nokkur orð um þá staðhæfingu nokkurra hv. þm., að aðdragandi þessa máls beri því vitni að stofnun utan Alþ. sé að seilast inn á valdsvið Alþingis og taka sér vald sem þeirri stofnun ber ekki, en Alþingi einu. Hæstv. dómsmrh. gerði þessu atriði að vísu mjög skilmerkileg skil í ræðu sinni, en ég vil þó draga saman í örfáum atriðum það sem máli skiptir.

Í fyrsta lagi ákveður bankastjórn Seðlabankans að gefa út þjóðhátíðarmynt, skýtur þeirri ákvörðun til þingkjörins bankaráðs Seðlabankans og hefur samhliða þessu samráð við þá aðila sem undirbúa hátíðarhöld á þjóðhátíðarári, þ. á m. þingkjörna þjóðhátíðarnefnd. Í kjölfar samþykkta bankastjórnar og bankaráðs Seðlabanka er málið borið sérstaklega undir ríkisstj., fyrrv. ríkisstj. sem samþykkir þessar fyrirætlanir. Þá er að vísu búist við einhverjum ágóða af þessari útgáfu þjóðhátíðarmyntar, en það var ekki efni til þess að fara nánar út í hver tilgangur með ráðstöfun þess ágóða ætti að vera í einstökum atriðum fyrr en á daginn kæmi hver sá ágóði yrði. Þegar reikningsskil liggja fyrir og raunar nokkru áður er borið undir núv. ríkisstj. hvort hún sé samþykk meginstefnumiðum sem áður hafði verið lýst, og svo reyndist. Tvívegis hefur þetta mál borið á góma hér á Alþ. og í bæði skiptin verið lýst yfir að til kasta Alþ. kæmi endanlega varðandi ráðstöfun þessa fjár. Og nú er að því komið. Till. sú, sem hér er á dagskrá, hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að heimila ríkisstj. að setja Þjóðhátíðarsjóði þá skipulagsskrá sem prentuð er með ályktun þessari."

Alþ. er í sjálfsvald sett hvort það fellst á þessa till. eða hvort Alþ. breytir þessari till. Þannig hefur að engu leyti verið farið fram hjá Alþ. eða virðing Alþ. verið skert, og því er óþarfi að vera með þau stóryrði sem ýmsir hv. þm. höfðu um það efni.

Ég vildi sérstaklega láta það koma fram, að ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e. í garð fjarstadds manns, sem ekki hefur tilefni til að bera hönd fyrir höfuð sér, eru mjög ómakleg. Hér er um að ræða formann stjórnar Landsvirkjunar sem er einnig bankastjóri í Seðlabanka. Í báðum tilvikum er hann bundinn ákvörðunum þingkjörins bankaráðs annars vegar og þingkjörinna og borgarstjórnarkjörinna manna hins vegar, þar sem Landsvirkjun á í hlut, þannig að það eru þessir aðilar sem bera ábyrgð á gerðum Landsvirkjunar sem hv. þm. hafði sitthvað við að athuga. En það er annað mál og ekki hér á dagskrá.

Ég hlýt einnig að gera sérstaka athugasemd við þau ummæli hv. 1. landsk. þm., þar sem hann taldi að fjárhagsleg útkoma þjóðhátíðarinnar gæfi ekki tilefni til þess að Seðlabankinn hefði leyfi til að gera till. um ráðstöfun þessa sjóðs. Samkvæmt því, sem greint er frá í aths. við þáltill., hefur afkoma þjóðhátíðarhaldanna verið á þann veg að ekki er ástæða til annars en að fara þeim orðum þar um, að hyggilega hafi verið á málum haldið af hálfu þjóðhátíðarnefndar og af forsjálni. Ef miðað er við bókfært verð þeirra birgða, sem þjóðhátíðarnefnd skilaði af sér, og útlagðan kostnað við ritun og útgáfu Sögu Íslands, þá er um nettóskil að ræða af hálfu þjóðhátíðarnefndar. Að vísu skal fram tekið að óvíst er um verðmæti umræddra birgða, en á hinn bóginn skulum við líka hafa í huga að þjóðhátíðarnefnd fékk engar þær fjárveitingar frá Alþ. til þessa þjóðhátíðarhalds sem umtalsverðar séu. Ég hygg að það komi fram í aths., að fjárveitingar til n. samkvæmt fjárlögum allan þann tíma sem þjóðhátíðarnefnd starfaði muni ekki hafa náð 5 millj. kr. samtals. Því er ekki óeðlilegt að með ágóða af sölu þessarar þjóðhátíðarmyntar hafi verið gerðir upp reikningar ýmissa þeirra framkvæmda og athafna á þjóðhátíðarári sem þar er gerð grein fyrir. Eftir það uppgjör er til ráðstöfunar stofnfé þess sjóðs sem við hér höfum rætt um.

Ég vil einnig gera það að umtalsefni, hvort stofnun þessa Þjóðhátíðarsjóðs skerði að einhverju leyti framkvæmd byggingar þjóðarbókhlöðu eða tefur þá framkvæmd.

Ég ræddi þetta mál nokkuð í framsöguræðu minni í gær og gat þess þá, að við hæstv. menntmrh. höfum ekki aðeins á þeim fundi, sem ég þá vitnaði til að haldinn hefði verið með byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðu í byrjun þessa árs, við höfum einnig haldið aðra fundi með þessari byggingarnefnd í tilefni af fjárveitingum til þessarar framkvæmdar, og á þessum fundum og í viðræðum við byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðu hefur verið lögð áhersla á að byggingarnefnd héldi ótrauð áfram undirbúningi byggingarframkvæmda og undirbyggi þær til útboðs og léti ekkert tefja sig í þeim efnum eða hamla því að fullur hraði væri á hafður.

Hv. 8. landsk. þm. hafði orð á því, að aðgerðaleysi hefði ríkt í undirbúningi Þjóðarbókhlöðu. Ég veit að hv. þm. beinir þessum orðum tæpast sem gagnrýni til byggingarnefndar Þjóðarbókhlöðu. En sannleikurinn er sá, að hafi aðgerðaleysi ríkt í undirbúningi Þjóðarbókhlöðu, þá er eingöngu við byggingarnefndina að sakast. Ég er ekki sammála því. Ég hygg að hún hafi haldið fram undirbúningsathöfnum eins og unnt var af henni að krefjast. Skýringin á því, að undirbúningur hafi tekið svo langan tíma sem raun ber vitni, er sú, að hér er um viðamikið verk og vandasamt að ræða.

Fyrir liggur að fjármunir eru nægilegir á yfirstandandi ári til þess að unnt sé að hefja byggingu Þjóðarbókhlöðu og halda fullum byggingarhraða. Ég minntist á þann möguleika í framsöguræðu minni í gær, að flýta mætti byggingarframkvæmdum á næsta og þar næsta ári með því að taka að láni úr fyrirhuguðum Þjóðhátíðarsjóði fjármagn til viðbótar hækkuðum fjárveitingum Alþ. þau tvö ár. Fjárveiting á yfirstandandi ári til byggingar Þjóðarbókhlöðu er 50 millj. kr., og ég tel eðlilegt að sú fjárveiting hækki á næsta ári. Sé slíkt lánsfé til viðbótar á því ári og e. t. v. á árinu 1979 kvíði ég engu um það, að ekki verði unnt að halda fullum byggingarhraða í þessum framkvæmdum. En við þetta má bæta, að í lok ársins 1979 verður því átaki lokið sem alþm. sameinuðust um, þ. e. a. s. landgræðsluáætluninni er alþm. sameinuðust um á þingfundi á Þingvöllum á þjóðhátíð, og þá er

eðlilegt að beina því átaki, sem þessi árin hefur beinst að landgræðslunni, til byggingar þjóðarbókhlöðunnar sem algjör einhugur hefur ríkt um hér á hv. Alþingi.

Þess vegna hygg ég að það séu ekki efni til að fara í meting um það, hvort verja skuli þessum fjármunum til byggingar Þjóðarbókhlöðu eða hvort við höfum efni á því að stofna þann sjóð sem þáltill. gerir ráð fyrir. Ég er þeirrar skoðunar, að við höfum efni á hvoru tveggju, og raunar ber okkur skylda til hvors tveggja, vegna þess að samhliða landgræðslu annars vegar og byggingu Þjóðarbókhlöðu hins vegar eru margvísleg verkefni er lúta að varðveislu þess arfs, er við höfum hlotið af landi og menningu þjóðarinnar, sem nauðsynlegt er að hlúa að. Og tilgangur þessa sjóðs er einmitt sá.

Hv. 3. þm. Reykn. minntist á þann möguleika, að verðtryggja Þjóðhátíðarsjóðinn, og ég tel þá till. vel þess virði að hún sé athuguð og jafnvel sé slíkt ákvæði í væntanlega skipulagsskrá sett. En að öðru leyti get ég tekið undir þau orð er hv. þm. viðhafði hér áðan.

Ég vil svo aðeins að lokum leggja á þá áherslu, að Alþ. hefur hér síðasta orðið, og ég bið alþm. sérstaklega um að taka afstöðu skv. efnisinnihaldi málsins, þótt eitthvað sé athugavert varðandi formhlið þess, aðdraganda og undirbúning. Að mínu áliti, eins og ég hef fært rök að, skiptir aðalmáli hvert efnisinnihald málsins er. Hv. 5. þm. Vestf. var annarrar skoðunar. Hann taldi ekki aðalatriði málsins efnisinnihaldið, heldur hitt, að fá úr því skorið hvort alþm. séu sjálfstæðir. Ég tel að sjálfstæði alþm. komi fram í því að gera sér efnislega grein fyrir málum og taka afstöðu skv. því og láta það ekki hafa áhrif á sig þótt aðrir hafi góðar till. fram að færa. Þótt góðar till. fæðist utan sala Alþ. geta alþm. ekki verið þekktir fyrir, hvað þá heldur sýnt sjálfstæði sitt með því að hafna góðum till. af því að þær fæddust utan þingsala og ekki með þeim sjálfum. Slíkt væri vissulega fyrir neðan virðingu Alþingis.

Ég vænti því að mál þetta fái efnislega meðferð og hljóti lyktir sem verða megi til farsældar landi og lýði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki tala lengi, bæti því við, að ég mun meira að segja gera sérstakar ráðstafanir til þess að reyna að standa við þetta fyrirheit.

Ég hygg að hæstv. forsrh. hafi einfaldað nokkuð frásögn sína af ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar áðan, er hann taldi að það væri sjónarmið 5. þm. Vestf. að alþm. gætu aðeins sýnt sjálfstæði sitt með því að taka óefnislega afstöðu gegn till. ríkisstj. Hér sleppir hæstv. forsrh., eins og hæstv. dómsmrh. á undan honum, ósköp einfaldri frásögn af umr. 10. des. um mál þetta, en tilefnið var frétt í opinberum fjölmiðlum af því að seðlabankastjórnin hefði efnt til samkvæmis — veisla var það nú ekki nefnt — að viðstöddum forseta lýðveldisins, þar sem tilkynnt var stofnun Þjóðhátíðarsjóðs þess sem ríkisstj. leggur nú fram till. hér á Alþ. um að stofnaður verði. Síðan hafa ráðh. gengið fram, maður eftir mann, til þess að rökstyðja það hér á hv. Alþ. að Þjóðhátíðarsjóðurinn, sem til varð í des., hafi alls ekki verið stofnaður enn þá. Hitt vita þó allir hv. alþm. furðuvel, að ástæðan fyrir mótmælum hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur þá og enn nú, sem ég hef að vísu alls ekki þakkað henni enn eins og skyldi fremur en ýmislegt annað, hún var sú, ástæðan var sú, að það vissu allir, þm. hérna vissu það, að þessi sjóður hafði þegar verið stofnaður með pompi og prakt, eins og frá var sagt, og frá þeirri staðreynd munu ráðh. alls ekki skrökva sig á síðasta vetrardag 1977.

Við skýrum þetta mál ekki ákaflega mikið til viðbótar. Þetta er allt saman deginum ljósara í vitund okkar alþm. Hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson þarf ekki, — hann gerði það að vísu ekki, eyddi ekki í það mörgum orðum, — þarf ekki að endurtaka neitt það sem hann sagði um það, með hvaða hætti þessi myntsláttusjóður Seðlabankans varð hagleg geit fyrrv. ríkisstj. og hefur reynst núv. ríkisstj. líka. Það er ekki aðeins stjórn Seðlabankans, sem fór út fyrir valdsvið sitt í sambandi við fjárveitingar á þjóðhátíðarári. Það gerði ríkisstj. líka. Það var varið fé til Gjábakkavegar, ef mig minnir rétt, fyrir utan allar fjárveitingar. Þjóðin vissi það. Skáldin kváðu um það. Hagyrðingur í hverjum fjórðungi setti saman vísu um það, hvernig hæstv. þáv. forsrh. hefði þvingað fé út úr hv. þáv. fjmrh. í þessu skyni. Ég man eina tiltölulega meinlausa stöku í þá veru og mun fara með hana, með leyfi hæstv. forseta, kveðna norður í landi:

„Fjármála er voðinn vís
vill þó stjórnin tóra,
eins og bústinn auragrís
Ólafur kreistir Dóra.“

Það var því á allra manna vitorði að þessi myntsláttusjóður var notaður til þess að fylla upp í óheppileg göt eftir puttana á fleiri mönnum en bankastjóra Seðlabankans.

Ég skal taka undir það, að það væri ákaflega æskilegt að við hefðum nú í landinu þess háttar ríkisstj., setta saman úr þess háttar efni, að það þýddi að beina að henni geiri sínum eða skotum, að hún væri það þétt fyrir að það væri naglhald í henni. En ríkisstj. eins og þessi, sem sett er saman eins og einhvers konar rörhlaup, frethólkur, eins og þess háttar byssur voru kallaðar vítt um land, fyrir seðlabankastjórnina, hún er bara þess háttar að ef skotið er að henni, eins og hæstv. dómsmrh. mæltist til, var tekið fram af fullkomnum drengskap, — ef skotið er að henni, þá er hún ekki í hættu því hún er opin í báða enda. Það er sá, sem stendur fyrir aftan hana, sem er í hættu. Í þessu tilfelli er það seðlabankastjóri.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þetta mál öllu meira, en það var aðallega ræða hæstv. viðskrh. sem gaf mér tilefni til þess að segja hér örfá orð til viðbótar.

Ég heyrði ekki betur en að hæstv. viðskrh. talaði á þeim nótunum að við, sem hér höfum verið að gagnrýna meðferð þessa máls, værum að gagnrýna þjóðhátíðarhöldin þjóðhátíðarárið og hvernig að þeim hefði verið staðið. Það er mesti misskilningur. A. m. k. hef ég ekki gagnrýnt það.

Það, sem hér er verið að gagnrýna er að stjórn Seðlabankans hefur ákveðið, ákvað í des. s. l., að stofna sjóð með þeim fjármunum sem urðu afgangur af andvirði seldrar þjóðhátíðarmyntar. Og hæstv. viðskrh. sagði út af því, sem ég hafði hér um rætt, að boðið hefði verið til samkvæmis, að það hefði einungis verið gert til þess að fagna hversu mikill hagnaður varð af hátíðinni. Ég held að hæstv. viðskrh. sé ekki alveg með á nótunum ef hann heldur þessu fram. Með þáltill. þessari, sem ríkisstj. flytur, er birt fskj. á bls. 5 og það er ávarp seðlabankastjóra, Jóhannesar Nordals, og í upphafi þessa ávarps segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér er það sönn ánægja að mega fyrir hönd bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans bjóða gesti okkar velkomna hingað í dag. Svo sem yður er kunnugt" — og nú bið ég hæstv. viðskrh. að taka eftir — „Svo sem yður er kunnugt, er tilefnið að gera grein fyrir stofnun sjóðs að þeim ágóða sem orðið hefur af sölu þjóðhátíðarmyntar 1974 og tillögum bankans um ráðstöfun hans."

Tilefni samkvæmisins var að gera grein fyrir sjóðsstofnun, ekki að fagna upphæðinni sem átti að fara í sjóðinn. Vel má vera að það hafi verið með, hv. þm. skilur hugsanagang þeirra í kerfinu, en aðaltilefni þessa samkvæmis var það, að það var verið að stofna sjóðinn. Fram hjá þessu er ekki hægt að ganga. Oftast er það nú svo, ef menn vilja halda samkvæmi í tilefni einhvers, við skulum segja afmælis, þá gera menn það yfirleitt á afmælisdaginn sjálfan eða þá einhvern tíma á eftir, ekki fyrir fram. Venjulegast er það svo.

Það fer því ekkert á milli mála, að hér var búið að taka þessa ákvörðun þegar í desember af bankastjórn Seðlabankans. Það er augljóst mál. Hvað sem hæstv. viðskrh., hæstv. forsrh. eða aðrir hæstv. ráðh. segja um þetta, þá var þessi ákvörðun í raun og veru tekin utan veggja Alþ., og það er það sem er verið að gagnrýna. Það er útúrsnúningur hjá hæstv. forsrh. þegar hann segir hér áðan og hefur eftir mér, að ég telji efnisatriði málsins ekkert aðalatriði. Það er rangt. Ég sagði einmitt áðan að ég ætlaði ekki að gagnrýna það sem ríkisstj. legði til að gert væri við andvirði þessa. Ég ætlaði ekki að gagnrýna það. Það, sem ég fyrst og fremst vildi gagnrýna og gagnrýndi, var meðferð málsins og hvernig að því var staðið í byrjun. Ég held að hvað sem menn segja hér um þetta og reyna að verja þessar gerðir, þá er það augljóst öllum, sem sjá vilja, að hér er gengið í raun og veru fram hjá Alþ., og þetta er kannske það minnsta eða smávægilegasta sem gerist í þeim efnum. Það eru miklu afdrifaríkari ákvarðanir sem eru teknar utan veggja Alþ. í ýmsum málum sem á að taka hér. Og hvað sem því líður, að gagnrýni mín og annarra á kerfið sé farin að fara í fínustu taugar hæstv. viðskrh., þá verður því ekki breytt, a. m. k. ekki af minni hálfu, af því að ég tel að það sé full þörf á gagnrýni í þessum efnum, en auðvitað ekki bara á þá. Þm. hafa sjálfir á liðnum árum látið mál þróast á þennan veg. Þeir hafa afsalað sér að verulegu leyti því valdi sem þeir eiga að hafa og eiga að beita.

Ég vil þakka núv. hæstv. forseta fyrir þá nafngift sem hann gaf orðum mínum hér áðan, þegar hann kallaði þetta frelsisbaráttu. Það er í orðsins fyllstu merkingu raunveruleg frelsisbarátta, — frelsisbarátta í þá átt að þm. verði frjálsir að því að taka ákvarðanir skv. eigin sannfæringu og til efnisatriða mála hverju sinni, en ekki að skipan forustumanna eða foringja í hinum og þessum flokknum. Slík frelsisbarátta er vel þess virði að hún sé háð.

Ég skal gleðja hæstv. forseta með því, að ég skal flytja með honum till. um að verðtrygging verði sett á það fjármagn sem hér um ræðir og Seðlabankinn verði þannig skikkaður til að verðtryggja þetta fé. Það mun ekki standa á mér í þeim efnum.

Varðandi hitt, eins og hér hefur komið fram, að Alþ. hafi ákveðið að sjá fyrir fjármagni til byggingar Þjóðarbókhlöðu, það er alveg rétt. Alþ. ákvað það á sínum tíma. En það hefur dregist að það loforð væri efnt, við þá ákvörðun væri staðið, og það er ekkert sem bendir til þess frekar nú, að það eigi að standa við það á næstunni að veita það fjármagn sem til þarf til byggingar Þjóðarbókhlöðu, eins og búið er að lofa. Það er því ekki að ástæðulausu að upp koma hugmyndir um að verja þessu fjármagni til byggingar Þjóðarbókhlöðu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En ég ítreka að sú gagnrýni, sem hér hefur komið fram, er fyrst og fremst á það, hvernig hefur verið staðið að þessu máli í byrjun. Hugmyndin — já, og fæðingin, sagði hæstv. viðskrh., hefði átt sér stað í Seðlabankanum. A. m. k. virðist vera augljóst að það kom undir í Seðlabankanum, það afkvæmi sem hér er lagt fyrir Alþingi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér segir svo hugur að ein gömul persóna úr Íslandssögunni brosi nú nokkuð og jafnvel meira, að það skuli hafa komið fram, er hann hafði hug á á sínum tíma, að Alþingi Íslendinga tækist á um skotsilfur nokkurt og deildi hart og hver seildist eftir því sem hann gæti náð í. En ég skal ekki hafa fleiri orð um þá viðleitni fyrir mörgum árum, þó það hafi tekist að endurvekja þá hugmynd í dag.

Það er staðreynd að ályktunin er á þessa leið: „Alþ. ályktar að heimila ríkisstj. að setja Þjóðhátíðarsjóði þá skipulagsskrá sem prentuð er með ályktun þessari."

Ég gagnrýndi aðdragandann að þessu máli, því það er búið að stofna sjóðinn og það segir á bls. 6, í ræðu seðlabankastjórans:

„Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem Seðlabankinn hefur ráðist í útgáfu sérstakrar minningarmyntar í ágóðaskyni hlaut það að vera nokkurt álitamál hversu með skyldi fara." Auðvitað hlaut það að verða álitamál. Og hann segir síðar, að verið sé að „verja svo miklum fjármunum til þarfa utan við verksvið bankans."

Hugmyndin fæddist þar, og hún er góð sem slík. Ég er ekki að deila á það. Og það var rétt hjá hæstv. viðskrh., að hann misskildi það sem ég vildi sagt hafa. Ég var ekki að deila á það, að okkur skyldi hafa áskotnast þetta fjármagn. Ég var að deila á það, hvernig þetta kom hér inn í þingsalina, og geri það hiklaust.

Ég tel, þar sem loforð um Þjóðarbókhlöðu er svo gamalt sem raun ber vitni, að þá hafi Alþ.

brugðist. Og af því að þetta átti sér stað, þessir aurar komu nú í kassann og eru til, tel ég það viðeigandi, fremur en að fara í það sem þetta mál gengur út á, að standa nú við gefin loforð og ráðstafa þessum fjármunum, helst öllum, í Þjóðarbókhlöðuna og koma henni á öruggan veg, því að ekkert er meira verðmæti að mínu mati en að varðveita hér okkar lífsskilyrði í landinu ásamt bókmenntum. Það, sem þessi till. fjallar um, er að öðru leyti góðra gjalda vert, en það mun kosta hundruð milljóna, mörg hundruð milljónir eða jafnvel milljarða í framtíðinni. Það er svo stórt og mikið verkefni og þarf margfaldan undirbúning til þess að framkvæma það skynsamlega.

Á bls. 7 segir, með leyfi forseta, örstutt:

„Seðlabankinn sér um varðveislu sjóðsins og mun leitast við að ávaxta hann með sem hagkvæmustum kjörum."

Auðvitað hlýtur verðtrygging að vera innifalin í þessum orðum í jafnmiklu verðbólguþjóðfélagi og við búum við.

Að öðru leyti vil ég taka undir orð hæstv. forseta um að þjóðhátíðarnefnd stóð sig með sóma. En Alþ. stóð sig ekki með sóma með styrk og stuðningi við starf hennar, og það var um tíma svo, að ég og fleiri drógum í efa að hér væri meiri hl. á Alþ. fyrir að halda þjóðhátíðina á sínum tíma. En ég og nokkrir fleiri alþm. vorum alltaf mjög harðir talsmenn þess að hún félli ekki niður og yrði haldin á Þingvöllum sameiginlega fyrir alla þjóðina.

Forsrh. hefur lýst yfir, að að hans mati höfum við efni á hvoru tveggja. Það er gott að heyra slíka yfirlýsingu af hendi hans. Það er gott að heyra það. En svo heyrir maður að við þurfum nú að herða sultarólina æðivíða, og það eru nokkuð mismunandi skoðanir sem koma hér fram. Þetta áform, sem greint er hér frá á bls. 8 og 9, er svo stórkostlegt, að það mun kosta, eins og ég sagði áðan, stórfé og þarf að athuga það mál mjög gaumgæfilega og leggja um það sérstaka áætlun fyrir Alþ. Það getur vel verið að hann viti um einhver úrlausnarefni og láti þá Seðlabankann gefa út aðra mynt í annað sinn og þriðja sinn og fjórða sinn o. s. frv. og þar sé lausnin fundin. En þá skulum við ákveða Seðlabankanum þetta verksvið, því að hann segir hér sjálfur að þetta er utan við verksvið sitt.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa þessi orð fleiri. Ég undirstrika það, að ég teldi það vel gert að ráðstafa þessu fjármagni í heilu lagi til Þjóðarbókhlöðu. Við getum síðan tekið til umr. þetta mál um þjóðhátíðarsjóð, að tryggja honum sómasamlegt fjármagn skv. þeim till. er liggja hér fyrir í fyrsta skipti til umr. á Alþ.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég fann mig tilknúinn að standa hér upp og segja nokkur orð þegar hv. 5. þm. Vestf. las hér upp úr grg. um Þjóðhátíðarsjóð og till. um sjóðsstofnun úr ávarpi seðlabankastjóra Jóhannesar Nordals. Hann las upphafsorð seðlabankastjóra úr ávarpi sem hann flutti á fundi í Seðlabankanum 10. des. 1976. Ég hefði gjarnan viljað, til þess að geta talið það góðan málflutning, að virðulegur þm. hefði vitnað meira í þetta ávarp. En það sem forseti hefur beðið mig um að vera stuttorðan, þá mun ég reyna að stytta mál mitt og lesa bara kafla af því sem ég hafði óskað eftir að heyra hv. 5. þm. Vestf. lesa, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem Seðlabankinn hefur ráðist í útgáfu sérstakrar minningarmyntar í ágóðaskyni, hlaut það að vera nokkurt álitamál hversu með ráðstöfun hagnaðarins skyldi farið af Seðlabankans hálfu. Tók stjórn bankans þetta mál til meðferðar og umræðu við ríkisstj. þegar í lok ársins 1973 og áður en í útgáfu myntarinnar var endanlega ráðist. Leiddi þetta til eftirfarandi meginniðurstöðu.

Annars vegar taldi stjórn bankans óeðlilegt að hún tæki upp á sitt eindæmi ákvörðun um að verja svo miklum fjármunum til þarfa utan verksviðs bankans, enda þótt enginn vafi leiki á um formlega eignaraðild að þessu fé. Var því ákveðið að bankinn gerði till. um þetta efni til ríkisstj. sem síðan tæki endanlega ákvörðun um ráðstöfun fjárins.

Hins vegar lagði bankastjórnin þá þegar fram þá hugmynd við ríkisstj., að væntanlegum hagnaði yrði „varið til að varðveita og vernda þau verðmæti lands og menningar, sem núlifandi kynslóð hefur tekið í arf," eins og það er orðað í samþykkt bankaráðsins."

Ég get ekki betur séð en að seðlabankastjórnin og seðlabankastjórinn, sem hér hefur legið undir ámæli, hafi að einu og öllu farið eftir þeim leiðum sem þm. í flestum tilfellum mundu hafa samþ. eða jafnvel óskað eftir, þ. e. að Seðlabankinn hefði samráð við ríkisstj., því varla geta þm. ætlast til þess að við hvert þrep, sem þarf að stíga í svona málum, sé það lagt sérstaklega fyrir Alþ. Ríkisstj. er best til þess fallin að taka slíkar ákvarðanir.

En það segir síðar í þessu ávarpi, að ríkisstj. muni síðan leggja fram till. til þál. um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, og það er það sem hún er að gera.

Við erum að rífast hér um árangur af hugmynd sem stjórn Seðlabankans ber upp í bankaráði Seðlabankans og fær samþykkt ríkisstj. til að framkvæma. Ég verð að segja, að mér finnst það vera langt gengið, en ég verð að segja það líka, að ég hef visst gaman af þessu, því síðan ég kom á Alþ. er þetta í fyrsta skipti sem ég hef hlustað á umr. um vandamál sem skapast vegna tekna umfram útgjöld. Og það liggur við að ég hugsi: Hvernig væri Alþ. statt ef við hefðum tekjur umfram útgjöld á fjárlögum.

Ég hef nú hlustað á málflutning margra þeirra hv. þm. sem tekið hafa til máls, en ekki allra. En mér finnst ekki hafa komið fram verðskuldað þakklæti til Seðlabankastjórnarinnar fyrir þá hugmynd sem hún hratt í framkvæmd og hefur skilað góðum árangri. Eins og við vitum, þá er þetta nettóupphæð af kostnaði við þjóðhátíðina, sem um er rætt, og mér finnst ekki heldur hafa komið hér fram á Alþ. nógu skýrt þakklæti til þjóðhátíðarnefndar sjálfrar fyrir hennar verk. Ég held að samstarf þjóðhátíðarnefndar og Seðlabankans í fjáröflun hafi gert það að verkum að við gátum með sóma haldið virðulega upp á þjóðhátíðarárið, og það var mikið atriði fyrir okkur, bæði Alþingi og þjóðina alla.

Ég vil lýsa andstöðu minni við þá brtt., sem fram er komin frá hv. 9. landsk. þm. og fleirum, og mun styðja þessa þáltill. um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð. Allt tal um þjóðarbókhlöðuna verður að vera á annan hátt. Hún verður að vera fjármögnuð eins og aðrar framkvæmdir á vegum ríkisins á eðlilegan hátt. Við skulum taka ákvörðun um það, hvort við viljum gera þjóðarbókhlöðuna að sérstöku forgangsverkefni. En það er allt annað mál. Ég hefði sjálfur getað komið með allt aðrar till. en Seðlabankinn. Nokkrir þm. hafa komið með aðra till. en ríkisstj. hefur gert að sinni í samráði við upphafsmenn að stofnun þessa sjóðs. Við getum komið með 60 till. hérna um notkun fjárins. Ég held við verðum að treysta ríkisstj. og þeim, sem útvegað hafa þessa peninga með mikilli og góðri vinnu, til þess að gera vitræna till. um notkun á því umframfé sem hún skilar. Og ég vil lýsa furðu minni á umr. sem þessum, að við skulum vera búnir að halda Alþ. frá því kl. 2 þangað til núna kl. 4.05 eða allan þennan fundardag til að ræða um umframtekjur, tekjur umfram gjöld á þjóðhátíðarárinu. Fyrr má nú vera!

Ég skil ekki hvernig hv. 5. þm. Norðurl. e. getur leyft sér að tala eins og hann hefur talað í þessu máli. Ég skil ekki málflutning hans. Það hlýtur að liggja eitthvað allt annað en þessi þáltill., sem hér liggur frammi, bak við hans málflutning.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Efri deild, 59. fundur.

Miðvikudaginn 20. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kaup og kjör sjómanna, frv. (þskj. 16, n. 464 og 466). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. þd. hefur fjallað um mál það sem hér er til umr. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. hefur skilað áliti sem er á þskj. 464 og leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. n., þeir hv. þm. Stefán Jónsson og Jón Árm. Héðinsson, munu skila sérstöku áliti.

Þegar þetta frv. var á sínum tíma lagt fram, fylgdi hæstv. sjútvrh. því úr hlaði með ítarlegri ræðu og skýrði tilefni þessarar lagasetningar. En þar sem alllangt er frá liðið að þetta frv. var lagt fram í hv. d. finnst mér ekki úr vegi að rifja upp nokkur meginatriði í sambandi við þetta mál.

Við gerð samnniga um kaup og kjör sjómanna á bátaflotanum í mars 1975 óskuðu samninganefndir Sjómannasambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna í bréfi, dags. 8. apríl það ár, að ríkisstj. hlutaðist til um endurskoðun sjóðakerfisins undir forustu Þjóðhagsstofnunarinnar, og báru fram till. um tilhögun nefndarskipunar í því sambandi. Samkv. henni átti nefndin einungis að vera skipuð fulltrúum hagsmunasamtaka sjómanna og útvegsmanna auk Hafrannsóknastofnunar. Nefndin var skipuð í samræmi við óskir viðkomandi, en í skipunarbréfi til hvers einasta nefndarmanns var lögð áherla á, að nefndin lyki störfum fyrir 1. des. 1975. Fulltrúar sjómanna í n. voru Óskar Vigfússon, formaður Sjómannafélags Hafnarfjarðar, en núv. formaður Sjómannasambands Íslands, Hilmar Jónsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Vestfjarða, Sigfinnur Karlsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Austurlands, Ingólfur Ingólfsson, frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og Ingólfur Stefánsson, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

N. vann mikið starf og gott og skilaði ítarlegu áliti og till. með bréfi, dags. 19. jan. 1976, en samkomulag hafði tekist í n. um till. um breyt. á gildandi lögum. Ríkisstj. beitti sér fyrir umræddum lagabreytingum óbreyttum, en það eru lög um útflutningsgjald og Stofnfjársjóð fiskiskipa sem voru samþ. á Alþ. á methraða, og tók hin nýja skipan gildi frá og með 16. febr. 1976.

Það er rétt að undirstrika, að ríkisstj. og Alþ. samþ. óbreyttar till. n. um lagabreytingarnar. En algjör forsenda þessara aðgerða og lagabreytinga var að fullt samkomulag yrði milli sjómannasamtakanna og útvegsmanna um fiskvernd og að samningar tækjust á þessum breytta grundvelli í samræmi við ábendingar tillögunefndar, svo og um breytingar á ákvæðum þeirra samninga sem ekki voru lausir frá áramótum 1975—1976, en fulltrúar umræddra hagsmunaaðila höfðu undirritað slíka yfirlýsingu, sem er dags. 8. febr. 1976 og er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, fyrir hönd sjómanna, og Landssamband ísl. útvegsmanna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, fyrir hönd útvegsmanna, gera með sér samkomulag um eftirgreind atriði:

1. Þar sem ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við till. og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðilar því yfir, að þeir muni gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir, um kjör sjómanna á grundvelli till. og ábendinga sem fram koma í skýrslu n., dags. 19. jan. 1976.

2. Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.

3. Aðilar þessa samkomulags gera ráð fyrir að ríkisstj. láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum (þ. e. 500 brúttólestir og yfir) við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum að tryggja

atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. og bréf sjútvrn. til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, dags. 3. júlí 1975.“

Samkomulag þetta er undirskrifað í Reykjavík 8. febr. 1976 af þeim aðilum sem getið var áðan, sem sagt Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Austurlands, Alþýðusambandi Vestfjarða, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Ég sagði áðan að ríkisstj. hefði beitt sér fyrir og fengið samþ. allar þær till. sem fulltrúar sjómannasamtakanna og útvegsmannanna báru fram. En eftirleikurinn varð því miður annar en vænst hafði verið. Samningatilraunir milli Sjómannasambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna hófust strax eftir að Alþ. hafði samþ. lagabreytingarnar, og var undirritaður kjarasamningur milli Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna hinn 1. mars 1976. Þessi samningur var borinn undir atkv. í einstökum sjómannafélögum, en hann var felldur nema á Akranesi, í Vestmannaeyjum, Grindavík, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Skagaströnd, en samþ. af útvegsmönnum. Með aðstoð sáttasemjara voru gerðir margir samningar milli einstakra samtaka sjómanna og útvegsmanna, en þeir ýmist felldir eða ekki bornir undir atkv.

Hinn 28. júlí s.l. var undirritað samkomulag um breytingar á kjarasamningi aðila, er undirritaður var hinn 1. mars, milli Sjómannasambands Íslands fyrir hönd aðildarfélaganna og Landssambands ísl. útvegsmanna fyrir hönd aðildarfélaga sinna. Samningur þessi var miðlunartill. til þeirra félaga sem felldu samninginn frá 1. mars. Um þetta samkomulag fór fram leynileg sameiginleg atkvgr. í Sjómannasambandinu sem stóð í einn mánuð. Greidd atkv. voru talin 268, en reyndust 274, og var miðlunartill. felld með 140 atkv. gegn 122. Auðir voru 7 seðlar og 5 ógildir. Slík varð niðurstaðan og áhuginn í þessari atkvgr., en þátttakan var þannig í einstökum félögum: Sjómannafélag Reykjavíkur, 18 greiddu atkv. Sjómannafélagið Aturelding, Hellissandi, 12 greiddu atkv. Sjómannafélagið Jökull, Ólafsvík, 9. Sjómannafélagið Stjarnan, Grundarfirði, 25. Verkalýðsfélag Stykkishólms 26. Fram á Sauðárkróki 17. Ársæll, Hofsósi, 4. Sjómannafélagið Vaka, Siglufirði, 11. Sjómannafélagið Eyjafjall 46, Sjómannafélagið Jökull, Hornafirði, 13. Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps 6. Verkalýðs- og sjómannafélag Garðahrepps 5. Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur 19. Vélstjórafélag Suðurnesja 36. Sjómannafélag Hafnarfjarðar 21.

Þannig stóðu málin þegar brbl. voru sett hinn 6. sept., en auk þess voru yfirvofandi málaferli um gildi þeirra samninga sem ekki hafði verið sagt upp, og vitað var, að þar sem engir samningar voru í gildi, höfðu menn gert upp eftir þeim samningsdrögum sem fyrir lágu. Dregið var eins lengi og fært var talið að gefa út umrædd brbl. í trausti þess að samningar tækjust. En ég tel að með brbl. séu aðilar beinlínis hvattir til að halda áfram samningaviðræðum, eins og gert var t.d. á Vestfjörðum í sambandi við kjör á línuveiðum, en aðeins er tekið fram í brbl. að bannað er að knýja fram breytingar með verkbönnum, verkföllum eða samúðarverkföllum.

Ég gat þess fyrr, að samningar frá 1. mars höfðu verið samþ. á Akranesi, Vestmannaeyjum, Grindavík, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Skagaströnd, og vil undirstrika, að með brbl. eru kjör sjómanna á þessum stöðum bætt með hækkun á skiptaprósentu og líf- og örorkutryggingu. Rétt er að undirstrika að við sjóðakerfisbreytinguna hinn 16. febr. 1976 hækkaði fiskverð verulega ef gert er ráð fyrir sömu samsetningu á botnfiskafla 1976 og var 1975. Þá hefur skiptaverðmæti þess afla hækkað um 33% við sjóðakerfisbreytinguna samkv. þeim útreikningum sem Þjóðhagsstofnun hefur gert.

Í framhaldi af því, sem nú hefur verið sagt, er rétt að fara með nokkrar athyglisverðar tölur frá Þjóðhagsstofnuninni, en þær eru byggðar á áætlunum um meðalverðlag ársins 1976.

Talið er að aflaverðmæti milli áranna 1975 og 1976 hafi vaxið úr 16.7 í 26.6 milljarða kr. eða um 9.9 milljarða kr., sem gera tæp 60%. Skiptaverðmætið hækkar meira en aflaverðmætið eða um 68% og byggist á lækkun greiðslna í stofnkostnað. Aflahlutir hafa hins vegar hækkað nokkru minna en aflaverðmætið eða um 46%, og er það vegna lækkunar á skiptaprósentu. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Eftir hækkun skiptaverðmætis um nálægt 68% og lækkun skiptaprósentu um 14.4% hækka aflahlutar til sjómanna milli áranna 1975 og 1976 um 2.9 milljarða eða 46%. Ekki liggur ljóst fyrir hver breyting hefur orðið á fjölda sjómanna og þar með tekjur á hvern sjómann. Hins vegar má geta þess til samanburðar, að kauptaxtar verkfólks og iðnaðarmanna hafa hækkað um 26—27% og meðalatvinnutekjur þeirra 30% milli ára 1975 og 1976. Ljóst virðist því að tekjur sjómanna hafa hækkað um 12—13% umfram tekjur verkafólks og iðnaðarmanna.“

Samkv. nýjustu upplýsingum frá Þjóðhagsstofnuninni hefur skiptaverð þorskafla hækkað um 170% frá miðju ári 1974 til dagsins í dag, en samvegin meðaltalshækkun alls afla um 159%, og er þá miðað við hlutfallslega skiptingu verðmætis 1976. Til samanburðar má geta þess, að vísitala vöru og þjónustu hefur á sama tíma hækkað um 142%.

Af þeim upplýsingum, sem hér hafa verið raktar, má fullyrða að hér er ekki um kjararýrnun að ræða sem er verið að þvinga upp á aðilana.

Andstæðingar þessa frv., sem hér er til umr., hafa bent á að það hafi verið óþarfi að setja þessi lög þar sem hvorki hafi verið ríkjandi vinnustöðvun né verkfallsboðanir. En á þær staðreyndir ber að líta, að það var komið í slíkt ófremdarástand í þessum málum, að það var ekki hægt að gera löglega upp við sjómenn á fiskiskipaflotanum vegna þess að löglegan gerning um kjör mannanna vantaði. Það er því óhætt að fullyrða að sú ástæða var fyrir hendi, að það bar til brýna nauðsyn að skera þarna á hnútinn, og það var gert með þeim hætti að gefa út brbl. sem hér eru til umr. Ég held að fyrir engum, sem vill líta á þessi mál með sanngirni, geti

vafist, að hér er um fullkomið réttlætismál að ræða, enda má fullyrða að hin lélega þátttaka í atkvgr. hinna almennu og mannmörgu samtaka, sem áttu hér hlut að máli, ber það beinlínis með sér að menn hafa eftir atvikum talið þessa samninga mjög viðunandi og ekki talið ástæðu til að leggja það á sig að taka þátt í atkvgr., þannig að ég held að hér megi viðhafa gamla máltækið og segja, að þögn sé sama og samþykki.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa mál mitt lengra að þessu sinni, en ber þetta nál. meiri hl. sjútvn. fram og legg til að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég varð raunar höndum seinni að fara þess á leit við forseta, að hann frestaði umr. um þetta mál vegna fjarveru Geirs Gunnarssonar, sem eins og hv. þm. er kunnugt er fullt eins kunnugur samningunum, sem hér um ræðir, og máli þessu eins og ýmsir aðrir dm. Ég er viss um að hæstv. forseti hefði veitt mér þá bón mína ef ég hefði komið henni á framfæri í tæka tíð, og verður nú að halda áfram sem horfir um þetta mál.

Fremur vil ég nú kalla þetta vorkunnarmál ráðh. heldur en réttlætismál, það sem við fjöllum um hér í dag, eins og hv. síðasti ræðumaður, Jón G. Sólnes, kallaði það. Okkur var ljóst hér í d., er sjútvrh. hæstv. mælti fyrir frv. varðandi breyt. á sjóðakerfinu í vetur, að hann treysti á fyrirheit er hann hafði fengið ómótmælanlega frá hinum ýmsu samtökum sjómanna, og einnig var það okkur ljóst hér í d., að þau fyrirheit höfðu forsvarsmenn sjómanna gefið hæstv. ráðh. í góðri trú. Ég tel mig hafa ástæðu til þess að ætla að í trausti þess arna hafi þingmálin, sem vörðuðu sjóðakerfið, fengið jafnskjóta afgreiðslu, ekki síst hér í d., en einnig á þinginu yfirleitt, sem raun bar vitni.

Nú höguðu því svo örlög til, að svo fór ekki sem ráðh. treysti á og viðmælendur hans, að samnnigarnir, sem frv. um breyt. á sjóðakerfinu byggðu á, væru samþ., heldur fór þetta á allt aðra lund.

Ég mun stytta mjög mál mitt um frv. það er hér um ræðir, en leyfi mér að lesa hér sameiginlegt minnihlutanál. okkar Jóns Árm. Héðinssonar, hv. þm., svo hljóðandi:

„Við setningu brbl. var gengið á rétt verkalýðssamtakanna. Rétt er að vekja athygli á því, að þegar lögin voru gefin út ríkti hvorki verkfallsástand né hafði áður verið reynt til þrautar að ná niðurstöðu með eðlilegum samningaviðræðum. Þótt ekki væru nema þessar tvær ástæður sér, þá hlutu verkalýðssamtökin að mótmæla útgáfu brbl. mjög harðlega.

Samningsuppkast það, er löggilt var með brbl., hafði verið samþ. af ¼ af samtals 26 aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, en fellt af 22.

Við útgáfu brbl. var bundinn endi á framhaldandi samningaviðræður sem miðuðu að samræmingu sjómannakjara um land allt, bæði varðandi aflahlut og tryggingar. Frá því brbl. voru gefin út hefur verið samið sérstaklega á Vestfjörðum um hærri aflahlut, og má því til sanns vegar færa að andi brbl. hafi verið brotinn nær tafarlaust.

Gildistími þessara brbl., sem sett voru á mjög svo hæpnum forsendum og mótmælt hefur verið kröftuglega, rennur út 15. n. m. Verði þau nú staðfest á Alþ., mundi slíkt aðeins leiða til harðnandi deilna við samningaborðið og af eðlilegum ástæðum auka á tortryggni sjómanna. Því leggur undirritaður minni hl. til að frv. verði fellt."

Við nál. vil ég aðeins bæta þessu: Ég tel enga ástæðu til þess að við gerum neina tilraun til þess að tefja afgreiðslu málsins sem hér er um að ræða. Ég vil heldur að við flýtum fyrir umfjöllun þess hér á þingi. Sjálft hefur það runnið sitt gildisskeið á enda að mestu leyti, og hér væri aðeins um það að deila hversu rétt hefði verið að leysa aðkallandi vanda á þeim tíma þegar helst var við hann að glíma af hálfu ráðh. Ég er ekki viss um að þær deilur verði sérlega frjósamar hér í d. og vil rétt í lokin sýna hæstv. ráðh. þá viðleitni til sanngirni að láta uppi þá skoðun mína, að einu hafi setning þessara brbl., sem ég tel að öðru leyti hafa verið ákaflega vafasama, að einu hafi hún komið góðu til leiðar, hún hafi ýtt dálítið hressilega við sjómönnunum um að hressa upp á stéttarsamtök sín og gera þau hæfari bæði til samninga og til þess að standa í deilum, og þá er nokkuð unnið.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Við 1. umr. um frv. til l. um kaup og kjör sjómanna, sem nú er á dagskrá, skýrði ég frá því að ég hefði ýmsar efasemdir um setningu þeirra brbl. sem nú á að staðfesta. Ég vil fara aðeins yfir aðdragandann til að gera grein fyrir þeirri afstöðu minni og jafnframt gera grein fyrir því, að ég mun þó nú greiða þessu frv. atkv. mitt.

Á árinu 1975 varð um það samkomulag að ósk sjómanna að sjóðakerfið, sem orðið var ákaflega viðtækt í sjávarútvegi, var tekið til endurskoðunar. Skipaði hæstv. sjútvrh. n. til þess að fjalla um það mál. Sú n. lauk störfum með skýrslu dags. 19. jan. 1976. Náðist þar mjög athyglisvert samkomulag með aðilum sjávarútvegsins um róttækar breytingar á þessu sjóðakerfi. Í þeirri skýrslu kemur fram að aðilar töldu nauðsynlegt að breyta nokkuð kjörum sjómanna, skipta kjörum sjómanna fyrst og fremst, og var það að sjálfsögðu með tilliti til þess, að með hinni víðtæku breytingu á sjóðakerfinu, sem álit n. gerði ráð fyrir, voru verulegar byrðar færðar yfir á herðar útvegsmanna.

Til staðfestingar þessu gerðu þessir sömu aðilar samkomulag með sér sem var undirskrifað 8. febr. 1976, þar sem þeir lýsa því yfir að þeir muni á grundvelli þeirra ábendinga, sem fram komu í skýrslu n., fjalla um breytingar á kjörum sjómanna. Þar er jafnframt í 2. lið tekið fram, með leyfi forseta: „Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breyt. á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir."

Síðan hófust í framhaldi af þessu viðræður aðila sjávarútvegsins um þessar breytingar. Jafnframt gekk Alþ. frá lagafrv. um breytingar á

sjóðakerfinu í samræmi við till. sem fram komu í fyrrnefndri skýrslu nefndarinnar. Samkomulag varð í samninganefndinni og voru drög að samningum lögð fyrir 1. mars 1976 og samþ. í 4 félögum, en felld í 26. Að vísu voru þau félög, sem samþ., ákaflega stór. Áfram var haldið samkomulagstilraunum, og voru nýir samningar undirritaðir 28. júlí s. l., og voru greidd um þá atkv. sameiginlega af sjómannafélögunum. Þátttaka var ákaflega lítil, eins og rakið hefur verið, og samkomulagsdrögin voru felld, með heldur litlum atkvæðamun þó.

Ég ætla ekki að rekja ýmislegt sem á eftir fylgdi, en þetta leiddi í fáum orðum til þess, að umrædd brbl. voru sett 6. sept. 1976.

Það er ákaflega viðamikið og alvarlegt mál að grípa inn í samkomulagstilraun aðila vinnumarkaðarins með brbl., og að mínu mati má ekki beita slíku nema í algjöra nauð sé komið. Mér þótti ekki svo vera, ekkert verkfall var yfirlýst eða virtist yfirvofandi, og því var tími til þess að gera jafnvel enn eina tilraun til samkomulags. Þó það kynni að hafa reynt nokkuð á þolinmæði ýmissa manna, þá hygg ég að í slíku máli hefði átt að gera enn frekari tilraun til samkomulags. Þetta var ein af ástæðunum fyrir því, að ég lýsti efasemdum mínum um setningu þessara brbl.

Í öðru lagi var ljóst, að aldrei var á Vestfjörðum leitað þeirrar heimildar sem um er getið í 2. lið samkomulagsins frá 8. febr. 1976. Það er rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði við 1. umr. um þetta mál, að það var ekki hans verk að leita slíkrar heimildar. Hins vegar hygg ég að hann hefði átt að ganga úr skugga um það, áður en brbl. voru sett, að þessarar heimildar hefði verið leitað og hún verið veitt. Þetta sýnist mér vera töluverður galli á málsmeðferð allri.

Ég vil jafnframt nota tækifærið og leiðrétta það, sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. við 1. umr., að þingflokkur Framsfl. hefði fallist á að mál þetta yrði afgreitt með brbl. Þetta er misskilningur. Um málið var lauslega fjallað í þingflokki Framsfl. Þá var lýst þeirri skoðun sjútvrh., að nauðsynlegt kynni að verða að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um kaup og kjör sjómanna í beinu framhaldi af þeim breyt. sem gerðar höfðu verið á sjóðakerfinu og með tilliti til þess samkomulags sem lofað var að reynt yrði með fyrrnefndum samningi frá 8. febr. 1976. Úr þessu varð ekki, og í mínum huga er mikill munur á frv., sem þá yrði rætt hér, og á brbl., sem sett eru án umr. á Alþingi.

Sjútvn. þessarar d. kvaddi á sinn fund allmarga fulltrúa þeirra samtaka sem hér eiga aðild að: frá Sjómannasambandi Íslands, frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Þar var rakinn allur aðdragandi þessa máls allítarlega og þess getið, sem ég hef nú rakið, og miklu fleira í þessu sambandi nefnt. Á þessum fundi kom m. a. fram, að í þeim samningum, sem nú eru fram undan hjá sjómönnum og útvegsmönnum, er það samkomulag, sem lögbundið var með brbl., lagt til grundvallar. Því var ekki andmælt af hálfu sjómanna, að þeir legðu einnig til grundvallar þessi kjör, sem þannig voru lögbundin. Þetta þótti mér ákaflega athyglisvert. Ef við færum að fella þetta úr gildi nú, sýnist mér sannarlega stefnt til verulegra vandræða í þeim samningum sem fram undan eru og raunar kannske upplausnar. Þá væri sú vinna, sem þegar hefði verið unnin og byggð er á þeim kjörum, sem þarna voru ákveðin, orðin til lítils og sá grundvöllur brostinn. Ég er því mjög ósammála næstsíðustu setningunni í áliti minni hl. sjútvn., að samþykkt þessa frv. mundi leiða til harðari deilna við samningaborðið og af eðlilegum ástæðum auka á tortryggni sjómanna. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu, eftir að ég hef hugsað mikið um málið, að þar gæti farið þveröfugt. Ef þessi grundvöllur, sem þeir leggja nú til grundvallar, yrði felldur úr gildi, gæti það leitt til harðari deilu og vandræða í samningum sem fram undan eru.

Í þessum samningum, sem lögfestir voru, er í öllum tilfellum gert ráð fyrir því að samningarnir gildi til 15. maí 1977, en séu uppsegjanlegir með tveggja mánaða fyrirvara. En sé samningunum ekki sagt upp framlengist þeir um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Fram kom á fyrrnefndum fundi sjútvn., að aðilar sjávarútvegsins, sem þar voru mættir, hafa sagt lausum þessum samningum, bæði samtök sjómanna og einnig samtök útvegsmanna. Hins vegar var jafnframt upplýst að aðilar sjávarútvegsins á Vestfjörðum hafa ekki sagt lausum þessum samningum. Nú er það staðreynd að á Vestfjörðum voru ekki lausir samningar og heimilda var ekki leitað til nýrra samninga. Það er jafnframt staðreynd, að á Vestfjörðum náðust samningar um önnur kjör sjómanna en ráð var fyrir gert í þessum samningum. Þar náðust samningar um nokkru betri kjör en gert er ráð fyrir. Og raunar hefur það ávallt verið svo á Vestfjörðum, að þar hafa kjör sjómanna verið nokkru betri og talið eðlilegt með tilliti til þess, hvernig sjávarútvegur þar er stundaður.

Vera má að aðilar á Vestfjörðum geri sér ekki grein fyrir því eða líti svo á, að ekki sé nauðsynlegt að segja þessum samningi lausum. Ég veit það ekki. En a. m. k. virðast aðilar að þessum samningi á öðrum svæðum landsins telja að svo þurfi að gera, að segja þurfi þessum samningi lausum, þrátt fyrir það að hann hafi verið staðfestur með brbl. Þetta bendir því raunar til þess eða getur bent til þess, að aðilar sjávarútvegsins á Vestfjörðum séu ánægðir með þau kjör sem náðust í framhaldi af setningu þessara brbl. Einnig með tilliti til þess sé ég ekki ástæðu til að leggjast gegn þessu frv. Með því að fella þetta frv. nú væri þessi grundvölluur brostinn, — grundvöllur sem aðilar sjúvarútvegsins á Vestfjörðum hafa ekki sagt lausum.

Að vandlega athuguðu þessu máli og þrátt fyrir þær efasemdir sem ég enn hef og eru óbreyttar um setningu þessara brbl. og ég hef hér nefnt, tel ég rétt að greiða þessu frv. atkv. mitt, því að ég tel að með því að fella úr gildi þessa samninga nú væri stefnt til glundroða í þeim samningum sem fram undan eru, sem ekki væri séð fyrir endann á.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég hefði ekki kvatt mér hér hljóðs öðru sinni í umr. um mál þetta ef hv. þm. Steingrímur Her-

mannsson hefði stillt sig um að fjölyrða svo mjög um misskilning sinn á þessu máli frá rótum.

Það er fyrst og fremst vegna þeirrar aðferðar í vinnudeilum að beita brbl. á hæpnum forsendum til þess að úrskurða stétt kjör, — það er fyrst og fremst á þeim forsendum sem við hv þm. Jón Árm. Héðinsson leggjum til að þetta frv. verði fellt. Það var að vísu rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði, að í ljós kom í viðræðum bæði við fulltrúa útvegsmanna og sjómanna í sjútvn. d. að þeir töldu brbl. hafa samningsgildi. En af hálfu sjómanna var aftur á móti undirstrikað mjög hressilega að þeir teldu brbl. ekki samninga. Þess vegna stílum við hv. þm. Jón Árm. Héðinsson niðurlag nál. okkar á þessa lund, að við teljum hættu á því að það mundi torvelda gerð nýrra samninga ef Alþ. staðfesti nú brbl. þessi, sem eru að renna sitt skeið á enda hvort eð er, einmitt þess vegna. Þá væri Alþ. að gefa samningum, sem eiga að vera frjálsir samningar og hæstv. sjútvrh. hefur sjálfur margsinnis lýst yfir að hann gerði sér vonir um að yrðu frjálsir samningar, taldi sig hafa ástæðu til að ætla að yrðu frjálsir gildandi samningar með samþykki félaganna, — með því að Alþ. fari nú að samþ. brbl. er Alþ. sjálft á síðustu stundu og að þessu sinni gjörsamlega að þarflausu á þeim andartökum, þegar brbl. eru beinlínis að geispa golunni fyrir tíma sakir, að staðfesta þessa samninga sem felldir voru í 22 af 26 sjómannafélögum, að staðfesta þá samninga sem lög.

Fulltrúar sjómanna á nefndarfundinum hjá okkur í sjútvn. Ed., maður eftir mann sögðu þeir: Við töldum okkur með samþykki, sem náttúrlega var háð staðfestingu félaganna, vera að gera rétt. Við töldum okkur fara þarna með umboð félaganna, að þessu tilskildu að vísu. Við töldum okkur vera að gera rétt. Það kom í ljós, að við höfðum ekkert fylgi til þess arna. Því miður kom það í ljós að okkur hafði orðið á í messunni.

Meginástæðan fyrir því, að við hv. þm. Jón Árm. Héðinsson teljum að það geti orðið til þess að torvelda samninga ef Alþ. staðfestir núna brbl. þessi, er sú, að þar erum við, ef svo má segja, að taka þessa samningamenn sjómanna steinbítstaki og dýfa þeim svolítið ofan í samningsuppköstin sem felld voru í félögunum. M. a. á þann hátt er hætt við að með staðfestingu þessara brbl. núna, sem ég hirði ekki að ræða fremur en ég hef þegar gert, laga sem við teljum ólögmæt og illa til fundin, sé verið að gera þessa vanburða tilraun, sem gerð var til samninga á vetrinum sem leið, að nýju bitbeini.

Ég get tekið undir raunverulegan rökstuðning hv. síðasta ræðumanns, Steingríms Hermannssonar, fyrir gagnrýni hans á meðferð málsins. Ég get tekið undir alla þessa gagnrýni hans, en minnist þess, að þegar hann gerði grein fyrir henni hið fyrra sinnið í vetur, þá hafði ég einhvern veginn sterkan grun um að hann teldi að þannig hefði verið að þessu máli unnið að hann mundi greiða atkvæði gegn frv.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvað hljóp svo í skapið á hv. þm. Stefáni Jónssyni. Þolir hann ekki málefnalega skoðun frv. þótt hann sé því mótfallinn. Það kemur undarlega fyrir sjónir, því ég hef oft rætt við þennan hv. þm. um mál sem við höfum verið á tveimur skoðunuum um og það hefur gengið vel. Mér þykir þetta enn þá undarlegra þegar hann á eftir eiginlega staðfestir flest af því sem ég sagði til rökstuðnings fyrir því, að ég ætlaði að greiða frv. atkvæði mitt. M. a. staðfesti hann það, sem fram kom á fundi okkar með sjómönnum og útvegsmönnum, að þeir líta á þetta sem samningsígildi eða hvað við viljum kalla það og telja nauðsynlegt að segja samningnum upp. Þetta hefur ekki verið gert sums staðar um landið. Þetta kom greinilega fram.

Hann andmælti ekki heldur, sem ég færði sem rökstuðning og tel ákaflega mikilvægan, að þessir menn eru þegar búnir að leggja í það mikla vinnu að byggja sínar kröfur á þessu samningsígildi. Þessu mótmælti hv. þm. ekki heldur. Er það ekki einhvers virði? Verður ekki að líta á það einnig? Þá vinnu þyrfti þá a. m. k. að vinna upp að nýju. Ég mótmæli því, að ég hafi verið að gera grein fyrir nokkrum misskilningi mínum. Ég færði rök fyrir því sem ég lýsti við 1. umr. Það er óbreytt og ég þarf ekki að endurtaka það hér. En komið hafa fram mikilvægir nýir þættir í þessu máli sem hann væri meiri maður af að skoða málefnalega og endurskoða afstöðu sína.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég sagði við 1. umr. þessa máls í lok umr. að ég vildi upplýsa það, að nokkru fyrir þinglok var mikill þrýstingur á mig og ríkisstj. að flytja á Alþ. frv. til lausnar þessu máli. Þá voru málin rædd í þingflokki Sjálfstfl. og í þingflokki Framsfl., að það þyrfti að grípa til aðgerða til lausnar þessu máli. Í þingflokki Sjálfstfl. var það samþykkt og á þeim grundvelli samþykktum við ráðh. Sjálfstfl., að flytja málið. Formaður Framsfl. lýsti því yfir í ríkisstj., að málið hefði verið rætt í þingflokki Framsfl. og þar hefði einnig verið litið sömu augum á málið. Þetta var það sem fyrir lá í vor. Hins vegar var tímasetning ekki ákveðin. Hún var tekin í ríkisstj. rétt áður en brbl. voru gefin út, og öll ríkisstj. var sammála. Þetta sagði ég við umr. hér í haust og fór þar ekkert á milli mála.

Ég vil aðeins bæta því við, að þrátt fyrir þann þrýsting, sem á mig var lagður á s. l. vori, vildi ég alls ekki leggja fyrir Alþ. frv. til lausnar á þessu kjaramáli. Ég vildi láta reyna frekar á samningsleið. Og ég hafði m. a. samband við sáttanefndarmenn og sáttasemjara sem ráðlögðu eindregið að þeir héldu áfram samningstilraunum. Þessar samningstilraunir stóðu yfir með löngum hvíldum, því að áhugaleysi virtist algjört á báða bóga. Síðan var lögð fram sáttartillaga sem var undirrituð af samninganefndum útgerðarmanna og sjómanna 28. júlí. Atkvgr. um þessa sáttatill. tóku heilan mánuð og með þeim afleiðingum sem frsm. n. lýsti í ræðu sinni. Allir aðilar töldu að því loknu að það væri ekki grundvöllur til þess að fara af stað aftur, en málaferli voru víða í uppsiglingu. En áður en þegar brbl. lágu á borðinu hjá mér lagði ég á það áherslu, að inn í þau væri tekið að það mætti eftir sem áður

gera samninga á milli aðila, en þó ekki knýja þá fram með verkföllum. Og ég hygg að um það verði ekki deilt, að mildari lög í þessum efnum hafi ekki áður verið gefin út.

Ástæðan fyrir því, að ég sá mig til knúinn að leggja til við ríkisstj. að gefa þessi lög út, var það misræmi sem var á hinum ýmsu stöðum á landinu. Breyting sjóðakerfisins skapaði grundvöll fyrir hækkun á fiski. Fiskverðshækkunin var, að mig minnir, 33%. Af því voru um 24% hækkun fiskverðs vegna breytingar á sjóðakerfinu. Það var því eðlilegt og sjálfsagt að allir sjómenn létu eitthvað af mörkum, en sumir tækju ekki á sig þessar fórnir, en aðrir ekki. Þetta var gert á grundvelli þeirra yfirlýsinga sem sjómannaleiðtogarnir skrifuðu undir ásamt fulltrúum útgerðarinnar og hv. 5. þm. Norðurl. e. gat réttilega um áðan.

Ég vil líka undirstrika það, að með þessum brbl. fá sjómenn, sem höfðu samið, og líka þeir, sem ekkert sömdu og höfðu fellt allt, nokkur réttindi, með hækkun á tryggingum: líftryggingum og slysatryggingum, á grundvelli þeirrar sáttatill., sem fram var borin 28. júlí, svo að það er ekki allt neikvætt sem hér hefur átt sér stað. Skiptaprósentan var líka hærri til þeirra, sem höfðu samið, allt til 15. maí í vor.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:4 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 475). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á árinu 1975 og 1976 stóðu yfir miklar viðræður milli fjmrn. og samtaka starfsmanna ríkisins um skipan samningsréttarmála. Þeim viðræðum lauk gagnvart Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja með setningu laga nr. 29 1976 á s. l. vori. Samkvæmt heimild í hinum nýju lögum hefur BSRB nú sagt upp gildandi kjarasamningum miðað við 1. júlí n. k. Jafnframt hefur BSRB verið veittur takmarkaður verkfallsréttur eins og þar segir.

Bandalag háskólamanna nýtur enn samningsréttar samkv. l. nr. 46 1973. Eigi hefur tekist að sætta svo sjónarmið aðila kjarasamninga milli ríkisins og starfsmanna þess að unnt væri að lögfesta eitt kjarasamningakerfi fyrir starfsmenn ríkisins og virðist nokkuð í land að slíkt verði raunveruleiki.

Bandalag háskólamanna og fjmrn. eru þó sammála um að nauðsynlegt sé að gera nú nokkrar breyt. á l. nr. 46 1973, þannig að Bandalag háskólamanna fái heimild til að segja upp gildandi kjarasamningum fyrr en ákvæði þeirra segja til um.

Í 7. gr. gildandi laga um samninga við Bandalag háskólamanna segir, að aðalkjarasamning skuli gera til eigi skemmri tíma en tveggja ára og koma til framkvæmda 1. júlí næst á eftir gerð hans.

Frv. það, sem nú er flutt, gerir ráð fyrir því, að upphaf gildistíma kjarasamnings verði ákveðið í kjarasamningnum sjálfum, en gildistími hans verði áfram tvö ár. Onnur atriði frv. fjalla aðallega um breyt. á frestum til uppsagna og meðferðar hjá sáttasemjara. Gildandi samningur við Bandalag háskólamanna á að öllu óbreyttu að standa til 30. júlí 1978. Í ákvæðum til bráðabirgða í frv. þessu er lagt til að segja megi upp þeim samningi með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. nóv. 1977.

Ástæða þess að tímabil núgildandi samninga er þannig stytt nokkuð er sú að vænta má nýrra samninga við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja nú í sumar, en eðli málsins samkvæmt verða í mörgum atriðum að gilda svipaðar reglur í viðskiptum ríkisins við starfsmenn, óháð því hvaða samtökum þeir tilheyra.

Ég leyfi mér, herra forseti með skírskotun til þess sem ég nú hef sagt um það frv. sem hér er til umr., að leggja til, að þessu máli verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og vænti þess, þar sem hér er um samkomulagsatriði að ræða milli fjmrn. og Bandalags háskólamanna, að frv. geti náð fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 20. apríl, að loknum 59. fundi.

Kaup og kjör sjómanna, frv. (þskj. 16). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 68. fundur.

Miðvikudaginn 20. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187). — 3. umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Afgreiðsla þessa máls hér í hv. d. í gær varð í raun og veru sögulegur atburður. Afgreiðsla málsins varð sögulegur atburður af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi vegna þess að við atkvgr. við 2. umr. um málið kom það berlega í ljós, að stjórnarliðið er sundrað í afstöðu sinni til málsins. Það er svo sundrað í afstöðu sinni til málsins, að í raun og veru leikur vafi á því, hvort ríkisstj. hefur starfhæfan meiri hl. að baki sér hér á hinu háa Alþ.,

a. m. k. hér í hv. Nd. Að öðru leyti voru umr. og afgreiðsla málsins söguleg að því leyti, að ég tel Alþb. hafa beitt siðlausum málflutningi í þessu máli í röksemdafærslum sínum gegn frv., eins og ég mun víkja nánar að á eftir.

Varðandi fyrra atriðið, hina alvarlegu sundrungu stjórnarliðsins í málinu, er þess að geta, að þó að ríkisstj. sé formlega studd af 28 þm. hér í hv. Nd., kom í ljós að einstakar gr. frv. hlutu nauman stuðning og ýmsar þeirra ekki meiri hl. dm. 10 þm. stjórnarflokkanna af 28 þm. reyndust hafa sérstöðu varðandi ýmis ákvæði í frv. 1. gr. frv., aðalgrein þess, var samþ. með 22:10 atkv., en 5 sátu hjá 2. og 3. gr. voru samþ. með 19:11 atkv., en 7 sátu hjá. M. ö. o.: það er ekki meiri hl. í hv. Nd. fyrir 2. og 3. gr. frv. 4.—8. gr. voru samþ. með 21:10 atkv., naumasta meiri hl. í d. sem hugsanlegur er, og 9. gr. með 21:11 atkv., einnig minnsta meiri hl. sem hugsanlegur er.

Þetta verður að teljast söguleg afgreiðsla þegar um slíkt stórmál er að ræða og þetta frv. fjallar um. Ég minnist þess ekki fyrr að í mikilvægu stórmáli hafi viðlíka uppreisn átt sér stað í stuðningsflokkum ríkisstj. og kom fram í báðum stjórnarflokkunum við 2. umr. málsins í gær. Það er í raun og veru spurning, hvort það er viðunandi fyrir hæstv. ríkisstj. að jafnmikilvægar gr. eins og 2. og 3. gr. hafi ekki hlotið meirihlutafylgi hér í hv. Nd. Það er þessi staðreynd sem í raun og veru vekur spurninguna um það, hvort hæstv. ríkisstj. hafi í raun og veru að baki sér starfhæfan meiri hl. hér á hv. Alþ., a. m. k. hér í hv. Nd. Það er nauðsynlegt að vekja ítarlega athygli á þessu.

En ég sagði áðan, að ég teldi umr. um málið einnig hafa verið sögulegar að öðru leyti, að því leyti að ég tel Alþb. hafa beitt mjög óheiðarlegum málflutningi í umr. um málið. Það er ekki aðeins að þess er jafnan látið ógetið, að upphafsmaður þessa máls alls er alþb.-maðurinn Magnús Kjartansson, fyrrv. iðnrh. Málið er runnið frá rn. hans og upphaflega samið og flutt af honum í svo að segja algerlega sama formi og það liggur fyrir nú og Alþb. sem heild hamast gegn. Það er ekki aðeins að um þetta sé þagað eða reynt að gera eins lítið úr þessu og mögulegt er, heldur hefur það jafnvel gerst, að einstakir fulltrúar Alþb. hafi borið á móti því að málið eigi upptök sín og sé upphaflega flutt, samið og boðað af iðnrh. Alþb., Magnúsi Kjartanssyni. En þetta er auðvelt að sanna og það ætla ég nú að gera.

Ég hef haft undir höndum í nokkur ár tillögu að bréfi sem Magnús Kjartansson, þáv. iðnrh., lagði fyrir okkur formenn þingflokka þáv. stjórnarandstöðuflokka, Sjálfstfl., hæstv. núv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen, og mig og bað um samþykki okkar fyrir að mega senda til þess aðila sem hann var búinn að semja við, þ. e. a. s. Union Carbide. Og ég hef annað uppkast, sem hann samdi í framhaldi af þessu, og síðan bréf, sem hann raunverulega sendi Union Carbide vorið 1974. Ég fékk þessi bréf að vísu á sínum tíma sem trúnaðarmál, en ég lít þannig á nú, sérstaklega í framhaldi af þeim umr., sem farið hafa fram, og þeim staðhæfingum, sem hafa verið viðhafðar af þm. Alþb., að ég sé ekki lengur bundinn trúnaðarskyldu í þessu máli og mér sé heimilt að kynna þingi og þjóð þessi bréf.

Fyrst er um að ræða till. að bréfi til Union Carbide, sem dags. er 20. apríl 1974. Þessa till. að bréfi sýndi þáv. iðnrh. Magnús Kjartansson okkur núv. iðnrh. Gunnari Thoroddsen og mér á skrifstofu sinni í Arnarhvoli þennan sama dag, 20. apríl 1974, og spurði beinlínis, gerði fsp. til okkar, hvort þingflokkar okkar mundu samþykkja að hann sendi þetta bréf til Union Carbide. Ég ætla að leyfa mér að lesa þetta bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Mr. J. C. Malone,
Vicepresident,
Union Carbide Corporation,
New York.

Kæri herra Malone.

Ríkisstj. Íslands hefur nú um skeið haft til athugunar uppkast að samningum milli ríkisstj. Íslands og Union Carbide Corporation um samvinnu um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju á Íslandi. Tillögur þessar hafa stjórnarflokkarnir og einnig stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþ. rætt ítarlega. Forsrh. og ég höfum einnig haft þá ánægju að hitta fulltrúa yðar, hr. Pitcher og herra Eide, en þeir hafa verið í Reykjavík til þess að ræða um framvindu samvinnu okkar. Þeir hafa látið okkur og fulltrúum stjórnmálaflokkanna í té upplýsingar um skoðun Union Carbide Corporation á því, að mikilvægt sé að hrinda þessum áformum í framkvæmd sem fyrst. Ég vænti þess að þeir hafi einnig myndað sér sínar eigin skoðanir um hið mikla fylgi sem áætlunin nýtur.

Eins og málum háttar þykir mér fyrir því að ég hef komist að þeirri niðurstöðu að ekki mundi vera ráðlegt að reyna að fá staðfestingarlögin samþ. á þessu þingi vegna anna í þinginu og stjórnmálalegra erfiðleika. Við gerum okkur ljóst, að eins og á stendur er áríðandi að þér getið lagt raunhæft mat á framtíð þessarar mikilvægu áætlunar. Ég vona að eftirtaldar aths. skýri aðstöðuna:

1. Ríkisstj. og ég teljum kjör þau og skilmála, sem samið hefur verið um, aðgengilega í öllum meginatriðum, og vil ég fullvissa yður um mikinn og áframhaldandi áhuga á því að áætluninni verði hrundið í framkvæmd svo fljótt sem unnt er.

2. Iðnrn. mun tryggja að frv. til staðfestingar laga verði lagt fyrir Alþ. í byrjun næsta reglulegs Alþ., væntanlega snemma í okt. á þessu ári.

3. Til þess að sem minnstar tafir verði á byggingaráformum vegna þessa dráttar mun ríkisstj. gera ráðstafanir til þess að afla þess fjár sem nauðsynlegt er til að halda áfram verkfræðistörfum og annarri undirbúningsvinnu við áætlunina í náinni samvinnu við yður.

Ég hef lagt texta þessa bréfs fyrir ríkisstj. og þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. Allir þessir aðilar hafa lýst yfir fylgi við skoðanir þær sem þar koma fram, þar með talið skuldbindingu um að séð verði um lagalega hlið málsins eins fljótt og unnt er til þess að áætluninni verði hrundið af stað. Flokkur minn hefur ekki enn tekið afstöðu til áætlunarinnar í meginatriðum, en fellst á að

miðað verði að því að staðfestingarlögin verði lögð fyrir Alþ. í byrjun næsta þings til þess að endanleg ákvörðun verði þá tekin. Það er álit mitt, að þér getið reitt yður á að hugsanlegar breytingar í stjórnmálum á Íslandi á þeim tíma þar til Alþ. tekur endanlega ákvörðun muni ekki hafa áhrif á þessi sjónarmið.

Það er einlæg von mín að bréf þetta geri okkur kleift að halda samvinnunni áfram og áætluninni, sem að mínu viti er svo mikilvæg fyrir iðnþróun lands míns, verði lokið sem fyrst.

Með bestu kveðju.
Virðingarfyllst,
Iðnaðarráðherra.“

Þingflokkur Alþfl. féllst á það, að iðnrh. Magnús Kjartansson mætti skýra frá því, að hann hefði fjallað um efni þessa bréfs og samþykkt það fyrir sitt leyti. Hins vegar vildi þingflokkur Sjálfstfl. hafa fyrirvara um ýmis atriði málsins, og mun hæstv. núv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, hafa skýrt Magnúsi Kjartanssyni frá því að hann vildi ekki samþykkja að til þess væri vitnað, að hann hefði samþykkt meginefni þessa bréfs. Þess vegna var þetta bréf aldrei sent. Ef þingflokkur Sjálfstfl. hefði samþykkt, eins og Alþfl. gerði, efni þessa bréfs, þá hefði það farið eins og ég núna las það. Þar er því lýst yfir við Union Carbide að ríkisstj. sé fylgjandi þeirri áætlun, þeim samningsdrögum, sem þá lágu fyrir, það hefði verið sent bréf þar sem iðnrh. þáv., alþb.-maðurinn Magnús Kjartansson, lýsir því yfir að þessi áætlun um stofnun málmblendiverksmiðju í Hvalfirði í samvinnu við Union Carbide sé mikilvæg fyrir iðnþróun lands síns og þess vegna sé nauðsynlegt að framkvæmdinni verði hrundið fram sem allra fyrst.

En afstaða Sjálfstfl. varð því valdandi, að þetta bréf var ekki sent. Það stóð ekki á þáv. ríkisstj., það stóð ekki á þáv. iðnrh. Magnúsi Kjartanssyni. Það voru aths. Sjálfstfl. sem gerðu það að verkum að þetta bréf fór ekki. Þess vegna gerði hæstv. fyrrv. iðnrh. nýtt uppkast tveim dögum seinna, þar sem sagt er frá þessari afstöðu þingflokks Alþfl. og Sjálfstfl. og þetta nýja uppkast frá 22. apríl hljóðar þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Kæri herra Malone.

Ríkisstjórn Íslands hefur nú um skeið haft til athugunar uppkast að samningum milli ríkisstj. Íslands og Union Carbide Corporation um samvinnu um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju á Íslandi. Tillögur þessar hafa stjórnarflokkarnir og einnig stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþ. rætt ítarlega. Forsrh. og ég höfum einnig haft þá ánægju að hitta fulltrúa yðar, hr. Pitcher og hr. Eide, en þeir hafa verið í Reykjavík til þess að ræða um framvindu samvinnu okkar. Þeir hafa látið okkur og fulltrúum stjórnmálaflokkanna í té upplýsingar um skoðanir Union Carbide Corporation á því, að mikilvægt sé að hrinda þessum ákvörðunum í framkvæmd sem fyrst. Ég vænti þess, að þeir hafi einnig myndað sínar eigin skoðanir um hið mikla fylgi, sem áætlunin nýtur.

Eins og þessum málum er háttað þykir mér fyrir því, að ég hef komist að þeirri niðurstöðu að ekki mundi verða ráðlegt að reyna að fá staðfestingarlögin samþ. á þessu þingi vegna anna í þinginu og stjórnmálalegra erfiðleika. Við gerum okkur ljóst, að eins og á stendur er áríðandi að þér getið lagt raunhæft mat á framtíð þessarar mikilvægu áætlunar. Ég vona að eftirtaldar aths. skýri stöðuna:

1. Ríkisstj. og ég teljum kjör þau og skilmála, sem samið hefur verið um, aðgengileg í öllum meginatriðum, og vil ég fullvissa yður um mikinn og áframhaldandi áhuga á því að áætluninni verði hrundið í framkvæmd svo fljótt sem unnt er.

2. Iðnrn. mun tryggja að frv. til staðfestingarlaga verði lagt fyrir Alþ. í byrjun næsta reglulegs Alþ., væntanlega snemma í okt. á þessu ári.

3. Til þess að sem minnstar tafir verði á byggingaráformum vegna þessa dráttar mun ríkisstj. gera ráðstafanir til þess að afla þess fjár sem nauðsynlegt er til þess að halda áfram verkfræðistörfum og annarri undirbúningsvinnu við áætlunina í náinni samvinnu við yður.

Ég hef lagt texta þessa bréfs fyrir ríkisstj. og þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. Ríkisstj. og Alþfl. hafa lýst yfir fylgi við skoðanir þær sem þar koma fram, þar með talið skuldbindingu um að séð verði um lagalega hlið málsins eins fljótt og unnt er til þess að áætluninni verði hrundið af stað. Flokkur minn hefur enn ekki tekið afstöðu til áætlunarinnar í meginatriðum. Það sama gildir um Sjálfstfl., sem þó hefur lýst sig fúsan til þess að taka afstöðu þegar áætlanirnar hafa verið lagðar fyrir Alþingi.

Það er einlæg von mín, að bréf þetta geri okkur kleift að halda samvinnunni áfram og að áætluninni, sem að mínu áliti er svo mikilvæg fyrir iðnþróun lands míns, verði lokið sem fyrst.“

Uppkastið að þessu bréfi er dags. 22. apríl 1974, þ. e. a. s. tveimur dögum seinna en fyrra uppkastið sem ég las áðan. Þetta bréf var hins vegar ekki sent, og geri ég ráð fyrir því að skýringin sé fólgin í því, að miklar deilur hafi staðið um málið í þingflokki Alþb. En að sjálfsögðu get ég ekki um það fullyrt og segi þetta með fyllsta fyrirvara, því að ég á ekki aðgang að upplýsingum um það, hvað gerist inni á þingflokksfundum í Alþb.

En mánuði seinna sendir iðnrh. Union Carbide bréf. Hann sendir bréf mánuði seinna, það er dags. 21. maí, og ég á satt að segja afar erfitt með að trúa því, að maður eins og Magnús Kjartansson, ráðh. flokksins í mikilvægu ráðherraembætti, sendi bréf frá rn. sínu án þess að málið hafi verið rætt í hans eigin þingflokki og hann hafi í raun og veru fengið leyfi til þess að senda bréfið. Ég á afar bágt með að trúa því, að hann hefði sent það bréf, sem ég mun lesa hér á eftir, ef það hefði verið í beinni andstöðu við meiri hl. í þingflokki Alþb. Þó að ég geti ekki fullyrt það, finnst mér því allt benda til þess, að þingflokkur Alþb. á sínum tíma hafi verið búinn að samþykkja að þetta bréf færi. Ef þetta er rétt, — ég skal játa að hér er um tilgátu að ræða, — en ef þessi tilgáta er rétt, þá er fyllsta ástæða til þess að kalla málflutning **alþb.-manna nú siðlausan**, eins og ég gerði áðan. En staðreyndin er sú, hvort sem það var gert

með samþykki þingflokks Alþb. eða ekki, að iðnrh. Íslands, alþb.-maðurinn Magnús Kjartansson, sendi eftirfarandi bréf til Union Carbide, bréf, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Kæri herra Malone.

Ríkisstj. Íslands hefur nú um skeið haft til athugunar uppkast að samningum milli ríkisstj. Íslands og Union Carbide Corporation um samvinnu um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðju á Íslandi. Tillögur þessar hafa stjórnarflokkarnir og einnig stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþ. rætt ítarlega. Forsrh. og ég höfum einnig haft þá ánægju að hitta fulltrúa yðar, hr. Pitcher og hr. Eide, en þeir hafa verið í Reykjavík til að ræða um framvindu samvinnu okkar. Þeir hafa látið okkur og fulltrúum stjórnmálaflokkanna í té upplýsingar um skoðun Union Carbide Corporation á því, að mikilvægt sé að hrinda þessum áformum í framkvæmd sem fyrst. Ég vænti þess, að þeir hafi einnig myndað sínar eigin skoðanir um hið mikla fylgi sem áætlunin nýtur. Einnig voru þeir látnir vita um hið mjög svo erfiða ástand á stjórnmálasviðinu.

Óvissan í stjórnmálum á Alþ. og miklar þinganir aðrar höfðu þegar sannfært mig um að óráðlegt væri að leggja frv. að staðfestingarlögunum fyrir Alþ. á þeim tíma sem við höfðum upphaflega ákveðið. Atburðir, sem gerst hafa síðan hr. Pitcher fór frá Íslandi, hafa staðfest skoðun mína í þessu tilliti. Fyrstu daga mánaðarins (þ. e. maímánaðar) varð stjórnmálakreppan alvarleg og forsrh. ákvað að rjúfa þing og boða til almennra kosninga, sem haldnar verða hinn 30. júní. Öll frv., sem liggja fyrir Alþ., verður nú að flytja á ný á næsta þingi. Atburðarásin hefur gert óhjákvæmilegt að fresta hvers kyns frekari störfum við sameiginlegar framkvæmdir okkar þar til að kosningum loknum.

Við þessar aðstæður væri ekki rétt af mér að leitast við að benda á hverja afstöðu ríkisstj. Íslands kann að taka að kosningum loknum. Enginn veit nú hverjar stjórnmálabreytingar kosningarnar leiða af sér eða hve fljótt að þeim afstöðnum ný ríkisstj. eða núv. ríkisstj., ef hún verður endurkjörin, getur haft samband við yður á ný. Allt um það held ég að mér sé mögulegt að bera fram nokkrar aths. sem yður kunna að koma að gagni við að meta stöðuna.

Fyrst af öllu get ég staðfest, að ríkisstj. og ég sjálfur erum þeirrar skoðunar að skilmálar og skilyrði, sem um var samið við yður, voru viðunandi í öllum meginþáttum og við höfðum og höfum enn mikinn og áframhaldandi áhuga á framkvæmd verksins í náinni framtíð. Þingflokkar Framsfl. og Alþfl. hafa fallist á þessa skoðun. Flokkur minn hafði hins vegar ekki enn tekið afstöðu um till., og þótt Sjálfstfl. hafi látið í ljós vilja til að greiða fyrir samþykkt frv., ef það yrði lagt fram fyrir þinglok, gerði hann vissa fyrirvara um afstöðu sína til ýmissa efnisatriða.

Mér þykir mjög leitt að tafir þessar kunna að koma verkinu öllu á hættustig, en ég vona að þér sjáið, að núverandi ástand á rætur sínar að rekja til ófyrirsjáanlegra stjórnmálaörðugleika sem ekki eru í neinum tengslum við ágæti áformsins. Nú getum við einungis vonað að hægt verði að taka þetta mál upp fljótlega að væntanlegum kosningum afstöðnum.

Með bestu kveðjum.
Virðingarfyllst,
Magnús Kjartansson,
iðnaðarráðherra.“

Þetta bréf tekur auðvitað af öll tvímæli um það, að upphaf járnblendiverksmiðjumálsins alls var í iðnrn. í ráðherratíð alþb.-mannsins Magnúsar Kjartanssonar. Það er ítrekað í tveimur uppköstunum, sem ég las áðan, og í endanlega bréfinu, að þá, 21. maí 1974, er það eindregin skoðun þáv. ríkisstj. og eindregin skoðun þáv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, mjög mikilvægt mál frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það er talað um ágæti áformsins í bréfinu, og ég segi það aftur, að ég leyfi mér að efast um, sterkar skal ég ekki kveða að orði, að Magnús Kjartansson hefði sent slíkt bréf nema hann hefði getað verið viss um að hann hefði meiri hl. þingflokks Alþb. að baki sér. Slíkt væri ólíkt starfsháttum manns á borð við Magnús Kjartansson.

Með hliðsjón af þessu hlýt ég að telja málflutning Alþb. nú vera óheiðarlegan. Þeir láta svo nú eins og þeim sé málið alls óviðkomandi, þeir tala eins og þeir hafi alla tíð verið andvígir málinu, þó að þær staðreyndir, sem ég hef hér greint frá, taki af öll tvímæli um það, að upphaf málsins er í iðnrn. Magnúsar Kjartanssonar, að hann sjálfur var eindreginn stuðningsmaður og fylgismaður málsins. Mér þykir langliklegast að hann hafi haft meiri hl. þingflokks Alþb. á sínu bandi á þessum tíma, þ. e. a. s. vorið 1974. En það er í öllu falli alveg ljóst, það segir hann beinlínis í einu uppkastinu, að þingflokkur Alþb. hafi verið búinn að samþykkja að málið mætti leggja fyrir sem stjfrv. á haustþinginu 1974. Það er a. m. k. skjalfest, að það hefur þingflokkur Alþb. samþykkt á sínum tíma, fyrir þrem árum, og samt er talað eins og menn tala nú í dag.

Ég þarf ekki að orðlengja frekar um þetta, en í framhaldi af þeim umr., sem fram hafa farið við 1. umr. þessa máls, þá fannst mér nauðsynlegt að þessi skjöl, sem að vísu hafa verið trúnaðarmál, séu birt þingi og þjóð til þess að þm. og þjóðin öll geti í heild áttað sig á upphafi og sögu þessa máls.

Þetta var annað atriðið þess sem gerði afgreiðsluna í gær eða meðferð málsins á þinginu nú sögulega. Hitt atriðið er það, sem ég vék að í upphafi, að þetta mál hefur orðið til þess að opinbera hversu veikum fótum núv. hæstv. ríkisstj. stendur.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það var af svipuðu tagi og áður, það innlegg sem formaður þingflokks Alþfl. hafði hér fram að færa í sambandi við það stóra mál sem hér er á dagskrá. Hann vék ekki að því einu orði að reyna að rökstyðja afstöðu Alþfl. til málsins, heldur dró hér upp gömul bréf sem er mesti misskilningur að séu nú lesin hér upp í fyrsta skipti. Þau voru m. a. lesin yfir mér á framboðsfundum austur á landi fyrir löngu og hafa oft verið lesin upp, svo að þau eru ekkert ókunn. Hins vegar reyndi hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason að túlka

þessi bréf og draga af þeim ýmsar ályktanir sem vitanlega fá ekki staðist, en voru í fullu samræmi við þann málflutning sem Alþfl. hefur iðkað í þessu máli.

Það hefur komið mjög skýrt fram í umr. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, bæði í fyrra skiptið þegar frv. lá hér fyrir um það mál og eins að þessu sinni, að lengi hafði starfað á vegum iðnrn. sérstök n. um orkufrekan iðnað undir stjórn formanns Landsvirkjunar, Jóhannesar Nordals. Og það hefur ekki farið fram hjá neinum manni, sem hlýtt hefur á þessar umr., að þessi n. hafði átt í samningagerð við fulltrúa auðfyrirtækisins Union Carbide og gert drög að samningum við þennan auðhring um að koma upp járnblendiverksmiðju hér, í meginatriðum á þeim grundvelli sem nú er verið að ræða um að setja lög um. Þetta hefur legið fyrir allan tímann. Ég hef sagt frá því nokkrum sinnum hér í umr. um málið, að ég hafi í ríkisstj. látið bóka andstöðu mína við þetta mál. Hér hefur einn af núv. ráðh., sem þá sat með mér í ríkisstj., staðfest í umr. að þetta sé rétt. Þetta hefur verið staðfest hér margsinnis áður. En auðvitað munar formann þingflokks Alþfl. ekkert um að segja, að margendurtaka að öll ríkisstj. hafi verið á þessari skoðun, þetta hafi verið eindregin skoðun allrar ríkisstj. (GÞG: Þetta er því miður.) Ja, þetta er óheiðarlegur málflutningur hjá Gylfa Þ. Gíslasyni, þegar það liggur fyrir að það er margstaðfest hver hafi verið afstaða mín til málsins. Hér er aðeins um það að ræða, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vill ekki viðurkenna það sem honum kemur eitthvað aðeins verr. Það skal reyna að halda hinu á lofti, sem hann veit að er ósatt.

Það hefur ekki heldur verið á neinn hátt óljóst fyrir mönnum, að Magnús Kjartansson fylgdist með störfum þessarar n., sem hafði staðið í samningum við Union Carbide, og hann var á þeirri skoðun að rétt væri að gera samning um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði með tilteknum skilyrðum. Þetta hefur legið fyrir allan tímann. En hitt hefur líka verið jafnskýrt, eins og er raunverulega staðfest í þeim bréfum eða uppköstum að bréfum sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason las hér upp, að Magnús Kjartansson tók alltaf fram, að þó að þessi hugmynd um járnblendiverksmiðjuna nyti stuðnings Alþfl. og Framsfl., þá væri ekki um að ræða stuðning Alþb. Það tók hann fram. Ég veitti að vísu athygli, að nú kom upp sá lestur í bréfi því sem Magnús Kjartansson hafði sent 21. maí, að Gylfi Þ. Gíslason orðaði það nú á annan veg í sambandi við þetta bréf en öll hin, þar sem hann segir að flokkur minn hafi ekki tekið afstöðu. Ég skal ekkert segja um hvernig þýðingin á þessu er, en eitt veit ég, að þetta er ekki í samræmi við hin uppköstin sem hann las og þetta er ekki í samræmi við sannleika málsins, vegna þess að um það megum við gerst vita sjálfir, það er alveg ljóst, að þetta mál hafði ekki hlotið samþykki, hvorki í þingflokki Alþb. né í stjórnmálaflokknum sem slíkum. Á það er auðvitað auðvelt að færa fullar sönnur. Hinu geta auðvitað óvandaðir málflytjendur haldið áfram að þrástagast á þó að annað sé upplýst.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að megintilgangur af hálfu Magnúsar Kjartanssonar á þessum tíma, þegar vinstri stjórninni var raunverulega lokið og búið var að ákveða að efna til kosninga, þá var meginsjónarmið hans á grundvelli þeirra draga að samningum, sem fyrir lágu við hið ameríska fyrirtæki, að það lá fyrir að það var tvímælalaus meiri hluti fyrir því hér á landi að gera þennan samning. Það vissu allir um afstöðu Sjálfstfl. Sú andstaða, sem þar kom fram, var eingöngu á þessum tíma byggð á því að hann vildi koma ríkisstj. frá Allir vissu að Sjálfstfl. var samþykkur efni málsins, og ég efast ekkert um að t. d. formaður í þeirri viðræðunefnd, sem gerði drögin að þessum samningum við Union Carbide á sínum tíma, hefur ekkert dregið undan að túlka það hvert var raunverulegt sjónarmið Sjálfstfl. Og af því að Magnús Kjartansson vissi um þessa afstöðu Sjálfstfl., hafði á borðinu samþykki Alþfl. og vissi einnig um afstöðu Framsfl., þá var honum alveg ljóst að þetta mál hlyti að ganga fram. Hann hafði sína skoðun á málinu, en hann hafði alltaf tekið fram það, sem lá alveg bókfast fyrir, að Alþb. hafði aldrei léð samþykki sitt fyrir málinu og ég sem meðráðh. hans í ríkisstj. hafði látið bóka andstöðu mína við málið.

Í umræðum um þetta mál hef ég einnig greint frá því hér á Alþ. og fleiri sem þátt tóku í þeim fundi, að hér í alþingishúsinu var í marsmánuði fundur með ríkisstj. allri á þeim tíma og fulltrúum stjórnmálaflokkanna og fulltrúum í n. um orkufrekan iðnað, þar sem síðustu drög að samningagerð voru lögð fram. Á þeim fundi var ekki tekin nein formleg ákvörðun. Þar lýsti ég einnig andstöðu minni við málið, og ég efast ekkert um að allir, sem þar voru, eru fúsir að votta það, að þetta var afstaða mín. En það er, eins og ég segi, athyglisvert að formaður þingflokks Alþfl. vill í þessum efnum hafa það sem hann veit að er ósatt. Hann vill reyna að hafa það sem rétt og reyna að klína því bæði á Alþb. og mig, að við höfum á þessum tíma verið búnir að samþykkja að standa með þessu máli. Allt slíkt er rangt.

Ég skil það mætavel, að í þeirri stöðu sem Magnús Kjartansson var á þessum tíma, þá var nokkur vandi fyrir hann, eftir að ríkisstj. var raunverulega fallin, að láta þá samninga algerlega falla niður sem gerðir höfðu verið óformlega við hinn erlenda aðila, þar sem fyrir lá að það var stjórnmálalegur meiri hl. á Íslandi fyrir því að þetta mál næði fram að ganga. Og af því m. a. ganga öll þessi bréfaviðskipti á milli, að þegar fulltrúi Union Carbide er með hótanir um að hann gangi þá frá öllu saman, þá er verið að undirstrika það, hver sé afstaða flokkanna á Alþ. til málsins, og frá því er skýrt og þá alltaf tekið fram það, sem rétt var, að „minn flokkur“, eins og Magnús Kjartansson segir, hafi ekki tekið afstöðu til málsins.

Ég vil því segja það í sambandi við þennan málflutning Gylfa Þ. Gíslasonar, að auðvitað segir þessi málflutningur ekkert nýtt um gang þessa máls, ekkert annað en það sem fyrir lá um störf þessarar n. sem hafði gert drög að samningum við Union Carbide og hafði unnið

að störfum sínum í fullu samráði við Magnús Kjartansson, þáv. iðnrh., sem einnig hafði lýst því yfir, eins og hann hafði lýst yfir hér á Alþ., að hann fyrir sitt leyti gæti fallist á þessa samningsgerð. En hitt er jafnljóst, að Alþb. hafði aldrei samþykkt þessa samninga og þar var allan tímann yfirgnæfandi meiri hluti manna gegn samningsgerð á þessum grundvelli.

Þessi atriði um það, hvar upphaf þessa máls hafi legið og hvað hafi verið búið að gera í sambandi við þær viðræður sem áttu sér stað á milli n. um orkufrekan iðnað og hinna erlendu aðila, eru ekki það sem skiptir máli í þessum efnum. Það er hitt sem skiptir máli, að þegar málið kemur fyrir Alþ. til afgreiðslu, hver þá er afstaða einstakra þm. og einstakra stjórnmálaflokka til málsins og hvernig þeir rökstyðja afstöðu sína til málsins.

Þegar málið loksins kom fyrir Alþ. kom auðvitað í ljós að þingflokkur Alþb. var einróma á móti málinu og Magnús Kjartansson greiddi einnig þá atkv. á móti málinu þrátt fyrir sinn fyrri hlut að þessu máli, þar sem hann benti m. a. á að aðstæður væru gerbreyttar frá því að þessi drög voru samin á sínum tíma vegna breyttrar aðstöðu. Hann gerði hér grein fyrir þessari afstöðu sinni. Þegar málið svo kemur fyrir Alþ. getur auðvitað enginn stjórnmálaflokkur, sem metur virðingu sína að einhverju, réttlætt afstöðu sína til máls eins og þessa á þeim grundvelli að einhver annar maður úr öðrum flokki hafi staðið í samningsgerð við aðra aðila um málið. En það er engu líkara en að Alþfl. þurfi ekki á neinu slíku að halda. Hann er bara með því að semja við útlendinga um stóriðju, og eina afsökun hans er sú, að Magnús Kjartansson hafi tekið þátt í samningsgerð um málið.

Við alþb.-menn höfum hins vegar, bæði í fyrra tilfellinu og nú einnig í hinu síðara, gert grein fyrir afstöðu okkar til málsins efnislega séð. Við höfum bent á að raforkusalan er óhagkvæm. Hvað segir Alþfl. um það? Ekki eitt einasta orð. Við höfum bent á að hér sé um rekstur að ræða sem sé mjög áhættusamur og miklar líkur til þess að hér geti verið um hallarekstur að ræða. Hvað segir Alþfl. um það? Alveg sama bara með erlendri stóriðju. Við höfum einnig bent á að þau skilyrði, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins vildi setja til þess að tryggja okkur gegn mengunarhættunni, það hafi verið vikið frá þeim í veigamiklum atriðum. Hvað segir Alþfl. um þetta atriði? Metur það einskis. Það eina, sem hann styðst við, er það, að Magnús Kjartansson tók á sínum tíma þátt í því að semja við Union Carbide um þetta mál.

Auðvitað er það, að afstaða af þessu tagi sýnir bara hve málstaðurinn hjá þeim, sem standa með þessu máli, er veikur. Þess mun verða minnst lengi, að það hefur komið í ljós í þessu máli að eini stjórnmálaflokkurinn hér á Alþ. nú, sem virðist standa alveg heill og óskiptur í gegnum þykkt og þunnt með erlendri stóriðju, það er Alþfl., og hann þarf engin önnur rök en þau, að Magnús Kjartansson hafi tekið þátt í því að ræða við hina erlendu aðila. Alþfl. verður nú í dag dæmdur mesti stóriðjuflokkur allra flokka á Íslandi, enda segir núv. formaður flokksins, Benedikt Gröndal, í umr. um málið að hann telji það blátt áfram til einstakrar íhaldssemi og afturhaldssemi að standa gegn máli eins og þessu. Hann bætti því einnig við, að þar sem nú væru liðin um 10 ár síðan síðast var gerður samningur við erlendan aðila um stóriðju, þ. e. a. s. um álverksmiðjuna í Straumsvík, þá væri nú kominn tími til að fara að bæta við.

Þetta er afstaða Alþfl. Og auðvitað dettur engum manni í hug, að Alþfl. frii sig eitthvað í sambandi við þessa afstöðu með því aðeins að vitna til þess, að á ákveðnum tíma hafi Magnús Kjartansson tekið þátt í samningsgerð um málið og hann hafi þá verið fylgjandi málinu.

Það kemur sem sagt í ljós að Alþfl., sem reynir að hefja sig nokkuð í vissu tilfelli með því, að hann vilji jafnvel öðrum flokkum fremur stuðla að því að skapa öryggi á vinnustöðum, vernda þá, sem vinna á hinum ýmsu stöðum, gegn ýmiss konar hættu, hann víkur öllum slíkum sjónarmiðum sínum til hliðar og gleypir hvað sem er þegar um það er að ræða að hann eigi kost á að samþykkja erlenda stóriðju á Íslandi. Þetta er það sem liggur fyrir. Og þeir alþfl.-menn, sem nokkuð sperra sig í sambandi við byggðamál, að þeir vilji sérstaklega aðstoða landsbyggðina í sambandi við atvinnuuppbygginguna þar, hika aldrei við að styðja fremur þátttöku í erlendri stóriðju heldur en að verja fjármunum ríkisins til atvinnulegrar uppbyggingar úti á landi. Þá stendur ekki á fulltrúum Alþfl. Þetta verður líka munað, vegna þess að jafnt Alþfl. og aðrir flokkar verða vitanlega dregnir til dóms í sambandi við þetta mál út frá því, hver efnisleg afstaða þeirra er til málsins, en ekki til þess, hvort þeir geti bent á, að á einhverjum tíma hafi einhver maður í Alþb. stutt tiltekna samninga í sambandi við verksmiðju af því tagi sem hér er verið að ræða um.

Í fyrri umr. um þetta mál eyddi ég nokkrum tíma í að afhjúpa á þennan hátt einmitt þá ómerkilegu afstöðu sem ég tel að hafi komið fram frá talsmönnum Framsfl., einmitt á þessu sama sviði. Þeir hafa mjög reynt að afsaka afstöðu sína til þessa máls með því að það megi rekja upphaf málsins til ráðh. Alþb. og jafnvel til þess að tekin var ákvörðun um að ráðast í Sigölduvirkjun. Auðvitað eru afsakanir af þessu tagi frá fulltrúum Framsfl. mjög ómerkilegar afsakanir og skýra ekki á nokkurn hátt þeirra raunverulegu afstöðu til þessa máls. Fyrirslátturinn varðandi ákvörðunina um Sigölduvirkjun er rangur, eins og auðvelt er að sanna og er búið að gera í þessum umr., og auðvitað verður afstaða framsóknarmanna til járnblendimálsins nú ekki afsökuð með því, að Magnús Kjartansson hafi verið yfirmaður þeirrar n. sem stóð í samningsgerð við Union Carbide og hann hafi verið hlynntur því að semja á þeim grundvelli sem þar var rætt um.

Ég verð hins vegar að segja það, að mér finnst miklu heiðarlegri málflutningur sem hér hefur komið fram af hálfu sjálfstæðismanna sem tekið hafa þátt í þessum umr., því að þeir reyna þó flestir, a. m. k. þeir sem eru virkilegir talsmenn járnblendisamningsins, að hleypa rökum undir

það vegna hvers þeir séu á þessari skoðun. Þeir reyna t. d. að halda því fram að raforkusamningurinn til verksmiðjunnar sé hagstæður. Þeir trúa á rekstur þessarar verksmiðju í félagsskap við útlendinga, að þetta muni styrkja íslenskt atvinnulíf. Þeir hafa verið að reyna að bisa við að rökstyðja þetta. Auðvitað koma hér upp aðrir þm. úr þeirra eigin hópi sem hafa rifið þetta aftur niður og bent á að raforkusölusamningurinn væri óhagkvæmur, það væri miklu líklegra að hér yrði um taprekstur að ræða, og hér væri um alveg óeðlileg fríðindi frá hálfu íslenska ríkisins að ræða til þessa fyrirtækis. Mér finnst því að málflutningur þeirra sé ekki traustur. En þeir hafa þó á efnislegan hátt reynt að rökstyðja sitt mál. En afstaða Alþfl., þegar hann er að finna til þungans af almenningsálitinu fyrir þjónkun hans í sambandi við erlenda stóriðju, þegar hann reynist mesti undirlægjuflokkurinn af öllum hér á Alþ. í sambandi við erlenda stóriðju og virðist vera með hverju sem er og hvenær sem er í þeim efnum, — þegar hann er að finna til þunga almenningsálitsins í sambandi við þessa afstöðu, þá er það eina sem hann hefur að segja: Magnús Kjartansson var fylgjandi þessu á sínum tíma, hann skrifaði bréf, og líklega hefur allt Alþb. þá verið með þessu. Og eflaust trúum við því, að Magnús Kjartansson hafi rétt fyrir sér í þessu og þessu og þessu. — En eins og ég hef hér sagt, þá liggur hitt fyrir svo óumdeilanlega, að það tekur í rauninni ekki að standa hér í löngum þrætum við hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason um slíka fjarstæðu, — það liggur óumdeilanlega fyrir hver var afstaða mín til þessa máls allan tímann og er viðurkennt af samstarfsmönnum mínum þá í ríkisstj., og það liggur líka fyrir að minn flokkur, Alþb., hafði aldrei samþykkt að vera með því að þessi verksmiðja yrði byggð. Þetta er það sem er óumdeilanlegt. En auðvitað geta menn, sem stunda hér óheiðarlegan málflutning, sagt, og það getur maður jafnvel heyrt úr munni manns eins og hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hefur ekki verið vandur að orðum sínum um Magnús Kjartansson, eins og auðvelt er að sýna í sambandi við umr. sem hafa farið fram á Alþ. þeirra á milli, þá kemur hann auðvitað upp og segir: Ég trúi því aldrei á Magnús Kjartansson að hann hafi verið að skrifa svona bréf eða hugsa svona nema hann hafi verið búinn að fá samþykki í Alþb., nema öll ríkisstj. hafi staðið að þessu máli, — þó að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason viti allt annað. Samt skal hann segja það sem hann veit að er rangt í þessu máli. Og svo treystir þessi hv. þm. sér til þess að segja að málflutningur minn og annarra alþb.-manna hér um þetta mál hafi verið óheiðarlegur og siðlaus. En það er ekki siðlaus málflutningur að segja þetta á þennan hátt sem hann gerir, þó að hann viti um staðreyndir málsins, t. d. varðandi afstöðu mína!

Ég held að það þurfi ekki mörgum orðum um það að fara, það muni allir alþm. viðurkenna að svona málflutningur eins og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason viðhafði í þessu máli er siðlaus og óheiðarlegur. En hitt má hann vita, að það er enginn nýr fróðleikur um þessi bréf og uppkast að bréfum sem hann las hér upp að Magnús Kjartansson hefði samið á sínum tíma og ekki sent eða samið og sent. Það hefur margsinnis komið fram áður í umr. um þetta mál, hver þáttur hans var í sambandi við störf n. um orkufrekan iðnað og hvert álit hans var á þessum tíma á þessum samningum. En það breytir engu um afstöðu okkar alþb.-manna og engu um þann málflutning sem við höfum haft hér, því að hann hefur fullkomlega verið á málefnalegum grundvelli og um það sem skiptir máli í sambandi við þetta mál.

Það eru hvorki slúðursögur né rangtúlkanir sem hér skipta máli. Það, sem máli skiptir, er hver er afstaðan til þess, hvort við eigum að leggja í þessa framkvæmd eða ekki. Það er það sem skiptir máli. Það er vitanlega ekkert smáræði sem um er að ræða þegar er verið að taka ákvörðun um að fara í framkvæmd sem gert er ráð fyrir í byrjun að muni kosta 18.4 milljarða kr. Þar að auki verður að bæta við þann háa stofnkostnað helmningnum af stofnkostnaði Sigölduvirkjunar, því að það á að ráðstafa um 20 ára tímabil helmingnum af orkunni frá þessu nýja orkuveri. Þar má því bæta við í kringum 9 milljörðum til viðbótar við þessa 18. Hér er því verið raunverulega að taka ákvörðun um fjárfestingu sem nemur í kringum 27 milljörðum kr. Það er því ekki of mikið þó að krafa sé gerð um það, að þeir sem að slíku standa, reyni að færa einhver rök fram fyrir afstöðu sinni til málsins, önnur en þau að iðka málflutning af því tagi sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason viðhafði hér nú á undan.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vil aðeins endurtaka það, að hvernig svo sem Gylfi Þ. Gíslason eða aðrir reyna að lesa þau bréf, sem hann var að lesa hér upp áðan, og snúa út úr þeim orðum Magnúsar Kjartanssonar, að ríkisstj. hafi viljað gera þennan samning, þá veit hann mætavel að þar er um meiri hl. ríkisstj. að ræða. Slíkar samþykktir hafa iðulega verið gerðar. Afstaða mín lá þarna ljós fyrir. Það er ekkert um það að villast að meiri hl. ríkisstj. var á því að gera þennan samning. Það er enginn vafi á því. En hitt er ekki rétt, að halda því fram að það hafi verið allir í ríkisstj. Það er óheiðarlegt að segja það þegar menn vita um þær staðreyndir í málinu sem ég hef hér greint frá. Og sem sagt, allar getgátur um að Alþb. sem stjórnmálaflokkur eða þingflokkur hafi léð á nokkurn hátt samþykki sitt fyrir þessum samningsdrögum, allt slíkt er út í bláinn og sagt í rauninni gegn betri vitund.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hóf ræðu sína á því að finna að því, að ég skyldi ekki hafa flutt rökstuðning fyrir stuðningi Alþfl. við það frv. sem hér er um að ræða. Sú einfalda ástæða liggur til þess að ég gerði þetta ekki, að fulltrúi Alþfl. í hv. iðnn. þessarar d., Benedikt Gröndal, formaður Alþfl., hafði haldið ítarlegar ræður um málið almennt bæði við 1. og 2. umr. málsins og gert þar efnislega grein fyrir afstöðu Alþfl. til málsins í mjög ítarlegu og vel rökstuddu máli. Ég tel mig engu orði hafa við það að bæta sem Benedikt Gröndal

sagði í þessum ræðum sínum við 1. og 2. umr. málsins. Það var ekki erindi mitt hér við 3. umr. seint síðdegis að halda áfram almennum umr. um málið. Hitt teldi ég nauðsynlegt, að upplýsa þing og þjóð um forsögu málsins, um upphaf málsins, sem hafði verið vanrækt að ræða um við 1. og 2. umr.

Hv. þm. sagði margoft í ræðu sinni, að ég vilji hafa það sem ég viti að sé ósatt, ég hafi verið að túlka bréfin, sem ég las, og snúa út úr þeim. Þetta er alger misskilningur. Það, sem ég gerði, var að lesa bréfin orðrétt. Það stendur í því bréfi, sem Magnús Kjartansson endanlega sendi, eins og ég las áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrst af öllu get ég staðfest, að ríkisstj. og ég sjálfur erum þeirrar skoðunar að skilmálar og skilyrði, sem um var samið við yður, voru viðunandi í öllum meginþáttum og við höfðum og höfum enn mikinn og áframhaldandi áhuga á framkvæmd verksins í náinni framtíð."

Þetta voru ekki mín orð. Þetta eru orð Magnúsar Kjartanssonar sjálfs. Hann gerir engan fyrirvara um að það sé ágreiningur í ríkisstj., og er það þá óheiðarlegt af mér að lesa hans eigin orð? Sé það óheiðarlegt að nota orðið ríkisstj. í sambandi við þessa afstöðu, lýsingu á þessari afstöðu, þá er óheiðarleikinn Magnúsar Kjartanssonar, en ekki minn. (**LJós:** Má ég benda þm. á, að áðan talaði hann um „eindregin" og „öll ríkisstj.", margendurtók það.) Já, já, ég hef hér textann nákvæmlega eins og ég las hann. (Gripið fram í.) Það má gá að því á spólunni. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ég hef lesið þessi bréf rétt. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gera svo vel að hafa ekki samtal, þeir geta fengið orðið á eftir, þeir sem nú sitja í sætum sínum.) Ég vek athygli á því aftur, að ég gerði það eitt að lesa orðrétt það bréf sem Magnús Kjartansson þáv. iðnrh. sendi Union Carbide, og þar er talað um afstöðu ríkisstj. Ég gerði enga tilraun til þess að túlka það. Ég nefndi ekki hv. þm. Lúðvík Jósepsson í þessu sambandi. (Gripið fram í.) „Fyrst af öllu get ég staðfest að ríkisstj. og ég sjálfur" — ætli þm. rugli ekki þessu saman? (**LJós:** Nei, nei, nei.) Við skulum bara skoða spóluna á eftir, ég hef örugglega lesið rétt.

Varðandi hitt atriðið sem hann sagði mig hafa reynt að gera tortryggilegt, stendur orðrétt í bréfinu, með leyfi forseta:

„Flokkur minn hafði hins vegar ekki enn tekið afstöðu um till., og þótt Sjálfstfl. hafi látið í ljós vilja til þess að greiða fyrir samþykkt frv. ef það yrði lagt fram fyrir þinglok, gerði hann vissa fyrirvara um afstöðu sína til ýmissa efnisatriða."

Þetta er orðrétt úr bréfinu. Ég gerði enga tilraun til þess að túlka þetta. Það eina, sem ég sagði, var að mér þætti ósennilegt að Magnús Kjartansson hefði sent það bréf, sem hann raunverulega sendi, ef hann hefði ekki haft meiri hl. þingflokks Alþb. að baki sér. En ég fullyrti það ekki, því að ég veit það ekki. Hann gaf í skyn að hér kynni að vera um ranga þýðingu að ræða. Til að taka af öll tvímæli um þetta ætla ég líka að lesa enska textann, þannig að hann sé líka til á spólu og í þskj., þannig að það komi í ljós að þetta er nákvæm og rétt þýðing, enda gerð af trúverðugum aðila. En enski textinn er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„First of all I can confirm to you, that the Government and myself are of the opinion that the terms and conditions negotiated with you were accepatable in all principal aspects and we had and still have a strong and continued interest in the implementation of the project at an early date. This opinion has been subscribed too by the Parliamentary groops of the Progressive Party and the Social Democratic Party. My own party had, however, not yet taken a position on the proposals in principal, and the Indepedencc Party, while expressing its willingness to facilitate the passage of the bill if presented before the end of the parliamentary recession, had certain reservations regarding its position on various points of substance."

Hér lýkur þessum kafla úr bréfinu, sem raunverulega var sent, á ensku. Þýðingin er því alveg auðsjáanlega rétt.

Lúðvík Jósepsson, hv. þm., gerir mikið úr því að hann hafi gert skriflegan fyrirvara á ríkisstjórnarfundi um afstöðu sína til þessa máls. Ég dreg auðvitað ekki í efa ummæli hans um þetta efni. En ég held að það væri gagnlegt fyrir þm. og sögu alls málsins að hann birti þennan fyrirvara, þannig að við sjáum hvernig hann er orðaður og hvenær hann var gerður. Ég vil mælast til þess við hv. þm. Lúðvík Jósepsson, að hann skýri frá því, að hann birti þennan fyrirvara sinn, hann hlýtur að vera til í fundargerðum ríkisstjórnarfunda, þannig að menn sjái hvað Lúðvík Jósepsson hefur raunverulega sagt í ríkisstjórninni. Óneitanlega er það undarlegt, að Magnús Kjartansson skuli í öllum uppköstunum tala um ríkisstj. og sig: „The Government and myself are of the opinion" o. s. frv. Í öllu falli það er undarlegt að hann skuli taka þannig til orða, hafi Lúðvík Jósepsson, áður en hann skrifaði bréfið, bókað mótmæli. Það skiptir engu máli hvað Lúðvík Jósepsson gerir eftir að bréfið er sent. Menn veita þessu væntanlega athygli. Hafi viðskrh., flokksbróðir Magnúsar Kjartanssonar, áður en bréfin voru send, þ. e. a. s. fyrir 21. maí, gert skriflegan fyrirvara um andstöðu sína við málið, þá er undarlegt að maður eins og Magnús Kjartansson, sem ég ber fyllstu virðingu fyrir, þó að okkur greini á um marga hluti og hafi alltaf gert, — þá er undarlegt að hann skuli taka þannig til orða í mikilvægu bréfi til erlends stórfyrirtækis sem hann hefur staðið í samningum við upp á milljarða kr.

Ég ítreka þá áskorun mína til hv. þm., að hann birti þennan fyrirvara sinn, hvernig hann hljóðar og hvenær, hvaða dag, hann er gerður. Það skiptir meginmáli, hvort það er gert fyrir 21. maí eða hvort það kann að vera gert eftir 21. maí. Það skyldi nú ekki vera, að hann hefði verið gerður eftir 21. maí? Ég varpa þeirri spurningu fram. Það gæti þá verið eitthvað líkt því sem hann vitnaði til áðan, að Magnús Kjartansson hefði greitt atkvæði á móti þessu frv. þegar það kom fyrir hér fyrst. Það er rétt. En þá var Magnús Kjartansson kominn í stjórnarandstöðu, og það er einmitt mergurinn málsins. Hann hafði eina skoðun sem ráðh. í ríkisstj. og skipti um skoðun eftir að hann hætti að vera ráðh. og

var kominn í stjórnarandstöðu. Það er merginn málsins, og það hið ógeðfellda í sögu þessa máls.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. á þessum tíma þessa dags. Það er komið fram, sem ég vildi láta koma fram um málið, þ. e. a. s. hvert upphaf þess er. Það þýðir ekki fyrir þá, sem eru upphafsmenn málsins, að þræta fyrir það nú á þessari stundu.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Það hefur ekki áður komið jafngreinilega í ljós eins og núna, hversu óvinsælt mál Grundartangaverksmiðjan er. Þegar hv. formaður þingflokks Alþfl. kemur hér í ræðustól, loksins, loksins, til þess að láta ljós sitt skína um þetta mál, kemur hann þá ekki til þess að lýsa ágæti þessarar verksmiðju og rökstyðja þar með þá afstöðu sína að styðja hana, eins og hann gerir og þeir flokksfélagar? Kemur hann ekki til þess að rekja sögu málsins og segja hverjum þetta er allt að þakka? Ef einhverjir alþb.-menn hafa komið við forsögu þessa máls, þessa ágæta máls, hlýtur þeim þá ekki að vera eitthvað að þakka?

Ég hygg að það sé ljóst flestum alþm. hvað gerst hefur. Eftir atkvgr. í gær, þegar í ljós kemur, að einn þingflokkur, þingflokkur Alþfl. er skilyrðislaust með þessu máli, og fregnir um það berast út til alþfl.-manna, þá eru tveir menn heldur en ekki teknir í karpúsið, formaður Alþfl. og formaður þingflokks Alþfl., — teknir í karpúsið hjá sínum eigin flokksmönnum, sem spyrja: Hvað eruð þið eiginlega að fara? Hvað á þetta að þýða? — Og til þess nú að verða ekki sakaður um að hafa bókstaflega ekkert sagt í þessu stórmáli hleypur formaður þingflokks Alþfl. hér upp með gamlar fullyrðingar um þátt Magnúsar Kjartanssonar í þessu máli en hann er nú hvergi nærri til andsvara, af ástæðum sem allir vita. Formaður þingflokks Alþfl. gerir þetta ekki til að halda því fram að þetta sé að svo og svo miklu leyti Magnúsi Kjartanssyni að þakka. Tóninn í ræðu hv. formanns þingflokks Alþfl. er þessi: Þetta er svo og svo mikið Magnúsi Kjartanssyni að kenna. Ágæti þessa máls er hvergi finnanlegt í þessum málflutningi. Hitt er ljóst, að maðurinn er í vandræðum. Og þarna sitja hlið við hlið tveir brjóstumkennanlegir menn, sakbitnir menn, formaður Alþfl. og formaður þingflokks Alþfl. Og svo gerir hann, formaður þingflokks Alþfl. gerir formanni Alþfl. þann bjarnargreiða hér áðan að minnast á framlag formanns flokksins til þessarar umr. En ræða hans hér í gær var með endemum.

Ég þarf ekki að eyða tíma mínum í það að svara fullyrðingum hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar um aðild Magnúsar Kjartanssonar að þessu máli. Það er rétt, að Magnús Kjartansson átti þátt í viðræðum við Union Carbide á sínum tíma. Fram að þeim tíma hafði ríkt það viðhorf og byggðist á fullyrðingum forustumanna Sjálfstfl. og Alþfl., að það væri ekki hægt að gera samninga við erlend fyrirtæki öðru vísi en að hinn erlendi aðili ætti meiri hluta. Hitt átti líka að vera vonlaust, að koma mætti yfir slíkt fyrirtæki íslenskri lögsögu. Þessar fullyrðingar byggðust auðvitað á því, að þessir menn voru staðnir að því reginhneyksli, sem samningurinn við álverið var, og þurftu einhvern veginn að afsaka sig. Og þess vegna var hamrað á þessu: Það er ekki hægt að semja við auðhringana með öðrum hætti en þessum.

Magnús Kjartansson sannaði það hins vegar, þegar hann fór að ræða við auðhringa og m. a. Union Carbide, að þetta var hægt. Það var hægt að láta þá fallast á meirihluta aðild íslendinga. Og það var hægt að láta þá fallast á það, að fyrirtæki, sem stofnuð væru í samlögum við þá, skyldu falla algjörlega undir íslenska lögsögu. Það eitt fyrir sig var mikill ávinningur, að ónýta í eitt skipti fyrir öll þær blekkingaröksemdir sem hafðar höfðu verið uppi af forustumönnum Alþfl. og Sjálfstfl. Blekkingaröksemdir, segi ég. Reyndar er ekki víst að það sé rétta orðið. Ég get best trúað því, að þessir menn hafi haldið að þetta væri ekki hægt. Og ástæðan til þess hefur að sjálfsögðu verið inngróin vantrú á mátt okkar íslendinga gagnvart erlendu valdi, — vantrú, sem eins og ég sagði hér við umr. í gær hefur því miður allt of miklu ráðið um örlög þessarar þjóðar á undanförnum áratugum.

Þær athuganir, sem Magnús Kjartansson lét fram fara, afsönnuðu fullyrðingar undansláttarmanna. En ég ítreka það sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði, að það er ósatt, það er hinn svívirðilegasti málflutningur, sérstaklega þar sem hann kemur frá manni eins og hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, að alþb. sem flokkur hafi verið samþykkt þeirri afstöðu að semja við Union Carbide. Frá því að fyrst var á það minnst — svo ég segi nú um eigin afstöðu — frá því fyrst var minnst á þetta mál, þá barðist ég gegn því. Og ég get borið vitni um það hér að hin sama var afstaða Lúðvíks Jósepssonar.

Víkjum aftur að þessum tveim forustumönnum Alþfl. sem þarna sitja. Staðan hjá þeim er þessi í dag: Þeir hafa fengið heldur en ekki áfellisdóm úr röðum flokksbræðra sinna. Þeir eru komnir í hinn mesta vanda. Og hv. formaður þingflokksins kemur hér upp í dag til þess að ítreka vesældarlega afstöðu þessa flokks í þessu stórmáli með því að koma hvergi nærri því sem máli skiptir. Hér er komið að lokaafgreiðslu málsins í þessari deild og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason kemur hvergi nærri því að rökstyðja afstöðu síns flokks, heldur hleypur á bak við þessi gömlu bréf.

Ég held að af mörgum slæmum áföllum, sem Alþfl. hefur orðið fyrir að undanförnu, þá sé þetta nú einna verst.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurður Magnússon): Hæstv. forseti. Ég hafði ákveðið að taka ekki þátt í þessari 3. umr. málsins nema sérstakt tilefni gæfist til, og þá sérstaklega ef þeir, sem eru stuðningsmenn þessa frv., sæju ástæðu til þess við 3. umr. málsins að svara eitthvað þeirri gagnrýni sem ég hef fram sett á þann málatilbúnað sem hér er á ferðinni, en svo var ekki við 2. umr. málsins. Ég átti því von á því, þegar formaður þingflokks Alþfl. kom hér í stólinn og kvaddi sér hljóðs, að hann væri kominn til að reyna að bæta fyrir það sem talsmaður hans og formaður flokksins hafði gert í umr. áður um málið, en það er á allra vitorði, jafnt þm. sem

alþjóðar, að þátttaka Alþfl. og fulltrúa hans í umr. um þetta mál hér á Alþ. hefur verið með endemum. Sú von brást nú að formaður þingflokksins færi hér í efnislegar umr. um málið, sem hefði getað orðið gagnlegt. En ástæða hans var eigi að síður vitaskuld til þess að reyna að bæta fyrir það sem áður var gert og reyna að draga almenningsálitið frá því sem máli skiptir í þessu sambandi. Og hann fór vitaskuld ekki út í efnislegar umr. vegna þess að aðrir talsmenn Alþfl. hefðu verið búnir að gera þá skyldu sína hér í þingsalnum, eins og hann vildi nú meina. Hann hafði ekkert frekar en þeir til málanna að leggja, annað en að reyna að koma hér á deilum um liðna tíð og reyna að koma hér að rangtúlkunum sem hafa komið fram hér áður. Þau bréf og uppköst að bréfum, sem hann dró upp úr pússi sínu og las fyrir hv. þm., hafa áður verið gerð okkur þm. kunnug. M. a. vitnaði hæstv. iðnrh. til þessara bréfa við 1. umr. málsins á kvöldfundi á Alþ. og ég svaraði þá efni þeirra. En eins og fram kom áðan, þá er undirstrikað í þessum bréfum í fyrsta lagi, að Alþb. hafði aldrei tekið afstöðu til málsins og hafði aldrei samþykkt málið. Það kemur fram í öllum þessum bréfum. Og í öðru lagi kemur það fram í þessum bréfum, að að áliti þess, sem þau skrifar, er málið ekki fullkannað þó að það sé kannað í mörgum aðalatriðum.

En ég held að það sé nauðsynlegt, úr því að þessar umr. eru hafnar hér um þennan þátt þessa máls, að ræða málið svolítið í víðu samhengi.

Erlend stóriðja og fjárfesting erlendra aðila í íslenskum atvinnuvegum er margslungið mál, hefur margar hliðar. Stærst hefur verið í hugum okkar íslenskra sósialista, okkar alþb.-manna, sú hætta sem af slíku stafar fyrir sjálfstæði þessarar þjóðar. Við höfum litið svo á að baráttan gegn erlendri fjárfestingu og erlendum fyrirtækjum á Íslandi væri liður í þeirri sjálfstæðisbaráttu sem þessi þjóð hlýtur að heyja. En eins og alþm. og alþjóð er kunnugt hefur Alþb. — eða forverar þess — verið eini flokkurinn á Íslandi eftir lýðveldisstofnun sem hefur barist gegn erlendri ásælni, — eini flokkurinn á Íslandi sem hart og ótvírætt hefur barist gegn erlendri ásælni og staðið í fararbroddi okkar sjálfstæðisbaráttu. Og okkur hefur orðið það ljóst og var það ekki síst ljóst á viðreisnarárunum — á þeim hörmulegu árum, hversu stór þáttur hin erlenda fjárfesting og hin erlenda stóriðja er í sambandi við okkar sjálfstæðismál. Við gerðum okkur kannske betur grein fyrir því á þeim árum heldur en oft áður, að sá þáttur var ekki veigaminni en sú herseta sem við höfum orðið að búa við um margra margra ára skeið. Og þjóðin, ef hún ætlaði að halda frelsi sínu til framtíðar, varð að spyrna við fótum, það var þess vegna hlutverk Alþb. öll þessi ár að veita baráttunni gegn erlendri fjárfestingu og erlendum stóriðnaði, erlendum álverum forustu á Íslandi, gegn eindreginni andstöðu Alþfl. og Sjálfstfl., en þeir hafa verið eins og síamstvíburar í þessum máli alla tíð og okkar utanríkismálum. Eini flokkurinn, sem e. t. v. hefur léð okkur lið öðru hvoru, er Framsfl., sem stundum hefur verið tilbúinn til viðræðna um að losa Ísland við þá smán sem hersetan er og barðist við hlið okkar á viðreisnarárunum gegn áliðjuverinu í Straumsvík.

Það voru engir smáskammtar, sem þá stóðu til, og engin smáskref, sem ráðamenn viðreisnarstjórnarinnar höfðu í hyggju að stíga í sambandi við erlenda fjárfestingu á þessum árum. Einn hv. þm., sem er hér í salnum, hafði á orði að hann vildi koma á 20 álbræðslum á Íslandi. Já, ég heyri að menn hlæja að þessu. Það er hlegið að þessu í dag, en þetta var stefnumál á sínum tíma hjá forustumönnum Sjálfstfl. sem höfðu enga trú á íslenskri atvinnuþróun. En fyrir harða baráttu tókst að hrinda þessari stefnu Alþfl. og Sjálfstfl., og það var mynduð ný ríkisstjórn sem við höfum oft kallað vinstri stjórn, og í tíð hennar voru stóriðjumálin vissulega rædd. Og ég hef aldrei farið dult með það og aldrei reynt að fara dult með það, að í tíð þeirrar ríkisstj. voru kannaðir þeir möguleikar að koma hér upp stóriðju og stórum orkukaupanda á Íslandi. Til þess var skipuð ákveðin n., viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. En sú meginbreyting varð á í sambandi við þetta mál eftir stjórnaskiptin, að nú voru þessari viðræðunefnd og þeim aðilum, sem áttu að kanna þessa möguleika, sett mjög ströng skilyrði um það, hvernig þeim bæri að ræða við hina erlendu menn, — skilyrði sem áður hafa ekki verið talað um á Íslandi þegar menn töluðu um erlenda fjárfestingu, — skilyrði sem mönnum þóttu fjarstæða á sinni tíð. Og ég vil af þessu tilefni lesa upp lítinn kafla úr ræðu minni við 1. umr. þessa máls, svo að það komi fram að ég hef aldrei farið dult með þetta. Þar sagði ég og ég segi það enn:

„Það markaði því tímamót í allri umr. um samstarf við erlenda aðila í fjárfestingarmálum þegar fyrir forgöngu fyrrv. iðnrh. voru settar fram ákveðnar lágmarksreglur sem fylgja skyldi í slíkum viðræðum. Að þessum lágmarksskilyrðum stóð öll vinstri stjórnin á sínum tíma og þá um leið annar stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar, Framsfl. Þessi lágmarksskilyrði voru efnislega þessi:

1) Að hlutafjármeirihluti væri alltaf í eigu íslenska ríkisins og fyrirtækið væri skrásett sem íslenskt fyrirtæki.

2) Að fyrirtækið þyrfti að lúta íslenskum lögum og lögsögu í einu og öllu.

3) Að raforkuverð yrði að vera þannig að viðunandi væri fyrir rekstur raforkuveranna í landinu."

Síðar í þessari sömu ræðu segi ég um þetta:

„Með þeirri forskrift, sem hér var ákveðin, var hafnað í raun þeirri stefnu, sem áður hafði verið fylgt undir sömu kringumstæðum, og lagt fram verðugt innlegg í framtíðarstefnumörkun þjóðarinnar í þessum efnum. Á grundvelli þessara skilyrða heimilaði fyrrv. ríkisstj. viðræðunefnd um orkufrekan iðnað að undirbúa drög að samningi um kísiljárnsverksmiðju."

Þessi lágmarksskilyrði ættu að vera öllum kunn.

Það er svo ekkert launungarmál, að innan ríkisstj. varð mönnum ljóst, sérstaklega eftir að olíuverð hækkaði mjög haustið 1973, að íslendingum bæri fyrst og fremst að snúa sér að annarri nýtingu raforkunnar, að þar var sá

stóri orkukaupandi sem menn voru að leita að hann væri í landinu sjálfu ef hafist yrði handa um þær framkvæmdir sem eru forsenda slíkrar innlendrar orkunýtingar. Því var það að ríkisstj. lagði fram þáltill., að ég held í apríl á þinginu 1974, þar sem stefnan er mörkuð mjög skýrt í þessum efnum. Þar er lögð áhersla á innlenda orkunýtingu og það sem meira er: í þeirri stefnumörkun kemur fram, að ríkisstj. hafi í hyggju á næsta hausti að leggja fram fjármögnunaráætlun til þeirra framkvæmda.

Afdrif járnblendimálsins voru því augljós. Ríkisstj. hafði ákveðið að setja þennan möguleika til hliðar og snúa sér af oddi og egg að innlendri orkunýtingu. Hins vegar gerði Magnús Kjartansson nokkuð með þeim bréfaskiptum sem hér hefur verið vitnað til. Á vissan hátt tókst honum — og ég hugsa að það verði lengi í minnum haft á Íslandi — honum tókst í raun og veru að binda hendur ýmissa stjórnmálaflokka í afstöðunni til erlendra stóriðju. Hann fékk m. a. Alþfl., sem alltaf hafði verið ræfill í þessum efnum og fylgt þeirri íhaldsstefnu sem ég gat um áðan, — hann fékk hann til að fallast á þá stefnu sem viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hafði mótað, sem var m. a. sú, að meirihlutaeign skyldi ætíð vera í höndum íslendinga. Þess vegna hygg ég, að þegar þetta mál verður rifjað upp í framtíðinni, ekki síst af okkur íslenskum sósíalistum, þá teljum við að sá árangur, sem þarna náðist, hafi á vissan hátt verið mjög stórt skref í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Og mér er engin launung að segja það hér í þingsalnum, að frv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga er vitaskuld allt annað, vegna þess að fyrrnefndum skilyrðum er fylgt að nokkru leyti, m. a. skilyrðinu um meirihlutaeign íslendinga, þó að reyndar hafi verið dregið úr þeirri meirihlutaeign frá því sem ráðgert var, úr 35% í 45% sem hinn erlendi aðili á að eiga.

Nei, stjórnmálaástandið þennan vetur var þannig, að það var fullkomlega ástæða til þess og það var kænlega gert af þeim, sem stóðu að vinstri stjórninni og sáu fyrir hvað verða vildi, að binda ýmsa stjórnmálamenn og ýmis stjórnmálaöfl í landinu við ákveðin meginatriði í stóriðjumálum. Það var vitað í þeim könnunarviðræðum, sem fram fóru um veturinn um þetta mál, að innan Sjálfstfl. voru miklar deilur um þetta atriði. Það kom hér fram í máli hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar áðan, að Sjálfstfl. hefði verið með fyrirvara. Ég þóttist reyndar vita um hvað þessir fyrirvarar hefðu verið, en til þess að fá úr því skorið og til þess að geta farið örugglega með rétt mál hér á hv. Alþ., þá spurði ég hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að því fyrir nokkrum mínútum hverjir þessir fyrirvarar hefðu verið. Og hann sagði mér það, staðfesti það sem ég reyndar vissi. Fyrirvarar Sjálfstfl. í tíð vinstri stjórnarinnar í sambandi við verksmiðjuna á Grundartanga voru um eignaraðild íslendinga að verksmiðjunni. Þeir voru við það gamla heygarðshorn að halda áfram stefnunni sem mótaði löggjöfina um álverið í Straumsvík. En þeir — jafnvel þeir hafa orðið að beygja sig í þessum efnum, þrátt fyrir það að nokkrir þeirra hafi slitið af sér böndin hér í atkvgr. í þingsalnum í gær. Jafnvel þeir hafa orðið að beygja sig, og það er ekki víst að þeim reynist unnt síðar, þó þeir vilji, að rétta sig til hins fyrra horfs í þessu máli. Þetta skiptir vitaskuld sköpum í sambandi við stóriðjumál á Íslandi.

Það er út af fyrir sig lítið innlegg í þetta, en ég vil gjarnan að það komi hér fram, að sá hv. þm., sem vitnað var til áðan að hafi skrifað þessi bréf, Magnús Kjartansson, hann flutti ýmsar brtt. við frv. þegar það var hér á ferðinni 1975. Ég sagði áðan að hann hefði alls ekki talið málið fullkannað á sínum tíma, eins og reyndar kemur fram í bréfunum og eins og kemur fram í þeirri afstöðu sem hann hafði hér 1975 þegar málið var til umr. Í fyrsta lagi flutti hann brtt. við málið og í öðru lagi gerði hann grein fyrir þeirri breyttu afstöðu sem málið allt hefði tekið vegna þeirra aðstæðna sem við stæðum frammi fyrir í sambandi við raforkunýtingu.

Ég gæti haft þessa umr. miklu lengri um þennan þátt málsins, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Ég vil segja það sem ég sagði við 1. umr. þessa máls, þegar þetta sama bréf var notað hér af hæstv. iðnrh. til þess að forðast að ræða aðalatriði málsins, þá sagði ég við þennan hv. þm. og ráðh. að hann vissi það eins vel og ég, að Magnús Kjartansson hefði alla tíð, alla sína stjórnmálatíð verið í forustu þess hóps sem hefði barist gegn erlendri ásælni og m. a. erlendri stóriðju. Hann var í forustu hér í þingsölum um árabil í þeim efnum og sem ritstjóri Þjóðviljans, og þetta veit íslenska þjóðin. Þó að Gylfi Þ. Gíslason reyni að fá hana til að trúa öðru, veit ég að hún trúir ekki slíkri vitleysu. Hún þekkir sitt fólk og hún þekkir þess málflutning. Ég sagði þá og ég segi það enn: Þetta minnir mig svolítið á þegar vissir stjórnmálamenn hafa verið að reyna að rugla fólk í þeirri afstöðu, sem Alþb. hafði á sínum tíma til landhelgismálsins, og reyna að fá fólk til að trúa því, að Alþb. og okkar forustumaður í sjávarútvegsmálum, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, hefði verið á móti útfærslu hennar í 200 mílur. Þetta er álíka saga og henni verður ekki trúað af fólkinu í landinu.

En umr. eru hér hafnar aftur, Alþfl. bryddaði upp á þeim umr. án þess að fara út í málefnalega umr. um þessa verksmiðju. Gylfi Þ. Gíslason, hv. þm., hefur ekki tjáð sig neitt um þær arðsemisáætlanir, sem gerðar hafa verið, og rekstraráætlanir, sem sýna stórfellt tap á þessum rekstri, en þær spár margar eru mjög svartsýnar. Sama gildir um ýmsa aðra þætti þessa máls, svo sem um þær breyt. sem heilbrrn. gerði á till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Benedikt Gröndal, hv. þm., kallaði hér við 2. umr. málsins spardatíning. Ég er viss um að það verður lengi í minnum haft á Íslandi, að sá sami maður og hér hefur verið margsinnis í vetur í ræðustól að prédika að hann vilji bættan aðbúnað fólksins á vinnustöðunum, tryggja réttindi þess, sá hinn sami maður segir að þær breyt., sem heilbrrn. gerir á till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, séu spardatíningur, þrátt fyrir það að ég sýndi fram á það hér og hann mótmælti því ekki með neinum rökum, að í mörgum efnum eru gerðar mjög veigamiklar breytingar á þessum till. sem eru sniðnar eftir reglum í nágrannalöndum okkar.

Tillögum um mengunarmörk er breytt, jafnvel þannig að þær eru helmingi rýmri en þær voru í till. Ýmsum atriðum varðandi hönnun hússins, sem eru grundvallaratriði til þess að hægt sé að halda uppi ryklausum vinnustöðum, er breytt. Þannig gæti ég haldið áfram að tína fram þessi atriði. Engu af þessu var reynt að færa neina málsbót fyrir af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, og því tel ég ekki ástæðu til að rökræða frekar við hann við þessa umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Siglingalög, frv. (þskj. 308, n. 470). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Það mál, sem hér er til umr., er frv. til laga um breyt. á siglingalögunum. Ég skal ekki níðast á vinsemd forseta í því að taka þetta mál fyrir núna síðla kvölds, þegar okkur skilst að flestir þm. þurfi að gegna embættisskyldum í veislum og öðru slíku. En mál þurfa að ná fram og þetta er eitt þeirra að ósk fjölmargra.

Þetta frv. er um breyt. á bráðabirgðaákvæðum siglingalaganna, nr. 66 frá 1963, sbr. breyt. á þeim lögum, nr. 108 frá 1972. Í fáum orðum má segja að þessi breyt. sé fólgin í því, að lögboðnar líf- og örorkutryggingar sjómanna samkv. þessum lögum hækki að sama skapi og samið var um í samningum á milli útgerðarmanna og sjómanna á s. l. ári, þótt þeir samningar næðu ekki fram. En samningarnir ásamt þessum ákvæðum tveim voru hins vegar fest í lög og eru enn í lögum, brbl. þeim sem hafa verið til afgreiðslu í Ed. undanfarna daga. Þó er gengið nokkru lengra í þessu frv. heldur en þar var gert, en það er í þá átt að í þessu frv. eru ákvæði um að ráðh. hafi heimild til þess að breyta uupphæðum bóta, ef breyting á vikukaupi verður í almennri verkamannavinnu, og fari þar að þeim lögum sem gilda um almannatryggingar.

Ég skal nú ekki tefja tímann á því að rekja tilorðningu þessara laga, en minni þó á það, að á sínum tíma, þegar till. um þetta efni voru hér til umr., voru þær vegna frv. sem þm. Alþb. höfðu í fyrstu flutt, en síðan hætt við, en við tókum upp með nokkrum breyt., ég og hv. þm. Friðjón Þórðarson, og fluttum, og þar kom að þetta frv. okkar varð að lögum. Með þau lög um þetta, sem samþ. voru vorið 1972, varð mikil óánægja á meðal útgerðarmanna, og svo kom síðla sumars að þeir töldu sig ekki geta hafið róðra um haustið a. m. k. eða þá á vetrarvertíð — ég man nú ekki glöggt hvort var — öðruvísi en að tveim skilyrðum yrði fullnægt og það yrði ríkisvaldið sem gerði það: annars vegar að breyta þessum tryggingarákvæðum og hins vegar að tryggja rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Það varð úr, að þáv. tryggingaráðh. beitti sér fyrir því að þessi trygging komst á, og var það gert í gegnum Brunabótafélag Íslands, og hét hann útgerðarmönnum að þetta mál yrði tekið til endurskoðunar á næsta þingi, hvað og var gert. Með þetta mál stóð lengi í stappi og hann dró till. sína til baka, en á síðustu stundu tókst fyrir hjálp góðra manna og skynsamra, bæði úr röðum útgerðarmanna og fulltrúa sjómanna og verkalýðs, að ná samkomulagi sem varð til þess, að inn í siglingalögin komust ákvæði um líf- og örorkutryggingar sjómanna. Samtök sjómanna undu vel við þessi ákvæði laganna, þar til þau urðu þess vör, eins og allur almenningur í þessu landi, að óðaverðbólgan hafði áhrif á þær upphæðir sem þarna voru bundnar í lögunum, og gerðu ítrekaðar tilraunir til að fá þessar upphæðir leiðréttar í samræmi við verðbólguna. En það tókst ekki fyrr en í þeim samningum sem tókust á milli útgerðarmanna og fulltrúa sjómanna þegar unnið var að því að breyta sjóðakerfinu.

Ég hef nokkuð rakið hvað út úr því kom. Hins vegar hafa allan þennan tíma, allt frá 1972—1973, verið uppi óskir úr þeirra röðum um að nokkur verðtrygging yrði sett á þessar upphæðir, þannig að ekki þyrfti að leita til löggjafans eða fara inn í erfiða samninga út af þessum atriðum, heldur tækju þessar upphæðir breytingum í samræmi við þá verðbólgu sem væri á hverjum tíma. Það má segja að með þeim samningum, sem tókust á milli fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna á s. l. ári, hafi útgerðarmenn vissulega komið á móti þessum skoðunum sjómanna með því að fallast á að þessar upphæðir yrðu hækkaðar. Ég bið þó þm. að hafa í huga að þetta var aðeins hluti úr heildarsamkomulagi sem þessir aðilar gerðu, og þótt ég teljist einn af þeim sem hafa verið valdir til þess að fara með mál sjómanna oft og tíðum og hafi einmitt átt þátt í því að samkomulag náðist um þetta atriði á sínum tíma í framhaldi af þeirri till., sem ég þá flutti hér á hv. Alþ., þá sé ég ekki ástæðu til annars en þetta sé skýrt dregið fram.

Hins vegar er svo komið, að við í sjútvn. Nd. erum sammála um að mæla með þessu frv. Við töldum, þegar við ákváðum þetta, að ekki mætti við svo búið standa, vegna þess að þá voru engin líkindi til þess að brbl., þar sem voru ákvæði um þessar tryggingar, mundu verða staðfest með löggjöf og þannig gilda áfram, enda eru samningar lausir nú á næstunni. Og ef brbl. verða ekki lögbundin, þá falla þessi ákvæði eins og önnur ákvæði þeirra að sjálfsögðu burt og þá hefðu sjómenn staðið frammi fyrir því og fulltrúar þeirra og aðrir aðstandendur, að horfið hefði verið í þessum tryggingaupphæðum til þess sem lögfest var fyrir allmörgum árum eða haustið 1972. Ég var einn þeirra — og undir það var tekið í sjútvn. — sem töldu að við svo búið mætti ekki standa og þá kannske ekki síst vegna þess, að þegar þetta frv. var hér í bígerð hjá flm., þá var bæði mér og öðrum boðin aðild að flutningi þess, en ég hafnaði því, m. a. á grundvelli þess að þetta væri þegar í lögum og að það, sem á vantaði, ætti vissulega að vera samningsatriði útgerðarmanna og sjómanna. Þar á ég við ákvæðin um, að við hækkun á almenna verkamannakaupinu hafi ráðh. heimild til hækkunar, eins og er um aðrar bætur almannatrygginga, og það ætti að vera samningsatriði, auk þess væri stór hópur sjómanna, sem hefði ekki enn samið um þetta, en mundi sjálfsagt verða tekið upp í væntanlega samninga þeirra. Ég á þar við farmennina og útgerðir verslunarskipanna sem eru að ganga til samninga nú á næstunni.

Það hefur hins vegar komið umsögn frá viðsemjendum farmannanna, frá Vinnuveitendasambandi Íslands, í bréfi frá 16. mars nú í ár, þar

sem þeir benda á nokkrar minni háttar breytingar, sem efnislega hafa enga þýðingu, en segja samt sem áður að þeir telji breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á lögunum, eðlilegar og sanngjarnar, en vilja þó benda á minni háttar breytingar. Þótt ég sé mikið fylgjandi því að það sé ekki fyrr en í síðustu lög, sem löggjafinn hafi áhrif á kaup og kjarasamninga, og vissulega hafi þetta verið beinn þáttur þeirra um langt árabil, þótt ég hafi hins vegar persónulega haft aðra skoðun þar á í sambandi við líf- og örorkutryggingar þessara manna, sem búa sannarlega við margfalt meiri hættu í starfi heldur en allir aðrir landsmenn, þá tel ég það vel afsakanlegt fyrir Alþ. að breyta þessum upphæðum í það horf, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og bæta við þessu ákvæði, sem ég tel bæði rétt og skylt að komi inn í þessi lög.

Landssamband ísl. útvegsmanna segir í sinni umsögn, að það geti ekki fallist á að þetta verði verðtryggt, en tekur ekki afstöðu til þess eins og er, en leiðréttir síðan misskilning nokkurn sem kemur fram í grg. frv. um aðstöðumun loðnuveiðisjómanna annars vegar og togarasjómanna hins vegar. Þetta er, eins og þeir benda réttilega á, úr sögunni og búa allir þar við sama borð eftir samninga sem gerðir hafa verið nema, eins og ég gat um, farmennirnir.

Ég sé nú ekki ástæðu til að teygja lopann um þetta lengur. Öllum hv. þm. er kunnugt um efni þessa frv. og hvað í því felst. Ég vil aðeins geta þess, að auk þeirra aðila, sem ég hef hér vitnað í, mælir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eindregið með að frv. verði samþ., og leggur áherslu á að bótafjárhæðirnar hækki í sama hlutfalli og bótagreiðslur úr Tryggingastofnun ríkisins. Sjómannasamband Íslands eða sambandsstjórn þess mælir einnig með samþykkt þess. Og þá segir Tryggingastofnun ríkisins, að hún hafi engar athugasemdir að gera við frv. Öðrum aðilum var ekki sent þetta frv. til umsagnar og hafa allir skilað sinni umsögn.

Niðurstaða okkar í sjútvn. hv. d. er að mæla með samþykkt frv. óbreytts, og undir það álit hafa allir nm. skrifað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frv. (þskj. 114, n. 478). — 2. umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, flutt af hv. 8. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni. Það þykir bera nauðsyn til að festa ákvæðin um tilkynningarskyldu skipa í lögum, en áður hefur gilt um þetta reglugerð sett af fyrrv. sjútvrh., Eggert G. Þorsteinssyni, 24. maí 1968. Áður en það varð hafði hv. flm. þessa frv. borið fram þáltill. í Alþ. um málið, og vegna þess þrýstings, sem á sínum tíma skapaðist vegna mikilla sjóslysa, varð sú reglugerð sett.

Sjútvn. Nd. mælir einróma með samþykkt þessarar till. Hún hefur sent málið til umsagnar allmargra aðila: Landhelgisgæslu, Rannsóknarnefndar sjóslysa, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Landssambands ísl. útvegsmanna og Slysavarnafélags Íslands, og allir hafa þessir aðilar tjáð samþykki sitt við að þetta yrði fest í lög.

Það má segja, að fyrstu sex greinar frv. séu nokkurn veginn samhljóða því sem núverandi reglugerð segir til um, en aftur á móti er svo frá 7. gr. og til og með 13. gr. vegna lagasetningarinnar sjálfrar. Í 7. gr. er staðfest skylda Landssíma Íslands til fullkominnar þjónustu á þessu sviði. Í 8. gr. er staðfestur hinn stjórnskipulegi réttur Slysavarnafélagsins. Síðan er aftur í 9. gr. lögbundið ákveðið gjald til Landssíma Íslands, sem nú þegar hefur verið ákveðið, og síðan áfram í 10. gr. ákvæði um sektarákvæði. En ég vil geta þess, að þar sem tekið er fram í 12. gr. að sjútvrh. ákveði með reglugerð greiðslu útgerðarinnar til Landssíma Íslands og nánari framkvæmd þessara laga, þá á þetta einnig við um 10. gr., ákvæði um sektarfjárhæðir.

Það er sem sagt einróma álit sjútvn. að leggja til að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innlend endurtrygging, frv. (þskj. 401). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Frá því að lög nr. 43 frá 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl., voru sett fyrir næstum 30 árum hefur þeim verið breytt aðeins þrisvar sinnum og það lítils háttar. Tvær breyt., það eru lög nr. 12 frá 1955 og lög nr. 5 frá 1964, fjölluðu um hámark á arðgreiðslum félagsins. Leyfilegur hámarksarður er nú 2% á ári yfir vöxtum á almennum sparisjóðsbókum án uppsagnarfrests í Landsbanka Íslands. Þriðja breytingin, sem gerð var 1962, lög nr. 61, fjallaði um greiðslu fasteignaskatts og aðstöðugjalds, en félagið greiðir nú fasteignaskatt og aðstöðugjald eftir þeim reglum sem um þau gjöld gilda á hverjum tíma.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, skiptist efnislega í tvo þætti. Hinn fyrri fjallar um áhættufé félagsins, en sá síðari um stríðsslysatryggingu skipshafna.

Í lögum frá 1947 var áhættufé félagsins ákveðið 6 millj. kr. Það var mjög ríflegt á þeim tíma, svo ríflegt að það var mun hærra en lágmarkskröfur um hlutafé eða ábyrgðarfé vátryggingarfélaga voru þá í okkar nágrannalöndum. Samkv. heimild í 5. gr. laganna hefur síðan verið bætt 400 þús. kr. við áhættuféð, en það segir lítið á móti þeirri verðrýrnun íslensku krónunnar sem orðið hefur á síðustu 30 árum. Því er svo komið að áhættufé félagsins er óeðlilega lágt miðað við þá starfsemi sem því er ætluð. Þó að eigið fé félagsins er svo hátt að það fullnægi ákvæðum laga um vátryggingarstarfsemi frá 1973 varðandi það atriði, þá er æskilegt að félag, þar sem ríkið er stærsti eigandinn, hafi ekki lægra áhættufé en það lágmarkshlutafé eða ábyrgðarfé sem gildir fyrir önnur vátryggingarfélög.

Rýrnun áhættufjárins mæld í erlendum gjaldeyri hefur valdið félaginu óþægindum í viðskiptum við erlend vátryggingarfélög. Það hefur

komið fyrir að félagið hefur misst af hagstæðum viðskiptum vegna þess að áhættufé þess hefur þótt of lágt. Mönnum getur sést yfir að eigið fé félagsins er í raun meira en það sýnist, vegna þess að fasteignir eru bókfærðar mjög lágt. Þess er ekki að vænta, að erlendir aðilar lesi reikninga svo vandlega að þeir veiti því athygli þótt þetta sé útskýrt í athugasemdum. Þess vegna er orðið mjög aðkallandi að hækka áhættufé félagsins, og í frv. er gert ráð fyrir að það verði gert með þeim hætti, að bókfært verð fasteigna verði fært upp í 90% af brunabótamati. Út á nokkurn hluta þeirrar hækkunar á eigið fé, er kæmi fram, yrðu gefin út jöfnunaráhættufjárbréf fyrir sexfalda upphæð innborgaðs áhættufjár. Við það kæmist innborgað áhættufé upp í 35 millj. 440 þús. Þar með er það orðið svo hátt að það samsvarar vel lágmarkskröfum um hlutafé eða ábyrgðarfé í ýmsum grannlöndum okkar, eins og t. d. í Englandi. Nokkur ástæða er til að hafa hliðsjón af því, vegna þess að Endurtryggingin fær um ⅓ hluta af iðgjaldatekjum sínum af erlendum endurtryggingarsamningi. Þegar búið er að hækka áhættufé á þennan hátt, þá er ekki lengur þörf á að halda þeim áhættuábyrgðum sem félagið hefur nú, en þær eru 856 þús. kr. ábyrgð ríkissjóðs og frá Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélagi Íslands og Sjóvátryggingarfélagi Íslands, 60 þús. kr. frá hverju. Þessar ábyrgðir eru því felldar niður í þessu frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að ráðh. geti síðar heimilað frekari hækkun áhættufjárins ef nauðsyn krefur, t. d. vegna áframhaldandi verðbólgu, sem búist er við að haldi eitthvað áfram þó að vonandi dragi úr henni.

Hinn þáttur þessa frv. er varðandi slysatrygginguna, en sá hluti frv. er orðinn úreltur frá því sem var upprunalega og því er hann færður til þess horfs sem nú þykir við eiga.

Ég vil aðeins skýra frá því til upplýsingar fyrir þm., að aðdragandinn að stofnun Íslenskrar endurtryggingar var sá, að þegar kafbátahernaðurinn byrjaði 1939, þá var stofnað félag sem kallað var Stríðsslysatryggingarfélag íslenskra skipshafna. Hlutverk þess var að annast stríðsslysatryggingar íslenskra skipshafna eftir því sem lög eða samningar sögðu til um á hverjum tíma. Nokkrir sjóðir söfnuðust hjá þessu félagi. En með lögum nr. 106 frá 1943 var ákveðið, að þegar stjórn félagsins teldi þáverandi aðalhlutverki þess lokið skyldi nota þessa sjóði sem fjárhagsgrundvöll almennra endurtrygginga í landinu, einkum sjótrygginga. Nú var það svo, að samkv. lögum Stríðstryggingafélagsins átti að greiða mikinn hluta af eignum þess sem ágóðahluta til þeirra, sem iðgjöldin höfðu greitt, er félagið hætti störfum. Ríkissjóður hafði greitt mikinn hluta iðgjaldsins fyrir fiskibátana sem ekki sigldu með afla, og því var ríkið langstærsti iðgjaldagreiðandinn. Starfsemi þessa félags hefur þróast mjög vel og því hefur verið vel stjórnað og það er nú eitt af sterkustu vátryggingarfélögum landsins. Þar hefur verið unnið mjög merkt starf, m. a. með því að færa sem mest af sjótryggingum inn í landið.

Þetta frv. fékk mjög góða afgreiðslu í Ed. og um það var ekki neinn ágreiningur, enda hygg ég að það verði ekki heldur hér, því hér er aðeins verið að hækka áhættufé, og aðrar þær breyt., sem eru gerðar í frv., eru nauðsynlegar vegna breyttra tíma.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 15, 392, 463). — 3. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Við 2. umr. málsins varð það að ráði að n. dró brtt. sínar til baka til 3. umr. Ég vil áður en lengra er haldið leiðrétta eigin orð við 2. umr. um að breytinga væri þörf á þeim brtt., sem koma fram frá sjútvn. á þskj. 392. Svo er ekki, þær eru í einu og öllu réttar eins og þeirra, sem um þær fjalla, var von og vísa að skila þeim. En það kom líka fram ósk um það frá einstökum þm., að sjútvn. tæki málið til athugunar að nýju.

Ég get aðeins farið örfáum orðum um hvað á undan var gengið. Frv., 15. mál þingsins, var þess efnis, að verið var að leiðrétta villur sem orðið höfðu á síðasta þingi í sambandi við samþykkt laganna frá 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um þær breyt. var enginn ágreiningur í sjútvn. og mæltu allir nm. með því að þær breyt. yrðu samþ.

Áður en kom að þessari afgreiðslu hafði borist erindi til n. frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um að tilteknar breyt. yrðu gerðar á lögunum. N. sendi þær till. Landssambands ísl. útvegsmanna til umsagnar, m. a. til Hafrannsóknastofnunarinnar, sem mælti gegn einni þeirra, lét afskiptalausar tvær, en mælti með öðrum.

Það næsta, sem gerðist í málinu, var að sjútvrn. sneri sér til n. með beiðni um að n. flytti tilteknar brtt. sem að mestu voru byggðar á áðurnefndum óskum Landssambands ísl. útgerðarmanna, en þó með þeirri breytingu, að ekki var í bréfi rn. farið fram á að brtt. yrðu fluttar við gildandi lagaákvæði um veiðisvæði við Norðurland. Þá komu líka frá rn. till. um breytingar við 8. gr. l., um að lengja þann tíma sem heimilt væri að stöðva veiðar ef sá ótti yrði að veruleika að verulegt magn af smáfiski eða smáhumri yrði í afla eða þá friðaðar fisktegundir, eins og segir reyndar í 6. brtt. á þskj. 392. Enn fremur eru þarna ákvæði um að Landhelgisgæslunni skuli tilkynnt um þessar skyndilokanir þegar í stað, þegar þær hafa verið ákveðnar, og það er gert að gefnu tilefni. En sem sagt, vald þessarar stöðvunar er flutt í land til Hafrannsóknastofnunarinnar, sem getur, ef þessar till. verða samþykktar, stöðvað veiðar á ákveðnum svæðum í allt að sjö sólarhringa í stað þriggja eins og er í gildandi lögum.

Í n. sýndist nm. sitt hverjum um hvernig staðið yrði að þessum brtt., en þegar kæmi til atkvgr. væru þó allir sammála um að verða við ósk sjútvrn. og flytja þessar brtt., en eins og segir í nál. sjútvn. á þskj. 387, með leyfi forseta, þá lýkur nál. á þessum orðum:

„Eru nm. sammála um að mæla með þessari

breytingu“ — þar er átt við 8. gr. — „svo og frv. sjálfu. Um aðra liði í brtt. þessum hafa nm. óbundnar hendur og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.“

Þetta endurtók ég við 2. umr. málsins, en þrátt fyrir það kom fram ósk um það frá einstökum hv. þm. að n. tæki málið aftur til athugunar, án þess þó að nokkrar till. væru þá fram komnar hér á þinginu sem gæfu ástæðu til þess að svo væri gert. Þetta var samt sem áður gert, og þótt erfiðlega gengi að ná n. saman vegna fjarveru einstakra hv. þm., þá var haldinn fundur í n. og nm., sem viðstaddir voru, sem voru allir utan einn sem var erlendis í opinberum erindagerðum, voru sammála um að afstaða þeirra væri óbreytt til málsins í heild og reyndar til annarra brtt. sem fram kynnu að koma.

Það hefur síðan komið fram ein brtt. frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, en hann hreyfði þessari brtt. og skýrði frá henni á síðasta fundi sjútvn., hvar nokkrir þm. tjáðu sig. Aðrir vildu það ekki og vísuðu til fyrri afstöðu til annarra brtt., þannig að um hana er að segja það sama og aðrar, að þm. gera grein fyrir afstöðu sinni til hennar eins og annarra brtt. ef þeim þykir svo við þurfa, en annars kemur að sjálfsögðu afstaða þeirra fram í atkvgr.

Við vorum, að ég tel, þrír eða fjórir sem lýstum afstöðu okkar til fyrri brtt. við 2. umr. málsins. Ég tjáði, sagði þá að ég mundi fylgja þeim brtt., sem við hefðum flutt í n. Og um leið og ég lýk máli mínu nú sem formaður sjútvn., þá get ég sagt fyrir mig persónulega, að ég mun greiða atkv. gegn þessari brtt. hv. þm. Garðars Sigurðssonar, þótt ég skilji mætavel þann ótta hans sem fram kom í hans máli þegar hann reifaði málið. En þegar við höfum þá staðreynd fyrir framan okkur, að vísindamenn okkar, þ. á m. þeir frá Hafrannsóknastofnuninni, telja flotvörpuna ekki hættulegri en botnvörpuna sjálfa, þá sýnist manni ástæðulaust fyrir okkur leikmenn, sem við hv. þm. erum flestir, að taka afstöðu til þessa, ekki síst þegar þess er gætt, að frá Hafrannsóknastofnuninni hafa komið ítrekaðar till. til hæstv. sjútvrh. og rn. um frekari friðanir á hrygningarsvæðum fyrir öðrum veiðarfærum. En hvort tveggja þetta er að sjálfsögðu í valdi hæstv. ráðh., í samráði þá við Hafrannsóknastofnunina, að gera bæði, eins og þegar hefur verið gert, að banna flotvörpuveiðar á ákveðnum svæðum eða á öllu veiðisvæðinu umhverfis Ísland um tiltekið tímabil, svo og, eins og líka hefur verið gert, að friða hrygningarsvæði okkar og mið, þar sem smáfiskur elst upp eða gengur um, fyrir öðrum veiðarfærum. Ég tel að það sé ekki rétt á þessu stigi að taka út eitt slíkt veiðarfæri. Persónulega hef ég alltaf verið á móti því að taka út stórvirkustu veiðarfærin, ef þau skila góðum afla, það sé þá betra að stöðva flotann sjálfan um tíma þegar við erum búnir að taka úr sjó þann afla sem stofn okkar þolir.

Sem sagt, afstaða mín gagnvart þessari brtt. er á þessa leið, að ég mun greiða atkv. gegn henni, m. a. á þeim röksemdum sem ég hef nú flutt. En afstaða okkar í sjútvn. gagnvart málinu í heild er óbreytt frá því sem var.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Sjávarútvegsmál hafa ekki tafið störf þingsins nú á þessu ári, og gæti maður haldið af þeirri ástæðu að þar væri allt í mjög góðu lagi og ekki ástæða til þess að ræða þennan veigamikla þátt þjóðarbúskaparins. Því miður er, eins og mál hafa þróast, svo komið, að ég hygg að Alþ. komist ekki hjá því að ræða þessi mál allítarlega og að sjútvrh. hljóti að gera Alþ. grein fyrir skoðun sinni á málinu og þá ef hann hefur í huga einhverjar sérstakar ráðstafanir.

Ég vil á það benda, að samkv. upplýsingum fiskifræðinga hjá Hafrannsóknastofnun var samkv. þeirra áætlun hrygningarstofninn við Suður- og Suðvesturland áætlaður 1970 samtals 600 þús. tonn. Í áætlun fyrir árið 1976 var stofninn kominn niður í 180 þús. tonn, og gerðu þeir sér vonir um að hann mundi þó ekki minnka á árinu 1977, heldur kannske aukast. Nú stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að þessi hrygningarstofn, sem af fiskifræðingum var áætlaður þetta mikill á árinu 1977, virðist alls ekki vera fyrir hendi nema þá í sáralitlum mæli. Aprílmánuður hefur venjulega skorið úr um fiskveiðarnar á vetrarvertíð hér við Suðvesturlandið og hefur það þá að sjálfsögðu mest byggst á kynþroska fiski sem sækir á þau veiðisvæði, sem eru fyrir Suður- og Suðvesturlandi. Í dag er svo komið, þegar farið er allverulega að líða á aprílmánuð, þegar vetrarvertíð hefur að jafnaði staðið sem hæst, þá er um algert fiskileysi að ræða á öllu þessu svæði, frá Hornafirði og að Látrabjargi. Það berast um það fréttir úr verstöðvum, að bátar eru jafnvel hættir að reyna að vitja um net nema annan hvern dag, og allt til dagsins í dag var það svo, að heita mátti að um engan afla væri að ræða — ég segi: engan afla, þegar bátar fá aðeins eftir tveggja daga lögn 2—3 tonn á báta sem eru kannske 200—300 tonn með 11—12 netatrossur í sjó.

Ef þannig er komið fyrir okkur að hrygningarstofninn sé að heita má horfinn, þá hygg ég að málið fari að vandast fyrir íslendingum, ekki aðeins sjávarútvegsmálin, heldur efnahagsmál þjóðarinnar í heild. Það er ekki ástæða til þess að gefa upp alla von enn þá að svo gæti farið, að þeir dagar, sem eftir eru af aprílmánuði og eitthvað fram í maí, sýni betri útkomu og að þetta eigi eftir að lagast og við eigum eftir að sjá að eitthvað sé þó enn eftir af hrygningarstofninum. Ég spurði fiskifræðinga um það fyrir tveimur dögum, hvort fylgst hefði verið með því, hvernig ástandið væri á hinu friðaða svæði hér á Selvogsbanka, hvort athuganir hefðu verið gerðar á því. Þeir sögðu að það hefði verið gert minna en þeir hefðu óskað eftir, af þeirri ástæðu að þeir hefðu verið uppteknir við önnur störf, og nú þegar þeir voru þó komnir inn á þetta svæði til athugunar, þá voru þeir kallaðir á annan vettvang þar sem talið var að þyrfti að koma á skyndifriðun, en það var norður af Vestfjörðum.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að Hafrannsóknastofnun geri á því mjög ítarlegar athuganir, hvort meiri fiskur sé á hinu friðaða svæði eða utan þess, og ég vil mjög ákveðið fara fram á það við hæstv. sjútvrh., að hann, ef Hafrann-

sóknastofnun hefur ekki þegar ákveðið að gera það, sjái um að þetta verði gert. Ég efa ekki að ef fiskur heldur inn á þetta friðaða svæði, sem er búið að vera friðað í þrjú eða fjögur ár og er kjarninn af hrygningarsvæðinu hér við Suðvesturlandið, miðbikið af Selvogsgrunninu, ef ekki er meiri fiskur inni á þessu svæði heldur en utan þess, þá er ástæða til þess að óttast að hrygningarstofninn sé þegar að ganga til þurrðar. Þarf ekki að hafa um það mörg orð, ef slíkt kæmi í ljós, hver afstaða okkar er og aðstaða þjóðarbúsins í heild.

En það má segja að þá sé um að ræða fisk annars staðar við landið, og er það alveg rétt. Það virðist vera nokkuð eftir af fiski fyrir Vestur-, Norður- og Norðausturlandi, og áætla fiskifræðingar nú á árinu 1977 að þar muni vera um 1 millj. tonna að ræða. Þegar þeir gefa upp slíka tölu, þá ganga þeir út frá fiski sem er þriggja ára og eldri, þ. e. a. s. árgangarnir 1973 og eldri. En ef ekki á að koma við eðlileg viðbót frá hrygningarstöðvunum í einhverjum líkum mæli og verið hefur undanfarið, þá er einfalt reikningsdæmi að reikna það út hvenær íslendingar verða búnir að þurrka upp þorskstofninn hér við Ísland. Ein millj. tonna er að vísu mikið magn, ef horft er á það. En það verður fljótt að fara ef beitt verður þeim veiðiaðferðum og með þeim veiðitækjum sem við nú ráðum yfir, — ég á þar við hinn mikilvirka togaraflota, — þá verður einnig þessi stofn fljótur að hverfa. Og það er alveg öruggt, að þó að ekki sé svo illa komið eins og kannske er ástæða til að óttast í dag, — ég tek það fram, ég vona að það sé ástæðulaus ótti að jafn illa sé komið fyrir þorskstofninum og tilefni gefst til að halda í dag, — þá mundi það taka verulega langan tíma að rétta stofninn við.

Eins og vitað er, verður fiskur, sem elst upp í köldum sjó, þ. e. sjó eins og er fyrir Vestur-, Norður- og Austurlandi, ekki kynþroska fyrr en eftir 7—8 ár. Ef okkar stórvirku veiðitækjum verður beitt eins og verið hefur og engar hömlur þar settar á, þá er, eins og ég sagði, aðeins einfalt reikningsdæmi að sjá hvenær við erum komnir að raunverulegum endalokum í veiðiskap á þessari fisktegund.

Þegar rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunar var kallað af hinu friðaða svæði Selvogsbanka til athugunar á svæðinu fyrir Vestfjörðum, þá var það gert vegna þess að um borð í einum togara var eftirlitsmaður frá Hafrannsóknastofnuninni. Hann tilkynnti að sá afli, sem kæmi um borð í þann togara, væri að 70.2% fiskur sem væri undir 58 cm, þ. e. eftir mati fiskifræðinga fjögura ára fiskur og yngri, 22.8% var af stærðinni frá 58—70 cm, sem þeir meta 5 ára gamlan fisk, aðeins 7% voru yfir 70 cm. Ég hygg að þetta sé nokkur spegilmynd af því sem er að gerast í fiskveiðunum á þessu hafsvæði Það getur vel verið að þetta sé eitthvað meira nú en í annan tíma, en ég hygg þó að þetta sé ekki langt frá því að vera nokkur spegilmynd af því. Og ef ekki hefði verið eftirlitsmaður um borð í þessum togara, sem var þarna á veiðum, þá hefði ekki verið neitt við þessu hreyft. Þá hefði fiskiflotinn haldið áfram veiðum og veitt þá afla sem þannig var samsettur.

Ég hygg að allt þetta, sem ég hef nú bent á og eru aðeins staðreyndir sem fyrir liggja, sumpart samkv. upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun og sumpart staðreyndum sem berast úr veiðistöðvunum hér við Suður- og Suðvesturland, gefi allt tilefni til þess að við hljótum að fara að ræða þessi mál í fullri alvöru og kannske frá öðrum sjónarhól en við höfum gert fram að þessu, því að allir höfðum við trúað því, að með hóflegri takmörkun á fiskveiðunum mundi ekki nein hætta vera á ferðum. En ef ekki verður breyting á þá daga sem eftir eru af vetrarvertíð, þá hygg ég að þurfi að taka öll þessi mál upp til endurskoðunar og gera beinar ráðstafanir til þess að ekki fari eins fyrir þorskstofninum hér við land og fór fyrir síldarstofninum sem hvarf frá landinu að mati fiskifræðinga hreinlega vegna ofveiði á ókynþroska fiski, mest við Noregsstrendur. Auðvitað er hér úr miklum vanda að ráða. Það hljóta allir að gera sér ljóst, að ef þarf að verða verulegur samdráttur í fiskveiðum, hvort sem er hjá togaraflotanum eða bátaflotanum, þá getur þjóðarbúið í heild staðið mjög höllum fæti. Og ég vil halda því alveg ákveðið fram, að full ástæða sé til að fara að ugga að sér og að hæstv. sjútvrh. fari að nota þær heimildir, sem hann hefur í fiskveiðilögum, og beita þeim þannig að ekki verði hrun í þorskstofninum. Ég skal viðurkenna að hæstv. ráðh. hefur í mörgum tilfellum beitt þessum lögum að mínum dómi á skynsamlegan hátt með takmörkunum, þegar upp hefur komið að óeðlilega mikið af smáfiski hefur verið veitt. En með þeim litla mannafla, sem Hafrannsóknastofnunin hefur til eftirlits, er alveg gefið að ef ekkert frekar verður að gert, þá mun togaraflotinn halda áfram að veiða þennan ókynþroska fisk, og fiskifræðingar segja mér að uppistaðan í veiðunum sé orðin árgangarnir frá 1972 og 1973, þ. e. a. s. 4—5 ára gamall fiskur, og ef hann verður veiddur í sama mæli áfram og verið hefur, þá segir það sína sögu, að hrygningarfiskur hættir að koma á stöðvarnar fyrir Suður- og Suðvesturlandi og þorskstofninn hlýtur þá að láta mjög mikið á sjá á miklu styttri tíma en við höfum gert ráð fyrir.

Hér hefur verið lögð fram till. af hv. 5. þm. Suðurl. um að takmarka flotvörpuveiðar um eins árs skeið. Ég vil geta þess, að ég spurði fiskifræðinga um álit þeirra á þessu. Þeir sögðu að að sínum dómi, eftir því sem þeir vissu best, veiddi flotvarpan mjög svipaðar fisktegundir, og á ég þar við stærðarhlutfall af fisktegundum, aðallega þorskinum, og botnvarpan, en hún væri miklu afkastameira veiðartæki þegar hægt væri að beita henni, þegar aðstæður væru þannig að fiskur væri uppi í sjó, þá væri hún miklu afkastameiri en botnvarpan, þ. e. a. s. að með flotvörpu er hægt að farga miklu stærri hluta af stofninum, ef hún verður almennt tekin upp og almennt leyfð, heldur en þó er hægt með botnvörpu. Þetta er umsögn og álit fiskifræðinga, þannig að ég get ekki verið sammála hv. 8. þm. Reykv. um að flotvarpan sé

ekki skaðlegra veiðarfæri en botnvarpan. Þetta er sú skoðun sem ég hef fengið hjá fiskifræðingum Hafrannsóknastofnunar.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að Fiskiþing gerði einróma samþykkt á árinu 1975, hygg ég að það hafi verið, um að skylda öll íslensk fiskiskip að koma með að landi allan þann afla sem þau fengju um borð í skipin og þá sama um hvaða veiðarfæri væri að ræða. Ég er sannfærður um að ef þessi till. hefði verið tekin upp á sínum tíma hefði betur farið. Hún var mjög rædd í þeirri n. sem undirbjó fiskveiðilögin síðast, en fékk þar ekki nægilegan hljómgrunn. Ég benti á þetta bæði í þeirri n. og eins í sjútvn., en það var þá ekki samstaða um að taka þessa till. upp í frv. Ég hygg þó, að ef það hefði verið gert, þá a. m. k. hefðum við vitað um það frekar en við vitum í dag, hvað mikið raunverulega er drepið af þorskstofninum hér við Ísland, og þá þyrfti ekki að vera nein deila um það milli togaraútgerðarmanna og bátamanna eða annarra landsmanna, hvað mikið væri aftur mokað í sjóinn af togaraflotanum af fiski sem er veiddur, en er ekki innan þeirra stærðarmarka sem leyfilegt er að koma með í land. Ég vil benda á það hér, að þó að við heyrum um það fréttir af togari á þessum og þessum stað hafi landað þetta miklum afla og samsetning aflans sé á þá lund eins og gefið er upp, þá er ekki nokkur sönnun fyrir því að það sé hin rétta mynd af þeim afla sem þetta skip hefur veitt. Og slæmt er, ef það er eins og staðfest var í fyrradag af hálfu Hafrannsóknastofnunarinnar, að afli togaraflota, sem var að veiða út af Vestfjörðum norðan til, hafi verið eins og ég las hér upp, ég hef þessar tölur beint frá Hafrannsóknastofnun, — þeir voru þá nýbúnir að fá þær í sínar hendur og voru einmitt á þeim klukkutíma að gera ráðstafanir til að loka svæðinu, en þar var aflinn, eins og ég sagði áðan, 70.2% af hreinum smáfiski, 4 ára og yngri, 22.8% af 4—5 ára fiski og aðeins 7% af stærri fiski. Ég tel vegna þess, sem ég hef bent á, en vona að ég sé kannske of svartsýnn á ástandið eins og það er í dag, ég hreinlega vona að það komi í ljós, að það verði betra í vertíðarlok heldur en við stöndum frammi fyrir í dag, en ef það reynist ekki, þá held ég að það sé alveg öruggt að gera verður einhverjar alveg sérstakar og allróttækar ráðstafanir til verndunar þorskstofninum.

Af þeirri umsögn, sem ég fékk hjá Hafrannsóknastofnuninni um notagildi flotvörpu, að þó að hún veiddi fisk af sömu stærð yfirleitt og botnvarpan, þá væri hún þetta miklu afkastameira veiðitæki, þá mun ég fylgja till. hv. 5. þm. Suðurl., því að ég tel hana spor í rétta átt og kannske byrjun á því sem þarf að gera til að draga úr mestu sókninni í ókynþroska smáfisk sem við nú orðið byggjum verulegan hluta af okkar þorskveiðum á. Ég tel hana miða í þá átt og tel sjálfsagt að þetta verði reynt í eitt ár, ef það gæti orðið til þess að draga úr sókninni í smáfiskinn. Mun ég af þeim ástæðum greiða atkv. með henni.

Ég hef alltaf trúað því frá fyrstu tíð, að með friðunaraðgerðum, eins og með því að loka heilum svæðum, ekki aðeins tímabundið, heldur allt árið og árum saman, mundu fiskstofnar aukast, hvort sem um væri að ræða hrygningarstofninn hér við Suðurlandið eða smáfisksvæðin fyrir Norður- og Norðausturlandi, þá mundi það verða til þess að byggja stofninn verulega upp og auka heildarmagnið. Um friðunarsvæðið hér við Suðurland, á Selvogsbankanum, verður ekki annað sagt en það sé allstórt svæði. Ég fékk um það upplýsingar hjá Landhelgisgæslunni í dag, að það væri 2524 ferkm. Það er svæði að lengd til svipað og héðan frá Reykjavík og austur að Hellu og 30 km breitt. Þetta er allstórt hafsvæði. Sú skoðun var uppi a. m. k. hjá mjög mörgum aðilum, að slík friðun hlyti að gefa fiskinum betra næði og inn á það mundi fiskurinn sækja og þá hrygningarstofninn við það vaxa. Ef það kæmi í ljós við athugun að þetta hefði ekki borið þann árangur sem menn gerðu sér vonir um, þá þarf að mínum dómi enn frekar að fara að skoða málið allt í fullri alvöru.

Við það að athuga aflaskýrslur Fiskifélagsins undanfarin ár yfir afla á vetrarvertíð á svæðinu frá Hornafirði að Snæfellsnesi kemur það í ljós, að afli bátaflotans á þessu svæði hefur minnkað síðan 1970 um að ég hygg rúmlega helming. Þetta segir auðvitað sína sögu, að við hljótum í fiskveiðimálum að vera að stefna í enn meiri ógöngur heldur en við fram að þessu höfum gert okkur grein fyrir. Af þeirri ástæðu hlýtur það að vera skylda Alþ. og stjórnvalda að gefa þessu máli verulegan gaum, gefa því verulegan gaum hvaða aðstöðu við erum komnir í í dag í sambandi við fiskveiðarnar, hvernig við högum okkur í sambandi við þær og hvort það muni ekki leiða til beins ófarnaðar ef fram verður haldið eins og nú er gert. Ef það á eftir að sýna sig að hrygningarstofninn er til þess að gera nær horfinn af svæðinu hér fyrir Suður- og Suðvesturlandi, þá hlýtur að vera hætta á ferðum, ef ekki verður nein breyting til batnaðar síðustu daga vertíðarinnar frá því sem nú er.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur gert grein fyrir því sem gert var í n. Þar gat ég ekki komið á tvo fundi, en hafði sagt honum það fyrir fram, að ég hefði ekki neitt skipt um skoðun og gæti staðið fyllilega að öllum þeim brtt. sem þar eru fram bornar. Við fyrri umr. þessa máls ræddi ég um þessar till., þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að gera það nú.

Þegar við skrifuðum undir nál. á sínum tíma var það þannig, að menn höfðu óbundnar hendur svo að hver gat fylgt nýjum brtt. eða komið sjálfur með aðrar till. í viðbót. Ég hef leyft mér að nota mér það og flytja eina brtt. við lög um veiðar í fiskveiðilandhelginni. Sannleikurinn er sá, að þessi hugmynd um að banna flottrollið, sem þessi brtt. mín fjallar um, er ekki ný og hún er ekki einungis komin upp í minu höfði. Hún var rædd á sínum tíma í þeirri stóru n. sem hafði með þetta mál að gera og undirbjó þá lagasetningu sem hér öðlaðist lagagildi í maí í fyrra og kom til framkvæmda 1. júlí á s. l. ári. Í þessari n. var þetta talsvert mikið rætt, og það kom til atkv. hvort ætti að banna flottrollið í takmarkaðan tíma. Upp kom

hugmyndin um tvö ár og átti ekki eins miklu fylgi að fagna og að hafa það eitt. Enginn talaði um að hann væri alveg á móti flottrolli, að það veiðarfæri mætti hvergi sjást og ætti alfarið að banna. Hins vegar vildu menn reyna það í takmarkaðan tíma á meðan við ættum í mestum erfiðleikum við að reisa við fiskstofnana.

Þessi afstaða manna mótaðist ekki af flokkspólitískum skoðunum og ekki heldur eftir landshlutum og ekki eftir því hvort þetta voru alþm. eða þeir aðrir sem áttu sæti í þessari n. Þetta var hreinlega hugmynd þessara manna, að það væri ekki rétt, meðan svo stæði á með fiskstofnana, að bæta við svo stórvirku veiðarfæri eins og flottrollinu. En eins og er og síðan þessi lög voru sett hefur flottrollið verið bannað, það hefur verið bannað á mjög stóru svæði við landið. En það bann hefur ekki gildi í fiskverndarátt, vegna þess að það er bannað þar sem því er ekki dýft í sjó, en það er hins vegar leyft á öðrum svæðum, og mikill hluti þeirra svæða, þar sem flottrollið er leyft og notað, eru einmitt þau svæði við landið þar sem mest er um smáan þorsk, þ. e. a. s. einmitt þá dýrategund sem til stóð að reyna að bjarga.

Þegar hv. þm. Pétur Sigurðsson hafði það eftir fiskifræðingum og öðrum slíkum, að þeir sæju ekkert athugavert við að veiða fisk í flottroll fremur en önnur veiðarfæri, þá er það auðvitað alveg rétt. En hitt er svo annað mál, að það er mest notað þar sem miðin eru viðkvæmust og mest af þeim fiski sem smæstur er, og það er enginn vafi að því er þannig varið með flottrollið, að það bætist við það sem kemur í önnur veiðarfæri. Þegar fer að tregast í botntrollið, þá setja þeir út þetta óskaplega veiðarfæri, sem er nánast engu öðru veiðarfæri líkt fyrir stærðar sakir og afkastagetu, og sópa saman gífurlegum afla á þessum viðkvæmu svæðum, þ. e. a. s. út af Vestfjörðum nálægt lokaða svæðinu, einmitt á þeim svæðum sem hefur hvað eftir annað þurft að loka vegna smáfiskadráps. Og það er ekkert smáræði sem þeir fá oft í hverju hali, það eru 30, 40, 50 tonn og jafnvel þaðan af meira. Á skipum, sem eru búin þessum veiðarfærum, eru 15 menn og þeir ganga vaktir 6 tíma á móti 6 tímum, 12 tíma á sólarhring. Þannig eru aðeins 5 menn sem vinna að aflanum hverju sinni. Getur hver maður séð hvernig það gengur fyrir 5 menn að gera að slíkum afla sem kemur inn í einu. Nú í vetur veiddist fiskur fullur af æti og mikið smátt í aflanum, alveg á stærðarmörkum, viðkvæmur fiskur. Aðgerð á slíkum fiski af svo fáum mönnum tekur langan tíma, þannig að það þarf ekki sjóvana menn til þess að sjá að síðustu 10—15 tonnin af svo stóru hali hlytu að vera orðin býsna ljót útlits þegar að þeim kemur, þannig að það er staðreynd, það er reynslan, að mikið af þessum fiski fellur í gæðaflokki og verður slæm vara fyrir bragðið. Auðvitað er það ekki alltaf, auðvitað kemur ágætur fiskur í flottrollið eins og önnur veiðarfæri.

Ég heyrði hér einn hv. þm. nefna það, — þó að það hafi komið upp úr okkar ágætu mönnum hjá Hafrannsóknastofnun, þar sem þeir meta þetta aðeins frá fiskifræðilegu sjónarmiði, hvað er veitt í hvaða veiðarfæri, en horfa hins vegar ekki á þetta sem ég var að segja, — nefna orðið leikmenn, að við leikmenn ættum að fara eftir því sem þar hefur verið sagt. Hins vegar held ég að mér sé óhætt að segja það, að ég sé ekki leikmaður í þessum efnum, heldur hef verið atvinnumaður í þessu í mjög langan tíma, auk þess sem ég hef séð þetta núna með eigin augum. Ég var einn þeirra sem ekki var kannske mjög hræddur við ástandið, hafði eiginlega góðar vonir að allt væri á réttri leið. Sannleikurinn er hins vegar sá, að ég varð hreinlega skelfingu lostinn við að horfa á þetta.

Við höfum gert ýmsar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir smáfiskadráp. Það segir í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelginni á ýmsum stöðum um þetta efni, þar sem við höfum gripið til ýmissa ráðstafana. Við höfum t. d. á tiltölulega stuttum tíma, ýmsum til óþæginda, breytt svo hratt um möskvastærð í veiðarfærum að möskvinn hefur stækkað úr 120 mm í 155 mm, í dragnótinni allar götur upp í 170 mm. Þetta var gert vegna þess að álitið var að meira slyppi út af smærri fiski í stórriðna netinu, sem auðvitað gerir í mörgum tilfellum. Þetta var fyrst og fremst gert vegna þess að sérfræðingar okkar höfðu komist að því, að við ættum einn stóran árgang sem við þyrftum endilega að reyna að hlífa um sinn. Við notuðum líka þá aðferð að loka stórum svæðum langtímum saman. Við notuðum einnig þá aðferð, að við gætum gripið til skyndilokana, eins og hér hefur verið rætt um, þegar um mikið seiðamagn var að ræða í afla og eins smáfisk. Og svo hafa komið alls konar hugmyndir um hvernig ætti að takmarka sóknina. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur komið með markaðar till. í þessum efnum. Það hefur verið talað t. d. um heildarkvóta á þorski yfir landið og dreifa þessum kvóta, dreifa þessu veiðimagni yfir árið eftir ákveðnum reglum o. s. frv.

Allar þær aðgerðir eru réttar að mínum dómi sem við höfum gripið til með þessari lagasetningu, og skyndilokanirnar hafa sem betur fer borið nokkurn árangur, þótt hann hefði mátt vera meiri. En við skulum athuga það, að á sama tíma og við erum að hugsa upp ráð til þess að vernda þennan uppvaxandi fisk, verðum við að reyna að koma því til leiðar að eitthvað af þessum fiski lifi svo lengi að hann öðlist þann þroska að geta getið af sér afkvæmi, að fiskurinn geti komið til hrygningar 6—7 ára gamall, en það kemur auðvitað enginn fiskur til hryggningar ef hann er allur drepinn á bernskuskeiði. Sannleikurinn er sá, að þegar litið er yfir aflann nú á þeim svæðum, þar sem fiskurinn hrygnir, þá blasir það við hverjum manni, jafnvel þeim sem ekkert hafa vitað um þessa hluti áður, að þarna hefur auðvitað hryggningarstofninn ekki aðeins minnkað, hann hefur hreinlega hrunið.

Ég stundaði sjó á vetrarvertíð allnokkrar vertíðir, fyrst fyrir rúmlega 20 árum og síðast fyrir líklega um 15 árum. Þá voru menn strax farnir að hafa áhyggjur af þessu. Þá voru menn strax farnir að sjá mikið tap í hrygningarstofni. Það komu að vísu eitt og eitt ár ákaflega sterkt inn á milli, eins og verður náttúrlega, misjafnt

eftir því hvernig hrygning gengur á hverjum tíma. En nú er þetta svo að segja allt annað. Það er ekki lengur talað um vertíð og vertíðarblær er allt annar og allt öðruvísi en hann var, enda er það álit sérfræðinga að hrygningarstofninn sé núna minni en 200 þús. tonn og hafi í fyrra verið einnig minni en 200 þús. tonn, og það voru einmitt þessi 200 þús. tonn sem menn töluðu um sem algert lágmark. Þar er hættumarkið.

Ég vona að hv. þm. geri sér grein fyrir því, að hér er ekki verið að tala um neina flokkspólitíska hluti. Þarna er verið að tala um svo alvarleg mál, að mistök og mörg víxlspor í þessu efni geta hreinlega kostað það að sjálf undirstaða lífsins í landinu, á Íslandi, — við höfum alltaf byggt okkar afkomu á fiskveiðum, — veikist og jafnvel hrynji.

Ég vil leyfa mér að vona það líka, að hv. alþm. fari að hugsa aðeins um þetta núna síðustu dagana og fari að kynna sér hvernig hefur farið fyrir þorskstofninum við Grænland. Það er óskapleg mynd að horfa á sem teiknuð hefur verið upp af sérfræðingum í þeim efnum samkv. nákvæmum rannsóknum sem mjög gott hefur verið að framkvæma. Þar er stærð hrygningarstofnsins mörkuð á línuriti sem liggur þannig, að línan dettur hreinlega niður úr toppi í einu horninu, — við getum hugsað okkur línurit, hér er ekki möguleiki til að sýna slíkt — og alveg niður í hornið á hinu, þ. e. a. s. hann er kominn niður undir núll. Og það er einmitt þetta sem við verðum að passa að ekki komi fyrir hér.

Ég sé ekki ástæðu til að gera úr þessu mjög langt mál. En ég vil leyfa mér að segja það, að þetta gerist á sama tíma og við erum að grípa til alls kyns ráðstafana til þess að þessi eini eða kanske núna tveir árgangar, sem við eigum sæmilega sterka, árgangarnir 1972 og 1973, fái að lifa til 1979 og 1980, svo þeir geti komið inn til hrygningar. Þetta feiknaveiðarfæri, flotvarpan, — ég er ekki viss um, og það er auðvitað ósköp eðlilegt, að hv. þm. geri sér ekki grein fyrir hvernig þetta veiðarfæri lítur út. Þeir hafa aðeins heyrt talað um þetta, séð þetta kannske á mynd, en þetta er óskaplega stórt og afkastamikið tæki og skemmtilegt veiðarfæri að nota ef um nógan fisk væri að ræða, og sjálfsagt að grípa til þess þegar þar að kemur og við þurfum ekki að óttast um afkomu þorskstofnsins. Þá er þetta ákaflega hentugt veiðarfæri til þess að sópa inn miklum afla. En eins og það er notað núna og ekki síst þar sem það er notað núna, þar er smái fiskurinn sem við viljum að fái að lifa.

Ég vil líka benda á það, að þessi veiði er, eins og ég sagði áðan, að sumu leyti oft óhagkvæm, vegna þess að þessi fiskur fer illa. En fyrst og fremst er hún óskynsamleg af þeirri ástæðu, að þegar við drepum fiskinn á þessum aldri, þá vegur hann að meðaltali kannske rúmlega eitt kg. Við höfum tölur fyrir okkur, opinberar tölur frá því á vertíðinni í fyrra, þegar mikil aflahrota kom út af Vestfjörðum, og þær tölur eru frá Fiskmatinu. Þá var tekin meðalþyngd þess þorsks, sem þá barst að landi um talsvert tímabil, og meðalþyngdin reyndist vera 1200 grömm. Stór vertíðarþorskur, eins og m. a. ég var með í að veiða vertíð eftir vertíð, það var gert ráð fyrir að þyrfti 100 stykki af honum í tonnið að jafnaði, þ. e. a. s. hann var 10 kg, 8—10 sinnum þyngri en þessi fiskur sem við erum að veiða nú. Og besti fiskurinn, sem þá veiddist, eða stærsti fiskurinn var enn þyngri, eins og menn vita, t. d. sá fiskur sem veiddist á vertíðinni 1964, þegar við veiddum fiskinn í nótina, sem aldrei skyldi verið hafa. Þá þurfti kannske ekki nema 80 í tonn, þá var 12½ kg hvert kvikindi að meðaltali.

Ef bændur landsins tækju upp þennan hátt, að slátra sauðfé sínu svo snemma, þá gætu þeir alveg eins drepið lömbin nýfædd í stað þess að hafa það eins og hingað til, að slátra dilkunum að hausti. Það þætti ekki skynsamlegur búskapur. En það er þetta og ekki aðeins jafnslæmt og í þessu dæmi segir, heldur miklu verra, það sem við erum að gera. Þessi fiskur sem verið er að drepa á þessum aldri, er, eins og ég segi, rúmlega 1 kg, en eftir aðeins eitt ár er hann orðinn 3 kg og jafnvel meira og eftir tvö ár er hann orðinn kannske 4—5 kg frá þessum tíma. Þetta er ákaflega óskynsamleg slátrun.

Í þessari brtt. hef ég aðeins lagt til að veiðar í flotvörpu verði ekki leyfðar um takmarkaðan tíma, þ. e. a. s. eitt ár. Á því vinnst talsvert. Best væri ef hv. alþm. vildu framlengja það bann eitt ár í viðbót. Þá höfum við bjargað miklu. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki búið að samþykkja þetta, það er rétt. Ég ætla að leyfa mér að vona að a. m. k. ýmsir þeirra þm., sem hæst hafa haft og kannske minnst vitað, ættu ekki að hræðast mikinn atkvæðamissi og ekki láta einungis einhver miskilin kjördæmasjónarmið ráða afstöðu sinni, heldur láta heilbrigða skynsemi ráða, þ. e. a. s. ef til er. (Gripið fram í.) Það kann að vera og það er nokkuð víst, að þeir fiskimenn, sem hafa notað flotvörpuna í talsverðum mæli, muni ekki fá jafnmikinn afla eftir að hún hefur verið bönnuð um takmarkaðan tíma. Það er rétt En ég vil vekja athygli á því, að þeir hafa hingað til tekið ákaflega mikinn afla og miklu meiri en aðrir, þannig að margir þeirra togara og flestir þeirra togara, sem hafa notað þetta veiðarfæri, eru jafnvel tvöfalt hærri í aflamagni heldur en margir aðrir togarar af sömu stærð, hafa fengið á 5. þús. tonn á ári. En hversu mikinn ársafla fengju þessir dugmiklu og aflasælu sjómenn, þegar búið væri að drepa allan fiskinn? Það er spurning sem ég held að þessir áköfu kjördæmismenn ættu líka að hafa í huga. Það kemur dagur eftir þennan dag, og ef við gerum hættuleg glappaskot þess eðlis, að ekki verði til baka snúið, þá tel ég að jafnvel þótt afli einstakra skipa kynni að minnka að nokkrum hluta, fengju góðan afla samt, í stuttan tíma eitt ár eða tvö, þá er það betra en slík óhappaverk sem gætu orðið þess valdandi að þorskurinn kæmist niður fyrir það lágmark sem hann má fara að mati okkar bestu vísindamanna.

Ég sá einnig nú fyrir skömmu þann fisk sem veiddur var þarna fyrir vestan, ágætan fisk sem vestfirðingarnir, sem sjaldan sáu annað en smákvikindin, kölluðu hreinan gullfisk. Svona fallegan fisk höfðu þeir ekki séð í svona miklu magni í

langan tíma. Það var ekki veitt í flottrollið, það var í botntrollið. En það var þó ekki meiri gullfiskur en það, — hann var að vísu ekki mældur með tommustokk, en vanir menn sjá nokkuð hversu langur fiskur er, — hann hefur verið þetta milli 60 og 70 cm. Það hefur kannske verið 1—2 árum fyrir hrygningu. (SvH: Hvaða gullfiskar voru þetta?) En þessi fiskur kemur heldur ekki til hrygningar. Þetta var geldfiskur. Allur aflinn, sem fékkst af svæðinu á þessum tíma, var ókynþroska fiskur, — allur aflinn eða, við skulum segja kannske 98—99% af honum. Ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða þetta, ekki síst vegna þess að ég sá þetta og skoðaði með eigin augum. Hv. 3. þm. Austurl. langar nú svolítið í sínum vandræðum að reyna að vera pínulítið sniðugur í framíköllum. Í mínum augum er þetta alls ekkert gamanmál og óþarfi fyrir hann að vera að snúa út úr orðum manna þegar þeir ræða hér af fullri alvöru alvarleg mál. Við veiðum enga gullfiska við Ísland. En það, sem ánægðir og duglegir fiskimenn kalla gullfisk í þessu samhengi, er auðvitað stór og góður fiskur sem að þeirra dómi er gulls ígildi. En ekkert af þessum fiski var kynþroska.

Það hefur verið talað um það við mig af ýmsum aðilum að þessi till. mín gæti orðið til þess að stöðva framgang þessa frv. Ég get alls ekki skilið þá röksemd. Þetta er aðeins ein brtt. Ef mönnum sýnist að þessi till. sé vond og þjóni engum og kannske aðeins illum tilgangi, þá fella þeir hana auðvitað. En ég vil leyfa mér að fara fram á það, að þeir skoði hug sinn vel, menn úr öllum flokkum, hvað þetta þýðir, og greiði síðan atkv. um málið samkv. sannfæringu sinni, sem ég vona að þeir myndi sér um efnið með því að skoða það sem rækilegast og með því að skoða það fordómalaust opnum augum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég átti þess af auðskildum ástæðum ekki kost að fylgjast með þeim umr. sem fram fóru um málið við 2. umr., sem sjálfsagt hafa verið þær sem máli skiptu. En það frv. til l., sem við erum hér að ræða, er að vísu kallað um breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi, en er það ekki í raun. Frv., eins og það var og er í búningi sínum, er staðfesting á brbl. sem voru sett til þess að leiðrétta atriði, eins og segir í inngangi þeirra laga, brbl., — leiðrétta atriði í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Alls engar efnisbreytingar voru í brbl. og þar af leiðandi ekki auðvitað í staðfestingarlögunum. Þess vegna hygg ég að það sé í hæsta máta óeðlilegt að nú sé hrúgað inn brtt. við þessi leiðréttingarlög. Þessar leiðréttingar voru að allra dómi sjálfsagðar, stöfuðu af því að við lokaafgreiðslu málsins við þinglok í fyrra urðu nokkrar breytingar á síðustu stundu þannig að menn gátu ekki alveg séð fyrir útfærsluna sjálfa eins og hún þurfti að vera, þótt mönnum byði það að vísu í grun og létu þess getið við umr. Það átti sér stað sér í lagi varðandi breytingar milli Fontar og Digraness og síðar vegna breytingar á viðmiðunarpunktunum Skálasnaga og Malarrifi. Þetta olli að sjálfsögðu engum ágreiningi, enda voru brbl. bara leiðrétting.

En síðan er gripið tækifærið og hrúgað inn stórfelldum breytingum á sjálfum fiskveiðilögunum tæpu ári eftir að þau voru sett, í atriðum sem stórkostlegum ágreiningi ollu, á sinni tíð, m. a. varðandi flotvörpuna. Þm. komust þó að samkomulagi áður lauk.

Ég vil þess vegna biðja virðulegan forseta að skoða það hjá sér, hvort þetta stenst þingskaparlega, að við slíka leiðréttingu á lögum, sem gerð var með brbl., standist það að taka málið svona efnislega fyrir, sjálf lögin, eins og gert er með þeim brtt. sem hér eru fram lagðar. Má kannske segja að höggvi sá er hlífa skyldi, þar sem ég stend að því að fluttar eru hér brtt. eða leyft var að flytja brtt. við sjálf lögin. En ég get gefið skýringu á því, af hvaða ástæðum það var. Mér var kennd sú lexía af gömlum latínugránum hér í þingi, að það væri ekki til siðs nokkru sinni að neita ráðh. um það að flytja mál, þn. neituðu ráðh. aldrei um að flytja mál. Þetta er að vísu auðskilið, þar sem ráðh. hefur auðvitað á valdi sínu að flytja hvaða mál sem er inn í þingið. Það er engin ástæða til fyrir þm., enda þótt þeir séu andstæðir einhverju máli, að banna eða setja fót fyrir að það fái eðlilega meðferð í þingi. En þær brtt., sem komu fram í bréfi og samþykktum aðalfundar Landssambands ísl. útvegsmanna, ég fullyrði, — og ég verð þá leiðréttur ef það er ekki rétt, — að meiri hl. hv. sjútvn. þessarar d. var andstæður þeim breytingum, og ég vona að það hafi komið fram við þá umr. sem hér fór fram um málið.

Ég þarf ekki að ræða um leiðréttingarnar, sem eru í brbl., allir eru að sjálfsögðu samþykkir þeim og valda engum ágreiningi. Ég þarf ekki heldur að hafa langt mál um síðustu brtt. á þskj. 392, hina 6., þar sem verið er að ræða um breytingar vegna stjórnunar og um framkvæmd laganna sjálfra. Það er að fenginni reynslu hjá þeim, sem hafa með framkvæmdina að gera, í sjútvrn. aðallega, og veldur auðvitað engum ágreiningi, heldur er þetta reynsla, sem þeir hafa heyjað sér, þótt stutt sé frá setningu síðustu laga, m. a. um lengingu lokunarsvæða í sjö daga, sem við í fiskveiðilaganefndinni á sínum tíma vorum mjög áfram um að hafa lengri en þrjá daga, en starfsmenn sjútvrn. fengu því þó ráðið að það var eigi lengra en þrír, eins og segir í lögunum. Ég þarf ekki að staldra við þessi atriði, vegna þess að ég hygg að menn geti verið sammála um að þeir, sem hafa með framkvæmdina sjálfa að gera, leggja auðvitað ekkert annað til en sem auðveldar hana og gerir þá vissari upp á sínar hendur í framkvæmdinni.

En hvernig eru hinar till. til orðnar, sem komu í bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna? Þær eru til orðnar sem samkomulag innan þessa þrýstihóps í þjóðfélaginu, L.Í.Ú. Það er verslun þar á milli landshluta, enda fór það ekkert á milli mála hjá formanni Landssambands ísl. útvegsmanna. Þegar hann var að fara út úr dyrunum frá sjútvn., þá sneri hann sér við og bað okkur að gera svo vel að athuga það, að þetta væri einn pakki. Og af hverju skyldi þetta hafa verið einn pakki, nema af því að það hafði verið náð samkomulagi með verslun og við-

skiptum milli hinna ýmsu landshluta og útgerðarmanna þar um þessar breytingar, um grundvallarbreytingar frá því sem náðist samkomulag um fyrir tæpu ári. Og það var til handa norðlendingum partur þar, viss partur milli 9 og 12 mílna lögsögunnar vestan við Grímsey og austur fyrir til handa nokkrum skipum. Og ég minni ykkur á það og bendi ykkur á það, af því að það skiptir miklu máli, það var til handa aðeins 5—6 skipum. Síðan kom Suðausturlandið, til handa þeim í Höfn í Hornafirði og vestmanneyingum aðallega, með veiðar upp að 4 mílum frá landi, í Mýrabug aðallega og vestur með landi. Þetta var eitt höfuðatriðið í því sem fiskifræðingar sögðu þá, að velja bæri nýja viðmiðunarpunkta og draga línu eftir þeim, en ekki miða við fjöruborð eins og áður hafði verið gert. Og síðan við Breiðafjörð, að vísu að meginhluta til með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. getur sjálfur sett í reglugerð, að bægja frá togveiðum á því svæði og ákveða til handa netum og línu. Og svo voru einhverjir togaramenn keyptir upp með því að þeir skyldu fá sér til handa smávegis þríhyrning vestast í Háfadýpinu til þess að toga. Og þetta varð að vera einn pakki, annars hallaðist öll verslunin, annars fór gjaldmiðillinn úr skorðum sem gekk á milli landsfjórðunga. En þó var það svo, að ekki treystust menn samt til þess að mæla með breytingunni fyrir Norðurlandi, enda hallaði það ekki viðskiptunum sem neinu nam þar sem þetta voru aðeins 5—6 skip. Þess vegna var pakkinn ekki opnaður að ráði þannig að út úr honum gengju ósköpin þótt þeir væru skildir eftir.

En til handa hverjum er svo þessi opnun upp í landsteina? Til handa hvaða skipum er það? Það er til handa þeim skipum sem hafa mokað og rakað saman fé á loðnuvertíðinni núna. Og ein röksemdin er sú, t. d. í Mýrabugnum, að það sé aðallega um að tefla ýsu sem smjúgi hinn stærri möskva trollsins, 155 mm. Ég vil spyrja, ef þetta eru rök, að ýsan þar smjúgi möskvana: Af hverju hefjum við þá ekki togveiðar í Faxaflóa, þar sem aðalröksemdin fyrir því að ekki mætti toga hefur verið sú, að verið væri að ala upp ýsu? Er ýsan hér einhvern veginn öðruvísi í laginu en í Mýrabug, þannig að hún smjúgi ekki hér það sem hún smýgur þar?

Allar eru þessar röksemdir tóm vitleysa og að Alþ. láti bjóða sér það að hlaupa eftir slíkri verslun og viðskiptum innan þessa þrýstihóps L.Í.Ú. er með nokkrum fádæmum, sér í lagi þar sem hafa ber það í huga og ég vænti þess jafnvel að þessir félagar mínir þar heyri til orða minna, að þetta eru hinir verstu rummungar í umgengni sinni við fiskveiðilögsöguna, útgerðarmenn og sjómenn. Það eru undantekningar, sem sanna regluna, ef þessir menn haga sér skikkanlega, nema þá undir hinni ströngustu lögreglugæslu. Um þetta eru dæmin að koma til okkar enn í dag.

Við sátum 27 fundi í fiskveiðilaganefndinni áður en við hófum starf okkar í sjútvn. Nd. í fyrra og svo á sameiginlegum nefndarfundum með Ed.-mönnum. Þar var flotvarpan á dagskrá löngum og menn komust að niðurstöðu um þetta og náðu höndum saman um þá reglu sem sett var um notkun hennar. Ekkert hefur komið í ljós sem breytir þessu nú tæpu ári síðar. Það er gamla kenningin, að það sé ekki sama með hvaða hætti fiskur sé drepinn, sem menn eru að halda fram með þessum hætti. Og eins og hv. þm. Guðlaugur Gíslason sagði, að flotvarpan væri svo miklu afkastameira tæki, þá er því til að svara, að þá er sóknin of mikil, þá eru skipin of mörg, en ekki það, að það eigi að vera höfuðatriðið að tækið sé afkastalítið. Auðvitað eigum við að nota öll afkastamestu tæki sem tök eru á. En við eigum að takmarka sóknina með allt öðrum hætti en þeim, því að þeim mun afkastameiri sem tækin eru, þeim mun ódýrara verður í þetta að sækja og þeim mun meiri afrakstur gefur þetta. Ef á að draga úr sókninni, þá á auðvitað að gera það með færri sóknareiningum — (Gripið fram í.) en ekki það út af fyrir sig, að það eigi að banna flotvörpuna vegna þess að hún sé afkastamikil.

Hv. þm., sem mér skildist að væri fæddur og uppalinn á sjó, Garðar Sigurðsson, sagði sem svo, að flottrollið bættist við önnur veiðarfæri og væri þess vegna hættulegt. Botnvarpan bættist einu sinni við línuna, og handfærið og netin bættust einu sinni við togveiðarnar og síðan koll af kolli, þannig að ævinlega kemur viðbótin að sjálfsögðu eftir því hvað hagkvæmast er. Hann segir, og ég hygg að hv. heimaþm. hans, Guðlaugur Gíslason, hafi nefnt það líka, að fiskur úr flottrolli væri verr farinn og nýttist verr en annar. Það kann að vera að hv. þm. Garðar Sigurðsson sé fæddur á sjó. En það er áreiðanlega langt síðan hann var settur í land með pokann sinn, því að reynsla þeirra, sem eru á sjó enn þá og hafa notað þetta tæki, sem hann hefur einnig gert, er allt önnur. Hún er að það sé jafnbesta hráefnið sem fiskast í flottrollið, og ef hann dregur það eitthvað í efa, þá vil ég benda honum á það, að í síðdegisblöðunum í dag er vitnisburður þeirra sem enn eru á sjó, þar gefur að líta vitnisburð þeirra, sem enn eru á sjó, um þetta atriði.

En nú vil ég ekki kveða upp úrskurð um það, að ekki geti komið til greina að banna flotvörpu. En það, sem ég ætla að leggja áherslu á um þessa till. sem og hinar verslunartill. úr L.Í.Ú., er að við getum ekki látið þessi mál bera að með þessum hætti sem hér gerist. Við þurfum að taka þessi mál allt öðrum tökum. Það hefur verið unnið gífurlegt verk að safna saman upplýsingum um landið allt, um ástand þar, vilja manna og vit þeirra á þessu máli. Það er engin ástæða til þess að endurtaka þá vinnu, heldur ber Alþ. að kjósa fastanefnd, 7—9 manna, en þó eigi færri en það að allir þingflokkar eigi þar aðild að. Þessi n. á að starfa með sérfræðingum og fulltrúum frá sjútvrn., Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi. Slík n., — og ég varpa þessu fram við sjútvrh. og ég er tilbúinn til þess að flytja um þetta þáltill. ef hann vill ekki svo vel gera að athuga það sjálfur að skipa slíka n., — hún á að taka allar þær fjölmörgu till., sem niður rignir í þessum efnum, til gaumgæfilegrar athugunar. Ég hef tugi tillagna í mínum fórum um breytingar á fiskveiðilöggjöfinni frá því í fyrra. Það vildi svo til að ég hafði tölu-

vert mikið með lagasetninguna að gera og ég hafði engan flóafrið nætur eða daga meðan á því stóð né heldur lengi á eftir, og ég hef staðfest skeyti frá 11—13 skipum um ósk um breytingar á fiskveiðilöggjöfinni. Við þm. náðum saman höndum um setningu laganna og töldum okkur vera búna að því á sínum tíma í fyrra og þetta mál gekk hér í gegnum Nd. án breytinga. En staðfesta þeirra í Ed. var ekki meiri en svo, að eftir að sjálfsagt hafa gengið á þá hringingar í nokkra sólarhringa, þá fluttu þeir menn, sem höfðu gert samkomulag við okkur um setningu laganna, einar 19—20 brtt. við frv. Þetta sýnir í sjónhending hvernig rignir yfir menn og ef þeir standa ekki fastir á skoðunum sínum eða þeirri niðurstöðu, sem þeir gera samkomulag á, því að vissulega var það svo, að í mörgu sveigði maður frá skoðunum sínum af þeirri nauðsyn að ná fram samkomulagi, — ef þeir standa ekki fastir á sínu í þessu, þá mun það æra óstöðugan að sveiflast eftir þeim skoðunum og þeim beiðnum sem fram eru settar um breytingar á nýtingu fiskveiðilögsögunnar.

Ég fortek ekki að við þurfum ekki að breyta ýmsu í fiskveiðilöggjöfinni. En við getum ekki gert það eftir geðþótta hinna ýmsu þrýstihópa sem augljóslega, eins og í þessu dæmi er hægt að sanna, versla með þetta fram og aftur þar til þeir hafa gert til geðs öllum þrýstihópunum innan síns þrýstihóps. Þetta er hægt að sanna, eins og ég gerði með því að minna á orð formanns Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem hann minnti okkur á að þessu mætti ekki hagga. Og það þarf ekkert að fara í grafgötur um hvers vegna það var sagt, enda hef ég leitað mér upplýsinga um það.

Ofan á þetta bætist það, að hér er verið að hliðra til fyrir þeim skipum, sem hafa gert eina bestu vertíð sem nokkur dæmi eru til um, — skipum sem eru 300—350 tonn og með því vélarafli sem þau eru mörg búin núna, á því grunna vatni sem á að hleypa þeim upp að 4 mílum frá fjöruborði. Það eru þá breyttar kenningar, sem verið hafa um þann usla sem svo öflug skip geta gert með botnvörpu, þær eru þá snarbreyttar frá því sem ég hef heyrt þær og heyrt menn halda fram.

Ég fæ ekki heldur séð hvað svo mjög liggur á um þessar breytingar, sem mér af ýmsu virðist knúið á um. Reynslan er örstutt. Ég er ekki þeirrar skoðunar að við eigum að skipta og breyta til þarna eins og að skipta um hlífðarföt, eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði í nál. sínu. Þó kann að vera í ýmsum atriðum að þurfi að breyta skjótlega til ef reynslan sannar okkur það. Ekkert er það í þessum brtt., sem ég geri að ágreiningsefni, sem færir okkur heim sanninn um að það sé nein knýjandi nauðsyn. En þetta þarf að ganga í gegnum vandlega athugun hjá þar til kjörinni eða skipaðri nefnd.

Það er margt annað sem þar þarf að koma til greina, eins og t. d. nýting kolastofnsins. Menn hafa þungar áhyggjur af ástandi fiskstofnanna og það að vonum. Það hafa þeir hv. þm. úr Vestmannaeyjum, Garðar Sigurðsson og Guðlaugur Gíslason. Og þeir ræða það af mikilli alúð hvernig ástandið sé t. d. á hrygningarsvæðunum. Mætti ég þá kannske biðja þá um að gera grein fyrir því, hvar friðaða svæðið á Selvogsbanka er, friðaða hrygningarsvæðið, og af heiðarleika sínum að segja frá því, hverjir hafa ráðið því hvar það er nú? Hrygningarsvæðið, sem fiskifræðingarnir lögðu til að yrði á Selvogsbanka, það er aðeins ⅓ hluti af því innan þess friðaða hrygningarsvæðis sem nú er í gildi. Hrygningarsvæðið núverandi er aðeins stærra en það sem þeir lögðu til, en það er ekki á sama stað. Það er aðeins rúmur ⅓ af því hrygningarsvæði, sem þeir lögðu til, fiskifræðingar, að yrði friðað, innan þess friðaða svæðis sem nú er í reglugerðum. Það var stækkað suður á hafdjúpið þar sem það á sér enga stoð. Það var fært langt vestur frá Þrídröngum, þar sem fiskifræðingar lögðu til að það væri. Og hverjir réðu þessu? Ég ætla ekki að kveða upp úr um það. Ég kysi gjarnan að heyra álit hv. þm. úr Vestmannaeyum á því fyrst. Ég get þó upplýst að ég var þeirrar skoðunar, að það bæri að fara að vilja fiskifræðinga í þessu efni.

En þá kemur að því að menn þurfa að veiða fisk til þess að afkoma þeirra sé góð og fiskvinnslustöðvanna, og það er líka það sem þarf að gera annars staðar í landinu. Þess vegna hafa menn goldið nokkurn varhug við því að hægt væri að leggja skipaflotanum þrátt fyrir till. Landssambands ísl. útvegsmanna þar um. Það er að vísu rétt, að hrygningarstofninn er talinn núna vera svipaður og í fyrra. Þó er það staðreynd, að út af þeim litla hrygningarstofni í fyrra virtist hafa komið öflugri seiðaárgangur en dæmi eru til um áður frá því að rannsóknir hófust.

Auðvitað eru menn áhyggjufullir vegna þessa ástands. Auðvitað ber að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að hindra ófarir. En ég vil benda á það, að bæði með lögunum, sem sett voru í fyrra, og ótrúlega mörgum öðrum ráðstöfunum, sem hæstv. sjútvrh. hefur gert, hefur miklu meira verið unnið að verndun fiskstofnanna en nokkur dæmi eru til um áður, á þessum örstutta tíma margfalt meira en alla áratugina þar á undan, bæði með gerð veiðarfæranna, friðun svæða, skyndilokunum svæða o. s. frv., o. s. frv. Menn virðast ekki taka eftir þessu og standa svo upp og breiða sig út og þykjast vera þeir sem einir kunni tökin á því að ráðleggja hvernig eigi að fara að því að bjarga þessu. (GS: Lækningin fer líka aðallega fram eftir að sjúklingurinn er orðinn veikur.)

Hv. þm. Garðar Sigurðsson tók saman höndum við okkur hina í fiskveiðilaganefndinni um setningu laganna þá. Hann gerði engan ágreining. Hann stóð að þeirri lagasetningu eins og hún var úr garði gerð. Það kann að vera að einhver stórisannleikur hafi runnið upp fyrir honum síðar, og svo er að sjá eftir þeirri tillögugerð sem hann leggur hér fyrir um þann við flottrollinu. En hann hefur enga reynslu síðan. Þetta er bara eitthvað sem honum þóknast núna að leggja fram til þess að geta auglýst sig sem einhvern friðunarmann, en engin reynsla hefur fært honum heim sanninn um að það sé rétt að gera þetta.

Svo er þessi maður að tala um að menn eigi að sleppa — hvað sagði hann hér og ég bókaði? — hann talaði um kjördæmismenn og reigði

sig. Kjördæmismenn, þeir ættu nú að gleyma atkv. og fara að greiða atkv. eftir skynsemi, sagði hann líka og sanngirni. En það fullyrði ég, að þessi tillögugerð hans er ekki af neinum rótum öðrum runnin en einhverri atkvæðasmölun, vegna þess að hún er út í bláinn. Hann hefur ekkert fyrir sér í því, það er ekkert sem liggur til grundvallar því, sem hann gerir með þessari till., ekkert nema það að meira veiðist í einu í flottrollið. Hefði þá ekki verið rétt fyrir nokkru að leggja fram till. um að stöðva innflutning á hinum stórvirku tækjum, skuttogurunum, sem við höfðum fengið nóg af á árinu 1975? Sannarlega gætum við veitt líklega sama magn með ⅔ hluta skuttogaraflotans sem er í landinu, þannig að hver viðbót er borguð af ríkinu sjálfu, þar sem það getur ekki staðið undir sér. (Gripið fram í.) Já, það eru margar till. sem menn varpa fram: Banna nælonnet? Ég hef ekki vit á því. T. d. eftir að pólska pokaklæðningin kom til sögunnar, segja menn að hún sé allt önnur heldur en sú sem áður var. Nú er altíðkað að nota nælonklæðningu og nælonpoka og nælonnet. Ég hef heyrt mann halda fram gagnstæðri skoðun, að það hlífði smáfiskinum meira, það legðist ekki eins rækilega saman og hitt. Um þetta skal ég ekki dæma. Fiskifræðingar a. m. k. vilja ekki leggja til bann við þessu. (GS: Segðu bara að þú hafir ekkert vit á þessu Sverrir.) Ég lýg eins og logið er í mig, en ég tek ekki mark á öllu sem hv. þm. Garðar Sigurðsson segir í sambandi við þetta, enda þótt hann sé fæddur á sjó.

Þar sem hér er komin fram þessi brtt. frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni um bann við flottrollinu, þá sýnist mér ráð og einnig vegna málsins í heild, að sjútvn. d. fái aðeins rúðrúm til þess að ræða þetta mál. Þess vegna legg ég til, virðulegur forseti, að frv. verði vísað til n. ef færi gefst á því að ná samkomulagi. Ég finn það, og það er ekkert leyndarmál, að ótrúlegur fjöldi manna í hv. d. virðist taka fagnandi við þessu tækifæri að fá að greiða atkv. með banni við flottrolli. Ég held að við ættum að taka allar þessar till. til endurskoðunar. Að vísu liggur það fyrir að beiðni L.Í.Ú., að meiri hl. sjútvn. var andstæður þeirri beiðni. En það kann að vera að n. kæmist að einhverri niðurstöðu, með sama hætti og við þrautkönnuðum það á s. l. ári hvort hægt væri að ná samkomulagi, sem tókst að lokum. Það má ýmislegt á sig leggja til þess að menn fari ekki að fljúgast á í þessu viðkvæma máli.

Hv. þm. Guðlaugur Gíslason gat þess, að Fiskiþing hefði fyrir nokkrum árum gert samþykkt um að skylda skip til að koma að landi með allan afla sem það veiddi. Þetta er að vísu góð hugmynd og það kann að vera að hún sé framkvæmanleg í einhverjum tilfellum. En ég get upplýst það, að það má heita að hún sé að kalla óframkvæmanleg á hinum stærri skuttogurum sem hafa langa útilegu. En hinar gagngerðu ráðstafanir, bæði samkv. okkar lögum og samkv. hinum margháttuðu ráðstöfunum hæstv. sjútvrh. og hið stóraukna eftirlit ættu að geta leyst þennan vanda að meginhluta til. Við vitum að ásókn sjómanna okkar í góða veiði er svo gífurleg að þeir sjást tíðum ekki fyrir og flestir eru haldnir þessari árátttu, að sjást ekki fyrir í veiðigleði sinni. Þetta eru ekki óheiðarlegir menn, en veiðináttúra þeirra er ákaflega stríð, það verður að játa. (GuðlG: Þú kallaðir þá áðan rummunga.) Ja, ég verð að kalla það, þegar þeir eru staðnir að því að eiga net í sjó á friðaða svæðinu á Selvogsbanka núna, — ég verð að kalla það, og eins þegar togarar eru teknir í landhelgi og reynast einnig vera með ólöglegan búnað veiðarfæra. Og við höfum fjölmörg dæmin.

Ég legg áherslu á þetta, að við gerum núna tilraun til þess að ná saman höndum um málið. Okkur tókst það í miklu viðameira máli í fyrra. Þetta eru þó ekki nema örfáar brtt. sem hér liggja fyrir. Okkur tókst það af því að menn lögðu sig fram. Ég segi það rétt eins og er, eins og mér er mikið í mun út af þessu máli, að ég geri það ekkert að gamni mínu að fljúgast á um það. En aðferð sú, sem mér sýnist að hafi verið viðhöfð í þessu máli, er alveg ólíðanleg. Ef Landssamband ísl. útvegsmanna gengur upp í þeirri dul, að það geti í aðalfundarsamþykktum sínum rakleiðis reiknað með því að fiskveiðilögsögunni verði breytt að óskum þess, ég tala nú ekki um þegar samþykktir þess bera með sér greinilega verslun á milli landshluta, þá líst mér ekki á framhaldið fyrir hið háa Alþ. Ég verð að segja það rétt eins og er. Og þetta er ekki smæsta málið þar sem við verðum fyrir ágangi slíkra þrýstihópa, heldur hið allra stærsta.

Við höfum reynt að ráðgast við fiskifræðinga og munum gera svo áfram. Það hefur hæstv. sjútvrh. gert í sinni stjórn á þessu. Ég verð að segja það eins og er, að ég er honum algerlega sammála í öllum meginatriðum í sambandi við stjórn fiskveiðanna. En hann hefur orðið þar í ýmsu að taka sjálfstæðar ákvarðanir og svo verður enn að vera, bæði hjá honum og hjá hinu háa Alþ. Okkur getur auðvitað missýnst, en það verða allir að trúa því, að við leggjum okkur alla fram í þessu efni.

Ég endurtek svo og vil nú afhenda virðulegum forseta till. mína um það, að frv. verði vísað til sjútvn. En ég ítreka hina till., sem mér er hin mesta alvara með, en bið með alla tillögugerð formlega þar til ég sé hvort hæstv. sjútvrh. vill ekki við henni taka og framkvæma sjálfur. Ég legg hina mestu áherslu á þá till. mína að komið verði á fót fastanefnd þar sem þingið hefur alla forustu. Ég læt mér detta í hug níu manna n. og gjarnan mega eiga sæti í henni beinlínis fulltrúar eða fulltrúi frá sjútvrn., Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi, og vitaskuld mundi þessi n. svo leita fanga víðar í sambandi við starf sitt. Það eru ótal till., þar sem óskir hafa komið fram um breytingar, bæði eðlilegar og óeðlilegar, sem þarf að taka til athugunar í slíkri n., ótal fleiri en þær sem við höfum hér til þess að fjalla um nú. Með mikilli alúð og vinnu tókst nm. í fyrra að ná saman höndum og tókst einnig að sætta sjónarmiðin hér á hinu háa Alþ., þótt erfitt væri í tímaþröng á úrslitastundu. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að menn vilji ekki leggja ýmislegt á sig núna út af miklu smærri og færri atriðum til þess að við getum nú orðið sammála um þetta og haft um þetta frið hér á hinu háa Alþ. (GuðlG: Till. var tekin aftur við 2. umr. til 3.) Ég hef, þrátt

fyrir það að upplýst sé að málið hafi gengið til n. aftur, ástæður til, sanngirnisástæður til að óska eftir að það komi enn fyrir n., þar sem það hefur ekki komið fyrir hana meðan ég átti þess kost að sitja fundi frá því það var fyrst afgreitt úr henni til Alþingis.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að fara mjög mörgum orðum um þetta mál né bæta við það sem ég sagði hér við 2. umr. málsins og hef fyrr látið í ljós þegar þetta mál hefur borið á góma. Þó vil ég aðeins víkja að því nokkrum orðum.

Það væri ástæða til þess að vísu að ræða nokkuð um ræðu hv. 3. þm. Austurl. sem hann var að ljúka hér í ræðustólnum. Það er rétt hjá honum, að frv. þetta er fyrst og fremst flutt til staðfestingar á brbl. En við þau lög hafa verið gerðar nokkrar breytingar við meðferð málsins. Það verður varla sagt að það sé hrúgað inn brtt., allra síst á síðustu stundu. Það er eiginlega svo, að eina nýja brtt., sem komið hefur fram nú að undanförnu, er till. frá hv. 5. þm. Suðurl., sem hér hefur verið drepið á. Hinar till. komu fyrir n. til umfjöllunar í janúarmánuði s. l. Það er vitað mál, eins og hv. 3. þm. Austurl. tók fram, að öll þessi efni eru meira og minna ágreiningsefni. Þess vegna er það þeim mun merkilegra þegar samkomulag, og það allvíðtækt samkomulag, næst um þó nokkur atriði mála.

Hann lýsti, hv. 3. þm. Austurl., sem er að vísu genginn úr salnum, hvernig frv. þetta væri til orðið, lýsti verslun og viðskiptaháttum þrýstihópa innan Landssambands ísl. útvegsmanna í því sambandi. Ætla ég ekki að bæta neinu þar við og í sjálfu sér leiða hjá mér að ræða þann undirbúning sem hann telur að þetta frv. byggist á. Ég ætla að þar sé með ýmsu móti málum blandað. En það er ástæða til þess að þakka honum fyrir þann hluta ræðu hans sem var beinn rökstuðningur við sjónarmið breiðfirðinga, þ. e. a. s. þegar hann lýsti því hvernig færi ef afkastamiklum skipum væri hleypt upp á grunnslóð og látin taka þar fiskinn í stórum stíl nærri landi. Og ég vil nú vona að þegar á reynir komi samkomulagsvilji hv. þm. fram þannig að hann hengi ekki hatt sinn á formsatriði ein saman.

Ég ætla aðeins að víkja að brtt. á þskj. 392. Það er 5. brtt., 5. gr. verður 8. gr. og hljóði eins og þar greinir. Ég ætla ekki að lesa þessa brtt. upp, hvorki nefna örnefni, sem þar eru tilgreind, né heldur gráður og annað sem því tilheyrir, sem er dálítið erfitt fyrir flesta að hlusta á, ekki síst þá sem ókunnugir eru. En ég ætla að gefa mönnum örlitla mynd af því sem þarna er fjallað um.

Þeir, sem stunda fiskveiðar fyrir Vesturlandi, eru kunnugir því, hvernig fiskur hagar sér í göngu inn á Breiðafjörð og Faxaflóa alloftast. Aðalfiskgöngurnar koma inn Kolluál og skiptast um Jökultunguna eða Jökulgrunnið. Hluti göngunnar heldur áfram inn Kolluál inn á Breiðafjörð, hinn hlutinn gengur inn Jökuldjúpið. Með því að leyfa stórvirkum veiðitækjum, stórum skuttogurum og öðrum slíkum, allt að því verksmiðjutogurum, að veiða á þessu svæði innan 12 sjómílna á meðan fiskur er í göngu, eru fullar líkur fyrir því að þessi afkastamiklu skip verði búin að veiða upp þann fisk, sem þau fundu á landgrunninu, áður en hann kemst inn á Breiðafjarðarveiðisvæðið. En vitað er að það fólk, sem byggir þau fjögur sjávarþorp, sem eru á norðanverðu Snæfellsnesi, á alla sína afkomu undir því að fiskurinn fái að ganga inn á Breiðafjörð upp að landinu. Á þessu svæði er einnig fjöldi smábáta sem í raun og veru getur ekki sótt nema á heimamiðin svokölluðu, hefur ekki aðstöðu til að sækja á hin fjarlægari mið.

Að þessu lýtur 5. brtt. á þskj. 392, þ. e. a. s. að bægja þessum stórvirku veiðitækjum ögn fjær landi, þannig að fiskurinn nái að ganga inn á grunnslóð, inn á heimamið. Ég ætla að flestir þar vestra séu sammála um þetta atriði. Það er að vísu kannske aldrei hægt að ná fullkomnu samkomulagi um svona efni. En ég hygg að flestir séu sammála um þetta mál, þegar það er haft í huga, að þetta erindi hefur farið um hendur Landssambands ísl. útvegsmanna, n. hefur rætt það á fundum sínum við fulltrúa frá því sambandi, málið hefur verið sent Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, en það er kunnugt að þessi till., sem ég var nú að lýsa, snertir hagsmuni þess, því að samkv. henni er um að ræða að allstórt svæði vestur af Snæfellsnesi verði lokað fyrir veiðum togara sem eru meira en 39 m að lengd, og þetta er einmitt veiðisvæði sem togarar úr Reykjavík og Hafnarfirði hafa nýtt nær alfarið, að sagt er, frá því að togveiðar hófust hér við land. Því er það svo, að með samþykkt þessari, ef gerð verður, er í raun inni ákveðið hvort fiskur sá, sem veiddur er á annað borð á ákveðnu svæði á vetrarvertíð, verður veiddur á stórum, afkastamiklum togurum eða þá á smærri bátum nær landi.

Það er mælt með þessari till. af stjórn Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnun. Frv. þetta er flutt að beiðni hæstv. sjútvrh. Það gengur í sömu átt og við þm. Vesturl. höfum lagt áherslu á, bæði síðla árs 1973 og eins þegar breytingin var gerð á lögunum vorið 1976, þó að við bærum þar skarðan hlut frá borði. Um þetta atriði hefur náðst víðtæk samstaða, eins og ég sagði. Sú samstaða og það samkomulag verður vonandi virt af hálfu hv. dm. og samþykkt.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þess sem þá lá fyrir og ég ætla ekki að endurtaka neitt af því frekar. En síðan hefur komið fram nýtt í þessu máli, þ. e. a. s. brtt. á þskj. 463, og mig langar til þess að fara örfáum orðum um hana og einnig nokkur þau atriði sem fram hafa komið í þessum umr. nú í kvöld.

Ég vil fyrst segja það, að það eru meiri spekingarnir og sérfræðingarnir sem þeir „Eyjabræður" eru orðnir í öllu því er lýtur að stjórnun fiskveiða, hafrannsóknum og fiskifræðilegum athugunum, eftir tali þeirra hér í kvöld, og væri vissulega athugandi fyrir hæstv. sjútvrh. að gefa því gaum, hvort þessir hv. þm. eru ekki falir til starfa hjá Hafrannsóknastofnun sem

sérfræðilegir ráðunautar í þessum efnum honum og sérfræðingum til aðstoðar á erfiðleikatímum varðandi fiskveiðar okkar íslendinga.

En vegna till., sem hér er fram komin frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni um að banna veiðar með flotvörpu frá 1. júní 1977 til 1. júní 1978, langar mig til að segja nokkur orð.

Það er þegar upplýst að fiskifræðingar hjá Hafrannsóknastofnun telja enga sérstaka hættu því samfara að leyfa veiðar með flotvörpu, frekar heldur en er fyrir hendi t. d. með botnvörpu, og ég veit ekki betur en í öllum tilfellum hafi verið farið að till. og ráðleggingum fiskifræðinga varðandi flotvörpuveiðarnar.

Það er líka ljóst, eins og kom hér fram hjá hv. 3. þm. Austurl., að jafnbesta hráefnið sem kemur til vinnslu í fiskvinnslustöðvum, t. d. á Vestfjörðum í hraðfrystihúsunum, er það sem fæst í flotvörpuna. Þetta liggur fyrir. (GS: Hvaðan liggur það fyrir?) Það liggur fyrir frá viðkomandi stöðum, það ætti hv. þm. að geta kynnt sér, ef hann veit það ekki þegar, en mér skilst að hann viti æðimikið að eigin dómi.(GS: Þessi fiskur hefur löngum verið fluttur hingað suður.) En það eru önnur veiðarfæri sem hafa sýnt það og sannað að úr þeim kemur ekki fýsilegt hráefni til vinnslu, og það sýna dæmin á undanfarandi árum.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði áðan eitthvað á þá leið, að vegna þess mikla afla, sem fengist í flottrollið, gæfi auga leið að mikið af þeim afla væri ekki góð vara, það væru lítil gæði í þeirri vöru sem það veiðarfæri skilaði á land. Hvað sem þessi hv. þm. segir um þetta sem telur sig atvinnumann í faginu — (GS: Og er) — og er, segir hann sjálfur, það er hans eigin dómur, ekki annarra, — þrátt fyrir þessa fullyrðingu hans er þetta eigi að síður staðreynd, að jafnbesta hráefnið, sem kemur til fiskvinnslustöðva, er fengið í flotvörpu.

Þessi hv. þm. með jafnmikla visku og þekkingu og hann telur sig hafa á öllu því, sem lýtur að fiskveiðum og fiskvinnslu, ætti líka að vita og ætti í raun og veru að vera hvað kunnugastur því hráefni sem fengist hefur á undanförnum árum og áratugum í annað veiðarfæri sem þorskanet kallast. Og það vita þeir báðir, þessir hv. þm., bæði hv. þm. Guðlaugur Gíslason og Garðar Sigurðsson, þeir ættu manna best að vita hvert hráefni til vinnslu og útflutnings það er sem þetta veiðarfæri hefur skilað á land á undanförnum árum. Þrátt fyrir þessa staðreynd og þrátt fyrir þá staðreynd að þetta veiðarfæri hefur skilað hvað mestu magni af hvað versta hráefni í þeirra eigin kjördæmi, þá virðist þeim ekki hafa hugkvæmst að setja eða gera tilraun til þess að setja skorður við þessu háttalagi. Hv. þm. Guðlaugur Gíslason upplýsti hér áðan, að yfirleitt væru bátar með 10—12 netatrossur í sjó. (Gripið fram í.) Það, sem er umfram 10 netatrossur, er, að því er ég best veit, ólöglegt. Það er heimilt, held ég hæst að hafa 10 netatrossur í sjó, enda er það opinbert leyndarmál að þessi regla, sem verið hefur í gildi í nokkuð mörg ár, ég skal ekki tiltaka árafjöldann, en í nokkuð mörg ár, hefur verið þverbrotin fyrir opnum augum þessara hv. þm. fyrst og fremst. Þá hefur ekki verið ofarlega í hugum þeirra það tal sem hér er uppi nú um að það beri skýlaust að stemma stigu við þeim veiðarfærum sem hvað versta hráefninu skila til vinnslu. Þetta eru ekki bara mínar fullyrðingar. Þetta liggur einnig fyrir og það liggur fyrir líka, að fiskifræðingar hafa haft miklar áhyggjur af þessu, að ekki skuli hafa verið hægt að stemma stigu við þessum lögbrotum, fyrst og fremst á þessu svæði sem þarna um ræðir.

Það er því ekki að mínu viti þessi skoðun hv. þm., þ. e. a. s. að þetta veiðarfæri hafi sérstaklega hættu í för með sér fyrir þorskstofninn eða sé líklegast til þess að skila hvað verstu hráefni, — það er ekki það sjónarmið sem liggur til grundvallar tillöguflutningi af þessu tagi, enda engin rök, sem haldbær eru, færð fram fyrir því að svo sé. Það, sem mér virðist vera það eina sem líklegast er að sé grundvöllur að tillöguflutningi og skoðunum af þessu tagi, er það, að vestfirskum skipstjórnarmönnum fyrst og fremst hefur tekist það, sem öðrum skipstjórnarmönnum annars staðar á landinu hefur ekki tekist, það er að geta hagnýtt sér þetta veiðarfæri. Það er, að ég held, nokkuð augljóst, að vestfirskir skipstjórnarmenn eru þeir aðilar sem hafa hvað best komist upp á lagið með að hagnýta þetta veiðarfæri, og hér brýst fram með tillöguflutningi af þessu tagi öfund í garð þessara manna. Þá er engu látið skipta hvort í raun og veru sé verið að stiga skref til þess að vernda og bæta eða hvort beinlínis er verið að stiga skref til þess að koma í veg fyrir að gott hráefni geti komið á land til vinnslu. (GS: Það er vont að hagnýta það sem er bannað.)

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði áðan að það væri bannað að veiða með flotvörpu á öllum þeim stöðum nema þar sem væri hægt að veiða með henni. Það þýðir það, að það þýðir ekkert að vera að leyfa veiðar samkv. hans kenningu á þeim stöðum sem nú er bannað, vegna þess að það er ekki hægt að veiða með henni þar, það fæst ekkert í hana. Þetta er hans eigin kenning.

Og það að halda því fram, að flotvarpan sé miklu hættulegra veiðarfæri vegna þess að hún sé afkastameira veiðarfæri, það er einkennileg kenning. Samkv. þessari kenningu hefði t. d., þegar nælonnetin voru að ryðja sér til rúms, átt að banna þau. Þau eru miklu fisknari en hampnetin voru á sínum tíma. Það hefði líklega átt samkv. þessari kenningu að banna línuveiðina. Það kemur meira af fiski á land á línuna heldur en kom á færin á sínum tíma.

Kenningar af þessu tagi fá auðvitað ekki staðist. Grundvallaratriðið er þetta, hvort það er til hins verra varðandi fiskstofninn að taka aflann í þetta eða hitt veiðarfærið, þ. e. a. s. hvort það spillir fyrir, vegna þess að okkur er það öllum kunnugt að fiskstofninn — þorskstofninn sérstaklega — við landið er í mikilli hættu, það er öllum ljóst.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagðist hafa verið skelfingu lostinn við þær, að því er mér skildist, upplýsingar sem hann hefði fengið varðandi það sem hefði verið að gerast á Vestfjarðamiðum, og þá átti hann við það, hversu stór hluti, mér skildist 90—99%, af aflanum sem kæmi í

flottrollið væri undirmálsfiskur. En hann hefur ekki verið skelfingu lostinn yfir því á undanförnum árum þó að það væri tekið í net — (GS: Þetta er ekki rétt, hv. þm.) — fyrir Suður- og Suðvesturlandi, hann hefur ekki orðið skelfingu lostinn yfir því þó að stór hluti af því hráefni, sem fengið var í net á þessu svæði, væri gersamlega ónýtt til allra hluta. Ég held að það verði að fara saman hjá mönnum, ef menn á annað borð eru að hugsa um friðun og verndun á ungfiski, þá held ég, að málflutningur manna verði að vera með öðrum hætti en sá málflutningur sem hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur haft hér uppi varðandi þetta mál.

Það er rétt, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan varðandi Selvogsbankasvæðið. Það var ekki farið að till., eindregnum till., eindregnum tilmælum fiskifræðinga við friðun Selvogsbankasvæðisins. Því var hnikað til og það var fyrst og fremst gert vegna þrýstings þeirra Eyjaþm., það er mér vel kunnugt um, vegna þess að ég átti sæti í þessari margumtöluðu nefnd. Og það er einnig vitað, að um langt árabil hafa þessir hv. þm. verið hvað harðastir í því að fá til þess heimildir að veiða alveg upp að fjöruborði. Þar hefur ekki friðunar- eða verndunarsjónarmiðið fyrst og fremst ráðið í afstöðu, þegar það hefur verið úti fyrir því landssvæði sem þeir fyrst og fremst bera fyrir brjósti.

Ég held að við hljótum, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að taka mikið tillit til þess sem fiskifræðingar segja í þessum efnum, hvort sem það sýnist fært að taka það allt algerlega til framkvæmda. En það fer ekki hjá því, að við verðum að hafa af því hliðsjón og taka tillit til þeirra sjónarmiða sem frá þessum sérfræðingum koma, vegna þess að það er ljóst að það getur verið mikil vá fyrir dyrum og varfærni er því að sjálfsögðu nauðsynleg.

Mér virðist á hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, að hann teldi að um 70.2% af því aflamagni, sem verið væri að taka t. d. af Vestfjarðamiðum og væri undir 58 cm að stærð, þorskurinn, það væri í raun og veru spegilmynd af því sem væri að gerast varðandi fiskveiðar okkar Íslendinga. Ég vil nú mjög draga í efa að þessar niðurstöður séu rétt dregnar af því sem fyrir liggur í þessum efnum. Það er auðvitað alveg ljóst og ég skil ekki í þeim mönnum, sem telja sig fædda á sjó, vera atvinnumenn í faginu og vita skil á svo til öllu sem að þessu lýtur, að þeim skuli geta dottið í hug að það sé í raun og veru hægt að framkvæma það að aðgreina fiskinn í veiðarfærin. Það er alveg augljóst mál, að það fer ekki hjá því að á þessum veiðisvæðum er alltaf eitthvað af smáfiski, hvort sem það er tekið í flottroll, botnvörpu, það skiptir ekki meginmáli. Þarna er um að ræða blandaðan fisk sem engan greinarmun gerir á því, hvort veiðarfærið, sem þarna er á ferðinni, er flotvarpa eða botnvarpa. Eigi að fiska á annað borð á þessum miðum, þá verður það alltaf svo, að eitthvert magn af smáfiski fylgir með.

Ég vil aðeins segja út af því, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði, — hann gerði að vísu aldrei grein fyrir því, hver hlutföll hefðu verið í fiskveiðilaganefndinni eða þeirri nefnd sem fjallaði um þetta mál fyrir rúmu ári, — hver hlutföll hefðu verið í afstöðunni til flotvörpunnar. Ég man ekki til þess að fullyrða hvernig þetta var, en ég hygg þó að það hafi verið fleiri, sem vildu banna flotvörpuna alfarið, heldur en hinir, þó að ég vilji ekki um það fullyrða. Hitt vil ég taka fram sérstaklega, að ég var algerlega andvígur því og ég er algerlega andvígur því enn. Það hefur ekkert það komið fram sem rökstyður það eða réttlætir að nú sé gripið til þess ráðs að banna alfarið veiðar í flotvörpu. Ég held að það væri hyggilegra, a. m. k. meðan ekkert liggur fyrir um það frá fiskifræðingum, frá sérfræðingum, að hér sé um að ræða hættulegra veiðarfæri en hvað annað, að snúa sér að því að stemma stigu við þeim lögbrotum sem eiga sér stað varðandi netaveiðina, hamla þar gegn, byrja á því að brjóta niður þann hugsunarhátt sem virðist hafa verið ríkjandi hjá aðilum um að virða að vettugi settar reglur og lög að því er varðar fjölda neta í sjó, — byrja fremur á aðgerðum af því tagi heldur en að vera með alls konar útúrdúra, uppdiktaðar hugmyndir sem á engan hátt eru rökstuddar eða í einu eða neinu fá staðist til þess að þjóna ímynduðu sjónarmiði sem er kannske fyrst og fremst til þess ætlað að veiða atkv.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég tel að ég geti verið stuttorður að þessu sinni. Ég held að mér hafi tekist að segja megnið af því, sem ég vildi segja, í minni fyrri ræðu. En ég kemst varla hjá því að minnast örfáum orðum á ýmislegt sem fram hefur komið í ræðum manna.

Þá er það að segja um ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar, sem var ágætlega flutt og allskemmtileg, eins og hans er vandi, að ég kemst ekki hjá því að gera ýmsar aths. við það sem hann sagði.

Hann segir m. a. um það svæði, sem talað er um í brtt. sem rn. óskaði eftir að n. flytti, að þar sé till. um að flytja stóra báta upp undir fjöru eða 4 mílur frá fjöruborði, en það var ein af þeim till., sem sérfræðingar í Hafrannsóknastofnuninni höfðu ekkert við að athuga, ósköp einfaldlega vegna þess að þeir álitu að þar væri ekki um að ræða ofveiði á þeim fiskstofni sem veikastur er, því að á þessu svæði er aðallega um að ræða veiði á ýsu og ufsa og að vísu ýmsum öðrum tegundum.

Hann reyndi að vera pínulítið skemmtilegur með því að spyrja þeirrar spurningar, hvort ýsan í Mýrabug væri öðruvísi en ýsan í Faxaflóa, og vildi gera því skóna að göngur ýsunnar þarna við Suðausturlandið og Ingólfshöfðann væru þannig, að þar væri ævinlega smáýsa á ferðinni, a. m. k. að talsverðu leyti í bland við stærri fiskinn. Þetta er nú bara ekki svona. Oftast er það svo á Ingólfshöfðasvæðinu og Víkursvæðinu, að þar er yfirleitt um stóran fisk að ræða, en á vissum árstímum koma þarna smáýsugöngur og það eru heimildir í þessum lögum til að stöðva þær veiðar á meðan smáfiskurinn gengur hjá. Sama er að segja um það svæði sem er opið upp í landið vestur af Eyjum. Þar er stundum smáýsa og stundum góð ýsa, en veiðum þar hefur verið hætt þegar smáa

ýsan hefur verið áberandi í aflanum. Reynslan hefur sýnt að smærri ýsan, þó ekki undir lágmörkum, hefur verið þetta um 9—10% af öllu magninu, sem eru allt aðrar tölur en hv. þm. Guðlaugur Gíslason nefndi og hefur úr opinberum heimildum um stærð fisksins sem veiðist á Vestfjörðum. Þær tölur eru réttar og þær tölur eru ljótar. En hv. þm. Karvel Pálmason virðist, þó að hann hafi oft augun opin, hafa tilhneigingu til þess að loka þeim þegar óþægilegar staðreyndir blasa við. En þeir, sem taka þátt í stjórnmálum, verða að láta sig hafa það að horfa nákvæmlega, hvort sem um er að ræða þægilegar eða óþægilegar staðreyndir.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði, — ég veit ekki hvort það hefur verið í gamni, en við skulum ekkert vera að breiða það út annars staðar, — það er dálítið slæmt að maður, sem hefur, eins og við vitum, talsverða þekkingu á sjávarútvegsmálum, skuli segja að það séu undantekningar fremur en regla að fiskimenn hagi sér ekki eins og rummungar. (Gripið fram í: Ég sagði útgerðarmenn og sjómenn.) Þetta eru auðvitað hin verstu ósannindi, og mér þykir leitt að þurfa að nefna þetta í rauninni. Sannleikurinn er sá, að það eru alltaf einhverjir sem brjóta settar reglur í sambandi við togveiðar. Það hefur líka komið fyrir fiskimenn úr okkar byggðarlagi, okkar Guðlaugs. Það hefur raunar oft komið fyrir gegnum árin. En sannleikurinn er sá, að þeim hefur farið fækkandi. Það eru tiltölulega fáir af heildinni sem hafa gert þetta. En það er alltaf gikkur í hverri veiðistöð, sem nægir kannske til þess að menn, sem gera sér fyrst og fremst far um að vera skemmtilegir þegar þeir ræða alvarleg mál, noti sér það.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson segir það sem menn hafa verið að éta hér upp hver eftir öðrum, að flotvarpan sé afkastamikil — og það er auðvitað rétt — og síðan segir hann að auðvitað eigi að nota afkastamestu tækin og í staðinn fyrir að banna flotvörpuna væri miklu nær að minnka sóknina, eins og þetta séu andstæður. Þetta eru bara alls ekki andstæður. Það má minnka sóknina með ýmsum hætti. Það má minnka sóknina með því að fara eftir till. sem heyrst hafa um það að leggja flotanum svo og svo lengi eða leggja flotanum kannske rétt eftir mitt ár, þegar búið væri að fiska upp í þann kvóta sem leyfður er. Það má minnka sóknina með því að fækka skipum o. s. frv., o. s. frv. En það má líka minnka sóknina með því að takmarka stórvirkustu veiðarfærin, svo að ég tali nú ekki um þegar svo stendur á, að þessi geysilega stórvirku og ég vil segja skemmtilegu veiðarfæri eru notuð einmitt á þeim svæðum þar sem mest er af þeim fiski sem við eigum að reyna að passa upp á að drepa ekki of mikið af. Þetta er heila málið.

Eitt af skemmtilegheitunum var það, að ég væri fæddur og alinn upp á sjó og svona nokkuð. Það er auðvitað svolítið gaman að þessu, að fá að heyra þetta frá svo miklum spekingi eins og Sverri. En þetta er auðvitað ekkert innlegg í málið til eða frá. Þetta eru hrein aukaatriði og sögð frekar til að punta upp á það munstur sem hann var að reyna að teikna hér, en mistókst að gera með reglubundnum hætti, — nefndi það, að þó að ég hefði kannske verið dálítið lengi á sjó, sem er auðvitað rétt, þá væri ég löngu kominn í land með pokann eða verið sendur í land með pokann minn og þekkti þá ekkert til þessara mála. Ég gerði það mér til upplýsinga og einmitt til þess að fræðast í raun og veru um þessa hluti, að í mínu páskaleyfi gerðist ég togarasjómaður og fór einmitt á þessi svæði út af Vestfjörðum á fiskirí, það er ekki lengra síðan. Ég horfði upp á þetta þá, bara í síðustu aflahrotunni, þannig að allir slíkir sleggjudómar eru alveg út í hött.

Hann sagði að þeir, sem gerst mega þekkja, þ. e. a. s. skipstjórarnir á togurunum fyrir vestan, flottrollsskipstjórarnir, segðu, og hann nefndi þeirra vitnisburð, hann væri sá, að þetta væri hinn besti fiskur. Þeir vita vel að það er kvartað undan þessum veiðum þeirra, og ég er ekkert hissa á því að ákafamenn í þessum efnum, eins og svo miklir fiskimenn eru ævinlega, reyni að koma með eitthvað annað á móti. Ég er ekki viss um að slíkir dómar eða umsagnir þeirra sjálfra, sem nota þessi veiðarfæri í stórum stíl, séu ekki dálítið hlutdrægir. Það getur hver séð það sjálfur, að það er a. m. k. mjög hætt við því.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson vill núna nýja stóra nefnd með þm. og sérfræðingum o. s. frv. Ég held að það sé hægt að hafa þessi mál í stöðugri endurskoðun án þess að vera sífellt að setja slíkt „apparat" í gang sem ferðaðist um landið o. s. frv. og væri heilt ár að vinna og þetta nokkuð. Ég vil leyfa mér að efast um að það skili nokkuð betri árangri, a. m. k. skömmu eftir gildistöku laganna, heldur en það að við fylgjumst bara með málunum hér í hinu háa Alþ. Og þó að það sé gert grín að því að menn segist hafa vit á þessu og hinu, þá er það óneitanlegt, að við heyrum það hver á sínum stað í okkar kjördæmum, í verstöðvum, hvað er þar efst á baugi, þannig að við vitum hvernig ástandið er hverju sinni. Við þurfum enga stóra nefnd til þess. Þess vegna held ég að það sé miklu betra, eins og ég raunar gat um í minni fyrstu ræðu við 1. eða 2. umr. þessa máls, að Alþ. hafi þetta mál í stöðugri endurskoðun og færi til betri vegar, ef þörf krefur, og geri smávægilegar lagfæringar, eins og þessar brtt. fjalla um, ýmist til þrengingar eða rýmkunar, eins og nú er verið að gera.

Síðan kom hv. þm. Sverrir Hermannsson með beiðni. Hann bað mig og hv. þm. Guðlaug Gíslason um að segja sér hvar væri friðunarsvæði á Selvogsbanka, hið svokallaða frímerki, sagði að stærð svæðisins núna sé aðeins ⅛ eða rúmlega ⅛ hluti þess sem fiskifræðingar lögðu til. Þetta er auðvitað misminni hjá hv. þm., — algert misminni. Svæðið er nokkru stærra en það var fyrir, það var stækkað til austurs, en ekki minnkað að vestan. En ég vil segja það, að okkar ágætu fiskifræðingar höfðu giskað á að meginhrygningin færi fram á svæði sem væri aðallega austast á núverandi svæði og heldur austan við svæðismörkin. Það varð að samkomulagi að fara ekki alveg eins austarlega með þetta og fiskifræðingarnir lögðu til, það er rétt. En á móti kom það, að fiskifræðingarnir lögðu til að svæðið minnkaði að vestan eins og menn

muna, — það átti að færast austur, minnka að vestan og stækka að austan. Ég ræddi þetta nákvæmlega við þessa sérfræðinga, einkum Sigfús Schopka, sem mun vera sérfræðingur varðandi þorsk, og benti honum á að með því að opna svæðið að vestan opnuðust allmerkileg og gömul fiskimið og einmitt hrygningarmið inni á Selvogsbankanum. Ég treysti því, að þeir þm., sem þarna voru, muni eftir þessu. Og ég bað þennan ágæta sérfræðing að segja mér til um það hverju munaði, hversu miklu meiru væri hlíft með því að færa svæðið austur, en opna það að vestan og þá fyrir togurum auðvitað sem gátu þá togað á sínum gömlu Selvogsbankamiðum um tána og inn í krikann. Þegar hann fór að hugsa um málið gat hann ekki svarað því. Ég leyfði mér nefnilega að efast um að þetta væri til mikilla bóta, og hann var mjög þenkjandi yfir þessu á eftir.

Ég er ekki alveg viss um að fólk geri sér almennt grein fyrir því, hvernig fiskur hrygnir eða hvernig þorskurinn hrygnir. Ég held að það sé almenn skoðun, að fólk haldi að hann syndi þarna um fram eftir vertíðinni, þangað til kemur að þeim degi að hann ætlar sér að hrygna, og hrygni þá úr sér öllu í einu, eins og þegar dýrategund getur af sér afkvæmi, það sé sem sagt bara einn fæðingardagur. En þetta er misskilningur. Þorskurinn byrjar að hrygna á ákveðnum tíma, oftast síðari hlutann í mars, og hrygningin stendur langt fram í apríl, þannig að hver fiskur er 4—5 vikur að hrygna. Einn og sami fiskurinn byrjar að hrygna og hrygnir svo smátt og smátt í margar vikur. Svona er þetta. Og á þessum tíma ferðast fiskurinn mikið um, þannig að þessi tilfærsla í austur og opnun í vestur með þessar staðreyndir í huga í viðbót fylla mig enn meiri efa um að það hafi verið um minni friðun að ræða heldur en þeir lögðu upphaflega til. Ég hygg að við höfum nefnilega komist að samkomulagi um friðunaraðgerðir í þessum efnum sem jafngiltu alveg þeirri till., því að svæðið hélt sinni stærð að vestan, en stækkaði í austur.

Hins vegar held ég að mér sé alveg óhætt að segja það hér, af því að menn eru að væna mig um sérstök kjördæmissjónarmið, sem er alveg út í hött, að ef það væri talið nauðsynlegt að friða meira vegna hrygningarinnar, þá gæti ég vel hugsað mér að taka undir þær óskir, ef greinilega væri um hættuástand að ræða, jafnvel þó að það hefði slæm áhrif á okkar fiskirí, því að málið er svo alvarlegt að menn verða að leggja kjördæmissjónarmiðin á hilluna, eins og ég sagði áðan.

Hv. þm. sagði að ég hefði staðið hér að lagasetningunni í fyrra með hinum, og það er alveg rétt. Þessi lagasetning var erfið, eins og alltaf er þegar sjónarmiðin eru margvísleg milli hinna ýmsu tegunda veiðarfæra, milli hinna ýmsu staða á landinu og milli mismunandi hagsmuna. Það er alltaf erfitt að komast að slíku samkomulagi, sem er þó þannig úr garði gert að sem flestir geti verið ánægðir með. Og það er rétt, að ég stóð að þessari lagasetningu án þess að koma með þessa till. fram í það skipti. Hins vegar hafði þessi till. þá verið rædd í stórun., en til þess að koma málinu áfram, og það álitum við allir nauðsynlegt, þá gerðum við samkomulag um að það færi aðeins fram sem við vorum allir sammála um. Þess vegna stóð ég að þessari lagasetningu þrátt fyrir það að ekki var fullt samkomulag um það í mínum þingflokki, og eru þó þar ýmsir sérfræðingar í þessum efnum eins og menn mega kannske vita.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson talaði um það varðandi veiðina þarna við Suðausturlandið, ekki aðeins að við ættum að hleypa svo nærri landi, heldur sagði hann líka, að nú ætti að fara að hleypa inn flotanum sem hefði gert góða vertíð á loðnunni, nú ættu þeir að fara að gramsa í fiskinum alveg upp undir sandi. Þetta er því miður dálítið mikill misskilningur, því að þessi hv. þm., þótt útgerðarmaður sé, gerir yfirleitt ekki út báta af þessari stærð. Hann þekkir þessi vandamál ekki af neinum eldi sem á honum brennur. Hann gerir út stóra togara og gengur sem betur fer vel. Þarna er alls ekki um það að ræða, að við ætlum að fara að hleypa inn stórum flota eins og hann nefndi, 300—350 tonn, með miklu vélarafli. Það er alger misskilningur. Með þessu móti er verið að opna þrjú veiðisvæði, tvö lítil og eitt kannske heldur stærra. En þarna er fyrst og fremst um að ræða að hleypa inn skipum sem eru aðeins yfir lægri mörkunum, þannig að þau mega ekki fylgja þeim sem eru minni en 26 m, og raunar nokkrum bátum heldur stærri, jafnvel upp í 200 tonn. En það vita allir, sem eitthvað þekkja til þessara hluta, að þeir bátar eru vélarvana, þeir geta alls ekki togað á djúpu vatni, enda er á fáum stöðum hægt að toga á djúpu vatni fyrir suðurströndinni. Það vill svo til að landgrunnið þar er allt öðruvísi í laginu en fyrir utan hv. þm. Karvel Pálmason. Það er mjög mjótt. Þar tekur við ýmist hafdýpi eða hraun og alls ekki hægt að stunda togveiðar á því. Þeir í Hafrannsóknastofnun sögðu, eins og ég nefndi áðan, ekkert við þessu því að þarna er alls ekkert um að ræða að drepa neinn þorsk — alls ekki um það að ræða að drepa þorsk. Og sama er að segja um þennan þríhyrning sem hann gerði mikið grín að. Það er rétt, að hann er ekki stór, en hann er til hægðarauka fyrir þá fáu togara sem leggja sig eftir þessum miðum, erfiðu miðum þarna við suðurströndina, og þar er næstum eingöngu um ufsaveiði að ræða, og sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar sögðu að það skipti engu máli til eða frá, eins og rétt er.

Þá vil ég aðeins víkja örfáum orðum að því sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði í sinni ræðu. Hann sagði enn einu sinni og þandi sig mikið, að það væri upplýst að fiskifræðingar sæju enga sérstaka hættu samfara því að veiða með flotvörpu. Það, sem fiskifræðingarnir hafa sagt, er það, að við megum veiða svona og svona mikið magn af fiski og helst ekki smáfisk að vísu og okkur er alveg sama í hvaða veiðarfæri þetta fæst. Það eru þó fiskifræðileg sjónarmið, það má veiða svona mikið magn, en helst ekki smáfiskinn. Þeir gera sem sagt ekki greinarmun á því, í hvaða veiðarfæri fiskur er drepinn. En þannig er málið, eins og ég sagði í minni fyrstu ræðu, að þegar minnkar í botntrollið, þá taka þeir til við að nota flottrollið á fiskitorfur, sem eru uppi í sjó, og það er staðreynd, sem þeir

auðvitað vita og þora ekki að neita, að þarna er helst hægt að veiða fiskinn, þarna hópast hann í torfur uppi í sjó af öllum stærðum og mikið auðvitað af smáfiski, eins og við vitum allir sem höfum séð þennan fisk, og það er sem sagt verið að veiða með þessu á þessu viðkvæma svæði. Það er að þessu leyti til sem flotvarpan bætist við. Og varðandi þá fullyrðingu hv. þm. Karvels Pálmasonar, að jafnbesta hráefnið fáist úr flotvörpunni, þá hef ég margsinnis séð það og meira að segja fleiri hv. þm. hér á Alþ., að þegar þeir hafa komið með aflann úr flotvörpunni hingað til Reykjavíkur, þá er allt annað mat á því heldur en Karvel nefndi að væri fyrir vestan. Þetta er hið versta rusl oft og tíðum, — ég segi alls ekki alltaf, því að það getur auðvitað komið góður fiskur og kemur í flottrollið eins og önnur veiðarfæri. Og ég vil leyfa mér að endurtaka það, að á sama tíma og við erum að gera ýmsar ráðstafanir til takmörkunar á veiðum til þess að vernda smáfiskinn, einmitt á þeim sama tíma er þessu stórvirka veiðarfæri bætt við. Það er ekkert samræmi í þessum vinnubrögðum, að vera að takmarka með mörgum hætti — oft á erfiðan hátt — veiðar á þessum fiski, en bæta á sama tíma við þessu feiknarlega veiðarfæri, því að flottrollið er aðeins notað þar sem mest er af þessum fiski sem átti að vernda.

Hv. þm. Karvel Pálmason nefndi hér netaveiðarnar fyrir Suðvesturlandi og úr netunum kæmi vont hráefni, og það er satt. Úr netunum kemur oft vont hráefni. Það er þó auðvitað verst hráefnið sem kemur úr netunum sem hefur legið dautt í sjó. En ég vil leyfa mér að fullyrða það, að eitt besta hráefnið, sem kemur á land, er þó úr netunum ef þau eru dregin daglega, því þá er langmestur hlutinn lifandi fiskur. Hins vegar er það alveg augljóst, að ef bátarnir hafa miklu meiri veiðarfæri en þeir komast yfir að draga, þá hlýtur svo og svo mikið af því að verða dautt, og það er ekki eins gott hráefni að sjálfsögðu. Það hefur verið í gildi reglugerð um netafjölda fiskibáta. Því miður hefur sú reglugerð verið brotin mjög lengi og kannske nokkuð almennt, ég þori ekki að fullyrða það, það er opinbert leyndarmál. Ég vil lýsa því yfir fyrir mína hönd, að ég væri fyrstur manna til þess að reyna að framfylgja slíkum reglum, því að það er sjálfsagt að hlíta reglum af þessu tagi. Það getur bara verið dálítið erfitt að koma eftirlitinu við. Þó hlýtur að finnast á því lausn. Og ég vil leyfa mér að skora á hæstv. sjútvrh. að reyna í samvinnu við sína menn og þá einnig sjómenn, hvernig væri hægt að taka á þessu máli, því að sannleikurinn er sá, að það eru ekki allir sjómenn hrifnir af því, jafnvel þó að þeir taki þátt í þessu, því að netaútgerð er ákaflega dýr, eins og við vitum, og kostar feiknin öll að hafa svona mikil veiðarfæri í sjó. Ég er viss um að það mætti fá jafngóðan afla og næstum eins mikinn afla jafnvel þó að það væri notað miklu minna af veiðarfærum en oft er gert. A. m. k. fengjum við betri afla, því að það er ekkert sem mælir með því að það sé réttlátt að ausa svo út veiðarfærunum að menn séu að ofveiða þennan viðkvæma fiskstofn og skila honum kannske ónýtum í land. Og ég er fyrsti maður til þess að taka undir það, að í þessu verði eitthvað gert og sjálfsagt að gera.

Um það, hvað hægt væri að gera í þessum efnum, held ég að sé kannske ekki rétt að ræða núna. Það tæki of langan tíma og nú er orðið nokkuð áliðið og ég fer senn að ljúka máli mínu. En þetta þarf að athuga vel í alvöru, en það er ýmislegt sem er vissulega hægt að gera í þessu tilliti.

Herra forseti. Nú fer að styttast í þessu. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að svara því sem hv. þm. Karvel Pálmason talaði um öfund í garð vestfirskra sjómanna og þeir, sem ekki væru vestfirðingar, öfunduðu þá svo mikið að þeir vildu reyna að skera niður afla þeirra o. s. frv. Þetta er auðvitað ansi leiðinlegt, að menn þurfi að grípa til slíkrar röksemdafærslu, og það sæti síst á mér að fara að níða skóinn niður af vestfirðingum, sem er vestfirðingur sjálfur í allar ættir. (KP: Það sést nú lítið af því.) Það veist þú minnst um, drengur minn. Og eins að líkja saman þeirri viðbót í sókn, sem flottroll gerir, eins og ég nefndi fyrr, að líkja því saman við það að nota nælonnet og hampnet á sínum tíma, það er ekki góð samlíking og stenst engan veginn, enda held ég að það þurfi ekkert að vera að tala um net í þessu sambandi þegar við erum að tala um að vernda smáfiskinn, því að hann festist alls ekki í netum, hvorki hampnetum né nælonnetum.

Ég verð bara að segja það, þó að ég sé nú ekki vanur að taka mjög djúpt í árinni né nota hörð orð hér úr þessum ræðustóli, að mér þykir það sannarlega ekki vera beysinn málstaður hv. þm. Karvels Pálmasonar, þegar hann þarf að grípa til hreinna ósanninda, en ósannindi eiga ekki heima í þessum efnum. Ég sagði að fyrir vestan hefði verið á þeim tíma, sem ég fylgdist sem best með þessu, langt yfir 90% af þeim fiski sem veiddist, þótt sums staðar væri allgóður fiskur veiddur, þá væri svo geysihá prósenta af því ókynþroska fiskur. Það er auðvitað alveg rétt, og ég skora á hv. þm. Karvel Pálmason að hrekja það ef hann getur. Hann sneri þessu hins vegar upp í það, að ég hefði sagt að þetta hefði allt saman verið undirmálsfiskur. Kannske veit hv. þm. ekki muninn á undirmálsfiski og ókynþroska fiski. Vissulega er undirmálsfiskur ókynþroska, en það er ekki nægilegt til þess að segja það, að ókynþroska fiskur þurfi endilega að vera undirmálsfiskur.

Hv. þm. Karvel Pálmason talaði um það, að málflutningur minn ætti að vera með öðrum hætti, og vísaði þá til þess sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Ég skil nú ekki með hverjum öðrum hætti ég hefði getað talað um þessi efni. Ég held að ég hafi hvergi ýkt eða rangfært og þaðan af síður farið með ósannindi og ég treysti mér til þess að standa við allt það sem ég sagði þá. Hann át upp það sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði um till. fiskifræðinga gagnvart Selvogsbankasvæðinu. Greinilega hefur hann verið búinn að gleyma því og ekki vitað það frekar en annað og át það alveg hrátt án þess að honum klígjaði hið minnsta við. Ég er búinn að hrekja það allt saman, enda er það bókað nákvæmlega og hægt að sýna það svart á hvítu,

hvað raunverulega var þar um talað. Ég get sýnt hv. þm. hreint kort af svæðinu frá fiskifræðingunum sjálfum um þetta og kort af svæðinu eins og það lítur út núna, og ef þeir tala þar um ⅓, þá vita þeir ekki hvað ⅓ er og þarf þá að fara að kenna þeim það líka. Virðist mér nóg að þurfa að fara að kenna þeim eitthvað í þessum praktísku efnum varðandi þessi mál, þó að maður þurfi ekki að fara að standa í reikningskennslu á gamalsaldri.

Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði varðandi það, að við ættum að taka tillit til þess sem kemur frá sérfræðingunum. Það, sem hefur aðallega komið frá sérfræðingunum varðandi ofveiði á þorskstofninum, er það, að við eigum að hlífa þeim fiskstofnum, sem tæpastir eru, og reyna að komast hjá því að drepa óhóflega mikið magn af undirmálsfiski og smáum fiski. Með því að koma með þessa brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir er að verulegu leyti verið að reyna að koma til móts við þessi höfuðatriði sem sérfræðingar okkar og fiskifræðingar hafa barist fyrir. Það er einmitt þetta, það er einmitt þessi fiskur sem fiskifræðingarnir vildu hlífa. Og það er einmitt það sem þessi brtt. mín gerir, að hlífa því sem fiskifræðingarnir hafa bent okkur á að sé nauðsynlegast að hlífa.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Þó að síðasta ræðumanni hafi tekist að tala út veturinn, þá held ég að ég geti lofað því að ég mun ekki tala út sumarið, ég mun aðeins segja hér örfá orð.

Það, sem gaf mér tilefni til þess að fara upp í ræðustól aftur, var ein setning sem hv. 5. þm. Vestf. sagði og vil ekki láta fara óleiðrétta inn í þingtíðindin. Hann sagði berum orðum að ástæðan fyrir því, að ég og hv. 5. þm. Suðurl. styddum þessa till. um bann við flotvörpu, væri öfund í garð sjómanna og þeirra aðila sem með flotvörpu veiða.

Þegar við erum að tala um eitt alvarlegasta málið sem fyrir liggur núna þessa dagana hér hjá okkur, bæði á Alþ. og allri íslensku þjóðinni, þá finnst mér vera mjög stráksleg og lítið þinglegt að einn hv. þm. skuli leyfa sér að halda fram svona staðhæfingum, að þó að við viljum gera einhverjar friðunarráðstafanir og takmarka veiðina, þá sé það öfund í annarra manna garð. Ég mótmæli þessu alveg og tel þetta mjög stráksleg og óþingleg ummæli.

Ég þarf litlu við það að bæta sem hv. síðasti ræðumaður sagði í sambandi við netaveiðarnar. Ég er því alveg sammála, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði í sambandi við netin og hér hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Sunnl. Það þarf að gera ráðstafanir til að takmarka netaveiðar. Ég hélt því fram þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, að þau væru alveg sjálfsögð, en ég sagðist sjá fram á að það væri ákaflega erfitt að framkvæma þau, og það hefur komið í ljós. En ég hygg þó að það sé hægt að koma þeim höftum við sem þarf, og ég vil taka undir það, sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði áðan: ég vil skora á hæstv. sjútvrh. að gera ráðstafanir til þess á næstu vertíð að þetta verði framkvæmt. Þetta er engum til góðs, og ég fullyrði að þetta er ekki í þágu sjómanna og þetta er ekki í þágu útgerðarmanna heldur. Það tapa allir á þessu. Það er meiri eyðsla við útgerðina og það er verra hráefni sem kemur og þetta þjónar engum tilgangi, þetta er aðeins orðið kapphlaup á milli skipstjórnarmanna að koma með sem mesta tonnatölu að landi, jafnvel þó að það sé miklu verra og verðminna hráefni heldur en þó að þeir kæmu með færri tonn og þá betri fisk, þannig að það þarf svo sannarlega að mínum dómi að taka þarna eins föstum tökum og hægt er að koma við til þess að koma í veg fyrir þetta.

Samanburður á togarafiski og netafiski er svo sannarlega fyrir hendi. Ég er alveg sannfærður um að togfiskur á Vestfjörðum er sennilega mun betri en víða annarsstaðar á landinu af þeirri einföldu ástæðu, að þeir eru mjög nálægt fiskimiðum, kalla sín skip inn þegar þeir þurfa á aflanum að halda og eru þá búnir að vera aðeins stuttan tíma á veiðum. Það hefur verið landað bæði í vetur og áður togfiski í Vestmannaeyjum af Vestfjarðamiðunum, og ég fullyrði að síðasti farmur, sem kom þar í land, var lélegur. Það var það mikill smáfiskur og hann var orðinn 10 daga gamall, þetta var svo lélegt hráefni að fólkið, sem var að vinna fiskinn, hefði neitað hreinlega að vinna hann, hefði verið um nokkurn annan fisk að ræða. Þetta er sú staðreynd sem ég þekki. Og því miður er það svo, að þetta getur komið fyrir bæði með togfisk og netafisk, það getur verið mjög góður fiskur og getur líka verið mjög slæmur fiskur.

Ég skal nú ekki tefja umr. lengur, þó að sannarlega væri hægt að segja ýmislegt um það sem hér hefur verið haldið fram. Ég vil bara benda á það að lokum, að ég held að það verði a. m. k. ekki borið á mig, að ég hafi viljað standa gegn friðunarráðstöfunum fyrir Suðurlandi. Ég held að ég sé eini þm., a. m. k. síðan ég kom á Alþ., sem hefur flutt beina till. um að það yrðu friðuð þar tiltekin netasvæði sem bannaðar yrðu allar netaveiðar á tiltekinn tíma. Þetta svæði er það stórt, að ef slíkt friðunarsvæði væri sett á Vestfjarðamiðum hygg ég að vestfirðingar teldu að það væri nokkuð mikið á þeirra aðstöðu gengið og þeirra aðstaða til aflabragða væri mjög skert ef slíkt væri gert, því að eins og ég hef sagt áður, svæðið fyrir Suðausturlandi er 2500 ferkm. að stærð. Þetta er mjög stórt og viðamikið svæði og það er sett beint á aðalhrygningarsvæðið og þar sem best er að vænta af fiski á netavertíð og hrygningartímanum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í þessum umr. í kvöld, að þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., sé staðfesting á brbl., og það er rétt. Einn ræðumanna hér í kvöld taldi mjög fjarstæðukennt að flytja brtt. við frv. um staðfestingu á brbl. og vitnaði þá í fimm till., sem fyrir liggja, en tók aftur undir og taldi sjálfsagt að samþykkja 6. till. sem hann var efnislega sammála. Þá var það í lagi að flytja brtt. við staðfestingu á brbl. En hins vegar var hann mjög mótfallinn hinum till. því að hann taldi að tugir eða hundruð till. gætu alveg eins komið fram og þessar.

Við í sjútvrn. óskuðum eftir því við sjútvn., að hún flytti þessar till., fyrst og fremst till. um breytingu á stjórn veiðanna, til þess að gera skyndilokanir áhrifameiri, sem allir nm. eru sammála um, og einnig þessar brtt. varðandi tiltekin svæði. Það var gert mikið veður út af því, að Landssamband ísl. útvegsmanna hefði gert þessar till. að sínum. Ástæður fyrir því, að sjútvrn. tekur þessar till. upp, eru þær, að við afgreiðslu landhelgisfrv. á s. l. vori var mikil óánægja uppi varðandi tiltekin efni, og þá á ég alveg sérstaklega við svæðið út af Snæfellsnesi sem ég ætla ekki að orðlengja frekar um, en þar var um mjög viðkvæmt mál að ræða. Og það er rétt, sem hv. 3. þm. Austurl., sagði hér í kvöld, að ég hef heimild til þess að banna togveiðar að hluta til af þessari till., þannig að ég get með einhliða reglugerð komið mjög til móts við snæfellinga. En ég tel réttara að það sé Alþ. sem ákvarði það, á hvern hátt eigi að koma til móts við þá, og sömuleiðis aðrar þær veiðiheimildir sem um er að ræða.

Hér er um að ræða víðtækari veiðiheimildir fyrir skip sem eru 39 m á lengd eða minni og í sumum tilfellum fyrir 26 m skip eða minni. Ég vil ekki segja að loðnuskipin, sem gera það best, séu skip sem eru undir 39 m. Að vísu eru loðnuskip sem eru innan við 39 m á lengd og hafa gert það ágætt, en alfarið er ekki verið að gera þessa breytingu vegna loðnuskipanna. Hitt vitum við og er almennt viðurkennt af þm., að skipin yfir 105 lestir, eins og var samkv. gömlu lögunum, urðu harðar úti en önnur við þessa nýju lagabreytingu. Þetta er ástæðan fyrir því, að sjútvrn. og ég tókum þessa till. upp og óskuðum eftir því við sjútvn. að hún flytji málið.

Hitt kemur mér algerlega á óvart, þegar nm. í sjútvn. reynir hvað eftir annað að tefja afgreiðslu þessa máls, og það er furðulegt í sambandi við þingstörf varðandi mál, sem er vísað til 3. umr. 23. mars, að nú eftir tæpan mánuð skuli nm. í þeirri n. flytja till. um að vísa málinu aftur til n. við 3. umr., þegar sjútvn. er búin að fjalla um allar þessar till. og meira að segja till. sem ekki var komin fram, því að flm. hennar, hv. 5. þm. Suðurl., skýrði frá henni í sjútvn., að því er formaður n. hefur sagt mér.

Svo segir hv. þm. hér í kvöld að hann vilji gera allt til þess að ná samkomulagi í þessu máli. Hvar er þessi samkomulagsvilji? Hann er sá að hundsa allar breytingar af því að þær finni ekki náð fyrir hans augum. Hv. þrír sjútvn.-menn, sem hér eru inni, hafa allir lýst yfir stuðningi við þessar till. Fjórði nm., hv. 4. þm. Austurl., lýsti því yfir að hann væri á móti einni till., en hann segir í sinni ræðu: „Varðandi önnur atriði, sem ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um, vil ég taka það fram, að ég hef tilhneigingu til þess að fylgja þeim brtt. sem þm. viðkomandi kjördæma eru sammála um á hafsvæðum úti fyrir þeim kjördæmum þar sem þeir eru kunnugastir."

Þetta sagði hann í ræðu sinni. Ég hef ekki heyrt andstöðu annarra nm. í sjútvn. við þessar till. Þeir hafa ekkert látið frá sér fara í þeim efnum, að þeir séu andsnúnir þessum till. Þessi nm. er því einn og hann segir: Ég var ekki við — því að hann brá sér til útlanda, sennilega í hálfan mánuð eða svo, og þá átti auðvitað ekki að gera neitt á meðan og sennilega ætti ekki að tala nema hann sé í húsinu. En þegar hann er búinn með sína ræðu þá hleypur hann á dyr. Tilgangur hans er auðsær, það fer ekki á milli mála. Hann er sá einn að reyna að spilla fyrir framgangi málsins. Ég tel aftur á móti að þessar till. eigi að koma hér til atkv. og afgreiðslu og það verður að ráðast hvort þær eiga meirihlutafylgi að fagna í þessari deild eða ekki. Ég er meðmæltur þessum till. öllum að undanskilinni þeirri till., sem hv. 5. þm. Suðurl. flytur um bann við flotvörpuveiði alfarið í eitt ár, og þar hef ég margar aths. fram að færa. Ég ætla að reyna að stytta mjög mál mitt, en aðeins að segja þetta:

Ég tel að stefna okkar í fiskveiðimálum eigi fyrst og fremst að vera sú, að ná í þann afla sem leyfilegt er að veiða hvað stærð snertir og aflakvóta í þau veiðarfæri sem eru afkastamest, því að á þann hátt bætum við afkomu bæði sjómanna og útgerðar. Ef við hefðum ekki tekið tækni í okkar þjónustu, þá væri hér auðvitað algert fátæklingaþjóðfélag á öllum sviðum. Þess vegna verður það að vera okkar fyrsta boðorð í þessum efnum að nota tækni við veiðarnar að svo miklu leyti sem við ætlum að veiða.

Ég vil benda á það, sérstaklega í sambandi við það sem hv. 3. þm. Suðurl. sagði í kvöld varðandi áhyggjur hans og okkar allra af veiðum á þorski innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, — þessar áhyggjur hans eru auðvitað réttar, — að bæði hann og við öll hin megum ekki gleyma því, að það hafa verið gerðar miklu víðtækari ráðstafanir til þess að draga úr sókninni, því að hún væri margföld ef ekkert hefði verið gert í þeim efnum, eins og ég veit að hann skilur mjög vel. Það hefur verið gert með friðun stórra svæða, með því að setja ákvæði um lágmarksstærð fisks sem má koma með að landi. Ég skal ekki fara út í þá skoðun hans að skylda alla að koma með allan fisk að landi. Það hefur verið rætt mjög víða og það eru bæði rök með því og móti. Það, sem menn hræddust mest í því sambandi, var að menn mundu kasta smáfiskinum fyrir borð og ekki koma með hann að landi, þannig að það var talið betra og skynsamlegra að setja þessi ákvæði. Ég er ekkert alfarið að segja að það sé réttara, en við þurfum að reyna heldur betur á það.

Það, sem ég hef aftur lagt áherslu á, er að verða við öllum óskum og kröfum Hafrannsóknastofnunarinnar um friðun, bæði friðun stórra svæða, ákvæði um skyndilokanir, ákvæði um möskvastærð í togvörpubúnaði. Það er búið að stækka möskvann núna á tæpum tveimur árum, fyrst úr 120 mm í 135 mm og nú tók reglugerð gildi 1. febr. um 155 mm í möskva togveiðarfæra. Á s. l. hausti sendu skipstjórar á togaraflotanum, — ég skal ekki fullyrða að það séu allir, en það hefur ekki vantað fleiri en þá einn eða tvo, — skeyti til mín þar sem þeir tilkynntu á mjög ákveðinn hátt að þeir hefðu ákveðið að taka ekki um borð botnvörpu

með 155 mm möskva. Þar með átti ekki að hlýða þeirri reglugerð. Ég tók þann kostinn að gildistöku þessarar reglugerðar yrði seinkað um einn mánuð eða frá 1. jan. til 1. febr., vegna þess að það voru ekki til veiðarfæri hjá innlendum framleiðendum, og ég held að það hafi verið rétt ákvörðun. Síðan tók þessi reglugerð gildi og síðan hafa allir farið eftir henni og því er stranglega fylgt eftir.

Hitt hefur aftur verið rætt hér, varðandi netaveiðina, og þar er vafalaust um mjög almenn brot að ræða, sem veldur okkur það miklum áhyggjum að við höfum haldið marga fundi hvernig við eigum að komast yfir þetta. Við getum sett menn um borð. Þá er dreginn sá fjöldi af trossum sem leyfilegt er að gera, og það er aftur hægt að fara í kringum um það þegar ekki er eftirlitsmaður. Það getur annar bátur dregið þessi net. Þetta er eitt af okkar mestu vandamálum, og þetta getur leitt til þess að netavertíð verði stytt með ákvæði um það, þar sem hefur verið aukin sóknin umfram það sem leyfilegt er samkv. reglugerð. Það verður kannske það sem menn taka helst mark á, og ég held að það verði hagkvæmasta eftirlitið ef á að fara í kringum allt.

En ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að það hefur náðst mjög góður árangur í sambandi við eftirlit með togveiðunum. Ég er alfarið á móti banni eins og þessu, vegna þess að það er mín skoðun, að það megi alveg eins banna botnvörpu eins og flotvörpu eða flotvörpu eins og botnvörpu, og ég tel að þetta sé ekki rétt leið. Hins vegar hefur ekki staðið á mér og mun ekki standa á mér, á meðan ég er í þessu starfi, að beita þeim ákvæðum af fyllstu hörku, hver sem á hlut að máli.

En til þess að gefa mönnum örlitla yfirsýn yfir það, hvað flotvarpan er orðin almenn á botnvörpuskipum okkar, þá eru 28 togarar af minni gerð með flotvörpu, en 21 togari án flotvörpu. Togarar af stærri gerð eru 12 með flotvörpu, en 3 án flotvörpu, svo að hér eru 40 togarar komnir með flotvörpu samkv. skrá sem ég hef hér í höndunum. Hún nær því til fleiri staða en Vestfjarða því ef ég man rétt er heildarfjöldi togara þar 9. Togarar með flotvörpu eru gerðir út frá öllum landsfjórðungum, Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi auk Vestfjarða. Allir nýju togararnir eru með flotvörpu. Og nú segi ég: Á sama tíma og við afgreiðum fiskveiðilandhelgisfrv. fyrir tæpu ári með þessum heimildum, sem auðvitað hafa verið takmarkaðar, bæði tímabundið í mörgum tilfellum og síðan með aukinni stærð möskva, rétt eftir að við erum búnir að gefa út nýja reglugerð sem tekur gildi 1. febr., þá lítur það afar illa út fyrir Alþ. að samþykkja seinni hluta aprílmánaðar till. um bann.

Ég ætla út af því, sem hv. 3. þm. Suðurl. sagði varðandi þorskveiðar almennt, að ítreka þá ákveðnu stefnu mína, að við gerum allt sem hugsanlegt er til þess að draga úr sókninni í þorskinn. Við byrjuðum á því, núv. ríkisstj., að hætta ríkisábyrgðunum til þess að draga úr skipakaupunum erlendis frá, og við höfum hægt nokkuð á innlendu skipasmíðinni. Þar verðum við að fara varlega. Við höfum, eins og ég sagði áðan, aukið möskvann, sett ný friðunarsvæði og við höfum farið á s. l. ári út í það að leita að fiskstofnum eða fisktegundum sem lítið hafa verið nýttar áður eða vannýttar. Það náðist góður árangur á s. l. sumri varðandi karfaleitina, og það náðist sömuleiðis mjög góður árangur í leit og veiðum á kolmunna á tilraunaskipi og sömuleiðis árangur í sambandi við leit að úthafsrækju. Áhugamál mitt er að auka verulega veiðar á kolmunna og spærlingi. Ég vona að íslendingar noti að fullu þann kvóta, sem við sömdum um við færeyinga í sambandi við loðnusamninginn í vetur, og við getum haldið áfram okkar vinnslutilraunum og vinnslu á þessari fisktegund, bæði í marning og í þurrkun á kolmunnanum og sömuleiðis á spærlingi. Það er trú mín að þessi fisktegund verði verulega mikill útflutningsatvinnuvegur okkar innan þriggja til fjögurra ára ef haldið verður áfram á þessari sömu braut.

Þá kemur einnig til greina, sem ég álít að sé miklu skynsamlegra ef samkomulag næst um það meðal alþm., sem eiga auðvitað að móta þessa stefnu og ráða henni, að leggja einhvern skatt á þorskveiðarnar til þess að efla þessar veiðar, til þess að draga úr sókninni í þorskinn, segja við þá, sem mest hafa fiskað af þorski: Ykkur er velkomið að fara á kolmunnaveiðar, við skulum greiða fyrir lánum fyrir veiðarfærum á þessar veiðar, en ef þið ekki viljið það, þá verðið þið að leggja eitthvað af mörkum til þess að auka veiðar þessara vannýttu fiskstofna.

Við erum einnig að minnka sóknina í þorskinn með ákvörðun sem við tökum í sambandi við síldveiðileyfin á næsta hausti. Ég hef tekið ákvörðun að veita ekki síldveiðileyfi til skipa yfir 350 tonn og að mestu leyti að ganga fram hjá loðnuveiðiskipunum, en síldveiðiskip frá 105 tonnum eiga að fá þessi síldveiðileyfi. Það er mikil búbót fyrir þennan minni flota og sömuleiðis dregur það úr þorskveiðum þessara skipa. Stærri loðnuskipin, þau sem það geta, fara annaðhvort á kolmunnaveiðar, hin fara á sumarloðnuna eða aðrar loðnuveiðar, og afkoma þessara skipa er mjög góð. Þetta er allt gert til þess að dreifa flotanum á aðrar veiðar.

Reglan í sambandi við humarinn hér fyrir Suðvesturlandinu og Suðausturlandinu verður sú sama og í fyrra. Þar er ákveðið að leyfa veiðar á sama aflamagni eða 2800 tonnum og miða þá stærð skipa, sem þau veiðileyfi fá, við innan við 105 tonn. Það var 100 tonn í fyrra, en til þess að bilið á milli 100 og 105 fái einhver leyfi er þetta gert. Þannig er verið að miðla þessum skipum á þennan hátt, dreifa þeim frá þorskveiðunum.

Og við skulum nefna, þó að það hafi kannske ekki úrslitaþýðingu fyrir þorskveiðarnar, að við höfum sett skipulag á hrognkelsaveiðarnar. Það er búið að veita um 720 veiðileyfi til grásleppuveiða. Þetta dregur einnig mjög úr bolfiskveiðum á þessu tímabili.

Svo megum við ekki heldur gleyma því, að nú eru sárafáir útlendingar á þorskveiðum á Íslandsmiðum og þar er mikill munur frá því sem verið hefur, því að það voru auðvitað bretar sem tóku hér aðalþorskveiðina. Það er sáralítið sem þjóðverjar og belgar taka af þorski, en hins

vegar hafa færeyingar hér heimild fyrir 17000 tonnum alls, þar af 8000 tonnum af þorski.

Ég tel, að þessar ráðstafanir allar séu til þess að draga verulega úr sókninni. En mér er það alveg ljóst eins og öðrum hv. þm., að það er ekki nóg að gert, en það er erfitt að beita þessum starfsaðferðum öllum, því að við verðum einnig að hafa það í huga að þorskveiðarnar eru svo stór þáttur í atvinnumálum hvers einasta byggðarlags í landinu, að þarna verðum við að fara gætilega, og við verðum líka að taka einhverja áhættu, eins og ég hef áður sagt. Það er farið eftir tillögum fiskifræðinga í öllum greinum nema þessum, en tekið fullkomlega mið af því sem þeir segja. Margt bendir til þess að þorskstofninn sé stærri en talið er. Hin mikla aukning, sem er núna við Norðurland, á að skapa meiri bjartsýni. Aukning hefur ekki verið veruleg á miðunum fyrir Vestfjörðum. Hún er langmest fyrir Norðurlandi og Norðausturlandi og það þakka menn hinni almennu friðun þar á undanförnum árum. Og það er gleðiefni, mjög mikið gleðiefni, að klakið hefur heppnast vel og þrátt fyrir þennan litla hrygningarstofn tókst klakið vel á s. l. ári að dómi fiskifræðinga.

Að síðustu vil ég segja þetta: Ég hef í hyggju að ræða við sjútvn. beggja d. eftir að þingi er slitið um það, hvað gera skuli frekar í þessum efnum. Ég hef óskað eftir því að eiga samstarf og samvinnu við þessar nefndir, þar eru fulltrúar allra flokka, og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu hvað er skynsamlegt að gera. Ég tel að það sé ekki á þessu stigi ástæða til að skipa endurskoðunarnefnd um þetta frv. eins og einn hv. þm. kom inn á hér í kvöld, allt að 9 manna n. Hins vegar hef ég það í hyggju, þegar liðið er á árið, að koma á einhverri samstarfsnefnd, þá með heldur færri mönnum, en hafa það ekki fastanefnd, til þess að sinna öllum þeim beiðnum sem fram koma í þessum efnum. Sumar þessar beiðnir eru með þeim hætti, að það er hægt að afgreiða þær um leið og þær koma, þær eru það fjarstæðukenndar. Hitt er annað mál, að það verður að skoða allar skynsamlegar og eðlilegar beiðnir sem fram koma og þá af mönnum sem hafa allvíðtækt umboð til þess að fjalla um þær, og þá á ég sérstaklega við alþm. og fulltrúa stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Nú eru ekki fleiri menn á mælendaskrá, en umr. verður þó frestað vegna þess að bera þarf undir atkv. till. þá, sem fram kom hér í kvöld, um að vegna nýrrar brtt. sé þess óskað að frv. verði vísað aftur til sjútvn. Þá till. þarf ég að bera undir atkv., en ljóst er að þess er ekki kostur nú, svo að málinu verður frestað og það tekið út af dagskránni.

Efri deild, 61. fundur.

Föstudaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 483). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breyt. á 10 gr. laga um Bjargráðasjóð. Hlutverk Bjargráðasjóðs er m. a. að veita fjárhagsaðstoð til fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kulda, kals eða óþurrka. Óþurrkar urðu miklir á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum s. l. sumar og vegna þeirra mikil fóðurvöntun hjá bændum í þessum landshlutum.

Á vegum landbrn. var skipuð n. til að kanna þessi mál og álit hennar var það, að afföll á fóðri vegna lítilla og lélegra heyja s. l. sumar væru að verðmæti um 850 millj. kr. Lagði n. til að tilgreindum sveitarfélögum, 70 að tölu, á þessu svæði yrðu veitt lán, samtals að fjárhæð um 370 millj. kr., til 5 ára til að endurlána bændum til fóðurkaupa og að það yrði Bjargráðasjóður sem veitti þessi lán. Stjórn Bjargráðasjóðs hefur rætt þessi mál ítarlega og fallist á till. n. En það var ljóst að sjóðnum þurfti að afla verulegs fjár til viðbótar eigin ráðstöfunarfé. Nú eru líkur til þess að sú lánafyrirgreiðsla fáist frá bönkum. Lánin, sem Bjargráðasjóður tekur, þarf hann að endurgreiða á næstu tveim árum og eru þau lán með venjulegum vöxtum.

Þessi endurgreiðslukjör valda sjóðnum aukinni greiðslubyrði á næstu árum. Stjórn Bjargráðasjóðs hefur talið óumflýjanlegt að reiknaðir yrðu vextir af þessum lánum Bjargráðasjóðs til bænda, en í gildandi lögum um Bjargráðasjóð er gert ráð fyrir að lán, sem hann veitir, séu vaxtalaus. Þess vegna hefur stjórn Bjargráðasjóðs samþ. einróma að breytt verði lögunum, þannig að heimild verði til þess að taka ársvexti allt að 10%, og er það efni þessa frv.

Ég vænti þess, að frv. þetta fái afgreiðslu nú á þessu þingi, og það er í rauninni nauðsynlegt. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Póst- og símamál, frv. (þskj. 324, n. 472, 460, 473, 474). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur haft til athugunar frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. N. hefur rætt málið á mörgum fundum og voru þrír þeirra sameiginlegir með samgn. Nd. Á tveimur þeirra mætti n. sú er unnið hafði að samningu frv. og sagt er frá í aths. þess. Gerðu þeir nm. ítarlega grein fyrir þeim breyt. á skipulagi Pósts og síma sem unnið hefur verið að og felast í frv. Á þriðja fund n. komu formenn starfsmannafélaga Pósts og síma, þeir Ágúst Geirsson, formaður Félags ísl. símamanna, Björn Björnsson, formaður Póstmannafélags Íslands, og Gylfi Már Jónsson, formaður Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna, og skýrðu þeir frá viðhorfi starfsmanna Pósts og síma til frv. og að beiðni n. sendu þeir síðan skriflega grg. um afstöðu starfsmanna félaganna til málsins. Er þar mælt með þeirri heildarstefnu sem fram kemur í frv., en gerðar athugasemdir við nokkur einstök atriði. Hefur samgn. reynt að taka tillit til þeirra og verður nánari grein gerð fyrir því hér á eftir.

Við 1. umr. málsins gerði hæstv. samgrh. ítar-

lega grein fyrir aðdraganda og efni frv. og er því ekki ástæða til að endurtaka það hér, heldur reynt að draga fram í höfuðatriðum þau viðhorf sem komu fram til málsins á fundum samgn.

Eins og allir vita á Póstur og sími langa sögu að baki. Stofnunin hefur byggst upp á þeim tíma, þannig að starfsemin hefur farið sívaxandi og verkefnum fjölgað. Það er því eðlilegt að þörf sé á endurskipulagningu, ekki síst með tilliti til þeirra miklu tæknilegu framfara sem hafa orðið og fyrirsjáanlegar eru á þessu sviði.

Með þeirri skipulagsbreytingu, sem gert er ráð fyrir í frv., er stefnt að því að færa saman í deildir hliðstæða starfsemi til að reyna að koma í veg fyrir að margir aðilar starfi að svipuðu verkefni, en hver deild hafi þá skýrt afmarkað starfssvið. Annars vegar er yfirstjórn, áætlanagerð og önnur stefnumörkun falin fjórum aðaldeildum í aðalstöðvum stofnunarinnar hér í Reykjavík. Hins vegar er rekstur póst- og símstöðvanna um allt land, en yfirstjórn þeirra er falin fjórum umdæmisstjórum. Gert er ráð fyrir að í hverju umdæmi verði í aðalstöðvum þess komið upp nægjanlegu starfsliði ásamt verkstæðum og vörubirgðum til þess að geta sinnt sem mestu af nauðsynlegri þjónustu fyrir stöðvarnar í umdæminu. Slíku hlýtur auðvitað að fylgja nokkur kostnaður, en veitir öryggi og bætta þjónustu.

Það væri augljóslega æskilegt, að þegar slíku skipulagi er komið á, þá væri hægt að hafa verksvið umdæmanna sem jafnast. En því miður eru aðstæður okkar þannig að það er alls ekki hægt. Þar hljóta samgöngu- og landfræðilegar aðstæður að ráða mestu ef ekki á að verða beint óhagræði að skiptingunni. Þess vegna hefur verið valin skiptingin sem sýnd er á bls. 15 í frv. Henni fylgir sá augljósi galli, að þrátt fyrir það að ekki er mjög mikill stærðarmunur á landssvæði þriggja stærstu umdæmanna, þá verður starfsemin langmest í umdæmi I, þar sem t. d. um 80% allra símnotenda eru og mikill meiri hl. allra starfsmannanna vinnur. Var þetta atriði mikið rætt í n. og voru nm. sammála um að æskilegt væri að haga þessu á annan hátt, þannig að umfang starfseminnar væri jafnara í umdæmunum, en treystu sér hins vegar ekki til að gera till. um breytingar. En bent var á að unnt væri að einhverju leyti að vega hér upp á móti með því auka ábyrgð og sjálfstæði hinna stærri póst- og símstöðva þannig að þær þyrftu sem sjaldnast að leita eftir leyfi og úrskurði umdæmisstjóra.

Tilgangurinn með þessari skipulagsbreytingu og hagræðingu er auðvitað tvíþættur. Í fyrsta lagi er talið að þetta hafi nokkurn sparnað í för með sér, þar sem unnt verði að komast af með nokkru færra starfsfólk, en kostnaður fyrir stofnunina er nú talinn vera um 2½ millj. kr. fyrir hvern starfsmann. Í öðru lagi á þetta að auðvelda að unnt sé að veita notendum Pósts og síma, þ. e. a. s. fólkinu í landinu, betri þjónustu.

Með ákvæðum 9. gr. frv. um framkvæmdaáætlun, sem lögð skal fyrir Alþ., gefst þm. kostur á að fylgjast betur en verið hefur með þeim málum og eiga auðveldara með að móta þá stefnu sem fylgja skal. Einstök verkefni næsta árs verða svo endanlega bundin með setningu fjárlaga hverju sinni, þannig að ákvörðun um þau verður í höndum Alþingis.

Á þskj. 473 flytur n. nokkrar brtt. Í þeirri fyrstu er lagt til að síðustu setningar 4. gr. frv., þ. e. a. s. þessar setningar: „upp að tilteknu launamarki, enda sé við val starfsmanna gætt sömu reglna og um hærra launaðar stöður“ — falli niður þar sem n. telur óeðlilegt að starfsmönnum sé þannig í lögum skipt eftir launaflokkum, og er það í samræmi við ábendingar frá starfsmannafélögunum.

Í öðru lagi falli niður í 6. gr. frv. orðin „skóla og“, og í stað orðanna „rekstur mötuneyta“ komi: umsjón mötuneyta.

Stofnunin rekur allmikla fræðslu- og skólastarfsemi fyrir starfsfólk sitt og er það auðvitað mjög mikils virði og nauðsynlegt að reynt sé að veita starfsfólkinu sem mesta þjálfun og fræðslu til þess að það verði sem færast um að gegna hinum sérhæfðu störfum innan stofnunarinnar. En n. telur sjálfsagt að reynt sé að koma sem mestu af beinu skólahaldi inn í hið almenna skólakerfi, og var okkur tjáð að það væri nú í athugun. Ætti það að vera hagkvæmara og losa stofnunina á þann hátt við einhvern kostnað, auk þess sem réttindi nemenda giltu þá utan stofnunarinnar. Eftir sem áður hlýtur stofnunin að verða að halda uppi margvíslegu námskeiðs- og fræðslustarfi fyrir starfsfólkið, og vill n. síður en svo draga úr því, heldur leggja áherslu á að hið almenna skólakerfi sé hagnýtt eins og frekast er kostur.

Orðinu „rekstri“ er breytt í „umsjón“, þar sem allur rekstur á að falla undir póst- og símastöðvar, eins og áður hefur verið sagt, en yfirumsjón með þessari starfsemi fellur undir umsýsludeild eins og önnur mál sem snerta starfsmenn og fasteignir.

Síðasta atriði brtt. n. er um það, að aftan við 8. gr. frv. komi: „Ár hvert skal a. m. k. einn þessara funda vera sameiginlegur með starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr.“ Í umsögnum starfsmannafélaganna komu fram ábendingar um það, að nauðsynleg væru meiri tengsl milli fulltrúa starfsmannafélaganna og stjórnenda stofnunarinnar, enda þótt ákvæði 10. gr. um starfsmannaráð væru mikils virði. Óskuðu þeir eftir, að fulltrúar starfsmannafélaganna sætu fundi umdæmis- og deildarstjóranna sem um er talað í 8. gr., svo að með þessari brtt. n. um að þessir aðilar haldi a. m. k. einn sameiginlegan fund er komið að nokkru leyti a. m. k. til móts við þessar óskir. Reynslan leiðir svo í ljós hver verður árangur af þessu ákvæði, sem hlýtur að fara nokkuð eftir því hvernig aðilar halda þar á málum.

N. er sammála um að mæla með þessum breyt. og frv. þannig breyttu, nema Stefán Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson, sem skrifuðu undir nál. með þeim fyrirvara að þeir muni flytja brtt. sem þeir hafa þegar gert á þskj. 474. Um þá brtt. mun ég ekki ræða nú, þar sem ég geri ráð fyrir að flm. geri grein fyrir henni, aðeins taka það fram, að aðrir nm. töldu að hér væri um svo mikið mál að ræða að það þyrfti nánari athugunar við en nú er tími til, þar sem till. kom ekki fram fyrr en n. var að afgreiða málið.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Á þskj. 460 flyt ég brtt. við frv. til l. um stjórn og starfrækslu Pósts og síma. Till. er svo hljóðandi, hún er við 11. gr., að greinin orðist svo:

„Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamálastofnun fyrir þjónustu þá sem hún veitir, þ. á m. fyrir póstgíró og uppsetningu, leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja. Hann lánar endurgjaldslaust talstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks að fenginni umsögn Öryrkjabandalags Íslands, en þó skulu ekki lánaðar fleiri en 25 á hverjum tíma. Ráðherra ákveður við næstu gjaldskrárbreytingu að sama gjald komi fyrir hvert símtal sem fram fer innan sama númerasvæðis.

Þá er ráðh. heimilt að ákveða, að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu þjónustu- og stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.

Að því skal stefnt að tekjur samkv. gjaldskrá nægi til þess að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt."

Í 11. gr., eins og hún er hér flutt, eru þrjú ný efnisatriði. Hið fyrsta er það, að Póstur og sími láni 25 fötluðum talstöðvar endurgjaldslaust í bifreiðar sínar. Þetta kann að virðast óeðlilegt, að Síminn styðji lítillega við bakið á nokkrum öryrkjum. En það er skylt skeggið hökunni og Síminn er ríkisfyrirtæki sem samkv. lögum um fjarskipti hefur einkaleyfi til rekstrar talstöðva. Þetta yrði því aðeins óverulegt einkaleyfisgjald sem ekki mundi hafa nokkur áhrif á rekstur þessa stærsta fyrirtækis landsins, en það mundi skapa nokkrum öryrkjum aukið öryggi.

Annað efnisatriði till. er það, að ráðh. ákveði við næstu gjaldskrárbreytingu að sama gjald komi fyrir hvert símtal sem fram fer innan sama númerasvæðis. Svo sem kunnugt er krefur Síminn notendur um tvenns konar gjald fyrir símtöl. Innan þéttbýlis greiða menn eitt skrefgjald fyrir símtalið, hve langt sem það er. Ef hins vegar talað er á milli byggðarlaga, þá greiðir notandinn eitt skrefgjald fyrir hverja 5—60 sek. sem hann talar. Ef brtt. yrði samþ., þá mundi þetta breytast á þann veg, að sama gjald yrði krafið fyrir öll símtöl sem fara fram innan t. d. svæðis 91 eða 99, en aftur á móti yrði gjaldið áfram mismunandi eftir lengd símtals ef talað væri á milli 91 og 99. Mér finnst eðlilegt að sama gjald sé krafið innan sama svæðis, því að sameiginleg atvinnuleg og menningarleg samskipti eru að jafnaði miklu meiri og nánari innan svæðanna heldur en verður þegar fjarlægðir gerast meiri. Það er t. d. augljóst, að það eru á flestum sviðum meiri samskipti milli reykvíkinga og íbúa Mosfellssveitar heldur en milli reykvíkinga og hornfirðinga, m. a. vegna þess að fjöldi reykvíkinga vinnur uppi í Mosfellssveit og öfugt. Innan svæðis 92 eru t. d. 7 byggðakjarnar, allt verstöðvar. Bátar landa fiski í verstöðvum á víxl, miklu hráefni er ekið á milli byggðakjarna og þess vegna er góð og sanngjörn símaþjónusta mikil nauðsyn á þessu svæði. Þar með er sanngjarnt og eðlilegt að sama gjald sé krafið og gildir í þéttbýlinu. Sama má segja um Ísafjörð — Bolungarvík, um Akureyri — Dalvík o. s. frv.

Í sjálfu sér veit ég að forráðamenn Pósts og síma hafa hug á að leiðrétta það misræmi sem hér hefur verið lýst. En þeir munu veigra sér við að framkvæma þá umbót af ótta við það, að álagið á símanum muni stóraukast, en það er, eins og menn vita, nógu mikið fyrir. Þetta þýðir aftur á móti það, að þeir, sem búa við mikið álag og þar af leiðandi lélega þjónustu Pósts og síma, eiga að greiða margfalt gjald fyrir hvert símtal borið saman við þá sem góðu þjónustunnar í þéttbýlinu njóta. Venja er nú sú, að góð þjónusta sé dýrari en léleg þjónusta. Hér er þessu hins vegar algjörlega öfugt farið. Fyrir 15 mín. samtal hér innan Reykjavíkur greiði ég 8.70 kr., en ef ég hringi héðan upp í Mosfellssveit, þá kostar það 8.70×15 kr.

Nú skil ég örðugleika Pósts og síma vegna hinnar ört vaxandi notkunar símans og lélegs fjárhags undanfarin ár. En það afsakar ekki þessi óeðlilegu vinnubrögð, að þeir, sem fá lélegustu þjónustuna, greiði hana hæstu verði. Á meðan línur og stöðvar eru ófullnægjandi fyndist mér vel koma til greina að símtal rofnaði eftir ákveðinn tíma. Flestir ættu að geta lokið erindi sínu á 3—5 mín. Það væri örugglega skemmtilegra og heppilegra fyrirkomulag heldur en það sem nú er.

Þá er þriðja efnisatriði till. Það er að ráðh. sé heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu þjónustu — og stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu. Mér finnst þetta vera mikið sanngirnisatriði, t. d. að kjósendur gætu hringt hingað niður í Alþ. í sína þm. fyrir svipað gjald, hvaðan sem þeir hringdu. Tæknilega gæti þetta skeð á ýmsan hátt. Það væri t. d. hægt að gera það þannig, að gegnum 02 yrði símtalið skráð og sama gjald rukkað, hvaðan sem talað væri. Hægt væri að skipta um númer hjá þeim stofnunum sem þessi tillitssemi ætti að gilda um, t. d. fengi Alþ. 001, stjórnarráðið 002, Vegagerðin 003 o. s. frv. Að sjálfsögðu yrði að ákveða í reglugerð, um hvaða stofnanir yrði að ræða, hvort hvert samtal skyldi standa ákveðinn mínútufjölda og hvert gjald kæmi fyrir. Hér væri að mínu áliti um verulega jöfnun á aðstöðu fólks í landinu að ræða. Stjórnsýslustöðvarnar eru þjónustufyrirtæki allra landsmanna. Með því að gefa öllum landsmönnum tækifæri til þess að ná símasambandi við þá embættismenn okkar, er þar sitja, án tilfinnanlegra útgjalda, þá tel ég að nokkuð sé unnið.

Ég vona að hæstv. ráðh. sjái sér fært að láta gera tilraun í þessu efni. Það mætti byrja með því að opna þennan möguleika við eina til tvær stofnanir. Þá mundi fljótt koma í ljós hvort notagildið væri það sem ég tel það vera.

Ég hef nú drepið á þau þrjú efnisatriði sem brtt. inniheldur og þá að sjálfsögðu farið um það flestum orðum, til hverra hagsbóta hún yrði fyrir viðskiptavini Pósts og síma ef hún yrði samþ., en kem þá að því, hvaða áhrif samþykkt hennar mundi hafa á rekstur Pósts og síma.

Lokamálsgr. till. hljóðar svo: „Að því skal stefnt að tekjur samkv. gjaldskrá nægi til þess að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt."

Á þennan hátt er það tryggt að rekstrarafkoma Pósts og síma versnar ekki þrátt fyrir þessa breytingu. Það, sem skeður, er einfaldlega það, að fyrirtækið fær fleiri þakkláta og ánægða viðskiptavini, en hækkunin á 0-taxtanum, þ. e. a. s. þéttbýlistaxtanum, verður svo smávægileg, að hún mun ekki valda neinni óánægju. Breytingin þýðir sem sé það, að það mun kosta örlitið meira fyrir akureyringa að tala innan Akureyrar, en mörgum sinnum minna fyrir þá að hringja til Dalvíkur. Aftur á móti er ekki ljóst fyrir mér annað en að tæknilega sé mjög auðvelt að koma þessu fyrir og að í raun og veru eina ástæðan til að halda þessu fyrirkomulagi eins og það er nú sé óttinn við að ástandið við að ná sambandi muni versna til muna. Ég hef getið um, að ég tel að það mætti lagfæra með því að símtal rofnaði eftir ákveðinn tíma, og ég tel að þessi annmarki gefi ekki ástæðu til þess að mismuna svo mjög í greiðslum fyrir símgjöld.

Ég vona að hv. þdm. geri sér grein fyrir því, að hér er um verulega og þýðingarmikla till. að ræða fyrir nokkurn fjölda landsmanna, — till. sem færir nokkrum miklar hagsbætur og leiðréttir misrétti án þess að það komi hart niður á öðrum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Svo sem frsm. samgn., hv. 4. þm. Suðurl., sagði frá, þá skrifuðum við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson undir nál. með fyrirvara um brtt. sem birtist á þskj. 474, þar sem svo er ráðgert, að þegar í 1. gr. frv. verði kveðið á um það að Alþ. kjósi stjórn Pósts og síma sem hafi eftirlit með fjárhag og rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæti þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma, og síðan kveðið á um það, að starfandi verði við stofnunina undir eftirliti hinnar þingkjörnu stjórnar endurskoðunardeild.

Mér er skylt að taka fram mjög greinilega, að talan 5 í þessari brtt. okkar, þar sem segir að kjörin skuli 5 manna stjórn, er víðs fjarri því að vera heilög tala, heldur er það mála sannast að hér varð okkur svarabræðrum á í messunni. Ætlun okkar var sú, að hver þingflokkur ætti einn fulltrúa í þessari stjórn, og þar af leiðandi var ætlun okkar að hér skyldi standa talan 7. Brtt. í þá átt munum við bera formlega fram.

Meginástæðan fyrir því, að við berum nú fram þessa brtt. við frv., er sú, að við teljum það fráleitt í rauninni, að Alþ. skuli ekki hafa þess háttar hönd í bagga með meðferð fjármuna og raunar framkvæmdastjórn opinberra fyrirtækja sem velta milljörðum, og finnst það fráleitt, að Alþ. skuli ekki kjósa stjórn slíkra fyrirtækja, og þá jafnt og engu síður Pósts og síma heldur en t. d. Tryggingastofnunar ríkisins, þar sem tryggingaráð er kjörið.

Frsm. n., hv. þm. Jón Helgason, greindi þar rétt frá, eins og honum er eiginlegt, að brtt. okkar Eggerts kom fram alveg undir lokin í nefndarstörfum og aðrir nm. töldu að ekki gæfist tóm til að kanna þessa hugmynd til hlítar þar sem hér væri um að ræða grundvallarbreytingu á frv.

Ég held að frv. í heild sé annars til mikilla bóta, — horfi til mikilla bóta. Þó finnur maður nú fyrir því við yfirlestur og íhugun og þó fundum við kannske e. t. v. mest fyrir því við yfirheyrslu þeirra manna sem frv. sömdu, að það mun að verulegu leyti sniðið að erlendri fyrirmynd, sem ekki ber að lasta, en hefði e. t. v. mátt leggja dálítið meiri vinnu í að aðhæfa hina erlendu reynslu innlendum aðstæðum. Svo sem nefndarformaður gerði grein fyrir, eru þarna sérstakir liðir sem fullkomin þörf er á að hugleiða betur, og kemur náttúrlega til greina að gera það við endurskoðun á þessum lögum síðar. Það liggur t. d. hreint ekki fyrir með annað umdæmið, að nauðsynlegt sé að hafa það svo stórt sem gert er í frv., þar sem Reykjavíkurumdæmi er ætlað að spanna allt svæðið frá Skeiðarársandi að Gilsfirði, verða sem sagt mörgum sinnum fjölmennara heldur en önnur umdæmi Pósts og síma og miklu stærra að flatarmáli. Þetta atriði tel ég eðlilegt að íhugað verði nákvæmlega og legg alveg sérstaka áherslu á að fylgjast þarf með því, hversu þessi skipun gefst á II. umdæmissvæði.

Ekki er minna um vert að hugleiða þetta atriði vegna þess, að nú er umdæmisstjórunum ætlað meira hlutverk en áður, meira sjálfstæði, og má kannske helst lýsa hinu nýja hlutverki umdæmisstjóranna með orðum póst- og símamálastjóra sjálfs, er hann var spurður í n. með hvaða hætti hið nýja eða endurskoðaða hlutverk umdæmisstjóranna yrði. Þá sagði hann, að þeir yrðu „prógrammeraðir“ og þeim fengin beinagrind. En hvað sem því líður, þá kom nú verk þessa ágæta embættismanns prýðilega greinilega fram. Hann gerði okkur grein fyrir því raunverulega, með hvaða hætti vald og umboð yrði á eðlilegan hátt flutt út til umdæmisstjóranna, og gerði að langflestu leyti mjög góða grein fyrir þörfinni sem er á þeirri breyt. sem hér er ráðgerð á yfirstjórn Pósts og síma. Og ég hygg að bæði sú n., sem þar um vélaði, og póst- og símamálastjóri sjálfur hafi unnið þarna ágætt verk.

Hv. þm. Oddur Ólafsson ber fram við frv. athyglisverða brtt., sem ég hef persónulega mikla tilhneigingu til að styðja eins og ýmsar fleiri brtt. sem þessi góðgjarni og gáfaði þm. ber fram tíðum hér í d. Ég áskil mér rétt til þess að hugleiða afstöðu mína til þessara till. öllu betur.

Ég ætla nú ekki að orðlengja þetta öllu fremur, en vil aðeins inna hæstv. ráðh., samgrh., sem heiðrar okkur nú með nærveru sinni, eftir því, hvort ekki komi til greina að ætla þessu merka frv. dálítið lengri tíma í þinginu til nánari athugunar, vegna þess að hér er um að ræða ákaflega þýðingarmiklar breytingar á þessum grundvallarstofnunum samfélags okkar, sem e. t. v. væri æskilegt að væru til íhugunar á fleiri þingum en einu. Ég beini þessari spurningu aðeins til hæstv. ráðh., hvort slíkt væri ekki hægt, að ætla þessu lengri tíma.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég tek undir það, að hér er til umr. mjög mikilvægt mál. Þetta er ein af umfangsmestu stofnunum ríkisins og mikilvægt að skipa starfseminni þar sem best.

Ég kveð mér hins vegar fyrst og fremst hljóðs til þess að taka undir brtt. frá Oddi Ólafssyni, hv. þm. Sem formaður í milliþn. um byggðamál

flutti ég ásamt öðrum nm. fyrir tveimur þingum, hygg ég, till. til þál. um jöfnun símagjalda. Hún hlaut einróma samþykki þá og síðan hefur miðað nokkuð í þá átt, en þó þykir ýmsum miða hægt. Meginatriði þeirrar till. voru þau að jafna símgjöld innan hvers númers eða númerasvæðis og að lækka símkostnað frá dreifbýli til miðstöðva stjórnsýslunnar í Reykjavík. Og það eru nákvæmlega þessi tvö atriði sem hv. þm. hefur tekið upp í brtt. sína. Ég mun því fylgja þessari brtt. Það er í samræmi við þann málflutning sem ég hef haft hér á hv. Alþ., og þarf raunar varla að hafa um það fleiri orð.

Við höfum margir fært rök fyrir því áður, hve mikilvægt er að reyna að jafna símakostnað. M. a. kemur fram í athugun, sem Hagstofan hefur gert að undirlagi milliþn. um byggðamál og samkv. þáltill., sem samþ. var hér á hv. Alþ. að verulegur munur er á framfærslukostnaði í dreifbýli og þéttbýli. Þó er þetta fyrst og fremst á fáum liðum framfærslukostnaðar og einn sá liður er símakostnaður þar sem töluverðu munar, enda munu allir þeir sem eitthvað þekkja til slíks kostnaðar í dreifbýli raunar ekki þurfa að leita til slíkrar athugunar. Þeir þekkja það af umr. við þá menn, sem þar búa, og þeim mikla símakostnaði sem því fylgir að hafa samband við ekki síst stjórnsýslumiðstöðvar ríkisins í Reykjavík, þm. sína og fjölmargt annað sem nefnt hefur verið.

Ég vil ekki fara að lengja þessa umr. með ítarlegri ræðu um þessi atriði. Þetta þekkjum við allir og læt ég nægja þessi örfáu orð um þennan þátt. Ég vil sem sagt lýsa ánægju minni með þessa brtt. og sérstaklega þá þætti brtt. sem ég hef nú drepið á.

Af því að ég er staðinn upp, þá vil ég nefna það, að ég flutti á hv. Alþ. fyrir tveimur þingum frv. til l. um breyt. á fjarskiptalögum, þar sem ég gerði ráð fyrir því að létt yrði nokkuð á einkarétti Pósts og síma til þess að annast viðhald fjarskiptatækja. Ég skoðaði þetta frv. þegar það var lagt fram og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri raunar þörf á að flytja slíka brtt. við þetta frv. Í 3. gr. þessa frv. er vísað í fjarskiptalögin. Það eru því þau sem þarf að skoða í þessu sambandi. Það er enn mín bjargfasta skoðun, að það sé rétt að létta af þessu einkaleyfi, bæði hefur það orðið ákaflega kostnaðarsamt fyrir Póst og síma að þurfa að standa við þennan einkarétt, senda t. d. menn til viðgerða á fjarskiptatækjum skipa. Oft hefur þetta einnig orðið til þess, að dráttur hefur orðið á nauðsynlegri viðgerðarþjónustu. Auk þess hefur á seinni árum fjölgað þeim mönnum hér á landi sem geta með ágætum sinnt slíkri viðhaldsþjónustu. Ég vildi láta nægja á þessu stigi að spyrja hv. frsm. n. um það, hvort þessi atriði hafi nokkuð borið á góma í umfjöllun n. um þetta mál, og jafnframt vil ég taka það fram, að ég mun reyna að fylgja eftir síðar þessari hugmynd minni um breytingu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég get verið stuttorður, því að tveir síðustu ræðumenn komu inn á þau atriði er ég hafði fyrst og fremst í huga að fjalla um.

Eins og síðasti ræðumaður benti á hefur það verið vaxandi vandamál hvernig fara skuli með þjónustu varðandi bátaflotann og fjarskiptatæki hans. Póstur og sími hefur einkarétt á þessari þjónustu og hefur stofnunin verið ákaflega treg að viðurkenna hæfa menn, sem eiga heima úti um landið, að taka þessi mál að sér.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. vegna þess, hvernig 3. gr. er orðuð, hvað er fram undan í þessum efnum. Einnig má spyrja formann n. hvort þetta mál hefur borið á góma í umr., því í 3. gr. segir að nánar skuli kveðið á um framkvæmd einkaréttar í reglugerðum sem ráðh. setur. Þetta er mjög laust orðað gagnvart því, hvað við fáum að vita að hverju er stefnt. Viðskiptadeildin, sem er í 6. gr., fær einnig þessa síðustu málsgr. sér til trausts og halds: „Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð sem ráðh. setur.“ En viðskiptadeildin á að taka að sér þetta starfssvið í hinum nýju umdæmum, og ég verð að segja það, að mikið er til í því sem kom fram hér hjá 5. þm. Norðurl. e., að þetta er svo stórt mál að oft hefur svo stórt mál verði sýnt og um það fjallað rækilega og tekið svo fyrir aftur eftir nokkurt hlé.

Þetta er ein stærsta stofnun ríkisins og veltir gífurlegu fjármagni. Þjónusta við almenning er viðamikil og verður að vera trygg og góð, eins og tök eru á og fjármagn leyfir, því hér er einnig um öryggisatriði að ræða í verulega stórum stíl og skiptir alla starfsemi í landinu mjög miklu. Á bls. 16 í aths. segir að eigi að flytja ýmislegt út um land og er það jákvætt viðhorf. En mér finnst heldur stuttaralega sagt frá, a. m. k. í tölum talið, hvernig þetta er gert. Það eru sýnd ákveðin skipurit. Það er ekki nefnt neitt mannahald. Það eru ekki nefndar neinar tölur um fyrirframkostnað. Það er sagt að reynsla af valddreifingu sem þessari sé þegar fyrir hendi hjá Vegagerð ríkisins. Ég held að hér gæti verulegs misskilnings. Vegagerð ríkisins er ekki þjónustuaðili sem viðgerðaraðili á margs konar tækjum fyrir almenning, eins og þarna hlýtur að koma fram, a. m. k. varðandi allan bátaflotann, varðandi talstöðvar í bílum og margt, margt fleira. Hér erum við því að fara inn á allt annað valdsvið og það þarf sérþjálfað lið. Á mörgum stöðum úti um land eru mjög hæfir viðgerðarmenn í sjónvarpstækni og ýmsu fleiru og talstöðvatækni, en þeir fá ekki að snerta á hlutunum vegna þess, sem hv. þm., 2. þm. Vestf. kom inn á, vegna þess að einkaréttarvaldið er svo fasttryggt að það leyfir alls ekki hæfum mönnum og hæfum verkstjórum úti um landið að starfa.

Ég tel nauðsynlegt, áður en við höldum áfram með afgreiðslu, að fá að vita hvað hæstv. ráðh. eða rn. hans hugsar sér í þessu efni eða hvað kom fram á fundum n., því hér er um stórt mál að ræða og þó nauðsyn sé að breyta öðrum lögum, þá falla þau inn á starfssvið Pósts og síma þ. e. fjarskiptalögin. Við verðum að vita að hverju er stefnt í þessu efni. Það er mjög vaxandi notkun á talstöðvum á öllum sviðum og þjónustan við þessa aðila hlýtur því að vaxa. Þeir greiða hátt gjald og þessi tæki eru gagnslaus nema góð þjónusta fylgi, og erindi mitt var fyrst og fremst að forvitnast um þessa þætti. Ég tel að í aths. á bls. 16 sé okkur ekki gefið

rétt í skyn hvað hér sé á ferðinni, vegna þess að starfssvið Vegagerðar ríkisins og starfssvið Pósts og síma til þjónustu gagnvart almenningi er alls ekki sambærilegt að mínu mati.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að leyfa mér að þakka hv. n. og nm. fyrir störf þeirra. Og þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa farið fram með mikilli vinsemd í garð þeirrar stofnunar sem hér er verið að fjalla um.

Við brtt. á þskj. 473, sem samgn. stendur að, hef ég enga athugasemd að gera. Það er ekkert því til fyrirstöðu að orða þær greinar eins og þar segir og laga þær á þennan hátt til. Skipan í stöður innan viss gjaldaflokks hefur venjulega farið fram með þeim hætti, síðan ég fór að starfa þarna, að póst- og símamálastjóri hefur rætt það og yfirleitt hefur hann svo framkvæmt þetta, en allar þessar stöður, eins og allar stöður við póst- og símastofnunina, eru veittar eftir að umsögn starfsmannaráðs hefur komið fram. Það er ekki veitt þar staða nema starfsmannaráðið hafi áður látið í ljós álit sitt. Innan þessa starfsmannaráðs eru fulltrúar frá Félagi símamanna, og það tókst á s. l. vetri að fá póstmennina til að taka þátt í þessu starfsmannaráði, en þar höfðu þeir ekki verið áður. Það var uppi deila á milli heimamanna og póstmanna hvernig starfsmannaráð skyldi skipað, og ég held að ég geti sagt það með góðri samvisku, að ég hafi lagt í það verulega vinnu að fá þá til þess að jafna þessa deilu svo að báðir aðilar væru umsagnaraðilar í starfsmannaráði. Það eru þeir nú og það hefur verið mjög til bóta. Það hefur komið fram hjá Félagi póstmanna, síðan þessi breyting varð á, að þeir hafa mjög fagnað því að þeir skyldu láta af þeirri andstöðu sem þar var. Þetta er líka mikil nauðsyn vegna stofnunarinnar, því þetta er margbreytileg stofnun og m. a. geysilega mikil fjármálastofnun, svo það er ekki nóg að viðkomandi aðilar, sem fara í störf út um landsbyggðina, séu vel að sér t. d. um tæknihliðina. Þeir verða einnig að geta gert sér grein fyrir bókhaldi, meðferð fjármála og stjórn stofnana sem oft og tíðum eru stórar. Þetta hefur því orðið mjög til bóta og er það að minni hyggju mjög ánægjulegt. Við þessa breyt., sem hér er gerð till. um, sé ég ekkert að athuga, hef yfirleitt ekkert á móti þessum tillögum.

Ég vil líka segja um það sem fram kom hér í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., að ég tek undir margt það sem hann sagði í þeirri ræðu. Hins vegar get ég ekki fallist á till. hans um yfirstjórn þessarar stofnunar. Í því sambandi vil ég benda á það, að fram til 1970 heyrði póst- og símamálastjóri beint undir ráðh. og hafði því stöðu sem ráðuneytisstjóri. Eftir það heyrir hann undir samgrn. og reynslan af því hefur orðið góð.

Nú var hugsunin í sambandi við þetta frv. að reyna m. a. að draga úr kostnaði, og þó ég viti að stjórn á þessari stofnun hefði ekki kostnað í för með sér sem skipti stofnunina miklu, þá kann ég ekki við það, eftir að búið er að breyta starfi póst- og símamálastjóra á þann hátt að hann er orðinn ábyrgur gagnvart rn., að þá ætti að koma þarna stjórn á milli. Og á vissan hátt er reynsla af þessum stjórnum misjafnlega góð. Þær hafa ekki allar orðið til þess sem hugsað er, að draga úr kostnaði við rekstur eða bæta stjórn stofnunarinnar. Hér er t. d. gert ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar hafi eftirlit með fjárhag og rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæti í þessu starfi samræmis við lög og reglugerðir á hverjum tíma, skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti hinnar þingkjörnu stjórnar. Hér kemur alveg nýr þáttur inn í stjórn þessarar stofnunar, og ég lít svo á að það sé ekki hægt annað en að meta það svo, að það væri algjört vantraust á stofnunina eða hennar endurskoðunardeild, sem afgreiðir öll sín mál til ríkisendurskoðunarinnar, ef það nægir ekki. Auk þess koma svo yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins, sem eru kjörnir af Alþ., til þess að fara þar yfir. Og af þeirri reynslu sem ég hafði af því starfi, þá var það svo, að auðvitað komust yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins ekki yfir allar ríkisstofnanir eða öll ríkisfyrirtæki á hverju ári. Hins vegar var það svo, að þeir fóru yfir allar skýrslur ríkisendurskoðunarinnar og tóku sérstaklega til meðferðar þær stofnanir sem höfðu fengið athugasemdir hjá ríkisendurskoðuninni.

Þannig var að þessum málum unnið og þannig verður að þeim unnið. Ríkisendurskoðunin fer yfir þetta og þær athugasemdir, sem hún kann að gera, fara trúnaðarmenn Alþ. yfir í hvert sinn. Þess vegna held ég að þarna gæti ofurlítils misskilnings, og þetta er till. sem ég get ekki fellt mig við að verði samþ., enda finnst mér að þarna sé meira byggt á misskilningi heldur en því sem fram er sett í þessari gr. Ég lít þannig á að hv. flm. hafi ekki hugsað þetta sem skyldi og það er ekki neitt við það að athuga. (Gripið fram í.) Ég vil nú síður náttúrlega fara að nefna hér á hv. Alþ. einstakar stjórnir, því það er sama og ég færi að nefna nöfn á mönnum. (Gripið fram í.) Það hins vegar gæti ég ef ég kærði mig um. En ég vil ekki fara að nefna nöfn á mönnum sem hafa ekki möguleika til þess að verja sig hér á hv. Alþ., og skal því ekki fara frekar út í það. En reynsla mín er nú þessi, og ég tel mig hafa nokkuð fjölbreytta reynslu í ríkisrekstrinum í gegnum störf mín sem fjárveitinganefndarmaður, sem endurskoðandi ríkisreiknings og fjmrh. og nú sem kröfugerðarmaður.

Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. kom hér að, t. d. um umdæmi, þá skal ég segja það, að ég er honum alveg sammála um umdæmi nr. I, Reykjavík, Suðurland og Vesturland, að það er geysilega stórt. Ástæðan til þess að sú varð niðurstaðan, því það voru nokkrar vangaveltur um þetta, var sú, að það var alveg ómögulegt annað en Vestfirðir yrðu alveg sér. Það væri t. d. ekki hægt að láta á Vesturlandi senda vestur á Ísafjörð slík mál, og þannig var það einnig um Norðurland vestra, að það var ekki talið framkvæmanlegt. Það var löngun okkar, þegar við vorum að bjástra við þetta, að reyna að draga heldur úr kostnaði, og ef við hefðum skipt þessu umdæmi, þá vorum við orðnir með eins marga umdæmisstjóra og fyrir eru, bara öðruvísi setta.

Nú skal ég ekkert um það segja, hvað reynslan kann að leiða í ljós, kannske það þurfi að gera þetta, og þá sýnist mér að skiptingin mundi verða um Kambabrún, að Suðurlandsundirlendið yrði þá sérstakt umdæmi með umdæmisstjóra á Selfossi ellegar á Hvolsvelli eða einhvers staðar þar. Ég skal nú ekkert um það segja. En okkur fannst full ástæða til, af því að þetta svæði, þó fjölmennt sé, er eitt besta svæðið til að fara um, að reyna þessa leið í fyrstu tilraun. Hins er svo rétt að geta, að með umdæmisstjórunum úti á landi eru aukin völd geysilega mikið úti á landi, því höfuðlínan er lögð á fundi sem er sameiginlegur með umdæmisstjórum og yfirmönnum stofnunarinnar hér og samgrn., en framkvæmdir og annað því um líkt þurfa þeir ekki að bera undir verkfræðinga hér eða tæknideildina. Á síðari árum hefur tæknin komið svo mikið inn í þetta, að það er farið að setja tæknimenn á einstaka staði úti um land. Ég veit t. d. að fyrir nokkrum árum kom tæknimaður í Borgarnes, sem var óþekkt þar áður. Þá voru bara heimamenn látnir gera við. Og ég held að það sé kominn tæknimaður vestur á Snæfellsnes og það er yfirleitt verið að dreifa þeim. Áður fyrr þurfti að leita til Reykjavíkur um framkvæmd á þessum atriðum, en nú er því hins vegar breytt. Þeir ráða alveg um framkvæmd á þessum hlutum. Þetta töldum við afar mikið atriði í sambandi við að gera yfirstjórnina þannig, að hún væri sterkari með því að vera úti á meðal fólksins. T. d. er núna alltaf verið að reyna að fækka stöðvunum til þess að fleiri og fleiri njóti lengri afgreiðslutíma, tengja fleiri og fleiri svæði inn á það sem komið er sjálfvirkt og annað því um líkt. Þetta er afskaplega erfitt nema mennirnir, sem ráða þessu, hafi nokkurn kunnugleika. Og ég veit það t. d. á Norðurlandi, að umdæmisstjórinn sem fór þangað í fyrrahaust, því að umdæmisstjórinn sem var á Akureyri áður var fallinn fyrir aldurssakir, þessi nýi umdæmisstjóri hefur lagt í það mikla vinnu — og svo er um aðra umdæmisstjóra — einmitt að vinna að þessum málum í sambandi við heimamenn.

Nú get ég tekið undir það með hv. 5. þm. Norðurl. e. og öðrum, að það væri svo sem betra að fá lengri tíma. En það er búið að vinna við málið síðan 1973, ég held ég muni það rétt, þá var n. sett. Og það var samstarf á milli mín og Hannibals Valdimarssonar, sem fór með samgöngumál þegar þessi n. var sett. Hinir erlendu sérfræðingar, sem hafa verið með í ráðum, eru norskir sérfræðingar, eins og kemur fram í grg., sem hafa unnið að skipulagsmálum pósts og síma í Noregi, Danmörku og eru nú í Svíþjóð, svo þeir hafa geysilega reynslu. Þeir lögðu mikla vinnu í það, eins og þeir sem með þeim unnu, að taka tillit til sérstöðu manna. Hugsun mín er því sú, að ég vonast til að hv. Alþ. afgreiði frv. núna svo við getum fengið betri reynslu af þessu nýja kerfi og það þurfi ekki endilega að vera síðustu lögin sem ekki hafa verið endurskoðuð í 42 ár, — þau hafa verið óbreytt frá 1935 ef ég man rétt, — að það þurfi ekki endilega langan tíma, heldur sé nauðsynlegt að fá nokkra reynslu á þetta kerfi sem við erum hér með.

Út af till. á þskj. 460 get ég sagt eins og þeir hv. þm. aðrir sem hér hafa tekið til máls, að þeir vildu gjarnan flutt hafa. Og það má mikið vera ef ég hef ekki einhvern tíma átt þátt í því að flytja till. sem gengur í þessa átt að nokkru leyti a. m. k. Hitt er annað mál, að samt eru nú mín örlög að ég get ekki óskað eftir því að hún verði afgreidd með samþykkt. Ástæðuna fyrir því skal ég nú greina:

Um fyrsta atriðið skal ég ekki verða margorður. Hins vegar er það svo, að reynslan, sem fengist hefur af því að láta einstakar stofnanir taka að sér þá þætti sem þjóðfélagið á að gera í heild, hefur ekki verið góð. Það hefur reynst þeim mjög erfitt, eins og útvarpi og sjónvarpi. Þetta er talið óeðlilegt og eðlilegt að ríkið sjálft taki þetta að sér. En út í þetta skal ég nú ekki fara lengra.

En út af öðru atriðinu, sem er að ákveða gjaldskrá: „Ráðh. ákveður við næstu gjaldskrárbreytingu að sama gjald komi fyrir hvert símtal sem fram fer innan sama númerasvæðis“ — þá vil ég segja það, að ég held að það sé einmitt till. í þessa átt sem ég hafi hér flutt áður. En út af þessum málum vil ég segja það, að maður verður að gæta sín og að skilja er að fyrirgefa, stendur einhvers staðar, og ég hef kynnst þessum málum betur nú.

Eitt af þeim málum, sem er áríðandi til þess að koma þessu fyrir, er að koma upp hér í Reykjavík sérstökum teljaraskrefum, þannig að menn geti ekki talað hér hálfan daginn í einu og sama samtalinu. Þetta er búið að vera til athugunar og er nú komið það langt áleiðis, að annaðhvort er nú verið að ganga frá pöntun á tæki til þess arna eða það er alveg á næsta leiti. En þetta er eins og annað, það kostar sína fjármuni. Er talið að þetta tæki muni minnst kosta um 100 milj. kr. Þetta er það mikið tæknimál að ég treysti mér nú ekki til að skýra það, en segi bara frá þessu eins og það er.

Í öðru lagi er svo fyrir komið okkar vísitölu, sem er stundum tekin á dagskrá, að inn í vísitöluna eru ekki tekin nein símtöl nema hér í Reykjavík. Taxtabreytingar hér í Reykjavík eru allar teknar inn í vísitölu, en ekki neitt gert þar fyrir utan. Nú er það svo, að fyrirrennari minn byrjaði á því við gjaldskrárbreytingar að breyta þarna í haginn fyrir landsbyggðina, og við allar þær gjaldskrárbreytingar, ég held þrjár, sem ég hef gert, hef ég haldið áfram á þessari braut. En mér hefur verið það fullkomlega ljóst, að lengra þarf að ganga í þeim efnum. Nú hef ég ákveðið að setja upp samstarfsnefnd frá samtökum sveitarfélaganna, og munu verða í þeirri n. maður frá Vestfjörðum, maður frá Vesturlandi og Suðurlandi. Ég held ég muni það rétt, að þeir voru tilnefndir af samtökum sveitarfélaga og það séu framkvæmdastjórarnir á þessum svæðum sem eru kvaddir til þessa starfs. Það sem á að vera samstarf þessarar n. og póststjórnarinnar eða sérstakra aðila, sem um þessa gjaldskrá sjá, að samræma þetta. Ef við nú settum þetta í lög að ráðh. skyldi við næstu gjaldskrárbreytingu gera þessa breytingu, að það gilti einn og sami taxti innan þess svæðis, þá mundi það þýða alveg gífurlega hækkun á gjaldskránum hér í heild, miklu meira en við gerum okkur grein fyrir, og það mundi kippa í okkar vísitölu

allmikið. Þess vegna er það skoðun mín, og ég treysti hv. þm. og ekki síst hv. flm. brtt. til að taka það til athugunar sem ég er nú að segja, að þetta er mál sem við þurfum að vinna að og fá undirbúning til, en eigum ekki að setja í lög, enda værum við þá komnir inn á það að láta lögin ákveða óeðlilega mikið í slíkum skiptum.

Ég vil líka segja hv. flm. það, að eitt af því, sem ég hef óskað eftir að yrði athugað í sambandi við endurskoðun á þessu máli núna, er að þjónustumiðstöðvar eða stjórnsýslustofnanir hér í Reykjavík verði meðhöndlaðar sérstaklega. Tel ég að sé eðlilegt að taka þær til sérstakrar athugunar og ber brýna nauðsyn til að gera það. En ef við ætluðum að gera þetta tvennt í einu, þá mundi það verða okkur, að ég held, alveg ókleift. Þetta er miklu stærra fjárhagsmál en við gerum okkur grein fyrir, og við getum ekki stokkið svona langt, við erum ekki það miklir íþróttamenn, a. m. k. Það væri ekki gætilegt að gera það. Ég held að til þess að hægt væri að ná 4. liðnum í till. hv. 2. þm. Reykn., þá þyrfti hækkunin að vera gífurlega há, miklu meiri en við getum gert okkur grein fyrir, ef við værum búnir að afgreiða þetta. Þess vegna vil ég við þetta tækifæri segja það, — náttúrlega eru mín orð takmörkuð, því að menn í ráðherrasætum geta náttúrlega ekki sagt nema fyrir sig meðan þeir eru ráðh., — að ég mun leggja fyrir þessa n. að taka þessa liði til sérstakrar athugunar, enda er n. stofnuð til þess arna. En ég leyfi mér að fara fram á það við þann ágæta og reynda mann, hv. 2. þm. Reykn., að fara ekki að binda þetta í lögum, af því að ég sé ekki fyrir endann á afleiðingum þess ef það yrði gert. Ég veit um dugnað hans og manndóm á öllum sviðum og ég veit því að hann mun athuga þetta mál betur. Það er of mikil ógætni til þess að það væri hægt að setja þetta inn í lög, því þar með væri ráðh. skylt að ákveða það, að innan hvers svæðis skyldi vera einn og sami taxti, enda þótt ég telji brýna nauðsyn til þess að hraða því að það komist í framkvæmd. En það þarf meiri tæknibúnað og betri og styrkari fjármál stofnunarinnar en þau nú eru, jafnvel þó þau hafi verulega batnað á s. l. ári og ég vona að sá bati haldi áfram.

Ég get endurtekið það, að ég er hv. 2. þm. Reykn. og þeim öðrum, sem hér hafa talað, hjartanlega sammála um nauðsyn málsins. Þess vegna hef ég við hverja gjaldskrárbreytingu haldið inn á þessa braut lengra og lengra. En mér hefur líka verið það ljóst, að það hefur verið mikið umtalað mál, hvað taxtahækkanirnar hafa verið miklar, þó það hafi aldrei verið farið lengra en svo að reyna að halda uppi eðlilegri framþróun stofnunarinnar og nauðsynlegum breytingum eins og þessum. Þess vegna leyfi ég mér að óska eftir því, að þessi till. verði tekin til baka, og reyndar óska þess einnig með hina, svo hv. deild standi óskipt að málinu, sem hún raunar mun gera að minni hyggju, því ég tel mig hafa gert grein fyrir þessu máli.

Út af fjarskiptamálunum vil ég segja það, að mesta löngun hjá póst- og símamálastjórninni þar er í raun og veru að losa sig sem mest út úr fjarskiptamálunum. Það er í sérstakri athugun. Ég held að það hafi verið hv. 2. þm. Vestf., — ég man ekki hvort hann flutti till., en hann gerði fyrirspurn í fyrra um þessi mál og þessi mál hafa verið í sérstakri athugun. Það er alveg ljóst, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vestf. og hjá hv. 1. landsk. þm. kom þetta líka fram, að það eru fleiri og fleiri sem geta sinnt þessum störfum. En þessi mál koma ekki eins við þessu frv. og önnur, en þau mál eru mjög til athugunar og Póstur og sími hefur í raun og veru ekki sérstaka löngun til þess að vera í þessum málum eins og hann er. T. d. er það svo, að það hafa margar kvartanir komið um sjónvarp og útvarp, að ekki væru í lagi, til mín sem samgrh., enda þótt bæði útvarp og sjónvarp heyri til menntmrh., en ekki samgrh. að neinu leyti, því að þeir starfsmenn Pósts og síma, sem að þessu vinna, vinna bara það verk sem þeir taka að sér, en ekki að þessi stofnun eigi að sinna þessu.

Nú skal ég ekki hafa þetta mál mitt lengra, það er nú orðið of langt. Ég segi það, að ég er þakklátur þeim anda sem hér hefur komið fram, og ég hefði nú út af fyrir sig ekki neina ástæðu til að fara að gera mér sérstaka óánægju. En ég held að við afgreiddum málið best með því að sýna í afgreiðslunni, að það er raunverulega eining um þetta, og þær till. tvær, sem ég hef hér nefnt, væru teknar til baka. Ég leyfi mér að segja það, að það væri vel farið ef það rættist.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls sagði ég hér nokkur orð og lýsti yfir ánægju minni með heildarstefnu þessa frv., taldi margt þar til bóta. Aðallega minntist ég þó á tvennt: Annars vegar aukið vald í hendur umdæmisstjóranna, sem ég held að sé ótvírætt, þó ég geti nú kannske dregið eitthvað í land með þann fögnuð út frá upplýsingum þeirra nm., að valdsviðið verður kannske ekki alveg eins mikið og ég hafði gert mér vonir um. En það er þó tvímælalaust bót í máli, að þarna er aukið vald fært á hendur umdæmisstjóranna frá því sem verið hefur. Hitt atriðið var um áætlanagerð, sem ég taldi mjög til bóta og tel enn, þó að vissulega hefði verið ástæða til þess að kveða þar nánar á um þessa áætlanagerð, hvaða aðilar skyldu þar um fjalla, svo sem eins og fjvn. eða þá Alþ. sjálft.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Stefáni Jónssyni, að það hafi vissulega verið ástæða til þess með svona stórt mál að lengri tími hefði unnist til þess fyrir n. og fyrir Alþ. að fjalla um það. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða og mörg atriði sem fléttast þar inn í.

Út af till. tveggja hv. þm. hér um yfirstjórn þessarar stofnunar, þá get ég lýst yfir stuðningi við þá till. Ég held, þó það sé rétt hjá hæstv. ráðh. að þarna hafi orðið á breyting til góðs á yfirstjórn þessara mála, þannig að nú heyri póst- og símamálastjóraembættið beint undir rn. í staðinn fyrir beint undir ráðh. áður, þá tel ég engu að síður fulla ástæðu til þess með svo viðamikla stofnun að hún fái þingkjörna stjórn, þrátt fyrir það að ýmislegt í þessu frv. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála sé til bóta, m. a. varðandi umdæmisstjórana og starfsmenn.

Ég held að það sé sem sagt full ástæða fyrir

okkur að gefa þessu gaum í fleiri atriðum og minni á frv. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni hér um stjórn annarrar ríkisstofnunar, sem ég hlýt einnig að styðja, því það er áreiðanlega full ástæða til þess að fylgjast hér betur með en gert er.

Ég tek undir með hv. 2. þm. Vestf. varðandi stuðning okkar byggðanefndarmanna vissulega við meginsjónarmiðin sem felast í brtt. frá hv. þm. Oddi Ólafssyni. Og það er vissulega rétt, eins og kom fram í máli hans, að þó að þarna hafi verið gerð umtalsverð átök, og við skulum ekki gleyma þeim út af fyrir sig, þá er hér mjög langt í land enn þá að jöfnuður náist. Þegar till. kemur fram sem beinist svo mjög í þá átt sem við höfum um fjallað áður, þá hljótum við að fagna þeirri till. og styðja hana. Ég hins vegar fagna einnig þeim orðum hæstv. ráðh., að á döfinni sé að reyna að framkvæma virkilega breytingu á þessum málum til aukins jafnaðar, m. a. með þessari samstarfsnefnd. Ég held að eina allra brýnustu nauðsynina í sambandi við jöfnuð milli dreifbýlis og þéttbýlis sé einmitt að finna í símamálunum. Varðandi stjórnsýslustofnanirnar er vitanlega eitt aðalatriðið fyrir fjölmarga aðila að ná sem greiðast og best til þeirra, eins og mjög réttilega er komið inn á í brtt. hv. þm. Odds Ólafssonar.

Því hefur aðeins verið skotið að mér, frá nokkrum stöðum þó í mínu kjördæmi þar sem símgjöld eru verulega þungur baggi á fólki, að innheimta símgjaldanna á ársfjórðungsfresti væri betur komin á mánaðarfresti, fólk væri sem sagt sáttara við það að greiða þessi gjöld mánaðarlega heldur en ársfjórðungslega, þetta væru það hrikalegar upphæðir og fólk gæti betur fylgst með því einnig ef greiðslurnar færu fram mánaðarlega. Fyrir stofnunina átti þarna ekki að vera um aukakostnað að ræða, síður en svo. Stofnunin fær þá fyrr inn fé með þessu móti og ætti sennilega að taka þessari till. með fögnuði. Ég kem henni hérna á framfæri, af því að henni hefur verið komið á framfæri við mig af nokkrum málsmetandi aðilum úr mínu kjördæmi sem sýnist það vera mjög til bóta að innheimta þessi gjöld mánaðarlega í stað ársfjórðungslega eins og nú er. Ég legg engan dóm á þetta hins vegar fyrir mitt leyti. Ég hygg að þarna sé um vafasama ráðstöfun gagnvart notandanum að ræða. En bæði hefur verið talað um að þetta væri há upphæð þegar hún kæmi, þó hún jafnaðist yfir lengri tíma, og eins það, að fólk varaði sig betur á því að tala ekki eins mikið ef mánaðarleg aðvörun kæmi í staðinn fyrir ársfjórðungslega. Það hugsa ég að ráði nú kannske mestu.

Að síðustu aðeins um þá brtt. sem hv. þm. Oddur Ólafsson er með um talstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks. Við höfum verið með frv. um það hér í hv. d., við hv. þm. Stefán Jónsson, að reyna að finna hér á lausn. Við okkar frv. var svo flutt á sínum tíma brtt. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni, en síðan hefur eiginlega ekkert sést til þessa frv. Það hefur alveg týnst. Þess vegna fagnaði ég þegar ég sá að hv. þm. Oddur Ólafsson var kominn með enn eina till. hér um. En lausn þarf alla vega að fá á þessu máli. E. t. v. er rétt hjá hæstv. ráðh. að þetta þurfi að gerast með öðrum hætti en þarna er og e. t. v. eins og hann túlkaði það áðan, einmitt með þeim hætti sem við hv. þm. Stefán Jónsson lögðum til. Sýnist mér að það sé fullt samræmi í því, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, og í þeirri frumvarpsgerð sem við vorum með.

Ég skal svo ekki segja um það hvaða málsmeðferð verður á þessu áfram. Hæstv. ráðh. hefur haft hér í frammi áköf bænarorð um að þessar till. verði dregnar til baka, og það er þá áreiðanlega hans meining að þau atriði, sem þessa till. snerta, verði tekin, eins og hann benti á, til gaumgæfilegrar athugunar og lagfæringar. Ef svo verður, þá verðum við auðvitað að treysta því. En þessum brtt. óbreyttum get ég fylgt fullkomlega, því að ég held að þær séu allar í réttlætis- og jafnaðarátt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í 3. gr. þessa frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála segir svo, með leyfi forseta, í 2. mgr.:

„Póst- og símastofnun hefur einkarétt á að stofna til og starfrækja hvers konar póst-, síma- og aðra fjarskiptaþjónustu“ o. s. frv. Ég leyfi mér að flytja brtt. við þessa gr., svo hljóðandi: „Brtt. við frv. til l. um stjórn og starfrækslu pósts og síma. — Frá Albert Guðmundssyni. — Við 3. gr. 2. mgr. falli niður.“ Ég leyfi mér að leggja hana fram skriflega.

Í frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er ákvæði um einkaleyfi póst- og símamálastofnunar ofaukið, enda er slíkt ákvæði ekki í gildandi lögum um þessa stofnun. Núgildandi ákvæði um einkaleyfi Pósts og síma er að finna í póstlögum, nr. 31/1941, og í fjarskiptalögum, nr. 30 frá 1941. Ekki getur hjá því farið að fyrr eða síðar verði ákvæði þeirra laga, sem fjalla um einokunaraðstöðu ríkisins til handa, felld niður. Eru þá sérstaklega höfð í huga ákvæði II. kafla fjarskiptalaga þar sem ríkinu er m. a. í 2. gr. þeirra laga veitt einokun á að flytja til landsins, selja, leigja og dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki, tæki, taugabúnað og þvíum líkt eða hluta þeirra o. s. frv. Þessi einokun er síðan framseld Pósti og síma í IV. kafla laganna. Þar sem full ástæða er til að ætla, að einokun og hvers konar höft á athafnafrelsi eigi þverrandi fylgi að fagna, er það bæði þarflaust og varhugavert að bæta einokunarákvörðunum inn í fleiri lög en gert hefur verið til þessa því að ætla má að þær verði felldar úr gildi innan skamms. Ég tel tímabært að það verði athugað, hvort ekki sé skynsamlegt að leggja niður allan innflutning á símatækjum og öðrum fjarskiptatækjum á vegum Pósts og síma, leyfa frjálsan innflutning á þeim og færa símvirkjamenntun inn í Iðnskólann, Iðnskólinn útskrifi símvirkja og einkaaðilum verði leyft að gera við síma og selja síma og þannig fá þá fjölbreytni í tækin sem eru í öðrum frjálsum löndum, — það er alltaf verið að vitna til útlanda, — á sama hátt og Viðtækjaverslun Íslands var blessunarlega lögð niður á sínum tíma og fjölbreytni bæði í gæðum og útliti tækja fór að sjást á íslenskum heimilum eins og annars staðar. Það má líka

nefna einkaleyfi á bifreiðainnflutningi o. fl. sem ríkið hafði. Þá yrði hlutverk Landssímans eða Pósts og síma skulum við segja verklegar framkvæmdir á borð við það sem hitaveitur gera, rafmagnsveitur eða aðrar þær samveitur sem leggja taugar að heimilum fólks, en það, sem er svo aftur sett inn í heimilin, er á valdi húsráðenda og þeirra sem búa í viðkomandi byggingum.

Ég skal ekki fylgja þessari brtt. úr hlaði með fleiri orðum.

Varðandi þá brtt., sem hv. 2. þm. Reykn. flutti hér, þá er ég sammála hluta af henni, en hefði gjarnan viljað vita frá flm. hvað þýði samþykkt þessara hugmynda hans í íþyngingarátt fyrir þá íbúa Reykjavíkur sem mér hafa treyst hingað inn í þessa stofnun til þess að gæta hagsmuna sinna. Mér ber á sama hátt að gæta hagsmuna þeirra eins og hv. þm. ber fyrir brjósti hagsmuni sinna umbjóðenda að parti. Ég held að við getum allir verið sammála um að þéttbýliskjarnarnir, hvort sem þeir eru hér eða norður í landi, hjálpa til við byggingu á ýmsum samveitum og því sameiginlega úti um allt land og að sjálfsögðu hvílir miklu meira á þessum þéttbýliskjörnum við það, að farið er að væða landið á margan hátt. En hvenær er ofgert að íþyngja íbúum þéttbýliskjarnanna? Hvað verður langt þangað til þeir segja: Hingað og ekki lengra? Ég held að hér í Reykjavík, — ég skal ekki segja hvernig það er í Reykjaneskjördæmi, — sé komið að suðupunkti á margan hátt. Ég vil vara hv. 2. þm. Reykn. við slíkum tillöguflutningi sem þessum, en fagna því að ráðh. á miklu mýkri hátt heldur en ég geri hefur mótmælt tillöguflutningnum.

Ég vil svo að lokum aðeins lýsa furðu minni á því, að nokkur, hvort það er þm., sem er tímabundið ráðh., eða þm., sem er tímabundið ekki ráðh., skuli vera á móti því að setja stjórn yfir stofnun og þá sér í lagi stofnun sem er þetta veigamikil. Ég held að það sé miklu nauðsynlegra að þarna komi stjórn og þá sjö manna stjórn fyrir Póst og síma heldur en margar aðrar stofnanir. Ég er með Innkaupastofnun ríkisins í huga, þar sem ég hef flutt till. um að stjórn verði sett yfir hana, og felst ekki í því á einn eða annan hátt ádeila á þá sem stjórna þar í dag. En ég get ekki ímyndað mér að með nokkrum rökum sé hægt að koma í veg fyrir að till. hv. samdeildarþm. okkar, Stefáns Jónssonar og Eggerts G. Þorsteinssonar, verði samþykkt. Ég fyrir mitt leyti mun styðja hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 501) samþ. með 12 shlj. atkv.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Enn skal ég reyna að orðlengja ekki aths. mínar. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir skýringar sem hann flutti okkur áðan á ýmsum atriðum og eins og hann sagði: að skilja það er að fyrirgefa: Þar vitnaði hann að vísu í sænskan slagara sem sunginn var hér allmikið fyrir 15 árum og hét á sænskunni: Att förstå, att förlåta, söngur Lundeyjar-Maju þar sem hún var að biðja eiginmann sinn afsökunar á smáfótaskorti sem henni varð á. En eigi að síður er þetta þannig, að skýringar hæstv. ráðh. voru góðar og ákaflega mörg atriði raunverulega í afstöðu hans orðin fyrir bragðið þess háttar, að maður hefur einnig mjög sterka tilhneigingu til þess að aðstoða hann við að koma þessu frv. í gegn, sem ég tel eins og hann að sé til bóta.

Hitt er aftur annað mál, að ég tel að Alþ. hafi ekki haft þetta frv. nógu lengi til umfjöllunar, enda þótt n., sem ráðh. vitnaði til, hefði verið skipuð 1973. Þetta er ekki mælikvarði á það, hversu lengi Alþ. hefur haft þetta mál til umfjöllunar eða umhugsunar. Það er ekki langur tími, og ég er enn þá þeirrar skoðunar, að æskilegt sé að Alþ. gefist svolítið lengri tími til að fjalla um málið, m. a. í þeirri trú að Alþ. kunni að breyta frv. einmitt á þá lund eingöngu sem hæstv. ráðh. telur í hjarta sínu æskilegast. Það kom fram í máli hans áðan, að hann er því fylgjandi að gerðar verði breytingar á reglugerðum og lagaákvæðum á ýmsan hátt í þá veru, sem þm. leggja til, þótt hann telji að leiðin til þess arna komi til álita. Nú vil ég að við fáum tíma til þess að líta á þetta einmitt, hvernig við náum þeim settu mörkum sem ráðh. gerði grein fyrir. Og ég vil sérstaklega víkja að atriðunum sem hann nefndi varðandi hlutskipti gamla fólksins og öryrkjanna og þeirra sem minnst hafa úr að spila, en þurfa e. t. v. mest á síma að halda og þessum tækjum.

Ég held að allmikið sé til í því, sem hæstv. ráðh. sagði, að æskilegt sé að samfélagið geri þetta beinlínis, að ekki séu lagðar kvaðir á einstakar stofnanir í þessu, heldur að við reyndum t. d. að gera slíkt fyrir tilstuðlan Tryggingastofnunarinnar sem mesta möguleika hefur á því að meta þörfina. Þessu trúi ég, að þetta væri æskilegt ef sú leið er fær. En takist það ekki, takist ekki að gera þetta eftir þeirri leið sem best er, þá finnst mér koma til álita að gera það eftir næstbestu leiðinni.

Ráðh. minntist áðan beint í tengslum við viðleitnina, sem er rík í hans huga, viðleitnina til þess að jafna símagjöldin, þá minntist hann á tæki sem nú er verið að panta sérstaklega til Landssímans til nota í Reykjavík til þess að stemma við því stigu að menn liggi í símanum og tali kannske allt að því hálfan daginn í einu skrefi, og þetta tæki kostar um það bil 100 millj. Hér er atriði sem kemur mjög til álita. Ég skil hvað fyrir hæstv. ráðh. vakir, og ég veit, að það er gott, og ég veit, að það er skynsamlegt. En hér kemur mjög til álita með hvaða hætti þessu marki skuli náð. Sannleikurinn er sá, að einmitt gamla fólkið og einmitt gamla fólkið í Reykjavík, öðru fremur í Reykjavík, reynir að bæta sér upp einangrun, félagslega einangrun, sem er e. t. v. hvergi napurlegri en í Reykjavík með sínum miskunnarlausu umferðargötum, með sínum erfiðu fjarlægðum, sem verða mældar e. t. v. í öðru fremur en km, þetta fólk reynir að bæta sér upp einangrunina með símanum. Og ég hef grun um að við gerum rétt í því að taka tillit til þessarar félagslegu staðreyndar þegar við erum að fjalla um þetta atriði,

um það hversu meta skal til verðs hvert teljaraskref í símtölum á þéttbýlissvæðunum, einmitt þessa stöðu gamla fólksins, þannig að við kunnum e. t. v. að þurfa að leysa þörf þess um leið á annan hátt, þá kannske eftir öðrum leiðum ef með þarf, — sérstaka þörf þess fyrir síma, sem er í mörgum tilfellum öryggistæki líka þar sem svo er ástatt að gamalmennið býr eitt í íbúð og er farið að heilsu og þarf beinlínis á þessu öryggistæki að halda. Því er ég þeirrar skoðunar, að annaðhvort verðum við, um leið og við kynnum að velja þann kostinn að hækka verð á símanotum í Reykjavík í jöfnunarskyni, þá verðum við jafnframt að gera annað tveggja: að leggja þá kvöð á símann að taka sérstakt tillit til gamla fólksins og öryrkjanna ellegar þá að koma því jafnframt í gegn að einhver annar aðili — og ég ítreka að ég er hæstv. ráðh. sammála um að æskilegast væri að Tryggingastofnunin gerði þetta, en sem sagt, aðra hvora leiðina verðum við að velja.

Varðandi sjálfa till. um skipun stjórnar Pósts og síma vil ég enn ítreka það sem ég áður sagði, að tilgangur okkar hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar er sá, að hér yrði um 7 manna stjórn að ræða, en ekki 5 manna stjórn. Okkur varð aðeins þarna á í messunni að nefna töluna 5. Ég er þeirrar skoðunar að þess háttar risastofnun á okkar mælikvarða eins og Póstur og sími eigi að lúta þingkjörinni stjórn. Ég skil mjög vel afstöðuna sem óbeint kom fram í orðum hæstv. ráðh. Hann vildi undir engum kringumstæðum misvirða á nokkurn hátt eða láta í ljós vantraust á núv. stjórn Pósts og síma og þá allra síst þeim ágæta manni sem nú gegnir embætti póst- og símamálastjóra. Það viljum við flm. heldur alls ekki, og þess vegna ítreka ég þetta, legg á það mjög þunga áherslu, að hér erum við alls ekki að draga í efa heiðarleika eða ágæta starfskunnáttu núv. póst- og símamálastjóra, síður en svo. En við erum báðir þeirrar skoðunar, að það sé alveg fráleitt að Alþ. hafi ekki hönd í bagga á þennan hátt með yfirstjórn þess háttar stofnana. Það yrði stigið stórt skref í átt til þingræðislegrar útfærslu með þessum hætti, og sannleikurinn er náttúrlega sá, að hér á Alþ. í vök að verjast. Ég vil ekki segja neitt óþarflega ljótt um embættismennina okkar, en við eigum sannarlega í vök að verjast fyrir hönd Alþ. þar sem er ásókn embættismanna í völd sem Alþ. heyra, og ég hygg að það sé meira en tími til kominn að Alþ. taki á sig alla stjórnunarlega ábyrgð sem fylgir skyldum Alþ. út á við, og kynni þá ýmislegt að fara betur.

Ég efast ekki um að hæstv. ráðh. geti tilgreint dæmi um það, að ekki hafi allar stjórnir opinberra stofnana þingkjörinna ætíð reynst heppnar. En svo er um stjórnir yfirleitt, og einkanlega finnum við fyrir því á þessum missirum, hve ríkisstj. eru óskaplega misjafnar — misjafnar hafa þær alltaf verið, en misjafnlega óskaplega misjafnar.

Ég skil það vel að hæstv. ráðh. vilji hraða afgreiðslu þessa máls. Aftur á móti sú staðreynd, að þegar er tekið til við ýmiss konar tilraunir utan við ramma núgildandi póst- og símamálalaga um skipulag stjórnar þessarar stofnunar, það finnst mér ekki koma í veg fyrir að við getum ætlað örlítið lengri tíma en nú bara til þingloka á næstu dögum til að fjalla um þetta frv. Og vík ég þá aðeins í lokin að þeirri þjónustu sem hæstv. ráðh. sagði að Póstur og sími vildi gjarnan losa sig við af skiljanlegum ástæðum, eins og hann orðaði það, Póstur og sími hefur ekki löngun til að annast þá þjónustu framvegis sem lýtur að talstöðvunum og viðgerðarþjónustunni. Hér komum við að atriði sem við höfum lítils háttar fjallað um hér í þinginu fyrr í vetur og ég hef minnst á í ræðu, þar sem um er að ræða ákveðna viðleitni Pósts og síma til þess að skjóta sér undan því að veita þjónustu, e. t. v. af skiljanlegum ástæðum, en að veita nauðsynlega þjónustu sem aðrar stofnanir geta ekki tekið við, svo sem þjónustu við eigendur lítilla talstöðva á stuttbylgjum, sem munu vera um það bil 8000 í bílum hér innanlands núna, ákaflega þýðingarmikil öryggistæki fyrir almennt öryggi. Þessi tæki eru keypt til landsins og sett í bíla að vissu leyti á ábyrgð Pósts og síma sem hefur þessa einkaréttarstöðu framvegis, en Landssíminn neitar að láta í té hlustunarþjónustu við þessar stöðvar. Og þar sem hér er nú um að ræða slíkan geysilegan fjölda og mjög þýðingarmikið öryggistæki, sérstaklega úti á landi þar sem símasamband er stopulast og erfiðast að ná til lækna og fá hjálp ef slys ber að höndum, þá kynni við nánari umhugsun að vera ástæða til þess að fella inn í hina nýju löggjöf einhvers konar ákvæði um það, með hvaða hætti Pósti og síma beri skylda til þess að veita þjónustu á þessum sviðum, ellegar þá ljós ákvæði um það, að Pósti og síma beri ekki skylda til þess að veita slíka þjónustu, þannig að við getum þá tekið það upp, hver eigi að veita þjónustuna, því að hennar er þörf. Einnig til þess arna finnst mér að við þyrftum að fá tíma, til þess að athuga þessi atriði. Ég vil svo enn, af því að ég mun ekki kveðja mér hljóðs öðru sinni, ítreka það, að ég hygg að hér hafi verið unnið ágætt starf af hálfu undirbúningsnefndarinnar og póst- og símamálastjóra við undirbúning þessa frv., þótt ég sé eindregið þeirrar skoðunar að enn megi bæta það nokkuð og sé sjálfsagt að Alþ. taki það verk að sér að bæta þetta frv. nokkuð, þannig að það verði verulega gott frv. og það verði góð löggjöf og traust og vönduð sem Alþ. sendir frá sér um yfirstjórn Pósts og síma eftir þessi 42 ár.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þm. stuðning við brtt. mína. Mér þykir mjög vænt um þann stuðning sem hefur komið frá þeim, og ég hef styrkst í því áliti mínu í þessum umr. að þetta sé till. sem þarf að samþykkja á Alþ. Mér þykir mjög leitt að hæstv. samgrh. skuli ekki treysta sér til að ljá þessu máli lið, einkum eftir að hann sagði okkur frá því að innst inni er hann að sjálfsögðu mjög fylgjandi því að hans gamla till. sé samþykkt. Það kom sem sé í ljós að hann hefur flutt till. svipaðs efnis og enn fremur hv. 2. þm. Vestf. Þetta sýnir að það er þörf á því að samþykkja þessa till., og ég held að það megi fullyrða, að

þau svör, sem þm. hafa fengið, hæstv. núv. samgrh. og hv. 2. Vestf., þau svör sem þeir hafa fengið frá póst- og símamálastjórn munu hafa verið nákvæmlega eins fyrir 4 eða 6 árum eins og fást frá þessum aðilum í dag. (**Landbrh.**: Það er búið að laga þetta síðan.) Grundvallaratriðið er þetta, að það fást þessi sömu svör, því miður: Þetta er ágætismál, en það er ekki hægt að framkvæma það.

Ég held, að þetta geti ekki verið eins mikið mál og ráðh. vill vera láta. Hugsið ykkur það, ef þetta er virkilega svo að Póstur og sími riði til falls ef nokkur þúsund manns úti á landi fá að njóta Reykjavíkurtaxtans innbyrðis þegar þeir tala við nágranna sína. Það er allt og sumt sem farið er fram á. Ég held að þetta hljóti að vera á misskilningi byggt. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að símtöl frá Keflavík til Reykjavíkur, frá Reykjavík til Akureyrar, frá Reykjavík til Ísafjarðar og frá Ísafirði til Akureyrar o. s. frv. haldast óbreytt, þar eru skrefagjöldin áfram. Það er aðeins ef nágrannar þéttbýliskjarnans á svæðinu tala innbyrðis saman sem ætlunin að þeir geti notið sama taxta og þéttbýli gerir nú, þ. e. a. s. Reykjavík, Akureyri og ótalmargir aðrir staðir sem njóta þessa O-taxta, þ. e. a. s. það er sama hve lengi þeir tala, þeir greiða eitt skref. Ég held að þetta eigi heima í lögum, en ekki í reglugerð, því að hér er ekki verið að ákveða neina upphæð gjalds, heldur fyrirkomulag á greiðslum, og þetta er svo mikið mál að mér finnst það vera hreint og beint augljós nauðsyn að það sé í lögum. Það er algerlega óþolandi misrétti sem fram fer núna. Það er ómögulegt að sætta sig við það áratugum saman, að ef ég tala við skulum segja 12 km í suðvesturátt frá Reykjavík, þá borga ég 8.70 kr. fyrir það, þótt ég tali í klukkutíma, ef ég tala upp í Mosfellssveit 12 km í norðaustur, þá borga ég kannske fyrir það 100—200 kr. Það er náttúrlega ekki nokkur heil brú í þessu og verður að breytast.

Hv. 12. þm. Reykv. er hræddur við að hér sé verið að ganga á þéttbýlið. Þetta er alger misskilningur, Albert Guðmundsson, hv. þm.

Eins og ég segi, það er oft hringt til okkar hér í þinghúsið, vafalaust af kjósendum okkar oft, og er ósköp ömurlegt að vita til þess, að ef hringt er í okkur héðan úr Reykjavík, hvað lengi sem talað er, þá kostar eitt skref 8.70 kr., aftur á móti getur þetta farið í mörg hundruð kr. ef kjósendur utan af landi tala við sína þm. Þetta er ekki heilbrigt, ekki á nokkurn hátt.

Varðandi kostnaðarhlið þessara breytinga held ég að hér sé hlutum ruglað saman. Langsamlega flestir landsbúar búa við þetta núllgjald ef þeir tala innbyrðis innan síns þéttbýliskjarna, og gjaldið verður óbreytt ef talað er á milli svæða, þ. e. a. s. símtöl frá Akureyri til Reykjavíkur kosta jafnmikið hvað sem þessari till. líður. Ég hefði haldið að O-gjaldið mundi hækka kannske um ca. 30%, verða 11.60 kr., en ekki 8.70. Þetta er svo lítið að jafnvel þótt það hækki um margar prósentur, þá verður gjaldið ákaflega óverulegt fyrir því.

Mér finnst mjög erfitt að draga þessa till. til baka, en ég mun nú fallast á fyrir beiðni ráðh. baka, en ég mun nú fallast á fyrir beiðni ráðh. við finnum ekki einhverja leið til þess að bæta úr þessum málum.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Það hefur borið hér nokkuð á góma að það þyrfti að fresta þessu máli nú, þar sem það væri ýmislegt sem þyrfti að athuga betur í því. Eins og ég sagði áðan er erfitt að sjá fyrir öll atriði lagasetningar og út frá því sjónarmiði held ég að það væri nú heppilegra fyrir okkur að reyna að afgreiða þetta frv. núna, þar sem ég held að við séum yfirleitt sammála um að það, sem þar er tekið fram, sé til bóta, og láta lögin taka gildi. Við vitum að lög standa ekki til eilífðar, þau eru endurskoðuð, kannske misjafnlega fljótt, en það væri heppilegra að við tækjum þessi lög þá fljótlega til endurskoðunar, m. a. þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, og vafalaust einhver fleiri, eftir því sem koma í ljós þegar lögin hafa komið til framkvæmda. Þá ætti að vera hægara fyrir okkur að átta okkur á því, hverju við þurfum að breyta til þess að ná sem bestu marki.

Vegna till. hv. 5. þm. Norðurl. e. og 4. landsk. vil ég vísa til þess sem ég sagði áðan, að meiri hl. n. hefði talið að það væru svo mörg atriði sem hún snerti, að það væri erfitt eða ómögulegt að afgreiða það á þann hátt á þeim tíma sem nú væri til loka þingsins, þar sem hún hefði ekki komið fram fyrr en rétt um það leyti sem var verið að afgreiða málið. Og mér finnst það einmitt staðfestast í því, að hv. flm. eru þegar komnir fram með brtt. við hana. (**StJ**: Það er nú ekki rétt.) Jæja. (**StJ**: Og það sannar ekkert annað en það, að við munum að sjálfsögðu leiðrétta mistök.) Já, já.

En ég vil aðeins benda á það, að í sambandi við þetta vakna margar spurningar. Ég benti á það strax þegar þetta kom fram í n., að það koma fram spurningar um það, hvaða ábyrgð svona stjórn á að bera. Á hún þá að bera algerlega ábyrgð á rekstrinum? Eða hver á að bera ábyrgðina? Eigum við að taka þetta fyrirtæki undan ráðh. og ríkisstj. eða hvar á að setja mörkin?

Við höfum talað um framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvald, þetta þurfi að aðskilja. En þarna er sem sagt lagt til að Alþ. fari að skipa stjórn yfir eina af þeim stofnunum sem hefur tvímælalaust heyrt framkvæmdavaldinu til, — og á sú stjórn að færa ábyrgðina algerlega frá ráðh. og yfir á Alþ. eða hvernig á að haga þessu? Þetta er sú spurning sem mér hlýtur að koma í hug, og ég held það þurfi að skilgreina þetta miklu nánar en gert er í þessari tillögu.

Það er vitanlega margt fleira í þessu sambandi. Við höfum t. d. verið í þessu frv. að reyna að taka tillit til óska starfsmanna stofnunarinnar um að hafa einhver áhrif á stjórnina. Það er ekkert hugsað um það í þessari till., að starfsmennirnir hafi þarna nein áhrif.

Ég tók það fram, að við værum ekki beinlínis að hafna algerlega þessari hugmynd, heldur að þetta þyrfti að athuga betur og jafnvel á breiðari grundvelli, m. a. með tilliti til annarra stofnana ríkisins sem um væri að ræða. Bent hefur verið hér á aðra stofnun sem búið er að flytja frv. um sérstaka stjórn fyrir.

Ég ætla ekki að fjölyrða um brtt. á þskj. 460

frá hv. 2. þm. Reykn., þar sem hann hefur nú dregið hana til baka til 3. umr. Ég vil aðeins geta þess, að þessi till. kom það seint fram að hún barst aldrei n., þannig að hún hafði ekki tækifæri til að fjalla um hana á fundum sínum. En ég get tekið undir það, að hún fjallar um mál sem við erum allir sammála um að þarf að stefna að. Hins vegar er bara spurningin sú, hvað við getum ráðið við að gera það fljótt. Um fyrsta liðinn hef ég látið þá skoðun í ljós, að ég tel að Tryggingastofnun ríkisins eigi að veita þá aðstoð sem þar er fjallað um. Það er Tryggingastofnunin sem metur hverjir eigi helst að fá þetta, og ég held að miklu eðlilegra sé að sá aðili, sem hefur matið veiti þá einnig aðstoðina og beri ábyrgð á henni. Því væri eðlilegra að það væri Tryggingastofnunin sem greiddi afnotagjöld fyrir þessa aðila sem hún úrskurðar að hafi þörf fyrir þetta. Og það þyrfti þá jafnvel að vera eitthvað rýmra en þetta, því að óneitanlega væru þetta mikil forréttindi fyrir þessa 25. Og þá vaknar spurningin: Eru ekki fleiri sem hafa kannske eins mikla þörf fyrir þetta?

Það var minnst á það, að hér lægi frv. fyrir d. um svipað efni, og það er rétt. Það var vísað til samgn. frv. sem gekk nokkuð í þessa átt. Við sendum þetta frv. til umsagnar, m. a. umsagnar tryggingaráðs, þess ágæta þingkjörna ráðs, og það hefur ekki borist enn þá umsögn frá því. Ég hef talað um það við hv. 5. þm. Norðurl. e. að hann gengi eftir því að það svaraði, en þrátt fyrir það hefur svar ekki borist enn þá eða var ekki nú fyrir tveimur dögum.

Það var beint til mín fsp. um þjónustustarfsemi Pósts og síma, hvort það mál hefði borið á góma í n. Það var rætt eins og reyndar hefur nú þegar komið fram í umr., að það kom fram hjá póst- og símamálastjóra þar það sama og kom fram í máli hæstv. samgrh., að þeir stefna að því að draga úr þessum einkarétti sínum. Ég held að þessi einkaréttur sé upphaflega kominn til af því, að það varð að finna einhvern aðila sem var skyldugur að veita þessa þjónustu á meðan varla var um annan aðila að ræða sem gat það. Síðan eru vitanlega breyttar aðstæður og möguleikarnir hafa vaxið, og þá eru menn sammála um að það sé óþarfi að binda þetta svona. Hvað þessi breyting getur farið hratt skal ég ekki segja. Það verður að fara eftir því hversu færir aðrir aðilar eru um að taka þetta að sér. Aðalatriðið held ég að hljóti að vera að hægt sé að veita þessa þjónustu. En vitanlega verður að gæta þess alltaf, að Póstur og sími eða aðrir opinberir aðilar séu ekki að hindra það að fólk fái góða þjónustu eða það séu einhver ákvæði um þeirra einkarétt sem hindra það.

Þetta eru, held ég, þau atriði sem ég vildi aðeins gera aths. við.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, fyrst og fremst vegna stuttrar og alveg stórfurðulegrar aths. síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóns Helgasonar, formanns samgn.

Ég kvartaði í framsöguræðu minni á engan hátt undan meðferð þessa máls í n. og fór ekki dult með það, að brtt. sú, sem hér um ræðir, sem við flytjum hér við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, kom fram í allra síðasta lagi í n. Aftur á móti gaf ég honum alls ekkert tilefni til þess í framsögu minni áðan eða aths. mínum við frv. að notfæra sér tæknilegan galla á brtt. sem ég sjálfur þríundirstrikaði að væri tæknilegur galli, sem ég leyfði mér að vísu að kalla klaufaskap, þá gaf ég honum ekkert tilefni til þess að grípa þetta síðan út úr till. og snúa út úr þessu atriði, tilgreina það síðan í ræðu hér áðan sem merki um að tillöguflutningurinn væri óvandaður, að nú bærum við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson þegar fram brtt. við brtt., þó að honum væri sjálfum ljóst, því að varla trúi ég að hann hafi ekki heyrt til mín áðan þegar ég talaði, hvernig á þessum galla stóð. Ef þetta er bara eðlis- eða flokkslæg árátta til þess að vera í grundvallaratriðum annaðhvort ómerkilegur eða kvikindskur, þá hv. þm. um það. Eða stafar þetta af því að maðurinn megi ekki til þess hugsa að andmæla ráðh. sínum, að því er virðist eiðsvörnum, í einu eða neinu og þá ekki til þess hugsa að bætt verði við gr. í frv?

Nú ætti honum að vera það ljóst, hv. þm., að þegar eru kjörnar stjórnir af hálfu Alþ. yfir stofnanir sem hafa mikið umfang, annaðhvort hvað fjárráð snertir eða þjónustu, dálítið í líkingu við það sem Póstur og sími hafa. Og af því að hann nefndi sjálfur tryggingaráð áðan, þá er Tryggingastofnun ríkisins m. a. ein þessara stofnana sem Alþ. kýs stjórn yfir. Og honum aðeins til upplýsingar, ef hann skyldi haldinn framhaldsáráttu til þess að leiftra á því hinu sama sviði sem hann áðan gerði, skal það tekið fram, að það voru einmitt lagaákvæðin um tryggingaráð sem ollu þessum mistökum okkar hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar, að kveða á um fimm manna stjórn, en ekki sjö, vegna þess að við leituðum fyrirmyndarinnar í að vísu úreltu lagasafni einmitt í tryggingaráð ríkisins.

Það liggur síðan í augum uppi, að hvorugur okkar hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar hugðist skerða aðild starfsmanna að stjórn fyrirtækisins frá því sem ráð er fyrir gert í sjálfu frv. og þó náttúrlega enn síður í frv. í þeirri mynd sem það kemur frá samgn., þar sem hv. þm. Jón Helgason átti frumkvæðið að því að gera bót á frv. einmitt í þessa átt, að tryggja frekari aðild starfsmanna að stjórn stofnunarinnar. En ég held að hann hljóti að fallast á það, að með brtt. okkar hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar er ekki ráðgerð nein skerðing á þessari stjórnunaraðild starfsmanna.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég skil ekki að öllu leyti tilefni stóryrða hv. 5. þm. Norðurl. e., þar sem ég held að ég hafi ekki hafnað að öllu leyti þeirri hugmynd sem kemur fram í brtt. hans, heldur var að benda á ýmis atriði sem mér finnst að þyrfti að skilgreina langtum betur og athuga ef þetta er sett þarna inn. Hann gerði nú enga tilraun til að svara því hvert valdsvið þessarar stjórnar ætti að verða, nema það er tvímælalaust, að þarna á að koma einhver yfirstjórn. (**StJ:** Það greinir frá því í till. sjálfri.) Eins og ég gat um, þá leggur n. til að starfsmannaráð fái aðild

að þeim hópi eða stjórn sem vinnur að áætlanagerð og stefnumörkun fyrir stofnunina. Nú ætlast hann til að Alþ. kjósi nýja yfirstjórn, og ég held að sú yfirstjórn hljóti að einhverju leyti að skerða valdsvið þeirra aðila sem að öðrum kosti mundu stjórna. Annars væri hún engin stjórn. Og úr því að starfsmenn eiga aðild að þessari stjórn sem frv. gerir ráð fyrir, sem hlýtur að einhverju leyti að skerðast án þess að starfsmennirnir fái neina aðild að þeirri þingkjörnu stjórn, þá held ég að það dragi þó heldur úr áhrifum þeirra. — Það var aðeins þetta, sem ég meinti. Mér finnst að þetta hljóti að vera rökrétt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég var að hugsa til baka til þeirra orða sem hér féllu frá ráðh. og öðrum þm., mig minnir að það hafi verið hv. 2. þm. Reykn., sem talaði um hvað mundi kosta sú hugmynd, sem þó er hugsanlega framkvæmanleg, að setja teljara til að takmarka hvað fólk megi tala í síma hér á Reykjavíkursvæðinu. Mig hryllir við þeirri hugmynd, að slíkt skuli vera í bígerð, og fagna því, að það skuli vera okkur um megn að leggja í kostnaðinn við slíkt. Það er langt í það að við förum að takmarka eitthvað fleira, t. d. útvarp, hvað við megum hlusta á í útvarpinu o. fl. eða hvað við megum vera lengi úti á kvöldin, fullorðið fólk. Það er búið að skylda okkur til þess að spara, leggja til hliðar peningana sem við eigum eftir þegar við erum búnir að greiða skatta. Hvert stefnir? Vonandi verður stefnubreyting og boð og bönn fjarlægjast huga okkar.

En ég vil þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf mér og ég hélt að hann byggi ekki yfir á þessu stigi málsins. Þetta er ekki svo mikið sem það kostar reykvíkinga eða aðra. Þetta eru ein lítil 30% við það sem það kostar í dag, hvert skref. Það er eins og oft áður, okkur reykvíkinga munar ekkert um það að auka gjöld á reykvíkingum, að hækka gjöldin um 30% á þéttbýlisbúum. En hvað er langt þangað til við tökum þetta utanbæjarfólk, sem hér er til umræðu á Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar beint, en vera ekki að fara neinar smákrókaleiðir inn í Félagsmálastofnunina. Komið bara með till. um það. Ég efast um að fólkið úti á landi sé því sammála að svona till. séu fluttar. Því er enginn greiði gerður nema síður sé.

Talsmaður n., Jón Helgason, 4. þm. Suðurl., talaði um, að það væri rétt að samþykkja frv. eins og það er, það væri hægt að taka þetta frv. upp aftur seinna og breyta lögunum. Ég held að þetta sé nú að reyna að fara ansi mikið í kringum hlutina, og enginn köttur mundi fara svona varlega í kringum heita skál. Það er ekki hlaupið að því að taka lög upp aftur og það nýsett lög, nýsamþykkt lög, það vitum við. Það er jafnvel erfitt að fá til baka úr n. frv. sem þm. setja þangað í byrjun kjörtímabils, og gæti ég talið upp þó nokkur mál frá mér, sem liggja í nefnd, sem ég flýtti mér að koma fram með í byrjun þings í von um að þau kæmust þó til skila úr n. fyrir lok þingsins, en sitja enn þá eftir. Það er ekkert auðvelt mál að hraða vinnu hér á Alþingi. Það er blekking ef þm. halda því fram, að þeir séu að hjálpa hver öðrum áfram með mál í nefndum.

Till. sú, sem ég kom hér fram með, er seint fram komin og þurfti að leita afbrigða fyrir henni vegna þess að ég á ekki sæti í samgn. En mér datt ekki í hug að n., þar sem sjálfstæðismenn eiga þó nokkurn hlut í, samþykkti með glöðu geði að ríkið fái viðbót við þá einokun sem það hefur á ýmsum sviðum. Ég mun ekki samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir með þessu einokunarákvæði. Ákvæðið er ekki í lögum fyrir. Það er verið að bæta því við og ég mun ekki samþykkja það.

Ég skil ekki heldur þann málflutning sem kemur fram hjá frsm., að vísu var kallað fram í af flm. Hvað á stjórn fyrirtækisins að gera? Hvers konar spurning er þetta? Það felst í orðunum sjálfum hvað stjórn á að gera. Auðvitað er hún ábyrg fyrir ákvörðunum sem teknar eru. Svo eru starfsmenn stjórnar eða starfsmenn undir henni ábyrgir gagnvart stjórninni og þessi stjórn síðan ábyrg gagnvart Alþ. En hér segir, með leyfi forseta, í seinni hl. till., hann hljóðar svo, — nú ætla ég að taka fram, að ég er ekki að verja þessa till. af því að ég eigi eitthvað í henni, það eru allt aðrir menn, — hún hljóðar svo:

„Stjórn stofnunarinnar skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti hinnar þingkjörnu stjórnar."

Þetta er í till. sjálfri, og þar fyrir utan eru stjórnir á öllum ríkisbönkunum sem hafa sínar reglugerðir og sín lög. Svona vífilengjur þoli ég ekki, þó að ekki sé um mín mál að ræða eða mínar till. Það er rétt að setja stjórn á stofnunina, það er rangt að hafa ekki stjórn á stofnuninni, og ég mun styðja þessa till. af því að hún er góð, þó að hún sé komin frá vinstri vængnum, mér þykir rétt að bæta því við.

Ég tel að sala á símatækjum og viðgerðarþjónusta tilheyri hinu frjálsa framtaki, og ég tel að það sé rétt að í þessari iðngrein eins og öllum öðrum útskrifi Iðnskólinn símvirkja á sama hátt og útvarpsvirkja, bifvélavirkja o. fl. Og ég vil endurtaka það, að ég mun ekki samþykkja nein lög sem fela í sér einokun eða einkarétt til handa ríkinu á rekstri eða þjónustu eða á innflutningi á vörum. En ég tel aftur á móti tímabært að láta falla niður einkarétt ríkisins á öllum þeim sviðum sem hægt er. Það geta verið undantekningar, engin regla er án undantekninga. En þegar um rekstur, þjónustu og innflutning á vöru er að ræða, þá er það ekki réttlætanlegt að ríkið einoki með fjármagni fólksins þá hlið þjóðlífsins.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það var með kostnaðinn, jöfnunina. Ekki er ég öruggur um hvernig ég muni hafa komið orðum að minni hugdettu. En Albert Guðmundsson, hv. 12. þm. Reykv., bað um upplýsingar um hvað mundi hækka mikið á þéttbýlisstöðunum, og þá held ég að ég hafi sagt, að ég gæti hugsað mér að það

hækkaði um 30% — ekki að það væru 30%, vegna þess að ég var, held ég, áður búinn að taka fram að ég hefði ekki tölur um þetta. Hins vegar gat ég vel hugsað mér að það hækkaði um 30%. Hvernig stendur nú á því, að ég get hugsað mér að þetta hækki um 30%? Það er vegna þess hvað þetta er hlægilega lágt í dag. Nú vitum við hvers vegna það er. Skýringin er komin. Það er vegna þess að þetta er í raun og veru niðurgreitt. Þetta kemur inn í vísitöluna og eingöngu símgjöld reykvíkinga. Eða hvaða skýring skyldi vera á því, að við símnotendur upp við Mosfell greiðum kannske tvöfalt eða þrefalt gjald á hvern símnotanda borið saman við reykvíkinga? Það hlýtur að vera af því, eins og hæstv. ráðh. sagði, að þetta eru einu símgjöldin sem tekin eru inn í vísitöluna og þess vegna passað upp á að halda þeim neðan við sannvirði. (Gripið fram í.) Vísitalan er að sjálfsögðu gerð fyrir landið og fyrir ríkisstj., en það þykir hagkvæmt að taka gjald Hitaveitu Reykjavíkur og miða við það, þegar vísitala hitakostnaðar í landinu er ákveðin. Og það þykir hagkvæmt að hafa símgjöld í Reykjavík lág til þess að þau komi inn í vísitöluna sem lág gjöld og hagstæð gjöld. Svona einfalt er nú þetta.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Þetta fer nú kannske að verða þreytandi, en mér finnst óhjákvæmilegt að skýra aðeins betur hvað það er sem ég meinti. Menn virðast ekki hafa athugað það, hvað hér er um mikla breytingu að ræða. Eins og 1. gr. frv. hljóðar nú, þá er hún svo:

„Samgrn. fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála."

Samkv. brtt. frá hv. 5. þm. Norðurl. e. er þetta algerlega fellt í burtu, að samgrn. fari með yfirstjórn Pósts og síma. Það er sem sagt tekið undan ríkisstj., ríkisvaldinu. Það eina sem mér sýnist að ráðh. eigi að gera á eftir er að skipa formann og varaformann stjórnarinnar og ákveða laun stjórnarmanna. Þetta tel ég vera svo mikla breytingu að það þurfi að hugsa sig svolítið um áður en farið er að gera svona algerlega — ég vil segja kúvendingu á framkvæmdavaldinu.

Ég gleymdi því áðan að minnast aðeins á þau orð hv. 5. þm. Norðurl. e., að málflutningur minn væri svona vegna þess að ég megi ekki til þess hugsa að andmæla ráðh. mínum. Ég held að ég hafi sett nákvæmlega þessar sömu skoðanir fram strax þegar hann kom fram með brtt. í n., og ég hafði þá engin tök á því að hafa samband við ráðh. minn til að fá einhverja línu frá honum.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hefði sjálfsagt getað fallið frá orðinu eftir að hafa heyrt þessa síðustu ræðu 4. þm. Suðurl. og formanns þeirrar n. sem hafði þetta mál til meðferðar. En ég verð að segja það, eins og kom fram í umr. okkar í n. þegar hugmyndin um þingkjörna stjórn fyrir þetta fyrirtæki kom fram, að það væri svo viðamikil mál, að það væri ekki hægt að gera ráð fyrir að Alþ. gæti fyrir þinglok kannað það svo að vel færi.

Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi að athuga þetta mál mjög gaumgæfilega. Þá er ég líka þeirrar skoðunar, að Alþ. beri og alþm. að hugleiða það vel, hvort þetta eigi ekki miklu víðar við og hvernig á að samræma það þeirri skiptingu á framkvæmdavaldinu með þjóðinni, hvernig á að koma því heim við það sem við höfum haft í því efni, og það er ekki eins einfalt mál og margur ætlar að koma því heim svo að vel sé.

Ég treysti mér ekki til þess að samþykkja þessa till. núna, eins og hún er fram borin. Ég tel að hún samræmist tæplega nægilega vel því frv. sem við erum með, þeirri uppbyggingu sem er á því, og alls ekki þeim höfuðreglum sem við höfum haft um skiptingu valdsins til þessa.

Ég ætlaði ekki að taka til máls um þetta frv. í þessum umr. Ég leit svo á að formaður n. hefði gert fullglögg skil þeim viðhorfum sem þar komu fram. En það liggur hér fyrir ný brtt. sem hv. 12. þm. Reykv. hefur borið fram, og því miður hafði hann þau orð hér í ræðu áðan sem ég tel ekki vera líkt honum að hafa. Ég harma að hann skuli drótta því að samflokksmönnum sínum að þeir standi ekki á verði um þær höfuðstefnur sem flokkur okkar hefur. En ég vil segja það í þessu efni, að í meðförum n. hefur n. lagt til að stefnt verði að því að skólahald verði undanskilið stofnuninni og sett inn í hið almenna fræðslukerfi iðnfræðslunnar. Þetta þýðir það í fyrsta lagi, að þetta er fyrsta skrefið til þess að slá á þá einkaaðstöðu, sem Póstur og sími hefur haft. Við ræddum á fundum með þeirri n., sem undirbjó þessi lög, um þann einkarétt sem stofnunin hefur haft í ýmsum efnum, og það kom greinilega fram, sérstaklega frá hendi póst-símamálastjóra, að hann er þeirrar skoðunar að það eigi svo hratt sem kostur er að hverfa frá þeim einkarétti sem stofnunin hefur. Ég veit að samnm. mínir, sem voru á þessum fundum, geta vitnað um þetta með mér ef það er dregið í efa. Ég tel farsælla að fara þessa leið heldur en að strika þetta nú þegar út úr lögum án þess að vita fyrir víst með hverjum hætti við getum annars leyst málið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég segi nú eins og hv. síðasti ræðumaður, ég reiknaði ekki með að taka frekar til máls í þessu máli, en fann mig knúinn til þess eftir ummæli hans sem voru skot til mín.

Í 3. gr. þessa frv. segir, með leyfi forseta: „Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að stofna" o. s. frv. Í framsögu minni fyrir brtt. segi ég, með leyfi forseta: „Í frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er ákvæði um einkaleyfi póst- og símamálastofnunar ofaukið, enda er slíkt ákvæði ekki í gildandi lögum um þessa stofnun." Það er ekkert einkaleyfi í lögum um þessa stofnun. „Núgildandi ákvæði um einkaleyfi Pósts og síma er að finna í póstlögum" — og svo vitna ég í númerið á þeim og svo ártal — „og í fjarskiptalögum" og svo númer og ártal. En síðan held ég tilvitnuninni áfram: „Eru þá sérstaklega höfð í huga ákvæði kafla fjarskiptalaga, þar sem ríkinu er m. a. í 2. gr. þeirra laga veitt einokun." Og svo enn þá seinna: „Þessi einokun er síðan framseld Pósti og síma." Sem sagt, það er verið að bæta inn í lög um Póst og síma ákvæði um einokun. Síðan er ég hér með nál. þar sem er fyrirvari frá tveimur nm., að

vísu út af öðrum atriðum, og mælt er með samþykkt á þessu frv. Og þá vil ég vitna í orð samþm. míns, samflokksmanns, og segja það, að ég er ekki að drótta neinu, ég er ekki að fara með neinar staðlausar staðhæfingar. Ég er að tala um staðreyndir. Undirskrift ykkar er hérna. Það stendur í frv. hvað um er að ræða og ég tel mig ekki vera að drótta neinu. Þetta er fullyrðing, úr því að hv. þm. vill að ég orði það þannig, að þeir hafi staðið illa á verðinum miðað við stefnu Sjálfstfl.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 69. fundur.

Föstudaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Innlend endurtrygging, frv. (þskj. 401). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 32 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. (þskj. 308, n. 470). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frv. (þskj. 114, n. 478). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓlJ, PJ, PS, SighB, TÁ, ÞÞ, BGr, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG.

nei: IG, JónasÁ, KP, LJós, SM, MÓ, ÞP, SvJ, EðS, GS, GilsG.

GF, JóhH, SigurlB, SV, SvH, RH greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓE, VH, ÞS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jóhann Hafstein: Ég vildi aðeins, þar sem ég hef verið lasinn meðan á umr. um málið stóð, láta þó liggja fyrir, svo að það sé enginn tvískinningur um það, að ég er algerlega á móti 2. gr. þessa frv., þ. e. a. s. eignaraðildinni, að lögfesta það að íslenska ríkið skuli eiga meiri hl. Ég tel að slíkt verði að fara eftir atvikum hverju sinni og eigi alls ekki við nú, í jafnmiklum skuldum eins og íslenska ríkið er. Ég sit hjá við atkvgr. um frv. í heild.

Frv. afgr. til Ed.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 15, 392, 463). — Frh. 3. umr.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég ræddi þetta mál allítarlega á kvöldfundi síðasta vetrardag og skal ekki lengja umr. mjög nú. Ég átti þess ekki kost að sitja allan þann fund frekar en 28 aðrir hv. þdm. á því kvöldi, en mikið virtist liggja við að koma málum fram og fyrir því var það að menn vörðu þessum tíma til þess arna. Ég hef þó haft tækifæri til að kynna mér þær umr. sem fram fóru eftir að ég hafði rætt þetta mál, en sé ekki ástæðu til að gera sérstakar aths. við þær nema hjá hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, hv. 4. þm. Vesturl., þar sem hann ræðir hina miklu nauðsyn þess að friða stóraukið svæði á Breiðafirði og suður fyrir Kolluál. Ég get verið honum sammála í þessu efni, en þetta kemur breytingu á fiskveiðilögsögunni ekkert við, vegna þess að það veit hv. þm. og fyrrv. lögreglustjóri og dómari í landhelgismálum, að í þessu efni getur hæstv. sjútvrh. sett þær reglugerðir sem honum sýnist til þess að friða þetta svæði fyrir ágangi stórvirkra skuttogara. Þess vegna er það, að þetta er algert aukaatriði hvað varðar þær breytingar sem hér um ræðir.

Ég lagði áherslu á það í minni ræðu, að með þessum hætti teldi ég mjög óráðlegt að breytingar á fiskveiðilögsögunni færu fram. Það er ljóst og það kom skýrt fram hjá formanni L.Í.Ú. á fundi með sjútvn. Nd., að um þetta hafði verið samið og niður njörvað á aðalfundi L.Í.Ú. Hann tók það fram, að hér væri um einn pakka að tefla. Menn skyldu athuga það í n., að við þessu mætti ekki hrófla því að þá gengi hann allur úr böndunum. Það var sem sé samið um það milli landsfjórðunga, að norðlendingar skyldu fá að veiða á vissum kafla innan svæðisins milli 9 og 12 mílna allmiklu fyrir vestan Grímsey og austur fyrir Grímsey. Það var samið til handa austfirðingum og vestmanneyingum um að fá að veiða upp að landssteinum eða svo kalla ég það, í Mýrabug eða frá Stokksnesi og vestur um. Það var samið um það, til að leiða togarana stóru af, að þeir skyldu fá að toga á svæði vestast í Háfadýpinu sem fiskifræðingar töldu, þegar við vorum að rannsaka þessi mál, að væri hrygningarsvæði. Og það var samið um það til handa reyknesingum og vestlendingum á Faxaflóa- og Breiðafjarðarsvæðinu að friða allstórt svæði fyrir línu og net fyrir Reykjanesi, á Breiðafirði og suður fyrir Kolluál, sem hægt er að gera eins og ég sagði, án þess að nokkrar lagabreytingar komi til.

Þetta var sent hingað 11 mánuðum eftir að mjög víðtækt samkomulag náðist um breytingu

á fiskveiðilögsögunni, og það er ætlast til að þessi stofnun sé afgreiðslustofnun fyrir þessa verslun þeirra í L.Í.Ú. Við þessu vil ég ekki taka, og ég legg áherslu á það, að í sjútvn. var meiri hl. andstæður því að samþykkja þessar till. 4 af 7. Ég verð þá leiðréttur af þeim sömu mönnum ef ég hef ekki rétt fyrir mér í þessu.

Hins vegar var það fullyrt og á það fallist, að það væri alfarið síður að flytja mál inn í þing sem einstakir ráðh. færu fram á, hvernig svo sem liði afstöðu einstakra nm. Á þetta var fallist, enda er auðvitað viðkomandi ráðh. og einstökum þm. í lófa lagið að flytja mál sín þannig að ástæðulaust er annað en greiða fyrir því að mál komi til álita á þingi. En ég vona, að það hafi ekkert farið á milli mála í umr. um málið að meiri hl. sjútvn. var andstæður þessum breytingum. (Gripið fram í.) Þessu er mótmælt og þá er að færa sönnur á það. Ég nefni sem dæmi að ég var andstæður þessu, hv. þm. Tómas Árnason var andstæður þessu, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var það og hv. þm. Jón Skaftason. Þeir segja til sjálfir og þurfa ekki að fara í geitarhús að leita ullar hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni um sínar meiningar.

Ég vil benda á það til handa hverjum er verið að semja hér um auknar veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar. Til handa stóru skipunum sem rökuðu saman fé á loðnuvertíðinni sem nýliðin er. Hafrannsóknastofnunin mælti eindregið gegn þessum auknu veiðiheimildum fyrir Norðurlandi, enda var vitað mál að um það var alger samstaða að vera andvígur því. Ég minni á það, þó að hún tæki ekki afstöðu til veiðanna upp að 4 mílum frá fjöruborði í Mýrabug og vestur um, þá var það álit þó uppi, þegar við þæfðum málið á tugum funda í fyrra, að undirstöðuatriðið væri að velja nýja viðmiðunarpunkta og draga línur fyrir flóa og firði með þessum hætti sem gert var. Og ég er hræddur um að við þurfum að taka til hendinni og gá að okkur um frekari friðun ef á að fara að skarka svona á þessum stórvirku og öflugu tækjum svo nærri landi sem þarna er lagt til. Þá er ég hræddur um að við verðum að taka til hendi um það að koma frímerkinu eða friðunarsvæðinu á Selvogsbanka í réttar skorður eða a. m. k. það nái yfir það svæði sem fiskifræðingarnir hafa lagt til að það næði yfir. Ef á að fara að skarka á stóru togurunum í vestanverðu Háfadýpi þar sem eru hrygningarstöðvar, og við vorum upplýstir um að svo væri, þá þurfum við að fara að gá vel að okkur um frekari verndun á Selvogsbankanum og fara alfarið að tillögum fiskifræðinganna í því efni. En svo var ekki gert — og af hverju ekki? Vegna þess að menn þæfðu málið og þótti nauðsyn til bera að ná samkomulagi um það. Og ég kalla það brigð næstum því að segja af hálfu hv. þm. Garðars Sigurðssonar, þegar hann nú 11 mánuðum síðar, eftir að þetta samkomulag var gert, flytur nú till. um að banna flotvörpuna, því að það mál var rækilega rætt þá.

Og hverjir eru það sem gera um þetta kaup sín í milli á aðalfundi L.Í.Ú.? Þeir hafa haldið því mjög að stjórnvöldum að þeir væru að drepa síðasta þorskinn, þeir í Landssambandi ísl. útvegsmanna. En hvað gera þeir nú í þessu dæmi? Og hvað gera þeir t. d. eftir að þeim hefur verið veitt aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, þar sem þeir eiga nú fulltrúa, bæði sjómenn og útvegsmenn? Hvernig fylgja þeir fram stefnu sinni um það að minnka sóknina í þorskinn? Með því að afgreiða eftir hendinni allar skuttogaraumsóknir sem þangað berast. Og hvernig birtist stefna þeirra, þessi heilaga stefna þeirra um að þurfa að minnka sóknina í þorskinn, þegar þeir leggja nú til að þessum stórvirku tækjum, þessum öflugu skipum, eins og stóru loðnuveiðiskipin eru eða skip undir 39 m eru mörg hver, — hvernig samrýmist það stefnu þeirra um að þurfa að minnka sóknina í þorskinn að leggja nú til af kaupmennsku sinni þessar breytingar sem hér liggja fyrir? Auðvitað er holhljómur í þessu. Og auðvitað er stefna þeirra um það, hvernig eigi að haga sókninni í þorskinn, þessi stefna að leggja fiskiskipaflota landsmanna svo og svo langan tíma á árinu, auðvitað er þetta gert til þess síðar að geta sagt, ef illa tekst til: Við vorum þeir sem vöruðum við, og ekki veldur sá er varar. — Auðvitað er þetta til þess, enda stefna þeirra í þessu óframkvæmanleg. En við sjáum hver alvaran er síðan þegar kemur að því að fylgja þessari stefnu eftir, eins og við t. d. sjáum í Fiskveiðasjóðnum og stjórn hans, eftir að þessir aðilar fengu þar aðild að, og eins í þeim till. sem þeir versla með hér. Í allra handa máta er þetta óeðlileg aðferð.

Hér eru teknar fram fimm till. sem þeir hafa brætt með sér og soðið í L.Í.Ú., en ég veit að einstakir þm. eru margir hverjir upp á vasann með tugi tillagna og ábendinga um það, hvernig þyrfti að breyta fiskveiðilögsögunni. Þetta kannast þeir við sem unnu að þessu máli hér í fyrra. Hafrannsóknastofnunin tekur t. d. ekki afstöðu til þessarar opnunar í Mýrabugnum og segir að það sé mest ýsusvæði og hún muni að mestu smjúga hinn nýja stóra möskva, 155 mm. Ef þetta er rétt kenning og ef skip með botnvörpu, stór skip og öflug með botnvörpu, hafa ekki meiri áhrif í togi sínu en það, að t. d. engu máli öðru skipti en hvort fiskur smýgur eða ekki, þá getum við tekið upp brtt. um að leyfa togveiðar hér í Faxaflóa, því að varla er ýsan í Faxaflóa öðruvísi í laginu heldur en sú í Mýrabug, þannig að hún smýgur þá. Og þeir, sem hafa af því mestar áhyggjur að ekki náist upp ýsustofninn í Faxaflóa, geta horfið frá skoðun sinni í þessum efnum. Auðvitað hafa þau gífurleg áhrif, þessi öflugu skip sem toga á grunnu vatni eins og á að leyfa þeim þarna.

Ég minni á það, að í fiskveiðilaganefndinni og einnig hér á þingi var lögð höfuðáhersla á hina nýju viðmiðunarpunkta og að línur yrðu dregnar með öðrum hætti en áður var. Frá þessu eru auðvitað undantekningar. Það var vegna þess að menn þurftu að ná víðtæku samkomulagi og tókst það.

Ég þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta. Ég sá í vélritaðri ræðu, sem hæstv. sjútvrh. flutti hér við umr. um kvöldið, að hann hafði farið með ýmislegt orðasull í minn garð. Um það hirði ég ekkert, hann er einkavinur minn og lóðs, og það má heita að ég sé þessu vanur

frá blautu barnsbeini, og á við hann sem segir í þeim gömlu, að enginn maður kýs orð á sig, og mætti bæta við því: og allra síst frá hæstv. sjútvrh. Matthíasi Bjarnasyni. En það skiptir engu máli í sambandi við afkomuna og útfærslu eða nýtingu fiskveiðilögsögunnar hvernig ég er innréttaður.

Ég legg á það höfuðáherslu að þær brtt., sem hafa verið sendar hér inn frá þeim landsssambandsmönnum, verði felldar. Ég hef lagt áherslu á það, að í brbl. fólust engar breytingar við fiskveiðilögin, eins og segir í skýringum við brbl. Þau voru leiðréttingar. Það bar nauðsyn til að leiðrétta ýmis atriði. Engar efnisbreytingar áttu sér þar stað. Ástæðurnar voru eingöngu þær, að hér seint um nótt gáðu menn ekki að sér vegna skyndibreytinga sem urðu fyrir Bakkaflóanum t. d. og vegna breytingar á viðmiðunarstað hér á Snæfellsnesi, Gelti, Malarrifi og Skálasnaga. Síðan er hrúgað hér inn, eins og ég hef orðað það, og mönnum gest ekki að því orðalagi, ýmsum grundvallarbrtt. Við þurfum að standa að þessu með allt öðrum hætti. Þetta eru brtt. á þskj. 392 frá sjútvn., 5 þær fyrstu. Annað er að sjálfsögðu sjálfsagt að samþykkja, eins og leiðréttingarnar í brbl. og eins og till. sem komu frá sjútvrn. um stjórnun veiðanna. Það er byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur við stjórn veiðanna og er eitt meginatriðið í því að lengja frest lokunar upp í 7 daga, enda var fiskveiðilaganefndin að sínu leyti mjög þeirrar skoðunar í fyrra, en fékk því ekki ráðið fyrir eindregnum beiðnum frá sjútvrn. um að þetta yrðu aðeins þrír sólarhringar.

Ég hef síðan lagt til að kosin yrði sérstök n. sem tæki við öllum þeim fjölmörgu till., sem hafa streymt um breytingar á fiskveiðilögsögunni, og hefði vakandi auga með nýtingu landhelginnar, það yrði komið á fót fastanefnd í Alþ., eins og 9 manna, þó þannig að allir þingflokkar ættu þar aðild að, og í n. yrðu enn fremur skipaðir fulltrúar frá sjútvrn., Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi.

Það eru ekki dæmi um það núna síðustu missirin að breytingar á fiskveiðilögsögunni hafi farið fram með þeim hætti sem hér er verið að gildra til. Það hefur verið unnið árum saman að söfnun upplýsinga viðs vegar um landið tvisvar í röð af fjölmennum n., sem alþm. áttu sæti í. Eitt höfuðatriðið í þessu sambandi er það, að hið háa Alþ. í þessu efni, svo viðkvæm sem þessi mál eru, getur ekki orðið sjálfsafgreiðslustofnun og tekið við því, keypt þá álnavöru óséða sem þeir vefa á aðalfundum, þrýstihóparnir í L.Í.Ú.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þessar umr. Ég skírskota aðeins til þess, sem ég hef áður sagt um þetta mál, og þeirra raka, sem getið hefur verið, og þeirrar víðtæku samstöðu sem náðst hefur um þær brtt. sem fyrirhugaðar eru. En í tilefni orða hv. 3. þm. Austurl., sem hann viðhafði og beindi sérstaklega til mín, vil ég aðeins taka það fram, að ég ætlast til þess af honum að hann þekki mun á reglugerð og lögum.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eitthvað er minni hv. þm. Sverris Hermannssonar farið að bila um það, hvað skeð hafi í sjútvn. þessarar hv. d., enda ekki ólíklegt, svo er langt síðan hann hefur getað setið fundi þar. Hann fór utan til að bjarga landi og þjóð skömmu upp úr marsmánuði og hefur náttúrlega ekkert vitað hvað hér hefur farið fram síðan.

Það er rétt hjá honum, að viðbrögð manna þegar bréf L.Í.Ú. kom til n. voru nokkuð á þann veg sem hann lýsti og þá aðallega við erindinu sem slíku frá félagsskapnum. Hins vegar minni ég á það, að við í n. sendum þetta erindi til umsagnar og fengum umsagnir um það frá þeim aðilum sem við sendum það til, svo að sjútvrn. hefur bersýnilega stutt sínar málaleitanir við n. þegar rn. bað okkur um að flytja brtt. þær sem eru á þskj. 392. Ég leyfi mér að benda á það, að það var held ég ég sjálfur sem lét vafa koma í ljós um það, að reykvískir botnvörpuskipaeigendur og útgerðarmenn væru fylgjandi þeirri till. sem fram kom um friðun vestur af Snæfellsnesi. Ég gerði mér ferð, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, til vissra aðila til þess að spyrjast fyrir um þetta, þ. á m. til þeirra sem um útgerð þessa hv. þm. sjá, og spurði einn þeirra þar hvort þeir væru þessu sammála. Hann kvað svo vera. Og það kom svar frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda um það, að þeir stæðu heils hugar að samþykkt Landssambandsins eða aðalfundarsamþykktinni sem svo kom til okkar. Þá kom líka svar við þessu frá Fiskifélagi Íslands, en að Fiskifélaginu standa m. a. fulltrúar rummunganna, sjómanna og útvegsmanna, en þannig nefndi hv. þm. þessa menn í ræðu sinni í fyrrakvöld. Stjórn Fiskifélagsins mælti með umræddum breytingum, og þá á ég við þær till. sem við fluttum að ósk sjútvrn. Hafrannsóknastofnunin hafði samkvæmt okkar ósk látið uppi hug sinn um það, hvaða afstöðu hún hefði til till. L.Í.Ú. Hún var eftir atvikum með öllum till. utan þeirri sem fram kom í erindi L.Í.Ú. að rýmka um togveiðar við Norðurland. Þannig lögðum við málið fyrir hér í hv. d., og þannig lauk 2. umr. 23. mars s. l., að það var samþykkt að vísa málinu til 3. umr. Við tókum till. til baka til athugunar eftir ósk hv. þm. og eins nm. í sjútvn., 4. þm. Austurl. Það var mjög erfitt að ná nefndarmönnum saman til fundar til þess að taka afstöðu til þessarar óskar. Ég náði hins vegar tali af þessum hv. þm. og reyndar höfðum við svo fullskipaðan fund síðar, og hann hafði þá ekkert nýtt fram að leggja í þessu máli.

En það auðvitað stendur, það sem við skrifuðum undir þegar við afgreiddum málið í fyrstu frá n., að nm. hafa óbundnar hendur og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Þetta er það sem liggur fyrir frá n. í heild. Við höfum hins vegar tjáð okkur hér í þinginu um efnislega afstöðu til þeirra brtt. sem við fluttum fyrir hönd rn. Þrír okkar voru með þeim breytingum. Að sjálfsögðu, eins og tekið hefur verið fram, voru allir með þeim breyt. sem fram koma vegna brbl. Auk þess eru allir nm. sammála um 6. brtt. í till sjútvrn. Síðan

hefur verið lögð fram, eins og allir nm. áskildu sér rétt til, brtt. frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni og hún var tilkynnt á nefndarfundi í sjútvn. Þar voru að vísu skiptar skoðanir um hana. Það voru menn þar innan veggja sem tjáðu sig fylgjandi þeirri till. (Gripið fram í.) Mætti ég biðja hæstv. forseta að vísa manni úr þingsal sem leyfir sér að vera með frammíköll á þennan hátt. Ég held að það sé nóg að hann leyfi sér að kalla hér úr ræðustól á Alþ. heilar stéttir rummunga og það kannske stéttir sem hann þykist nokkur ítök í eiga, þó að hann sé ekki að fara með svona staðlausa stafi við menn sem eru að tala hér á hv. Alþ. Það var aldrei tekin fyrir á dagskrá n. þessi brtt., enda var aldrei óskað eftir því. Það var búið að skrifa undir nál. og þessi hv. þm. líka, áður en hann fór í lystireisu sína til Norðurlanda og bað um helst að öllum þingstörfum yrði frestað meðan hann skryppi frá, sem var í þrjár vikur a. m. k., þannig að það var ekkert um það að ræða að vera að halda fundi um þessa till. Menn voru búnir að áskilja sér rétt til að flytja till. og fylgja þeim.

Þess vegna segi ég nú, og til þess kom ég í ræðustól, að ég mótmæli því að menn séu með svona augljósar aðgerðir til þess að tefja þingstörf og reyna að koma í veg fyrir, að þm. sjálfir fái að láta í ljós skoðun sína á þeim till., sem hér liggja fyrir, í atkvgr., en það hefur ekki verið gert enn þá. Ég persónulega — ég veit að aðrir í n. geta talað fyrir sig — ég kæri mig ekkert um að fá þetta einu sinni enn til n. Við höfum flutt obbann af þessum till. Við höfum fengið málið að ósk þingsins aftur til athugunar, — höfðum ekkert frekar við okkar fyrri afstöðu að bæta, sem jafnframt var afstaða þessa hv. þm. Það eina, sem um er að ræða, er þessi eina brtt. sem síðar hefur komið, og ég tel að hv. þm. sjálfir séu fullfærir um að taka afstöðu til hennar, svo ljós er hún í allri framsetningu.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja eins og er, að það bendir ýmislegt til þess að þetta sumar ætli að verða nokkuð heitt, því að þetta er víst fyrsti fundur þingsins sem haldinn er á sumrinu og heldur betur farið að hitna í kolunum og því ástæða til þess að ætla að það verði e. t. v. nokkru heitara sumarið en veturinn hefur verið, og hefur þó ýmsum fundist nóg um.

Ég átti þess því miður ekki kost að vera hér á fundi þessarar hv. d. á miðvikudagskvöldið, þar sem þessi mál voru tekin til umr., og gat því ekki af eðlilegum ástæðum hlýtt á þann málflutning sem þar mun hafa komið fram. Ég vil þó nota þetta tækifæri til að lýsa afstöðu minni til þeirra mála, sem hér eru til umr., í örfáum orðum.

Í fyrsta lagi er það algjörlega ljóst, að ég eins og n. öll mæli með því að frv. á þskj. 15, verði samþykkt. Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma. Ég gerði það við 2. umr. málsins.

Um þær brtt., sem sjútvn. Nd. hefur flutt að beiðni sjútvrn., vil ég fara örfáum orðum.

Í fyrsta lagi vil ég rifja það upp, sem raunar kom fram við 2. umr. þessa máls, að upphaf þessara till. er bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem barst sjútvn. Nd. fyrr í vetur. Þar var óskað eftir því, að sjútvn. beitti sér fyrir því að gerðar yrðu ákveðnar breyt. á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, breytingar sem Landssamband ísl. útvegsmanna stæði einhuga um og hefði náð samkomulagi um. Þetta bréf Landssambandsins var nokkuð rætt á fundi sjútvn. og komu þar fram nokkuð skiptar skoðanir um einstök efnisatriði bréfsins. Það kom einnig fram, að það var álit Landssambands ísl. útvegsmanna að hér væri um samkomulagslausn að ræða sem að áliti Landssambandsins yrði annaðhvort að lögfesta óbreytta eða alls ekki, ef samkomulag ætti að vera um lausn málsins á vegum útvegsmanna.

Niðurstaða sjútvn. við þessari ósk Landssambands ísl. útvegsmanna var sú, að n. taldi ekki ástæðu til þess og taldi það ekki rétt að hún tæki við þessu erindi og flytti það á Alþ. sem sitt álit.

Næsta skref í málinu er svo það, að hæstv. sjútvrh. óskar eftir því við sjútvn. Nd., að n. flytji brtt. sem hæstv. sjútvrh. mælti eindregið með að gerðar yrðu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þær brtt., sem hæstv. sjútvrh. óskaði eftir að n. flytti, voru í flestum atriðum samhljóða afstöðu Landssambands ísl. útvegsmanna eins og hún kom fram í bréfi Landssambandsins. Þó var eitt veigamikið efnisatriði í ósk Landssambands ísl. útvegsmanna sem hæstv. sjútvrh. vildi ekki fallast á í þessum tilmælum sínum, og svo bar við að einmitt þetta eina ákveðna efnisatriði í till. Landssambands ísl. útvegsmanna hafði sætt hvað mestri andstöðu í sjútvn. þegar málið var til umr. þar á sínum tíma.

Ég get ekki talað fyrir munn annarra nm. en sjálfs mín, en afstaða mín var sú, að ekki væri rétt að neita ósk hæstv. ráðh. um að n. flytti þessar brtt., enda mun vera vani að n. þingsins flytji slík mál ef ósk um það kemur frá viðkomandi ráðh. Það kom hins vegar eindregið fram í afstöðu okkar sjútvn.-manna, að þó að við flyttum þetta mál við 2. umr. að beiðni hæstv. ráðh., þá fælist ekki í þeim flutningi okkar sú afstaða að við værum alfarið sammála hverju einstöku efnisatriði í þessum brtt.

Þessu viðhorfi lýsti ég við 2. umr. málsins. Þar tók ég jafnframt fram, að ég og nokkrir fleiri nm. í sjútvn., þar á meðal hv. þm. Sverrir Hermannsson og hv. þm. Jón Skaftason og e. t. v. fleiri þm., værum þeirrar skoðunar, að æskilegast væri, þegar svona breytingar væru gerðar eins og hér stæðu fyrir dyrum og þingið ætti um þær að fjalla, eins og þingið á raunar að gera, að sjútvn. eða önnur nefnd þm. fengi ekki aðeins niðurstöðu hæstv. sjútvrh. eða sjútvrn. eða Landssambands ísl. útvegsmanna til að fjalla um, heldur jafnhliða allar þær hugmyndir sem kynnu að hafa komið fram, frá einstökum aðilum um breytingar á veiðiheimildum samkvæmt lögunum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ég tók það fram við 2. umr., að ég vildi ekki tjá mig þá til efnislegra atriða þessa máls í einstökum efnum, en ætlaðist til þess, að þegar þessar brtt. væru aftur sendar til sjútvn., þá

yrði það tækifæri notað af kjördæmisþm. sem að öllum líkindum sitja uppi með ýmsar hugmyndir breytingar í þessum efnum, til þess að koma þeim óskum til n. Þetta tók ég fram í ræðu minni við 2. umr. þessa máls. Nú fór hins vegar svo, að engin slík ósk barst sjútvn., hvorki frá einstökum þm., einstökum þingmannahópum, né heldur frá hagsmunaaðilum utan þingsins. Þeir aðilar, sem fengu þessar brtt. til umsagnar, voru hins vegar yfirleitt mjög jákvæðir í garð þeirra. Þegar ég geri nú upp huga minn til þessara brtt. sem fyrir liggja, eins og málum hefur verið lýst, þá er ég ekkert feiminn við að láta það álit mitt í ljós, að ég mun samþ. þær nú þegar þær koma til atkvgr. og mæli með því að þær verði samþykktar. Hins vegar hefur það ekki breytt þeirri skoðun minni, sem ég hef látið í ljós frá upphafi í sjútvn., að ég tel mun æskilegra og eðlilegra, alveg eins og Sverrir Hermannsson, hv. þm., sagði áðan, að Alþ. og sjútvn. fengju ekki aðeins til umfjöllunar erindi annaðhvort frá Landssambandi ísl. útvegsmanna eða hæstv. sjútvrh., einhverja samkomulagslausn sem hefði náðst milli einhverra aðila utan þingsins, heldur fengi n. til umfjöllunar öll erindi og allar óskir frá sem flestum aðilum um þessi mál, til þess að n. gæti síðan sjálf í samráði við hæstv. sjútvrh. og hans rn. annars vegar og sérfræðinga hins vegar komist að eigin niðurstöðu um hvað hún eigi að leggja fram. Þetta var mín skoðun frá upphafi, og þetta er mín skoðun enn. Og að þessu leyti til get ég vissulega enn tekið undir það, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan, enda þótt afstaða mín sé sú, eins og ég sagði áðan, eftir það sem á undan hefur gengið, að ég mun fylgja þessum brtt. að þessu sinni og mæla með að þær verði samþykktar.

Hins vegar vil ég taka það fram, að ég tel það ekki rétt, sem hv. þm. lagði hér til, að skipuð yrði ný þm.-nefnd, fastanefnd, til þess að sinna óskum um breytingar á þessum lögum. Ég tel mun eðlilegra að sjútvn. Ed. og Nd. Alþ. tækju þetta verk að sér, að þær fylgdust með og tækju á móti öllum slíkum óskum eða hugmyndum sem koma kynnu. E. t. v. skipuðu þessar n. tvær einhverja undirnefnd úr sínum hópi eða úr röðum nm. til þess að fjalla um slík verk og undirbúa þau fyrir fundi hjá þessum n. En ég tel að það sé tvímælalaust verkefni sjútvn. d. að fjalla um þessi mál og það sé þarflaust að skipa sérstaka þm.-nefnd þar fyrir utan.

Ég læt þetta nægja um þessar brtt. sem sjútvn. flutti við 2. umr. málsins að beiðni hæstv. ráðh.

Þá vil ég aðeins víkja örfáum orðum að brtt. frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni á þskj. 463. Brtt. þessi eða hugmynd sú, sem fram kemur í þessari brtt., er alls ekki ný hér í þingsölum, þó hún beri nokkuð óvænt að með þessum hætti. Ég vil t. d. benda á að hún er ekki lögð fram fyrr en við 3. umr. málsins, þannig að okkur sjútvn.-mönnum hefur ekki gefist tækifæri til þess að senda þessar till. til umsagnar þeirra aðila sem þarna eiga hagsmuna að gæta, en það tel ég að sjálfsögðu nauðsynlegt þegar um svo viðamikið mál er að ræða og till. fjallar um. Mér finnst það raunar ekki forsvaranlegt af Alþ. að ætla að afgreiða slíka till., sem fyrst kemur fram fyrir 3. umr. máls, þegar útilokað er að senda hana til umsagnar þeirra aðila sem um eiga að fjalla. Þannig tel ég ekki eiga að standa að jafnveigamiklum málum og hér um ræðir.

Það er öllum þm. kunnugt, að það eru fyrst og fremst sjómenn og skipstjórnarmenn í ákveðnum landsfjórðungi, þ. e. a. s. á Vestfjörðum, sem hafa tileinkað sér notkun flotvörpu. Þeir hafa á umliðnum árum öðlast reynslu og þekkingu til þess að fara með þetta nýja og stórvirka veiðarfæri og hafa þar rutt brautina, hafa þar tekið frumkvæði og haft forustu um að innleiða nýja tækni í fiskveiðar sem ekki hafði verið notuð hér á landi um allnokkurt skeið. Því er ekki að leyna, að þetta nýja veiðarfæri hefur gefið mjög góða raun, og þetta veiðarfæri, flotvarpan, er undirstaðan undir hinum mikla afla skuttogaranna á Vestfjörðum og þeirri miklu atvinnu í þessum landshluta sem þær veiðar hafa skapað.

Ef flotvarpan hefði ekki komið til, þá þori ég að fullyrða að sá afli, sem hefði borist á land á Vestfjörðum, mundi ekki hafa orðið jafnmikill og hann hefur orðið, og þori einnig að fullyrða, að þeim atvinnuerfiðleikum, sem hafa verið yfirstignir í þessum landshluta á umliðnum fáum árum, hefði ekki verið jafnvel lokið og nú á sér stað.

Því er ekki heldur að leyna, að ýmsir þeir aðilar, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki talið sér hagkvæmt eða viljað upp á því fitja að nota þetta nýja afkastamikla veiðarfæri, þeir hafa horft nokkrum öfundaraugum til þess ávinnings sem vestfirskir sjómenn hafa haft vegna frumkvæðis síns um notkun þessa veiðafæris. Slíkir menn hafa oft kastað því fram, að eina rétta leiðin til þess að stemma stigu við smáfiskadrápi á Vestfjarðamiðum sé að banna þetta veiðarfæri.

Hins vegar sé ég ekki nein rök fyrir því að banna eitt ákveðið veiðarfæri aðeins vegna þess að um sé að ræða hagkvæmasta og afkastamesta veiðarfæri, sem um getur. Það er ekki hægt að banna mönnum að tileinka sér nýja tækni, sem er hagkvæmari og afkastameiri en önnur tækni, aðeins á þeim eina grundvelli að hún skili miklum arði bæði til hinna einstöku útgerðarmanna, sjómanna og til þjóðarbúsins í heild. Á þessum grundvelli einum er að sjálfsögðu ekki hægt að banna veiðarfæri, hvort sem það heitir flotvarpa eða eitthvað annað.

Hins vegar má vissulega taka slíka hluti til athugunar ef það kemur í ljós og er sannað að eitthvert ákveðið veiðarfæri sé hættulegra ákveðnum fiskstofni, t. d. þorskfiskstofninum, heldur en eitthvað annað. Hins vegar vil ég benda á í þessu sambandi, að mér er ekki kunnugt um það, það hefur a. m. k. ekki komið fram á fundum sjútvn., enda hefur n. ekki gefist tækifæri til að fjalla um þessa brtt. hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að fiskifræðingar okkar séu þeirrar skoðunar að flotvarpan sé veiðarfæri af þeirri tegund sem beri að banna um lengri eða skemmri tíma til þess að forða þorskstofninum frá frekari eyðingu. Mér er ekki kunnugt um að fiskifræðingar okkar leggi slíkt til, og mér er ekki heldur kunnugt um að þeir séu slíkri ráðstöfun meðmæltir. Þetta vil ég taka mjög skýrt fram til þess að mótmæla því, að hér sé um sérstaka friðunarráðstöfun að ræða byggða á vísindalegu

mati sérfræðinga eða fiskifræðinga þegar banna á flotvörpu.

Þá vil ég einnig að það komi fram, að það mun vera álit allra skipstjórnarmanna á Vestfjörðum og allra sjómanna, a. m. k. vestfirskra sjómanna, og staðfest einnig af flestum öðrum sjómönnum sem þar veiða, að fiskurinn, sem fæst í flotvörpu, sé síst verri en fiskurinn sem fæst í botnvörpu á Vestfjarðamiðum. Nú nýlega birtist viðtal í Alþýðublaðinu við vestfirskan togaraskipstjóra Jóhann Símonarson, á skuttogaranum Bessa. Þar fullyrðir hann að sá afli, sem fæst í flotvörpuna, sé alls ekki lakari, þar sé alls ekki um meiri smáfisk að ræða heldur en fæst í botnvörpu á sömu veiðislóð. Hins vegar segir hann einnig, að sú sé reynsla hans, sem hefur stundað þessa veiði nokkuð lengi, að þar fá þeir betra hráefni en það hráefni sem fæst í botnvörpu á þessum slóðum. Þessi maður sem þekkir mjög vel til, fullyrðir að flotvarpa sé síður en svo skaðvænlegra veiðarfæri en botnvarpa. Þá fullyrðir hann einnig að sá afli, sem fæst með flotvörpuveiðum, sé betra hráefni en afli sem tekinn er á sömu slóðum með botnvörpu.

Að lokum vil ég benda á það, að hæstv. sjútvrh. hefur í sínum höndum vald til þess, hvenær sem svo þýður við að horfa, að stöðva veiðar sjálfur. Hann hefur vald til þess að stöðva veiðar með þessu veiðarfæri eins og öðrum veiðarfærum um lengri eða skemmri tíma ef tilmæli berast um það frá Hafrannsóknastofnun eða vísindamönnum á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Sjútvrh. hefur þetta leyfi í sínum höndum. M. ö. o.: vísindamenn okkar, ef þeir komast að þeirri niðurstöðu að flotvarpa sé sérstaklega hættulegt veiðarfæri, þá geta þeir, eins og málin standa í dag, óskað eftir því við hæstv. ráðh. að þetta veiðarfæri sé bannað á einhverjum ákveðnum veiðistað um lengri eða skemmri tíma. Ég hef þá trú, að ef slík ósk bærist frá fiskifræðingum, þá mundi hæstv. sjútvrh. ekki láta líða langan tíma áður en hann yrði við þeirri ósk. Ég held þvert á móti að ástandið í fiskveiðimálum okkar íslendinga sé slíkt, að jafnvel þó að hæstv. sjútvrh. vildi, sem ég er viss um að hann vill ekki, jafnvel þótt hæstv. sjútvrh. vildi virða slíka ósk að vettugi, þá mundi hann ekki komast upp með það. Hér er um að ræða veiðarfæri og veiðitækni sem eins og stendur er algjörlega á valdi fiskifræðinga okkar hvort notuð er, hvar notuð er og hversu lengi eða mikið notuð er. Hæstv. sjútvrh. hefur sem sé í sínum höndum allt það sem til þarf til þess að koma í veg fyrir að þetta veiðarfæri eða önnur spilli fyrir, og fiskifræðingar okkar og vísindamenn á því sviði eiga hæg heimatökin. Ef þeir komast að þeirri niðurstöðu að hér sé um skaðvænlegt veiðarfæri að ræða, þá hafa þeir hæg heimatökin um að koma því áliti sínu áfram til hæstv. sjútvrh. sem ég hef þá trú á að muni þegar í stað grípa til viðhlítandi ráðstafana, enda vil ég benda á að hæstv. sjútvrh. hefur gert slíkt. Hann hefur nú fyrir nokkrum dögum eða hefur á hans vegum verið bannað að veiða með bæði flotvörpu og botnvörpu á ákveðinni veiðislóð á Vestfjarðamiðum. Og ég er alveg sannfærður um að ef slíkt tilvik kæmi upp aftur eða ef slíkt tilvik yrði kannske alvarlegra að áliti vísindamanna heldur en nú er, þá mundi ekki heldur standa á starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og hæstv. sjútvrh. að gera viðhlítandi ráðstafanir.

Ég vil sem sé vara mjög eindregið við því, að þessi hv. d. samþykki till. eins og þá sem hér um ræðir með svo skömmum fyrirvara og litlum athugunum eins og fram hafa farið á þessari hugmynd að þessu sinni. Ég er ekki með því að taka alfarið afstöðu gegn því að það geti verið, að rétt sé að hafa aðgát á þessu veiðarfæri eins og öðrum. Ég tel vissulega fulla ástæðu til þess að fylgjast mjög vel með því, raunar hvort heldur er um veiðar með flotvörpu að ræða eða veiðar með öðrum veiðarfærum, þar ætli menn sér ekki um of, og ég tel fyllilega koma til greina fyrir hæstv. sjútvrh., eins og hann hefur fullt vald til, að láta vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar fylgjast mjög vendilega með hvernig reynslan er af hinum einstöku veiðarfærum og hegða sér síðan í samræmi við álit þeirra. En þó ég sé þessarar skoðunar, þá vil ég eindregið vara við því, að Alþ. rjúki til að lítt athuguðu máli og samþykki jafnumfangsmikla till. og hér er um að ræða, sem borin er fram eftir að það mál, sem brtt. er borin fram við, er búið að ræða við tvær umr. og komið er að lokaafgreiðslu. Mér finnst ekki stætt á því, að hv. Alþ. samþ. slíka till. sem ekki hefur getað fengið eðlilega athugun í n. og ekki hefur af þeim sökum verið unnt að vísa til þeirra aðila, bæði vísindamanna og hagsmunasamtaka, sem hér eiga hlut að máli. Ég vil því eindregið mælast til þess, að hv. d. samþ. þessa till. ekki, en ég tel hins vegar jafnsjálfsagt að hæstv. ráðh. og sjútvn. beggja d. fylgist mjög vel með þessum málum sem og öðrum.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég talaði um þetta mál við 2. umr. þess og lýsti stuttlega viðhorfum mínum. Það hefur komið fram í umr., að þegar málið var flutt af hv. sjútvrn. að tilmælum sjútvrh., þá voru skiptar skoðanir í n. um málið og till. og menn áskildu sér rétt til að haga sér í samræmi við það.

Ég vil vekja athygli á því, að þegar lögin um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands voru samþ. í maímánuði á síðasta ári, þá voru þau í raun og veru víðtækt samkomulag alþm. um þetta þýðingarmikla mál. Það hafði fengið óvenjulega meðferð. Það var sett í málið sérstök n. þm. sem fjallaði um það langa hríð, og niðurstaðan varð samkomulag í n., sem síðar var lögfest með þessari lagasetningu.

Hér er verið að ræða um mál, sem er annars vegar leiðrétting á þessari löggjöf, þ. e. a. s. staðfestingin á brbl., sem sett voru í kjölfar samþykktar þessarar löggjafar í fyrra, og hins vegar nýjar till. Í þessu máli, — nýjar till. sem þm. eru ekki sammála um. Það hefur t. d. komið fram hér í umr., að þm. Austurl., a. m. k. fimm, kannske allir, eru ekki sammála um að auka veiðiheimildir fyrir Suðausturlandi frá því sem er skv. lögum um heimildir til fiskveiði í landhelginni. Þess vegna er í raun og veru þetta mál að taka nokkuð nýja stefnu ef samþ. verður. Það er verið að gera það að þrætumáli á Alþ. í staðinn fyrir að reyna að ná samkomulagi þm.

um málið áfram. Ég tala nú ekki um þegar um er að ræða till. sem auka á veiðiheimildir frá því sem heimilað er í lögum, að þá er það illa farið að gera slíkt að þrætumáli á Alþ., en freista þess ekki frekar að ná samkomulagi um málið í þn.

Við 2. umr. málsins urðu nokkrar umr. um málsmeðferðina og sumum þótti rétt og ég bar fram till. um að vísa málinu formlega til sjútvn., vegna þess að hér væri raunverulega um að ræða nýtt mál, auk þeirra leiðréttinga sem brbl. fólu í sér. Sú till. mín var felld hér, ef ég man rétt, en hins vegar lýsti form. sjútvn., hv. þm. Pétur Sigurðsson, því yfir við þá umr., að rétt væri að taka málið og skoða það í n. þó því væri ekki vísað formlega til n. Það komst ekki á fundur í n. með öllum nm. Það kann vel að vera að það hafi verið alveg eins mér að kenna og á öðrum nm. Það stóð svo á að ég gat ekki mætt á fundi sem hugmyndin var að boða, en í öllu falli komu nm. ekki saman til þess að fjalla um málið, heldur var haft samband við þá af form. n. að ég hygg meira og minna hvern í sínu lagi.

Nú er það svo skv. þingsköpum, að það er heimilt að vísa máli til n. á hvaða stigi meðferðar þess sem er, og til viðbótar við það, að hér er um að ræða tvö mál, eins og ég hef greint frá, þá hefur nú komið fram ný till. í málinu, þar sem er till. frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, um að banna veiðar með flotvörpu í eitt ár. Hér er því komin enn ein ný till. sem sýnilegt er að ágreiningur er um. Þess vegna vildi ég styðja þá till. sem komið hefur fram frá hv. 3. þm. Austurl. um að málinu verði formlega vísað til sjútvn. (**Gripið fram í:** Í þriðja skiptið.) Í annað skiptið. Henni var ekki vísað formlega til sjútvn. Það var felld um það till., svo menn gátu ekki rætt málið í n. og gert sér alveg glögga grein fyrir því, hvernig menn stæðu gagnvart hinum ýmsu till. sem hér liggja fyrir. Vera má að það verði samkomulag um sumar þessar till. í n. Ég skal ekki fullyrða um það, þó að margir séu þeirrar skoðunar að stutt reynsla sé komin á þessa löggjöf sem samþ. var í maímánuði á síðasta ári. Vera má að svo yrði, og ég álít að það væri þess vert að freista þess í staðinn fyrir að gera málið að þrætumáli á Alþ. svo stuttu eftir að hið víðtæka samkomulag náðist um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar.

Jón Skaftason: Virðulegi forseti. Ég kemst ekki hjá því að gefnu tilefni að segja hér örfá orð um það mál sem hér er til umr., að gefnu tilefni frá hv. 3. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni. Það kom mér svolítið á óvart hvað ákefð hans og ákafi var mikill í því máli, sem hann flutti hér áðan.

Ég viðurkenni að í þeim umr., sem urðu í sjútvn. um þetta mál, mun ég hafa látið uppi þá skoðun mína að ég teldi óheppilegt að fara að hreyfa við þessu máli almennt talað eftir að gildandi lög höfðu aðeins haft lagagildi í tæpa tíu mánuði. Ég taldi að reynslan af þeim væri ekki svo löng eða svo örugg að það gæfi tilefni til mikilla brtt. við gildandi lög. Þetta kom fram í þeirri almennu umr. sem fór fram í n. um þetta mál.

Ég fellst hins vegar á það með öðrum nm. í sjútvn. að flytja þessar brtt., eins og undirskrift mín á nál. ber með sér, og ég held ég muni það rétt, að ég lýsti á fundinum andstöðu við eitt ákveðið efni í þeim till., sem samkomulag hafði orðið um og hér hefur verið talað um, till. frá L.Í.Ú., þ.e.a.s. um rýmkun togheimilda fyrir Norðurlandi. Ég tel að það sé rétt að þetta komi fram hjá mér að gefnu tilefni frá Sverri Hermannssyni. Ég hef að sjálfsögðu, eins og aðrir nm. í sjútvn., óbundnar hendur um fylgi við einstakar gr. og mun athuga það þegar atkvgr. kemur.

Ég hef tvívegis lent í því að sitja í svokölluðum fiskveiðilaganefndum, sem hafa undirbúið frv. um fiskveiðar í landhelgi, og ég fullyrði að það er með vandasamari málum sem menn fást við. Ég minnist þess að það hefur verið viðtekin venja í sambandi við störf þessara tveggja fiskveiðilaganefnda, að við nm. hlustuðum mjög gjarnan á það, ef aðilar á viðkomandi svæðum gátu komið sér saman um einhver tiltekin atriði, og við vorum mjög opnir fyrir því að taka slíkt samkomulag upp í tillögugerð. Það eru því að mínu viti mikil látalæti að láta sem svo núna, að Alþingi Íslendinga sé að taka við einhverjum tilteknum fyrirmælum frá Landssambandi ísl. útvegsmanna í þessu máli þó að Alþingi séu sendar till. sem hagsmunahópar sjávarútvegsins hafa orðið sammála um. Ég tel að einmitt slík vinnubrögð geti létt störf Alþingis við lagasetningu um jafnvandmeðfarin mál og heimildir til fiskveiða í landhelginni eru, því svo sannarlegar er hagsmunaárekstur ekki einasta milli íbúa einstakra landshluta, heldur og eigenda veiðiskipa, svo mikill að hvenær sem þessir aðilar ná saman, þá tel ég ástæðu til þess fyrir þá að senda Alþingi Íslendinga það samkomulag til athugunar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta. En ég taldi nauðsynlegt að þessi afstaða mín í n. kæmi hér fram vegna þeirra ummæla sem hv. 3. þm. Austurl. hafði um vinnubrögð og umr. í nefndinni.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Það er að vísu rangminni hjá hv. þm. Jóni Skaftasyni, að hann hafi við afgreiðslu málsins frá n. gert aðeins aths. við eitt atriði, rýmkun veiðiheimildanna fyrir Norðurlandi. Það var ekki með í því dæmi þá. Það var löngu, löngu afgreitt mál, að það yrði ekki með, þannig að auðvitað gerði hann enga aths. við það þá þar sem það var ekkert í umr. En auðvitað man ég það, að þessir fjórir hv. þm. — eða þrír auk mín — í n. voru andstæðir þessari aðferð á sínum tíma. En það er ekkert við því að segja þótt þeim hafi síðar snúist hugur, og það eiga þeir þá bara að játa. En ég kann því ekki vel að ég sé borinn því að ég fari með annað en fram kom berum orðum og beinum af hálfu manna þegar þeir lýstu á sínum tíma afstöðu til málsins í n. Við höfum að vísu viljað líta á það þegar hópar og samtök á hinum einstöku svæðum hafa viljað eða náð höndum saman um tillögugerð til breytinga á nýtingu fiskveiðilögsögunnar. Það er að vísu alveg rétt. En við lögðum okkur þó einkum og

sér í lagi fram um það við afgreiðslu málsins á hinu háa Alþ. að þm. næðu höndum saman, en nú virðist sem eigi að slíta þeim friði.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson átti manna mest þátt í því að þm. náðu samstöðu um málið af lipurleik sínum þá og kunnáttu í málinu. En nú innan við ári síðar, án þess að nokkur ný reynsla hafi fengist af þessu veiðarfæri, þá rýfur hann þetta samkomulag með því að flytja till. um að banna þetta. Ég minni menn á hversu hart var sótt á það að rýmka veiðiheimildirnar, m.a. með viðmiðun við fjöruborðið í Mýrabugnum og frá Stokksnesi og vestur eftir, og ég minni menn á að það varð ekkert undir það vikist af hálfu nm. fyrir 11 mánuðum eða 12. Það er sem sé verið með þessum hætti að rjúfa í verulegum atriðum allt það samkomulag sem gert var. Ég er ekki að halda því fram að þessi lög þurfi ekki stöðugt að vera í endurskoðun — öðru nær. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að hafa fastanefnd til þess að athuga þessi mál. En menn vita og hv. þm. vita, næstum því hver einasti, að það eru tugir till. sem hafa borist einstökum þm. um veigamiklar breytingar á nýtingu landhelginnar. Ég vil alveg sérstaklega minna á nýtingu kolastofnsins bæði í Axarfirði, á Bakkaflóa, á Héraðsflóa, að ég tali nú ekki um í Faxaflóa. Menn þykjast geta sýnt fram á það með rökum, að það sé óskynsamlegt að nýta ekki kolastofninn í Faxaflóa. Jafnvel þótt það séu þung rök fyrir því að veiða þar, þá hefur náðst samkomulag um að sækja það mál ekki fastar en raun ber vitni. Það endaði með því eftir harða sókn og vörn hér á hinu háa Alþ. á vordögum í fyrra. En að það séu vinnubrögð, sem við eigum að hafa til fyrirmyndar, eins og hv. þm. Jón Skaftason gat um, að taka við og afgreiða hér samkomulag hinna ýmsu þrýstihópa í svo viðkvæmu máli sem þetta er án frekari umsvifa, ég er undrandi á að hann skuli hafa það á orði. Og ég veit að hann hlýtur að minnast þess í n., þegar hann sneri sér við í dyrunum, formaður L.Í.Ú., og bað okkur að gá vel að því að þetta væri einn pakki, og ég vona að menn misskilji ekki slíkt orðalag. Það er alveg óþarft.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson lét þess getið, að hv. þm. Garðar Sigurðsson hefði lýst nýrri till. sinni á nefndarfundi í sjútvn. Ég er ritari þessarar n. og ég bókaði þann fund út í gegn og lokaði fundargerð á þessum fundi sem þetta hafði átt að koma fram. Að hann hafi látið þess getið e.t.v. að loknum fundi, að hann mundi flytja till., skal ég ekkert um segja. En það má ekki nota þetta til þess að verja sig með að þurfa ekki að halda fundi í n. um svo mikilvæga till., að hún hafi áður verið rædd, vegna þess að það var ekki satt. (Gripið fram í.) Þetta er ekki sannleikur, að þessi till. hafi verið lögð formlega fyrir á fundi meðan hann stóð í sjútvn. Það er ekki sannleikur. Hún hefur aldrei verið tekin þar fyrir til umr., og ég veit ekki hvað hv. þm. græða á því. Því vilja þeir ekki taka till. fyrir til umr. fyrst menn greinir á um hvort hún sé útrædd þar eða ekki? (Gripið fram í: Hún er til umr.) Því vilja menn ekki taka hana til umr. í n. sjálfri?

Hv. þm. Pétur Sigurðsson, frsm. og form. sjútvn., var að telja upp meðmæli og benti á að L.Í.Ú. hefði mælt með samþykkt þessara tillagna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og fleiri úr kompaníinu sem sömdu um þetta með sér. En hann gat þess líka að meðmæli lægju fyrir frá Hafrannsóknastofnuninni, nema um Norðurlandið. Ég hef að vísu ekki bréf það undir höndum, en er það rétt eða er það rangt að í því standi að Hafrannsóknastofnunin taki ekki afstöðu til annarra till., eins og till. um opnun svæðisins í Háfadýpinu t.d.? (Gripið fram í.) Ég vildi gjarnan fá þessa umsögn lánaða ef hv. þm. vildi snara henni hér upp í stólinn til mín til þess að ég geti gengið úr skugga um að farið sé með rétt mál. Hún segir hér, Hafrannsóknastofnunin, hún mótmælir Norðurlandi, en getur eftir atvikum fallist á rýmkun í Mýrabugnum fyrir Suðausturlandinu. (Gripið fram í.) Það voru ýmis önnur atriði sem ég á eftir að víkja hér að seinna, sem ég ætla að biðja sjálfan hv. þm. að kveða upp úr um hvað það heitir á íslensku, eftir þær umsagnir sem hann fór með hérna. (Gripið fram í.) Hann er að vísu viðkvæmur í lund og þarf að umgangast hann með fáguðu orðbragði, þannig að mig undrar ekki þó að honum yrði mikið um. Ég vil þess vegna biðja hann sjálfan eftir sanngirni sinni og íslenskukunnáttu að finna yfir þetta rétt íslenskt orð.

Ég er að verða búinn, virðulegi forseti, að gera mínar aths. En það er mikill misskilningur að ég hafi tafið afgreiðslu þessa máls. Að vísu fór ég í opinberum erindagerðum til útlanda og lét þess getið við form. að ég kynni því betur ef það þyrfti ekki að afgreiða þetta mál meðan ég væri í burtu. Því réð ég ekki. (Gripið fram í.) Ég óskaði eftir því, já, en ég réð því ekki, og það var áreiðanlega ekki tekið neitt tillit til þess. Það vannst bara ekki tími til þess að afgreiða þetta.

Það sem eftir er af till. Landssambands ísl. útvegsmanna, fyrir utan að fiskifræðingarnir hafna Norðurlandinu og telja sig eftir atvikum geta fallist á Suðausturlandið vegna þess að það sé eingöngu ýsustofn þar sem smjúgi, það eru röksemdir í lagi, — það sem eftir er af till. Landssambands ísl. útvegsmanna fjallar svo eingöngu um skiptingu svæða milli einstakra veiðarfæra o.s.frv. Lagt er til að hleypa togurunum þar inn á. Stofnunin telur sig ekki geta tekið afstöðu til slíkra till. Þetta eru meðmælin, og þetta varð mér á m.a. að kalla að væri ósanninda vaðall, af því það var bara tekið fram af hv. frsm. að það væru meðmæli frá Hafrannsóknastofnun. Því fer alls fjarri. Það er mælt með einni brtt. af fimm eða sex, eins og þær voru upprunalega.

Nei, ég hef svo sannnarlega ekki tafið þetta mál. Og hvað heitir það á íslensku, hv. þm. Pétur Sigurðsson, þegar hann talar um að ég hafi verið búinn að afgreiða málið með undirskrift minni úr n. Ég fór að því sem hann sem 18 ára þm. sagði mér að væri undantekningalaus venja, að þn. yrðu við beiðni ráðh. um að flytja mál sem hann óskaði eftir, eingöngu því, og það var afstaða mín og raunar fleiri nm. alveg skýr. En hvað verið er að segja með því að láta í það skína að ég hafi skrifað undir

þetta og afgreitt þetta til fullnustu, það er það sem ég átta mig ekki alveg á.

Svo er aftur á móti spurningin um að rjúfa samstöðu og frið um þetta hér sem tókst sæmilega á vordögum í fyrra. Það liggur ekki á með afgreiðslu þessa máls, eins og t. d. þessara sértillagna L.Í.Ú. Nú er liðinn netatíminn fyrir Snæfellsnesi og línuveiðitíminn, og eins og ég hef ítrekað bent á, þá er ekkert sem hamlar hæstv. sjútvrh. að setja reglugerð sem lokar þessu svæði, og ef þetta nær ekki fram að ganga hér, þá mun hann að sjálfsögðu gera það ef ástæður þykja til. Hvað er það annað, sem knýr á um þetta, en að stóru loðnuveiðiskipin komist upp í Mýrabuginn að skarka þar í ýsustofninum 4 mílur frá landi, sem var talið bannorð í fyrra? Undantekningar voru gerðar frá þessu fyrir Landeyjasandi og Krýsuvíkurbjargi eftir að fiskifræðingar höfðu fullvissað okkur um að þar gengi aðeins á stöku tímum stór fiskur. Annars staðar var lagt stórt undir og lokað gríðarlegum svæðum, eins og á Selvogsbankanum, fyrir þessum stóru skipum. Nú er verið að versla með þau inn að 4 mílum frá fjöruborði, og Hafrannsóknastofnunin segir að ýsustofninn sé ekki eins illa á vegi staddur og muni væntanlega smjúga þennan nýja, stóra möskva. Ekki er nokkurt vit í þessum málatilbúnaði, og mér er hulin ráðgáta af hverju þetta er sótt af slíku offorsi, þar eð mér skilst að það sé verið að hafa á móti því að till. sé vísað til n. svo hún geri nú úrslitatilraun til að ná samkomulagi um þetta. Hvað á það að þýða? Við eigum enn eftir hálfan mánuð af þingi. Hér er málið til lokaafgreiðslu í d., og ef við næðum nú samkomulagi í þessari d., eru þá ekki meiri líkur fyrir því að málið fengi röska afgreiðslu og lipurlega í hinni efri? Til hvers er gildrað til þessara vinnubragða?

Ég hef aðeins tvisvar talað í þessu máli, í fyrrakvöld og nú í dag, og svo þessi aths. sem ég geri núna. Svo er haft á orði að ég sé að setja fótinn fyrir framgang málsins og tefja það að óþörfu. Ég vona að menn móðgist ekki, þó að ég reyni að hamla gegn því sem ég álít að sé óráð, og þurfi ekkert að undrast og verða fokvondir af því að maður leyfir sér að hafa skoðanir á hlutunum og reyna að hamla gegn því að sú ósvinna nái fram að ganga sem mér sýnist að sé í boði hér. Auðvitað hlýt ég að leggja mig fram um það, vegna þess að ef við slítum sundur friðinn í þessu, þá kann það að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Mér er óskiljanlegt að það þurfi að koma sér svo vel við L.Í.Ú.-menn núna þessar vikurnar, að það þurfi að hlaupa svona upp til handa og fóta eins og raun ber vitni. Þetta hefur ekki verið rætt t. d. á sameiginlegum fundum með sjútvn. Ed., eins og gert var um fiskveiðilögin í fyrra. Af hverju eru þessi nýju vinnubrögð nú? Ég hafði forustu um að ná hér saman höndum um þessi mál í fyrra. Ég var 1. flm. að þessari till. og vann baki brotnu vikum saman að því og það tókst. En það á ekki lengur að halda þann frið.

Ég er sannfærður um að ef okkur gæfist tóm til að athuga þessi mál og mörg fleiri atriði í sambandi við þær breytingar sem við þurfum að gera, þá mundum við ná saman höndum, eins og við gerðum eftir 27 fundi í röð fyrir utan sjútvn.-fundina sem haldnir voru hér af þm. í fyrra. En auðvitað ráða menn geðslagi sínu í þessu. En ég á eftir að sjá það, að neitað verði um það að í þessu máli verði þó gerð enn ein tilraun til þess að ná höndum saman og sáttum í málinu með því að haldinn verði einn nefndarfundur í sjútvn.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Framkoma síðasta ræðumanns er langt frá því að vera þingleg. Svo kemur þessi maður hér hvað eftir annað í ræðustól og segist ekki vera að tefja fyrir máli. Þessi maður hefur reynt að tefja fyrir þessu máli — ekki vikum, heldur mánuðum saman. Hann er eini þm. sem ég veit til að hafi barist gegn því í n. að verða við beiðni ráðh. að flytja brtt. við frv. Þetta hefði getað veri flutt sem stjórnarfrv., en það hefur alltaf verið venja í sambandi við fiskveiðilagamál að flytja þau sem þingmannafrv. Þess vegna óskaði ég eftir því við sjútvn. Áður en ég tók endanlega ákvörðun um það, ræddi ég við sjútvn. sameiginlega um málið. Því miður gátu ekki allir nm. komið á þann fund. Við tókum okkur góðan tíma suður í ráðherrabústað til þess að ræða bæði þessi mál og ýmis önnur. Og það hefur gengið þannig til, að þessu máli er vísað til 3. umr. 23. mars. Nál. var loksins útbýtt 21. mars og frv. fór í gegn til 3. umr. Þá var flutt till. um að vísa málinu formlega til sjútvn., sem var felld. En áður hafði form. n. gefið þá yfirlýsingu, að hann teldi eðlilegt og sjálfsagt að athuga málið í n. á milli umr. Það hefur verið gert.

Það liggur fyrir álit nm. Það, sem um er að ræða, er hvort meiri hl. þingsins er samþykkur þessum brtt. eða ekki. Hvort þm. eru samþykkir þeim einni eða öllum, það skiptir ekki höfuðmáli. Það er á valdi hvers þm. fyrir sig að greiða atkv. um þessar till. Þær eru misjafnlega nauðsynlegar, eins og gengur og gerist um mál.

Og þá kem ég að því sem þessi hv. þm. var að kvarta undan, að það væri svo mikill asi á þessu máli. Og nú kemur hann enn og segir: Það er svo mikill asi, það er eftir hálfur mánuður af þinginu og það liggur ekkert á. — Ekki ætlar hann Ed. að hafa langan tíma. En hvað er nú langt liðið síðan 2. umr. fór fram? Það er mánuður á morgun. Það er nú allur hamagangurinn. Þetta mundi hvaða ráðh. sem væri þykja heldur óvenjuleg vinnubrögð af stjórnarandstöðu, ef hún beitti slíkum vinnubrögðum. En þegar er aftur um stjórnarþm. að ræða, þá held ég að það sé ekki til mælikvarði á þessa framkomu. Ég held, að hún sé alveg ný í þingsögunni.

Og nú lýsir forseti því yfir, að hann ætli að gefa kaffihlé í hálftíma og fresta umr. um málið. Ég mótmæli algjörlega þessum vinnubrögðum, að þetta mál verði tekið hér af dagskrá. Ég krefst þess, að það verði haldið áfram umr. um þetta mál þar til það er búið. Það er ekki um neitt

samkomulag við menn að ræða eins og 3. þm. Austurl., eins og hann hefur talað hér um meðnm. sína í sjútvn. Það er algjörlega vonlaust að tala um það. Þess vegna eiga þessar till. að koma hér til atkv. í hv. deild.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Í tilefni af ummælum hæstv. ráðh. vil ég taka fram, að það vakir engan veginn fyrir mér að leyfa ekki áframhaldandi umr. um þetta mál. Hins vegar er mönnum ljóst að við erum hér með dagskrá með 19 málum og það eru nokkur mál á dagskránni til 2. og 3. umr. Þess verður freistað nú fram að kaffihléi að koma áfram öðrum málum, síðan er hægt að taka til við þetta mál að nýju eftir kaffihlé. Get ég ekki séð að neitt sé við það að athuga.

Skotvopn, frv. (þskj. 326 (sbr. 52), 376). — 3. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Við 2. umr. þessa máls lá fyrir álit allshn. Nd. sem lagði til að frv. yrði samþ. eins og það hefur verið afgreitt frá Ed. En jafnframt lágu þá fyrir till. frá hv. þm. Sverri Hermannssyni á þskj. 376.

Niðurstaðan af 2. umr. var sú, að allshn. skyldi kölluð saman á nýjan leik og líta betur yfir till. hv. þm. sem og n. gerði. Sá fundur var haldinn skömmu fyrir páska og nm. voru ekki allir viðstaddir, en eftir umr. í n. var samþykkt að taka til greina nokkrar brtt. hv. þm. og mér sem formanni n. falið að hafa samband við hann og semja síðan nýjar till. í framhaldi af því.

Það hef ég nú gert og vil leyfa mér að kynna þær till. sem eru lagðar hér fram í nafni hv. allshn. Þó skal þess getið, að fundur í allshn. hefur ekki verið haldinn aftur eftir að þessar till. voru settar á blað og mér hefur ekki unnist tími til þess að hafa samband við hvern einstakan nm. um endanlega gerð þeirra. En ég kynni þær í trausti þess að um það sé samkomulag, eins og landið lá á síðasta nefndarfundi.

Þær brtt., sem ég vil gera grein fyrir hér, eru eftirfarandi. (Gripið fram í.) Þær eru ekki prentaðar enn þá. Það eru skriflegar brtt. sem ég geri hér grein fyrir.

Það er í fyrsta lagi brtt. við 14. gr. frv., að aftan við 1. mgr. þeirrar gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi:

„Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sérstakt gjald samkvæmt nánari ákvörðun dómsmrh.“

Það kom fram í till. hv. þm., að hann lagði til að gjald skyldi greitt fyrir skotvopnaleyfi samkvæmt nánari tilhögun og samkvæmt ákveðinni viðmiðun sem um getur í till. hans. En þetta er sem sagt niðurstaðan, að leggja til að gjaldið sé lagt á og sé ákvörðun ráðh. hverju sinni hversu hátt það skuli vera og hvernig það skuli innheimt.

Síðan er önnur brtt. við 14. gr., að þar komi aftan við 3. málsgr. nýr málsliður sem hljóði svo:

„Þegar leyfi er endurnýjað skal handhafi skotvopnaleyfis gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni, sem hann hefur leyfi til að fara með.“

Þetta er breyt. við málsgr. sem kveður á um að skotvopnaleyfi skuli eigi gefið út til lengri tíma en til 10 ára í senn og til skemmri tíma ef ástæða þykir til. Var fallist á það sjónarmið, að eðlilegt væri að þegar um endurnýjun væri að ræða, þá þyrfti handhafi skotvopnaleyfis að sýna fram á hæfni sína eða þekkingu, og því er þessi brtt. lögð fram.

Síðan er hér brtt. við 15. gr. 1. mgr. þeirrar gr. hljóðar svo:

„Aðeins má veita þeim einstaklingi leyfi til þess að eignast skotvopn er sýnir fram á að honum sé það gagnlegt eða nauðsynlegt.

Það er lagt til að þessi mgr. falli niður. Það kann að vefjast fyrir ýmsum að sýna fram á gagnsemi eða nauðsyn þess að viðkomandi eignist skotvopn, en engu að síður full ástæða til þess að hann eigi skotvopnið. Af þeim ástæðum þykir ekki rétt að hafa í löggjöf slíkt ákvæði, að viðkomandi aðili þurfi beinlínis að sanna gagnsemi eða nauðsyn, enda er það áfram í höndum lögreglustjóra og yfirvalda að ákveða hvort leyfi skuli veitt eða ekki. Því er talið saklaust að fella þessa setningu niður.

Við 15. gr. er síðan önnur brtt. um að bætist við ný mgr., sem verður þá 3. gr., og hún hljóði svo:

„Lögreglustjóri skal, eftir því sem tök eru á, halda námskeið í meðferð skotvopna fyrir þá sem sækja um skotvopnaleyfi eða endurnýjun á því.“

Í till. hv. þm. Sverris Hermannssonar er beinlínis lagt til að námskeið skuli haldin árlega á ákveðnum tíma árs og standa í einn dag og eigi skemur en 8 klst. og nemendur í lok þess ganga undir hæfnipróf. N. var þeirrar skoðunar að hér væri of nákvæmt og stíft til orða tekið og nægilegt væri að skapa svigrúm til þess að halda slík námskeið, það væri í sjálfu sér eðlilegt og sjálfsagt. En undir vissum kringumstæðum er erfitt að koma þeim við hjá öllum lögregluembættum landsins, og því er þetta orðalag notað, að lögreglustjóri skal, eftir því sem tök eru á, o. s. frv. Það nálgast það sjónarmið að rétt sé að efna til slíkra námskeiða.

Að lokum er brtt. við 32. gr. sem ekki er stórvægileg. Þar er í síðustu mgr. kveðið á um það, að ef lögreglustjóri telji tæki eða efni svo lélegt að eigi sé rétt að selja það, þá skuli eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda. Það er fallist á að bæta þarna inn í orðunum: „og verðlaust“, þannig að upphaf setningarinnar verði á þessa leið: „Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust.“ Það er engum blöðum um það að flétta, að það er tilgangurinn með þessu ákvæði eins og frv. er úr garði gert, og mér þótti rétt að árétta það úr því að till. þar að lútandi voru komnar fram.

Um aðrar brtt. var ekki að ræða. Ég ítreka það, að ég biðst afsökunar á því að hafa ekki haft tíma til þess að bera þetta nákvæmlega, eins og það lítur út, undir hvern einstakan nm. Ég mun að sjálfsögðu gera það ef þess er sérstaklega óskað. En þetta er sem sagt í samræmi við umr. í n. fyrir páska og í samræmi við það umboð sem ég fékk sem formaður n. á þeim fundi. Ég hef hins vegar gripið til þess ráðs að kynna þessar till. nú þegar á þessum fundi til þess að draga ekki frekar afgreiðslu þessa máls, því

að ég geri mér vonir um, að þessar brtt. geti menn fallist á og það geti þá orðið til þess að málið fái afgreiðslu sem allra fyrst.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu þakklátur fyrir það, að reynt verði að afgreiða þetta mál, en það hefur nú dregist nokkuð og er ekkert við því að segja. Ég held að það væri betra að það drægist aðeins í viðbót, þannig að nm. gæfist kostur á að athuga þetta nánar.

Ég skildi það ekki alveg hjá hv. frsm., hvort þær brtt, sem hann var að mæla fyrir, væru komnar í staðinn fyrir brtt. þær, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson flutti eða hvort þetta væru sjálfstæðar till. n. og eftir sem áður stæðu brtt. frá hv. þm. Sverri Hermannssyni. (Gripið fram í.) Já, það er í trausti þess. En hann þarf kannske umhugsunarfrest. Og ég held að það væri gott að n. gæfi sér aðeins tíma til þess að hafa samband við þann mann í dómsmrn., sem fyrst og fremst samdi frv. (Gripið fram í.) Við skulum þá vona að það sé í lagi.

Ég verð því miður að játa að ég hef ekki getað athugað þessar brtt. sem hv. frsm. mælti fyrir. Ég vil segja það varðandi þá brtt. hv. þm. Sverris Hermannssonar, þar sem hann vill láta greiða fyrir skotvopnaleyfi, ekki beinlínis í friðu, en þó hálfóbeint, að það er ný aðferð. En látum það vera, en ég mundi vera á móti þeirri aðferð. Út af fyrir sig gæti ég fallist á brtt. sem n. flytur þar um. En ég er bara ekki alveg viss um nema þau séu ákvæði um þetta í aukatekjulögum. A. m. k. vildi ég að það væri athugað eða vildi að mér gæfist ráðrúm til þess aðeins að fletta upp á því og athuga hvort þar er ekki sett ákveðið gjald fyrir þessi leyfi. Þar er að finna gjöld fyrir alls konar leyfi, eins og kunnugt er, og ef það væri þar, þá sé ég ekki fyrir mitt leyti ástæðu til þess að breyta þeirri reglu, heldur láta vera svo áfram. Þetta hef ég ekki getað kannað.

Ég fyrir mitt leyti er ekki sammála því, að það sé ástæða til að slaka á þeirri kröfu sem gerð er til þess að menn geti fengið byssuleyfi. Þessi krafa er gömul og hefur staðið í lögum, að ég ætla frá 1936. Ég er ekki tilbúinn til að samþykkja breytingu á því.

Það má vera að hv. n. eða hv. frsm. hafi kannað þetta alveg til hlítar allt saman og þá eru þessar athugasemdir mínar óþarfar. En ef svo væri ekki, þá tel ég rétt að hann gæfi sér einn dag í að athuga þetta, þannig að það færi hér ekkert á milli mála, t. d. varðandi gjaldið.

Umr. frestað.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 18, n. 448 og 450, 449). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir hönd meiri hl. menntmn. um þetta mál, en eins og fram kemur á þskj. 448 liggur þar fyrir nál. meiri hl. menntmn. En menntmn. hefur haft þetta mál til umr. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir hv. nm. í menntmn., Magnús T. Ólafsson og Svava Jakobsdóttir, skila séráliti.

Um þetta mál er það að segja, að það er orðið býsna gamalt hér í þinginu. Það mun hafa verið lagt hér fyrst fyrir á árinu 1974, hefur verið hér til meðferðar meira og minna síðan en átt heldur erfiða leið í gegnum þingið, einkum af þeirri orsök að ýmsir hafa talið að þetta frv. um skylduskil til safna hefði í för með sér verulega röskun á aðstöðu ýmissa safna í landinu. Það er ástæðan til þess að erfiðlega hefur gengið að fá afgreiðslu á þessu máli hér í hv. deild.

Nú er það svo, að samkvæmt gildandi lögum um skylduskil til safna er það almenn regla að útgefendum, eða eins og segir nú þar, að prentsmiðjum og fjölritunarstofum, en í reyndinni auðvitað útgefendum, er skylt að afhenda Landsbókasafninu allt að 12 eintökum af prentuðu máli og Landsbókasafnið dreifir þessu síðan til ákveðinna safna. Sum þessara safna eru erlendis og önnur innanlands.

En samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir og er, eins og ég segi, nokkuð gamalt, þá er gengið út frá því að þessi skyldueintök verði 4, þ. e. a. s. að það er meiningin að fækka skyldueintökunum úr 12 í 4.

En eins og ég segi, þá hefur þetta orðið að nokkru ágreiningsefni hér í hv. d., hvort rétt sé að ganga svona frá, að fækka skyldueintökunum skyndilega úr 12 í 4 eintök. Eigi að síður hefur það orðið niðurstaðan, og má segja að það sé niðurstaða allrar menntmn. Nd. þrátt fyrir vissan blæmun á afstöðu, að n. er í rauninni öll sammála um og þ. á m. sá meiri hl., sem ég tala nú fyrir, að rétt sé að fylgja meginstefnu þessa frv. um að fækka skyldueintökunum niður í fjögur.

Hins vegar leggjum við, sem meiri hl. n. skipum og skilum áliti, fram á þskj. 449 þrjár brtt. og þó einkum vil ég benda á 3. brtt. á því skjali. Þar leggjum við til að þrem tilteknum söfnum, þ. e. a. s. Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, þessum þrem söfum verði veittur tiltekinn réttur til skylduskila sem þó er mörgum takmörkunum háður. En þannig stendur á um þessi þrjú söfn úti um landsbyggðina, að þau hafa notið skylduskila allt frá 90 árum, eða milli 70 og 90 ára. Safnið í Stykkishólmi hefur notið skylduafhendingar allt síðan 1886, Bókasafnið á Ísafirði síðan 1909 og Amtsbókasafnið á Seyðisfirði síðan 1907. Við, sem meiri hl. skipum, teljum að það sé eðlilegt, m. a. vegna eindreginna tilmæla sem komið hafa frá forsvarsmönnum þessara safna, að ganga til móts við þarfir þeirra að svo miklu leyti sem við teljum mögulegt. Að því miður einmitt orðalag sem finna má á þriðju brtt. okkar á þskj. 449. Hún er við 10. gr., um að 2. mgr. þeirrar gr. orðist þannig, eins og segir á þskj.:

„Þeir útgefendur, stofnanir, félög eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að 10 eintökum hvers slíks rits, og ber Landsbókasafni að taka frá 3 eintök af hverju þeirra og ætla þau til varðveislu Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni. Ráðh. skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Þetta er í raun og veru meginbreytingin sem við leggjum til að gera á þessu frv. Hún er um það að þessi þrjú tilteknu söfn skuli njóta þess réttar að fá nokkur eintök afhent í skylduskilum þrátt fyrir meginstefnu þessa frv. um 4 eintök til þeirra safna sem frv. greinir frá. En þau söfn, sem eiga fyrst og fremst að njóta skylduskilmálanna, það er rétt að ég minni á það, það eru Landsbókasafn Íslands, sem mundi fá 2 eintök, Amtsbókasafnið á Akureyri með eitt og Háskólabókasafn í Reykjavík eitt, þ. e. a. s. 4 eintök alls. Og til viðbótar eru þessi söfn, sem ég nefndi hér, með þessum takmörkunum.

Nú er það svo, að eftir að við gáfum út nál. og létum prenta þessa brtt. hefur landsbókavörður komið að máli við mig um þetta efni, og hann óskaði eftir því og ræddi það við mig, hvort ekki kæmi til greina að setja þarna inn í enn ákvæði sem drægi raunar nokkuð úr þeim rétti sem þarna er ætlaður þessum 3 söfnum: í Stykkishólmi, Ísafirði og Seyðisfirði. Ég fyrir mitt leyti taldi eðlilegt, eftir að hafa heyrt skýringar landsbókavarðar, að beita mér fyrir því við þá hv. þm., sem standa að meirihlutaálitinu, að breyta till. okkar í þá átt sem landsbókavörður óskaði eftir. Ég hef rætt um þetta munnlega við samnm. mína að meirihlutaálitinu og eru þeir mér sammála um að verða við því sem landsbókavörður óskar þarna eftir. En þá mundi þetta hljóða þannig, það yrði skotið inn setningunni: „ef landsbókavörður óskar.“ Þá mundi þetta hljóða þannig ef ég les úr væntanlegri 10. gr.:

„Þeir útgefendur, stofnanir, félög og einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að 10 eintökum hvers slíks rits ef landsbókavörður óskar.“

Ég skal til frekari skýringar þessu og þessari beiðni landsbókavarðar skýra frá því, að þetta orðalag er gamalt í lögum og flutt hér inn í þessa nýju lagasmíð, en þó var það þannig, að upphaflega felldum við út þessi orð: „ef landsbókavörður óskar,“ en nú hefur landsbókavörður lýst ástæðum sínum, að hann telji eðlilegt að þetta orðalag haldist, þannig að hann fær að vísu þarna nokkurt vald, en eigi að síður er ljóst að samráð verður við menntmrh. sem setur reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis. Um það á að takast samvinna milli Landsbókasafns og menntmrn. þ. e. um setningu slíkra reglna. Sennilega er rétt að auðveldara er með slíkri samvinnu að koma við framkvæmd sem fullnægir alveg þörfum þessara safna, en yfirkeyrir hins vegar ekki starfsmenn Landsbókasafnsins með vinnu við að framkvæma þetta lagaákvæði. Ég fyrir mitt leyti get fallist á að verða við þessum tilmælum landsbókavarðar, og eftir að hafa rætt við samnm. mína, þá sem að meirihlutaálitinu standa, vil ég leyfa mér að bera fram við hæstv. forseta skriflega brtt. við brtt. meiri hl. menntmn. sem fer í þessa átt og finna má á þessu blaði.

Ég sé svo ekki þörf á að ræða þetta frekar, en vænti þess nú, að eftir þessar miklu fæðingarhríðir megi þessi lagasmíð dafna vel. Ég held að allir aðilar megi úr þessu vel við una. En ég vil enn endurtaka að það urðu ýmsar ástæður til þess að þetta frv. hefur ekki átt greiðan gang gegnum þingið. En að lokum held ég að nú sé komið sæmilegt samkomulag um þetta, og ég held að þær till., sem við í meiri hl. erum hér með til breytinga, fullnægi þörfum þeirra þriggja safna sem við höfum einkum borið fyrir brjósti.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 502) samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson): Hæstv. forseti. Eins og hv. 1. þm. Norðurl. e., formaður menntmn. hv. d., skýrði frá, varð ekki fullt samkomulag í n. um afgreiðslu þess máls sem hér liggur fyrir. Ég og hv. 5. landsk. þm. gátum ekki fallist á þær brtt. sem meiri hl. flytur við stjórnarfrv. um skylduskil til safna.

Það er hverju orði sannara, að það hefur dregist lengur en skyldi að þetta mál, sem hefur komið fyrir nokkur þing í röð, hlyti afgreiðslu, og ég tel, hvernig sem litið er á þær brtt. sem bornar eru hér fram, að það skipti nú langmestu máli að fram nái að ganga meginákvæði þessa frv. um að skilaskyldunni sé komið á þann grundvöll að þeir aðilar, sem þar um fjalla, þ. e. a. s. útgefendur annars vegar og varðveisluaðilar hins vegar, séu sammála um að á sanngjarnan og tryggan hátt sé að því staðið að skyldueintökin skili sér og varðveisla þeirra sé með þeim besta hætti sem menn hafa tök á til þess að varðveislan sé sem tryggust.

Því teljum við í minni hl. n. að það sé ekki heppilegt að blanda saman á þann hátt, sem gert er í till. meiri hl. n., skylduskilum í varðveisluskyni, sem allir eru sammála um að verða að eiga sér stað og eru mjög þýðingarmikill þáttur í því að halda samhengi og glöggum heimildum um það sem gerist í andlegu lífi þjóðarinnar, að blanda saman þessu annars vegar og hins vegar öflun notkunareintaka til safna eða bóka til skipta fyrir þau söfn sem hafa skipti við erlend söfn.

Það er hverju orði sannara, að með frv., eins og það liggur fyrir, gerist það að söfn, sem eiga merka sögu og hafa unnið þýðingarmikið starf á liðnum áratugum, missa eintök frá skilaskyldunni sem þau hafa getað notað til almennra safnþarfa. Það er eðlilegt að söfn, sem slík hlunnindi missa, vilji fá þau bætt, og ekki óeðlilegt að mínum dómi að það sé gert sérstaklega af eigin útgáfu ríkis og ríkisstyrktra útgáfufélaga, eins og gert er ráð fyrir í till. meiri hl. n.

Því get ég samsinnt tilgangi brtt. En ég get ekki fallist á að þær, eins og þær eru úr garði gerðar, eigi vel heima í þessu máli, eins og það er úr garði gert í upphafi. Ég bendi t. d. á það, að samkv. orðahljóðan fyrstu brtt. er prentsmiðjum og fjölritunarstofum og öðrum slíkum aðilum gert að halda eftir ekki aðeins hinum fjórum skyldueintökum, heldur að því er mér skilst einnig þeim viðbótareintökum sem koma til þegar ríkisstyrktar útgáfur og ríkisforlög eiga í hlut. Það getur verið nokkur vandi á því fyrir þá, sem um prentun og fjölföldun sjá, að vita með vissu hvort þeir eru með í höndum ríkis-

styrkta útgáfu sem þeir eiga að halda eftir af auknum fjölda eintaka eða ekki. Því held ég t. d. að þetta atriði hefði verið betur komið, að þarna væri skyldan einvörðungu útgefanda, en ekki fjölföldunaraðilanna.

Það er sem sagt frekar af formlegum en efnislegum ástæðum að ágreiningur hefur orðið í n. um afgreiðslu þessa máls. En þessi formlegu atriði eru þó að okkar tveggja dómi það þýðingarmikil, að við töldum rétt að gera ágreining um afgreiðslu málsins að þessu leyti.

Að öðru leyti hygg ég að það hafi komið fram í störfum n., að öllum nm. er umhugað um að koma framkvæmd skilaskyldunnar á sem traustastan grundvöll til frambúðar.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég þarf ekki miklu að bæta við framsöguræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann hefur mælt fyrir nál. okkar í minni hl. menntmn. Ég vil þó rétt aðeins skýra afstöðu mína varðandi eitt atriði sérstaklega.

Ég legg þann skilning í orðið „tilgang“ í nál. okkar sem svo, að það sé tilgangur meiri hl. að reyna að bæta hag þeirra bókasafna sem hefðu að frv. óbreyttu misst þarna spón úr aski sínum, og ég er fyllilega sammála meiri hl. í því, að þar var nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir. Við því mátti auðvitað búast að þau söfn, sem hafa áratugum saman fengið ókeypis eintök, mundu ekki una þessari breytingu alveg mótmælalaust. En eins og hv. frsm. tók fram, þá teljum við óeðlilegt, að vandi bókasafna sé leystur á þennan hátt, með skylduskilum, sem í raun hvíla á útgefanda og höfundum bókanna. Það eru í rauninni þessir tveir aðilar sem er ætlað að gefa bókasöfnum verk sín.

Meiri hl. leggur til, að þessi söfn, sem um ræðir, haldi skylduskilaeintökum ef útgáfa þeirra er styrkt af almannafé að öllu eða einhverju leyti. Síðan er rn. ætlað að setja um framkvæmd þessa nánari reglur. Ég vil benda á, að hér er um ákaflega óljóst hugtak að ræða. Hér gæti verið um að ræða allt frá einstaka útgáfum, sem eru með smástyrk á fjárlögum, og allt upp í útgáfu Menningarsjóðs og útgáfu Hins ísl. bókmenntafélags og Sögufélagsins, svo eitthvað sé nefnt. Á þessum aðilum hvílir í rauninni sú skylda að gefa út menningarrit sem hugsanlega er ekki mikill gróði af að gefa út og aðrir vilja því ekki sinna.

Með till. meiri hl. er því í rauninni verið að létta bagga af aðilunum á hinum frjálsa markaði, en ríkisstyrktum forlögum eða ríkisforlögum ætlað að bera þetta áfram. Þessu er ég eindregið á móti og tel að þarna hefði þurft að hafa annað fyrirkomulag á sem gerði þessum söfnum sem öðrum kleift að kaupa bækur til afnota fyrir íbúana. Og mér þykir nokkuð kaldranalegt að meiri hl. skuli vilja leggja þessa kvöð á ríkisstyrkta útgáfu, þegar meiri hl. Alþ. er tiltölulega nýbúinn að svipta bókasöfnin sjálf ríkisframlagi. Þetta fer ekki alveg heim og saman að mínum dómi.

Ég hefði því talið eðlilegast að samþ. þetta frv. til l. um skylduskil til safna óbreytt, þar sem haldast í hendur bæði réttindi og skyldur í beinu samhengi við þann tilgang sem þar er lýst.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Þetta mál er búið að vefjast lengi fyrir mönnum. Ég verð þó að viðurkenna það, að hv. menntmn. hefur gert sér far um að leysa þann hnút sem verið hefur á þessu máli. Og í raun og veru kemur það fram í nál. bæði meiri og minni hl. n., að allir hv. nm. vilja á sinn hátt greiða úr þessu máli að því er tekur til þeirra þriggja safna úti á landi sem ég hef aðallega borið fyrir brjósti.

Það er eðlilegt að þeir, sem eru skilaskyldir, vilji fækka skyldueintökum. Þetta er kvöð á útgefendum, það er ekki hægt að bera á móti því. En á hinn bóginn verðum við líka að hafa í huga að þau þrjú söfn, sem þarna eru sérstaklega nefnd: í Stykkishólmi, Ísafirði og Seyðisfirði, hafa notið réttar og borið skyldur samkv. gildandi lögum um æðilangan tíma, áratugum saman. Uppbygging þeirra hefur því orðið að sjálfsögðu með hliðsjón af gildandi lagaákvæðum. Ég hef að vísu aldrei skoðað bókhlöðurnar á Ísafirði eða Seyðisfirði, en ég þekki mætavel bókhlöðuna í Stykkishólmi og ég veit að þar hefur bæði hreppur, heimasveit, Stykkishólmshreppur og raunar allir 12 hreppar Snæfellsnessýslu lagt mjög verulegt fé af mörkum til þess að gera þessa byggingu vel úr garði, yst sem innst, með það fyrir augum að þarna yrði varðveittur góður bókakostur. Það hefur verið lagt veittur góður bókakostur. Það hefur verið lagt heimamönnum og sýslubúum þykir vænt um, að ég ætla, eins og oft verður um margt af því sem búið er að hafa mikið fyrir. Hins vegar verð ég að segja það, að þar hefur hið opinbera látið sinn hlut eftir liggja mjög áberandi allt frá því að lög um almenningsbókasöfn voru samþ. árið 1963, ef ég man rétt.

Þó að ég viðurkenni vilja hv. menntmn. og tilraunir til að leysa þetta mál, þá er ég þó ekki alls kostar ánægður með niðurstöðu meiri hl. sem ég halla mér nú frekar að samt sem áður. Þar segir að vísu að meiri hl. leggi til, að þrjú bókasöfn, þ. e. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, Bókasafn Ísafjarðar og Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, njóti þess réttar að fá ókeypis til afhendingar öll rit sem styrkt eru af almannafé. Þetta er að vísu góðra gjalda vert. Þarna er sagt að ráðh. eigi að kveða nánar á um þetta í reglugerð. Ég held þó, eftir því sem þessi setning hljóðar, að þetta orðalag sé teygjanlegt, og ég vildi mjög gjarnan fá að sjá hvernig þessi reglugerð yrði í raun og veru úr garði gerð, áður en ég gæti samþ. hana.

Ég held að niðurstaða mín á þessu stigi málsins sé því sú, að ég treysti mér ekki til að styðja þessa lausn. A hinn bóginn býst ég við, að ég sé heldur fáliðaður í þessu máli hér í hv. d., svo það kann að vera að afstaða mín varði ekki öllu. Þetta er þó mín niðurstaða, þó að ég hins vegar viðurkenni að mér virðist að þarna hafi menn lagt sig fram um að leysa nokkurn vanda.

Ég er ekki að segja það, að Amtsbókasafnið í Stykkishólmi vilji endilega fá til geymslu og

varðveislu hvern einasta ritling sem út kemur, hversu lítill eða ómerkilegur sem hann kann að vera. En það hefur verið stefna okkar hingað til að nýta þessi réttindi á þann veg að taka við þessum eintökum til varðveislu. Ég skal að vísu viðurkenna — ég verð að játa það, að þau eintök, sem borist hafa, hafa ekki alltaf verið lögð inn í læstan skáp, því ég tel að vel megi varðveita bækur með því að lesa þær og lána þær út, ef það er gert í hófi og full aðgæsla er viðhöfð. Það höfum við gert í Stykkishólmi.

Ég hef þessi orð ekki fleiri um málið að sinni, en menn hafa heyrt mína afstöðu.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki orðið við þeirri beiðni hv. síðasta ræðumanns að segja fyrir um það, hvernig orðalag á reglugerð kann að verða, svo að það er nú tómt mál að tala um það. En ég vil aðeins segja örfá orð til viðbótar því, sem ég sagði þegar ég mælti fyrir nál., og vegna þess sem hefur borið hér á góma, m. a. hjá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. Henni fannst það vera óljóst, hvaða aðilar mundu koma til greina sem ríkisstyrktir útgefendur, og það er alveg rétt sem hv. þm. segir, að vissulega er dálítill vandi að telja það upp í lögunum við hvað átt er nákvæmlega. Og það held ég að sé samdóma álit okkar, sem stöndum að nál. meiri hl., að það eigi að vera hlutverk reglugerðargjafans að kveða nánar á um þetta atriði. En ég vil þó og hefði náttúrlega átt að vera búinn að taka það fram, að vissulega höfum við í huga tiltekna útgefendur og útgáfur þegar um þetta er rætt, og ég vil þá sérstaklega nefna Menningarsjóð, Bókmenntafélagið, Sögufélagið, ýmis sögurit héraða og fjórðunga og kannske ýmis ættfræðirit sem styrkt hafa verið, og að sjálfsögðu koma þarna undir Alþingi og ýmsar ríkisstofnanir. Þetta er í stórum dráttum það sem við höfum í huga. Hins vegar hygg ég nú að það muni skýrast betur við nánari yfirferð hjá ráðh., þegar hann fer að huga að reglugerð um þetta, hvernig þessu verður best fyrir komið En þetta eru fyrst og fremst þær stofnanir og þær útgáfur sem við höfum í huga.

Ég skal nú ekki fara að deila hér neitt við hv. minni hl. n. Hv. frsm. minni hl. taldi að það væru formlegar ástæður fyrst og fremst sem yllu því, að hann treysti sér ekki til að fylgja till. okkar, og má vera að einhverjir formgallar séu á þeim. Þó get ég ekki á það fallist. Ég held að það sé eðlilegt, úr því að við ætlum að veita þennan rétt að efni til þessum þremur söfnum, þá finnst mér eðlilegt að það komi inn í þessi lög, en ekki verði gerð um það sérstök lög eða reglur. Ég held að það sé heppilegra að hafa þetta á einum stað, og ég get ekki séð að það gangi neitt gegn tilgangi þessara laga sem hér er verið að leggja til að samþ. verði. Ég held að svo sé ekki í raun og veru, enda finnst mér að efnisatriðin hljóti að ráða meiru en formlega hliðin á málinu, því það má lengi um hana deila.

Um það, að hér sé um það að ræða að létta af ýmsum útgáfum, en íþyngja á öðrum, þá er þetta rétt að vissu marki. Það er augljóst að þau lög, sem hér er verið að samþ., verða til þess að létta almennt á útgefendum í landinu. Hins vegar helst sú kvöð, sem verið hefur um þessa ríkisstyrktu útgáfu. Hún helst, þannig að það er tæplega hægt að tala um að þarna sé um að ræða íþyngjandi ákvæði. En hitt er rétt, að sú kvöð, sem verið hefur, kemur til með að haldast.

Í raun og veru hef ég ekki miklu við þetta að bæta. Ég vildi aðeins geta þess, svo það komi fram hér í umr., hvaða útgáfur það voru einkum sem við höfðum í huga í sambandi við þær sem taldar eru njóta styrks af opinberu fé.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að till. frá menntmn. hefur farið fram hjá mér þar til nú, en ég sé að í henni, í 3. lið, sem er brtt. við 10. gr., er gert ráð fyrir að þeir útgefendur og stofnanir, félög og einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skuli afhenda tilteknum bókasöfnum auk Landsbókasafns eintök af því sem þeir gefa út. Þar eru tilgreind þrjú söfn þ. e. a. s. Stykkishólmur, Ísafjörður, Seyðisfjörður, auk þess sem áður var gert ráð fyrir að Amtsbókasafnið á Akureyri nyti sérstakrar aðstöðu eins og Landsbókasafnið.

Ég vil benda á það, að þarna er um að ræða bókasöfn á Vesturlandi, Vestfjörðum, Akureyri eða Norðurlandi, Seyðisfjörður er einnig tekinn í brtt., en Suðurland er þar algjörlega undanskilið. Nú liggur það fyrir, að í Vestmannaeyjum er mjög stórt bókasafn. Það er verið að enda við að byggja yfir það mjög veglega byggingu, og ég hygg að það sé eitt elsta bókasafn á landinu sem starfað hefur samfellt síðan 1862, að það var stofnað. Hefur aldrei fallið niður starfsemi þess síðan. Ég held því að það hljóti að vera eðlilegt að Suðurland fái þarna inn eitt eintak einnig eins og hinir landsfjórðungarnir. Hygg ég að þar sé um stærsta bókasafnið á Suðurlandi að ræða, og ég mun við 3. umr. flytja um þetta brtt. Ég hefði talið eðlilegt að þetta safn væri ekki í lakari aðstöðu heldur en áður tilgreind bókasöfn. Þó ég sé ekki kunnugur sögu bókasafna þori ég að fullyrða að bókasafnið í Eyjum sé eitt elsta bókasafn eða eitt af elstu bókasöfnum á landinu og hefur starfað óslitið núna yfir 100 ár.

Ég mun athuga að flytja brtt. við 3. umr. um þetta atriði.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Virðulegi forseti. Út af ræðu síðasta ræðumanns vil ég aðeins skýra örlítið ástæðuna fyrir því, hvernig á því stendur að þessi þrjú bókasöfn eru upp talin, en við höfum sleppt ýmsum öðrum. Ástæðan er sú, að þessi þrjú söfn hafa notið svokallaðra skylduskila allt frá 70 upp í 90 ár, og þess vegna töldum við eðlilegt að það yrði reynt að koma til móts við þarfir þeirra frekar en annarra safna, vegna þess að þarna er um að ræða svo róttæka breytingu yfirleitt á þessum málum. En ég vil taka það fram, að bókasafnið í Vestmannaeyjum, sem ég efa ekki að sé alls maklegt í þessu efni, hefur aldrei notið þessara skylduskila, og það er af þessum ástæðum sem við nefnum það ekki á nafn og önnur söfn sem

eins stendur á um. Það eru án efa til önnur söfn sem eru kannske jafngömul og safnið í Vestmannaeyjum, en hafa aldrei notið þessara skylduskila. Það voru fyrst og fremst amtsbókasöfnin sem þessa nutu frá upphafi og svo bókasafn Ísafjarðar frá því í kringum 1909, en bókasafnið í Vestmannaeyjum hefur sem sagt aldrei notið þessa réttar. Í sjálfu sér held ég að ég persónulega gæti ekkert haft á móti því að það kæmi þarna undir, en ég vil hins vegar skýra ástæðuna fyrir því að þetta var svona.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 449,1 samþ. með 21:6 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 449,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 502 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 449,3 (ný 10. gr.), svo breytt, samþ. með 19:5 atkv.
11.—12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv

Neðri deild, 70. fundur.

Föstudaginn 22. apríl, að loknum 69. fundi.

Siglingalög, frv. (þskj. 308). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frv. (þskj. 114). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv og afgr. til Ed.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 15, 392, 463). — Frh. 3. umr.

Till. um að vísa málinu til sjútvn. felld með 13:8 atkv.

Lúðvík Jósepsson: Hv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en vil gera hér nokkuð frekari grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Þegar þetta mál var hér til 2. umr. kom í ljós, að hv. sjútvn. lagði fram allmargar brtt. við upphaflega frv. sem fól í sér allverulegar breyt. á gildandi lögum um fiskveiðar í landhelgi, en upphaflega frv., eins og kunnugt er, var staðfesting á brbl. og ég hygg að allir hafi verið fullkomlega samþykkir þeim brbl., svo það voru ekki deilur um þau. Ég vakti þá athygli á því, að þær brtt., sem þá komu fram frá sjútvn. d., voru gagnger breyt. á frv., og því þótti mér ástæða til þess að óska eftir því að sjútvn., þó að hún flytti þessar till. skv. beiðni sjútvrh., sem ég taldi sjálfsagt, léti koma fram afstöðu sína til þessara breyt., vegna þess að hér var um slíkt mál að ræða. Það hefur nú gerst á vegum n., að afstaða hennar hefur komið í ljós að mínum dómi, þó að menn séu ekki á eitt sáttir um hvernig að þessu öllu hefur verið staðið. Hefur komið í ljós að það eru mjög skiptar skoðanir í sjútvn. um þessar breytingar.

Ég tel fyrir mitt leyti miður að það skuli þurfa að standa að breyt. á þessum lögum varðandi fiskveiðar í landhelginni á þennan hátt sem hér er gert. Ég tel það mjög miður. Við höfum allan tímann síðan tókst að ná nokkrum tökum á þessum málum yfirleitt náð nokkuð víðtæku samkomulagi á Alþ. um þessar veiðiheimildir, oft eftir talsvert stapp eins og gengur, og þannig hefur í öllum tilfellum, sem ég man eftir, verið haft víðtækt samstarf við þm. frá viðkomandi landshlutum um þær breyt. sem sérstaklega snerta hagsmuni þess svæðis.

Nú er hins vegar sá háttur hafður á, að Landssamband ísl. útvegsmanna tilkynnir að það hafi á sínum vegum náð samkomulagi um tilteknar breytingar og leggi áherslu á að allar þær breytingar nái fram að ganga, þær verði ekki slitnar í sundur. En þar er um að ræða allt annan samkomulagsgrundvöll en við höfum miðað við hingað til. Það hefur ekki hingað til verið farið eftir þeim till. sem hafa komið sérstaklega frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, síður en svo, því hér koma auðvitað miklu fleiri aðilar til.

Ég benti á það við þessa umr. áður, að t. d. 1. brtt. á þskj. 392, sem fjallar um breyttar veiðiheimildir, snertir mjög veiðisvæðið við Suðausturland. Þar er verið að gera ráð fyrir auknum veiðiheimildum sem verulega munar um á því svæði, fyrir austan Ingólfshöfða eða þar um bil, þar sem er verið að veita hinum stærri togbátum verulega auknar veiðiheimildir. Ég fyrir mitt leyti er andvígur þessari breytingu. Ég tel ekki kominn tíma til þess að samþ. þessa breytingu, og ég get sagt að við höfum fjallað um þetta, þm. Austurl., og við erum allir sammála um að leggjast gegn þessari breytingu og munum óska eftir því, að hún verði borin upp sérstaklega. Og það er þá í rauninni í fyrsta skipti varðandi skipan þessara mála ef samþ. er aukin veiðiheimild svo að verulega munar um á hagsmunasvæði gegn vilja allra þm. viðkomandi svæðis.

Ég verð líka að segja um aðrar till. þarna, að ég er ekki mjög hrifinn af þeim. Þær eru þó ekki veigamiklar. Í þeirri till., sem talin er hvað veigamest í þesum efnum, er aftur um það að ræða að draga nokkuð úr veiðiheimildum út af Breiðafirði á stærstu togurum. Ég sagði um þessa

till., að ég tel hana ekki veigamikla — alls ekki — vegna þess að það er augljóst mál að þessi breyting leiðir af sér tilsvarandi sóknarauknингu á öðrum stöðum sem síður en svo er betur ástatt um. En ekki mun ég standa gegn því að þessi till. verði samþ., en tel að það sé svo skammt liðið síðan þessar reglur voru settar að þetta hefði gjarnan mátt bíða. Ég tel hins vegar sjálfsagt að samþ. þær reglur sem settar eru í 6. brtt. á þskj. 392, þar sem er um ákveðin stjórnunaratriði að ræða.

Því vil ég aðeins bæta því við það, sem ég hef sagt áður um þetta mál, að hér er komin fram ein ný till. frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni um að banna um eins árs tímabil veiðar með flotvörpu. Ég vil líka láta það koma skýrt fram, að miðað við núverandi aðstæður er ég samþykkur þessari till., en sú afstaða mín má ekki á neinn hátt skiljast þannig að ég sé á móti þessu veiðarfæri. Ég mun fyrir mitt leyti, ef ég hef aðstöðu til, samþ. það að heimila notkun þessa veiðarfæris við eðlilegar kringumstæður, en ég tel að þær reglur, sem eru í gildi nú varðandi þetta veiðarfæri, séu alveg fráleitar. Nú eru reglurnar þær, að það er heimilt að nota þetta veiðarfæri á fiskimiðum u. þ. b. við hálft landið, þ. e. úti fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi, en það er óheimilt að nota þetta veiðarfæri á hinum miðunum, fyrir Suður- og Suðvesturlandi, einmitt á því svæðinu þar sem menn hafa almennt talið að væri stóri fiskurinn. Ég tel að þessi regla sé svo óréttlát og óeðlileg á allan hátt að það nái engri átt að hafa þetta svona. Þarna er um eitt allra stórtækasta veiðarfæri að ræða sem við þekkjum þegar svo stendur á að þetta veiðarfæri getur yfirleitt dugað nokkurn skapaðan hlut. Það er misskilningur, sem hér hefur verið sagt, að vestfirðingar séu einhverjir sérstakir upphafsmenn að þessu veiðarfæri. Það var búið að nota það hér á miðunum fyrir Suðurlandi og sérstaklega á Selvogsbanka í mörg ár áður en þekktist að nota það fyrir vestan. Hins vegar hafa vestfirðingar sem dugnaðarmenn í fiskveiðum tileinkað sér það og nota það með allmiklum árangri nú eins og margir fleiri.

Þegar við stöndum frammi fyrir því að við erum að gera margvíslegar ráðstafanir, sem eru vissulega umdeilanlegar, til takmörkunar á sókninni í þorskinn, af því að menn eru almennt hræddir við það ástand sem þar er komið upp, því að margar þær reglur, sem settar hafa verið, bæði af mér og öðrum, eru vissulega umdeilanlegar, hvað miklu þær valda til takmörkunar, þá segi ég það, að eitt það sjálfsagðasta, sem ég teldi miðað við núverandi kringumstæður, væri að fresta notkun á þessu stórtæka veiðarfæri sem gleypir í sig mjög auðveldlega jafnt stóran sem smáan fisk. Það fer heldur ekkert á milli mála, það þekkjum við fjöldamargir sem hér erum og höfum komið nærri þessum málum, að það á jafnt við um flottrollið og ekki síður flottrollið en annað troll, að þegar um mjög stórtæka veiði er að ræða í hverjum drætti, þá einmitt kemur sá afli um borð sem vinnst illa og fer illa og sýnir miklu lakari nýtingu í fiskvinnslunni en önnur veiði.

Ég tel að miðað við núverandi kringumstæður eigum við ekki að standa að því að aðilar séu að efna til mikils kostnaðar við að taka upp veiðarfæri sem er þessa eðlis. Ég er á móti því. Ég tel því rétt að neita sér um að nota þetta veiðarfæri í þorskinn nú um eins árs skeið og láta bannið gilda um allt land, en ég tel alveg fráleitt að heimila notkun á veiðarfærinu fyrir helmingi landsins, en útiloka það fyrir hinum helmingnum. Það tel ég alveg fráleitt. Af því styð ég þessa tillögu.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég ætlaði ekki að lengja þessar umr. Afstaða mín til málsins er þessi: Ég er samþykkur upphaflega frv., þ. e. a. s. staðfestingu á brbl., fullkomlega. Ég er sérstaklega á móti þeirri till. sem opnar fyrir meiri veiðiheimildir fyrir Suðausturlandi, og það erum við allir þm. Austurl. og munum greiða atkv. gegn þeirri till. Ég styð till. um að heimila ekki flotvörpuna nú um eins árs skeið út frá þessum kringumstæðum, en annars er ég hrifinn af veiðarfærinu og mun styðja það, eins og ég hef sagt, að það verði tekið upp á réttum tíma.

ATKVGR.

Brtt. 392,1 samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EKJ, GS, GuðlG, GHG, GF, IngJ, IG, JónasÁ, MB, MÁM, PP, PJ, PS, SighB, SigurlB, SV, RH.

nei: GilsG, LJós, SvH, TÁ, VH, ÞÞ, BGr, EðS.

FÞ, KP, LárJ, MÓ, SvJ greiddu ekki atkv.
10 þm. (GTh, GÞG, HES, JóhH, JSk, SM, ÓE, ÓlJ, ÞS, EBS) fjarstaddir.

Brtt. 392,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 392,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 392,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 392,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 392,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 463 felld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SvJ, EðS, GS, GilsG, GuðlG, IngJ, LJós, MÓ.
nei: SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, BGr, EKJ, FÞ, GHG, GF, IG, KP, LárJ, MB, MÁM, PJ, PS, SighB, RH.

PP, ÞÞ, JónasÁ greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÞS, EBS, GTh, GÞG, HES, JóhH, JSk, SM, ÓE, ÓlJ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 374, n. 468). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. og var alger samstaða um afgreiðslu þess.

Um síðustu áramót rann út sá frestur sem landbrh. hefur heimild til þess að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum, en fram að þeim tíma hafði hann leyfi til þess að leyfa slátrun ef dýralæknir mælti með því til eins árs í senn. Nú munu vera allt að 30 sláturhús í landinu sem

hafa ekki fengið löggildingu. Mörg af þessum sláturhúsum eru þó þannig, að þau eru lítið eða ekkert lakari en þau hús sem hafa fengið löggildingu. Hins vegar er vinnuaðstaðan ekki í því formi að löggilding hafi farið fram. Er talið nauðsynlegt, að ráðh. hafi leyfi til þess að halda því áfram að leyfa slátrun í þessum húsum, og lagt til að þessi undanþága verði til ársloka 1979.

Á þskj. 468 er nál. landbn. þar sem n. leggur til að frv. verði samþ. Hv. þm. Benedikt Gröndal var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Það er rétt hermt hjá frsm. og form. n., að ég var fjarverandi þann morgun sem n. fjallaði um þetta frv., en vissi hvaða mál var til umr., enda þekkjum við það vel frá undanförnum árum. Mér gafst kostur á því að vera með á nál. sem mælir með frv., en ég kaus að gera það ekki. Það stafar af því, að ég er, eins og ég hef verið undanfarin ár, mjög óánægður með að það skuli vera 30 sláturhús, sem framleiða matvæli fyrir þjóðina, sem ekki ná löggildingu og við vitum að dýralæknar landsins telja að séu meira eða minna óhæf til matvælaframleiðslu. Á þeim tímum þegar hollusta öll, bæði hvað matvæli snertir og vinnustaðina, er jafnofarlega á dagskrá og nú er, þá ætti að leggja á það mjög ríka áherslu að breyta þessu ástandi. Ég veit að flestir, sem um þetta fjalla, eru auðvitað sammála þessu. Á hinn bóginn er mér ljóst að það er efnahagslega erfitt að gera þetta allt saman og er ekki raunhæft að hugsa sér að neita um þessar undanþágur. Það hafa verið reist sláturhús nú á undanförnum árum sem eru mjög góð, en þau eru nú víst aðallega notuð til að framleiða útflutningskjötið, svo að við heimamenn búum að hinu. Ég vil aðeins undirstrika alvöru þessa máls, sem ég veit að forráðamönnum landbúnaðarins er vel ljós, með því að taka ekki þátt í afgreiðslu þess. En ég gef ekki út sérstakt nál., vegna þess að mér er ljóst að það er óraunhæft að neita um þessar undanþágur eins og sakir standa.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram út af því, sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði hér áðan, að ég held að ég fari alveg rétt með það, að fyrir örfáum árum hafi sláturhúsin í landinu verið 118, en nú munu vera um 60 hús u. þ. b. sem er slátrað í, og það er í sjálfu sér mesti misskilningur hjá hv. þm. að þessi sláturhús séu þannig úr garði gerð að það sé ekki hægt að gæta þar fyllsta hreinlætis. Ég held það hafi verið fyrir 2—3 árum sem dýralæknir frá Bandaríkjunum var hér á ferðalagi til þess að skoða þessi hús. Hann kom inn í nokkur af þeim húsum sem hafa ekki fengið löggildingu, og hann taldi að flest sláturhús í Bandaríkjunum, þrátt fyrir þær kröfur sem þeir gera til sláturhúsa hér, væru í lélegra ástandi en þau hús mörg sem hafa ekki fengið löggildingu hér. Þetta vil ég að komi fram. Og eins og ég sagði áðan, þá eru mörg af þessum húsum í alveg eins góðu ástandi og þau hús sem hafa fengið löggildingu. Hins vegar hafa dýralæknar talið að það þyrfti að breyta vinnslunni, þ. e. a. s. að það sé erfitt fyrir þá t. d. að fylgjast með hverjir athuga innyfli í hverri skepnu, það sé ekki keðjufyrirkomulag, og þess vegna hafa þeir ekki viljað mæla með löggildingu á sumum af þessum húsum.

Nú eru, eins og ég veit að hv. þm. Benedikt Gröndal veit eins vel og ég, ýmsir staðhættir hér þannig, að á meðan við höfum ekki fjármagn og möguleika til að koma þessum sláturhúsum alls staðar í lag, þá er engin leið önnur en að leyfa slátrun í þessum húsum. Eins og hann réttilega undirstrikaði, þá er ekki hægt annað en að verða við þessari beiðni enn um sinn. Hins vegar tek ég undir það með hv. þm., að gera þarf nýtt átak til þess að koma öllum þessum sláturhúsum í það horf að þau fái löggildingu, þannig að við búum ekki við þetta leyfi ár frá ári og menn í óvissu um hvort þeir fái að slátra í þessum húsum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Tónmenntarfræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 403). — Frh. einnar umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég hafði látið í ljós ósk um að fá að segja nokkur orð við þessa umr. og vil þakka forseta fyrir að hafa stuðlað að því, að það gæti orðið. Ég var víst ekki á landinu þegar fyrst var tekið til að ræða þetta mál. Ég hefði nú kannske haft áhuga á að fjalla nokkru ítarlegar um það en nú er í raun og veru tími til, en skal reyna að stikla á stóru og víkja að örfáum atriðum aðeins.

Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að þakka áhuga hv. flm. þessarar till. og svo þeirra sem hér töluðu í málinu og létu í ljós áhuga á því. Ég heyrði ekki ræðurnar, eins og ég sagði áðan, en ég hef lesið þær.

Ég vil leggja fyrir mitt leyti áherslu á mikilvægi tónlistarfræðslunnar og það af mörgum ástæðum. Er fátt ljósara en það, hversu tónmenntin byggir upp félagslíf og menningarlíf í byggðarlögunum þar sem hún kemst á. Maður sér það alltaf, hvert sinn þegar maður kemur t. d. í fámenn byggðarlög þar sem búið er að brjótast í því að koma upp nokkurri tónlistarfræðslu. Og uppeldislegt gildi tónlistarinnar almennt er þó kannske enn þá stórkostlegra heldur en hið svæðisbundna — uppeldisgildi hennar fyrir einstaklinginn og þjóðina í heild — tónlistarfræðsla — tónlistariðkun — ég held að hún sé eitt af því sem hefur hvað mest jákvæð og uppbyggjandi áhrif á það að menn nýti vel tómstundirnar.

Það kom fram hér í umr. og ég árétta það, að með nefndarskipuninni 1971 komst verulegur fjörkippur í þessi mál, m. a. hjá stjórnvöldum, í menntmrn. skulum við segja. Þessi n. hafði nokkuð viðtækt verkefni, vann það ítarlega, og síðan var hafist handa um framkvæmd þeirra till. sem n. lagði fram. Í þessu nál. er mörkuð stefna um ýmsar breytingar og lagfæringar í sambandi við tónlistarkennsluna. Þar eru sérstakir kaflar, sem

fjalla um ýmis efni, eins og þann tíma sem varið er til kennslu í tónmennt, um námsmarkmið, námsefni, tengsl tónmenntar við nám í öðrum greinum — það er mjög þýðingarmikið atriði — kennslu og námsaðferðir, vinnuaðstöðu, kennslutækni o. s. frv., o. s. frv. Þetta var allt tekið til mjög rækilegrar skoðunar í n. og síðan hefur verið unnið að framkvæmd þessara þátta í meginatriðum eins og n. lagði til. Það er allt of langt mál hér að fara að rekja þetta í einstökum atriðum, en ég legg áherslu á að í framhaldi af vinnu þessarar n. hefur mjög mikið starf verið unnið á þessu sviði á vegum menntmrn.

Ég ætti kannske aðeins að rifja upp aðgerðir sem eru einmitt í beinum tengslum við þennan þátt sem till. fjallar sérstaklega um og hv. 1. flm. lagði sérstaka áherslu á, þann þáttinn sem snýr að þeim svæðum þar sem erfiðast er að koma við tónlistarkennslu. Ég vil geta þess, að rn. hefur þegar aflað upplýsinga um það hvar tónmenntarkennsla fer fram og hvar ekki. Í flestum þeirra skóla, þar sem tónmenntarfræðsla er engin, eru kennslustundir það fáar að verkefni eru ekki nægileg fyrir kennara. Í námsskránni er aðeins gert ráð fyrir einni stund á viku til tónmenntarfræðslu í hverjum bekk. Ég veit að mörgum þykir þetta lítið, en það eru sífelldir erfiðleikar á því að koma fyrir á stundaskránni nægilegu kennslumagni. Menn hika við að fella niður það sem fyrir er, þó mönnum sé ljós þörfin á því að taka upp nýtt. Sá vandi er því fyrir hendi, að t. d. í 1000 manna bæ, eins og t. d. á Vatneyri við Patreksfjörð, eru aðeins áætlaðar 8 kennslustundir á viku í tónmennt við grunnskólann þar. Og þær nægja ekki til þess að ráða kennara til starfsins. Það er rétt að leggja áherslu á það, því það sýnir að menn leggja sig einatt í líma að sinna þessum málum, að tveir eða þrír skólar sameiginlega ráða kennara til starfa og eins er um ráðningu kennara að hluta við tónlistarskólana og að hluta við opinberu skólana. Þetta á sér líka stað í nokkuð mörgum tilvikum, eins og líka kemur fram í grg. hv. flm. með till.

Það eru mörg verkefni sem vissulega liggja fyrir og fyrirhugað er að sinna í rn. Það getur orðið nokkuð tímafrekt t. d. annars vegar að koma á svæðaskipulagi, þannig að það sé hægt að gera sér grein fyrir þörf skólanna sem næstir eru hver öðrum og athuga þar um sameiginlega ráðningu er um gæti verið að ræða og eins að kanna betur en orðið er aðstöðu tónlistarskólanna til þess að sinna enn betur umhverfi sínu heldur en þeir hafa gert. Sums staðar hefur það tekist með miklum glæsibrag, eins og t. d. í Árnessýslu. Annars staðar hafa skólarnir eins og meira starfað fyrir þau sérstöku svæði þar sem þeir eru reknir. Þá er hitt, að kanna hvort fáanlegir eru kennarar til að fullnægja kennsluþörfinni. Kennaraskortur er ákaflega mikill og það er engin von til þess að tónmenntarkennsla nái til allra grunnskóla á meðan svo er ástatt. Það segir í þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá þeim mönnum í rn. sem um þetta fjalla sérstaklega, að núna vanti um 10 kennara við starfandi tónlistarskóla á komandi hausti. Og svo eru 3 nýir tónlistarskólar: í Ísafjarðarsýslu, á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, stendur í þessum upplýsingum, sem ekki hafa fengið neina kennslu af þessum sökum. Og þannig er það einnig, að sums staðar við opinberu skólana hefur reynst erfitt og stundum alveg óframkvæmanlegt að ráða tónmenntarkennara. Dapurlegt dæmi um það er skólahverfið á Laugarvatni sem árum saman hefur enga tónmenntarkennslu haft. Sumpart er það af húsnæðisskorti fyrir kennarana, en sumpart vegna þess að það hefur verið ógerningur að fá færa kennara. Þetta tókst í vetur, þó ekki fyrr en búið var að leita allt fram til jóla, en þá tókst að leysa bæði húsnæðismál og að fá færan kennara til starfa á þessum stað þar sem söngllf stóð með miklum blóma árum saman á fyrstu áratugum héraðsskólans.

Það hefur töluvert verið gert að því að ráða til starfa erlenda kennara. Þeir hafa yfirleitt reynst mjög vel, og það er vissulega hugað að því, hvort ekki er hægt, á meðan svona stendur hér innanlands, að fá fleiri kennara erlendis frá. Það er í skoðun — og þá auðvitað fyrst og fremst frá nálægum löndum, annaðhvort enskumælandi eða frá Norðurlöndunum.

Eins og kunnugt er, þá er það aðeins einn skóli hérlendis, Tónlistarskólinn í Reykjavík, sem hefur rétt til þess að brautskrá tónmenntarkennara fyrir grunnskólastigið.

Þannig er það, að í þessu sérstaka máli erum við að glíma við mjög mikla erfiðleika á ýmsum sviðum, kennaraskortinn, sem ég síðast vék að, og auðvitað líka fjárskortinn til að framkvæma tónmenntarkennsluna, og svo þessar sérstöku aðstæður, þetta gífurlega strjálbýli og þá mörgu lítlu skóla sem við höfum í landi okkar, en um málefni þeirra fjallar þessi till. alveg sérstaklega.

Það er hins vegar ekki um það að villast, að till. á borð við þessa, á borð við áður fluttar till. hér, þær eiga í sjálfu sér mikinn hljómgrunn, ekki einasta á Alþ., heldur einnig í stjórnunarstofnunum, eins og í rn. menntamála, og svo meðal almennings. Hér þarf auðvitað að vinna á mjög mörgum sviðum. Ég hef áður rétt drepið á þá vinnu sem unnin er beint í framhaldi af nál. sem hér hefur borið á góma, bæði við námskrárgerð, sem komin er töluvert langt á leið, því það er farið að tilraunakenna eftir þessari nýju námsskrá og hefur verið gert í nokkur ár, og t. d. einnig í sambandi við kennaramenntunina. Það er þýðingarmikið atriði að örva sókn að tónlistarkennaranámi. Það hefur verið reynt t. d. með því að gera það lánshæft. Síðan kemur til ráðning kennara, e. t. v. erlendis frá, skipulagning hverfa og fleira sem ég minntist á áðan.

Það er vissulega ánægjulegt að vita til þess, að sá aukni stuðningur, sem frjálsu tónlistarskólarnir fengu með nýrri löggjöf, hefur orðið til þess að örva starfsemi þeirra, gera þeim mögulegt að halda áfram og efla sína starfsemi, þeim sem voru í þann veginn að gefast upp áður. Og sem sagt, starfsemi frjálsu skólanna er það mikil að það tekst ekki að útvega þeim öllum kennara. Það eru a. m. k. þrír skólar sem hafa ekki komist af stað hreinlega vegna þess að það hafa ekki fengist kennarar.

Ég held að á meðan við treystum okkur ekki til að leggja meiri fjármuni í tónlistarþættina, meðan við höfum ekki meira úrval af kennurum o. s. frv., o. s. frv., þá sé það gífurlega mikið atriði að nýta svo sem mögulegt er starf áhuga-

fólksins á þessum sviðum í frjálsu tónlistarskólunum sem nú eru studdir af opinberu fé á þann hátt sem vitað er.

En þrátt fyrir þetta, sem menn hafa verið að sýsla í þessum málum við mikinn almennan skilning, þá engu að síður ber auðvitað að taka jákvætt á öllum ábendingum og till. sem fram koma á þessu sviði. Þegar talað var fyrir þessu máli fyrst, lagði flm. auðvitað megináherslu á þau atriði, sem í till. eru og ég ætla ekki að fara að rekja. En ég tel þau mjög skoðunarverð. Síðan kom fram í ræðu annars hv. þm., Jónasar Árnasonar, áhersla á almennan frjálsan söng. Þetta finnst mér allt af því góða, allt mjög jákvætt.

Ég vil sem sagt ekki fara lengra út í þetta, þó ég hefði gjarnan kosið það ef umr. hefðu borið að á þeim tíma þegar rýmra er um. En ég vil sem sagt ljúka þessu innleggi mínu með því að þakka áhuga flm. og annarra sem talað hafa um þetta mál hér á hv. Alþ. á jákvæðan hátt. En auðvitað þýðir ekki annað en að minna á það jafnframt, að það er ekki einhlítt að Alþingi samþ. till., þó að það sé gott og raunar fyrsta skrefið, heldur verður vitanlega líka að koma til aukið fjármagn.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að lengja þessar umr. Ég vildi aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir áhuga hans hljómgrunn hjá honum og vænti þess vegna atbeina hans til að koma þessari till. í framkvæmd. Hann talaði um að söngur og tónlist ætti almennan hljómgrunn hjá þjóðinni. Mig tók það dálítið sárt að sjá þó, að þegar talið barst frá fiski og slátri hér í þingsölum og að þessari till. um söng- og tónlistarfræðslu og iðkan á þeirri list, þá tæmdist salurinn heldur dapurlega.

En það, sem líka gefur mér tilefni til að standa hér upp voru umr. um þetta þegar ég flutti mína framsöguræðu, þá voru fluttar ræður, m. a. af hv. 5. þm. Vesturl., Jónasi Árnasyni, sem hélt ágæta ræðu sem ég gat tekið undir í flestum atriðum.

Ég hygg að við séum öll sammála um það, að söngur og góð tónlist er sálubætandi og unglingum og börnum fátt hollara heldur en að fá að njóta þess. En mér fannst í máli hans og raunar einnig samflm. míns eins, hv. 4. þm. Vesturl., kenna nokkurs misskilnings, því að þeir töldu báðir og þó sérstaklega hv. 5. þm. Vesturl., að hér væri verið að endurflytja till. sem flutt hefði verið og samþ. á Alþ. 1974. Ég hygg að ef þeir athuguðu nú betur báðar till., þá sæju þeir, að þetta er eiginlega víðs fjarri. Þál. frá 1974 fjallaði um að skora á ríkisstj. að taka til gagngerrar endurskoðunar allt tónlistarnám í landinu. Hún fól það einnig í sér, að stefnt skyldi að því að færa undirstöðukennslu í hljóðfæraleik inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu. 1. liður þessarar till., um gagngera endurskoðun á öllu tónlistarnámi í landinu, hefur í rauninni verið framkvæmdur. Menntmrn. hefur gengið í það, eins og hæstv. ráðh. lýsti, sérstaklega skipuð n. hefur fjallað um þessi mál, það er búið að gefa út allitarlega og vandaða námsskrá og þar fram eftir götunum.

Það, sem ég legg megináherslu á og við flm. þessarar till., sem hér liggur fyrir, er þetta, að það er ekki nóg að skipuleggja á blaði og gefa út námsskrár sem hægt er að framkvæma á vissum stöðum á landinu, en á öðrum alls ekki, og það er megintilgangur þessarar till. að sjá svo til, að á þeim svæðum á landinu, þar sem erfitt er að koma við slíkri fræðslu, verði leitað annarra úrræða heldur en almennt gerist við framkvæmd tónmenntarfræðslunnar. Ég treysti því, að það verði reynt, eins og raunar hefur verið framkvæmt sums staðar nú þegar, eins og bent var á við framsögu málsins, í Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu. Ég veit að þetta er nokkrum vanda háð og kostar skipulagningu kannske fyrst og fremst. En af því að hæstv. ráðh. talaði um að kannske væri vafasamt að við treystum okkur til að leggja fram meiri fjármuni í þessum efnum, þá vil ég enn benda á þá staðreynd, að þeir skólar, sem enga slíka fræðslu fá og hafa ekki fengið lengi, eiga í rauninni inni hjá ríkinu það fé sem á að renna til tónmenntarfræðslunnar lögum samkvæmt.

Hv. 5. þm. Vesturl. taldi að þessi þáltill. væri eiginlega hálfgerð móðgun við hina, sem samþ. var 1974, sagði raunar í öðru orðinu, að það væri óþarfi að vísa henni til n., en í hinu, að hann væri svo sem ekkert á móti því, að hún færi til n., þannig að nokkurrar mótsagnar gegndi nú í málflutningi hans. Hann var hræddur um að með tónmennt væri ekki átt við söng, heldur bara fræðilega kennslu tónlistar. Í tónmennt felst að sjálfsögðu bæði söngur, söngfræði, hljóðfæraleikur og hvers konar greinar tónlistar, og þetta veit ég að honum er nú alveg ljóst.

En ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar. Ég vil ítreka það, að mér er mikið í mun og okkur öllum, sem að þessari till. stöndum, að hún fái afgreiðslu hér á þingi. Ég hafði gert till. um að henni yrði vísað til hv. menntmn., og ég vænti þess að þess verði freistað nú að fá atkvgr. um till., þannig að hægt yrði að vísa henni til n. á þessum fundi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það var einhvern tíma fyrr í þessari umr., að ég benti á það að árið 1974 var samþ. ályktun um tónlistarfræðslu eða tónmennt í skólum. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir minnti á þetta hér áðan, og mátti skilja á orðum hennar að ég hefði verið að metast fyrir hönd 1. flm. þeirrar till., Helga F. Seljans, við hana um þessi mál. Ég tek það fram að svo var ekki. Og Helgi F. Seljan, 1. flm. hinnar samþykktu till., þ. e. a. s. þál. frá 1974, kom hvergi nærri þessu. Ég vildi aðeins minna á þetta, taldi reyndar að það hlyti að auka áhersluna á framgang þessa ágæta máls sem við berum fyrir brjósti. Nú lýsi ég því yfir, að ég nenni ekki að halda neinu til streitu í þessu máli. Ég ítreka stuðning minn við þessa till. Aðalatriðið er að fara að koma henni í gegn svo að fólk geti farið að syngja.

Ég er feginn því að heyra undirtektir ráðh. varðandi nauðsyn þess að iðkaður sé eðlilegur og óþvingaður söngur í skólum. Eins og ég sagði um daginn, tel ég að allt of mikill hátíðleiki í tónmenntinni kunni að spilla eðlilegu viðhorfi til þessara mála eða þessarar listiðkunar sem söngur er að sjálfsögðu. Það er með sönginn eins og annað, að þeim mun sannari verður listin, því einlægari sem hún er, tilgerðarminni og óþvingaðri.

Goethe eða Schiller, ég man nú ekki hvor þeirra það var, setti saman tvær ljóðlínur um söng. Ég vil nú hafa yfir þessar ljóðlínur í áheyrn þeirra fáu þm. sem staddir eru hér í salnum, það er ekki eftir, sýnist mér, nema efni í svona einn og hálfan kvartett. Það er nú allur áhuginn á þessu máli. Það var einn ágætur maður, austfirðingur, sem þýddi þessar ljóðlínur, vil ég að þær verði kjörorð okkar:

„Hvar söngur hljómar, sestu glaður,
það syngur enginn vondur maður".

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil taka undir síðustu orð hv. 5. þm. Vesturl., og einnig vil ég þakka hæstv. ráðh. þær undirtektir sem hann hefur látið í ljós við þessa tillögu.

En hv. 1. flm., 9. landsk., lét að því liggja að ég hefði tekið undir ræðu hv. 5. þm. Vesturl. hér um daginn að þetta væri sama till. (Gripið fram í.) Ég vil ekki láta því mótmælt. Það er náttúrlega ekki á hverjum degi sem meðflm. lendir saman út af tillöguflutningi. En ég vil biðja hv. 1. flm. að lesa ræðu mína betur. Það voru almennar hugleiðingar um skyldleika þáltill. sem er náttúrlega óneitanlega mikill. (Gripið fram í.) Ég sagði, að e. t. v. mætti líta svo á, og tók þar undir orð Jónasar. En hins vegar kom okkur saman um það, að góð vísa væri aldrei of oft kveðin og hér væri, — án þess að vera að leggja mælistiku á það, hvort þetta væri sama till. eða ekki, — þá væri hér hreyft merkilegu máli. Og sem betur fer eru margir á sömu skoðun í þessu máli, — þó fátt sé í þingsalnum um þessar mundir, — en þessar athugasemdir minar vildi ég láta koma fram.

Og svo hitt í tilefni orða þeirra sem hér hafa verið látin falla, að ég vonast til þess að við þurfum ekki í sjálfu sér að flytja nein frv. eða samþ. neinar till. til þess að geta haldið áfram að syngja og halda áfram að syngja. Það verða mín síðustu orð hér að sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 79. fundur.

Föstudaginn 22. apríl, kl. 8.30 síðdegis.

Stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum, þáltill. (þskj. 383). — Ein umr. (útvarpsumr.)

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 15 mínútur í hvorri. Röð flokkanna verður þessi: Í fyrri umferð Alþb., Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl. og SF. Í síðari umferð Sjálfstfl., SF., Framsfl., Alþfl. og Alþb. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Alþb. í fyrri umferð Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., og Sigurður Magnússon, 3. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Gunnar Thoroddsen iðnrh. og í síðari umferð Þorv. Garðar Kristjánsson, 3 þm. Vestf. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm., og Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm., í síðari umferð. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e., og Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., í síðari umferð. Fyrir SF í fyrri umferð Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., og Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., í síðari umferð.

Hefst nú umr. Til máls tekur 1. flm. till., hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds. Hann talar af hálfu Alþb.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Góðir hlustendur. Allir þm. Alþb. eru flm. till. sem til umr. er hér í kvöld. Í samræmi við 55. gr. þingskapa hefur þingflokkur Alþb. farið fram á að útvarpað verði frá þessari umr. í þeim tilgangi að vekja á því athygli, að þær ákvarðanir, sem nú er verið að taka og teknar munu verða á næstu árum á sviði orku- og iðnaðarmála, eru meðal örlagaríkustu ákvarðana sem við Íslendingar höfum staðið frammi fyrir. Sérhver Íslendingur verður að vera undir það búinn að taka afstöðu til þess, hvaða stefnu beri að taka. Hann þarf að spyrja sjálfan sig að því, hvers konar þróun hann kýs á komandi árum. Vilja menn atvinnuþróun í landinu á næstu áratugum sem framar öðru einkennist af uppbyggingu erlendrar stóriðju víðs vegar um land? Er það skynsamlegt að selja útlendingum orku í stórum stíl fyrir miklu lægra verð en innlendum iðnaði er boðið og láta þá flytja arðinn af rekstri sínum út úr landinu? Er skynsamlegt að vanrækja arðbær innlend viðfangsefni vegna þess að tiltæku fjármagni og orku er beitt til að búa í haginn fyrir erlenda stóriðju? Þessum spurningum þurfa menn að svara hver fyrir sig. En umfram allt verða menn að gera sér ljóst, að stefna ráðandi afla er stefna erlendrar stóriðju, að vísu með misjöfnum áherslum og eftir mismunandi leiðum. Sem dæmi má nefna hugmyndir sem fram komu í áliti svokallaðrar iðnþróunarnefndar fyrir rúmu einu ári. Þar var gert ráð fyrir að eftir að fyrirhuguð járnblendiverksmiðja í Hvalfirði hefði verið byggð tæki við stækkun álbræðslunnar í Straumsvík með byggingu þriðja kerskálans, bygging járnblendiverksmiðju í Eyjafirði, ný járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, magnesíumbræðsla á Reykjanesi, álverksmiðja á Reyðarfirði og önnur álverksmiðja á sama stað nokkrum árum síðar. Samanlagt svara þessar hugmyndir iðnþróunarnefndar til fjárfestingar í stóriðju, sem yrði þrisvar sinnum fjárfrekari en nemur öllum íslenskum iðnaði sem nú er fyrir í landinu. Þó var þess sérstaklega getið í áliti n., að þessi áform væru hófleg og takmörkuð, miðað við aðrar fram komnar hugmyndir.

Eins og kunnugt er hafa ýmsir látið sig dreyma stærri drauma en þennan, og fræg eru ummæli Eyjólfs Konráðs Jónssonar í sjónvarpi fyrir nokkrum árum um 20 álverksmiðjur.

Stærsti draumurinn um erlenda stóriðju á Íslandi er hins vegar draumur Alusuisse, endurtekin tilboð hins volduga auðfélags sem á verksmiðjuna í Straumsvík og 120—130 önnur orku- og stóriðjuver víðs vegar um heim. Tilboð þessi, sem bera leyndarheitið Integral í fyrirsögn, eru í mörgum liðum og hafa tvívegis verið formlega fram sett með ítarlegri grg.

Fyrsta till. Alusuisse er að álverksmiðjan í Straumsvík verði verulega stækkuð með byggingu þriðja kerskálans. En aðaltill. er sú, að íslenska ríkið og Alusuisse myndi í samvinnu við aðra erlenda auðhringa risafyrirtækið Alconis sem íslenska ríkið ætti þó aðeins að litlum hluta. Alconis á í fyrsta lagi að byggja raforkuver á Íslandi sem jafnist að framleiðslugetu á við tíu Sigölduvirkjanir, í öðru lagi súrálverksmiðju á Reykjanesi, en súrál er hráefnið í álframleiðslu, í þriðja lagi nokkrar nýjar álverksmiðjur sem jafnist á við sjö verksmiðjur af þeirri stærð sem nú er í Straumsvík, en þar að auki á svo Alconis að eignast báxítnámur í þróunarlöndunum til framleiðslu á súráli.

Hver eru svo viðbrögð núv. stjórnar við þessum tröllslegu áformum? Þau eru uggvænlega óljós. Á það má benda, að fyrir rúmu ári ferðuðust erlendir sendimenn Alusuisse um svæði Austurlandsvirkjunar norðan Vatnajökuls í boði núv. iðnrh. og viðræðunefndar um orkufrekan iðnað til að rannsaka aðstæður og áætla kostnað við framhald virkjunarrannsókna.

Það er ekki aðeins staðreynd, að fyrstu þættir Integraláætlunarinnar virðast um það bil að komast í framkvæmd með stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík, eins og nánar verður vikið að síðar, heldur hefur einnig verið látið undan kröfu Alusuisse um aðstöðu til úttektar og rannsóknar á stærstu virkjunarkostum landsins. Það er í þessu sambandi að Sverrir Hermannsson, þm. Sjálfstfl. á Austurlandi, segir í grein í Morgunblaðinu 12. nóv. s. l.: „Svisslendingar hafa boðið okkur fé og mannafla til rannsóknar á Fljótsdalsheiði án skuldbindinga.“ Og Sverrir spyr með þó nokkrum þjósti: „Hvers vegna er boði svisslendinga ekki tekið? Hverjir standa þar í vegi?“ Og hann bætir við, orðrétt eftir honum haft: „Það skal fullyrt hér, að ekki skortir áhugann í þessu efni hjá æðstu stjórn orkumála.“ Þá vita menn það.

Reynslan, sem fengin er af álverksmiðjunni í Straumsvík, ætti þó sannarlega að vera mönnum *víti til varnaðar*. Nú eru senn liðin sex ár síðan eiganda álbræðslunnar var fyrirskipað að setja upp hreinsitæki. Hið erlenda auðfélag var illu heilli undanþegið úrskurðarvaldi íslenskra dómstóla og m. a. þess vegna hefur verksmiðjan komist upp með að lofa öllu fögru um mengunarvarnir og svíkja það jafnóðum. Þess vegna spúir verksmiðjan um 2600 tonnum af hættulegum úrgangsefnum út í andrúmsloftið og yfir næsta nágrenni sitt á ári hverju.

Það er einmitt reynsla margra þjóða, að hin tröllvöxnu erlendu auðfélög tregðast við eins og þeim er framast unnt að sporna gegn háskalegri mengun, því að fullnægjandi varnaraðgerðir eru mjög kostnaðarsamar og skerða verulega arðinn af rekstrinum.

Að sjálfsögðu neitar því enginn, að miklum stóriðjuáformum fylgja talsverð umsvif og atvinna við byggingu iðjuvera og orkumannvirkja meðan framkvæmdir standa sem hæst. En á móti kemur hitt, að miklu minna fjármagn fæst þá til annarra framkvæmda. Margar virkjanir af stærstu gerð í þágu erlendrar stóriðju verða frekar á fjármagn ofan á þá miklu skuldabyrði sem þegar hvílir á landsmönnum. Stefna erlendrar stóriðju mun því óhjákvæmilega hafa það í för með sér, að aðrir atvinnuvegir í landinu verða vanræktir og uppbygging þeirra mun sitja á hakanum.

Erlend auðfélög á Íslandi minna á gaukinn sem leggur egg sín eitt og eitt í hreiður smáfugla. Þegar unginn kemur úr egginu ryður hann fljótlega öðrum ungum út úr hreiðrinu og vex fósturforeldrunum yfir höfuð. Risavaxnar erlendar málmbræðslur eiga ekki heima í íslensku atvinnulífi. Þær falla alls ekki að æskilegri þróun byggðar í landinu. Þær borga lægra orkuverð en innlendum iðnaði er gert að greiða. Þær skila litlu í íslenskt efnahagslíf, en flytja arðinn af rekstrinum út úr landinu. Og síðast, en ekki síst, þær eru oftast hættulegar umhverfi sínu vegna mengunar og bregðast seint og illa við fyrirmælum íslenskra stjórnvalda.

Hvers vegna skyldum við þá kjósa að gera erlenda stóriðju að vaxtarbroddi atvinnuuppbyggingar í landinu? Hvers vegna ættum við að velja okkur það hlutskipti að þjóna undir útlenda herra í stað þess að standa á eigin fótum? Það er aðeins unnt að finna eina skýringu á slíkri stefnu, eina skiljanlega skýringu. Það er vanmetakenndin, vanmáttarkennd gagnvart þeim sem voldugri eru. Því aðeins hallast menn að stefnu erlendrar stóriðju að þeir séu sjálfir fullir vantrúar á hæfni og getu landsmanna til að byggja upp trausta atvinnuvegi.

Við höfum fengið óþyrmilega að kynnast þessari vantrú á getu þjóðarinnar til að standa á eigin fótum, eigin rétti. Veturinn 1971 var það till. Sjálfstfl. og Alþfl. að fresta útfærslu landhelginnar fram yfir Hafréttarráðstefnuna, sem enn situr þó að störfum. Einhliða útfærsla var þá nefnd siðleysi og ævintýramennska. Það var vilji þessara sömu flokka, að íslendingar beygðu sig fyrir úrskurði Alþjóðadómstólsins þótt þeir væru alls ekki skuldbundnir til þess. Ef farið hefði verið að ráðum þessara manna væri þorskstofninn nú vafalaust eyðilagður og ördeyða um öll mið. Það voru vinstri öflin undir forustu Alþb. sem fengu því ráðið, að tekin var upp djörf og einbeitt stefna í landhelgismálum og íslendingar vernduðu hagsmuni sína sjálfir þrátt fyrir ofríki nokkurra NATO-landa. En til þess þurfti trú á getu landsmanna til þess að standa á eigin fótum. Sama gildir um framtíð íslenskra atvinnuvega. Við þurfum ekki forsjá erlendra auðhringa. Við eigum annarra kosta völ. En til þess þarf aðra stefnu í orku- og atvinnumálum.

Á s. l. hausti gaf Alþb. út 200 bls. bók um orkumál. Þetta var fræðileg grg. um flestar hliðar orkumála, vandaðasta og ítarlegasta úttekt sem gerð hefur verið á íslenskum orkumálum, ásamt stefnumörkun flokksins á þessu sviði. Þessa dagana er verið að dreifa sérstöku aukablaði Þjóðviljans í hvert hús viðast hvar um landið. Í blaði þessu og fleiri blöðum, sem á eftir fylgja, er fjallað um uppbyggingu íslenskra atvinnuvega án erlendrar stóriðju og sýnt fram á með óyggjandi rökum að íslendingar eiga annarra kosta völ. Tækifæri til að stórauka framleiðslu þjóðarinnar af eigin rammleik á komandi árum eru nánast óþrjótandi og vanmáttarkendin gagnvart erlendri stóriðju er því með öllu tilefnislaus og forkastanleg.

Þáltill., sem hér er til umr., skilgreinir orkustefnu Alþb. í nokkrum meginatriðum. Við viljum að gerð verði iðnþróunaráætlun fyrir tímabilið fram til 1990. Við viljum að haldið verði áfram því verki, sem unnið var að í tíð vinstri stjórnarinnar, og áætlun gerð um uppbyggingu nýiðnaðar víðs vegar um land. Við erum alls ekki andvígir iðnfyrirtækjum sem nota verulega orku, en við setjum ákveðin skilyrði. Við viljum aðeins iðnað í höndum landsmanna sjálfra, og við viljum fyrirtæki sem eru fær um að greiða viðunandi verð fyrir orkuna. Við bendum á fjöldamörg eðlileg viðfangsefni sem uppfylla þessi skilyrði, um leið og við minnum á margvísleg ónotuð tækifæri til úrvinnslu íslenskra afurða af sjó og landi. Hvers vegna notum við ekki íslenskt basalt í innlendum byggingariðnaði? Hvers vegna eru allar heyköggla- og fiskimjölsverksmiðjur kyntar með olíu? Hvers vegna flytjum við inn erlent fóður fyrir 1.5 milljarð árlega þegar unnt er að framleiða betra fóður innanlands? Þannig mætti lengi telja. Og svarið er einfalt: Innlendur iðnaður er vanræktur. Hann býr við lélega lánafyrirgreiðslu og nýtur engra þeirra hlunninda sem erlendri stóriðju eru boðin. Ríkisvaldið sinnir ekki forustuskyldu sinni. Hugurinn er hjá erlendri stóriðju, hjartað líka.

Í samræmi við iðnþróunaráætlun fyrir tímabilið fram til 1990 verður að gera áætlun um orkunýtingu og byggingu orkuvera á næsta áratug. Raforkukerfið verður að tengja sem fyrst saman með stofnlínum til Vestfjarða og Austfjarða og miða síðan byggingu nýrra virkjana við raforkuþörf á landinu öllu. Allt þetta hefur núv. ríkisstj. meira eða minna vanrækt. Samtenging orkukerfisins hefur dregist úr hömlu og veldur það vaxandi vandræðum og kostnaði við keyrslu dísilvéla á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Gerð iðnþróunaráætlunar hefur verið stöðvuð og áætlun um orkuframkvæmdir er engin til. Bygging Hrauneyjafossvirkjunar hefur verið ákveðin, þótt ekkert liggi fyrir um hvað gert skuli við meginhluta orkunnar. Um það geta allir verið sammála, að þörf er á nýrri virkjun ekki síðar en 1982, þegar orka Sigöldu- og Kröfluvirkjunar er fullnýtt, og jafnvel er þörf á nýrri virkjun fyrr, ef eitthvað vantar þá á að Krafla skili fullum afköstum. Því skal ekki heldur haldið fram, að virkjanir eigi að vera fullnýttar strax eftir að þær hafa verið byggðar. Hins vegar er þarflaust og óhagkvæmt að langur tími líði þar til þær nýtast til fulls. Hrauneyjafossvirkjun er 210 mw. og langmestur hluti kostnaðarins fellur til í upphafi byggingartímans. Þessi virkjun hentar því illa fyrir almennan markað einan, því að 12 ár mundu líða þar til orkumarkaður á Landsvirkjunarsvæðinu gæti nýtt svo mikla orku og fyrir landið allt dygði hún í 7 ár til að fullnægja almennri aukningu orkuþarfar, og er þó öllum ljóst að á þeim tíma hljóta að verða byggðar virkjanir í öðrum landshlutum.

Ef tryggt væri að samhliða tilkomu Hrauneyjafossvirkjunar hæfu rekstur nokkur íslensk iðnfyrirtæki sem notuðu verulegt magn af orku í samræmi við hugsanlega iðnþróunaráætlun yrði Hrauneyjafossvirkjun ekki jafnóhagkvæm og ella. En þar sem ekkert er nú unnið að gerð iðnþróunaráætlunar og engar líkur eru á að innlendur iðnaður nýti það mikla orkumagn, sem umfram verður með tilkomu Hrauneyjafossvirkjunar, er bersýnilegt að orka þessarar virkjunar á að verulegu leyti að seljast erlendri stóriðju fyrir lágt verð.

Við Alþb.-menn teljum miklu hyggilegra, meðan ekki hafa verið gerðar áætlanir um nýtingu innlendra orkugjafa og stofnun íslenskra iðnfyrirtækja, sem nota verulega orku, að doka við með Hrauneyjafossvirkjun, en undirbúa þess í stað nokkrar virkjanir af miðlungsstærð, 20—70 mw., m. a. á Austurlandi og Norðurlandi vestra. Miðlungsvirkjanir, t. d. 30 mw., henta raforkukerfinu einkar vel. Orkunotkun á landinu öllu vex um tæplega 30 mw. á ári og nokkrar virkjanir af þessari stærð, sem tækju við hver af annarri í þeirri röð sem best hentar raforkukerfi landsins, yrðu mjög hagkvæmar, því að þær væru hver um sig fullnýttar hálfu til einu ári eftir að þær væru reistar.

Það er óneitanlega varhugavert að velja öllum stærstu virkjunum landsins stað á virku eldfjallasvæði. Áður en við bætum nýrri virkjun við á þessu svæði, Hrauneyjafossvirkjun, þurfum við að byggja nokkrar miðlungsstórar virkjanir utan eldfjallasvæðisins til að dreifa áhættunni og auka öryggi raforkukerfisins.

Jökulsárvirkjun í Skagafirði og Bessastaðaárvirkjun eru báðar taldar meðal hagkvæmustu virkjunarvalkosta á landinu. Á báðum þessum stöðum er undirbúningur það vel á veg kominn, að unnt væri að hefja framkvæmdir á næsta ári, og báðar virkjanirnar gætu verið tilbúnar um líkt leyti eða jafnvel áður en fyrsta áfanga Hrauneyjafossvirkjunar á að vera lokið. Virkjunarmöguleika á Vestfjörðum þarf að rannsaka af fullum krafti og fá úr því skorið, hvort þar mætti fá hagkvæma miðlungsvirkjun sem fallið gæti inn í virkjanaröðina á fyrri hluta næsta áratugs. Og það sama á við um hugsanlega jarðvarmavirkjun á Reykjanesskaga, t. d. í tengslum við Hitaveitu Suðurnesja hjá Svartsengi. Inn í þessa áætlun um orkuframkvæmdir á næsta áratug kæmu svo fyrstu áfangar Hrauneyjafossvirkjunar í samræmi við þarfir innlends iðnaðar og væri þá séð fyrir orkuþörf landsmanna út næsta áratug.

En núv. ríkisstj. fer aðrar leiðir í orkumálum, sem bersýnilega miðast alls ekki við þarfir íslendinga. Án sambands við Alþ. og jafnvel án samráðs við þingflokka meiri hl. er rokið til í jólaleyfi Alþ. og ákvörðun tekin um stórvirkjun við Hrauneyjafoss. Þannig er viljandi og af ráðnum hug verið að skapa það ástand í orkumálum sem kallar tafarlaust á stóran orkunotanda, og með því undirbúinn jarðvegurinn fyrir nýtt stóriðjuævintýri með byggingu þriðja kerskálans í Straumsvík. Það sama á við hugsanlegar stórvirkjanir á Norðurlandi við Blöndu og á Austurlandi í Fljótsdal, sem yrðu 150—200 mw. að stærð hvor um sig. Þetta eru það feiknastórar virkjanir, að meðan engin innlend iðnþróunaráætlun er komin í framkvæmd og ekki einu sinni í sjónmáli verða þessar virkjanir ekki reistar nema til að ofurselja þær erlendri stóriðju — og síst af öllu ef Hrauneyjafossvirkjun verður byggð.

Til viðbótar stóriðjubröltinu er núv. ríkisstj.

aðgerðarlaus og stefnulaus gagnvart stærsta meini íslenskra orkumála, glundroðanum, skipulagsleysinu. Alþb. leggur til að raforkukerfið verði endurskipulagt frá grunni og orkan verði seld á sama verði um land allt til dreifingaraðila. En til þess þarf að sameina Landsvirkjun, Laxárvirkjun og önnur stór orkufyrirtæki í eitt orkuöflunarfélag, Íslandsvirkjun, er annist byggingu virkjana og samrekstur allra helstu orkuvera landsins, en heimamenn í hverjum landshluta annist dreifingu orkunnar.

Stefna Alþb. í orkumálum er ljós og skýr, byggð á vandlegri athugun málsins. Sama gildir um afstöðu flokksins til erlendrar stóriðju. Fyrir rúmum áratug gagnrýndi Alþb. harðlega samninginn við svissneska álfélagið með sterkum rökum og varaði við mörgu því sem nú er komið á daginn. Í tíð vinstri stjórnarinnar voru kannaðir kostir þess og ókostir að reisa járnblendiverksmiðju í Hvalfirði í tengslum við Sigölduvirkjun. Alþb. tók ekki afstöðu til málsins meðan athugun þess fór fram. En þegar allar staðreyndir málsins lágu fyrir tók landsfundur flokksins einróma afstöðu gegn byggingu þessarar verksmiðju haustið 1974. Alþb. telur þetta fráleita fjárfestingu á sama tíma og verið er að skera niður miklu nauðsynlegri framkvæmdir víða um land vegna fjárskorts. Við höfum næg not á komandi árum fyrir orku Sigölduvirkjunar, og orkuverðið til járnblendiverksmiðjunnar er fáránlega lágt miðað við tilkostnað við næstu virkjun sem fyrr verður þörf á vegna þessa samnings. Auk þess hefur verið sýnt fram á með skýrum rökum að verksmiðjan verður vafalaust rekin með miklu tapi.

Við alþb.-menn höfum ekki tekið afstöðu gegn öllum orkufrekum iðnaði eða stóriðju almennt. En við gerum strangar kröfur um nytsemi og hagkvæmni slíkra fyrirtækja svo og um náttúruvernd, og við erum algerlega á móti stóriðjurekstri í eigu erlendra auðfélaga. Við fordæmum erindrekstur forustumanna Sjálfstfl. í þágu erlendrar stóriðju. Við undrumst að enn skuli forustumenn Alþfl. vera límdir upp að Sjálfstfl. í þessum málum rétt eins og á seinasta áratug þegar þeir tóku á sig ábyrgð af gerð hins alræmda samnings við svissneska álfélagið. Við hörmum að Framsfl. skuli vera svo tvístígandi í afstöðu sinni til erlendrar stóriðju sem raun ber vitni. Mikill meiri hl. þm. Framsfl. virðist ætla að samþykkja byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði hvað sem tautar og raular. Ráðh. Framsfl. hafa þegar samþykkt byggingu Hrauneyjafossvirkjunar, þótt augljóst sé af öllum aðstæðum að verulegur hluti orkunnar er ætlaður til stækkunar álbræðslunnar í Straumsvík.

Undanláttarstefnunni gagnvart erlendri stóriðju verður að linna. Meðal fólksins í landinu hefur líklega aldrei verið jafnútbreidd andstaða gegn stóriðjubrölti útlendinga og einmitt nú. Íslensk orkustefna, íslensk atvinnustefna er það kjörorð sem verður að sigra. Um þá stefnu verður að fylkja saman þeim mikla fjölda manna í öllum stjórnmálaflokkum sem skilja nauðsyn þess að íslendingar varðveiti yfirráð sín yfir orkulindum landsins og atvinnulífi.

Þökk þeim, sem hlýddu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar Alþb. talar um stefnu og stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum og hafður er í huga ferill þessa bandalags í stjórn og utan, þá kemur mér í hug að þeir menn sem oft þurfa að halda ræður á Lögbergi á Þingvöllum fyrir erlenda ferðamenn, þurfa helst að hafa tvær útgáfur af ræðunni, sólskinsræðu og rigningarræðu. Alþb. er þannig farið, að það þyrfti að hafa tvær ólíkar stefnuskrár, aðra í stjórnarandstöðu og hina þegar það kemst í ríkisstj. Sá er þó munurinn að Lögbergsræðurnar eru efnislega samhljóða, önnur lengri, hin styttri, en hjá Alþb. þyrftu þær að vera sitt úr hvorri áttinni og stangast á. Það er nefnilega nokkuð ólíkt hvað þessir menn boða, þegar þeir eru utan stjórnar, eða hvað þeir hafast að ef þeir komast í ríkisstj. og fara að ganga í kringum sinn einiberjarunn og syngja með gleðiraust: Svona gerum við er við göngum stjórnargólf.

Í þrjú ár, 1971—1974, fór Alþb. með orku- og iðnaðarmál í ríkisstj., svo að nýlegur samanburður er fyrir hendi.

Alþb. segist vera á móti stórum virkjunum. Það vill ekki reisa stærri virkjanir en 70 mw. En þegar ráðh. Alþb. fór með orkumál veitti hann virkjunarleyfi á fyrstu mánuðum sinnar tilvistar þar fyrir 150 mw. virkjun við Sigöldu, rúmlega tvöfalt stærri virkjun heldur en Alþb. heimilar í stefnuskrá sinni.

Alþb. var fyrir 1971 og er samkv. þessari till., sem hér liggur fyrir, eindregið á móti allri stóriðju með erlendri þátttöku. En varla hafði ráðh. Alþb. sest í ráðherrastólinn fyrr en hann skipaði 28. sept. 1971 sérstaka n. með því verkefni að ræða við útlend fyrirtæki, sem áhuga hefðu á stóriðju á Íslandi, og kanna möguleika á samstarfi við þau. Að vísu hefur Lúðvík Jósepsson nýlega sagt í þingræðu að Magnús Kjartansson hafi bara gert það fyrir hann Jóhannes Nordal að setja þessa n. á laggirnar. Það lýsir miklum mannkærleika að þverbrjóta eitt meginatriði í stefnuskrá flokksins fyrir vináttusakir við Seðlabankann.

Og árin, sem iðnrh. Alþb. sat á ráðherrastóli, voru notuð til þess að vinna að samningum við bandaríska fyrirtækið Union Carbide um að stofna járnblendiverksmiðju á Íslandi. Að því vann iðnrh. Alþb. baki brotnu í þrjú ár í röð með þeim árangri að samkomulag hafði náðst um öll meginatriði málsins. Iðnrh. Alþb. leitaði einnig til stjórnarandstöðunnar þáv., bæði Sjálfstfl. og Alþfl., um stuðning við málið vorið 1974. Ástæðan til þess, að ekki var lagt fram frv. á þingi þá, var sú, að stjórnarsamstarfið rofnaði áður en kjörtímabilið var á enda. Hefði vinstri stjórnin lifað út kjörtímabilið hefði iðnrh. flutt frv. um stofnun járnblendiverksmiðju í samvinnu við Union Carbide strax á haustþingi 1974. Það hafði hann ákveðið, það hafði hann tilkynnt stjórnarandstöðunni og því hafði hann lofað góðkunningjum sínum í Union Carbide, sbr. bréf hans 21. maí 1974 til síns kæra Malone, varaforseta Union Carbide. Það er því ljóst, að hefði vinstri stjórninni orðið lengra lífs auðið hefði Magnús Kjartansson lagt fram og fengið

samþykkt frv. um stofnun járnblendiverksmiðju með bandarísku félaginu Union Carbide.

Nú fór það að vísu svo, að þessi aðili hljóp út og hætti samstarfi. Hins vegar hefur tekist samstarf við norðmenn í staðinn, og vænti ég þess, að það samstarf verði þjóð okkar gagnlegt og að norðmenn reynist okkur traustari bandamenn heldur en hinir bandarísku málvinir Magnúsar Kjartanssonar.

Það er ekki að ástæðulausu, að ýmsir vilja meta forgöngu Magnúsar Kjartanssonar í járnblendimálinu að makleikum. Þannig hefur einn af samstarfsmönnum hans á vinstristjórnarárunum, þingflokksformaður Framsóknar, Þórarinn Þórarinsson, lagt það til að reist verði myndastytta af Magnúsi Kjartanssyni á Grundartanga í viðurkenningarskyni fyrir frumkvæði hans og baráttu fyrir járnblendiverksmiðjunni.

Það hefur vakið nokkra athygli, að í þessu 16 síðna þskj. alþb.-manna, sem hér liggur fyrir, er fullur helmingur plagga frá svissneska álfélaginu, Alusuisse, sem var sent sem trúnaðarmál fyrst til Magnúsar Kjartanssonar og síðar til mín. Þessi vinnubrögð Alþb. vekja furðu af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi er það fátítt í íslenskum stjórnmálum, að stjórnmálamenn bregðist trúnaði og birti án leyfis plögg sem afhent eru sem trúnaðarmál. Í öðru lagi ver Alþb. 8 síðum af 16 í till. til að prenta upp á ensku og íslensku þennan óskalista Alusuisse. Ekki er verið að nota þetta rúm til að birta íslenskar áætlanagerðir, sem margar eru til og þær ítarlegar frá ýmsum sérfræðingum og stofnunum, um uppbyggingu íslensks iðnaðar. Nei, þetta leyniplagg, sem Alusuisse sendir Magnúsi Kjartanssyni, hefur forgang.

En hvers vegna er rofinn trúnaður, hvers vegna er þetta plagg tekið fram yfir íslenskar skýrslur? Það er gert í þeim tilgangi að skrökva því upp, að núv. ríkisstj. sé í makki við svisslendinga um þennan óskalista sem varð til í ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar og afhentur honum. Það var spurst fyrir um það nýlega hjá forstjórum Alusuisse, hvort Magnús Kjartansson hefði hafnað þessum till. Þeir sögðust aldrei hafa fengið neina synjun frá Magnúsi, hann hefði ekki sent svar, hvorki hafnað né samþykkt. Hafi hann viljað hafna þessu, þá hefur hann ekki komið því til skila til kunningja sinna í Alusuisse.

En lítum á þetta plagg sem Alusuisse sendi undir heitinu Integral. Fyrst það hefur verið birt í þskj. verður að ræða það, enda virðist aðaltilgangurinn með þessari till. Alþb. að koma því plaggi á framfæri. Það er því rétt að víkja að þessu nokkru nánar.

Samkv. því, sem segir í bréfinu sem birt er í þessu þskj., var þessi skýrsla Alusuisse rædd í Reykjavík 29. mars 1973 við fyrrv. iðnrh. Magnús Kjartansson og viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Eftir stjórnarskiptin 1974 sendi Alusuisse þetta plagg í októbermánuði að nýju með smávægilegum breytingum til núv. ríkisstj. Hvorug ríkisstj. hefur talið þennan óskalista Alusuisse grundvöll til samninga og hvorug ríkisstj. mun formlega hafa svarað þessu.

Í þessu plaggi er í fyrsta lagi rætt um stækkun 2. kerskála álversins í Straumsvík. 1. kerskáli er fullgerður með 160 kerum, annar kerskáli með 120 kerum, og Alþ. ákvað í fyrra að heimila stækkun hans þannig að bæta við 40 kerum. Þetta verður væntanlega gert á næstunni.

Í öðru lagi voru hugmyndir Alusuisse þær að bæta við 3. kerskála með 160 kerum, þar sem hægt væri að framleiða 40 þús. tonn af áli og þyrfti um 80 mw. rafafl til þess. Þessi hluti Integral um 3. kerskálann var rækilega ræddur við svissneska álfélagið í ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar af honum og viðræðunefndinni með vitund og samþykki fyrrv. ríkisstj. Ítarlegar viðræður fóru fram og liggja fyrir grg. um þær. Niðurstaða var ekki fengin þegar stjórnarskiptin urðu. Ef á að taka það alvarlega, að Alþb. sé og hafi verið á móti byggingu 3. kerskálans, því í ósköpunum var þá ráðh. þess árum saman að ræða þennan möguleika við Alusuisse?

Núv. ríkisstj. hefur fallist á, án þess að um nokkrar skuldbindingar sé að ræða, að teknar verði upp að nýju viðræður um hugsanlega byggingu 3. kerskálans í Straumsvík.

Á óskalista Alusuisse var í þriðja lagi bygging 4. kerskála af sömu stærð og sá 3. Það mál er ekki á dagskrá og hefur ekki verið rætt.

Fjórða atriðið var bygging súrálsverksmiðju sem nýtir jarðhita, þ. e. a. s. í stað þess að flytja hráefnið til álframleiðslu hálfunnið hingað sem súrál, þá verði í staðinn flutt sjálft báxítið hingað og unnið súrál úr því hér. Það mál stendur þannig, að viðræður og athuganir á súrálsframleiðslu hér eru ekki tímabærar fyrr en umhverfisvandamál samfara þeirri framleiðslu hafa verið könnuð og leyst á viðunandi hátt.

Í fimmta lagi stakk svissneska álfélagið upp á því að samstarf yrði milli íslendinga og þess um rannsóknir á virkjunarmöguleikum á Austurlandi og að stofnað yrði félag með fleiri erlendum aðilum til þess að byggja þar mikla álverksmiðju. Á fundi með svissneska álfélaginu 15. febr. s. l. tilkynnti ég að ekki væri grundvöllur fyrir slíkum viðræðum.

Þannig standa þessi mál. Allt þetta tal alþb.-manna og Þjóðviljans um Integral er einn blekkingavefur og blygðunarlaust hjal. Þessi óskalisti, hugmyndir Alusuisse, var afhentur iðnrh. Alþb. Sum atriði úr þessu plaggi voru rædd rækilega í hans tíð og af honum sjálfum. Nú rýfur hann trúnað og reynir að kenna núv. stjórn um þessar hugmyndir Alusuisse.

Í sambandi við stóriðjuhugmyndir ræddi hv. 1. flm. hér nokkuð um það, að iðnþróunarnefnd hefði fyrir rúmu ári skilað skýrslu um eflingu iðnaðar og gert þar ráð fyrir allmörgum nýjum stóriðjufyrirtækjum, 7 samtals, og taldi þetta ákaflega alvarleg tíðindi. En hver var nú þessi iðnþróunarnefnd? Það var n. sem iðnrh. Alþb. skipaði til þess að gera till. um iðnþróunaráætlun. Á sínum tíma var það nokkuð gagnrýnt, að þessi iðnþróunarnefnd væri sett á laggirnar, vegna þess að Iðnþróunarstofnun Íslands hefði þetta verkefni með höndum. Þegar svo þessi n. hafði skilað till. á s. l. ári og þar með lokið sínum störfum, þá var sú n. lögð niður og fékk ég ámæli fyrir hjá Þjóðviljanum. Er því athyglisvert að nú skuli formaður Alþb. deila sérstaklega á þessa n., sem iðnrh. Alþb. skipaði.

Um stefnuna í stóriðjumálum kemst Þjóð-

viljinn svo að orði í forustugrein fyrir nokkrum dögum, að núv. iðnrh. gangi með álæði. Þessi heilsubrestur á að lýsa sér í því, að ég vilji ólmur samþykkja Integraláætlanir Alusuisse og einnig fá Norsk Hydro til að byggja stóra álverksmiðju í Eyjafirði. Integralmálinu hef ég þegar gert skil. Varðandi álver í Eyjafirði er það að segja, að fyrirtækið Norsk Hydro leitaði til íslenskra stjórnvalda fyrir nokkrum árum, og það var Magnús Kjartansson iðnrh. og viðræðunefndin sem vísaði því á að kanna möguleika til byggingar álvers í Eyjafirði og á Reyðarfirði. Þær athuganir, sem Norsk Hydro hefur þannig haft með höndum varðandi Eyjafjörð, voru ekki að minni tilvísun, heldur fyrirrennara míns. Varðandi það mál vil ég endurtaka hér það sem ég hef áður sagt, að ég mun aldrei leggja til að álver verði byggt í Eyjafirði gegn vilja heimamanna.

Um viðhorf mitt til stóriðju vil ég annars taka þetta fram: Ég vil og hef alltaf viljað að við Íslendingar færum með fullri gát í stóriðjumálum. Ég hef aldrei verið neinn sérstakur baráttumaður fyrir stóriðju með þátttöku útlendinga. Hins vegar hef ég skilið og metið hið þjóðhagslega gagn Íslands af álverinu í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga vegna gjaldeyrisöflunar, vegna tekna af raforkusölu, vegna skatttekna, vegna aukinnar vinnu fyrir fjölda manna. Í stuttu máli sagt, þarna væru viðbótarstoðir undir okkar einhæfa atvinnulíf.

Þegar undirritaður var lánssamningur Járnblendifélagsins og Norræna fjárfestingarbankans í upphafi þessa árs mælti ég nokkur orð um viðhorf mitt til stóriðju og tel rétt að rekja þau hér, því að þau voru ekki birt á prenti. Þau voru á þessa lund.

„Þegar um stóriðju á Íslandi er að ræða vilja íslendingar fara fram með gát og varfærni. Með jafnfámennri þjóð býr nokkur uggur í sambandi við erlent fjármagn og erlend áhrif sem því kunna að fylgja. Það sjónarmið veit ég að norðmenn sjálfir þekkja frá fyrri tíð. Í annan stað þarf að gæta þess, að stóriðja raski ekki byggð og byggðajafnvægi né dragi um of vinnuafl frá öðrum atvinnugreinum. Í þriðja lagi verður að hafa í huga að íslendingar hafa jafnan búið við hið tæra loft og hið langdræga útsýni og eru næmir fyrir öllu því sem valda kann mengun lofts, láðs og lagar. Því verður að gera strangar kröfur um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að því er stefnt, að allra þessara sjónarmiða verði gætt í ríkum mæli við þá verksmiðju sem nú á að reisa."

Varðandi stefnu í rafvirkjunarmálum vil ég láta þetta í ljós:

Ég tel að við eigum að reisa jöfnum höndum stórar hagkvæmar virkjanir, sem framleiða raforku með lægstu framleiðsluverði, og um leið að reisa smærri eða meðalstórar virkjanir í öllum landshlutum vegna öryggis í rekstri, vegna öryggis íbúanna, ef háspennulínur yfir fjallgarða bila, en einnig sem lið í byggðastefnu. Við eigum að stefna að því að reisa hagkvæmar virkjanir sem fyrst utan hins eldvirka svæðis, og hef ég í því sambandi lagt áherslu á virkjanir í Fljótsdal og Blöndu.

Það er einn af megingöllum þessarar till. alþb.-manna, að það vill að Alþ. samþykki að ráðast ekki í stórar virkjanir, heldur aðeins virkjanir milli 20 og 70 mw. Þeir leggja til að Hrauneyjafossvirkjun sé stöðvuð. Þeir eru andvígir virkjun Blöndu. En þessar tvær virkjanir eru einhverjar þær hagkvæmustu sem kostur er á. Hvað þýðir þessi afstaða þeirra? Hún þýðir að á næstu árum eigum við aðeins að byggja virkjanir sem framleiða ekki ódýrustu orku sem völ er á hér á landi, heldur oft og tíðum dýrari orku. Stefna Alþb. í þessu efni þýðir því hærra orkuverð til almennings. Það er sú kjarabót sem Alþb. vill samkv. þessari till. sinni veita almenningi.

Í þessu felst mikil skammsýni. Það er furðulegt, eftir að alþb.-menn virðast hafa lagt í það mikla vinnu að kynna sér orkumál og samið um það stóra bók, eins og 1. flm. minntist hér á, að annars vegar einkennast till. Alþb. af mikilli skammsýni og hins vegar af ótrúlegum ókunnugleika á þessum málum. T. d. er fyrir skömmu forustugrein Þjóðviljans — stór fyrirsögn: „Næststærsta virkjunin ónotuð!" Og því er haldið fram, að þegar Sigölduvirkjun tekur til starfa, þá sé lítill sem enginn markaður fyrir framleiðslu hennar, þessi virkjun sé því í rauninni ónotuð. Ég segi þetta bera vott um ótrúlegan ókunnugleika. Landsvirkjun lagði á það áherslu á sínum tíma, að Sigölduvirkjun gæti tekið til starfa haustið 1976. Það var nauðsyn vegna yfirvofandi orkuskorts hér á Landsvirkjunarsvæði. En virkjunin var ekki tilbúin þá af ýmsum ástæðum sem ég skal ekki rekja hér. Hins vegar bjargaðist þetta vonum framar á s. l. vetri vegna þess að veðurfar var betra en elstu menn muna og engar bilanir urðu á neinni vél í þessu stóra kerfi. Ef brugðið hefði út af um veður eða einhverjar bilanir orðið, þá hefði þurft stórfellda olíunotkun á Landsvirkjunarsvæðinu vegna raforkuskorts frá vatnsvirkjunum. Dag eftir dag á s. l. vetri þurfti að keyra Búrfellsstöð töluvert yfir 210 mw. sem er ástimplað afl vélanna.

Nú þegar Sigölduvirkjun tekur til starfa er orðin fullkomin nauðsyn að fyrsta vélin komist í notkun. Af öryggisástæðum er það ekki nægilegt, heldur verður næsta vélin, 50 mw. í viðbót, að komast í notkun á næsta vetri. Eftir alla sína vinnu og allt sitt tal í þessu efni er Alþb. ekki kunnugra þessum málum en svo að telja að engin þörf hafi verið a. m. k. nú á Sigölduvirkjun.

En þótt till. Alþb. nefnist stefnumótun í orkumálum, þá virðast hitaveitumálin hafa fallið gersamlega í skuggann. Í rauninni er þó hagnýting jarðhitans til húshitunar stærsta orkumálið. Þar hafa orðið alger straumhvörf á allra síðustu árum, enda lögð á þau mál sérstök áhersla. Árangurinn er þegar farinn að segja til sín í minnkandi olíunotkun. Þegar tekin er saman olíuupphitun og dísilkeyrsla til rafhitunar, þá var olíunotkunin árið 1973 um 170 þús. tonn, í fyrra var hún komin niður í 120 þús. tonn og verður samkv. orkuspá komin niður í 30 þús. tonn árið 1981, úr 170 þús. tonnum 1973. Þetta þýðir gjaldeyrissparnað sem nemur a. m. k. 3—4 þús. millj. kr. á ári.

Að því er snertir till. Alþb. um iðnþróun, þá er gott eitt að segja um það sem getið er í grg.,

en þar eru taldir upp margir möguleikar. Í því er ekkert nýtt. Að öllu þessu er unnið, bæði af Iðnþróunarstofnun Íslands, af þeim rannsóknastofnunum, sem vinna á sviði iðnaðarins, og fjölmörgum aðilum öðrum. Sumt er hins vegar mjög vafasamt, eins og þessar nýju hugmyndir um að alls ekki megi ráðast í hinar hagkvæmustu virkjanir á Íslandi. Í heild held ég að segja megi með sanni um þessa till. Alþb.: Í henni er sjálfsagt eitthvað nýtt og eitthvað gott, en það góða er ekki nýtt og það nýja er ekki gott.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir íslendingar. Till. sú til þál., sem hér er til umr., er flutt af öllum þm. Alþb., eins og þegar hefur verið tekið fram, og frá þeim er einnig óskin komin um sérstaka útvarpsumr. um málið. Till. heitir ákaflega sakleysislegu nafni: um stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum. Í framhaldi þessarar nafngiftar væri samkv. þingvenjum eðlilegt að allir þingflokkar gerðu grein fyrir stefnu sinni í umræddum málum, þ. e. a. s. þeir flokkar sem á annað borð hafa nokkra stefnu í orku- og iðnaðarmálum.

Alþfl. hefur rætt þessi mál mjög ítarlega og lagt mikla áherslu á vinnu varðandi þau undanfarin ár með vinnuhópum, í nefndum og á flokksstjórnar- og síðustu flokksþingum sínum. Niðurstaða þessa vandlega undirbúnings flokksins hefur verið birt almenningi með sérstökum ályktunarkafla um orkumál sem gerð mun nánari grein fyrir af síðari ræðumanni Alþfl. hér í kvöld.

Ályktunin, sem hér er til umr., er skýr og ljós, og hverjum manni, sem vill kynna sér stefnu Alþfl. og markmið hans í þessum efnum, ætti að vera ljóst hver stefna hans er. En till. sú, sem hér er til umr., er hins vegar ekki með neinu nýju sniði frá því sem áður hefur verið um rætt og ritað. Hins vegar er hún í mörgum atriðum óljós, eins og eftirfarandi atriði sýna:

1. Aðaláhersla er á það lögð að hefja áætlanagerð fram til ársins 1990.
2. Sérstakt kapp verði lagt á sameiningu raforkukerfisins.
3. Ákvæði um orkusöluna til álversins í Straumsvík verði öll endurskoðuð.
4. Hraðað verði könnun á virkjunarmöguleikum einstakra landshluta.
5. Reistar verði nokkrar virkjanir af miðlungsstærð, 20—70 mw.
6. Stefnt verði að samruna Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar.

Allt eru þetta, eins og ég áðan sagði, atriði sem velflestir landsmenn gætu að meira eða minna leyti verið sammála um og sum þeirra þegar komin til athugunar og framkvæmda. Hver er þá hin raunverulega ástæða fyrir því, að Alþb. gerir einmitt þessari till. sinni svo hátt undir höfði að fórna einu ósk heilla pólitíska samtaka á yfirstandandi Alþ. í að krefjast útvarpsumr. um þetta mál eitt og sér? Þegar till. Alþb. er nánar skoðuð, eins og gjarnan er að orði komist í dag, og grannt er á einstök atriði hennar litið, þá birtist ástæðan fyrir kröfunni um útvarpsumr. um þetta mál mun ljósar, og ljósust verður þó ástæðan fyrir þessari kröfugerð ef grg. sjálf fyrir till. er lesin ásamt þeim umr. sem hér hafa þegar farið fram af hálfu þessara pólitísku samtaka á hv. Alþ. að undanförnu, og því, sem hv. útvarpshlustendur hafa nú þegar heyrt.

Orðin stóriðja á Íslandi eru tengd Alusuisse, Union Carbide, Norsk Hydro og Elkem-Spigerverket. Allt eru þetta aðilar sem sterklega er varað við að eiga nokkur samskipti við að áliti flm. Þeir telja nánast að allir þessir aðilar hafi verið stofnaðir til þess eins, þ. e. a. s. allt frá Wallstreet um Mið-Evrópu til Karls Jóhannsgötu í Osló, þá hafi þessi nefndu samtök verið starfrækt til þess eins að mergsjúa íslenskan almenning fjárhagslega um ókomna framtíð. Þessa sömu aðila, íslendinga, á svo einnig að pína og kvelja með gegndarlausri andlegri og líkamlegri mengun. Varla eykst þó gjaldgeta okkar í þeirra gildu sjóði við slíka meðferð.

Niðurstaða þessara hugleiðinga Alþb. er því óhjákvæmilega sú, að í eitt skipti fyrir öll skuli ákveðin sú stefna, að vera fyrir fram á móti öllu erlendu fjármagni til virkjunar vatnsfalla á Íslandi. Þessa niðurstöðu verður einnig að telja nokkuð eðlilega í þeirra málflutningi þegar hliðsjón er höfð af forskriftinni og málatilbúnaði þeirra öllum. En hvaða alþm. vill í raun og sannleika leiða þennan voða ótilneyddur yfir íslensku þjóðina?

Þrátt fyrir mismunandi skoðanir um það, á hvað beri að leggja mesta áherslu hverju sinni okkar á meðal þjóða okkar til varnar og sóknar, þá ætla ég engum alþm. slíkan þankagang sem að baki þessari till. virðist liggja. Eftir mun standa það sem mestu varðar, þegar snjóað hefur yfir hin stóru orð, — hinar endanlegu og löglega fengnu niðurstöður. Hins vegar mundu þeir þó fleiri sem hefðu ætlað að hv. flm. Alþb. byggðu kröfur sínar um útvarpsumr. á öðrum málaflokkum og um önnur málefni sem stæðu nær þeirra prentuðu stefnuskrá. Eða er sú stefnuskrá íslenskra kommúnista aðeins dautt og prentað mál? Er Alþb. ókunnugt um að allur meginþorri landsmanna á þessa dagana og e. t. v. næstu vikur í baráttu upp á líf og dauða til tryggingar mannsæmandi lífskjörum á umsömdum dagvinnutíma? Vísindamenn og alþm., sem eru á launum greiddum með skattaálögum á þetta sama fólk sem ekki getur aflað fjár til daglegra nauðþurfta sinna þrátt fyrir tvöfaldan vinnutíma, geta að sjálfsögðu dundað við að spá um hver verði orkunotkun landsmanna eftir 20—30 ár og byggja í kringum þær hugmyndir sínar þær skýjaborgir sem þeim þykja umtalsverðar. Í slíkum húsakynnum geta e. t. v. einhverjir ofstækismenn búið. En allur sá stóri fjöldi, ungra sem aldinna, stynur í dag undir skuldabyrðum sínum vegna eðlilegs húsnæðis og mannsæmandi lífskjara, — það fær þar ekki inni. Alþb. skyggir því í raun og veru á baráttu þessa fólks með því að þyrla upp moldviðri umhverfis þau mál, sem ekki geta talist mest brennandi fyrir þetta fólk, a. m. k. ekki í dag.

Ríkisstj. ætti í raun að færa flm. þessarar till., þ. e. Alþb., blómvönd — ég segi blómvönd — í þakklætisskyni fyrir svo skelegga tilraun til að

hlífa henni, þ. e. ríkisstj., við umr. og aðgerðum til lausnar vandamáls verkalýðssamtakanna.

Alþfl. hefur á yfirstandandi Alþ. eins og ávallt áður hagað baráttu sinni á annan veg. Hann hefur flutt mál verkalýðssamtakanna í formi frv., þáltill. og brtt. af festu og fullum þunga í tugum prentaðra þskj. sem enn hafa ekki fengist afgreidd. Alþfl. hefur í þessum málatilbúnaði sínum m. a. krafist þess, að vinnan njóti viðurkenningar sem undirstaða þjóðlífsins, að öllum sé tryggð örugg og lífvænleg atvinna, jöfnun lífskjara og auðlegðar með lýðræðislegri dreifingu valds yfir fjármagni og efnahagslegu jafnrétti allra þegna þjóðfélagsins. Ef hæstv. ríkisstj. hefði betur hlustað og farið eftir till. Alþfl. væri mun hægara um vik nú að nálgast lausn yfirstandandi vinnudeilu sem samkv. útlitinu í dag getur hæglega endað í síðustu neyðvörn verkalýðssamtakanna, allsherjarvinnustöðvun. Í því efni getur ríkisstj. ekki byggt hald sitt og traust á Alþb. sem bjarghring frá raunverulegum, raunhæfum og réttmætum kröfum verkafólks til lands og sjávar.

Stóriðja í þeirri merkingu sem það orð er notað í dag, en þar eru öll mörk enn þá mjög óljós, leysir ekki allan vanda íslenska atvinnu- og efnahagslífs. Ef rétt er að staðið á hún hins vegar að geta orðið mikilvægur hlekkur í þeirri höfuðstefnu að tryggja fulla atvinnu. Það stefnumark verður að sitja í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum ákvörðunum.

Hvar erum við íslendingar svo staddir í dag til tryggingar fullri atvinnu? Lífæð þjóðarinnar, fiskstofnarnir við landið, sjálf grundvallarundirstaðan undir allri gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, — minnkandi þjóðartekjur af fiskafla blasa nú við vegna of mikillar sóknar. Innan tveggja til þriggja ára er að færustu manna yfirsýn yfirvofandi orkukreppa í heiminum og í kjölfar hennar beinlínis hamstur stóru þjóðanna og hinna ríkustu á kostnað hinna smærri og fátækari. Slík orkukreppa mundi fyrirsjáanlega bitna hart á okkur íslendingum, svo mjög sem við enn erum háðir mikilli eldsneytisorku. Þrátt fyrir fullnýtingu alls virkjanlegs afls í landinu mun þess langt að bíða að sá veiðifloti, sem hæfilegur verður talinn til að veiða hinn veikburða fiskstofn, verði gerður út með raforku. Við getum hins vegar dregið úr eldsneytisþörfinni í landinu sjálfu með aukinni orkuöflun.

Að sjálfsögðu verðum við að meta allar slíkar orkuöflunarframkvæmdir, hverja fyrir sig, með ítrustu varfærni og kröfum um allar mengunarvarnir. Það er því fullkomið ábyrgðarleysi og ofstæki að hafna fyrir fram þeim möguleikum sem gefast til orkuöflunar. Svo gersneyddir og ábyrgðarlausir voru alþb.-menn þó ekki við upphaf þeirrar samningagerðar um virkjanir og orkusölu þegar þeir sjálfir hældu sér af því að hafa náð samningum um meirihlutaeign íslendinga við einn voldugasta auðhring veraldar, Union Carbide. Þá hét það sigur sem nú er höfuðsynd.

Þegar auðjöfrarnir frá Wallstreet gáfust upp á framhaldinu, þá höfðu þau ósköp skeð að Alþb. var ekki lengur í ríkisstj. Þegar vel látið fyrirtæki í Noregi sýnir málefninu nú áhuga með öllum sömu meginreglum og áður var um samið eftir forskrift fyrrv. ráðh. Alþb. og að því er best verður vitað Alþb. alls, þá fyllist allt andrúmsloft, ár og lækir af mengun, svo að verkið, sem unnið hefur verið að um áraraðir, verður hreint glæpsamlegt og nú skal skera þessa fyrri og stórfelldu sigra Alþb. niður við trog af þeim sjálfum.

Alþb.-menn gátu með nokkrum rétti hælt sér af forustu sinni um meirihlutaeign íslendinga að þessum fyrirhuguðu framkvæmdum og þeirri nauðsynlegu uppistöðu þeirra að fá stóran kaupanda til tryggingar orkusölunni. Þeir alþb.-menn kusu heldur að afneita öllum fyrri skoðunum sínum í málinu. Þegar Wallstreet-mennirnir gáfust upp, þá sprakk Alþb. Þá sprakk Alþb. einnig í lokaátakinu: að gera eigin hugsjónir þess og skoðanir að veruleika var nú orðinn glæpur. Til liðs við sig um einstök atriði málsins fengu alþb.-menn í hv. Nd. tvær mætar konuraddir að vestan og sunnan í Sjálfstfl., sem beinlínis hafa ekki verið orðaðar við pólitískt frjálslyndi, og tiltölulega unga afturhaldsmenn í Framsfl.

Sjálfsagt hafa ráðherrastólarnir miklu ráðið um skoðanaskipti Alþb. Sú skýring er þó vart fullnægjandi. Einhver ríkari ástæða er hér til viðbótar og að baki þeim tillöguflutningi sem hér er til umr. þegar heil stjórnmálasamtök kúvenda svo gersamlega í stórmáli sem þessu. Eru landamæri stóra föðurins svo miklu nær Noregi í nútímatækni heldur en herrunum í Wallstreet?

Bægslagangurinn í garð Alþfl. af hálfu kommúnista er hins vegar mjög vel skiljanlegur. Alþfl. hefur ekki og ætlar sér ekki að verða nein vindmylla fyrir ímyndaðar og úreltar kreddukenningar kommúnismans og snúast eftir setu eða ekki setu í ráðherrastólum eða erlendum fyrirskipunum. Alþfl. mótar stefnu sína með lýðræðislegum hætti, fylgir henni án allra slíkra áhrifa málefnalega. Þetta sviður þeim kommúnistum. Því verður, því miður vil ég segja, víst vart breytt og þess vegna ber að umbera slíka framkomu með æðruleysi.

Ég sagði áðan að mikið væri nú talað gegn aukinni orkuvirkjun með stuðningi erlends fjármagns, að viðbættum öllum þeim innanlandsvoða sem af því á að leiða. Í upphafi togaraútgerðar á Íslandi var sjómönnum þrælað svo út að leita verður allt aftur til svörtustu miðalda til að finna nokkurn samanburð. Í skjóli atvinnuleysis í landi og langvarandi örbirgðar almennings hélst útgerðarmönnum þetta háttalag uppi. Alþfl. skar upp herör gegn þessari vansæmd og barðist fyrir fyrstu vökulögunum á togurum. Árum og áratugum saman hafa þessi upphaflegu lög verið endurbætt til nútímahorfs. Ef hins vegar hefði átt að mæta þessum nýjustu hugmyndum Alþb. eða kommúnista í orku- og iðnaðarmálum nú með sama hætti og gert var við vökulögin, þá hefði Alþfl. átt í dag að berjast fyrir því að hætt yrði allri togaraútgerð í landinu. Þannig mætti Alþfl. þeirrar tíðar vanda, hann barðist fyrir vökulögum þegar að verkafólki var sorfið, og þannig stendur hann að málatilbúnaði varðandi íslensk orku- og iðnaðarmál í dag. Hvaða stjórnmálaflokki mundi koma til hugar að leggja togaraútgerð á Íslandi niður nú? En það væri eðlileg afleiðing af málflutningi alþb.-manna að gera það að till. sinni, að engar frekari virkjanir

skyldu eiga sér stað ef erlent fjármagn þyrfti til þeirra framkvæmda.

Vestur á Loftleiðahóteli og vítt og breitt um landið allt er nú barist við togaraþrældóm nútímans, fyrir rétti þess fólks sem er að missa íbúðir sínar og til viðhalds nútíma nauðsynjaþörfum, fyrir fólk sem þrátt fyrir tvöfaldan umsamdan dagvinnutíma og að báðir foreldrar vinni utan heimilis sér ekki fram á annað en uppgjöf og vonleysi. Er ekki mun tímabærara að rétta þessu fólki nú hönd á jákvæðan hátt með stuðningi við till. Alþfl. sem á borðum okkar liggja, í stað þess að fimbulfamba um hvað gerast muni eftir 20—30 ár? Það er skoðun mín og ég vona fleiri að það væri mun raunhæfara.

Þökk fyrir áheyrnina. — Góða nótt.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þáltill. sú, sem hér er til umr. og flutt er af öllum þm. Alþb., er á þá lund, að um allt meginefni hennar er tæpast verulegur ágreiningur á hinu háa Alþ. Um einstaka framkvæmdaþætti hlýtur hins vegar að vera nokkur ágreiningur og er slíkt fullkomlega eðlilegt. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um einstök atriði þáltill. og gera grein fyrir stefnu Framsfl. gagnvart þessum tilteknu atriðum og iðnaðar- og orkumálum yfirleitt.

1. mgr. þáltill. fjallar um að Alþ. lýsi því yfir, að nauðsynlegt sé að beina nýtingu orkulinda landsins að eflingu innlendra atvinnuvega og stemma stigu við auknum áhrifum erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Um þessi atriði hefur Framsfl. mótað mjög glögga stefnu. Þessi stefna kemur m. a. fram í stjórnmálayfirlýsingu 16. flokksþings framsóknarmanna sem haldið var haustið 1974. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokksþingið vekur athygli á þeim mikla auði sem þjóðin á í fallvötnum og háhitasvæðum landsins. Það leggur áherslu á að þessi verðmæti verði notuð eins vel og unnt er til að tryggja lífskjör íslensku þjóðarinnar og efla íslenska atvinnuvegi.“

Þessi ályktun flokksþingsins 1974 hefur verið áréttuð með síðari samþykktum aðalfundar miðstjórnar, nú síðast fyrir einum mánuði, en í ályktun um orkumál segir þar svo m. a.:

„Fundurinn leggur áherslu á að gera þarf áætlun um nýtingu orkulinda landsins án þess að tjón verði á umhverfinu.

Áhersla verði lögð á að nýta innlenda orku til atvinnuuppbyggingar og framleiðsluaukningar. Hafa ber í huga að smærri framleiðslueiningar henta best íslenskum aðstæðum.

Fundurinn telur að samstarf við erlenda aðila um orkufrekan iðnað komi til greina í einstökum tilfellum, enda sé þess ætíð gætt, að meiri hluti eignaraðildar sé í höndum íslendinga sjálfra, starfsemi slíkra félaga sé háð íslenskum lögum og dómsvaldi, enda njóti þau ekki betri lögkjara en sambærileg íslensk fyrirtæki.“

Þessar tilvitnanir ættu að nægja til að taka af öll tvímæli um það, að Framsfl. berst fyrir því, að orkulindir landsins séu nýttar til eflingar innlendra atvinnuvega, og hann berst einnig gegn áhrifum erlendra aðila í íslensku atvinnulífi.

Þessi atriði þátill. gætu því verið sótt beint í stefnuskrá Framsfl. í orkumálum eins og hún var mótuð þegar á árinu 1974.

2. mgr. þáltill. fjallar um uppbyggingu orkufreks nýiðnaðar víðs vegar um landið, þar hafi forgang sá iðnaður sem byggist á innlendum aðföngum, enda sé hann fær um að greiða viðunandi verð fyrir orkuna. Enn eru þessi markmið í fullu samræmi við stefnuskrá Framsfl. Reynt er að gefa þessari mgr. svolítið ferskari blæ með því að tala um að taka upp fyrri áform við uppbyggingu iðnaðar. Ekki er mér kunnugt um að nein stefnubreyting hafi nýlega orðið í þá átt að hverfa frá fyrri áformum um uppbyggingu iðnaðar. Þvert á móti er nú m. a. í undirbúningi bygging járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þar er fylgt fyrri áformum um uppbyggingu iðnaðar, — áformum sem upphaf sitt áttu í iðnrn. á þeim tíð þegar Alþb. hafði þar forustu.

Eins og kunnugt er, eru íslendingar alls ekki á þeirri tíð þegar Alþb. hafði þar forustu. blendiverksmiðju í Hvalfirði í félagi við norskan auðhring. En hitt er ómótmælanleg staðreynd, að Alþb. ber á því fulla ábyrgð öðrum flokkum fremur að hafist var handa um undirbúning að stofnun málmblendiverksmiðjunnar. Því fær núverandi afstaða flokksins engu um breytt. Hvort Alþb. ber þakklæti fyrir þessa forustu skal ósagt látið. Í fljótu bragði virðist ekki óeðlilegra að eiga samskipti við norðmenn en bandaríkjamenn um orkufrekan iðnað, ef til er stofnað, og nú er fengin stórum meiri reynsla af mengunarvörnum í málmblendiverksmiðjum en þekkt var við upphaf samningsumleitana iðnrh. Alþb. Á hitt skal hins vegar lögð áhersla hér, að Framsfl. telur að mjög þurfi að gjalda varhug við öllum yfirráðum útlendinga yfir fjármagni í íslensku atvinnulífi.

Þótt mjög sé öðruvísi um alla hnúta búið í sambandi við málmblendið nú heldur en álverið á sínum tíma er það stefna Framsfl., að slíkt samstarf skuli teljast til undantekninga í uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi, og þó að fyrirtæki eins og málmblendiverksmiðjan sé að meiri hluta í eign íslendinga sjálfra og njóti sambærilegra lögkjara við svipuð íslensk fyrirtæki, þurfi vandlega að gefa því gaum að ýmsar hættur hljóta að fylgja miklu erlendu fjármagni í íslenskum atvinnurekstri og okkur rekur engin nauður til að ráðstafa mikilli innlendri orku til stóriðnaðar sem að miklu leyti er í höndum útlendinga. Þess vegna er ljóst að ríkari kröfur verður að gera til þess en áður hefur verið, að ákvörðun um stórvirkjanir fylgi áætlanir um notkun orkunnar. Bygging stórra orkuvera og framleiðsla mikillar og ódýrrar orku má ekki knýja okkur til bátttöku í stóriðnaði sem við teljum vafasamt að henti íslensku atvinnulífi og öðrum íslenskum aðstæðum. Samræmd stefna í orkuöflun og orkunýtingu er því forsenda þess að þær orkulindir, sem landið býr yfir, nýtist þjóðinni til efnahagslegrar og menningarlegrar farsældar.

Í 3. mgr. þáltill. er talað um samtengingu raflínukerfisins í landinu og uppbyggingu dreifikerfisins. Í tíð núv. ríkisstj. hefur verið unnið stórvirki á þessu sviði, þar sem er lagning byggðalínunnar svokölluðu, og frekari stórvirki eru áformuð áður en kjörtímabilinu lýkur. Má

þar nefna að þegar er hafin lagning háspennulínu frá Geithálsi upp í Borgarfjörð og gert er ráð fyrir að verja á þessu ári 500 millj. kr. til lagningar háspennulínu frá Kröflu austur á land. Markmiðið er samtenging allra orkuveitusvæða landsins og þar með auðvitað lagning stofnlínu til Vestfjarða.

Þá er minnt á uppbyggingu dreifikerfisins. Það er enn minnt á gamalt og nýtt baráttumál Framsfl. Nú er svo komið að flest sveitabíli á landinu fá rafmagn frá samveitum. Þótt sú uppbygging hafi tekið langan tíma og sé ekki enn lokið verður sá áfangi, sem þegar hefur náðst, að teljast til stórvirkja í framkvæmd byggðastefnu. Það er réttlætismál að dreifingu rafmagns til allra landsmanna verði lokið sem fyrst, og að því verður unnið ef Framsfl. fær þar nokkru um ráðið.

Annað stórverkefni bíður okkar, sem er að verða jafnbrýnt hinu fyrrnefnda, og það er endurbygging dreifikerfisins í sveitum landsins. Hvort tveggja er, að hinar eldri dreifilínur fara að ganga úr sér, flestar dreifilínurnar eru einfasa, flutningsgeta þeirra er víða svo lítil að hvergi nærri er fullnægt núverandi þörf, og þeir markaðsmöguleikar, sem í sveitunum eru vegna atvinnurekstrar og upphitunar húsnæðis, nýtast því aðeins að litlu leyti. Þarna verður því að taka til höndunum og ætti að rýmkast um fjármagn til þeirra verkefna þegar stærstu áföngum er náð við lagningu stofnlína. Á þessu ári er ráðgert að verja nokkru fé til styrkingar eldri dreifilína um sveitir. Upphitun húsnæðis með innlendri orku er stórmál og framkvæmd þess verður að flýta, ekki síst þar sem ýmislegt bendir til síhækkandi olíuverðs.

Þá er í 4. mgr. þáltill. gert ráð fyrir að heimild til byggingar orkuvera verði háð því skilyrði að orkan verði eingöngu nýtt á almennum markaði og í þágu innlendrar atvinnuþróunar. Ekki verður fram hjá því gengið, að orðalag þessarar mgr. er nokkuð óljóst. Hvað er almennur markaður og hvað er innlend atvinnuþróun á máli þm. Alþb.? Ef þetta orðalag á að merkja algert bann við þátttöku erlendra aðila í íslensku atvinnulífi, þá er þarna um nokkurn mun að ræða á stefnu Alþb. og Framsfl. Framsfl. telur, eins og áður hefur komið fram, að samstarf við erlenda aðila um orkufrekan iðnað komi til greina í einstökum tilvikum. Þar verður að meta aðstæður allar hverju sinni og beita þarf ítrustu varkárni í ákvörðunum. Eins og fyrr er sagt, var Alþb. tilbúið að taka þátt í samningum við ameríska auðhring um byggingu járnblendiverksmiðju meðan það átti fulltrúa í ríkisstj. Sérstök forusta þessa flokks um útilokun erlends fjármagns í íslensku atvinnulífi virðist því út í hött og ekki studd fyrri viljayfirlýsingum forustumanna flokksins. Þarna kann því vindurinn að ráða stefnunni.

Í 5. mgr. þáltill. er að því vikið, að reistar verði, svo sem þar segir, nokkrar virkjanir af miðlungsstærð, 20—70 mw., þá verði kannaðir virkjunarmöguleikar á Vestfjörðum og gufuaflsvirkjun á Reykjanesskaga. Ekki fæ ég séð að neitt nýtt komi fram í þessum hugmyndum. Það er verið að byggja virkjun af miðlungsstærð við Kröflu, undirbúningur er hafinn að byggingu orkuvers af miðlungsstærð á Austurlandi og virkjunarmöguleikar á Vestfjörðum eru og hafa verið í athugun. Ég er þeirrar skoðunar, að á undanförnum árum hafi um of verið stefnt að byggingu stórra orkuvera og af öryggisástæðum sé nauðsynlegt að dreifa orkuöfluninni um landið. Hitt hlýtur svo að vera matsatriði, hvort nokkur miðlungsstór orkuver eru rétta lausnin, en ekki t. d. sitt orkuverið í hvorum landshluta, Austurlandi og Vestfjörðum, og síðan eitt stórt til viðbótar ef orkumarkaðurinn þarfnast svo örrar uppbyggingar. Ekki verður því séð að þessar hugmyndir út af fyrir sig breyti í neinu þeirri meginstefnu sem nú þegar er uppi í orkumálum.

Í lokakafla þáltill. er svo talað um samruna hinna stærri orkuöflunarfyrirtækja í eitt orkuöflunarfélag og orkan verði seld á sama verði um allt land til dreifingaraðila. Efni þessa kafla er sótt beint í stefnuyfirlýsingu aðalfundar miðstjórnar Framsfl. árið 1976, en þar segir svo m. a. í kaflanum um orkumál, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. — Fyrirtækið undirbýr virkjanir og lætur virkja. — Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum sem annist alla dreifingu og sölu á roforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna. Þær sjái um framkvæmdir sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi rekstrar. Aðilar að slíkum landshlutaveitum og stjórnum þeirra verði sveitarfélögin og væntanleg Íslandsvirkjun."

Af þessu sést að enn fer Alþb. beint inn í stefnuyfirlýsingar Framsfl. til efnistöku í títt nefnda þáltill. Meira að segja nafnið, Íslandsvirkjun, er fengið frá Framsfl. Sæti síst á okkur framsóknarmönnum að lasta það, hversu drjúgar stefnuyfirlýsingar flokksins hafa orðið þeim alþb.-mönnum sem efnisuppspretta til umræddrar þáltill.

Jöfnun orkuverðs milli landshluta er stórt mál og fullkomið réttlætismál. Fátt veldur nú meiri aðstöðumun í þjóðfélaginu en mismunandi möguleikar til að njóta sameiginlegra auðlinda landsins, og er hið mismunandi raforkuverð eitt ljósasta dæmi þess.

Mér hefur orðið ærið tíðrætt, herra forseti, um einstaka efnisþætti þeirrar þáltill. sem hv. þm. Alþb. leggja hér fram. Vissulega er hér hreyft mikilsverðu máli, e. t. v. einu hinu þýðingarmesta fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar. Ráðamenn þjóðarinnar hljóta á hverjum tíma og hvaða flokki sem þeir fylgja að vanda mjög ákvarðanatöku í þessu máli. Nauðsynlegt er líka að þjóðin með Alþ. í broddi fylkingar komi sér niður á heildarstefnu varðandi samskipti við erlenda aðila um atvinnurekstur á Íslandi. Framsfl. vill fara þar með fyllstu gát án þess þó að loka öllum leiðum.

Enn eru samskipti íslendinga við erlenda auðhringa tiltölulega ung og má búast við breyttum viðhorfum til slíkra samskipta eftir því sem

tímar líða. Í hvaða átt þau viðhorf þróast verður engu um spáð hér. Alþb. er með þátttöku erlendra auðhringa í íslenskri atvinnustarfsemi þegar það er í ríkisstj., á móti utan stjórnar. Fremur virðist slíkt geta kallast stefnuleysi en stefnumótun.

Áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, vil ég minna á það, að á undanförnum árum hefur veruleg uppbygging átt sér stað í þeim iðnaði sem vinnur úr íslenskum hráefnum. Minni ég þar sérstaklega á úrvinnslu íslenskra landbúnaðarvara og þann mikilsverða þátt sem samvinnuhreyfingin á Íslandi hefur átt í iðnaðaruppbyggingu landsins. Það er okkur lífsnauðsyn að efla íslenskan iðnað. Ef við gerum það ekki, kulna og visna vaxtarbroddar íslensks atvinnu- og efnahagslífs. Fyrst og fremst á þessi iðnaður að vera tengdur hinum hefðbundnu atvinnugreinum okkar, landbúnaði og sjávarútvegi. Úrvinnsla erlendra hráefna er þó ekki eingöngu tengd svokölluðum stóriðnaði eða orkufrekum iðnaði. Möguleikarnir eru margvíslegir ef við höfum kjark, þekkingu og dugnað til að nýta þá. Við viljum ekki þær félagslegu kollsteypur sem rekstur risavaxinna iðnfyrirtækja kynni að hafa í för með sér. Við væntum þess, að við getum aðhæft ný atvinnutækifæri íslenskum aðstæðum á þann veg að við getum haldið sem flestum þjóðfélagslegum sérkennum okkar og haldið áfram að búa í sátt við land okkar. Án slíkrar sáttar getur hvorugt verið, landið né þjóðin.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Till. sú, sem hér er til umr., fjallar um stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum. Hér er um að ræða uppskeru þeirra alþb.-manna eftir margra mánaða umr., átök og deilur innan flokksins um það, hver eigi að vera stefnan í orkumálum. Þessi þáltill. er því niðurstaða af löngu rifrildi innan þingflokks Alþb.

Þáltill. gerir fyrst og fremst ráð fyrir smærri virkjunum, samtengingu raforkukerfisins í landinu og að hafnað verði algerlega frekari auknum áhrifum erlendra aðila í íslensku efnahagslífi. Það má segja að stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum sé vægast sagt reikul, a. m. k. hefur ekki sem skyldi verið mörkuð sú stefna sem miðar að skipulegri uppbyggingu og þróun er varðar orku- og iðnaðarmál. Eitt skýrasta dæmið um hringlandann og skipulagsleysið er hvernig staðið var og hefur verið að undirbúningi þess ævintýris sem átt hefur sér stað norður við Kröflu. Á því ævintýri ber Alþb. fulla ábyrgð. Auk Kröflumálsins hafa orkumál okkar verið mjög í brennidepli umr. að undanförnu, og ekki er slíkt að undra þegar litið er til þess, sem verið hefur að gerast á þeim vettvangi að undanförnu, og ekki síður vegna þess, sem ekki hefur verið gert.

Ekki verður um það deilt, að orkuskortur hefur mjög hrjáð okkur á undanförnum árum. Misjafnt er þetta eftir hinum ýmsu landshlutum, en víða hefur verið og verður í æ ríkara mæli orkuskortur verði ekki að gert hið skjótasta. Við íslendingar höfum átt og eigum vissulega möguleika á því að bæta úr því ástandi sem nú ríkir í orkumálum. Við eigum þar auðlindir í vatnsföllum og jarðvarma sem, ef rétt væri á málum haldið, gætu breytt því ástandi, sem nú ríkir, á örskömmum tíma til hins betra. Föllumst við á þá meginskoðun, að hér sé um að ræða auðlindir sem þjóðin verði að virkja, þá hljótum við að spyrja okkur þeirrar spurningar, á hvern hátt við eigum að nýta þessi miklu gæði.

Stefnan undanfarandi áratugi hefur verið sú, að skyndilega hafa komið fram áætlanir um stórvirkjanir og þeim hafa síðan fylgt ákvarðanir um stóriðjuframkvæmdir. Hér hefur því verið um að ræða stóriðjustefnu í orkumálum, — stefnu sem hefur grundvallast á því að koma á fót stóriðju, mjög svo orkufrekri, sem tekið hefur til sín verulegan hluta þeirrar orku sem fyrir hendi hefur verið. Þessi stóriðjustefna hefur ekki einungis haft það í för með sér, að svo til stanslausar stórframkvæmdir hafa verið í gangi hér á suðvesturhorni landsins með allri þeirri byggðaröskun sem þeim hefur fylgt, heldur hefur staðarvali þessara orkuvera verið þann veg háttað, að orkuverin eru öll á mesta eldfjalla- og umbrotasvæði landsins.

Þetta staðarval orkuvera er afleiðing þess, að stjórnvöld hafa látið undir höfuð leggjast að gegna þeirri skyldu sinni að láta hanna hina ýmsu möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera, og leggja þá síðan fyrir Alþ. þannig að þeir, sem eiga að bera ábyrgð á endanlegum ákvörðunum, geti séð hverra kosta er völ. Þetta hefur ekki verið gert. Það, sem gerst hefur, er að það embættiskerfi, sem byggt hefur verið upp á undanförnum árum, í þessu tilviki Landsvirkjun, stórt kerfisbákn sem lýtur sínum lögmálum, með gífurlega fjármunaveltu, — þetta kerfisbákn kemur sér upp tæknideildum sem með margra ára fyrirvara byrja að undirbúa framhald virkjana á starfssvæði sínu. Þetta kerfi er tilbúið með hönnun á næstu virkjun þegar ákvörðun þarf að taka, og það hefur því ráðið ferðinni í virkjunarmálum.

En hvað með hinn angann af því kerfi sem sjá á um stóran hluta orkuöflunar landsmanna, Rafmagnsveitur ríkisins? Hefur þessi angi kerfisins undir stjórn orkumálaráðherra ekki sinnt þessu verkefni sínu sem skyldi? Undanfarin ár hefur hæstv. orkumálaráðh., yfirmaður þess, ferðast um landið og lofað orkuveitum tvist og bast, og hæstv. ráðh. hefur talað af bjartsýni og stórhug hvar sem hann hefur farið. En þegar heim er komið úr þessum reisum og hæstv. ráðh. þarf að fara að taka ákvörðun um efndir þessara loforða sinna, þá kemur í ljós að eini kosturinn, sem fyrir hendi var, er virkjun Hrauneyjafoss, enn ein stórvirkjun á umráðasvæði Landsvirkjunar. Og hver er ástæðan? Jú, hún er sú, að engin hönnun er tilbúin um virkjanir á þeim svæðum sem falla ekki undir svæði Landsvirkjunar. Það er t.d. aðeins til bráðabirgðaáætlun varðandi Blönduvirkjun. Þetta sýnir að þannig er á málum haldið af þeim sem ferðinni ráða í orkumálum, að jafnvel þótt menn vildu nú breyta til og fara með stórvirkjanir út af eldfjallasvæðinu eða huga að öðrum kostum, þá er það ekki fyrir hendi, vegna þess að svo virðist sem um það sé séð af hálfu stjórnvalda, að þau geti með þessum hætti í skjóli Landsvirkjun-

arkerfisins framfylgt af fullum krafti þeirri stóriðjustefnu sinni í orkumálum sem miðar að því að láta sitja í fyrirrúmi orkuöflun til handa erlendri stóriðju þrátt fyrir þá staðreynd, að íslendingar sjálfir búa við orkuskort.

Eitt dæmi þessarar stóriðjustefnu núv. ríkisstj., studdrar af Alþfl., er sú ákvörðun, sem verið hefur til umr. hér á Alþ. undanfarna daga, að reisa járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Þetta stóriðjufyrirtæki er áætlað kosta um 19 milljarða kr. Þessi verksmiðja kemur til með að nota um helming allrar þeirrar orku sem Sigölduvirkjun framleiðir. Þessa orku á að selja verksmiðjunni á 1 kr. kwst. eða undir kostnaðarverði, á sama tíma og íslenskur iðnaður og annar atvinnurekstur er látinn borga upp í a. m. k. 19 kr. fyrir kwst., — 1 kr. kwst. fyrir erlenda stóriðju, 19 kr. fyrir íslenskan iðnað.

Það er þessi stefna ríkisstj. í orkumálum sem látin er njóta forgangs, á sama tíma og heilir landshlutar búa við orkuskort. Þessi stefna stjórnvalda í orkumálum er auðvitað forkastanleg og sýnir svo glöggt sem verða má hvert hugarþel býr að baki fagurgala hæstv. ráðh. um að orkumál landsmanna njóti algers forgangs. Á sama tíma og þessi stefna ríkisstj. situr í fyrirrúmi verður ekki betur séð en lagst sé á framkvæmdir í orkumálum sem miða að því að skapa íslendingum sjálfum næga orku til eigin nota.

Ég sagði áðan að orkuskortur herjaði í heilum landshlutum, eins og á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum. Allir þessir landshlutar búa við orkuskort sem hefur haft í för með sér að allt frá því í byrjun árs 1974, þegar orkukreppan fór að segja til sín, hafa verið lagðar gífurlega auknar byrðar á íbúa þessara landshluta vegna ört hækkandi verðs á þeim orkugjafa sem fólk verður að búa við, olíunni. Það er ekki að sjá að stjórnvöld sjái ástæðu til að breyta um stefnu í orkumálum og taka upp stefnu sem miði að því að létta byrði þessa fólks og um leið að spara dýrmætan gjaldeyri. Það er ekki að sjá að núv. ríkisstj. hafi neitt við það að athuga, að svo til hver og einn einasti íbúðareigandi á þessum stöðum þurfi að borga um 30 þús. kr. mánaðarlega í kostnað við upphitun íbúðarhúsnæðis. Fulltrúi Framsfl., Ingi Tryggvason, sem talaði hér áðan, hefði átt að minnast þessa þegar hann var að gera grein fyrir stefnu Framsfl. í orkumálum. Hér á við, að eitt eru orð og annað gerðir.

Það er ekki heldur að sjá að núverandi stjórnvöld hafi neitt við það að athuga að atvinnurekstur í þessum landshlutum búi við orkuskort með þeim afleiðingum, að við borð liggur að atvinnufyrirtæki stöðvist vegna ónógrar orku, hvað þá að fyrir hendi sé að auka fjölbreytni atvinnulífsins á þessum stöðum.

Varðandi orkumál Vestfjarða er það að segja, að fyrir um einu ári voru samþykkt hér á Alþ. lög um Orkubú Vestfjarða. Ekki er vitað til að neitt hafi verið gert varðandi framkvæmd þeirrar löggjafar síðan hún var samþ. Hæstv. orkumrh. hefur greinilega farið sér hægara í því að sinna úrbótum í orkumálum Vestfjarða í anda þeirrar löggjafar en í því að sjá svo um að erlendir aðilar hafi næga orku úr að spila undir kostnaðarverði til atvinnurekstrar hér á landi.

Á s. l. ári var Mjólkárvirkjun II tekin í notkun. Ljóst var þá þegar að orka hennar hrykki vart til að fullnægja þörf líðandi stundar. Í ljós hefur komið að sameiginleg orka Mjólkárvirkjunar I og II hefur orðið mun minni en ráð var fyrir gert, og í vetur mun Mjólkárvirkjun I aðeins hafa skilað um hálfu afli sökum vatnsskorts.

Samkvæmt upplýsingum, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa tekið saman um orkuþörf og orkuframleiðslu á Vestfjörðum, er orkuvöntun áranna 1978—1980 þessi: Árið 1978 er orkuvöntun 26.3 gwst., 1979 39.1 gwst. og 1980 52.2 gwst. Ef anna ætti þessari orkuvöntun með framleiðslu frá dísilstöðum, þá mundi það kosta þessi þrjú ár rúmlega 2.1 millj. kr. Á þessu má sjá hvert ástand orkumála á Vestfjörðum er.

Hæstv. orkumrh. mun í júlímánuði 1976 hafa fengið í hendur skýrslu frá Rafmagnsveitum ríkisins um næstu hugsanlegar vatnsvirkjanir á Vestfjörðum, þ. e. fullgerða frumhönnun á meðalstórri virkjun í Dynjanda og frumáætlun virkjun Þverár við Ísafjarðardjúp. Það vekur athygli, að þm. Vestf. hafa ekkert fengið um þessa skýrslu að vita, og er það þó furðulegt. Engu er líkara en hæstv. ráðh. vilji halda þm. Vestf. og vestfirðingum sem lengst í þeirri trú að undirbúningsvinna sérfræðinga gangi það seint að engar ákvarðanir sé enn hægt að taka um virkjunarmál Vestfjarða. Þegar þess er gætt, að 5—8 ár líða frá því að ákvörðun hefur verið tekin um vatnsaflsvirkjun og þar til slík virkjun kemst í gagnið, er augljóst að eigi ekki að koma til algjörs neyðarástands í orkumálum Vestfjarða verður nú að grípa til annarra og fljótvirkari aðgerða. Þær aðgerðir ættu að vera að hraða svo sem kostur er lagningu byggðalínunnar. Fyrir liggja áætlanir um kostnað vegna lagningar línu frá Hrútafirði til Mjólkár. Kostnaður við þessa framkvæmd er um 1263 millj. kr. á núverandi verðlagi og kostnaður við aðveitustöðvar um 900 millj. kr., eða samtals 2 milljarðar 163 milljónir. Lína þessi gæti verið lögð á tveim árum. Línan er miðuð við flutning á allt að 50 mw., og samkvæmt spám um orkuöflun og orkuframboð á svæði Landsvirkjunar, þegar þessi lína yrði tilbúin, yrði til staðar 10 mw. afl eða 50 gwst. orka frá byggðalínu til Vestfjarða. Hér er því um að ræða orku sem uppfylla mundi þarfir vestfirðinga, þar á meðal raforku til húshitunar. Þetta er því sá eini kostur sem fyrir hendi er ef koma á í veg fyrir algjört neyðarástand í orkumálum Vestfjarða. Einnig ber að hafa í huga að lagning línu til Vestfjarða útilokar ekki á nokkurn hátt hinn valkostinn, þ. e. vatnsvirkjanir heima í héraði, heldur þvert á móti ætti lagning slíkrar línu að vera til styrktar þeirri stefnu.

En það er ekki að sjá að hæstv. orkumrh. sé í þeim hugleiðingum að láta verða af framkvæmdum í þessum dúr. Hann virðist una glaður við þá stefnu sína að láta það hafa forgang að sjá stóriðju með aðild útlendinga fyrir nægri raforku á verðlagi sem er undir því sem kostar að afla orkunnar, sem þýðir að við verðum að borga með þeirri raforku sem fer til þessa stóriðjurekstrar.

Það hefur t. d. nú nýlega verið upplýst, hversu mikið við íslendingar þurfum að borga með

þeirri raforku sem álverið í Straumsvík notar. Á árunum 1974—1977 þurftum við Íslendingar að borga 250 millj. með þeirri raforku sem álverið í Straumsvík notaði. Og allt bendir til að sá orkusölusamningur, sem búið er að gera vegna járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, verði enn óhagstæðari. Og ekki nóg með það, svo mikla áherslu leggur ríkisstj. á þessa stóriðjustefnu sína, að það á að verja 900 millj. til 1 milljarðs til sérstakrar hafnargerðar vegna Grundartangaverksmiðjunnar. Samkvæmt þessu á að verja svo til jafnmiklu fjármagni til framkvæmda við þessa einu höfn fyrir verksmiðjuna eins og varið er til allra fiskihafna á landinu á fjárl. ársins 1977. Svona mikið þykir við liggja hjá hæstv. ríkisstj. að koma stóriðjustefnunni í framkvæmd.

Hvort sem menn eru með eða á móti stóriðju í landinu, þá ættu allir að geta verið sammála um það, að stefnu í orkumálum ber fyrst og fremst að móta í þeim anda, að nr. eitt sé að sjá Íslendingum sjálfum fyrir nægri orku, áður en farið er að snúa sér að því að virkja til að selja útlendingum.

Með það í huga að þjóna fyrst og fremst þörfum Íslendinga sjálfra í orkumálum er vissulega þörf stefnubreytingar í orkumálum. Það þarf að snúa frá þeirri forgangstefnu stóriðju sem ráðið hefur ríkjum hér á undanförnum árum, snúa til þeirrar stefnu að nýta hinar miklu orkulindir okkur sjálfum til handa og þá fyrst og fremst þeim til handa sem búa við orkuskort. Inn á þær brautir ber að beina stefnumótun okkar í orkumálum.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. síðasti ræðumaður fjölyrti nokkuð um orkumál Vestfjarða. Þar var af lítilli þekkingu mælt. Hann virðist ekki vita það, að nú við undirbúning framkvæmdaáætlunar Rafmagnsveitna ríkisins fyrir næsta ár er gert ráð fyrir byggðalínu frá Brú í Hrútafirði og a. m. k. í Króksfjarðarnes. Hann virðist ekki heldur gera sér grein fyrir því, að það hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að fá sem fyrst úr því skorið, hvort hægt sé að samræma virkjunar- og náttúruverndarsjónarmið í sambandi við virkjun Dynjanda. Það mál er einmitt þessa dagana til meðferðar hjá náttúruverndarnefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu. Auðvitað veit hv. þm. Karvel Pálmason ekki um þetta, því að allt hans tal um orkumál Vestfjarða lýsir mikilli fáfræði. En ég ætla ekki að tefja tímann með því að ræða frekar við þennan hv. þm., en mun snúa mér að þarfara verkefni og ræða þá þáltill. sem hér liggur fyrir.

Í fyrirsögn þáltill. þessarar er talað um stefnumótun í orkumálum. Þetta ætti að benda til þess, að till. fjallaði um orkumálin í heild eða helstu innlendu orkugjafana, þ. á m. jarðvarma til upphitunar húsa, ylræktar og iðnaðar. En í till. sjálfri er einungis fjallað um raforkumál, sem að vísu eru ákaflega þýðingarmikil, en algerlega sleppt þeim þættinum sem ekki verður talinn þýðingarminni í framtíðinni, þó ekki væri fyrir annað en þá staðreynd, að talið er að þær orkuauðlindir landsins, sem felast í jarðvarmanum, geti verið jafnvel mörgum sinnum meiri en þær auðlindir sem taldar eru felast í orku fallvatna landsins.

Þessi till., sem hér er til umr., fjallar því ekki nema um hluta af skipulagi og stefnumótun í orkumálum landsins. Ber og efnismeðferð í till. þessari ýmis önnur merki þess, að tekið er á þessu máli, að því er virðist, af takmarkaðri yfirsýn og skilningi á viðfeðmi þess og mikilvægi.

Þegar meta skal gildi hinna einstöku leiða í skipulagi orkumálanna ber fyrst og fremst að hafa í huga hvað sé þjóðhagslega hagkvæmt, þ. e. með hverjum hætti best væri náð því markmiði að fullnægt verði orkuþörf landsmanna með innlendum orkugjöfum og með sem lægstu og jöfnustu orkuverði um land allt.

Till. þessi til þál. gerir ráð fyrir samruna Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar í eitt orkuöflunarfyrirtæki, Íslandsvirkjun, er síðan nái til alls landsins. Spyrja má hvort það sé ætlunin, að þetta verði framkvæmt hvort sem sameigendum ríkisins í þessum virkjunum, Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstað, líkar betur eða verr. Og ef vilji er ekki fyrir hendi, er þá kannske ætlunin að lögbinda þessa skipan og taka hlut Reykjavíkur og Akureyrar eignarnámi?

Einhverja meinbugi virðast flm. sjálfir sjá á þessari ríkisforsjá í orkumálum sem þeir leggja til. Samkvæmt till. skal Íslandsvirkjun starfrækt í deildum eftir landshlutum með þátttöku allra sveitarfélaga til að tryggja eðlileg áhrif heimamanna á stjórn hennar, eins og það er orðað. Þetta virðist eiga að lögbinda, hvort sem sveitarfélögin vilja eða vilja ekki. En auðvitað er það sveitarfélaganna sjálfra að meta hver séu eðlileg áhrif heimamanna á stjórn orkumálanna. Og það vill svo til, að það má fara nokkuð nærri um það að eitt fyrirtæki fyrir allt landið fullnægi ekki hugmyndum manna um þessi efni.

Á undanförnum árum hafa verið miklar umr. um skipan orkumála. Í till. Sambands ísl. sveitarfélaga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur verið lagt til að raforkuöflun verði í höndum sameignarfyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Þegar árið 1972 efndi Samband ísl. rafveitna til ráðstefnu um skipulag orkumála þar sem mörkuð var sú meginstefna, að raforkuvinnslufyrirtæki skuli vera sameign sveitarfélaga og ríkis og framtíðarskipan yrði sú, að landinu verði skipt í svæði með hvert sitt landshlutafyrirtæki í raforkumálum. Í þessu sambandi má og minna á að árið 1965 setti Alþ. lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö orkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélag fyrir tiltekin svæði í landinu. Telja má að með þeirri samþykkt hafi Alþ. fylgt þeirri stefnu að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum. En framhald hefur ekki orðið. Aðrir landshlutar hafa ekki fengið sín landshlutafyrirtæki í sameign viðkomandi sveitarfélaga og ríkisins. Hins vegar hefur reynslan af Landsvirkjun og Laxárvirkjun verið slík að sannað hefur ágæti þessa fyrirkomulags. Það er því ekki óeðlilegt að um alllangt skeið hafi verið uppi raddir í hinum ýmsu landshlutum um að þar verði komið upp landshlutafyrirtækjum í sameign viðkomandi sveitarfélaga og rík-

isins. Hin ýmsu landshlutasamtök hafa raunar gert ítrekaðar samþykktir um stefnumörkun í orkumálum á þessum grundvelli.

Till. sú, sem hér er á dagskrá, fellur ekki saman við þessar hugmyndir, því að hún gerir ráð fyrir einu orkuöflunarfyrirtæki fyrir allt landið í stað landshlutafyrirtækja.

Sú mótbára hefur heyrst gegn landshlutafyrirtækjum, að það skipulag orkumála, sem þau fela í sér, hafi þann galla að heildarstjórn orkumálanna verði ábótavant, ekki sé tryggð sú heildarstjórn sem óneitanlega fylgir því að hafa orkufyrirtækið eitt fyrir allt landið, eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Þessi ótti hefur jafnvel gengið svo langt, að það er eins og sumir virðist óttast að ekki sé hægt að samtengja raforkukerfi landsins nema fyrirtækið sé eitt. Og þá hafa sumir haft við orð að verðjöfnun á raforkuverði gangi erfiðlegar ef fyrirtækin eru mörg, í stað eins fyrirtækis. Hvort tveggja er að sjálfsögðu mikill misskilningur.

Samtengingin er tæknilegt mál, óháð því hvert skipulag er á raforkufyrirtækjunum. Það þurfti engan samruna Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar til þess að leggja Norðurlínuna sem nú er orðin staðreynd. Raforkukerfi heilla þjóðlanda er að fullu samtengt þó orkuvinnslufyrirtækin séu mörg og hið samtengda háspennukerfi í eigu margra fyrirtækja. Þarf ekki að eyða orðum að þessari mótbáru.

Verðjöfnun á raforkuverði er nauðsynleg til að jafna aðstöðuna milli landshluta sem stafar ýmist af misjöfnum landfræðilegum aðstæðum eða mismunun í orkuframkvæmdum á fyrri tíð. En af þjóðhagslegum ástæðum verður að setja verðjöfnun þau takmörk, að ekki sé verið að verðlauna lélega stjórn og rekstur, hver sem í hlut á. Hygg ég að betur geti verið séð við því þegar um landshlutasamtök er að ræða og hver ber ábyrgð á sínu, en ekki er allt í sömu skál, sem verða mundi ef fyrirtækið væri eitt fyrir allt landið.

En fjarri sé mér að gera lítið úr því að traust heildarstjórn sé yfir orkuvinnslunni og orkudreifingunni. Samræma þarf þau sjónarmið sem leggja áherslu á heildarstjórnina, eins og gert er í þessari þáltill., og þau þjóðhagslegu sjónarmið, sem hugmyndir um landshlutafyrirtæki byggjast á. Það má gera með ýmsum hætti, t. d. með því að setja á fót stjórnunaraðila skipaðan fulltrúum landshlutafyrirtækjanna. Slíkur stjórnunaraðili verður að hafa vald til þess að kveða á um skipulagslega samræmingu, stjórnun stofnlínukerfa, samrekstur orkuvera og annað sem lýtur að hagkvæmum rekstri fyrir þjóðarheildina.

Til að mæta viðhorfum sveitarstjórnarmanna og óskum, sem fram hafa komið, skipaði hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, orkunefndir fyrir öll kjördæmi landsins utan Reykjavíkur með það fyrir augum að gera till. um framtíðarskipun orkumála í hverju umdæmi fyrir sig. Störfum þessarar n. er mismunandi langt komið. Sumar hafa lokið störfum, en aðrar ekki. Lengst er komið þessum málum varðandi Vestfirði, þar sem samþykkt voru lög á síðasta þingi um landshlutafyrirtæki vestfirðinga, Orkubú Vestfjarða, en nú er unnið að stofnun þess fyrirtækis.

Samkvæmt lögunum um Orkubú Vestfjarða er gert ráð fyrir víðtæku hlutverki fyrirtækisins sem ekki einungis nær til raforkuvinnslu og dreifingar raforku, heldur og til hagnýtingar jarðvarma til hitaveitna og raunar fjarvarmaveitna með öðrum orkugjöfum en jarðvarma. Aftur á móti gera till., sem liggja fyrir um Norðurlandsvirkjun, ráð fyrir að hlutverk þess landshlutafyrirtækis nái aðeins til raforkuvinnslu og till. frá Austfjarðanefndinni gera ekki ráð fyrir sjálfstæðu landshlutafyrirtæki. Allt er þetta íhugunarefni.

Þegar ég tala um landshlutafyrirtæki á ég við fyrirtæki sem viðkomandi sveitarfélög vilja vera aðilar að af frjálsum vilja. Af þessu leiðir að ekki er hægt að ganga út frá því fyrirfram að öllu landinu verði af hálfu ríkisvaldsins skipt í landshlutafyrirtæki. Það yrði þá komið undir sveitarfélögum í hverjum landshluta hvort landshlutafyrirtækið yrði stofnað, hvenær það yrði stofnað og hve víðtæku hlutverki því væri ætlað að gegna.

Mér virðist að ekki sé raunhæft að ætla að lögbinda sveitarfélögin til að vera aðilar að landshlutafyrirtækjunum, þau verði sjálf að meta og ákveða hvaða fyrirkomulag þau telji best þjóna hagsmunum fólksins og viðkomandi byggðarlaga. Annað fær og naumast samrýmst sjálfstæði sveitarfélaganna sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir.

Þetta leiðir hugann að þeim möguleika, að hvorki verði gert ráð fyrir einu fyrirtæki né að landinu yrði öllu skipt upp í landshlutafyrirtæki, heldur rúmaði skipulagið bæði landshlutafyrirtæki og eitthvert ríkisfyrirtæki, svo sem t. d. Rafmagnsveitur ríkisins, til þess að þjóna þeim stöðum þar sem landshlutafyrirtækjum væri ekki til að dreifa. Hér er ekki tími til að fara frekar út í þetta margslungna mál.

Þeir alþb.-menn tala mikið um styrka heildarstjórn orkumálanna, en í þessari þáltill. láist þeim að taka orkumálin í heild, svo samofin sem t. d. hagnýting jarðvarmans og hagnýting vatnsorku fallvatnanna er. Þeir taka ekki heldur raforkumálin nema að hluta, þ. e. a. s. skipulag orkuvinnslunnar, en ekki þann engu minni þátt sem er rannsókn orkuauðlinda okkar íslendinga sem er frumskilyrði skynsamlegrar ákvarðanatöku í virkjunum hvers konar orkugjafa. Það er þetta mikilvæga hlutverk sem Orkustofnun er ætlað samkvæmt gildandi lögum. Orkustofnun er ætlað að annast yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra. Og Orkustofnun er ætlað að vera ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál. Það er brýnt verkefni að efla Orkustofnun til þess að hún hafi betri tök á að gegna sínu mikilvæga hlutverki í orkumálum landsins. Það þarf að endurskoða starfsemi þessarar stofnunar og gera hana hæfari og hlutgengari aðila til undirbúnings og aðstoðar við stefnumótun í orkumálunum. Ég er ekki með þessum orðum að deila á orkumálastjóra og starfsmenn Orkustofnunar. Ég er að deila á skipulagið. Eg deili á enga sem af kunnáttu og samviskusemi rækja sín störf.

Þegar rætt er um skipulag orkumála verður að líta á málið í heild, hina ýmsu orkugjafa og rannsóknir á orkulindunum annars vegar og orkuvinnslu- og dreifingarfyrirtækin hins vegar.

Þeim ferst ekki að hreykja sér hátt í þessum málum sem með skipulag stöðugt á vörum sést yfir þessi sannindi.

Hæstv. iðnrh. skipaði n. í jan. s. l. til að endurskoða orkulögin og gera till. um heildarskipulag orkumálanna í landinu. N. þessi situr nú að störfum. Hér er um að ræða mikið og vandasamt verk. Það er ekki nema eðlilegt að ýmsar skoðanir séu uppi um skipulag orkumálanna. Það er og mjög þarflegt að fá hin ýmsu sjónarmið fram. Þess vegna hefði það verið fagnaðarefni ef í þáltill. þessari, sem við nú ræðum, væri eitthvað bitastætt sem að gagni mætti verða. Ég tel að allar hugmyndir beri að vega og meta af kostgæfni. Það þarf að leitast við að samræma hin ýmsu sjónarmið eftir því sem þau kunna að koma að gagni til mótunar þess skipulags sem best stuðlar að því að þau markmið náist í orkumálunum sem við öll ættum að vera sammála um. Það er ekki lítið í húfi að vel takist til um skipulag og stefnumótunina í orkumálunum. Undir því er komið hversu vel okkur tekst að hagnýta hinn ómetanlega þjóðarauð sem felst í orkulindum þeim, sem forsjónin hefur búið landi okkar. Undir því er komin hagsæld lands og lýðs.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Við íslendingar byggjum eitthvert orkuauðugasta land á jörðu, þar sem ógrynni orku eru fólgin í fallvötnum og jarðhita. Þessar orkulindir bíða þess eins, að mannshöndin beisli þær í þágu landsins barna. Raforkuvinnsla íslensku þjóðarinnar á mann er þegar orðin ein hin mesta í heimi, nam fyrir 3 árum 10 900 kwst. Aðeins lönd eins og Noregur og Kanada stóðu verulega framar í orkuframleiðslu á íbúa á því ári og land eins og Bandaríkin var þó nokkuð á eftir, svo nam fimmtungi. Við þessa miklu raforkuframleiðslu, sem þegar á sér stað, bætist svo að samkvæmt niðurstöðum rannsóknarmanna eru enn óbeislaðar og ónýttar orkulindir sem hagkvæmt væri að virkja og búa yfir margfalt meira afli en þegar er komið í notkun. Mun ekki fjarri lagi að aðeins sé virkjaður 1/20 hluti tiltölulega auðnýtanlegrar orku þegar vatnsföll og jarðvarmi eru talin í einu lagi. Enn er ótalið það ómetanlega hagræði að orkulindirnar í landi okkar skuli ekki vera eyðanleg jarðefni, eins og olía eða kol sem þverra eftir því sem af er tekið, heldur sjálfar höfuðskepnurnar, vatn og eldur, sem endurnýja orkuuppspretturnar af sjálfu sér svo lengi sem heimur stendur.

Þegar svo hagsældarlega er að þjóðinni búið að náttúrugæðum landsins er ekki nema von að mönnum blöskri og þyki ólíkindum sæta að í heilum og hálfum landsfjórðungum á Íslandi ríkir orkukreppa sem segir tilfinnanlega til sín með tvennum hætti. Annars vegar býr fólk í þeim héruðum, sem í hlut eiga, í rauninni um alla landsbyggðina frá Vestfjörðum austur um Norðurland og suður endilanga Austfirði, við beinan orkuskort sem takmarkar þægindi manna í þessum héruðum og torveldar þar atvinnurekstur. Við þennan beina orkuskort bætist svo að á stórum hlutum þessa víðlenda svæðis er orkukostnaðurinn langtum hærri en í öðrum landshlutum, vegna þess að orkuframleiðslan fer að verulegum hluta fram með olíuknúðum vélum. Nemur kostnaðaraukinn, sem af þessu hlýst fyrir íbúa orkusveltisvæðisins, að líkindum nálægt 50% af orkukostnaði þeirra sem búa við lægst rafmagnsverð á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. Víðast hvar á því svæði, þar sem rafmagnið er dýrast, eru jarðvarmaveitur til húshitunar enn á undirbúningsstigi eða hreinlega ekki framkvæmanlegar, svo rándýr olían hitar híbýli flestra á þessum slóðum.

Þegar tillit er tekið til áhrifa alls þessa á afkomu manna er ekki ofsagt að umframkostnaður þeirra, sem búa og starfa á orkuskortssvæðinu, er einna mestur áhrifavaldur kjaramunar eftir landshlutum og þar með byggðaröskunar sem af honum hlýst.

Ástæða er til að staldra lítið eitt við það, hvernig á því stendur að þessi vandi hefur þyrmt yfir á allra síðustu árum mun tilfinnanlegar en áður var. Ástæðurnar eru margar, en þessar ber þó hæst að mínu viti. Í fyrsta lagi hefur orkuþörfin vaxið miklu örar en menn gerðu sér grein fyrir og gerðu ráð fyrir til skamms tíma. Húsakynni manna stækka og krefjast öflugri hitunartækja. Heimilistækjum, sem knúin eru raforku, fjölgar óðfluga. Atvinnurekstur hvers konar, einkum þó vaxandi úrvinnsluiðnaður, þarf á sívaxandi orku að halda.

Í öðru lagi lifðum við íslendingar í sömu sjálfsblekkingu og aðrar iðnþróunarþjóðir meðan olía var í lágu verði. Meðan svo var ráku efnahagslegir hagsmunir ekki ýkjahart eftir að hagnýta innlendar orkulindir af miklum hraða. Það var miklu umsvifaminna að kaupa dísilvél og kynda hana með tiltölulega ódýrri olíu til raforkuframleiðslu en að ráðast í vatnsvirkjun og línulagnir með ærnum stofnkostnaði.

Það var því annars vegar seinlæti að átta sig á orkuþörfum, sem fylgja breyttum heimilisháttum og atvinnuháttum, og hins vegar andvaraleysi vegna tímabundins lágs verðs á innfluttum orkugjöfum, sem varð einkum til þess að orkukreppa dundi yfir íslendinga þrátt fyrir orkuauðinn sem landið hefur að bjóða. Um það má lengi deila, hverjir flokkar og einstaklingar eigi einkum sök á því, að ekki var fyrr brugðið við að ráða bót á þessum bresti í atvinnulífi landsins. Sjálfsagt má sýna fram á að menn hafi verið misjafnlega fljótir að átta sig á nýjum viðhorfum. En slök reikningsskil skipta ekki meginmáli úr því sem komið er. Nú verður það að ganga fyrir að finna greiðustu leiðina til að ráða bót á vandanum sem okkur hefur að höndum borið.

Engin huggun er það heldur fyrir okkur, en sýnir þó hversu flókin orkumálin eru og vandmeðfarin, að orkukreppan og vandræði henni samfara gera engan mun á ríkjum og þjóðum. Daglegar fréttir leiða í ljós að í háþróuðustu iðnríkjum, svo sem Bandaríkjunum, Svíþjóð og Vestur-Þýskalandi, hefur orkustefna stjórnvalda jafnt og stórfyrirtækja reynst meira eða minna röng og misheppnuð. Sem betur fer eru aðstæður þannig hér á landi, að orkuvandinn snýr þrátt fyrir allt ekki að okkur eins óhugnanlegum hliðum og þessum þjóðum. Við stöndum ekki frammi fyrir því að þurfa um það að velja að koma annaðhvort upp kjarnorkuknúðum raforkuverum

án þess að nein örugg ráð séu fundin til að ganga svo frá geislavirkum úrgangi að tryggt geti talist, að hann verði ekki mönnum og öllu lífi háskalegur öldum saman, eða draga að öðrum kosti verulega úr orkunotkun atvinnuvega og einstaklinga.

Verkefni okkar við að leysa okkar orkukreppu er tvíþætt. Annars vegar þarf að tengja allt landið saman með flutningslínum á grunnafli í eitt orkuveitusvæði. Hins vegar þarf að ganga þannig frá skipulagi orkuöflunar og rafmagnsdreifingar til notenda, að ekki sé á orkuverði svo mikill munur eftir héruðum að úrslitum gæti valdið um atvinnuskilyrði og búsetuhagkvæmni. Byggðalínan til raforkuflutnings í stórum stíl milli Norðurlands og Suðurlands er vel á veg komin og á að tengja raforkuveraþyrpinguna á Suðvesturlandi við mestan hluta Norðurlands áður en yfirstandandi ár er úti. En þetta er ekki nema fyrsti áfanginn að því marki sem stefna verður rakleitt að. Eftir byggðalínuna verða að koma framhaldslínur til Vestfjarða og Austfjarða. Jafnframt þarf að endurbæta og efla dreifikerfin svo þau megni að anna vaxandi raforkunotkun, sér í lagi til húshitunar þar sem ekki er kostur á jarðvarma. Ekki er lengur verjandi að þyrpa stærstu raforkuverum saman á litinn blett á eldvirku svæði frekar en orðið er.

Þessi stefna, sem ég hef nú lýst í örfáum orðum, er sett fram í grundvallaratriðum í þáltill. sem ég er flm. að ásamt þrem öðrum hv. þm., sínum úr hverjum flokki, þeim Magnúsi Kjartanssyni, sem er 1. flm., Halldóri Ásgrímssyni og Benedikt Gröndal. Vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa úr þeirri till., 109. máli þingsins, á þskj. 130, þáltill. um skipan raforkumála. Þar segir:

„Í þeim tilgangi, að tryggð verði sem best fullkomin nýting orkulinda landsins með hag þjóðarinnar í heild fyrir augum og um leið til hagnaðar fyrir íbúa hvers einstaks landshluta, skal stefnt að því sem hér segir:

1. Að raforkuver landsins verði öll tengd saman í eitt raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningskerfi er lúti yfirstjórn sameiginlegs fyrirtækis sem annast vinnsluna og aðalorkuflutninginn; að skipulagslega séu í senn tryggð eðlileg áhrif íbúa einstakra landshluta á raforkuvinnslu í landinu og sem öruggust samvinna um hagkvæmustu nýtingu orkulinda landsins, og að því að heildsöluverð á rafmagni til almenningsþarfa verði sem mest hið sama um land allt.

Stofnað verði raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningsfyrirtæki, Íslandsvirkjun, sem sé eign ríkissjóðs og sveitarfélaga landsins. Eignaraðild ríkisins sé eigi lægri en 50%, en eignaraðild sveitarfélaganna skiptist þeirra á milli sem næst eftir íbúahlutfalli umdæma þeirra.

Íslandsvirkjun skal rekin í deildum með landfræðilegum mörkum. Hver deild skal hafa sérstaka stjórn í héraði, sem hafi m.a. á hendi stjórn á rekstri orkuvinnslu- og aðalorkuflutningsmannvirkja í umdæmi sínu og stjórn þjónustumiðstöðvar með tæknimenntuðu starfsliði. Í yfirstjórn fyrirtækisins séu fulltrúar búsettir í öllum landshlutum.

2. Að dreifing raforku og sala til almennrar neyslu verði í stærri rekstrareiningum en þorri dreifiveitna er nú, en samtímis haft í huga að eðlileg áhrif íbúa hvers landshluta á dreifingu og sölu rafmagns á svæðinu séu þeim tryggð ...

Sá hluti starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins, sem tekur til dreifingar raforku til neytenda, verði skipulagslega aðgreindur frá orkuvinnslu og aðalorkuflutningi og dreifingunni skipt niður á landshlutadreifiveitur með landfræðilegum mörkum undir yfirstjórn rafmagnsveitustjóra ríkisins, en hver um sig er rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi og stjórn og framkvæmdastjóra í héraði.

Sveitarfélög, sem þess óska og verðmæti leggja fram, skulu eiga þess kost að gerast meðeigendur að landshlutadreifiveitum."

Þetta eru nokkur meginefnisatriði úr þeirri þáltill. sem flutt var af mér og þrem öðrum þm. fyrr á þinginu.

Nú hefur þingflokkur Alþb. eins og hann leggur sig lagt fram aðra till., þar sem ekki er að finna rækileg ákvæði um þá skipulagsundirstöðu og heildarlausn brýnustu viðfangsefna orkuöflunar og orkudreifingar sem felast í till. sem ég áðan las, heldur er meginefni till. að horfið skuli frá stórvirkjunum a.m.k. um skeið og í staðinn teknar fyrir smærri virkjanir þó óhagkvæmari séu. Þetta er öfugt við það sem segir í grg. með þáltill. okkar fjögurra þm. sem ég vitnaði til áðan, þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnkostnaður vatnsorkuvera, sem nú er í smíðum eða í athugun hér á landi, er t.d. æði breytilegur, frá því kringum 80 þús. kr. á kw. í þeim stærstu allt upp í 300 þús. kr. á kw. í því smæsta. Hagkvæmni stærðarinnar er í þessu atriði auðsæ. Hins vegar er dýrt að láta stór orkuver standa lengi lítt notuð. Verður því að ganga út frá að eftirleiðis verði vatnsafl þessa lands virkjað í allstórum áföngum, svo stórum að hver áfangi um sig geti sinnt og verði látinn sinna aukningu orkuþarfa margra landshluta í senn, en ekki virkjað samtímis í öllum landshlutum. Forsenda þess, að þetta sé mögulegt, eru samtengilínurnar á milli landshlutanna sem ýmist eru í byggingu eða ráðgerðar á næstunni."

Ástæðuna til þess, að þm. Alþb. vilja nú hverfa frá þeirri stefnu, sem mörkuð var í þeim orðum sem ég vitnaði til, og taka upp smærri virkjanir þótt rafmagn frá þeim verði dýrara, segja þeir vera þá að markaður sé ekki fyrir orku frá hagkvæmum virkjunaráföngum stórvirkjananna nema hún sé að verulegum hluta seld til orkufreks iðnaðar í eigu útlendinga. Benda þeir á möguleika til iðnaðar úr innlendum hráefnum sem þeir telja að yrði við hæfi smærri virkjananna sem þeir halda fram.

Á þessa röksemdafærslu get ég ekki fallist. Nógu vandasamt verkefni er að koma upp orkufrekum iðnaði úr innlendum hráefnum, svo sem sjóefnavinnslu eða steinefnavinnslu, svo nefndar séu tvær greinar sem mjög er rætt um í grg. með till. Alþb., þótt byggt sé á ódýrustu orku sem við eigum völ á. Tæknileg vandamál á framleiðslusviðum sem við höfum enga reynslu af, söluvandamál á nýrri framleiðslu verða alveg nógu erfið við að fást þó ekki sé því við bætt að hafa orkuna dýrari en nauðsyn krefur. Þótt því kunni að verða haldið fram, að nýiðnaðurinn eigi ekki að koma í gagnið fyrr en verulega

ódýr orka sé til taks úr stórvirkjunum síðar meir, fær það ekki staðist því dýrari virkjanir, sem á undan væru komnar, hefðu að sjálfsögðu áhrif á kostnað við orkuframleiðsluna í heild og kostnaðarstigið í hagkerfinu öllu.

Orkuspá telur aukningu orkueftirspurnar næstu ár vera um eða rétt innan við 30 mw. á ári næstu áratugi. Við það bætist þörfin á innlendri orku til að taka við af raforkuframleiðslu með olíu. Það er því vissulega rúm fyrir stóra, hagkvæma virkjun eins og Blönduvirkjun þótt enginn erlendur orkufrekur iðnaður komi til.

Og engin ástæða er til að láta eins og það, sem sumir kalla stóriðju, en ég tel réttara að nefna orkufrekan iðnað, af því að engum hefur mér vitanlega tekist að benda á hvar mörkin séu á milli stóriðju og annars iðnaðar sé einvörðungu erlent óféti til þess búið að gleypa okkur með húð og hári. Áburðarverksmiðjan er tvímælalaust orkufrekur iðnaður, og margt mælir með því að hagkvæmt væri að stækka hana, m. a. með útflutningsframleiðslu fyrir augum.

Þar að auki er það ástæðulaus minnimáttarkennd að hafna fyrir fram allri hugsanlegri samvinnu við erlenda aðila sem hafa að bjóða tækniþekkingu og reynslu eða fjármagn sem okkur gæti verið hagur að nýta. Vissulega voru mistökin stór sem gerð voru þegar stofnað var til álversins í Straumsvík. Þá var farið eftir þeirri meinloku að upp væri runnið síðasta tækifærið til að virkja stórt á Íslandi af því að kjarnorkuframleidd raforka yrði brátt mun ódýrari en orka frá vatnsföllum. Þetta reyndist alrangt, en af því leiddi að samið var við svisslendinga um lágt fast orkuverð til langs tíma, undanþága veitt frá íslenskri lögsögu og látið hjá líða að krefjast mengunarvarna frá öndverðu. Þetta bentu andstæðingar álsamningsins á í upphafi, og með það í huga ber að skoða kafla í stjórnmálayfirlýsingu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, þeirri yfirlýsingu sem gerð var á stofnfundi Samtakanna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtökin telja að Íslendingar hljóti í fyrirsjáanlegri framtíð að byggja nýjar framkvæmdir og framfarir í atvinnumálum að einhverju leyti á erlendu fjármagni. Telja samtökin að meginstefnan í þeim viðskiptum eigi að vera sú, að hið erlenda fjármagn verði tekið að láni, og þó ætið innan þeirra marka sem útflutningsverðmæti og þar með greiðslugeta leyfir. Samt ber ekki að hafna fortakslaust erlendu áhættufjármagni í sérstökum tilvikum, enda sé þá tryggilega um alla skilmála búið og engum hættum á erlendri íhlutun um innlend málefni boðið heim. Allir samningar um erlent áhættufjármagn verði innan ramma heildarlöggjafar um þau efni."

Þessi orð stefnuyfirlýsingar Samtakanna eru að minni hyggju enn í fullu gildi. Í máli eins og þessu skiptir öllu að finna rétt mundangshóf, en forðast þær öfgar að telja annaðhvort erlenda fjárfestingu helstu stoð hagsældar í landinu ellegar þá erlent fjármagn banvænt eitur í þjóðarlíkamanum.

Meginmálið er að okkur takist að rífa okkur út úr orkukreppunni, sem nú ríkir í þrem landsfjórðungum, á þann hátt að orkuöflunarkerfi okkar sé gert svo samfellt og hagkvæmt að unnt sé að efla það stig af stigi í viðráðanlegum áföngum með þarfir íslensks þjóðfélags einar að leiðarljósi. — Þökk þeim sem hlýddu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þm. Alþb. hafa lagt fram till. til þál. um stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum. Við skulum vona að þeim hafi þá jafnframt tekist að móta sína eigin stefnu, ekki er það seinna vænna. Þeir hafa haft góða aðstöðu og nægan tíma. Á vinstristjórnarárunum fór fulltrúi Alþb., Magnús Kjartansson, með orku- og iðnaðarmál.

Á þeim stutta tíma, sem ég hef til umráða, mun ég leitast við að gera nokkurn samanburð á stefnu flokkanna í einstökum þáttum orku- og iðnaðarmála. Fyrst mun ég ræða orkumálin.

Í orkumálum á markmiðið að vera að tryggja öllum landsmönnum næga orku, örugga orku og ódýra orku. Veturinn 1975—1976 var á vegum Framsfl. lögð í það mikil vinna að skoða hvernig þessum markmiðum yrði best náð. Ingi Tryggvason hefur gert grein fyrir niðurstöðunum og þeirri stefnu sem samþ. var í orkumálum á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. vorið 1976. Skal ég ekki endurtaka það, en legg áherslu á eftirgreind meginatriði:

1. Sett verði á fót landshlutafyrirtæki undir stjórn heimamanna sem fyrst og fremst annist dreifingu orkunnar og sölu.

2. Öll meginraforkuvinnslan og háspennudreifing verði í höndum eins fyrirtækis, Íslandsvirkjunar, sem selji raforku með jafnaðarverði um land allt. Stjórn þess fyrirtækis verði í höndum ríkisins og fulltrúa landshlutaveitnanna.

3. Orkustofnun verði efld sem ráðgjafi ríkisvaldsins.

Þessi stefna er skýr.

Alþb. hefur verið reikult í sinni stefnu á sviði orkumála. Iðnrh. Alþb., Magnús Kjartansson, lagði fram á Alþ. 1972 till. til þál. um raforkumál. Þar er gert ráð fyrir því að í hverjum landshluta verði stofnað fyrirtæki er hafi með höndum raforkuvinnslu, flutning rafmagns milli héraða og heildsölu til dreifiveitna. Átti eignarhluti ríkisins aldrei að vera minni en 50%. Síðan er gert ráð fyrir því, að þessi landshlutafyrirtæki stofni eitt sameiginlegt fyrirtæki er hafi ákvörðunarvald um byggingu og staðsetningu nýrra orkuvera og flutningalína, gerð orkusölusamninga og um heildsöluverð raforku. Loks átti að stofna í hverjum landshluta landshlutaveitur til að annast dreifingu og smásölu raforkunnar innan viðkomandi landshluta.

Þarna má segja að sé hver silkihúfan upp af annari. Öllu er fyrst skipt upp, en aðilar eru síðan nánast neyddir til samstarfs undir stjórn sameiginlegs fyrirtækis. Þessi till. varð ekki útrædd vorið 1972 og var ekki lögð fram aftur, enda var þá mörgum orðið ljóst að slíkt fyrirkomulag var óþarflega flókið.

Alþb. virðist hafa endurskoðað þessa stefnu. Nú leggja þm. þess til m. a. í þeirri till. til þál. sem hér er til umr., að stofnað verði eitt orkuöflunarfélag. Óþarft er að lýsa þessari stefnu nánar. Hún er nánast orðrétt sú sama sem aðal-

fundur miðstjórnar Framsfl. samþykkti vorið 1976 og rakin hefur verið. Ég vil fagna því, að Alþb. hefur gert þessa stefnu að sinni.

Mér er ekki kunnugt um neina flokksamþykkt Sjálfstfl. um skipulag orkumála. En af framkvæmdum má ráða hvert hann stefnir. Ég fæ ekki betur séð en að Sjálfstfl. fylgi í megindráttum stefnu Magnúsar Kjartanssonar frá 1972, og nú hefur hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson staðfest það hér í kvöld.

Hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen hefur sett á fót landshlutanefndir á sviði orkumála í flestöllum landshlutum. Þingmaður Sjálfstfl. í viðkomandi landshluta er í öllum tilfellum formaður í þessum n. nema á Austfjörðum. N. hafa fengið það hlutverk að leggja drög að stofnun landshlutafyrirtækja mjög í anda fyrrnefndrar þáltill. Magnúsar Kjartanssonar. Þessum fyrirtækjum virðist ýmist ætlað að annast aðeins orkuöflun og háspennudreifingu, eins og t. d. á Norðurlandi, eða að hafa einnig með höndum smásölu, sbr. Orkubú Vestfjarða.

Fleira er líkt. Magnús Kjartansson notaði fyrstur manna í frv. sínu um virkjun Kröflu nafnið Norðurlandsvirkjun fyrir það orkuöflunarfyrirtæki sem hann vildi setja á fót á Norðurlandi, og enn notar núv. hæstv. iðnrh. sömu hugmynd og sama nafn í frv. sínu um virkjun Blöndu.

Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir því, að viðkomandi landshlutafélag taki við þeim virkjunum, sem eru innan þess landshluta, og jafnframt að háspennulínum, eins og t. d. byggðalínunni, verði skipt á milli fyrirtækjanna. Þessu fylgir hins vegar að sjálfsögðu sá stóri annmarki, sem Magnús Kjartansson sá, að tryggja verður samræmdan rekstur þessara orkuöflunarfyrirtækja allra. Aðeins með því móti er hægt að tryggja að rekstri orkuvera verði hagað þannig að sem hagkvæmast sé fyrir landsmenn alla. Því yrði nauðsynlegt að setja á fót sameiginlegt fyrirtæki sem hefði mikil völd og afgerandi áhrif á rekstur hinna ýmsu rafveitna. Auk þess hlýtur að fylgja slíku fyrirkomulagi gífurlegur flutningur fjármagns á milli landshluta ef jafna á orkuverð um land allt. T. d. hefur verið áætlað að raforkuverð á Norðurlandi yrði um það bil þrefalt hærra en á svæði Landsvirkjunar.

Hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson vísaði til erlendrar reynslu í þessu sambandi. Af henni getum við lært. Til þess eru vítin að varast þau. Þar var of seint gripið í taumana og þar reyndist nauðsynlegt að setja á fót slíkt sterkt allsherjarfyrirtæki til þess að tryggja samræmdan rekstur hinna fjölmörgu rafveitna.

Ég hygg að öllum muni vera ljóst að besta samræming og hagkvæmastur rekstur orkuvera og háspennudreifikerfis fæst ef þetta er sem mest á einni hendi með sterkri aðild heimamanna sem gæti hagsmuna hvers landshluta. Sem betur fer er skipting orkuvinnslunnar ekki orðin svo víðtæk hér á landi að það komi í veg fyrir að skynsamlegasta leiðin verði valin. Það er ótrúlega einfalt mál að ná allri meginorkuvinnslunni á eina hönd, eins og rakið hefur verið.

Ég tek undir það, að í fyrsta lagi þyrfti að stuðla að því að Laxárvirkjun noti heimild í lögum til þess að ganga inn í Landsvirkjun. Og mér þykir leitt að heyra hv. þm. Þorvald Garðar Kristjánsson afskrifa þetta. Er ekki rétt að á það fái að reyna? Jafnframt er sjálfsagt að slíkt sameiginlegt fyrirtæki taki við orkustöðvum og háspennulínum sem eru í eigu ríkisins. Með þessu einfalda móti yrði yfirgnæfandi hluti orkuvinnslunnar kominn á eina hönd, og skiptir nánast engu máli hvar afgangurinn er, enda fengi slíkt sameiginlegt fyrirtæki eitt heimild til meiri háttar virkjana. Þetta er stefna okkar framsóknarmanna. Við leggjum jafnframt enga höfuðáherslu á að ríkið eigi meirihluta í slíku fyrirtæki. Við teljum mikilvægara að fulltrúar landshlutanna séu sterkir þátttakendur.

Ég hef rætt allítarlega um skipulagsmálin, enda eru þau undirstaða þess, að nýting orkulindanna megi takast vel. Skipulagsmálin mega hins vegar ekki tefja nauðsynlegar framkvæmdir á sviðum orkumála. Um það hef ég ekki tíma til að ræða. Verð ég að láta nægja að leggja áherslu á samtengingu landsins alls. Bygging stofnlínu til Austfjarða er hafin, en ég átel harðlega að lína til Vestfjarða er ekki komin lengra en í drög að framkvæmdaáætlun fyrir 1978. Slík lína mundi þó þegar í fyrsta áfanga lagfæra þann mikla orkuskort sem verið hefur í Strandasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu undanfarin ár.

Þá komum við að þeim þætti sem nefna mætti samræmda stefnumörkun á sviði iðnaðar. Liður í slíkri iðnþróunaráætlun er að sjálfsögðu efling þess iðnaðar sem umtalsverða orku notar. Jafnframt er nauðsynlegt að skoða orkumálin í nánum tengslum við orkunotkunina. Þessi þáttur stefnumörkunar í orku- og iðnaðarmálum er ekki síður mikilvægur en sá fyrri. Þegar virkjun er ákveðin verður að liggja ljóst fyrir hvernig nota eigi orkuna. Slík stefna er margítrekuð á flokksþingum og aðalfundum miðstjórnar Framsfl.

Þótt ástæða hefði verið til þess að ræða um iðnþróunaráætlun almennt vinnst ekki tími til þess nú, enda má segja að orkufrekur iðnaður sé í meiri tengslum við það mál sem hér er til umræðu. Mun ég því fyrst og fremst ræða þann þátt iðnþróunar.

Í því skyni að gera nokkra grein fyrir orkuþörf er gerð orkuspá. Ná slíkar spár fyrst og fremst til almennrar aukningar á orkunotkun í landinu. Eðlilegt er að aukið framboð á raforku á hagstæðu verði leiði jafnframt til aukningar þess iðnaðar sem umtalsverða orku notar. Þennan þátt er því nauðsynlegt að skoða sérstaklega til viðbótar hinni almennu orkuspá.

Síðasta orkuspáin, sem er frá því í febr. nú í ár, gerir ráð fyrir um það bil 130 gwst. aukningu á ári á almennri orkuþörf fyrir landið í heild frá 1980—1985. Stórvirkjun, eins og t. d. Hrauneyjafoss, mundi fullnægja þeirri orkuþörf í um það bil 7 ár fyrir landið allt, en í töluvert lengri tíma fyrir Landsvirkjunarsvæðið eitt. Að viðbættri Kröflu og jafnvel virkjun Blöndu, sem um er talað, sýnist mér að orkuframboð umfram almenna orkuþörf gæti orðið um 1500 gwst. árið 1985, þegar Blönduvirkjun gæti verið

lokið, eða um það bil það sem álbræðsla notar. Sýnir þetta glöggt hve nauðsynlegt er að ákveða, til hvers orkuna á að nota, áður en í virkjun er ráðist.

Vatnsvirkjun er ákaflega fjármagnsfrek. Allt að 90% af rekstrarkostnaðinum er fjármagnskostnaður, þ. e. a. s. fastur kostnaður án tillits til orkuframleiðslu. Því lækkar orkuverðið nánast í hlutfalli við aukna orkusölu. Stórvirkjun gefur hins vegar yfirleitt lægra raforkuverð en lítil virkjun, en þó því aðeins að hún nýtist að fullu á viðunandi tíma. Annars leiðir hinn mikli fjármagnskostnaður til mikillar hækkunar á raforkuverði. Til þess að bæta nýtingartíma stórrar virkjunar getur því verið nauðsynlegt að selja hluta af orkunni til orkufreks iðnaðar. Þessi fyrirtæki eru iðulega það stór og markaður fyrir framleiðslu þeirra það þröngur að réttmætt getur talist að leita samstarfs við erlenda aðila í einstökum tilfellum. Stefna Framsfl. á þessu sviði hefur lengi verið ljós, hana hefur Ingi Tryggvason rakið.

Meginatriðin eru þessi:

1. Samstarf við erlenda aðila um orkufrekan iðnað getur komið til greina í einstökum tilfellum.

2. Meiri hluti eignaraðildar sé í höndum íslendinga sjálfra.

3. Slík fyrirtæki séu háð íslenskum lögum og dómstólum.

Í samræmi við þessa stefnu var þegar í upphafi vinstri stjórnarinnar 1971 gjörbreytt þeirri stefnu sem ráðið hafði í samskiptum okkar við erlenda aðila um orkufrekan iðnað. Vinstri stjórnin ákvað að leita eftir slíku samstarfi, en með eftirgreindum grundvallarskilyrðum.

1. Að meiri hluti eignaraðildar væri í höndum íslendinga sjálfra.

2. Að raforka yrði ekki seld undir kostnaði.

3. Að tryggðar væru fullkomnustu mengunarvarnir.

4. Að slík fyrirtæki féllu að öllu leyti undir íslensk lög og dómstóla.

Hér er að sjálfsögðu um allt aðra stefnu að ræða en fylgt var í samningum við svisslendingana um álverið í Straumsvík. Þar er regindjúp á milli í öllum þessum þáttum.

Fulltrúi Alþb., Magnús Kjartansson, gerði sér glögga grein fyrir því haustið 1971, að æskilegt væri að selja hluta af orkunni frá Sigöldu til orkufreks iðnaðar. Hann skipaði því sérstaka n., viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, sér til ráðuneytis um þau mál. Ég var skipaður í þá nefnd. Í bréfi Magnúsar Kjartanssonar til mín, dags. 28. 9. 1971, segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnrh. hefur ákveðið að skipa n. til ráðuneytis um viðræður við erlenda aðila sem áhuga hafa á þátttöku í orkufrekum iðnaði ásamt íslendingum.“ — Ég endurtek: „til ráðuneytis um viðræður við erlenda aðila.“

Við lestur þáltill. alþb.-manna er mér ekki ljóst, hvort þeir eru með till. þessari að reyna að hverfa frá þeirri stefnu sem þeir áttu ríkan þátt í að móta haustið 1971. Þeir taka afstöðu gegn erlendri stóriðju, en styðja stofnun íslenskra iðnfyrirtækja sem nota verulega orku. Fyrirtæki með minnihlutaaðild erlendra aðila, sem hlíta í einu og öllu íslenskum lögum og dómstólum, geta varla talist erlend.

Við framsóknarmenn teljum stóriðju yfirleitt henta illa íslensku þjóðlífi. Sérstaklega vörum við við miklum áhrifum erlendra auðhringa. Við settum því ásamt Alþb. ströng skilyrði fyrir slíku. Framsfl. hefur lagt á það áherslu að frá þeim skilyrðum verði ekki vikið. Alþb. væri sæmra að standa vörð um þá stefnu, fremur en að þyrla upp moldryki með slíkum málflutningi og auglýsa stefnuleysi sitt. Eða er það svo sem sagt hefur verið í kvöld, að stefna Alþb. sé ein í stjórn, en önnur utan stjórnar. Ragnari Arnalds ferst illa að tala um stefnuleysi.

Í grg. með þáltill. verja þeir hins vegar miklu rúmi til þess að ræða um hugmyndir svisslendinga um þátttöku í orkuvinnslu og um stórkostlega keðju stóriðjufyrirtækja, einkum á Austfjörðum. Þetta er áætlun sem svisslendingarnir lögðu fram við Magnús Kjartansson iðnrh. Þessar till. hef ég ávallt talið fáránlegar. Alls ekki má koma til greina að veita erlendum aðilum hlutdeild að orkuvinnslunni. Það eitt var að mínu mati nægilegt til þess að slíkar hugmyndir gátu ekki komið til umræðu og bar að hafna án tafar.

Furðulegt er að gera þessar hugmyndir að meginuppistöðu í umræddri þáltill. Þær eru liðin tíð, og mér dettur ekki í hug að ætla að fulltrúi Alþb., Magnús Kjartansson, hafi talið slíkar hugmyndir koma til greina fremur en núv. hæstv. iðnrh. sem hefur vísað þeim á bug.

Stefna Sjálfstfl. á sviði orkufreks iðnaðar kemur glöggt fram í afstöðu þm. hans. Þeir kjósa helst að erlendir aðilar eigi meiri háttar orkufrek fyrirtæki einir. Þeir líta alvarlegri augum þá fjárhagslegu áhættu, sem þeir telja að fylgi slíkum rekstri, en þá hættu sem því hlýtur að fylgja fyrir íslenskt sjálfstæði ef erlendir auðhringar fá sterka aðstöðu í okkar litla þjóðfélagi.

Gleggst kemur þetta þó fram í samþykkt Sambands ungra sjálfstæðismanna sem birtist í Morgunblaðinu 3. mars s. l. Þeir telja að sjálfstæði þjóðarinnar þurfi ekki að vera í hættu þótt efnahagslegt sjálfstæði verði minna. „Hvað ungur nemur gamall temur,“ segir máltækið.

Á þessum stutta tíma hef ég ekki getað rætt iðnþróun almennt. Orkufrekur iðnaður er ekki nema einn þáttur í slíkri iðnþróun. Orkufrekur iðnaður með erlendri þátttöku er aðeins hluti af því og orkufrekur iðnaður með meirihlutaaðild útlendinga vonandi liðin tíð.

Íslenskur iðnaður ásamt þjónustu mun þurfa að taka við nálægt allri þeirri fjölgun sem verður á íslenskum vinnumarkaði á næstu áratugum. Því er ákaflega mikilvægt að búa vel að íslenskum iðnaði og veita honum aðstöðu sem er sambærileg við það sem aðrir atvinnuvegir hafa. Þessu var reyndar heitið þegar við gerðumst aðilar að EFTA. Við það hefur ekki verið staðið nema að hluta, þótt nokkuð hafi miðað í þá átt upp á síðkastið. Þarna er um að ræða gífurlega stórt og mikilvægt viðfangsefni.

Orkufrekum iðnaði í samstarfi við erlenda aðila voru sett ákveðin takmörk í tíð vinstri stjórnarinnar og við það hefur verið staðið. Til viðbótar tel ég að stefna beri að því, að samræmd gjaldskrá fyrir sölu raforku í heildsölu verði ákveðin fyrir alla aðila, þar sem allir geta að

gengið og notið sömu kjara við sömu afhendingaraðstæður, t. d. með tilliti til spennu, nýtingartíma, öryggis o. fl. Þetta þarf sem betur fer ekki að vera langt undan þegar landið er orðið samtengt og öll meginorkuvinnslan á einni hendi.

Við íslendingar erum lítil þjóð og við þurfum að gæta þess vandlega að eðlilegt jafnvægi ríki í íslensku efnahagslífi. Okkur ber að leggja á það áherslu að marka samræmda stefnu í orku- og iðnaðarmálum, þannig að við vitum til hvers orkuna á að nota þegar virkjun er ákveðin. Við þurfum að gæta þess að iðnaður þróist eðlilega við hliðina á öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar og falli vel að því þjóðfélagi sem okkur hentar og við viljum sjálfir hafa. Þjóðin á gífurleg auðæfi bæði til lands og sjávar. Ef þessi náttúruauðæfi eru skynsamlega nýtt í þágu heildarinnar þurfum við engu að kvíða. — Góða nótt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Gott kvöld, góðir hlustendur. — Það er ekki nýtt að fram komi hugmyndir um iðnþróun og margar till. séu mótaðar þess vegna. En staðreynd er að erfiðlega gengur að koma þessum hugmyndum í framkvæmd og er margt sem veldur því.

Sú var tíðin að framsýnir forustumenn hnípinnar þjóðar í vanda sáu í draumsýn betri tíma á Fróni og spáðu því, að „öflin þín huldu geysast sterk að starfi", jafnframt því að sjá „stritandi vélar, starfsmenn glaða og prúða". Það afl, er skapa skyldi þessa draumsýn og gera hana að veruleika, skyldi beislað frá fallvötnum landsins og hagnýtt í þágu alþjóðar.

Þótt liðnir séu liðlega ¾ hlutar aldar frá framsetningu þessarar draumsýnar er margt enn ógert til þess að hún megi rætast. Hins vegar hafa verið stigin stór skref í þá átt er skáldið og stjórnmálamaðurinn sá fyrir hugskotssjónum sínum að koma mundi hér á Fróni. Það hefur þó ekki gengið átakalaust né verið um það heilsteypt, sterk samstaða hér á hinu háa Alþ. Minna má í þessu sambandi á stóra stækkun við Laxárvirkjun á sínum tíma með aðstoð frá Marshallhjálpinni og svo þegar áburðarverksmiðjan var reist. Á þessum tíma hörðust ákveðnir menn, þ. e. a. s. kommarnir hér á landi, hatrammlega á móti þessum framkvæmdum, en alþb.-mennirnir í dag eru arftakar þeirra.

Gömul vinnubrögð eru það af hálfu alþb.-manna og fyrirrennara þeirra að álasa andstæðingum sínum um „landsölu"-brigslum og mörgu fleira í þeim dúr. Þeir hafa löngum, frá því að þeir komust á legg, talið sig hina einu sönnu föðurlandsvini og brugðið yfir sig sauðagærunni til að dyljast. Í þessari leiklist hafa aðrir ekki staðið þeim á sporði eða reynt að dyljast, enda óþarfi fyrir lýðræðisflokka að hafa uppi slík látalæti málum sínum til framgangs meðal íslensku þjóðarinnar.

Enn ein tilraun er nú gerð af hálfu þessara manna að hafa uppi látalæti og berja sér á brjóst í áheyrn alþjóðar og boða kenningar sínar sem bær einu réttu og sönnu til bjargar landi og lýð. Þess vegna eru nú þessar umr. hér í kvöld háðar á Alþ. og í áheyrn alþjóðar. Þeir eru heldur seinir að móta skoðanir sínar í Alþb. og virtust ekki koma auga á þessi sín hjartans mál meðan þeir höfðu sjálfir iðnrh. innan sinna vébanda. Þetta var nú meiri seinheppnin hjá þeim. En betra er seint en aldrei, og nú skal reynt að bæta um betur og gera hér á nokkra bragarbót.

Þeir flytja hér langa till. um stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum. En svo undarlega vildi til, að 1. flm., sem jafnframt er formaður Alþb., gleymdi í máli sínu hér í upphafi í kvöld að segja frá sjálfri ályktuninni og rekja hana.

Auðvitað hljóta að koma fram í svo löngu máli atriði er allir geta fúslega fylgt og það samstundis. Ég vil t. d. nefna samtengingu raforkukerfisins á öllu landinu og að öll helstu raforkufyrirtæki landsins verði sameinuð. Þetta er allt eðlilegt markmið. Alþfl.-menn hafa alltaf verið fylgjandi þessu og gert um það ályktanir. En alþb.-mennirnir voru ekki á þessari skoðun þegar þeir höfðu svigrúm til þess og þeir hafa varið, a. m. k. formaður þeirra og 1. flm. þessarar till., hv. þm. Ragnar Arnalds, með öllum tiltækum ráðum framkvæmdirnar við Kröflu. Hann ásamt núv. hæstv. iðnrh. og nokkrum fleiri hafa ekki viljað viðurkenna staðreyndir og anað áfram eins og blindir menn við virkjunarframkvæmdirnar við Kröflu. Kostnaður er þar nú kominn svo langt fram úr öllu að engu tali tekur, og nýlegar fregnir í útvarpinu, er ekki hefur verið mótmælt hér í umr. í kvöld, segja að enn kunni að líða allt að 5 ár uns orka fæst frá Kröflu til notkunar á Norðurlandi. Þá verður kostnaðurinn sjálfsagt kominn nærri tveim tugum milljarða kr. og fyrirsjáanlegt milljarðatap á öllu. Þjóðin verður því að borga þessa vitleysu í framkvæmd þeirra félaga dýru verði. Alls staðar, þar sem siðað þjóðfélag væri, yrðu þessir menn látnir sæta ábyrgð.

Vel getur komið til greina að reisa miðlungsstórar virkjanir, en orðalagið í till. er afar ónákvæmt, en þar segir, að reistar verði miðlungsstórar virkjanir í nokkrum landshlutum. Nauðsynlegt er að fenginni biturri reynslu að gera sér vel grein fyrir hvar heppilegast er að virkja og hvað orkan muni kosta til neytenda. Gagnslaust er fyrir ákveðin landssvæði að fá virkjun sem er svo dýr að enginn getur keypt orkuna. Slíkt má aldrei framar endurtaka sig. Svona framsetning í till. er svo augljós blekking og ekki til neins annars en að sýnast, að ég vara sérstaklega við þessum flumbruhætti þótt í óefni sé komið fyrir flm. í verkefnavali og afstöðu til mála undanfarið. Það lagar enginn sinn auma málstað með orðaflaumi út í loftið um ótiltekinn fjölda virkjana og auk þess án ábendingar um staðsetningu. Ég dreg í efa að nokkru sinni hafi komið fram önnur eins sýndarmennska og hér sést.

Þetta staðfestist svo vel sem verða má að sök bítur sekan í orku- og virkjunarmálum landsmanna. Að kalla þetta stefnumótun er beinlínis hlálegt.

Í 2. mgr. í till. segir svo, með leyfi forseta: „Tekin verði upp fyrri áform um uppbyggingu nýiðnaðar víðs vegar um land og þegar hafin áætlunargerð fyrir tímabilið fram til 1990 um nýtingu innlendra orkugjafa og stofnun íslenskra iðnfyrirtækja sem nota verulega orku."

Undir þetta geta allir tekið, en spurningin er:

Hvað eru fyrri áform? E. t. v. eiga flm. við ýmsar hugmyndir sem settar eru fram í skýrslu sem gerð var í tíð fyrrv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, með aðstoð frá Sameinuðu þjóðunum og gefin hefur verið út í tveimur þykkum bindum. Þar koma fram ýmsar athuganir og vangaveltur, en ekki er um nein ákveðin áform að ræða sem varla var von, þar sem svo mikið er athugað að ekki var svigrúm til þess að gera gagngera könnun á neinu sérstaklega, heldur látið þar við sitja, en bent á ýmsa möguleika. Dæmin, sem nefnd eru, eru öll mjög stór á okkar mælikvarða og kosta flest milljarða kr. í framkvæmd. Ábending um að taka upp fyrri áform segir því harla lítið, nema bent sé á eitthvert ákveðið dæmi og tryggt sé fjármagn til rannsókna á gildi þess og arðsemi.

Í þessum málum duga alls ekki lengur fögur loforð og krafa um að gera allt í einu. Það er einfaldlega ekki mögulegt. Þessari staðreynd verða flm. að gera sér grein fyrir og reyndar hæstv. iðnrh. líka.

Sem betur fer eigum við íslendingar um margt að velja til þess að hagnýta hina óbeisluðu orku. En þótt skammur tími sé liðinn frá því að við fórum að hagnýta orkulindir okkar í stórum stíl er samt meira en næg reynsla fyrir því, að hér er kapp best með forsjá. Nægir í því efni að benda á Þórungaverksmiðjuna og Kröfluvirkjun. Þessar tvær framkvæmdir eiga eftir að kosta íslenska skattborgara marga milljarða hreinlega út í loftið, og skattborgararnir eiga lagalega og siðferðilega kröfu á því, að alþm. láti af minnisvarðapólitík sinni og hagsmunatogstreitu heim í sitt kjördæmi. Hér verður að meta aðstæður og arðsemi út frá blákaldri skynsemi og taka ákvarðanir samkv. því. Það er í þágu þjóðarinnar. Þetta kann sumum að verða þung raun, en þá þarf það að koma vel í ljós.

Með svo stórlega rangri virkjunarstefnu sem undanfarið eru óheyrilegar skattbyrðar lagðar á þegnana. Það er hrapallega röng stefna að halda að ein virkjunarlög á dag setji ástandið í lag. Við höfum nokkur virkjunarlög þegar, en miklar rannsóknir eru enn nauðsynlegar til þess að geta tekið réttar ákvarðanir um virkjun á viðkomandi svæði. Einhverjum kann að þykja nauðsynlegt sér til framdráttar að halda virkjunarlögum þótt aðeins sé í heimildarformi, en fyrir almenna skattborgara er það fremur ógn en traust um efnahagsstefnu samkv. biturri reynslu. Næstum hver einasta orkuvirkjun er það dýrt mannvirki að hún snertir hag hvers borgara. Hann á því fulla kröfu á því að vel sé að málum staðið. Almenningur í landinu mun ekki á næstunni gleyma mistökunum við Kröflu.

Góðir hlustendur. Um það er ekki deilt, að þörfin fyrir aukinn iðnað er brýn. Menn eru almennt sammála um að hið aukna vinnuafl á næstu árum muni eiga hvað bestan möguleika um atvinnu í iðnaði, en menn kann að greina á um hvers konar iðnaði. Sú stefna er umdeild að hafa samstarf við erlenda aðila um uppbyggingu stóriðnaðar hér á landi, og vel er það skiljanlegt. Á hitt ber þó að líta, að við getum enn sem komið er ekki hagnýtt nema sáralitinn hluta þeirrar orku, sem í fallvötnum okkar er, nema með virkjunum er kallast stórvirkjanir, og þá verður um leið að vera trygg sala á orkunni, ella er virkjunin út í hött.

Alþfl.-menn hafa jafnan talið að heppilegt væri að verulegur hluti orku frá stórvirkjunum væri tryggður með sölu til orkufreks iðnaðar svo að virkjun yrði sem hagkvæmust, en jafnframt væri miðlungs- og minni fyrirtækjum tryggð sala á umframorku með hagkvæmu verði. Við íslendingar höfum enn ekki getað stofnað það stórfyrirtæki einir er geti keypt eitt sér nægilegan hluta frá stórvirkjun, og því hefur sú raunin orðið, að samstarf við erlenda aðila hefur verið valið svo að virkja mætti stærra og hagkvæmara. Það er auðvitað alls ekki markmið hjá neinum stjórnmálaflokki að hafa erlenda aðila með í orkukaupum. En meðan við höfum ekki bolmagn til annars og hér er um svo sáralítinn hluta virkjaðrar orku að ræða stafar ekki hætta af þessu samstarfi. Þvert á móti var það nauðsynlegt til þess að renna traustari stoðum undir efnahagslíf landsmanna.

Margvísleg reynsla er nú fengin af þessu samstarfi og sumt viðunandi, annað miklu miður. Ég flutti hér á Alþ. fyrir nokkrum vikum, eins og kunnugt er, fyrirspurn til heilbrrh. um mengunarvarnir við álverið og þá varðandi varnir innandyra til hollustu fyrir starfsmennina. Menn höfðu mest rifist um hversu mengunin væri mikil utan dyra og gleymdist þá sjálfur maðurinn í því þvargi. Skýrsla sú, er ráðh. flutti, var vægast sagt hörmuleg og sannaði að hér verður að verða á mikil breyting nú þegar. Því hefur verið lofað enn einu sinni, að við álverið muni koma fullkominn hreinsiútbúnaður, en tímamörk eru ekki enn ákveðin. Þetta er óviðunandi. Nú fer fram skipting á kerum næstum daglega og verður að taka þessi mál skipulega og gefa ákveðin tímamörk.

Þessar umr. um mengunarvandamálin, er fylgja stóriðnaði, og eins umr. um atvinnusjúkdóma tengda iðnaðinum hafa gert mönnum það ljóst, að brýn nauðsyn er á viðtækri löggjöf um þessi mál. Við þm. Alþfl. fluttum hér á Alþ. fyrir löngu till. og frv. um lausn á þessu aðsteðjandi vandamáli og mikla hagsmunamáli fyrir launþega. En meiri hl. Alþ. fæst ekki einu sinni til þess að ræða málin í n., hvað þá að afgreiða þau til eðlilegrar umr. inn á þingið aftur. Þetta er áhugi hans í raun á þessum málum. Ég bið iðnaðarmenn og aðra, er málið varðar, að fylgjast vel með þessum málum. Hér er um stórmál að tefla og eitt mesta hagsmunamál launþega.

Alþfl.-menn um allt land hafa sýnt þessum orku- og iðnaðarmálum mikinn áhuga. Þá var ákveðið í flokksstjórn okkar að ræða þessi mál sérstaklega og skipa nú í vetur n. sérfróðra manna til þess að fjalla um þessi mál. Niðurstaðan varð m. a. þessi:

Við ályktum að stefna beri að hagnýtingu orkulinda landsins til uppbyggingar atvinnuvega fyrir ört vaxandi þjóð. Flokksstjórnin ítrekar að gefnu tilefni þau sannindi, að orkulind er ekki auðlind fyrr en hún er hagnýtt, og telur að kveða þurfi svo á í löggjöf þjóðarinnar, að ótvírætt sé að orkulindir landsins séu sameign þjóðarinnar allrar, en ekki háðar eignarrétti einstaklinga.

Flokksstjórnin ítelur vinnubrögð núv. ríkisstj.

í virkjunarmálum, þar sem skipulagningu um framkvæmdir er áfátt, eins og dæmin sanna. Sérstaklega á þetta við um Krófluvirkjun, en þar hafa þjóðinni verið bundnir baggar með vinnubrögðum sem fyrirsjáanlega hlutu að leiða til öngþveitis, enda virkjunin gerð að markmiði í sjálfu sér án tillits til annarra valkosta og án tengsla við aðrar framkvæmdir í orkumálum.

Flokksstjórnin telur að virkjunarframkvæmdir megi ekki slíta úr tengslum við atvinnu- og byggðaþróun í landinu og að framkvæmdum beri að haga þannig að þær falli sem best að þörfum markaðarins hverju sinni. Í því sambandi verður að hafa í huga að orkulindir landsins verða ekki nýttar nema að óverulegu leyti án tilkomu orkufreks iðnaðar, jafnframt því sem orkufrekur iðnaður gerir kleift að ráðast í hagkvæmar stórvirkjanir sem tryggja landsmönnum lægra orkuverð. Raunhæf stefna í orkumálum verður því ekki mótuð án þess að samhliða sé tekin afstaða til orkufreks iðnaðar og staðsetningar slíkra fyrirtækja í landinu.

Flokksstjórnin telur að þegar þurfi að gera úttekt á hinum ýmsu greinum orkufreks iðnaðar frá félagslegu, umhverfislegu og fjárhagslegu sjónarmiði og síðan verði stuðst við niðurstöður hennar þegar stefnan í málum orkufreks iðnaðar er ákveðin, bæði hvað snertir val iðngreina og staðarvel.

Flokksstjórnin telur að staðarval og hraði uppbyggingar í orkufrekum iðnaði og virkjunarframkvæmdum eigi að ráðast af efnahagslegum og atvinnulegum sjónarmiðum, þannig að hluti vinnuaflsaukningar fái atvinnu við ný iðjuver og virkjunarframkvæmdir og gætt sé á hverjum tíma atvinnujafnvægis í landinu og einstökum byggðarlögum. Í orkumálum verður einnig að hafa í huga að náttúra landsins er íslendingum mjög mikils virði og íslendingar hafa ráð á því að skerða nokkuð virkjunar- og stóriðjumöguleika sína til þess að forðast náttúruspjöll. Stefnt verði að því, að uppbygging orkufreks iðnaðar verði í íslenskum höndum eingöngu. Stofna þarf íslenskt fyrirtæki sem getur staðið að slíkum framkvæmdum án samvinnu við erlenda aðila, og skal bent á fordæmi norðmanna í þeim efnum.

Alþfl. ítrekar þá stefnu sína, að reynist óhjákvæmilegt að semja við erlenda aðila á þessu sviði skuli hver samningur koma til sérstakrar ákvörðunar Alþ. Erlend eignaraðild — og það vil ég sérstaklega undirstrika — að orkuverum kemur þó aldrei til greina.

Flokksstjórnin telur, að endurskipulagning raforkuiðnaðarins þoli ekki frekari bið. Það er skoðun Alþfl., að öll hin stærri orkuver, tengilínur þeirra og stofnlínur raforkukerfisins eigi að vera á einni hendi, en raforku- og jarðvarmadreifing verði á vegum dreifiveitna kaupstaða og héraða. Á vegum ríkisins verði framkvæmdar grundvallarannsóknir á orkulindum landsins og á orkubúskap þjóðarinnar með það fyrir augum að stuðla að góðri skipulagningu á aðgerðum og framkvæmdum á sviði orkumála og skapa grundvöll undir þá heilsteyptu orkumálastefnu sem Alþ. og ríkisstj. þurfa að móta á hverjum tíma. Sú stefnumörkun á að ná til langtímamarkmiða jafnt og nærtækra framkvæmda, þannig að heildarstefnan sé ljós á hverjum tíma.

Þetta var það sem við ályktuðum í Alþfl. í vetur og er meginhugtak okkar hér fram sett. — Þökk þeim er hlýddu.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Áhyggjur okkar alþb.-manna um stóriðjuáform ríkisstj. voru staðfest hér í kvöld er Gunnar Thoroddsen iðnrh. lýsti því yfir að fyrsti áfangi svonefndrar Integral-áætlunar væri kominn á alvarlegt viðræðustig, en hann gerir ráð fyrir 50% stækkun álversins í Straumsvík, og síðar er ráðgerð stórfelld innrás auðhringa í landið. Þessari stefnu verður þjóðin að hafna og hefja í stað þess nýtingu þeirra fjölmörgu auðlinda, sem land okkar býr yfir, af eigin rammleik.

Auðlindirnar, hafið og fjölskrúðugt lífríki þess, harðgert gróðurfar landsins og jafnvel hraunin og sandarnir, auk orkunnar sem býr í vatnsafli fossanna og iðrum jarðar, eru traustur grunnur til að byggja á. Framþróun atvinnuvega og efnahagslífs á því að vera auðveld í landinu ef af dugnaði og framsýni er stjórnað og ef stjórnvöld á hverjum tíma eru gædd þeirri trú á landið og fólkið sem hvetur til framfara. En nú sem fyrr er traust atvinnu- og efnahagslíf forsenda stjórnarfarslegs sjálfstæðis þjóðarinnar og um leið forsenda efnahagslegra og félagslegra framfara.

Það efnahagsöngþveiti, óðaverðbólga og erlend skuldasöfnun, sem nú einkennir allt þjóðlíf á Íslandi, ásamt stöðugum árásum ríkisvaldsins á kjör launafólksins svo að kaup á Íslandi er nú orðið helmingi lægra en í löndunum í kringum okkur, er því fullkomin andstæða þeirrar auðlegðar sem landið býr yfir. Þessar andstæður þarf fólkið að uppgötva og í stað þess að bogna undan þeim byrðum, sem óvitur, ráðlaus ríkisstj. setur því á herðar og beygja sig fyrir þeirri óhappastefnu, sem innlendir og erlendir stóriðjuspekúlantar boða, þá þarf fólkið að velta byrðunum af sér og snúast til sóknar við uppbyggingu íslenskra atvinnuvega. Það þarf að leggja því stjórnmálaafli lið, Alþb., sem eitt getur veitt þjóðinni forustu við endurreisnarstarfið. Í þeirri trú að þið, fólkið í landinu, fólkið sem vinnur langan vinnudag fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, skólafólkið sem bíður eftir að nota þekkingu sína, — í þeirri trú, að þið viljið leggja okkur lið, hefur Alþb. nú hafið öfluga sókn fyrir hinni skýru stefnu sinni í atvinnu- og orkumálum, stefnu innlendrar orkunýtingar og iðnþróunar.

Sú þáltill., er hér er kynnt í kvöld, er einn þáttur þess málefnalega starfs sem við vinnum nú að, og þótt ljóst virðist af umr. í kvöld að meiri hl. Alþ. muni hafna þáltill. okkar og kjósa í stað þess enn að stiga áfram dansinn við ál- og kísilkálfinn, þá er það vilji fólksins sem ræður og vilji þess í dag verður vilji Alþ. á morgun.

Annar þáttur í starfi Alþb. til að kynna þjóðinni hina íslensku atvinnustefnu sem andsvar gegn erlendri stóriðju fer nú fram um landið allt, þar sem duglegir stuðningsmenn Alþb. eru að dreifa aukaútgáfu af Þjóðviljanum í hvert hús, sérblöðum sem gera þessu máli sérstök skil.

E. t. v. hafa sum ykkar, sem á mig hlýðið nú í kvöld, lesið þessi blöð. Ef svo er og ef þið finnið til samstöðu með þeirri stefnu, sem þar er mörkuð, standið þá ekki afskiptalaus álengdar, komið með í starfið og léttið okkur þá lokasókn sem nú er hafin.

Ragnar Arnalds hefur í framsöguræðu sinni hér í kvöld gert glögga grein fyrir stefnu okkar í orkumálum, þar sem bygging orkuvera og raforkuvera og raforkudreifing verði tengd almennum markaði og innlendri atvinnuþróun. En eitt brýnasta viðfangsefni á þessu sviði er samtenging raforkukerfisins og endurnýjun dreifiveitnanna og í framhaldi þess myndun öflugs orkuöflunarfélags, Íslandsvirkjunar.

En hver eru þá þau iðnþróunarverkefni sem þáltill. gerir ráð fyrir að skipulögð verði? Jú, þau eru margvísleg og hagkvæmni þeirra liggur fyrir, enda var unnið mikið rannsóknar- og undirbúningsstarf á þessu sviði undir forustu Alþb. í iðnrn. í tíð fyrri ríkisstj. En flest þau áform hafa nú, sem kunnugt er, verið lögð til hliðar. Vil ég nú nefna nokkur þessara verkefna.

Þannig liggja fyrir hagnýtingarmöguleikar fjölbreytts steinefnaiðnaðar úr vikri, sandi og perlusteini, en úr þessum efnum má vinna þilplötur og einangrunarefni til byggingariðnaðar og spara í þess stað hvers kyns innflutning á dýrum vörum til hans úr plasti og trjávöru. Á sama hátt má nota gras til plötugerðar. Basaltið, grjótið, sem hvarvetna prýðir landið, má líka bræða og móta úr því rör og hellur og flísar sem hafa mikið slitþol. Slík steiniðjuver eru orkufrek á okkar mælikvarða, nýta jafnan um 10—20 mw. Sjóefnavinnsla þar sem jarðhiti er nýttur til saltvinnslu og síðar til fjölbreytts efnaiðnaðar. Lífefnaframleiðsla, svo sem til lyfjagerðar, þar sem fiskúrgangur er notaður. Fjölbreyttur járniðnaður, svo sem nýsmíði skipa og véla fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu. Efling plastiðnaðar fyrir þarfir sjávarútvegs, svo sem fiskkassaverksmiðja. Veiðarfæraiðnaður, jafnvel til útflutnings. Raftækjaiðnaður fyrir þarfir raforkuveranna og rafdreifikerfisins. Rafeindaiðnaður þar sem hugvit og tækniþekking eru nýtt til hvers kyns tækjagerðar. Og almennt þarf að styðja þann iðnað sem fyrir er og á vaxtamöguleika í landinu, svo sem með tækniaðstoð, markaðsrannsóknum og lánafyrirgreiðslu, ásamt niðurfellingu tolla af hráefnum, svo að eitthvað sé nefnt.

Sjávarútveginn og fiskvinnsluna þarf að efla með aukinni fullnýtingu aflans og nýtingu fleiri fisktegunda, því að enn mun hann um langa framtíð verða burðarstoð efnahagslífsins.

Í landbúnaðarmálum þarf að koma til ný og breytt stefna. Það er ekki nóg að vélvæða hann, svo sem gert hefur verið, og gera bændur að skuldaþrælum þeirrar vélvæðingar. Koma þarf á félagslegri skipulagningu framleiðslunnar með betri nýtingu tækja og jarðnæðis og frekari fullvinnslu afurða hans, svo sem ullar og skinna. Heykögglaverksmiðjur þarf að byggja og auka innlenda áburðarframleiðslu. Sementsframleiðslu þarf einnig að auka, en nú eru flutt inn til landsins um 40 þúsund tonn af sementsgjalli árlega fyrir hundruð millj. kr.

Þannig mætti halda áfram að telja nær endalaust upp. Viðfangsefni á sviði innlendrar atvinnuþróunar blasa hvarvetna við, og við úrlausn þeirra þarf að byggja á þeirri verk- og tækniþekkingu sem þjóðin hefur þroskað með sér í gegnum árin í fangbrögðum við náttúru landsins og verður ekki aðflutt. Framkvæmd slíkrar áætlunar verður ekki gerð nema með áhuga og fjöldaþátttöku fólksins í landinu undir forustu ríkisvaldsins.

En orkunotkun landsmanna má líka auka til almennra þarfa, svo sem til að spara hinn dýra aðkeypta orkugjafa, olíuna. Þannig þarf að útrýma olíunotkun til húshitunar, nýta jarðvarmann þar sem hann er finnanlegur, og utan þeirra svæða má nota raforkuna, en sannað hefur verið með tilraunum að raforkan er helmingi ódýrari til upphitunar húsa en olía. Hér er um geysilega stórt þjóðhagslegt viðfangsefni að ræða sem enga bið þolir. Sést það best á því, að áætlaður innflutningur olíu til húshitunar á þessu ári, um það bil 180 millj. lítrar, nemur að innflutningsverðmæti um 2 milljörðum og verðið til neytenda 4 milljörðum. Á sama tíma bíður ónýttur rafhitunarmarkaður upp á 600—800 gwst. eða jafngildi hinnar stærstu stóriðju. Sem dæmi má nefna að sala á um 200—300 gwst. til húshitunar jafngildir sölu á um 500 gwst. til járnblendiverksmiðju á Grundartanga í tekjum til orkuveranna. Einnig þarf að vinna að nýtingu raforkunnar til fiskmjöls- og heyþurrkunar.

Orkuþörfin er því til staðar, um það verður ekki deilt, ef innlend viðfangsefni fá forgang og afnumið verður það ófremdarástand, að einn landshluti búi við umframorku meðan aðrir svelta.

Eins og fram kom í ræðu minni áðan, var hafinn undirbúningur að nýsköpun atvinnuveganna, m. a. iðnaðar, og áætlanir gerðar um innlenda orkunýtingu undir forustu Alþb. í fyrri ríkisstj. Í samræmi við þessi áform var stefnunni í raforkumálum breytt með ákvörðun um samtengingu landsins í eitt raforkukerfi og með lánsútvegun til virkjunar Sigöldu án skuldbindinga við erlenda stóriðju, eins og var með Búrfellsvirkjun. Og það eru rangfærslur og blekkingar, sem hér hefur verið haldið fram í kvöld, að Alþb. sé á móti stórum virkjunum. Við viljum virkja stórt fyrir innlendar þarfir, en ekki fyrir útlendinga. Þannig viljum við virkja Hrauneyjafoss samhliða uppbyggingu nýrra iðngreina þegar iðnþróunaráætlun er tilbúin til framkvæmda.

Í sannleika sagt hefur stefnu vinstri stjórnarinnar í orku- og atvinnumálum verið gerbreytt, þótt Gunnar Thoroddsen iðnrh. vilji nú helst vera taglhnýtingur Magnúsar Kjartanssonar og telji þann kost vænlegri en þann að játa hreinskilnislega fyrir þjóðinni hina miklu stóriðjudrauma sína. Þannig var það fyrsta verk ráðh. að fresta lagningu byggðalínunnar, sem búið var að panta efni til þegar á árinu 1974 og fyrirhugað var að reisa 1975, en frestun þessi leiddi svo til þess, að framkvæmdum við Kröflu var hrađað.

Dregið hefur verið úr öllum áformum um endurbyggingu almenna dreifikerfisins sem búið var að gera framkvæmdaáætlun um, og um leið hefur verið dregið úr framkvæmdahraða við útrýmingu

olíunotkunar til húshitunar. Í stað þess að vinna áfram að gerð iðnþróunaráætlunar, stofnun Iðntæknistofnunar og uppbyggingu nýrra iðngreina sem nýta innlend hráefni og orku hefur ráðh. lengst af dvalist við veisluborð svissnesku auðherranna við áætlunargerð um eflingu stóriðju í landinu. Og nú skal anað út í byggingu járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Hagkvæmni slíkrar iðju hafði verið könnuð í tíð vinstri stjórnar, en áætlanirnar um hana verið lagðar til hliðar þegar haustið 1973, eftir að niðurstöður lágu fyrir og ný viðhorf voru komin upp í orkumálum eftir að sýnt var að hinn almenni rafhitunarmarkaður var miklu stærri en menn vissu áður og hagkvæmari vegna hækkunar olíuverðs.

Þannig er ráðleysi og bruðl og skipulagslaus fjárfesting látin ráða ferðinni. Og Framsfl., sem féllst á framsækna stefnu Alþb. í þessum málum í vinstri stjórninni, hefur eins og svo oft áður söðlað um og lætur nú etja sér á foraðið þrátt fyrir mikla óánægju meðal almennra fylgismanna sinna.

En í tilefni þeirra röngu ásakana, sem hornar hafa verið fram hér í kvöld á Alþb. og fyrrv. ráðh. þess, Magnús Kjartansson, um verksmiðjuna á Grundartanga vil ég segja þetta: Alþb. samþykkti aldrei stofnun þessarar verksmiðju, hvorki í flokksstofnunum sínum né á Alþ. heldur þvert á móti hafnaði það henni. Alþb. stóð hins vegar að þeirri ríkisstj. sem hóf könnun þessa máls, en að þeirri könnun var staðið með nokkuð nýstárlegum hætti. Sérstök viðræðunefnd var skipuð sem kanna skyldi almennt gildi og möguleika orkufreks iðnaðar. Henni voru sett ýmis skilyrði, sem fylgja skyldi í viðræðum við útlendinga, m. a. að orkufrekur iðnaður lyti alltaf meirihlutaeign íslendinga og lögsögu þeirra. Vegna þessa getur Alþ., er þar hefur skapast nýr meiri hl., breytt lögunum um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga á hvern þann hátt sem nauðsynlegt reynist, og væri betur ef svo hefði verið búið um álsamningana. En forráðamenn álversins hafa ætíð komist upp með hroka og óbilgirni gagnvart íslendingum.

Það er hins vegar til skammar, að talsmenn pólitískra flokka skuli frammi fyrir alþjóð haga sér eins og óprúttnir götustrákar í umr. um stórmál. Í stað þess að ræða efnislega þá gagnrýni, sem sett hefur verið fram á rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, segja þeir bara: Hann byrjaði, hann kastaði fyrstur, það var ekki ég. — Nei, á þennan hátt geta stjórnmálamenn ekki talað ef þeir vilja láta taka mark á orðum sínum. Þeir verða að svara fyrir hallarekstur verksmiðjunnar og rangar og villandi rekstraráætlanir, en Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út að um 850 millj. kr. halli hefði orðið á þessum rekstri 1976 miðað við verðlag þess árs. Þeir verða að svara fyrir þær breytingar á mengunarreglum, sem hinn erlendi samstarfsaðili knúði fram, og hið lága og óhagkvæma orkuverð og önnur þau fríðindi umfram annan atvinnurekstur sem þessi verksmiðja á að fá. Það dugar ekki heldur að bera fyrir sig fáfræði, eins og einn þm., Þórarinn Þórarinsson, gerði hér á Alþ. á dögunum. Gáfnafar hans réttlætir ekki aulaskap Framsfl. í þessu máli. Og Alþfl.-þm., sem sífellt tala um aðbúnað verkafólksins á stöðunum og fjármálahneyksli í opinberum framkvæmdum, stóðu einir flokka á Alþ. óskiptir með samþykkt frv. og gengu fremstir í flokki að réttlæta hættuleg frávik frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um mengunarvarnir. Er ljóst að ekkert lát er á ógæfu þeirra þegar erlent fjármagn og auðhringir eiga í hlut.

Góðir hlustendur. Tími minn er á þrotum. Ég vil þó segja að lokum: Nú er tekist á um tvær meginstefnur í íslenskum stjórnmálum: stefnu Alþb. um innlenda orkunýtingu og iðnþróun og svo hins vegar stefnu hinnar erlendu stóriðju. Það er tekist á um efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði þjóðarinnar og framtíðarlífsafkomu almennings í landinu. Ég hvet ykkur til að taka á með okkur og leggja Alþb. lið. Og þótt nú sé dimmt yfir framþróun íslenskra atvinnuvega, þá mun birta til er stefna Alþb. hefur verið borin fram til sigurs, og þá mun eins fara fyrir þeim erlendu auðþursum, sem nú ásælast auðlindir okkar, eins og tröllunum í þjóðsögunum sem urðu að steinum. — Þakka fyrir. Góða nótt.

Efri deild, 62. fundur.

Mánudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. (þskj. 427, n. 482). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd breyt. á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. N. fékk til fundar við sig Jóhannes Nordal bankastjóra og Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóra í Seðlabankanum. N. leggur til að frv. verði samþ. Ragnar Arnalds undirritar nál. með fyrirvara.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa ítarlega framsögu með þessu máli. Það fylgir frv. ágæt grg. að mínum dómi og síðan samþykkt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hefur verið útbýtt hér í deildinni á íslensku, þannig að menn hafa getað kynnt sér hana.

Það má segj að þær breytingar, sem hér er gert ráð fyrir á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, séu ekki mjög umfangsmiklar. Að mestu leyti er hér um endurtekningar að ræða, en þó er um nokkrar breytingar að ræða, sem ég skal gera grein fyrir í stuttu máli.

Í fyrsta lagi gerir gamla stofnskráin ráð fyrir því, að það sé fast stofngengi. Það eru settar reglur um framkvæmd sveigjanlegrar gengisskráningar, fljótandi gengis í þessari stofnskrá.

Í öðru lagi er gullið grundvallareining samkv. fyrri stofnskrá. Í stað þess er gert ráð fyrir að inn komi hin svokölluðu sérstöku dráttarréttindi sem verði grndvallareining sjóðsins. Sérstök dráttarréttindi eru vegið meðaltal af 20 myntum í heiminum .

Í þriðja lagi eru gerðar ráðstafanir til þess að gera dráttarréttindi greiðsluhæfari en þau eru í dag. Hin sérstöku dráttarréttindi hafa ekki verið mjög mikið notuð í alþjóðaviðskiptum, en það eru sem sagt opnaðar leiðir til þess að gera þau greiðsluhæfari. Það má geta þess, að aðeins 7% af heildargjaldeyrisforða heimsins eru í formi dráttarréttinda.

Í fjórða lagi er lagt til að viðskipti sjóðsins verði einfölduð, sérstaklega þau er fara fram á almennum reikningi hans.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því, að hægt verði að koma á fót sérstakri n. eða ráði sem skal stofnað með 85% atkvæða meiri hl.

Í sjötta og síðasta lagi gerir stofnskrárbreytingin ráð fyrir ákveðnum skipulagsbreytingum á sjóðnum, en þessi atriði koma greinilega fram í grg. með frv.

Ég held að það sé ljóst, að við höfum haft verulegan hag af því að vera í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það má geta þess, að skuld Íslands við sjóðinn nú nemur 62.2 millj. sérstakra dráttarréttinda, en eins og ég gat um áðan eru sérstök dráttarréttindi vegið meðaltal af 20 myntum í heiminum. Af þessu láni eru 11.5 millj. svokallað jöfnunarlán, olíulán 39.2 millj. sérstakra dráttarréttinda og almenn yfirdráttarlán 11.5 millj. sérstakra dráttarréttinda. Þetta almenna yfirdráttarlán nemur helmingi af framlagi okkar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem er 23 millj. sérstakra dráttarréttinda. En fyrir nokkru afgreiddi þessi d. frv. þess efnis, að framlag þetta yrði hækkað í 29 millj. sérstakra dráttarréttinda. Þessi lántaka, sem svarar helmingi af framlagi okkar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er ekki bundin neinum skilyrðum svo heita megi. Hins vegar ef við tökum lán, sem fer umfram helming af framlagi okkar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, má gera ráð fyrir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mundi setja ýmis skilyrði varðandi endurgreiðslu og varðandi á hvern hátt við mundum ætla okkur að endurgreiða það lán. Slíkt á sér hliðstæðu varðandi ýmis lönd, m. a. Ítalíu og Bretland.

Ég vil að lokum ítreka það, að n. leggur til að ríkisstj. fái heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd þessar breytingar á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef undirritað nál. hv. fjh.- og viðskn. og mælt með því að ríkisstj. fái heimild til þess að staðfesta þetta nýja samkomulag um reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hins vegar hef ég ritað undir nál. með fyrirvara, þar sem ég vil með því láta í ljós þá skoðun mína, að skipulag og reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins séu ekki eins lýðræðislegar og best yrði á kosið.

Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls, var ýmislegt við málið að athuga eins og það var lagt fram. Í fyrsta lagi var hér verið að leggja fram samning sem Alþingi Íslendinga átti að staðfesta án þess að hann væri jafnframt lagður fram í íslenskri þýðingu, og fylgdi það með í grg., að ekki væri þýðingar að vænta fyrr en samningurinn yrði gefinn út í Stjórnartíðindum. Þetta leyfði ég mér að átelja við 1. umr. málsins og vil þakka fyrir það, að utanrrn. brá skjótt við og afhenti n. þýðingu af hinum nýja sáttmála, eins og sjálfsagt og eðlilegt var. Vona ég að þetta litla atvik verði til þess, að rn. láti sig ekki henda það að leggja fram samninga til staðfestingar hér í þinginu án þess að þýðing þeirra fylgi.

Ég spurðist fyrir um það við 1. umr. málsins, hvort upplýsingar í frv., þ. e. a. s. nánar til tekið í sáttmálanum sjálfum, um hlutdeild og kvóta einstakra ríkja í sjóðnum væru réttar og hvort það væri virkilega svo, að Bandaríkin væru með um ⅓ af samanlögðum kvóta aðildarríkjanna, eins og lesa mætti út úr töflu sem fylgdi þessum skjölum.

Ég taldi mig vita að áhrif bandaríkjamanna í þessari stofnun væru mjög mikil og það meira að segja óskyggilega mikil, en að þau væru svo mikil sem þarna var greint frá þótti mér harla ótrúlegt. Við athugun málsins í n. hefur verið upplýst að þessar upplýsingar eru úreltar og alrangar og hin raunverulega hlutdeild bandaríkjamanna í samanlögðum kvóta mun vera 21%. Þetta er rétt að komi hér fram vegna þeirra umr. sem urðu við 1. umr. málsins. Engu að síður er hægt að halda því fram með fullum rétti og skýrum rökum að 21% hlutdeild einstaks ríkis í samanlögðu atkvæðamagni er allt of há og á að sjálfsögðu ekki nokkurn rétt á sér, síst af öllu þegar haft er í huga að við allar mikilvægar ákvarðanir innan þessarar stofnunar er

krafist 85% aukins meiri hl. Sem sagt, um það er að ræða í þessu tilviki, að eitt ríki, Bandaríkin, hefur neitunarvald gagnvart öllum meiri háttar ákvörðunum og er það í fullu samræmi við það sem vitað hefur verið, að völd og áhrif bandaríkjamanna í þessari alþjóðlegu stofnun væru langt úr hófi fram. Ég hef aldrei haldið því fram, hvorki við 1. umr. málsins né annars staðar, að við íslendingar gætum þar miklu um breytt og að samþykkt okkar á breyttum sáttmála gæti á neinn hátt mótast af þeim aðstæðum sem þarna eru fyrir hendi. En um leið og ég legg blessun mína yfir það, að ríkisstj. fái heimild til þess að staðfesta þennan sáttmála, þá vil ég eindregið bera fram þá ósk við núv. ríkisstj. að þær ríkisstj. sem síðar koma, að þær beiti sér fyrir því í samvinnu við önnur aðildarríki þessarar stofnunar, að nýrri og lýðræðislegri skipan verði komið á stjórnunarfyrirkomulag hennar.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins koma á framfæri þeim upplýsingum, sem komu fram í n. varðandi styrkleika einstakra ríkja í þessum sjóði og atkvgr., vegna þeirra ummæla sem komu fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds.

Það kom fram, að í atkvgr. er það svo, að í langflestum tilfellum ræður einfaldur meiri hl., m. a. við ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum ræður í öllum tilfellum einfaldur meiri hl. Þegar hins vegar er um að ræða kerfisbreytingar og ýmsar slíkar breytingar á sjóðnum, þá þarf aukinn meiri hl. Það kemur t. d. fram í þessari grg., að þessi nýja stofnskrá gerir ráð fyrir því að hægt verði að koma á fót sérstakri n. sem skal stofnuð með 85% atkvæða meiri hl., þannig að í slíkum tilfellum geta einstök ríki eða samsteypur ríkja komið í veg fyrir slíkar samþykktir.

Það eru sjálfsagt allir með á því, að hvert ríki vill hafa sinn hlut sem mestan í þessum sjóði, og ég á ekki von á því, að Bandaríkin verði neitt sérlega fús að minnka sinn hlut þótt öðrum fyndist það eðlilegt. En það kom einnig fram, að Bretland, Frakkland og England hafa samtals 19% og Efnahagsbandalagið í heild mun meira, þannig að blokk eins og Efnahagsbandalagið, sem kemur í mjög mörgum tilfellum fram sem sjálfstæð heild, getur einnig komið í veg fyrir slíkar samþykktir.

Það má að lokum geta þess, að Norðurlöndin vinna saman innan þessara samtaka og hafa kosið sameiginlega fulltrúa og varafulltrúa og það er skipst á um að hafa þessa fulltrúa tvö ár í einu, en Norðurlöndin hafa 3.65% atkvæðishlutfall.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram eins og ég skildi það þegar var sagt frá þessu í nefndinni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég held að þær upplýsingar, sem fram komu hjá formanni hæstv. fjh.- og viðskn., hafi í engu breytt því sem ég sagði hér áðan. Það er rétt hjá honum, að þessi sterka aðstaða bandaríkjamanna á einungis við í sambandi við meiri háttar ákvarðanir, en þegar um er að ræða minni háttar ákvarðanir er einfaldur meiri hl. látinn nægja.

En hitt er einnig rétt hjá hv. formanni, að þrjú ríki, þ. e. a. s. Bretland, Frakkland og Þýskaland, hafa mjög hátt hlutfall atkv. í þessari stofnun, svo sannarlega óeðlilega hátt, því samanlagt hafa þessi þrjú ríki um 18%, sem mun vera réttari tala heldur þau 19% sem formaðurinn nefndi hér áðan. Og það er að sjálfsögðu í raun og veru alveg jafnforkastanlegt og hitt tilvikið varðandi Bandaríkin. Hérna er um það að ræða, að þessar ríku þjóðir hafa öðlast allt of sterka aðstöðu innan þessarar stofnunar miðað við aðstöðu annarra ríkja, og þó það stingi mest í augu, að eitt ríki, þ. e. a. s. Bandaríkin, skuli hafa algjört neitunarvald, þá er hitt rétt og engu minna forkastanlegt, að þessi þrjú tilnefndu ríki skuli í sameiningu vera í sömu aðstöðu, að því að þessi ríki, sem við nú höfum nefnt, eru þarna í algjörri forréttindaaðstöðu, og það er sú forréttindaaðstaða sem þau verða að láta af hendi fyrr eða síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Póst- og símamál, frv. (þskj. 325, n. 472, 460, 473, 474). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 474 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 501 felld með 14:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, OÓ.

nei: AJ, ÁB, EggÞ, HÁ, HFS, IT, IH, JHelg, JÁH, JGS, RA, StH, StG, ÞK.

StJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (EÁ, GeirG, GH) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þar sem brtt. sú sem hér um ræðir, brtt. hv. þm. Alberts Guðmundssonar, fjallar um atriði sem eru hreint ekki á ljósu samkv. upplýsingum póst- og símamálastjóra í samgn. þessarar d., þar sem póst- og símamálastjóri gaf mjög eindregið í skyn að það væri stefna stofnunarinnar að láta af einkarétti einmitt á ýmsum þeim sviðum sem hv. þm. Albert Guðmundsson ræðir um í þessari brtt., og þar sem þetta er eitt af þeim atriðum í sambandi við frv. sem ég tel að athuga þurfi mun betur en þegar hefur gefist tóm til og ég hef lagt til að grön verði nú látin sía og betur fjallað um frv. þetta hér í d. áður en það verður afgreitt, þá greiði ég ekki atkv.

3. gr. samþ. með 13:1 atkv.
Brtt. 473,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
5 gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 473,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 473,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 460 tekin aftur til 3. umr.
11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 26. apríl 1975 samþ. Alþ. lög um að ríkisstj. skyldi beita sér fyrir stofnun hlutafélags til þess að koma á fót iðjuveri í nýrri grein útflutningsiðnaðar, járnblendivinnslu, er nyti til vinnslunnar raforku frá orkuverum Landsvirkjunar. Þetta iðjuver var fyrirhugað að reisa í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide Corporation, og með þeim aðila stofnaði ríkisstj. Íslenska járnblendifélagið hf. 28. apríl 1975 með aðsetur að Grundartanga í Hvalfirði.

Vorið 1976 þótti sýnt að samstarfsaðilinn, Union Carbide, vildi draga sig út úr þessu samstarfi, og áttu sér stað um það allítarlegar viðræður. Niðurstaðan varð sú, að Union Carbide ákvað að draga sig til baka, og í júnímánuði 1976 náðist samkomulag milli fulltrúa þess og ríkisstj., sem var staðfest 9. júlí 1976, á þá leið, að Union Carbide gekk úr Íslenska járnblendifélaginu og greiddi jafnframt verulega fjárhæð, eða um 850 millj. kr., til félagsins. Var uppgjörið miðað við það, að ríkisstj. væri skaðlaus svo og Landsvirkjun að sínu leyti.

Eftir að ljóst var að Union Carbide vildi draga sig út úr samstarfinu voru teknar upp viðræður við norska hlutafélagið Elkem-Spigerverket um aðild að iðjuverinu. Fyrsti fundur iðnrh. með fulltrúum norska félagsins var haldinn 27. apríl 1976. Síðan áttu sér stað umfangsmiklar viðræður sem leiddu til samkomulags sem undirritað var af hálfu ríkisstj. með fyrirvara um samþykkt Alþ. á frv. því sem hér hefur verið lagt fram og hefur verið afgreitt frá hv. Nd.

Með því frv., sem hér er til umr., er lagt til að lögin frá 1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði verði lögfest að nýju með nokkrum breytingum, sem til eru komnar vegna hinna fyrirhuguðu skipta á samstarfsaðila um fyrirtækið.

Í rauninni er hér ekki um breyt. að ræða frá því sem er í gildandi lögum frá 1975, aðrar en þær sem óhjákvæmilega leiðir af aðilaskiptunum. Stefnumiðin varðandi viðfangsefni fyrirtækisins, eignarhlutdeild, tæknimál, rafmagnsöflun, umhverfismál, réttarstöðu og aðra höfuðþætti verða í meginatriðum hin sömu og ráðgert var í öndverðu.

Í framsöguræðu með frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði á Alþ. í febrúar 1975 var gerð ítarleg grein fyrir fyrirtækinu almennt og margra ára undirbúningi þess. Í grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir, eru málin einnig rakin rækilega og m. a. gerð grein fyrir viðræðum við Union Carbide og síðan við Elkem-Spigerverket. Við 1. umr. í hv. Nd. gerði ég grein fyrir þessu máli. Skal ég því fremur stytta mál mitt hér og sérstaklega vísa hv. dm. til hinnar ítarlegu grg. sem fylgir frv.

Fyrirtækið Elkem-Spigerverket, sem nú er í ráði að semja við, er norskt fyrirtæki sem var stofnað árið 1972 með samruna tveggja fyrirtækja Christiania Spigerverk og Elkem-hlutafélagsins. Christiania Spigerverk hafði verið stofnað 1853, en Elkem 1904. Hlutaféð í þessu sameinaða fyrirtæki er að nafnverði 195 millj. norskar kr. og skiptist í 50 kr. hlutabréf, 3 millj. 900 þús. að tölu. Miðað við 1. jan. 1976 voru hluthafar rúmlega 15 þúsund talsins. Hlutabréf eru skráð hjá kauphöllinni í Osló. Hlutafjáreignin í félaginu er tiltölulega dreifð og hluthafar nær allir norskir að þjóðerni. Eru einungis u. þ. b. 9% hlutafjárins í eigu annars konar aðila, þ. e. útlendinga og erlendra félaga eða fyrirtækja sem skrásett eru í Noregi, en eru að hluta í eigu útlendinga. Meginhluti hlutafjárins er í eigu norskra ríkisborgara.

Þetta fyrirtæki rekur sjálft umfangsmikla starfsemi. Það er ýmiss konar framleiðsla járnblendis sem er veigamesti þátturinn í framleiðslu félagsins. Auk þess á félagið nokkurn hlut að starfsemi á sviði olíuiðnaðar. Mest af starfsemi félagsins fer fram í Noregi, en erlendis rekur félagið eða á hluta í ýmsum verksmiðjum, einkum á sviði ál- og stáliðnaðar. Flest fyrirtækin eru í Evrópu. Fjöldi starfsmanna félagsins er u. þ. b. 8500 manns sem starfa á rúmlega 30 framleiðslustöðvum í Noregi og erlendis. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er í Osló. Félagið hefur á undanförnum árum selt framleiðslu sína af kísiljárni í félagi við fjóra aðra norska kísiljárnsframleiðendur sem reka með því sölusamlagið Fesil & Co. Aðrar tegundir járnblendis selur félagið sjálft og rekur um þessar mundir söluskrifstofur í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi, Danmörku og Sviþjóð. Framleiðslan er seld um allan heim, m. a. til Bandaríkjanna og Japans.

Rétt er að geta þess, að Elkem-Spigerverket hefur áður haft samband við íslensk stjórnvöld varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi. Þannig tóku fulltrúar þess upp viðræður við nefnd um orkufrekan iðnað á árinu 1971 um byggingu ferrómangan-verksmiðju í Hvalfirði er nýta mundi raforku frá Sigöldu, en ekki varð af samningum um samstarf að því sinni þar sem íslendingar völdu að stefna að framleiðslu á kísiljárni.

Viðræðurnar við Elkem-Spigerverket hófust sem sagt vorið 1976 og hafa farið fram á vegum iðnrn. og Íslenska járnblendifélagsins og verið í höndum iðnrh. og samninganefndar sem hann kvaddi til starfa, en form. hennar hefur verið dr. Jóhannes Nordal.

8. des. s. l. var undirritaður aðalsamningur milli ríkisstj. Íslands og norska fyrirtækisins um aðild þess að járnblendifélaginu og samstarf þessara tveggja aðila um byggingu járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykkt Alþ.

á breytingum frá gildandi heimildarlögum frá 1975 fyrir verksmiðjuna og með fyrirvara um að nefnd verksmiðja fengi starfsleyfi og gengið yrði endanlega frá öllum helstu samningum sem nauðsynlegir eru til að tryggja rekstur verksmiðjunnar.

Samhliða samningaviðræðum aðilanna hefur verið unnið að athugun á útvegun stofnlána til byggingar járnblendiverksmiðjunnar. 3. jan. s. l. var undirritaður í Reykjavík lánssamningur milli Íslenska járnblendifélagsins og Norræna fjárfestingarbankans. Þessi samningur tryggir félaginu stofnlán að upphæð 200 millj. norskra kr. sem greitt yrði út sem þrjú sjálfstæð lán á byggingartímanum, en endurgreitt á árunum 1981-1994.

Þetta lán Fjárfestingarbankans norræna er veitt án beinnar ábyrgðar eignaraðila, en gegn veði í fasteignum verksmiðjunnar. Jafnframt er ákvæði í samningum við bankann um það að eignaraðilar verksmiðjunnar skuldbindi sig til að ljúka verksmiðjubyggingunni, og er rétt að benda á þetta ákvæði, en slík samningsákvæði voru ekki í fyrri samningum við Union Carbide. Þá hefur einnig verið sótt um lán til Export Finans í Noregi til að fjármagna vörukaup þar, og hefur sú umsókn fengið góðar undirtektir.

Ráðgert er að Elkem-Spigerverket eignist 45% hlutafjár í Járnblendifélaginu, en íslenska ríkið 55%, og eru það sömu hlutföll og um var að ræða í samstarfi við Union Carbide og í samræmi við 2. gr. gildandi laga. Hlutaféð verður óbreytt frá stofnsamningi vorið 1975, en það er jafnvirði 24 millj. bandaríkjadala. Vegna verðbólguáhrifa á stofnkostnaði er hlutdeild þessa hlutafjár í heildarfjárfestingunni orðin nokkru lægri en upphaflega var við miðað, en það var um þriðjungur.

Varðandi markaðsmál og sölumál eru allverulegar breytingar gerðar frá því sem var í samningum við Union Carbide. Er gerð ítarleg grein fyrir því í grg. frv. og skal ég ekki fara út í þau atriði að sinni.

Gildistími sölusamnings og rafmagnssamnings er 20 ár frá því að starfræksla hefst.

Vegna þess að nokkur dráttur hefur orðið á byggingu verksmiðjunnar og þar með sölu rafmagns frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir hefur verið samið við Landsvirkjun um bætur fyrir tjón, og er það hluti af þeim 850 millj. sem Union Carbide samdi um að greiða í skaðabætur.

Nú er miðað við að fyrri bræðsluofn — en gert er ráð fyrir tveimur ofnum — geti tekið við rafmagni í árslok 1978 eða ársbyrjun 1979, en það er um ári síðar en ráðgert var við stofnun Járnblendifélagsins. Síðari ofninn verður tilbúinn á tímabilinu júlí 1979 til sept. 1980 skv. nánari ákvörðun síðar. En þetta bil milli gangsetningar ofnanna er æskilegt af tæknilegum ástæðum, þannig að taka megi tillit til reynslu af hinum ofninum um gerð hins síðari, en einnig er þetta talið heppilegra frá markaðssjónarmiði.

Að því er varðar rafmagnsverð til verksmiðjunnar, þá er gerð ítarleg grein fyrir því á bls. 12-13 í grg. með frv. og vísa ég til þeirrar grg. Í meginatriðum er það svipað og var í fyrri samningnum. Þó er greiðslum háttað nokkuð á annan veg, þannig að í byrjun greiðir verksmiðjan nokkru meira til Landsvirkjunar en heldur lægra síðar, en að mati Landsvirkjunar verður heildarupphæðin svipuð og áður hafði verið ráðgert.

Verksmiðjan sótti um starfsleyfi til heilbr.- og trmrn. og liggur það nú fyrir. En frá því að umr. hófust um járnblendiverksmiðjuna hefur mikil áhersla verið lögð á umhverfisvernd og að því stefnt, að mengun af hennar völdum yrði sem allra minnst. Af hálfu Járnblendifélagsins er fyrirhugað að verksmiðjan verði búin öllum þeim bestu mengunarvörnum sem völ er á.

Byggingarkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 430 millj. norskra kr. og er meginkostnaðurinn við ofnana tvo. Þegar við þetta bætast vextir á byggingarlánum og fleiri liðir verður heildarfjárfesting um 513 millj. norskra kr. eða u. þ. b. 18.5 milljarðar ísl. kr.

Í lögunum frá 1975 um járnblendiverksmiðjuna var ákveðið, að Járnblendifélagið skyldi kosta líffræðilega athugun skv. till. Náttúruverndarráðs á umhverfi verksmiðjunnar áður en framleiðsla hefst. Þessi líffræðilega athugun hófst sumarið 1975. Söfnun gagna er lokið og sýnataka margra þátta vel á veg komin. Hins vegar er úrvinnsla að verulegu leyti eftir og nokkrar athuganir á tilteknum sviðum. Er talið að ljúka megi hinni líffræðilegu hlið málsins á næsta sumri að undanskildum tilteknum efnagreiningum, en að unnt verði að ljúka heildaryfirliti um líffræðirannsóknir um áramótin 1977—1978.

Ég vil láta þessi inngangsorð nægja að sinni með tilvísun til umr. og grg. og legg til að málinu sé vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér skeður það nú í annað sinn á liðlega tveimur árum að hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, leggur fyrir Ed. Alþ. frv. um það, að íslenska ríkið gerist samstarfsaðili við erlendan auðhring um að koma upp málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, — í annað sinn á tveimur árum. Það mun væntanlega koma betur í ljós við umfjöllun í þessari d., í iðnn. þessarar d. og síðan við 2. umr. í þessari d., hví í ósköpunum hæstv. iðnrh. gerir nú þetta aftur, eins og sæmd hans jókst nú mikið af fyrra samningnum. En hitt vakti óneitanlega athygli mína, hversu hann stillti sig nú miklu betur um það að hrósa hinum fyrri samningsaðila, Union Carbide, heldur en þegar hann mælti sem ákafast með því, að við gerðumst félagar þess fyrirtækis veturinn 1975. Nú var þess getið með einhvern veginn að því er virðist sama bakþanka, að hinn nýi samningsaðili Elkem-Spigerverket, væri að ákaflega miklu leyti norskt fyrirtæki og svo lítið að hlutabréfin hljóðuðu upp á 50 kr. Þetta var álíka tónn og notaður var um mekt Union Carbide, sem er níundi stærsti auðhringur í heimi, og gefið í skyn að það væru nú engin smáhlutabréf sem í því kompaníi væru. En hvað um það, einhvern veginn hafði maður ímyndað sér að það væri nóg að bera fram hér á hv. Alþ. eitt frv. á tveggja ára fresti og þó lengri tími liði á milli um kompaní af þessu tagi fyrir sama ráðh. En þetta hefur hann nú gert öðru sinni, jafngáfaður og lífsreyndur maður eins og hann er, og yrði

líklega einna helst skýrt með spakmæli Gísla heitins á Bakka og þeirra bræðra sem sagði við prestinn þegar hann setti út á það hvernig hann væri búinn til fótanna: „Ja, þegar maður álpast með annan fótinn í öfugan skóinn, þá er hinum hætt.“

Ég mun nú ekki ræða þetta mál lengi við 1. umr. Ég hef rökstudda ástæðu til þess að ætla að við umfjöllum í þessari d. og iðnn. hennar verði gætt öllu þinglegri vinnubragða heldur en tíðkuðust í hinni neðri deild. Þó ég ætli ekki að orðlengja málið við 1. umr. verð ég að gera grein fyrir nokkrum þeirra atriða sem ég tel brýnast að athuguð verði vendilega, fyrst og fremst í iðnn., en síðan hér í sjálfri þd., og raunar þegar í upphafi geta þess, að ég mun nú í þessari framsöguræðu minni sennilega koma á framfæri skilaboðum frá þeim aðilum sem verksmiðja þessi kemur til með að standa langnæst, þar sem ég hef ekki orðið þess var að aðrir væru til þess reiðubúnir, en það eru íbúar þeirrar sveitar sem þessi verksmiðja á að rísa hjá.

Í fyrsta lagi tel ég að ekki verði hjá því komist að iðnn.-mönnum verði séð fyrir öllum upplýsingum varðandi ástæðurnar fyrir því, að Union Carbide gekk úr samstarfinu í Járnblendifélaginu og greiddi nær milljarð ísl. kr. til þess að sleppa úr Íslenska járnblendifélaginu. Ég tel það með öllu óverjandi að iðnn. Ed. fái ekki öll plögg varðandi þetta mál. Fulltrúi Alþb. í Nd. óskaði eftir því að fá að sjá þessi plögg, en var synjað. Þetta er með öllu óhæfilegt, að stjórn málmblendifélagsins, skipaðri af ráðh., skuli haldast það uppi að halda þýðingarmiklum upplýsingum fyrir Alþ. er fjallað er um þetta mál, og má segja að sú sæmd, sem Alþ. er sýnd af hálfu þessa fyrirtækis og þá hæstv. iðnrh. um leið, verði seint fullkrýnd, en að því víkjum við seinna.

Í öðru lagi tel ég bráðnauðsynlegt að óvilhallir sérfræðingar fái tóm til að athuga öll frambærileg gögn varðandi arðsemisútreikninga þessarar fyrirhuguðu verksmiðju og hvað eina það sem lýtur að áhættu þessa fyrirtækis.

Í þriðja lagi tel ég fráleitt að iðnn. Ed. ljúki svo umfjöllun þessa máls, að ekki liggi ljóst fyrir hvers vegna ríkisstj. gengur í berhögg við álit Heilbrigðiseftirlits ríkisins í fjölmörgum grundvallaratriðum varðandi mengunarvarnir frá fyrirhugaðri verksmiðju. Í því sambandi vek ég athygli á þeirri yfirlýsingu formanns iðnn. Nd., hv. þm. Ingólfs Jónssonar, sem fram kom þegar í upphafi framsöguræðu hans með nál., að fyrirhugað sé að nota annan ofn járnblendiverksmiðjunnar til framleiðslu á öðrum málmblöndum en kísiljárni.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. iðnrh. áðan, þá falaðist Elkem-Spigerverket á sínum tíma eftir því að fá að koma upp í Hvalfirði eða verða eignaraðili að málmblendiverksmiðju er framleiddi ferró-mangan. Nú hygg ég að það kunni að verða örlítið viðfangsefni að ganga úr skugga um það, — og dreg þær ályktanir af því, með hvaða hætti við höfum yfirleitt fengið svör, skýr svör í þessu verksmiðjumáli, — ég tel að það kunni að taka kannske dálítinn tíma að ganga úr skugga um það, hvort Elkem-Spigerverket sé hér að fá fram hinn forna vilja sinn í því, að annar ofninn, eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson orðaði það, verði e. t. v. notaður til framleiðslu á ferró-mangan eða öðrum málmblöndum, eða hvort hv. formaður iðnn. Nd. hefur hér misskilið allt málið. Það er sem sagt spurning um það, hvort honum hefur orðið hér fótaskortur á tungunni eða hvort hér er um misskilning að ræða.

Fótaskortur á tungunni, sagði ég og mun síðar vitna í formælendur Union Carbide-samningsins á sínum tíma og þ. á m. náttúrlega fyrst og fremst í formann iðnn. Ed., hv. þm. Steingrím Hermannsson, því til staðfestingar að jafnvel enn meiri mengunarhætta getur stafað af ýmsum öðrum málmblöndum en kísiljárni í framleiðslu, þótt líkur bendi til þess að framleiðsla á kísiljárninu geti nægt til þess að gjörspilla lífríki Hvalfjarðar, að ekki sé meira sagt, — að framleiðsla á öðrum málmblenditegundum sé jafnvel enn þá hættulegri, eins og skýrt kom fram í ræðu hv. þm. er Union Carbide-málið var til umr. hér í d. á sínum tíma og allítarlega var rætt um mengunarhættuna.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson, formaður iðnn. Nd., sagði einmitt í upphafi bingræðu sinnar að betta atriði, að málmblendifélagið væri nú til viðtals um að leyfa framleiðslu á öðrum málmblenditegundum í öðrum ofninum, hefur einmitt gert það að verkum að Elkem-Spigerverket hefði nú fengið áhuga á þessu máli og fengist til þess að ganga inn í félagið þrátt fyrir það að Union Carbide gengi úr því.

Ég mun ekki að þessu sinni eyða mjög löngu máli í það að rifja upp vinnubrögðin, sem við voru höfð við fyrra frv. um samninginn við Union Carbide, né heldur vinnubrögðin við þetta frv., aðeins geta þess lauslega hvernig hm. var í svartasta skammdeginu um jólaleytið sent þetta frv. heim að næturþeli, þ. e. a. s. þm. ríkisstj. og Alþfl., í skjóli náttmyrkurs við hæfi. En hm., sem látið höfðu í ljós andstöðu eða kritíska afstöðu til þessa máls, fengu ekki að líta þetta frv. augum fyrr en löngu seinna. Hér munu ekki hafa verið út af fyrir sig brotin þingskör, heldur var hér eingöngu um að ræða, hygg ég hátterni sem lýtur að artinni sem á bak við allan málatilbúnaðinn býr.

Þá er að minna á það, með hvaða hætti þetta mál, sem virtist liggja þau ósköp á strax í upphafi, var látið liggja hálfan þriðja mánuð í n. í Nd., þótt lítt væri um það fjallað, meðan verið var að knýja fram málamyndasamkomulag um frávik frá ýmsum þýðingarmiklum atriðum varðandi mengunarhættuna frá verksmiðju þessari. — þýðingarmiklum atriðum sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins taldi hörf á að kveðið væri á um í sjálfu lagafrv. Síðan kemur svo náttúrlega að því, með hvaða hætti þessu máli er síðan skilað úr iðnn. Nd. fyrir Nd., þar sem haldið var fyrir fulltrúa Alþb. í iðnn. nauðsynlegum plöggum sem varða mengunarhættu frá verksmiðjunni, haldið leyndu fyrir honum, honum synjað um þau plögg, þannig að hann fékk ekki tíma til þess að fjalla um þau, og með hvaða hætti fulltrúar stjórnarflokkanna og vitaskuld Alþfl. í iðnn. Nd. skrifuðu undir nál. meiri hl. með meðmælum um að frv. yrði samþykkt án þess að starfsleyfi frá heilbrigðisyfir-

vödum lægi fyrir, án þess að hafa haft svo mikið fyrir því að biðja um að fá að sjá forsendur Heilbrigðiseftirlitsins fyrir starfsleyfinu og hafa vafalítið ekki gert það enn í dag.

Við bjuggumst eiginlega við því að fá í útvarpsumr. í Sþ. á föstudaginn var svör við ýmsum mjög svo brýnum spurningum sem bornar hafa verið fram hér á Alþ. varðandi arðsemi fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju og varðandi mengunarhættuna frá henni. Þau svör fengust náttúrlega ekki fremur í útvarpsumr. heldur en í almennum umr. sem farið hafa fram hér í þingi um frv. þetta um málmblendiverksmiðjuna. Eins og að líkum lætur verður reynt að fá svör fram við þessum spurningum í iðnn. þessarar d., og raunar efast ég ekki um að til þess verði veitt tóm hér í d. Það liggur raunar í augum uppi og skal tekið fram, að þegar fjallað var um hið fyrra frv. um samninginn við Union Carbide á sínum tíma í Ed., þar sem það var fyrst lagt fram, þá þurfti ég ekki að kvarta undan því að formaður iðnn. í þessari d. gæfi ekki nógan tíma til þess að fjalla um málið í iðnn. Það var ekki honum að kenna þótt framkvæmdir væru hafnar uppi í Hvalfirði áður en iðnn. hafði skilað áliti, áður en málið hafði verið afgr. til Nd. úr Ed., heldur mun þar hafa verið um að fást við hæstv. iðnrh., því þá lá ákaflega mikið á að málið yrði afgreitt í gegnum þingið, segi ég, vegna þess að fyrir það var brennt að nokkrar breytingar, sem neinu máli skiptu, mætti gera á hinu fyrra frv. um samstarfið við Union Carbide. Og mér skilst að þeir hinir sömu spekingar, sem þetta frv. sömdu, telji að mikil vá sé fyrir dyrum ef breytingar verði gerðar á þessu frv. er við nú fjöllum um.

Við útvarpsumr. á föstudagskvöldið fengust ekki svör við neinum grundvallarspurningum sem fram höfðu verið bornar.

Það fengust alls engin svör við því, hvers vegna er vikið frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um varnir gegn mengun frá fyrirhugaðri verksmiðju. Það kom hreint ekki fram, hvorki í útvarpsumr. né í almennum umr., hvaða sérfræðingar það eru sem segja ríkisstj. að óhætt sé að víkja frá till. Heilbrigðiseftirlitsins. Ekki kom þar heldur fram, hvaða vinningsvon væri í því að gera þetta, að víkja frá till. Heilbrigðiseftirlitsins varðandi gerð verksmiðjunnar uppi í Hvalfirði. Þá kom enn síður fram við umr. neitt svar við ítarlegum sönnunargögnum sem fyrir liggja um það, að fyrirhuguð málmblendiverksmiðja sé fjárglæfrafyrirtæki ef ekki annað verra.

Spurningar varðandi einstök atriði í arðsemisútreikningum málmblendifélagsins, sem til álita koma við umfjöllun málsins hér í d., eru nær óteljandi. Eftir svörum við þeim spurningum verður að sjálfsögðu leitað í iðnn. d. Svo við nefnum aðeins dæmi um grundvallarspurningu, þá skal þess getið að hér liggja fyrir gögn, viðurkennd af Þjóðhagsstofnun, sem sýna það, að ef málmblendiverksmiðja þessi hefði verið í gangi árið sem leið, þá hefði tapið af henni numið 800 millj. kr. Við höfðum nú vænst þess, að formælendur verksmiðjunnar og málmblendifélagsins segðu nú alþjóð frá því, hvar hagnaðurinn lægi þá, hvar hagnaðarvonin hefði legið árið sem leið, þegar fyrir liggja útreikningar sem sýna að hefði verksmiðja þessi verið rekin þá, hefði tapið af henni numið 800 millj. kr. En þeir góðu menn með hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar þegja þunnu hljóði um þetta atriði.

Jafnvel þótt tíundaðar yrðu tekjur af raforkusölu til fyrirtækisins, enda þótt þær eigi raunar að renna til annars fyrirtækis þar sem Landsvirkjun er, jafnvel þótt tekjur af raforkusölu til fyrirtækisins væru tíundaðar sem tekjur til þjóðarinnar, — hvíslarar málmblendifélagsins eru nefnilega staðnir að því þessa dagana að reyna að koma inn þeirri skoðun hjá efasemdafólki stjórnarflokkanna að hagnaður íslendinga af járnblendiverksmiðjunni muni hvort eð er aldrei liggja í öðru en sölu á raforku sem enginn fáist ella til að nýta, að hagnaðurinn, þegar til kastanna kemur, verði eingöngu sá sem fáist fyrir sölu á raforku sem ella fáist enginn til þess að nýta, — en jafnvel þótt við reiknuðum með raforkusölunni hefði þessi verksmiðja, málmblendiverksmiðjan, verið í gangi árið sem leið, þá hefði heildarraforkusala Landsvirkjunar til verksmiðjunnar numið 600 millj. kr. Sem sagt, enda þótt verksmiðjan hefði fengið raforkuna gefins á árinu sem leið, þá hefði samt orðið 200 millj. kr. tap á henni þrátt fyrir það. Og nú verð ég að segja alveg eins og er, að mér finnst kominn tími til þess að hæstv. iðnrh. segi okkur frá því hvar hagnaðurinn af þessu fyrirtæki hefði þá átt að koma inn í dæmið og með hvaða hætti hann búist við að hagnaðurinn gæti komið inn hin síðari árin. Ég mundi alls ekki lá hæstv. iðnrh. þótt hann segði sem svo: Það er ætlast til þess að það verði fjallað um þetta mál í iðnn. Ed. og það er ætlast til þess að iðnn.menn afli sér þar upplýsinga af einurð og drengskap, sem treysta megi, og dragi síðan ályktanir af þeim, og hann standi ekki í þvargi um ómerkileg atriði eins hagnað eða tap af verksmiðju þessari hér í d. En þetta er nú í annað sinn sem fjallað er um lög um stofnun málmblendifélagsins. Þetta er í annað sinn. Og einhvern veginn var maður að ímynda sér að hæstv. iðnrh. hefði eiginlega ekki hugsað um annað síðan á vordögum, síðan 28. apríl 1975, þegar gengið var formlega frá stofnun málmblendifélagsins í kompaníi við Union Carbide með lögheimili á Grundartanga.

En hvað um það, nú væntum við þess sem sagt, að hæstv. iðnrh. og meðreiðarsveinar hans muni leiða fram ærukæra reikningsmeistara í iðnn. d., reiðubúna til þess að ganga í tylftareið upp á það að verksmiðja þessi verði arðbær, svo arðbær að lífríki Hvalfjarðar og Faxaflóa sé fórnandi fyrir auðinn.

En trúið mér til þess, að arðurinn af verksmiðjunni má nema öllu meira en 200 millj. kr. tapi á ári með gefins raforku til þess að líklegt sé að fólkið, sem býr á þessu landssvæði, eða landsmenn yfirleitt sætti sig við reksturinn.

Þá höfðum við vænst þess, að stjórnarflokkarnir mundu nota tækifærið í útvarpsumr. til þess að svara rökstuddum upplýsingum, sóttum í hin áreiðanlegustu kaupsýslublöð heims, þar sem sýnt er fram á mjög svo versnandi markaðshorfur fyrir járn og stál og hvers konar málmblendi. Æskilegt hefði verið að ríkisstj. léti lands-

mönnum í té þær upplýsingar, sem hún hefur fengið og telur áreiðanlegar, um það að líkur séu á ört batnandi markaðshorfum fyrir framleiðsluvörur fyrirhugaðrar verksmiðju. Þá hefði verið ákaflega gott ef hæstv. iðnrh. hefði nú tekið sig til og útskýrt fyrir okkur afstöðu formanns iðnn. norska Stórþingsins, Arne Johansson, sem kemur fram í 7. hefti Ökonomisk rapport, þar sem formaður iðnn. norska Stórþingsins segir ljósum orðum:

„Ef við værum að byrja núna í Noregi, þá mundi ekki hvarfla að okkur að koma hér upp orkufrekum iðnaði, en við sitjum bara uppi með hann og það er ekki góð ráðdeild að láta hann ryðga niður."

Að sjálfsögðu verður fjallað, vænti ég, í iðnn. d. um fræðilegar greinar, ritstjórnargreinar úr tímaritunum Economist og Le Monde, sem nýlega hafa birst um stöðu málmblendiiðnaðarins í Vestur-Evrópu, um hvínandi tap hans á s. l. tveim árum og horfur á vaxandi tapi og hruni. Og ekki efast ég um það, að fram muni koma í iðnn. þær upplýsingar sem réttlæta það, að ríkisstj. tekur ekkert tillit til þessara upplýsinga, og ástæðurnar fyrir því, að haldið er áfram þrátt fyrir þessar neikvæðu upplýsingar sem fyrir liggja í sambandi við þetta mál.

Varðandi afstöðu hinna einstöku flokka til þessa máls vekur það náttúrlega fram að þessu athygli, að málið skyldi vera afgr. til Ed. úr Nd. með því sem næst helmingi atkvæða. Það vekur athygli, að Sjálfstfl. var klofinn í málinu, Framsfl. flísaður og Alþfl. stóð einn heill að málinu. Ég er þess fullviss að við munum fá skýringar hjá fulltrúa Alþfl. í iðnn. Ed., þar sem svo vill vel til að hann var einmitt skipaður af hæstv. iðnrh. í stjórn málmblendifélagsins og á eflaust aðgang að öllum plöggum þess fyrirtækis sem arðsemisútreikningar, áhættuútreikningar og annað slíkt hlýtur að byggjast á.

Varðandi afstöðu Framsfl., þá er þess skemmst að minnast, að miðstjórn þess flokks hefur nýlega gert formlega samþykkt um einarðlega andstöðu gegn erlendri stóriðju á Íslandi og aðild útlendinga að íslenskum stóriðjufyrirtækjum. Þetta gerði miðstjórnarfundur Framsfl. skömmu áður en málmblendimálið kom til afgreiðslu í Nd. Svo til allur hópur framsóknarmanna í Nd. greiddi hins vegar atkvæði með frv. því, er hér liggur fyrir. Að öðru leyti skipti flokkurinn sér eins og hans er eðli að hætti ákveðinna lífvera.

Því er náttúrlega ekki að leyna, að Framsfl. hafði fyrir ári samþykkt stækkun annars kerskála Alusuisse í Straumsvík og þar með aukna raforkusölu til fyrirtækis þessa um fimmtung.

Á miðstjórnarfundinum, sem á var minnst áðan, þar sem Framsfl. gerði einarða samþykkt gegn erlendri stóriðju eða stóriðju sem útlendingar hefðu eignaraðild að, var að vísu ekki fjallað formlega um málefni Alusuisse á Íslandi, en samþykktin var mjög einarðleg svo sem áður er um getið. Þessa samþykkt túlkar nú formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, þannig, að eigi að síður, þrátt fyrir þessa einarðlegu samþykkt komi vel til greina að flokkur hans fallist á smíði þriðja kerskálans fyrir Alusuisse í Straumsvík, þar eð ekki ber að túlka samþykkt flokksins út af fyrir sig sem svo, að stemma beri stigu við vexti þeirrar erlendu stóriðju sem fyrir er í landinu, samþykktin eigi ekki að koma í veg fyrir að þau fyrirtæki erlend, sem starfa hér í landinu, geti stækkað við sig. Og nú sem sagt styður Framsfl. að megni til málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, nýja stóriðju með eignaraðild útlendinga, hvað svo sem hún kostar. Að vísu, eins og ég sagði áðan, hefur flokkurinn rétt einu sinni skipt sér svolítið. Og nú vænti ég þess, að hv. þm. Ingi Tryggvason, sem á sæti í iðnn. þessarar d., fáist til þess að tilgreina okkur einhver önnur rök fyrir stuðningi flokks síns og raunar stuðningi sínum við málmblendiverksmiðjuna, önnur en þau ein sem hann gerði grein fyrir við útvarpsumr. á föstudaginn, þ. e. a. s. að Magnús Kjartansson hefði verið upphafsmaður hugmyndarinnar um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Þá ósk á ég mér nú helsta, að hv. þm. Framsfl. og raunar þm. annarra flokka líka tækju sig til og gerðu aðrar hugmyndir Magnúsar Kjartanssonar jafnframt að sínu fordæmi svo sem áratugabaráttu hans gegn erlendri hersetu, gegn aðild Íslands að erlendum hernaðarbandalögum, og tileinkuðu sér þá einnig skilgreiningar hans á eðli hagvaxtar sem ég ætla að hann hafi einna fyrst komið á framfæri hérlendis í ráðherratíð sinni, ásamt skilgreiningu hans á eðli erlendra auðhringa hérlendis, sem sumum þm. a. m. k. ættu að vera í fersku minni. Ég vildi gjarnan að hv. þm. og þá náttúrlega ekki síst hv. þm. Ingi Tryggvason, sem tilgreindi raunar þessa ástæðu eina í útvarpsumr. fyrir stuðningi Framsfl. og þá náttúrlega stuðningi sínum privat og persónulega við málmblendifélagið, gerði þá ýmis önnur grundvallarmál, sem Magnús Kjartansson hefur beitt sér fyrir, einnig að sínum fordæmum til eftirbreytni.

Þið skuluð halda áfram að afsaka afstöðu ykkar til málmblendisins hér með þeim hætti, hv. þm. sem það fýsir. En freistandi væri náttúrlega að benda ykkur á, fyrst afstaða Magnúsar Kjartanssonar er leiðarljós ykkar í málinu, ef ykkur fýsir að hafa afstöðu hans framvegis að leiðarljósi í málinu, að þá greiddi hann atkvæði ásamt öllum öðrum þm. Alþb. gegn málmblendisamningnum 1975 með ítarlegum rökstuðningi sem laut að breyttum aðstæðum, m. a. vegna olíukreppunnar og afleiðinga hennar. Magnús er nú ekki á þingi af orsökum sem ykkur eru öllum býsna kunnar. En ef svo kynni nú að reynast, að enn vilduð þið gera afstöðu hans að ykkar fordæmi í þessu máli, þá ætla ég að segja ykkur frá því, og trúi mér þeir sem vilja, að enn þá fremur mundi Magnús Kjartansson greiða atkv. gegn málmblendinu nú, þar sem samningurinn við Elkem-Spigerverket er sýnu verri og á marga lund enn þá hættulegri en samningurinn við Union Carbide, slíkur sem hann nú var. Og nú skulu þið sem sagt tilgreina önnur rök fyrir atfylgi við málmblendimálið en skoðanir Magnúsar Kjartanssonar. Ekki svo að skilja að það hvarfli að mér, að þið, hv. þm. munið óttast neitt slíkt, því það væri raunar fáránlegt að ímynda sér það, og enn þá síður hæstv. iðnrh., slík höfuðkempa sem hann er nú til vopna sinna, en ef út í þau málefni verður farið ítarlega hér sem lúta að því, með hvaða hætti einstakir

nafngreindir þm. hafa skipt um skoðun á stjórnmálaferli sínum prívat og persónulega fyrir sig, þá náttúrlega vitið þið það, að ekki mun standa á jafnósvífnum manni og Stefáni Jónssyni að tíunda þau mál mjög ítarlega og fullum rómi í þessari hv. d. Ef menn kjósa að verja verulegum tíma til slíkra umr., þá er ég allbirgur af þess háttar upplýsingum og mun með glöðu geði koma þeim í prent í þskj.

Hitt stendur upp á mig, af því að ég nafngreindi hv. þm. Inga Tryggvason í þessu sambandi og tók hann, sem var ekki að öllu leyti verðugt, sem dæmi um þá menn sem rökstyðja afstöðu sína í málinu með aðild Magnúsar Kjartanssonar að upphaflegum viðræðum við Union Carbide um þessa möguleika, þá vil ég nú til þess að réttlætið fái örlitinn framgang í ræðu minni varðandi Inga taka þetta fram, að enda þótt hann greiddi atkv. með samningnum við Union Carbide, þá gaf hann engin fyrirheit út af fyrir sig um að greiða atkv. með samningnum við Elkem nú. Það má segja að ástæðurnar sem hann tilgreindi, þ. e. a. s. upprunalegar skoðanir Magnúsar Kjartanssonar, ættu eingöngu við sem skýring á því, að hann skyldi á sínum tíma greiða atkv. með Union Carbide. Og þá trú hef ég á greind hv. þm. Inga Tryggvasonar og umhyggju hans fyrir þessu blessaða landi og þá ekki síst landbúnaðinum og hag fólksins sem byggir hinar dreifðu byggðir, — þá trú hef ég nú á þessum eigindum hans, að hann telji sig alls ekkert til knúinn að greiða nú öðru sinni fyrir einn og sama ráðh. atkv. með frv. um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að hún sé ekki æskileg, jafnvel að hún sé hættuleg.

Ég las með mjög mikilli athygli ágæta grein hv. þm. í Tímanum nú á sunnudaginn, stutta grein sem hann skrifar raunar fyrst og fremst sem núv. formaður fjvn. um nauðsyn þess að leggja fé í vegi til samgöngubóta, til þess að efla byggðir úti á landi, það fé sem skortir núna. Vitaskuld blasir það við, að þeir 18 milljarðar, sem á að leggja í fyrirtækið upp í Hvalfirði án tillits til þess, hvort þetta fyrirtæki skilar ágóða eða ekki, jafnvel þótt það blasi við að af því muni stafa árlegt milljarðatap, þessir peningar eru náttúrlega teknir frá öðrum framkvæmdum. Þær skýringar, að hér sé um að ræða lán, erlend lán, eru bókstaflega einskis virði, því enn þá hægara ætti okkur að verða að fá lán til arðbærra framkvæmda á landi hér heldur en framkvæmda á borð við þessa, og vil enn vitna í Arne Johansson, formann iðnn. norska Stórþingsins, iðnn. þjóðþings þess lands þar sem peninga þessa á að taka að láni. Hann sagði: Ef við norðmenn hefðum verið að byrja í dag, þá hefðum við ekki látið okkur til hugar koma að festa fé í orkufrekum iðnaði, en við sitjum uppi með hann. — Það liggur í augum uppi, að okkur væri auðvelt og miklu auðveldara að fá erlendis lánsfé til arðbærra, hagkvæmra framkvæmda heldur en í þetta kompaní.

Okkur var svarað því til við langa umfjöllun málsins veturinn 1975, þegar við lögðum til að fremur yrði tekið að láni fé og lagt í háspennulínur sem flutt gætu orkuna hringinn í kringum þetta land, þessi lán tekin til þess að koma upp almennilegu dreifikerfi fyrir raforkuna okkar og með þeim hætti skapaður markaður hér, þá var okkur sagt að slíkt tæki svo langan tíma og væri svo dýrt að það borgaði sig ekki, enda þótt það lægi á borðinu að við gætum greitt Landsvirkjun miklu hærra verð þá þegar fyrir orku sem til þess væri seld að koma í staðinn fyrir olíu til húshitunar. Og nú liggur það fyrir að við gætum selt þá raforku til húshitunar á 50% lægra verði heldur en olían til húshitunar kostar núna. Það liggur á borðinu að arðurinn af því kapítali, sem lagt yrði í rafmagnsleiðslur vítt um landið núna til þess að við gætum náð til þeirra markaða sem eru fyrir í landinu fyrir raforkuna, það kapital mundi skila hinum mesta arði, samtímis því sem það liggur á borðinu að stórtap verður á hverri krónu sem lögð verður í málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði ef af verður.

Og nú að lokinni 1. umr., sem ég mun, eins og ég áður sagði, alls ekki gera tilraun til að tefja á nokkurn hátt umfram það sem nauðsyn krefur, þá verður málinu vísað til iðnn. d. Ég hefði talið eðlilegt að iðnn. þessarar hv. þd. hefði verið boðið að fylgjast með störfum iðnn. Nd., ekki síst með tilliti til þess að annað slagið hefur verið látið í veðri vaka, svo sem ég hef áður sagt, að hæstv. ríkisstj. væri mikið í mun að flýta afgreiðslu málsins. Þetta var ekki gert. Okkur má vera það í fersku minni, hversu mikið lá á hér í þinginu á sínum tíma við afgreiðslu samningsins við Union Carbide, samnings þar sem engu mátti um þoka og framkvæmdir voru sem sagt, eins og ég áður sagði, hafnar upp á Grundartanga áður en iðnn. d., sem fékk þá málið fyrr til umfjöllunar, hafði skilað áliti. Okkur má vera í fersku minni sem sagt árangurinn af þeim samningum sem þá voru gerðir. En sem fyrr segir, ég hafði ekki ástæðu til þess að kvarta yfir slælegri umfjöllun málsins í iðnn. Ed. Hafi einhver getað dregið slíkar ályktanir af máli mínu þá, að ég hafi kvartanir fram að bera vegna umfjöllunar í iðnn. Ed., þá er það rangt. En hvað um það, nú skulum við búast við því að nægur tími gefist í iðnn. d. til þess að fjalla um þetta mál og kveðja til hina hæfustu sérfræðinga og bestu menn til þess að leggja dóm á hina ýmsu þætti málsins, tæknilega, viðskiptalega, heilsufarslega, líffræðilega og pólitíska. Þegar liggur fyrir okkur frá Nd. skrá yfir fjölda aðila sem n. hlýtur að krefja til ráðuneytis við umfjöllun málsins. Af minni hálfu er ljóst að enn fleiri þarf til að kveðja. Þar mun ég nefna til ýmsa sérfræðinga til viðbótar þeim sem þegar hafa um málið fjallað. Og síðast, en ekki síst vil ég vekja athygli á þeim aðilum sem mest eiga í húfi, íbúum sveitarfélaganna þar sem verksmiðjan á að rísa. Þeir ætla ég að séu umsagnaraðilar sem Alþ. beri að taka mest tillit til í þessu sambandi, enda hefur hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen margsinnis lýst yfir því af alkunnum drengskap, sem við fögnuðum ýmsir hverjir sem stundum höfum verið að hnýta hvað mest í hann, — hann hefur marglýst yfir því, að ekki komi til greina að reisa verksmiðjur af þessu tagi þar í sveit sem íbúarnir eru slíku andvígir, — marglýst yfir því.

Nú hefur mér borist í hendur skjal undirritað

nöfnum 179 íbúa, manna í sveitunum sunnan Skarðsheiðar, þ. e. a. s. í Leirár- og Melasveit, Strandar-, Skilamanna- og Innri-Akraneshreppum, en í þessum hreppum munu vera rúmlega 300 kjósendur. Þetta eru nöfn 179 þeirra. Ekki fæ ég betur séð af lestri þessa kurteislega skjals, sem hér er undirritað, en allt þetta fólk sé andvigt því að málmblendiverksmiðja rísi í þessari sveit, en skjalið er svo hljóðandi, — er mér leyfilegt, herra forseti að gera aðeins hlé á máli mínu? Ég teldi æskilegt að Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., væri viðstaddur lokin á þessari ræðu minni og sé þessum skilaboðum m. a. beint til hans og þó fyrst og fremst. (**Forseti**: Það verður athugað hvort Ásgeir Bjarnason er við.)

Ég vil, meðan leitað er 1. þm. Vesturl. að beiðni minni, taka það fram, að hreint ekki náðist til allra kjósenda með heimilisfangi í þessum hreppum. En eftir undirtektunum að dæma má ætla að ef til þeirra hefði náðst, þá hefði þátttakan orðið í kringum 85% í undirskrift undir þetta skjal. Eins og stendur eru um 60% af kjósendum í þessum hreppum sem undirrita skjalið sem hér liggur frammi, og aðeins á þremur bæjum í hreppunum var neitað undirskrift undir þetta skjal.

Mér er það minnistætt við umfjöllun um málið hið fyrra sinnið í iðnn. Ed., að fyrir lágu álitsgerðir hreppsnefnda úr þessum hreppum þar sem fremur var mælt með því, að verksmiðjan yrði reist þarna, af hálfu þriggja af fjórum hreppsnefndum, en þó hvergi afdráttarlaust.

Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég ónáðaði hv. þm. Ásgeir Bjarnason hingað með sérstakri kvaðningu, er sú, að ég vildi lesa í viðurvist hans skjal það sem ég nefndi áðan og er undirritað af 179 mönnum úr hreppunum sunnan Skarðsheiðar sem liggja næst Grundartanga, 179 kjósendum af rúmlega 300 í þessum hreppum eða um 60%. Kemur fram strax í upphafinu á skjalinu hve það er nauðsynlegt að 1. þm. Vesturl. sé viðstaddur. Skjalið er svo hljóðandi:

„Við undirritaðir íbúar í sveitum sunnan Skarðsheiðar viljum fara þess á leit við þm. kjördæmisins, að þeir hlutist til um að haldinn verði almennur fundur þar sem leitað verði eftir því, hver afstaða íbúa Borgarfjarðarhéraðs og Kjalarnes- og Kjósarhreppa sé til fyrirhugaðrar málmblendiverksmiðju á Grundartanga, og vísum í því efni til ummæla hæstv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens um að ekki verði settar niður slíkar verksmiðjur án vilja heimamanna. Við teljum að ýmislegt það hafi komið fram á síðustu tímum varðandi slíkar verksmiðjur, að full ástæða sé til þess að slík umr. fari fram.) Jafnframt óskum við eftir því, að frv. því, sem nú liggur fyrir Alþ. um fyrirhugaða verksmiðju, verði frestað þar til heimamenn hafa fengið að láta í ljós afstöðu sína til slíks fyrirtækis.“

Undir þetta skjal skrifa sem sagt 179 menn í hreppunum fjórum sem hér um ræðir, og ég hef það fyrir satt, að ef miðað er við hlutfall þeirra sem til náðist að sýna þetta skjal, þá ætla ég að yfir 80% eða nær 85% af íbúum hreppanna standi að þessu kurteislega orðaða skjali.

Svo sem ljóst er, þá er þessu beint til þm. kjördæmisins. Mér var afhent þetta skjal núna um hádegisbilið í dag, og því les ég það hér upp, að mér virðist að hv. þm. kjördæmisins í okkar d., þeir hv. þm. Ásgeir Bjarnason og hv. þm. Ingiberg J. Hannesson, ætli alls ekki að gera grein fyrir hvorki skjalinu hér né afstöðu sinni til þess. En þetta er ákaflega þýðingarmikið sökum þess, að ef halda á slíkan fund, ef leita á eftir áliti íbúa héraðsins og fara að því, svo sem ég efast ekki um að hæstv. iðnrh. vilji, eins oft og hann hefur lýst yfir því stefnuatriði, — ef fara á að slíku, þá verður að gera slíkt áður en haldinn er fundur, áður en málið er tekið til n., því álit borgfirðinga verður að liggja þarna fyrir. Þeir eru sannarlega að mínu mati umsagnaraðilar um þetta mál. Og nú stoðar ekki þm. að skjóta sér á bak við það, að rætt hafi verið á sínum tíma við oddvita og hreppsnefndir, því fólkið sjálft á þessu svæði er hinir æðstu lýðræðislegu dómendur í þessu máli. Þess vegna tel ég alveg bráðnauðsynlegt að hv. þm. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. kjördæmisins, og hv. þm. Ingiberg J. Hannesson segi nú frá því, hvort þeir ætli að beita sér fyrir því arna, og eins helst að hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen greini frá því nú þegar, hvort hann ætli að taka tillit til þessara óska sem eru frá miklum meiri hl. íbúa þessara hreppa sem hér um ræðir og næstir liggja. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram nú þegar, vegna þess að ef íbúar þessara hreppa eiga ekki að ná þeim rétti, sem öðrum þegnum þessa lands hefur verið heitið af hálfu hæstv. ráðh., þá þurfa þeir náttúrlega að gera aðrar ráðstafanir til þess að ná rétti sínum sem í augum liggur uppi, aðrar en þær að snúa sér til þm. sinna. Þær leiðir eru ýmsar til, og er ekki úr vegi að minna á það, að til er nokkuð sem neyðarréttur heitir.

Ég hef að vísu talað mun styttra mál heldur en ég e. t. v. hefði átt að gera við 1. umr. Ég á þess kost að bæta um það við 2. umr. málsins, í framsöguræðu þegar kemur að nál., og mun að sjálfsögðu gera það við hæfi, því hér er um að ræða það mál sem ég tel einna mest um vert þeirra sem fjallað hefur verið um á þinginu í vetur. En rétt í lok ræðunnar ætla ég að minna á þau ummæli formanns þingflokks Alþb. í Nd., sem ég mun efalítið víkja nánar að síðar, að fari svo að þessum samningi við Elkem-Spigerverket verði rangað gegnum Alþ. í þeirri mynd sem hann hér liggur nú fyrir og komist Alþb. til slíkra áhrifa í stjórn landsins sem til þess dugir, þá verði þeim samningi riftað. Ég tel alveg bráðnauðsynlegt að hæstv. iðnrh. og aðrir málvinir þeirra hjá Elkem-Spigerverket komi nú þessari yfirlýsingu á framfæri, vegna þess að það má vel vera að þeir þar kunni að taka talsvert mark á henni, berandi það í huga að sams konar yfirlýsingu fluttu forustumenn Alþb. varðandi samninginn frá 1961 um afsal landsréttinda í hendur erlendra aðila varðandi landhelgismálið og við hana var staðið. Þetta er aðeins örlítil athugasemd til þeirra sem kynnu að tala við forustumenn frá Elkem-Spigerverket á næstu dögum. Það væri viðkunnanlegra að þeir segðu heim þetta sjálfir, þeim yrði þá ekki borið á brýn að þeir hafi leynt þá þessu.

Umr. frestað.

Efri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 25. apríl, að loknum 62. fundi.

Kjarasamningar starfsmanna banka, frv. (þskj. 500). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er samið að tilhlutan viðskrn., en þó í fullu samráði við bankaráð og bankastjórnir ríkisbankanna svo og fyrirsvarsmenn Sambands ísl. bankamanna.

Um nokkurt skeið hafa verið í undirbúningi frv. til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins og viðskiptabanka sem reknir eru í hlutafélagsformi. Má segja að það hafi verið gengið frá frv. um það efni, en ekki hefur þó verið talið rétt að leggja þau fyrir Alþ. á þessu stigi.

Í yfirlýsingu, sem gefin var þegar samkomulag um kjör bankastarfsmanna var gert 18. júní 1976, kváðust bankaráð og bankastjórnir ríkisbankanna mundu beita sér fyrir því, að í fyrirhugaða löggjöf um viðskiptabankana yrðu sett ákvæði um kjarasamninga bankastarfsmanna. Jafnframt kváðust sömu aðilar mundu beita sér fyrir því, að sett yrðu sérstök lög um kjarasamninga bankastarfsmanna ef ný löggjöf um viðskiptabankana hefði ekki verið samþ. á Alþ. í febr. 1977.

Yfirlýsing þessi var gefin í samráði við ráðh. Í beinu framhaldi af þessari yfirlýsingu er þetta frv. lagt fram. Efni þess er í öllum megindráttum það sama og laga nr. 29 frá 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um frv., en vísa til athugasemdanna, sem því fylgja, og eins þess samkomulags, sem fylgir hér með sem fskj.

Það er mikil nauðsyn að þetta frv. nái fram að ganga á þessu Alþ. Þess vegna verð ég nú að mælast til þess við þá n., sem fær það til meðferðar, að meðferð þess verði hraðað. Vænti ég að menn geti fallist á það, þar sem hér er um að ræða frv. sem ég held að sé gert með samkomulagi allra aðila sem þar að standa, þó að menn geti eitthvað greint á um einstök atriði.

Ég leyfi mér aðeins að benda á það, að í 3. gr. frv., í fyrstu línu, er lítilfjörleg prentvilla, en sjálfsagt má leiðrétta það. Þar eru prentuð tvö í, þar er fyrra í-inu ofaukið.

Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187). — Frh. 1. umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í umr. hér nema að gefnu tilefni sem kom frá hv. 5. þm. Norðurl. e., en undir lok sinnar ræðu áðan fann hann einkum að tvennu. Það var í fyrsta lagi það, að Alþfl. skyldi voga sér að standa heill og óskiptur að þessu máli allt fram til þessa. Það voru okkar ókostir í Alþfl. En í sömu andránni skammaðist hann einnig út í hv. framsóknarmenn fyrir það að vera ekki á einu og sama máli við afgreiðslu þessa máls í hv. Nd. Ekki fer þetta nú að mínu viti alveg saman, en hann er frjáls að því að hafa um það sínar skoðanir.

Einnig vék hann að því, að því hefði verið lofað eða a. m. k. um það rætt að hafa samvinnu iðnn. beggja d. um þetta mál, sem ekki hefur verið efnt. Mér er ekki fullkunnugt um hvers vegna svo var ekki, en tvær ástæður veit ég þó frá s. l. áramótum, og sú fyrri er a. m. k. og þær reyndar báðar hv. þm. mjög kunnar. Sú fyrri var af veikindum eins nm., og því miður hefur dregist of lengi að hann næði þeim bata að geta mætt hér til starfa. Þess vegna varð hik í fyrstu að hafa að honum fjarstöddum fundi í n. Í öðru lagi voru settar fram við 1. umr. málsins í Nd. mjög sterkar og ákveðnar yfirlýsingar, þ. á m. af hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, form. Alþfl. um það, að flokkurinn setti það að algjöru skilyrði fyrir fylgi sínu við frv. að það yrði tryggt, sem nú hefur verið gert að okkar mati, að bestu þekkjanlegum mengunarvörnum yrði komið upp við verksmiðjuna. Lengra er ekki unnt að ganga til móts við okkar fyrirvara, sem er óbreyttur að ég hygg í hv. Ed. eins og var hjá flokksbræðrum okkar í Nd. Við það verður hv. 5. þm. Norðurl. e. að sætta sig. Við munum hins vegar hafa þann sama fyrirvara á hér um afstöðu okkar til málsins. Að öðru leyti er ekkert, sem fram hefur komið í málinu til þessa, sem breytir afstöðu Alþfl. frá því sem var í hv. Nd. Leyfi ég mér í því efni að vísa til ræðu formanns flokksins, sem birtist í 14. hefti Alþingistíðinda, umræðuhefti, og teygi ekki tímann á að lesa þá ræðu sem er löng og ítarleg, enda hafði málið verið ítarlega rætt í þingflokki Alþfl. áður en formaðurinn samdi sína ræðu. En umrædda ræðu er að finna, eins og ég sagði, í 14. hefti Alþingistíðinda, umræðudeildinni 1976—1977, í dálkunum 1959—1970.

Ég legg því áherslu á það, að enn hefur ekkert komið fram í umr. um málið, þrátt fyrir langar og ítarlegar athuganir á því utan þings og innan, sem breytir þessari afstöðu okkar alþfl.-manna. Við munum hafa sama fyrirvara um afstöðu okkar við afgreiðslu málsins eins og gert var í Nd., að það verði tryggt, eins og við teljum þegar reyndar að sé orðið, að bestu þekkjanlegu mengunarvarnir verði hafðar við byggingu verksmiðjunnar og framtíðarrekstur hennar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla mér að fara að heilræði hv. þm. Stefáns Jónssonar og tefja ekki fyrir málinu og mun því halda hér stutta ræðu. Raunar stend ég eingöngu upp til þess að leiðrétta það sem hann hafði úr samþykkt aðalfundar miðstjórnar Framsfl. Það var rangt sem hann fór með og veit ég að hann vill að ég leiðrétti það.

Aðalfundur miðstjórnar Framsfl. ítrekaði fyrri samþykktir, m. a. frá síðasta flokksþingi, og þótt ég hafi ekki orðrétta þá samþykkt, er hún efnislega svo, að Framsfl. telur að leita megi samstarfs við erlenda aðila um orkufrekan iðnað í einstökum tilfellum, en setur jafnframt þau tvö skilyrði, að eignaraðild íslendinga verði ávallt

að meiri hl. og í öðru lagi að slík fyrirtæki falli undir íslensk lög og íslenska dómstóla. Þetta er hið rétta í þessu máli sem hv. alþm. getur athugað ef hann óskar.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Út af ummælum hv. 5. þm. Norðurl. e. og skjali því, sem hann gerði grein fyrir í ræðu sinni frá borgfirðingum sunnan Skarðsheiðar, þá skal það fram tekið af minni hálfu nú, að ég fékk þetta undirskriftarskjal í hendur um leið og deildarfundur hófst hér í dag og síðan hafa verið stanslausir fundir, þannig að þm. Vesturl. hafa ekki náð saman til að taka afstöðu í þessu máli. Því mun ég ekki ræða neitt um það, hvern hátt við kunnum að hafa á þessu, fyrr en við höfum rætt málið.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en af því að hv. þm. Stefán Jónsson beindi tali sínu til mín m. a. áðan, þá vil ég fara um það nokkrum orðum.

Það plagg, sem hann nefndi, hafði ég ekki fengið í hendur þegar hann ræddi um það hér úr þessum stól og hefur ekki verið langur tími til íhugunar um þessi mál síðan. Ég get þess vegna ekki að öllu leyti tjáð mig um það. En mér sýnist ekki óeðlilegt, þar sem svona margir undirrita, að um þetta verði fjallað nánar heima í héraði. Hins vegar hafa þm. Vesturl. ekki komið saman enn þá, eins og síðasti ræðumaður nefndi, til þess að ræða þetta og engar ákvarðanir því verið teknar um það.

Það er eitt sem vekur undrun mína í sambandi við þessar undirskriftir, og það er það fyrst og fremst að þær skuli koma fram núna eftir allan þennan tíma. Þetta mál er búið að vera á döfinni í mörg ár og raunar búið að samþ. það á Alþ. fyrir tveim árum. (Gripið fram í.) Ja, hliðstætt er það alla vega. (Gripið fram í.) Nei, en það hefur verið langur tími til þess að íhuga þetta mál sem slíkt, þó að þetta frv. nú feli í sér að það er annar meðeigandi heldur en Union Carbide sem þarna er um að ræða. Það er nú það fyrst og fremst. Hins vegar, eins og ég sagði, finnst mér ekki óeðlilegt að fólk heima í héraði fái að fjalla um þetta. Ég tel þess vegna eðlilegt, að slíkur fundur verði haldinn ef þm. kjördæmisins koma sér saman um það.

Ég verð að taka það fram, að ég hef ekki einu sinni farið yfir plaggið, tíminn hefur verið svo stuttur, og hef ekki glöggvað mig á því, hverjir hafa undirritað það. Það hlýtur að vekja nokkra undrun, að þetta plagg skuli ekki hafa gengið um t. d. á Akranesi líka, þar sem eru næstu nágrannar. En til þess hefur máske ekki unnist tími því það er fjölmennur staður eins og við vitum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, enda gefst vafalaust tækifæri til þess að tjá sig um þetta efnislega. Það geri ég ekki nú, en vildi aðeins að þetta kæmi fram, að ég tel ekki óeðlilegt að þetta mál verði athugað svolítið betur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ekki biðst ég afsökunar á því, þótt ég hafi að vissu leyti, að því er mér skildist, þvingað hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, stjórnarmann í Járnblendifélaginu, til þess að kveðja sér hljóðs um þetta frv. við 1. umr. í Ed., sem hann hafði ekki ætlað sér að eigin sögn að gera, sem sagt að láta eins og þetta kæmi ekki mál við hann vegna þess að formaður Alþfl. hefði gert svo ítarlega grein fyrir því við umr. í Nd., hvers vegna Alþfl. ætlaði að styðja öðru sinni að samþykkt Alþ. á þess háttar samningi eins og þeim sem gerður var við Union Carbide á sínum tíma — og þó öllu smánarlegri.

Hv. þm. tók það náttúrlega fram, að ekkert hefði komið fram við umfjöllun í Nd. sem réttlætti það að Alþfl. skipti um skoðun í þessu máli, tæki aðra afstöðu í Ed., enda kveðið á um bestu fáanlegar mengunarvarnir. (Gripið fram í.) Ég verð nú að játa það, að ég hef ekki sams konar aðgang að plöggum Járnblendifélagsins og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson. Aftur á móti fylgdist ég allnáið með í rauninni því sem gerðist í málinu við umfjöllun í Nd. og hygg að ýmislegt hafi þar fram komið sem breytt gæti afstöðu þm. væru þeir ekki fyrir fram ákveðnir í því, hvernig þeir ætluðu að ráðstafa atkv. sínu, án tillits til þess sem fram kemur.

Ég kveð hæstv. forseta hér til vitnis um það og ritara hér í d., að ég kalla þessa menn ekki asna.

Það hefur komið fram við umfjöllun um þetta mál í Nd., að hefði þessi verksmiðja starfað árið sem leið, þá hefði verið 800 millj. kr. tap af henni. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Upplýsingar eins og þessar telur hv. þm. að skipti engu um afstöðu þeirra Alþflþm. Hvers vegna? spyr ég hv. þm., stjórnarmeðlim úr hópi alþfl.-manna í Járnblendifélaginu. Hvers vegna? Hvers vegna skipta slíkar upplýsingar engu máli?

Bestu fáanlegar mengunarvarnir! Hvernig stendur á því, að vikið er í stórum atriðum, þýðingarmiklum atriðum, frá kröfum sem Heilbrigðiseftirlitið gerir um mengunarvarnir við þessa verksmiðju, — kröfum sem Heilbrigðiseftirlitið rökstyður með því að slíkar kröfur séu annars staðar gerðar? Hvernig stendur þá á því, að vikið er frá þeim kröfum sem gerð var grein fyrir af hálfu formælenda samningsins við Union Carbide á sínum tíma, þar sem m. a. var fallist á það, margyfirlýst, að kælikerfi verksmiðjunnar yrði lokað til þess að koma í veg fyrir að nokkur mengun bærist út í Hvalfjörð, til þess að koma í veg fyrir að það þyrfti að taka meira en hálfa Laxá í Leirársveit til þess að kæla þessa verksmiðju? Hvernig stendur á því, að risið er gegn og lamin niður hugmynd Heilbrigðiseftirlits ríkisins um það, að ekki verði veitt leyfi fyrir báðum ofnunum samtímis? Stendur það í einhverjum tengslum við þær hugmyndir sem fram komu hjá hv. þm. Ingólfi Jónssyni, formanni iðnn. Nd., að leyfa framleiðslu á annars konar járnblendi í hinum ofninum?

Það er í fjölmörgum grundvallaratriðum sem vikið er frá till. Heilbrigðiseftirlitsins. Það tók 2½ mánuð að þvinga slíkt fram. Það var alltaf vitað, að það yrði hægt að þvinga þess háttar samþykkt fram. Það var hægðarleikur. En ég hef einhvern veginn óttalegan grun um það, að það sé sama hvað fram kemur af upplýsingum um geigvænlegt fjárhagslegt tjón af þessu kompaníi, stórkostlegan félagslegan voða sem þessari þjóð sé búinn af starfrækslu þessarar verksmiðju

þarna efra, geigvænlegt tjón búið fyrir lífríki Hvalfjarðar og Faxaflóa, Alþfl., slíkur sem hann er, muni greiða atkv. með eftir sem áður og þetta ekki hafa áhrif á afstöðu hans.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson gerði ekki annað í ræðu sinn áðan en skýra nánar og raunar leiðrétta ummæli mín um samþykkt á miðstjórnarfundi Framsfl. Eftir því sem ég heyrði til, þá gerði hann það á réttan hátt eins og honum er eðlilegt. Hann hefur sýnt í öllu því, sem ég þekki til hans, að honum sé miklu eiginlegra að segja satt heldur en ósatt. Það gerir hann ekki ótilknúinn. Ég vildi að hann væri miklu sjaldnar til þess knúinn, þegar fjallað er um iðnaðar- og orkumál hérna, heldur en við hefur viljað bregða, því ég held að hann geri það aldrei án þess að taka það svolítið nærri sér. Þetta er spursmál um karakter, og þess háttar hól get ég ekki borið á alla þá hv. þm. sem fjallað hafa um málmblendimálin stóru síðan veturinn 1975.

Hv. þm. Ásgeir Bjarnason kvaðst ekki vilja ræða um það, hvort hann vildi stuðla að því að þm. kjördæmisins héldu fund með íbúum sveitanna sunnan Skarðsheiðar, eins og þeir hafa farið fram á, 60% atkvæðisbærra manna, þar sem þm. kjördæmisins hefðu ekki haft tóm til að ræða þetta mál sín í milli í dag. Ég hef haft þær fréttir úr Nd., að hv. þm. Friðjón Þórðarson hafi lýst yfir því í þessu sambandi, er bréfið kom þar til umr. í dag, að ekki stæði á honum að ræða við borgfirðinga fremur nú en endranær. Hv. þm. Jónas Árnason hafði áður lýst yfir því, að hann væri þess enn hvetjandi sem fyrr, að haldinn yrði fundur um þetta mál þarna efra. Ég hygg nú að hv. þm. Ásgeir Bjarnasyni hafi verið þetta ljóst, en ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að deila á hann fyrir að vilja taka sér svolítinn tíma til þess að hugleiða það, hvort rétt sé að verða við tilmælum, staðfestum tilmælum með undirskrift 60% kosningarbærra manna í þeim fjórum hreppum sem næst liggja Grundartanga, að haldinn verði fundur um það, hvort þessi verksmiðja verði sett upp eða ekki. Það er eðlilegt að hann hugleiði þetta mál, og má nú eiginlega merkilegt vera ef ástæðan fyrir hugleiðslunni hefur ekki einmitt komið fram hjá hv. þm. Ingiberg J. Hannessyni í ræðu hans áðan, þegar hann spurði: Hví var ekki leitað undirskrifta á Akranesi? Hv. þm. sleppti náttúrlega öllum hugleiðingum um þá staðreynd, sem fram kom þó í ræðu hæstv. iðnrh., að lögheimili Járnblendifélagsins er á Grundartanga og hér er um að ræða annað lögsagnarumdæmi þar sem Akranes er. En kannske þetta liggi í því, að þeir guðdómlegu stóriðjumenn treysti því frekar að geta rottað saman nokkrum mönnum til stuðnings við stóriðjustefnuna upp á Akranesi, fremur en í þeim sveitum sem þetta mál snertir, fremur en í lögsagnarumdæminu þar sem Járnblendifélagið á heima.

Síðan kemur það þessum ágæta þm. á óvart, að ekki skuli hafa komið fram mótmælaraddir fyrr af þessu svæði. Séra Ingiberg J. Hannessyni er kannske ókunnugt um fund sem haldinn var á sínum tíma uppi á Leirá um þessi málefni. Það skal tekið fram, að til þess fundar var ekki boðað af hv. þm. Jónasi Árnasyni og ekki mér, eins og hv. þm. Friðjón Þórðarson hélt fram í ræðu í Nd. í dag. Það var mikill misskilningur. Til fundarins var boðað af hæstv. iðnrh. Gunnari Thoroddsen. Það er einnig misskilningur, sem ég hygg að hv. þm. Sjálfstfl. hafi úr Mogganum sínum, að á þeim fundi hafi eingöngu talað þingeyingar, að við hv. þm. Jónas Árnason höfum fyllt Leirárskólann með þingeyingum. Þetta er mikill misskilningur. Þar töluðu borgfirðingar, og hæstv. iðnrh. og virðulegir fylgdarmenn hans héðan úr Reykjavík fengu sannarlega að heyra það á þeim fundi af munni heimamanna, að þeir voru ekki hrifnir af hugmyndinni um málmblendiverksmiðju við Grundartanga, að menn óttuðust fyrirbærið, að menn bjuggust við hinu versta. Og svo má hv. þm. minnast þess, að síðan hefur komið opinberlega í ljós, opinberlega viðurkennt það sem flestir vissu, hvernig sérfræðingar ríkisstj. og stuðningsmenn ríkisstj. hafa farið með sannleikann varðandi mengunina frá álverinu í Straumsvík, hvernig þar hefur verið svarið fyrir árum saman. Þó nær sú mengun frá álverinu í Straumsvík upp undir Esjurætur, vestur á Mýrar, um allt Álftanes og er orðin lífshættuleg fyrir bæði menn og jurtir á nokkru svæði. Þetta hefur komið fram síðar. Þetta hefur komið hvað berlegast í ljós nú í haust. Og svo undrast séra Ingiberg J. Hannesson að nú sé kveðið hvassar að orði af hálfu þeirra manna sem eiga að vera næst verksmiðjunni sem reist er að fyrirsögn sömu sérfræðinga og þeirra sem réðu smíði álverksmiðjunnar í Straumsvík, í trausti sömu svardaga um það, að ekki stafi frá henni hætta af mengun. Og hv. þm. Ingiberg J. Hannesson undrast það, að uggur fari nú vaxandi meðal þessa fólks. Æskilegt hefði verið, að hann hefði séð sér þess kost að kveða nú hreinlega upp úr um það, hvort hann sé hlynntur því að álit fólksins á þessu svæði í lögsagnarumdæminu, í þessum fjórum hreppum sunnan Skarðsheiðar, grannhreppum Grundartangaverksmiðjunnar fyrirhuguðu, að álit þessa fólks og vilji þess fái að koma fram, þannig að þetta fólk megi verða gildur umsagnaraðili fyrir Alþ. þegar fjallað er um málið og þetta fólk nái að koma fram rödd sinni til eyrna hæstv. iðnrh. sem hefur skilmerkilega lýst yfir því, okkur mörgum til gleði og ég efast ekki um að hann ætlar sér að standa við það, — hann hefur skilmerkilega lýst yfir því, að verksmiðjur af þessu tagi verði ekki reistar neins staðar gegn vilja heimamanna sem eiga að búa í hinu næsta nágrenni.

Ég sagði í framsöguræðu minni, að ég vildi ekki tefja afgreiðslu þessa máls. Ég ætla ekki að gera það, ekki nú við 1. umr. né í n. né við síðari umr. málsins. Vilji Alþ., vilji meiri hl. alþm. skal ráða í þessum málum sem öðrum. En ég geri kröfu til þess, að þingræðislega verði um málið fjallað, veitt það tóm sem til þarf í iðnn. Ed. að fjalla ítarlega um málið, afla allra þeirra upplýsinga sem við þurfum á að halda, og það verður þá á valdi þeirra, sem með verkstjórnina fara, hvernig til tekst. Ég hef þá reynslu af forseta þessarar virðulegu d., og ég hygg að allir þm. þessarar d. geti undir það tekið, að honum er einkar lagið að stjórna verki vel, skynsamlega, lýðræðislega og þingræðislega. Ég efast ekki um að honum muni framvegis sem hingað til verða

það metnaðarmál, að þannig starfi þd. undir hans stjórn. Ég efast ekki heldur um það, að það sé metnaður formanns iðnn. Ed. og þar verði greindarlega og drengilega um þetta mál fjallað.

Því má segja sem svo, að það sé óþarfi af mér að vera með einhvern derring, einhverjar hótanir um það, til hvaða bragða verði tekið ef slíkt fáist ekki fram. En svo mikið er víst, að ég ætlast til þess að áður en 1. umr. lýkur hér í d., áður en iðnn. tekur til starfa, liggi fyrir viðurkennt álit, viðurkenndur vilji umsagnaraðila, sem tilurð þessarar verksmiðju mun fyrst og fremst bitna á, umsagnaraðila, sem næstur mun búa fyrirtæki þessu, að vilji fólksins í hreppunum fjórum, sem undirritað hefur fyrrnefnt skjal sem hér hefur verið fjallað um, liggi fyrir áður en lokið er 1. umr. um málið hér í Ed.

Ég hygg að ef gengið verður að því af dugnaði og rösklega að boða til þessa fundar, þá hljóti að vera hægt að gera það mjög snarlega. Verði það gert á ósköp eðlilegan hátt og undirhyggjulaust, þá er ég viss um — ég segi það fyrir mína parta — að það mundi flýta ákaflega mikið fyrir meðferð málsins að öðru leyti hér í d., því það mundi skapa ákveðið traust á góðan tilgang, ærlegan tilgang, ef þetta yrði gert á eðlilegan hátt, og mundi þá gefa kannske lokaathöfninni við afgreiðslu þessa máls hér á hv. Alþ. dálítið viðkunnanlegri blæ en var á upphafskaflanum í Nd., þar sem farið var fram með takmarkaðri prúðmennsku, svo ekki sé meira sagt, hvort sem þar hefur nú ráðið klaufaskapur, sem ég vil helst fá að trúa, eða eitthvað annað. En ég vil mælast til þess, að umr. verði nú frestað þar til fyrir liggur ákvörðun þm. Vesturl. um það, hvort efnt verði til þessa fundar, þar sem á að fá fram raunverulegan vilja heimamanna um það, hvort þessi verksmiðja verði reist þarna eða ekki, og ljúka megi umr., 1. umr. hér í d., í ljósi þeirra viðbragða sem fram koma hjá þm. kjördæmisins og hæstv. ráðh. til þessarar beiðni. Raunar hef ég nú grun um það — ég vona að það reynist rétt, — að hæstv. ráðh. hafi tilhneigingu til þess einmitt að óska eftir því, að þessi fundur verði haldinn, þannig að ekki verði um það deilt hver vilji fólksins á þessu svæði er.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru tvö atriði sem fram hafa komið í þessum umr. sem ég vildi minnast á.

Hið fyrra er í sambandi við mengunarmál. Hv. 5. þm. Norðurl. e. slær því í rauninni föstu, að lífríki Hvalfjarðar sé í hættu af þessari verksmiðju og að mengunarhætta sé mjög alvarleg og mikil. Nú var svo ákveðið í þeim lögum, sem gilda um járnblendiverksmiðjuna frá 1975, að stofnað skyldi til líffræðilegrar athugunar. Það var gert þá þegar á því ári, og eins og ég gat um í minni framsöguræðu er þeim rannsóknum og sýnatökum alllangt á veg komið. Mér fyndist nú eðlilegra að hv. þm. léti bíða nokkuð sinn lokadóm um hættu fyrir lífríki þangað til niðurstaða þessarar könnunar líffræðistofnunar Háskólans og Náttúruverndarráðs liggur fyrir. Ef þetta væri eins ljóst og hv. þm. segir, þá er alveg óþarfi að biðja líffræðistofnun Háskólans um að rannsaka þetta. (**Gripið fram í:** Ráðh. er ljóst að líffræðistofnunin rannsakaði allt annað en þetta.) Þá hefði mátt byggja bara á yfirlýsingu hv. þm., ef alþm. hefðu viljað láta það nægja. En málið er ekki svo einfalt. Til þessarar könnunar var stofnað, og það er Járnblendifélagið sem kostar þessa rannsókn.

Varðandi mengunarmálin að öðru leyti vil ég geta þess, að náttúrlega er hér gjörólíku til að dreifa um þessa verksmiðju og um álverið í Straumsvík. Þegar álverið í Straumsvík var reist voru mengunarvarnir ekki ákveðnar um leið. Varðandi þessa verksmiðju er hins vegar ákveðið að hinar ítrustu mengunarvarnir skuli gerðar þegar í upphafi. Það er vitað að það félag, sem gert er ráð fyrir að verði aðili að þessari verksmiðju, Elkem-Spigerverket, hefur unnið ákaflega merkilegt verk á fáeinum síðustu árum í hreinsunarmálum og mengunarvörnum, með þeim árangri að frá því að í rauninni voru mengunarvarndir litlar sem engar, þá eru mengunarvarnir félagsins í hliðstæðum verksmiðjum orðnar þannig að hægt er að hreinsa milli 90 og 100% af því ryki eða þeim úrgangi sem þar er um að ræða.

Aðalatriðið er þó hitt, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins og heilbrrn. hafa þegar gengið frá starfsleyfi með ströngum reglum og kröfum, það ströngum að ég dreg í efa að þær séu strangari til á Norðurlöndum. Það er vitað að allmargar verksmiðjur hér á landi fullnægja ekki heilbrigðiskröfum. Sem dæmi vil ég nefna, að það er talið að ef þær reglur, sem í starfsleyfi Járnblendiverksmiðjunnar eru ákveðnar, ættu að gilda um aðrar verksmiðjur, þá yrði að loka þegar í stað Sementsverksmiðju ríkisins og vafalaust mörgum fleiri verksmiðjum hér á landi.

Þetta er annað atriðið. Hitt var sú áskorun sem hv. þm. las upp hér. Það var nú eins og vera ber með slíka menn eins og alþm. Stefán Jónsson og Jónas Árnason, að þetta var sett á svið. Það gerðist nokkuð jafnsnemma í báðum d. þingsins, að þessir þm. lásu upp áskorun sem safnað hafði verið undirskriftum undir, og það lá svo mikið á því að koma þessu sjónarspili á framfæri, að þessir tveir hv. þm. lýstu þessu og lásu það í báðum d. áður en allir þm. kjördæmisins, sem áskoruninni er þó beint til, höfðu fengið þessa áskorun. E. t. v. má lesa út úr þessari atburðarrás nokkuð um það, hvernig þetta er til komið og hvernig að því hefur verið staðið. Hins vegar vil ég taka fram út af þessum áskorunum, að vitanlega er það þeirra mál, þm. kjördæmisins sem fengið hafa þessi tilmæli, hvernig þeir bregðast við þeim. Það er þeirra mál. Ég hef ekki fengið neina slíka áskorun. Hins vegar er rétt að hafa það í huga, að þetta mál er heimamönnum ekki með öllu ókunnugt. Í desembermánuði — ég ætla að það hafi verið 4. des. 1974 — efndum við hæstv. samg.- og landbrh. saman til fundar á Leirá til þess að kynna málið fyrir heimamönnum. Þessi fundur var boðaður af okkur, það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. En hins vegar má geta þess, að það voru fleiri sem boðuðu á fundinn heldur en við, því tveir alþm., hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. þm. Jónas Árnason, gerðu, eins og kunnugt er, ráðstafanir til þess að nokkrir þingeyingar sýndu þessum fundi þann sóma að koma þangað og flytja þar sinn boðskap. Á þessum fundi var

heimamönnum kynnt málið rækilega. Síðan er komið nokkuð á þriðja ár, málið hefur verið mjög rætt manna á milli, þannig að ekkert hefur dulist. Allan þennan tíma hefur það ekki gerst, að mér hafi borist nein mótmæli frá neinni sveitarstjórn sem þarna á hlut að máli. Hvert er tilefni þess að nú hefur verið safnað undirskriftum, að vísu ekki undir mótmæli gegn málinu, heldur áskorun um að halda umræðufund út af því, það er mér ekki kunnugt. En ef þarna væri almenn sú mikla andstaða gegn málinu eins og lesa má úr ræðum hv. 5. þm. Norðurl. e., þá skyldi maður ætla að iðnrn. hefði verið sendar einhverjar aths. eða andmæli frá heimamönnum, en það hefur ekki gerst.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen hóf mál sitt á því að tala um athuganir líffræðistofnunar Háskólans í Hvalfirði, könnunina sem henni var falið að gera, sem knúin var fram við umr. um samninginn við Union Carbide að gerð yrði í Hvalfirði. En hæstv. ráðh. er mjög vel kunnugt um það, að tilgangurinn með þessari könnun er allur annar en sá sem hann vildi hér vera láta, og þarf ekki annað en að slá upp í þskj. frá þeim tíma til þess að sjá hvert verkefni líffræðistofnunar er í þessu tilfelli. Það er að afla gagna um núverandi ástand lífríkisins við Hvalfjörð, eins og það er áður en verksmiðjan tekur til starfa, til þess að geta haft þær niðurstöður til samanburðar til að komast að áhrifunum af rekstri verksmiðjunnar. Háskólanum var alls ekki falið að gera neinar rannsóknir eða neinar bindandi till. eða láta í ljós neitt bindandi álit um það, hver áhrif þessarar verksmiðju yrðu á lífríki Hvalfjarðar eða Faxaflóa. Þetta er hæstv. ráðh. kunnugt um. Hann þurfti þess vegna ekki, ef hann hefði viljað sjá hv. þm. fyrir réttum upplýsingum, fyrir efni í skynsamlega niðurstöðu af umfjöllun þessa máls, þá þurfti hann ekki að greina frá þessari starfsemi á þann hátt sem hann gerði.

Hæstv. ráðh. vitnaði í Elkem-Spigerverkið sem þess háttar málmblendistofnun sem unnið hefði merkilegt starf á undanförnum árum í þá átt að reyna að koma upp hreinlæti í verksmiðjum sínum. Mér er það aftur á móti minnistætt, hvernig bæði hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen og hæstv. form. iðnn. þessarar hv. d., Steingrímur Hermannsson, höfðu það mjög í munni er við ræddum um samninginn við Union Carbide, hversu langtum framar Union Carbide stæði norsku fyrirtækjunum í hreinsibúnaði — hversu langtum framar, enda gerðu bandaríkjamenn hinar ströngustu kröfur í heimi til mengunarvarna, langtum strangari en norðmenn. Og þá var það haft uppi, að við mundum styðjast við ameríska staðla í kröfum um hreinsibúnað í þessari verksmiðju Union Carbide. Nú kemur hæstv. ráðh. og segir að þær kröfur, sem nú sé samþ. af heilbrrn. að gera til mengunarvarna, séu með því strangasta eða það strangasta sem tíðkist á Norðurlöndum, sennilega í Noregi. Spurningarnar, sem varða einstök atriði í frávikum frá till. Heilbrigðiseftirlitsins, verða bornar fram í iðnn. þessarar hv. d., og eftir því verður innvirðulega spurt, hvernig á því standi t. d. að í starfsleyfinu verður Járnblendifélaginu leyft að nota kol og kox og kvarts með helmingi hærra brennisteinsinnihaldi heldur en Heilbrigðiseftirlitið lagði til. Það verður spurt innvirðulega eftir því og reynt að fá það fram, hvaða sérfræðingar það voru sem sögðu hæstv. iðnrh. og hans mönnum að það væri allt í lagi að hafa brennisteinsinnihaldið í kolum og koxi og kvartsi helmingi hærra heldur en Heilbrigðiseftirlitið taldi æskilegt vegna lífríkis þessa lands. Það verður spurt innvirðulega eftir því, hvernig á því stendur, að nú þykir ekki lengur þörf á því að hafa kælikerfi verksmiðjunnar lokað, eins og heitið var þegar fjallað var um Union Carbide málið. Æ ofan í æ var því heitið að kælikerfi verksmiðjunnar yrði haft lokað, þannig að ekkert kælivatn frá verksmiðjunni rynni til sjávar í Hvalfirði og að alls ekki þyrfti þar af leiðandi að taka neitt af Laxá í Leirársveit til þess að kæla niður verksmiðjuna. En ef mig minnir rétt, þá þarf samkv. tæknilegum upplýsingum, sem þá lágu fyrir, um það bil helminginn af vatnsrennsli Laxár í Leirársveit til þess að kæla verksmiðjuna niður. Og þeirri hættu var svarað með fullyrðingu um að það yrði notað lokað kælikerfi. Hið opna kælikerfi, sem Elkem-Spigerverket mun nota við verksmiðjuna, er þá sennilega jafnfullkomið og hitt og með einhverjum ráðum verður þá komið í veg fyrir mengunarhættu frá kælivatninu, sem þó þótti ástæða til að óttast þegar fjallað var um samstarf við Union Carbide.

Jú, það hefur verið rætt um þetta mál í grannbyggðum hinnar fyrirhuguðu verksmiðju á þessum árum frá 1974, frá desembermánuði 1974. En ég vil minna hæstv. iðnrh. á hið sama sem ég vakti athygli hv. þm. Ingibergs J. Hannessonar á, að við erum að fjalla um annað þingmál. Við erum að fjalla um annað lagafrv. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan við hittumst á Leirárfundinum forðum með þingeyingunum þremur sem komu — það er alveg satt — norðan yfir heiðar til þess að segja borgfirðingum frá reynslu mývetninga af stóriðju. Við erum að fjalla um annað þingmál. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, þá lifum við það núna að hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen flytur öðru sinni á tveim árum frv. hér í d., mælir fyrir því, um samstarf við erlendan auðhring að málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Ýmsar upplýsingar hafa komið fram í þeim umr. sem síðar hafa orðið, mjög þýðingarmiklar upplýsingar. Ég vil ekki spá neinu um það, hvað fram kemur á fundi þeim, sem þeir óska eftir núna þarna sunnan Skarðsheiðar, sem e. t. v. hefur valdið því að þeir líta málið nú miklu alvarlegri augum, svo ég noti orðasamsetningu sem hefur notið mikilla vinsælda innan hæstv. ríkisstj. En því má hæstv. iðnrh. trúa, að ekki hef ég átt neins konar aðild að undirskriftasöfnun þeirri sem hér kom fram í dag. Ég skal enn fremur fullvissa hann um það, — hvort hann treystir sér til að trúa því eða ekki, það er svo annað mál, — að ég hef gengið úr skugga um það, að hv. þm. Jónas Árnason átti hér heldur enga aðild að, heldur kom honum þetta á óvart eins og mér. Hinu er ekki að leyna, að mér blöskraði þegar það rann upp fyrir mér að stjórnarþm. kjördæmisins ætluðu að ganga með þetta plagg í vösunum og láta eins og þeir

hefðu ekki séð það við 1. umr. í Ed. hv. Alþ. um frv. það er hér liggur fyrir um stofnun þessarar verksmiðju. Þeir ætluðu að láta eins og þeir hefðu ekki séð þetta skjal með áskoruninni sem þeir höfðu fengið. Ráðh. svo um það og hv. þm. Ingiberg J. Hannesson, hvort þeim finnst í alvöru að þetta erindi komi ekki því máli við sem fjallað er um hér í dag. Það má vera þeirra privat og persónulega álit.

Ég ítreka það, að ég vil trúa því þangað til annað kemur í ljós, að það hafi ekki verið nein miðsvetrarhugdetta hjá hæstv. iðnrh. að lýsa yfir því, að hann mundi taka fullkomið tillit til vilja heimamanna og undir engum kringumstæðum vilja hvorki eiga aðild að slíku gerræði né þola slíkt gerræði, að verksmiðjur á borð við þessa yrðu neyddar upp á menn sem vildu ekki hafa þær í byggðarlögum sínum. Ég vil trúa því þangað til annað kemur í ljós og kannske degi lengur meira að segja, að ráðh. hafi meint þetta. En ég vil fá það fram áður en lýkur 1. umr. hér í d., hvort þm. Vesturl. ætla að verða við beiðni kjósenda í þessum fjórum hreppum og halda þennan fund og hjálpa til að fá fram eðlilega og hlutlæga könnun á vilja heimamanna í þessu máli, sem ekki fæst fram með öðru móti en því, að málið verði kynnt hlutlægt fyrir þeim, þeir fái að ræða málið sín í milli og láta síðan álit sitt í ljós. Þetta vil ég að komi fram áður en lokið er umfjöllun um þetta mál við 1. umr. hér í d. vegna þess að fólkið í þessum byggðum er að mínu viti svo sannarlega umsagnaraðilar um þetta mál sem taka verður tillit til við umfjöllun í iðnn. deildarinnar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka það fram, að samkv. þingsköpum á að ræða frv. í heild við 1. umr., en ekki í einstökum atriðum, og það á að ganga þegar til atkv. um að vísa málinu til 2. umr. og n. þegar 1. umr. er lokið. Ég sé því ekki að það séu neinar efnisástæður til að fresta þessu máli. Það óskar enginn eftir að kveðja sér hljóðs og þá er umr. lokið og verður gengið til atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Skattfrelsi jarðstöðvar, frv. (þskj. 398, n. 494). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn. Til fundar við n. komu Jón Skúlason, Gamalíel Sveinsson, Brynjólfur Ingólfsson og Gaukur Jörundsson, sem höfðu annast samningsgerð við Mikla norræna símafélagið varðandi þessa sömu jarðstöð. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. Ragnar Arnalds skilar séráliti og Jón Árm. Héðinsson undirritar nál. með fyrirvara.

Ég vil taka það fram í upphafi, að ég hefði talið að það hefði verið nauðsynlegt varðandi frv. sem þetta frv., að því fylgdi ítarlegri grg. en raun ber vitni. Hér er um stórt mál að ræða, hér er um mikla fjárfestingu að ræða, og það er nauðsynlegt að slíkum frv. fylgi ítarlegri grg.

Á undan þessu frv. var gerður samningur við Mikla norræna símafélagið. Í þeim samningi — og það mun ekki hafa tíðkast, a.m.k. ekki í öllum tilfellum — er ekki ákvæði þess efnis að samningur þessi sé háður samþykki Alþingis. Nú hefur það mátt vera ljóst, að mál þetta mundi þurfa að koma fyrir Alþ., og ég tel eðlilegt, þegar um slíka samninga er að ræða, að slíkt ákvæði sé í samningi, að gildistaka þeirra sé háð samþykki Alþingis.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Mikla norræna símafélagið hefur einkaleyfi á fjarskiptasambandi Íslands við útlönd, og ein af ástæðunum fyrir því, að ákveðið er að byggja hér jarðstöð, er sú, að það hefur verið talið nauðsynlegt að komast út úr þessu einkaleyfi og íslendingar sjálfir réðu yfir þessu sambandi þeirra við útlönd. Að vísu má vera að til þess séu ýmsar leiðir og ég mun koma að því síðar, en þetta er meginmál.

Í þeim streng, sem fyrir er, Scotice, eru 24 rásir. Þessar rásir eru þegar fullnýttar og bilanir hafa verið algengar í þessum streng. Það er því ljóst að eitthvað þurfti að gera til að lagfæra þetta ástand, og það er einnig ljóst að Mikla norræna símafélaginu bar skylda til að gera eitthvað í þessu máli. En eins og ég sagði áður, þá er mikilvægt fyrir okkur að komast inn í þetta einkaleyfi Mikla norræna símafélagsins sem virðist gefa af sér góðar tekjur og þar með að komast inn í þær tekjur sem þetta einkaleyfi gefur af sér.

Til þess að svo mætti verða virtust vera þrír kostir: Í fyrsta lagi að leggja nýjan sæsímastreng til viðbótar við þann streng sem fyrir er, strenginn Scotice. Það stóð til boða að leggja 60 rása streng sem hafði verið notaður við Labrador og hafði slitnað þar nokkuð, legið á slæmum stað, og Mikla norræna símafélagið keypti á sínum tíma. Og það stóð til boða að leggja þennan streng í samvinnu við Mikla norræna símafélagið. Mikla norræna símafélagið gerði ráð fyrir því, að það mundi kosta um 10 millj. danskar kr. að koma þessum ákveðna streng fyrir. Þessi möguleiki hafði þann augljósa kost að hér var um tiltölulega litla fjárfestingu að ræða. Hann leysti okkar öryggismál að nokkru leyti, þó ekki jafnvel og jarðstöð. Hann opnaði ekki möguleika fyrir beina sendingu sjónvarpsefnis. Samkv. spá póst- og símamálastjórnarinnar um notkun á þessum streng eða þessum kapli, þá kemur fram að hann hefði verið fullnýttur um 1984. Samkv. þeirri spá, ef hún hefði staðist og ég hef ekki ástæðu til að rengja, þá hefði þurft að finna nýja lausn sem hefði verið hægt að taka í notkun um það leyti, og sennilega hefði það orðið jarðstöð. Þessi strengur hefði þá orðið óþarfur.

Þessi kostur, að leggja viðbótarstreng, hefur því bæði augljósa kosti og einnig galla. Mér sýnist að þennan möguleika hefði mátt kanna betur. En það, sem einkum mælir á móti honum, er minna öryggi en jarðstöð gefur, engir möguleikar á útsendingu neins sjónvarpsefnis á beinan

hátt, og einnig virðist ljóst að nýja lausn hefði þurft að finna hvort eð er 1984—1985, sem að öllum líkindum hefði orðið jarðstöð.

Að síðustu er einnig ljóst að þessi lausn, að leggja nýjan sæsímastreng, fylgir ekki tækni tímans. Það er talin besta tæknin í dag að senda þetta um slíka jarðstöð. En það er nú ljóst samt, að menn verða að gera upp við sig hvað mikið er fyrir það gefandi að fylgjast ávallt með nýjustu tækni.

Ég læt þá útrætt að sinni um þennan möguleika.

Í öðru lagi hefði komið til greina að segja upp þeim samningum, sem eru við Mikla norræna símafélagið, og leysa okkar mál einir og fá allar tekjur af þeim möguleika sem við hefðum valið. Þetta var athugað, og mér hefur skilist á þeim mönnum sem um það fjölluðu, að það verði ekki dregið í efa að við hefðum orðið skaðabótaskyldir. Það veit að sjálfsögðu enginn hvað þær skaðabætur hefðu orðið miklar. En staðreyndin er sú, að við erum með samning við Mikla norræna símafélagið sem gekk í gildi um 1960 og gengur út á það, að þetta félag hafi einkarétt fram til 1985. Ef við hefðum sagt þeim samningi upp, þá er náttúrlega ljóst að það hefði orðið af tekjum frá þeim degi fram til 1985, þótt ég vilji í engu spá um endalok þess máls ef þessi kostur hefði verið valinn. En niðurstaðan varð sem sagt sú, að það væri ekki ráðlegt að gera þetta.

Þriðji möguleikinn, sem var fyrir hendi, var að byggja hér svokallaða jarðstöð, og það var gerður samningur við Mikla norræna símafélagið sem gekk út á það, að við mundum reka í samvinnu við það jarðstöð til að annast þessa þjónustu hér á Íslandi. Þetta hefur í för með sér í fyrsta lagi, að við komumst inn í það einkaleyfi sem Mikla norræna símafélagið hefur, þótt við hefðum getað að vísu komist inn í það einkaleyfi einnig eftir annarri leið. Í öðru lagi er ljóst, að þessi leið er best að því er varðar öryggissjónarmið. Jarðstöðin býður mest öryggi af þessum tveimur leiðum. Í þriðja lagi gefur jarðstöðin möguleika á móttöku á beinum sendingum sjónvarpsefnis. Í fjórða lagi er séð fyrir þörf okkar um næstu framtíð, því eins og ég kom að áðan, jafnvel þótt við hefðum tekið því boði að leggja þennan 60 rása streng, þá hefði það ekki leyst þessi mál um næstu framtíð.

Nú er erfitt að fullyrða um það í sjálfu sér, hvað þessi mál séu leyst langt fram í tímann. Menn sjá ekki fram úr því, hvað gerist í tækniheiminum. Hins vegar er ljóst að sú jarðstöð, sem ráðgert er að byggja, leysir okkar þörf í nánustu framtíð. Þessi jarðstöð kostar allt að 1 milljarði ísl. kr. Mikla norræna símafélagið leggur fram um það bil ⅓ eða 10 millj. danskar kr., það er sama upphæð og það hefði kostað það að leggja strenginn sem ég gat um áður. Og þessi möguleiki varð fyrir valinu. Spurningin sem vaknar, þegar litið er á þá ákvörðun að velja þennan kost, er einfaldlega sú: Er þessi ákvörðun keypt dýru verði? Tökum við óþarflega mikla áhættu?

Samningurinn við Mikla norræna símafélagið gengur í stuttu máli út á það, að tekjum af núverandi sæsímastreng, Scotice, og tekjum af jarðstöð verður blandað saman, þar sem ekki er talið að hægt væri að halda þessum tekjum aðskildum. Mikla norræna fær ¾ hluta af tekjum fyrir 24 fyrstu rásirnar eða sem samsvarar afkastagetu Scotice. Við fáum sem svarar ¼. Af næstu 24 rásum fáum við helminginn af tekjunum, en Mikla norræna helminginn. Af því, sem umfram er, fáum við allar tekjur.

Eitt atriði er mikilvægt í þessu máli, og það er það, að 1985, þegar samningstíma okkar við Mikla norræna hefði verið lokið, eigum við rétt á því að innleysa hlut Mikla norræna símafélagsins í jarðstöðinni á kostnaðarverði að frádregnum þeim afskriftum sem þá hafa verið reiknaðar, en gert er ráð fyrir 13 ára afskriftatímabili. Ef jarðstöðin verður tekin í notkun 1979 yrði væntanlega um það bil hálft upphaflegt kostnaðarverð eftir 1985, þannig að það má í sjálfu sér líta svo á að við tökum þetta fjármagn að láni hjá Mikla norræna símafélaginu til þess að gera kleift að byggja þessa jarðstöð nú þegar.

Það hafa verið gerðir allmiklir útreikningar á arðsemi þessa fyrirtækis, jarðstöðvarinnar, bæði á okkar hluta og einnig hluta Mikla norræna símafélagsins. Þessir útreikningar eru byggðir á þeim spám sem hafa verið gerðar um þróun viðskipta í sambandi við talsímasamband og telex og þess háttar. Niðurstöður þessara útreikninga eru, ef vægt er tekið til orða, mjög glæsilegar, því það er gert ráð fyrir því að þessi fjárfesting muni skila 32.2% svokölluðum afkastavöxtum.

Ég skal ekki fullyrða neitt um það, hvort þetta fær staðist. Auðvitað er þarna um nokkra óvissu að ræða, hver verður þróunin í þessum viðskiptum. En það virðast vera verulegar líkur á því, að þessi fjárfesting muni skila verulega góðum arði, jafnvel þó að þetta mundi ekki standast. Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir því, að arðsemi Mikla norræna símafélagsins af þessum viðskiptum, af þessari jarðstöð og þessum símastreng verði 17.8% afkastavextir.

Það má segja að ef við hefðum staðið í þeim sporum í dag, að við hefðum ekki haft neinn samning við Mikla norræna símafélagið og getað byggt þessa jarðstöð einir og óstuddir, þá eru þetta nokkuð háir lánsvextir, 17.8%. En það dylst engum að Mikla norræna símafélagið hefur haft góðar tekjur af Scotice og þeim viðskiptum sem um hann hafa farið, þannig að það verður að draga frá þessari arðsemisprósentu þær tekjur sem það hefði haft af þessum viðskiptum og vildi að sjálfsögðu ekki missa. Þetta er vissulega baggi sem við höfum á okkur sett, þótt það hafi komið fram að menn voru almennt sammála um það um 1960, að sá samningur, sem þá var gerður, væri mjög hagstæður okkur á alla vegu. En það er erfitt að gerast spámaður 25 ár fram í tímann, og það hefur komið í ljós að samningurinn hefur verið hagstæður Mikla norræna símafélaginu og nú erum við að reyna að losa okkur út úr þessum samningum.

Það er eitt sem er rétt að hafa í huga varðandi þetta atriði, að spáin um viðskipti um

1960 var langt undir því sem raun ber vitni í dag. Menn gerðu ekki ráð fyrir að viðskiptin mundu verða eins mikil og raun ber vitni og þau hafa orðið. Þetta fer náttúrlega saman við það að hagur þjóðarinnar vex og tekjur fara vaxandi og umsvif aukast. Símaviðskipti hljóta að haldast nokkuð í hendur við þessa þróun.

Ég vil aðeins koma að því efni sem þetta frv. fjallar að mestu um, þótt það tengist óbeint þessum samningi. Það eru þær skattívilnanir sem þessari jarðstöð yrðu fengnar með samþykkt þessa frv. Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að innflutningur af hálfu eignaraðila á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til byggingar og rekstrar jarðstöðvar og tengdra mannvirkja til fjarskiptasambands við umheiminn skuli undanþeginn bæði aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Einnig kemur fram að jarðstöðin og eignaraðilar hennar skuli undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti varðandi rekstur stöðvarinnar. Þetta á við bæði eignarhlut okkar í þessu fyrirtæki og einnig eignarhlut Mikla norræna símafélagsins.

Það var spurt um það í n., hvort ekki hefði verið unnt að fá Mikla norræna símafélagið til að samþ. það, að það hefði a.m.k. greitt jafnháan skatt af hlut þess í þessum rekstri hér á Íslandi og það mundi gera í Danmörku. Það kom fram að það var skoðun samninganefndarinnar, að þetta hefði ekki verið hægt að fá fram. Það hefur ekki greitt neina skatta eða skyldur af þeim streng sem liggur á milli Íslands og annarra landa, og þess vegna hefði það ekki verið tilbúið til þess að greiða skatt af jarðstöðinni. Það var aðeins önnur leið til að koma þessum viðskiptum á milli, en á þessum leiðum væri engin eðlismunur í sjálfu sér.

Það hefði verið æskilegt að þessir aðilar hefðu greitt skatta, og það er almennt ekki æskilegt að undanþiggja ákveðna aðila þessum gjöldum nema ærið tilefni sé til. En ég hlýt að taka orð þessara manna trúanleg og ég veit að þeir hafa athugað þennan möguleika. Það kemur sem sagt í ljós að við verðum að fórna þessu gjaldi til að bæði komast inn í einkaleyfið og losa okkur undan því.

Herra forseti. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir þessu máli. Það er ljóst að það varð að auka þá þjónustu sem var í þessum efnum. Spurningin var fyrst og fremst: Átti að leggja sæsímastreng eða átti að byggja jarðstöð? Ég hygg að aðalforsendur fyrir því, að ríkisstj. tók þá ákvörðun að jarðstöð skyldi valin, en ekki jarðstrengur, hafi í fyrsta lagi verið sú, að það var skoðun sérfræðinga Landssímans að vegna stóraukins öryggis og möguleika til fjölbreyttari notkunar mundu fjarskipti framtíðarinnar fara fram um jarðstöð og gervihnött, en ekki kapal, í öðru lagi að jarðstöðin gæfi möguleika á hraðari fjölgun talrása nær ótakmarkað, eins og ég gat um áður. Auk þess var möguleiki að senda sjónvarpsefni í báðar áttir.

Einnig var það svo, að það var brýn nauðsyn að taka ákvörðun um það, hvort velja ætti jarðstöð eða kapal, og það, sem réð úrslitum um þá ákvörðun, var val sérfræðinga Landssímans og það álit þeirra, að þetta væri sú lausn sem koma yrði og hagkvæmt væri að hefjast handa um sem fyrst, m.a. vegna mjög vaxandi bilana á kaplinum bæði til Evrópu og Ameríku.

Í síðasta lagi var litið svo á, að full umráð íslendinga yfir fjarskiptamálum landsins við önnur lönd væru tengd okkar sjálfstæðismáli, og með samningnum, eins og hann liggur fyrir, fá íslendingar, þegar jarðstöðin tekur til starfa, meirihlutavald og ráða mestu um framkvæmdir allar og að öllu leyti 1991 — eða 1985 ef innlausnarheimildin verður notuð.

Með tilliti til þessa og annarra aðstæðna og þess, sem fram hefur komið í máli mínu, telur meiri hl. fjh.- og viðskn. rétt og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það varð ekki samkomulag í fjh.- og viðskn. um það frv., sem hér liggur fyrir. Ég legg til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Ég held að það dyljist fáum, að hér er um bæði óvenjulegt og einkennilegt mál að ræða. Í fyrsta lagi semur hæstv. samgrh. við erlent fyrirtæki um að sleppa því undan þeirri skyldu að greiða skatta, tolla og önnur gjöld, hvaða nöfnum sem þau nefnast, vegna starfsemi sinnar hér á landi, án þess að hafa nokkurn fyrirvara á þamþykki Alþ. í þeim efnum. Það er hvergi finnanlegt í samningnum að ráðh. hafi gert fyrirvara um hugsanlegt samþykki Alþ. Og satt að segja læðist að manni sá grunur, að hann hafi hreinlega ekki áttað sig á því að slíkt afsal réttinda væri ekki á hans færi. Það er sem sagt ekki fyrr en löngu eftir að samningurinn er gerður sem leitað er til Alþ. um heimild til að fella niður þessi gjöld.

Í öðru lagi er það svo að sjálfsögðu mál út af fyrir sig, að það er ekki með nokkrum hætti hægt að finna nein frambærileg rök fyrir því, að þetta fyrirtæki fái þá undanþágu sem hér um ræðir. Allir geta víst verið sammála um það, að eitthvað mikið þarf til að fyrirtæki sé undanþegið öllum sköttum og tollum. Og það er engin leið að benda á að hér sé eitthvert sérstakt nauðsynjamál á ferðinni eða mál sem sé þess eðlis, að ekki verði önnur leið fundin til lausnar á því.

Það er einmitt kjarni þessa máls, að það hafa þersýnilega ekki verið kannaðar hinar ýmsu leiðir sem til greina geta komið. Og þetta fengum við í fjh.- og viðskn. staðfest af formanni samninganefndarinnar, prófessor Gauki Jörundssyni, sem tjáði okkur að n. hefði verið falið að semja við Mikla norræna símafélagið um byggingu jarðstöðvar og þá ákvörðun hefði ríkisstj. tekið, en ekki samninganefndin, og þessi ákvörðun hefði verið forsendan fyrir þeim samningum sem þarna áttu sér stað.

Það hefur sem sagt ekkert komið fram um það, hvaða leiðir aðrar hafa verið til athugunar, og bendir flest til þess að þær hafi verið lítt eða ekki kannaðar. En þá er að sjálfsögðu fyrst rétt að skoða það, hvort einhver sérstök nauðsyn kallar á að hér á Íslandi sé byggð jarðstöð.

Eins og mönnum mun kunnugt, er Mikla norræna símafélagið skuldbundið til þess með samningi að sjá íslendingum fyrir nægum fjölda síma-

lína til meginlands Evrópu allt fram til ársins 1985, og við þurfum því ekki að hafa neinar áhyggjur af þessum málum fyrst um sinn þess vegna.

Sá möguleiki var fyrir hendi, að annar sæstrengur væri lagður austur um haf, og ljóst er að hann hefði veitt nægilegt öryggi í fjarskiptum fyrst um sinn, því það öryggi, sem tveir strengir veita, er alveg vafalaust fullkomlega á við það sem jarðstöðin veitir.

Sá kostur er sagður fylgja jarðstöðinni, sem ekki fylgir sæstreng, að unnt er að fá sjónvarpsmyndir erlendis frá með skjótum hætti, og er í sjálfu sér ekki ástæða til að vanmeta þann kost, vegna þess að með núverandi skipan verður að fá sjónvarpsefni til Íslands með flugvélum og þetta kostar því að nokkur dráttur verður á því að myndir frá nýlegum atburðum séu sýndar hér í sjónvarpinu. Ég er alveg sannfærður um að jafntæknisinnuð þjóð og íslendingar eru fagnar hverju skrefi í þessa átt. En menn verða auðvitað ævinlega að skoða það og meta, hvort hlutirnir eru of dýru verði keyptir, og ég er ansi hræddur um að illa gangi að réttlæta það fyrir nokkrum manni, að jarðstöðin sé bara byggð vegna þessarar hliðar málsins. Við vitum að okkar ágæta sjónvarp er fremur ófullkomið. Það sýnir ekki myndir fyrr en liðinn er alllangur tími frá því atburðirnir gerast og þar til sjónvarpið hefur möguleika á að senda þá út, og þá skiptir að sjálfsögðu ekki öllu máli hvort það dregst í hálfan sólarhring eða einn og hálfan að sýna okkur þessar myndir. Öðru máli mundi gegna ef sjónvarpið væri í gangi allan daginn, eins og víða er hjá stærri þjóðum, og þar sem er því raunverulega um þá möguleika að ræða að hægt sé að skjóta merkum atburðum beint inn í dagskrána. Það væri ekki hægt hjá okkur nema þá í algjörum undantekningartilvikum sem engin leið er að reikna með.

Einnig verður að hafa það í huga, að notkun jarðstöðvarinnar er mjög dýr. Samkvæmt upplýsingum póst- og símamálastjóra má reikna með að 10 mínútna dagleg notkun sjónvarpsins á jarðstöðinni alla daga ársins muni kosta 70 millj. kr., og klukkutíma bein útsending í eitt skipti mun kosta um 1150 þús. kr. Þá er ótalin greiðsla fyrir sjálft myndefnið, þetta er einungis sendingarkostnaðurinn, og þar er ólíku saman að jafna, því að eins og allir vita kostar ekki nema nokkur þús. kr. að senda myndefni með flugvél hingað til lands. Hér er því um það að ræða, að með byggingu jarðstöðvar er verið að stíla á það að stórauka kostnað við rekstur sjónvarpsins. Þann kostnað eiga sjónvarpsnotendur að greiða væntanlega, og virðist mér af öllu að þessi hlið málsins hafi alls ekkert verið könnuð eða mjög óverulega. A. m. k. höfum við í fjh.- og viðskn. ekki fengið neinar upplýsingar um þessa hlið málsins, og engar upplýsingar er að finna um aukinn kostnað fyrir sjónvarpið af völdum þessarar ákvörðunar í grg. frv. eða þeim ræðum sem hafa verið fluttar málinu til stuðnings.

Þetta er einmitt eitt það furðulegasta í sambandi við þetta mál, að fjárhagshliðin virðist vera ákaflega lítt könnuð og hér er verið að taka ákvörðun og reyndar búið að taka ákvörðun af hálfu hæstv. samgrh. með þeim samningi, sem hann hefur gert nú þegar án fyrirvara um samþykki Alþ., sem hefur í för með sér stórfelld útgjöld fyrir ríkissjóð. Í fyrsta lagi er hér um að ræða um 700—800 millj. kr. bein fjárútgjöld af hálfu ríkisins sem annaðhvort verður að veita með framlagi í fjárl. ellegar fá sérstaka heimild Alþ. til að taka erlent lán fyrir, en ég veit ekki til þess að Alþ. hafi veitt fé í þessu skyni og ekki heldur samþykkt nein heimildarlög um erlenda lántöku. Þetta er því enn einn lausi endinn á þessu máli sem hæstv. ráðh. virðist gjörsamlega hafa gleymt að hafa í huga.

Eins og fram kom í máli hæstv. frsm. fjh.- og viðskn., mun bygging jarðstöðvarinnar kosta rúmlega 1 þús. millj. kr. og af þessum 1 þús. millj. er ákveðið að Mikla norræna símafélagið leggi fram 10 millj. danskra kr. eða 322 millj. ísl. kr. Það sérkennilega ákvæði er í þessum samningi, að ef kosnaðurinn við byggingu jarðstöðvarinnar fer verulega fram úr áætlun, eins og er hér á landi að heita má meginregla, þá eiga íslendingar að greiða allt það sem við bætist, því að framlag Mikla norræna símafélagsins er bundið við þessa ákveðnu krónutölu og hækkar ekki þótt kostnaðurinn fari verulega fram úr áætlun.

Ég held að það eðlilega í þessu máli bæði fyrr og nú sé að málið sé skoðað í heild sinni, menn taki upp á því, sem þeir hefðu þurft að gera fyrir löngu, að hugsa málið í heild sinni. Þá er auðvitað fyrst að átta sig á því, hvort ekki væri hugsanlegt að ná samningum við Mikla norræna símafélagið um að leysa það með góðu út úr fyrri samningi með hliðsjón af breyttum aðstæðum. Prófessor Gaukur Jörundsson nefndi það í viðræðu við fjh.- og viðskn., að þersýnilega væri hægt að beita þeim rökum að um breyttar aðstæður væri að ræða, enda þótt hann gæti að sjálfsögðu ekkert um það fullyrt hvort sú röksemd dygði til.

Eins og ég gat um áðan, er Mikla norræna símafélagið skuldbundið til þess að sjá okkur fyrir þessari þjónustu fram til ársins 1985, og ef ekki hefði reynst möguleiki á því að losa Mikla norræna símafélagið út úr þessum samningi með nýjum samningi um skuldaskil þessara aðila, þá lá auðvitað beinast við annaðhvort að semja við Mikla norræna símafélagið um byggingu jarðstöðvar með samningi sem hefði getað talist fullnægjandi og eðlilegur, þ. e. a.s. samningi sem ekki hefði haft í sér fólgin óeðlileg skattfrelsisákvæði eða óeðlileg ákvæði til hagsbóta fyrir hina samningsaðilann, en ef sú leið hefði einnig reynst ófær, þá hefði enn verið fyrir hendi sá möguleiki einfaldlega að fallast á að Mikla norræna símafélagið legði nýjan sæstreng austur um haf, eins og það hafði boðist til að gera, og ræki hann fram til ársins 1985, en þá hefðu íslendingar yfirtekið fjarskiptin og þá hugsanlega verið búnir að undirbúa með góðum fyrirvara byggingu jarðstöðvar og notkun hennar einir sér eða í samstarfi við aðra, eftir því sem hagkvæmt hefði verið talið.

Allir þessir möguleikar voru fyrir hendi sem ég hef nú nefnt. En ef Mikla norræna símafélagið hefði hins vegar hafnað öllum þessum leiðum sem fyrir hendi voru, þá lá að sjálfsögðu beinast við að rifta samningnum, þar sem félagið hefði þá sannanlega ekki staðið við skuldbindingar sínar, og íslendingar hefðu þá yfirtekið fjarskipt-

in með þeim hætti, sem hagkvæmastur væri talinn, án þess að þurfa að greiða háar fjársektir.

Í sambandi við þennan samning er það ekki einungis að danir hafi tryggt sér algjört skattfrelsi á hluta sínum í byggingu og rekstri jarðstöðvarinnar, heldur er þeim beinlínis heitið í samningnum að árlegur nettóhagnaður þeirra af þessum viðskiptum fari aldrei niður fyrir ákveðna tölu, sem er hvorki meira né minna en 2 millj. danskra kr. á ári eða 66 millj. ísl. kr. á hverju ári. Ég er sannfærður um að slíkt ákvæði er fáheyrt með öllu í samningum milli tveggja samstarfsaðila, að annar aðilinn taki á sig ótakmarkað að sjá um stofnfjárkostnað við ákveðna fjárfestingu, en hinn aðilinn tryggi sig með því, að hann fái alltaf ákveðinn nettóhagnað, ákveðnar tekjur að frádregnum öllum þeim kostnaði sem hann hefur haft við hina tilteknu fjárfestingu, og sé sem sagt um tap að ræða, þá á samstarfsaðilinn, í þessu tilviki íslendingar, að borga hinum aðilanum út þessar 2 millj. til þess að tryggja hans hag. Ég efast um að hæstv. ráðh. geti dregið fram nokkurn samning sem hefur svo fáránlega klausu í sér fólgna og megi leita langt til þess að finna nokkuð því til samjöfnunar. Þessi ákvæði er að finna í 4. gr. 2.6 og 4. gr. 2.5, þar sem segir annars vegar að núverandi fjarskiptataxta megi ekki lækka fram til ársins 1985 nema félaginu séu tryggðar a. m. k. 2 036 860 danskar kr. í tekjur þegar allur kostnaður félagsins af rekstri jarðstöðvarinnar hefur verið frá dreginn, og á tímabilinu frá 1986 til ársloka 1991 ábyrgist íslenska ríkisstj. að árlegar tekjur félagsins af jarðstöðinni fari að meðaltali ekki niður fyrir þessa upphæð, rúmar 2 millj. danskar kr. Ég er ansi hræddur um að það sé ekki erfitt að sýna fram á að framlag Mikla norræna símafélagsins til byggingar jarðstöðvar, 10 millj. danskra kr., er býsna dýru verði keypt þegar þetta einkennilega samningsákvæði er haft í huga.

Herra forseti. Ég hef enga ástæðu til þess að fjölyrða að öðru leyti um þetta einkennilega mál. Ég ítreka það, sem ég hef sagt hér, að samningur ríkisstj. við félagið er bersýnilega óhagstæður og ákvæði um skattfrelsi félagsins óviðunandi með öllu og ættu aldrei að þekkjast í viðskiptum íslenska ríkisins við erlend auðfélög. Þar höfum við of ljót fordæmi og illa reynslu til að fara að endurtaka slíkan leik. Ríkisstj. ber því að þessu athuguðu að yfirfara þetta mál í heild á nýjan leik, kanna allar færar leiðir, m. a. þann einfalda möguleika að fresta byggingu jarðstöðvar til ársins 1985, vegna þess að ekki verður séð að nokkur nauðsyn reki á eftir því að slík stöð sé reist fyrr, en ef allar samningsleiðir reynast vonlausar, að rifta þá fyrri samningi við félagið í ljósi breyttra aðstæðna og taka þessi fjarskiptamál í eigin hendur. Með þetta í huga virðist langeðlilegast að frv. sé vísað til ríkisstj., og það geri ég að till. minni.

Jón Helgason: Herra forseti. Með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, er Alþ. að staðfesta samning um byggingu jarðstöðvar, sem svo hefur verið nefnd, hér á landi, og er því augljóst að þegar þetta frv. hefur verið samþykkt og afgreitt sem lög, þá verður hafist handa um undirbúning og framkvæmdir við það verk. Enda þótt málið sé þannig að komast á framkvæmdastig, þá hefur ekki enn þá verið tekin ákvörðun um það, hvar hún skuli byggð, og hefur verið skipuð sérstök n. til að athuga það atriði.

Í því sambandi vil ég vekja athygli á ósk hreppsnefndar Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu um að stöðin verði reist í nágrenni Víkur í Mýrdal. Ástæðan fyrir þeirri beiðni er sú, að Póstur og sími hefur í mörg ár séð um rekstur Lóranstöðvar á Reynisfjalli, en nú hefur verið ákveðið að þeim rekstri verði hætt um næstu áramót vegna þess að hennar er ekki lengur talin þörf. Við þessa stöð hafa starfað 10 menn og verður þetta því alvarlegt áfall fyrir atvinnulífið í Vík. Vegna hins einhæfa atvinnulífs í héraðinu eru takmarkaðir möguleikar á að bæta úr þessu. Það er því eðlilegt, þegar reisa á nýtt fyrirtæki á vegum Pósts og síma, að mönnum virðist liggja beint við að það verði sett þar sem hitt er, enda er nokkurt íbúðarhúsnæði í eigu Pósts og síma til í Vík fyrir starfsmenn sem mundi þá vera hægt að nýta.

Ég vil því beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. samgrh., að hann feli fyrrnefndri n. að kanna til hlítar hvort ekki sé unnt að reisa jarðstöðina í nágrenni Víkur, og komi einhver atriði í ljós við þá athugun sem mæla gegn því, þá verði það athugað gaumgæfilega áður en endanleg ákvörðun verður tekin, hvort þau séu svo þung á metunum að þau séu ekki yfirstíganleg.

Vænti ég þess að hæstv. samgrh. sjái sér færi nú við þessa umr. að skýra frá því, að ákvörðun um staðsetningu jarðstöðvarinnar verði ekki tekin fyrr en niðurstöður fyrrnefndrar athugunar liggja fyrir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 4. þm. Suðurl. eða ósk hans réttara sagt vil ég taka það fram, að ég skal skrifa n. þeirri, sem vinnur að athugun þessa máls, með ósk um að þetta verði athugað gaumgæfilega og engir hleypidómar látnir ráða því að þetta mál nái ekki fram að ganga ef ekki eru á því þær tálmanir, sem ég kann nú ekki að skýra eða sjá fyrir, er geri verkið lítt framkvæmanlegt eða mjög óhagstætt. En ég skal sjá um að málið verði athugað til hlítar.

Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 1. minni hl., hv. 5. þm. Norðurl. v., áðan, þykir mér rétt að víkja nokkuð að forsögu þessa máls.

Það var veturinn 1975—76 sem fram fóru í sjónvarpinu, að ég held í þættinum Kastljós, umr. um þetta mál. Stjórnandi þess þáttar var hinn kunni fréttamaður Eiður Guðnason og meðal þeirra, sem þátt tóku í þeim umr., var póst- og símamálastjóri sem var forsvarsmaður stofnunar sinnar í sambandi við þetta mál. Það, sem kom fram í þessum þætti greinilega, var það, að meðan við hefðum ekki full ráð á okkar fjarskiptum, íslendingar, heldur hefðum aðeins leigunot hjá annarri þjóð, þá skorti nokkuð á að við hefðum náð fullu sjálfstæði. Á þetta var lögð mikil áhersla af hálfu stjórnanda þáttarins. Hins vegar hélt póst- og símamálastjóri því fram, að hverri sjálfstæðri þjóð væri að vísu alltaf frjálst að gera samninga við aðrar þjóðir, enda væru

samningarnir gerðir innan þeirra takmarka sem hún teldi að ekki skertu sitt sjálfstæði. Hins vegar kom það líka greinilega fram í þessu viðtali, að Mikla norræna ritsímafélagið hefði ekki á nokkurn hátt brotið þennan samning að áliti póst- og símamálastjóra og ekki væri um vanefndir að ræða af þess hálfu. Hins vegar væri nú svo komið, að sæstrengirnir, sem við hefðum héðan til Skotlands, nægðu okkur ekki, og úr því ætlaði Mikla norræna símafélagið að bæta með því að leggja sæstrengi sem yrðu lagðir sumarið 1976.

Áður en þessi þáttur fór fram hafði póst- og símamálastjóri lítillega sagt mér frá þessu máli, án þess þó að gera mér grein fyrir því, en áður hafði ég ekki skapað mér um þetta mál neina skoðun. Ég taldi því eðlilegt í framhaldi af þessu máli að ég héldi fund með öllum fremstu tæknimönnum póst- og símastofnunarinnar. Þar voru hinir færustu menn, eins og Sigurður Þorkelsson, Þorvarður Jónsson, Gústaf Arnar, Olafur Tómasson, Haraldur Sigurðsson o. fl. sem ég man nú ekki nöfn á. En þar voru þessi mál rædd mjög mikið. Það var ekki laust við að það kæmi fram á þessum fundi varðandi það álit sem hafði komið fram hjá póst- og símamálastjóra í þessum þætti, að ekki væri óeðlilegt að leggja þessa strengi, að þeir væru á allt annarri skoðun um þá hluti. Það urðu allmiklar umr. um þessi mál þarna og það kom greinilega fram að þessir menn höfðu mjög kynnt sér þetta mál, enda var þarna um að ræða okkar færustu menn í tæknimálum á þessum sviðum.

Þeirra skoðun var sú, og þeir voru ófeimnir við að láta hana í ljós, að þó að Mikla norræna legði þessa strengi nú, þá væri það aðeins tímabundið, og ef við hefðumst ekkert að þar til samningurinn rynni út árið 1985, þá værum við alveg í höndunum á þessu fyrirtæki og yrðum að framlengja samninginn. Hins vegar ef við ætluðum að breyta þarna um, þá veitti okkur ekki af tímanum til að fara að undirbúa það mál, miðað við þá möguleika sem við hefðum, og þá m. a. fjárhagsgetu okkar.

Í þessum umr. spurði ég um það álit þeirra, sem þarna voru, hvort þeir teldu að það væri brot á samningnum, eins og hafði komið fram hjá póst- og símamálastjóra, og hvort viðsemjendur okkar hefðu vanefnt samninginn. Og það kom einnig fram hjá þeim, að þeir töldu ekki svo vera, en hins vegar töldu þeir sig ekki geta um það dæmt og héldu sig fyrst og fremst að tæknihlið málsins. Í öðru lagi spurði ég þá um hugsanlega samninga við Mikla norræna í sambandi við þetta mál. Þeir voru ekki heldur undir það búnir að geta svarað því.

Þessi fundur þótti mér hinn merkasti, og má þar kannske fáfræði minni um kenna því að auðvitað hafði ég ekki skynbragð á tæknimálum sem þarna voru rædd. Af hálfu þessara manna var þar gerð mjög ljóslega grein fyrir þeim, svo að það varð auðveldara að skilja kjarna málsins vegna þess hvað framsetningin var góð.

Í framhaldi af þessu fól ég þrem ungum mönnum að athuga lögfræðihliðina á þessu máli. Þessir menn voru Árni Kolbeinsson, sem er sá lögfræðingur okkar sem nú stendur með hæst próf í lögfræði, en það eitt þarf ekki að segja um ágæti mannsins, en kosti hefur hann marga, Gunnlaugur Claessen og Birgir Guðjónsson. Tveir hinir fyrr nefndu eru starfsmenn í fjmrn., en sá síðasti í samgrn. Þessir ungu menn urðu allir sammála um að það væru ekki möguleikar til þess að telja að um vanefndir á samningnum við Mikla norræna væri að ræða. Ef ætti að fara út í það að segja upp samningnum, þá tækjum við þá áhættu sem því fylgdi. Þeir sögðust að sjálfsögðu ekki geta sagt um það, hversu mikil áhætta þar væri tekin. Hins vegar mundi Mikla norræna leggja sinn streng í sjóinn eins og til stæði. En það hafði áður komið fram hjá þeim tæknimönnum, að þessir strengir, sem þeir legðu þá, hefðu áður verið í notkun og ýmsan rafbúnað, sem þeim fylgdi, væri búið að nota áður og þetta gæti leitt af sér bilanir og engar líkur til að þetta gæti enst nema það sem eftir væri samningstímabilsins.

Í framhaldi af áliti þessara ungu lögfræðinga fól ég Gauki Jörundssyni prófessor að athuga málið og láta mig hafa álit sitt á því, hvort hann teldi að um vanefndir eða brot væri að ræða og við hefðum rétt til þess að rjúfa samninginn án áhættu.

Gaukur Jörundsson er doktor og prófessor og sá sérfræðingur um eignarrétt sem ég held að sé talinn einna færastur hér á landi, og ég held að það muni ekki vera ofmælt að hann njóti mikils álits hjá öðrum þjóðum vegna kunnáttu sinnar og rökvísi í þessum málum. Hann hafði málið til nokkuð langrar meðferðar.

Það hafði gerst á þessum tíma, meðan málið var til umr. eða frá því að þessi sjónvarpsþáttur fór fram, að þá var flutt þáltill. hér á hv. Alþ. af tveim hv. þm. þar sem þeir vildu leggja til að Alþ. ákvæði þá þegar að reisa jarðstöð og léti sig þá litlu skipta samninginn við Mikla norræna. En það var alveg augljóst, að ef við áttum ekki að hafa nein not af jarðstöðinni fyrr en eftir 1985, þá var ekki fært að reisa þessa stöð.

Ég hafði samband við þessa flm. og óskaði eftir því, að þeir drægju umr. um málið m. a. vegna þessarar lögfræðilegu athugunar sem þá fór fram.

Það varð svo sameiginleg niðurstaða hjá prófessor Gauki Jörundssyni og ungu lögfræðingunum, að við gætum ekki frá þessum samningi komist nema með samkomulagi við Mikla norræna því að riftingarrétt ættum við ekki, það væru ekki þær vanefndir finnanlegar sem sköpuðu hann, og við yrðum þá að taka þá áhættu sem af því hlytist ef samningar yrðu rofnir.

Um þetta álit fóru fram umr. milli mín og þeirra manna sem um fjölluðu, þ. á m. ráðuneytisstjórans í samgrn. og póst- og símamálastjóra. Ráðuneytisstjórinn í samgrn. hafði athugað álit þessara tveggja aðila, en ég taldi hins vegar rökrétt að láta hann ekki vera þátttakanda í að semja þau til þess að hann gæti verið gagnrýnandi. Það var álit okkar allra, að það væri ekki heppilegt að láta umr. fara fram um þetta mál hér á hv. Alþ. í fyrra, því þá hefði ég ekki komist hjá því að skýra frá þessu áliti lögfræðinganna, enda vorum við þá farnir að hugleiða hvort samkomulagsleið í þessu máli væri ekki fær. En með því að upplýsa það, sem kom fram í áliti þessara sérfræðinga á sviði lögfræðinnar, var búið að gefa hinum samningsaðilanum of mikið

í hendurnar. Það varð því að samkomulagi á milli mín og flytjenda málsins á hv. Alþ., að málið var aldrei tekið fyrir hér á hv. Alþ., eins og hv. þm. vafalaust muna.

Hitt má svo segja næst, að nauðsynlegt var að eitthvað væri gert nú. Það kom fram hjá frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. 5. þm. Austurl., að nauðsyn bar til að aðhafast eitthvað í þessum fjarskiptamálum vegna þess að þeir strengir, sem í sjó liggja, væru orðnir það slitnir að við yrðum að bæta þar við, og það stæði ekki heldur á viðsemjendum okkar að verða við því. Enn fremur óttuðust menn þá að strengirnir færu að bila, eins og raun varð á á s. l. sumri, því þá urðu meiri bilanir en að ég held á öllum tímanum áður, eða a. m. k. örugglega á 10 árum áður.

Þess vegna var það alveg ljóst, að eitthvað varð að aðhafast, og það varð í raun og veru að taka ákvörðun um það, hvort átti að fara inn á jarðstöðvarleiðina eða halda sig við strengina.

Það var álit allra þeirra sérfræðinga, sem ég kvaddi til og ekki er ástæða til að ætla annað en ráði yfir mestri þekkingu á þessu sviði sem er að finna hér á landi, að það yrði að fara að aðhafast eitthvað í þessum efnum og mundi engin þjóð fara inn á það að endurnýja sæstrengi, enda væri hættan við þá svo mikil og þeir væru svo óöruggir að það væri ekki hægt að hugsa sér þá leið.

Af þessum ástæðum ákvað ríkisstj. að skipa n. til þess að ræða við Mikla norræna um framtíð málsins. Það, sem við fórum fyrst fram á í þessum samningum, var að það stytti tímann og yrði ekki hér nema til 1980. Á þetta féllst það ekki. Það voru að sjálfsögðu reyndar margar leiðir til samninga, og samningamennirnir voru, að ég tel mig geta fullyrt, mjög færir menn. En það var eins og oft vill verða, að viðsemjendur höfðu uppi sínar varnir, töldu hins vegar eðlilegt og vildu gjarnan fá friðsamlega lausn á þessu máli. Þess vegna varð það niðurstaðan að gerður var sá samningur sem hér hefur verið ræddur. Ástæðan til þess, að hann hefur ekki verið lagður fyrir Alþ., er sú, að samningurinn, sem gerður var 1960, var gerður með sama hætti, hann var ekki lagður fyrir Alþ. til staðfestingar og hann var þó til 25 ára. Raunverulega verður að telja að hér sé miklu frekar um viðbótarsamning að ræða heldur en sjálfstæðan samning hvað þetta varðar.

En ástæðan til þess, að skattfrelsi kom inn í þetta mál, var einfaldlega sú, að félagið hefur aldrei greitt hér neina skatta af sínum tekjum. Strengur þess liggur í sjó, en ekki uppi á landi, og það gerði það að verkum að íslensk lög tóku ekki yfir það.

Það var í raun og veru miklu meiri áhugi frá okkar hendi að fá þá til þess að taka virkan þátt í að byggja jarðstöðina með okkur heldur en að fara að leggja þessa strengi sem e. t. v. mundu reynast vel, en e. t. v. ekki, og alla vega urðum við þá að vera búnir að axla byrðarnar fyrir 1985 til þess að taka við þessum málum að öllu leyti.

Enn fremur er það svo, að Landssíminn greiðir hér ekki nema að mjög takmörkuðu leyti skatta, en þó að nokkru. En allar stórframkvæmdir á vegum ríkisins, eins og rafveitur og annað því um líkt, þær hafa verið undanþegnar aðflutningsgjöldum og söluskatti, og það var óframkvæmanlegt að hugsa sér að Landssíminn gæti byggt jarðstöðina ef hann nyti ekki þess sama. Það var því ekkert síður okkar mál heldur en þeirra hvað viðkom málinu í heild, því við erum þeir sem eignumst þetta að öllu leyti í framtíðinni. Ef reksturinn gengur eins vel og t. d. kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. og bjartsýnustu spár eru um og jafnvel betur en það, þá verður án efa ekki tekin önnur ákvörðun 1985 heldur en að leysa til sín það sem félagið á þá eftir.

Ég vil líka vekja athygli á því, að með þessari framkvæmd fáum við strax rýmra svið en við áður höfðum. Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., hefur félagið 75% tekna af fyrstu 24 rásunum, en 50% af næstu 24 rásunum og við hinn hlutann, en eftir það höfum við tekjur að öllu leyti. Enn fremur er það svo, að ýmis fyrirtæki, t. d. núna Veðurstofan, Flugleiðir og Alþjóðaflugmálastofnunin, hafa hér leigðar línur milli Íslands og annarra landa, og tekjur af þessum leigulínum, sem fer fjölgandi, — það eru fleiri aðilar sem mundu sækja í þetta ef við hefðum línur lausar, — allt þetta fellur okkur í skaut eftir að jarðstöðin er komin upp. Enn fremur er það svo, að félagið starfar innan þeirra marka sem samningstímabilið setur, til 1985, en þó að það verði í samstarfi lengur, en fram að þeim tíma getur það þó ekki hækkað þessa taxta og ákveðið sér meiri tekjur vegna þess að þar erum við komnir með sama rétt og það til gjaldaákvörðunar. Þess vegna getur það ekki aukið tekjur sínar hlutfallslega frá því sem nú er. En auk þess er það svo að eftir þann tíma, þó að það verði með okkur í rekstrinum, þá er það okkar ráð, íslendinga, hvort við notum okkur það að halda töxtunum svo háum eins og þeir eru nú, sem er talið mjög hátt, til þess þá að greiða stöðina fljótar niður, eða hvort við lækkum taxtana, því að Mikla norræna er þá orðið minnihlutaaðili að öllu leyti í sambandi við þessi mál.

Þess vegna held ég að það sé augljóst mál, að hér hafi ekki verið um vanhugsað mál að ræða, mál sem ekki hafi verið rannsakað, því ég held að það hafi verið rannsakað af færustu mönnum okkar í þeim efnum og ráð, sem þeir hafi gefið, hafi verið þau farsælustu og allir sérfræðingar, sem þekkja inn á þessi tæknisvið, a. m. k. hér á landi, hefðu gefið þessi sömu ráð. Og ég hef ekki trú á því, að svo fjölmennur hópur sem þarna var að verki hjá símanum hefði verið svo einróma um að þessi leið yrði valin ef það hefði ekki verið þeirra sameiginlega álit að hér væri rétt valið.

Ég held líka að við höfum ekki af því annað en tjónið ef þeir fara að leggja sæstrenginn núna og láta þessa fjármuni í þá framkvæmd sem verður okkur svo einskis virði eftir 1985, í staðinn fyrir að eðlilegar afskriftir verði að þeirra eignarhluta frá því að stöðin er reist fram til 1985 og þá getum við leyst það til okkar á því verði sem verður eftir óafskrifað af þessari fjárhæð. Ef hins vegar við bíðum til 1991, þá greiðum við þeim ekkert af þessari fjárhæð sem þeir leggja í jarðstöðina.

Ég held líka að það muni sýna sig, að Landssíminn fær miklu meiri tekjur en hann hefur

í dag eftir að þetta er komið til framkvæmda og þetta er fjárhagslega stórkostlegur ávinningur fyrir hann. Auk þess vil ég endurtaka það, að ég lít á það sem verulegan þátt í okkar sjálfstæðisbaráttu að hafa fengið umráð yfir fjarskiptum, því fjarskipti landa á milli eru orðin það þýðingarmikill þáttur í sjálfstæði þjóðarinnar.

Nú þegar höfum við meiri hl. í stjórn þessarar stöðvar, og í farmtíðinni verður hún okkar eign. Ég vona satt að segja að það takist svo vel til að það verði hægt að leysa jarðstöðina til sín að öllu leyti þegar samningurinn rennur út 1985.

Hitt vil ég taka fram, sem ég gat ekki um áðan, að ég lenti í sjónvarpsþætti út af þessu máli í fyrra, það var þá á rannsóknarstigi og ég tók það þá fram, að ég tæki ekki þátt í því að brjóta gerða samninga. Við það hélt ég mig, og þess vegna beitti ég mér fyrir því innan ríkisstj. að leitað yrði eftir því að gera samning sem væri okkur hagkvæmur og flýtti því að við næðum því takmarki í fjarskiptum okkar sem færustu menn töldu okkur happadrýgst. Á því er samningur þessi byggður og sú málaleitan sem hér fer fram, og ég veit að hv. alþm. er ljóst að hér var rétt að staðið.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég verð nú að segja það alveg eins og er, að ekki virtist mér að hæstv. ráðh. svaraði mörgu af fram kominni gagnrýni á meðferð þessa máls.

Ég tel að það sé harla lítil afsökun fyrir því, að samningur þessi er ekki lagður fyrir Alþ., að svo hafi ekki verið gert árið 1960. Ég held að hæstv. ráðh. hefði þurft að hafa aðrar og haldbetri skýringar á takteinum til þess að gera grein fyrir því að ekki sé þörf á því, jafnvel þótt svo klaufalega hafi verið að staðið fyrir 16 árum.

Enn síður gerði ráðh. neina tilraun til að útskýra það, hvers vegna ekki var í samningnum gerður fyrirvari um samþykki Alþ., a. m. k. fyrir skattfrelsinu, því alveg átti að vera ljóst að jafnvel þótt Alþ. þyrfti ekki að staðfesta sjálfan samninginn að áliti einhverra ákveðinna aðila í samgrn., þá hlaut þó Alþ. að verða að leggja blessun sína yfir skattfrelsið. Annað var óhugsandi.

Ég nefndi í ræðu minni fyrr í dag þrjár leiðir í þessu máli. Fyrsta leiðin er sú, að reynt hefur verið að semja við Mikla norræna um að leysa það með öllu frá fyrri samningi með hliðsjón af breyttum aðstæðum. Önnur leiðin er að semja við félagið um byggingu jarðstöðvar og þá með viðunandi skilmálum. Þriðja leiðin er að láta kyrrt liggja þótt félagið leggi nýjan sæstreng og þjóni okkur með þeim hætti fram til 1985, þegar við getum vel verið undir það búnir að taka þessa starfsemi í okkar hendur. Allt eru þetta leiðir sem vel koma til greina, og mér er ekki ljóst hversu vel hefur á þetta reynt raunverulega.

Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir, þegar tveir aðilar standa í samningum, að þá þarf að sjálfsögðu nokkra hörku til að ná hagstæðum samningum og menn verða auðvitað að vera reiðubúnir að berja í borðið að hóta hörðu til þess að ná því fram sem þeir vilja ná fram. En það er svo að sjá að Mikla norræna símafélagið hafi látið í ljós þá afstöðu sína, að það væri ekki til samninga um það tvennt sem ég nefndi fyrst, þ. e. a. s. að það yrði leyst út annað hvort strax eða á árinu 1980, eða þá hitt, að það borgaði skatta hér á landi eins og önnur fyrirtæki eiga að gera, hafi það verið látið gott heita. Nú skulu menn athuga það, að þetta fyrirtæki verður að sjálfsögðu að borga skatt í Danmörku, það sleppur ekki alveg undan skattgreiðslum. Það verður þá að borga þennan skatt í Danmörku, og hefði maður því haldið að fyrirtækinu ætti að vera nokkuð sama þó að það borgaði a. m. k. jafnháan skatt hér á landi. Því hefur verið haldið fram að skattprósentan sé heldur hærri hér á Íslandi en í Danmörku, og má það vera rétt, ég þekki það ekki svo gjörla. En allt annað hefði verið fyrir Alþ. að samþ. það að láta nægja sömu skattgreiðslu hér á landi sem fyrirtækið yrði ella að gjalda í Danmörku. En það er nú ekki því að heilsa, heldur er einfaldlega um það að ræða að ríkið er að afsala þessum skattgreiðslum í hendur danska ríkinu.

Auðvitað þykir Mikla norræna símafélaginu heldur þægilegra að borga allan sinn skatt á sama stað, og ég geri ráð fyrir því, að bókhaldarar fyrirtækisins hafi talið heldur óþægilegra að standa í því að standa skil á skatti einhvers staðar norður í Dumbshafi.

En auðvitað reynir ekki almennilega á það, hvort fyrirtækið er reiðubúið til þess að lúta sömu lögum og reglum og önnur fyrirtæki sem hér starfa, öðruvísi en að barið sé í borðið og mönnum sé sýndur hnefinn, að ef menn fallist ekki á svo sjálfsagðar kröfur, þá muni Íslendingar grípa til annarra ráða. Og það eru þær leiðir sem ég nefndi hér áðan. Annars vegar var að vísu hugsanlegt að láta þetta alveg kyrrt liggja og bíða til ársins 1985. En mönnum sýndist e. t. v. af tæknilegum ástæðum að sú leið væri óviðunandi, sem ég dreg satt að segja mjög í efa að menn geti haldið fram með fullum rétti. Ég veit að vísu vel að þessir tæknimenn vilja alltaf hafa hlutina í sem bestu lagi og nota þá tækni sem nýjust er á hverjum tíma. Maður skilur það sjónarmið. En það er ekki alveg víst að þeir hafi velt því mikið fyrir sér, hvort það væri forsvaranlegt að gera svo slæma samninga og verja svo miklu fé í þá leið sem þeir helst kusu, þ. e. a. s. byggingu jarðstöðvarinnar. En ef menn sem sagt töldu að bæði af tæknilegum ástæðum og fjárhagslegum ástæðum væri skynsamlegast að reisa jarðstöð, þá áttu þeir að sjálfsögðu að hóta Mikla norræna símafélaginu því, að samningunum yrði riftað, ekki vegna vanefndar, eins og hæstv. ráðh. margendurtók hér áðan, heldur vegna breyttra forsendna.

Ég er alveg tilbúinn að fallast á það, að aðstæður séu ekki þess eðlis að það hafi verið möguleiki að rifta þessum samningi vegna vanefnda. Satt að segja þekki ég það mál ákaflega lítið og get ekkert um það fullyrt, en ég get tekið trúanlegar fullyrðingar um það efni. En hitt er þá eftir, að halda því fram að samningurinn sé uppsegjanlegur vegna breyttra forsendna, vegna gjörólíkra aðstæðna frá því sem

var þegar samningurinn var gerður. Og ég get hér upplýst hv. alþm. og hæstv. ráðh. um það, að dr. Gaukur Jörundsson prófessor, sem hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, lét einmitt á nefndarfundi þau orð falla að sjálfsagt væru möguleikar að halda því fram, að samningurinn væri riftanlegur vegna breyttra forsendna.

Ég veit að hæstv. ráðh. dregur ekki í efa að Gaukur Jörundsson prófessor hafi sagt þetta á nefndarfundi. En hvort hæstv. ráðh. er honum sammála, það er annað mál. Prófessor Gaukur Jörundsson sagði að vísu að hann gæti ekkert fullyrt um það til eða frá, hvort það síðan stæðist fyrir dómi, að samningurinn væri uppsegjanlegur vegna breyttra aðstæðna og brostinna forsendna, en hann sagði að þessi röksemd hefði verið frambærileg og það hefði því verið hægt að hafa hana uppi.

Ég tel að þetta mál sé sem sagt ekki nándar nærri nógu vel athugað og að Mikla norræna símafélaginu hafi aldrei verið sýnt það, að íslendingar gætu tekið til sinna ráða ef þeir teldu nauðsynlegt.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að í umræðuþætti í sjónvarpi, Kastljósi svonefndu, hefði þessi mál borið á góma fyrir nokkrum árum og þar hefði því verið haldið fram af stjórnanda þáttarins að um væri að ræða sjálfstæðismál að fjarskiptin kæmust í hendur íslendinga. Auðvitað eru flestir sammála um að svo er. Auðvitað geta allir skrifað undir það, að það er sjálfsagt og eðlilegt að íslendingar hafi með þessi mál að gera. Það er bara nokkuð seint séð nú að ætla að taka þá afstöðu, þegar menn eru búnir að binda sig í samningi til ársins 1985, og satt að segja dálítið erfitt að sjá að málið sé eitthvað meira sjálfstæðismál í dag heldur en það var árið 1960 eða enn fyrr, því að Mikla norræna símafélagið er búið að hafa þessi mál með höndum í marga áratugi, í 70 ár. Nú eru aðeins 8 ár eftir af þessum samningi og þó að það sé vissulega ákjósanlegt að íslendingar geti tekið þessa fjarskiptaþjónustu í sínar hendur, þá virðist manni ekki að það megi kaupa það hvaða verði sem er, það verði að sjálfsögðu að skoða hvað það kosti okkur og þá alveg sérstaklega að velja þá leið sem skynsamlegust er.

Ég hef síður en svo neitt á móti því almennt, að við íslendingar tökum þessi mál í okkar hendur nú þegar ef færustu menn telja það brýna nauðsyn. Mér hefur hins vegar ekki virst að neinn héldi því beinlínis fram að um væri að ræða brýna nauðsyn. En ef mönnum sýnist svo, þá er sjálfsagt að gera það, að við íslendingar tökum þetta í okkar hendur. En þá eigum við einfaldlega að gera það með því að leita eftir samningi við Mikla norræna um að við tökum þetta yfir og segja samningnum upp ella.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en það hefur komið fram í umr. að einn möguleikinn hefði verið að láta þetta mál kyrrt liggja og láta Mikla norræna símafélagið um þetta og láta það standa við sínar skuldbindingar. Ég er nokkuð sannfærður um að þetta hefði verið sú leið sem Mikla norræna símafélagið hefði helst kosið, vegna þess að þá hefði það orðið eitt um þær tekjur sem hefðu orðið af þessum viðskiptum. Ég held að það hafi alla vega verið nauðsynlegt fyrir okkur að komast inn í einkaleyfið og komast í tekjurnar af viðbótarsímastreng. Hvað hefði gerst ef þetta hefði verið látið kyrrt liggja og sæsímastrengurinn verið valinn? Það hefði gerst, að Mikla norræna símafélagið hefði enga skatta greitt til okkar vegna þess að þar var um sæsímastreng að ræða, engin fasteignagjöld, enga tolla og engan tekjuskatt. Og það er alveg augsýnilegt í þessari samningagerð, að það er þetta sem Mikla norræna símafélagið leggur sem grundvöll. Ég skal ekkert dæma um það, hvort hafi verið hægt með einhverjum hörkubrögðum og klókindum, lögfræðilegum klókindum, að koma í veg fyrir þetta. Ég skal ekki gerast spámaður um það. En alla vega sagði Gaukur Jörundsson að hann teldi að það hefði ekki verið hægt að fá þá til að greiða hér skatt. En ég vildi bara leggja áherslu á það, að það er þetta sem þeir leggja til grundvallar, að hefðu þeir leyst málið með sæsímastreng, sem þeir hefðu gert ef þeir hefðu átt að gegna sínum skyldum og leysa þennan samning, þá hefðu þeir ekki greitt neinn skatt.

Það er annað sem líka skín í gegn hér, að þeir eru ekki tilbúnir til að leggja fram meira fjármagn en sem nemur því sem þeir hefðu þurft að gera ef sæsímastrengurinn hefði verið valinn. Og síðan kemur í ljós að þeir vilja einnig tryggja sér það í samningnum, að verðbreyting á töxtum verði ekki þannig að tekjur þeirra detti niður. Og það er í framhaldi af því í þessari grein að þeim eru tryggðar árlegar rekstrartekjur, rúmar 2 millj. danskar, þannig að það er augljóst að þeir hafa eitthvað út úr þessum viðskiptum og það allverulegt. Ég hygg að það kosti okkur nokkuð í reynd að losa okkur við þessa samninga, en þó eru það ekki alveg þessar 2 millj. sem þeir hafa í reynd, því frá því þarf að draga afskrift af jarðstöðinni, sem er þeirra framlag, afskrifaðar 10 millj. danskar á 13 árum. Og þeir eru ekki reiðubúnir að leggja krónu umfram þessar 10 millj. greinilega, vegna þess að þeir hefðu ekki þurft að gera það hefðu þeir lagt sæsímastreng, þannig að það er augljóst hvað kemur í gegn.

Varðandi notkun okkar á þessari jarðstöð í sambandi við sjónvarpsefni, þá held ég að það sé ljóst, að sú notkun verður engin upphafsstaða eða grundvöllur í rekstri þessarar jarðstöðvar. Þar verður aðeins um lítil viðskipti að ræða að mínum dómi og við getum í sjálfu sér verðlagt þessa þjónustu á hvaða verði sem er. Það er okkar ákvörðun. Jarðstöðin hefur nánast óendanlega möguleika til þess að taka á móti efni eða senda út efni, hvort sem það er sjónvarpsefni eða símtöl, og það er í sjálfu sér enginn umframkostnaður fyrir okkar jarðstöð að taka á móti þessu efni, þannig að við getum í sjálfu sér verðlagt þetta á hvaða verði sem er. (RA: Einhverjir verða að senda það.) Það er ákvörðunaratriði síðari tíma. En það er alveg rétt, að hver sendir á hinum endanum, eða tekur á móti á hinum endanum, því ráðum við ekki.

Ég var aðeins að tala um þennan enda sem við stöndum á. Við höfum því miður ekki umráðarétt yfir hinum í þessu efni — eða sem betur fer kannske réttara sagt. Það var aðeins þetta sem ég vildi láta koma fram. Mér finnst að þetta sé svo augljóst, að þeir leggja alla áherslu á að njóta þeirra kjara, þeirra skattfríðinda, sem þeir hefðu notið hefði verið um sæsímastreng að ræða. Hitt er svo annað mál, ég tek undir það, að að sjálfsögðu hefði verið æskilegt að þeir greiddu skatta og skyldur af sínum hluta hér á landi.

En sem sagt, það kom fram að okkar samningamenn töldu að ekki hefði verið hægt að ná þeim samningum. Það má sjálfsagt draga það í efa. En þó leyfi ég mér að fullyrða það, að hér hafi verið um mjög færa menn að ræða.

ATKVGR.

Brtt. á þskj. 514 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, RA, StJ.

nei: IT, IH, JHelg, JÁH, JGS, OÓ, StH, StG, AG, AJ, ÁB, HÁ, ÞK.

4 þm. (EggÞ, EÁ, GeirG, GH) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. (þskj. 427). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 475, n. 495). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 25. apríl 1975, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hér er um að ræða mál sem er samkomulagsatriði við stjórn Bandalags háskólamanna og leggur hún mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál frekar, en n. leggur til shlj. að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 286, n. 486). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 486 hefur menntmn. þessarar hv. d. athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá Nd. Að vísu hefði kannske verið umhugsunarefni að gera smábreytingar til að kveða fastar og ákveðnar á um að það væri fyrst og fremst í samþykkt fjárlaga sem fjölbrautaskólar verði stofnaðir. En neðst í 2. gr. frv. stendur, með leyfi forseta: „Samningur um stofnun fjölbrautaskóla er háður samþykki fjmrn. eða fjárveitingu í fjárlögum“. Við vildum ekki gera á þessu breytingu nú til þess að tefja ekki fyrir málinu, en láta það koma skýrt fram við umr. hér, að vitanlega er það fjárlagaafgreiðslan sem hefur þarna fyrst og fremst síðasta orðið.

Frv. þetta er til þess fyrst og fremst að kveða ákveðnar á um námsskrá, sér í lagi varðandi iðnnámið í fjölbrautaskólunum og um annað nám í fjölbrautaskóla sem réttindi veitir. Þá er og í 6. gr. stuðlað að því að skapa meiri sveigjanleika varðandi kostnaðarhlutföllin. En eins og þm. mun kunnugt, þá er samkv. gildandi lögum, og þeim ákvæðum verður að vísu ekki breytt með þessu, að um skóla, sem taldir eru upp í ákvæði til bráðabirgða í frv., gilda þau ákvæði að ríkið kostar þá 60% og sveitarfélögin 40%. Með þessu á að verða a. m. k. greitt nokkuð fyrir því að fjölbrautaskólar verði stofnaðir víðar. Er raunar tekið fram í grg. að það sé í athugun varðandi Selfoss. Þar er minnst á Keflavík, það er orðið þar að veruleika, og Austurland. Og þar er einnig atriði sem ég get ekki annað en vikið aðeins að, því þar stendur orðrétt, með leyfi forseta: „Auk þess hefur verið ákveðið að koma á fót fjölbrautanámi í Kópavogi.“ Þetta er alveg einhliða ákvörðun, vil ég segja, sem þarna er komin á blað, því það hafa átt sér stað þó nokkrar viðræður milli menntmrn. annars vegar og bæjarstjórnar Kópavogs um þetta atriði og bæjarstjórn Kópavogs hefur ekki léð máls á því að ganga til samninga vegna þeirrar kostnaðarskiptingar sem í gildi er. Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram vegna þess að mér sýnist þetta vera nokkuð einhliða sett fram þarna. Við höfum ávallt rætt við rn. og Kópavogsbúa um menntaskóla með fjölbrautasniði, en alls ekki um fjölbrautaskóla meðan kostnaðarhlutföllin eru þessi hins vegar sett fram þá ósk, að það verði tryggður tekjustofn til að standa undir þessu. Má vera að þetta skýrist allt betur þegar frv. til l. um framhaldsskóla verður að veruleika, en það tekur eflaust til þessara skóla sem við erum með hér til umr. eins og annarra skóla framhaldsnáms.

Ég endurtek svo, herra forseti, að menntmn. þessarar d. mælir með samþykkt frv. eins og það var afgreitt í Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Sauðfjárbaðanir, frv. (þskj. 353, n. 484, 485). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., til laga um sauðfjárbaðanir hefur hlotið afgreiðslu í Nd., en landbn. þessarar hv. d. hefur rætt það á nokkrum fundum og fengið til fundar við sig, eins og segir í nál. á þskj. 484, Halldór Pálsson búnaðarmálastjóra og Hauk Jörundsson fulltrúa til upplýsinga um ýmis efnisatriði frv.

Það kom í ljós, þegar n. fór að ræða frv., að menn voru ekki fyllilega ásáttir um að samþ. það algjörlega óbreytt. Ég vil aðeins koma að þeim þremur atriðum, sem samkomulag varð um í n. að breyta.

Þegar málið var rætt, þá skýrðist það fyrir mönnum að sá tími, sem notaður er til að baða sauðfé, er hvergi nærri sá sami hvar sem er á landinu. Það er greinilegt að norðanlands er baðað miklu fyrr vetrar. Fulltrúar þaðan lögðu áherslu á að það mætti baða strax eftir 1. nóv. eða áður en höfuðvetrarharðindin riðu þar yfir. Hins vegar upplýstist að sunnanlands heyrir það til undantekninga ef sauðfjárbaðanir fara fram fyrir áramót og þar sem fengitíminn nær nokkuð fram í janúarmánuð, þá hefði ekki orðið upp á að hlaupa nema 1½ mánuð til böðunar með því að ekki mætti baða eftir 1. mars, eins og segir í frv. eins og það kom frá Nd. Það varð því að ráði í landbn. þessarar hv. d. að færa aftur um ½ mánuð þann tíma sem böðun mætti standa yfir, eða til 15. mars, svo að gæfist sæmilega rúmur tími hvarvetna um landið að koma á böðun. Það er fyrri liður í brtt. n. við 2. gr. á þskj. 485, að í stað 1. mars komi 15. mars.

Þá er einnig við 2. gr. lagt til að sú breyt. verði gerð, að fellt verði niður úr gr., eins og frv. kom frá Nd., orðið „yfirleitt". Það er lagt til að upphaf 2. gr. hljóði svo: „Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 15. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús." Það er í samræmi við það sem rætt var hér við 1. umr. málsins í d., að orðið „yfirleitt" yrði ekki til þess að draga úr þeim fyrirmælum sem fara ætti eftir við framkvæmd böðunar.

Þriðja brtt., sem n. leggur til við frv., er við 5. gr., þar sem fjallað er um það þegar ákvörðun er tekin um kláðaböðun eða sérstaka endurtekna böðun. Þá er gert ráð fyrir því, að þar sem óþrifa verði vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólfi, þrátt fyrir að böðunarskyldu samkv. almennum ákvæðum laga þessara sé fullnægt, er landbrh. rétt að fyrirskipa að ráði yfirdýralæknis sérstaka útrýmingarböðun. Hér þótti n. réttara að kveðja einnig til sveitarstjórnir á viðkomandi svæði, því að það er vissulega miklu vænlegra til þess að ná árangri við útrýmingarböðun að hafa fullkomið samráð við þær sveitarstjórnir sem eru starfandi á þeim svæðum sem böðunin tekur til. Sem sagt við leggjum til, að haft verði samráð við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði.

Þetta eru þær þrjár brtt., sem n. varð sammála um að flytja við frv.

Axel Jónsson var fjarverandi þegar málið var afgreitt frá n., en einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kynnu að koma.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins geta um það, að það var nokkuð rætt innan n., hvort rétt væri að heimila í reglugerð að setja ákvæði um dagsektir á hendur fjáreigendum sem hefðu ekki baðað án lögmætra forfalla. Og það var rætt með sérstöku tilliti til þess, að gert er ráð fyrir sérstökum sektum almennt talað fyrir brot á þeim lögum sem hér er verið að setja Það þótti ekki rétt að hverfa frá því, að í reglugerðinni væri heimilt að setja ákvæði um dagsektir. Í fyrsta lagi er þess að geta, að þetta ákvæði og þessi heimild er í gildandi lögum og hefur verið það lengi. Og í annan stað, eftir að búið er að rýmka þann tíma, sem má hafa til böðunar, allt til 15. mars hafa menn yfirleitt það rúman tíma til að það ætti ekki að vera þörf á því að fella niður böðun. Þess vegna mundi í flestum tilfellum mega telja það til brota við lögin að tilefnislausu og því ástæða til að hafa sektir við þetta ákvæði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. hér. Ég tel að það hafi verið þörf á því að setja í endurskoðun þessi lög. Þau eru frá 1959 og líklega með litlum breytingum síðan, og n. lítur svo á, að þetta frv. sé þannig að það ætti að vera til stórra bóta og vonir standa til að hægt verði í krafti þeirra að kveða gjörsamlega niður þann vágest sem óþrif í sauðfé hafa verið fram að þessu.

N. leggur til að frv. verði samþ. með þeim breyt. sem ég hef hér skýrt og skráðar eru á þskj. 485.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Vafalaust eru til þeir menn hérlendis sem eru fróðari um sauðfjárbaðanir en ég er. Ég hef samt tekið þátt í því ásamt öðrum nm. landbn. að afgreiða þetta mál að bestu manna yfirsýn, enda vefst það auðvitað ekki fyrir neinum að þörf er á að útrýma þeim vágesti sem hér um ræðir. En ýmsar athugasemdir hafa verið gerðar við þetta frv. Ýmsum hefur fundist að ekki væri einsýnt hverjir ættu að hafa valdið í sínum höndum, og búnaðarmálastjóri benti okkur nm. á að inn í lögin kynni að vanta ákvæði sem gerðu ráð fyrir því, að leitað væri til bændanna sjálfra, þegar vandamál af þessu tagi kæmu upp, um samþykki þeirra fyrir því að útrýmingarböðun færi fram, því hyggilegt gæti verið að bændur sjálfir samþ. á fjölmennum fundi að standa að slíku úrræði, frekar en að allar ákvarðanir kæmu að ofan.

Ég ætla nú ekki hér að gera athugasemdir við einstakar gr. frv. út frá þessu sjónarmiði, en vil hins vegar láta þess getið að einn ágætur vinur minn, bóndi í Húnaþingi, hefur bent mér á að ákvæðið um sektir í frv. þessu sé með óeðlilega harðneskjulegum hætti. Hann bendir á að ekki sé aðeins um það að ræða að hægt sé að dæma menn í háar fjársektir samkv. 10. gr., þessir menn verða að greiða jafnvirði 300 kg af 1. flokks dilkakjöti á næstliðinni sláturtíð, heldur geta menn líka lent í því að verða að borga dagsektir og þær séu í dag 20 kr. á hverja kind. Þar sem hér er um stórbónda að ræða sem

á sjálfsagt upp undir 1000 fjár, þá er ljóst að fyrir slíka menn gæti hér verið um óhemjufjármuni að ræða ef eitthvað drægist að verða við fyrirskipunum. Hefur hann bent á að oft kynni að fara svo, að menn yrðu á örfáum dögum gerðir að öreigum vegna þess að embættismenn fyrirskipuðu baðanir sem ekki ættu við rök að styðjast.

Þetta vildi ég gjarnan að kæmi hér fram við umr., því ég vil síst stuðla að því að gildir bændur séu að öreigum gerðir, og vildi eindregið fara þess á leit við hæstv. landbrh., vegna þess að hér mun vera um að ræða reglugerðarákvæði, að hann athugi hvort ekki kynni að vera hyggilegt að haga refsiaðgerðum í hófi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 485,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 485,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. (þskj. 308). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 298, n. 496, 497). — 2. umr.

Frsm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég flutti á þskj. 298 frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. þetta og leitað umsagnar víða og hefur orðið sammála um að mæla með breytingu á 1. gr. Í stað orðsins „Fiskkassar“ í tollskrárnr. 39 07 13 í 1. gr. laganna komi Fiskkassar og vörupallar úr plasti (plastpallets). Mælir n. með því að frv. verði samþ. svo breytt. Að öðru leyti helst frv. óbreytt, þ. e. a. s. 2. gr., að lög þessi öðlist þegar gildi.

ATKVGR.

Brtt. 497 samþ með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 332, n. 476, 477). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, 169. mál. 1. gr. frv. hljóðar þannig:

„Aftan við 59. gr. l. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skylt er ökumanni og farþega bifhjóls að nota hlífðarhjálm við akstur.“

N. sendi frv. til umsagnar og fékk umsögn frá dómsmrn. og einnig sérfræðing dómsmrn. í umferðarmálum á sinn fund.

Í umsögn rn. segir m. a., með leyfi forseta:

„Læknisfræðilegar athuganir hafa leitt í ljós, að notkun hjálma dregur verulega úr hættu á höfuðáverkum og að hjálmar veita mesta vernd gegn áverka við fall til jarðar, en þá ræður fallhæðin höggi, en ekki hraði ökutækisins fram á við. Niðurstaða þess vinnuhóps, sem að athugun á þessu vann, var sú, að notkun hlífðarhjálma minnkar hættu á höfuðáverkum um meira en fjórðung. Með því að höfuðáverkar eru oft alvarlegs eðlis gegnir hjálmurinn þýðingarmiklu hlutverki til verndar. Rn. mælir því með samþykkt frv., en vill gera það örlítið fullkomnara.“

Að öllu þessu athuguðu ber n. fram brtt. við frv. sem eru svo hljóðandi:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 59. gr. l. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmrh. getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a) Við 8. mgr. 60. gr. l. bætist:

Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann létts bifhjóls.

b) Við 3. mgr. 67. gr. l. bætist:

Vanræksla á notkun hlífðarhjálms, sbr. 4. mgr. 59. gr. og 8. mgr. 60. gr., leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Breytingar þessar á umferðarlögum taka gildi 1. jan. 1978“.

Allshn. gefur út nál. þar sem hún leggur til einróma að frv. verði samþ. með þeim breyt. er hún flytur á sérstöku þskj.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er mjög ánægður með þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á frv. um notkun hlífðarhjálma, öryggishjálma á bifhjólum. Við fyrsta lestur virtist mér að vísu að óþarft væri að undanþiggja menn skyldu við bensínstöðvar eða við verkstæði. Mér fannst það liggja í augum uppi að þá þyrftu menn ekki að vera með þessa hjálma eða væri a. m. k. óþarfi að ætlast til þess.

Við nánari íhugun komst ég að þeirri niðurstöðu, að lögfræðingar dómsmrn. hefðu e. t. v. nokkuð fyrir sér þegar þeir vildu að þessi undanþága kæmi fram í lagagr. sjálfri. Ég hafði ímyndað mér að hægt væri líka í reglugerð að kveða á um þetta, hafði jafnvel hvarflað að mér að þá kynni alveg eins að vera nauðsynlegt að kveða á um það í lögum, að þegar ökumaður bifhjóls t. d. yrði að nema staðar sökum þess að jarðarför þyrfti að fara fram hjá, þá yrði honum heimilað að taka ofan höfuðfatið í virðingarskyni við hinn látna, og þá jafnvel að ganga svo langt að kveða á um það beinlínis í lögunum, að nú klæjar ökumann í höfuðið og þá er honum heimilt að taka hjálminn ofan á meðan hann klórar sér, að því tilskildu að hann setji höfuðfatið upp að athöfn lokinni. En nú sé ég, að reiknað er með því að ráðh. setji reglugerð um þessa skyldu, og ímynda mér að einmitt þar muni verða kveðið á um slíkar undanþágur.

Ég ítreka það í fullkominni alvöru, að ég er ásáttur með brtt. sem ég ætla að miði allar til hins betra og að frv. sé betra þannig.

ATKVGR.

Brtt. 477,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 477,2 (2 nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 477,3 (ný 2. gr., verður 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 25. apríl, að loknum 63. fundi.

Póst- og símamál, frv. (þskj. 524 (sbr. 324), 460, 475, 525). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Við 2. umr. málsins hér var til umr. brtt. á þskj. 460 frá hv. 2. þm. Reykn. sem tekin var aftur til 3. umr. Samgn. hefur orðið sammála um að flytja brtt. við frv. sem er að miklu leyti í samræmi við þessa till., á þá leið, að eftir 1. málsgr. 11. gr. frv. komi tvær nýjar málsgr. sem orðist svo:

„Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á.

Ráðh. er heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu."

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram við 2. umr. þessa máls hér í hv. d., þá lýsti ég því yfir að ég væri hlynntur því sem þar væri fjallað um gjaldskráratriði viðvíkjandi svæðisnúmerum, að það yrði sama gjald innan hvers svæðis. Þetta væri gömul till. sem ég hefði einu sinni flutt. Hins vegar gæti ég ekki hugsað mér framkvæmd hennar með þeim hætti sem þar var gert ráð fyrir. Nú hefur hins vegar orðið samkomulag um það í hv. samgn., og það samkomulag er einnig af mér stutt og gert í samráði við mig og ég er því mikill fylgismaður þess, að till. þessi á þskj. 525 nái hér fram að ganga og bætist við 11. gr. frv.

Á þskj. 460 frá hv. 2. þm. Reykn. var breyting á 1. mgr. 11. gr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann lánar endurgjaldslaust" — þ. e. síminn — „talstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks að fenginni umsögn Öryrkjabandalags Íslands. Þó skulu ekki lánaðar fleiri en 25 á hverjum tíma."

Það kom einnig fram í ræðu minni við 2. umr. þessa máls í hv. d., að þessi mál væru á margan hátt erfið mál og eðlilegast væri að þetta væri leyst af einum og sama aðila, þessi mál er varða öryrkja, ellilífeyrisþega og fatlað fólk og þá þætti sem snúa að því. Það hefur orðið samkomulag milli mín, fjmrh., heilbrrh. og menntmrh., en alla þessa ráðh. snerta þessi mál, að setja í það n. manna, sem færir eru til að fjalla um þessi mál, og sameina þetta þá í eitt og sama málið og finna leið til þess að greiða úr fyrir þessu fólki sem sannarlega er þörf á að gera og gera það á einn og sama hátt, það sé tekið inn í af einum og sama aðila að annast framkvæmd þessa máls.

Þessi yfirlýsing mín vonast ég til að nægi til þess að hv. 2. þm. Reykn. geti tekið till. sína aftur, til viðbótar því sem fram kemur í brtt. hv. samgn.

Þetta vildi ég láta koma hér fram.

Oddur Ólafsson: Herra forseti: Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf hér um að hann muni sjá til þess að n. verði skipuð til að leysa vandamál öryrkja og ellilífeyrisþega varðandi þau atriði, er getið var um í brtt. minni á þskj. 460, og einnig varðandi símamál þeirra. Á sama hátt tel ég að sú brtt., sem liggur hér fyrir frá samgn., komi mikið til móts við mína till., þ. e. a. s. hún er stefnumótandi varðandi gjaldskrárgerð, og þar af leiðandi dreg ég mína till. til baka.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins ein lítil fsp. til frsm. samgn. Seinni partur till. samgn. á þskj. 525 hljóðar svo: „Ráðh. er heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu." Þetta hlýtur að þýða tilfærslu á kostnaði. Ég vil gjarnan fá upplýst, áður en ég greiði atkv. um þessa till., hvernig sú tilfærsla er hugsuð eða hvort það er hugsað sem svo, að Síminn taki á sig sjálfur þann viðbótarkostnað sem af þessu leiðir.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég held að það sé nokkurn veginn ljóst hver hugmynd liggur þarna að baki, þ. e. a. s. að það eigi enginn að gjalda þess þó hann sé búsettur fjarri þeim stað þar sem stjórnsýslumiðstöðvarnar eru.

Við getum hugsað það, að ef nú í dag ætti að fara að ákveða t. d. hvar þessar stöðvar væru settar niður, og gildir reyndar það sama þó að það hafi verið ákveðið fyrir löngu, að þá hljóta þeir að njóta þess sem búa þar næst. Og ég held að við hljótum að geta verið sammála um að það sé ósanngjarnt ef ekki er reynt að jafna það þannig að menn þurfi að borga nokkurn veginn jafnt fyrir að njóta þessarar þjónustu frá ríkisstofnunum eða að leita sambands við þær. Þess vegna held ég að þessu verði jafnað út á alla í töxtum pósts- og símamálastofnunarinnar.

Albert Guðmundsson: Forseti. Ég fer nú að hugsa, þegar þessi niðurjöfnunarstefna brýst hér út hvað eftir annað, það er talað hér fyrir fólk: aumingja fólkið sem ekki býr í Reykjavík, það þarf að gera allt fyrir það og allt þarf að kosta meira fyrir þá sem njóta þeirra forréttinda að búa hér í Reykjavík. En sem sagt, ég þakka frsm. samgn. fyrir þær upplýsingar sem hann fékk hér þá boðleið sem ég bjóst við, í gegnum hægra eyra beint frá ráðh., að það stendur til að bæta þeim kostnaði, sem af þessu hlýst, á það fólk sem býr hér í þéttbýlinu. Og þakka ég þá ekki síður ráðh. fyrir þessar upplýsingar sem hann sendi hér upp í stólinn í gegnum frsm. samgn. Bara að þéttbýlisfólk geri sér það ljóst, hvað hér er á ferðinni enn þá einu sinni

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki vera langorður. Ég á bara ekki auðvelt með að sætta mig við að hv. 12. þm. Reykv. skilji ekki alveg að þetta er ekkert Reykjavíkurmál. Það er sami taxti fyrir öll þéttbýlissvæði landsins, hvort sem það er Seyðisfjörður, þar sem síminn kom á land, hvort sem það er Reykjavík eða Akureyri. Það eru sömu gjöldin, sem greidd eru, og ef jafnað er út þá hækka að sjálfsögðu símgjöld ekkert frekar í Reykjavík heldur en í Búðardal. Það er nákvæmlega sama. Þetta er rekstrarkostnaður símans. Þar að auki kemur það til kasta ráðh. að ákveða hver þessi gjöld verði og hvernig framkvæmd verði háttað, og það má gera það á ýmsan hátt. Ég tel að kostnaðarhækkunin sé svo ómerkilegt mál að það sé hreint ekki talandi um það, en breytingin er örugglega til hagræðis fyrir marga aðila.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég skal reyna að stilla mig um það að lengja þessar umr. nokkuð að ráði, enda hef ég ekki gert mjög mikið að því, að tefja umr. í þessari hv. d. með löngum ræðuhöldum. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna aðeins þann gífurlega mismun sem landsmönnum er raunar búinn við þá þjónustustarfsemi sem þó fer fram á vegum ríkisins. E. t. v. verður við fátt meira vart en einmitt símakostnaðinn. Það er svolítið ergilegt að sitja með símtólið norður í landi t. d. og ná loksins í 25000 hér í Reykjavík. Beðið um mann og svo heyrist ekkert lengi, svo kemur einhver dama í símann og segir eitthvað á þessa leið: „Voruð þér að biðja um ....“ „Jú, ég var nú að biðja um þennan mann.“ Síðan líða 1—2—3 mín. þannig að það gerist ekkert í málunum, einfaldlega vegna þess að allir verða auðvitað að sitja við sama borð með það að ná til þeirra sem verið er að biðja um, hvar sem þeir eru staddir á landinu, en þeir verða að borga ansi misjafnt fyrir það.

Ég held að þetta þurfi ekki endilega að vera neinn ókostur fyrir reykvíkinga, þó að þeim, sem úti á landi búa, væri gefinn kostur á því að ná til helstu stjórnsýslustöðva án tilfinnanlegs kostnaðar. Mér finnst það vera sanngirnismál, og ég trúi ekki öðru en þeir, sem búa hér næst stjórnsýslustöðvunum, geti vel unnt okkur þess, sem búum í fjarlægð, að geta náð til þeirra umsýslunarstofnana, sem við allir verðum að hafa nokkur samskipti við, á sambærilegu verði við þá sem búa hér nærri.

Ég heyri að hér eru nefndar sýsluskrifstofur. Ég get til gamans getið þess, af því að það er verið að tala um kostnað, — ég er reyndar svo lánsamur að ég er nýlega búinn að fá sjálfvirkan síma og það er geysileg framför, ekki síst fyrir þann sem býr í strjálbýlinu, — en ég get líka upplýst það, að fyrir venjulegt skrefagjald, — við höfum að vísu fleiri skref fyrir afnotagjaldið heldur en hér í Reykjavík, — þá næ ég í 80 símanúmer. Ef ég er staddur hér á Reykjavíkursvæðinu, þá get ég talað við u. þ. b. helming landsmanna á þessu sama skrefagjaldi. Í þessu út af fyrir sig felst gífurlegur mismunur á þjónustu sem þessi stofnun veitir landsmönnum. Ég sem sagt kemst ekki út fyrir minn litla hrepp án þess að fara í gegnum teljara sem telur skrefin. Ég kemst ekki til sýslumannsins á Húsavík. Ég get ekki talað við hann. Eg get ekki talað við verslanir. En ég get talað við hreppstjórann minn og oddvitann í þennan síma án þess að borga sérstakt gjald, en enga þar fyrir utan.

Eins og ég sagði, þá ætla ég ekki að fara að tala meira um þetta. En mér er það fullkomið alvörumál, að það er nauðsynlegt að við gerum okkur allir grein fyrir því, að við þá þjónustu, sem við veitum landsmönnum, sem við erum að reyna að veita hver öðrum, við erum að reyna að taka þátt í að sjá um að allir njóti, þá verðum við að gæta svo mikillar sanngirni sem mögulegt er í sambandi við greiðslur. Ýmsir aðrir möguleikar hljóta að verða aukalega fyrir þá sem lengra búa frá stjórnsýslustöðvunum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins í örstuttu framhaldi af því, sem hv. þm. Ingi Tryggvason sagði réttilega um það þegar einhver þarf að ná til stjórnsýslumiðstöðvar í Reykjavík utan af landi, vil ég benda á athugun á framfærslukostnaði á fjórum stöðum utan Reykjavíkur sem Hagstofa Íslands gerði og birtist í nóv. 1976. Þar er einmitt tekið slíkt dæmi. Það er á bls. 11 skýrt frá því, að ef íbúi úti á landi vill ná hér til Reykjavíkur og talar í klukkutíma, þá hefur hann þar með notað öll þau skref sem innifalin eru í einu ársfjórðungsgjaldi. Ef maður hringir í 25000 og þarf að bíða kannske nokkrar mínútur og fær síðan það svar, t. d. ef hann hringir í fjmrn., að því miður sé maðurinn ekki til viðtals á þessum tíma, og síðan hringir hann seinna og bíður aftur í nokkrar mín., þá eru fljót að fara þessi skref sem

hann hefur í ársfjórðungsgjaldinu. Hér í Reykjavík getur maðurinn hins vegar beðið endalaust í símanum ef hann nennir, og það er ekki nema eitt skref. Þetta er náttúrlega ákaflega mikill aðstöðumunur.

Einnig kemur fram í þessari skýrslu að árlegur símakostnaður á þessum stöðum er eins og hér segir, með leyfi forseta: Í Reykjavík hjá vísitölufjölskyldunni 31 723 kr. Á Ísafirði 48 193 kr. eða 51% hærri en í Reykjavík. Á Akureyri 34 864 kr., þ. e. a. s. aðeins tiltölulega lítillega hærri, sem er skýrt með því að það margar verslanir og mikil þjónusta muni vera á þessu svæði, sem er ekki bundið teljaraskrefum, að lítið þurfi að leita út fyrir það. Í Neskaupstað 49 000 kr., sem er 52% hærra en í Reykjavík. Og á Hvolsvelli 43 414 sem er um 34% hærra en í Reykjavík. Þarna er því ákaflega mikill aðstöðumunur.

Ég mun því fylgja þessari brtt., og raunar vil ég benda á að hún er fullkomlega í anda þáltill. sem Alþ. hefur þegar samþ. Það er hér verið að setja þau ákvæði nánast eins og þau voru í lögum, og þykir mér það réttmætt eftir þann tíma sem nú er liðinn frá því að það var samþ.

ATKVGR.

Brtt. 474 felld með 9:6 atkv.
— 460 tekin aftur.
— 525 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv. og afgr. til Nd.

Skattfrelsi jarðstöðvar, frv. (þskj. 398). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 475). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 527). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 528). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 503 (sbr. 18), 504). — Frh. 3. umr.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 504 mjög einfalda brtt. við þetta frv. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr. að ég mundi flytja þessa till. við 3. umr., en hún er við 10. gr., að á eftir orðinu „Seyðisfirði" í 2. mgr. 10. gr. komi: og bókasafninu í Vestmannaeyjum. Ég skal taka það fram, að eins og ég hef reyndar bent á við 2. umr. er þarna um að ræða alla landsfjórðunga, eitt bókasafn í öllum landsfjórðungum: á Vesturlandi þar sem um er að ræða Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, Bókasafn Ísafjarðar, Amtsbókasafnið á Akureyri og Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, þessir aðilar allir eiga samkv. 10. gr. rétt á að fá send til sín þau rit sem njóta styrks af almennu fé til útgáfu á ritum og bókum. Suðurland er þarna eitt af landshlutunum haft út undan og tel ég það ekki eðlilegt, sérstaklega þar sem í þessum landshluta er eitt af elstu bókasöfnum landsins, þ. e. í Vestmannaeyjum. Það bókasafn var stofnað 1862 og hefur starfað alveg óslitið síðan. Það er með stærri bókasöfnum landsins, þar eru yfir 20 þús. bindi, og tel ég mjög eðlilegt að Suðurland komi þarna inn eins og hinir landshlutarnir og þá verði tekið tillit til bókasafnsins í Vestmannaeyjum sem er langstærsta bókasafnið í þessum landshluta. Vona ég að hv. þm. taki þessari till. vel.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég tel rétt sem menntmn.-maður að segja örfá orð í sambandi við flutning á þeirri brtt. sem hér var verið að tala fyrir.

Ég hygg að við í menntmn. höfum svo sem gert okkur ljósa grein fyrir þeim vanda sem þarna er uppi. En það er rétt að benda á það, að menn leggja nokkuð misjafnan skilning í hugtakið um skylduskil til safna. Ég hygg að það sé fyrst og fremst uppi sá skilningur, að skylduskilum til safna fylgi ákveðin kvöð, þ. e. a. s. varðveislukvöð, og það sjónarmið sé látið ráða fyrst og fremst þegar eintökunum er

fækkað úr 12 niður í 4, með slíkri lagasetningu eða slíkum hugmyndum sé verið fyrst og fremst að tryggja að skyldueintökin séu nægilega mörg til þess að það sé tryggt að ritin verði varðveitt hvað sem koma kann fyrir á einhverjum einum stað.

Hins vegar er mér kunnugt um það, að aðrir telja að skylduskilin séu í raun og veru stuðningur við viðkomandi bókasafn, og þau hafa vissulega í framkvæmd verið það á þeim stöðum sem áratugi hafa búið við það að fá þessi eintök til sín, þ. e. a. s. auk Landsbókasafns og Háskólabókasafns og Amtsbókasafnsins á Akureyri er þar um að ræða Seyðisfjörð, Ísafjörð og Stykkishólm. Við höfðum orðið varir við það, að fleiri aðilar teldu sig þá rétt borna til þess að eiga greiðan aðgang að þeim eintökum sem þar eiga að varðveitast. En við höfum ekki treyst okkur í meiri hl. og raunar ekki í menntmn. allri til þess að mæla með því að hér yrði um útfærslu að ræða, með því að skylduskil til þessara safna eftirleiðis eru háð því að landsbókavörður óski eftir því, þannig að þar er um nokkra sigtun að ræða, þá haldi þessi bókasöfn að nokkru leyti stöðu sinni, a. m. k. í bili, miðað við það sem áður var. Hins vegar ef við byrjuðum á að útfæra þetta til annarra staða, þá væri það nánast að æra óstöðugan um það hversu víðtæk sú útfærsla yrði, og á þeim forsendum hefur meiri hl. menntmn. ekki treyst sér til þess að leggja til að nýir staðir yrðu teknir inn. (Gripið fram í.) Nei, og eins og ég sagði áðan, það er sumt sem er sameiginlegt með minni hl. og meiri hl. og það eru ekki heldur till. minni hl. um að þetta verði gert.

Mér þótti rétt, herra forseti, aðeins að koma inn með þessi atriði um leið og mælt er fyrir brtt., sérstaklega þar sem formaður menntmn. er ekki staddur hér á fundinum.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Mér er alveg ljóst hvað átt er við með skylduskilum til safna, að þau skuldbinda sig að taka á sig að varðveita þau rit sem þau kunna að fá. En mér er ómögulegt að skilja hvers vegna eitt safn á Suðurlandi má ekki taka þessa kvöð á sig. Safnið í Vestmannaeyjum er stærsta safnið á Suðurlandi og það er nú á þessu ári að flytja í mjög gott og nýtt vandað húsnæði, og ég hygg að þannig verði gengið frá öllum hlutum að varðveisla þeirra bóka, sem þar eru, verði mjög örugg og ég vil segja alveg óvenjulega örugg, þannig að það uppfyllir alveg þau skilyrði sem hv. síðasti ræðumaður var að benda á. Ég ætlast ekki til þess, þó að eitt safn á Suðurlandi, eins og á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, fái til sín eitt eintak, að það fari að verða nein almenn regla um öll önnur bókasöfn á landinu.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil nánast aðeins gera grein fyrir atkv. mínu, finnst rétt að gera það við umr. frekar, því að e. t. v. verður ekki heldur nafnakall um þessa till. Ég skil ákaflega vel sjónarmið hv. þm. og ég veit alveg hvernig þetta mál ber að að sjálfsögðu. En ég get hins vegar ekki mælt með þessari till. og það er af þeim ástæðum sem nú skal greina:

Ætlunin með flutningi þessa frv. var einkum tvíþætt: annars vegar að gera gleggri eða ítarlegri ákvæðin um skylduskilin yfirleitt, þau tæknilegu og faglegu ákvæði, og hins vegar var það megintilgangurinn að fækka skylduskilaeintökunum og binda þau fyrst og fremst við geymslu- og varðveislusjónarmiðið, þó að annað eintak Landsbókasafnsins verði einnig tiltækt til nota. Þetta var tilgangurinn með flutningi frv. fyrst og fremst, þetta tvennt. Meiri hl. n. hefur hins vegar fallist á að gera þarna eins konar miðlun gagnvart þeim söfnum sem nú missa hlunnindi sem þau hafa notið, eins og brtt. meiri hl. ber með sér, að gera þetta gagnvart þeim söfnum einum sem hafa notið hlunnindanna og eru nú að missa þau að verulegu leyti. En aftur í till. hv. 3. þm. Suðurl. er um það að ræða að bæta við nýju safni, nýjum aðila, gagnstætt því að ætlunin með frv. er að fækka þeim. Það er þess vegna sem ég get ekki greitt atkv. með þessari brtt. Það má nú e. t. v. segja líka, að það kynnu þá að vera áhöld um það, ef ætti að bæta inn nýju safni á Suðurlandi, hvar það ætti að vera í fjórðungnum. Hv. þm. bendir hins vegar á það, og ég veit það er rétt, að það er mjög myndarlega staðið að safnamálum í Vestmannaeyjum. Þess vegna er það kannske eðlilegt, það hefur þó ekki verið athugað sérstaklega, að það yrði þetta safn sem nyti hlunnindanna.

ATKVGR.

Brtt. 504 felld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, ÞS, BGr, FÞ, GuðlG, GHG, IngJ.

nei: SvJ, SvH, VH, ÞÞ, EBS, EKJ, GilsG, GF, GÞG, HES, LárJ, SM, OE, ÓlJ, PP, SighB, SigurlB, SV, RH.

JónasÁ, LJós greiddu ekki atkv.

12 þm. (EðS, GS, GTh, IG, JóhH, JSk, KP, MÓ, MB, MÁM, PJ, PS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skotvopn, frv. (þskj. 326 (sbr. 52), 376, 505). — Frh. 3. umr.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs á síðasta fundi d. þegar þetta mál var til umr. og þá tekið út af dagskrá. Það, sem fyrir mér vakir, er að gera hv. d. grein fyrir afstöðu minni, vegna þess að brtt. á þskj. 505 eru fluttar í nafni allshn. allrar, en eins og kom fram í ræðu hv. formanns n. voru sumir nm. í þarverandi á þessum fundi milli 2. og 3. umr. málsins þegar till. frá hv. þm. Sverri Hermannssyni voru ræddar. Ég var meðal þeirra nm., sem sátu ekki þann fund af óviðráðanlegum ástæðum, og hef því ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa máls.

Ég vil einnig láta þess getið, að n. hafði till. frá hv. þm. Sverri Hermannssyni til meðferðar fyrir 2. umr. og hafði farið yfir þær og hafnað því að taka þær til greina, en áskildi sér rétt til þess að taka afstöðu til þeirra við atkvgr. ef hann flytti þær við 2. umr. Það fór hins vegar svo, að það varð samkomulag milli hans og formanns n. að n. héldi þennan fund milli 2. og 3. umr. Ég

hlýt að segja, að ég tel að hv. formaður og þeir nm., sem þennan fund sátu, hafi þetrumbætt mjög þær till. sem þeir hafa tekið upp, og ég tel mig, án þess þó að hafa skoðað þær með öðrum nm., geta fylgt þessum till. nema einni. Það er 2. brtt. á þskj. 505, þar sem lagt er til að 1. mgr. 15. gr. falli niður. Mgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðeins má veita þeim einstaklingi leyfi til þess að eignast skotvopn er sýnir fram á að honum sé það gagnlegt eða nauðsynlegt."

N. gerir það hér að till. sinni, að þessi mgr. falli niður, og hefur uppi þær röksemdir, að það kunni að vefjast fyrir sumum að sýna fram á að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt að hafa skotvopn. Það er m. ö. o. verið að gæta hagsmuna sportveiðimanna svokallaðra. Ég tel, að hér sé of langt gengið, og vil minna á það, eins og reyndar kemur fram í aths. við frv., að í reglugerð, sem í gildi er og er frá 1936, segir að það skuli vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að eiga eða hafa í vörslum sínum skotvopn er sanni að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Hér er í frv. dregið aðeins úr þar sem sleppt er beinum tengslum við atvinnu. En ég tel þó mjög mikilvægt að því sé haldið í lögum sem aðalreglu, að það sé ekki sjálfsagt að hver og einn fái að hafa skotvopn undir höndum eða fái leyfi til þess að eiga skotvopn. Ég held að við eigum að fara mjög varlega í sakirnar í þessum efnum, og jafnvel þó að það kunni að vefjast fyrir einhverjum að sýna fram á nauðsyn þess að hann eigi skotvopn, þá held ég að það sé betra en að opna allar dyr upp á gátt og að hver og einn fái skotleyfi bara ef hann kann með byssu að fara. Ég mun því greiða atkv. gegn a-lið í 2. brtt. n. og geri það í skjóli þess sem ég hef rakið hér að framan, að ég á sem nm. ekki aðild að þessum brtt. sem hér liggja fyrir.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Þar sem mér virtist að hv. allshn. hefði tekið sæmilegt tillit til þeirra till. sem ég hafði fram borið, brtt. við þetta frv., þá lét ég þess getið þegar málið var síðast til umr., að ég drægi brtt. mínar til baka. Hef ég ekkert meira um það að segja nema örfá orð í sambandi við það sem fram kom hjá hv. 5. landsk. þm., þar sem hún getur ekki fellt sig við að niður falli úr frv. það sem segir í upphafi 15. gr., að aðeins megi veita þeim einstaklingi leyfi til þess að eignast skotvopn er sýni fram á að honum sé það gagnlegt eða nauðsynlegt. Það er alveg rétt, að vörn mín var sú að það ætti ekki að setja óframkvæmanleg lög, því að vissulega er það svo, að þetta er stundað sem íþrótt og engin ástæða til þess að setja fót fyrir það, enda hefur svo ekki verið gert enda þótt þetta ákvæði hafi verið í lögunum frá því að þau voru upphaflega sett.

Á hinn bóginn þarf enginn að efast um það, að hver einn einasti maður, sem sækir um byssuleyfi, getur búið sér til gagnsemisástæður og það er aðeins með því að segja að hann ætli að nota vopn þetta til þess að útrýma svartbak t. d. Ég veit ekki til hvers við eigum að hafa í lögum svo gersamlega gagnslaus ákvæði sem þetta er — eða öllu heldur: ber að hafa í lögum ákvæði sem beinlínis sveigja menn inn á þá braut að hafa lagaákvæði að engu, eins og þetta hlýtur að gera augljóslega. Um framkvæmdina veit ég ekki til þess, að menn hafi nokkru sinni verið að því inntir, til hverra nota menn ætluðu að hafa þessi vopn sín, enda, eins og ég hef sagt, enginn vandi að tilfæra tylliástæður. En mér finnst miklu betra að lög séu þann veg úr garði gerð að það sé hægt að framkvæma þau beinlínis eftir orðanna hljóðan, en ekki að neyða viðkomandi, sem þau eiga að ná yfir, til þess að búa sér til einhverjar tylliástæður.

ATKVGR.

Brtt. 376 teknar aftur.

— 505,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 505,2.a samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, GF, HES, IngJ, KP, LárJ, ÓE, PP, PJ, SighB, SvH, VH, ÞS.

nei: BGr, EðS, EKJ, FÞ, GilsG, GÞG, LJós, ÓlJ, SV, SvJ, ÞÞ, RH.

GS, GHG, JónasÁ, SM greiddu ekki atkv.

11 þm. (GuðlG, GTh, IG, JóhH, JSk, MÓ, MB, MÁM, PS, SigurlB, TÁ) fjarstaddir.

Brtt. 505,2.b samþ. með 24 shlj. atkv.

— 505,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 374). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 523).

Vörugjald, frv. (þskj. 399, n. 480). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til 1. um breyt. á 1. um sérstakt tímabundið vörugjald. Nál. er á þskj. 480.

Við setningu nýrrar tollskrár í des. s. l. (lög nr. 120/1976) urðu verulegar breytingar á undirskiptingu ýmissa vöruliða í fjölmörgum köflum tollskrárinnar. Við athugun þeirra laga hafa komið í ljós nokkrar misfellur sem leiðrétta þarf og er svo gert með þessu frv. ef að lögum verður. Fyrir utan þessar leiðréttingar, sem ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þar sem hæstv. fjmrh. gerði svo við 1. umr. málsins, þá er með 4. gr. frv. lagt til að lög um sérstakt tímabundið vörugjald verði gefin út í heild með áorðnum breytingum.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég hef ekki skilað nál. varðandi þetta mál, en lýsti þó yfir andstöðu minni í n. við málið og vil því gera grein fyrir afstöðu minni til málsins með örfáum orðum.

Hér er að vísu ekki um miklar breytingar að ræða á þessu svonefnda tímabundna vörugjaldi. Þegar það var hér til framlengingar fyrir stuttu var ég andvígur þeirri framlengingu og vildi að gjaldið félli niður. Nú er hér á ferðinni frv. sem hvort tveggja felur í sér vissar leiðréttingar, en einnig ákveðinn viðauka, þar sem bætt er við nokkrum vörutegundum og vöruflokkum sem eiga að falla undir þetta gjald, sem sagt að þarna er gengið aðeins lengra en hafði verið gert þegar framlengingin átti sér stað síðast. Afstaða mín til málsins er sú, að ég hef verið andvígur því að framlengja þetta gjald og er að sjálfsögðu andvígur því að bæta þarna nokkrum vörum eða vöruflokkum við og greiði því atkv. gegn þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:8 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16:8 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 19:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113, n. 487 og 490). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og hefur verið til meðferðar í iðnn. þessarar hv. d. Meiri hl. n. mælir með því að frv. verði samþ. Er talið að þetta muni geta verið hagkvæm virkjun þótt hún sé ekki stór, talið að það megi virkja 13 mw., en fullnaðarrannsókn hefur ekki verið gerð á virkjunarstaðnum. Þótt allar líkur mæli með því að þetta sé gott fyrirtæki verður það ekki fullyrt fyrr en lokarannsókn hefur farið fram.

Það er ekki vitað hvenær eða hvort það þykir heppilegt að virkja Kljáfoss þrátt fyrir tiltölulega góð virkjunarskilyrði, og það getur ábyggilega dregist nokkuð þangað til ákvörðun um það yrði tekin. Ekki er vitað hvers konar ríkisstj. verður hér við völd þá eða hverjir fara með virkjunarmál.

Meiri hl. n. taldi eðlilegt að setja í nál. þau atriði sem þar má sjá, á þskj. 490, að mæla með samþykkt frv. að því tilskildu að ekki komi neitt það fram við lokarannsóknir sem mæli gegn hagkvæmni virkjunarinnar, að virkjunin falli inn í samræmda heildaráætlun um virkjunarframkvæmdir sem nauðsynlegt er að gera og að virkjunin verði hönnuð þannig að fullt tillit verði tekið til náttúruverndarsjónarmiða. Meiri hl. n. fannst eðlilegt að það yrði prentað í þskj. og í þingtíðindum, og er þá óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara atriða við athugun málsins síðar.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Hér er til umr. mál, sem snertir borgfirðinga. Ég vil, áður en ég sný mér að því máli, leyfa mér að vekja athygli á tíðindum nokkrum ofan úr Borgarfirði. Þau snerta hina fyrirhuguðu Grundartangaverksmiðju. Í morgun bárust hingað plögg úr sveitunum sunnan Skarðsheiðar, þ. e. a. s. úr Leirár- og Melasveit, Strandarhreppi, Skilmannahreppi og Innri-Akraneshreppi. Þetta eru tilmæli til þm. Vesturl. varðandi Grundartangaverksmiðjuna, undirskrifuð af 179 kjósendum í þessum hreppum, en þar munu vera rúmlega 300 manns á kjörskrá. Þegar tekið er tillit til þess að margir eru að sjálfsögðu fjarverandi og það næst alls ekki í alla þegar um slíkt er að ræða sem þessa undirskriftarsöfnun, þá hygg ég að ekki leiki nokkur vafi á því, að tilmæli þessi eru komin frá a. m. k. 80% af kjósendum í þessum hreppum. En tilmælin hljóða svo:

„Við undirritaðir íbúar í sveitum sunnan Skarðsheiðar viljum fara þess á leit við þm. kjördæmisins, að þeir hlutist til um að haldinn verði almennur fundur þar sem leitað verði eftir því, hver afstaða íbúa Borgarfjarðarhéraðs og Kjalarnes- og Kjósarhreppa sé til fyrirhugaðrar málmblendiverksmiðju á Grundartanga, og vísum í því efni til ummæla hæstv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens um að ekki verði settar niður slíkar verksmiðjur án vilja heimamanna. Við teljum að ýmislegt það hafi komið fram á síðustu tímum varðandi slíkar verksmiðjur að full ástæða sé til þess að slík umræða fari fram. Jafnframt óskum við eftir því, að frv. því, sem nú liggur fyrir Alþ. um fyrirhugaða verksmiðju, verði frestað þar til heimamenn hafa fengið að láta í ljós afstöðu sína til slíks fyrirtækis."

Ég hef áður sagt það hér úr þessum ræðustól, að ég tel sjálfsagt að fundur verði haldinn um þetta mál þar efra og leitað eftir skoðunum heimamanna. Og í því sambandi hef ég minnt á þá yfirlýsingu, sem minnt er á í þessari áskorun, yfirlýsingu frá hæstv. iðnrh., að það sé alls ekki ætlan hans að knýja á um framkvæmd slíkra verka gegn vilja heimamanna. Ég ítreka fyrri yfirlýsingar mínar. Ég er reiðubúinn að koma hvenær sem er og ræða þetta á almennum fundi þar efra, og ég fagna þessari áskorun frá fólkinu í þessum byggðarlögum.

Þá er það frv. það sem hér liggur fyrir, frv. til l. um virkjun Hvítár í Borgarfirði. Eflaust er það rétt, að þessi virkjun gæti að mörgu leyti orðið hagkvæm. En mér virðist spurningin vera sú í dag, hvað amar að raforkukerfinu á Vesturlandi. Það er ekki það að orkuna vanti, heldur fyrst og fremst hitt, að dreifikerfið sjálft er úr sér gengið. Það dugar alls ekki lengur. Og það, sem þarf að gera, er að bæta kerfið. Á síðustu árum hafa leiðslurnar að sjálfsögðu lengst, eftir því sem kerfið breiðir úr sér, en þessar viðbótargarnir eru oft þannig, að það er aðeins um að ræða einn vír, og þetta hefur víða orsakað ástand sem ekki verður nefnt annað en neyðarástand, eins og t. d. vestur í Hnappadalnum. Frá Vegamótum í Hnappadalinn er um að ræða slíkar leiðslur, og alla leið frá Borg og vestur að Hítará er sömu sögu að segja, og aftur frá Vegamótum og að Hítará. Hvert sem litið er blasir þetta sama við. Leiðslan frá Stykkishólmi í Búðardal er þegar fulllestuð, hún þolir ekki meira álag. Víða er um að ræða miklu meira álag en kerfið þolir. Ef t. d. spennufall verður hjá okkur uppi í Borgarfirði, þá er það fyrst og fremst vegna þess að dreifikerfið er svo ófullkomið. Rafmagn frá nýrri virkjun við Kljáfoss eða annars staðar að, hversu mikið rafmagn sem fyrir hendi væri, þá mundi það ekki fyrirbyggja þessi spennuföll. Það raf-

magn kemur okkur að engu gagni fyrr en búið er að laga kerfið.

Ef svo tækist til, sem ég efast nú um, á næstunni, að settar væru stórar fjárfúlgur í Kljáfossvirkjun, þá gefur auga leið að það kynni að koma niður á endurnýjun kerfisins. M. ö. o.: það væri ekki farið rétt að ef menn yndu nú bráðan bug að því að koma upp Kljáfossvirkjun. Kerfið þarf að laga fyrst. Kerfið þarf að fullkomna. Og það kostar, segja þeir mér sem kunnugir eru, ógrynni fjár.

Þetta er aðalatriðið í rafmagnsmálum okkar vestlendinga. Það er ekki þar með sagt að maður amist við athugun á því, hvort virkja skuli við Kljáfoss. Það mætti vel athuga það mál. Og sú athugun gæti alveg eins farið fram þó að samþykkt yrði sú afstaða minni hl. iðnn. að vísa málinu til ríkisstj.

En það er ekki hægt að ræða þetta mál án þess að við gefum gaum að þeim landspjöllum sem þarna munu verða. Við þessa virkjun færi undir vatn drjúgur hluti af grónu landi við Hvítá þar efra. Þær jarðir, sem þarna eiga mestan hlut að máli, eru Hurðarbak, Síðumúli, Fróðastaðir, Þorgautsstaðir og Háafell. Ein þessara jarða mundi áreiðanlega fara í eyði, ekkert vafamál. Allt ræktanlegt land og drjúgur hluti af ræktuðu landi á þeirri jörð færi þarna undir vatn eða mundi spillast mjög af vatni. Það er alveg víst, að við mundum með slíkri virkjun leggja a. m. k. eina jörð í grenndinni í eyði. Ég var á ferð þarna í gær, og mér sýnist ekki ósennilegt að þeir hafi rétt fyrir sér sem halda því fram að nokkur hluti af sjöttu jörðinni mundi fara undir vatn líka, þ. e. a. s. Sámsstöðum. Hér fylgir frv. fskj., yfirlýsing frá framkvæmdastjórn Andakílsárvirkjunar og viðkomandi landeigendum við Hvítá. Hér er um að ræða líka nokkurn hluta af Reykholtslandi og Skáneyjarlandi að sunnanverðu við Hvítá og landi Norður-Reykja. En þegar maður lítur á lista yfir þá sem skrifa undir þetta vekur það athygli, að það er enginn sem skrifar undir fyrir hönd þeirra sem eiga Síðumúla, hvorki Eyjólfur bóndi Andrésson né Magnús Andrésson. Hvorugur þeirra skrifar undir þetta. Það er því ekki hægt að segja að heimamenn hafi samþykkt þetta. Og þar að auki hef ég ástæðu til þess að vefengja umboð a. m. k. tveggja sem eru á þessum lista, án þess að ég fari nú nánar út í það hér.

Og svo vil ég bæta því við, að þegar ég hef rætt við menn þar efra um þetta, þá heyrast mér komnar æðimiklar efasemdir í þá og jafnvel suma þá sem þarna hafa skrifað undir. Ég minni á það líka, að hér eiga ekki aðeins hlut að máli þeir sem mundu missa land undir vatn vegna þessarar virkjunar, hér eiga hlut að máli miklu fleiri, hvítsíðingar allir og fólk í nágrannasveitum yfirleitt. Og í fyrra samþykkti Búnaðarfélag Hvítársíðu mótmæli gegn þessari virkjun. Það liggja sem sé fyrir mótmæli frá búnaðarfélagi eins þeirra sveitarfélaga sem liggja að þessu svæði Hvítár.

Þetta vildi ég láta fram koma hér. Ég ítreka það, að okkur vantar ekki þessa virkjun fyrst og fremst, okkur vantar betra dreifikerfi á Vesturlandi fyrir rafmagnið.

Það eru svo aðeins ofurlitlar upplýsingar í lokin. Það hendist töluvert til með þetta orð: Kljáfoss. Sumir segja Kljáfoss, aðrir segja Kláffoss. Ég verð nú að segja að Kljáfoss hljómar betur. (Gripið fram í.) Já, ég kem að því. En ég vil fyrst segja þetta, benda hv. þm. Ingólfi Jónssyni á hina ljóðrænu eiginleika þessa orðs, Kljáfoss. Það hefur fallegri hljóm heldur en Kláffoss. Það kann að vera ástæðan fyrir því að menn hafa hyllst til þess að nota frekar þetta orð. Og það er meira að segja búið að nefna skip Kljáfoss, ekki Kláffoss. En í gær var ég í Síðumúla og hitti þar að máli mann sem er góður kunningi margra þm., Andrés í Síðumúla. Ég spurði hann um þetta. Og hann sagðist í sinni bernsku og æsku, en þá var hann framan af á Hurðarbaki sunnan árinnar og síðan var hann norðan árinnar, þar sem hann er búinn að vera lengi og er enn, guði sé lof, hann segist aldrei hafa heyrt annað en Kláffoss. M. ö. o.: Kljáfoss, þó að ég kunni að meta hina ljóðrænu eiginleika þess orðs, þá virðist Kláffoss vera hið rétta samkvæmt upplýsingum Andrésar í Síðumúla.

Frsm. minni hl. (Sigurður Magnússon): Herra forseti. Ég get haft þessa umsögn mína mjög stutta.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 487 er ég í minni hl. í þeirri n. sem um mál þetta fjallaði, iðnn. Nd., og legg þar til að þessu frv. um virkjun Hvítár í Borgarfirði verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að hagkvæmni virkjunarinnar verði rannsökuð frekar, en málið síðan lagt á ný fyrir Alþ. ef niðurstöður frekari rannsókna verða jákvæðar. Meiri hl. leggur hins vegar til að frv. verði samþykkt, en hefur um þá samþykkt sína ýmsa fyrirvara, svo sem um hagkvæmni, um samhæfingu við raforkukerfið o. s. frv. Ég held að það fari þannig ekki á milli mála, að það var öllum ljóst, sem um þetta mál hafa fjallað, hvort sem það var í Ed. eða Nd. og í iðnn., að ýmsar mikilvægar upplýsingar um þessa virkjun og þetta mál liggja ekki fyrir nú þegar það er hér til umfjöllunar. Þetta kemur m. a. fram í þeim umsögnum sem nefndum þingsins hafa borist. Þær eru reyndar ekki neinar neikvæðar í sjálfu sér, en í flestum er lögð á það rík áhersla að málið verði athugað frekar, bæði hvað varðar sameiginlega hagsmuni raforkukerfisins og vinnslukerfisins og um einstaka framkvæmdaþætti þessarar virkjunargerðar.

Í niðurlagi umsagnar Rafmagnsveitna ríkisins segir t. d. að það sé eðlilegt að hafist verði handa um þessa virkjun þegar hagkvæmt þykir með tilliti til samtengingar landskerfisins. Umsögn Orkustofnunar er hins vegar miklu ítarlegri og ætla ég nú ekki að lesa hana hér alla, en gríp — með leyfi forseta — aðeins niður í umsögn Orkustofnunar. Þar segir m. a. á einum stað:

„Fylgiskjöl með frv. eru ákaflega ófullkomin, svo ófullkomin að þau eru ekki frambærileg með frv. sem lagt er fyrir Alþ. Engin leið er að sannreyna á grundvelli þeirra þær fáu lauslegu kostnaðartölur sem þar eru fram settar. Orkustofnun verður því að hafa allan fyrirvara í þessari umsögn sinni varðandi áreiðanleik þeirrar áætlunar sem liggur fyrir um virkjun Kljáfoss.“

Síðar í umsögninni segir: „Þrátt fyrir þessa

annmarka á framlögðum gögnum er ekki ástæða til að efast um að Kljáfossvirkjun sé hagkvæm virkjun, einkum þegar stærð hennar er höfð í huga. Ekki er mikið um hagkvæmar virkjanir af þessari stærð, þannig að Kljáfoss getur komið í góðar þarfir þegar kringumstæður í raforkukerfinu eru þannig að virkjun af þessari stærð hentar."

Síðan er í framhaldi þessara orða í umsögninni töluvert fjallað um þær framkvæmdir, sem verið er að gera í raforkukerfinu, og vakin á því athygli, að ýmsar aðrar virkjunarhugmyndir eru uppi, og talið, að þær henti betur nú á næstunni heldur en þessi mjög svo litla virkjun. Og í lok umsagnar Orkustofnunar segir: „Að sjálfsögðu er fyrirliggjandi hönnun virkjunarinnar og áætlanir um hana ófullnægjandi sem grundvöllur framkvæmda. Fullnaðarhönnun ætti helst að gera fljótlega, jafnvel þótt framkvæmdir kynnu að dragast."

Þannig er þessi umsögn, líkt og umsögn Rafmagnsveitna ríkisins, í sjálfu sér jákvæð, en lögð á það áhersla að málið sé ekki nægilega undirbúið til þess að hægt sé að taka afstöðu til hagkvæmni raforkuframleiðslu frá þessari virkjun.

Ég vil svo að lokum geta hér þriðju umsagnarinnar, frá Náttúruverndarráði. Kemur hún nokkuð inn á það sem hv. síðasti ræðumaður hafði um þetta að segja. En það er vitaskuld hlutverk Náttúruverndarráðs að skoða þá hlið málsins, sem snýr að náttúruvernd, þegar framkvæmdir sem þessar eru fyrirhugaðar. Og ég ætla — með leyfi forseta — að lesa þessa umsögn. Hún er svo hljóðandi og hefur gorist iðnn. Ed. 2. mars:

„Náttúruverndarráði hefur borist bréf yðar, dags. 1. febr. s. l. Var efni þess rætt á fundi ráðsins fyrr í þessum mánuði og eins hefur það verið lagt fram til umr. í samstarfsnefnd iðnrn. og Náttúruverndarráðs um orkumál. Undirrituðum hefur verið falið að óska eftir frekari upplýsingum um virkjunarhugmyndir, þ. e. a. s. uppdráttum er sýna í fyrsta lagi legu mannvirkja, í öðru lagi breytingar á rennsli og vatnshæð og í þriðja lagi nánari teikningar af mannvirkjunum sjálfum. Að þessum upplýsingum fengnum mun Náttúruverndarráð taka málið til yfirvegunar í samræmi við ákvæði 29. gr. náttúruverndarlaga."

Undir þetta bréf skrifar framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, Árni Reynisson.

Ég held að það sé ábyggilegt, að þær upplýsingar, sem þarna er um beðið, hafi ekki verið afhentar. Alla vega hefur Náttúruverndarráð ekki fjallað um þær og skilað frá sér áliti, eins og það lofaði að gera eftir yfirvegaða athugun. Þannig eru sem sagt ýmsir þættir þessa máls óljósir nú þegar það liggur fyrir Alþ. til samþykktar. Og þó að ég sé yfirleitt hlynntur virkjunum af þessu tagi þegar þær henta, litlum virkjunum, og hafi oft haldið því fram, að þær geti reynst hýsna hagkvæmar með tilliti til verðs á raforku ekkert síður en stóru virkjanirnar ef þær koma strax í einum áfanga inn í raforkukerfið og nýtast til fulls, þá tel ég að þetta mál sé ekki þannig undirbúið að það sé hægt að veita hér virkjunarheimild nú. Í því sambandi langar mig aðeins að vekja athygli á ákveðinni grein í orkulögum, þar sem um þetta er fjallað, og ég vil reyndar halda því fram, að hv. Alþ. hafi býsna oft meðhöndlað mál af þessu tagi á rangan hátt. Ég tel að oft þegar veittar hafa verið hér virkjunarheimildir og framkvæmdir raunverulega settar í gang, virkjunarframkvæmdir, hafi andi orkulaganna verið brotinn. En það kemur glöggt fram í þessum lögum, að það er ætlast til þess, þegar málið hefur fengið sinn undirbúning hjá viðeigandi embættismönnum og stofnunum ríkisins og málið lagt á borð alþm. til ákvörðunar, samþykktar eða synjunar, að málinu fylgi þá öll nauðsynleg gögn svo að alþm. geti tekið um það réttar ákvarðanir. Eins og kunnugt er hljóðar 7. gr. orkulaga að nokkru leyti um þetta. Í henni er talað um að leita þurfi samþykktar Alþ. þegar byggja skuli raforkuver af ákveðinni stærð, miðað við 2000 kw., eða reka orkuver. Í 8. gr. laganna er síðan fjallað frekar um þetta. Ég hef nú ekki þessa grein hér fyrir framan mig, en efnislega segir í henni að umsókn um leyfi til að reisa eða reka raforkuver eða stækka raforkuver skuli senda ráðh. raforkumál hverju sinni ásamt uppdráttum og kostnaðar- og rekstraráætlunum fyrir þetta fyrirhugaða raforkuver. Ráðh. á síðan að senda þessi gögn Orkustofnun til athugunar, umsagnar og afgreiðslu áður en hann afgreiðir málið endanlega og áður en Alþ. fjallar um málið.

Þetta mál, sem hér er á ferðinni, er kannske ekki stórmál í sjálfu sér þegar við erum að ræða okkar raforkumál. En ég tel að afgreiðsla þess, eins og lagt er til að það verði afgreitt núna, sé mjög í anda þess sem oft hefur skeð hér á Alþ., þ. e. a. s. að hér eru veittar virkjunarheimildir og framkvæmdir raunverulega settar í gang án þess að fyrir liggi nákvæmar kostnaðartölur jafnt um framkvæmdir sem rekstur þessara raforkuvera. Nægir í því sambandi að minnast á eitt dæmi, að það munu vera liðin um það bil 9 ár, þ. e. a. s. tæpur áratugur, síðan Alþ. veitti heimild fyrir því að Hrauneyjafossvirkjun yrði byggð. Það er sem sagt nærri því áratugur síðan þessi heimild var samþ. hér á hv. Alþ. Það eru reyndar ýmsir hér inni, alþm. hv., sem þá voru einnig á þingi, en þó eru hér margir nýliðar í þingsölum og aðrir farnir, eins og gengur og gerist, nú þegar verið er að setja þessar framkvæmdir í gang án þess að óska þurfi heimildar Alþ. Þetta finnst mér gott dæmi um það, hvernig ekki á að standa að málatilbúnaði í stórum og veigamiklum málum sem varða afkomu fólksins alls í landinu, verðlag á raforku m. a. Áður en slíkar stórframkvæmdir eru settar í gang á vitaskuld Alþ. hverju sinni að geta fjallað með eðlilegum hætti um þessi mál.

Ég gæti haft mörg orð fleiri um þetta hér að þessu sinni, en geri það ekki. En þetta er meginástæða þess, að ég legg til að málinu verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar. Það er viðurkennt af öllum aðilum, bæði þeim, sem að meirihlutaáliti standa, og af þeim, sem umsagnir hafa gefið, að málið hefur ekki hlotið nægilegan undirbúning. Ég legg til að þessi undirbúningur fari fram, frekari rannsókn verði gerð

á þessu. Ef hún leiðir í ljós jákvæðar niðurstöður hvað varðar alla þætti málsins, þá fái Alþ. það aftur til afgreiðslu.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Áður en ég vík að máli því, sem er hér á dagskrá, leyfist mér vonandi að gera örfáar aths. við ræðu hv. 5. þm. Vesturl. sem hann flutti hér áðan. Hann skýrði frá því, að undirskriftum hefði nú verið safnað í Borgarfjarðarhéraði út af Grundartangaverksmiðjunni fyrirhuguðu. Það er rétt hjá honum, að þetta bréf barst mér núna í hádeginu í ljósriti, og mun ég að sjálfsögðu taka það til athugunar eins og önnur bréf sem mér berast úr kjördæminu. Ég geri ráð fyrir því, þar sem þessu erindi er beint til okkar þm. Vesturl., að við ræðum það sameiginlega. Ég hef aldrei skorast undan því að ræða þetta mál, hvorki við einstaka menn úr Borgarfjarðarhéraði né á fundum. Það hefur verið rætt þar á ýmsum fundum, á Akranesi og víðar, og mig minnir að einhvern tíma hafi ég fengið undirskriftarlista þar ofan að sem ekki gekk í sömu átt og þessi. En það skiptir engu máli. Þetta verður athugað.

Ég sagði að fundir hefðu verið haldnir um þetta mál. Ég geri ráð fyrir að hv. 5. þm. Vesturl. minnist þar fyrst og fremst Leirárfundarins svokallaða. Ég hef fyrst og fremst hlustað á raddir borgfirðinga í þessu máli. En á Leirárfundinum voru það aðrir en borgfirðingar sem slógu taktinn. Ég hygg að aðalmennirnir í því að slá taktinn og stjórna því, sem þar fram fór, hafi verið hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Norðurl. e. Aðalræðumennirnir á þeim fundi voru tveir þingeyingar, sérstaklega pantaðir á þann fund, með nokkra reynslu að baki í þessum efnum, m. ö. o. sérþjálfaðir menn, og auk þeirra klerkur einn vestan af Snæfellsnesi sem hefur fengið orð fyrir annað fremur en að sitja alltaf kyrr á sama stað. En hvað um það. Þetta mál verður að sjálfsögðu rætt, og ég mun ekki nú frekar en áður skorast undan því að hlusta á raddir heimamanna í þessu máli, síður en svo.

Þá vék hv. þm. að frv. sjálfu í örfáum orðum og gat þess, að rafleiðslur um Borgarfjarðarhérað væru orðnar gamlar og einnig út á Snæfellsnes. Þetta er alveg rétt hjá honum. Að vísu tók hann það svæði af Snæfellsnesi til dæmis um þetta sem er þó einna helst farið að hverfa í rétt horf að þessu leyti, því að vitaskuld breyttist aðstaðan þarna mikið þegar lína var lögð frá Andakílsárvirkjun vestur að Vegamótum, og til þess að bæta ástand rafmagnsmála á Snæfellsnesi þarf fyrst og fremst að framlengja Vegamótalínuna út í Ólafsvík. En það er hverju orði sannara hjá þessum hv. þm., að línur margar í Vesturlandskjördæmi eru orðna það gamlar og úr sér gengnar að þar er mikið verk fyrir höndum. En eigi að síður þarf ekki að andmæla því frv. til l., sem hér liggur fyrir, á þeim grundvelli, að mér finnst.

Áður en ég vík að málinu sjálfu ætla ég að leyfa mér að segja nokkur orð um niðurlag ræðu þm., þar sem hann ræddi um hvort væri réttara að segja Kljáfoss eða Kláffoss. Það kann að virðast að þetta sé aukaatriði, en ég hef þó fullar heimildir fyrir því, að það sé alls ekki að svo stöddu hægt að slá föstu hvað sé hið rétta í þessu máli og hvað sé hið ranga. Og þó að hv. þm. hitti einn ágætan öðling uppi í Borgarfirði sem heldur því fram að Kláffoss sé hið rétta heiti, þá hygg ég að það sé ekki auðvelt að slá því endanlega föstu. Ég vil nefna um þetta tvö dæmi og hef þar fyrir mér umsagnir tveggja nafna. Ég hef að vísu alltaf notað orðið Kláffoss. Ég hef vitað að um þetta var ágreiningur og ruglingur, en ég tók þá afstöðu að halla mér að því sem fyrirrennari minn ágætur, Þorsteinn sýslumaður Þorsteinsson, hélt fram og skrifaði í sínum bókum. Hann hefur sem kunnugt er skrifað Árbækur Ferðafélagsins um Dalasýslu og einnig um Mýrasýslu, sem var hans fæðingarhérað. Hann er fæddur og uppalinn á Arnbjargarlæk. Hann hélt því fram, að þessi foss héti Kláffoss, og vitnaði um það m. a. í Sturlungu, enda var honum létt að leita fanga í fornum heimildum, svo sögufróður sem hann var. En hins vegar er annar maður og hann líka ágætur, Þorsteinn Jósefsson, sem margir kannast við, sem m. a. gaf út bókina Landið þitt. Hann var og er mörgum að góðu kunnur, góður borgfirðingur, þaulkunnugur í Borgarfjarðarhéraði og víðar um landið. Hann heldur því fram í þeirri bók að hið rétta orð sé Kljáfoss, fossinn dragi nafn af kljásteinum sem eru í brúninni undir fossinum. Og fleiri hef ég heyrt hallast að þeirri skoðun, m. a. hinn fjölfróða og ágæta gamla kennara minn, Ólaf Hansson, sem margir kannast við. Og ekki meira um það.

Ég sný mér nú að málinu sjálfu í örfáum orðum. Ég þakka hv. iðnn. fyrir hraða afgreiðslu þessa máls. Nm. hafa að vísu ekki allir orðið sammála. Sá eini nm., sem stendur að minnihlutaálitinu, leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar. Og það er í raun og veru ekki hægt að ræða um andstöðu hans við málið, heldur vill hann að þessi leið sé farin. Þeir 6 hv. nm., sem skipa meiri hl. iðnn., mæla með samþykkt frv., svo sem fram hefur komið. Í nál. þeirra á þskj. 490 kemur þó fram þríþættur fyrirvari eða bókanir af þeirra hálfu. Þar mæla þeir með því og vilja að það komi fram, að þeir mæli með samþykkt frv. að því tilskildu að ekki komi neitt það fram við lokarannsóknir sem mæli gegn hagkvæmni virkjunarinnar, að virkjunin falli inn í samræmda heildaráætlun um virkjunarframkvæmdir og að virkjunin verði hönnuð þannig að fullt tillit verði tekið til náttúruverndarsjónarmiða. Ég tel að þessi bókun eða þessir fyrirvarar séu eðlilegir.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að undirbúningsrannsóknir að virkjun í Hvítá við Kljáfoss hafa nú staðið yfir af og til í nær hálfan annan áratug og vatnsmælingar og aðrar athuganir í aldarfjórðung eða um það bil. Allt bendir til þess að umrædd virkjun sé hagstæð. Vatnsstreymið í ánni er mjög jafnt allan ársins hring frá ári til árs. Virkjunin yrði mjög vel í sveit sett í byggðum Vesturlands. Þarna er brú yfir ána og vegir liggja til allra átta svo að segja, eins og við þekkjum. Aðstæður eru hagkvæmar að allra dómi.

Að því er varðar þann fyrirvara, að virkjunin falli inn í samræmda heildaráætlun um virkjunarframkvæmdir, er það svo að að sjálfsögðu verður að gæta samræmis að þessu leyti um allt land

að því er allar stærri framkvæmdir varðar af þessu tagi.

Síðasti fyrirvarinn eða síðasta bókunin snertir náttúruverndarsjónarmið. Hv. 5. þm. Vesturl. gat þess, að í því efni væru nú ekki öll kurl komin til grafar og jafnvel að borgfirðingar margir væru á móti þessari virkjun og að þeim færi fjölgandi sem væru þar í andstöðu. Ég skal ekki gjörla fullyrða um þetta atriði. Hitt veit ég, að þetta er búið að vera æðilengi áhugamál — mér liggur við að segja áhugamál nr. eitt — þeirra sem staðið hafa að Andakílsárvirkjun. Og við vitum hvernig Andakílsárvirkjunin fór af stað og hvernig hún er byggð upp. Þetta er hugsjón borgfirðinga sem borið var fram til sigurs af þeirra framámönnum fyrr á öldinni. Það tók að vísu langan tíma. Heimildarlög um Andakílsárvirkjun eru frá 1921, en það var fyrst á árinu 1942 sem hreyfing komst á þetta mál. Því var hrundið í framkvæmd á árunum 1945—1947. Andakílsárvirkjunin tók til starfa 1947 og hefur að allra dómi reynst hið nýtasta fyrirtæki í þágu borgfirðinga og annarra sem hennar hafa notið.

Mér er kunnugt um að þetta er áhugamál mjög margra borgfirðinga, og satt að segja hafa mér ekki borist nema ein andmæli gegn þessu máli. Þau eru frá Búnaðarfélagi hvítsíðinga, það er alveg rétt. Það er eitt bréf, sem ég hef í höndum, sem mælir heldur gegn þessari virkjun, þó að þar sé ekki um sterka andstöðu að ræða að því er virðist.

En að því er lýtur að þessu síðasta atriði, um náttúruverndarsjónarmið, þá finnst mér sjálfsagt að taka þau til greina og hafa þau í fullum heiðri í samráði við heimamenn. Það er alveg rétt. Það, sem mér þykir ískyggilegast þegar um stórar virkjanir er að ræða, er þegar mikið af grónu landi fer undir vatn. Þarna mun það ekki vera neitt að ráði. En um þetta atriði skal að sjálfsögðu rætt betur og það kannað nánar í samráði við viðkomandi aðila.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en að lokum skal þeim þakkað sem að máli þessu hafa unnið og viljað framgang þess.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er ekki undir það búinn að fara að ræða mál þetta efnislega, en hins vegar kemst ég ekki hjá því að láta í ljós nokkra undrun á nál. frá meiri hl. iðnn., mér finnst það nú svo sérstætt. Það er, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, í raun og veru þríþættur fyrirvari og sá fyrirvari er um öll höfuðatriði málsins. Þar segir, eftir að sagt er að n. hafi ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, með leyfi hæstv. forseti:

„Undirritaðir mæla með samþykkt frv. að því tilskyldu að ekki komi neitt það fram við lokarannsóknir, sem mæli gegn hagkvæmni virkjunarinnar“ — þetta er nú ekkert smáatriði, þetta er fyrirvari nr. eitt. Maður gæti haldið að það væri heppilegra að rannsaka þetta atriði áður en farið er að samþykkja lög um heimild, jafnvel þó að það sé bara heimild. Og maður gæti haldið að það væri verkefni hv. þn. að kanna atriði eins og þetta. En síðan heldur svo áfram nr. 2: „að virkjunin falli inn í samræmda heildaráætlun um virkjunarframkvæmdir“ — þetta er líka fyrirvari og hann ekkert smáræði.

Það hefur talsvert verið talað um virkjunarmál að undanförnu og orkumál og ekki að ástæðulausu. Það hefur mikið verið gert í orkumálum hér að undanförnu og virkjunarmálum. Við höfum verið stórstígir. Sumum finnst e. t. v. að við höfum hraðað okkur um of, og sumum finnst e. t. v., að við hefðum mátt athuga betur heildarsamræmingu þessara mála áður en ráðist var í sumar framkvæmdir. Um það, sem gert hefur verið, þýðir nú ekki að sakast, en ég hélt satt að segja að nú væri þorri þm., kannske allir hv. alþm., sammála um að í þessum málum yrði að fara með nokkru meiri gát á næstunni og það ætti einmitt fyrst og fremst að huga að heildarsamræmingu þeirra mála, með hverjum hætti svo sem skipulag þeirra verður uppbyggt, en um það eru deildar meiningar. En það er auðvitað eitt af meginatriðum í okkar virkjunarmálum í framtíðinni, að framkvæmdir séu unnar samkv. fyrirframgerðri áætlun, það sé ekki samþykkt, kannske út í bláinn að meira eða minna leyti, þessi virkjun né aðrar, önnur næsta ár o. s. frv., jafnvel þó að það sé í heildarformi, því að það hefur sýnt sig að þegar búið er að fá heimildirnar, þá hefur það lengst af dugað. Og það er ekki þægilegt a. m. k. fyrir ríkisstj. að standa gegn því þegar búið er að samþykkja slík heimildarlög, að neita þá um að nota þá heimild sem samþykkt hefur verið, því að auðvitað er öllum ljóst að þetta geta verið viðkvæm vandamál á hverjum stað og staðbundið og þetta getur verið mikið áhugamál íbúa á tilteknu svæði. Það er ósköp skiljanlegt. En ég held að menn verði að sameinast um að það verði að líta dálítið heildstætt á þessi mál og velja framkvæmdir og virkjunarstaði út frá því sjónarmiði.

Og svo er það þriðji fyrirvarinn, að virkjunin verði hönnuð þannig að fullt tillit verði tekið til náttúruverndarsjónarmiða. Það er eins og hér hefur verið skýrt frá, að það hefur farið þarna fram allmikið af rannsóknum, og þó að ekki liggi fyrir lokarannsóknir og ekki liggi fyrir nein endanleg hönnun, þá hafa menn þó hugmyndir um hvernig þessari virkjun skuli háttað landfræðilega, ef ég svo má segja, þannig að mér finnst að það eigi að liggja nokkuð fyrir hvort hún í því formi, sem hún upphaflega er hugsuð, er í samræmi við náttúruverndarsjónarmið eða ekki. Mér finnst að hv. þn., sem fær slíkt mál til meðferðar, hefði átt að athuga öll þessi atriði áður en hún skilaði áliti um það. Ég er ekkert að finna að þessu út af fyrir sig við n., ég er bara að segja mína skoðun á þessu, að mér finnst að svona vinnubrögð megi ekki viðhafa í stórmáli eins og þessu.

Það getur vel verið að það sé alveg saklaust að það fari fram þessi 2. umr. og hér verði málið afgr., ég skal ekki segja um það. En ef það er ætlunin að afgreiða þetta mál á þessu þingi, þá segi ég fyrir mig, að ég vil fá tækifæri til þess að geta áttað mig betur á þessu máli. Hér er um þmfrv. að ræða, og auðvitað er ekkert óeðlilegt við það að þm. komi fram með frv. um þessi efni eins og önnur. En þetta er þó málaflokkur sem ríkisstj. hefur nú ekki hvað minnst

verið að fást við og huga að og er æðifyrirferðarmikill í hennar starfi, þannig að ég verð að telja að það væri ekki óeðlilegt að ríkisstj. fengi ráðrúm til þess að fjalla aðeins um þetta mál.

Nú stendur þannig á að hæstv. iðnrh. er við umr. í Ed. og hefur ekki getað tekið þátt í því að fylgjast með þessu máli hér, og ég verð að segja það, að ég hef ekki haft neitt það samband við hann að mér sé kunnugt um hver sé afstaða hans til þessa máls. Og það verð ég nú að telja lágmark, að hann og hans rn. fái aðstöðu til þess að athuga mál sem þetta, vegna þess að á þess vegum og af hans hálfu hafa verið flutt frv. um tilteknar virkjanir og þar með nokkra stefnumörkun í þeim efnum á næstunni.

Ég vil svo segja það sem mína persónulegu skoðun, að stefnumörkun í þessum málum þarf að verða enn ákveðnari. Það þarf að ganga að því með nýjum starfsaðferðum, verð ég að segja, að ákveða stefnumörkun í þessum efnum.

Ég vil að sjálfsögðu ekki á neinn hátt gerast meinsmaður þess að borgfirðingar fái framgengt sínum hagsmunamálum, ekki í þessu heldur en öðru sem þeim liggur á hjarta. En ég get þó ekki gert það fyrir þá að samþykkja þetta án þess að fá tíma til þess að setja mig inn í málið og athuga það. Og mér virðist eðlilegra að þær athuganir, sem hv. meiri hl. iðnn. gerir ráð fyrir að þurfi að fara fram áður en ríkisstj. getur í raun og veru tekið afstöðu til þessa máls, lægju fyrir áður en þetta mál yrði afgreitt, og ég held að við þurfum að taka upp þau vinnubrögð í framtíðinni að það sé ekki verið að samþykkja heimildarlög um virkjun þar og virkjun hér án þess að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta fellur inn í það heildarkerfi sem við viljum — ég býst við flestir — reyna að hafa á þessum málum og hvernig það kemur heim við þegar gerðar áætlanir í þessum efnum. Hér er að vísu ekki hægt að segja að sé um neina stórvirkiun að ræða, en þetta er þó virkiun sem nú er áætlað að kosti á þriðja milljarð, og það eru þær tölur sem verður að taka með í þessu orkudæmi þegar það er gert upp.

Sem sagt, ég vil biðja menn að misskilja mig ekki þannig að ég sé að leggjast á móti þessu máli. Það er bara þetta sem ég vil undirstrika, að ég get ekki alveg fallist á þau vinnubrögð sem hér hafa nú af einhverjum ástæðum verið viðhöfð, kannske vegna anna síðustu daga, og að mér finnst að ríkissti. eigi nú að gefast kostur á að taka afstöðu til máls sem þessa.

Umr. frestað.

Heimild til að selja Húseiningum húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 310, n. 479). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti Hv. fjh.- og viðskn. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. N. bárust þrjár umsagnir. Ein er frá bæjarstjórn Siglufjarðar, sem mælir mjög eindregið með samþykkt frv., önnur er frá Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði, sem einnig leggur mjög eindregið til að frv. verði samþykkt, og hin þriðja er frá síldarútvegsnefnd, sem einnig er fremur jákvæð. N. segist ekki leggjast gegn umræddri sölu, en setur þó ýmis skilyrði.

Fyrirtækið Húseiningar er hið merkasta fyrirtæki. Það er almenningshlutafélag í eigu siglfirðinga. Það hefur þegar sannað að það getur lækkað byggingarkostnað. Mikil eftirspurn er eftir húsum, sem þetta fyrirtæki byggir, og fer vaxandi. Það eru því allar ástæður til að ætla að þetta verði verulega mikilvægt fyrirtæki í siglfirsku atvinnulífi um alla framtíð. En fyrirtækinu er mjög nauðsynlegt að eignast það húsnæði þar sem starfrækslan fer fram. Ég á von á því, að frv. þetta njóti almenns stuðnings, og vænti þess, að það verði að lögum á þessu þingi.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að tala mikið um álit mitt á þessu máli út af fyrir sig. Ég get auðvitað sagt það, að ég sé ekkert athugavert við það að selja húsnæði tunnuverksmiðjunnar. Hún hefur ekki verið starfrækt barna að undanförnu og þessu fyrirtæki, Húseiningum, er mikil þörf á rúmgóðu húsnæði til starfsemi sinnar. Auk þess má benda á það, að ekki virðist mikil þörf á því að hafa tunnuverksmiðju í gangi norðanlands vegna þess að síldin er farin þaðan.

Hitt er svo annað mál, að síldin er komin annað. Nú hefur verið levft að veiða á ári hverju allnokkurt magn af síld sunnanlands. Eftir margra ára algert bann var byrjað á því að levfa hér veiðar á 10 hús. tonnum af síld og síðan 15 hús. tonnum, trúlega meira á þessu ári og væntanlega enn vaxandi kvóti eftir því sem árin líða, vegna þess að þarna er mjög varlega farið í að nýta veikan stofn sem nú er sem betur fer í uppgangi. Þess vegna fyndist mér ekki óeðlilegt, einmitt þegar verið er að ræða þetta mál, að selja hús tunnuverksmiðjunnar á Siglufirði, að koma því hér að, þegar tunnuverksmiðjan hefur verið lögð niður og með tilliti til vaxandi síldveiða við suðurland, hvort ekki sé breinlega nauðsynlegt að koma tunnuverksmiðjunni í gang aftur og þá á því landssvæði þar sem síldin veiðist fyrir utan og þar sem síldin er söltuð í tunnur. Það er vitað mál, að við höfum flutt inn tunnur, og sjálfsagt verður því haldið áfram. En með vaxandi síldarsöltun á Suðausturlandi og Suðurlandi og Suðvesturlandi er að mínum dómi nauðsynlegt, einnig með tilliti til öryggissjónarmiða, að tunnuverksmiðja verði höfð í gangi áfram og þá á því svæði sem næst liggur heim stöðum þar sem tunnurnar eru notaðar. En tunnurnar koma til með að verða notaðar frá Hornafirði til Vestmannaeyja, Þorlákshafnar, Grindavíkur og Suðurnesja, jafnvel til Reykjavíkur, þar sem síldin er söltuð. Að mínum dómi væri heppilegast að koma þessari verksmiðju upp á miðju svæðinu til þess að jafna vegalengdir í flutningi á tunnum.

Fyrir nokkrum dögum ræddum við hér á hinu háa Alþ. háltill. sem ég levfði mér að flytja varðandi atvinnumál á Suðurlandi. Að vísu voru þá áheyrendur ekki mjög margir, eins og oft vill brenna við þegar mikilvæg mál eru rædd. En ég sé ekki betur en einmitt þetta atriði, að vekja upp

starfsemi tunnuverksmiðjunnar og flytja hana á réttan stað, geti fallið vel inn í þá áætlun að reyna að hressa við atvinnulífið á Suðurlandi og gera ráðstafanir til þess að útvega fleira fólki atvinnu og bæta við þau atvinnutækifæri sem fyrir eru. Mér sýnist t. d. að ekki væri slæmt að tylla þessari tunnuverksmiðju upp á stað eins og Vík í Mýrdal, þar sem nú er sæmilegur vegur þaðan til Hornafjarðar og greiður vegur vestur með Suðurlandi. Það er staður sem mun liggja nokkurn veginn á miðju svæðinu, og það er einnig staður þar sem atvinna hefur verið í lágmarki. Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að skjóta þessari hugmynd að. Því miður er hæstv. iðnrh. ekki hér staddur, en ég efast ekki um að hann fær af því fréttir, að þessi hugmynd hefur komið upp, og ég vil skora á menn að hugsa um það, hvort ekki sé einmitt heppilegt að grípa nú tækifærið og flytja þær vélar, sem verið hafa í geymslu að undanförnu, til síldarsöltunarsvæðisins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 386, n. 420 og 425). — 2. umr.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Vegna þess hve þetta mál og 15. mál á dagskránni (Atvinnuleysistryggingar — fæðingarorlof), eru skyld að efni vil ég taka fram, að ég tel eðlilegt að hv. þm. ræði þessi mál í samhengi ef þeir kjósa.

Frsm. meiri hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég mun notfæra mér þá heimild, sem hæstv. forseti nefndi, að ræða samtímis um bæði þessi mál, 14. og 15. dagskrármálið. Ég mun hafa fyrir áliti meiri hl. n. örstutta framsögu, þar eð ég tel að efnislega höfum við þrautrætt þessi mál.

Að því er varðar 14. dagskrárlið, þ. e. a. s. 193. mál þingsins, þá var afstaða meiri hl. heilbr.- og trn. sú, að sá hluti n. var sammála flm. frv. um að skerðingarákvæði það, sem frv. fjallar um, fæli í sér óeðlilega viðmiðun við úthlutun atvinnuleysisbóta. Í sambandi við umr. um þetta mál kom fram áhugi á því að ríkisstj. hraðaði undirbúningi löggjafar um fæðingarorlof handa öllum konum í landinu og tryggði tekjustofn til þess. En vegna þess að tilkynnt hefur verið, að hæstv. ráðh. heilbrigðis- og tryggingamála hafi hleypt af stokkunum endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, taldi n. eðlilegt að þessu frv. yrði vísað til ríkisstj. í trausti þess að endurskoðuninni yrði hraðað.

Að því er varðar það dagskrármál sem er 194. mál þingsins og fjallar um mjög svipað efni varð niðurstaða meiri hl. heilbr.- og trn. sú, að vegna framkvæmdar þessara laga væri nauðsynlegt að hraða afgreiðslu málsins á þingi, og var n. sammála um að mæla með samþykkt frv. Þetta nál. var gefið út fyrir rétt rúmlega mánuði svo að ég tel að það sé nú orðið mjög tímabært að við afgreiðum þessi mál úr þessari hv. deild.

Í sambandi við þetta mál hafa komið fram tvær brtt., og vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um þær.

Frá hv. 3. þm. Reykv. hefur komið fram brtt. sem efnislega gengur mjög í sömu átt og frv. á þskj. 386. Þar er um að ræða tímabundið ákvæði, að sú gr., sem það frv. fjallar um, þ. e. 16. gr. 2. mgr. g-liður, falli úr gildi 1. júní 1977. Að öðru leyti eru tekin upp atriði úr frv. á þskj. 188 um að tryggingabætur almannatrygginga skuli ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar. Afstaða til þessarar brtt. er í sjálfu sér mjög svipuð og sú afstaða sem fram kom um frv. á þskj. 386, þar sem brtt. þessi fjallar um sama efni. Hygg ég því óþarft að fara nánari orðum um það. Aðeins vildi ég vekja athygli á að þarna er nánast um sama atriðið að ræða.

Hin brtt. er nokkuð annars efnis, frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Norðurl. e., að fyrir næstu áramót skuli ríkisstj. láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skuli leggja fyrir Alþ. Þetta er í raun brtt. sem gengur mjög í sömu átt og sú breyting sem samþykkt var í Ed. þegar núgildandi lög um fæðingarorlof við Atvinnuleysistryggingasjóðinn voru sett. Sú athugun, sem þar var rætt um, hefur ekki verið gerð á þeim tíma sem ætlað var í þeim lögum, þannig að vegna tímamarkanna er sú grein laganna í raun og veru ekki lengur í gildi. Þarna sýnist mér einungis vera um að ræða framlengingu á því fyrir ríkisstj. að kanna möguleika á sambærilegu fæðingarorlofi og tryggja tekjustofn í því skyni. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu að þessi brtt. verði samþykkt.

Að öðru leyti var afstaða meiri hl. n. sú, að nauðsynlegt væri að hraða þessum málum og að meiri hl. n. mælti með frv. á þskj. 388.

Frsm. minni hl. (Sigurður Magnússon): Hæstv. forseti. Ég tel í fyllsta máta eðlilegt að ræða þessi frv. bæði undir sama dagskrárlið og mun því gera það. Hér er um að ræða frv. annars vegar á þskj. 386 og svo hins vegar frv. á þskj. 388, en bæði þessi frv. gera ráð fyrir breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar. Fyrra frv. gerir ráð fyrir því, að 16. gr. 1. mgr. g-liður falli brott, en í þessum lið 16. gr. er gert ráð fyrir ákveðnum skerðingarákvæðum, sem einkum bitna á útivinnandi konum, bæði hvað varðar greiðslu vegna fæðingarorlofs og eins greiðslu atvinnuleysistryggingabóta. Frv. á þskj. 388 gengur hins vegar skemmra í þá átt að uppræta það misrétti sem skerðingarákvæði þetta hefur í för með sér, þar sem einungis er gert ráð fyrir að breyta því er snýr að greiðslu vegna fæðingarorlofs.

Eins og fram kemur á nál. minni hl., sem ég stend að, minni hl. heilbr.- og trn., legg ég til að frv. á þskj. 386, það frv. er lengra gengur í réttlætisátt, verði samþykkt. Hins vegar ef frv. nær ekki samþykki Alþ. hef ég flutt brtt. við síðara frv., þar sem efnisatriði fyrra frv. eru tekin upp. Hefur sú brtt. verið lögð fram og liggur fyrir.

Það var í þeirri n., sem fjallaði um þetta mál, eins og hér í d., að það var talið eðlilegt að fjalla

um þessi mál saman þar sem þau eru um sömu löggjöfina, snerta mjög svipað mál í eðli sínu. Og þar sem meiri hl. n. vildi hafa mjög fljóta afgreiðslu, taldi ástæðu til þess að hraða mjög afgreiðslu þess frv., er snertir bótarétt í fæðingarorlofi og taldi ekki ástæðu til að leita umsagnar um það, vildi afgreiða það á einum fundi í n. og koma því sem fyrst til umr. aftur í d., þá var það eftir minni ósk að það frv., er lengra gengur og byggt var m. a. á öðru atriði, þ. e. a. s. skerðingu á atvinnuleysisbótum, yrði einnig afgreitt með sama hraða. Ég hefði hins vegar talið æskilegra að umsagnar hefði verið leitað um þetta mál, einkum hjá verkalýðshreyfingunni, því að ég tel alveg víst að umsagnir verkalýðshreyfingarinnar yfir höfuð hefðu verið jákvæðar og hún hefði lagt til að það frv., er ég mæli hér fyrir að samþ. verði, hefði orðið að lögum. En þrátt fyrir að það hafi ekki verið gefinn tími til þess að leita eðlilegra umsagna í þessum málum og fá fram vilja t. d. verkalýðshreyfingarinnar, sem er stór aðili að þessum sjóði og þess vegna skipti miklu hvaða álit hún hefur á hverjum þeim breytingum er gerðar eru á lögum sjóðsins, þrátt fyrir það að þessarar umsagnar hafi ekki verið leitað hafi Alþ. og einstökum þm. borist bréf ýmissa verkalýðsfélaga, og það fer ekkert á milli mála eftir að hafa kynnt sér þau bréf, sem sum greina frá ályktunum og samþykktum bæði stjórna og trúnaðarmannaráða og eins félagsfunda í viðkomandi félögum, hver afstaða þeirra er. (**Gripið fram í:** Vill hv. þm. ekki lesa þau upp?) Ég get nú ekki orðið við því að lesa þau upp. Í fyrsta lagi er ég ekki með nema hluta af þeim hér fyrir framan mig. En ég skal geta um hvaða bréf þetta eru og e. t. v. les ég eitt þeirra upp, en þau eru öll í sjálfu sér mjög lík að efni til. Þessi bréf, sem borist hafa til Alþ. eða einstakra þm., eru frá Starfsmannafélaginu Sókn í Reykjavík, frá Verkalýðsfélagi Akraness, þar sem greint er frá samþykkt á fundi kvennadeildar þess félags, frá Félagi afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum, frá Félagi starfsfólks í veitingahúsum og að lokum frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Og eins og ég sagði er efni þessara bréfa og samþykkta mjög líkt. Ég vil — með leyfi forseta — lesa upp bréfið frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Þar segir orðrétt:

„Fundur haldinn hjá stjórn og trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélags Húsavíkur 25. mars 1977 samþykkti einróma að skora á alþm. kjördæmisins, að þeir standi með frv. Svövu Jakobsdóttur um að ákvæði um tekjuhámark maka verði felld niður úr lögum um atvinnuleysisbætur svo og úr lögum um atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi. Fundurinn telur að ákvæði laganna um hámarkstekjur maka brjóti í bága við jafnrétti kynjanna, þar sem slíkt ákvæði bitnar einvörðungu á útivinnandi konum. Gildir þar einu þótt þær hafi að öðru leyti áunnið sér fyllsta rétt til atvinnuleysisbóta samkv. lögum og reglugerðum sjóðsins."

Ég hef nú fengið í hendur öll þessi bréf. Óskar þm. eftir því að ég lesi þau öll upp? (Gripið fram í.) Já, það er kannske rétt að ég geri það, úr því að tilmæli hafa borist um það. Þá geri ég það, með leyfi yðar forseti. (Gripið fram í.) Sennilega á þm. við Verslunarmannafélag Reykjavíkur. (Gripið fram í.) En sem sagt, ég skal gera grein fyrir öllum þeim álitum sem mér eru kunn í þessu máli frá verkalýðshreyfingunni, og ég ætla að lesa þau bréf sem ég hef hér handa á milli um þetta efni. Ef einhverjar frekari upplýsingar liggja fyrir sem aðrir hafa undir höndum, þá vænti ég þess að þær komi hér fram síðar í umr.

Þá er það bréf frá Verkalýðsfélagi Akraness, en þar segir:

„Fundur í kvennadeild Verkalýðsfélags Akraness, haldinn 23. 3. 1977, skorar á Alþ. að samþykkja frv. það til l. sem Svava Jakobsdóttir alþm. hefur lagt fram til breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar. Breytingin felur í sér afnám skerðingarákvæða vegna hámarkstekna maka. Skerðing þessi hefur nær eingöngu beinst gegn konum varðandi atvinnuleysisbætur og fæðingarorlof. Telja konur rétt sinn hafa verið fyrir borð borinn vegna þessara ákvæða og vænta þess, að alþm. leiðrétti þetta nú og afnemi skerðingarákvæðin í báðum tilvikum."

Bréf frá Starfsmannafélaginu Sókn, svo hljóðandi:

„Fundur í Starfsmannafélaginu Sókn, haldinn í Hrevfilshúsinu 22. mars 1977, skorar á Alb. að samþykkja till. Svövu Jakobsdóttur um að afnema skerðingarákvæði í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem það ákvæði bitnar nær eingöngu á konum."

Og bréf frá stjórn ASB. Félags afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum. Þar segir:

„Fundur í stjórn ASB, haldinn 23. mars 1977, samþykkti að skora á Alb. að samþykkja fram komið frv. Svövu Jakobsdóttur um atvinnuleysisbætur, þar sem lagt er til að skerðingarákvæði á greiðslum atvinnuleysibóta falli niður."

Þá er hér að lokum bréf frá Félagi starfsfólks í veitingahúsum, en þar segir:

„Eftirfarandi samþykkt var gerð á stjórnarfundi og í samninganefnd Félags starfsfólks í veitingahúsum:

Félag starfsfólks í veitingahúsum lýsir yfir fullum stuðningi við fram komið frv. Svövu Jakobsdóttur um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar og skorar á hið háa Alþ. að samþykkja það hið fyrsta. Þetta tilkynnist yður hér með. F. h. félagsins" o. s. frv.

Eins og ég gat um áðan bera þessar samþykktir með sér einróma stuðning þeirra verkalýðsfélaga, sem hafa látið álit sitt í ljós á þessum frv., þær bera í sér einróma stuðning við það frv. er lengra gengur og vill afnema þessi skerðingarákvæði hvor tveggja. Ég er þessum umsögnum alveg sammála. Ég tel að þessi skerðingarákvæði séu leifar fordóma á vinnu kvenna sem því miður er allt of víða að finna í löggjöf okkar enn í dag. Þetta eru misréttarákvæði sem Alþ. væri sómi að því að fella á brott og undirstrika þar með vilja sinn til að virða vinnu kvenna að verðleikum og til jafns við störf og vinnu karlmanna. Og það er líka athyglisvert og undirstrikar rækilega á hverjum þessi ákvæði bitna, að þessar samþykktir skuli flestar vera frá verkakvennafélögum eða kvennadeildum verkamannafélaga eða þá verkalýðsfélögum sem hafa innan sinna vébanda stóra hópa af konum.

Við 1. umr. málsins hér í d. voru tínd til ýmis augljós dæmi um það ranglæti sem núverandi

skerðingarákvæði hafa í för með sér, og ætla ég ekki að orðlengja um þau frekar í þessari stuttu framsöguræðu minni, en vísa til þessara umr. Við þær er litlu að bæta. Hins vegar hef ég lítillega reynt að gera mér grein fyrir því, hversu víðtæk áhrif þessi skerðingarákvæði hafa í raun á bótarétt þeirra sem atvinnulausir eru. Ég reyndi því að afla mér upplýsinga um þetta og sneri mér þá í upphafi til Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar til þess að kanna hvort hjá þeirri stofnun væri að hafa upplýsingar um fjölda þeirra sem hefðu ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna tekjuhámarksins eða skerðingarákvæðisins sem gerir ráð fyrir ákveðnum hámarkstekjum maka. Það var einkum það atriði, sem ég taldi rétt að kanna, sem er deiluefni hér hjá n. En svörin hjá Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar voru ekki mikil, hjá þeirri stofnun er engar upplýsingar að hafa um þetta atriði. Hins vegar sögðu starfsmenn þessarar skrifstofu mér að það væri nokkuð algengt, eins og þeir orðuðu það, að þessi skerðingarákvæði kæmu til í kvennadeildinni, eins og þeir nefndu það, en þeir myndu ekki eftir því að þessi skerðingarákvæði hefðu komið fyrir í karladeildinni. Eftir að það var ljóst, að frá þessari stofnun var engar talnalegar upplýsingar að hafa um þetta atriði, sneri ég mér hins vegar til verkalýðsfélags hér í borginni, Verkakvennafélagsins Framsóknar, og spurðist fyrir um hvort það félag hefði upplýsingar um fjölda þeirra kvenna sem misst hefðu bótarétt sinn á síðasta ári vegna þessara ákvæða um tekjur maka. Það kom fram í svörum þeirra, sem þar voru fyrir, að á síðasta ári hefðu um það bil 60 konur í þessu félagi fengið atvinnuleysisbætur, en 9 konum hefði verið synjað um bæturnar vegna þessara ákvæða. Lét nærri að sá hópur, sem synjað var um atvinnuleysisbætur vegna þessara ákvæða, væri rúmlega helmingur þeirra kvenna sem í heild misstu bótarétt sinn. En eins og við vitum þarf að uppfylla ýmis önnur ákvæði en þetta. Það er hins vegar ljóst af þessum talnalegu upplýsingum, að það er ekki hægt að ályktа í sjálfu sér út frá þeim. Þær segja okkur ekki nema takmarkað um þetta mál. Og ég var rækilega áminntur um það í viðtölum við starfsfólk þessa verkalýðsfélags, að vitað er að mikill fjöldi verkakvenna þekkir þær reglur sem eru í gildi um þessi skerðingarákvæði og af þeim sökum leita þær ekki eftir atvinnuleysisbótum. Þess vegna má fullvíst telja að miklu fleiri konur í þessu tiltekna verkalýðsfélagi hafi misst bótarétt sinn af þessum sökum. En eigi að síður segja þessar tölur okkur býsna mikið um hvað hér er um alvarlegt og almennt skerðingarákvæði að ræða.

Ég gerði hins vegar þriðju tilraunina til þess að átta mig á því, hvað hér væri um víðtæka skerðingarreglur að ræða í lögunum, og ákvað að reyna að fá sem nákvæmastar upplýsingar um meðaltalsárstekjur algengra hópa launamanna og bera þær niðurstöður saman við skerðingarmörkin sem eru tæp 1.5 millj. kr. Til þess að glöggva mig á þessu fór ég í Fréttabréf kjararannsóknarnefndar, í janúarhefti þessa árs, en í því hefti er greint frá tekjum ýmissa launþegahópa á síðasta ársfjórðungi ársins 1976, og jafnframt því sem greint er frá meðaltekjum þessara hópa á því tímabili er greint frá vinnutíma þessara sömu hópa. Við þessa athugun mína og útreikninga kom það í ljós, sem ég óttaðist reyndar og átti von á, að mjög stórir hópar launamanna, jafnvel í almennri verkamannavinnu, eru með árstekjur sem eru yfir þessum skerðingarmörkum. Og ég tek nú til baka þessi orð, sem ég sagði áðan: ég óttaðist það ekki, því að vissulega vildi ég að þessar tekjur væru miklu hærri, en það var eins og ég átti von á, að tekjur ýmissa algengra launahópa voru yfir þessum skerðingarmörkum. Og tekjur þeirra eru vitaskuld ekki svo háar vegna þess að kauptaxtar þeirra manna, sem þarna eru í úrtaki kjararannsóknarnefndar, séu svo háir, heldur kemur þar til hinn langi og strangi vinnudagur sem þetta fólk leggur á sig og verður til þess að lyfta árstekjum þess upp. Og til þess að finna árstekjur þessara hópa notaði ég aðferð sem vafalaust er ekki hávísindaleg, en ég tel þó að megi nota alveg eins og margar aðrar aðferðir. Þegar ég ákvað árstekjur þessara hópa breytti ég tekjunum á þessum síðasta ársfjórðungi í árstekjur, gekk út frá sömu launum allt árið og sama vinnutíma. Nú er mér ljóst að kaup var að meðaltali á árinu lægra heldur en á síðasta fjórðungi ársins, en ég tel að þar komi nokkuð á móti, að það megi með rökum ætla að vinnutími þessara starfshópa hafi verið verulega lengri að meðaltali á árinu heldur en á síðasta ársfjórðungi. Þar kemur til að vinnutími er yfirleitt miklu lengri í almennri verkamannavinnu og í vinnu iðnaðarmanna yfir vor- og sumartímann, og ég tel sem sagt, að það komi þar á móti. En það kom sem sagt í ljós, þegar þessar árstekjur voru búnar til og stuðst við tekjur og vinnutíma síðasta ársfjórðungs síðasta árs, að að meðaltali fóru allir hópar iðnaðarmanna yfir þessi mörk, 1.5 millj., og mjög margir hópar í almennri verkamannavinnu, m. a. verkamenn í fiskvinnu, í byggingarvinnu, í slippvinnu, aðstoðarmenn við fagvinnu, vélgæslumenn og bifreiðastjórar. Meðaltalsárslaun þessara hópa samkv. þessum útreikningi voru á bilinu frá 1.5 millj. upp í 1700 þús. Ég tel því augljóst og það gefur auga leið, að konur þeirra verkamanna og iðnaðarmanna, sem hér um ræðir, eiga ekki bótarétt samkv. lögum um atvinnuleysistryggingar þótt þær missi vinnu sína og þó að þær eigi að öðru leyti rétt til bóta og uppfylli öll ákvæði laganna. Síðan ætlast ég til þess að hver dæmi fyrir sig hvort hér eru réttlætislög eða óréttlætislög á ferðinni, hvort hér er ástæða til breytinga eða ekki. Ég tel það óyggjandi að hér þurfi að verða á breyting. Við vitum það mætavel og þurfum ekki að ræða það hér í þingsölum, að til þess að framfleyta fjölskyldu, að ég tali nú ekki um fjölmennri barnafjölskyldu, nægir ekki dagvinna, það þarf að vinna margfaldan vinnudag, og það nægir ekki að einn heimilismeðlimur eða fjölskyldumeðlimur vinni fyrir tekjum, heldur þurfa þar allir að leggjast á eitt. Þannig er þetta í raun og veru orðið í okkar þjóðfélagi, og undan því getum við ekki vikið okkur nema með því, sem væri náttúrlega ástæða til þess að hvetja þm. til að gera, að styðja þá launabaráttu sem fram fer í þjóðfélaginu.

Ég gat um það áðan, að þær tekjur, sem þarna voru fundnar, 1.5 millj. og þar yfir, hefðu byggst á löngum vinnudegi, og ég tel rétt að það komi

hér fram, því að mér þykja það nokkrar upplýsingar. Alla vega kann að vera að einhverjum þyki þær fróðlegar. Ef ég gerði ráð fyrir því að vinnutíminn á síðasta ári væri sá sami allt árið og þennan síðasta ársfjórðung, og ég sagði áðan að ég teldi að hann væri frekar lengri heldur en hitt, þá var vinnutími þessara hópa, sem ég skoðaði í Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar, um 800—1200 stundir á ári, — hvorki meira né minna en upp í 1200 stundir á ári. Þetta jafngildir því, að þessir hópar vinni 5—6 aukamánuði í árinu til þess að afla sér tekna sem eru á þessu bili, 1.5 millj. kr. til 1700 þús., þeir vinni 5—6 aukamánuði í árinu, ef við göngum út frá 40 stunda vinnudegi. Út af fyrir sig mætti halda hér langa ræðu um þetta efni. Þetta sýnir okkur náttúrlega betur en margt annað hvers konar þjóðfélag það er, sem við lifum í orðið, íslendingar. Það er ekki einungis að þetta sé láglaunaland og skeri sig úr löndunum hér í kringum okkur, heldur er þetta orðið land vinnuþrældóms — land óhóflegrar vinnu og vinnuþrældóms. Og við þm. skulum aðeins reyna að setja okkur í spor þess fólks sem á þess ekki kost að vinna þó þennan langa vinnudag og verður að láta sér nægja einfaldar dagvinnutekjur til þess að lifa af, eða þess fólks sem býr við þær aðstæður af einhverju tagi að einungis einn heimilismaður verður að vinna fyrir fjölskyldunni, þær fjölskyldur eru líka margar, eða þá öryrkjanna og aldraða fólksins sem er langt fyrir neðan þessi mörk. Maður sér það kannske aldrei betur en þegar maður skoðar svona tölur og sest niður til að íhuga þær, hvers konar misréttisþjóðfélag íslenska þjóðfélagið er orðið.

Á sama tíma og þessar staðreyndir eru fyrir framan okkur og eiga að vera öllum kunnar þarf verkalýðshreyfingin að standa í löngu og erfiðu samningaþófi, þar sem ekkert virðist ganga, til þess að berjast fyrir algerum lágmarkslaunum. Þetta ástand er vitaskuld óþolandi og það ætti að vera skylda okkar hér að leggja verkalýðshreyfingunni lið í þeirri launabaráttu, sem nú á sér stað, með öllum þeim hætti sem við getum. En að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þessi mál hér nú. Þau eru í sjálfu sér ekki á dagskránni. En ég tel sem sagt að það sé augljóst eftir þessa athugun, að þessi skerðingarákvæði á atvinnuleysisbótum séu mjög víðtæk, og þau eru óréttlát, eins og ég hef getið um, og ég tel að þau eigi að falla brott.

Það eru líka fáir sem leggjast gegn því að þessum lögum verði breytt. Þannig leggur meiri hl. n. til að þessu fyrrnefnda frv., sem lengra gengur, verði vísað til ríkisstj., en leggur ekki beinlínis til að það sé fellt. Ég tel þó að þessi afgreiðsla sé alls ófullnægjandi og ekki þm. sæmandi, eins og málum er háttað, og tel að í þessum efnum sé ekki hægt að draga það að verða við réttlátum breytingum.

Að lokum vil ég taka það fram, að á fund í heilbr.- og trn. komu fulltrúar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gerðu lítillega grein fyrir afkomu og stöðu sjóðsins, tjáðu sig reyndar flestir persónulega um afstöðu sína til þessara frv., og einungis einn þeirra, fulltrúi vinnuveitenda í sjóðsstjórninni, lagðist gegn anda eða efni frv. En fyrst og fremst snerust viðræður okkar þm. í heilbr.- og trn. við fulltrúa sjóðsstjórnarinnar um fjárhagslega afkomu hans og stöðu, og þar kom glöggt fram að sjóður þessi er alls ekki nægilega öflugur ef á hann reyndi verulega. Þannig kom fram að í áætlunum um stöðu sjóðsins á þessu ári, þegar búið er að gera ráð fyrir lagalegri skyldu hans til ýmissa greiðslna og áætluðum bótum, þá er staða hans öfug um 92 millj. Og ég vil taka það fram, að ég tel að það sé ljóst, burt séð frá afgreiðslu þessara frv., að nauðsynlegt er að endurskoða lögin um sjóðinn og styrkja hann og efla á allan hátt. Ef kæmi til verulegs atvinnuleysis er augljóst að hann ætti í miklum erfiðleikum með að standa undir skyldum sínum. Mjög margar af greiðsluskyldum sjóðsins eru lagabundnar og þess vegna ekki á valdi sjóðsstjórnarinnar hversu háar þær eru hverju sinni. Þar munar mestu um greiðslur sjóðsins til hins almenna byggingakerfis, en þær munu nema um helmingi af iðgjöldum sjóðsins.

Eins og fram hefur komið, bæði við 1. umr. málsins og eins í ræðu frsm. meiri hl. eru þessi mál í endurskoðun. Ég vil út af fyrir sig taka undir það, að þessari endurskoðun verði hraðað, og ég tel eðlilegt, að markmið þeirrar endurskoðunar verði að efla og styrkja þennan sjóð sem er verkalýðshreyfingunni mjög mikilvægur, getur ráðið úrslitum ef atvinnuleysi skellur yfir að verulegu marki. En ég vil um leið undirstrika, að ég tel að þessi endurskoðun þurfi að fara fram burt séð frá afgreiðslu þessara mála. Ég tel hins vegar að samþykkt þess frv., sem ég styð hér í d., muni frekar flýta þessari sjálfsögðu endurskoðun heldur en hitt og óvissa um þetta efni megi á engan hátt verða til þess að leggja stein í götu þessa máls.

Að endingu vil ég skýra afstöðu mína til þeirrar brtt. sem hér er flutt af hv. þm. Þórarni Þórarinssyni og Stefáni Valgeirssyni. Ég er efnislega hlynntur þessari brtt. og tel af öllum ástæðum eðlilegt að ríkisstj. verði falið að kanna það mál.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Þegar ég mælti fyrir máli mínu, sem er 193. mál, þá fór ég þess á leit við n. að hún samræmdi þessi frv. og léti þau fylgjast að. Hún hefur náttúrlega ekki samræmt þau, en hún hefur látið þau fylgjast að, og fyrir það kann ég henni að vísu þakkir, en það er líka það eina jákvæða sem ég get sagt um vinnubrögð hv. n. Svo segir í nál. meiri hl., að þeir leggi til að frv. mínu verði vísað til ríkisstj. Þó er tekið fram í nál., að þeir séu sammála mér um að skerðingarákvæði það, sem hér um hæðir, þ. e. a. s. g-lið ur 16. gr. atvinnuleysistryggingalaganna, sé óeðlileg viðmiðun við úthlutun atvinnuleysisbóta. Samt fjallaði meiri hl. n. svo flausturslega um þetta frv., að hann lét sér nægja einn einasta fund án þess að leita álits þeirra aðila sem þetta mál snertir og undir því yfirskini að það þyrfti að hraða þessu. Nú vitum við það, hv. þm., að þetta mál hefur verið hér vikum saman og beðið afgreiðslu, og hefðu verið hyggilegri vinnubrögð að n. tæki sér örlítið meiri tíma til þess að skoða málið, leita umsagna og álits og taka afstöðu til þess eftir slíka athugun, svo sem þinglegt er.

Meiri hl. n. vill vísa þessu frv. til ríkisstj. í trausti þess að endurskoðun á atvinnuleysistrygg-

ingalögunum verði hraðað. Það munu ekki vera nema örfáir dagar síðan skipað var í þá n. sem ætlað er að endurskoða þessi lög, og það kom ekki fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. hvaða ástæðu n. hefur til þess að ætla að þeirri endurskoðun verði endilega hraðað. Meiri hl. n. hafnar því sem sagt að mæla með samþykkt þess að skerðingarákvæðið verði afnumið með öllu, en mælir með því að það verði afnumið eingöngu þegar um greiðslu fæðingarorlofs er að ræða. Hér er á ferðinni svo undarlegur tvískinnungur, að það liggur beinast við að ætla að það eitt hafi ráðið ferðinni hjá meiri hl. hv. n. að hér væri um frv. stjórnarandstöðuþm. að ræða og því alveg sjálfsagt að samþykkja það ekki, hversu mjög sem þeir sæju þó og viðurkenndu í nál. réttmæti málsins. Hér er um svo augljóst ranglæti að ræða að það þarf að mínu mati ekki endurskoðunar við. Það má kippa því í lag þegar í stað ef vilji er fyrir hendi.

Hv. frsm. minni hl. hefur lesið hér umsagnir sem verkalýðsfélög sendu Alþ. eða n. varðandi þetta mál. Þessi verkalýðsfélög gátu vitanlega ekki búist við því að n. mundi afgreiða þetta mál nánast umræðulaust á einni morgunstund. En það hefur farið hér sem vorið 1975, að þeir aðilar, sem málið snertir mest, höfðu ekki tíma né tækifæri til að láta skoðun sína í ljós á því sem Alþ. var að gera. Ég minni á það, að verkalýðsfélög, líka kvennafélög, mótmæltu því, að fæðingarorlofið væri greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þau voru mótfallin því, að fæðingarorlofið yrði fjármagnað á þennan hátt, og þeirra á aðra leið, tryggingarnar, almannatryggingarnar. Á þessi mótmæli var ekki hlustað. Og nú á að bæta gráu ofan á svart með því að bæta við öðru augljósu ranglæti, þ. e. a. s. láta skerðingarákvæðin gilda um atvinnuleysisbæturnar, en afnema þau gagnvart fæðingarorlofi. Ég tel það vera óskynsamlegt af hv. Alþ. að sýna svona framkomu. Þetta er ósanngjarnt. Og hér er verið að ýta undir óeiningu í stað þess að hv. alþm. væri í lófa lagið að sætta þó verkalýðsfélögin og verkakvennafélögin að einhverju leyti við það, að fæðingarorlofið væri greitt úr þessum sjóði. En ég er hrædd um að þessi aðferð verði ekki vinsælli ef afgreiðsla og till. meiri hl. n. verður ofan á. Ég vil því alvarlega vara hv. Alþ. við framkomu af þessu tagi.

Hér er að mínum dómi um ákaflega mikið jafnréttismál að ræða. Eins og komið hefur fram í fyrri umr. um þetta mál, bitnar þetta eingöngu á giftum konum. Það er að vísu framför í jafnréttismáli að menn skuli nú vera sammála um að taka tillit til líffræðilegs hlutverks konunnar, að mönnum skuli ekki lengur finnast það sjálfsagt að hún njóti ekki réttinda sem vinnandi manneskja þrátt fyrir hið líffræðilega hlutverk. Það er að vissu leyti stórt framfaraspor þegar þetta tvennt er ekki lengur andstæður. En það er athyglisvert að hér stansa hinir íhaldssömu. Þegar að því kemur að viðurkenna konur sem sjálfstæða einstaklinga, sem fjárhagslega sjálfstæða einstaklinga, óháð því hvort þær hafa karlkyns fyrirvinnu eða ekki, þá siglir allt í strand. Þá koma upp gömlu fordómarnir um það að konur séu í raun aðeins varavinnuafl og sé á heimilinu karlkyns fyrirvinna, þá sé hið eðlilega ástand það, að þær séu á framfæri, og þær eigi því ekki að njóta sömu réttinda og karlmenn eða ógiftar konur.

Það eru ekki margir dagar síðan einn hv. þm. sem ég sé ekki hér í salnum núna, hv. 5. þm. Reykn., mælti hér fyrir frv. um að konur mættu ganga í slökkvilið. Auðvitað var engin sérstök ástæða til þess að bregða fæti fyrir að konur mættu ganga í slökkvilið. Framsöguræða hv. 5. þm. Reykn. var athyglisverð og að mínu viti mælti hann vel. Ég vildi óska að meiri hl. hv. heilbr.- og trn. tæki mál hans til greina, en það hefur hann ekki gert. Hann lagði til að alþm. skiptu á milli sín lagasafninu til lestrar í því skyni að uppræta þar öll þau ákvæði er yllu misrétti kynjanna. Hv. frsm. í þessu máli, sem ég sé að er staddur hér í salnum, hv. þm. Gunnlaugur Finnsson, tók undir þetta og kvað n., sem hefði það frv. til umr., m. a. hafa fjallað um það í fullri alvöru að það ætti jafnvel að skipa n. til þess að skoða allt lagasafnið með þetta í huga. Ég veit ekki hvort þessir hv. þm. telja ástæðu til þess að gera ekkert í þessu máli nema að undangengnum umfangsmiklum nefndarstörfum. En ég bendi á að hér er eitt tækifæri sem Alþ. hefur til þess að leiðrétta misrétt' kynjanna án þess að hv. þm. þurfi að lesa ósköpin öll af dálkum og án þess að þurfa að sitja marga nefndarfundi. Hér er hægt að beita bara venjulegu brjóstviti og leiðrétta eina tegund misréttis kynjanna með því að samþykkja það frv., 193. mál, sem hér er til umr. Og ég er satt að segja dálítið undrandi á því, að tvær konur, sem sitja hér á þingi og enn eru í heilbr.- og trn., Ragnhildur Helgadóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir, skuli treysta sér til að varpa þessu máli frá sér á hæstv. ríkisstj. Það er gullvæg þolinmæði sem í þeirri afstöðu felst. Auk þess sem þetta skerðingarákvæði felur í sér gífurlegt misrétti kynjanna sem nær alveg niður í rót, þar sem um er að ræða að fá viðurkenningu á fjárhagslegu sjálfstæði, þá felur það þar að auki í sér efnahagslegt misrétti milli þeirra sjóðsfélaga sem njóta atvinnuleysisbóta og fæðingarorlofs. Ég vil minna á það, að einstaklingar fá fullar atvinnuleysisbætur án tillits til þeirra tekna sem þeir hafa haft á árinu. Gift kona fær hins vegar engar bætur, ef tekjur maka ná vissu marki. Í þessu sambandi skiptir máli hvort makinn hefur haft 1400 þús. kr. á árinu eða 1550 þús. Það er skorið á við visst mark. Fari tekjur maka upp fyrir 1495 þús. kr., þá fær hún alls engar bætur. Og hv. þm. ættu að hafa í huga það sem kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl. n. Það voru mjög merkilegar upplýsingar sem hljóta að vekja alla hv. alþm. til umhugsunar, en í máli hans kom fram að mikill fjöldi verkamanna og iðnaðarmanna væri með tekjur á markinu frá 1.5 millj. til 1.7 millj. kr., ég held að ég hafi tekið rétt eftir. Það getur sem sagt munað þarna 200 þús. kr., hvort eiginkonu ófaglærðs verkamanns eða iðnaðarmanns er algerlega neitað um atvinnuleysisbætur eða ekki. Ef menn telja að kona geti ekki fætt barn ef heimili hefur ekki hærri tekjur, hvernig á þá barnmörg fjölskylda að fara að lifa af þessum tekjum? Er engin ástæða til þess að bæta það upp ef önnur fyrirvinna missir atvinnuna og tekjur með öllu? Þessu

vildi ég gjarnan að meiri hl. heilbr.- og trn. svaraði.

Það, sem gerist þegar giftri konu er neitað um atvinnuleysisbætur af þessum sökum, er auðvitað það að heimilisfaðirinn verður að bæta við sig sem því nemur, ef sú atvinna er á annað borð til, og ef hún er ekki til, er þá allt í lagi að slík röskun verði á högum þessarar fjölskyldu að alþm. geti bara veifað því vandamáli frá sér? Ég minni á það líka í þessu sambandi, að þessi mörk miðast við um það bil 125 þús. kr. á mánuði og verkalýðshreyfingin fer nú fram á lágmarkslaun 110 þús. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu í nóv. Er hægt að fullyrða að hér sé um þær hátekjur að ræða, að það sé ástæðulaust að bæta heimili það upp með atvinnuleysisbótum ef konan, annar framfærandi heimilisins, missir atvinnu sína? Ég tel hér um ákaflega miklar samviskuspurningar að ræða fyrir hv. þm., og eftir þær upplýsingar, sem fram komu hjá hv. frsm. minni hl. n., er full ástæða til þess að víta vinnubrögð meiri hl. Það er full ástæða til þess að víta vinnubrögð meiri hl. því hér hefði n. allri borið skylda til að kynna sér allar hliðar þessa máls.

Ég tók það fram við 1. umr., að ég teldi rétt að n. athugaði vel lög um atvinnuleysistryggingar með hliðsjón af greiðslu fæðingarorlofs. Það hefur n. alls ekki gert, og því síður virðist hún hafa athugað þá reglugerð sem stóðst ekki fyrsta prófið, svo sem þessi frv.-flutningur er til vitnis um. Ég veit ekki hve margir hv. þm. hafa kynnt sér þessa reglugerð. En það kæmi mér mjög á óvart ef Alþ. ætti ekki enn eftir að þurfa að fjalla um þetta mál.

Í reglugerðinni er ákvæði um það, að hafi kona notið fullra atvinnuleysisbóta eða fullnægt skilyrðum til að fá atvinnuleysisbætur og lokið bótatímabili sínu, þá skuli hún eftir sem áður fá fæðingarorlof á árinu. Ég vil beina því til hv. frsm. meiri hl.: Telur hún að þetta ákvæði hafi gildi? Það er ekkert í lögum um atvinnuleysistryggingar sem styður þennan skilning, og því held ég að það sé skylda Alþ. að kynna sér það nú rækilega og bæta fyrir flaustursleg vinnubrögð vorið 1975, — kynna sér það nú rækilega hvort þetta atriði hefur gildi. Hins vegar er hvergi í reglugerð kveðið svo á, að fæðingarorlof skuli ekki skerða atvinnuleysisbætur. Kona getur sem sagt staðið frammi fyrir því að vera neitað um atvinnuleysisbætur vegna þess að hún hafi fengið fæðingarorlof fyrr á árinu. Hér er um að ræða réttindaskerðingu sem er ákaflega óviðurkvæmilegt, svo að ekki sé meira sagt, að Alþ. leggi blessun sína yfir. Það væri full ástæða til, vegna allra þeirra formgalla sem eru á þeirri reglugerð sem ætlað er að gilda, að n. athugaði þetta mál betur. Þó geri ég ekki till um. að vísa málinu til n. aftur. En ég óska að hv. frsm. meiri hl. n. geri Alþ. grein fyrir þessum atriðum, hvort það sé af vangá, að þetta standi eftir, eða hvort það sé virkilega meining meiri hl. að fæðingarorlof skuli eiga að skerða atvinnuleysisbæturnar sjálfar.

Ég held, herra forseti, að ég hafi komið inn á flest þau atriði sem mér finnst skipta máli. En þar sem hæstv. forseti lagði til að 193. og 194. mál yrðu rædd saman og ég tel það alls ekki óeðlileg vinnubrögð, þá vil ég aðeins í stuttu máli gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra till. sem þar liggja fyrir.

Það liggur fyrir brtt. frá hv. minni hl. n., Sigurði Magnússyni, um að skerðingarákvæðið skuli falla úr gildi 1. júní, og mun það vera varatill. ef menn fallast ekki á frv. á þskj. 386. Og ég mun vitanlega fylgja þeirri till. hv. þm. Sigurðar Magnússonar.

Um till. hv. þm. Þórarins Þórarinssonar og Stefáns Valgeirssonar vil ég segja þetta, að í því máli hefur afstaða mín ekkert breyst. Ég hef áður greitt atkv. till. sem var efnislega á sömu leið, þar sem ríkisstj. var falið að tryggja öllum konum fæðingarorlof og skyldi það gert fyrir 1. jan. 1976. Ríkisstj. hefur ekki staðið við þetta, og ég hlýt að segja það, að það orkar tvímælis að mínu mati hvort það á sífellt að vera að flytja nýjar till. um sama efni eingöngu af því að ríkisstj. stendur ekki við það sem Alþ. hefur samþykkt. Ég hefði talið eðlilegra að ríkisstj. hefði staðið við samþykktina sem Alþ. gerði 1975, en að Alþ. væri ekki að leggja blessun sína yfir svikin með því að flytja aðra till. sama efnis og færa bara til dagsetningu. Alþb. hefur margsinnis með tillöguflutningi og í ræðum látið í ljós skoðun sína á því, að fæðingarorlof ætti að greiðast hjá almannatryggingum og ætti að vera á einni hendi, en ekki á vegum margra aðila. Ég veit ekki hvort það er í raun og veru afstaða hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur og Ragnhildar Helgadóttur líka, því að ég minnist þess að vorið 1975 fluttu þær till. til þál. um fæðingarorlof bændakvenna sem skyldi greiðast úr Lífeyrissjóði bænda. Það hefur ekki verið rekið jafnharkalega á eftir þessari till. og því, að fæðingarorlof kvenna í verkalýðsfélögum skuli greiða úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það væri fróðlegt að fá að vita hvort þessir hv. þm. hafa skipt um skoðun eða hvort málið hefur mætt einhverri andstöðu.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mikið, en vil aðeins segja það um þetta mál almennt, að ég álít að það hafi í sjálfu sér verið félagsleg framför þegar fæðingarorlofslögin voru samþykkt, þó að ég hafi talið þá í umr. hér á Alþ. og telji enn að það sé höfuðgalli á málinu að fæðingarorlof skuli greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt að fæðingarorlof greiðist af Tryggingastofnun ríkisins sem liður í því kerfi.

Annar höfuðgallinn á þessum málum er sá að mínum dómi, að það eru margar konur í landinu sem ekki njóta fæðingarorlofs, þó að þær hafi alla aðstöðu til að þurfa þess, jafnvel umfram margar þær sem nú njóta þeirra hlunninda lögum samkvæmt. Það finnst mér vera mikill galli á þessum málum öllum, hversu seint miðar að vinna að því máli, koma því í höfn, að allar konur njóti fæðingarorlofs. Það gefur auga leið, að það eru fjölmargar konur sem ekki hafa aðstöðu til þess að vinna úti vegna heimilisstarfa, vegna þess að þær eiga mörg börn eða af öðrum ástæðum, og þær fá ekkert fæðingarorlof. Þetta er í raun og veru löggjafanum hrein-

lega til skammar, mundi ég segja, og því miðar mjög lítið áfram að sinna þessu máli á þann veg, að það verði lögleitt sem almenn regla í þjóðfélaginu, að allar konur, sem uppfylla viss skilyrði, skuli fá greitt fæðingarorlof.

Sú breyting, sem lagt er til að gerð verði á lögunum, um að fella niður skerðingarákvæði, breytir engu um þetta. Það verða eftir sem áður fjölmargar konur sem ekki njóta fæðingarorlofs. Má í því efni minna á það, að þegar lögin voru samþ. um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, þá voru þar ákvæði til bráðabirgða, eins og síðasti hv. ræðumaður minntist á áðan í sinni ræðu, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir 1. jan 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni."

Fyrir 1. jan. 1976, segir hér, en í þessu efni hefur ekkert gerst annað en það, að vera kann að n. sé starfandi til þess að undirbúa þetta mál. Ég er þó ekki alveg nægilega kunnugur því. En mér finnst hægagangur á þessu. Það eru liðin tvö ár nálega síðan lögin um greiðslu fæðingarorlofs úr Atvinnuleysistryggingasjóði voru samþ. og ekkert hefur skeð um framhaldið sem gefur vonir um að afnema það stórkostlega misrétti sem nú á sér stað í þjóðfélaginu, þar sem mikill fjöldi kvenna nýtur ekki þessara réttinda. Og erindi mitt í ræðustólinn er í raun og veru ekkert annað heldur en undirstrika þetta aftur og herða á því — eða skora á ríkisstj. og Alþ. að herða á því að úr þessu verði bætt hið bráðasta.

Brtt. frá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni og Stefáni Valgeirssyni er efnislega sú sama og ákvæði til bráðabirgða í lögum um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar. Ég mun fylgja þessari brtt., þó að ég verði að taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður, Svava Jakobsdóttir, sagði í þessu efni, að það er dálítið hvimleitt fyrir Alþ. að þurfa að gera ályktun tvívegis á tveggja ára fresti um sama málið án þess að málið hreyfist.

Ég vil því endurtaka áskorun til ríkisstj. um að taka til höndunum í sambandi við þetta mál, því að mér finnst það vera svo mikið misrétti sem kemur fram í þessum efnum.

Það er svo mál út af fyrir sig, að þetta frv. um að afnema skerðingarákvæðin skýtur skökku við um önnur réttindi samkv. lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, því að það er ekki till. um að afnema önnur skerðingarákvæði sem verka gagnvart öðrum réttindum sem fólk nýtur samkv. þeim lögum. Þess vegna sýnist mér að málið sé í vaxandi mæli að komast í meira og meira óefni og þess vegna ástæða til þess að flýta heildarendurskoðun málsins og lögfesta það að allar konur í landinu njóti fæðingarorlofs.

Mér hefur verið sagt, að þegar málið var til meðferðar í hv. n. hafi borist til n. umsögn frá Heilbrigðisráði Íslands um þetta mál, og ég vil leyfa mér að óska eftir því, ef þetta álit eða þessi umsögn er nærtæk, að hún verði lesin upp.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Ég held að þau eigi vel við, orðin sem hv. síðasti ræðumaður, Tómas Árnason, sagði hér, að þessi mál væru auðsjáanlega að komast í meira og meira óefni. Það á við ýmsa þætti þessara mála, það er óhætt að segja það.

Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessara mála við 1. umr. og ræddi þá nokkuð ítarlega um Atvinnuleysistryggingasjóðinn, stöðu hans og ýmsan áburð sem mér fannst þá koma fram á stjórn sjóðsins, hvernig hún hefði staðið að málum. Ekkert af þessu ætla ég nú að endurtaka og þarf ekki langan tíma til þess að gera grein fyrir afstöðu minni til málanna nú eftir að þau koma frá hv. heilbr.- og trn.

Meiri hl. n. hefur tekið þá afstöðu að leggja til að frv. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur á þskj. 386 verði vísað til ríkisstj., en hins vegar að frv., sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og fleiri flytja, verði samþykkt. Með þessu er meiri hl. n., 6 af 7 nm., að undirstrika misréttið sem felst í því frv. sem meiri hl. n. leggur til að samþykkt verði. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði um frv. á þskj. 386 um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar. Ég lýsti fylgi mínu við það frv. og taldi að þær skerðingarreglur, sem í lögunum felast og bæði þessi frv. koma inn á, ætti að afnema. Það er óbreytt skoðun mín.

Hv. frsm. meiri hl. n. hefur kosið með frv. sínu frá því 1975 að flokka barnshafandi konur sem atvinnuleysingja og að þær skuli njóta atvinnuleysisbóta eftir reglum sem bætt var í lög um atvinnuleysistryggingar vorið 1975. Nú hefur verið flutt frv. af þessum hv. þm. og fleiri þar sem kveðið er á að barnshafandi konum skuli við barnsburð veittur frekari réttur til atvinnuleysisbóta heldur en þegar um annað atvinnuleysi er að ræða samkv. þessum sömu lögum. Ég lýsti því mjög greinilega, trúi ég, við 1. umr. málsins, að þessari mismunun er ég algerlega andvígur.

Frv. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur felur í sér jafnan rétt fyrir atvinnulausar konur, hvort sem það er vegna barnsburðar eða vegna raunverulegs atvinnuleysis. Það afnemur sem sagt þessar skerðingarreglur jafnt fyrir allar konur, og þannig á að sjálfsögðu að afgreiða þetta mál. Það hefði verið sæmra fyrir n. að taka tillit til þeirra áskorana, sem komu hér fram við 1. umr. málsins, heldur en afgreiða það nú á þann hátt sem gert hefur verið. Með till. um að vísa þessu máli til ríkisstj. núna, er eins og ég sagði, verið að framkvæma að mínum dómi hróplegt ranglæti gagnvart þeim konum sem raunverulega eru atvinnulausar og eiga að þola þessi skerðingarákvæði. Það gefur alveg auga leið, að ef skerðingarákvæðin verða nú afnumin varðandi fæðingarorlofið, sem sjálfsagt er meiri hluti fyrir í hv. d. og í þinginu sem heild, þá náttúrlega er aldeilis útilokað að þeim verði viðhaldið gagnvart atvinnulausum konum. Þess vegna er það að fara að vísa málinu til ríkisstj. aðeins til þess að halda enn eitthvað þessum skerðingarákvæðum gagnvart þessum konum, en afnema þau gagnvart öðrum. Þetta misrétti álít ég að sé fyrir neðan virðingu Alþingis, og afgreiðsla málsins á þennan hátt álít ég að sé fyrir neðan virðingu Alþingis.

Ég sagði að ég þyrfti ekki að hafa mörg orð um þessi mál núna, ég hef gert það áður. Ég

vil aðeins segja það um þær brtt. sem hér liggja fyrir við frv. á þskj. 388, þ. e. a. s. um fæðingarorlofið, brtt. frá minni hl. n., hv. þm. Sigurði Magnússyni, að ef svo færi að frv. Svövu Jakobsdóttur yrði raunverulega fellt með því að vísa því til ríkisstj. og þar með væri það úr sögu, þá mundi ég að sjálfsögðu greiða atkv. með fyrri hluta brtt. hv. þm. Sigurðar Magnússonar. En ég mundi við atkvgr. óska eftir að sú till. yrði borin upp í tvennu lagi, þetta eru tvö sjálfstæð efnisatriði, og ég mundi hiklaust greiða atkv. gegn síðari hluta till., vegna þess að hann felur í sér nákvæmlega sama ójöfnuðinn og misréttið og frv. í heild felur í sér, ef búið er að fella það að atvinnulausar konur skuli ekki losna við skerðinguna og ef þær eiga áfram að þola skerðingarreglurnar. Það er nákvæmlega sama misréttið í þessum lið. Það er verið að mismuna konum þarna, hvort þær eru atvinnulausar vegna barnsburðar eða raunverulega atvinnulausar.

Varðandi brtt. á þskj. 422 frá þeim hv. þm. Þórarni Þórarinssyni og Stefáni Valgeirssyni, þá get ég mjög lýst sömu skoðun og þeir tveir hv. þm. sem hafa um hana fjallað núna næst á undan mér, að það er næstum hjákátlegt að vera að endurtaka sömu ákvæði til bráðabirgða og voru í lögunum frá 1975 og átti þá að vera lokið 1. jan. 1976. En ég mun hins vegar nú greiða atkv. með þessari brtt., og ríkisstj. verður þá annaðhvort að verða sér aftur til skammar eða sjá að sér og reyna að framkvæma það sem Alþ. hefur sett í lög og henni ber að framkvæma.

Eins og ég hef tekið fram, þá hef ég áður lýst skoðunum mínum um þessi mál öll. Ég vil aðeins endurtaka höfuðatriði þess sem ég hef áður sagt. Það er í fyrsta lagi, að ég held því fram að bætur vegna barnsburðar hafi aldrei átt að heyra undir atvinnuleysistryggingar og eigi ekki að vera þar, fæðingarorlof eigi að vera hluti af almannatryggingunum og sjá verði því fyrir tekjustofni og það nái til barnshafandi kvenna yfirleitt, en ekki með þeim takmörkunum sem nú eru á, þar sem ekki nema lítill hluti kvenna getur notið þess sem þessi lög fela í sér.

Varðandi afnám þeirra skerðingarákvæða, sem þessi frv. fjalla um, þá tel ég að þau eigi að afnema. Það er ekki bara vegna þess, hvað þarna er raunverulega um lágt tekjustig að ræða, þó að það sé nú tvöfalt dagvinnukaup Dagsbrúnarmanna, heldur kannske fyrst og fremst vegna þess, að á hvern þann, sem hefur unnið sér rétt til bóta, sé litið sem sjálfstæðan einstakling og réttur hans markist af því. Þetta hef ég áður tekið fram og tel að þannig eigi að líta á málin. Verði hins vegar skerðingarákvæðin aðeins felld niður varðandi fæðingarorlofið, en látin haldast gagnvart öðrum atvinnuleysisbótum, þá tel ég að stofnað sé til óþolandi misréttis sem alþm. eigi ekki að leyfa sér, og þá mun ég greiða atkv. gegn frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 420 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, TÁ, VH, ÞS, EKJ, GuðlG, GF, GÞG, HES, IngJ, JSk, KP, LárJ, MÁM, ÓE, PJ, SigurlB, SV, RH.

nei: SvJ, EðS, GS, GilsG, JónasÁ, SM.

15 þm. (ÞÞ, BGr, EBS, FÞ, GHG, GTh, IG, JóhH, LJós, MÓ, MB, ÓlJ, PP, PS, SighB) fjarstaddir.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 388, n. 421 og 423, 422, 424). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 424 fyrri málsl. felld með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SM, SvJ, EðS, GS, GilsG, JónasÁ.

nei: MÁM, ÓE, PJ, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, EKJ, GuðlG, GF, GÞG, HES, IngJ, JSk, KP, LárJ, RH.

15 þm. (LJós, MÓ, MB, ÓlJ, PP, PS, SighB, ÞÞ, BGr, EBS, FÞ, GHG, GTh, IG, JóhH) fjarstaddir.

Brtt. 424 síðari málsl. kom ekki til atkv.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 422 samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

Sala hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni, frv. (þskj. 481). — 1. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt af fjh.- og viðskn. að beiðni fjmrn. Frv. er þess efnis, að íslensku hluthöfunum í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. verði heimilað að selja breskum aðilum öll hlutabréf sín í félaginu, enda skuldbindi hinir bresku kaupendur sig til að félagið stundi engan atvinnurekstur á Íslandi og til að slíta félaginu eigi síðar en 1981.

Íslenska matvælamiðstöðin hf. var stofnuð 1965, og var tilgangur félagsins upphaflega að greiða fyrir kynningu og sölu íslenskra afurða og annarra íslenskra framleiðsluvara, m. a. með því að reka verslun og veitingastarfsemi. Félagið hefur í raun aldrei rekið neina starfsemi hér á landi, heldur einungis veitingahús í London. Árið 1968 var helmingur félagsins yfirtekinn af breska hlutafélaginu Angus Steak Houses og einstaklingum á þess vegum. Tók það fyrirtæki við rekstrinum sem fram til þess tíma hafði gengið mjög illa. Síðan þetta gerðist hefur reksturinn gengið bærilega og fyrirtækið endurgreitt öll þau lán sem hinir innlendu eigendur þess höfðu veitt því meðan það átti í rekstrarörðugleikum.

Nú er hins vegar ljóst orðið, að eina leið þessara eigenda til að fá aftur að einhverju leyti það fjármagn, sem upphaflega var lagt í fyrirtækið, er að selja það að fullu hinum bresku aðilum, enda er verðmæti fyrirtækisins nú eingöngu fólgið í frádráttarhæfni uppsafnaðs taps þess sem eingöngu getur komið bresku fyrirtæki að gagni. Að auki rennur út á árinu 1979

leigusamningur um þá aðstöðu sem félagið hefur til starfsemi sinnar í London.

Hið uppsafnaða tap var hinn 30. júní 1975 32 066 sterlingspund, en söluverð þess hluta, er íslensku hluthafarnir eiga, er 18 þús. sterlingspund.

Í lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, er hvergi tekið fram að meiri hluti hlutafjár skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara eða manna búsettra á Íslandi. Skilyrði af þessu tagi er hins vegar víða að finna í sérlögum um helstu atvinnugreinarnar. Vegna slíkra ákvæða í íslenskri löggjöf og með tilliti til framkvæmdar við skráningu hlutafélaga um langan tíma hefur verið litið svo á, að í íslenskum hlutafélögum verði meiri hluti hlutafjárins að vera í eigu hérlendra aðila, án tillits til þess hvort félagið rekur atvinnu sem háð er sérlögum sem hafa að geyma ákvæði um meirihlutaeign íslenskra aðila. Þannig hefur verið litið svo á að sérstaka lagaheimild þurfi að selja öll íslensku hlutabréfin til erlendra aðila, þar eð hér er um að ræða íslenskt hlutafélag, jafnvel þótt það hafi alltaf haft allan sinn rekstur erlendis.

Frv. það, sem hér er flutt, er þannig heimild sem beinist eingöngu að þessu einstæða tilviki, en felur ekki í sér neina stefnubreytingu að því er tekur til eignarhalds útlendinga á hlutabréfum í íslenskum hlutafélögum. Hinir íslensku hluthafar, sem selja mundu bréf sín, eru ríkissjóður, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Samband ísl. samvinnufélaga og Loftleiðir.

Einstakir nm. í fjh.-og viðskn. áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um að flytja brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að leggja til að þessu frv. verði vísað til n. þar sem nm. í hv. fjh.- og viðskn. hafa þegar kynnt sér málið.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að í grg. með þessu frv. er sagt: „Nú er hins vegar ljóst orðið, að eina leið þessara eigenda til þess að fá aftur að einhverju leyti það fjármagn, sem upphaflega var lagt í fyrirtækið, er að selja það að fullu hinum bresku aðilum.“ Ég er ekki ánægður með þetta orðalag að segja: „að einhverju leyti“. Ég veit að það er ekki fjh.- og viðskn. sem hefur orðað þetta svona, heldur hefur þetta verið þannig orðað af þeim sem sömdu frv. í fjmrn. Nú er það upplýst, að það er líklegt að með því að selja hlutabréfin þessum breska aðila fáist allt það fjármagn sem lagt var í fyrirtækið. Allt tap hefur nú verið greitt, en eftir er höfuðstóllinn, og er líklegt að það fáist allt með því að lögfesta þetta frv. og láta kaupin ganga fram núna í vor.

Ég geri ráð fyrir því, að margir hv. þm. hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvernig á þessu máli stendur. Þannig var, ég held að það hafi verið 1964, að nokkrir íslendingar komu saman í London. Þeir sáu matsölustaði frá ýmsum þjóðlöndum, Danish Food Center, Norways Food Center og matsölustaði frá ýmsum fleiri löndum sem notuðu þá aðferð að opna útsölustaði til þess að auglýsa matvörur frá heimalandinu. Íslendingum datt í hug að það væri e. t. v. leið fyrir íslendinga að auglýsa þarna okkar góða lambakjöt og fleiri íslenskar afurðir, jafnvel fiskrétti, með því að setja upp Icelandic Food Center í London. Í því skyni var tekið á leigu húsnæði. Ég býst við að sumir af hv. þm. hafi komið á þennan veitingastað. En eins og segir í grg., þá gekk reksturinn ekki vel. Kannske vantaði reynslu, kannske var staðurinn ekki nægilega góður. En það hefur fleirum gengið illa á þessu sviði. Ég hef frétt af því að norðmenn hafi hætt við sínar útsölur vegna þess að það var taprekstur. En þetta var virðingarverð tilraun og auglýsingakostnað mátti náttúrlega greiða í þessu formi eins og einhverju öðru ef það hefði komið að gagni.

Ég tel nauðsynlegt að þetta frv. gangi fram, og getur held ég, ekki orðið nein tregða á því þar sem hér er aðeins verið að opna leið til þess að endurheimta fé sem íslendingar hafa áður látið af hendi. Það er eina leiðin að selja hinum breska aðila íslenska hlutinn til þess að ná fjármagninu. Og það kemur fram í grg. fyrir frv., að reksturinn hefur gengið dável síðan bretarnir tóku við, þannig að uppsafnað tap hefur verið endurgreitt. Breski aðilinn er tilbúinn að kaupa okkar hlut, kannske ekki til þess að þéna á því beint, en það kemur honum óbeint til hagnaðar, eins og í grg. stendur, með því að hann fær að draga tapið, sem hann kann að hafa orðið fyrir, frá skattskyldum tekjum.

En frv. þetta er nú nokkuð seint fram komið. Ég hafði búist við að hæstv. fjmrh. flytti frv. En það kemur ekkert að sök þótt það sé seint fram komið ef það kemst í gegnum báðar deildir þingsins áður en þingi lýkur.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Út af orðum þeim, sem hv. 1. þm. Suðurl. lét hér falla varðandi það sem í grg. með því frv. stendur sem hér er til umr., þá held ég að þar sé fyrst og fremst um varfærni að ræða, hvernig þar er komist að orði. En þeir, sem gerst þekkja til þessara mála, stóðu að samningu þessa frv. og var leitað til fjmrn. um að hafa forgöngu um að koma málinu hér til flutnings.

Ég er sammála hv. þm. og vil undirstrika það hér, að ég tel að þetta frv. þurfi að ná fram að ganga áður en kemur til þinglausna. Hér er um að ræða ágreiningslaust mál, og ég á því ekki von á að afgreiðsla þess þurfi neitt að dragast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 25. apríl, að loknum 71. fundi.

Tónmenntarfræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 403). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 21 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sala hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni, frv. (þskj. 481). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 399). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:9 atkv. og afgr. til Ed.

Heimild til að selja Húseiningum húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 310). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr til Ed.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 526). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 73. fundur.

Mánudaginn 25. apríl, að loknum 72. fundi.

Sala hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni, frv. (þskj. 481). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 80. fundur.

Þriðjudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Samstarfsnefnd við Áburðarverksmiðju ríkisins, fsp. (þskj. 390, tölul. 2). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 390 legg ég fram til hæstv. landbrh. fsp. um samstarfsnefnd við Áburðarverksmiðju ríkisins. Fsp. er í tveimur liðum:

„1. Hvað hefur tafið það að sett sé á fót samstarfsnefnd starfsliðs og stjórnar við Áburðarverksmiðju ríkisins?

2. Hvenær má gera ráð fyrir að umræddri samstarfsnefnd verði komið á fót?“

Í þessu sambandi vísa ég til laga um Áburðarverksmiðju ríkisins sem samþ. voru á Alþ. 5. apríl 1971. Í þeim lögum segir svo í 9. gr. með leyfi forseta:

„Við Áburðarverksmiðju ríkisins starfar samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum.“

Rúmu ári eftir að lög þessi voru samþ. eða 16. apríl 1972 skrifaði landbrn. Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðju ríkisins. Í þessu bréfi er vísað til þeirra greina sem ég hef nú lesið, og er þar þess óskað að stjórn Starfsmannafélagsins tilnefni þrjá menn í samstarfsnefndina og jafnmarga til vara. Síðan segir: „Rn. mun síðar setja reglugerð um starfsemi n. í samráði við nm.“

Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar brá þegar við og skipaði þrjá menn í n. og tilkynnti það landbrn. með bréfi frá 23. mars 1972. Samstarfsnefnd þessari eða þeim mönnum, sem valdir höfðu verið í samstarfsnefndina, mun hafa verið falið að gera till. um reglugerð. Slík till. lá fyrir starfsliði Áburðarverksmiðjunnar og eru drög að þeirri till. dags. 5. júní 1972, en í jan. 1973 komu jafnframt till. að reglugerð um samstarfsnefnd við Áburðarverksmiðju ríkisins sem fulltrúar stjórnarinnar höfðu gengið frá. En það er skemmst frá því að segja, að eftir að þetta gerðist hefur engin hreyfing orðið, hvorki heyrst stuna né hósti í þessu sambandi. Leiddi það til þess, að 20. nóv. 1974 skrifuðu þeir fulltrúar, sem skipaðir höfðu verið í samstarfsnefndina úr Starfsmannafélaginu, stjórn síns félags og sögðu sig úr n. Þótti þeim mönnum, sem höfðu verið skipaðir, lítil alvara fylgja þessu máli og tóku því þann kostinn að undirstrika það með því að segja sig úr þessari samstarfsnefnd.

Jafnframt hef ég hér við höndina reglur um samstarfsnefnd í Landssmiðjunni og einnig till. um slíka samstarfsnefnd sementsverksmiðjunnar og starfsliðs, en ég ætla ekki að lengja umr. með því að rekja það.

Mér þótti ástæða til þess að reyna að koma hreyfingu á þetta mál. Ég vil taka það fram, að ég gerði það m. a. að ósk starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar sem hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga og viljað mjög gjarnan stuðla að því að slík samstarfsnefnd komist á fót. Ég vona að þessi fsp. verði til þess að rifja málið upp og koma því á hreyfingu og fljótlega geti orðið lokið þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er til þess að þessi n. hefji störf.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 390 er fsp. frá hv. 2. þm. Vestf. sem er svo hljóðandi:

„Hvað hefur tafið það að sett sé á fót samstarfsnefnd starfsliðs og stjórnar við Áburðarverksmiðju ríkisins?

Hvenær má gera ráð fyrir að umræddri samstarfsnefnd verði komið á fót?"

Hv. fyrirspyrjandi rakti drög þessa máls og gerði grein fyrir lagaákvæðum um það og þarf ég því ekki að fara að endurtaka það, þó að ég hafi gert ráð fyrir því í svari mínu. En drög að reglum voru lögð fyrir báða aðila í jan. 1973, og þá kemur skýringin á þeim töfum, — ef hv. þm. vildi hlusta, — sem orðið hafa. Fulltrúar verksmiðjustjórnar samþykktu drög þessi óbreytt fyrir sitt leyti, en fulltrúar starfsmanna óskuðu eftir nokkrum breytingum. Fyrirmyndin að þessum brtt. var einkum sótt í samstarfsnefndarreglur Sementsverksmiðju ríkisins, en í hinum drögunum hafði verið stuðst við samstarfsnefndarreglur Landssmiðjunnar. Skiptar skoðanir voru um efnisatriði í þessum drögum að reglugerð. Á því stigi gerðist það, að sumir þeir, sem unnu að verkefni þessu, að samræma þessar skiptu skoðanir sem voru um drögin að reglugerðinni, hættu störfum, m. a. sá maður í landbrn. sem fór með þetta mál.

Það er skemmst frá því að segja, að það hefur ekki, svo að mér sé kunnugt um, heyrst stuna né hósti frá þessum aðilum í samstarfsnefndinni um að á þetta mál hafi verið ýtt. Hins vegar hefur báðum aðilum verið skrifað og óskað eftir því, að samstarf verði tekið upp á nýjan leik við að koma á reglugerð þeirri sem unnið var að. Ég hef talið að ekki hefði verið óeðlilegt þó að þeir aðilar, sem að þessum málum unnu, hefðu snúið sér til landbrn. áður en þeir sögðu af sér störfum, en það er þeirra mál hvernig að þessum málum er unnið. En nú er möguleiki til þess að sýna þann samstarfsvilja sem þarf til þess að koma á eðlilegri reglugerð.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin og sérstaklega vil ég fagna því, að aðilum að þessari samstarfsnefnd hefur nú báðum verið skrifað og áhersla lögð á að þeir taki upp störf, þar sem þau féllu niður 1973, og komi sér saman um drög að reglugerð. Það er ekki ástæða til að vera að kenna einum eða neinum um þá töf sem orðið hefur. Ljóst er, að samstarfsmönnum þótti til lítils að sitja í þessari n. eftir alllangan biðtíma frá því að till. lágu fyrir og tóku því þennan kostinn í lok ársins 1974, að segja sig úr nefndinni. Mér er ekki kunnugt um hvort það bréf, sem þeir skriðuðu þá, þar sem þeir sögðu sið úr umræddri samstarfsnefnd, hefur borist rn. Ef svo er ekki, þá eru þar að sjálfsögðu einhver mistök á ferðinni. En aðalatriðið er að á þetta mál hefur nú komist hreyfing, og ég treysti því að hæstv. landbrh. ýti nú svo við því að þessi samstarfsnefnd taki til starfa.

Staðreyndin er sú, að við íslendingar höfum farið okkur rólega á þessari braut atvinnulýðræðis og erum þar langt á eftir þeim nágrannaþjóðum okkar sem við viljum þó gjarnan líkjast og teljum okkur ekki síðri í lýðræðinu en þær. Þessi tilraun við Áburðarverksmiðju ríkisins er ein af fyrstu varfærnislegu tilraununum sem hér eru gerðar, og það er ákaflega illt fyrir framtíð þessa máls, atvinnulýðræðis, ef þessi tilraun mistekst. Ég treysti því, að svo verði ekki.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þegar rætt var um atvinnulýðræði í Nd. fyrir nokkrum vikum héldu sumir þm. fram að það skorti mjög áhuga meðal vinnandi manna hér á landi á þessu fyrirbrigði og þess vegna hefðum við ekki komist lengra áfram á þessu sviði og værum langt á eftir öðrum þjóðum sem við berum okkur saman við. Hér hefur komið fram í fsp. og svari atvik þar sem greinilega kemur í ljós að áhuga verkafólksins hefur ekki skort. Það er eitthvað annað sem hefur valdið því að dregist hefur í 6 ár að koma á samstarfsnefnd á milli starfsliðs og verksmiðjustjórnar í þessari ríkisverksmiðju.

Það gerðist með nokkrum tíðindum þegar þetta ákvæði var sett í lög um Áburðarverksmiðjuna. Það var á síðustu mánuðum viðreisnarstjórnarinnar og till. um þessa grein kom frá Alþfl. og var samþ. með atkv. Alþfl. og þáv. stjórnarandstöðu. Þetta vakti næga athygli til þess að það ýtti t. d. á eftir að slíkri n. væri komið á við Sementsverksmiðjuna.

Ég vil láta í ljós undrun yfir því, að þessu máli skuli ekki hafa verið fylgt eftir. Ég hef eins og hv. fyrirspyrjandi orðið var við að starfsmenn í verksmiðjunni hafa undrast þetta. Þeir hafa hringt til mín og spurt hverju þetta geti sætt og hvað sé hægt að gera til að vekja málið upp á ný.

Ég tel að þetta sé lærdómsríkt mál, og er ekki hægt að draga nema einn lærdóm af því: Það er ekki áhugaleysi að kenna, heldur einhverjum sljóleika öðrum, að við höfum ekki tekið rösklegri og farsælli skref í áttina til atvinnulýðræðis. Það sannar þetta mál.

Umræður utan dagskrár.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að skýra frá mikilvægu atriði sem varðar stórmál, þ. e. a. s. Grundartangaverksmiðjumálið.

Um þetta mál hefur verið mikið fjallað hér að undanförnu, a. m. k. hafa andstæðingar Grundartangaverksmiðjunnar ekki legið á liði sínu. Það hefur verið leitað álits margra umsagnaraðila, en það liggur ekki enn þá fyrir álit þess umsagnaraðilans sem ég tel hvað mikilvægastan, þ. e. a. s. álit þess fólks sem býr í sveitunum næst þeim stað þar sem þessi verksmiðja á að rísa. Í gær bárust hins vegar tilmæli frá þessu fólki til okkar þm. Vesturl. að efna til almenns fundar um þetta mál þar efra, og í morgun fjölluðum við þm. um þetta mál að undanskildum hv. þm. Benedikt Gröndal, sem við teljum þm. Vesturl. þótt hann sé formlega landsk. þm., hann var einhvers staðar tepptur á öðrum fundi. Niðurstaðan varð sú, að 4 viðstaddra þm. samþykktu

að ekki skyldi orðið við þessum tilmælum, lýstu því yfir að það væri ekki hægt af ýmsum ástæðum, en hins vegar sendu þeir skeyti til hreppsnefndanna í viðkomandi hreppum og bæjarstjórnar Akraness þar sem þessir aðilar eru boðaðir á fund hér í Þórshamri kl. 4 á laugardaginn kemur.

Ég tel það að sjálfsögðu ekkert svar við ósk um það að halda almennan fund uppi í sveitunum sunnan Skarðsheiðar, ekkert svar við slíkri ósk að kalla menn saman, nokkra útvalda, til fundar hér í húsakynnum Alþ. En þetta er sem sé svar þessara hv. þm.

Ég vil því leyfa mér, og þar er þrautalendingin, að beina því til hæstv. iðnrh., hvort hann vill ekki beita sér fyrir slíkum almennum fundi. Ég minni á það, að í þessari áskorun, sem við fengum í gær, var á það minnt, að hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir að slíkar verksmiðjur verði ekki upp settar gegn vilja heimamanna. Ég beini því til hæstv. ráðh., hvort ekki sé ástæða til þess að leita eftir því á almennum fundi hver sé afstaða heimamanna þar efra til þessarar verksmiðju.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á fundum beggja deilda Alþingis í gær og nokkuð samtímis skýrðu tveir hv. þm. Alþb. frá því, að undirskriftir hefðu farið fram í sveitum sunnar Skarðsheiðar og allmargir íbúar þar skorað á þm. kjördæmisins að hlutast til um að haldinn yrði almennur fundur um járnblendimálið.

Út af fsp. hv. þm. Jónasar Árnasonar vil ég taka það fyrst fram, að mér hefur ekki borist nein áskorun eða málaleitun um að beita mér fyrir fundi. Þessi málaleitan er til þm. kjördæmisins. Þeir héldu fund í morgun, og að því er 1. þm. kjördæmisins, hæstv. forseti Sþ., hefur tjáð mér, þá ákváðu þm. allir nema hv. þm. Jónas Árnason að bregðast á þann hátt við þessari málaleitun, að þeir hafa boðað hreppsnefndirnar fjórar á þessu svæði og bæjarstjórn Akraness ásamt hafnarnefnd Grundartanga á fund með þm. kjördæmisins n. k. laugardag.

Ég tel að það sé tæplega hægt að ætlast til þess, að ég taki mig til og fari að boða almennan fund um þetta mál þar, eftir að alþm., sem fengið hafa málaleitunina, hafa ákveðið sín viðbrögð. Því síður er ástæða til þess að ætlast til slíks af mér þar sem við hæstv. landbrh. höfðum frumkvæði og forgöngu á sínum tíma, í des. 1974, um fundarboðun að Leirá til þess einmitt þá þegar á því stigi máls að kynna heimamönnum málið. Það var fjölsóttur fundur og langur og þar voru mál kynnt svo rækilega sem tök voru á.

Varðandi afstöðu heimamanna til þessarar verksmiðju verð ég að draga þá ályktun, að ef þar væri fyrir hendi sú andstaða sem hv. þm. Jónas Árnason vill nú vera láta, þá væri líklegt að einhver mótmæli gegn verksmiðjunni frá íbúum eða frá sveitarstjórnum á þessu svæði hefðu borist á þessum tíma. En það er nú komið nokkuð á þriðja ár síðan málin voru að tilhlutan okkar hæstv. landbrh. kynnt þar rækilega, og það hefur ekki orðið vart við andmæli frá einni einustu sveitarstjórn og mér hafa ekki heldur borist andmæli frá öðrum aðilum.

Ég vil taka það fram, að það mun hafa verið snemma árs 1975 að boðaður var hreppsfundur um málmblendiverksmiðjuna, haldinn á Grundartanga í Hvalfirði. Þar var samþykkt till. um stöðvun afgreiðslu járnblendifrv. þá. Um það, hversu margir fundarmanna greiddu þeirri till. atkv., liggur ekki glöggt fyrir. En strax í kjölfar þessa fundar barst mér yfirlýsing frá 50 íbúum í Leirár- og Melasveit, þar sem þeir átöldu harðlega einhliða og villandi fréttaflutning í fjölmiðlum af þessum fundi og lýstu þeirri skoðun sinni, að þeir teldu verksmiðjurekstur að Grundartanga vera til hagsbóta fyrir byggðarlagið og skapa grundvöll að sameiningu sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar og eflingu þeirra í framtíðinni.

Af samþykktum sveitarstjórna er mér aðeins kunnugt um eina. Hún er frá bæjarstjórn Akraness. Hún var samþykkt á fundi þar 6. des. 1974 og í henni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Akraness lýsir yfir eindregnum stuðningi við þau áform sem nú eru á döfinni um að reisa járnblendiverksmiðju hér á landi og kynnt voru fyrir fulltrúum bæjarstjórnarinnar á almennum fundi á Leirá 4. des. s. l. Sérstaklega fagnar bæjarstjórnin þeirri ákvörðun að velja verksmiðjunni stað við Grundartanga á norðurströnd Hvalfjarðar. Þar mun verksmiðjan og hafnargerð henni tengd verða til mikils framdráttar fyrir byggðirnar í Borgarfirði, eins og reynslan varð af byggingu sementsverksmiðjunnar á sínum tíma."

Síðar segir í þessari ályktun:

„Að lokum beinir bæjarstjórnin þeirri áskorun til ríkisstj. og Alþ. að hraða endanlegri afgreiðslu málsins og væntir þess, að þm. Vesturlandskjördæmis fylgi vilja bæjarstjórnarinnar í þessu máli fast eftir, svo hægt verði að hefja framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna hið fyrsta."

Þessi till. var samþ. í bæjarstjórn Akraness með 8:1 atkv.

Nú kunna menn að spyrja: Hafa borist samþykktir eða ályktanir frá þeim fjórum hreppsnefndum sem hér eiga hlut að máli? Því er til að svara, að mér er ekki kunnugt um neinar ályktanir frá þeim. Þegar rætt er um heimamenn í þessu sambandi, þá hefur oftast verið rætt fyrst og fremst um þessa hreppa fjóra, þ. e. a. s. Hvalfjarðarstrandarhrepp, Innri-Akraneshrepp, Leirár- og Melasveit, Skilmannahrepp og auk þess Akraneskaupstað. Fyrirhugað er að byggja höfn í tengslum við járnblendiverksmiðjuna og er sérstök hafnarnefnd starfandi, en þessi sveitarfélög, sem ég taldi, verða eigendur hafnarinnar. Fulltrúar í þessari hafnarnefnd eru bæði frá þessum sveitarfélögum og frá Akraneskaupstað auk sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu.

Það er rétt að þessi atriði komi hér fram, að bæði hefur bæjarstjórn Akraness með slíkum meiri hl. samþ. áskorun til Alþ. um að styðja málið, sem hún telur verða ekki aðeins Akranesi, heldur Borgarfjarðarhéraði öllu til framgangs, heldur hafa engin andmæli borist frá neinni hreppsnefnd sem þarna á hlut að máli. Þvert á móti verð ég að líta svo á, að með þátttöku sinni í hafnarnefnd og þar með undirbúningi hafnarinnar, sem er einn þáttur járnblendimálsins, hafi þessi sveitarfélög öll fimm í rauninni í

verki fallist á og samþ. hinar fyrirhuguðu framkvæmdir.

Að þessu sögðu, þá held ég að það megi ljóst vera, að ekki eru nú á þessu stigi, þegar málið er eftir allar þessar löngu umr. á lokastigi hér í Alþ., ástæða til þess að ég fari gagnstætt viðbrögðum þm. kjördæmisins að boða sérstaklega til fundar um málið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, þótt ekki sé ég nú ánægður með þau.

En þá höfum við það. Ráðh. sér ekki ástæðu til þess frekar en kollegar mínir, þm. af Vesturlandi, að verða við tilmælum fólksins í hreppunum sunnan Skarðsheiðar að efna til almenns fundar þar efra.

Ráðh. vitnaði hér í samþykktir sem gerðar hefðu verið, sumar fyrir næstum 2½ ári, til stuðnings Grundartangaverksmiðjunni. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að þessar samþykktir bæjarstjórnar Akraness og annarra aðila miðuðust við samninginn sem verið var að gera við Union Carbide. Ég ætla ekki að fara út í það, hvort hann var verri eða betri en þessi, en eitt er víst, að þetta er annað mál. Það er ekki til neins að vitna í samþykktir til stuðnings Grundartangaverksmiðjunni, eins og það mál horfði við fyrir tveim árum, og ætla að láta þær samþykktir duga í því máli sem við erum að ræða núna. Ef þetta er sama málið, til hvers höfum við þá eytt tíma okkar í þrjár umr. í Nd., eina umr. í Ed? Hvers vegna er málið aftur komið fyrir Alþ.? Vegna þess að þetta er annað mál. Og hæstv. ráðh. viðurkennir það með því að leggja það aftur fyrir Alþ. Ef þetta væri ekki annað mál, þá hefði dugað samþykkt frá apríl 1975. Þess vegna ítreka ég það, að þessar samþykktir til stuðnings Grundartangaverksmiðjunni fyrir tveim árum hafa ekkert gildi í dag. Og ég minni á það, að í áskorun þeirri, sem við Vesturlandsþm. fengum frá fólkinu þar efra, segir svo: „Við teljum að ýmislegt það hafi komið fram á síðustu tímum varðandi slíkar verksmiðjur, að full ástæða sé til þess að slík umræða fari fram.“ Það kann að vera að sumt af því fólki, sem skrifar undir þessa áskorun, sé sama fólkið og hafði áður skrifað undir stuðningsyfirlýsingu við Grundartangaverksmiðju. En það hefur þá endurskoðað afstöðu sína, vegna þess að það skilur málið allt betur í dag vegna nýrra upplýsinga sem komnar eru fram, þ. á m. upplýsinga varðandi mengunina í Straumsvík og margt fleira.

En við þessu er ekkert að gera. Þetta eru undirtektir þær sem almenningur þar efra fær þegar hann leggur fyrir okkur hér á Alþ. sjálfsagða ósk, — ósk sem er svo sjálfsögð að samkvæmt öllum lýðræðisreglum ætti að verða við henni. Þetta eru undirtektirnar. Ráðh. getur ekki orðið við þessu. Kollegar mínir af Vesturlandi geta ekki orðið við þessu. Hins vegar kalla þeir saman hreppsnefndirnar á fund hér úti í Þórshamri. En af hverju á endilega að fara að tala við hreppsnefndirnar? Manni skilst að höfuðrökin fyrir því, að það sé ekki hægt að efna til almenns fundar núna, séu þau, að það sé orðið svo áliðið þessa máls, það sé komið að afgreiðslu þess. Ætli sé þá ekki orðið álíka áliðið gagnvart hreppsnefndunum eins og almenningi þar efra?

En þetta eru sem sagt undirtektirnar. Hvorki kollegar mínir af Vesturlandi né hæstv. ráðh. geta orðið við þessum tilmælum. Og þá er bara að bíða og sjá hvað fólkið sjálft gerir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er nú ekki venja mín að taka til máls utan dagskrár og hafa sumir þm., hv. þm. Vesturl., þar mun meiri æfingu en ég.

Ég ætla ekki að fara langt út í það mál sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur nú farið að gera hér að umræðuefni og einhver mun hafa komið til fréttastofu Ríkisútvarpsins í gærmorgun, áður en við höfðum fengið bréfin eða undirskriftarskjölin frá fólkinu í sveitunum sunnan Skarðsheiðar út af Grundartangaverksmiðjunni. Ég vil þó segja það út af máli þessu, að afstaða mín til framkvæmda á Grundartanga hefur aldrei verið neitt á huldu. Ég ræddi þetta mál á fundi uppi í Leirársveit fyrir kosningarnar 1974 og sagði þá afdráttarlaust mína afstöðu, enda hafði ég sem ráðh. tekið þátt í meðferð málsins á fundum ríkisstj. þegar það var lagt fyrir af iðnrh. þessarar ríkisstj.

Ég vil líka upplýsa það, að á framboðsfundum 1974 voru þessi mál til umr. og fór ekkert á milli mála hver mín afstaða væri. Ég vil enn fremur segja það, að ég tek undir það sem hæstv. iðnrh. sagði, að við boðuðum til fundar um þetta mál haustið 1974 að Leirá í Borgarfirði, en gerðum hins vegar ekki ráð fyrir því, að þangað kæmu menn úr öðrum héruðum sem yrðu með fyrstu ræðumönnum þessa fundar, eins og raun bar vitni. Það var okkar hugsun að þetta mál yrði, eins og venja er til í umr. við fólk uppi í Borgarfirði, rætt með rólegheitum og yfirvegunum án þess að stofnað sé til æsinga.

Ég vil enn fremur segja það, að ég hef síðar átt viðræður við fólk uppi í Borgarfirði á fundum um þetta mál. Á sínum tíma var skipuð hafnarnefnd til þess að undirbúa Grundartangahöfn, og það féll í minn hlut sem samgrh. að skipa formann hafnarnefndarinnar. Hún hefur átt í viðræðum og samningagerðum um þetta mál nú á þessu stigi og var síðast á fundi í gær. Ég hef ekki fengið ein eða nein tilmæli frá þessari hafnarnefnd, sem í eru hinir merkustu menn, fulltrúar hreppanna sunnan Skarðsheiðar, fulltrúar bæjarstjórnarinnar á Akranesi og fulltrúi frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þessir menn hafa starfað að þessum málum og tekið þátt í samningagerðinni við þann nýja aðila sem nú er orðinn aðili að málinu.

Ég hafði ekki gert ráð fyrir því, að hv. 5. þm. Vesturl. teldi það til verri vegar þó að samningsaðilinn yrði fyrirtæki í Noregi heldur en vestur í Bandaríkjunum. Nú skal ég um það segja, að hvorugan aðilann þekki ég og er þess vegna ekki dómbær um það út frá öðru en því, að við höfum álitið okkur norræna sam-

vinnu og norrænt samstarf til ávinnings. Þess vegna taldi ég að það mundi vera álit manna, að hér væri til betri vegar breytt, þó ég viti ekkert um það. Hins vegar hefur þetta mál verið svo lengi á ferðinni, að það er ólíkt þessu fólki þar efra að tilmæli skuli koma nú um fund um þetta mál, eftir að t. d. við, sem eigum sæti í Nd. Alþ., höfum afgreitt það að fullu frá okkar hendi. Þess vegna held ég að þarna hljóti að vera um misskilning að ræða. En eðlilegt er að fá forráðamenn þessa fólks til viðtals um það, til þess að eyða þeim misskilningi sem þarna kynni að vera á ferðinni. Síðar gefst okkur tækifæri til þess að ræða þetta mál þar upp frá við eðlileg skilyrði, en ekki undir þeim kringumstæðum sem nú eru, enda sýnist mér nú mjög takmarkaður tími til þeirra umræðna og engu verður um breytt frá hendi okkar, þeirra sem sitjum í Nd., frá því sem áður var.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það kom fram einn mjög alvarlegur misskilningur í málflutningi hæstv. landbrh. áðan. Megininntakið í ræðu hans var það, að enginn þyrfti að efast um afstöðu hans í þessu máli. Ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um það, að eftir því sem ég kemst næst, þá er fólkið þar efra ekki endilega að sækjast eftir því að fá hann upp eftir til þess að láta ljós sitt skína. Þessi áskorun þess sprettur ekki af því, að svo brýn sé orðin þörf þess að tala við Halldór E. Sigurðsson eða heyra hans álit, heldur er orðin svo brýn þörf þess að segja sitt álit og láta okkur þm. heyra sínar skoðanir. Um það snýst þetta mál.

Það er svo rétt hjá hæstv. ráðh., að sú kemur tíð að við fáum það sem hann nefnir „eðlilegar kringumstæður" til þess að ræða málið. Ég ætla ekki hér og nú að fara út í Leirárfundinn við hann. Ég held að ég geri honum ekki þann bjarnargreiða að fara að rifja upp þær hrakfarir sem tveir ráðh. og seðlabankastjóri og ýmsir sérfræðingar, sem þeim voru til fulltingis þar efra, fóru fyrir bændum á Leirá sællar minningar. Allt þetta fáum við tækifæri til þess að ræða seinna heima í kjördæminu. Ég hlakka til.

Sameinað þing, 81. fundur.

Þriðjudaginn 26. apríl, að loknum 80. fundi.

Skipan raforkumála, þáltill. (þskj. 130). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Raforkumál Vestfjarða, þáltill. (þskj. 361). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjónustustarfsemi í Vestur-Húnavatnssýslu, þáltill. (þskj. 370). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Deildaskipting Skipaútgerðar ríkisins, þáltill. (þskj. 375). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjóðaratkvæði um prestskosningar, þáltill. (þskj. 396). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rafstrengur til Vestmannaeyja, þáltill. (þskj. 409). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnumál á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 413). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stefnumótun í orku- og iðnaðarmálum, þáltill. (þskj. 383). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 341). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni leyft mér að flytja till. til þál. um orkusparnað og er það 173. mál þingsins. Till. er á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera úttekt á orkubúskap Íslendinga og að hefja markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar og draga úr henni þar sem þess er kostur."

Ekki þarf að orðlengja að mjög miklar umr. hafa orðið um orkumál hér á landi á síðustu missirum. Almenningi er nú að verða ljóst að við Íslendingar erum um lífskjör mjög háðir orku, bæði aðkeyptri orku og innlendri, og þjóðinni er nauðsyn að gera heildarathugun á orkubúskap sínum. Niðurstaða slíkrar úttektar gæti

orðið grundvöllur að aðgerðum til að tryggja stöðu þjóðarinnar í þeirri orkukreppu sem nú veldur örðugleikum víðs vegar um jörðina og án efa á eftir að magnast á næstu árum.

Hér á landi hefur mikið verið rætt um að nýta jarðvarma og raforku, þá innlenda orkugjafa sem við blessunarlega eigum í ríkum mæli, og mikið hefur verið aðhafst á þeim sviðum. Um það verður ekki deilt, þó að allmiklar umr. hafi orðið um það hvernig framkvæmdin hefur verið. En þrátt fyrir stórfellda aukningu á hagnýtingu innlendra orkulinda er notkun á innfluttri orku mikið atriði í þjóðarbúskapnum. Á s. l. ári fluttu íslendingar inn eldsneyti að verðmæti yfir 10 milljarða kr., og er þetta án efa veigamesti þátturinn í óhagstæðum greiðslujöfnuði, enda hefur verðlag á hinni innfluttu olíu hækkað ört á fáum árum.

Framundan eru enn miklar hækkanir á olíu og þar að auki fyrirsjáanlegt að hún muni ganga til þurrðar á næstu áratugum. Þótt kolabirgðir séu taldar vera mjög miklar á jörðinni erum við íslendingar illa búnir til að taka þann orkugjafa aftur í notkun í stað olíunnar.

Þjóðir heims leggja nú sívaxandi áherslu á orkusparnað sem eina af þeim leiðum er fara verður til að mæta áhrifum orkukreppunnar. Margvíslegar aðgerðir til orkusparnaðar hafa fengið forgang hjá ríkisstj. Vesturlanda og eru nú með stærstu málum sem ríkisstj. fjalla um. Hér á landi er ekki síður ástæða til að hefja samræmdar aðgerðir til orkusparnaðar. Vil ég raunar lýsa undrun minni á því, að í hinum miklu umr. um orkumál, sem fram hafa farið, skuli þessi þáttur algjörlega hafa verið látinn ósnertur og varla verið minnst á orkusparnað. Munum við vera algjörlega einir meðal þjóðanna hvað þann lúxus snertir.

Ég tel að stjórnvöld verði að taka þetta mál til athugunar, jafnframt því sem innlendir orkugjafar eru nýttir í vaxandi mæli, og stjórnvöld verði að hafa virka forustu um aðgerðir til orkusparnaðar. Slíkar aðgerðir er hægt að gera á mörgum sviðum. Það er hægt að gera stórauknar kröfur til orkunýtingar í sambandi við húshitun og heimilishald allt, bæði hvað snertir olíu til hitunar og rafmagnsnotkun. Það er hægt að beita verulegum orkusparnaði á mörgum sviðum iðnaðar og atvinnurekstrar. Og í þriðja lagi er hægt að spara orku í samgöngukerfi þjóðarinnar, bæði með því að auka notkun almenningsbifreiða og með því að gera ráðstafanir til að landsmenn kaupi og noti frekar þær bifreiðar, sem eru sparneytnar á orku, heldur en tegundir sem orkufrekastar eru og allmikið ber á á götum og vegum hér á landi.

Herra forseti. Ég ítreka það, að orkusparnaður hlýtur að verða hér eins og í öllum nágrannalöndum okkar veigamikill þáttur í baráttunni við aukinn vanda á sviðum orkumála og ríkisvaldið verður að hafa forustu í þeim efnum.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til allshn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins vegna þess að frsm. þessa athyglisverða máls lýsti því hér áðan, að honum þætti undarlegt að ekkert hefði verið rætt um orkusparnað, langar mig til að minna á það, að ég flutti till. um svo að segja sama mál á þinginu 1974—1975. Ég hef ekki haft tíma til að fletta henni upp, en það var allítarleg þáltill. einmitt um þá forustu sem ég taldi að hið opinbera ætti að hafa um leiðir til orkusparnaðar, m. a. ýmsar þær sem nefndar eru í þeirri till. sem nú er til umr. Sumt er hins vegar hér, sem ég nefndi ekki, og annað ekki, sem ég var með, o. s. frv. En sú till. fékkst ekki útrædd þá. Um það leyti náðist athyglisverður árangur í betri orkunýtingu í miðstöðvarkötlum sem nemendur Vélskólans, minnir mig, höfðu forgöngu um, og ég held að mönnum hafi þótt að þetta væri allt á svo réttri leið að óþarft væri að gera nokkuð meira, björninn væri eiginlega þar með unninn, heyrðist mér helst.

Ég er ekki að nefna þetta nú til að draga úr þessu máli, þvert á móti. Ég er að nefna þetta til þess að undirstrika að ég er frsm. og till. algjörlega sammála og tel þetta mjög mikilvægt mál. E. t. v. mætti minna á það, að sjálfur Carter virðist ætla að setja heiður sinn að veði til þess að fá einhvern slíkan orkusparnað í sínu landi, og ég hygg að við þurfum ekki síður á orkusparnaði að halda hér.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, þáltill. (þskj. 419). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Við Ragnar Arnalds, Stefán Valgeirsson, Stefán Jónsson, Ingvar Gíslason, Jónas Árnason, Steingrímur Hermannsson og Ingi Tryggvason höfum leyft okkur að flytja á þskj. 419 till. til þál. um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hraðað verði svo sem frekast er unnt undirbúningi að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og hönnun hennar, svo að þar megi rísa næsta raforkuver á Norðurlandi vestra.“

Rökin fyrir þessari till. eru mörg og mun ég einungis nefna fátt eitt.

Orkustofnun gaf út í maí 1975 frumáætlun um 32 mw. virkjun við Villinganes í Skagafirði. Skýrsla þessi er unnin á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, og ber hún það með sér að þarna er um mjög álitlega virkjun að ræða sé verið að virkja vegna íslenskra notenda. Hins vegar er virkjun þessi ekki að þeirri stærð, að hún geti orðið orkuöflunarfyrirtæki vegna erlendrar stóriðju. Síðan hafa verið framkvæmdar allmiklar rannsóknir á þessum slóðum, og hafa þær allar hnigið í þá átt að um álitlega virkjun sé að ræða.

Rannsóknir eru komnar á það stig, að nauðsynlegt er að ákvörðun sé tekin um það að ríkisstj. láti hanna þarna virkjun. Við teljum rétt að fela ríkisstj. að láta vinna þetta verk

samkvæmt ályktun Alþ., fremur en að samþ. heimildarlög um virkjunina. Sú stefna er í eðli sínu röng að setja heimildarlög um virkjanir langt fram í tímann, sem síðan yrðu dregin upp úr skúffu af einhverri ríkisstj. í framtíðinni og geti hún þá án atbeina Alþ. ákveðið að ráðast í stórframkvæmdir upp á tugi milljarða, svo sem dæmin sanna.

Við neyddumst til að hafa þetta frumkvæði vegna þess að iðnrn. virðist ekki hafa áhuga að reisa þarna næstu virkjun á Norðurlandi vestra.

Rn. hefur hins vegar talið heppilegra að leggja áherslu á virkjun Blöndu og borið fram frv. þar að lútandi. Blanda verður hins vegar ekki virkjuð nú á næstunni nema með því að selja mestalla orkuna til orkufreks iðnaðar. Virkjunin er allt of stór fyrir almennan raforkumarkað á Norðurlandi og einnig of stór fyrir almennan markað á landinu öllu, nema í tengslum við sérstök stórverkefni á sviði orkufreks iðnaðar. Enn augljósara er þó, að áform um Blönduvirkjun, sem koma beint í kjölfar ákvörðunar um Hrauneyjafossvirkjun, hljóta að vera tengd stórfelldum hugmyndum um uppbyggingu erlendrar stóriðju á fyrri hluta næsta áratugs.

Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum er hins vegar af þeirri stærð að hún fellur mjög vel að aukningu raforkumarkaðarins, enda gæti hún verið fullnýtt í þágu landsmanna allra á fremur skömmum tíma. Auk þess er virkjunin talin mjög hagkvæm samkvæmt nýjustu útreikningum.

Þá er þess að geta, að um virkjun hjá Villinganesi er einhugur heimamanna, og vitna ég til fylgiskjala I, II, III, IV og VII með till. Því er hins vegar ekki að heilsa hvað varðar virkjun Blöndu, enda er þar um að ræða geysilega röskun á náttúrufari, sjá fskj. VIII og X. Þar er áformað að mynda miðlunarlón. Þar kæmi til með að sökkva gróið land 60—70 km². Til samanburðar má geta þess, að þetta land er stærra en öll tún í Austur-Húnavatnssýslu. Þetta land er gott og gjöfult, og þessi landspjöll er ekki hægt að bæta, þetta land verður ekki skapað aftur þegar það hefur einu sinni verið eyðilagt. Þetta land er á tveimur afréttum: Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði.

Upprekstur á Auðkúluheiði eiga Svínavatns- og Torfalækjarhreppar og Blönduós, á Eyvindarstaðaheiði Bólstaðarhlíðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og einstakar jarðir í Akrahreppi og Ríðurhreppi.

Viðhorf íbúa þeirra hreppa, er upprekstrur eiga á Eyvindarstaðaheiði, kemur glögglega í ljós í fskj. Viðhorf íbúa Svínavatnshrepps er það, að í júní 1975 skrifaði meiri hl. atkvæðisbærra íbúa hreppsins undir yfirlýsingu til iðnrn. um það, að þeir teldu ekki koma til greina að sökkva landi á Auðkúluheiði. Síðan var samþ. á almennum sveitarfundi á Húnavöllum 15. júlí 1975 með 31:16 atkv. ályktun sem tekur af öll tvímæli um vilja hreppsbúa. Flestir íbúar Torfalækjarhrepps og forráðamenn Blönduóshrepps hafa hins vegar tekið jákvæða afstöðu varðandi virkjun Blöndu.

Það er því ljóst, að samstaða næst ekki nema um virkjun Héraðsvatna, en þar er ekki heldur um verulega röskun á náttúrufari að ræða.

Samkvæmt frumáætlun Orkustofnunar um Villinganesvirkjun var stofnkostnaður vinnsluvirkja áætlaður í maí 1975 2900 millj. kr.

Ráðgert er að stífla Héraðsvötn með jarðefnastíflu um 2 km neðan ármóta Eystri- og Vestari-Jökulsár. Beint yfirfall verður á vestari-árbakka, en aðrennslisskurður fram hjá stíflunni á eystri bakka. Frá inntaki við skurðendann liggur þrýstipípa niður í árgljúfrið að stöðvarhúsi sem er ofanjarðar í farveginum neðan stíflunnar.

Á byggingartíma verður ánni veitt fram hjá virkjunarstaðnum um jarðgöng í vestari árbakka.

Villinganesvirkjun verður rennslisvirkjun með dægurmiðlunarlóni. Gert er ráð fyrir að venjuleg yfirvatnshæð verði 153 m yfir sjó, en undirvatnsborð 96½ m yfir sjó. Verg fallhæð verður því 56½ m.

Þá er þess að geta, að í Jökulsánum í Skagafirði eru nokkrir aðrir álitlegir virkjunaráfangar, þannig að þarna virðist vera um að ræða álitlega staðhætti til raforkuöflunar miðað við þarfir landsmanna sjálfra.

Það er skoðun flm., að samtenging raforkukerfis landsmanna sé hið brýnasta verkefni, eðlilegt sé síðan með tilliti til öryggis- og atvinnusjónarmiða að reisa virkjanir af hæfilegri stærð í hinum ýmsu landshlutum. Orkuvinnslugeta Villinganesvirkjunar, miðað við samrekstur Norðurlandskerfis og Landsvirkjunarkerfis eftir að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun hafa tekið til starfa, er 175 gwst. á ári. Kostnaður við hvert framleitt mw. var í maí 1975 áætlaður 2.18 kr. Virkjunarstaðurinn er ekki á eldvirku svæði.

Af þessu má ljóst vera, að þarna er um að ræða einn besta virkjunarvalkost á Íslandi, þegar haft er í huga að afla raforku til þarfa landsmanna sjálfra.

Því til sönnunar, að einhugur landeigenda ríki um virkjunina, vil ég, með leyfi forseta, lesa fskj. I með þáltill.

„Við undirritaðir landeigendur við Héraðsvötn og Jökulsár í Skagafirði gerum kunnugt, að við erum reiðubúnir til viðræðu og samninga um fyrirhugaða virkjun sem kennd er við Villinganes, að því tilskildu að hvers konar tjón á mannvirkjum, landi og hlunnindum verði að fullu bætt. Jafnframt áskiljum við okkur rétt til samninga um verktilhögun, t. d. að tryggt verði að vatn flæði aldrei vestur úr yfirfalli í stórflóðum.

Varmahlíð, 4/2 1976."

Undir þetta skrifa Hjálmar Guðjónsson, Tunguhálsi II, Guðsteinn Guðjónsson, Tunguhálsi, Stefán Hrólfsson, Keldulandi, Ólafur Þorsteinsson, Tyrfingsstöðum, Grétar Símonarson, Goðdölum, Borgar Símonarson, Goðdölum, Guðrún Eiríksdóttir, Villinganesi, Leifur Hreggviðsson, Birgisskarði, Trausti Símonarson, Hverhólum, Sigurður Friðriksson, Stekkjarflötum, og Aðalsteinn Eiríksson, Villinganesi.

Dæmi bæði forn og ný hljóta að verða þess vitandi, að slíkar yfirlýsingar og einhugur heimamanna eru mjög mikils virði, raunar algjör forsenda þess að nokkurt vit sé í því að ráðast í framkvæmdir eða festa fé í undirbúningi þeirra.

Það er algjört siðleysi að ætla hætta á stórdeilur við fleiri eða færri landeigendur, svo sem fyrirsjáanlegt er varðandi hugmyndina um virkjun Blöndu.

Ég bið menn að lesa þær ályktanir sem prentaðar eru með þessari till. sem fskj., og þá munu þeir komast að raun um það, að ég fer með staðreyndir. Þessar ályktanir eru allar á eina leið. Þær eru frá fundi sveitarstjórnarmanna Bólstaðarhlíðar- Seylu- og Lýtingsstaðahreppa í Miðgarði 20. jan. 1976, frá almennum hreppsfundi í Akrahreppi 23. júní 1975, Búnaðarfélagi Lýtingsstaðahrepps 22. apríl 1975, hreppsfundi í Seluhreppi 14. júní 1975, sýslunefnd Skagafjarðarsýslu 29. júní 1975, Kaupfélagi skagfirðinga 2. júní 1975 og frá sveitarfundi í Svínavatnshreppi 15. júlí 1975.

Ástæðurnar fyrir því, hve þessi afstaða er ótvíræð eru auðvitað augljósar þegar hugleiddur er sá mismunur sem er á þessum tveimur virkjunarkostum varðandi röskun á náttúrufari. Hvað varðar umhverfisáhrif Blöndu nægir að vísa til ályktunar Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi sem prentuð er sem fskj. VIII með till. Hvað varðar Villinganesvirkjun, þá eru umhverfisáhrif hennar mjög lítil. Gljúfrið mun að vísu fyllast af vatni, efnistaka er mjög nærtæk og raflínulögn auðveld, sárafáir km að byggðalínunni. Enn fremur er rétt að geta þess, að sá stíflugarður, sem þarna yrði reistur, kæmi í stað brúar á Héraðsvötn sem nauðsyn ber til að reist verði þarna í nágrenninu, en mundi kosta verulegt fé.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um þá staðhætti sem eru á vatnasvæði Jökulsánna í Skagafirði.

Jökulsá eystri og Jökulsá vestari koma saman nokkuð ofan virkjunarstaðarins við Villinganes og heita þær síðan Héraðsvötn. Eins og nöfn Jökulsánna benda til, þá eru þær jökulvötn, en þó einungis að litlu leyti, þar sem þær hafa mjög sterkan þátt lindaáa. Staðhættir við Jökulsá eystri eru þeir, að fjalllendinu hallar frá brún Eyjafjarðar og til vesturs. Þar myndast margar þverár sem leggja Jökulsá eystri mest af vatnsmagninu. Þessar ár eru talið norður frá: Merkigilsá, allvatnsmikil, Ábæjará sömuleiðis, Tinná, Geldingalækur, Hvítá, en hún er svipuð að vatnsmagni og Merkigilsá eða Ábæjará. Þá kemur Fossá. Hún er vatnsmest þessara áa og mjög ströng, þannig að hún er ófær sauðfé. Þessi á mun vera afrennsli úr Urðarvötnum framan Eyjafjarðar. Þá kemur Hölkná, Geldingsá og síðan Lambalækir. Þetta þykja okkur þm. Norðurl. v. vera falleg örnefni. Síðan er Langafellskvísl, þá Hnjúkskvísl, en í henni er stundum jökull. Allar þessar ár koma austan að. Hin eiginlega Jökulsá eystri er hins vegar örlítil nema í hitum. Nokkuð svipaða sögu er að segja um Vestari-Jökulsá sem fellur í Jökulsá, en í Jökulsá vestari fellur Hofsá, sem er með lindaáavatni. Rennsli þessara áa er samkvæmt upplýsingum Sigurjóns Rists ótrúlega jafnt. Í vetur hefur, svo sem menn vita verið einstaklega þurrviðrasamt og rennsli í flestum vatnsföllum nyrðra verið mjög lítið. Þá er vatnsmagn Héraðsvatna ótrúlega jafnt, nýlega var það þriðjungi meira en Blöndu.

Ýmsir aðrir virkjunarvalkostir eru álitlegir í Jökulsánum, bæði í sambandi við miðlunarlón, sem raunar hefði óæskileg umhverfisáhrif í för með sér, m. a. aukið kraparek niðri í héraðinu og einnig færi þar nokkurt gróðurlendi forgörðum þó að það sé í miklu minna mæli en á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, og einnig virkjanir með dægurmiðlun eingöngu sem virðist mjög æskilegir virkjunaráfangar. Ég nefni áætlun sem RARIK lét gera um 20—30 mw. virkjun neðan Merkigils, þar sem virkjað er í 70 m fall án landsskemmda, og virkjunaráfanga nokkuð neðan Skatastaða, um 12 mw. virkjun. Ýmsir aðrir möguleikar hafa einnig komið til greina á þessu vatnasvæði.

Það er eðli áfangavirkjana að þær er hægt að taka í notkun eftir þörfum þjóðfélagsins hverju sinni, og þarf þá ekki að gera vandræðasamninga um orkusölu til erlendrar stóriðju til þess að fá kaupanda að orkunni á skömmum tíma. Það er sá leikur sem leikinn hefur verið undanfarið og gefist illa.

Ég hef reynt undanfarið að gera grein fyrir skoðun minni á óæskilegum þjóðfélagslegum áhrifum erlendra risafyrirtækja í atvinnuuppbyggingu á Íslandi og þeirri bjargföstu sannfæringu minni, að Ísland eigi að vera fyrir íslendinga og með það sjónarmið í huga beri okkur að vinna að málum hér á Alþingi. Þess vegna get ég farið fljótt yfir þá sögu hér.

Þá ber þess að geta, að virkjun af meðalstærð er fljótari að komast í gagnið en mjög stór og viðráðanlegri greiðslubyrði af litlum áfanga en stórum.

Sú virkjun, sem hér er lagt til að undirbúin sé, átti að kosta í maí 1975 2900 millj. kr., en þá var ætlað að Blönduvirkjun ætti að kosta um 10 milljarða. Síðan hafa þessar tölur hækkað um 50%. Þá var í áætlunum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens gert ráð fyrir því, að kostnaðarverð hvers mw. yrði nokkru hærra við Villinganes heldur en í stórvirkjunum, svo sem Blöndu. Þess ber þó að geta, að ósamræmis virðist gæta í útreikningum um byggingarkostnað milli þessara tveggja virkjana og þá venjulega Blönduvirkjun til fegrunar. Ég nefni nokkrar tölur því til skýringar: Jarðgöng við Héraðsvötn yrðu 250 m löng, þau áttu að kosta 5416 kr. hver m³. Jarðgöng við Blöndu eru hins vegar 5 km og 400 m en þar átti m³ að kosta 3505 kr. Aðkomugöng við Blöndu 1600 m, þar átti m³ að kosta 2500 kr. Stöðvarhellir við Blöndu átti að kosta 1400 kr. hver m³.

Þá er fróðlegt að athuga tölur um stíflur í Blöndu og Héraðsvötnum: Gröftur, laus yfirborðslög: Blanda 150 kr. á m³, Héraðsvötn 320 kr. á m³. Stoðfylling: Blanda 500 kr. á m³, Héraðsvötn 570 kr. Þéttikjarni: Blanda 400 kr. á m³, Héraðsvötn 550 kr. Síur: Blanda 500 kr. á m³, Héraðsvötn 570 kr. Grjótvörn: Blanda 1770 kr. á m³, Héraðsvötn 1900 kr.

Þetta þykir mér vera mikill verðmunur á hliðstæðar verkeiningar. Efni allt til stíflu í Héraðsvötnum er í lítilli fjarlægð frá virkjunarstaðnum, 2-3 km. og grjótvarnarefni á staðnum.

Ég átti eftir að minna á eitt fskj. till., hið tíunda, en það er hin sögulega ályktun hátíðarfundarins á Þingvöllum 1974 um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu. Ég tel að það eigi að fara eftir anda þeirrar ályktunar á virkum dögum ekki síður en á hátíðarstundum. Er skoplegt að flytja fjálgar ræður á Þingvöllum og

samþ. hátíðlegar ályktanir, en vinna svo þvert gegn anda þeirra þegar hátíðarmóðurinn er runninn af mönnum.

Villinganesvirkjun samræmist fyllilega þessari ályktun og anda hennar.

Senn læt ég máli mínu lokið, en heiti á hv. alþm. að greiða götu þessarar till. Ég vil svo að endingu lesa — með leyfi forseta — ályktun frá þeim sveitarstjórnum sem hafa umráð með Eyvindarstaðaheiði.

„Fundur sveitarstjórna í Lýtingsstaða-, Seylu-, Bólstaðarhlíðar- og Akrahreppum, haldinn í Miðgarði 4. apríl 1977, lýsir yfir fyllsta stuðningi við fram komnar till. til þál. um virkjun hjá Villinganesi og beinir eindreginni áskorun til Alþ. að samþ. hana. Jafnframt mótmælir fundurinn fram komnu frv. ríkisstj. um Blönduvirkjun og skorar á ríkisstj. að draga frv. aftur til baka, en Alþ. að synja um heimild til virkjunar að öðrum kosti. Leggur fundurinn áherslu á að ekkert það hafi gerst í framvindu virkjunarmála á Norðurlandi vestra sem ástæða sé til að breyta margítrekuðum samþykktum Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar um þau mál. Fundurinn bendir á að núverandi hugmyndir um Blönduvirkjun leiði af sér meiri landeyðingu en nokkur dæmi eru til við mannvirkjagerð á Íslandi til þessa, 60% af öllu landi sem eyðist við fullnýtingu virkjanlegrar vatnsorku á landinu. Því telur fundurinn augljóst, að fullnægjandi samstaða náist aldrei meðal landeigenda um Blönduvirkjun eftir þeim hugmyndum sem nú eru uppi, og telur því ástæðulaust að frekari viðræður fari fram í þeim efnum.

Fundurinn ítrekar þá meginstefnu, að virkjanir af miðlungsstærð, 30—70 mw. skuli hafa forgang umfram virkjanir af stærstu gerð. Minnir fundurinn á fyrri röksemdir um að gjalda algjöran varhug við orkusölu til erlendrar stóriðju sem vaxandi þáttar í atvinnuþróun landsmanna. Því beinir fundurinn því til allra hlutaðeigandi aðila að veita áfangavirkjunum í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri brautargengi og fylgja því máli eftir svo sem framast eru föng á."

Samþ. með atkv. allra fundarmanna. En undir þetta rita Marinó Sigurðsson, fundarstjóri, Rósmundur G. Ingvarsson, fundarritari, Pétur Sigurðsson, Sigurjón Guðmundsson, Árni Sigurðsson, Broddi Björnsson, Jónas Haraldsson, Guðrún Ásgeirsdóttir, Halldór Benediktsson, Gísli Jónsson, Jón Tryggvason, Ingólfur Bjarnason, Guðmundur Sigurðsson, Borgar Símonarson, Gunnar Oddsson, Sveinn Jóhannsson, Jóhann L. Jóhannesson og Árni Bjarnason.

Samþykkt þessarar till. og rannsóknir og hönnun og síðan framkvæmdir í framhaldi af samþykktinni teljum við að yrðu mikilvægt spor til betra þjóðfélags í góðu og varðveittu landi, og það eru þau spor sem Alþ. á að stíga.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir til umr., er, ef litið er á tillgr. sjálfa, eiginlega tvenns konar: Í fyrsta lagi að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að hraða undirbúningi að virkjun Héraðsvatna við Villinganes og svo í annan stað að þar verði næsta raforkuver á Norðurlandi vestra.

Í grg. till. kemur fram, að þetta seinna atriði í tillgr. er gert að nokkuð miklu aðalatriði að því leyti að stefna henni gegn fyrirætlunum um Blönduvirkjun og því frv. sem hér liggur fyrir hv. Alþ. um það mál, og verða þannig til þess að reyna að hindra framgang þess máls.

Ég þarf ekki að rökstyðja þetta neitt nánar. Þetta hefur komið glögglega fram í ræðu hv. 1. flm. nú og raunar fyrr hér á hv. Alþ., því að þegar 1. umr. um frv. til l. um virkjun Blöndu fór fram hér fyrir nokkru, þá las hv. 3. þm. Norðurl. v. þessa till. orði til orðs og öll fskj. sem henni nú fylgja.

Ég vil segja það út af þessari till., að ég tel ekki nema gott eitt um það að segja að flýta rannsóknum og undirbúningi þess, að hægt verði að taka ákvörðun um virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, og væri æskilegt að geta varið fjármagni til þeirra hluta þegar Alþ. tekur næst ákvarðanir um fjárl. Hins vegar er ég andvígur þeim tilgangi till., sem mér sýnist að sé aðaltilgangurinn með flutningi hennar, að freista þess að drepa á dreif fyrirætlunum um Blönduvirkjun og reyna að koma í veg fyrir að frv. til l. um virkjun Blöndu verði samþykkt.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði snemma í sinni ræðu, að Blanda væri of stór fyrir innlendan markað og við þyrftum að haga svo stefnunni í orkumálum að virkja við hæfi markaðarins. Miðlungsstórar eða smáar virkjanir væru það sem hentaði okkar raforkumarkaði og virkjun Héraðsvatna við Villinganes væri ákaflega heppileg í þessu tilliti.

Ég tel mig ekki þurfa að fara langt út í þessa sálma, vegna þess að þessi efni komu raunar öll til umr. hér á hv. Alþ. þegar frv. um virkjun Blöndu var rætt við 1. umr. Þó vil ég víkja að þessu örfáum orðum.

Við verðum í fyrsta lagi að gera okkur grein fyrir því, hvers vegna við virkjum fallvötn á Íslandi og ætti þó ekki að þurfa að ræða jafnsjálfsagt mál. Það er auðvitað til þess að fá orku, til þess að virkja orku sem við notum til atvinnuuppbyggingar og til daglegs lífs þjóðarinnar í landinu.

Nú liggur það ljóst fyrir samkvæmt því, sem fram kemur í orkuspá sem nýlega hefur verið gerð af svokallaðri orkuspárnefnd, að þegar hafa verið teknar ákvarðanir um virkjanir á Íslandi sem duga til þess að fullnægja orkuþörfinni fram á næsta áratug. Þá er gert ráð fyrir því, að ekki verði gerðir fleiri orkusölusamningar til stóriðjufyrirtækja, en að sá orkusölusamningur, sem fylgir Grundartangaverksmiðjunni og er til umr. hér á hv. Alþ. þessa dagana, verði staðfestur. Að þeim tíma loknum, eða frá því að kemur fram um miðjan næsta áratug, þá sýnir þessi orkuspá að við þurfum sem svarar 130—150 mw. til viðbótar við það, sem áður hefur verið virkjað á 5 ára fresti allt til aldamóta. Sem sé, við þurfum sem svarar einni Blönduvirkjun á 5 ára fresti frá því um miðjan næsta áratug og allt til aldamóta til þess að fullnægja orkuþörf þjóðarinnar, án þess að um nokkurn nýjan orkusölusamning verði að ræða til stóriðju eða „erlendrar stóriðju" sem svo er nefnd.

Þetta vil ég leggja til grundvallar þegar við tölum um orkuþörf þjóðarinnar. Og ef miðað er við þennan samanburð, þá er fjarstæða að tala um það, að Blanda sé of stór fyrir innlendan

markað. Virkjun Héraðsvatna við Villinganes, sem er 30 mw. virkjun, vegur nokkuð í þessu sambandi, en þó ekki mjög mikið, vegna þess að hún mundi ekki fresta þörf þjóðarinnar fyrir aðrar virkjanir í landinu nema um eitt ár. Þess vegna er spurningin þessi: Er það hyggilegra fyrir okkur að stefna að því, eftir að fullnýttar eru þær virkjanir sem þegar hafa verið ákveðnar, að virkja eina virkjun á borð við Villinganesvirkjun á hverju ári eða að virkja stærri virkjanir, sem í flestum tilvikum og nálega öllum eru hagstæðari miðað við orkueiningu, á t. d. 5 ára fresti, eins og þyrfti að gera ef um 130-150 mw. virkjanir er að ræða. Þetta getur menn greint á um. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að við eigum að velja þann kostinn að virkja stærri virkjanirnar, sem yfir höfuð eru hagstæðari, til þess að komast hjá því að þurfa að virkja á mörgum stöðum samtímis á landinu. Ef við ætlum að taka í notkun eina smávirkjun á ári, þá þýðir það að við erum samtímis að vinna að virkjunum hér og þar á landinu í senn. Ég hygg að það mundi einnig verða til þess að gera þessar virkjanir dýrari. Það mundi nýta verr tækjakost og mannafla heldur en ef stefnt væri að því að starfa að þessum málum sem mest á einum stað í senn.

Aðalatriðið er þó að stefna að því að virkja þá virkjunarkosti sem eru álitlegastir og þá ekki einvörðungu að því er snertir hagkvæmni, heldur einnig að því er snertir öryggi og staðsetningu.

Ég tel mig ekki þurfa að lýsa þeim sterku kostum sem hafa orðið til þess að virkjun Blöndu hefur komist í fremstu röð virkjunarkosta á landinu. Þeir kostir eru þess háttar, að þeir uppfylla fyllilega allar þær þrjár forsendur sem ég rakti að væru höfuðatriðin þegar ákvarðanir væru teknar um slík mál.

Ég tel að það gæti út af fyrir sig vel komið til greina, þrátt fyrir að stefnt væri að því af sama hraða og áður hefur verið talað um að virkja Blöndu og síðar Fljótsdalsvirkjanir og aðrar slíkar stærri virkjanir, þá gæti verið hægt að skjóta virkjun eins og Villinganesvirkjun inn á milli hvenær sem er. Það er í rauninni ekkert sem hindrar það og mundi, eins og ég sagði áðan, einungis fresta þörf fyrir aðrar virkjanir um eitt ár.

Ég hef ekki við annað að styðjast í sambandi við hagkvæmni þessara mála en það sem rannsóknarmenn hafa gefið út. Samkv. því er munurinn á Villinganesvirkjun og Blönduvirkjun hvað snertir virkjunarkostnað á orkueiningu um 40% Blönduvirkjun í vil. Ég hef ekki farið í það að hártoga þessa hluti og hef lagt trúnað á það sem sagt er í þeim skýrslum sem um þessi mál hafa verið gefnar út af opinberum aðilum.

Það er auðvitað rétt og þarf að gera sér grein fyrir að 130 mw. eða 135 mw., eins og talað er um að Blanda verði, verða ekki notuð fyrir innlendan markað öll í einni svipan nema áður hafi safnast upp orkuskortur. Ég geri ráð fyrir því, að það muni ekki gerast með þeim hætti, enda er óhæfilega dýrt að vinna upp orkuskortinn með keyrslu disilvéla og raforkuframleiðslu með disilafli. Þess vegna mundi væntanlega slík virkjun verða tekin í notkun einhvern tíma á öðru eða þriðja ári þess 5 ára tímabils sem hún ætti að fullnægja.

Það er út af fyrir sig rétt, sem hv. 1. flm. þessarar till. sagði hér áðan og ég hef raunar margoft vakið athygli á úr þessum ræðustól, að í Jökulsánum í Skagafirði eru fleiri virkjunarkostir. Þessi við Villinganes er þó talinn sá hagstæðasti af hinum smærri. Það hafa engar kostnaðaráætlanir, svo ég viti, verið gerðar um stærsta virkjunarkostinn sem yrði fenginn með því að mynda stórt miðlunarlón uppi á Hofsafrétt, safna þar saman mörgum kvíslum, sem mynda Jökulsárnar, og leiða í aðveituskurði sem einnig yrði með lónum og vötnum, út á Giljamúla, sem er á milli Austurdals og Vesturdals, og steypa vatninu þaðan niður með 300—400 m falli, væntanlega niður Vesturdal, en þá fengist sennilega 100—130 mw. virkjun. Þessar áætlanir hafa ekki svo ég viti verið grandskoðaðar eins og þörf er á til þess að geta metið þær eins og skyldi. En þarna eru möguleikar sem liggja á borðinu fyrir framtíðina og koma vafalaust í næstu röð á eftir Blönduvirkjun, vegna þess að þar eru rannsóknir komnar verulega lengra á rekspöl.

Þessum virkjunarkosti fylgir einnig það, eins og við Blönduvirkjun að þar yrði myndað stórt miðlunarlón, og það er auðvitað helsti kostur slíkrar virkjunar og yrði til þess að tryggja jafnrennsli og tryggja botnfall aurframburðar, sem er gífurlega þýðingarmikið atriði í sambandi við virkjun jökulvatna. En þá gerist það vitaskuld um leið, að þarna sekkur gróðurlendi á sama hátt og við Blöndu, enda þótt það sé talið minna að flatarmáli en á Blönduvirkjunarsvæðinu. En það er altitt þegar rætt er um þessa tvo virkjunarkosti að þá er algjörlega farið fram hjá því að nokkur landspjöll verði við virkjun Jökulsánna, vegna þess að talið er óhagstætt að ræða það þegar verið er að tala um þetta út frá þeim sjónarhóli að vinna gegn Blönduvirkjun.

Ég ætla mér ekki að hafa um þessa till. mörg orð. Ég vil aðeins láta það koma skýrt fram, að ég er því fylgjandi að það séu gerðar þarna rannsóknir og staðið að þeim á þann hátt að það sé hægt að taka ákvörðun um þetta mál þegar það þykir henta. En ég er því andvígur að þessu máli sé stefnt, eins og virðist vera gert, gegn framgangi Blönduvirkjunar. Það er svo aftur mál sem Alþ. verður að taka ákvörðun um, að hve miklu leyti við getum dreift fjármagni til rannsókna og að hve miklu leyti við getum stefnt í margar áttir í senn í virkjunarmálum. Og það má vel vera og er óskandi að við hefðum það fjármagn til umráða til rannsókna á sviði orkumála að við getum sinnt því að stefna að fullum rannsóknum og hönnun sem flestra virkjunarkosta í senn og borið þá saman. Því miður hefur oft verið þannig, að fé er takmarkaðra en við vildum. Þess vegna verðum við kannske að taka stefnuna í eina átt í senn, en ekki stefna í margar áttir í senn, sem enda sjaldan leiðir til farsældar.

Hv. þm. Páll Pétursson rakti nokkuð hér þær samþykktir sem gerðar hafa verið og fylgja sem fskj. með þeirri till., sem hér liggur fyrir á þskj. 419. Hann sagði allar samþykktir um þetta mál stefna í eina átt, og það má nokkuð til

sanns vegar færa að þær samþykktir, sem raktar eru í fskj. með þessu þskj., stefni nokkuð í eina átt. Þær eru til stuðnings við virkjun Héraðsvatna og virkjun Jökulsánna. Þær eru ekki allar því marki brenndar að þær séu endilega gerðar til þess að vinna gegn eða loka fyrir samþykkt um Blönduvirkjun, og má segja að það hafi raunar ekki verið gert af þeim, sem veralega eiga hlut að máli, fyrr en þá í því plaggi sem hann rakti síðast í sínu máli, ályktun sveitarstjórna um Villinganes og Blönduvirkjun frá 4. apríl 1977.

Ég vil segja frá því í sambandi við þann fund, að mér finnst að þar hafi verið nokkuð einkennilega að verki staðið. Í fyrsta lagi, þegar boðaður er fundur sveitarstjórnarmanna til þess að ræða um tiltekið hagsmunamál eins byggðarlags eða eins kjördæmis, þá fer hann mjög leynt. Það er ekki nema einn þm. kjördæmisins sem þar mætir og öðrum þm. kjördæmisins er ekki gert aðvart, því síður að þeir séu boðnir til þessa fundar. Mér er sagt, að meira að segja sá þm. kjördæmisins, sem á sitt heimili í Varmahlíð, hafi ekki verið boðinn til þessa fundar, þar á ég við Ragnar Arnalds, hv. 5. þm. Norðurl. v., enda þótt hann væri staddur í Varmahlíð í sama mund og fundurinn fór fram. Ég vil lýsa því, að ég tel þetta vera nokkuð óvenjulegt og kannske athyglisvert að því leyti, að til þessa fundar hafi verið stofnað með þeim tilgangi að þar gæti einn af hv. þm. þessa kjördæmis, hv. þm. Páll Pétursson, flutt skoðanir sínar og rakið túlkun sína á virkjunarmálum Norðurlands vestra og í krafti þeirrar túlkunar fengið fram ályktun sem hér birtist. Það er a. m. k. ekki hægt að verjast því að láta sér detta í hug að sú hafi verið fyrirætlunin með að standa þannig að verki og þannig hafi einnig raunin orðið. Þetta tel ég óheppileg vinnubrögð og í hæsta máta vafasöm. Ég held að það væri hyggilegra, ekki síst þegar um er að ræða mál sem eru skiptar skoðanir um meðal fólks í kjördæminu, að þá kæmu á fund, þar sem slík mál eru rædd, helst allir þm. hlutaðeigandi kjördæmis eða a. m. k. þm. sem mundu þá túlka mismunandi skoðanir.

Ég get látið þess getið, að þegar t. d. almennur fundur var boðaður á Blönduósi um virkjunarmál 17. jan. 1976, þá var öllum þm. Norðurl. v. boðið að mæta ásamt forráðamönnum orkumála og sérfræðingum. Það tókst svo til að aðeins tveir af þm. kjördæmisins mættu, ég og hv. þm. Ragnar Arnalds, tveir þm. komust ekki vegna þess að flugveður brást, en einn af þm., hv. þm. Páll Pétursson, sat heima í góðu veðri og góðu færi af ókunnum orsökum. Þarna var óðruvísi að verki staðið og einmitt á þann hátt sem ég tel að eigi að gera þegar rædd eru mál sem snerta gífurlega mikið hagsmuni fólksins í byggðarlaginu, ekki síst ef vitað er að skoðanir eru skiptar.

Í þeirri ályktun, sem borist hefur frá fundi í Miðgarði 4. apríl 1977, segir m. a., að visu innan sviga, að „60% af öllu landi, sem eyðist við fullnýtingu virkjanlegrar vatnsorku á landinu, tapist við Blönduvirkjun“, og það er ein af þeim röksemdum sem notaðar eru gegn henni. Þetta er fullyrðing sem hv. þm. Páll Pétursson hefur borið sér í munn og hefur sennilega eftir öðrum mönnum sem aftur þykjast hafa þetta eftir Jakob Björnssyni orkumálastjóra, og hefur verið vitnað í tiltekið erindi orkumálastjóra um landþörf raforkuiðnaðarins á Íslandi, en orkumálastjóri flutti erindi um þetta efni á ráðstefnu um landnýtingu sem haldin var 6. og 7. apríl 1973.

Í þessu erindi orkumálastjóra, sem ég hef fengið ljósrit af og er langt erindi og viðamikið, er tekið rækilega fram að þær niðurstöður, sem hann komst að í þessu efni, séu byggðar á þeim rannsóknum sem þá hafa verið gerðar, eða gerðar höfðu verið á árinu 1972 og fyrr, og sagt að niðurstöður kunni að breytast miðað við frekari rannsóknir og kortagerð og þar fram eftir götunum um þetta efni.

Í þessu erindi birtir orkumálastjóri töflu um landspjöll við raforkumannvirki á Íslandi og skiptir í tvennt: annars vegar landi í heild og hins vegar gróðurlendi, og þar kemur fram að ef miðað er við gróðurlendi, þá tapist við Blönduvirkjun 13.1% af heildarflatamáli gróins lands sem fer undir miðlunarlón við virkjanir, miðað er við landið í heild, en ekki 60%. En ef miðað er við það að Þjórsárver séu ekki með talin, þá er gert ráð fyrir að við Blöndu tapist 21.6% heildarinnar. Þetta er það sem sagt er í þessu erindi, og ég kalla það óvönduð vinnubrögð að túlka þetta eins og gert hefur verið og verða til þess að sveitarstjórnarmenn í mörgum hreppum, sem ekki vita betur og hafa ekki gögn fyrir framan sig, setja það inn í sínar ályktanir sem röksemd fyrir sínu máli að við Blönduvirkjun tapist 60% af öllu gróðurlendi sem fari undir vatn við vatnsaflsvirkjanir á Íslandi. Þetta eru óheppileg og óvönduð vinnubrögð og ólíklegt að nokkur kunni þeim þökk fyrir sem þannig standa að málum.

Það er svo annað mál, að í ljós hefur komið að það, sem fer undir vatn af gróðurlendi við Blönduvirkjun, er meira en orkumálastjóri gerði ráð fyrir í þessu erindi sínu. Þannig mun og um marga aðra staði, vegna þess að þeim rannsóknum og þeirri kortlagningu, sem þarf til þess að segja þetta með nokkurri vissu, er alls ekki lokið enn. Þannig t. d. er fjarri því lokið rannsóknum að því er snertir hina miklu virkjunarkosti á Austurlandi og ekki er hægt að segja um það með vissu enn þá hvað þar tapast. Þannig er víðar á landinu, og enn eru að koma upp nýir virkjunarstaðir þar sem rannsóknir hafa komist lítið á veg enn sem komið er. En þetta er niðurstaðan í því erindi sem vitnað hefur verið til, og er um hreinar rangfærslur að ræða ef annað er sagt frá því erindi en þar kemur fram.

Ég skal svo ekki lengja þetta. Ég tel að enda þótt virkjun Héraðsvatna við Villinganes væri skotið inn á milli annarra virkjana hér á landi einhvern tíma á næsta áratug, því við höfum ekki þörf fyrir virkjanir fyrr nema ný stóriðja komi til, þá er það tiltölulega mikið smámál í virkjunarþörf þjóðarinnar og við höfum engu að síður þörf fyrir að stefna að stærri virkjunum. Í hópi þeirra allra hagkvæmustu er Blönduvirkjun. Hún er einnig ein sú öruggasta sem völ er á hér á landi. bæði að því er snertir staðsetningu utan eldvirka svæðisins og virkjunartilhögun alla, að því er talið er af visindamönnum, m. a. að því er snertir stærð virkjunarlónsins og rennsli árinnar gegnum miðlunarlónin og þrjú stöðuvötn.

Það verður til þess að hreinsa eins og mögulegt er aurframburð árinnar og ætti að verða til þess líka, að ekki verði þar spjöll á vélum virkjunarinnar, eins og nú er að koma í ljós við Búrfellsvirkjun, sem ekki er séð fram úr hversu mikið tjón er. Þetta er eitt af þeim atriðum sem hafa úrslitaþýðingu í sambandi við virkjun jökulvatna, að miðlunarlón séu það stór að aurframburðurinn botnfalli.

Að svo mæltu vil ég segja það, að ég geri ekki ráð fyrir að þessi till. hljóti mikla afgreiðslu það sem eftir lifir þessa Alþingis. En ég tel að það sé Alþingis og fjárveitingavaldsins að huga að því, hvort veitt verður fjármagn til þess að ganga frá rannsóknum og hönnun þessarar virkjunar á næstu árum, þannig að hún bíði fullbúin til þess að hægt verði að taka ákvörðun um að virkja. En ég vil þó segja það, að við skulum gæta okkar að dreifa ekki um of fjármagninu sem við verjum til þessara mála. Við þurfum að taka stefnu í virkjunaráföngum með það löngum fyrirvara, að við getum farið í hagkvæmar virkjanir með fullu öryggi þegar að því kemur, og við þurfum að mæta orkuþörf þjóðarinnar umfram það sem búið er að taka ákvarðanir um nú þegar, því verði það ekki gert og engin ákveðin stefna tekin í því efni, þá vofir sú hætta yfir að þegar orkuskorturinn kreppir að verði teknar ákvarðanir sem verða kannske of flausturslegar. Þess vegna þarf að huga að þessum málum með fyrirhyggju og nægum aðdraganda til þess að við getum stefnt að þessu með fullu öryggi með hagsmuni allrar þjóðarinnar fyrir augum.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar vegna þess hve mér fannst tónninn í ræðu hans vera neikvæður varðandi þá till. til þál. sem hér liggur fyrir. Ég vonaði og vona raunar enn að hann átti sig á því, að þetta er skynsamlegasti valkosturinn í raforkuframkvæmdum í Norðurlandi vestra, og ég treysti því í lengstu lög, að afstaða hans breytist og hann átti sig. Þá getum við unnið saman ásamt heimamönnum að skynsamlegum framkvæmdum í orkumálum án þess að þurfa að vaða yfir einn eða neinn af kjósendum okkar eða gera upptækar eignir þeirra hvert gegn vilja þeirra.

Ég þóttist verða var við þann skilning hjá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni og fagna honum ákaflega, enda er ég ekkert hissa lengur þó að sá hv. þm. taki skynsamlega á málum. Vona ég að hv. þm. Pálmi Jónsson taki hann sér til fyrirmyndar þótt síðar verði.

Hv. þm. Pálmi Jónsson bar sér í munn þá fjarstæðu, að Blanda yrði virkjuð án orkufreks iðnaðar í náinni framtíð. Þetta þótti mér leiðinlegt að heyra, af því að við vitum báðir betur og við eigum ekki að reyna að dyljast, við eigum ekki að svara út úr og við eigum að segja það sem við vitum sannast og réttast, jafnvel þótt það sé í einhverjum tilfellum ekki það sem einhverjir kjósenda okkar vilja heyra. Og fyrir þetta er Eyjólfur lofsverður, hv. þm.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá orkuspá sem hv. þm. Pálmi Jónsson vitnaði til hér áðan, þegar hann reyndi að sanna það að Blanda yrði virkjuð án tengsla við orkufrekan iðnað. Ég vildi feginn trúa þessari orkuspá og geri það að vissu marki, en spáin fjallar um það, hve væri hægt að nýta mikla orku m. a. til húshitunar þegar búið væri að samtengja öll orkuveitusvæði og endurrafvæða stóran hluta landsins með sterkari dreifilínum og stærri spennistöðvum. Þessu atriði voru gerð glögg skil í umr. um virkjun Blöndu í vor og m. a. af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Hann hafði þá eftir rafmagnsveitustjóra ríkisins, að til þess að ljúka samtengingu rafveitukerfanna þyrfti 26 þús. millj. og það væri ekki til sérhæfður mannskapur til þess að vinna verkin nema á mjög löngum tíma. Ég get vitnað í annan sérfræðing á þessu sviði, hv. þm. Steingrím Hermannsson. Hann lét þess getið í útvarpsumr. í fyrri viku, að miðað við eðlilega aukningu orkunotkunar og ef Kröfla kæmi ekki að gagni og Blanda kæmi á eftir Hrauneyjafossi 1985, þá mundu verða 1500—2000 gwst. ónotaðar í kerfinu. Hrauneyjafoss endist stóriðjulaus í sjö ár, ég endurtek: í sjö ár. Þessar 2000 gwst. á ári eru nákvæmlega það sem þarf til þess að knýja 100 þús. tonna álver. Álverið í Straumsvík er 74 þús. tonn. Ég teldi óbúmannlegt að hafa 2000 gwst. ónotaðar í raforkukerfinu, enda þyrfti að standa undir fjármagnskostnaði orkuvera þótt tekjur væru engar. Greiðslubyrði af orkuveri er auðvitað því meiri sem virkjun er dýrari, og greiðslubyrði af 15 þús. millj. skuld er þyngri en af 4500 millj. skuld.

Hv. þm. lét þess einnig getið að 40% verðmunur væri á orku frá þessum tveimur virkjunum. 40% er að vísu ekki nákvæm tala. 1975 var Blanda talin geta framleitt kwst. fyrir 180 aura, en Villinganesvirkjun fyrir 218 aura, þannig að mismunurinn er alls ekki 40%. Þar að auki ber að hafa það í huga, að hvert mw. er sérferðilega miklu dýrara frá orkuveri sem hefur í för með sér stórfellda eyðileggingu á okkar góða landi. Þess þarf tæplega að geta, að í þessu verði er miðað við fullnýttar virkjanir og fullnýttar strax. Hv. þm. talaði um 130 mw. Blönduvirkjun, en leyfið, sem beðið er um í heimildarfrv., er um 150 mw. virkjun.

Til frekari áréttingar því, sem ég sagði áðan, og vegna ummæla hv. þm. Pálma Jónssonar vil ég endurtaka það, að stærsti virkjunarvalkosturinn í Jökulsánum, miðlunin uppi á hálendinu og flutningur vatnsins, er ekki aðgengilegur frá mínu sjónarmiði. Ég vil láta það í ljós, að auðvitað er virkjun, sem er of stór fyrir íslendinga sjálfa og byggð vegna erlendrar stóriðju, ekki æskilegri í sjálfu sér í Skagafirði en í Húnavatnssýslu. Ég vil enn fremur taka það fram, að ég tel síst of mikið gras á þessari afrétt og illt að eyðileggja það. Og þá ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt um hættu á krapareki niðri í héraðinu vegna hugsanlegrar stórfelldrar miðlunar.

Hv. þm. lét þess getið, að ég hefði ekki verið á stórum fundi um virkjun Blöndu á Blönduósi í fyrravetur. Ég sótti ekki þann fund. Sá fundur var boðaður og auglýstur sem fundur áhugamanna um virkjun Blöndu. Ég held að þetta sé orðrétt tilvitnað. Ég er ekki áhugamaður um virkjun Blöndu eftir þeim hugmyndum, sem nú

eru á döfinni, og hefði sjálfsagt ekki átt erindi á þennan fund fremur en aðrir þeir sem töldu sig ekki áhugamenn um virkjun Blöndu, og mættu auðvitað ekki á fundinum, eins og atkvæðatölur þaðan bera vitni um. Hins vegar var mér sérstaklega boðið að sitja fundinn sem þm., en ég þáði ekki það boð. Ég vil raunar geta þess, þó að þarflaust sé, að veikindi voru á heimili mínu og kona mín var flutt á sjúkrahús þetta kvöld. Ef ég man rétt var það rækilega tekið fram í ályktun þessa fundar, að fundarmenn vildu alls ekki að raforkunni yrði varið til erlendrar stóriðju. Þess má geta í þessu sambandi, að raforkunotkun í Norðurlandskjördæmi vestra er innan við 8 mw. að undanteknu svæði Skeiðsfossvirkjunar, þannig að 135 eða 150 mw. viðbót er nokkuð stór skammtur og óþarfi að afneita stóriðju í því sambandi.

Hv. þm. lét þess getið, að rangfærsla væri í ræðu minni og í fskj. með till. Þessi rangfærsla er að vísu eftir öðrum höfð, en prentuð hér sem fskj., og er sjálfsagt að taka til greina þær leiðréttingar, sem fram hafa komið, og biðjast velvirðingar á þessu. En meðal annarra orða: 56—60 ferkm eru ekki 40 eða 60% af gróðurlendi því sem áformað er að sökkva á Íslandi af þeim orku- og stóriðjumönnum, bara 13.1%, segir hv. þm. Pálmi Jónsson, og hann er tryggur vinur ráðh. Það er eftir þessu verið að velta því fyrir sér að sökkva 450 ferkm eða jafnvel 500 ferkm af gróðurlendi Íslands.

Hér hafa verið ræddar nýlega óhugnanlegar hugmyndir Alusuisse, áætlun sem kölluð hefur verið Integral, og fórna 450 ferkm eða 500 ferkm gróins lands til raforkuframleiðslu, og þetta eru hugmyndir íslendinga frá 1973 og hafa vaxið síðan, sagði hv. þm. Pálmi Jónsson. Þetta eru vel að merkja hugmyndir íslendinga sjálfra. Þetta finnst mér vera of stór fórn, of stór til þess að hún sé réttlætanleg. Ég bið menn að hugleiða þetta og halda þessu á lofti svo að þjóðin öll fái tækifæri til þess að hugleiða þetta með okkur. Og þá hefur ræða hv. þm. Pálma Jónssonar ekki verið flutt til einskis, ef hún yrði til þess að opna augu þjóðarinnar fyrir því hver stefnan er hjá þessum stórhuga og fórnfúsu mönnum.

Hv. þm. gerði að umtalsefni fund sem haldinn var í Varmahlíð nú í vor. Mér var boðið að sitja þennan fund, og ég er náttúrlega alls staðar velkominn. Ég þáði þetta boð, en rétt er að geta þess að boðið var ekki að frumkvæði mínu, heldur oddvitanna Marinós á Álfgeirsvöllum og Halldórs á Fjalli. Í raun og veru var rætt þarna um fleira en orkumál, m. a. réttarbyggingu, sem er þarna í undirbúiningi og ég hef verið að reyna að aðstoða við. Svo vildi til að ég hitti hv. þm. Ragnar Arnalds í Kaupfélagsbúðinni í Varmahlíð þegar ég var að fara á fundinn. Ég vakti athygli á því á fundinum að hann væri nærstaddur, en þegar til átti að taka hafði hann farið á skíði. Ég er þess fullviss að hv. þm. Ragnar Arnalds hefði prýtt þann hóp sem þarna var saman kominn, og ég hefði haft ánægju af nærveru hans eins og alltaf. Og svo vel þekki ég bæði Ragnar og skagfirðinga, að ég veit að hann hefði verið velkominn á þennan fund.

Hv. þm. lét þess getið, að ég hefði fengið fram ályktun. Þetta er náttúrlega fjarstæða sem ég verð að ætlja harðlega, svona getsakir í garð þessara ágætu sveitarstjórnarmanna. Þeir láta ekki segja sér fyrir verkum. Þeir hafa fyllilega vit fyrir sér sjálfir og fulla einurð til þess að halda skoðunum sínum fram. Ég er góður vinur fjölda manna í kjördæminu og skoðanabróðir margra þeirra, en ég ræð engu um það hvaða skoðanir þeir hafa og hvað þeir hugsa, tala eða skrifa. Þm. eiga að vera fulltrúar og umbjóðendur fólksins, en ef þeir ætla sér að fara að fá fram ályktanir eða ráða hvað fólkið hugsar eða skrifar, þá eru þeir komnir með Messíasarkomplexa eða stórmennskubrjálæði, og guð forði okkur öllum frá því. Sú röksemd, að talan 60% hafi haft áhrif á lífsviðhorf þessara manna eða siðferðiskennd, er fjarstæða. Þessir menn vita flestir hvað þarna fer forgörðum, ekki í prósentum, heldur í viðáttu, fegurð, sögufrægð, landgæðum og sjálfsvirðingu. Ég er talsmaður þess að bændur hafi eignarráð á landi sínu. Ég get fært ýmis rök fyrir því og þau þó þyngst, að bóndinn þekkir land sitt best, hann fylgist með ástandi þess og hefur einnig tilfinningasamband við það og þykir vænt um það. En ef ég verð þess einhvern tíma var, að bændur almennt séu hættir að meta land sitt sem slíkt og gefa það falt til fordjörfunar eða eyðileggingar fyrir fémútu eða hlunnindi, þá er ég tilbúinn að gefast upp. En sá dagur er langt undan.

Ég vil, herra forseti, að lokinni þessari umr. óska eftir því, að till. verði vísað til atvmn. til umfjöllunar.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég segi hér örfá orð, er það að hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Páll Pétursson, var hér enn á ný að hæla mér. Undir venjulegum kringumstæðum hefði ég þakkað fyrir hólið eins og ég áður hef hér gert. En mér fannst það nú ekki gert á þann drengilega hátt sem ég hef átt að venjast í ummælum hv. þm. og viðskiptum við hann yfirleitt, þegar hann þurfti í leiðinni að sneiða heldur illilega að félaga okkar, Pálma Jónssyni, og það að tilefnislausu, vegna þess að ég veit ekki betur en við hv. þm. Pálmi Jónsson séum nákvæmlega sammála í þessum málum sem hér eru til umr. Ég lýsti því yfir, strax og þessi till. kom fram, hér úr þessum ræðustól, — hún hafði ekki verið lögð fram, það voru hér umr. um Blönduvirkjun, hún var hér lesin upp, — þá lýsti ég því strax yfir, að ég mundi vilja styðja þessa till. Ég vil láta rannsaka virkjunaraðstæður við Héraðsvötn alveg eins og við Blöndu. Hins vegar hefur Blanda gengið á undan og er talin þar að auki mun hagstæðari virkjun heldur en virkjunin við Villinganes. Þess vegna tel ég sjálfsagt að haldið verði áfram virkjunarrannsóknum við Blöndu, enda er fé til þess veitt nú á fjárl. og verður áreiðanlega að því unnið í sumar, en samhliða á að undirbúa rannsóknir við Héraðsvötnin, enda hygg ég að báðar þessar virkjanir muni rísa fyrr eða síðar. Og mér finnst það skynsamlegt, og það finnst hv. þm. Pálma Jónssyni einnig og hefur tekið það hér fram, að byrja á hagkvæmari virkjuninni.

Nú vill svo til að byggðalínan er komin og það er hægt að flytja verulegt orkumagn um visst árabil til að brúa bilið hér, raforkuskort hér, þegar þar að kemur, þannig að það er ekki nauðsyn að stóriðja fylgi Blönduvirkjun. Hins vegar hefði ég talið mjög koma til álita að stóriðjufyrirtæki, — ef hægt er að tala um lítið stóriðjufyrirtæki, þá vildi ég það helst, fyrirtæki sem væri ekki mjög mannaflafrekt, en tæki samt verulega orku, — ég vildi helst að það risi samhliða Blönduvirkjun. Ég hef ekki farið dult með að ég teldi það æskilegast, en það er ekki nauðsyn.

Ég held að við hv. þm. Pálmi Jónsson séum í einu og öllu sammála um forgang framkvæmda, og þess vegna var það tilefnislaust að hæla mér, en álasa honum. Og þar sem hann er hér fjarstaddur, þá taldi ég alveg nauðsynlegt að þetta kæmi fram.

Hitt er svo annað mál, að í hópi þm. Norðurl. v. er illu heilli ágreiningur, og hafði raunar einn þm. hér orð á því við mig í dag, að leitt væri til þess að vita að við værum að deila hér úr ræðustól í stað þess að reyna að setja niður deilurnar okkar í milli. Ég held að það sé alveg rétt, að það eigum við að reyna að gera, að reyna að samræma okkar sjónarmið, ráðgast við heimamenn og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Og þó að ég telji Blöndu æskilegri og heilbrigðari og skynsamlegri stefnu að ráðast fyrst í Blöndu, en síðan í Héraðsvötn, þá er ég auðvitað ekki lokaður fyrir því að snúa málinu við, ef það kemur á daginn að það er vilji svo og svo margra heimamanna. Ég er auðvitað sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti manna norðanlands vill að Blanda sé á undan. En ef það hins vegar á að kosta stórstyrjöld og átök á þann veg sem gefið hefur verið í skyn hæði úr þessum ræðustól og annars staðar frá, þá er það nú svo, að stundum vægir sá sem vitið hefur meira, og kann vel að fara svo, að það verði ég sem vægi, og vona þá að litið verði á það sem skynsamlega afstöðu. Ég tel það hins vegar ekki rétt og sanngjarnt að vera að hæla mér á kostnað annarra manna, og ég afþakka slíkt hól.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, sem er 1. flm. þessarar till., hefur gert ágæta grein fyrir rökum hennar. Það er því ekki nein þörf á því að við aðrir flm. bætum þar miklu við.

Ég hafði satt að segja ekki látið mér detta það í hug, þegar ég var staddur í Kaupfélagsútibúinu í Varmahlíð fyrir tveimur vikum, að dvöl mín þar yrði gerð að umræðuefni hér á Alþ., hún var ekki svo merkileg. En ég missti því miður af þessum umr. hér í dag og get því ekki gefið neinar frekari skýringar en þar voru gefnar.

Um þetta mál vil ég aðeins segja það eitt, að það er ekki rétt túlkun, sem ýmsir andstæðingar virkjunar Héraðsvatna hafa haldið fram, að þeir, sem mæla með þeirri virkjun, hljóti undir öllum kringumstæðum að vera gersamlega andvígir því að Blanda verði virkjuð og það komi ekki til greina, hvorki fyrr né síðar. Málið er síður en svo svo einfalt. Ég hef marglýst því yfir, að ég tel að virkjun Blöndu geti komið til greina þegar réttar aðstæður eru fyrir hendi. Ég hef hins vegar talið að það væri í fyrsta lagi ótækt að taka ákvörðun um virkjun Blöndu nema fyrir lægi hvernig ætti að nota orkuna. Ég er sammála því, sem sagt hefur verið um þessa virkjun, að eins og nú horfir í raforkumálum okkar íslendinga er bersýnilega algerlega óraunsætt að þessi virkjun verði tekin fyrir á næstu árum án þess að fylgi verulegur orkufrekur stóriðnaður, og ég hef hvað þetta snertir nákvæmlega sömu afstöðu til virkjunar Blöndu eins og til virkjunar Hrauneyjafoss, eins og sakir standa, að ég tel að það eigi ekki að ráðast í svo geysistórar virkjanir nema búið sé að undirbúa fullnýtingu orkunnar til innlendra þarfa. Það þýðir að óhjákvæmilegt verður að gera iðnþróunaráætlun, m. a. um innlend orkufrek stóriðjufyrirtæki og aðra nýtingu orkunnar til innlendra nota, þannig að við vitum og sjáum fram á að hægt sé að nýta þessar virkjanir á tiltölulega skömmum tíma. Sé þetta ekki gert, þá gerist annað tveggja: Annaðhvort verður virkjunin óhagkvæm vegna þess að orkan er ekki notuð fyrr en mjög löngu eftir að virkjunin er tekin í notkun. T.d. hvað snertir Hrauneyjafoss, þá er augljóst að Hrauneyjafoss verður ekki fullnýttur fyrr en í fyrsta lagi 7 árum eftir að hann er tekinn í notkun, jafnvel þótt orka hans sé notuð fyrir landið allt, nema eitthvað annað komi til. Og það annað sem hugsanlega getur komið til, sem sagt hinn valkosturinn, þ. e. erlend stóriðja. Við vitum það, að ef við tökum ákvörðun um Blönduvirkjun eins og nú stendur og sérstaklega eftir að búið er að ákveða virkjun Hrauneyjafoss, þá er verið að stíla á það að fórna verulegum hluta af orku þeirrar virkjunar til erlendrar stóriðju. Allt annað er annaðhvort óraunsæi eða blekkingaviðleitni. Þetta er fyrsta atriðið sem skiptir máli í sambandi við Blöndu, að við vitum hvað á að gera við orkuna.

Annað atriðið er náttúruspjöllin sem þessi virkjun veldur. Við vitum hver þessi spjöll eru. Við vitum að það er geysimikið og verðmætt flæmi sem eyðileggst. En við vitum ekkert um hvernig þessi spjöll verða bætt og hvort þau verða bætt. Það liggja fyrir áætlanir á pappírnum um það, hvernig bæta megi þessa miklu náttúrueyðingu með uppgræðslu þar sem nú er lítil ræktun. En það er ekki nóg að setja einhverjar tölur á pappír. Slíkar tölur verður að sjálfsögðu að sannreyna með tilraunum, og þær tilraunir hafa ekki verið gerðar í nægilega ríkum mæli til þess að mark sé á takandi. Ég hef heyrt hina fróðustu menn vefengja að þær tölur standist sem settar hafa verið á blað um möguleika á ræktun í staðinn fyrir spjöllin sem þetta mikla uppistöðulón veldur, þessar áætlanir standist einfaldlega ekki, þær geti kannske staðist við bestu skilyrði í eitt ár, tvö ár eða þrjú ár, en svo komi óhappaárið þegar allt er drepið niður, kalárið sem drepur ræktunina sem menn hafa þá kannske lagt mikla fjármuni í. Allt þetta þarf að rannsaka miklu betur áður en menn geta tekið afstöðu til þess, hvort þessi náttúruspjöll eiga rétt á sér. Og ég segi fyrir mig, að

meðan þessar tilraunir hafa ekki verið gerðar, þá er ég ekki reiðubúinn að mæla með því að þessi virkjun sé byggð. Ég tel að þessa hlið málsins þurfi að rannsaka miklu betur en gert hefur verið.

Í sambandi við þær rannsóknir, sem gera verður, bæði á þessu atriði og mörgum öðrum í sambandi við virkjun Blöndu, þá er því slegið fram af talsmönnum þessarar virkjunar að það þurfi að samþykkja frv. um Blöndu til þess að hægt sé að halda áfram rannsóknum og til þess að hægt sé að halda áfram undirbúningi. En þetta er mesti misskilningur. Það stendur alls ekkert á því að frv., sem veitir ríkisstj. heimild til að virkja, þurfi að ná samþykki hér á Alþ. til þess að hægt sé að halda þessum rannsóknum áfram. Að sjálfsögðu er miklu eðlilegra að rannsóknunum sé fyrst að fullu lokið, þær liggi fyrir, og síðan veiti Alþ. heimildina ef það telur að rannsóknirnar leiði til jákvæðrar niðurstöðu.

Þetta er að sjálfsögðu náskylt spurningunni um það, hvort Alþ. á að veita heimild til virkjunar Kljáfoss í Borgarfirði. Það er ein af mörgum virkjunum sem rætt er um hvort hyggilegt sé að ráðast í, og jafnvel er farið fram á að Alþ. veiti samþykki sitt til þess án þess að fullnægjandi rannsóknir liggi fyrir og án þess að menn viti með nokkurri vissu hvernig sú virkjun fellur inn í heildarraforkukerfi landsmanna.

Ég er einn af þeim mörgu hér á Alþ. sem eru algerlega á móti þeirri stefnu, sem hefur verið ríkjandi í þessum málum að veita ríkisstj. hverja heimildina á fætur annarri til að virkja þarna eða þarna án þess að fullnægjandi undirbúningur eða rannsóknir liggi fyrir. Og ég tel að það hafi verið hin mesta skyssa af hálfu Alþ. árið 1968 eða 1969 eða hvenær það nú var að veita heimild til virkjunar Hrauneyjafoss áður en nokkrar fullkomnar rannsóknir eða áætlanir um byggingu þeirrar virkjunar lágu fyrir. Þetta eru vinnubrögð sem eiga að heyra liðinni tíð til, eiga ekki lengur að þekkjast. Og það er einmitt af þessari ástæðu sem spurningin um það að fara að samþykkja hér heimildarlög um Blönduvirkjun er fjarstæðukennd að mínum dómi eins og á stendur. En það þýðir ekki það, að menn séu skilyrðislaust og um alla framtíð örugglega andvígir Blönduvirkjun.

Ég hef nefnt hér tvennt sem þarf að liggja miklu skýrar fyrir, og ég get bætt þriðja atriðinu við, en það er reyndar náskylt öðru atriðinu sem ég nefndi áðan. Það er það atriði að samningar hafi örugglega tekist við bændur. Hvernig dettur mönnum í hug að við umbjóðendur kjósenda á Norðurlandi vestra, þ. á m. í austurhluta Húnavatnssýslu og Skagafirði, förum að samþykkja virkjun Blöndu þegar fyrir liggur að ekki hafi enn verið gerðir samningar við á annað hundrað bændur og vitað er að stór hluti þessara bænda er algerlega andvígur virkjuninni og alls ekki reiðubúinn til samninga? Ættum við umboðsmenn þessa fólks, fulltrúar hér á Alþ., að fara að samþykkja heimild til virkjunar Blöndu þegar við vitum ekkert út í hvert óefni við erum að fara og hvort hér er kannske nýtt Laxáræv intýri á ferðinni? Ég hélt satt að segja að alþm. og reyndar allir aðrir hefðu fengið alveg nóg af því að vera að ana út í ákvarðanir um virkjanir þegar ekki er fengið fullt samkomulag heima fyrir og fyrir liggur að fjölmennir hópar manna eru algerlega andvígir því að viðkomandi virkjun verði byggð með þeim hætti sem ráðgert er. Ég segi það a. m. k. sem mína afstöðu, að ég tel að það komi alls ekki til greina.

Nú veit ég, að einhver kann að segja: Hér er bara beðið um heimild til virkjunar, en það er ekki verið að taka ákvörðun um virkjun. Það verður ekki tekin ákvörðun um virkjun fyrr en í lok þessa áratugs og miðað þá við að virkjunin verði komin upp um miðjan næsta áratug. — En eins og ég hef áður sagt, tel ég að slík vinnubrögð séu fjarstæðukennd, fáránleg. Þegar Alþ. veitir heimild til virkjunar, þá er það um leið að taka ákvörðun um að þessi virkjun skuli byggð. Þannig á það að vera. Ég sætti mig ekki við neitt annað. Þar af leiðandi tel ég að það sé alls ekki tímabært fyrir Alþ. að taka nú þessa ákvörðun.

Ég hef ásamt öðrum þm. Alþb. lagt fram þáltill. þar sem ekki aðeins er gert ráð fyrir því að ákvarðanir um Blönduvirkjun bíði nú um sinn, heldur einnig ákvarðanir um Hrauneyjafossvirkjun. Ég er þeirrar skoðunar, að það væri hyggilegast að reisa nú miðlungsvirkjanir í fjórum landshlutum: á Austurlandi, Norðurlandi, Vestfjörðum og hér suðvestanlands, þessar virkjanir henti, eins og nú stendur á, miklu betur fyrir raforkukerfið og þær verði hagkvæmari vegna þess að þær nýtist nokkuð fljótt, ef þær koma inn í heildarmyndina í skipulegri röð ein af annarri með rúmlega árs millibili. Og ég tel að stóru virkjanirnar, sem menn svo aftur tala um, Hrauneyjafossvirkjun eða Blönduvirkjun, verði frekar að skoðast sem hugsanlegir möguleikar á síðari hluta næsta áratugs, og þá alls ekki hvað Blöndu snertir fyrr en búið er að átta sig á öllum þáttum þess máls. Það getur vel tekið nokkurn tíma að gera þær ræktunartilraunir sem nauðsynlegar eru til þess að fá úr því skorið, hvort forsvaranlegt er að valda þeim náttúruspjöllum sem þessi virkjun hefur í för með sér.

Í sambandi við hagkvæmni þessara tveggja virkjunarvalkosta, Blöndu annars vegar og Jökulsárvirkjunar hins vegar, hef ég ekki miklu við að bæta það sem hv. þm. Páll Pétursson hefur hér dregið fram í dagsljósið. Þó er rétt að bæta því við, að þegar orkuverð frá Blöndu hefur verið reiknað út, þá hefur það verið reiknað út miðað við að talsverður hluti af orku þeirrar virkjunar færi til stóriðju. Þetta orkuverð, sem menn hampa, er miðað við að nýting virkjunar af þessu tagi er meiri á hverjum sólarhring og í heildina tekið á hverju ári ef talsverður hluti af orkunni fer til stóriðju, eins og best sést á því að nýtingarstundir stóriðju eru um 8500 stundir talsins, en nýtingarstundir hins almenna markaðar um 5000. Þegar áætlanir hafa verið gerðar um þessar stóru virkjanir, þá hefur verið miðað við nýtingarstundafjölda sem reiknaður er út frá þeirri forsendu sem er á markaðnum í dag, þ. e. a. s. 75% stóriðja og 25% orka til

almennra nota. Það er sem sagt rétt að láta það koma hér fram, að þetta orkuverð yrði örugglega talsvert hærra ef það væri reiknað út frá þeirri forsendu að öll orkan færi til almennra nota. Þetta tel ég að sé nauðsynlegt að láta koma hér fram, vegna þess að hv. þm. Pálmi Jónsson hefur haldið því fram, að vel kæmi til greina að nota alla orku þessarar virkjunar til almennra nota. Þær tölur, sem hafa verið nefndar í þessu sambandi, eru sem sagt ekki með öllu sambærilegar, og það er enginn vafi á því, að ef um er að ræða að orkan sé notuð í báðum tilvikum til almennra nota, þá er munurinn á þessum tveimur virkjunum alls ekki jafnmikill og hér hefur verið nefnt, þ. e. a. s. 40% munur.

Í öðru lagi kemur svo hitt atriðið, sem við nefndum hér áðan: Hverju breytir það að virkjun er kannske ekki nema hálfnýtt þremur árum eftir að hún hefur verið byggð og ekki fullnýtt fyrr en kannske fimm árum eftir að hún hefur verið byggð, miðað við virkjun sem er fullnýtt rétt einu ári eftir að hún hefur verið byggð? Ég er alveg sannfærður um að hagnaðurinn, sem fæst af litlu virkjuninni og því að hún nýtist strax, vinnst ekki upp í stóru virkjuninni nema á mjög löngum tíma, sennilega 10—15 árum. Það er því alger fjarstæða að nefna tölur eins og þessar, 40% mun á orkuverði, án þess að taka tillit til þess, að önnur virkjunin nýtist nokkurn veginn þegar í stað, en hin ekki. Þetta er nauðsynlegt að komi fram, því að miðað við það að við vitum ekki hvað við orkuna á að gera, miðað við það að ekki eru fyrir hendi innlend fyrirtæki sem eru reiðubúin að nota verulega orku og eru þannig tilbúin til þess að taka verulega stóran hluta af orku Blönduvirkjunar, þá er hún alls ekki eins hagkvæm og hún kemur út á pappírnum þegar einungis er miðað við heildarframleiðslugetu virkjunarinnar og kostnaðarverð hennar.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Ég vil benda hv. alþm. á, að dagskrármál þetta er fyrst og fremst till. til þál. um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi þó að önnur mál kunni að blandast því nokkuð.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að ég skyldi ekki vera hér viðstaddur þegar hv. þm. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v., flutti ræðu sína. Ég mun samt ekki fara fram á það við hann, að hann flytji hana aftur, til þess að lofa mér að heyra hana, enda kemur í ljós hvað sagt hefur verið þegar ræðan verður prentuð. Ég vil þó segja hér örfá orð í sambandi við þá ræðu sem hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, hefur flutt.

Mér þykir í sjálfu sér vænt um að heyra það frá honum í þessum ræðustóli, að hann skuli ekki lýsa alfarið andstöðu við virkjun Blöndu, enda þótt greinargerð í þeirri þáltill., sem hann er flm. að ásamt hv. þm. Páli Péturssyni o. fl., beri mjög keim af því að flm. þeirrar till. séu að lýsa mikilli andstöðu við Blönduvirkjun. Ræða hv. þm. kom raunar að talsverðu leyti heim við það, sem hann hefur sagt áður á fundi áhugamanna á Blönduósi 17. jan. 1976, að öðru leyti en því, að hún var kannske svolítið meira í þá átt að vera á móti Blöndu um leið og hún var sumpart með henni, raunar eins og var á þeim fundi, þar sem einn af fundarmönnum, sem telur sig til Alþb., taldi að þessi hv. þm. hefði flutt vonda ræðu eða sem sagt bæði með og móti máli. Þetta er svo sem ekkert sérstakt og kemur stundum fyrir og er ekkert við því að segja.

Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði, að vel gæti komið til mála að ráðast í Blönduvirkjun þegar tímabært væri að nota orkuna fyrir innlendan markað, og sagði að áður þyrfti að gera iðnþróunaráætlun og undirbúa atvinnulífið í þessum landshluta til að taka við þessari miklu orku. Undir þetta vil ég alfarið taka, enda flutti ég á síðasta Alþ. till. til þál. um sérstaka athugun á eflingu iðnaðar í Norðurlandskjördæmi vestra, og sú till. var flutt í ljósi þeirra nýju viðhorfa í orkumálum kjördæmisins sem við blasa. Ég tel mig ekki þurfa að fara um það mörgum orðum, að þetta er auðvitað eitt af þeim meginatriðum sem þarf að hafa í huga þegar rætt er um stórvirkjanir á þessu svæði, að geta sem allra mest nýtt þessa miklu orku til uppbyggingar atvinnulífs þar og til hagsbóta fyrir fólkið í þessum landshluta. Ég tel að við eigum að keppa að því að koma á fót iðnfyrirtækjum af smærri og stærri gerð, sem geta tekið við allmikilli orku, enda þótt þar verði ekki um að ræða fyrirtæki af þeim toga sem er tamast að kalla stóriðju, sem sumir nefna nú einungis svo ef um er að ræða sérstakar bræðslur: álbræðslur og málmbræðslur. Það eru sem sé ótöluleg tækifæri til að nota orkuna ef það er gert af nægilega mikilli fyrirhyggju. Þess vegna er, um leið og við hugum að stórvirkjun í þessum landshluta, tímabært að gefa því sérstakan gaum, — og ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta og taka undir með hv. þm., — gefa því sérstakan gaum að undirbúa atvinnulífið og gera sérstakar áætlanir um nýtingu orkunnar til iðnþróunar og iðnrekstrar í þessum landshluta, um leið og þarna er verið að virkja mikla orku til öryggis fyrir miklu stærra landssvæði. Þarna erum við hv. þm. Ragnar Arnalds mjög svo sammála, og ég get ekki annað en lýst mikilli ánægju minni með það.

Ég hef haldið því fram úr þessum ræðustól og annars staðar, að þessa miklu orku eigum við að nota fyrir landsmenn sjálfa. Við eigum að stefna að því að virkjunin verði tekin í notkun þegar orkumarkaður þjóðarinnar sjálfrar kallar á orkuna. Til þess að svo megi verða þurfum við að undirbúa þetta stórvirki með nægum fyrirvara og ganga sem gersamlegast í það að ljúka rannsóknum og hönnun og ganga frá öllum málum í tæka tíð, svo að ekki komi til árekstra eða neinna vankanta á framkvæmd verksins þegar í það verður ráðist. Verkið sjálft tekur án efa 3—4 ár og undirbúningur þess tekur að mínum dómi ekki skemmri tíma en 3 ár. Þess vegna tel ég að það sé kominn eðlilegur tími til þess að taka nú stefnuna. Þetta vil ég leggja mikla áherslu á, og ég tel að þetta svari því sem sagt hefur verið og komið hefur

fram í ýmsum þeim ályktunum sem spegla andstöðu eða tregðu fólks við þessum framkvæmdum, að hér sé einvörðungu horft á það sem kallað er erlend stóriðja. Á þetta vil ég leggja mikla áherslu og skal svo ekki ítreka það meir að sinni.

Ég vil gera hér aðeins innskot í mína ræðu og biðja hæstv. forseta afsökunar á því, að mér skuli verða það á eins og öðrum ræðumönnum undir þessum dagskrárlið að ræða svo mjög um Blönduvirkjun. En með því að hv. síðasti ræðumaður talaði nær einvörðungu um það mál, sem vissulega er tengt dagskrármálinu, þá tel ég mig varla komast hjá því að ræða um það einnig hér og bið velvirðingar á því.

Hv. þm. Ragnar Arnalds vitnaði til stefnu þeirra alþb.-manna um þessi efni, sem hefur verið nokkuð rædd að undanförnu, og sagði eitthvað á þá lund, að þeir vildu ekki einasta fresta öllum ákvörðunum um Blönduvirkjun, heldur vildu þeir einnig breyta ákvörðunum um Hrauneyjafossvirkjun. Ég geri ráð fyrir að þessi orð hv. þm. séu sprottin af því, að flokkur hans hefur lýst andstöðu við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og orkusölusamning til þess fyrirtækis er ekki enn búið að samþykkja hér á hv. Alþ. Það mál hefur vissulega veruleg áhrif í sambandi við ákvarðanir um virkjanir hér á landi og alls ekki hægt að loka augunum fyrir því. Við skulum þó gera okkur grein fyrir að samkv. þeim plöggum, sem ég hef við höndina og þau eru nú ekki viðamikil um þessi efni, er gert ráð fyrir því að málmblendiverksmiðjan þurfi á að halda 260 gwst. af orku, og ef mig misminnir ekki þýðir það að hún þurfi 60—70 mw. af orku til sinna þarfa. Þarna er því um að ræða orkunotanda sem tæki til sín orku sem nemur liðlega tveggja ára aukningu á almennri orkuþörf þjóðarinnar miðað við orkuspá. (RA: Bæði forgangs- og afgangsorka.) Í orkuspánni er einungis gert ráð fyrir forgangsorku. (Gripið fram í.) Orkuspáin gerir ekki ráð fyrir afgangsorku. Hún er ekki tekin með í þann útreikning sem þar er birtur. Þess vegna á þessi aths. hv. þm. ekki hér við. En ef maður gerði nú ráð fyrir að stefna hv. þm. og hans flokks væri byggð á þessu þá þýddi það að fresta þyrfti um tvö ár stórri virkjun vegna þess að málmblendiverksmiðjan tæki ekki til starfa. Og ef það á að tákna að ekki skuli ráðist í stærri virkjanir en 30—70 mw. þá sýnist mér að sú stefna sé óraunhæf. Ég fæ ekki betur séð. Þrátt fyrir það að stefna hv. þm. um að hætta við orkusölu til málmblendiverksmiðjunnar yrði ofan á, þá þýddi það alls ekki að ættum að hverfa frá stærri virkjunum. Það mundi aðeins fresta t. d. Hrauneyjafossvirkjun um liðlega tvö ár. Og eftir sem áður stendur að aðrar virkjanir þurfa að verða með þeim hætti að sem svarar einni Blönduvirkjun yrði tekið í notkun á fimm ára fresti og það allt til aldamóta. Ég vil því sem félagi úr kjördæminu beina því til hv. þm. að hann endurskoði þessa stefnu bara út frá skynsamlegum forsendum og beri ekki svona marklausa stefnu á borð fyrir fólk.

Ég get sagt það, að ég hef ekki gögn í höndunum til þess að afsanna það sem hv. þm. sagði um verðútreikning á orku frá Blönduvirkjun og orku frá Villinganesvirkjun. En ég get sagt það, að ég hef hvergi heyrt um þetta fyrr, hvergi um það heyrt, að það væru lagðar aðrar forsendur til grundvallar í sambandi við útreikning á orkunni. Skal ég ekki um það deila að sinni, en mér þykir þetta næsta ósennilegt, ég segi það eins og er.

Ég vil aðeins segja í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um landspjöll og hvernig mætti vinna að því að bæta þau, að þegar hafa allmiklar rannsóknir farið fram á uppgræðslu lands á hálendinu. Þær rannsóknir hafa verið á sumum stöðum miklu hærra yfir sjó heldur en þarna er um að ræða eða allt upp í 700—800 m yfir sjó. Blöndulón er 478 m yfir sjó eða yrði ef í þær framkvæmdir væri farið. Það hafa þegar farið fram allmiklar rannsóknir einmitt á Auðkúluheiði. Tilraunareitur stóð árum saman norðan í einum kaldranalegasta og óræstislegasta melrima á heiðinni við hin ólíklegustu skilyrði til þess að ná árangri, og hann skilaði sannast sagna ótrúlegum árangri. Þeirri tilraun er fyrir alllöngu hætt, því miður, en yfir stendur tilraun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í tengslum við FAO, að vísu á því svæði sem mundi lenda undir vatni, en það sem af er hefur sú tilraun skilað ákaflega góðum árangri. Um það er ekki að segja neitt á þessu stigi, það geta komið, eins og hv. þm. sagði, mögur ár. Árin síðan þessi tilraun hófst hafa verið góð ár, og við því verðum við alltaf að vera búnir í okkar landi að árferðið sé misjafnt. En það liggur fyrir að unnt er að græða örfoka land á hálendinu í miklu hærri hæð en þarna er um að tefla. Og fari svo að einhvern tíma komi slík skaðaár eða tímabil að þessi gróður eyddist að verulegu leyti, þá erum við svo lánsamir að við eigum nærri því ótæmandi land á þessu svæði til þess að rækta í staðinn.

Það var svo auðvitað til gamans hjá hv. þm. Páli Pétursyni hér fyrir nokkrum dögum, að hann taldi að landssvæðið, hálfgróið eða ógróið land í þessari tilraun RALA og FAO, sannaði einungis frjósemi þess lands sem ætti að sökkva undir vatn, en melarnir, sem upp úr stæðu, væru þess háttar, að það væri rugl að tala um uppgræðslu á þeim. Auðvitað er bara til gamans verið að halda slíku fram.

Ég skal ekki tala um þessi uppgræðslumál meira, en ég reikna með að að þeim verði eitthvað vikið í þeim umsögnum sem berast um Blöndufrv. Get ég ekki um það sagt, hvernig þær muni hljóða, en mér þykir ekki ólíklegt að eitthvað verði vikið að þeim af þeim stofnunum. Ég veit þó ekki hvort frv. hefur verið sent til umsagnar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem hefði verið eðlilegt.

Í sambandi við það, að mjög mikil andstaða sé gegn þessum fyrirrætlunum með virkjun Blöndu, en mikið fylgi við virkjun Jökulsánna, þá er það rétt að ekki eru allir á einu máli. Það hefur líka verið haldið að fólki, að ég tel, röksemdum sem ekki byggjast á réttum forsendum, m. a. haldið ákaflega stíft fram að þetta sé óframkvæmanlegt verk án þess að selja orkuna til stóriðju, sem ég tel hreina fjarstæðu, og

haldið fram staðleysum í sambandi við hvað þetta sé mikill hluti af því landi sem fer undir vatn af landinu í heild o. s. frv. En mér er einnig kunnugt um það, að í Skagafirði, á því svæði sem hér á hlut að máli, eru a. m. k. ýmsir sem ekki hafa viljað standa að samþykktum, sem lokuðu fyrir að Blanda yrði virkjuð nú á næstu árum, og hafa talið það óheppileg vinnubrögð, enda þótt menn á þessu svæði, skagfirðingar, sem eðlilegt er kjósi heldur að fá virkjun í eigið hérað. Það er ekki óeðlilegt. Og þeir hafa verið fúsir til að standa að ályktunum sem hvetja til þess að virkjun í þeirra eigin héraði gangi á undan. Það má t. d. benda á um sumar þessara ályktana, t. d. ályktun frá fundi í Varmahlíð eða Miðgarði nú fyrir nokkrum dögum, að þar var sveitarstjórnin úr Akrahreppi, 5 menn. Það er aðeins einn byggður bær í Akrahreppi vestan Héraðsvatna. Það má segja að það sé því aðeins eitt byggt ból sem á þarna beinna hagsmuna að gæta í sambandi við land á Eyvindarstaðaheiði. Fyrir þennan eina bæ mætir fimm manna hreppsnefnd sem vill heldur fá virkjunina í Héraðsvötn við Villinganes eða í vatnið sem skiptir löndum á milli þeirra og Lýtingsstaðahrepps. Þetta er ekki óeðlilegt, og sér hver sjálfan sig með það. Það er einnig ekkert launungarmál, að sveitarstjórn Bólstaðarhlíðarhrepps í Austur-Húnavatnssýslu hefur tekið þátt í þeim samþykktum sem lýsa fylgi við Jökulsárvirkjun og Villinganesvirkjun og standa gegn Blönduvirkjun. Andstaðan er kannske ekki eins alvarleg og þessar ályktanir bera með sér, en á það má benda, að andstaðan er austan Blöndu og þeim megin er einungis rúmlega ¼ af þeim landspjöllum sem verða við Blönduvirkjun. Samt er andstaðan þeim megin árinnar. Og þetta gefur auðvitað allt þann tón, að andstaðan sé að verulegu leyti af því sprottin að menn vilja heldur fá virkjun í eigið hérað, og það er ekki óeðlilegt, lái þeim hver sem vill.

Stefnuna þarf auðvitað að taka af hagkvæmnisforsendum, af öryggisforsendum og með tilliti til staðsetningar. Það má segja að staðsetning sé jafngóð á báðum stöðum, það má segja að öryggi gæti verið jafngott á báðum stöðum, ef rannsóknin leiddi í ljós að það yrði jafngott við Jökulsárnar eftir að búið væri að mynda þar miðlunarlón uppi á öræfunum norðan Hofsjökuls, en alls ekki fyrr. Hagkvæmnisútreikningar hafa sýnt, hvort sem einhver brestur er í þeim, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds er að gefa hér í skyn, að orka frá Blöndu yrði um 40% ódýrari miðað við orkueiningu. Þetta er það sem hefur verið sýnt á plöggum frá Orkustofnun, og mér kemur það sannast sagna á óvart ef Orkustofnun undir forustu Jakobs Björnssonar orkumálastjóra er að láta frá sér fara plögg þar sem einhverjar mismunandi forsendur ráða. Mér kæmi það á óvart. (RA: Hvaða plagg er það sem þm. á við?) Það eru skýrslur sem hafa verið gefnar út um virkjun Blöndu annars vegar og hins vegar virkjun Héraðsvatna við Villinganes. Það er hægt að útvega þessar bækur, þó að ég hafi þær ekki við höndina eins og sakir standa.

Ég skal ekki lengja þessa umr. Eg lýsti því hér í dag, að ég teldi allt gott um það að segja að hraða lokarannsóknum og undirbúningi við Villinganesvirkjun, þannig að það væri hægt að taka um hana ákvörðun þegar henta þætti, og til þess yrði þá að veita fjármagn sem hugað yrði að á næstu árum. En ég verð að segja fyrir mig, að mér þykir óvarlegt og óráðlegt að taka stefnuna í senn í tvær áttir, heldur stefna alfarið að þeim virkjunarkosti sem ég tel hafa meiri möguleika og fleira sér til framdráttar. Þess vegna hef ég lagt á það áherslu, að hvergi yrði hvikað með það að stefna fast að því að ráðast í Blönduvirkjun. Til þess er a. m. k. mjög æskilegt að samþykkja hið fyrsta heimildarlög, því að þau marka út af fyrir sig — það er rétt sem hv. þm., sagði, þau marka stefnuna. En síðan yrði unnið að því að fullum krafti að undirbúa þetta mál og hrinda því í framkvæmd, og til þess þarf að minni hyggju ekki minna en 7 ár ef á ekki að fara í það mál af einhverju óðagoti. Það er sem sé miklu betra að geta unnið slík stórvirki seint og fast og af öryggi, án þess að eiga á hættu að gerð verði glappaskot. Þess vegna þarf að huga að þessu máli með nægum aðdraganda og taka stefnuna í tæka tíð.

Ég skal svo láta þessu lokið, herra forseti, og bið enn velvirðingar á því, að ég hef farið sumpart út fyrir það efni sem hér er á dagskrá.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki eyða löngum tíma hér. En ég er einn af flm. þessarar þáltill. og ræður manna hafa verið á þá lund, að ég tel rétt að ég geri svolitla grein fyrir því, hvers vegna ég er flm. að þessari tillögu.

Ég hef áður getið um það í þessum ræðustól, að ég teldi það eitt brýnasta verkefnið í sambandi við okkar atvinnuuppbyggingu að við áttum okkur á því, að hverju við eigum að stefna í næstu framtíð, hvernig við eigum að standa að uppbyggingunni í landinu. Og ég hef verið þeirrar skoðunar og er enn, að við eigum fyrst og fremst að byggja upp okkar atvinnulíf eða raunar einvörðungu á þeim hráefnum, sem eru til í landinu, og reyna að forðast að hleypa erlendum aðilum inn í okkar atvinnulíf. Þess vegna, af því að ég er þessarar skoðunar, vil ég ekki heldur standa að því að verið sé að samþ. að virkja stórt öðruvísi en að það liggi fyrir áður til hvers á að nota það rafmagn. Ég vil ekki láta standa að því þannig að við förum í margar stórvirkjanir í einu sem hljóta svo að kalla á t. d. erlenda stóriðju, erlendan orkufrekan iðnað.

Við erum hér með ýmis frv. og till. í sambandi við virkjanir. Það er mikið rætt um Bessastaðaárvirkjun. Við erum hér með frv. um virkjun Hvítár í Borgarfirði. Það liggur hér fyrir þinginu frv. um virkjun Blöndu. Og það er búið að ákveða að virkja Hrauneyjafoss. Það er verið að virkja Kröflu. Og það gefur auga leið, að ef þessar virkjanir fara fram hér um bil samtímis, þá verðum við að finna einhvern kaupanda.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði hér áðan, að orkuspáin væri á þann veg að við þyrftum á virkjun eins og Blönduvirkjun að halda á 5 ára fresti.

Hefur þetta nú verið skoðað nægilega niður í kjölinn? Erum við t. d. ekki núna að koma heitu vatni um hitaveitu um öll Suðurnes og um Akureyri? Hvað er mikil raforka notuð til upphitunar á þessum stöðum? Er raunhæft að miða við þá aukningu sem hefur orðið á undanförnum árum, miða orkuspána áfram við það? Ég veit a. m. k. að t. d. á Akureyri er mjög mikið hitað upp með rafmagni sem hlýtur að falla niður.

Ég held því að þessar litlu virkjanir, eins og t. d. við Villinganes og jafnvel við Hvítá og Bessastaðaá, það séu eðlileg skref, a. m. k. á meðan að við erum ekki búnir að gera okkur ljóst að hverju við ætlum að stefna í okkar atvinnuuppbyggingu og hvað við ætlum að gera við orkuna. Það þýðir ekkert að halda því fram, að við skulum bara virkja og virkja án þess að vita hvað við ætlum að gera við þá orku.

Ég tek ekki alvarlega þessa orkuspá, ég verð að segja það, og ég vil láta kanna hana nánar.

Það er af þessum ástæðum sem ég er flm. að þessari till. Og ég vil bara segja í lokin: Við eigum ekki að standa að þessum málum á þennan veg. Við eigum ekki að samþ. virkjanir á Alþingi Íslendinga nema vita fyrir fram hvað við ætlum að gera við orkuna. Og við verðum að gera okkur glögga grein fyrir því, hvernig þróunin verður á næstu árum og hvernig við eigum að standa að uppbyggingunni, áður en slíkar samþykktir eru gerðar.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég er nú búinn að tala tvisvar í þessu máli og hef ekki miklu við þetta að bæta. Ég finn mig þó knúinn til að gera örstutta athugasemd. Ég er ánægður með þær umr., sem hér hafa farið fram, að ýmsu leyti, þó ég hefði kosið að þær hefðu farið í nokkuð annan farveg. En það er ekki um það að sakast.

En athugasemdin, sem mig langaði til að gera, er vegna ummæla sem komu fram í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar um þær tilraunir sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins með atbeina FAO hefur gert á Auðkúluheiði. Þessar tilraunir sanna það náttúrlega, að það er frjósamt land sem færi þarna undir vatn. Þessi tilraun er að vísu gerð á miklum grasárum og henni er ekki lokið, en hún gefur þó mjög ótvíræða vísbendingu um það, að þetta beitiland beri miklu meiri búpening heldur en upphafleg álitsgerð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins gaf til kynna. Það er kannske það sem frekast má lesa út úr því sem komið er af þessari tilraun. Að vísu virðist, þegar haustið nálgast, staðna nokkuð vöxtur í því sem mest er beitt. En það náttúrlega sannar að þetta er ákaflega verðmætt land. Líka sýnir þessi tilraun fram á að landið gefur mjög góða svörun við áburði. En það land sem sekkur, það er land sem ekki verður hægt að bera á ef af þessu mannvirki verður, og að því er skaði.

Hv. þm. vitnaði til tilraunareita annars staðar á heiðum, m. a. nefndi hann tilraun sem gerð var á árunum á mel á Arnarbælishala. Það er alveg rétt hjá honum að hún gaf góða raun. En það er kannske ekki alveg raunhæf mynd sem hún gaf, vegna þess að þetta land var náttúrlega varið til þess að þarna sprytti. Það er tilraunareitur, sem er mjög athyglisverður, við veðurstofuhúsið á Hveravöllum. Menn geta skoðað hann þegar þeir eru þar á ferðinni. En því miður virðist að hann gefi ekki örugga uppskeru. Stundum gefur hann ágæta uppskeru, en hann kelur náttúrlega ekki síður en niðri í byggð.

Hv. þm. fór ekki alveg nákvæmt með þegar hann sagði, að það væri bara ein jörð í Akrahreppi sem ætti upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, þær munu vera tvær. (Gripið fram í.) Hins vegar er ein jörð í Ripurhreppi sem á upprekstur á Eyvindarstaðaheiði. Þar eru að vísu margir bændur góðir, en sá hreppur átti engan fulltrúa á þessum fundi. Ég vil líka láta það koma fram að lokum, að andstaðan gegn virkjun Blöndu er ekki einungis austan Blöndu. Hún er fyrir hendi vestan Blöndu líka, eins og hv. þm. Pálmi Jónsson sagði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings, þáltill. (þskj. 408). — Ein umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem nú er tekin hér til umr., er flutt af öllum þm. Alþb. og hefur að geyma tvö efnisatriði. Þar er í fyrsta lagi lagt til, að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu, og í öðru lagi, að ákveðið verði að bandarískri herinn, sem hér hefur verið býsna lengi, verði látinn fara.

Með þessum tillöguflutningi er áréttuð sú stefna sem Alþb. hefur lengi fylgt og fylgir. Sú stefna hefur verið rökstudd við ýmis tækifæri og það yrði býsna langt mál að tíunda allar þær röksemdir nú. Ég mun ekki freista þess. Læt ég að verulegu leyti nægja að vísa til grg. að því er varðar ástæðurnar fyrir því, að okkur beri að hverfa úr NATO.

Ég hlýt einnig að horfast í augu við þá staðreynd, að eins og sakir standa virðast líkurnar minni fyrir því, að meirihlutafylgi fáist á næstunni fyrir úrsögn úr NATO, heldur en fyrir hinu, að hægt verði að losna við herinn, e. t. v. í áföngum ef ekki vill betur til. Og það get ég sagt nú þegar, að stórmikinn ávinning tel ég að því, ef okkur tækist að koma hernum á brott. Ég tel mig geta mælt fyrir munn okkar alþb.-manna allra, að við erum reiðubúnir til samvinnu við hvern þann stjórnmálaflokk eða stjórnmálamann sem vill herlaust land, enda þótt hann sé á öðru máli eins og sakir standa um afstöðuna til NATO.

Því er mjög haldið á lofti í málgögnum þeirra manna, sem hafa varið aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varið þá ákvörðun að hafa hér her í landi á friðartímum, að hernaðarlegt gildi Íslands hafi vaxið á síðari árum og hafi aldrei verið meira en nú.

Lítum nú ögn betur á hugtakið hernaðarlegt gildi og hvert er raunverulegt innihald þessa hugtaks. Frá hvaða sjónarmiði hefur hernaðarlegt gildi Íslands vaxið? Frá íslensku sjónarmiði ætti sú viðmiðun að sitja í fyrirrúmi, hvort bandarísk herseta og NATO-aðild sé okkur til aukins þrifnaðar og þroska á friðartímum og veiti okkur vernd ef til stórveldastyrjaldar kynni

að draga. Er þetta raunverulega svo? Hefur sambýlið við erlendan her fært íslendingum vaxandi lífshamingju eftir því sem hann sat hér lengur? Og erum við nú öruggari en áður vegna herstöðvarinnar ef svo færi að kjarnorkuvopnum yrði beitt? Ég held að þetta sé fjarstæða. En er það þá líka fleipur eitt að hernaðarlegt gildi Íslands hafi vaxið á síðari árum frá einhverju öðru sjónarmiði? E. t. v. er það ekki fjarri lagi út frá sjónarmiði herveldis eða hervelda eða ríkjasamsteypa sem miða við það að heyja árásarstyrjöld og ætla sér að ráða yfir heimi með vopnavaldi. Ekki segjast til að mynda bandaríkjamenn hafa neitt slíkt í huga. Líklega er það rétt, að ráðamenn þar í landi geta vel hugsað sér að leika áfram hina rómuðu jafnvægislist risaveldanna. En verði sú jafnvægislist háð undir merkjum sívaxandi vígbúnaðar á báða bóga, hver verða þá endalokin? Því getur að vísu enginn svarað með fullri vissu, en maður hlýtur að spyrja.

En víkjum aftur að hernaðargildi Íslands. Það hefur nokkuð oft komið fram á hinum síðustu árum, a. m. k. hinum síðustu missirum, bæði í Bandaríkjunum og t. a. m. í málgagni vesturþýska hersins, að hernaðaraðstaða á Íslandi sé NATO mikilvæg í upphafi kjarnorkustríðs, en hins vegar yrði að gera ráð fyrir því, eins og það var einhverju sinni orðað ákaflega hreinskilnislega, að herstöðinni á Reykjanesi yrði þegar á fyrsta degi slíkrar styrjaldar skákað úr leik. Það orðalag er nokkurn veginn svo ljóst, að menn ættu ekki að fara í grafgötur um þýðingu þess og um innihald þess. M. ö. o.: herstöð bandaríkjamanna á Íslandi er samkv. þessari kenningu eða getur verið gagnleg stórveldasamsteypu í upphafi styrjaldar, annað tveggja sem árásarstöð eða sem skotmark. Með þessu er reyndar verið að segja það, að not geti orðið að landi okkar til að gera kjarnorkuárás, og það gæti einnig komið að gagni til að taka við slíkri árás eða slíku andsvari, raunar aðeins í upphafi, þar til allt væri orðið rjúkandi rúst.

Væri nú ekki með þessar kenningar NATO-manna sjálfra um hernaðargildi Íslands í huga ástæða til að fá úr því skorið, hvort hér eru geymd kjarnorkuvopn eða ekki?

En nú er það á hinn bóginn staðreynd, að burt séð frá svokölluðu hernaðargildi Íslands sem árásarstöðvar annars vegar, en skotskífu hins vegar hallast hernaðarfræðingar að því, að hlutverk Keflavíkurflugvallar sem eftirlits- og könnunarstöðvar hafi fremur minnkað en vaxið á síðustu árum. Það er alkunn staðreynd, að fyrir nokkrum árum var komið fyrir miklum fjölda hlustunardufla á neðansjávarhryggnum í suður frá Íslandi og sjálfsagt víðar í kringum landið. Það mun vafalaust, að bandaríkjamenn eiga sínar keðjur slíkra hlustunardufla, og rússar eiga vafalaust á hinn bóginn sinn hlustunarútbúnað, sennilega mjög tilsvarandi. Þessi dufl senda frá sér þráðlaust upplýsingar um ferðir kafbáta á þessum slóðum. Flugvélar bandaríkjamanna hafa nú í allmörg ár flogið reglulega, ekki síst frá Íslandi, til þess að taka við boðum frá þessum hlustunarduflum. Í þessu hefur svonefnt hernaðarlegt mikilvægi stöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli fyrst og fremst verið fólgið. En nú að undanförnu hefur bandarískt herinn, að því er þeir, sem útskýra þessi hernaðarfræði, telja, unnið að því með tilstyrk vísindamanna að endurbæta og koma fyrir tiltölulega nýjum eða svo að segja spánnýjum tækjum í stöðvum í landi, en þessi tæki geta tekið við boðunum frá hlustunarduflunum, jafnvel um mjög langan veg. Reynist þessi tæki á þann hátt sem líkur benda til ætti eftirlitsflug vegna kafbáta að verða þarflaust frá herfræðilegu sjónarmiði.

En auk þess hefur þróunin orðið sú nú allra síðustu árin, að þetta dýra hlustunarkerfi bandaríkjamanna og rússa er herfræðilega séð að verða úrelt eða jafnvel þegar orðið úrelt. Ástæðan er ekki síst sú, að kjarnorkukafbátar beggja risaveldanna hafa verið fullkomnaðir svo mjög að eldflaugar þeirra draga nær því yfir hálfan hnöttinn og því er talið tilgangslaust og raunar úrelt að leggja sama kapp og áður á að sigla þessum kjarnorkukafbátum sem næst löndum hugsanlegra fjandmanna í atómstyrjöld.

Vestræn tímarit, einkum í Vestur-Þýskalandi og raunar einnig rit í Bandaríkjunum, hafa nýlega fjallað um hin breyttu viðhorf sem af nýjustu hernaðartækni þessarar tegundar leiðir. Það er vissulega rétt, segja þessir aðilar, að rússar hafa jafnt og þétt verið að efla sjóher sinn í grennd við norðurvæng NATO-flotans. Þessi þróun hefur að sögn þeirra átt sér stað allt frá árinu 1963, og er þarna vissulega um óskemmtilegt kapphlaup að ræða milli hernaðarbandalaganna tveggja: Atlantshafsbandalags og Varsjárbandalags. Ekki hafa NATO-mennirnir setið auðum höndum þann tíma sem rússarnir hafa verið að efla sjóher sinn, eins og ýmsir vilja vera láta, og þarf ekki mörgum orðum um það að fara. Ég hygg að þar sé nokkuð jafnt á komið og er vissulega mál að linni.

Að því er varðar þverrandi notagildi hlustunarkerfisins vegna kafbáta benda þessir gagnrýnendur, þ. e. a. s. herfræðingar bæði, eins og ég sagði, í Bandaríkjunum og Vestur-Þýskalandi, á vissar staðreyndir. Ég vil leggja áherslu á það til þess að koma í veg fyrir misskilning, að þessir gagnrýnendur, sem ég er að tala um hér, eru svo sem engir talsmenn rússa, heldur eru þeir margir hverjir hinir áköfustu NATO-sinnar sem heimta aukið fé til hermála, en vilja koma í veg fyrir að því sé eytt og sóað í úrelt og að þeirra dómi algjörlega gagnslaust eftirlitskerfi. Þessir menn segja: Norður í Barentshafi liggja hinir 9 kjarnorkuknúnu kafbátar rússa, kafbátar af svonefndri Delta-gerð. Andspænis þessum kafbátum eru engin not af stríðsboðakerfi NATO neðansjávar. Og ástæðan er sú, að Delta-kafbátarnir þurfa ekki að fara inn á Atlantshaf og munu naumast gera það, að því er talið er. Þeir eru búnir eldflaugum sem draga 8 þús. km., hinum langdrægustu sem rússar hafa framleitt. Þar með ná eldflaugar þessara kafbáta í Barentshafi ekki aðeins til allrar Evrópu, heldur og til allra yfirráðasvæða Bandaríkjanna austan hafs og vestan, og þær ná allt austur undir endimörk Kínaveldis.

Ég held að það sé sannast sagna, enda þótt hershöfðingjar og herskáir stjórnmálamenn á Vesturlöndum segi stundum annað, að Ísland hefur nú í raun sáralitla þýðingu herfræðilega

séð, frá sjónarmiði t. a. m. Atlantshafsbandalags, fyrir stríðsboðakerfi NATO. Það kann að vera hagkvæmt að nota Keflavíkurflugvöll sem bækistöð eftirlitsflugvéla, en engan veginn virðist það vera eini möguleikinn til að halda uppi slíku könnunarflugi. Kom það nokkuð greinilega fram þegar rætt var í alvöru um brottför hersins á vinstristjórnarárunum og sú stefna mörkuð að hann skyldi hverfa í áföngum, að sú breyting hefði í för með sér að vísu viss óþægindi frá sjónarmiði bandaríkjamanna og annað fyrirkomulag og önnur staðsetning eftirlitskerfisins yrði töluvert dýrari, en vel framkvæmanleg eigi að síður. Það er líka í samræmi við þetta breytta viðhorf, að öðru hvoru hafa heyrst um það raddir í Bandaríkjunum sjálfum á undanförnum árum, að vel komi til greina að leggja niður herstöðina á Íslandi. Í samræmi við þetta sjónarmið um dvínandi gildi kostnaðarsamra eftirlitsstöðva hafa bandaríkjamenn fækkað í liði sínu t. a. m. í herstöðvunum á Grænlandi, og ekki alls fyrir löngu ætluðu þeir jafnvel að leggja niður herstöðina í Syðri-Straumsfirði. Þeir gerðu það síðan, að því er ég hef lesið fyrir þrábeiðni dana, að dveljast þarna enn um sinn. En dönum mun fyrst og fremst hafa gengið það til, að þeir vildu losna við að taka á sig kostnað vegna rekstrar og viðhalds flugvallarins sem þarna er. Ekki mun sú varnarpólitík hafa verið á öllu hærra plani.

Ekki leikur neinn vafi á því, að herstöðvaandstæðingar í flokki hæstv. utanrrh. í Framsfl. geta ráðið mjög miklu um þróun þessara mála. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku eins og víðar togast á tvær andstæðar stefnur í hermálum: Annars vegar stefna þeirra, sem bíta í skjaldarrendur og vilja treysta herstöðvanet og vígbúast sem ákafast. Hins vegar sú stefna að leitast við, þó með fullri gát, að draga úr spennu og vígbúnaði með gagnkvæmum aðgerðum, fækka í áföngum herliði og herstöðvum Bandaríkjanna erlendis, enda geri sovétmenn slíkt hið sama sín megin.

Maður er að leyfa sér að vona að þessi skynsamlega stefna eigi heldur vaxandi fylgi að fagna meðal bandarískra áhrifamanna svo og að viti bornir og sæmilega ábyrgir menn séu mikils ráðandi í Sovétríkjunum þrátt fyrir allt. Og fari svo, sem við hljótum að vona, að viðræður um fækkun herstöðva og herafla í Evrópu taki að bera árangur er það ákaflega mikilvægt að afnám herstöðvar bandaríkjamanna á Íslandi verði þar ofarlega á blaði. Svo verður ef ráðamenn í Bandaríkjunum telja sig vita það með nokkurri vissu, að áður en varir geti komið sú aðstaða upp, geti t. a. m. komið sú ríkisstjórn á Íslandi sem fylgi fram þó ekki væri nema stjórnarstefnunni frá árunum 1971—1974, stefnunni um brottför hersins í áföngum, ellegar setji fram og fylgi eftir kröfu um tafarlausa brottför.

Ég vil í framhaldi af þessum hugleiðingum mínum spyrja hæstv. utanrrh. hvort stefna Framsfl. og stefna hans sjálfs í herstöðvamálinu, sú stefna að herinn skuli fara í áföngum, sé ekki óbreytt þrátt fyrir allt. Hæstv. ráðh. hefur sagt það áður hér á Alþ. og við önnur tækifæri, að hann og flokkur hans séu í raun inni sama sinnis og á vinstristjórnarárunum í þessu efni, það sé aðeins um tímabundna frestun margsamþykkts stefnuskráratriðis Framsfl. að ræða vegna stjórnarsamstarfs við Sjálfstfl. Nú spyr ég þess vegna hæstv. utanrrh.: Er þessi stefna ekki óbreytt? Er það ekki enn sem fyrr stefna Framsfl. að herinn eigi að fara?

Ég hef aldrei dregið það í efa, að mikill meiri hl. kjósenda Framsfl. hefur verið og er andvígur hersetu hér á landi á friðartímum. En því miður hefur það verið svo, að leiðtogarnir hafa gert helst til lítinn reka að því að framkvæma þessar margyfirlýstu samþykktir — ég man ekki hversu margra flokksþinga Framsfl. — um brottför hersins, framkvæma vilja mikils meiri hl. flokksmanna. Því miður virðist svo sem nokkuð sterk öfl, e. t. v. ekki ýkjafjölmenn, en nokkuð sterk og áhrifamikil öfl innan flokksins hafi þarna tögl og hagldir þrátt fyrir allar flokkssamþykktir. Það eru að margra dómi a. m. k. fjármálaöflin, þau öfl sem sáu snemma, eins og raunar fleiri, að það er hægt að græða á hernum.

Á tímabili hélt maður að forustumenn Framsfl. ætluðu nú að fara að starfa í þessu efni samkvæmt kjörorðinu að batnandi mönnum sé best að lifa, þeir ætluðu að fara að framkvæma vilja flokksmanna og vilja flokksþinga. Þetta var á árum vinstri stjórnar, meðan þeir báru gæfu til, framsóknarforingjarnir, að láta okkur alþb.-menn styðja sig, meðan þeir voru að taka fyrstu afturbataskrefin í þessum efnum. En slíkt stóð því miður ekki lengi. Þegar umferðarpest sú geisaði hér um árið, sem gekk undir heitinu Varið land, sló framsóknarforingjunum niður aftur og síðan er því miður ekki um merkjanlegan bata að ræða.

En ekki er öll von úti enn, og um þetta vil ég segja hið fornkveðna: Maður er að vona að Eyjólfur hressist.

Um afstöðu Alþfl. til herstöðvamálsins og aðildar að Atlantshafsbandalagi langar mig til að segja fáein orð.

Allt frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari og fram á þennan dag hefur meiri hl. ráðamanna þess flokks fylgt svipaðri stefnu og Sjálfstfl., talið herstöðvar nauðsynlegar og aðild að NATO sjálfsagða. Á árunum 1945—1950 var þó mjög eindregin og töluvert öflug andstaða gegn þessari stefnu innan Alþfl., og þeir sem muna jafnlangt aftur og ég, þeir minnast m. a. skeleggrar baráttu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar gegn Keflavíkursamningi og gegn aðild Íslands að NATO. En þetta breyttist og um langt skeið gætti lítt eða ekki andstöðu innan Alþfl. við hersetu og NATO-stefnu forustumanna flokksins.

Nú á síðustu árum hefur þessi stefna, eftir því sem ég tel eftir góðum heimildum, sætt vaxandi gagnrýni innan flokksins, einkum af hálfu ungra manna.

Í Alþýðublaðinu 30. mars s. l., á síðu Sambands ungra jafnaðarmanna, birtust næsta snaggaralegar greinar sem túlka umbúðalaust skoðanir þessara ungu alþfl.-manna og upplýsa einnig ýmsa allmerkilega hluti um baráttu innan Alþfl. að því er tekur til þessara mála. Þar segir svo um herinn, með leyfi hæstv. forseta, það eru ungir jafnaðarmenn sem tala:

„Þar með erum við komnir að kjarna málsins,

því auk þess sem herinn er hér til þess að vernda ameríska hagsmuni á Íslandi og sýna yfirráðavald Bandaríkjanna, þá er herinn hér fyrst og fremst til að vernda hið kapítalíska hagkerfi á Íslandi þegar að því kemur að þjóðfélaginu verður umbreytt til jafnréttis, frelsis og bræðralags.

Þetta er hinn raunverulegi tilgangur hins bandaríska hers hér á landi. Tilgangurinn með NATO er sá sami, þ. e. að vernda frelsi auðmagnseiganda til að græða enn meir, vernda þá gegn hvers konar ásælni, jafnt innan frá sem utan.

Vera Íslands í þessu auðvaldsbandalagi þjónar því aðeins hagsmunum forréttindastéttanna og íhaldsafla er vilja viðhalda óbreyttri eignaskipan, óbreyttri skiptingu auðmagns milli borgaranna, þeirra sem berjast gegn auknum jöfnuði í þjóðfélaginu verkalýðnum til handa, þeim er berjast gegn virkum stuðningi Íslands við ríki þriðja heimsins.“

Og það er einnig í þessum greinum ungra jafnaðarmanna skýrt frá því, að þeir og skoðanabræður þeirra í Alþfl. hafi unnið áfangasigur í sambandi við þessi mál, eða eins og þeir komast sjálfir að orði: Á síðasta flokksþingi Alþfl. vannst stór áfangasigur fyrir herstöðvaandstæðinga í þeim flokki er Alþfl. lýsti því yfir í stefnuskrá að: Alþfl. er ljóst að afnám hvers konar hernaðarbandalaga er alger forsenda fyrir raunhæfri friðvæðingu í heiminum og afvopnun allra þjóða. Þess vegna styður hann og leggur áherslu á alla raunhæfa viðleitni er stefni að því marki.“

Síðan áréttar einn helsti forustumaður ungra jafnaðarmanna þessa stefnu í grein sem ber heitið: „Herinn þjónar bandarískum hagsmunum“, og hinn ungi flokksbróðir hv. flokksforingja Benedikts Gröndals, sem hér var nú í salnum áðan, er ekkert sérlega myrkur í máli, en segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Barátta jafnaðarmanna fyrir nýju og breyttu þjóðfélagi er ekki einungis háð á innanlandsvettvangi, heldur einnig í sameiginlegu átaki á alþjóðavettvangi. Hún felst fyrst og fremst í því að sporna við útþenslu kapítalismans í heiminum undir forustu og stjórn Bandaríkjanna. Þar með getur það aldrei samræmst skoðunum jafnaðarmanna að styðja verndun ameríska hagsmuna á Íslandi með hervaldi og vopnasamtökum NATO. Auðhringar, mafíur, leyniþjónustur einokun og glæpastarfsemi eru aðaleinkenni hins ameríska kapítalisma sem því miður virðist í örum vexti í heiminum, enda er hér um að ræða hagkerfi sem ekki þekkir landamæri og menningu landa. Forsvarsmenn kapítalismans böðlast áfram og hugsa um það eitt að safna sem mestu fé á sem fæstar hendur og láta sig engu skipta afkomu og líf almennings. Það er þetta kerfi sem ameríski herinn er að vernda, og þar er herinn og Morgunblaðið að gæta sömu hagsmunanna.“

Og hinn ungi samherji hv. þm. Benedikts Gröndals leggur á það áherslu, að Alþfl. eða ungir jafnaðarmenn, — ég hygg að þetta atriði nái nú ekki lengra, — að Samtök ungra jafnaðarmanna styðji baráttuna fyrir brottför hersins og úrsögn úr NATO af alefli, og þeir heita í því efni samtökum herstöðvaandstæðinga fullum stuðningi sínum.

Síðan áréttar þessi jafnaðarmannaforingi, Gunnlaugur Stefánsson, það, að á síðasta flokksþingi Alþfl. hafi andstæðingar herstöðva og aðildar að Atlantshafsbandalagi unnið umtalsverðan sigur, og vitnar í því sambandi í hina nýju stefnuskrá Alþfl., og þar segir hann m. a.:

„Aðalstarfsvettvangur Sambands ungra jafnaðarmanna hvað varðar herstöðvar og NATO-málið hefur verið innan Alþfl. Stefna Alþfl. var stuðningur við herstöðina og NATO. Nú er orðin mikil breyting þar á. Síðasta flokksþing Alþfl. samþykkti nýja stefnuskrá fyrir flokkinn. Þar er að finna mörg nýmæli við lausn stjórnmálalegra vandamála og framtíðarstefnumiðum flokksins er þar greinilega lýst. Í stefnuskránni er kafli sem fjallar um afnám hernaðarbandalaga, þar sem fram er tekið skýrum orðum að þau þjóni ekki tilsettu markmiði. Í stefnuskránni er ekki eitt orð að finna um áframhaldandi hersetu og áframhaldandi þátttöku í NATO. Þá benti sama flokksþing á það í ályktun um herinn og NATO, að fram ætti að fara þjóðaratkvgr. um herstöðina, og segir í ályktuninni að Alþfl. muni styðja brottförina í þeirri atkvgr.“

Þess er svo að vísu skemmst að minnast, að eftir að greinar þessara ungu jafnaðarmanna birtust í Alþýðublaðinu hæði 30. mars og ég held einnig eftir þann tíma, þá fór Morgunblaðið heldur en ekki að óróast og spurði með töluverðum þjósti, hvort forustumenn Alþfl. ætluðu að láta það viðgangast að ungir jafnaðarmenn héldu uppi kommúnistaáróðri í Alþýðublaðinu, í þessu málgagni sem, eins og allir vita, nokkrir góðviljaðir sjálfstæðismenn kosta í góðgerðarskyni. Og Morgunblaðið krafðist að sjálfsögðu skýrra svara um það, hvort rétt væri að Alþfl. hefði breytt um stefnu gagnvart hernum og NATO.

Það leið að vísu ekki á löngu þar til Morgunblaðinu barst svarið. Það birtist síðan á viðhafnarstað í Morgunblaðinu sjálfu. Þar talaði formaður Alþfl., hv. þm. Benedikt Gröndal, og þegar ég hafði lesið hvort tveggja, húsbóndalegar skammargreinar Morgunblaðsins annars vegar og dálítið átakanleg yfirbótaskrif formannsins hins vegar, flaug mér í hug gömul mynd úr íslensku sveitalífi. Þreyttur og holdvotur smalinn kemur á kviabólið og hefur týnt úr hjásetunni, en mætir hörðum og skilningsdaufum húsbónda sem leysir niður um hann og hýðir hann. Og það er eins og fyrri daginn, þegar ég sé slíkt fyrir mér eða les um það í bókum, ég vorkenni kjökrandi smalanum og ég ann honum þess sannarlega að komast í dálítið skárri vist.

Nokkra athygli hefur það vakið, enda er það ekki alveg hversdagslegur viðburður, að nú í vetur skrifaði ungur forustumaður í Sjálfstfl. grein sem með góðum vilja a. m. k. mátti kalla málefnalegt innlegg í umr. um varnarmál og herstöðvar. Slíkt hefur ekki gerst mér vitanlega nokkuð mörg síðustu missirin. Morgunblaðsþruglið um illsku rússans og gæsku kanans hefur að mestu verið látið duga í röksemda stað á bænum þeim. En nú bregður sem sagt svo við, ég held rétt fyrir áramótin síðustu, að

Friðrik Sophusson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, finnur hvöt hjá sér til að skrifa grein um þessi efni og birtir greinina í Stefni, tímariti samtaka ungra sjálfstæðismanna. Og grein þessi nefnist: „Er stefnumótun í íslenskum varnarmálum vanrækt?“ Í grein þessari er áhersla á það lögð, að íslendingar þurfi að fylgjast vel með framvindu og breytingum á sviði herstöðva og herbúnaðar, en það hafi þeir ekki gert að gagni fram til þessa. Sérstaka athygli hafa vakið þau ummæli þessa leiðtoga ungra sjálfstæðismanna að, eins og hann segir, varnarstöðin í Keflavík geti orðið líklegra skotmark en álitið hefur verið hingað til. Sumir hafa skilið grein þessa á þann veg, að hún kynni að vera fyrirboði viðhorfsbreytingar hjá ungum sjálfstæðismönnum. Ég skal engu spá um það og ég dreg það raunar í efa að þar sé um verulega viðhorfsbreytingu að ræða. En hitt er þó óneitanlega nýjung, eins og ég sagði, og þeirri nýjung ber sannarlega að fagna, ef það er orðin skoðun ungra sjálfstæðismanna, að það eigi að ræða með rökum um herstöðvamálið og kanna eftir föngum hvaða nýjungar koma fram t. a. m. á sviði hernaðartækni og hver áhrif slíkrar nýjungar kunna að hafa á herstöðina á Miðnesheiði.

Engum þarf það að koma á óvart þótt margvísleg spilling og lögbrot af ýmsu tagi fylgi herstöð. Það liggur svo að segja í hlutarins eðli, og án efa eru veruleg brögð að slíku hvar sem erlendur her dvelst í landi og hverrar þjóðar sem sá her er. Ég hef aldrei haldið því fram og geri ekki heldur nú, að bandarískir hermenn upp og ofan séu verri og spilltari en gerist og gengur um hermenn undir svipuðum kringumstæðum. Spilling fylgir herstöðvum eins og skuggi, og ekki skal þess dyljast, að það þarf löngum tvo til þegar ólöglegt athæfi t. a. m. í auðgunarskyni er framið, og ærið oft hafa íslendingar því miður verið flæktir í misferli setuliðsmanna á Keflavíkurflugvelli. Ég vil í þessu efni aðeins minna á hin margvíslegu auðgunar- og fjársvikamál sem uppvís urðu fyrir nokkrum árum í sambandi við hersetuna og umsvif á Vellinum. Tollsvik í smáum og stórum stíl eru þar því miður býsna algeng. Því verður heldur naumast á móti mælt, að ýmis fjármálaspilling hefur þróast eða þrifist í skjóli hersetu og neikvæð siðferðileg áhrif hennar eru blákaldar staðreyndir sem fáir mæla gegn.

Á allra síðustu árum hefur risið nýtt vandamál í íslensku þjóðlífi, þar sem er sala og notkun margvíslegra fíkniefna, og er æskufólk einkum í hættu gagnvart þessum nýja vágesti. Það hefur varla farið fram hjá hv. alþm., að Keflavíkurflugvöllur virðist vera, ef ekki alger miðstöð, þá a. m. k. ein af höfuðstöðvum eiturlyfjadreifingar á Íslandi. Hin skipulagða sala fíkniefna virðist teygja þangað býsna margar rætur, og er um hvort tveggja að ræða, að því er virðist, sölu út af Vellinum til íslendinga og sölu inn á Völlinn þar sem fíkniefnamarkaður er greinilega næsta mikill. Síðustu mánuði hafa fjölmiðlar birt margar og ófagrar fréttir af þessum ófögnuði sem virðist stöðugt færast í vöxt. Varðandi tengslin milli fíkniefnaverslunar og flugvallar skal ég láta nægja að vitna til Morgunblaðsins 30. okt. s. l. en þar segir, með leyfi hæstv. forseta, — í fyrirsögn:

„Fimmtán mánaða fangelsi og 600 þús. kr. sekt fyrir fíkniefnasmygl. Harðasti fíkniefnadómur til þessa.

Ásgeir Friðjónsson fíkniefnadómari dæmdi nýlega í máli tveggja bandarískra varnarliðsmanna sem viðriðnir voru hið umfangsmikla fíkniefnasmygl á Keflavíkurflugvelli sem upp komst skömmu eftir áramót. Var annar þeirra dæmdur í 6 mánaða fangelsi og 300 þús. kr. sekt og hinn í 15 mánaða fangelsi og 600 þús. kr. sekt. Að sögn Ásgeirs er þetta harðasti fíkniefnadómur sem kveðinn hefur verið upp á Íslandi til þessa. Eftir er að dæma í máli eins bandaríkjamanns, en sá er talinn vera aðalmaðurinn í málinu.

Eins og lesendur rekur vafalaust minni til, var það uppvíst í jan. s. l., að tugir kg af fíkniefnum hefðu farið um Keflavíkurflugvöll seinni part ársins 1975. Inn í málið flæktust 15 bandarískir varnarliðsmenn á Vellinum. Dæmt hefur verið í máli 14 þeirra. Fyrr er getið tveggja dóma, en 12 af þessum mönnum voru dæmdir til greiðslu sektar á bilinu 100—500 þús. kr. Þá voru 20 íslendingar viðriðnir þessi mál, en aðeins sem kaupendur smárra skammta. Fengu þeir allmiklu lægri sektir.“

Nokkru síðar, eða 9. nóv., birti Morgunblaðið undir fjögurra dálka fyrirsögn frásögn þar sem segir: „Fíkniefnamálið mikla. Lagt hald á milljónir geymdar í bankahólfi. Fyrsti vísir að skipulagðri fíkniefnadreifingu sem vitað er um hérlendis, segja rannsóknarmenn.“

Ég læt nægja að lesa þessar fyrirsagnir og undirfyrirsagnir, en nákvæmar er sagt frá þessu öllu í blaðinu hinn 9. nóv.

Hér skulu þessi mál ekki rakin frekar, heldur aðeins á það minnt, að hvað eftir annað hafa verið gerðar upptækar á Keflavíkurflugvelli stórar hasssendingar og fleiri fíkniefni, jafnvel LSD, og hafa varnarliðsmenn og íslendingar nokkuð jöfnum höndum komið við sögu í þessum málum. Ómælt er svo vitanlega það magn sem sloppið hefur inn í landið og verður engum getum að því leitt hversu mikið það kann að vera. Hitt er staðreynd, að innflutningur fíkniefna og verslun með þau er orðin gróðavegur hér á landi, hinn ömurlegasti og háskalegasti gróðavegur sem til er, og setuliðsmenn virðast eiga töluverðan hlut að máli. Bætist hér enn ein röksemd við allar þær sem fyrir voru, að okkur sé nauðsynlegt að losna við erlent herlið úr landi okkar sem fyrst.

Þegar skýrsla hæstv. utanrrh. var til umr. fyrir skömmu gat ég um þá staðreynd, að nokkur hundruð hermenn, amerískir vallarstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, hafi um langt skeið búið í kaupstöðum og kauptúnum í nágrenni vallarins. Hafi af þessu hlotist ýmis vandkvæði, menn þessir sprengt upp húsaleigu, notið allrar þeirrar þjónustu sem sveitarfélög veita íbúum, en hvorki þurft að greiða útsvar né aðra skatta. Hæstv. utanrrh. greip þetta á lofti og spurði með nokkurri áherslu, hvort ég vildi láta bandaríkjamenn greiða fyrir dvöl sína hér, hvort ég væri fylgjandi Aronskenningunni, sem svo hefur verið kölluð. Mér þótti varla taka því að fara að svara þessu þá,

en tel rétt að nota þetta tækifæri til að gera í örstuttu máli grein fyrir afstöðu minni og okkar alþb.-manna til þessarar kenningar, Aronskenningarinnar.

Þar er þá fyrst til að taka, að með orðum mínum um daginn var ég að vekja athygli á ákveðinni staðreynd. Ég nefndi þar eitt atriði af mörgum sem neikvæð hljóta að teljast við dvöl hersins hér. Forráðamenn sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa sjálfir hvað eftir annað vakið athygli á þessu, og ég man ekki betur en þeir líti svo á, að það sé í rauninni íslenska ríkið sem hér eigi að bæta, hinir erlendu menn séu hér í skjóli þess. Annars hef ég ekki litið svo á að Aronskenningin svonefnda taki til þess, hvort bandarískir einstaklingar greiða fyrir það sem þeir nota eða neyta hér á landi og íslenskir ríkisborgarar hljóta að kosta eða íslenskir ríkisborgarar hljóta að greiða fyrir sambærilegt. Hér er um þá spurningu að ræða, sem hefur orðið mörgum næsta áleitin nú um hríð, hvort ekki beri að heimta ríflegt gjald af Bandaríkjastjórn fyrir afnot lands undir herstöð. Þessi kenning um herstöðvargjald er raunar býsna gömul, fékk byr undir báða vængi eftir að það ljós rann upp fyrir ýmsum í síðasta þorskastríði okkar við breta, að bandaríkjamennirnir væru hér ekki okkur til varnar, heldur sjálfra sín vegna. Og þegar framkvæmdastjóri NATO nefndi síðan svimháar upphæðir í dollurum sem spöruðust við það að nota Keflavíkurflugvöll í stað flugvélamóðurskipa óx þessari kenningu, Aronskunni svonefndu, ásmegin um allan helming og var talið um skeið a. m. k. að hún ætti töluverðu fylgi að fagna innan sjálfrar ríkisstj., en meiri hluti, þ. á m. hæstv. utanrrh., væri þó á móti. Í stað beinharðra peninga þótti sumum hinum æfðu stjórnmálamönnum eins og viðkunnanlegra að tala um lagningu varanlegs vegakerfis, gerð hafnarmannvirkja og flugvalla sem bandaríkjamenn gætu látið í té sem endurgjald.

Afstaða Alþb. til allra hugmynda af þessu tagi er einföld. Hún er þessi: Við erum andvígir þeim í hvaða mynd sem er. Og ástæðurnar eru augljósar. Við viljum losna við herinn sem fyrst og þar með allar beinar og óbeinar tekjur sem ýmsir hafa óneitanlega af hersetunni. Jafnframt erum við reiðubúnir til að benda á leiðir til að tryggja þeim íslendingum atvinnu, sem þarfnast starfa nú, og teljum að ríkinu beri skylda til að hafa frumkvæði um að styðja myndarlega að því að þeir geti fengið atvinnu við sitt hæfi. Við erum þeirrar skoðunar, alþb.-menn, að auknar tekjur af herstöðinni geri okkur enn háðari henni efnahagslega en þó hefur verið um skeið. Við bendum í því sambandi á reynslu smáríkja, eins og til að mynda Möltu, sem átt hefur og á enn í gífurlegum erfiðleikum vegna þess að um of var treyst á peninga frá herstöð og atvinnu í kringum fjölmennt setulið.

Við teljum að uppbygging fjölþætts atvinnulífs á Suðurnesjum sé óhjákvæmilegur þáttur í því að hægt verði með góðu móti að losna við herinn. Hins vegar er okkur ljóst, að veikt og þróttlítið atvinnulíf í námunda herstöðvarinnar býður heim þeim háska, að farið verði að líta á herinn og umsvif hans sem ómissandi burðarás mannvistar á þessum slóðum, og teljum við hörmulegt ef svo verður.

Enda þótt ég hafi áður gert að umræðuefni veika stöðu sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Suðurnesjum og sem eðlilega afleiðingu af því margvíslega erfiðleika sveitarfélaganna þar um þessar mundir ætla ég enn að víkja örlítið að þeim málum. Einhver kynni að segja að ekki sé nú beint samband milli herstöðvamálsins og stöðu sjávarútvegs suður þar, en ég leyfi mér að halda því fram að svo sé og það með margvíslegu móti.

Sjávarútvegur og fiskiðnaður hefur löngum verið höfuðatvinnuvegur suðurnesjamanna. Allt frá fornu fari hefur sjór verið sóttur afar fast úr verstöðvum á Reykjanesskaga. Enda þótt á þessum slóðum hafi risið upp nokkur allstór útgerðarfyrirtæki í seinni tíð, þá mun það algengara þarna en víðast hvar annars staðar að tiltölulega lítil fyrirtæki, í mörgum tilvikum hrein fjölskyldufyrirtæki, starfi, geri út einn eða tvo báta og annist verkun á fiski úr þeim. Þetta hefur oft gefið góða raun. En þeir, sem stunda sjávarútveg á Suðurnesjum, hafa ekki aðeins mátt búa við misjafnt árferði og misjöfn aflabrögð eins og aðrir sem við þennan atvinnuveg vinna. Þeir hafa á ýmsan hátt orðið afskiptir við endurnýjun fiskiskipaflotans og fiskverkunarstöðva, enda eins og bæði reykvíkingar og hafnfirðingar setið við annað og óríflegra borð að því er ýmsa fyrirgreiðslu hins opinbera snertir. Auk alls þessa hafa svo þeir, sem sjávarútveg stunda suður þar, mátt keppa við herliðið á Vellinum og verktaka þess um vinnuafl og margvíslega aðstöðu. Nú er það staðreynd, að afli á veiðislóðum Suðurnesjabáta hefur ekki aðeins minnkað stórlega hin síðustu ár, heldur má nú tala þar um hreina ördeyðu, þar sem áður voru einhver auðugustu fiskimið landsins. Þar er um miklu meiri minnkun að ræða heldur en víðast hvar eða nær alls staðar annars staðar, nema þá e. t. v. í Vestmannaeyjum.

Allt þetta í sameiningu veldur því, að sjávarútvegur á Suðurnesjum á í slíkum örðugleikum að fullkomin hætta er á að þar verði jafnvel um algert hrun að ræða, og allir sjá hver áhrif það hefur á sveitarfélögin á þessum slóðum og á allt mannlíf þarna suður frá. Um þetta stórmál er vitanlega mjög margt að segja, en ég ætla ekki að gera það að frekara umræðuefni hér og nú. Hitt vil ég leggja áherslu á, að vaxandi umsvif í herstöðinni samfara stórfelldum samdrætti eða jafnvel hruni sjávarútvegs á Suðurnesjum er ekki aðeins vandamál þess fólks, sem býr þarna á svæðinu, þetta er þjóðfélagsvandamál sem verður að taka á af raunsæi og nokkrum myndarskap.

Herra forseti. Margt er enn ósagt um það stórmál sem hér hefur verið reifað að nokkru, ályktun um úrsögn úr NATO og um brottför hersins. En ég skal nú láta máli mínu lokið. Að síðustu vil ég segja þetta:

Uppsögn NATO-samningsins frá 1949 og herstöðvasamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenskri grund er eðlileg ráðstöfun vopnlausrar friðarþjóðar. Engin þjóð, síst smáþjóð, fær þolað langvarandi erlenda hersetu án þess

að hljóta af margvíslegt tjón. Sú ákvörðun að losna við herinn og losna úr hernaðarbandalaginu er nauðsynleg vegna sóma okkar sjálfra í bráð og lengd, vegna tilveru okkar sem sérstakrar og sjálfstæðrar þjóðar. Hún er nauðsynleg vegna lífshagsmuna okkar ef til slíkra ótíðinda sem stórveldastyrjaldar kynni að draga. Og hún er auk alls þessa hið eina umtalsverða framlag okkar íslendinga til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.

Ég legg til, herra forseti, að till. þessari verði, þegar þar að kemur, vísað til utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef sagt það hér áður úr þessum ræðustóli, að okkur vantaði sérfræðinga og hernaðarlega menntaða menn. Ég held að ég verði að taka það aftur, því að síðasti hv. ræðumaður sýndi svo mikla þekkingu á hermálum að við eigum a. m. k. einn sérfræðing í þessu efni.

Hér er um till. að ræða sem hefur að geyma tvö efnisatriði. Annars vegar að segja upp aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum er gekk í gildi 24. ágúst 1949. Í öðru lagi að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 í samræmi við ákvæði samningsins, svo og að leggja fyrir Alþ. frv. til uppsagnar samnings þessa þegar endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Ég vil strax taka fram að ég er mótfallinn því, sem segir í fyrri mgr. till., en meðmæltur því, sem segir í síðari mgr.

Það er eflaust óþarfi að rifja upp það sem gerst hefur í okkar samskiptum við NATO og Bandaríkin. En þó held ég að það mundi ekki skaða að rifjað væri upp með örfáum orðum það sem áður hefur gerst í þessu máli.

Við munum það eflaust öll, að vinstri stjórnin svokallaða, stjórn Ólafs Jóhannessonar, hafði það á stefnuskrá sinni að gera ráðstafanir til þess að herinn hyrfi héðan í áföngum, og 1973, ef ég man rétt, lögðum við fyrir ráðamenn í Bandaríkjunum ákveðna leið í þessu efni. Ég hef þetta nú ekki við höndina, en ég held að ég muni það nokkurn veginn, að við lögðum þá til að herinn hyrfi héðan í áföngum, að íslendingar tækju við radarstöðvum og ýmsum málum sem við gátum annast og að bandaríkjamenn hefðu um stundarsakir a.m.k. leyfi til sérstakrar aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, þ. e. a. s. þeirrar að fá að lenda þar herflugvélum sínum, á svipaðan hátt og gert er í Noregi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessi stefna náði ekki fram að ganga á Alþ. vegna þess að a. m. k. einn þm., sem studdi stjórnina lengi vel, var mótfallinn henni og sagði sig úr bandalagi við okkur og við höfðum svo nauman meiri hl. að við gátum ekki komið þessu fram.

Síðan gerðist það, sem hv. þm. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., gat hér um, að stofnuð voru samtök sem kölluðu sig, held ég „Varið land“ eða eitthvað í þá átt. Þau fengu mikið fylgi, þau fengu margar undirskriftir, og niðurstaða kosninganna 1974 varð, eins og við öll vitum, sú, að hin svokallaða vinstri stjórn hafði ekki lengur meiri hl. á Alþ. Þess vegna var það útilokað, sem við höfðum þó ætlað okkur, að herinn færi héðan í áföngum og við tæki það skipulag sem ég áðan var að reyna að gera grein fyrir. Þetta ár var allmikið reynt til þess að koma á fót nýrri stjórn hinna svokölluðu vinstri flokka, en sú tilraun mistókst.

Við framsóknarmenn töldum að það væri þó skömminni til skárra að hafa einhverja ríkisstj. heldur en enga, og þess vegna gerðum við samkomulag við Sjálfstfl. um að mynda þá stjórn sem nú situr að völdum. Það var margt sem við urðum að slá af okkar óskum, framsóknarmenn. Ég hef oft gert grein fyrir þessu hér og skal gera það enn þá, m. a. það, að við urðum að falla frá þeirri hugmynd að varnarliðið færi héðan að svo stöddu. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að við ættum að vera meðlimir í Norður-Atlantshafsbandalaginu, og ég er það enn. Ég álít að þetta svokallaða jafnvægi, sem sumir gera lítið úr, sé trygging friðarins, og ég held að það sé alveg óhætt fyrir mig að segja það hér og að ég brjóti ekki neinn trúnað þó að ég segi frá því, sem varautanrrh. Sovétríkjanna, sem hér var fyrir skömmu staddur, sagði við okkur sjútvrh. að hann teldi að þetta jafnvægi tryggði friðinn. Og það erum ekki bara við sem trúum því, það eru ýmsir aðrir sem trúa því. Ég held að einmitt þetta atriði tryggi það að friður haldist, að menn trúi því að þeir séu — við skulum segja jafnsterkir. Ég mundi aldrei leggja í glímu við hv. 3. þm. Reykn., vegna þess að ég held að hann sé sterkari en ég. Og þannig mun þetta vera á breiðari grundvelli, að menn trúi því og trevsti að slíkt jafnvægi sé affarasælast þegar til lengdar lætur.

Við gerðum svo samkomulag 1974 um að fækkað yrði í varnarliðinu, að varnarliðið yrði einangrað á sérstökum svæðum, að byggðar yrðu íbúðir til þess að varnarliðsmenn gætu búið út af fyrir sig og að einkaflug og herflug yrði aðskilið. Að þessu hefur verið unnið og er unnið. Það, sem skortir á, er auðvitað það, að við þurfum að byggja nýja flugstöð og til þess skortir okkur fé eins og sakir standa. En ég hygg að það muni verða skammt þess að bíða, að þessi aðskilnaður geti farið fram, og þannig verðum við að búa í sambýli, án þess að það sé of náið, þar til draumur okkar rætist, að varnarliðið geti horfið héðan.

Það eru ekki bara við íslendingar sem höfum áhyggjur og umhugsun um það, hvernig eigi að koma þessum málum fyrir. Mér kemur í hug ályktun ítalska kommúnistaflokksins, sem ályktaði eitthvað á þá leið, að það væri réttast að Ítalía væri áfram í NATO. Það kann að vera að þeir séu skammsýnni en þeir menn sem hér tala og vilja að við riúfum okkar samstarf, en þó efa ég það. Ég efast um það. Ég satt að segja efast um að hv. 3. þm. Reykn. hafi meira vit og betri skilning á valdahlutfalli heldur en formaður ítalska kommúnistaflokksins, þó má það vel vera, ég þekki hann ekki. Ég þekki hv. 3. þm. Reykn. að góðu einu og ég veit að hann hefur skarpan skilning, en ég ímynda mér að sá ítalski sé ekki neinn óviti heldur.

Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem hér er lagt til að við segjum okkur úr NATO og segjum upp varnarsamningi. Ég minnist þess frá því 1973, að hv. þm. páv., Bjarni Guðnason, lagði til að við segðum upp varnarsamningi okkar við Bandaríkin, og ég hygg að m.a. sú till. hafi orðið til þess að okkur tókst ekki að framkvæma það sem við ætluðum okkur að gera: breytingu á fyrirkomulagi svokallaðra varna, því að hann rauf stjórnarsamstarfið og við höfðum ekki lengur meiri hl. (StJ: Á nú að fara að kenna Bjarna um þetta?) Hverjum á að kenna um þetta, hv. þm., að vinstri stjórnin féll? (StJ: Ég skal svara því á eftir.) Jæja, ég get vel beðið, mér liggur ekki beint á að heyra það.

Um kjarnorkuvopn hér hefur svo oft verið rætt að ég efast um að ég eyði mörgum mínútum í að tala um þau. Ég sem sagt lýsi því enn og aftur yfir, að ég hef fulla ástæðu til að álíta að þau séu ekki geymd hér, alveg á sama hátt og hv. 3. þm. Reykn. lét þess getið í ræðu sinni að hann tryði ýmsu sem sagt er og ósannað. Það er náttúrlega rétt sem hann sagði, að hér er alls konar drasl í sjónum, bæði frá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, og þess vegna er þessi herstöð e.t.v. algerlega óþörf. Og mín trú er sú, að við þurfum ekki að hafa hér þetta varnarlið. En hitt legg ég enn og aftur áherslu á, að ég tel að við eigum að vera aðilar að NATO, m.a. vegna þess að í okkar samningi segir að árás á eitt ríki jafngildi árás á þau öll.

Það er vissulega hárrétt, að það eru margir herstöðvaandstæðingar í Framsfl. og þeir geta eflaust ráðið mjög miklu og ráða miklu. En eins og ég áðan sagði, þá var ástandið þannig 1974, að um var að tefla nýjar kosningar eða myndun ríkisstj. með Sjálfstfl., þar eð formaður okkar flokks hafði þrautreynt að mynda ríkisstj. með öðrum flokkum. Og ég vil segja það, að stefna okkar framsóknarmanna í hermálum er óbreytt. Við viljum vera meðlimir í NATO og við viljum að herinn fari. Þetta eru auðvitað engar fréttir fyrir alþm., því að þetta hef ég sagt hér 5—10 sinnum í vetur og það hefur enginn okkar manna mótmælt því.

Ég endurtek það, sem segir í stefnuskrá stjórnar Ólafs Jóhannessonar eða vinstri stjórnar svokallaðrar, að við óskum þess að hernaðarbandalög leggist niður. En ég hef ekki trú á því að það verði skref í þá átt þó að Ísland segi sig úr NATO. Til þess þarf miklu meira. Til þess þarf alþjóðlegt samkomulag sem við viljum gjarnan vinna að. En ég hef ekki trú á því, að okkar úrsögn breyti þar svo sem neinu.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt, að ungir jafnaðarmenn eru komnir á þessa skoðun, og eflaust munar mikið um þeirra stuðning, það dreg ég ekki í efa eitt andartak. En ég held að það þurfi meira til að koma, það þurfi að taka upp alþjóðlegt samstarf um afnám hernaðarbandalaga, og þar til það verður gert hef ég ekki trú á því, þó að eitt smáríki segi sig úr bandalagi. Ég hef ekki trú á því, og menn verða þá að túlka það eins og þeim hentar.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að hafa þessa ræðu öllu lengri. Ég vil að lokum aðeins segja það, að ég óska þess að við getum fengið að lifa hér í friði, þessi þjóð sem hefur verið vopnlaus frá örófi alda, alla tíð síðan menn báru á sér einhver bitlaus sverð og spjót. Ég ætla svo að leyfa mér að fara hér með eina örlitla vísu sem lýsir viðhorfi mínu til alheimsmála. Hún er ort af Hermanni Jónassyni og er svona:

Betra er að vera klakaklár
og krafsa snjó til heiða
en lifa mýldur öll sín ár
undir hnakk og reiða.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Í þskj. 408 er í formi þáltill. lagt til að ríkisstj. verði falið að segja upp aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum er gekk í gildi 24. ágúst 1949. Enn fremur verði ríkisstj. falið að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 í samræmi við ákvæði samningsins svo og að leggja fyrir Alþ. frv. til uppsagnar samnings þessa þegar endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans. Þáltill. fylgir síðan ítarleg grg. þar sem reynt er að færa rök fyrir nauðsyn þess, að Ísland hverfi úr Atlantshafsbandalaginu.

Ég er í mörgum atriðum ósammála því, sem kemur fram í þessari grg., og tel að helstu rök hv. flm. fyrir úrsögn Íslands úr NATO fái ekki staðist. Ég er því ásamt öðrum þm. Sjálfstfl. andvígur till. og vænti þess að hún verði felld á hv. Alþingi.

En sjálfsagt er og æskilegt að á hv. Alþ. fari jafnan fram umr. um varnar- og öryggismál þjóðarinnar í ljósi þeirra aðstæðna, sem eru í heimsmálum á hverjum tíma, með sérstöku tilliti til þess meginmarkmiðs allra íslendinga að geta lifað einir og öruggir í landi sínu, óháðir öllum varnar- og hernaðarbandalögum. Þess vegna þurfa þessi mál að vera í stöðugri umr. til þess að þjóðin fái rétta og sanna mynd af stöðu sinni, möguleikum og takmörkunum í þessu mikilsverða máli sem getur ráðið úrslitum um frelsi og fullveldi íslendinga.

Mun ég nú víkja nánar að efnisatriðum þess máls, er hér liggur fyrir, og nokkrum atriðum í grg. þáltill., eftir því sem tilefni gefst til.

Fyrstu áhrif við lestur grg. eru þau, að ekki er hægt að verjast þeirri hugsun og ályktun, að enginn hv. flm. sé höfundur hennar og allra síst heiðursmaðurinn og ljúfmennið 1. flm. till., hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson. Andinn í grg. er í samræmi við viðhorf harðlínukommúnista á kaldastríðsárunum og sjónarmið menntaðra öfgamanna sem hafa verið að hasla sér völl innan Alþb. á síðustu árum. Vonbrigðin út af velgengni vestrænna lýðræðisþjóða á síðustu þremur áratugum leyna sér ekki.

Jákvæð uppbyggingarstarfsemi vestrænna þjóða, sem miðaði að því að bjarga tugum milljóna manna víðs vegar um heim frá hungursneyð og volæði, flokkast undir heimsvaldastefnu til þess að efla „vígstöðu styrkleikans“. Ekki er minnst á það, hvert var upphaf síðustu heimsstyrjaldar né hvernig bandaríkjamenn voru dregnir inn í hildarleikinn þegar japanir réðust að þeim óvörum í Pearl Harbour 7. des. 1941. Fyrir þann tíma lágu þeir undir ámælum breta, frakka og

annarra evrópuþjóða sem fóru halloka fyrir möndulveldunum, þ. e. a. s. þýsku nasistunum og ítölsku fasistunum. Þá lága bandaríkjamenn undir ámælum fyrir einangrunarstefnu sína og afskiptaleysi í utanríkis- og hermálum. Ekki minnast hv. flm. á það, hvernig Marshall-aðstoðin, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, víðtæk tækni- og efnahagsaðstoð um allan heim o. fl. renndi styrkum stoðum undir efnahags- og atvinnulíf hins frjálsa heims að styrjöldinni lokinni. Ekki er minnst á það, hvernig ríki Vestur-Evrópu komu á nánu samstarfi í atvinnumálum sem gerbreytti allri framvindu mála til hins betra. Nefni ég í því sambandi Kol- og stáliðnaðarsamband Evrópu, Efnahagsbandalag Evrópu, fríverslunarsvæði Evrópu, auk náins samstarfs Vestur-Evrópuþjóða á sviði félags-, stjórn- og menningarmála.

Að áliti alþb.-manna, eins og það birtist í grg., er allt, sem áunnist hefur hjá þjóðum Vestur-Evrópu á liðnum áratugum, þ. e. a. s. stórstígar framfarir og mikil almenn velmegun, allt er þetta runnið frá hinu illa, og höfuðóvinurinn er að sjálfsögðu Bandaríki Norður-Ameríku, þjóð þar sem fólk býr við hvað mest frelsi í heiminum, þjóð sem mynduð er úr tugum þjóðarbrota, þjóð sem á sögulegan uppruna sinn í fólki ólíkra kynstofna, fjölbreyttra trúarbragða og skoðana, þjóð sem að meginstofni er mynduð af fólki sem flýði einræði, pólitískar ofsóknir og kúgun, fátækt og vesöld og myndaði sitt eigið frjálsa þjóðfélag, þjóðríki í lítt byggðri álfu. En óvild, ég segi jafnvel: hatur komúnista á Bandaríkjum Norður-Ameríku og vestrænum bandamönnum þarf ekki að koma neinum á óvart. Hins vegar getur söguleg fölsun staðreynda verið hættuleg gagnvart ungu fólki sem þekkir ekki sannleikann um upphafið og aðdragandann að stofnun Atlantshafsbandalagsins.

Það er ekki aðeins söguleg staðreynd, að Bandaríkin áttu drýgstan þátt í því að bjarga Vestur-Evrópu undan vargnum, stríðsvél nasista og fasista, heldur forðuðu þeir einnig Sovétríkjunum undan tortímingu og hruni með gífurlegu framlagi hergagna, matvæla og ýmissa nauðsynja sem flutt var til Múrmansk á styrjaldarárunum. Núlifandi íslendingar, sem komnir eru yfir miðjan aldur, muna eftir hinum stóru skipalestum er sigldu frá Íslandi í austurveg á þessum árum, og þeir muna einnig að stundum tókst kafbátum þjóðverja, er höfðu bækistöðvar í Norður-Noregi, að granda stórum hluta skipalestanna. Meginþorri þeirra þúsunda sjómanna, er létu þar lífið, var af vestrænu bergi brotinn. Við þessar aðstæður og í þrengingum þeirra þótti Stalin og hans kumpánum gott að eiga bandaríkjamenn og vestur-evrópubúa og þar með íslendinga að bandamönnum. En um valdhafana í Moskvu á víst vel við að segja: Úlfur breytir hárum, en ei háttum.

Ofbeldishneigð og útþenslustefna sovésku kommúnistanna hófst undir forustu Stalins með árásinni á finna 1938. Næsta stig þessarar stefnu var fólgið í árás rússa á pólverja 1939, er þeir í fóstbræðralagi, Hitler og Stalin, skiptu þessu smáríki bróðurlega á milli sín. Og enn héldu rússar þessari iðju áfram að heimsstyrjöldinni lokinni árið 1945, eða þar til vestrænar þjóðir stofnuðu Atlantshafsbandalagið árið 1949 og stöðvuðu þessa þróun.

Er styrjöldinni í Evrópu lauk vorið 1945 voru viðbrögð bandamanna gerólík. Bandaríkjamenn hófu þegar mikla liðsflutninga til Bandaríkjanna og Asíu. Hluti heraflans var afskráður, en nokkrar hersveitir, herskip og floti var sent til Asíu þar sem hernaðarátök áttu sér enn stað milli japana og bandamanna annarra en rússa. Það var kappsmál allra bandamanna að endir væri bundinn á heimsstyrjöldina sem skjótast. Heimurinn þráði frið og þá ekki síst þær þjóðir sem höfðu orðið hvað harðast úti af villimennsku styrjaldarinnar. Átti það ekki hvað síst við um það fólk sem byggði Evrópuhluta Sovétríkjanna, en talið er, að um 20 millj. sovétborgara hafi látið lífið af völdum styrjaldarátakanna við þjóðverja og bandamenn þeirra. Sigur bandamanna, friður í heiminum, var forsenda þess, að unnt væri að græða á ný hina sviðnu jörð og hefja uppbyggingarstarfið.

Það er því alveg sögufölsun að halda því fram, eins og gert er í grg. með þeirri þáltill. sem hér er til umr., að kjarnorkusprengjurnar, sem sprengdar voru í Japan sumarið 1945, hafi verið sprengdar í þeim tilgangi að reyna þær. Ég endurtek orðalag þáltill.: að reyna þær „á óbreyttum borgurum í Hírósíma og Nagasaki", og það „hafi ekki hvað síst verið gert til að sýna rússum í tvo heimana og ógna þeim til að hafa sig hæga".

Ég og við sjálfstæðismenn höfum mikla óbeit á gereyðingarvopnum og vopnaburði yfirleitt. Ég get því ekki sett mig í spor manna sem gefa dauðanum ákveðið magngildi eitthvað á þessa leið: Það að drepa fáa getur verið í lagi, en það að drepa marga ekki. — Ég skil ekki slíkan hugsunarhátt. Í mínum huga er það að drepa einn mann of mikið, svo ekki sé talað um fleiri, því að sérhvert mannslíf hefur 100% gildi.

Ég skil þess vegna ekki þann hugsunarhátt sem birtist í grg. þáltill., þar sem forráðamönnum Bandaríkjanna er lýst sem morðóðum mönnum sem hafi gefið fyrirskipanir um að drepa tugi þúsunda borgara í tilraunaskyni. Því er ekki hægt að mæla bót, nema síður sé, að gripið skyldi til þess ráðs að varpa kjarnorkusprengjum á Nagasaki og Hírósíma 1945, né er hægt að setja sig inn í kringumstæður stríðshrjáðra þjóða þar sem gripið er til óyndisúrræða. En ég hlýt að gera þær kröfur til samþm. minna, að þeir gæti sæmdar sinnar og séu ekki með dylgjur í garð vinveittra þjóða sem ekki er fótur fyrir. Það var á vitorði allra, sem eitthvað fylgdust með heimsmálum á þessum tíma, að hinar illræmdu kjarnorkusprengjur voru sprengdar að höfðu samráði og vilja allra helstu leiðtoga bandamanna. Það þýðir þess vegna ekki að sakfella einn og sýkna annan. M. a. fyrrgreint orðalag í garð bandaríkjamanna gaf mér sérstakt tilefni til að halda að einhver annar eða einhverjir aðrir en hv. virðulegir flm. og alþm. Alþb. hefðu samið grg. með þáltill. (Gripið fram í.) Og það sem verra er — líður hv. þm. illa undir ræðu minni? (Gripið fram í.) Ég sé að hv. þm. líður ekki vel undir þessum sögulega lestri, en mun halda áfram ræðu minni. Það sem verra er og kom berlega fram áðan í þessu framíkalli, — hv.

flm. hafa látið undir höfuð leggjast að lesa hana yfir og strika út rangfærslur og ósæmilegt orðalag, en það er ekki von, þegar þeir vita ekki sjálfir hverjir semja grg., að þeir geti gert slíkt.

Hins vegar er því ekki að neita, að maður kannast við andann úr annarri átt. Í tímaritinu Réttur, 2. hefti 1976, standa þessi fleygu orð:

„Höfuðatriðið er að halda huganum heiðum og hagnýta hvaða aðstöðu sem gefst til þess að hnekkja valdi og ítökum voldugasta og hættulegasta andstæðings sósíalismans, auðvaldi Bandaríkjanna og herveldi þess.“

Hugsjónir sem þessar gera mönnum óefað létt fyrir að lagfæra sannleikann og færa hann í nýjan búning.

En snúum okkur aftur að sögulegum staðreyndum um þróun mála að heimsstyrjöldinni lokinni. Hvað var að gerast í Evrópu síðla árs 1945 og árið 1946 þegar liðsflutningar Bandaríkjanna þaðan stóðu sem hæst?

Sovétríkin héldu áfram að vera með óbreyttan herafla í þeim löndum sem þau höfðu frelsað **úr klóm nasista í Austur-Evrópu. Enn stigmagnaði** Stalin útþenslustefnu Sovétríkjanna í vesturveg. Rússar innlimuðu Eystrasaltsríkin þegar í stríðinu og fluttu hundruð þús. eista, letta og litháa nauðungarflutningi frá heimalöndum þeirra til Síbiríu. Í staðinn fluttust rússar í ríkum mæli til Eistlands, Lettlands og Litháen og settust þar að.

Í Austur-Evrópuríkjunum voru kommúnistaflokkarnir endurreistir með stuðningi rússa. Til forustu voru settir kommúnistaforingjar sem höfðu dvalist í útlegð í Moskvu árum saman og notið handleiðslu Stalins. Frægastur þeirra var Walter Ulbricht sem stjórnaði Austur-Þýskalandi í áratugi.

Á sama tíma sem handbendi rússa voru sett til valda í Austur-Evrópu á tímabilinu 1945—1948 í skjóli Rauða hersins voru forustumenn lýðræðisflokkanna: stjórnmálamenn, verkalýðsleiðtogar, menntamenn o. fl. sem voru andvígir kommúnistum, fangelsaðir þúsundum saman og sumir teknir af lífi. Frægt er hvernig böðlarnir myrtu Masaryk, þjóðhetju tékka. Masaryk, sem vildi náin tengsl við Vestur-Evrópu og borgarlegt lýðveldi í Tékkóslóvakíu, var hent út um glugga og beið bana. Á tímabilinu 1948—1953 voru yfir 100.000 manns fangelsaðir og teknir til yfirheyrslu í Tékkóslóvakíu fyrir pólitískar skoðanir. Álitið er að á þessu tímabili hafi yfir 20 þús. manns verið hnepptir í varðhald í eitt ár eða lengur í þessu landi af stjórnmálalegum **ástæðum. Þannig var sósíalískt frelsi í fram**kvæmd á upphafsárum tékkneska alþýðulýðveldisins.

Það var þessi uggvænlega þróun, yfirgangur **rússa og svik þeirra við Jalta-samkomulagið um, að frelsaðar þjóðir Evrópu skyldu sjálfar fá að** ráða málefnum sínum og stjórnarfari að styrjöldinni lokinni, sem knúðu vesturveldin til að endurmeta stöðu sína í Evrópu og annars staðar í heiminum. Augljóst var að Sovétríkin og kommúnistaflokkar heims ætluðu sér annan og stærri hlut í heimsyfirráðum en fyrir seinni heimsstyrjöldina. Greinilegt var að þessir aðilar ætluðu ekki að beita lýðræðislegum aðferðum við valdatöku. Þessari nýju hættu urðu lýðræðisríkin að mæta.

Þetta var ávöxtur byltingarinnar frá 1917 og kenningar Lenins um alheimsyfirráð kommúnista. Svo notuð séu orð úr grg. hv. flm. þáltill., þá **var það „hið eitraða andrúmsloft“ kommúnismans og útþenslustefna Sovétríkjanna sem knúðu** Atlantshafsþjóðirnar til að stofna varnar- og öryggisbandalag til verndar friði og öryggi í heiminum. Ríkin, sem mynduðu NATO, kæra sig ekki um að minnihlutahópar, styrktir með vopnum frá Sovétríkjunum, brjótist til valda undir gunnfána sósíalísks þjóðfrelsis.

Í augum sumra, sem aðhyllast þjóðfrelsi sósíalisma, er borgaralegt frelsi og lýðræði létt á metunum og þeim jafnvel þyrnir í augum. Sumt af þessu fólki setur sjónaukann fyrir blinda augað, eins og hinn nafntogaði breski flotaforingi Nelson gerði forðum. Það sér ekki hinar miklu blóðfórnir sem barátta hinna svonefndu þjóðfrelsisafla krefst víða um heim.

En máltækið segir: Eitt sverð dregur annað úr skeiðum. Þessa skyldi minnst þegar talað er **um hernað sumra ríkja NATO í Asíu og Afríku.** Gömlu nýlenduveldin hafa frá lokum seinni heimsstyrjaldar 1945 verið að hverfa frá hinum gömlu nýlendum. Í flestum tilfellum hafa þau gert það sjálfviljug eða í samkomulagi við viðkomandi þjóðir. Við það hefur orðið mikið umrót í sumum þeirra ríkja sem hafa öðlast fullveldi og allir ekki á eitt sáttir um stjórnarfar og skipan mála. Hefur það oft og tíðum leitt til blóðugra átaka sem vestræn ríki hafa dregist inn í. Skal sú saga ekki rakin nánar hér að öðru leyti en því, að í flestum tilvikum hafa afskipti vestrænna þjóða af átökum í þessum hluta heims stafað af því, að lögleg stjórnvöld hafa óskað eftir aðstoð þeirra til þess að ráða **niðurlögum hermdarverkamanna eða skæru**liða. En það fólk, sem fordæmir þennan hernað mest, þegir þunnu hljóði og lætur sig engu skipta þótt t. d. um ein millj. manns hafi verið myrt í Kambódíu af Rauðu kmerunum á tveggja ára valdatímabili þessarar tegundar þjóðfrelsisismanna. Eftir því sem næst verður komist er lögð áhersla á að útrýma kjarna gömlu borgarastéttarinnar allt niður í börn. Hér er um að ræða sömu aðferðirnar og notaðar voru í Rússlandi eftir kommúnistabyltinguna árið 1917.

Það er varla von að þjóðfrelsissósíalistar fáist yfir því þótt forustumönnum borgarastéttarinnar sé komið fyrir kattarnef. Það mun víst skoðast sem eðlileg söguleg þróun í átt til heimssósíalisma. Við augum blasir að í mörgum löndum þriðja heims gripu róttækir vinstri menn til vopna með öflugum bakstuðningi kommúnistaríkja Austur-Evrópu þegar landsstjórar og herir vestrænna ríkja hurfu úr þessum löndum. Í engu þessara ríkja komust þessir aðilar til valda með lýðræðislegum hætti — ekki í einu einasta. Það hlaut því að koma til hernaðarátaka. Vopnaðir ofbeldismenn hljóta að mega búast við því, að fólk snúist til varnar og reyni að verja líf sitt og eignir sé á það ráðist.

Reynslan sýnir að svonefnd sósíalísk þjóðfrelsisöfl, sem í mörgum tilfellum er raunverulega annað heiti á kommúnisma, sýna andstæð-

ingum enga miskunn. Sem betur fer hafa íslendingar enn sem komið er ekki kynnst slíkri tegund kommúnisma. Foringjar gamla íslenska kommúnistaflokksins, sem stofnaður var árið 1930, voru sannarlega róttækir og töldu sig vera byltingarmenn, en þeir virtu alltaf leikreglur borgaralegs þingræðis og lýðræðis. Hið sama má segja um flesta núv. forustumenn Alþb. Þeir vilja koma á kommúnisma á Íslandi án ofbeldis, eftir lýðræðislegum leiðum. En þó er nú að finna í röðum þeirra fólk sem greinilega gælir við aðrar hugmyndir, fólk sem dáir hinar grimmdarlegu aðferðir vinstri sinnaðra þjóðfrelsisafla og telur þær vænlegastar til árangurs. Í augum þess er borgaralegt lýðræði úrkynjað, og það telur að í vestrænum ríkjum ríki frelsi sem framkalli óæskilegar hvatir og þarfir hjá meginþorra almennings.

Sá hópur fólks innan Alþb. er aðhyllist framangreindar skoðanir virðist vera að ná auknum tökum í flokknum og málgagni hans. Í ræðum og riti kemur greinilega fram hjá þessu nýja forustufólki Alþb. að það vill afnema borgaralegt lýðræði, þingræði og einstaklingsfrelsi á Íslandi og stofna þess í stað sósíalískt alþýðulýðveldi, m. ö. o. koma á kommúnísku þjóðskipulagi þar sem áhersla er lögð á afnám tjáningar-, einstaklings- og athafnafrelsi sem og sjálfstæðan eignarrétt, en í stað þess skal byggja upp ómennskt valdakerfi embættismennsku þar sem allir þykjast vera að vinna í þágu fjöldans, en þó án ábyrgðar.

Einn af helstu talsmönnum hins róttæka kjarna Alþb., sem þráir byltingu og grætur ekki fall borgaralegs þingræðis, var fyrir skömmu í viðtalsþætti í sjónvarpinu. Athygli vakti að þessi maður, sem m. a. er varaþm. Alþb. og ritstjóri, lagði áherslu á að virðing Alþingis hjá almenningi mætti ekki vera of mikil vegna þess sem koma skyldi. Það misskildist ekki hvers hvegna virðing almennings fyrir Alþingi skyldi vera sem minnst. Þegar að því kæmi að afnema borgaralegt þingræði eða óvirða þyrfti sett lög, þá er ekki æskilegt að Alþ. sé þjóðinni hjartfólgið. Þessi afstaða kommúnista til þingræðisins er svipuð afstöðu þeirra til kirkjunnar. Áhersla er lögð á að lítilsvirða og gera sem minnst úr þessum meginstofnum borgaralegs lýðræðis og því hlutverki sem þessar stofnanir gegna í vernd og viðhaldi almennra mannréttinda og virðingar fyrir manninum.

Ýmsir andstæðingar NATOs og þingræðis, þ. á m. róttækir alþb.-menn, segja gjarnan að NATO gegni m. a. því hlutverki á Íslandi og í öðrum löndum Vestur-Evrópu, og vitna ég nú — með leyfi hæstv. forseta — orðrétt í grg. hv. flm. með þáltill. þeirri sem hér er til umr., en þar segir að NATO gegni því hlutverki „að vernda innlent og erlent afturhald og auðstétt og halda í skefjum, eftir því sem þurfa þykir, hverri þeirri hreyfingu og pólitískri framkvæmd, sem talin er alvarleg ógnun við forræði ráðandi stéttar og aðstöðu til auðsöfnunar og yfirdrottnunar“. Ef þetta er ekki kaldastríðstónn, þá veit ég ekki hvað átt er við með köldu stríði.

En svo talað sé í fullri hreinskilni við hv. flm., þá vil ég spyrja þá: Hvað eiga þeir eiginlega við með framansögðu? Hverjir hafa hindrað pólitíska starfsemi Alþb., m. ö. o. kommúnista á Íslandi eða starfsemi kommúnista í öðrum löndum Atlantshafsbandalagsins? Hverjir hafa hindrað starfsemi svonefndra hernámsandstæðinga? Var ekki verið að endurreisa og viðurkenna kommúnistaflokk Portúgals fyrir tveim árum? Er ekki komið á fullt lýðræði í Portúgal? Geta ekki hverjir sem er haldið fundi, mótmælt og tekið þátt í lýðræðislegum kosningum í öllum NATO-ríkjunum, að einu undanteknu, það skal viðurkennt? Hverjum er haldið í skefjum? Eru það vopnaðir hermdarverkamenn? Eru það skæruliðar eða stjórnleysingjar? Hvað þarf sá hluti hernámsandstæðinga, sem fylgir Alþb. að málum, að framkvæma og með hvaða hætti sem samræmist ekki leikreglum borgaralegs lýðræðis og þingræðis? Það er hin stóra spurning sem hlýtur að vakna þegar maður les framansagt í grg. hv. þm. Alþb.

Eru alþb.-menn að gefa í skyn, að ef ekki væri til að dreifa aðild Íslands að NATO væri hugsanlegt að þessir aðilar gripu til ólýðræðislegra aðgerða gegn hinu svonefnda — og ég vil endurtaka: gegn hinu svonefnda og ímyndaða auðvaldi á Íslandi? Á e. t. v. að taka upp svipaðar baráttuaðferðir og þjóðfrelsisöflin úti í hinum stóra heimi heita, þar sem minnihluta aðilar berjast til valda í hverju ríki á fætur öðru í skjóli vopna? Krafist er hreinna, afdráttarlausra svara við framangreindum atriðum í grg. hv. flm. Íslenska þjóðin á heimtingu á að fá að vita hvað flm. eiga við með orðalagi framangreinds kafla í grg.

Annað mál er að Enrico Berlinguer, foringi ítalskra kommúnista, hefur allt annað álit á hlutverki og þýðingu Atlantshafsbandalagsins fyrir Ítalíu og vestræn ríki heldur en alþb.-menn á Íslandi. Berlinguer telur aðild Ítalíu að NATO nauðsynlega til verndar þingræði og lýðræði á Ítalíu. Hann telur einnig að með aðild Ítalíu að NATO sé hættunni frá austri bægt frá ítölsku þjóðinni.

Ítalski kommúnistinn og forseti stærsta verkalýðssambands Ítalíu, Luciana Lama er sömu skoðunar. Ég hef átt þess kost að ræða við þann mann á fundum miðstjórnar Verkalýðssambands Evrópu, en ég læt mér nægja á þessu stigi að vitna í viðtal við þann heiðursmann sem var í þýska tímaritinu Der Spiegel fyrir skömmu, en þar segir Lama m. a., og leyfi ég mér að lesa hér setninguna á þýsku fyrst: „Die freie Marktwirtschaft soll bleiben“ — eða: „hið frjálsa markaðskerfi á að vera.“ Viðtalið var síðan í þessum dúr.

M. ö. o.: ítalskir kommúnistar vilja aðild Ítalíu að NATO og þeir vilja viðhalda því blandaða efnahagskerfi vestrænna ríkja sem Alþb.-menn nefna auðvaldskerfi, kerfi sem þeir segja að bandaríkjamenn hafi myndað, kerfi sem bandaríkjamenn hafi rennt stoðum undir til höfuðs alþýðu manna. Hjá hinum ítölsku kommúnistum kveður við allt annan tón en hjá höfundum grg. þeirrar þáltill. sem hér er til umr., þar sem segir, og vísa ég nú — með leyfi forseta — til grg. flm.: „Bandaríkin lögðu sig mjög fram um að hressa við auðvald hinna sigruðu fas-

istaríkja, Japans, Vestur-Þýskalands og Ítalíu.“ Og enn fremur segir í grg., „að hlutverk NATOs á Íslandi er hið sama og í öðrum löndum Vestur-Evrópu: að vernda innlent og erlent afturhald og auðstétt.“

Hvílíkt ofstæki og hvílík blinda. Greinilegt er að sumir alþb.-menn lifa enn í hugarheimi Stalins-tímabilsins og eru enn kaþólskari en páfinn. Helkuldi kalda stríðsins umlykur þá.

Þá er það greinilegt að alþb.-menn á Íslandi geta ekki einu sinni flokkast undir heitið Evrópukommúnistar. Þeir aðhyllast greinilega gömlu kommúnistakenningarnar í afstöðu sinni til hins blandaða efnahagskerfis vestrænna þjóða. En þessi úrelta og neikvæða afstaða þeirra er þeim mun athyglisverðari fyrir það, að hinir svonefndu Evrópukommúnistar hafa hafnað kenningunni um alræði öreiganna og miðstýringarvaldinu í Moskvu. Evrópukommúnistar leggja áherslu á og standa við það, að þeir séu þjóðlegir, óháðir sósíalistar og taki afstöðu samkv. því.

Alþb.-menn á Íslandi eru augljóslega ekki þjóðlegir sósíalistar í framangreindum skilningi. Í afstöðu sinni til NATOs og hins blandaða hagkerfis og lýðræðislegra stjórnarhátta hafa þeir hreina kommúnísk a afstöðu sem hentar vel utanríkisstefnu og markmiðum Sovétríkjanna. Varnarlaust Ísland, opið Norður-Atlantshaf og stjórnarfar alþýðulýðveldis á Íslandi að kommúníkskri fyrirmynd mundi falla vel inn í það mynstur sem Sovétríkin leggja áherslu á að búa til á sviði heimsmálanna. Það mundi í fyrsta lagi veikja stöðu ríkja Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku hernaðarlega séð og einnig efnahags- og stjórnmálalega á friðartímum, eins og nánar mun vera vikið að á eftir. Staða Sovétríkjanna mundi að sama skapi styrkjast og hugsanlega einnig staða þeirra þjóðfélagsafla sem stefna að myndun svipaðs þjóðfélagskerfis hér á landi og ríkis í kommúnístískum ríkjum. En ég sagði og endurtek: hugsanlega, vegna þess að dæmin sanna að hlutleysi smáríkja á hernaðarlega mikilvægum stöðum hefur ekki verið virt í heiminum í áratugi.

Brottför Íslands úr NATO mundi verða Sovétríkjunum mikil freisting og stórauka spennuna á norðurhveli jarðar. En áður en ég vík að þeim þætti mála væri fróðlegt að velta því fyrir sér, hvað er auðvald á Íslandi og hverjir eru auðvald. Það geri ég að gefnu tilefni, því mikið er vikið að þessu í grg. með þeirri þáltill. sem hér er til umr.

Willy Brandt, hinn þekkti leiðtogi þýskra jafnaðarmanna, sagði fyrir skömmu í ræðu að lýðræðissinnar ættu ekki að láta kommúnista komast upp með það að gefa orðum og hugtökum aðra merkingu en þau raunverulega hafa. Með þessum aðferðum er unnt að breyta gildismati fólks á ýmsum sviðum og framkalla ímyndaðar og óraunverulegar kringumstæður. Sagði hann réttilega að það gæti verið lýðræðinu og frelsinu mjög hættulegt, sérstaklega ef þessi iðja er ástunduð gagnvart ungu og óreyndu fólki. Nægir að vísa til þess árangurs sem nasistar náðu á sínum tíma með hinum skelfilegustu afleiðingum. Auðvald í þeirri merkingu, sem margir alþb.-menn leggja í það orð, þekkist ekki á Íslandi. Staðreynd er að eignajöfnuður er tiltölulega mikill. Hérlendis eru fáir svokallaðir auðmenn og umsvif hvers einstaklings ekki mikil samanborið við t. d. umsvif ríkisins eða samvinnuhreyfingarinnar. Stærsti hluti framleiðslutækja þjóðarinnar er í dreifðri eign fjölda manns eða í eigu ríkisins, sveitarfélaga eða samvinnufélaga.

En ég er ekki einn um það að halda þessari staðreynd um eignaskiptingu á Íslandi á lofti. Það vill svo vel til að í umr. um frv. til l. um atvinnulýðræði hér á hv. Alþ. fyrr í vetur taldi einn hv. þm. Alþb. ekki mikla þörf fyrir slíka löggjöf vegna þeirrar staðreyndar, að flest stærstu fyrirtæki þjóðarinnar væru í eigu hins opinbera. Notkun alþb.-manna á orðinu auðvald í þessari umr. hefur því allt aðra og víðtækari merkingu en orðið getur raunverulega haft hérlendis, þar sem eiginlegt auðvald er ekki til. Svo virðist sem notkun orðsins eigi hér við um ráðandi valdastétt, þ. e. a. s. það fólk sem meiri hl. þjóðarinnar hefur valið til forustu og ábyrgðar í þjóð- og atvinnumálum. Það mun vera þetta fólk, forustuliðið í baráttunni fyrir viðhaldi borgaralegs lýðræðis á Íslandi, sem kommúnistar telja sig þurfa að losna við. Þá fyrst telja þeir sig eygja þann möguleika að koma Íslandi úr Atlantshafsbandalaginu og væntanlega framkalla þá þjóðfélagsbyltingu sem sumir alþb.-menn virðast þrá. En ég held að þeim skjátlist hrapallega í þessu mati sínu, því þótt þeim hafi tekist að villa um fyrir nokkrum fjölda ungs fólks um stöðu Íslands í varnar- og öryggismálum og getað talið því trú um að íslendingar geti búið við hlutleysi, þá skilur meginþorri íslendinga stöðu Íslands í heimi raunveruleikans. Flestallir íslendingar vilja að Ísland sé utan allra hernaðarbandalaga og án erlends hers í landinu. Sú staða í heimsmálum, er leyfi slíkt, er því miður ekki fyrir hendi í dag.

Vegna þeirra atriða í þáltill., sem lúta að auðvaldsríkjunum svonefndu, er fróðlegt að gera sér grein fyrir hvernig það þjóðfélagsform, sem þessi ríki búa við, hefur reynst samanborið við sósíalískt þjóðskipulag. Samanburður á lífskjörum, efnahagsstigi, hagvexti og framförum á sviði mennta og vísinda hlýtur að segja til um kosti og galla auðvaldsþjóðfélags, blandaðs hagkerfis annars vegar og ríkiskerfis sósíalista hins vegar.

Næst einstaklingsfrelsi skipta góð lífskjör allan almenning mestu máli. Hagnýting náttúruauðæfa, skipulag efnahags- og atvinnulífs og athafnafrelsi einstaklinganna ræður úrslitum um framleiðsluárangur og lífskjarastig. Um þetta er ekki deilt. Allir eru sammála um að mestra andstæðna í stjórnun og skipulagningu efnahags- og atvinnumála sé að leita í Bandaríkjunum annars vegar og Sovétríkjanna hins vegar. Í Bandaríkjunum hefur frjálsræði og athafnafrelsi ríkt frá stofnun þeirra eða í tvær aldir. Skipulagshyggja sósíalista eða kommúnista hefur fengið að þróast í Sovétríkjunum í 60 ár eða allt frá byltingunni 1917. Í báðum þessum ríkjum er gnægð náttúruauðæfa og mikið landflæmi. Íbúa-

talan er svipuð. Íbúar Sovétríkjanna munu nú vera um 243 millj., en Bandaríkjanna 220 millj. Hvernig hefur þróun mála verið í þessum ríkjum síðustu áratugina? Hefur hallast á auðvaldsríkið og skipulag þess samanborið við kommúnistaríkið í því að tryggja íbúunum góð og örugg lífskjör, almenna velmegun? Hvað segja nokkrir algildir mælikvarðar um þetta? Er það ekki þetta sem verkalýðshreyfingin er að berjast fyrir, þ. e. að skapa fólkinu betri lífskjör, meiri velmegun. En hvað segja nokkrir algildir mælikvarðar um þetta efni þegar þessi tvö þjóðfélagsform eru borin saman? Prófessor Wolfgang Leonard, sérfræðingur í málefnum Sovétríkjanna, sagði árið 1973 að í kringum 1970 hafi Bandaríkin framleitt 10 sinnum meira magn af bensíni og skyldum orkugjöfum en Sovétríkin, 3 sinnum meira af gasi, 4 sinnum meira af flutningsbifreiðum, 40 sinnum meira af fólksbifreiðum o. s. frv. Árið 1970 var ársframleiðsla Sovétríkjanna á frystiskápum jafnmikil og ársframleiðsla Bandaríkjanna 20 árum áður.

Á sviði landbúnaðar er þá sögu að segja, að samkv. framleiðsluáætlun Krúsjefs árið 1961 átti framleiðsla landbúnaðarafurða í Sovétríkjunum að aukast um 250% á tímabilinu 1960—1970, þ. e. a. s. 25% á ári. Í reynd jókst framleiðslan allt tímabilið um aðeins 50% eða 5% á ári eða aðeins ⅛ hluta þess sem áætlað hafði verið. Framleiðslumagn ýmissa helstu landbúnaðarafurða er aðeins um ⅓ hluti framleiðslu sömu afurða í Bandaríkjunum eða jafnvel minna. Láta mun nærri að afköst á hvern starfandi mann í landbúnaði Sovétríkjanna séu aðeins ⅙ hluti þess sem er í Bandaríkjunum. Sýnir það glöggt hvað vélvæðing og skipulag er á háu stigi í þessu auðvaldsríki sem alþb.-menn leggja áherslu á að koma fyrir kattarnef. Sovéskur landbúnaðarverkamaður framleiðir aðeins 5.3 smálestir af korni á ári samanborið við 50 smálestir á hvern starfandi mann í landbúnaði Bandaríkjanna. Afköstin eru sem sagt 10 sinnum meiri í auðvaldsríkinu en í móðurlandi sósíalískra hugsjóna og skipulags.

60 ára ráðstjórn byggð á grundvelli skipulagshyggju og áætlunarbúskapar á framleiðslusviðinu hefur gjörsamlega brugðist og ekki skilað sambærilegum árangri og hið blandaða hagkerfi vestrænna lýðræðisríkja sem NATO hefur slegið skjaldborg um. Þess vegna búa íbúar kommúnistaríkja Austur-Evrópu og Sovétríkjanna við lakari kjör en íbúar vestrænna ríkja. Grundvallarkenningin í hugmyndafræði kommúnista og róttækra sósíalista um ágæti skipulagshyggju og áætlunarbúskapar hefur beðið skipbrot. Þess vegna grípa sósíalistar til þess ráðs að finna skipulagi vestrænna lýðræðisríkja allt til foráttu og geta þess aldrei á hvaða lífskjarastigi þjóðir þessara ríkja eru samanborið við ríki sósíalista þar sem þau hafa verið stofnuð.

Óhrekjanlegt er að hið blandaða frjálsa hagkerfi, svonefnt auðvaldsþjóðskipulag vestrænna ríkja, tryggir almenningi mun betri lífskjör en sósíalískt hagkerfi. Það þarf því mikla pólitíska blindu eða ofstæki til að halda öðru fram. Árásir á hagkerfi vestrænna ríkja eru því bein árás á þann grundvöll sem hefur tryggt öllum almenningi góð lífskjör og tryggt miklar framfarir hjá vestrænum ríkjum á síðustu áratugum. Þess vegna taka m. a. áhrifamiklir kommúnistar í Vestur-Evrópu ásamt borgarasinnuðu fólki, að íslenskum alþb.-mönnum undanskildum, harða og ákveðna afstöðu með hinu frjálsa, blandaða hagkerfi vestrænna þjóða. Þeir hafna úreltum kenningum kommúnista um auðvald og stéttaandstæður, og fólk í vestrænum ríkjum lætur ekki brenglaða afstöðu hafa áhrif á sig með þeim hætti að varnar- og öryggismálum Vestur-Evrópu sé teflt í hættu.

Þróun hins blandaða hagkerfis vestrænna ríkja á síðustu áratugum hefur haft það í för með sér að auðvald í hinni gömlu merkingu þess orðs er að hverfa í Vestur-Evrópu. Stéttarandstæðurnar auðvald og öreigar hafa smátt og smátt verið að mást út í vestrænum lýðræðisríkjum. Takmarkalaus einstaklingshyggja ræður ekki lengur ferðum. Félagshyggju hefur vaxið fiskur um hrygg og samneysla á sviði heilbrigðis-, trygginga- og mannúðarmála hefur aukist. Hlutdeild hins opinbera á ýmsum sviðum hefur einnig aukist, en þó ekki ætíð til bóta. Þá hefur viðgangur og vöxtur frjálsrar verkalýðshreyfingar aukist og er hún orðin virt og áhrifamikið afl.

Verkalýðshreyfingin ásamt auknum áhrifum borgaralegrar millistéttar hefur ráðið mestu um framþróun þjóð- og efnahagsmála í flestum ríkjum Vestur-Evrópu s. l. 30 ár. Þessu til rökstuðnings nægir m. a. að vísa til þess, að í mörgum þessara ríkja hafa jafnaðarmenn haft forustu í ríkisstj. og myndað meiri hl. í þeim í áraraðir. Þá hefur verið náið samstarf milli ríkisvalds, verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda um úrbætur í ýmsum málum, svo sem í húsnæðis-, félags-, atvinnu-, trygginga-, utanríkis- og öryggismálum.

Hér hafa hv. alþb.-menn talað með lítilsvirðingu um íslenska jafnaðarmenn. Ég er ekki í flokki jafnaðarmanna á Íslandi, en íslenskir jafnaðarmenn hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki í viðhaldi lýðræðis og þingræðis á Íslandi í áratugi og eiga alla virðingu skilið hér á þingi sem annars staðar. En þeir eiga ekki skilið þau ónot eða þá óvirðingu sem alþb.-menn einatt reyna að sýna þeim hér sem annars staðar.

Jafnaðarmenn og allir helstu forustumenn verkalýðshreyfingar Vestur-Evrópu hafa lagt mikla áherslu á samstarf lýðræðisríkjanna innan Atlantshafsbandalagsins. Hinir eldri, eins og Thor Aspergren, núv. forseti norska Alþýðusambandsins, urðu fyrir þeirri bitru reynslu af hlutleysisstefnu norðmanna fyrir seinni heimsstyrjöldina, að hlutleysið var einskisvirt. Noregur og fleiri lönd voru hernumin og helstu foringjar þjóðarinnar, þ. á m. verkalýðsforingjarnir, voru hnepptir í varðhald og máttu sumir þykjast heppnir að sleppa óskaddaðir úr þeirri vist.

Það er lærdómsríkt að kynnast þessum verkalýðsforingjum, eins og ég hef átt kost á, m. a. fyrir þátttöku mína í verkalýðshreyfingunni íslensku. Það hefur verið mjög lærdómsríkt að kynnast þessum mönnum og þeim mannúðlegu sjónarmiðum sem þeir aðhyllast, og einnig kynn-

ast þeirra sjónarmiðum og afstöðu til þess, hvers vegna Noregur og önnur lýðræðisríki í Vestur-Evrópu eiga að vera aðilar að NATO. Þessir menn lifðu nefnilega hörmungar hernámstímabils nasista, og þeir horfðu síðan upp á það, hvernig félagar þeirra í verkalýðsfélögum Austur-Evrópulandanna voru hnepptir í varðhald að styrjöldinni lokinni. Þetta er atriði sem alþb.-menn minnast aldrei á. Sumir þessara verkalýðsleiðtoga, flestallir jafnaðarmenn, voru sviptir lífinu af hinum nýju valdhöfum alþýðulýðveldanna í Austur-Evrópu. Þetta eru sögulegar staðreyndir. Verkalýðsleiðtogar Vestur-Evrópu, sem komnir eru yfir fimmtugt, sáu hvernig frjáls verkalýðshreyfing var fótum troðin af kommúnistum þar sem þeir komust til valda í skjóli Sovétríkjanna. Þess vegna voru forustumenn verkalýðshreyfingar Vestur-Evrópu eindregnir fylgismenn stofnunar NATOs sem öryggis- og varnarbandalags fyrir vestrænt lýðræði og þingræði, og forustumenn vestrænnar verkalýðshreyfingar eru enn eindregnir stuðningsmenn NATOs, og það jafnvel kommúnistar á borð við ítalann Luciano Lama sem ég vísaði til áðan. En á Íslandi eru hins vegar enn til verkalýðsforingjar sem trúa á það, að björninn í austri muni virða hlutleysi Íslands og láta landsmenn í friði ef Ísland væri utan NATOs.

Varðandi utanríkisstefnu Sovétríkjanna og hugsanlega afstöðu þeirra til hlutleysis Íslands í öryggismálum á Norður-Atlantshafssvæðinu er það að segja, að það er skólabókalærdómur í Sovétríkjunum, byggður á kenningum Lenins, og vitna ég — með leyfi forseta — orðrétt í þessi fræði, „að útverðir sósíalismans séu sér þess fullmeðvitandi, að eðli heimsvaldasinna, þ. e. a. s. ríkja Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og Japans, hafi ekki breyst. Af þessum ástæðum geti ekki verið um minnkandi styrjaldarhættu að ræða í heiminum. Því verði utanríkisstefna Sovétríkjanna að taka mið af þessu og hagnýta sér jafnframt grundvöll stéttarbaráttunnar á alþjóðavettvangi. Þar beri stöðugt að ýta undir baráttu — átök — milli sósíalisma og auðvalds eftir því sem kringumstæður og aðstæður leyfa. Hinn eini og endanlegi sigur þessarar baráttu er fólgin í sigri sósíalismans yfir auðvaldi og borgarastétt Vesturlanda.“

Ekki eru miklar líkur fyrir því, að þessi stefna boði lýðræðisríkjunum aukinn frið og meira öryggi.

Orðalag grg. með þáltill. alþb.-manna um úrsögn Íslands úr NATO er óhugnanlega líkt því atriði í utanríkisstefnu Sovétríkjanna er ég gerði grein fyrir áðan. Það á e. t. v. við hér að segja, að margt er líkt með skyldum.

Skal nú vikið nokkuð að stöðu Íslands gagnvart vestrænum ríkjum með tilliti til gagnkvæmra hagsmuna, ekki aðeins í varnar- og öryggismálum, heldur einnig með tilliti til alhliða og margbrotinna hagsmuna í heimi nútímans.

Láta mun nærri að um 80% af árlegum útflutningi íslendinga miðað við verðmæti fari til vestrænna ríkja. Bandaríkin, Bretland, Vestur-Þýskaland og Portúgal eru langstærstu viðskiptalöndin, enda greiða kaupendur í þessum löndum hæst verð fyrir þær vörur sem íslendingar þurfa að selja á erlendum mörkuðum, og 60—70% alls innflutnings koma frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Ef litið er á þjónustujöfnuðinn við önnur lönd sést að svo til öll viðskipti Íslands í þessum efnum eru við ríki innan Atlantshafsbandalagsins. Ástæðan er einföld. Þessi tegund milliríkjaviðskipta hefur reynst best og hagkvæmust við þessi ríki og eru íslendingar ekki einir þjóða um þá reynslu.

Heföbundin tengsl íslendinga í menningar-, félags- og stjórnmálum við Vestur-Evrópu eiga sér langa og merka sögu sem óþarft er að tíunda. Íslensk menning á rætur sínar í evrópskri og norrænni menningu. Árlega flykkjast þúsundir íslenskra æskumanna til Vestur-Evrópu til að búa með þessum þjóðum í lengri eða skemmri tíma. Eru þeir í leit að aukinni þekkingu og lífsreynslu. Hefur það reynst mörgum íslendingum góður skóli. Þá munu á annað þúsund íslendingar vera við langskólanám í háskólum og öðrum menningarstofnunum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Árlega fara tugir þúsunda íslendinga til þessara ríkja til skammrar dvalar. Tengslin eru því sterk milli Íslands og þessara þjóða.

Ef framangreindar staðreyndir og ótalmörg — ég sé að hv. þm. Alþb. líður illa undir ræðu minni og er það ágætt, því að það er tími til kominn að þessum hv. þm. sé svarað og þeir sitji undir því og þoli það að aðrir hafi hér orðið heldur en þeir. — Herra forseti. Ég óska eftir að fá að flytja mína ræðu í friði (**Forseti:** Já, ég bið hv. þm. að hafa hljóð á fundinum.) Ég hef setið ýmis þing, þar sem alþb.-menn hafa verið í meiri hluta, og þekki þær aðferðir þeirra, hvernig þeir reyna að kúga undir sig minnihlutamenn og einstaklinga með ýmsum tilburðum, framíköllum og ræðuhöldum, og ætla að láta hv. þm. Svövu Jakobsdóttur vita það, að enn er til fólk á Íslandi sem óttast ekki þessar aðferðir alþb.-manna. Og meðan svo er, þá er von um að þingræði og lýðræði verði áfram í þessu landi, en ekki það þjóðskipulag, sem ýmsir alþb.-menn sækjast eftir, né að upp verði teknar þær aðferðir sem hv. alþb.-menn nota og beita ekki aðeins í stjórnmálum, heldur einnig innan ákveðinna menntastofnana hérlendis. Er ófögur saga sem hægt væri að segja í þeim efnum um það, hvernig jafnvel hv. þm. Svava Jakobsdóttir hefur notað reynslu sína og þekkingu í viðræðum sínum við ungt og óreynt fólk í menntastofnunum hér í Reykjavík, en það skal ekki gert að sinni. (Gripið fram í.) Það skal ekki gert að sinni, en sú reynsla getur verið æðidýrkeypt og bitur fyrir ungt fólk sem lendir í höndum óvandaðs fólks sem segir ekki hlutina eins og þeir eru. Það get ég látið hv. þm. Stefán Jónsson vita. (Gripið fram í.) Eru framangreindar staðreyndir — (Gripið fram í.) Ég fagna því, að þessi ræða mín kemur verulega við hv. þm. Alþb. hér í salnum. Það sýnir að sá sannleikur, sem ég hef flutt, hefur hitt mark og er það gott.

Ef framangreindar staðreyndir og ótalmörg atriði önnur, sem sameina og tengja saman Ísland og vestrænar þjóðir, eru höfð í huga, er þá unnt að segja í nokkurri alvöru, eins og ýmsir

alþb.-menn gera: Íslendinga varðar ekkert um öryggi og varnarhagsmuni vestrænna þjóða, aðalatriðið er að við sleppum einir ef til átaka kemur milli hins vestræna heims og Sovétríkjanna? — Á ég að gæta bróður míns? stendur í ritningunni. Ég á bágt með að trúa því, að þeir, sem þannig mæla eða þannig hugsa, séu svo skyni skroppnir, enda veit ég að svo er ekki, að þeir trúi því sjálfir að Ísland verði látið afskiptalaust ef til hernaðarátaka kæmi, þótt Ísland væri utan NATO. (Gripið fram í.)

Reynsla síðustu heimsstyrjaldar og hernaður þjóðfrelsisaflanna nú á tímum sanna á átakanlegan hátt, því miður fyrir friðsamt smáríki eins og Ísland, að hlutleysi er ekki virt. Þar við bætist að landfræðileg lega Íslands í Norður-Atlantshafi hefur fengið aukna hernaðarlega þýðingu. Er það ekki tengt eldflaugum, kjarnorkusprengjum eða öðrum vígbúnaði í lofti, heldur flotaveldi Sovétríkjanna og stórauknum umsvifum þeirra á heimshöfunum.

Allir, sem verða að taka afstöðu og ákvarðanir í öryggis- og varnarmálum, losna ekki undan þeirri ábyrgð að verða að viðurkenna að friðurinn milli stórveldanna er háður ákveðnu valdajafnvægi þeirra í milli. Kom hæstv. utanrrh. inn á það áðan og ég get tekið undir það sem hann sagði varðandi það samtal sem hann átti við aðstoðarutanrrh. Sovétríkjanna sem hér var nýlega staddur. Ég átti þess einnig kost að ræða við þennan hæstv. ráðh., aðstoðarutanrrh. Sovétríkjanna, og skildi vel á máli hans að þetta valdajafnvægi er mjög þýðingarmikið, og þarf ég ekki að tíunda það frekar. Það gerði hæstv. utanrrh. áðan. En ég endurtek: Allir, sem verða að taka afstöðu og ákvarðanir í öryggis- og varnarmálum, losna ekki undan þeirri ábyrgð að verða að viðurkenna að friðurinn milli stórveldanna er háður ákveðnu valdajafnvægi þeirra í milli. Með því að viðurkenna þessa augljósu staðreynd er ekki þar með verið að lýsa því yfir að þetta sé æskilegt fyrirkomulag. Íslendingar öllum öðrum þjóðum fremur komast ekki hjá því að gera sér grein fyrir að eins og málum er nú háttað í heiminum virðist vera um að ræða varanlegt spennuástand sem erfitt reynist að draga úr þrátt fyrir yfirlýstan vilja stórveldanna.

Flestir, sem um þessi mál hafa fjallað á liðnum árum, hafa verið að vona að sú verði þróun mála, að í stað aukins vígbúnaðar mundu þjóðir heims afvopnast og að verndar- og hernaðarbandalög yrðu leyst upp. Illu heilli hefur raunin orðið önnur og er þar ekki við vestræn lýðræðisríki að sakast. Vegna þessa eru allar meiri háttar breytingar á varnar- og öryggiskerfi þessara þjóða mjög viðkvæmt mál sem getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir hundruð milljóna manna. Í ljósi þessa verða íslendingar að gera sér grein fyrir hver er þeirra eigin staða í öryggismálum og hvaða þýðingu hún hefur fyrir vinveittar þjóðir í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku og jafnvel fyrir Sovétríkin sjálf.

En hvers vegna er staða Íslands og Atlantshafið svona veigamikið fyrir aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, og hvers vegna er það Sovétríkjunum kappsmál að Ísland hverfi úr Atlantshafsbandalaginu og áhrif róttækra sósíalista aukist? Ástæðurnar eru augljósar. Atlantshafið er sú samgönguæð sem er algjör líftaug vestrænna ríkja. Á hverjum sólarhring eru 7 þús. skip á siglingu yfir Atlantshafið í austur- eða vesturátt með vörur, hráefni, hráolíu, bensín o. s. frv. eða verið er að ferma eða afferma hluta þeirra í hafnarborgum vestanhafs eða austan. Þessi mikli kaupskipafloti flytur mánaðarlega um 140 millj. smálestir af vörum og hráefni eða um 1700 millj. smálestir á ári, þar með talin olían sem flutt er frá Arabalöndunum suður fyrir Afríku. Óhindraðar siglingar þessa mikla kaupskipaflota yfir Atlantshafið eru lífspursmál fyrir vestrænar þjóðir, þ. e. a. s. fyrir þær 500—600 millj. manna sem búa í vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Fullnægja verður brýnustu þörfum þessa fólks með vöru- og hráefnaflutningum yfir Atlantshafið, auk þeirra hundrað milljóna í þróunarlöndum þriðja heimsins sem eru efnahags- og viðskiptalega háð og tengd þessum ríkjum. Komi til átaka við Sovétríkin munu þau að sjálfsögðu beina öllum flotastyrk sínum að því að reyna að skera á þessa lífæð vestrænna þjóða. Munu sovétmenn væntanlega fara líkt að og þjóðverjar á síðustu stríðsárum. Opið, óvarið og eftirlitslaust Norður-Atlantshaf, sérstaklega milli Noregs og Íslands, mundi auðvelda Sovétríkjunum mjög öll hernaðarumsvif og tefla lífi tugmilljóna evrópubúa í mikla hættu. Á friðartímum mundi staða Sovétríkjanna í valdatafli stórveldanna eflast ef breyting yrði á valdajafnvæginu með framangreindum hætti. Væri öryggi og afkomu íslendinga betur komið við slíkar aðstæður? Hvert ættu íslendingar að snúa sér ef tortíming Vestur-Evrópu lægi fyrir af framangreindum ástæðum? Vonandi kemur aldrei til þeirra átaka að til þessa komi. Vestrænar þjóðir treysta á friðarvilja Sovétríkjanna þrátt fyrir stóraukinn vígbúnað þeirra á síðustu árum. En samt er betra að vera vel á verði.

Af hálfu andstæðinga NATOs á Íslandi er lögð áhersla á að íslendingum væri betur borgið ef þeir héldu sig utan bandalagsings og létu sig cinu skipta hver yrðu örlög þeirra þjóða sem þeir hafa einkum deilt kjörum með í áratugi. Skoðun þessara andstæðinga NATOs er sú, að best sé að leggja sem minnst til málanna, þótt vitað sé og almennt viðurkennt að úrsögn Íslands úr NATO mundi leiða til stóraukinnar spennu í heiminum með þar af leiðandi auknum líkum til átaka milli stórveldanna. Við það skapast að sjálfsögðu aukin hætta fyrir íslendinga sjálfa.

Fylgismenn aðildar Íslands að NATO gera sér grein fyrir þessum staðreyndum og er ljós hin mikla hætta, sem landsmönnum sjálfum stafar af því að búa í óvörðu landi, því auk þeirrar hættu, sem þegar er greint frá, hefur bæst við sú hætta sem vopnlausri þjóð í alfaraleið getur stafað af vopnuðum flugræningjum, skæruliðum og alþjóðlegum hermdarverkamönnum.

Hvað ber íslendingum fyrst og fremst að hafa í huga þegar þeir meta afstöðu sína til varnar- og öryggismála og aðildar eða ekki aðildar Íslands að NATO við ríkjandi aðstæður?

Íslendingar er friðelskandi þjóð. Óhrekjandi er að á tæplega 30 ára aldursskeiði NATOs hefur friður verið tryggður í flestum ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Innbyrðis deilur milli ríkja

hafa verið leystar þ. á m. þrjú þorskastríð milli Íslands og breta. Báðir deiluaðilar vildu takmörkuð afskipti NATOs af þessum málum. Hins vegar áttu ýmsir forráðamenn NATO og einstakra meðlimaríkja mikinn hlut í farsælli lausn þeirra deilna íslendingum sérstaklega í vil.

Ísland er hluti af hinum vestræna heimi. Hagsmunir Íslands og vestrænna þjóða fara saman í veigamiklum atriðum. Það er íslendingum því ekki óviðkomandi hver örlög þeirra verða. Seinni heimsstyrjöldin og þróun heimsmála síðan hefur leitt í ljós fánýti hlutleysisstefnunnar. Samstaða lýðræðisríkjanna í öryggis- og varnarmálum við stofnun NATOs 1949 var nauðsyn til að stöðva útþenslustefnu Sovétríkjanna á þeim tíma og til að koma í veg fyrir upplausnarástand í kjölfar heimsstyrjaldarinnar.

Þróun síðustu ára, vígbúnaðarkapphlaup og hernaður vopnaðra ofbeldismanna víðs vegar um heim gerir það enn brýnna að vestræn lýðræðisríki myndi órofaheild gegn hinum nýju hættum. Sundrung eða veikleiki innan vébanda vestrænna ríkja í öryggis- og varnarmálum gæti raskað valdajafnvæginu í heiminum með afar óæskilegum afleiðingum. Öflugt samstarf vestrænna lýðræðisríkja í varnar- og öryggismálum er því óumflýjanleg nauðsyn til verndar friði og lýðræði. Án þess samstarfs væri hættunni boðið heim.

Landfræðilegri legu Íslands í Norður-Atlantshafi er þannig háttað, að samgönguleiðir yfir Atlantshafið milli Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku væru opnar fyrir mikilli hættu ef Ísland hyrfi úr röðum NATO-ríkjanna. Þarf ekki að ræða það öryggisleysi sem af því mundi skapast fyrir þessar þjóðir, ef sovétmenn gætu svo til eftirlitslaust hagað siglingum hins mikla flota síns sem hefur flotabækistöðvar á Kólaskaganum, suður í Atlantshaf. Við framkvæmd slíks eftirlitsstarfs gegnir aðild Íslands að NATO veigamiklu hlutverki og er það alþekkt. Enn alvarlegri yrði sú staða ef Sovétríkin fengju aðstöðu á Íslandi áþekka þeirri sem þau hafa tryggt sér víðs vegar um heim. Eru það birgðastöðvar og aðstaða til skipaviðgerða.

Nú fullyrða andstæðingar NATOs, en vitað er að ýmsir þeirra sækja mikinn hugmyndafræðilegan styrk í kenningar austrænna kommúnista, að auðvitað eiga engir erlendir aðilar að hafa aðstöðu á Íslandi er styrki hernaðaraðstöðu þeirra, þ. e. a. s. hvorki sovéskir né bandarískir aðilar. Fullyrða andstæðingar NATOs, að sé Ísland komið úr NATO, þá skuli svo vera. En hver þekkir ekki svipaða svardaga skoðanabræðra ýmissa alþb.-manna sem halda þessu fram? Hver þekkir ekki svardaga skoðanabræðra þeirra í Tékkóslóvakíu, Kúbu, Angóla og víðar? Þá má minna á beiðnir svonefndra þjóðfrelsisafla um tækni- og sérfræðiaðstoð frá Sovétríkjunum, Austur-Þýskalandi, Kúbu, aðstoð sem í reynd hefur ekki verið annað en dulbúin beiðni hinna nýju valdhafa þjóðfrelsisaflanna um hernaðaraðstoð til að styrkja valdhafana í sessi. Á móti hafa þessi nýju ríki veitt sovéska flotanum hafnar- og birgðastöð samfara ákveðinni þjónustuaðstöðu. Hver þorir að fullyrða, ef Ísland stæði utan NATOs, að hliðstæð þjónusta yrði ekki látin Sovétríkjunum í té ef þeim hliðhollir menn næðu völdum.

Rétt er að ræða enn aðra hlið þessara mála, sem er geta sovéska flotans til að einangra Ísland frá umheiminum, ef til átaka kæmi, og styrkleika þessa flota til að lama eða höggva stór skörð í verslunarflota ríkja Atlantshafsbandalagsins. Vitað er að sovéski flotinn hefur verið stórefldur á síðustu árum og er óþarft og ástæðulaust að tíunda það með tölum þar sem hér er um viðurkennda staðreynd að ræða. Hins vegar er fróðlegt að gera sér grein fyrir samsetningu sovéska flotans og hvaða hlutverki einstakar deildir hans gegna.

Eftir því sem lesa má í fræðiritum um þessi mál má segja að meginstofnar sovéska flotans séu þrír.

1. Mikill fjöldi stórra úthafsskipa búinna eldflaugum.
2. Öflugur floti kafbáta.
3. Flugfloti og nú eitt flugvélamóðurskip sem starfræktur er í nánum tengslum og samstarfi við sjálfan flotann. Er um að ræða langfleygar eftirlits- og árásarflugvélar.

Mikið hefur verið rætt og ritað um hina miklu og hröðu uppbyggingu sovéska flotans á síðustu árum. Fyrir 25 árum var þessi floti óverulegur samanborið við yfirburði og flotastyrk NATO-ríkjanna. Á þessu hefur orðið mikil breyting. Á sama tíma sem Sovétríkin fjölga skipum og efla flotann hafa NATO-ríkin dregið saman sinn flota. Fyrir 15 árum voru 1500 herskip í NATO-flotanum. Í dag eru þau 700—800 talsins. Fjöldi segir að sjálfsögðu ekki alla sögu í þessum efnum. Sú spurning hlýtur þess vegna að vakna: Hvers vegna hafa Sovétríkin byggt upp öflugan flota herskipa og kafbáta á sama tíma sem aðrar þjóðir draga saman seglin? Hernaðarútgjöld NATO-ríkjanna vegna þessarar tegundar vígbúnaðar hafa dregist saman bæði beint og hlutfallslega, en útgjöld Sovétríkjanna hafa aukist að sama skapi.

Stórlega ber að draga í efa að meiri háttar stórveldi verji gífurlegum hluta hernaðarútgjalda í uppbyggingu fjármagnsfreks flota ef það hugsar sér ekki að nota hann í einhverjum ákveðnum tilgangi meðan skipin eru í nothæfu ástandi. Talið er að endingartími skipa sé 20—25 ár. Að áliti sérfróðra manna gegnir herskipafloti Sovétríkjanna og flugher honum tengdur fyrst og fremst tvíþættu hlutverki. Á friðartímum eiga herskipin með siglingum sínum um heimshöfin og kurteisisheimsóknum víða um heim að minna á tilvist og styrk Sovétríkjanna. Þá á þessi floti að vera til reiðu til að veita vinveittum þjóðum og þjóðfrelsisöflum stuðning hvenær sem þörf krefur og óskað er eftir. Í öðru lagi, komi til hernaðaráteka í Norður-Atlantshafi er hlutverk sovéska flotans og sérstaklega hinna kjarnorkuknúnu kafbáta búinna eldflaugum með kjarnaoddum augljóst, þ. e. 1. að skera á aðallífæð vestrænna þjóða, siglingarleiðir Atlantshafsins,

2. að vera í þeirri árásarstöðu gagnvart meginlandi Evrópu og Norður-Ameríku að helstu þéttbýlissvæði séu auðveld skotmörk.

Talið er að Sovétríkin hafi yfir 320 kafbátum að ráða. Flestir hinna nýjustu eru kjarnorkuknúnir.

Stór hluti kafbátanna er gerður út frá flotastöðinni á Kólaskaganum, sem er í næsta nágrenni við Norður-Noreg eins og hv. þm. vita. Þessir kafbátar þurfa að sigla á milli Íslands og Noregs eða Grænlands og Íslands til þess að geta gegnt hlutverki sínu í Atlantshafinu og víðar, hvort sem er á friðartímum eða ekki. Á friðartímum eru þessir kafbátar í stöðugri varðstöðu. Vitað er að stór hluti þeirra heldur sig árið um kring úti fyrir meginlandi Evrópu og við austur- og vesturströnd Bandaríkjanna. Þá er hluti kafbátanna á stöðugu sveimi í Norður-Atlantshafi og þ. á m. umhverfis strendur Íslands. Hérlendis heyrist sjaldan minnst á það af hálfu alþb.-manna, hvaða hætta íslenskum sjómönnum og fiskistofnum við landið kann að stafa af ferðum þessara kjarnorkuknúnu kafbáta. Hvað mundi ske á helstu fiskimiðum við Ísland ef einn slíkur kafbátur færist og öryggisútbúnaður kjarnaofnsins bilaði. Ég tel að flestir íslendingar séu sammála. um það, að æskilegt sé að fylgst sé með ferðum slíkra skipa neðansjávar. (StJ: Það á að banna þær.)

Þá er þess að geta, að hluti þessa kafbátaflota er úti fyrir ströndum Austur- og Vestur-Afríku. Þar hafa sovétmenn komist yfir aðstöðu í landi sem auðveldar þeim alla starfsemi á þessu svæði. Þeir kafbátar, sem eru staðsettir úti fyrir ströndum Afríku, eru á stöðugu sveimi á siglingaleiðum hins mikla flota olíuskipa sem sér Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku fyrir lífsnauðsynlegu bensíni og brennsluolíu frá arabísku olíuríkjunum. Komi til átaka er það hlutverk þessara sovésku kafbáta að skera á aðra aðalliftaug vestrænna þjóða. Án olíu frá Arabalöndunum væri viðnámsþróttur vestrænna ríkja gegn hugsanlegri árás Sovétríkjanna á meginlandi Evrópu stórlega lamaður.

Hin mikla flotauppbygging Sovétríkjanna á síðustu árum er því ekki til að sýnast á friðartímum, heldur gerð til að skapa aðstöðu til að ógna vestrænum ríkjum, ef þörf krefur að þeirra mati, og þá að sjálfsögðu einnig til að styrkja flotann komi til hernaðarátaka.

Á sama tíma sem svonefndar Salt-viðræður, þ. e. viðræður um takmörkun gereyðingarvopna, hafa farið fram hafa Sovétríkin stóraukið vígbúnað sinn. Um þetta atriði liggja fyrir óyggjandi upplýsingar. Sovétmenn hafa látið líklega um góðan vilja til takmörkunar á framleiðslu gereyðingarvopna. En þegar á hefur átt að herða hafa þeir þverneitað öllum raunhæfum tillögum um aðgerðir í þessa átt. Viðræður þessar hafa því dregist á langinn og enginn jákvæður árangur hefur orðið af þeim enn sem komið er.

Utanrrh. Bandaríkjanna, Cyrus Vance, gerði sér nýverið ferð til Moskvu til viðræðna um þessi mál og kynnti hugmyndir hins nýja forseta Bandaríkjanna, Carters, í þessum efnum. Valdamennirnir í Kreml höfnuðu alfarið hugmyndum sem fólu í sér róttækan niðurskurð í framleiðslu og birgðahaldi gereyðingarvopna. Svo virðist sem Carter forseti eigi litlum vinsældum að fagna hjá austrænum ráðamönnum fyrir þessar tillögur um að auka friðarlíkur og draga úr spennu í heiminum.

Þá hafa MBFR-viðræðurnar um gagnkvæman og jafnvægan samdrátt herafla NATO-ríkjanna annars vegar og Varsjárbandalagsríkjanna hins vegar engan árangur borið. Þessar viðræður hófust í Vínarborg í okt. 1973. Árangursleysi þessara viðræðna ætti ekki að vera neinum neitt undrunarefni, þar sem vitað er að á undanförnum árum hafa rússar byggt tugi og hundruð eldflaugastöðva sem dreift er víðs vegar um Sovétríkin. Eldflaugastöðvar þessar eru staðsettar með sérstöku tilliti til hugsanlegra skotmarka í Vestur-Evrópu og Kína. Fer ekki á milli mála að bygging þeirra og staðsetning felur í sér óbeina og jafnvel beina ógnun við þessi ríki. Auk þess munu Sovétríkin hafa yfir miklum fjölda langdrægra eldflauga að ráða sem munu geta náð til flestra staða á jörðinni, en eitthvað mun víst á skorta að þessi tegund vígvéla hafi náð því tæknistigi í nákvæmni að öruggt sé að þau hæfi takmörk t. d. í Norður-Ameríku af þeirri nákvæmni sem hernaðarsérfræðingar Sovétríkjanna telja fullnægjandi.

Af þessum ástæðum og með tilliti til helstu sjóflutningaleiða vestrænna þjóða fyrir iðnaðarvörur, hráefni, hráolíu og bensín o. fl. er Sovétríkjunum mikilvægt að geta komið sér upp birgðastöðvum sem víðast um heim, aðstöðu þar sem þau geta útbúið flota sinn eldsneyti og nauðsynlegum vistum og framkvæmt nauðsynlegar viðgerðir. Fjarlægðin frá Kólaskaga og Vladivostok, helstu flotastöðvum Sovétríkjanna, er of mikil miðað við umsvif þeirra og þann slagkraft sem sovétmenn vilja hafa á Atlantshafi og Indlandshafi komi til átaka. Þess vegna leggja þeir ofurkapp á að fá svipaða aðstöðu í hinum nýfrjálsu ríkjum Afríku, þar sem svokölluð sósíalísk þjóðfrelsisöfl láta mest að sér kveða, eins og Sovétríkin hafa fengið á Kúbu. Hefur það tekist að nokkru marki, sem sjá má á því, að sovétmenn hafa birgða- og viðgerðarstöð í Berbera í Sómalíu í Austur-Afríku, og þá hafa þeir fengið aðstöðu í Conacry í Vestur-Afríku. Þar hafa flugvélar þeirra aðgang að flugvelli.

Nýverið lýsti Brésnev yfir því, að rússar styddu skæruliða í Ródesíu og Suður-Afríku í baráttu þeirra gegn stjórn hvíta minni hlutans í þessum löndum. Þessi yfirlýsing Brésnevs felur í sér afstöðuyfirlýsingu, gegn stöðu 2—3 millj. hvítra manna sem búa á þessum landssvæðum. Meiri hluti þessa hvíta fólks er afkomendur hvítra manna sem hafa búið á þessum landssvæðum á aðra öld. Stuðningur rússa við skæruliða til að koma þessu fólki fyrir kattarnefn eða flæma það í burtu frá Afríku á ekkert skylt við þjóðfrelsi né lýðræði. Ég endurtek: þessi stuðningur á ekkert skylt við þjóðfrelsi né lýðræði. Hinn svarti maður verður ekkert frjálsari við það að kommúnistar eða aðrir hörundsdökkir einræðissinnar hrifsi til sín völdin með vopnavaldi í nafni þjóðfrelsis. Hins vegar liggur í augum uppi, að takist að hrekja hvíta manninn burt frá Suður-Afríku með vopnaðri aðstoð rússa og kúbumanna, þá aukast líkurnar sovétmönnum í hag fyrir því, að þeir öðlist þá hafnaraðstöðu og bækistöðvar fyrir sjó- og flugher sinn sem [illegible] sækjast eftir á þessum landssvæðum. Takist það mundu sovétmenn ná þeirri aðstöðu gagnvart meginsiglingaleið risaolíuflutningaskipanna, sem sigla frá arabísku löndunum suður fyrir Afríku til Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, að segja

má að sovétmenn hafi þá náð ákveðnu kverkataki á Vestur-Evrópuríkjunum og Norður-Ameríku.

Að sjálfsögðu vilja vestrænir menn að jafnrétti ríki milli hvítra manna og svartra í Afríku sem annars staðar. En enginn óskar eftir einræði svarta mannsins frekar en eftir einræði hins hvíta. Og vestræn ríki vilja ekki að Sovétríkin geti með aðstoð þarlendra einræðisafla komist í þá aðstöðu í Afríku að geta skorið á slagæð vestrænna þjóða þegar þeim hentar.

Ég hef líklega í þessari umr. talað af meiri hreinskilni en tíðkast hefur í mörg ár í umr. um stöðu Íslands í NATO. En þegar rætt er um aðild Íslands að NATO eða ekki aðild er óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir framangreindum atriðum — ég segi: staðreyndum. Það er þýðingarlaust að ræða um varnar-og öryggismál eins og það, sem er að gerast úti í hinum stóra heimi, komi íslendingum ekkert við eða að átök stórveldanna séu þess eðlis að íslendingar þurfi ekkert af þeim að vita né taka afstöðu til þeirra. Slík skoðun felur annaðhvort í sér hrapallegan misskilning á stöðu og hagsmunum Íslands eða er sett fram í þeim tilgangi að villa um fyrir fólki.

Heimurinn hefur tekið miklum breytingum á þeim tæplega 30 árum, sem liðin eru frá því að Ísland gerðist aðili að NATO. Vegna gífurlegra tækniframfara hefur fjarlægð milli þjóða minnkað. Flestir eru öðrum háðir, enginn getur verið hlutlaus, hvorki íslendingar né aðrir. Öll berum við ábyrgð á þessum heimi sem við lifum í. Einræðisríkin gengu af hlutleysisstefnunni dauðri í síðustu heimsstyrjöld. Þarf ekki að hafa fleiri orð um afleiðingar þess. Hlutleysi Íslands og úrsögn úr NATO nú er enn fjarlægur draumur. Til þess að hann rætist þurfa allar aðstæður í þróun heimsmála að gerbreytast. Vígbúnaðarkapphlaupinu þarf að linna og afstaða ofbeldismanna til vopnaðrar valdatöku í einstökum ríkjum að breytast. Þá verða Sovétríkin að láta af því markmiði að ögra lífshagsmunum vestrænna þjóða varðandi samgönguleiðir á hafinu. Í afstöðu sinni til þessara mála og vegna eigin hagsmuna hljóta íslendingar að verða að hafa eftirfarandi í huga, auk þess sem áður er sagt:

1. Ísland er hluti af hinum vestræna heimi í efnahags-, félags-, menningar- og stjórnmálalegu tilliti.

2. Efnahags- og viðskiptalega eiga íslendingar allt undir því að Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku farist vel. Við þessar þjóðir eru um 80% allra viðskipta þjóðarinnar út á við.

3. Hlutleysi tryggir ekki frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Dæmi erlendis frá sýna að hættan á því, að rússar mundu reyna að auka áhrif sín á Íslandi, muni stórlega aukast við slíkar aðstæður. Þeir, sem hafa kynnst óvönduðum vinnubrögðum ýmissa alþb.-manna, en ég undanskil sérstaklega hv. flm. þessarar þáltill., vita hvers konar þjóðfélag mundi rísa upp á Íslandi ef þetta öfgafólk Alþb. næði völdum. Við vitum einnig að það kann ekki þau ráð sem duga til að koma í veg fyrir stóraukin áhrif og afskipti sovétmanna á Íslandi ef Ísland gengi úr NATO. Hjá sumu af þessu fólki vantar viljann til að afstýra slíku, en aðrir mundu ekki ugga að sér, því miður.

Í röðum hernámsandstæðinga er margt vænna manna, fólk sem af einlægni trúir því að Ísland geti eitt og ótruflað staðið utan varnar- og öryggisbandalaga. Allir góðir íslendingar, við öll viljum auðvitað að svo geti verið. En eins og málum er háttað í heimi raunveruleikans er þessari stöðu ekki til að dreifa.

Íslendingar munu ekki hvika frá samstöðu sinni og siðferðilegum skyldum gagnvart vestrænum bræðraþjóðum. Svar meiri hluta íslendinga mun ekki vera svar Kains: Á ég að gæta bróður míns? Þess vegna hafna íslendingar þeirri till. að Ísland hverfi úr varnar- og öryggisbandalagi vestrænna þjóða, Atlantshafsbandalaginu, meðan málum er svo háttað í heiminum sem raun ber vitni.

Umr. frestað.

Bygging dómhúss, þáltill. (þskj. 143, n. 520). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti hv. allshn. sem hefur orðið sammála um að mæla með að þessi þáltill. verði samþykkt — þáltill. um byggingu dómhúss, með þeirri breytingu sem greinir á þskj. 520, að síðari málsl. till. falli niður, þ. e. tímamarkið um það hvenær byggingu hússins skuli lokið.

Í grg. með till. og ræðu hv. flm., Ellerts B. Schram, er hann mælti fyrir till. komu fram helstu rökin fyrir flutningi till. Hv. allshn. hefur fallist á þessi rök og hefur þar engu við að bæta. Bárust umsagnir frá yfirsakadómara og ríkissaksóknara og þykir mér rétt að geta nokkurra atriða úr umsögnum þeirra.

Yfirsakadómari bendir á í sinni umsögn, að á s. l. vetri hafi tekið gildi lög, sem fela í sér algera nýskipun á meðferð opinberra mála og stofnun sérstakrar rannsóknarlögreglu, og í framhaldi af þeirri löggjöf sé auðvitað nauðsynlegt að búa vel að stofnunum þeim sem þar eiga hlut að máli, ef umbætur þær, sem stefnt er að, eigi að vera annað en orðin tóm. Þess vegna fagnar yfirsakadómari, að vakin skuli athygli á nauðsyn þess að reisa sérstakt dómhús í Reykjavík, og væntir þess, að till. verði samþykkt.

Ríkissaksóknari sendi nokkuð ítarlega umsögn. Hann bendir á að héraðsdómstólar í Reykjavík séu orðnir fjórir og á jafnmörgum stöðum í borginni. Auk þess getur hann þess, að embætti ríkissaksóknara sé nú á tveimur stöðum í leiguhúsnæði í Reykjavík og þar að auki verði hin nýstofnaða rannsóknarlögregla ríkisins á enn öðrum stað innan eða utan borgarmarka. Hann bendir á að mörg mikilvæg rök séu til þess, að þessar stofnanir verði á einum og sama stað, og nefnir þessi helst: 1. Ef héraðsdómstólarnir væru á sama stað væri unnt að nýta mun betur húsnæði og starfstæki þeirra. 2. Hinir sömu starfsmenn gætu unnið í þágu allra dómstólanna, t. d. skoðunarmenn, dómritarar, þingvottar og skrifstofufólk. Auðveldara væri að sameina

héraðsdómstólana í Reykjavík í einn dómstól, borgardóm, til samræmis við skipan í öðrum borgum Norðurlanda. Sending sakargagna og annarra erinda milli þessara stofnana yrði mun hraðari og auðveldari en nú er svo og önnur samskipti þeirra sem eru mikil. Þá yrði brátt verulegur fjárhagsávinningur fyrir ríkissjóð ef stofnanir þessar væru fluttar úr leiguhúsnæði í húsnæði í ríkiseign. Það væri mjög til hagræðis öllum þeim, sem skipti eiga við þessar stofnanir, og þeir eru margir, ef þær væru á einum og sama stað. Loks nefnir hann að það hljóti að auka reisn þeirra stofnana, sem fara með rannsóknarvald, saksóknarvald og dómsvald, ef svo er að þeim búið að í einhverju samræmi sé við verkefni þeirra, sem er að halda uppi lögum og rétti þessa lands og lýðs. Og með hliðsjón af þessu, sem hann hefur þarna upp talið, mælir hann eindregið með samþykkt þessarar þáltill. um byggingu dómhúss í Reykjavík.

Með hliðsjón af þeim rökum, sem hér hafa verið tíunduð, er það till. allshn., að Alþ. samþykki þáltill. með þeirri breytingu sem getur á þskj. 520.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum, þáltill. (þskj. 131, n. 519). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er flutt af fjórum þm.: Braga Sigurjónssyni, Tómasi Árnasyni, Eðvarð Sigurðssyni og Magnúsi T. Ólafssyni, og hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti nú þegar semja frv. til breyt. á lögum og geri aðrar ráðstafanir til undirbúnings því, að komið verði á fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum. M. a. geti dómari ákveðið að mál, sem höfðuð eru af viðskiptavini verslunar eða þjónustufyrirtækis vegna viðskipta við fyrirtækið, hljóti skjótari og ódýrari afgreiðslu en nú tíðkast. Meðferð þessari megi beita við minni háttar mál, sem varða allt að 100 þús. kr. Við þessar lagabreytingar verði meðferð líkra minni háttar mála í öðrum löndum höfð til hliðsjónar, en reglur færðar til íslenskra aðstæðna."

Allshn. hefur athugað þessa till. og er sammála um að mæla með samþykkt hennar. Hér er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir allan þorra almennings. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að málavafstur og málarekstur getur tafist um óeðlilega langan tíma aðilum máls til mikils tjóns og óhagræðis, og hefur verið mjög ákveðin tilhneiging til þess í ýmsum löndum að gera meðferð minni háttar mála skjótvirkari en almennt gerist um málatilbúnað og málarekstur. Kunnugt er að réttarfarsnefnd er þegar farin að undirbúa slíkar breytingar á löggjöfinni og hefur fullan hug á að leggja fram till. í þessa átt. Dómarar við héraðsdómstóla hafa lýst áhuga sínum á að slíkar breytingar yrðu gerðar. Með hliðsjón af öllu þessu þykir rétt og eðlilegt að Alþ. undirstriki vilja sinn um að til slíkra breytinga komi, og því þykir hv. allshn. sjálfsagt að mæla með samþykkt þessarar till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fræðsla í þágu áfengisvarna, þáltill. (þskj. 99, n. 518). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 99, 89. mál, er flutt till. af hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, Helga Seljan, Ingvari Gíslasyni, Oddi Ólafssyni, Braga Sigurjónssyni og Karvel Pálmasyni sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega ber að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþ. á ríkisstj. að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsókna ríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á reglugerð um slíka fræðslu.

2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í þessu skyni. Þannig verði reglulega teknir upp í dagskrá sjónvarpsins fræðslu- og skemmtiþættir í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum."

Það þarf ekki að tíunda hér þýðingu þess, að áfengisvarnir séu öflugar hverju sinni og að lögð sé rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf varðandi áfengismál. Alþ. hefur látið þessi mál til sín taka frá einum tíma til annars. Hér hafa verið lagðar fram margvíslegar till. í þessa átt. Hér er um eina þeirra að ræða.

Hv. allshn. hefur athugað þessa till. og er sammála um að mæla með samþykkt hennar með þeirri breytingu, að 2. tl. till. hljóði svo:

„Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum."

Þetta mál er svo sjálfsagt og vel skiljanlegt að ég tel óþarft að fara mörgum orðum um tilgang till. og væntanlegan árangur hennar, en legg til að hún verði samþykkt með þeirri breytingu sem allshn. hefur lagt til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 10, n. 492). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um votheysverkun sem flutt er af hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni. N. hefur orðið sammála um það að mæla með samþykkt þessarar till. með þeirri breytingu, að inngangur till. breytist og hljóði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er með því að" o. s. frv.. en þessa breytingu má finna á þskj. 492.

N. sendi þetta mál til umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda og mælir hvor tveggja aðilinn með samþykkt till. Það kemur fram í bréfi Búnaðarfélags Íslands, að áróður hefur verið hafður uppi um framgang þessa máls, verkun fóðurs í vothey, linnulaus áróður um ágæti votheysgerðar allt frá aldamótum, eins og segir í bréfi þeirra. En hann hefur ekki, sá áróður, gefið góða raun eða mjög litla raun sem raun ber vitni. Aftur á móti þykjast þeir, sem hafa brugðið á þetta ráð með heyfeng sinn, hafa af þessu mjög góða reynslu. Það er einkum á Ströndum og í Vestur-Ísafjarðarsýslu sem menn hafa tekið til þessa ráðs og hefur gefist mjög vel, sér í lagi þegar komið hafa hrakviðrasöm sumur, að þeir hafa eftir sem áður fengið borgið heyfeng sínum og búsmali gengið ágætlega fram eftir fóðrun með þessum heyfeng. Hér hefur verið lögð á það áhersla, að bændum verði kynnt reynsla þeirra, sem hafa stundað búskap með þessum hætti, og enn fremur á að vinna málinu framgang með því að veitt verði sérstök fyrirgreiðsla vegna byggingar votheyshlaðna og e. t. v. breytingar þurrheyshlaðna í votheyshlöður. Þess má að vísu geta, að votheysgryfjur og votheyshlöður njóta betri kjara en þurrheyshlöður, en ef reynslan er, eins og dæmi virðast sýna, mjög góð af þessu, þá er ástæða til að leggja enn frekari áherslu á þessa heyverkun með fjárframlögum. Þó vill n. láta það koma fram, að hún telur ástæður stofnlánasjóða landbúnaðarins ekki með þeim hætti að þar sé fé aflögu til þess arna og yrði þá að hafa úti spjót eftir frekara fjármagni.

Allítarleg grg. fylgir með þessari till. og eins mælti hv. flm. fyrir till. með glöggum upplýsingum. Allshn. leggur einróma til að till. verði samþykkt með þeirri lítils háttar breytingu sem ég gat um.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kem hér einungis til þess að þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli.

Hér er um þýðingarmikið mál að ræða. Hv. frsm. n., hv. þm. Sverrir Hermannsson, kom inn á meginatriði þess máls, og ég ætla ekki að fara hér heldur að endurtaka neitt af því sem ég sagði í framsögu fyrir till. Ég kem aðeins til þess að þakka það að hv. allshn. mælir með samþykkt till. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að í till. hennar er aðeins lítils háttar breyting. Í till., eins og hún var lögð fram, stendur: „að fela ríkisstj. að láta gera ráðstafanir", en í brtt. stendur: „að fela ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfunum". Það má sjálfsagt finna mun á þessu, en ég fyrir mitt leyti held að hvor tveggja útgáfan sé jafngóð, a. m. k. fyrir góða ríkisstj., til þess að framkvæma þessa hluti.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að lengja þennan fund svo mjög, en ég get ekki alveg vikist undan því að segja nokkur orð um þá till. sem hér er rædd. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hún er afgreidd frá n. með þeim hætti sem hér hefur komið fram, en mér þykir rétt, um leið og hún er rædd hér, að það komi fram hvað unnið hefur verið í mínu byggðarlagi á þessum vetri til þess að menn átti sig á ástandinu á svæðinu og reyni að finna leiðir til lausnar á þeim vanda sem við hefur verið að etja tvö s. l. sumur.

Ég hygg að það sé búið að ferðast um líklega átta sveitir á Suðurlandi. Það starf hafa haft með höndum tveir ráðunautar hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Þeir hafa safnað upplýsingum, talað við bændur og safnað sýnum og látið efnagreina heyið úr hinum ýmsu geymslum, og þegar hafa verið haldnir tveir fundir til þess að ræða niðurstöður þessara athugana, með bútæknimönnum frá Bændaskólanum á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Ég held að það fari ekki milli mála þegar þetta er haft í huga, sem ég hef hér verið að lýsa, að það muni hafa örvandi áhrif á bændur á þessu svæði að finna að Alþ. og alþm. vilja ræða þeirra vanda og gera nokkuð til úrbóta. Það eru mörg vandamál sem við er að etja í sambandi við heyverkunina. Ég hygg að hér sé rætt um einn stóran þátt í þeim aðgerðum sem helst eru til úrlausnar, og þess vegna er ég þakklátur fyrir að það hefur verið tekið jákvætt undir það mál sem hér er lagt fyrir.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki eyða miklum tíma hv. alþm. í sambandi við þetta mál. En eins og kom fram hjá frsm. áðan, hv. þm. Sverri Hermannssyni, er auðvitað ekki nóg að samþykkja svona till. Það þarf fyrst og fremst að sjá til þess, að hægt sé að framkvæma hana. En eins og ástatt er, t. d. hjá Stofnlánadeildinni, þá er þar ekkert fjármagn eins og sakir standa til þess að gera neitt átak í þessum efnum. Þess vegna verður að knýja jafnhliða á um að það verði fjármagn fyrir hendi.

Eins og nú standa sakir, miðað við þær umsóknir sem liggja fyrir, þá er langur vegur frá því að hægt sé að verða við þeim umsóknum sem fyrir liggja. T. d. í sambandi við vélageymslur, sem hv. þm. vita að er mjög nauðsynlegt fyrir bændur að koma upp, hefur þrjú ár í röð ekki verið hægt að veita stofnlán til slíkra framkvæmda vegna féleysis. Ýmis önnur verkefni hefur ekki verið hægt að styðja vegna féleysis á undanförnum árum. Og þannig horfir málið við enn í dag.

Það má segja að þetta vandamál sé dálítið annað t. d. fyrir norðan og austan heldur en aftur á Suður- og Suðvesturlandi. Í Norðurlandskjördæmi eystra er þetta yfirleitt ekki vandamál, en hins vegar vantar þar heygeymslur víða í stórum stíl. Það er enginn vafi á því, að eitt af því, sem er mest aðkallandi fyrir bændur, er að geta bjargað heyjunum, þ. e. a. s. að eiga ekki allt undir sól og regni í því að afla heyjanna. Það er enginn vafi á því, að á þessu svæði er votheysverkunin sennilega besta úrræðið þó að í eins miklu votviðri og var í fyrrasumar sé jafnvel ekki hægt að heyja í vothey og bjarga heyjunum, nema þar sem eru sérstaklega þurr tún eða sendin jörð. En erindi mitt er fyrst og fremst þetta: að undirstrika það, að eins sjálfsagt mál og þetta er að styðja við það, þá þarf

meira til. Það þarf að útvega fjármagn til þess að geta ýtt þessu máli áfram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki gera lítið úr því, að það þurfi fjármagn til þess að vinna verk, og þá er auðvitað æskilegt að það sé líka fjármagn til þess að gera það sem þessi till. gerir ráð fyrir. En sumt af því, sem till. gerir ráð fyrir, hygg ég að muni ekki kosta mikið fjármagn, svo sem að kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun. Það vill þannig til, að það er heill hópur af mönnum í þjónustu hins opinbera eða Búnaðarfélagsins, mönnum sem eru vel að sér í þessum efnum, og þeir gætu beint störfum sínum að þessu sviði, geri ég ráð fyrir, að sjálfsögðu án þess að þar komi til mikil ný fjárútlát.

En svo er hinn þáttur þessarar till., þar sem talað er um að veita hærri stofnlán til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna. Það má segja að það þurfi meira fjármagn ef gert er ráð fyrir að það verði sömu lán til þurrheyshlaðna og hafa verið. En það er hægt að hugsa sér að ná þessu marki með því að lækka lánin til þurrheyshlaðnanna, svo það fé, sem við það sparast geti hrokkið til þess að hækka lánin til votheyshlaðnanna, þannig að þau verði hærri. Nú er ég ekki að segja að þetta eigi að gera. Að sjálfsögðu er æskilegt að fá þarna fjármagn. En till. sjálf er, má segja, að forminu til hlutlaus í þessu efni. Ef þessi till. verður samþykkt, sem ég vonast til að verði, þá er það að sjálfsögðu ríkisstj. að vega og meta hvað hægt er að gera til aukinnar fjáröflunar í þessu skyni.

Mér sýnist af því, sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, að það væri full ástæða til að auka fé til lána vegna þurrheyshlaðna og annarra útihúsa bænda, og það væri full ástæða þó að þessi till. hefði ekki komið til. Ég geri ráð fyrir að það verði athugaður sá möguleiki að auka fjárframlög í þessu skyni. Geri ég ráð fyrir að það mundi vera gert í samráði við Stofnlánadeildina og þá lánastofnun sem hv. þm. Stefán Valgeirsson er formaður fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnu- og byggðaþróun í landinu, þáltill. (þskj. 75, n. 493). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft þessa viðamiklu till. til meðferðar um hríð, og svo sem álit hennar á þskj. 493 ber með sér, þá leggur hún til að till. þessi verði samþykkt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Jón G. Sólnes. En n. flytur brtt., enga efnisbreytingu, heldur einvörðungu að breyttu breytanda, þar sem sagði í aðalefni till. að fyrstu niðurstöður könnunarinnar skyldu birtar Alþ. sem nú situr og síðan skyldu endanlegar niðurstöður lagðar fram þegar Alþ. kæmi aftur saman haustið 1977. Við viljum fella þessa mgr. niður, en í stað þess komi ný mgr. sem hljóði svo: „Niðurstöður þessarar könnunar skulu birtar næsta reglulega Alþingi.“ Af sjálfu leiðir þar sem svo mjög langt er liðið á þingtímann.

Atvmn. ætlar sér ekki þá dul að segja fyrir um með hvaða hætti rannsókn þessari skuli hagað. Hún er greinilega viðamikil, en ég er ekki í nokkrum vafa um að hún er mikilvæg. Það er lagt til að ríkisstj. láti kanna hvaða áhrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Byggðasjóðs, hefur haft á atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Sérstaklega verði kannað hvaða áhrif þessi fyrirgreiðsla hefur haft á búsetu fólks, tekjuskiptingu eftir landshlutum og aðstöðumun fyrirtækja eftir staðsetningu, starfsgreinum o. s. frv.

Það verður auðvitað ekki einfalt mál að rannsaka þetta til hlítar, af því líka að við höfum ekki fordæmi fyrir okkur. Þetta er tiltölulega nýtt. Starfsemi stofnunarinnar er ný og starfsemi Byggðasjóðs í svo ríkum mæli er líka ný, enda þótt hann ætti sér forvera í Atvinnubótasjóðnum gamla og Atvinnujöfnunarsjóðnum. En við höfum séð dæmi þess nú einmitt síðustu dagana sem færa okkur heim sanninn um mikilvægi þess að gera rækilega könnun á þessum áhrifum. Við höfum séð það í viðtali við borgarstjórann í Reykjavík í Morgunblaðinu á sunnudaginn var, og við höfum séð það á stjórnmálaleiðaraskrifum Morgunblaðsins, að talið er þar beinlínis að starfsemi og lánastarfsemi, sérstaklega Byggðasjóðsins, hafi orðið til þess að mismuna þéttbýlissvæðunum hér við Faxaflóann.

Ég legg áherslu á það, að byggðastefnan og framkvæmd hennar var aldrei ætluð til þess að halla á einn eða neinn, heldur til þess að rétta hlut strjálbýlis miðað við þéttbýli, og dragi til þess, að framkvæmd hennar verði til þess að mismuna eða halla á þéttbýlið, þá erum við ekki á réttri leið og þá þurfum við að gá vel að okkur. En það er ekki eitt út af fyrir sig nægjanlegt að rannsaka t. d. starfsemi Byggðasjóðsins eins eða Framkvæmdastofnunarinnar. Það eru miklu fleiri þættir sem koma þarna við sögu. Það þarf líka að kanna hvort starfsemi þess sjóðs hefur haft beinlínis áhrif á útlánastarfsemi annarra sjóða, og nefni ég þar sérstaklega til sjóði eins og Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð. Það kæmi mér ekki á óvart þótt t. d. Iðnlánasjóðurinn hefði í vaxandi mæli beitt lánsfé sínu inn á það svæði sem lánsfé Byggðasjóðs hefur ekki náð til, eftir að Byggðasjóðurinn hóf starfsemi sína. Þetta vil ég þó ekki fullyrða. En það kæmi mér ekki á óvart að svo hefði verið. Það þyrfti vitanlega að taka þarna með í reikninginn hvort um breytingu á annarri lánastefnu eða fyrirgreiðslu með öðrum hætti hefur orðið að ræða, hvort starfsemi Byggðasjóðsins hefur haft þau áhrif, og þá væri það vitanlega til jafnvægis ef svo væri. En þessu þurfum við sem sagt að fylgjast ákaflega vel með og því er þessi till. tímabær.

Ég er í engum vafa um það, að þessari tillögugerð er ekki stefnt til höfuðs byggðastefnunni, heldur er það byggðastefnumönnum, sem við allir viljum vera, hin mesta nauðsyn að gera sér ljóst hver áhrif eru af starfsemi sjóðs sem Byggðasjóðsins. Það er enn fremur, svo að ég nefni það aðeins í þessu sambandi, mikilvægt að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif hefur haft

til eflingar byggðar hér á Suðurnesjum, hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu og við Faxaflóann, sú einstefna sem uppi hefur verið í stórvirkjunarmálum, keðjuvirkjanirnar við Þjórsá, og þau áhrif sem það hefur haft, að raforkunni þaðan hefur að meginhluta til verið beint á þetta suðvesturhorn: til stóriðju í Straumsvík og núna, sem á framkvæmdastigi er, til stóriðju hið næsta okkur, þótt uppi í Hvalfirði sé. Ég legg ekki mikið upp úr því, þótt það fyrirtæki eigi að heita, eins og ég hef áður sagt, sem nemur kortersróðri frá Reykjaneskjördæmi, fyrir handan Hvalfjörð.

Væri mjög fróðlegt að geta gert sér grein fyrir þessu, á meðan svo háttar til í öllum öðrum landsfjórðungum að feiknalegur orkuskortur er, jafnvel til almennra þarfa, að ég ekki tali um til uppbyggingar iðnaði. En þar erum við væntanlega sammála, að uppbygging þeirrar atvinnugreinar er undirstaðan í framtíðinni, þar sem við getum ekki gert okkur vonir um að auka afrakstur okkar af fiskstofnum t. d. og ekki í stórum stíl af landinu sjálfu.

Ég vil geta þess sem rétt er, að hlutur iðnaðarins hefur í lánaþáttunum sjálfum legið nokkuð eftir. Þó ber þess að geta, að á s. l. árum hefur ýmislegt verið gert til þess að efla þann þátt með lánafyrirgreiðslu. Ég vil t. d. geta þess, að Framkvæmdasjóður hefur hlutfallslega langmest hækkað framlag til Iðnlánasjóðs miðað við aðra sjóði á undanförnum tveimur árum. Framlag Framkvæmdasjóðs til Iðnlánasjóðs árið 1975 var 110 millj. kr., 250 millj. kr. 1976 og 1977 450 millj. kr. Eftir sem áður er alveg ljóst að hlutur þessa sjóðs liggur eftir. Þess má líka geta, að hann er án efa einna best rekinn af stofnlánasjóðum landsins, með mikilli fyrirhyggju og myndarskap, og þeim mun fremur væri ástæða til þess að efla hann miklu meira en gert hefur verið. Iðnþróunarsjóður hefur að vísu komið þarna til skjalanna með mjög verðmæta starfsemi, en miklu betur má ef duga skal í þessum efnum.

Ég nefni þetta aðeins til þess í örfáum orðum að reyna að gera mönnum grein fyrir því, að hér er um viðamikla rannsókn að tefla sem ekki má kasta höndum til, en endurtek það, að okkur er mjög mikilsvert að geta gert okkur grein fyrir því, þegar nýr allöflugur þáttur er hafinn í lánastarfsemi í landinu, — geta gert okkur grein fyrir áhrifum hans hið allra fyrsta og þá breytt til ef sýnist ganga úrskeiðis.

Ég veit að það hefur verið mjög í umr. og kom raunar fram í viðtali við borgarstjóra, hversu hallað hefur mjög á útgerð og fiskvinnslu á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Reykjanessvæðinu. Ég er út af fyrir sig ekki í nokkrum vafa um það, að það eru margir fleiri þættir, sem þar tvinnast saman, heldur en sá, að þetta svæði hafi orðið afskipt varðandi lánveitingar úr Byggðasjóði. Ég legg áherslu á að þáttur Fiskveiðasjóðsins, aðallánasjóðs fiskvinnslu og fiskveiða, verði rannsakaður einmitt í þessu sambandi. Það verður enginn dómur lagður á áhrif Byggðasjóðs til eða frá á þessu svæði nema það verði grandskoðað, hvernig Fiskveiðasjóðurinn, aðallánasjóðurinn, hefur staðið sig varðandi þennan landshluta. Ég hef grun um að hlutur Fiskveiðasjóðs hafi legið allmjög eftir. Hann á kannske nokkra afsökun í því, að engum vafa er undirorpið að fiskiðnaður t. d. á Suðurnesjum hefur ekki verið nægjanlega vel skipulagður eða skynsamlega upp byggður. Ég held ég segi ekki of mikið þó að ég taki þetta upp í mig. En ef meta skal áhrif Byggðasjóðs á þennan þátt, þá er alveg nauðsynlegt að grandskoða hvernig t. d. aðallánasjóðurinn hefur staðið sig að þessu leyti.

Ótalmargt fleira kemur þarna til greina. En eins og ég segi, n. átti þess engan kost að leggja á nein ráð um í smáatriðum með hvaða hætti þetta viðamikla verk verður unnið. En sammála varð hún um að mæla með samþykkt till., og ég vil leyfa mér að vænta þess, að niðurstaða og framkvæmd þessa máls verði okkur að þeirri nauðsynlegu leiðbeiningu sem okkur er vitanlega þörf á í þessum efnum.

Albert Guðmundsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að hefja eða taka þátt í almennum umr. um þá till. sem ég leyfði mér að flytja hér á þskj. 75 um athugun á áhrifum af starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og auknum lánveitingum Byggðasjóðs á atvinnu- og byggðaþróun í landinu, og undirstrikað í till. að til samanburðar skal höfð í huga þróun sömu mála í Reykjavík og nágrannabyggð hennar þau 5 ár sem liðin eru frá því að lög um Framkvæmdastofnun ríkisins tóku gildi. Frsm. hv. atvmn. hafði langa og merkilega framsögu með tiltölulega sjálfsagðri breytingu á þessari till. minni sem ég mun geyma að ræða efnislega þangað til liggja fyrir niðurstöður af könnun, sem ég vona að fari fram.

Ég vil þakka hv. atvmn. fyrir jákvæðar undirtektir við till. mína. Satt að segja hefði ég auðvitað verið ánægðari ef vinnuhraðinn í n. hefði verið meiri og till. hefði komið fyrr fram, þannig að lengri og betri tími hefði unnist til þess bæði að skipa n. og vinna það veigamikla verk sem till. felur í sér að þurfi að gera. En ég tel að sjálfsögðu þá brtt., sem n. flytur, óhjákvæmilega vegna þess tíma sem liðinn er frá flutningi þáltill.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri, þrátt fyrir fjarveru hv. þm. Ingólfs Jónssonar, til að þakka honum fyrir undirtektir hans við 1. umr. um þessa till., en hann lagði þá til, að vísu eftir langt mál, að till. yrði samþ.

Ég vitna, eins og hv. frsm. atvmn., í hið fróðlega viðtal sem birtist í Morgunblaðinu um síðustu helgi við borgarstjórann í Reykjavík, en eins og frsm. n. gat um komu þar fram ákveðnar áhyggjur út af þróun atvinnumála hér á höfuðborgarsvæðinu hjá borgarstjóra. Taldi hann í þeirri grein að rekja mætti margan vandann, sem nú fyrirfinnst í Reykjavík og nágrenni, til vöntunar á sams konar fyrirgreiðslu á höfuðborgarsvæðinu eins og Byggðasjóður veitir til staða utan þessa svæðis. Ekki þætti mér ólíklegt að fljótlega gæti komið fram till. á hv. Alþ. um stofnun Byggðasjóðs eða aðrar sambærilegar ráðstafanir yrðu gerðar fyrir höfuðborgarsvæðið. Það er mjög langt frá því, að það sé í mínum huga að vinna á einhvern hátt gegn byggðastefnu eða þeirri þróun sem þarf til þess að

skapa atvinnumöguleika um landið allt og viðhalda þeim. En vonandi verður þessi till. mín samþ. með þeim breyt., sem hv. atvmn. leggur til, og send ríkisstj. sem fyrst, svo tryggt verði að niðurstaða þessarar könnunar verði þingheimi kunn á þeim tíma sem brtt. atvmn. gerir ráð fyrir og ég sem flm. get mjög vel sætt mig við. En það er, eins og segir í brtt. atvmn., að niðurstöður þessarar könnunar skuli birtar næsta reglulega Alþingi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég skal reyna að stytta mál mitt vegna þess að ég gerði þessu máli allítarleg skil við 1. umr. þess.

Það hefur stundum borið á góma hér í umr. á þingi, hvers vegna og hvort menn séu ánægðir með núv. stjórnarsamstarf eða ekki. Þegar það er metið, þá er ég þeirrar skoðunar að það séu fyrst og fremst þrjú mál eða þrír málaflokkar eða e. t. v. fjórir sem eru þýðingarmestir og unnið hefur verið að af núv. ríkisstj. Það er í fyrsta lagi landhelgismálið, sem eitt út af fyrir sig réttlætir tilveru hvaða ríkisstj. sem er. Það er í öðru lagi byggðamálin, stórkostleg efling Byggðasjóðs, sem hefur numið líklega um 3½ milljarði kr. á 3 árum. Mig minnir að framlag ríkissjóðs hafi verið 860 millj. kr. 1975, 1123 millj. kr. 1976 og 1630 millj. kr. 1977. Þetta er mikið fjármagn sem notað er í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Í þriðja lagi eru svo stórframkvæmdir á sviði orkumála, bæði raforkuframkvæmdir og ekki síður hitaveituframkvæmdir, sem hefur miðað stórlega fram í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Og fjórði málaflokkurinn, sem ég vildi nefna í þessu sambandi, er að það hefur tekist að halda uppi fullri atvinnu í landinu á sama tíma sem verðbólgan hefur lækkað talsvert verulega frá því sem hún var 1974 og á sama tíma sem gífurlegt atvinnuleysi ríkir í okkar nágranna- og viðskiptalöndum í Evrópu. Mér er sagt að atvinnuleysingjar í Vestur-Evrópu séu um 7 millj. Einhvers staðar hef ég heyrt þá tölu nefnda.

Ég minnist á þetta núna vegna þess að það mál, sem hér er til umr., er eitt af stórmálum þjóðarinnar að mínum dómi, þ. e. a. s. byggðamálin, og mér finnst þróun í þessum málum lýst best með því að vitna til þeirrar staðreyndar, að árunum 1950—1970 fjölgaði íslendingum um 66 þús. Þá varð fjölgun í Reykjavík eða á Reykjanessvæðinu 54.6 þús., en ekki nema 11.4 þús. annars staðar á landinu. Á undanförnum mörgum áratugum þá hefur þessi þróun búferlaflutninga frá landsbyggðinni til Reykjavíkursvæðisins verið hrikaleg og skilið eftir sig mörg sár og eyðir í byggðinni allt umhverfis landið. Það er þess vegna sem þurft hefur að taka stórt á í þessum málum, til þess að reyna að stöðva þessa þróun, og ég vil meina að það hafi tekist á tiltölulega stuttum tíma. Síðan Byggðasjóður og Framkvæmdastofnunin voru stofnsett 1972 hefur það gerst, og ég vil meina m. a. fyrir starfsemi Byggðasjóðs alveg sérstaklega, að þessi þróun hefur stöðvast. Í fyrsta sinn á árinu 1974 gerðist það, að fjölgun varð svipuð um allt land, hún varð svipuð á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu og annars staðar á landinu og þó heldur meiri annars staðar á landinu. Og þannig þyrftu málin að þróast að mínum dómi, að þessi fjölgun væri svipuð alls staðar á landinu. En til þess að svo megi verða má ekki slaka á í þessum efnum, og ég álít að það sé hættulegt að fara að gera nú þegar ráðstafanir sem hrinda af stað nýrri skriðu í búferlaflutningum frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Ég er þeirrar skoðunar að það sé engum til góðs, hvorki Reykjavík né landinu í heild.

Þegar meta á þessi mál, t. d. þann þátt þessa máls sem hér er til umr., meta áhrifin af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar á atvinnuþróunina, þá vil ég vísa til þess, að Framkvæmdastofnunin hefur alveg sérstaklega lagt áherslu á uppbyggingu í atvinnulífinu. Hún hefur unnið að gerð sérstakrar áætlunar, hraðfrystihúsaáætlunar, sem er mjög yfirgripsmikil áætlun. Það hefur verið fjárfest í hraðfrystiiðnaðinum í landinu á s. l. allmörgum árum líklega milli 14 og 15 milljarðar kr., ef miðað er við verðlag eins og það var í júnímánuði í fyrrasumar. Og það hefur verið byggður upp mjög öflugur skipastóll í landinu á undanförnum árum sem hefur fiskað hráefni til fiskvinnslunnar og ekki síst hraðfrystihúsanna í vaxandi mæli, vegna þess að það hefur orðið hrein bylting í vinnslu á þeirra vegum.

Ef litið er á þessi mál í ár, þá hygg ég að menn spái því, að útflutningsframleiðsla sjávarafurða á þessu ári kunni að nema 70—75 milljörðum kr. af líklega um 100 milljörðum alls í útflutningi. Og það er enginn efi á því, að uppbygging og efling fiskiskipaflotans og vinnslustöðvanna við sjávarsíðuna allt í kringum landið á verulegan þátt í því, að það er hægt að framleiða á þessu ári sjávarafurðir til útflutnings fyrir milli 70 og 75 milljarða kr.

Ég vek athygli á þessu sérstaklega með tilliti til þess þáttar þessa máls, þar sem menn vilja athuga hvaða áhrif starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og Byggðasjóðs hefur haft á þróun atvinnumála og hvað það hefur mikla þýðingu fyrir landið í heild að byggja einmitt þessa atvinnuvegi upp. Það vantar enn mikið á að þeir séu fullkomlega uppbyggðir, t. d. fiskvinnsluþátturinn, það vantar mikið á það. Ég álít að það fari stórkostleg verðmæti forgörðum vegna þess að ekki er varan fullunnin úr hráefninu eins og hægt væri að gera. Þetta á ekki eingöngu við þorsk og slíka fiska, heldur á þetta einnig við um t. d. loðnuafurðirnar. Er talið að ef Íslendingar nýttu loðnuafurðirnar, sem komu á land á síðustu loðnuvertíð sem nú er nýlokið, nýttu þessi verðmæti eins vel og norðmenn gera, þá hefði verðmætisaukningin orðið 1600 millj. kr. Sem sagt það fara í sjóinn hjá okkur verulega verðmæti vegna þess að við nýtum ekki hráefnin eins og hægt væri að gera og eins og nágrannar okkar gera. Og það stafar af ýmsum ástæðum. Það stafar t. d. af því, að við erum með hringinn í kringum landið mikið af opnum þróm, svo dæmi sé tekið. Það rignir ofan í þetta og hráefnin verða fyrir skemmdum vegna þess að þau eru ekki í lokuðum þróm, þó það séu víða tankar að vísu. Það eru margvísleg tæki

sem þarf að endurbæta og byggja að nýju í loðnuverksmiðjunum til þess að þær geti skilað þeirri nýtingu sem norðmenn gera, sem ég skal ekki leggja neinn dóm á hvort er fullkomið, er það sennilega ekki. En það er enginn vafi á því, að það er full þörf á að fara að huga að þessum málum. Nýlega hefur verið samþ. í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ályktun um að gera áætlun um vinnslu loðnuaflans sérstaklega, og það eru mörg atriði sem þar koma til greina.

Ég minnist á þetta alveg sérstaklega með tilliti til þess, að þeir aðilar, sem koma til með að skoða þessi mál, reyni að kryfja til mergjar hvaða áhrif starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og Byggðasjóðs hefur haft á atvinnuþróunina í landinu.

Varðandi áhrifin á byggðaþróunina, þá virðast þau áhrif þegar hafa komið fram, þó að mér detti ekki í hug að halda því fram, að það sé einvörðungu þess vegna, en auðvitað eru margir aðrir aðilar sem þarna koma við sögu. Ég vakti athygli á því við 1. umr., að það eru fleiri sjóðir en Byggðasjóður sem lána út fjármagn, og ég gerði þá grein fyrir því, hvernig fjármagn hefði verið lánað úr hinum ýmsu sjóðum fjárfestingarlánasjóðakerfisins til Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins annars vegar og hins vegar til landsbyggðarinnar.

Ég vakti t. d. athygli á því, að Byggingarsjóður ríkisins hefur á árunum 1971—1974 lánað til bygginga í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu 70—80% af því fjármagni sem hann hefur haft til ráðstöfunar, en eingöngu 20—30% til alls landsins þar fyrir utan. Iðnlánasjóður hefur lánað á árunum 1971—1975 um 75% af sínu ráðstöfunarfé til Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins, en 25% til landsbyggðarinnar að öðru leyti. Og það mætti ræða um fleiri sjóði, eins og Iðnþróunarsjóð, í þessu sambandi. Auðvitað verður því erfitt að meta hvaða þróun það er sem er að kenna eða þakka starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar, vegna þess að það eru svo margir aðrir þættir sem þarna koma til sögunnar.

Framkvæmdastofnunin er í meiri tengslum við Alþ. heldur en nokkur önnur ríkisstofnun. Alþ. kýs henni stjórn, og það vill svo til að það eru eintómir alþm. í þeirri stjórn og hefur svo verið frá upphafi. Tveir alþm. eru forstjórar í þessari stofnun. Af þessum ástæðum, þó að það geti breyst að sjálfsögðu hvenær sem er, er þessi stofnun í miklum og nánum tengslum við Alþingi. Áætlanir, sem gerðar eru, eiga að sendast ríkisstj. og hún á að gera Alþ. grein fyrir þeim. Það er á hverju ári sem forsrh. flytur sérstaka skýrslu hér á Alþ. um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar, og þá er kjörið tækifæri til þess að ræða um áhrif af þessari starfsemi, hvort sem þau eru góð eða ill. Það verða menn að meta eftir atvikum. Og síðan er það, að með ítarlegri ársskýrslu, sem hefur verið gefin út ár hvert um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar, fylgir lánaskrá, fylgir skrá um öll lán sem samþ. eru af stjórn stofnunarinnar, hvert eitt og einasta lán, og það geta menn skoðað og athugað í rólegheitum. Er það eina lánastofnunin í landinu sem gerir þetta. Þannig er Framkvæmdastofnunin í mjög nánum tengslum við Alþ., og þess vegna ætti að verða hægar fyrir ríkisstj. og Alþ. að meta það, hvaða áhrif starfsemi þessarar stofnunar hefur haft á byggðaþróun, hefur haft á atvinnuþróun og ýmsa aðra þætti í þjóðlífinu.

Ég veit ekki hvort ég á að tjá mig sérstaklega um þá hugmynd, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að stofna sérstakan byggðasjóð fyrir Reykjavík. Ég veit það ekki. Ég efast um að það sé tímabært, svo ég segi ekki meira, því að enn þá hefur ekki hallað á Reykjavík sem hægt er að tala um. Mér finnst það engin tíðindi sem er nein ástæða til að undrast yfir, þó að það komi fyrir að tekjur manna úti um landsbyggðina, þar sem gífurlega stór hluti af atvinnustarfseminni í landinu og gjaldeyrisskapandi starfsemi í landinu fer fram, séu örlítið hærri en í Reykjavík. Mér finnst það engin sérstök tíðindi, og mér finnst að reykvíkingar hafi engin forréttindi á því, að hafa hærri tekjur en aðrir landsmenn. (Gripið fram í.) Nei, en þeir hafa engin forréttindi á því að hafa hærri tekjur en aðrir landsmenn, og menn þurfa ekkert að vera undrandi yfir því og það er ekkert öfugt í þjóðfélaginu þó að það komi fyrir að reykvíkingar hafi lægri tekjur en sumir landsmenn og sumir landshlutar. Þó að það gerist eitt ár, þá held ég að það sé skynsamlegt að bíða og sjá til, hvernig þróuninni fleygir fram í þessum efnum, og æðrast ekki þó að þetta komi fyrir einu sinni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég geri mér það meira til gamans en af þörf að svara hv. síðasta ræðumanni.

Ég sé ekki að þessi till. mín gefi nokkra ástæðu til almennra umr. um ágæti Framkvæmdastofnunar þeirrar sem hann stjórnar sjálfur né heldur ágæti ríkisstj. í heild. Við skulum láta þá könnun, sem till. ber með sér að fram á að fara, verði hún samþ., leiði í ljós hvað er gott og hvað er ekki gott í störfum bæði Framkvæmdastofnunar og kannske annarra sem tengjast henni. Það var ástæðulaust að telja upp landhelgismálið, byggðamál, stórframkvæmdir í orkumálum, raforkumálin og hitaveitur, að full atvinna er í landinu, sem er kannske haldið uppi með stórum erlendum lánum sem við sumir hverjir hér í hv. Alþ. efumst um að sé rétt pólitík. Allt þetta hefur ekkert inn í umr. um þetta mál að gera á þessu stigi.

En það er alveg rétt, sem hv. síðasti ræðumaður segir, það hefur tekist að stöðva þá fólksflutninga eða þá þróun í landinu að fólk flytjist í eins ríkum mæli og það áður gerði inn á Reykjavíkursvæðið, og það er ágætt. Það kemur ekkert fram í minni till. sem stefnir að því að opna allar flóðgáttir, þannig að fólkið hafi ekki annað að fara en til Reykjavíkur, nema síður sé. Ég er alveg á því, að það á að halda byggðastefnunni áfram og það á að gera mönnum kleift að vinna í heimabyggðum að framleiðslu þjóðarverðmæta. Þetta erum við allir sammála um. En við höfum bent á það, og ég vitnaði í ágæta grein eða í samtal við borgarstjórann í Reykjavík sem birtist í Morgunblað-

inu um síðustu helgi, svo ég endurtaki það, hvað er að ske hér á Reykjavíkursvæðinu. Reykjavík er eina höfnin sem fær engan stuðning frá hinu opinbera, og hún er að drabbast niður, hún er í niðurníðslu. Ég skora á hv. síðasta ræðumann að fá sér göngutúr, af því að hann er búsettur nálægt Reykjavík, einhvern sunnudagsmorgun þegar veðrið er gott og skoða í hvernig ástandi opinber mannvirki eru hér, vegna þess að öllum gjaldskrám hefur verið haldið niðri og ekkert hefur komið á móti frá opinberum aðilum. Reykjavík hefur ekki aðgang að neinum byggðasjóði og getur ekki brevtt töxtum til að bera uppi rekstur og viðhald á viðkomandi mannvirkjum. Þannig er ástatt um mörg fyrirtæki, atvinnufyrirtæki og opinber fyrirtæki Reykjavíkurborgar. Útgerðin er líka á fallanda fæti. Það kom fram í greininni sem ég vitnaði í áðan, samtali við borgarstjórann í Reykjavík. Það er annað að byggja upp úti á landi og hitt að láta allt drabbast niður í Reykjavík og nágrenni. Og ég held að velgengni landsbyggðarinnar megi alls ekki byggjast á því, að Reykjavík fái ekki einhverja aðstoð.

Ég ætla ekki að fara að metast um það, hvort meðaltekjur eru hærri hér í Reykjavík eða úti á landi. Ég vona að þær séu hærri úti á landi, ég vona að það sé rétt, því fólk hefur það almennt ágætt hæði hér í Reykjavík og annars staðar og það á að vera þannig. Það er ekkert í minni till. sem á að stuðla að því að tekjur þeirra, sem búa utan Reykjavíkur, lækki niður fyrir það sem fólk í Reykjavík hefur. Það er engin ástæða fyrir hv. þm. að tala svona, því ég gef ekkert tilefni til þess. Ég vona bara að það haldi áfram að vera svo, að þegar fólki vegnar vel í Reykjavík, þá vegni fólki kannske enn þá betur tekjulega séð úti á landi. Enginn í Reykjavík amast við því. En ég vil undirstrika það, að ég skal standa að því með hv. síðasta ræðumanni, að það verði haldið áfram að fjárfesta í arðbærum fyrirtækjum úti á landsbyggðinni sem eru atvinnuskapandi og auka þjóðarverðmæti.

Byggðastefnan er ágæt og á rétt á sér. En ég vil bara að hún nái yfir allt landið. Ég vil að það sé viðurkennt og sérstaklega hér á hv. Alþ., að Reykjavík tilheyrir landinu öllu. Þetta er ekki fríríki sem á að vera utan við þjóðarbúskapinn. Það er líka rétt, að það getur verið að það sé um of fjárfest í byggingum með lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, ef hann lánar hingað inn á Reykjavíkurmarkaðinn 70—80% af heildarútlánum. Það getur vel verið að Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður starfi eitthvað öðruvísi en þeir eiga að gera. Það er ágætt að þessi könnun nái yfir þá. Ég held að það verði að fara svolítið eftir þörfum vinnumarkaðarins á hverjum stað, hvernig og hve mikið fjárfest er hverju sinni. Þarfir vinnumarkaðarins í Reykjavík kalla á meiri skilning hins opinbera, úr því að á annað borð er tekinn hluti af fjárlögum og dreift til að jafna byggðaaðstöðu í landinu.

Ég endurtek: velmegun annars staðar má ekki verða á kostnað Reykjavíkur og nágrennis. En ég verð að segja það, að ég er farinn að halda að þessi till. mín sé miklu betri en ég hélt, vegna þess, sem mér er óskiljanlegt, að þeir hv. þm., sem eru starfsmenn, sem eru kommissarar okkar, eins og kallað er í daglegu máli, finna hvöt hjá sér til að standa upp og fara í varnarstöðu þegar minnst er á Framkvæmdastofnunina eða Byggðasjóð. Það er mér alveg óskiljanlegt og mikið umhugsunarefni. Ég endurtek það, að ég vona að þessi till. verði samþ. og niðurstaða af þessari könnun fáist sem allra fyrst. Ég ætlaði ekki að skipta mér af skipan þeirrar nefndar, sem til verður kölluð að framkvæma könnunina, en finn mig knúinn til þess, vegna þeirrar varnarstöðu sem framkvæmdastjórar stofnunarinnar taka hér á Alþ., að undirstrika það að þeir verði ekki látnir rannsaka þetta, að stofnunin sjálf verði ekki látin rannsaka eða kanna það sem till. fer fram á, heldur verði hlutlaus n. kosin til þess og hún skili árangri hingað sem allra fyrst.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta, en það hvarflar nú að manni sú hugsun, að það felist ákveðinn tilgangur í því að setja rannsókn á ákveðna stofnun, og ég tek því ekki vel sem hv. síðasti ræðumaður talar um í þessu efni. Auðvitað er hér um að ræða það, að verið er að setja öðrum þræði rannsókn á stofnunina. Það er ljóst. Og það er kannske þess vegna sem ég hef talað dálítið í þessu máli. En í því efni vil ég vekja athygli á því, að það gæti verið ástæða til þess að setja rannsókn á ýmislegt fleira í þessu þjóðfélagi. Það gæti verið ástæða til að rannsaka ýmislegt fleira. Það gæti verið ástæða til þess að rannsaka í heild hvernig fjármagni þjóðarinnar er yfir höfuð varið, hve miklu er varið til arðbærra framkvæmda og hve miklu er varið í arðbæran atvinnurekstur. Menn skilja nú fyrr en skellur í tönnum, og það þýðir ekkert að tala við menn eins og hv. þm. var að ræða hér um áðan. Hann ætlar sér auðvitað að reyna að koma lagi á Framkvæmdastofnunina. Það er það sem hann ætlar sér. Og hann gerir það til þess að þjóna ákveðnum öflum, svo ég tali alveg hreinskilnislega um þessi mál. Það er mín skoðun. Eigi að síður kvarta ég ekkert yfir því, þó að það séu rannsökuð eða athuguð ákveðin áhrif, ég hef ekkert á móti því. En það sló mig a. m. k. strax þegar þessi till. kom fram, að hún væri flutt öðrum þræði í þeim tilgangi.

Varðandi Framkvæmdastofnunina er það að segja, að að svo miklu leyti sem hún fjallar um ráðstöfun á fjármagni, þá hefur hún með höndum stjórn á tveimur stórum sjóðum. Annar er Framkvæmdasjóður Íslands, og á þessu ári verða lánaðir úr Framkvæmdasjóði um 6 milljarðar. Hins vegar er Byggðasjóður, en úr honum verða lánaðar um 1700 millj. kr. Framkvæmdasjóðurinn, sem er miklu stærri, starfar ekkert síður í þágu Reykjavíkur og reykvískrar atvinnuuppbyggingar heldur en annarrar uppbyggingar í landinu. Hann gerir engan mun á Reykjavík og öðrum landshlutum í því efni — alls engan. Það er Byggðasjóðurinn sem gerir það. Þó er nú kannske ástæða til þess að vekja athygli á því, af því að það kemur fram í skýrslunni, að það eru lánaðar 93 millj. úr Byggðasjóði til Reykjavíkur og það er meira en í sum önnur

kjördæmi landsins. (Gripið fram í.) Reykjavík er ekki alveg afskipt, eða var það ekki á síðasta ári. Ég man nú ekki hvernig þessi skipting var, en ég hygg að það hafi verið lánað meira til Reykjavíkur úr Byggðasjóði á síðasta ári heldur en t. d. í Vesturlandskjördæmi, minnir mig vera.

Varðandi það atriði sem hv. þm. minntist á, þar sem er höfnin í Reykjavík og hafnarmannvirki og hafnaraðstaða, geri ég ráð fyrir að það sé alveg rétt hjá honum, hann er kunnugur þeim málum, að það sé þörf á því að bæta þá aðstöðu. En ég kemst ekki hjá að vekja athygli á því, að vöruflutningar til landsins fara að langsamlega mestu leyti í gegnum Reykjavíkurhöfn, Reykjavíkurhöfn hefur þess vegna miklu meiri tekjur en nokkur önnur höfn á landinu og þar af leiðandi betri aðstöðu til þess að sinna sínum verkefnum, þó að ég efist ekki um það sem hv. þm. sagði áðan, að það sé þörf á því að bæta þar um. Mér er það raunar kunnugt, t. d. í sambandi við strandferðaskipin og margt og margt fleira. En ég skal ekki lengja umr. frekar, en vildi láta koma fram þá skoðun mína, að í leiðinni sé þessi till. hugsuð þannig að það sé ástæða til þess að skoða hjá þeim í Framkvæmdastofnuninni.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Lánareglur Lífeyrissjóðs sjómanna, þáltill. (þskj. 432), — Ein umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 432 flyt ég till. til þál. um endurskoðun lánareglna Lífeyrissjóðs sjómanna. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta.

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að reglum um Lífeyrissjóð sjómanna um úthlutun íbúðarlána verði breytt á þann veg varðandi lánsupphæðir, veðtryggingar o. fl. að þær verði ekki óhagstæðari en um er að ræða hjá lífeyrissjóðum í sambandi almennra lífeyrissjóða."

Að dómi sjómanna, sem ætla að njóta lánveitinga úr Lífeyrissjóði sjómanna til byggingar íbúða eða kaupa á íbúð, eru lánareglur sjóðsins að ýmsu leyti óhagkvæmari en þær reglur sem gilda um hliðstæðar lánveitingar í lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga sem eru aðilar að sambandi almennra lífeyrissjóða. Þeir lífeyrissjóðir miða t. d. veðtryggingu við að trygging nemi 50% af matsverði eignar, brunabótamati eða sérstöku mati sem viðkomandi lífeyrissjóður lætur fara fram, en í Lífeyrissjóðum sjómanna er gerð krafa um 1. veðrétt í íbúð nema um ríkisábyrgð sé að ræða. Þó má húsnæðismálasjóðslán vera á 1. veðrétti, en ekki lán frá öðrum aðilum. Og sé um húsnæðismálasjóðslán að ræða, þá á 1. veðrétti, þá verður næsti veðréttur að koma til vegna láns úr Lífeyrissjóði sjómanna. Þessi regla þrengir aðstöðu sjómanna umfram það sem gerist í öðrum lífeyrissjóðum. Þá má nefna að hámarkslán í Lífeyrissjóði sjómanna eru lægri en í öðrum lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga, eins og nánar er greint frá í grg. með þáltill. Þá þykja sjómönnum óþarflega þröngar reglurnar um hverjir komi til greina um úthlutun íbúðarlána hjá Lífeyrissjóði sjómanna.

Ég held að óþarft sé að hafa öllu fleiri orð um þessa þáltill. Hún skýrir sig sjálf. Í henni og nánar í grg. felst hvaða atriði þyrfti að taka til endurskoðunar í lánareglum Lífeyrissjóðs sjómanna til að tryggja að reglur lífeyrissjóðsins verði ekki óhagstæðari en um er að ræða hjá hliðstæðum lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga.

Kjararáðstefna Sjómannasambands Íslands, sem haldin var 3. apríl s. l., samþ. einróma að skora á Alþ. að samþ. þessa þáltill.

Vegna þess, hversu liðið er á þingið, tel ég fyrir mitt leyti að óþarft ætti að vera að vísa till. til n. Sá aðili, sem málið varðar mest, fulltrúar stærsta hluta sjómannastéttarinnar, hefur þegar lýst yfir stuðningi við till. og skorar á Alþ. að samþ. hana. Þar er um að ræða þann aðila sem till. yrði helst vísað til umsagnar. Ég geri því ekki till. um að þáltill. verði vísað til n. Ég held að heppilegt væri að hún yrði samþ. nú og legg til, herra forseti, að það verði gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 483, n. 512, 513). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið frv. þetta til meðferðar og mælir með samþykkt þess með breytingu, sem lögð er til á þskj. 513.

Samkv. lögum um Bjargráðasjóð er hlutverk búnaðardeildar hans m. a. að veita fjárhagsaðstoð til fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kulda, kals eða óþurrka. Vegna óþurrkanna á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum s. l. sumar var geysimikil fóðurvöntun hjá bændum í þessum landshlutum. Að áliti n., sem skipuð var til að kanna þessi mál, urðu afföll á fóðri vegna lítilla og lélegra heyja s. l. sumar að verðmæti um 850 millj. kr. Þessi n. lagði til að Bjargráðasjóður veitti tilgreindum 70 sveitarfélögum á þessu svæði lán samtals að fjárhæð um 370 millj. kr. til 5 ára til að endurlána bændum til fóðurkaupa.

Stjórn Bjargráðasjóðs hefur fallist á till. n., að því tilskildu að sjóðnum verði aflað fjár til viðbótar eigin ráðstöfunarfé hans, svo að unnt verði að veita þessa aðstoð. Það eru líkur til að sú lánafyrirgreiðsla fáist. Lánin eða a. m. k. hluta þeirra verður sjóðurinn að endurgreiða á næstu tveim árum og vextir verða hliðstæðir vöxtum á almennum peningamarkaði. Þessi endurgreiðslukjör munu valda sjóðnum verulega aukinni greiðslubyrði á næstu árum og þar með rýra möguleika hans til þess að gegna hlutverki sínu, og telur stjórn sjóðsins því óumflýjanlegt að væntanleg útlán þessa fjár verði með vöxtum allt að 10%. En samkv. gildandi lögum sjóðsins er ákveðið að fjárhagsaðstoð sjóðsins sé fólgin í veitingu styrkja og/eða vaxtalausra lána og því

er sjóðnum ekki heimilt að veita lán gegn vöxtum.

Með tilliti til þessa var frv. þetta fram borið til þess að bæta úr þessu. Ætlunin var samt að hin almennu ákvæði um fjárveitingar úr sjóðnum héldust óbreytt, þ. e. a. s. það væri um að ræða styrki eða vaxtalaus lán, en heimilt væri að taka vexti af lánum sem sérstaklega er útvegað fjármagn til og verður úthlutað til að bæta úr afleiðingum óþurrkanna á s. l. sumri.

Félmn. þótti orðalag 1. efnismgr. 1. gr. frv. óljóst og mætti lesa út úr orðalaginu að það ætti að taka vexti af öllum lánum Bjargráðasjóðs og breyta þar með þeirri grundvallarreglu sem áður hefur ríkt. En þetta var ekki ætlunin, heldur aðeins að breyta lögunum þannig, að heimilt væri undir vissum kringumstæðum að taka vexti af lánum. Með tilliti til þessa og til að kveða skýrar á um þetta efni flytur félmn. brtt. á þskj. 513. Þar er gert ráð fyrir að hin almenna regla, sem nú gildir, gildi áfram, þ. e. a. s. að aðstoð sjóðsins sé í formi styrkja eða vaxtalausra lána, en, eins og segir í brtt.: „Heimilt er þó að taka allt að 10% ársvexti ef sjóðsstjórn telur óhjákvæmilegt."

Félmn. mælir, eins og ég sagði áður, með samþykkt frv. með þessari breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 513 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 157, n. 534, 522). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Það hefur verið hafður svipaður háttur á og að undanförnu, að formenn allshn. Ed. og Nd. hafa farið yfir frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar og fskj. þau, sem fylgdu frv., þ. e. a. s. umsóknir um ríkisborgararétt ásamt þeim skilríkjum sem slíkum umsóknum þurfa að fylgja, svo og nýjar umsóknir sem borist hafa eftir að frv. var lagt fram hér á hv. Alþ. Þetta er gert til þess að flýta fyrir afgreiðslu í n. Eftir þessa sameiginlegu yfirferð formanna beggja n. hefur allshn. Ed. kynnt sér umsóknir og farið yfir brtt. og orðið sammála um að mæla með því að frv. ásamt brtt. á þskj. 522 verði samþykkt.

Ég tel rétt að rifja aðeins upp hverjar þær reglur eru sem allshn. beggja d. settu í nál. 17. maí 1955 og síðan hefur verið fylgt í meginatriðum, en þó hafa þessar reglur verið gerðar nokkru fyllri en þær voru í upphafi. Reglurnar voru þessar, með leyfi hæstv. forseta:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist.

2. Útlendingar aðrir en Norðurlandabúar skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.

3. Karl eða kona, sem giftast íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.

4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.

5. Íslendingar sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.

6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við *giftingu*, en *hjónabandinu* er slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Við teljum, herra forseti, að þær umsóknir, sem mælt er með í frv. og brtt. við frv., uppfylli þessar kröfur. Rétt er að geta þess, að nokkrar umsóknir voru lagðar til hliðar vegna þess að eitt eða annað vantaði á að þessum skilyrðum sem ég hef áður lýst, væri fullnægt. Vil ég hér með leggja til samkv. framansögðu og samkv. nál. allshn., að ríkisborgararéttur þeirra 18 manna, sem voru í upphaflegu frv., og ríkisborgararéttur 26 manna til viðbótar verði samþykktur.

ATKVGR.

Brtt. 522 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 458). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Mér er kannske nokkur vandi á höndum að stytta mál mitt þegar ég mæli fyrir þessu frv. um Kennaraháskóla Íslands. Frv. er bæði nokkuð mikið að vöxtum og næsta þýðingarmikið. Þýðing frv. fyrir skólahaldið í landinu verður strax ljós þegar lesin er 1. gr. þess, þar sem hlutverk Kennaraháskóla Íslands er markað í megindráttum. En ég mun í þessum framsöguorðum láta hjá líða að rekja einstök efnisatriði þessa frv. eftir greinum þess, vil láta nægja að mestu að skýra frá tildrögum að frv.-smíðinni og undirbúningi málsins til þessa og svo greina frá þeim helstu breytingum frá gildandi löggjöf sem þetta frv. hefur inni að halda.

Í lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 16. apríl 1971, í 25. gr., segir svo m. a.: „Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra." Hinn 29. nóv. 1972 skipaði þáv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, n. til að annast þessa endurskoðun. Í n. voru skipaðir Broddi Jóhannesson rektor Kennaraháskólans þá, formaður, Árni Gunnarsson deildarstjóri, Jónatan Þórmundsson prófessor og Jónas Pálsson skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans. Þegar Baldur Jónsson hafði verið kjörinn rektor Kennaraháskólans í jan. 1975 óskaði n. eftir því að hann tæki sæti í henni, og var hann skipaður

í n. 4. mars það ár. Síðla það ár var svo Kristínu Magnúsdóttur falið að starfa með n. sem fulltrúi kennaranema, en Lars Andersen var tilnefndur til vara.

N. hóf störf sín með því að afla gagna um þróun í menntunarmálum kennaraefna frá því að löggjöfin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 var undirbúin. Auk þess sótti formaður n. ráðstefnu Evrópuráðs um rannsóknir og endurbætur á menntun kennara í Englandi í apríl 1973. Þá sótti formaður n. einnig ráðstefnu um kennaramenntun sem haldin var í Osló 1975 á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn. N. hélt mjög marga fundi og ræddi auk þess við ýmsa sérfróða aðila um einstaka þætti viðfangsefnisins. Var í fyrstu lögð megináhersla á að ræða hlutverk og markmið með menntun og starfi kennara, en skilningur um margt á þeim efnum er eðlileg forsenda allra ákvarðana um kennaranám, gerð þess og inntak, eins og segir í nál.

Þetta var um undirbúningsvinnuna, en þá vík ég að nýmælunum.

Í þessu frv. eru sem sagt ýmis nýmæli og ég skal drepa á mikilvægustu breytingarnar sem lagt er til að gerðar verði á hlutverki Kennaraháskólans og fyrri skipan kennaranámsins.

Kennaraháskólinn skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu. Í nál. er gerð ítarleg grein fyrir þörfinni á auknum rannsóknum á sviði íslenskra uppeldismála. Þar er rakin allítarlega þróun slíkra rannsókna og greint frá lagaákvæðum þar að lútandi. Verður sú grg. ekki endurtekin hér, en um veigamiklar breytingar er að ræða á þessu sviði, nokkuð veigamiklar a. m. k.

Kennaraskólinn skal annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Þetta hefur ekki verið svo, heldur hefur þessi þáttur kennaramenntunar verið framkvæmdur í fleiri skólum. Talið er að fjármagn og kennaralið nýtis betur með þessum hætti og að undirbúningur kennaraefna verði heildstæðari með þessu móti, að þessi þáttur undirbúnings þeirra fari fram á einum stað, þó sérgreinar verði kenndar á öðrum stöðum líkt og nú á sér stað.

Heimilt er að fela skólanum að annast fullmenntun kennara í þeim greinum grunnskóla sem kenndar eru í sérskólum við setningu laganna. Það fyrirkomulag, sem nú tíðkast, hefur þróast í gegnum árin, sérskólarnir oft upp vaxnir fyrir brýna þörf. Ekki er með þessum lögum fyrirhugað að kollsteypa þessu fyrirkomulagi, en rétt þykir að hafa í væntanlegri löggjöf heimildarákvæði af þessu tagi.

Stofna skal til kennslu í uppeldisfræðum til BA-prófs við Kennaraháskóla Íslands. Auk þess er heimilt samkv. ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntmrh. að efna til framhaldsnáms í Kennaraháskólanum til æðri prófgráðu en BA-prófs. Um þetta atriði segir m. a. í nál.:

„N. telur eðlilegt að framangreind starfsemi í Háskóla Íslands verði færð í Kennaraháskólann. Er það í samræmi við þá meginstefnu sem mörkuð er í 1. gr. frv. um hlutverk Kennaraháskólans. Ef sú uppeldis- og kennslufræðimenntun framhaldsskólakennara, sem rækt hefur verið í Háskóla Íslands, flyst á vegum Kennaraháskólans, eins og frv. gerir ráð fyrir, sýnist og eðlilegt að kennslan í uppeldisfræði til BA-prófs flytjist með, sökum þeirra tengsla sem að framan getur. En einnig frá sjónarmiði Kennaraháskólans sem almennrar kennaramenntunarstofnunar eru gild rök fyrir því, að koma beri á fót kennslu til háskólaprófs í uppeldisfræðum við skólann."

N., sem samdi þetta frv., lagði til að menntmrh. yrði heimilað að lengja kennaranámið um allt að einu ári að fengnum till. skólaráðs Menntmrn. taldi hins vegar ekki tímabært að lögfesta þá heimild nú, svo að rn. felldi þetta atriði niður úr frv.

Gert er ráð fyrir, að tekið verði upp námseiningakerfi, og kveðið er á um meginþætti kennaranáms á þeim grundvelli. Jafnframt er valgreinakerfið gert nokkru sveigjanlegra en það er nú og tekur nú einnig til sérstakra verksviða í grunnskóla, t. d. byrjendakennslu. Um þetta segir n. svo:

„Nokkur vandi hefur stafað af því og óánægja meðal kennaraefna, að skýr fyrirmæli hefur brostið um skilgreiningar á námseiningum í Kennaraháskólanum, enda þótt löggjöfin gerði ráð fyrir því að háskólarnir báðir viðurkenndu námseiningar hvor annars. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er úr því bætt. Einnig eru meginþættir náms skilgreindir síðar en fyrr og valgreinakerfið gert sveigjanlegra, sbr. aths. um þessi atriði við 15. gr."

Þetta segir í aths. n.

Æfingaskólinn skal sinna þróunarverkefnum á uppeldissviði í samvinnu við menntmrn., einkum skólarannsóknadeild. Hér er um grundvallaratriði að ræða og því eru gerð nokkuð ítarleg skil í aths. með frv., og vil ég leyfa mér að vísa til þess sem þar segir um þetta efni alveg sérstaklega, því að hér er um svo þýðingarmikið atriði að ræða.

Á bls. 27 í aths. er fjallað um áætlaðar kostnaðarbreytingar vegna nýmæla í þessu frv. Auk þess sem þar greinir um líklegar kostnaðarbreytingar hefur fjárlaga- og hagsýslustofnunin fjallað um þessa hlið málsins og verður menntmrn. að sjálfsögðu send skýrsla hagsýslunnar um þetta. En þar er gert ráð fyrir að 22—26 millj. kr. kostnaðarauki fylgi samþykkt frv. og fullri framkvæmd laganna. En sá kostnaður fellur ekki á sama dag né heldur sjálfkrafa, því að um ýmsa þætti þarf sérstaka ákvörðun við gerð fjárl. svo að þeir geti komið til framkvæmda.

Ég vil sérstaklega benda hv. þdm. á, að í áliti mbn. eru raktir ljóslega, að mér sýnist, í stuttu máli þó, helstu drættirnir í sögu kennaramenntunar á Íslandi og í ljósi þeirrar reynslu, sem fengin er, leitast við að benda á kosti og galla þess skipulags sem ríkt hefur, og svo á áhrif þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á því á undanförnum árum og einkum á síðustu árum.

Þá er í niðurlagi álitsins frá mbn. reynt að meta það, hvaða sess íslensk kennaramenntun hefur skipað í skólakerfi íslendinga fyrr og nú.

Loks er þar gerð grein fyrir áætluðum námsmannafjölda í Kennaraháskólanum á næstu árum. N. kemst að þeirri niðurstöðu, að reynslan af löggjöfinni um Kennaraháskólann bendi til

þess að næstu árin fari aðsókn að skólanum enn vaxandi og að einsætt sé, segir n., að fjöldi brautskráðra kennara frá skólanum muni fullnægja almennri kennaraþörf á grunnskólastigi þegar stundir líða fram.

Ég lengi þetta mál ekki miklu meira. Mér er það vel ljóst, að þetta frv. nær ekki afgreiðslu á því þingi sem nú hefur senn lokið störfum. Framlagning þess hefur þó að mínu áliti sína þýðingu. Nú verður frv. kynnt ýmsum aðilum sem líklegt er að láti sig þetta mál varða, og þegar Alþ. kemur saman í haust munu liggja fyrir umsagnir þeirra. En ég tel það mikilsvert að þegar í haust verði af hálfu Alþ. tekið til óspilltra mála að vinna við þetta frv. og afgreiða það. Ég tel að ýmis nýmæli þess séu þannig vaxin að það sé nauðsynlegt að koma þeim til framkvæmda fyrr en síðar.

Ég vil við þetta tækifæri minna hv. þdm. á það, fyrst verið er að ræða hér málefni Kennaraháskóla Íslands, að sá skóli býr nú og hefur búið frá upphafi við ákaflega þröngan kost að því er húsnæði varðar. Framkvæmdafjárveiting er á fjárl. yfirstandandi árs til byggingarframkvæmda þarna, og ég tel að það sé ekki síður nauðsynlegt heldur en að ljúka þessari endurskoðun laganna og leiða það mál í höfn að fylgja nokkuð fast eftir byggingarframkvæmdum þarna við Kennaraháskólann, svo að ekki hljótist meiri skaði en orðinn er af þrengslum þeim og ófullkominni aðstöðu sem Kennaraháskóli Íslands hefur búið við frá upphafi.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð af minni hálfu. Ég fagna því, að þetta frv. hefur nú verið lagt fram, og þeim breytingum, sem í því er að finna. Ég minnist þess, að þegar frv., sem varð að lögum um kennaraháskóla, var lagt fram hér á hv. Alþ., þá stóð um það töluverður styrr. Þá átti ég sæti í menntmn. þessarar hv. d. og ég leyfði mér þá til þess að reyna að koma málinu áfram að gera þá till. að lögin yrðu endurskoðuð eftir tvö ár, þar þá till. fram ásamt þáv. þm. Páli Þorsteinssyni. Ég hygg, án þess að ég ætli neitt að fara að hrósa einum eða neinum í þessu sambandi, að e. t. v. hafi þessi brtt. orðið til þess að lögin náðu fram að ganga. Þetta geta þeir nú rifjað upp sem áttu sæti á þingi á þeim tíma, en ég hygg að ég fari ekki með rangt mál í þessu efni. Að vísu skal ég viðurkenna það, að mér finnst þessi tvö ár hafa verið nokkuð lengi að líða. Engu að síður er það ánægjuefni fyrir mig, að farið hefur verið að þeim ráðleggingum og lagafyrirmælum sem sett voru í lögum um Kennaraháskólann, og ég óska þess að þetta mál nái fram að ganga á næsta þingi, e. t. v. með þeim breytingum sem að bestu manna yfirsýn þarf að gera á því.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það gefast næg tækifæri síðar til að fjalla um þetta mál á næsta þingi, og auðvitað er það svo, að þegar frv. eins og þetta kemur fram þarf það vandlega skoðun og menn þurfa að gæta að ýmsum hlutum þar. Ég hef allan fyrirvara á um stuðning við einstakar greinar í þessu frv.

Ég hafði reyndar við stofnun þessa skóla eða þegar lög voru samþ. um Kennaraháskólann þá skoðun, að þar væri um of stórt stökk að ræða, of mikla breytingu, og ég held að sumt af því sem við spáðum, sem þá vorum gegn þessu frv., hafi ræst. M. a. olli þessi snögga breyting því, að lítil aðsókn varð í skólann á tímabili. Nú virðist vera að rætast úr því aftur sem betur fer. Þetta hefur aftur valdið vissum vandræðum með að fá hæfa kennara til starfa eða réttara sagt fulllærða kennara til starfa í skólunum. Og það er vissulega mikið vandamál, ekki síst þegar verið er að gera þá breytingu sem nú er verið að gera samkv. grunnskólalögunum og nauðsynlegt er að heppnist sem allra best. Ég var þá á þeirri skoðun, að lenging kennaranámsins væri út af fyrir sig sjálfsögð. Ég áleit þá að ætti að gera það í áföngum, lengja kennaranámið um eitt ár og færa þá það viðbótarnám t. d. inn í háskólann.

Nú er verið að færa kennaranám sem allra mest á einn stað, í Kennaraháskólann, bæði fyrir kennara á grunnskólastigi og eins á framhaldsskólastiginu. Við það geri ég ekki aths. að svo stöddu, en vil þó leggja áherslu á það, að hér þarf að gæta líka að því sem á undan er gengið, undirbúningsnáminu að náminu í Kennaraháskólanum. Ég tel að nám í menntaskólunum í dag, t. d. á síðasta ári í menntaskólum, sé í allt of litlu samræmi við námið sjálft í Kennaraháskólanum. Þar eru engin tengsl á milli. Ég segi þetta af reynslu. Ég á strák nú sem ætlar sér að fara í þennan skóla, og ég hef ekki orðið var við það í vetur, á þessu síðasta ári hans í menntaskóla, að hann væri að læra nokkuð það sem kæmi honum sérstaklega til góða við nám í Kennaraháskólanum. (Gripið fram í.) Þetta er í menntaskólanum. Sem sagt, þarna er algert tengslaleysi á milli, ef hann ætlar sér t. d. að verða venjulegur grunnskólakennari. Ég álít sem sagt að það þurfi líka breytingu varðandi menntaskólanámið og varðandi aukið valsvið á síðasta ári þess, þannig að þeir, sem þá eru búnir að ákveða sig í hvaða nám þeir ætla, hafi möguleika á að undirbúa sig á því síðasta ári alla vega, helst jafnvel fyrr, undir það framtíðarnám sem þeir hyggjast stunda til þess að ná ákveðnu marki varðandi starf.

Þetta er auðvitað allt til athugunar og þarf ekki að fara frekar út í hér og nú. Það er mikilvægt starf sem hér er um að ræða, þar sem kennarastarfið er, og þarf í það valda krafta, vægast sagt. Og þá kemur að því sem ég hef alltaf gert miklar aths. við, bæði við gamla Kennaraskólann og eins við þennan Kennaraháskóla. Mér þykir sem kennsluþátturinn, æfingakennslan, sé allt of lítill, og mér sýnist samkv. 15. gr. þessa frv. að enn sé um það að ræða að sjálfur kennsluþátturinn eða undirbúningurinn undir starfið í því efni sé of lítill, þó að hann hafi nokkuð verið aukinn. Ég held að nauðsyn starfsþjálfunar fyrir þetta fólk sé kannske það allra brýnasta sem það þarf á að halda. A. m. k. veit ég það, þegar ég útskrifaðist úr Kennaraskólanum gamla, þá held ég að það hafi legið nærri að ég hafi enga hugmynd

haft um hvernig ég ætti í raun og veru að haga mér í bekk þar sem t. d. svo vildi til, eins og vill verða í skólum, að allir nemendurnir væru ákveðnir í því að gera kennarann vitlausan. Ég man ekki til þess að við höfum nokkurn tíma fengið að standa andspænis slíku vandamáli í skólanum við æfingakennslu. Þar sat alltaf yfir okkur á þeim tíma kennari sem hafði auðvitað tök á öllu, og við kenndum af öllum lífs- og sálarkröftum, en þurftum ekkert fyrir neinu að hafa sem hét stjórn.

Nú hygg ég að þetta hafi breyst nokkuð, en þó alls ekki nægilega, og ég veit að það ágæta fólk, sem kemur út úr Kennaraháskólanum núna, hefur alls ekki næga starfsþjálfun þegar þar að kemur. Ég segi það t. d. alveg hiklaust hér, að ég ráðlegg mínum strák, svo að ég taki nú aftur persónulegt dæmi, hiklaust að fara eitt ár, þó að hann missi það úr skólagöngunni í kennslu eftir menntaskólanámið áður en hann fer í þennan Kennaraháskóla, alveg hiklaust, svo að hann viti að hverju hann gangi í þessu efni, því að hann gerir það ekki og hann kemst ekki að raun um það í Kennaraháskólanum, það er alveg ljóst.

Það er aðeins við þessa umr. ein spurning sérstaklega sem ég vildi leggja fyrir hæstv. ráðh., og það er varðandi inntöku nemenda og skólavist. Hann segir um inntökuskilyrðin að þau séu stúdentspróf, en þó geti skólaráð heimilað inngöngu á grundvelli annarra prófa, náms- og starfsreynslu, ef ráðið telur það tryggja jafngildan undirbúning. Hér er komið að mönnunum sem hafa í raun bjargað okkar skólakerfi nú um langan tíma, mönnum sem hafa kennt í 5—10 ár í grunnskólunum okkar og gert það með miklum ágætum. Ég er hræddur um að treg verði innganga þeirra í þennan skóla, það þarf þá ábyggilega meiri velvilja en hingað til hefur verið, og ég treysti hæstv. menntmrh. alveg sérstaklega til þess að tryggja það, að ef þessir menn hafa á því vilja verði þeim auðveldað sem allra mest innganga í þennan skóla til þess að ná þar fullum réttindum. Ég tel að þarna þurfi að kveða fastar að orði og alveg sérstaklega víkja að þeim mönnum sem hafa réttindalausir bjargað í raun og veru fjölda skóla víðs vegar um land frá algerum vandræðum í þessum efnum og hafa gert það með mikilli prýði, það þekki ég af eigin reynslu frá mínum skólaárum.

Það er óhætt að segja það, að það er verulega þakkarvert, eins og segir á bls. 10, 5. lið þar, að n. hefur lagt til að menntmrh. væri heimilað að lengja kennaranámið um allt að einu ári að fengnum till. skólaráðs, að hæstv. ráðh. hefur fellt þá grein niður, og ég vona að hún eigi ekki eftir að birtast aftur, það segi ég satt. Það stórt stökk var tekið þegar Kennaraháskólinn var stofnaður, að það var einu ári of langt gengið, og væri heldur mikið af því góða ef nú væri enn bætt við. Ég er ekki að mæla hér á móti aukinni menntun kennara. En undirbúningsmenntunin að Kennaraháskólanum þarf þá að vera í einhverju miðuð við þetta starf og Kennaraháskólinn svo sjálfur að búa nemendur sína, að því er ég tel, miklu betur en nú er gert undir starfið sjálft. Ég er alveg viss um að þetta fólk er langt yfir það nógu lært í hinum einstöku greinum til þess að kenna þær í grunnskóla. Það er búið að læra það mikið, að það getur kennt þessar greinar upp í menntaskóla ábyggilega með góðum árangri. En hitt skiptir öllu máli, hvernig gengur bæði að hafa stjórn og lag og koma þessari þekkingu til skila til nemendanna. Það er nefnilega aðalhlutverk kennaranna að koma þessu til skila. Og hér er ekki um að kenna neinu öðru en því, að á starfsþjálfunina sjálfa hefur ekki verið lögð næg áhersla, og þó þar kunni að hafa orðið bót á nú á síðustu árum, þá stórefa ég að þar hafi verið nóg að gert. Ég treysti hæstv. ráðh. til að sjá svo til að þeim námseiningum, sem hér er fjallað um varðandi æfingakennsluna, verði fjölgað, því að þarna er fellt inn í bæði æfingakennsla og annað verklegt nám. Ég skil þetta ekki almennilega: og annað verklegt nám. Ég tel æfingakennsluna ekki verklegt nám í þessu efni. Ég get ekki talið hana verklegt nám. Og ef það er fellt þarna inn í, þá geta þessar 12 einingar orðið að 6, ef ýmsar verklegar greinar koma þarna inn í. En kannske er þetta misskilningur hjá mér og þetta verklega nám, sem þarna er talað um, sé beint í tengslum við æfingakennsluna.

Ég vildi aðeins koma þessum aths. á framfæri. Ég held sem sagt að það verði að fara að þessu með fullri gát og nú, þegar við ætlum að útvíkka þetta enn þá meira, þá þurfum við að tryggja a. m. k. að þetta nám skili sér, bæði fyrir fólkið, sem það stundar, og ekki síður fyrir nemendurna, sem eiga að meðtaka þekkinguna frá þessum mönnum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í raun get ég verið hér mjög stuttorður og vísað til orða síðasta ræðumanns þar sem hann kom inn á margt það sem ég vildi gera aths. við. Ég skal því verða tiltölulega mjög stuttorður. En að gefnu tilefni í sambandi við þessi fræðslumál vil ég nota tækifærið og beina fsp. til hæstv. menntmrh.

Í haust var rætt hér, 18. okt. s. l., um frv. til l. um fullorðinsfræðslu og því var vísað til menntmn. Ég held að ég segi það alveg rétt, að síðan hefur það sofið Þyrnirósarsvefni þar, a. m. k. hef ég aldrei orðið var við neina meðferð í málinu á einn eða annan veg, og held ég að ég hafi aldrei misst af fundi. Mér þykir nokkuð undarlegt ef þetta hefur aðeins átt að vera til þess að við gætum lesið yfir frv. og einhverjir aðrir hópar utan Alþ. Og erindi mitt, í viðbót við það sem ég sagði áðan, að taka undir orð síðasta ræðumanns, var að forvitnast um tilgang þess frv., sem er 22. mál hér í hv. d. og Alþ., og einnig hvað er áformað með frv. um Kennaraháskólann og svo einnig frv. til l. um framhaldsskóla. Ber að athuga þessi mál öll í einu samhengi? Og verður það þá gert í sumar? Fá þeir þm., sem eru í menntmn. beggja d., að fylgjast eitthvað með, eða kemur þetta aftur að hausti og liggur þá yfir veturinn í dvala? Ég vænti þess, að það sé ekki markmiðið hjá hæstv. ráðh. Raunar þarf varla að spyrja um það, því að það getur ekki verið markmiðið. En þá vil ég fá að vita hvernig á að standa að vinnu að

þessum miklu frv. og þessu mikla máli sem þessi þrjú frv. fjalla um.

Það er, eins og síðasti ræðumaður sagði, afar mikilvægt að fá góða kennara frá fyrsta til síðasta stigs. Þegar frv. um Kennaraháskóla Íslands var hér til meðferðar 1970 og 1971 urðu um það harðar umr. hér á Alþ. og gefið ýmis nöfn og tilgangi með það, og þarf ég ekki að rifja það upp. En nú höfum við séð þrjú frv.-form er fjalla um fullorðinsfræðslu, um Kennaraháskólann og framhaldsskóla, og einnig er eitt lítið frv. hér í d. um Skálholtsskóla. Síðan höfum við þessi nýju lög um grunnskólana, svo að við getum nú farið að sjá í heild hvernig fræðslukerfið er hugsað. Og hér í d. er einnig frv. á leiðinni, sem vonandi fer fljótlega í gegn, um fjölbrautaskóla. Þrátt fyrir allt þetta koma fram skólamenn sem segja að kerfið hjá okkur í menntamálum sé ruglingur og einn notaði útlenda orðið „kaos". Ég veit ekki hvort hægt er að taka undir þetta, en hitt vil ég forvitnast um hvert markmiðið sé með framlagningu og kynningu á þessu frv. öllu. Verða settir ákveðnir samræmdir starfshópar í málin, og fáum við menntmn. að fylgjast með, þannig að við þurfum ekki allan veturinn aftur til að hugleiða þessi mál? Og hvað hefur hæstv. ráðh. hugsað sér til framgangs þessara mikilvægu mála sem hann hefur látið undirbúa í sínu rn. og ég þakka út af fyrir sig fyrir að við skulum fá að kynnast hér? Ég tel nauðsynlegt að það verði staðið af nokkrum röskleika að vinnu í þessum málum, svo að fari ekki um þessi hin síðari mál svo sem um málið um fullorðinsfræðslu, að það lognist út af heilan vetur og sjái varla dagsins ljós þótt sól fari að hækka á lofti.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. þm. við þetta frv. og jafnframt leitast við að svara þeim fsp. sem til mín hefur verið beint.

Hv. 1. landsk. þm. spurði hvað fyrirhugað væri um meðferð þessara mála framvegis, þriggja sem hann nefndi, framhaldsskólans, Kennaraháskólans og fullorðinsfræðslunnar, og um samhengi þessara frv.

Um samhengið vil ég segja það, að ég álít að framhaldsskólinn og fullorðinsfræðslan tengist nokkuð mikið efnislega, en kennaraskólafrv. sé nokkuð sérstaks eðlis og kannske ekki beint þörf á að skoða það í tengslum við hin.

Hann spurði hver væri tilgangurinn með því að leggja fram fullorðinsfræðslufrv. og láta það svo liggja hér eftir í n. Það er vissulega von að hann spyrji, því að það er nú ekki einasta að þetta gerðist í ár, heldur gerðist þetta líka í fyrra og hittiðfyrra. En þegar fór að hilla undir og menn tóku að sjá svipinn á endurskoðuninni á framhaldsskólastiginu þóttust menn eygja þar möguleika að tengja að verulegu marki fullorðinsfræðsluna inn undir skólakerfið og það væri þá hægt að komast hjá að setja stóra yfirbyggingu á fullorðinsfræðsluna út af fyrir sig, eins og raunar mun hafa verið gert í nálægum löndum, sumum a. m. k. Þess vegna þótti rétt að leggja ekki mikið kapp á afgreiðslu þessa frv. í því formi sem það er núna, heldur doka við eftir heildarskoðuninni á framhaldsskólastiginu og sjá hversu þá mætti fella saman. Hins vegar vildi ég ekki láta frv. og málið í heild liggja í bunka rn., heldur vildi ég að það lægi hér fyrir, og þess vegna var frv. flutt. Einnig var hugmyndin að leita lags með að fá afgreiddar eða komið áfram tveimur þáttum frv.: um bréfaskólana og námsflokkana, þó ekki hafi nú heldur orðið úr því.

En um framhald þessarar vinnu, — ég mun gera ítarlega grein fyrir því í Nd. þegar ég tala fyrir framhaldsskólafrv. þar. En ég vil segja það hér í örstuttu máli, að ætlunin með kennaraháskólafrv. er að leita umsagna um það, ekki svo vítt sem hitt, en nokkurra umsagna um það og skoða þær fyrir haustið. En um framhaldsskólafrv. er meiningin að senda það mjög mörgum aðilum til skoðunar og biðja um umsagnir þeirra og ábendingar og reyna að vinna úr því öllu eins og mögulegt er, þannig að endurskoðað frv. gæti orðið tilbúið sem fyrst á næsta þingi.

Hv. þm. minntist á hugsanlega tengingu menntmn. við þessa skoðun. Þetta er atriði sem ég hef einnig hugleitt, þó ég hafi ekki ákveðin áform um hvernig slík tengsl yrðu formuð. Ég man eftir því í sambandi við eitthvað af þessum málum, sem hér hafa verið fyrr, að ég gerði það eitt sinn að ég bað formenn nefnda um að vera með í athugun á milli þinga. Þetta er náttúrlega óformlegt og er ekki formleg þingvinna, en getur eigi að síður gert stórmikið gagn til þess að flýta fyrir vinnunni í haust. Og þetta mun verða athugað.

En út af framgangi frv. á næsta þingi, þá legg ég, eins og ég sagði áðan, mjög mikla áherslu á að kennaraháskólafrv. verði afgreitt á næsta þingi, og ég held að það hljóti að vera hægt. Einnig álít ég að frv. um framhaldsskólana sé mjög nauðsynlegt að afgreiða á næsta þingi og vil, eins og ég sagði áðan, gera allt sem ég get til þess að málið verði undirbúið í sumar, eftir því sem aðstæður leyfa. En hins vegar verður að viðurkenna að þetta er ákaflega yfirgripsmikill lagabálkur og getur þess vegna farið svo að menn ljúki því ekki á einu þingi þó að allir leggist á eitt um að vinna að málinu. Það kynni svo að fara. Annars er sá munur á forminu á framhaldsskólafrv. annars vegar og grunnskólafrv. hins vegar, að framhaldsskólafrv. er rammi, það er fáort, en grunnskólafrv. var mjög nákvæmt, og það er náttúrlega enn meiri vinna að vinna upp slík frv. á Alþ. heldur en þau sem marka meginstefnu, svo að ég vil a. m. k. ekki örvænta um framgang þess máls á næsta þingi. Ég tel að væri mjög nauðsynlegt, því að margt kallar að, að koma á breyttri skipan á framhaldsskólastiginu í samræmi við grunnskólalöggjöfina, sem búið er að setja, og í samræmi við hugmyndir manna nú í dag um skólamálin.

En svo spurði hv. 7. landsk. þm. um stöðu þeirra sem nú hafa kennt, sumir lengi, án þess að hafa full réttindi, og taldi ekki í frv. vera nægilega skýr ákvæði sem tryggðu þeim möguleika til þess að öðlast réttindi, þrátt fyrir þau ákvæði sem hann þó vék að og gefa möguleika til að ganga inn í skólann formlega, þ. e. sem reglulegir nemendur, — fólk sem ekki hefur stúdentspróf. Um þetta vil ég aðeins segja það annars vegar, að þó að við höfum ekki komið

þessu máli frá okkur í rn., þá hefur þetta oft verið rætt þar. Það er svo nýjast í þessu máli, að Samband ísl. barnakennara og menntmrn. ætla að reyna að vinna að lausn þess og vinna að henni þannig að unnt verði í áföngum, með mismunandi löngu námi eftir því hvar hver og einn er á vegi staddur, að afla sér réttinda. Samband ísl. barnakennara hefur nýlega skrifað menntmrn. og lagt fram ákveðnar hugmyndir frá sinni hálfu um hvernig þetta megi gerast, og það er auðvitað rn. mjög mikill styrkur í leit að lausn á þessu máli að hafa kennarasamtökin jákvæð. Það er höfuðatriði, því að þarna er um réttindamál að ræða.

Svo er hlutverk Æfinga- og tilraunaskólans annars vegar, sem ég lagði reyndar nokkra áherslu á í framsöguorðum mínum áðan, og svo hins vegar æfingarnar, sem ég vil kalla verklega þjálfun, þó ég kannske skilji það ekki alveg eins og hv. þm. Eins og hv. þm. vék að, þá er nú í meiri mæli en áður tíðkað að senda þessa nemendur til starfa úti í hinum ýmsu skólum, auk þess sem þeir fá æfingu í Æfinga- og tilraunaskólanum. Þetta er ákaflega mikilvægt, og þetta er í sjálfu sér alveg hliðstætt því sem menn tala um t. d. í sambandi við verknámsdeildir iðnskólanna, meistarakerfið er niður lagt og námið fært inn í skólann. Þá er viðfangsefni að tengja skólastarfið þeim starfsgreinum, sem það þjónar hverju sinni, sem allra best, þannig að menn komi ekki óviðbúnir á vettvang að námi loknu. Þetta er auðvitað hárrétt ábending hjá þm., að á þetta verður að leggja mjög mikla áherslu, og það er líka gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 399). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á dagskrá, fjallar um breyt. á l. nr. 119 frá 1976, um sérstakt tímabundið vörugjald. Með þeim lögum voru framlengd lög nr. 77 frá 23. des. 1975, um sérstakt vörugjald, en jafnframt voru gerðar nokkrar breyt. á 1. gr. laganna til samræmis við þá nýju tollskrá sem samþ. var hér fyrir áramótin sem lög nr. 120/1976. En eins og kunnugt er urðu verulegar breytingar á undirskiptingu ýmissa vöruliða í fjölmörgum köflum tollskrárinnar við setningu þeirra laga.

Við nánari athugun á l. nr. 119/1976 hafa komið í ljós nokkrar misfellur og er með frv. þessu lagt til að þær verði leiðréttar. Hér er annars vegar um að ræða að úr upptalningu í 1. gr. laganna hafa fallið nokkur ný tollskrárnúmer yfir vörur, sem fram til þessa hafa borið vörugjald og samræmis vegna þykir ekki fært að fella niður vörugjald af, og svo hins vegar prentvillur sem nauðsynlegt er að lagfæra. Vörur þær, sem hér koma einkum við sögu, eru súkkulaði ýmiss konar í þremur nýjum tollskrárnúmerum, tengibúnaður í einu undirnúmeri í 85. kafla tollskrár og plastvörur í nokkrum nýjum undirnúmerum í 39 kafla tollskrárinnar.

Í sambandi við þessar leiðréttingar vil ég taka það fram, að fjmrn. hefur þegar verið veitt heimild í vörugjaldslögum til þess að fella niður vörugjald af þeim vörum sem áður voru undanþegnar vörugjaldi, en urðu vörugjaldsskyldar vegna breyttrar undirskiptingar í tollskránni nýju.

Auk framangreindra leiðréttinga er í frv. lagt til, að lög nr. 77/1976, um sérstakt tímabundið vörugjald, verði gefin út að nýju í heild með áorðnum breytingum.

Með tilvísun til þessa leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Sala hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni, frv. (þskj. 481). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 481 flytur fjh.- og viðskn. Nd. frv. samkv. beiðni fjmrn., en frv. gerir ráð fyrir að heimila íslenskum hluthöfum í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. að selja breskum aðilum öll hlutabréfin í félaginu, enda skuldbindi hinn breski kaupandi sig til þess að félagið stundi engan atvinnurekstur á Íslandi og til að slíta félaginu eigi síðar en 1981.

Í grg. með þessu frv. kemur fram, að Íslenska matvælamiðstöðin hf. var stofnuð 1965 og var tilgangur félagsins upphaflega að greiða fyrir kynningu og sölu íslenskra afurða og annarra íslenskra framleiðsluvara, m. a. með því að reka veslun og veitingastarfsemi. Félagið hefur í raun aldrei rekið neina starfsemi hér á landi, heldur einungis veitingahús í London. Árið 1968 var helmingur félagsins yfirtekinn af breska hlutafélaginu Angus Steak Houses Ltd. og einstaklingum á þess vegum. Tók það fyrirtæki við rekstrinum sem fram til þessa tíma hafði gengið mjög illa. Síðan þetta gerðist hefur reksturinn gengið bærilega og fyrirtækið endurgreitt öll þau lán sem hinir erlendu eigendur þess höfðu veitt því á meðan það átti í rekstrarörðugleikum. Nú er hins vegar ljóst orðið að eina leið þessara eigenda til þess að fá aftur það fjármagn, sem upphaflega var lagt í fyrirtækið, er að selja það að fullu hinum breska aðilum, enda er verðmæti fyrirtækisins nú eingöngu fólgið í frádráttarhæfni uppsafnaðs taps þess sem eingöngu getur komið breska fyrirtækinu að gagni. Að auki rennur út á árinu 1979 leigusamningur um þá aðstöðu sem félagið hefur til starfsemi sinnar í London.

Hið uppsafnaða tap var hinn 30. júní 1975 32 066 pund, en söluverð þess hluta, er íslensku hluthafarnir eiga, er 18 þús. pund. Í l. nr. 77/1921, um hlutafélög, er hvergi tekið fram að meiri hluti hlutafjár skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara eða manna búsettra á Íslandi. Skilyrði af þessu tagi er hins vegar víða að finna í sérlögum um helstu atvinnugreinarnar. Vegna slíkra ákvæða í íslenskri löggjöf og með tilliti til framkvæmdar við skráningu hlutafélaga um lang-

an tíma hefur verið litið svo á, að í íslenskum hlutafélögum verði meiri hluti hlutafjárins að vera í eigu hérlendra aðila án tillits til þess, hvort félagið rekur atvinnu sem háð er sérlögum sem hafa að geyma ákvæði um meirihlutaeign íslenskra aðila. Þannig hefur verið litið svo á, að sérstaka lagaheimild þurfi til að selja öll íslensku hlutabréfin til erlendra aðila þar eð hér er um að ræða íslenskt hlutafélag, jafnvel þótt það hafi alltaf haft allan sinn rekstur erlendis.

Frv. það, sem hér er flutt, er þannig heimild sem beinist eingöngu að þessu einstæða tilviki, en felur ekki í sér neina stefnubreytingu að því er tekur til eignarhalds útlendinga á hlutabréfum í íslenskum hlutafélögum. Hinir íslensku hluthafar, sem selja mundu bréf sín, eru ríkissjóður, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Samband ísl. samvinnufélaga og Loftleiðir.

Með tilvísun til þessarar skýringar leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv. til l., sem hæstv. fjmrh. hefur nú talað fyrir, og lýsi mig samþykkan þessari till. En ég vil vona að hér sé um nýja stefnumörkun að ræða hjá ríkisstj. og gengið verði hreint og markvisst til verks og þátttaka ríkisins í atvinnurekstri, sem best er komin í höndum einkaaðila, taki enda sem fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 503 (sbr. 18)). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um skylduskil til safna var lagt fyrir hv. Nd. í byrjun þings og raunar hefur það áður legið hér fyrir Alþ. Nú hefur Nd. afgreitt málið, og ég vona að það fái einnig afgreiðslu hér í hv. d. svo að það megi verða að lögum.

Megininntak þessa frv. er í rauninni tvíþætt: Annars vegar er það að draga úr skylduskilum til safna og miða skylduskilin fyrst og fremst við geymslueintök. Hins vegar að setja nokkru fyllri ákvæði um það, hversu fara skuli með skilaskylt efni, heldur en er í gildandi lögum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að svo stöddu að fara fleiri orðum um þetta frv. Efni þess er vitanlega skýrt í aths. og er auk þess í sjálfu sér nokkuð augljóst. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í menntmn. þessarar hv. d. mun ég ekki þurfa að eyða hér löngum tíma við þessa umr. Það er aðeins eitt atriði í sambandi við þetta frv. sem ég vil vekja athygli á við umr. og mun leggja fyrir í n. þegar þar að kemur, og það er í sambandi við skil frá þeim útgefendum sem njóta styrks af almannafé til útgáfu rita. Gert er ráð fyrir að þeir afhendi Landsbókasafninu allt að 10 eintökum af hverju slíku riti. Síðan er í tillgr. gert ráð fyrir því, að Landsbókasafnið dreifi þessum ritum nokkuð frá sér, og veit ég ekki upp á víst með hvað fyrir augum það er, nema það sé að öruggara verði um varðveislu slíkra rita því víðar sem þau eru. Er gert ráð fyrir því í frv., að Landsbókasafninu beri að taka frá þrjú eintök af hverju þeirra rita og ætla þau til varðveislu Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði. Um það var flutt till. í Nd. af Guðlaugi Gíslasyni alþm., að við þetta yrði bætt einu eintaki sem geymt yrði í Bókasafni Vestmannaeyja, og þykir ekki óeðlilegt að eitt slíkt eintak sé geymt á góðum stað á Suðurlandi. En svo stendur á með bókasafnið í Vestmannaeyjum, að það er eitt af eldri bókasöfnum á landinu, stofnað 1860, og er nú flutt eða að flytja í vandað steinsteypt húsnæði. Það var ekki af einhverjum sökum tekið undir þessa till. í Nd., en ég mun gera athugun á því, hvort ekki verður hægt að taka undir svo eðlilega breytingu sem ég hef hér ýjað að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Kjarasamningar starfsmanna banka, frv. (þskj. 500, n. 532). — 2. umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins og leggur einróma til að frv. sé samþykkt. Hæstv. viðskrh. gerði grein fyrir efni þessa frv. við 1. umr. og sé ég ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það, en vil geta þess, að formaður fjh.- og viðskn. hafði samband við formann Sambands ísl. bankamanna og hann lagði mikla áherslu á að þetta frv. næði fram að ganga og yrði að lögum nú á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 286). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 550).

Sauðfjárbaðanir, frv. (þskj. 529 (sbr. 353)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 335, n. 535, 536). — 2. umr.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og flutt er af hv. 12. þm. Reykv., hefur verið tekið fyrir á þremur fundum í allshn., og eins og fram kemur á þskj. 535 mælir n. einróma með samþykkt frv. með tveimur brtt. sem hún gerir nánast til áréttingar og nánari skýringa á meginefni þess.

Ég tel ekki þörf á að efni þess sé rakið ítarlegar en gert var við 1. umr. málsins. Það er afar einfalt að auðkenni á bifreiðum, sem frv. fjallar um, verði gerð svo glögg og skýr að ekki þurfi að fara á milli mála að þar sé um almenningsvagna að ræða, sem eru háðir tímasetningu um viðkomustaði, en oft fer sú áætlun úr skorðum af þeim sökum sem frá hefur verið skýrt við 1. umr. málsins, að einkabifreiðar virða ekki þá nauðsyn að vagnarnir fylgi áætlun.

Þær breytingar, sem n. leggur til á þskj. 536, voru einnig, eins og efni frv. í heild, samþykktar einróma af allshn. sem leggur til að frv. verði samþ. með breytingum þeim sem ég áður greindi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir góðar undirtektir við þetta frv. mitt á þskj. 335. Ég get vel fellt mig við þær breytingar sem n. leggur til og birtar eru á þskj. 536. En þar sem áríðandi er að frv. þetta nái gildistöku sem fyrst, eftir því sem mér hefur verið tjáð, leyfi ég mér að vona að það nái samþykki beggja d. áður en yfirstandandi þingi lýkur.

ATKVGR.

Brtt. 536,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 536,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Heimild til að selja Húseiningum húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 310). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 526). — 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er óþarft að hafa mörg orð um þetta frv. nú. Þetta mál fer til þeirrar n. sem ég á sæti í, og þar get ég um það fjallað.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá voru í Nd. á ferðinni tvö frv. varðandi atvinnuleysistryggingar, og um þau frv. urðu þar miklar umr. sem ég skal ekki fara mjög náið út í hér. Þar var um tvö mál samtengd að ræða, og málin voru auðvitað samtengd fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að enn þá er þetta mál, þ. e. a. s. fæðingarorlofið, á röngum stað í kerfinu, eins og bent var á hér á sínum tíma þegar þetta var sett í lög. Þá voru menn, held ég, almennt hér á þeirri skoðun, að fæðingarorlofið ætti heima innan ramma almannatryggingalaga, og þetta var í raun og veru viðurkennt með ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, sem þá var samþ.:

„Fyrir 1. janúar 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni."

Svo mörg voru þau orð í ákvæðinu til bráðabirgða, og þetta ákvæði olli því m. a. hvaða afstöðu ég tók í þessu máli í heilbr.- og trn. þá. Ég treysti sem sagt á það, að þessi könnun yrði gerð og reynt á það til fullnustu hvernig mætti veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og um leið tryggja tekjustofn í því skyni. Ég sagði þá við þá umr. að ég hefði skrifað undir þetta nál. af tvennum ástæðum: Í fyrsta lagi með tilliti til þess, að þar virtist um einu leiðina að ræða sem bráðabirgðalausn í þessu máli. Þetta væri mikilvægt mál og erfitt að setja fótinn fyrir það, því það væri þess eðlis, þó að ég áliti að hér væri ranglega að staðið, að færa þetta inn í Atvinnuleysistryggingasjóð. Og ég sagði einnig þá að sá frestur, sem á gildistökunni fékkst þá, hlyti að verða notaður til þess að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði nýjar tekjur eða létta af honum byrðum til þess að hann gæti mætt þessu viðbótarálagi, og svo, eins og er tekið fram í þessu ákvæði til bráðabirgða, að að því verði unnið í fullri alvöru að allar konur njóti jafnréttis til fæðingarorlofs. Þetta gerði ég alveg sérstaklega í tilefni af dagskrártill., sem kom fram frá hv. þm. Axel Jónssyni, Stefáni Jónssyni, Jóni Árm. Héðinssyni og Halldóri Ásgrímssyni um það, að ríkisstj. yrði falið að semja frv. til l. um málið, sem yrði lagt fram í upphafi næsta reglulegs þings, og deildin tæki því fyrir næsta mál á dagskrá. Og ég greiddi atkv. gegn þessari till. af þeim ástæðum sem ég greindi.

Nú er það alkunna, að við þetta ákvæði til bráðabirgða hefur ekki verið staðið, og eins og frv. kemur nú frá Nd., þá er komið nýtt ákvæði til bráðabirgða, ekki síður hátíðlegt en hið fyrra, þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstj. láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi."

Nú skal ég ekkert um það segja, hvort það verður eins vel og rækilega við þetta ákvæði staðið og hið fyrra. En þó læðist að manni sá grunur, að þetta sé gert til að friða samvisku ákveðinna aðila sem þarna hafa ekki staðið nægilega vel að málum.

Þegar þetta mál kom til umr. fyrst í vetur, þá var vitanlega ljóst að þetta var tvíþætt mál. Hér var ekki einungis um það að ræða að þessi skerðingarákvæði, sem lögin fela nú í sér, kæmu við konur sem tækju fæðingarorlof, heldur var hér einnig um að ræða skerðingarákvæði þar sem þær konur, sem voru svo óheppnar að eiga

eiginmenn sem höfðu ákveðnar tekjur, misstu réttinn til atvinnuleysisbóta alveg fyrirvaralaust. Hér var um að ræða að mínu viti mjög lág tekjumörk og mikið ranglæti um leið, vegna þess að ef eiginmaðurinn — karlmaðurinn — varð atvinnulaus, þá skipti vitanlega ekki nokkru máli hve miklar tekjur hann hafði haft áður, hvort hann hafði haft í árslaun t. d. 3 millj. kr. árið áður, hann fékk vitanlega þessar atvinnuleysisbætur sínar umyrðalaust. (Gripið fram í). Nei, hér er nefnilega um tvö mál að ræða, og það er nauðsynlegt að þm. geri sér grein fyrir því, að hér er um tvö aðskilin mál að ræða, og það er von að menn rugli þeim saman þegar verið er að rugla fæðingarorlofinu inn í Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er þá vissulega von að menn ruglist í því efni og reikni með því að allt sé þetta í raun og veru orðið eitt fæðingarorlofsmál. Nei, þegar þessar konur verða atvinnulausar, þá þarf fyrst að taka tillit til þess, hvaða tekjur maki þeirra hefur haft, og ef þær tekjur fara yfir ákveðið mark, þá missa þær þennan rétt.

Til mín var leitað bæði í vetur og fyrravetur um þetta atriði, og vitanlega strandaði það á þessu lagaákvæði. Konur, sem þarna áttu í hlut, voru ekki með neina hátekjumenn sem maka, síður en svo, konur sem voru atvinnulausar annars vegar á Seyðisfirði og hins vegar á suðurfjörðum. Makar þeirra höfðu ekki haft nema rétt um 1.5 millj. kr. í tekjur, en einhvers staðar á þeim mörkum eru þær tekjur í dag sem leyfilegar eru sem hámark. Ég verð þá leiðréttur á eftir af þeim hv. þm. sem veit auðvitað miklu betur en ég um þessi mál.

Það var því eðlilegt, þegar var farið að breyta þessu ákvæði varðandi fæðingarorlofið sem hér var skotið inn í með miklum flýti á sínum tíma, að sú spurning kæmi upp, hvort skerðingarákvæðið ætti ekki að falla niður með öllu, og um það var gerð till. í Nd., þannig að þessi tekjumörk yrðu felld niður, einnig og að sjálfsögðu kannske enn frekar vegna atvinnuleysis þessara kvenna, því þar er auðvitað um að ræða megintilgang sjóðsins, en ekki þann að sjá konum fyrir fæðingarorlofi. Og ég undraðist það mjög, að bæði í blöðum og öðrum fjölmiðlum og ég held jafnvel í Nd. líka hafa komið fram miklar ásakanir á hendur stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir að fara í þessu efni eftir lögunum. Menn hafa ekki áttað sig á því, að þeir, sem flýttu þessu svo mjög í gegn á sínum tíma sem raun bar vitni um fæðingarorlofið, höfðu meint svolítið meira en þeir sögðu. En út í það skal ég ekki fara nánar nú. Ég mun gera það við 2. umr. þessa máls.

Ég held að það sé alveg tvímælalaust, að þetta skerðingarákvæði eigi að falla niður með öllu, og ég er sannfærður um það, eins ágætir menn og eiga sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, að þeir hljóta allir að vera því sammála að skerðingarákvæðið sé niður fellt vegna atvinnuleysisbóta til kvenna, að þær fari ekki eftir tekjum maka þeirra. Það er hlálegt í alla staði.

Hitt er svo annað mál í sambandi við fæðingarorlofið sem hér er nú til umr., að ég er auðvitað nákvæmlega sömu skoðunar og áður um það, að hér eigi ekki að vera um atvinnuleysisbætur að ræða, þó ég viti að þessar konur missi eðlilega atvinnu sína þennan tíma. Þetta er hreint tryggingamál og á auðvitað að vera það, og við skulum vona að þetta ákvæði til bráðabirgða, þetta endurnýjaða ákvæði, verði nú notað og verði séð til þess að þetta komist á réttan stað í kerfinu, í almannatryggingakerfið.

Ég vil aðeins taka það fram nú við 1. umr., að ég mun að sjálfsögðu endurflytja brtt. sem var flutt við þetta frv. í Nd. um að efnismálsliður 1. gr. frv. orðist þannig, að g-liður 1. málsgr. í 16. gr. falli úr gildi 1. júní 1977, þannig að það sé tryggt að skerðingarákvæðin falli niður með öllu, ekki bara gagnvart fæðingarorlofinu, heldur einnig gagnvart atvinnuleysisbótunum, eins og sjálfsagðast og eðlilegast er.

Ég skal ekki fara nánar út í þetta hér og nú, en tek það aðeins fram, að út af öllu þessu hefur komið fram furðulegur misskilningur. Alveg sérstaklega ber að harma það, hve hér hefur verið rangtúlkað það sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur í þessu efni gert, þ. e. a. s. að fara hreinlega að réttum lögum, og eins ber vitanlega að harma að ríkisstj. skuli ekki hafa staðið við þetta ákvæði. En það er eðlilegt að hún eigi erfitt með að standa við svona bráðabirgðaákvæði þegar ekki gengur betur að standa við hin stærri mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: StH, StG, AG, AJ, ÁB, EggÞ, EÁ, IH, JHelg, JÁH, OO, ÞK.

HFS, JGS greiddu ekki atkv.

6 þm. (RA, StJ, GeirG, GH, HÁ, IT) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Innkaupastofnun ríkisins, frv. (þskj. 471). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. á þskj. 471 um breyt. á l. nr. 72 frá 5. júní 1947, um innkaupastofnun ríkisins, svo hljóðandi:

„2. gr. laganna hljóði svo:

Stjórn innkaupastofnunarinnar skipa 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu á Alþ. til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar og tekur lokaákvarðanir um öll innkaup og framkvæmdir Fjmrh. skipar formann stjórnar til eins kjörtímabils í senn.

Forstöðumaður stofnunarinnar skal skipaður af fjmrh. að fengnum till. stjórnar.

Að öðru leyti skal starfsemi stofnunarinnar ákveðin með reglugerð er fjmrh. setur."

2. gr.: „Lög þessi öðlast nú þegar gildi."

Og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa grg.:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að starfsemi innkaupastofnunar ríkisins hefur sætt nokkurri opinberri gagnrýni á liðnum árum. Skoðanir hafa verið skiptar um sum þeirra atriða sem gagnrýnd hafa verið, en um önnur hefur ekki þurft að deila. Með l. nr. 63 frá 1970 eru umsvif innkaupastofnunarinnar aukin verulega

frá því sem eldri lög kváðu á um og margar veigamiklar ákvarðanir eru þar teknar um innkaup og framkvæmdir er snerta hagsmuni alþjóðar. Veltur því á miklu að starfsemi stofnunarinnar og ákvarðanir, er hún tekur, séu í fullu samræmi við vilja þings og þjóðar. Mun láta nærri að vörusala stofnunarinnar og verksamningar, er hún gerði á síðasta ári, nemi nálægt 4 milljörðum kr. samtals.

Með frv. þessu er því lagt til að Alþ. kjósi sjálft stjórn stofnunarinnar og tryggi með því að stefnu þess sé fylgt í öllum meiri háttar málum er stofnunin á ákvörðunarvald í og að þess sé jafnan gætt að starfseminni sé gert að fylgja viðteknum viðskiptavenjum."

Ég vil leyfa mér að gera það að till. minni, að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. með von um að hún geri breytingu um fjölda stjórnarmanna úr fimm, eins og segir í till., í sjö af skiljanlegum ástæðum. Ég sé ekki ástæðu til þess að tala lengra mál fyrir þessari till., hún skýrir sig sjálf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 27. apríl, að loknum 65. fundi.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 540). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breyt. á l. um Iðnlánasjóð.

Fyrst og fremst er breyting á 6. gr. gildandi laga, um lántökuheimild sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur eindregið óskað eftir að það hámark til lántöku sjóðsins, sem er 300 millj. kr. í gildandi lögum, verði afnumið. Það er þegar búið að taka allt að þeirri upphæð og vegna starfsemi sjóðsins er nauðsynlegt að bæta þar nokkru við. Er þetta aðalefni 1. gr.

2. gr. fjallar um lánadeild veiðarfæraiðnaðar. Það var á árunum 1967—1968 sem ákveðið var að stofna lánadeild veiðarfæraiðnaðar og var þá ákveðið að afla lánadeild tekna sem væru m. a. 1% gjald af innflutningi veiðarfæra. Á síðasta ári voru tekjur af þessu gjaldi 10.9 millj. kr. Þessi ákvörðun og þessi skattlagning á sínum tíma var ákveðin vegna erfiðleika innlends veiðarfæraiðnaðar. Nú hafa þær aðstæður breyst, og hafa borist óskir frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um, að þetta innflutningsgjald af veiðarfærum væri fellt niður, og Hampiðjan hefur mælt með því fyrir sitt leyti, en lagt jafnframt til að lánadeild veiðarfæraiðnaðar starfi að öðru leyti áfram óbreytt.

Það er sérstaklega vegna 1. gr., vegna lántökumöguleika Iðnlánasjóðs, sem er aðkallandi að fá þessa lagabreytingu, sem 1. gr. fjallar um, samþ. nú á þessu þingi.

Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn., og vænti þess, að reynt verði að greiða fyrir málinu þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 548). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 549). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kjarasamningar starfsmanna banka, frv. (þskj. 500). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 552). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum, frv. (þskj. 539). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum. Ég vil aðeins minna á það, að í lögum um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eru ákvæði um að 0.2% af brúttósölu tóbaksvara skuli varið til þess að gera ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum. Samkv. því

hefur verið starfandi 3 manna n. sem í hafa átt sæti fulltrúi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, fulltrúi Krabbameinsfélags Íslands og fulltrúi Hjartaverndar sem hafa ráðið starfsmann til þess að hefja auglýsingaherferð gegn tóbaksreykingum. Það framlag hefur verið mjög lágt, sem hér er um að ræða, og reyndist, eftir því sem ég best man, 8 millj. kr. á s. l. ári.

Alþ. samþ. á s. l. ári þáltill. um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum, og samkv. því átti að skipa n., sem ekki hefur verið gert, til þess að hafa með höndum upplýsingastarfsemi um skaðsemi tóbaksreykinga og gera till. um skipulag námskeiðahalds á vegum hins opinbera eða með þátttöku þess fyrir tóbaksneytendur er vilja hætta eða draga úr tóbaksneyslu sinni.

Ég fyrir mitt leyti tel það ekki vel farið að Áfengis- og tóbaksverslunin standi undir kostnaði við þessa starfsemi og það sé bundið í lögum. Sá aðili, sem selur tóbak og leggur auðvitað áherslu á að selja sem mest tóbak, er ekki eðlilegt að eigi aðild að slíkri nefnd.

Í þessu frv. eru heimildir til þess að stemma mjög stigu við því, hvar reykingar eru leyfðar, og jafnframt er samkv. 5. gr. frv. heimilt að skipa n. sem fær það hlutverk að annast framkvæmd þessara laga svo og aðrar aðgerðir til þess að hamla gegn tóbaksreykingum. Nú eru það æðimörg samtök sem gjarnan vilja eiga fulltrúa í slíkri n. sem þessari, en ég held að það fari best á að það sé fámenn n. sem hafi stjórn á þessum málum með höndum og að kostnaðurinn sé ákveðinn á fjárlögum ár hvert, framlag úr ríkissjóði til reykingavarna.

Í þessu sambandi vil ég upplýsa að það hefur orðið að samkomulagi á milli mín og hæstv. fjmrh., að hann taki inn í fjárlagafrv. fyrir næsta ár 20 millj. kr. í þessu skyni, og það ætti að vera nokkur trygging fyrir því að hægt sé að auka verulega fræðslu um skaðsemi tóbaksreykinga. Mér finnst það líka vera mikils virði, sérstaklega gagnvart ungu fólki sem nú hefur tekið sig fram um það að berjast gegn tóbaksreykingum og gera allt sem í þess valdi stendur til þess að hafa áhrif á jafnaldra sína. Það, sem er nauðsynlegast að gera af öllu, er að börn og unglingar byrji ekki að reykja, og því finnst mér rétt að löggjafinn setji slíkar reglur og komi á þann hátt til móts við það starf sem þetta unga fólk er að vinna.

Nú er einnig hafin töluverð vakning fyrir því meðal fullorðinna, og sjónvarpið hefur komið þar mjög til liðs, að draga úr tóbaksreykingum. Þeir, sem hafa einu sinni reykt, þekkja af eigin raun hversu óhollt það er, og ég tel að með þessu frv. sé stefnt í rétta átt. Hins vegar má auðvitað alltaf um það deila, hvort rétt sé að breyta einhverju orðalagi í frv. En þetta frv. er, eins og menn sjá, að verulegu leyti sniðið í anda hinna finnsku og norsku laga í þessum efnum.

Mér er ljóst að þetta frv. er flutt mjög seint og allsendis óvíst hvort það fer hér í gegnum báðar deildir nema með samstöðu þm. Annað er ekki hægt. En ég teldi það vera til þess betra ef þm. sæju sér fært að afgreiða frv. Það er þá um leið trygging fyrir því, að þetta framlag verði tekið upp sem ég hef hér skýrt frá, og jafnframt er það hvatning sérstaklega til unga fólksins, sem hefur lagt sig fram í þessum efnum, að halda áfram á þessari sömu braut.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til að að lokinni þessari umr. vrði frv. vísað til heilbr.- og trn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum, er sjálfsagt byggt á mjög góðum vilja til þess að draga úr þeim hættum og slæmum afleiðingum sem allir viðurkenna að óneitanlega geti fylgt miklum tóbaksreykingum. En ég er nú einhvern veginn þannig skapi farinn, að mér er farið að finnast yfirþyrmandi þessi ósköp sem dynja yfir af till., frv. um alls konar boð og bönn og fyrirskipanir um það, hvernig þegnar þjóðfélagsins eigi að haga sér og hvernig jafnvel þeirra neysluvenjur skuli vera. Ég er að vísu ekki gamall í hettunni sem þm., en ósköp finnst mér bera mikið innan sala þessarar virðulegu stofnunar á vilja til að segja þjóðinni og þegnunum fyrir verkum.

Ég efast ekki um það, að allt er þetta gert af góðum hug. En þó kemur þá upp í huga minn, hvort mikið af því pappírsflóði, sem hér rignir yfir, öllum þeim miklu og löngu grg. og skýrslum og þeim tíma, sem varið er til þess að fjalla um þau margvíslegu mál sem snerta slík boð og bönn, er ekki oft algjörlega varið til einskis og unnið fyrir gýg. Svo lengi sem ég man eftir mér hefur tóbak og meðferð þess verið einhvers staðar í nálægð minni. Ég minnist þess, að í æsku höfðum við krakkarnir gaman af því að safna ýmsum skemmtilegum auglýsingum sem voru tengdar tóbaki. Það þótti t. a. m. gaman að eiga togaraseríuna frægu sem fylgdi Teofanisígarettunum, — ég tek það fram, að við söfnuðum þessum seríum löngu áður en ég byrjaði að reykja, — að ég tali ekki um seríuna af fallegu stúlkunum sem við hrifumst svo mjög af. Jú, við urðum okkur úti um þessar myndir, og ég held að þær hafi ekkert spillt hugafari okkar þannig að það hafi aukist svo sérstaklega löngun okkar í tóbak. En það hefur kannske opnað augu okkar fyrr fyrir ýmsum öðrum unaðssemdum lífsins.

Þegar maður lítur yfir þetta frv. og grg. þess, þá er eins og svo oft þegar eitthvað er verið að banna eða taka upp einhverjar nýjungar. Fyrirmyndin er sótt til nágrannaþjóða okkar, frændþjóðanna, þeirra sem standa næst okkur, norðmanna. Við fyllumst alltaf hlýhug þegar við minnumst á norðmennina, þeir eru forfeður okkar flestra og fyrstu landnemarnir, að ég tali ekki um svía og finna. Persónulega tel ég þessar ágætu þjóðir alls góðs maklegar og ekki nema gott eitt um frændsemina og vináttuna við þær að segja. En ég vil aðeins benda á það, að þrátt fyrir að norðmenn séu að mörgu leyti merkileg og gagnleg og ágæt þjóð, þá virðist einhvern veginn svo vera, að þeir séu ákaflega tilfinninganæmir og það sé stutt hjá þeim í tilfinningahita, trúarhita og jafnvel ofstæki. Í því sambandi má benda á geysilegar deilur sem hafa verið í mörg ár ríkjandi hjá þeim, t. a. m. í

trúmálum. Þær voru á tímabili slíkar, að það voru miklar múgæsingar, sem sköpuðust í kringum þessi mál. Það var alls ekki frítt við að það kæmi einhver alda í sambandi við þessi heittrúarmál hingað út á eyðiskerið Ísland. Hver man ekki Hallesby-hreyfinguna? Allir vitum við um hinar miklu deilur sem eru ríkjandi hjá norðmönnum um málnotkunina. Það er vegist þar á með mikilli hörku, hvort eigi að tala landsmál, ríkismál eða annað. Eins er það, að okkur er kunnugt um að þeir hafi verið ákaflega losaralegir í sambandi við meðferð sína á áfengismálum. Þeir hafa verið með eilíf boð og bönn og það hefur gengið á ýmsa vegu hjá þeim.

Í grg. þessa frv., sem hér er til meðferðar, er að sjálfsögðu einnig vísað til reynslu svíanna og finnanna. Okkur er einhvern veginn svo tamt að vísa til reynslu Norðurlandaþjóðanna, sem við öll að vísu viljum hafa náið samband við um þau atriði sem þeim hefur gengið best að framkvæma. En það er um þessar þrjár þjóðir að segja, norðmenn, svía og finna, að þær hafa átt langsamlega erfiðast, næst okkur íslendingum, að umgangast t.a.m. almenna neysluvöru eins og áfengi á manneskjulegan og sómasamlegan hátt. Og því er það að mínu mati mjög mikill galli, að það hefur alltaf þótt sjálfsagt að apa eftir þessum ágætu þjóðum alla þá vitleysu sem þær hafa getað fundið upp á í sambandi við framkvæmd þessara mála, og nú þykir sjálfsagt að gera það líka í sambandi við tóbaksreykingar. (StJ: Finnar fara miklu verr með brennivín heldur en við.) Hvers vegna? Ég þakka hv. þm. fyrir þessa athugasemd. Það styður mál mitt, að það er ekki til finna að leita til fyrirmyndar um meðferð jafnvandmeðfarins máls og neyslu tóbaks og áfengis, svo við ættum að strika þá út sem ráðgefandi á því sviði.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég er ekki á móti baráttu gegn reykingum, síður en svo. Ég er þess fyllilega meðvitandi, að ofnautn tóbaks getur fylgt viss hætta og viss veikindi. En það er bara ekki tóbakið eitt sem er með þessum ágalla. Það er svo um ýmsar aðrar neysluvörur, almennar neysluvörur í þjóðfélaginu, að ofneysla getur valdið vanheilsu og ýmsum slæmum eftirköstum. En ég get ekki að því gert, að mér finnst að Alþ., sem ég ber mikla virðingu fyrir, hafi allt annað með tíma sinn að gera heldur en að vera að skipta sér af málum eins og þessu. Ég held að við eigum að láta almenning, þegnana sjálfa, um það að leysa þessi vandamál á þann hátt sem þeir telja að besta lausnin verði fundin.

Ég vil t.a.m. í þessu sambandi benda á sem lofsvert framtak í sambandi við ofneyslu tóbaks það virðingarverða átak og þá virðingarverðu hreyfingu sem hefur komið frá ungmennunum sjálfum í framhaldsskólum. Þar eru öfl að verki sem eru líkleg til að vinna svo að málum að það beri góðan árangur, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þau samtök, sem vinna að slíkum málum eins og þessum og spretta upp úr slíkum jarðvegi, eru miklum mun líklegri til góðs árangurs heldur en þó að hv. Alþ. samþ. frv. sem inniheldur nokkrar lagagreinar um slíkt efni. Ég ber miklu meiri tiltrú til þess starfs sem unnið er af æskunni sjálfri í forustu.

Ég veit ekki hvort þetta frv. er einn liður í þeirri áróðursherferð sem nú gengur yfir. Það er eins og það sé tískuatriði núna, að allir ætla að hætta að reykja. Ég held að þjóðin ætli öll að hætta að reykja í dag eða á morgun eða í næstu viku. Guð hjálpi fjmrh. Ég er ekki farinn að sjá það að hann láti 25 millj. á fjárl. næst, ef svo hörmulega færi fyrir honum að ekki yrði keypt ein einasta sígaretta og enginn vindilstúfur það sem eftir er ársins. En ég get nú ekki að því gert, mér finnst allt sjónvarpsbrölt og dinglumdangl, sem er í sambandi við þetta, hafa á sér sýndarmennsku og yfirskin. Ég minnist þess, að einu sinni var hér ráðh. sem gaf út fyrirmæli um að það mætti ekki minnast á dans eða dansleiki í auglýsingum í útvarpi. Við urðum að sætta okkur við það. En einhvern veginn var samt sem áður hægt í gegnum útvarpið að koma því til skila, að menn ætluðu að hittast og það mundi vera hljómsveit á staðnum. (Gripið fram í.) Ég vil benda hv. þm. á það, að það sýnir víðfeðmi og frjálslyndi Sjálfstfl., að auðvitað hlýtur hann að geta haft innan sinna vébanda slíka menn. Þar rúmast allar skoðanir.

1. gr. þessa frv. hljóðar svo: „Hvers konar auglýsingar á tóbaki og tóbaksvarningi eru bannaðar hér á landi.“ Það er nú það. Við erum víst búin að búa við það alllengi, að tóbaksauglýsingar og áfengisauglýsingar eru bannaðar í fjölmiðlum og víst blöðum líka. En ég vil þá bara leyfa mér að spyrja: Ber að skilja þessa grein þannig, að hér eftir eigi t.a.m. að banna innflutning á erlendum tímaritum sem eru löðrandi í auglýsingum um tóbak, — við skulum halda okkur við orðið tóbak núna, því þetta frv. snertir ekki annað, — því að þetta er prentmál sem selst hér í þúsundum eintaka á hverri viku. Ef það er einlægur vilji sem liggur hér á bak við, að slíkt skuli ekki koma fyrir augu þeirrar þjóðar sem byggir þetta land, þá held ég að það verði að fylgja þessu rækilega eftir.

Svo segir í 3. gr.: „Ráðh. er heimilt að leggja bann við tóbaksreykingum í húsakynnum sem eru til almenningsnota.“ Hvað er til almenningsnota? Ég veit ekki hvernig háttar með það virðulega hús sem við erum hér í og höldum okkar fundi. Ég hef staðið í þeirri meiningu, að hér réðu forsetar Alþingis öllu. Það er nú eins og ég sæi andlitið á einhverjum hér, ef forsetar Alþingis einn góðan veðurdag tilkynntu: Tóbaksreykingar verða ekki leyfðar innan veggja þessa húss. — Ég held að það yrði einhver þm. dálítið skrýtinn.

Nei, ég held að það sé kominn tími til að við lítum svolítið á þessi mál af raunsæi, hættum að gera þau að svona miklu tilfinningamáli og sleppum því að vera með einhverja draumóra um að við getum með einföldum reglugerðum, sem felast í lagaboðum og bönnum, numið burt þau óþægindi og þjáningar sem ofnautn slíks varnings eins og tóbaks getur e.t.v. orsakað.

Ég er a.m.k. þannig gerður, að mér er ákaflega til efs að frv. eins og það, sem hér er til umr., geri nokkurt gagn. Og ef ég er þeirrar

skoðunar að svo sé um frv. sem er til umr., þá tel ég mig samvisku minnar vegna knúinn til að lýsa andúð minni við að slíkt frv. nái fram að ganga, og því er það, herra forseti, að ég hef kvatt mér hljóðs til að lýsa þessum skoðunum mínum á þessu máli.

Ég vil beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til athugunar, að hún athugi þetta mál vel og taki til alvarlegrar athugunar hvort ekki er hægt að hjálpa til við þá vissulega heilbrigðu framkvæmd sem er í því að vinna á móti ofnautn tóbaks, en gæti kannske unnist á heillavænlegri og áhrifabetri og árangursríkari hátt en með samþykkt frv. eins og hér er lagt fram.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður vildi láta almenning um að ráða sínum venjum. Ég er honum í raun og veru alveg sammála í þessu efni, a.m.k. svo lengi sem það er unnt, og þess vegna finnst mér alveg ástæðulaust að það sé verið að hafa áhrif á venjur almennings með því að auglýsa vöruna, hvort sem það eru fallegar stelpur eða bátar sem fylgja með. Það er engin ástæða til þess. Þess vegna er alveg rétt að banna þetta.

Hann hafði áhyggjur af fjmrh. ef það skyldi minnka eitthvað sala á sígarettum. Ég held að hann geti verið alveg rólegur fyrir því. Ef það minnkaði eitthvað sala á sígarettum, ég tala nú ekki um ef það minnkaði eitthvað sala á áfengi líka, þá mundi innan tíðar lífið verða miklu léttara og áhyggjuminna fyrir fjmrh. og ég tala nú ekki um heilbrrh., því að búið er að sanna það að hjá mjög verulegum hluta af því fólki, sem lendir á sjúkrahúsum og lendir í langvarandi heilsuleysi, stafa örðugleikar þess að einhverju leyti af notkun á ávanaefninu tóbaki og vímugjafanum alkóhóli. Og það er nú að koma í ljós betur og betur, að tóbaksreykingar eru miklu skaðlegri en nokkur hafði áður gert sér grein fyrir, og það er þess vegna sem þjóðir eru að rumska og reyna að hafa áhrif á neysluvenjur.

Það er líklega óvíða sem þetta hefur komið jafnvel fram eins og hér á landi. Fyrir síðustu heimsstyrjöld var það undantekning ef konur í þessu landi reyktu, og þá var það líka undantekning ef konur á Íslandi fengu lungnakrabba. En núna þessi árin er það að ske, að lungnakrabbi er að verða jafntíður hjá konum og körlum. Ég er ekki að segja að þetta sé vísindaleg sönnun þess, að lungnakrabbinn stafi fyrst og fremst af reykingum. Ég er ekki að halda því fram. Hins vegar er vitað að þetta er ein orsök hans, og þetta virðist hafa komið sérstaklega greinilega fram einmitt hjá okkur. Kannske er það heldur engin tilviljun og kannske er það eitthvað í sambandi við þessar staðreyndir að íslenskar konur lifa 5—6—7 árum lengur en karlarnir, en þær hafa notað áfengi og tóbak í miklu minni mæli en við karlarnir og það er m.a. þess vegna sem þær lifa lengur.

Ég ætlaði nú ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Mér þykir vænt um að það er fram komið. En ég held að það vanti þó þarna það sem kannske gerir gæfumuninn um það, hvort við reykjum mikið eða lítið, og það er það, að tóbak verður að vera dýrt. Ef þarna væri sem sagt tvöföldun á verðinu á hverjum pakka, þá væri ég ánægður með það. Það er ekki nokkur vafi á því, hvort sem er um tóbak eða áfengi að ræða, að hátt verðlag er eitt öflugasta og besta ráðið til þess að minnka neysluna, og það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt. En ég held að þetta út af fyrir sig komi að nokkru haldi. Það verður að viðurkenna, að það er rétt að inn munu streyma erlend tímarit með alls konar auglýsingum um tóbak, og einkum munu myndir í sjónvarpi halda áfram að hafa sín áhrif. En því meira sem gert er til þess að reyna að leiðbeina ungu fólki eða a.m.k. láta það vera að telja það á að nota tóbak, því betra fyrir þjóðfélagið að mínu viti.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir framlagningu þessa frv. Ég tel einmitt að með þessu frv. sé verið að taka undir við það unga fólk sem hefur verið að rísa upp nú undanfarið, og hreyfing þess er án efa mjög gagnleg, vegna þess að tóbaksneyslan hefur verið að færast ískyggilega niður í aldurflokkana, og ég tel að á Alþ. hvíli viss skylda að taka undir við þetta fólk. Spurning er auðvitað með hvaða hætti á að gera það. Ég tel að þarna sé um eina leið að ræða þar sem þetta fólk fær verulegar undirtektir. Hitt er svo annað mál, hvaða áhrif hinar ýmsu fyrirbyggjandi aðgerðir hafa, en skylt er að reyna þær í hvívetna og hafa þar um fyrst og fremst hlutlausa fræðslu og vissan áróður sem byggist á staðreyndum áþekkum þeim sem hv. síðasti ræðumaður var að lýsa hér áðan.

Ég tel ekki óeðlilegt að leitað sé til Norðurlandaþjóða varðandi þetta. Norðurlandaþjóðirnar búa nefnilega við sams konar vandamál og við í þessum efnum, og þá er eðlilegt að við notfærum okkur reynslu þeirra og það sem þær hafa gert til þess að leysa á einhvern hátt þetta vandamál. Og ég tel okkur skylt að gera það sem unnt er í þessum málum.

Hv. þm. Jón G. Sólnes talaði um yfirþyrmandi flóð af till. um boð og bönn. Að vísu hefur hv. þm. reynt að bæta úr því með tillöguflutningi í gagnstæða átt sem því miður kemur víst ekki hér frekar til umr. en hann vék hér að áðan. En ástæðan til þess er vitanlega sú, að hér er um að ræða yfirþyrmandi neyslu á þessum vörum, sem fer sífellt vaxandi og ég hef heyrt þennan hv. þm. halda fram hér úr ræðustól að sé eitthvert mesta vandamál okkar. Það eru þessi yfirþyrmandi sannindi um þessa ofneyslu sem valda því vitanlega að viðbrögðin hjá okkur hljóta að verða þau að reyna einhvern veginn að koma hér í veg fyrir. Hvort við erum að fara réttu leiðirnar, það er svo annað mál. En ég held að Alþ. beri einmitt skylda til þess að fjalla um þessi mál, þau eru svo alvarleg. Auðvitað er spurningin bara: með hvaða hætti og hvaða gagnsemi þetta hefur. En það held ég að fari ekkert á milli mála, að það er hvatning — hrein hvatning — fyrir það unga fólk sem nú er að hefja merki upp í skólunum víða gegn reykingum, og vonandi yfirfærist það á öll eitur-

efni af þessu og svipuðu tagi. Ég er alveg viss um það, að þetta unga fólk getur ekki fengið betri hvatningu en þá, að Alþ., sem það vonandi ber einhverja virðingu fyrir, á borð við hv. þm. Jón G. Sólnes, a. m. k. í framtíðinni, fjalli um þessi mál og leiti leiða til að koma eins og mögulegt er í veg fyrir ofneyslu þessara eiturefna. Það sýnist mér vera megintilgangurinn í þessu frv., og þann tilgang ber að meta.

Um það getum við deilt endalaust, hvaða áhrif það hefur sem þetta unga fólk er að gera. Vafalaust kemur einhver andhverfa þessa upp hjá öðru ungu fólki. Og sama er að segja um þátt fjölmiðla í þessu. Eflaust kemur upp andhverfa þess hjá einhverjum, að vera þarna á móti, á svipaðan hátt og mér finnst eiginlega málflutningur þessa hv. þm. vera eins konar andsvar við þessu öllu saman, þessum yfirþyrmandi umr. um þessi mál. Þá rís hann upp í nafni frelsisins og annarra viðlíka hugsjóna, að því er hann segir, rís upp sem andhverfa allra þessara boða og banna sem við erum, að því er hann sjálfur segir, talsmenn fyrir.

Ég fagna sem sagt þessu frv. sem beinu framlagi okkar til þeirrar umr., sem um þessi mál hefur orðið, og lít á það sem slíkt. En um áhrifin af því fer auðvitað eftir mörgu, m. a. eftir okkur sjálfum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Tveir síðustu ræðumenn hafa að vísu að verulegu leyti tekið af mér ómakið, m. a. við að þakka hæstv. ráðh. fyrir að leggja þetta frv. fram.

Nú er það svo, að ég greip fram í fyrir hv. þm. Jóni G. Sólnes í ræðu hans áðan, einungis til þess að þakka honum fyrir stutta athugasemd sem hann kom þar fram með um baráttutækni í viðureigninni við reykingarnar. Ég er honum alveg sammála um þetta atriði, að það að reykja eða að hætta að reykja er mikið einkamál, ofneysla tóbaks á að vera einkalöstur og það á að vera algjört einkaframtak að leggja niður þann óvana að reykja. Ég hef af langri lífsreynslu komist að þeirri niðurstöðu, að það sé við hæfi að menn þreyti þá glímu, sem lýtur að ofneyslu hvort heldur áfengis eða tóbaks, einir sér, svo lengi sem það er fært. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það sé heppilegt að bera þá baráttu á torg. En eins og hv. þm. Oddur Ólafsson kom inn á í sinni ræðu, þá er því þannig varið, að mönnum er það ekki í sjálfsvald sett og þá síst af öllu unglingunum, hvort þeir byrja að reykja eða ekki. Þeim er það ekki í sjálfsvald sett. Það eru lagðir geysilegir fjármunir í það að fá unglingana til að reykja — geysilegt fjármagn og mikið hyggjuvit — vegna þess að á bak við tóbaksauglýsingarnar liggur háþróuð sölutækni sem er orðin grein í sálarfræðinni. Og sölumennskan er skipulögð langt út fyrir hinar eiginlegu auglýsingar sem bornar eru fram sem auglýsingar, hún er einnig komin inn í kvikmyndir, sem eru til sölu og til sýnis í öðrum tilgangi heldur en þeim, og inn í sjónvarpsefni.

Unglingarnir okkar fá sem sagt ekki að ráða þessu sjálfir. Það er lagt geysilegt fé í að fá þá til þess að byrja að reykja. Nú ætti ég að vísu að stilla mig um það, eftir að vera búinn að flytja yfirlýsingu um hversu mikið einkamál það er hvort menn reykja eða hætta að reykja, — stilla mig um að segja frá smátilraun sem ég hef verið að gera sjálfur nú síðustu 10 dagana. Ég hef verið að gera tilraun með það, hvernig er að hætta að reykja eftir að hafa reykt í 36 ár og það allmikið. Sú tilraun stendur enn. Ég veit að ég þarf ekkert að lýsa því fyrir hv. þm. Jóni G. Sólnes, að þetta er allerfitt í raun og veru. Hér er svo sannarlega um ávanalyf að ræða. Og ég hef ekki staðið um ævina í öllu strangara en þessa 10 daga eða svo að stilla mig um að reykja. Nú er ég alveg ugglaus um að þetta muni takast, að þetta sé fær leið. Og ég geri ráð fyrir að ég láti það bíða að reykja þangað til ég hef a. m. k. sannað það fyrir sjálfum mér að ég geti hætt því.

En samtímis því sem við leyfum okkur hér í þingsölunum öðru hverju að tala um ávana- og fíknilyf í breiðri merkingu og hneykslunartóni, þá held ég að við verðum að minnast þess, að þar á meðal eru tvö ávana- og fíknilyf sem íslenska ríkið selur, þar sem er tóbak og áfengi. Ég er enn hv. þm. Jóni G. Sólnes sammála um það, — það geta verið þung orð og verið býsna þungbært að játa það, hvað oft maður getur verið þessum ágæta þm. sammála um ýmislegt sem hann segir, — ég er honum sammála um það, að við getum ekki sniðið í öllu okkar baráttutækni í viðureigninni við tóbaks- og brennivínsfýsn eftir erlendum fyrirmyndum. Sitt á við í landi hverju að þessu leyti. En gjarnan vildi ég sjá frv. þetta samþ. hið fyrsta á þinginu hérna og væri vel til með að stuðla að því, að því yrði bætt við að fenginni skammri reynslu af framkvæmd þessara laga, að bannað yrði að sýna í kvikmyndahúsum á Íslandi og í sjónvarpi kvikmyndir sem til þess eru fallnar að hvetja fólk til reykinga.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að fagna því, að þetta frv. skuli vera komið fram, og þakka ráðh. fyrir framlagningu þess. Það hefði að vísu mátt vera komið fram fyrr, en ég vona að Alþ. beri gæfu til þess að koma málinu fram, helst áður en þessu þingi lýkur.

Við höfum ekki komist hjá því undanfarið að verða vör við mjög vaxandi áróður gegn tóbaksreykingum, og það er ekki óeðlilegt þar sem það er orðið læknisfræðilega sannað hversu heilsuspillandi tóbaksnotkun er. Og þeim mun meiri nauðsyn er að koma því í reglugerð, að þetta ávanalyf sé ekki auglýst hvar sem er, þannig að þeir, sem ekki eru þegar farnir að reykja, læri það ekki af því sem þeir sjá í kringum sig beinlínis. Nóg er samt til þess að kenna ósómann.

Við tölum gjarnan mikið um það og sérstaklega nú á síðustu tímum, að mengunin sé yfirvofandi í kringum okkur, og við erum eðlilega, Íslendingar, hræddir við alla mengun þar sem við búum við hreint og tært loft. Þetta ber á góma sérstaklega í sambandi við umr. um ýmsa stóriðju, og er ekki óeðlilegt að við íhugum

það og það vandlega. En við skulum líka líta á hitt, að við eigum þá ekki að stuðla að því að menga andrúmsloftið sjálf með því að reykja, eins og við gerum vissulega, og hugsum þá ekki alltaf um það, að við spillum andrúmsloftinu fyrir öðrum sem ekki reykja. Þetta finnum við kannske enn þá betur sem höfum reykt, en höfum hætt því. Við verðum varari við þetta og tökum betur eftir því, hversu mengandi þetta er, einmitt af því að við höfum verið gegnsósa og samsamaðir þessu áður fyrr.

Yfirleitt er reglan sú í mannlífinu að hinir fullorðnu reyna að hafa gott fyrir börnunum, reyna að hafa áhrif á þau í uppeldinu og móta þau til góðs og fagurs lífernis. Undanfarið hefur þetta snúist nokkuð við, eins og komið hefur fram í máli hv. þm. hér á undan. Unga fólkið, skólaæskan, hefur upp á síðkastið kennt okkur hinum fullorðnu að berjast í þessu máli og náð undraverðum árangri. Það sýnir einmitt sú aukna viðleitni sem á sér stað um þessar mundir og hefur átt sér stað undanfarið, viðleitni fólks til þess að reyna að hætta að reykja. Það er ánægjulegt þegar dæmið snýst svona við og við hinir fullorðnu getum lært af hinum yngri, því nóg er nú samt sem hinir yngri læra af okkur.

Við skulum hafa það hugfast, sem okkur öllum er ljóst, að auglýsingin sem slík er ákaflega stefnumarkandi og hefur ávallt mikil áhrif. Það er kannske aldrei hægt að koma í veg fyrir að öllu leyti að svona hlutir verði auglýstir, því alltaf má fara í kringum hlutina. En með þessu frv. er reynt að sporna við og það er vissulega spor í rétta átt og gæti náð verulegum árangri í því að losa okkur við auglýsingar eða vanabindandi þætti í þessu sambandi.

Hv. þm. Stefán Jónsson talaði hér nokkuð um að það væri einkamál hvers og eins þegar hann hætti að reykja, og vissulega er það rétt. Þar verður hver að berjast við sinn löst og sigra eða taka ósigri eftir atvikum. En við skulum minnast þess í þessu sambandi, að auglýsingin á tóbakinu er ekkert einkamál. Henni er ætlað að koma fyrir margra sjónir og hún er sterkur áhrifavaldur í lífi manna. Þess vegna er það mikils virði ef löggjafinn vill reyna að sporna hér við og koma í veg fyrir að tóbak sé auglýst eins og hefur verið gert. Að vísu eru tóbaksauglýsingar bannaðar utan dyra, en farið hefur verið í kringum þetta bann eins og við öll þekkjum.

Ég ætla ekki að tefja þessa umr. meir að sinni, en vil vænta þess og vona að þetta frv. komist í gegnum þetta þing sem nú stendur.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það gleður mig sérstaklega að sjá það, að fram skuli vera komið frv. er gengur í þá átt að nú skuli auglýsingar á tóbaki verða bannaðar hér á landi algjörlega. Á sínum tíma flutti ég einn það frv. er varð að lögum árið 1971, í apríl, er hamlaði á móti auglýsingaflóðinu sem þá hafði geisað hér á Íslandi í alllangan tíma og var orðið með þeim hætti, að gjörsamlega var óviðunandi, t. d. í kvikmyndahúsunum, og var svo mikil blekking í þeim auglýsingum að mér fannst ég ekki geta setið aðgerðalaus og flutti frv. á sínum tíma einn.

Auðvitað mætti frv. gagnrýni hér á Alþ. og jafnvel nokkuð harðari mótspyrnu. En það átti einnig góða stuðningsmenn og það fékk framgöngu á síðustu dögum þingsins þá. Það, sem kannske var gleðilegasti votturinn við þann stuðning, var að almennt víða um land fékk það góðan stuðning og sérstaklega frá mörgum áhugamannahreyfingum, og þau gögn liggja hér öll fyrir. Og það er gleðilegt að sú þróun, sem kom fram þá og var staðfest, hefur haldið áfram í þá áttina að draga úr áhrifum tóbaksreykinga hér á landi.

Þetta frv., sem ég bar fram, gekk ekki nægilega langt miðað við reynslu. Ég vildi þá ekki eða taldi ekki mögulegt að fara inn á viss svið sem hefur sýnt sig nú, hér á landi og annars staðar, að er nauðsynlegt að gera, og því er mjög ánægjulegt að sjá að hæstv. ríkisstj. og heilbrrh. hafa tekið þetta skref. Á hann sérstakar þakkir fyrir það og verður minnst örugglega að verðleikum fyrir þetta skref.

Það er út af fyrir sig rétt, að það er leiðinlegt að þurfa að setja boð og bönn, hvar sem þau koma fram. En stundum komast menn ekki hjá því. Auglýsingarnar voru komnar á það stig, að fyrstu 10—15 mínúturnar í kvikmyndahúsi voru notaðar til að auglýsa ákveðna vöru. Þá var mjög gripið til þess að fá kunna íþróttamenn, — menn voru í siglingum á góðum bátum, menn voru á skíðum, menn voru á skautum og menn voru orðnir nokkuð þreyttir og þurftu að hvíla sig, og átti þá sígarettan að vera hjálparmeðalið. Þetta var komið út í öfgar bæði hér á landi og annars staðar, og við þessu var spornað.

Enn hefur það ekki verið gert erlendis að hamla á móti auglýsingum í vissum tímaritum, og þau tímarit koma til landsins og verða hér áfram til sölu. Þetta er út af fyrir sig ákveðið vandamál og á því er ekki tekið hér, kannske ekki hægt að taka á því hér miðað við aðra samninga sem við höfum gert um frjálst lesmál á milli þjóðanna. En þetta sama vandamál ríkir þá alls staðar. Hins vegar er mögulegt, eins og frv. gerir ráð fyrir, að banna allar auglýsingar aðrar — og það hefur verið gert í öðrum löndum — og einnig að taka það skref að tryggja mönnum a. m. k. varðandi opinbera staði og ákveðna staði, þar sem fólk kemur saman, og í flutningatækjum, að tryggja þeim, er ekki reykja og ekki eru vanir tóbaksreyk, frítt svigrúm. Það er mjög gott.

Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta þó að tilefni væri til þess — ærið tilefni. Svo víða hefur verið sannað að áhrif tóbaksreyksins eru neikvæð á heilsu manna, að það er ekkert einkamál viðkomandi aðila að hvetja aðra til þess að reykja, vegna þess að þjóðfélagið í heild, hvar sem það er, tekur á sig stórútgjöld vegna neyslu á þessari vöru. Um það þarf ekki að deila lengur. Það eru margfaldar sannanir í því efni gerðar af vísindamönnum um allan heim eftir áratuga rannsóknir, svo ekki þarf að deila um slíkt. Það eru staðreyndir.

Ég vil því aftur þakka frv. og vænti þess, eins og fleiri hv. þm. sem hér hafa talað, að frv. fái góðan byr í gegnum hv. Alþ. og geti orðið að lögum sem fyrst eða hinn 1. júní 1977, eins og 8. gr. þess gerir ráð fyrir.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir hvað þeir hafa tekið þessu máli vel allir, að undanskildum hv. 2. þm. Norðurl. e., en ég vil aðeins segja við hann örfá orð.

Þetta frv. er ekki nýtt, eins og aðrir ræðumenn hafa bent á. Það er í lögum bann við auglýsingum á tóbaki og tóbaksvarningi sem hefur verið farið nokkuð fram hjá. Er nú með þessu frv. komið í veg fyrir slíkt, að öðru leyti en því sem hv. síðasti ræðumaður gat um erlend rit sem eru flutt til landsins. Við því verður ekki séð. Hv. þm. spurði hvort það væri ætlunin að banna innflutning á slíkum ritum. Það held ég að engum hafi dottið í hug að gera, og það er auðvitað agnúi að þessar auglýsingar koma inn í landið. Við erum ekki með þessu frv. að gera annað en breytingu frá því, sem í gildi hefur verið, og jafnframt að framkvæma vilja Alþ. um frekari aðgerðir samkv. þáltill. þeirri sem ég vitnaði til í framsöguræðu minni og var samþ. 26. febr. 1976. Ég taldi í framkvæmd ótækt að hafa þessar n. tvær og það yrði auðvitað að hafa hér eina n., sem færi með framkvæmd þessara mála í umboði rn., og jafnframt þessa tryggingu á fjármagni til að standa undir þessum kostnaði. Ég tel að til þess að tryggja að þetta framlag verði tekið inn í fjárl. næsta árs sé nauðsyn að þetta frv. nái fram að ganga, og eftir því sem ég hef heyrt á hv. þm., þá ætti það auðveldlega að takast í þessari d., og vonandi fær það svipaðar viðtökur í nefnd.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að lengja þessar umr. úr hófi. Aðeins vildi ég koma hér í ræðustól aftur til þess að taka af öll tvímæli og fyrirbyggja, ef sá misskilningur skyldi vera fyrir hendi, að ég með þeim orðum, sem ég hafði í sambandi við þetta frv. áðan, sé að hvetja til reykinga og ég sé á móti ráðstöfunum til að draga úr tóbaksreykingum. Það er mesti misskilningur. Ég byrjaði ungur að reykja og reykti lengi og mikið, en það eru líka mörg ár síðan ég hætti. Og ég hef reynt, eftir því sem ég hef frekast getað, að láta í ljós það álit mitt alls staðar, að ég teldi að einhver sú allra vitlausasta athöfn, sem einstaklingurinn framkvæmdi, væri að reykja. Ég hef sagt bæði við mín börn og aðra, að ég líki því ekki saman hvað sé þó meira virði, að maður fái þó óbeinlínis eitthvað fyrir peningana sína t. d. með því að kaupa sér hálfflösku af brennivíni eða eitthvað svoleiðis eða að fá sér þrjá til fjóra sjússa eða drekka sig hálfan. Maður getur þá komist í það ástand, að maður á þó töluvert mikið af heiminum og kannske allstóran hlut af honum og er nokkuð stór persóna vissa stund, mismunandi lengi eftir atvikum. Það má segja: er á meðan er, þó það sé mikil blekking, sem stundum veitir vissa fróun sem tóbakið gerir ekki að mínu mati. En aðeins vildi ég láta það koma fram, að ég er nú einhvern veginn þannig gerður, að ég hef ekki trú á svona boðum og bönnum og svo t. a. m. sektarákvæðum eins og í 7. gr.:

„Brot gegn lögum þessum varðar sektum allt að 500 þús. kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum."

Haldið er fram að hátt verð á varningi eins og tóbaki sé öflugasta ráðið til þess að minnka neysluna eða að það sé einhvert sáluhjálparatriði, eins og kom fram hér hjá einum hv. þm., að láta ekki sýna kvikmyndir þar sem fólkið lifði í þeirri sjálfsblekkingu að því líði vel að vera að reykja t. a. m. góðan vindil eða pípu. Mér list ekki á þá framtíð ef slíkt ætti allt að hverfa, ég verð að segja það, og það getur vel verið af því að ég er orðinn þetta gamall. Ég er alinn upp með syndina að förunaut, en sú er sögð lævís og lipur, en ég veit ekki til þess að þið hafið vald eða getu til að bjóða eitthvað annað, t. a. m. algerlega syndlaust líf. Ég held því að við verðum að fara að þessu öllu með gát.

Einhvern veginn finnst mér að við verðum að sætta okkur við tóbakið að einhverju leyti. Þetta er neysluvarningur hjá sumum einstaklingum, algjör neysluvara. Ég þekki fólk sem hefur neitað sér um allt nærri því heldur en tóbak, og þegar svo er komið, þá er það fólk sem ekkert hefur til sakar unnið nema þetta, að hafa tamið sér þessa nautn og þá er það vafasöm ráðstöfun eða lækning af þjóðfélagsins hálfu að fara að beita slíkt fólk þeirri aðferð að fara að skattleggja það sérstaklega fyrir að það hefur fallið fyrir þessum lesti. Ég held að það sé ekki að rétta þjáðum manni líknarhönd að fara þannig að, svo að ég er ekki hvetjandi til hjálpar í þá átt. Nei, ég er hlynntur þeirri hreyfingu, sem ég hef orðið var við hjá unga fólkinu, og vil styðja hana af öllum mætti. Ég er viss um að sú hreyfing getur borið ríkulegan árangur. En við skulum láta Alþ. vinna að sínum störfum. Það hefur nógum öðrum vandamálum að gegna sem falla betur undir störf þess. Ég held að þegnarnir sjálfir leysi best þann vanda sem fylgir tóbaki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 506). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var upprunalega flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út í sumar til leiðréttingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en það eru tvær fyrstu gr. frv. Þar urðu mistök við lokaafgreiðslu málsins hér á Alþ. sem ekki var fært annað en að leiðrétta með brbl., en þau tóku gildi 1. júlí á s.l. ári.

Þá er enn fremur frá sjútvrn. vegna framkvæmdar laganna um fiskveiðilandhelgi Íslands gerð till. um að breyta nokkuð í sambandi við stjórnun veiðanna. Það er í 9. gr. frv. og er á þá leið, að þegar Hafrannsóknastofnunin eða eftirlitsmenn hafa lokað ákveðnum svæðum, þá höfðu þeir heimild til þess að loka í þrjá sólarhringa, en það hefur komið í ljós við þessar aðgerðir, að nauðsynlegt er að lengja þann tíma sem þessi

heimild nær yfir, og féllst rn. á að það væri allt að sjö sólarhringum. Enn fremur eru frekari og fyllri ákvæði um hvernig skal tilkynna skyndilokanir eftir að þær hafa verið ákveðnar, en þær skal tilkynna Landhelgisgæslunni og einnig skal sjútvrn. tilkynnt um slíkar skyndilokanir og forsendur þeirra. Rn. á síðan að ákveða í samráði við Hafrannsóknarstofnunina eftir sjö sólarhringa, hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks og friðaðra tegunda á viðkomandi svæði.

Aðrar greinar frv. fjalla um ákveðnar veiðiheimildir, og þær eru þannig til komnar, að á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna voru þessar samþykktir gerðar og auk þess ein samþykkt til viðbótar og þess óskað við sjútvrn. að það flytti þessar brtt. við lög um fiskveiðilandhelgi Íslands. Þessar till. fengu mjög ítarlega skoðun í sjútvrn. og var leitað umsagnar um þær hjá Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi Íslands og fleiri aðilum. Varð að ráði eftir þessa athugun að sjútvrn. óskaði eftir því við sjútvn. Nd. að hún flytti þessar till. við þetta frv. ásamt þeirri brtt. sem ég gerði að umræðuefni áðan varðandi stjórnun veiðanna og er komin eingöngu frá sjútvrn. Þó var ein till., sem kom frá hagsmunasamtökum útvegsins, sem rn. treysti sér ekki til að taka upp og var mótfallið að taka upp, en það var varðandi tiltekna aukningu á botnvörpuveiðum nokkurra skipa fyrir Norðurlandi sem hefði valdið enn meiri gagnrýni en sumar af þessum till. og mjög hæpið, þar sem hér var um að ræða ákvæði fyrir aðeins örfá skip og það á svæðum sem eru jafntakmörkuð fyrir botnvörpuveiðum gagnvart þeim skipum, sem fyrir eru, eins og Norðurland mestallt er.

Ástæður fyrir því, að sjútvrn. tekur upp þessar till. sem hér liggja fyrir og eru nú komnar inn í frv. frá Nd., eru þessar: Í fyrsta lagi er till. varðandi Breiðafjörðinn sem var mikið ágreiningsefni á lokastigum þessa máls hér á hv. Alþ. í báðum d., og var á engan hátt hægt að segja að hafi verið fullkomlega réttlát afgreiðsla á því máli. En málið var komið í algjöra sjálfheldu og hefur verið afar fast sótt á af snæfellingum að fá hér breytingu. Að vísu má segja að sjútvrh. hafi heimild til þess að þrengja togveiðar stærri togara og þar af leiðandi geti hann komið til móts við óskir snæfellinga í þessum efnum, en þó ekki nema að takmörkuðu leyti. Ég fyrir mitt leyti tel miklu betra og þægilegra fyrir sjútvrn. að öllu leyti að Alþ. staðfesti þessa breytingu í stað þess að gera með reglugerð þrengri kost stærri togveiðiskipa. Og ég tel ákaflega mikils virði að samkomulag náðist um þetta atriði á aðalfundi L.Í.Ú. og við þá sjómenn og skipstjórnarmenn sem margir hafa rætt við mig síðar, bæði um þetta mál og önnur þau sem hér liggja fyrir. Ég held að það sé óhætt að segja, að það séu engar stórdeilur eða neinn alvarlegur ágreiningur uppi um þessar till. að undanskilinni till. um svæðið frá Hvítingum að Hvalnesi. Þar var mikil óánægja hjá nokkrum þm. í Nd., einkum þm. Austurlands. Hins vegar er hart á þessa breytingu sótt af ýmsum öðrum, sérstaklega frá Vestmannaeyjum og jafnframt að hluta til frá Hornafirði, svo að ég láti koma hér fram þessa andstöðu, en þessar till. náðu fram að ganga, eins og þær liggja fyrir í þessu frv.

Þetta mál er nú búið að vera alllengi fyrir Nd. Ég hefði kosið að það hefði verið komið miklu fyrr til þessarar hv. d., en við það hef ég ekki ráðið. En málið liggur ákaflega ljóst fyrir og ég vænti þess að hv. sjútvn. taki þetta frv. fyrir sem allra fyrst og afgreiði það. Ég legg sérstaka áherslu á hina sjálfsögðu leiðréttingu, sem auðvitað er enginn ágreiningur um, og svo aftur breytingu varðandi stjórnun veiðanna. Enn fremur er ég fyrir mitt leyti sem þm. stuðningsmaður þess og meðmæltur því að þessar aðrar brtt. verði samþ. óbreyttar. Ég held að málinu verði stefnt í töluverða tvísýnu ef verða gerðar á því breytingar í þessari d., þannig að það gæti svo farið að það dagaði þá uppi. En það væri mjög slæmt að mínum dómi vegna þessara ákvæða sem ég hef nefnt.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur.

Miðvikudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. (þskj. 427). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en þær breytingar voru samþykktar af stjórn sjóðsins í marsmánuði 1976. Í aths. með lagafrv. er gerð almenn grein fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gerð grein fyrir því með hverjum hætti þessar breytingar og þessir viðaukar við skipulagsskrána hafa orðið til, og rakið nokkuð ítarlega hverjar þær breytingar eru sem hér er um að tefla. Með þessu frv. er prentuð skipulagsskráin á ensku, en hefur verið útbýtt til þm. þýðingu hennar á íslensku.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. og leyfi mér að vísa til aths. Frv. hefur verið til meðferðar hjá hv. Ed. og verið afgreitt þar. Ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Kaup og kjör sjómanna, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þetta frv., sem hér er flutt, er til staðfestingar

á brbl. um kaup og kjör sjómanna sem gefin voru út 6. sept. á þessu hausti.

Eins og þdm. er í minni, þá fór fram endurskoðun á hinu svokallaða sjóðakerfi sjávarútvegsins. Til þeirrar endurskoðunar kom vegna beiðni fulltrúa sjómanna og útvegsmanna um að ríkisstj. skipaði n. til þess að láta fara fram ítarlega athugun á sjóðakerfinu og gera till. um breytingar á því. Ríkisstj. varð við þessari beiðni, og mér var falið að skipa þessa n. Í henni áttu sæti fulltrúar Sjómannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Alþýðusambands Austfjarða, Alþýðusambands Vestfjarða og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Þessi n. tók fljótlega til starfa undir forustu forstjóra Þjóðhagstofnunarinnar, Jóns Sigurðssonar, sem var eini fulltrúi ríkisvaldsins í n., og hún vann mikið og vandasamt starf. En forsendur þess, að undir það samkomulag væri ritað, voru þær, að ríkisvaldið tæki á sig ákveðnar skuldbindingar til lausnar þessu vandamáli og deilumáli sem búið var að vera um alllangt skeið. Ég átti marga fundi með formanni n. og sömuleiðis átti ég fund með n. allri og það oftar en einu sinni til þess að ná samkomulagi um tiltekin deiluatriði sem þar bar á milli. Annars vegar voru kröfur um algert afnám flestra sjóða. Hins vegar voru kröfur um takmarkaðar breytingar. Þó var sérstaklega viðkvæmt mál Stofnfjársjóður fiskiskipa, og gerðu útgerðarmenn þær kröfur að hann yrði óbreyttur frá því sem hann var í lögum. En samkomulag varð þar um nokkrar breytingar.

Allt þetta leiddi af sér að samkomulag náðist í þessari n. sem undirritað var með yfirlýsingu, þar sem aðilar lýsa því yfir að þeir eru samþykkir framlögðum drögum að kjarasamningum aðila og samningarnir verða undirritaðir þegar ákvörðun um fiskverð frá 15. febr. 1976 liggur fyrir í samræmi við forsendur samningsdraganna.

Breytingin á sjóðakerfinu gerði kleift að hækka almennt fiskverð mjög verulega, og er talið að dómi Þjóðhagsstofnunarinnar að hækkun fiskverðsins hafi verið að meðaltali um 33%, þar af 24% vegna þessara kerfisbreytinga á sjóðunum.

N. sendi mér till. sínar um frv. til l. um útflutningsgjald og frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa og lagði á það megináherslu að hér væri um samningsatriði að ræða á milli aðila vinnumarkaðarins sem ekki mætti breyta af ríkisvaldinu efnislega. Þessi frv. voru því lögð fram hér á hv. Alþ. efnislega óbreytt og í fullu samræmi við óskir og samþykktir þessarar n. Alþ. sýndi þessum málum mikinn áhuga og greiddi fyrir að málin næðu fram að ganga á mjög skömmum tíma, og þessi frv. urðu að lögum. Þau voru forsenda fiskverðshækkunarinnar, og forsenda þeirra var að um kaup- og kjarasamninga tæki gildi það samkomulag sem aðilar gerðu með sér.

Mér var á það bent af fleiri en einum, að rétt væri að setja inn í lög um útflutningsgjald og lög um Stofnfjársjóð fiskiskipa að þau tækju ekki gildi fyrr en kjarasamningar væru undirritaðir og tækju gildi. Ég vissi alveg hvernig þessi mál stóðu. Ég vissi að sumir aðilar vildu ekki breytingar á sjóðakerfinu. Og ég vissi enn fremur að innan sjómannasamtakanna var mikill klofningur um hversu langt skyldi ganga, og jafnframt var ágreiningur um hvaða aðferð ætti að beita í samningsgerðinni. Þar komu til greina tvær leiðir. Önnur leiðin var lækkun skiptaprósentunnar frá gildandi samningum að þessum hluta sem fulltrúar sjómanna í n. höfðu fallist á. Hins vegar voru uppi till. um að taka upp svokallaða aðfangaprósentu, sérstaklega vegna þeirrar miklu breytingar sem afnám sjóðakerfisins leiddi af sér, að útgerðin yrði að taka á sig alla olíuverðshækkunina við niðurlagningu olíusjóðsins. Það voru einkum fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem héldu fram að miklu eðlilegra væri að fara þessa leið. En fulltrúar undirmanna í stéttarfélögum sjómanna, sem tóku þátt í samningsgerðinni, töldu að það væri betri aðferð að breyta skiptaprósentunni, það hefði fyrir allmörgum árum áunnist að olíufrádráttur var lagður niður með öllu og hann lagður á útgerðarmennina. Rök hinna voru þau, að þetta háa verð á olíunni hlyti að vera tímabundið og því væri rétt að líta til þess eins og á stæði, en halda sér að öðru leyti við óbreytta skiptaprósentu. Í þessu stappi var staðið þó nokkra stund, og það varð svo að lokum ofan á að skiptaprósentuleiðin varð fyrir valinu, því að ekki er hægt að hafa aðra aðferð fyrir yfirmenn og aðra fyrir undirmenn. Þetta skapaði strax allmikla óánægju hjá mönnum.

Ég sagði að mér hefði verið í lófa lagið og sömuleiðis hverjum þm. að setja ákvæði um að lögin tækju ekki gildi fyrr en allt lægi fyrir. En þá væru ekki heldur í dag orðnar neinar breytingar á sjóðakerfinu. Ég treysti á undirskriftir og drengskap manna að standa við sínar undirskriftir. Það leyfði ég mér að gera. Það var alls ekki ætlun nokkurs manns að sjómenn fengju 33% fiskverðshækkun, þar af 24% út á þessa grundvallarbreytingu, en tækju ekkert tillit til þess í sínum kjarasamningum.

Síðan voru þessir samningar lagðir undir atkv. í stéttarfélögunum, og þá gerist það að þeir eru samþykktir í nokkrum félögum, en felldir í öðrum, en það skapaði þvílíka ringulreið í samtökum sjómanna að enginn fékk við neitt ráðið. Þessir félagsfundir voru mjög fámennir víðast hvar, ef ekki alls staðar, og í atkvgr. voru samningar ýmist felldir eða samþykktir með örfárra atkv. mun. Allt niður í 5 félagsmenn í einstöku félagi tóku á félagsfundi þátt í afgreiðslu þessa mikilvæga máls.

En í stað þess að halda verkfalli áfram, eins og búið var að tilkynna og verkfall var hafið, þá leystist verkfallið upp án þess að því væri aflýst. Menn, sem greiddu atkv. á móti samningum í sínu stéttarfélagi, fóru jafnvel í aðra verstöð og réðu sig þar á báta, þar sem samningarnir höfðu verið samþykktir. Svona var ringulreiðin orðin á öllum sviðum, því miður.

Tvö sambönd, Alþýðusamband Austurlands og Alþýðusamband Vestfjarða, skrifuðu undir yfirlýsinguna um skuldbindingu að ganga til samninga með fyrirvara um sérsamninga og um sérkröfur í sínum byggðarlögum. Alþýðusamband Austurlands fylgdi þessum fyrirvara sínum eftir

með viðræðum við viðsemjendur sína um sérsamninga og náðist samkomulag þar um sem var undirritað af trúnaðarmönnum beggja. Aftur fóru samningar þar undir atkv. og voru felldir. En Alþýðusamband Vestfjarða hafði nokkuð annan hátt á. Það undirritaði þetta skýlausa samkomulag, en fór aldrei, ekki af neinni alvöru, í neinar samningaviðræður við viðsemjendur sína og lét þetta lönd og leið.

Mér finnst rétt að lesa hér upp það samkomulag sem þessir aðilar gerðu og undirritað er 8. febr. á s. l. ári, en þar segir:

„Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, fyrir hönd sjómanna, og Landssamband ísl. útvegsmanna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda f. h. útvegsmanna, gera með sér samkomulag um eftirgreind atriði:

1. Þar sem ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við till. og ábendingar, tillögu nefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðilar því yfir, að þeir muni gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir um kjör sjómanna, á grundvelli tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslu n., dags. 19. jan. 1976.

2. Aðilar lýsa því yfir enn fremur, að þeir muni beita sér fyrir því, að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.

3. Aðilar þessa samkomulags gera ráð fyrir að ríkisstj. láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum (þ. e. 500 brúttólestir og yfir) við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. og bréf sjútvrn. til Félags ísl. botnvöruskipaeigenda, dags. 3. júlí 1975.“

Og undir þetta samkomulag skrifa f. h. Sjómannasambands Íslands Jón Sigurðsson, f. h. Alþýðusambands Austurlands Sigfinnur Karlsson, f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna Kristján Ragnarsson, f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands Ingólfur Stefánsson, f. h. Alþýðusambands Vestfjarða Pétur Sigurðsson og f. h. Félags ísl. botnvöruskipaeigenda Ingimar Einarsson.

Samkv. þessu og því öðru, sem ég hef sagt hér áður um þessi mál, hangir þetta allt saman: kerfisbreytingin á sjóðunum, fiskverðshækkunin og samningar um kaup og kjör sjómanna miðað við þessar breytingar, eins og samninganefndin lagði fyrir. Hitt er aftur rétt, að vítaskuld eru allir samningar háðir því að félagsmenn samþykki þá. En þegar samningar eru felldir er um leið verið að fella þessa kerfisbreytingu, og þá má því segja að þeir, sem ekki vilja semja upp á þessi býti, hafi hafnað kerfisbreytingunni, hafi því hafnað að leggja niður sjóðakerfið í þessari mynd og hafnað því að fá þá fiskverðshækkun sem leiddi af sjóðakerfisbreytingunni. Hinir, sem sömdu, áttu fullan rétt á því að fá þetta, því að þeir höfðu staðið við þessa samninga. Útvegsmenn og aðrir, sem skrifuðu undir samkomulagið, skrifa undir það á sömu forsendu og fulltrúar sjómanna, að þetta hangi allt saman.

Sáttanefnd ríkisins hélt þrátt fyrir þessa afgreiðslu á samningum áfram sínum störfum, að vísu með mjög löngum hléum. Það má segja að þar hafi átt sér stað löng hlé af þeirri ástæðu einni, að menn teldu rétt að bíða um sinn og sjá hvort eitthvað rættist úr. Hinn 28. júlí er borin fram till. sáttanefndar sem felur í sér nokkra breytingu til hins betra fyrir sjómenn. Sú till. var til lítillar gleði útvegsmönnum. Ég átti margar viðræður við þessa aðila alla. M. a. reyndi ég eins og ég mögulega gat að hafa þau áhrif á útgerðarmenn, að þeir samþykktu þessa sáttatill., og sömuleiðis á forvígismenn sjómannasamtakanna, að þeir skýrðu þessa sáttatill. og samningsgerð alla miklu betur fyrir sínum félagsmönnum en gert var í febr. og síðar á þeim fámenu fundum sem voru haldnir. Ég þori að fullyrða að það hafi verið mikill misbrestur á því, að leiðtogar sjómanna hafi fylgt þessum málum eftir. Það var ákveðið að hafa almenna atkvgr. í félögum þeirra, og hún fór fram á þann veg að það tóku 274 þátt í atkvgr. og miðlunartill. sáttanefndar var felld með 140:122 atkv., 7 seðlar voru auðir og 5 ógildir.

Til marks um þátttöku í atkvgr., sem stóð í heilan mánuð, þykir mér rétt að upplýsa hvernig þátttakan var í hinum einstöku félögum. Sjómannafélag Reykjavíkur, þar greiddu 18 atkv., í Aftureldingu á Hellissandi 12, Jökli í Ólafsvík 9, Stjörnunni í Grundarfirði 25, Verkalýðsfélagi Stykkishólms 26, Fram á Sauðárkróki 17, Ársæli á Hofsósi 4, Vöku á Siglufirði 11, Sjómannafélagi Eyjafjarðar 46, Jökli, Hornafirði, 13, í Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps 6, Gerðahrepps 5, Keflavíkur 19, í Vélstjórafélagi Suðurnesja 36 og í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar 21. Þetta er dapurleg útkoma í atkvgr. við þriðju gerð til sátta í þessari deilu í jafnfjölmennum samtökum og sjómannasamtökin eru.

Það má segja að í aðildarsamtökum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafi atkvgr. þó verið nokkru betri sótt, en þar fór fram landsatkvgr. um alla samninga í einu lagi og voru atkv. talin 16. mars. Þar voru samningarnir felldir með 198:135 atkv., svo að þrátt fyrir þessi úrslit voru auðvitað skoðanir þeirra, sem þátt tóku í atkvgr., mjög skiptar um samningana.

Vinnuveitendur samþykktu sáttatillöguna frá 28. júlí.

Þessi brbl., sem út voru gefin 6. sept, kveða á um það, að samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útgerðarmanna undirrituðu 29. febr., 1. og 27. mars, 14. maí og 28. júlí á s. l. ári, en það var sáttatillaga sáttanefndarinnar, og eru prentaðir sem fskj. með þessu frv., skuli gilda um kaup og kjör sjómanna um land allt eftir því sem við á fyrir hvert félag, sem aðild átti að þeim samningum, og fyrir það tímabil, sem samningarnir kveða á

um. Fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum, skulu þeir einnig ákveða kaup og kjör eftir því sem við getur átt og með þeim hætti sem tíðkast hefur. Með því orðalagi er því náð, að þar sem hlutfallið var annað á skiptaprósentu, þar sem það var hlutfallslega hærra en á þeim stöðum þar sem samningarnir voru samþykktir, ætti það skiptahlutfall að haldast. Sáttatillagan frá 28. júlí á einnig að gilda, eftir því sem við á, fyrir þau félög sjómanna sem ekki áttu aðild að honum.

Í 2. gr. þessara brbl. segir að verkbönn og verkföll, þ. á m. samúðarverkföll, eða aðrar aðgerðir í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimil, sbr. 17. gr. l. nr. 88 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þó er samningsaðilum, sbr. 1. gr frv., heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum, en eigi má knýja þær breytingar fram með vinnustöðvun.

Það hefur áður komið fram, að ekkert verkfall hafi verið og því ástæðulaust að banna verkföll og verkbönn. En því er til að svara, að verkföllum var ekki aflýst. Verkföllin gufuðu upp vegna þess að félögin réðu ekki við meðlimi sína. Þess vegna var hægt að fara í verkfall hvenær sem var.

En það, sem máli skiptir, og það, sem er kjarni þessa máls frá byrjun og til þessa dags, er, að staðið sé við það sem um var samið og allt hékk saman og allir treystu að mundi ganga fram. Það var ekki verið að knýja þessa samninga fram á nokkrum dögum eða vikum. Það var búið að vera í 7 mánuði að basla með þetta fram og til baka með þessum líka glæsilega árangri, eins og síðasta atkvgr. ber vott um. Það er ekki verið að binda hér hendur samningsaðila eða launþega langt fram í tímann. Það var verið að binda samningana við stærri gerðir togara til áramóta, en þá runnu þeir samningar út samkv. ákvæðum þeirra. Síðan það gerðist, að þeir samningar runnu út, hafa engir samningar verið gerðir við stóru togarana, og eftir því sem ég best veit hafa verkalýðsleiðtogar ekki lagt fram neinar kröfur, svo að brbl. gilda í reynd gagnvart þeim þó að senn séu 4 mánuðir liðnir frá því að þeir féllu úr gildi, vegna þess að ekkert hefur verið gert til þess að ná nýjum samningum. Það sýnir því ekki að hér hafi verið lagðar harðar kvaðir á þessi félög sjómanna. Aðrir samningar renna út 15. maí.

Það er ekki hægt að lifa í sambúð á milli sjómanna og útgerðarmanna með þeim hætti sem hafði skapast. Og það er raunasaga út af fyrir sig hvernig sumir menn hafa tekið þessu, tekið því með miklu upphlaupi og brambolti, en létu sér fátt um finnast þegar verið var að leita sátta og láta fara fram atkvgr. með þeim hætti sem ég hef þegar lýst. Þá var enginn áhugi á því að hvetja sjómenn eða meðlimi sjómannafélaganna til þess að neyta atkvæðisréttar síns og sýna það svart á hvítu hver var vilji félagsmanna almennt. Þá var enginn hvattur til neins og menn héldu að sér höndum í þessum efnum. En þegar á að skera á og ganga eftir því að haldið sé við það samkomulag sem gert var og ég lýsti hér í upphafi máls míns, þá var genginn berserksgangur að mótmæla þessu frv.

Með þessu frv. er ekkert verið að koma inn á kjaramál sjómanna að öðru leyti en því, að það er verið að lögfesta að þeir, sem njóta hækkaðs fiskverðs vegna kerfisbreytingarinnar, verði allir að taka þátt í því sama. Annað væri mismunun, að ætla að láta þá, sem hefðu samið, taka það á sig, en hina, sem neita að semja, vilja ekki einu sinni ræða samninga af neinni alvöru, láta þá fá 24% fiskverðshækkun, sem leiddi af sjóðakerfisbreytingunni, og taka ekki tillit til neins sem var að gerast í kringum þá. Þeir hefðu þá átt að segja strax: Við viljum þetta ekki. Þá var það ákveðið að sjóðakerfisbreytingin ætti sér ekki stað.

Ég get ekki látið hjá líða, þegar ég fylgi þessu máli úr hlaði, að nefna þær breytingar sem orðið hafa á fiskverði, á skiptaverði, á árunum 1974—1976. Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var vísitala skiptaverðmætis botnfiskafla 51% hærri í ársbyrjun 1976 en tveimur árum fyrr, humarafla 43% hærri, hörpudiskafla 113% hærri, en hins vegar lækkaði vísitala skiptaverðmætis rækjuafla um 4% og loðnuafla um 16% á þessu tímabili. Ef gert er ráð fyrir því, að veitt hafi verið hlutfallslega jafnmikið af einstökum fisktegundum á tímabilinu frá 1. jan. til 15. febr. 1976 og á sama tíma á árinu 1975, hefur vísitala skiptaverðmætis alls afla verið að meðaltali 45% hærri í ársbyrjun 1976 en tveimur árum fyrr. Almennt fiskverð var óbreytt frá janúarbyrjun til ágústloka 1974, en hefur síðan hækkað nokkuð 1. jan., 1. júlí og 1. okt. ár hvert og svo síðast 1. jan. á þessu ári.

Við sjóðakerfisbreytinguna 16. febr. 1976 hækkaði fiskverð verulega. Ef gert er ráð fyrir sömu samsetningu botnfiskafla 1976 og var 1975, þá hefur skiptaverðmæti þess afla hækkað um 33% við sjóðakerfisbreytinguna, humarverð hækkað um 67%, rækjuverð um 38% og verð á hörpudiski um 35%. Eftir sjóðakerfisbreytinguna hefur almennt fiskverð hækkað tvívegis, 1. júlí og 1. okt. Auk þess hækkaði verð karfa um 46% 8. júlí s. l. Samtals hefur almennt fiskverð hækkað um 63% frá því fyrir sjóðakerfisbreytingu miðað við sömu aflasamsetningu og 1975 og um 146% frá ársbyrjun 1974. Humarverð hefur hækkað um 87% frá því fyrir sjóðakerfisbreytinguna og um 167% frá ársbyrjun 1974. Rækjuverð hefur hækkað um 90% frá 15. febr. s. l., en ekki nema um 82% frá ársbyrjun 1974. Verð á hörpudiski hefur hækkað um 19% frá því fyrir sjóðakerfisbreytingu, það hefur lækkað seinni hluta ársins 1976, en um 154% frá ársbyrjun 1974. Miðað við að hlutfallsleg skipting verðmætis milli fisktegunda hafi verið sú sama á árinu 1976 og var 1975, hefur skiptaverðmæti alls afla hækkað að meðaltali um 32% við sjóðakerfisbreytinguna, um 61% frá því sem var fyrir hana og um 133% frá ársbyrjun 1974.

Um síðustu áramót er talið að hið almenna fiskverð hafi að jafnaði hækkað um liðlega 8%. Miðað við ársmeðaltal 1976 hefur loðnan hækkað um 38%, en milli vetrarvertíðar 1976 og 1977 nam hækkunin 75—80%. Miðað við

ársmeðaltal 1976 hefur rækjan hækkað um 40%, en hækkun frá verði í des. s. l. er um 12%.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég hef skýrt aðdragandann og ég undirstrika það, að þessi brbl. voru ekki sett til þess að blanda sér almennt í kjaradeilu á milli sjómanna og útvegsmanna, heldur fyrst og fremst til þess að samræmis væri gætt í þeim samningum sem fóru fram á þessu tímabili og voru forsenda þess að þessi kerfisbreyting gæti átt sér stað, að fiskverð hækkaði og samkomulag næðist um kaup og kjör.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Áður en ég kem að því að ræða það mál, sem hér er nú til umr., vil ég víkja aðeins örfáum orðum að fullyrðingu sem hæstv. sjútvrh. viðhafði hér fyrr í vetur í útvarpsumr. frá Alþ. og varðar mig og það mál sem hér er til umr. En í þessum umr. fullyrti hæstv. sjútvrh. að ég hefði margoft komið að máli við sig og óskað eftir því að hann eða ríkisstj. gripi inn í þær deilur sem þá voru uppi meðal sjómannasamtakanna annars vegar og hins vegar útvegsmanna.

Það lýsir í sjálfu sér smekkvísi hæstv. ráðh. í málflutningi, að þetta gerir hann eftir að ég hafði talað í fyrri umferð umr., vitandi það að vonlaust var fyrir mig að svara þessum áburði hans. En auðvitað er það mál hvers og eins hv. þm. hvernig hann hagar sínum málflutningi og hvernig viðkomandi þm. er samansettur í því tilfelli að kunna almenna mannasiði og tala út frá því sjónarmiði. Þó svo að það hefði gerst, að ég hefði hvatt eða beðið hæstv. sjútvrh. í einkaviðtölum að fara þessa leið, sem hann sjálfur ákvarðaði að fara, þá sýnir það einnig smekkvísi hæstv. ráðh. að vitna til slíks einkaviðtals í almennum umr. á Alþ. En þegar litið er til þess, að þessi fullyrðing hæstv. ráðh. er gersamlega staðlausir stafir og uppdiktuð sem eigið hugarfóstur hans, þá verður það enn óskiljanlegra, að hæstv. ráðh. skuli grípa til málflutnings af þessu tagi, og sýnir í raun og veru ekkert annað og frekar en hans veika og í raun og veru vonlausa málstað í því máli sem hæstv. ráðh. hefur að verja.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég vildi í upphafi þessara umr. koma þessu að og lýsa hæstv. ráðh. ósannindamann að þessum áburði á mig og lýsa því yfir, að það eru staðlausir stafir sem einungis hafa fæðst í hug hæstv. ráðh. Ég læt bæði hv. alþm. og aðra þá, sem þekkja hæstv. ráðh. í viðskiptum og af umgengni undanfarandi ára og kannske áratuga sumra, ekki síst vestfirðinga, um að meta það, þó að ég hefði farið fram á slíkt, að hann beitti sjómenn almennt, sjómannastéttina og ekki síst vestfirska sjómenn þeim vinnubrögðum og aðferðum sem hann viðhafði í þessu máli, hvort hann hefði gert það þó svo ég hefði vinsamlegast beðið hann um það, hvort hann hefði farið að þessum ráðum mínum.

Ég held að það sé ljóst, að þarna hefur það gerst, eins og svo oft og allt of oft áður, að saman hafa farið ótrúlega erfiðir skapsmunir hæstv. ráðh. og einnig hitt, að hann hefur með ólíkindum vondan málstað að verja, ekki síst gagnvart eigin kjósendum úr röðum sjómanna á Vestfjörðum. Og það er það sem hefur fengið hann til þess að grípa til slíkra hluta eins og hér um ræðir í þeirri nauðvörn sem hann hafði uppi og hefur uppi enn til að verja þetta afkvæmi sitt og hæstv. ríkisstj. En nóg um það.

Það frv., sem hér er nú til umr., er 15. mál hv. Ed. Það er nú að koma fyrir hér í síðari d. um það bil viku og tæplega þó áður en fyrirhugað er og mun raunar ákveðið vera að Alþ. verði sent heim. Þetta mál er því búið að vera til meðferðar í Ed. allt frá byrjun þings í haust og þar til nú, að aðeins nokkrir dagar eru eftir af þinghaldinu. Ekki veit ég gjörla hver ástæðan fyrir þessu er, en ég er að ímynda mér að ástæðan sé sú, að sumir hv. stjórnarþm. hafa ekki verið ginnkeyptir fyrir því að þurfa að standa frammi fyrir því að taka afstöðu til þessara brbl. hæstv. sjútvrh., líklega allra síst hv. stuðningsmenn ríkisstj. úr Vestfjarðakjördæmi. Þá hefur ekki fýst að þurfa að taka afstöðu til þess máls sem hér liggur nú fyrir. Ég hygg að hæstv. ráðh. eigi ekki þátt í því að þetta mál hefur svo lengi legið fyrir þinginu og kannske óskir sumra hverra hv. stjórnarþm. um, að það dagaði uppi, rættust ekki. Ég hygg, hins vegar miklu fremur, að hæstv. ráðh. hafi viljað og vilji binda þessa hv. stjórnarþm. í netið með sér og þurfa ekki einn sem 1. þm. Vestf. að standa ábyrgur gagnvart vestfirskum sjómönnum og sjómannastéttinni í heild gagnvart þessari löggjöf sem hann fyrst og fremst ber höfuðábyrgð á. Ég hygg því að hann hafi gert sitt til þess að fá því framgengt, að málið kæmi hér til umr. í seinni d. og það fengi afgreiðslu í þinginu áður en það verður sent heim. Og ég vona sannarlega að sú verði reyndin, að menn fái að taka afstöðu til þessa máls hér.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum hv. þm., að mjög mikil og megn óánægja varð á sínum tíma og er enn með þessi brbl. M. a. kom fram fyrr í vetur á Alþ. í umr. að 12500 einstaklingar höfðu undirritað mótmæli — harðorð mótmæli — gegn þessari lagasetningu. Og það fer ekki fram hjá neinum sem um þessi mál hugsar að þessi lög eru aðför að frjálsum samningsrétti, ekki bara sjómanna, heldur og aðför að frjálsum samningsrétti verkalýðshreyfingarinnar í heild. Það þarf því engan að undra þó að bæði einstaklingar og samtök sjómanna svo og annarra launþega mótmæli kröftuglega þegar slíkt gerræði, sem ég vil kalla þessi lög, er sett á, hvort sem væri stétt sjómanna eða einhvern annan hóp launþega. Þá er ástæða til fyrir alla, sem á annað borð vilja í heiðri hafa frjálsan samningsrétt, að mótmæla slíkum vinnubrögðum.

Þessi lög, sem hér um ræðir, dæmdu sjómenn til þess að þiggja lægri laun en þeir höfðu viljað sætta sig við í gegnum frjálsa samninga. Þeir voru búnir oftar en einu sinni að fella samkomulag sem gert hafði verið, sem ynni þó það sama og brbl. gerðu ráð fyrir.

Það verður ekki um þetta mál rætt öðruvísi en hugað sé aðeins og um það hugsað, hverjar kringumstæður voru í þjóðfélaginu, þegar þessi

brbl. voru gefin út, og hvernig ástatt var að því er varðar þann hluta vinnumarkaðarins sem þessi lög taka til. Þegar þessi brbl. voru gefin út, þá var hvergi vinnustöðvun á bátaflotanum, hvergi nokkurs staðar var vinnustöðvun á fiskiskipaflotanum og hvergi nokkurs staðar var vitað til að vinnustöðvun væri yfirvofandi á fiskiskipaflotanum, þannig að hversu réttsýnir sem menn vildu vera í garð hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. í þeim efnum að finna upp málsvörn þeim til handa varðandi útgáfu þessara brbl., þá er engu líku til að dreifa. Oftast, ef ekki alltaf, hefur það verið svo við útgáfu brbl., að þeim hefur verið beitt til þess að leysa yfirstandandi vinnudeilur, sem staðið hafa, eða koma í veg fyrir að yfirvofandi vinnudeilur eða verkföll kæmu til framkvæmda með einhverjum hætti. Þetta var ekki um að ræða í þessu tilfelli, við útgáfu þessara brbl., enda var það svo með verkun þessara laga, að þau verkuðu öfugt við öll brbl. sem gefin hafa verið út. Þessi brbl. verkuðu á þann veg, að þau urðu til þess að stöðva þann flota eða a. m. k. hluta þess flota sem var í gangi allt þangað til brbl. voru gefin út, og það gerðist í kjördæmi hæstv. sjútvrh. sjálfs. Þar urðu brbl. beinlínis til þess að flotinn stöðvaðist. Og þó að þessi lagasetning verði ekki litin öðrum augum en þeim að hún sé hnefahögg í andlit sjómanna í heild, þá varð þessi brbl.-setning ekki hvað síst neyðarleg í garð vestfirskra sjómanna. Þar var ekki því til að dreifa, sem hæstv. ráðh. hefur haft uppi sem tylliástæðu fyrir þessari lagasetningu, að ekki væru þar samningar í fullu gildi. Samningar milli annars vegar sjómannasamtakanna á Vestfjörðum og hins vegar útvegsmannasamtakanna voru í fullu gildi. Þeim hafði ekki verið sagt upp. Því er öðruvísi farið í öðrum landshlutum, a. m. k. sumum hverjum. Þar hafði samningum verið sagt upp og samkomulag hafði verið undirritað á sumum stöðum oftar en einu sinni, en það samkomulag yfirleitt fellt í sjómannafélögunum. Engu líku var til að dreifa að því er Vestfirði varðar.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan og hefur raunar sagt áður og talað í þungum tón til líklega forsvarsmanns eða forseta Alþýðusambands Vestfjarða varðandi þetta mál og talið að hann hafi rofið drengskaparheit varðandi undirskrift á samkomulagi sem gert var á sínum tíma, — hann sagði áðan að A.S.V. hafi farið í þessu máli á annan hátt að heldur en t. d. Alþýðusamband Austurlands hafði gert, Alþýðusamband Vestfjarða hafði aldrei farið í viðræður í sambandi við þetta mál, a. m. k. ekki í alvöru, sagði hæstv. ráðh. En hvað með hinn aðilann? Nú er það ljóst, að þegar í gildi voru samningar milli sjómannasamtakanna á Vestfjörðum og útvegsmanna, þá urðu báðir aðilar að verða um það sammála að taka upp nýtt samkomulag, ef um það næðist samstaða að breyta frá því sem var. Ég spyr hæstv. ráðh.: Var ekki sú hin sama skylda á þeim forsvarsmönnum útvegsmanna, sem undirskrifuðu þetta samkomulag, að beita sér fyrir því, að gildandi samningar á Vestfjörðum að því er varðaði sjómenn yrðu teknir upp þannig að hægt væri að breyta þeim, væri vilji fyrir hendi, til samræmis við það sem hér var verið um að tala og í sumum tilfellum var búið að gera? Eða ætlar hæstv. ráðh. að fría forsvarsmenn útvegsmanna í þessum efnum á sama tíma og hann ásakar hinn aðilann, sem er forsvarsmaður sjómannasamtakanna? Ef um sök er að ræða í þessu efni, sem ég tel ekki vera, þá hlýtur sú sök að vera bæði hjá fulltrúa sjómanna og þeim fulltrúum eða fulltrúa útvegsmanna sem stóðu að þessu samkomulagi á sínum tíma. Ég veit ekki betur — og það verður þá leiðrétt ef það er rangt — heldur en Alþýðusamband Vestfjarða hafi óskað eftir viðræðum við Útvegsmannafélag Vestfjarða um þessi mál. En útvegsmenn á Vestfjörðum hafa ekki verið til viðræðu um breytingar á einu eða neinu frá því sem þetta samkomulag gerði ráð fyrir. Og sé þetta rétt, sem ég veit ekki betur en að sé, þá er það rangt hjá hæstv. ráðh. að það hafi ekki verið leitað eftir því að samningar, sem í gildi voru á Vestfjörðum, yrðu teknir upp og það mál skoðað, hvort hægt væri að fá fram breytingar eins og gert var ráð fyrir.

Í þeirri yfirlýsingu að samkomulagi, sem hæstv. ráðh. las hér upp úr áðan, segir að aðilar lýsi því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli, — beita sér fyrir því. Og ég veit ekki betur, eins og ég sagði áðan, en forsvarsmenn Alþýðusambands Vestfjarða hafi gert til þess tilraun, að við þessari beiðni yrði orðið, og væri farið fram á það og leitað eftir því, hvort grundvöllur væri fyrir því hjá báðum aðilum að taka þessa samninga upp.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að það væri í raun og veru raunasaga hvernig sumir menn hefðu tekið þessum brbl. með ýmiss konar upphlaupi og brambolti, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Ekki veit ég við hverja hæstv. ráðh. á þarna, hvort hann á við eða orðar svo mótmæli sjómanna sem einstaklinga og hinna ýmsu félaga innan sjómannasamtakanna sem heildar, hvort hann orðar það eða kallar það upphlaup og brambolt þessara aðila gegn þessum brbl. Það er auðvitað hans mál hvaða orð hann velur yfir þau kröftugu mótmæli sem yfir hann og aðra þá, sem að þessari löggjöf stóðu, hafa gengið vegna þessara brbl. En ég hygg þó að hvaða nöfnum sem hæstv. ráðh. vill nefna þetta, þá eigi hann eftir að komast að því, að það var ekkert tímabundið upphlaup eða tímabundið brambolt sem hér hefur verið um að ræða. Hann á ábyggilega eftir að finna fyrir því, þegar hann þarf að ganga undir sinn dóm sem þm. og ráðh., að hér hefur verið full alvara af hálfu sjómannasamtakanna sem heildar og af hálfu einstakra sjómanna, a. m. k. á Vestfjarðasvæðinu. Ég hygg að hæstv. ráðh. eigi eftir að kynnnast því, að það var full meining manna með því að mótmæla kröftuglega þessum árásum hans og hæstv. ríkisstj. á samningsréttinn og á samtök sjómanna sem heildar. Með þessum brbl. var afnumið það forskot sem vestfirskir sjómenn höfðu áunnið sér á undanförnum árum í betri kjörum með frjálsum samningum við sína viðsemjendur. Ég hygg að það muni vera leitun á og vandfundið hliðstætt dæmi um beitingu ráðherravalds gegn sínum umbjóðendum, sambæri-

legt við það sem hæstv. sjútvrh. gerði í þessu máli.

Með þessari brbl.-setningu eru vestfirskir sjómenn dæmdir til þess að búa við verri kjör en þeir höfðu gildandi samninga um, þ. e. a. s. standist þessi lagasetning fyrir dómstólum. En einmitt mál út af því er til meðferðar hjá dómstólum, — mál sem upp hefur verið tekið af hálfu Alþýðusambands Vestfjarða, og með því verður látið á það reyna hvort í raun og veru standist að ógilda með þessum hætti gildandi kjarasamninga og hvort slíkt getur gilt marga mánuði aftur í tímann, eins og þessi brbl. gera ráð fyrir að verði. En hvað sem þessu líður, þá hrundu vestfirskir sjómenn þessu tilræði hæstv. ráðh. og ríkisstj. með því að leggja til atlögu við ákvæði þessara laga, og þeim varð vissulega nokkuð ágengt í þeim efnum. Þeir hafa í raun og veru hnekkt þessum lögum. Þeir fengu því framgengt að þeir réðu sig á betri kjörum en þessi brbl. gera ráð fyrir. Það gerðist því í kjördæmi hæstv. sjútvrh. sjálfs, að sjómenn beittu samtakamætti sínum með þeim hætti að hnekkja að þessu leytinu til þessari löggjöf hæstv. ráðh.

Eins og ég sagði í upphafi, þá eru allar líkur á því nú að Alþ. fái að taka afstöðu til þessarar lagasmíðar áður en lögin ganga úr gildi. Það er aðeins rúmur hálfur mánuður þangað til þessi brbl. eiga að ganga úr gildi. En um þessar mundir búa sjómannasamtökin í heild sig undir að hnekkja þessari aðför að sjómannastéttinni. Nú eru í undirbúningi kröfur og barátta af hálfu sjómannasamtakanna fyrir því að hnekkja þessu, og ég tel engan vafa á því, að samtakamáttur sjómanna er með þeim hætti að þessu verður hnekkt og það verður ekki staðið upp frá samningaborði í hönd farandi samningum milli sjómanna og útvegsmanna án þess að þessu tilræði hæstv. sjútvrh. verði rækilega hnekkt. Ég er viss um það, að þessi vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. verða til þess að stæla sjómenn, gera þá samstæðari um kaup sitt og kjör, og ég a. m. k. vona að þeir kunni betri skil eftir en áður í vali sínu á þeim fulltrúum sem þeir veita umboð til þess að fara með sín málefni hér á hv. Alþ. Ég efast a. m. k. ekkert um það, að vestfirskir sjómenn hugsa sig um áður en þeir endurnýja umboð þeim til handa hér á Alþ. sem hafa á þennan hátt snúist gegn sjómannastéttinni og þá fyrst og fremst gegn vestfirskum sjómönnum.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð, ekki a. m. k. að sinni. Ég lýsti strax í haust, þegar þetta mál kom hér til umr., að vísu utan dagskrár þá, andstöðu minni gegn þessum lögum. Ég tel að þau séu svo óréttlát og svo mikil ósvífni gegn frjálsum samningsrétti í landinu, að þeim verði aldrei nógsamlega kröftuglega mótmælt, og ég ítreka því andstöðu mína gegn þessu frv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Því miður get ég ekki gerst dómari í deilumálum þeirra hv. þm. Karvels Pálmasonar og hæstv. ráðh. Matthíasar Bjarnasonar um hvor þeirra segi alveg satt frá orðaskiptum, jafnvel þó að ég hafi þekkt annan þeirra í áratugi og hinn í allmörg ár. Ég vil þó gjarnan lýsa því yfir, að báðir þessir hv. þm. vilja gjarnan segja satt og eru reiðubúnir til þess þegar svo ber undir. En ekki veit ég hvað olli því, að þegar ég heyrði þá deila hér á sínum tíma, þá datt mér í hug teikning sem ég sá fyrir mörgum árum. Það var teikning sem kunnur breskur blaðateiknari af gyðingaættum, mig minnir að hann hafi heitið David Low eða David Lom eða eitthvað slíkt, gerði á stríðsárunum, en þá var hann einn kunnasti „karikatúr"-teiknari í Bretlandi. Teikning þessi var af þeim fóstbræðrum Göring og Göbbels þar sem þeir stóðu með sannleiksgyðjuna á milli sín. Sannleiksgyðjan stóð á haus, þeir Göring og Göbbels héldu sinn í hvorn ökla á sannleiksgyðjunni og undir myndinni stóð: „Die Wahrheit, nicht wahr?" Sannleikurinn, ekki satt? — Ekki veit ég hvað olli því, að mér datt endilega þessi mynd í hug þegar þeir, mínir ágætu félagar af Vestfjörðum, voru að rífast um sannleikann. En jafnfús er ég til að trúa því, að annar þeirra segi satt, eins og ég er fús til að trúa því að báðir geri það að nokkru leyti.

Sjálfsagt er ekki ástæða til þess að efast um það, að hv. þm. Karvel Pálmason hefur e. t. v. haft einhver orð við hæstv. sjútvrh. um þessa sjómannasamninga, þó að ég hins vegar vilji draga mjög í efa að þau orð hafi verið á þá lund sem hæstv. sjútvrh. lýsir. E. t. v., hefur þetta verið eitthvað svipað og í sögu sem ég heyrði nú fyrir fáum dögum af ráði sem Kekkonen Finnlandsforseti gaf einhvern tíma Karjalainen. Sagan segir frá því, að þá var Karjalainen nýkominn úr opinberri heimsókn til Afríkuríkja. Þar hafði hann fengið ýmsar gjafir, m. a. stóran apa. Sunnudagsmorgun einn, þegar Kekkonen er í heilsugöngu í Helsinki mætir hann svo Karjalainen þar sem hann labbar með apann í bandi á eftir sér. Og Kekkonen fer til Karjalainens og segir við Karjalainen: „Ósköp er að sjá þetta. Hvað ert þú að þvælast með apann hér á götum Helsinki?" Og aumingja Karjalainen hristir höfuðið og segir: „Ja, ég veit bara ekkert hvað ég á að gera við hann. Mér var gefið þetta í Afríku, og ég veit bara ekkert hvað ég á að gera við apann, svo að ég tek hann venjulega með mér í morgungöngur." Þá segir Kekkonen við Karjalainen: „Ég skal gefa þér eitt gott ráð, Karjalainen minn. Farðu bara með apann í dýragarðinn. Þar er hans rétta umhverfi. Svo að ekki þurfi að vera að ráfa með hann hér um götur höfuðborgarinnar áttu að fara með hann í dýragarðinn." „Þetta skal ég svo sannarlega gera, Kekkonen minn," svaraði Karjalainen. Svo kveðjast þeir. Næsta sunnudagsmorgun fer Kekkonen aftur í morgungöngu. Mætir hann þá ekki Karjalainen með apann. Hann víkur sér að Karjalainen og segir við hann: „Heyrðu, hvernig var þetta, þáðir þú ekki þessa ágætu ráðleggingu sem ég var að gefa þér s. l. sunnudag?" „Jú, ég er nú hræddur um það," segir hinn. „Þetta var alveg dásamlegur dagur fyrir okkur báða. Nú er ég að fara með apann í þjóðminjasafnið."

Ætli þær hafi ekki verið eitthvað svipaðar, ráðleggingarnar sem hv. þm. Karvel Pálmason gaf hæstv. sjútvrh. í sambandi við sjómannasamningana, að hæstv. sjútvrh. hafi misskilið ráðleggingar hv. þm. Karvels Pálmasonar álíka og Karjalainen misskildi ráðleggingu Kekkonens um að fara með apann í dýragarðinn? En ég fer ekki

fleiri orðum um deilu þeirra ágætu þingbræðra minna vestan af fjörðum.

Hitt vil ég taka undir með hv. þm. Karvel Pálmasyni, að það segir að sjálfsögðu sína sögu um mál, sem er skráð sem 16. mál þingsins og er lagt fyrir þetta þing við upphaf þingstarfa s. l. haust, hvað því veldur að það er fyrst nú, örfáum dögum áður en þinglausnir eiga að fara fram og örfáum dögum áður en brbl., sem frv. er ætlað að staðfesta, falla úr gildi, sem leitað er eftir staðfestingu á þessum brbl. Ég vil taka það fram, að mér er jafnkunnugt um það og hv. þm. Karvel Pálmasyni að hér er ekki við hæstv. sjútvrh. að sakast. Hæstv. sjútvrh. hefði fyrir löngu viljað vera búinn að fá tækifæri til þess að bera þetta frv. endanlega undir þingheim. Hins vegar er mér jafnkunnugt um það og Karvel Pálmasyni, hv. þm., að það eru stuðningsmenn hæstv. sjútvrh. í stjórnarflokkunum sem hafa komið í veg fyrir að þetta frv. næði eðlilegum framgangi hér í þingsölum, einfaldlega vegna þess að þessir hv. stjórnarþm., þ. á m. flokksbræður hæstv. sjútvrh., eru á móti þeim afskiptum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir og brbl. fólu í sér, og vilja reyna að forðast í lengstu lög að þurfa að taka þátt í afgreiðslu þessa frv. Þetta er ástæðan fyrir því að mál, sem merkt er 16. mál þingsins og var lagt fyrir þing strax í haust, er nú, mörgum mánuðum síðar, til endanlegrar afgreiðslu.

Aðeins þessi saga málsins hér í þinginu sýnir ljóslega fram á að það sætir ekki aðeins gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga, heldur ekki síður að þetta mál á ekki upp á pallborðið hjá stuðningsmönnum ríkisstj., flokksbræðrum hæstv. sjútvrh. og samstarfsmönnum hans í Framsfl. Og e. t. v. verður það enn betur til þess að skýra þetta fyrir mönnum þegar það er haft í huga, að sú n. í hv. Ed., sem búin er að liggja á þessu frv. í allan vetur, er undir forsæti stjórnarþm. Steingríms Hermannssonar, hv. 2. þm. Vestf., og eins helsta samstarfsmanns hæstv. ráðh. í þinginu og innan stjórnarsamstarfsins, sem væntanlega má ætla. Þessi áhrifamikli þm. hefur sem sé látið það viðgangast, jafnvel átt meiri hlut að því en aðrir nm. í sjútvn. Ed. Alþ., að þetta frv. lá þar óafgreitt mánuðum saman, uns svo var komið að það voru aðeins örfáir dagar eftir af gildistíma brbl. sem þetta frv. á að staðfesta.

Ég get ósköp vel skilið sárindi hæstv. sjútvrh. út af þessu. Ég get ósköp vel skilið það, að hæstv. ráðh. uni því ekki að þingið afgreiði ekki frá sér mál til þess að staðfesta aðgerðir sem hæstv. sjútvrh. hefur haft í frammi og þurft einn að bera ábyrgðina á mánuðum saman. Auðvitað er honum umhugað um það, hæstv. ráðh., að koma þeirri ábyrgð sem allra fyrst af herðum sér og yfir á herðar samþm. sinna úr stjórnarliðinu, þ. á m. yfir á herðar hv. þm. Steingríms Hermannssonar. En það hefur ekki gengið björgulegar en ég var hér að lýsa, að hv. flokksbræður ráðh. og þm. úr samstarfsflokki hans í ríkisstj. hafa nú mánuðum saman barist gegn því, að þetta frv. væri afgreitt, og því getað fengið sér nokkurn frest frá því að þurfa að axla þær þungu byrðar vegna þessa máls sem hæstv. sjútvrh. hefur einn þurft að bera um margra mánaða skeið og ekki unað sér ýkjavel undir. Afgreiðslan á þessu máli lýsir því betur en flest annað, að með aðgerðum sínum í septembermánuði á s. l. hausti greip hæstv. ráðh. til örþrifaráða sem í raun og veru eiga sér andstæðinga ekki aðeins meðal stjórnarandstæðinga hér á þingi, heldur með stjórnarliðum líka. Þá er aðeins eftir að sjá hvort niðurstaðan verður sú sama hér í hv. Nd. Alþ. eins og hún reyndist vera í hv. Ed., að þeir stjórnarsinnar, m. a. af Vestfjörðum, sem stóðu gegn því að þetta mál yrði afgreitt í Ed. mánuðum saman, enduðu með því að láta hæstv. ráðh. beygja sig og ekki aðeins greiða atkv. með afgreiðslu þessa frv., heldur einnig mæla sérstaklega með að það yrði samþykkt, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson lét sig henda.

Það vill nú svo vel til, að það eru fleiri vestfirðingar á Alþ. en þeir sem sitja í Ed., m. a. tveir hv. þm. hér, og það verður gaman að sjá hvort þeir hafa sömu afstöðu til þessa máls og flokksbræður þeirra í Ed., — máls sem hafði þau áhrif á kjör vestfirskra sjómanna sem hv. þm. Karvel Pálmason var að lýsa hér áðan. Það á eftir að koma í ljós.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. hér að þessu sinni, enda mjög skammt sem eftir lifir af störfum Alþ., og ég vil alls ekki tefja það að þetta mál geti komið til afgreiðslu, vegna þess að ég er að sjálfsögðu hæstv. sjútvrh. fyllilega sammála um það, að Alþ. á jafnan að fjalla um og afgreiða staðfestingar í brbl. sem ráðh. gefa út. Það á ekki að koma fyrir að brbl. séu gefin út og gildistími þeirra sé látinn líða án þess að þau komi til Alþingis til umfjöllunar og úrskurðar. Sama á að gilda um þessi brbl., sem hér er flutt frv. til staðfestingar á, að það á að sjálfsögðu að vera búið að fjalla um það frv. áður en gildistími brbl. er liðinn. Um þetta er ég fyllilega sammála hæstv. sjútvrh. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að það er farið að gerast í nokkuð ríkum mæli að ríkisstj. eru farnar að nota brbl. sem aðferð til þess að stjórna með tilskipunum. Það er orðið þannig, að það líður vart svo sumar að ekki séu gefin út brbl., ekki aðeins ein brbl., heldur jafnvel svo mörg að nemi einum lögum á hvert embætti ráðh. Þetta eru að sjálfsögðu mjög óæskilegir stjórnarhættir, og mjög víða, t. d. í sumum nágrannalöndum okkar, er ekki unnt fyrir ríkisstj. að stjórna landi með slíkum hætti. Þar er ekki unnt fyrir ríkisstj. að setja lög, sem hún setur til bráðabirgða, án þess að þingið hafi áður staðfest lagasetninguna og beri ábyrgð á henni. Þetta er ekki hægt að gera í mörgum nágrannalöndum okkar, og reynslan, sem við höfum haft á undanförnum árum af slíkum starfsaðferðum ríkisstj., bendir til þess, að við þurfum að endurskoða ákvæði um brbl. — setningu í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands í þá átt að setja frekari hömlur við brbl.-setningu ríkisstj. en þar er gert, t. d. vegna þess að ríkisstj., m. a. sú ríkisstj. sem nú situr, og fyrst og fremst sú ríkisstj. hefur beinlínis litið fram hjá forsendum brbl.-setningar eins og þær eru orðaðar í stjórnarskrá lýðveldisins. Þær eru ekki lengur teknar til álita. Það er ekki einu sinni litið á lengur að þær forsendur fyrir brbl.-setningu verði að vera fyrir hendi sem stjórnarskráin þó mælir ótvírætt fyrir um að fyrir hendi skuli vera.

Í 28. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um brbl., segir þannig, að forseti geti gefið út brbl. milli þinga þegar brýna nauðsyn ber til. Þetta hefur jafnan verið skilið svo og á að skilja svo, að til þessa eigi ekki að grípa, að ríkisstj. setji lög án samþykkis þings, nema um þjóðarvoða sé að ræða og ekki sé unnt að kveðja Alþ. til. Ég tel að þessa 28. gr. stjórnarskrárinnar eigi tvímælalaust að skilja þannig, að ríkisstj. sé óheimilt að setja brbl. nema undir alveg sérstökum kringumstæðum, þegar um þjóðarvoða er að ræða eða ástand svo alvarlegt, að það geti skapað stórkostlega erfiðleika fyrir þjóðarbúið í heild ef ekkert sé að gert, og tími svo knappur, að ekki sé ráðrúm til þess að kalla Alþ. saman. Þennan meginefnisþátt 28. gr. stjórnarskrárinnar hefur hæstv. sjútvrh. og hæstv. núv. ríkisstj. þverlega brotið í brbl. þeim sem sett voru 6. sept. 1976 um kaup og kjör sjómanna, vegna þess að þegar þessi brbl. voru sett, þá var ekkert alvarlegt þjóðarvandamál um að ræða í þessum málum. Það stóð ekki yfir neitt verkfall, flotinn lá ekki bundinn. Hér var ekki um það að ræða að fram undan væru ekki aðeins mikil átök milli útvegsmanna og sjómanna, sem þegar væri búið að stofna til, heldur einnig það, að í hreinan þjóðarvoða gæti verið stefnt með því að binda við bryggju stórvirkustu framleiðslutæki landsmanna. Ekkert slíkt lá fyrir. Skipin voru að veiðum, sjómenn voru að starfa, fiskverkunarstöðvarnar snerust á fullu, fólkið í landi var að vinna eins lengi og eins vel og það gat, og það hafði ekkert verkfall verið orðað hjá sjómönnum. Það hafði ekki einu sinni verið rætt um það í þeirra hópi að boða til verkfalls. Það var ekki einu sinni búið af þeirra hálfu að setja í gang þau formsatriði sem fyrst þarf að ljúka til þess að til verkfalls geti komið. Aðstæðurnar í þjóðfélaginu voru sem sé aðstæður eins og við þekkjum þær frá degi til dags, aðstæður nákvæmlega eins og þær eru t. d. í dag. Það var ekki þá sá bráði þjóðarvoði sem verður að vera forsenda þess að hægt sé að setja brbl., a. m. k. forsenda þess hjá mönnum sem vilja virða anda þingræðis og lýðræðis, þann anda sem stjórnarskrá okkar er samin í. Það hefði e. t. v. getað verið skiljanlegt ef hæstv. sjútvrh. hefði gripið til þess ráðs að setja brbl. í deilu sem hefði þegar verið búin að kosta það, að flotinn hefði t. d. legið dögum og jafnvel vikum saman bundinn við bryggju, fiskframleiðslan stöðvuð dögum eða vikum saman og jafnvel þjóðargjaldþrot blasti við. Þá hefði verið verjandi fyrir hæstv. sjútvrh. að grípa til valds síns eins og það getur orðið mest. Og ég veit ekki til þess, að nokkur ráðh. hafi nokkurn tíma gripið til þess valds nema við slíkar aðstæður. Slíkt hefur enginn ráðh. leyft sér fyrr en 6. sept. 1976, að hæstv. núv. sjútvrh. setti þau brbl. sem hér um ræðir án þess að svo mikið væri búið að boða til verkfalls eða væri farið að ræða um það í hópi sjómanna eða útvegsmanna.

Þess vegna hefur það verið skoðun okkar alþfl.-manna frá upphafi að þessi brbl. stæðust ekki, og það er skoðun mín að forseti Íslands hefði ekki átt að samþykkja þessa brbl.-setningu með undirskrift sinni, eins og hann þó því miður gerði. Ég tel að átt hefði að reyna á það með einhverjum hætti hvort hér væri löglega að farið af ríkisstj., vegna þess að ef ekki reynir á það, t. d. fyrir dómstólum, þá er hér verið að setja svo hættulegt fordæmi að ráðh. geta í raun rétt í farið að leika sér sjálfir með það löggjafarvald sem samkv. stjórnarskrá lýðveldis okkar er í höndum 60 þjóðkjörinna manna hér á Alþ. Ef þetta fordæmi á að notast sem hér er sett, þá getur það gerst í sumar, næsta sumar og hvaða sumar sem er, að hvaða ráðh. sem er í hvaða ríkisstj. sem er geti leikið sér að því að nota það vald, sem er í höndum okkar 60 þjóðkjörinna manna, til þess að setja lög um hvað sem er, yfir hvern sem er hjá þessari þjóð. Þetta er það fordæmi sem gefið var með brbl.-setningunni 6. sept. í haust. Og þetta mál ber okkur þm. skylda til þess að líta á sem þm., en ekki sem stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar. Þeir, sem nú eru stjórnarandstæðingar, eiga einhvern tíma eftir að verða stjórnarsinnar, skyldi maður ætla, og þeir, sem nú eru stjórnarsinnar, eiga einhvern tíma eftir að verða stjórnarandstæðingar. Og ég vil biðja hv. þm. ríkisstj. að hugleiða það mjög vel og vandlega, hvaða fordæmi þeir eru að skapa hér í þingsal með því að afgreiða slíka bráðabirgðalagasetningu jákvætt, hvaða vanda þeir kunna með slíkri afgreiðslu að vera að skapa sér og flokkum sínum og þeim sem eiga eftir að taka við þingstarfi af þeim einhvern tíma síðar, þegar í ráðherrastól eru sestir menn sem hv. stjórnarsinnar treysta e. t. v. ekki jafnvel og þeir treysta þeim mönnum sem nú fara með ráðherravaldið.

Ég held að það sé vissulega kominn tími til þess fyrir okkur þm., alveg sama hvort við erum stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar, að hugleiða mál eins og þessi vel og vandlega. Við megum ekki meta öll mál út frá því, hvort við sitjum á þeirri stundu, sem þau eru borin upp til atkv., í stjórn eða í stjórnarandstöðu. Við eigum að líta á málin einnig með tilliti til þess, hvaða fordæmi þau kunni að gefa. Og vilja alþm. virkilega taka þátt í því að setja það fordæmi, að ráðh. geti að eigin geðþótta og án þess að nokkur brýn þjóðarnauðsyn krefji leikið sér einn og óstuddur með það vald sem 60 þjóðkjörnum þm. er falið og er æðsta valdið með þessari þjóð? Vilja þm. taka þá áhættu, að einn og sami einstaklingurinn geti ekki aðeins einn og óstuddur farið frjáls og óháður með framkvæmdavald sem ráðh., heldur einnig löggjafarvald sem 60 þm. er ætlað með að fara.

Ef menn samþykkja þetta frv. eða mæla með því, eins og ýmsir óbreyttir hv. þm. í Ed. hafa gert, þá eru þeir að setja slíkt fordæmi, og íslenskir alþm., Alþingi íslendinga og þjóðin öll eru kannske ekki búin að bíta úr nálinni með hvað slíkt fordæmi kann að hafa í för með sér á næstu árum og áratugum. Þetta tel ég vera meginatriðið við þetta frv., sem gerir það að verkum að ég er andvígur því. Hér fyrr í vetur, í haust, var það raunar, talaði ég um önnur atriði frv., sjálf efnisatriðin, sem ég tel minna máli skipta. Ég ætla því ekki að endurtaka þau ummæli mín hér, en vísa í þingtíðindi þar sem þau eru prentuð og röksemdirnar gegn efnisatriðum frv. koma fram.

En ég vil aðeins að lokum benda á eitt atriði

í ræðu hæstv. ráðh. áðan. Hann færði fram m. a. sem afsökun fyrir aðgerðum sínum, að í atkvgr. um samningana á sínum tíma, lýðræðislegri atkvgr., hefðu svo fáir þátttakendur verið. Skiptir það þá máli fyrir grundvallarreglur lýðræðisins hversu margir þeir eru sem taka þátt í kosningum? Er þá t. d. auðveldara, ef við höldum þessari hugsun áfram, er þá t. d. minna lýðræði og auðveldara og sjálfsagðara að hafa lýðræðislegar ákvarðanir að engu ef lítil þjóð tekur ákvörðunina, en ekki stór, og þeir, sem taka þátt í kosningunum, eru fáir, en ekki margir? Eru t. d. ákvarðanir, sem teknar eru af 200 þús. íslendingum, minna virði en ákvarðanir sem teknar eru af 200 millj. bandaríkjamönnum — sem lýðræðisákvarðanir á ég við, — bara vegna þess að lýðræðið á Íslandi hlýtur að vera verra en lýðræðið í Bandaríkjunum af því að það eru færri sem taka þátt í því. Í þessum atkvgr., sem fóru fram um sjómannasamningana á sínum tíma, var öllum sjómönnum heimilt að taka þátt, að nýta sinn atkvæðisrétt. Þeir gerðu það hins vegar ekki. Menn ráða því í lýðræðisríkjum hvort þeir kjósa eða kjósa ekki. Menn eru ekki neyddir til að taka þátt í kosningu frekar en þeir vilja. Ein af réttindum lýðræðisins eru þau að sitja heima, fá að láta ákvörðunina afskiptalausa, ef menn svo vilja. Hér höfum við ekki 99.98% þátttöku í kosningum eins og hjá Kim Il-Sung í Norður-Kóreu eða hjá Stalin og síðan öðrum stjórnarherrum í Rússlandi. Hér höfum við leyfi til þess að sitja heima og taka ekki þátt í atkvgr. Og ég spyr einfaldlega: Ef svo hefði verið í síðustu alþingiskosningum í Vestfjarðakjördæmi, að aðeins 28% kjósenda hefðu tekið þátt í atkvgr., í valinu á þm. Vestf., en úrslitin að öðru leyti hefðu verið óbreytt, þannig að t. d. hæstv. ráðh. hefði verið kjörinn 1. þm. Vestf. og hefði náð þeim úrslitum með 28% kjörsókn., væri hans kjör þá eitthvað minna virði, væri hann réttminni sem alþm., bara út af þeirri staðreynd að aðeins 28% kosningabærra manna á Vestfjörðum hefðu tekið þátt í atkvgr., heldur en hann er nú? Mundi t. d. hæstv. dómsmrh. geta á þeirri forsendu sett brbl. um það að svipta hv. 1. þm. Vestf. þingsæti sínu, vegna þess að svo fáir vestfirskir kjósendur hafi tekið þátt í að kjósa hann af þeim sem atkvæðisrétt höfðu? Þetta eru sömu röksemdirnar og notaðar eru gegn afgreiðslu sjómannafélaganna á kjarasamningunum. Og þessar röksemdir geri ég ekki nokkurn skapaðan hlut með.

Ég vil enn fremur benda á það, sem hæstv. ráðh. er mætavel kunnugt, hver var ástæðan fyrir því, var og er, að kjörsókn meðal sjómanna, þegar greidd eru atkv. um sjómannasamninga, er lítil. Hún var ekki bara lítil þegar atkv. voru greidd í þetta sinn, heldur er það venjan að þátttaka er frekar lítil hjá sjómönnum. Ég skal skýra út hvers vegna. Hæstv. ráðh. veit það raunar miklu betur en ég.

Hér er um það að ræða að hver sjómaður hefur kosningarrétt hjá sínu félagi, en yfirleitt er það þannig, að sjómenn, jafnvel þó að þeir séu skráðir í félag, t. d. Sjómannafélag Reykjavíkur, þá stunda þeir sjómennsku á bátum eða skipum frá öðrum verstöðvum. Þegar skip kemur að landi og skipsmenn ætla að taka þátt í atkvgr. í viðkomandi verstöð, þá er kannski ekki nema lítill hluti af skipsmönnum, kannske enginn, sem getur greitt atkv. á viðkomandi stað, vegna þess að þetta eru menn sem eiga atkvæðisrétt í öðru sjómannafélagi. Þetta vita menn, þetta veit hæstv. sjútvrh., og þetta er ástæðan fyrir því að þátttaka sjómanna í atkvgr. um kaup og kjör er yfirleitt lítil ef miðað er við fjölda félagsmanna í félögum þeirra. Fjöldinn allur af t. d. sjómönnum á Suðurnesjum svo og fjöldinn allur af sjómönnum á Vestfjörðum er á skipum sem róa frá öðrum verstöðvum en þeir eru skráðir til heimilis á. Þessir fjölmörgu sjómenn geta alls ekki tekið þátt í atkvgr. á þeim stað þar sem skip þeirra leggja upp þó þeir fegnir vildu. Þetta er skýringin á því, að t. d. eins og í Grindavík, Sandgerði eða Keflavík eru þetta og þetta margir sjómenn, en aðeins lítill hluti þeirra tekur þátt í atkvgr. Þetta er hin einfalda skýring. Þetta vita allir. Og hæstv. sjútvrh., sem sjálfur hefur talsvert mikla reynslu sem útgerðarmaður og af fiskverkun og fiskvinnslu og útgerð fiskiskipa, veit þetta sem sagt miklu betur en ég, þótt hann telji ekki ástæðu til þess að hafa orð á því hér.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er í rauninni ekki þörf á því að hafa langt mál hér við 1. umr. um þetta mál, því að það hefur þegar verið rætt hér talsvert áður, þó við nokkuð aðrar aðstæður. En það eru nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að vekja sérstaka athygli á í sambandi við þetta mál, vegna þess að það ber hér að með býsna einkennilegum hætti.

Í fyrsta lagi vil ég benda á það, að hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl. Þau brbl. voru gefin út 6. sept. 1976 eða rétt aðeins einum mánuði áður en Alþ. átti að koma saman. Þegar brbl. voru gefin út nokkru áður en Alþ. átti að koma saman, þá var ekki um nein sérstök vandræði að ræða í þessum efnum. Það var ekki um neina vinnustöðvun að ræða, nein verkföll eða neitt það sem réttlætti það að stökkva til á þessum tíma og setja brbl. Það hefur verið bent á það áður, að þarna var tvímælalaust um að ræða óþingræðislega meðferð.

En svo gerist það til viðbótar við það, að svona var staðið að málinu í upphafi, því að auðvitað hefði verið rétt að leggja það fyrir Alþ. sem þá átti að koma saman eftir stuttan tíma, og það átti að fjalla um málið og setja lög ef því sýndist svo, — síðan gerist það, að samkv. lögunum er málið lagt fyrir til staðfestingar hér á Alþ. strax í upphafi þings, í okt. 1976. Og það hefur síðan legið óstaðfest hér á Alþ. allan tímann. En nú lítur út fyrir að það eigi að samþykkja frv. til staðfestingar á brbl., nú rétt í þinglokin, líklega endanlega samþykkt hér 2., 3. eða 4. maí, síðasta þingdag. En hins vegar er efni frv. þannig, að ákveðið er að lögin gildi ekki nema til 15. maí Hér er því um það að ræða að Alþ. samþykki þessi brbl. eingöngu af formsástæðum, efnislega ekki, vegna þess að þau eru búin að vera í gildi og hafa sín áhrif, á hvern hátt sem það svo hefur verið.

Ég er því þeirrar skoðunar, að einnig frá formástæðum séð hefði verið eðlilegt að þetta frv. hefði ekki verið staðfest. Hvað hefði gerst hér á Alþ. ef frv. væri ekki samþ. fyrir þinglok? Jú, þessi brbl. féllu þá úr gildi, þau mundu þá

falla úr gildi að formi til 10 eða 12 eða 14 dögum fyrr en ella. Það er allt og sumt. En með því að staðfesta frv. ekki kæmi að sínu leyti fram sú skoðun á Alþingi, að Alþingi væri óánægt með alla þessa málsmeðferð.

Nú hef ég lýst því yfir áður, að ég tel fyrir mitt leyti að setning þessara brbl. hafi verið ósanngjörn, óeðlileg og óheppileg á sínum tíma. Ég ætla ekki að fara út í að ræða það efnislega úr því sem komið er. Ég undirstrika aðeins að það er mín skoðun, að það hafi verið farið að í þessum efnum á óþingræðislegan hátt og ólýðræðislegan hátt, að grípa hér inn í kjarasamninga sem voru í gangi. Sumpart var um að ræða fullkomlega löglega samninga í gangi sem farið var eftir, og að öðru leyti var ekki útséð um hvort samningar tækjust á milli aðila samkv. réttum reglum. Ég tel líka að setning þessara laga hafi verið óþörf og beinlínis hafi þessi lagasetning spillt fyrir kjarasamningum á þessu sviði sem nú á einmitt að fara að fjalla um.

Vegna bæði formsatriða og þá ekki síður efnisatriða málsins höfum við lýst því yfir, alþb.-menn, að við erum andvígir þessu frv. og við munum greiða atkv. gegn staðfestingu á frv. Við erum frv. andvígir.

Sjútvh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins fá orð.

Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, kom mér ekkert á óvart yfirlýsing hans og hans flokks, að hann væri á móti frv. Það hefur komið fram áður og það er hans skoðun og hans flokks. En í sambandi við málsmeðferðina, þá voru brbl. lögð fram, eins og fram hefur komið, í þingbyrjun fyrir Ed. og tekin til umr. mjög snemma á þinginu og hafa verið í sjútvn. síðan. Ég fyrir mitt leyti hefði talið að það hefði auðvitað átt að afgreiða þetta mál og fleiri mál mun fyrr en gert er. Það hafa verið hér til umr. 15., 16., 17. og 18. mál í deildinni nú á þessum söðustu dögum, í fyrri deild, svo að það er ekki einsdæmi. En varðandi fylgi við frv. kom það í ljós í Ed., að frv. er samþ. með 11:4 atkv., fjarverandi voru 5 þm.: 3 stjórnarliðar og 2 stjórnarandstæðingar. Einn stjórnarliðanna, sem var fjarverandi, hafði skrifað undir nál. og mælt með samþykkt frv. Annar stjórnarliði, sem var fjarverandi, er ráðh. í ríkisstj., og ég vil taka það fram að þessi brbl. eru auðvitað gefin út með fullu samþykki ríkisstj. í heild. Ég hygg að það detti engum ráðh. í hug að gefa út brbl. án þess að bera þau undir ríkisstj., svo að ríkisstj. öll stendur auðvitað að þessum brbl., alveg eins og ég stend að öðrum aðgerðum sem aðrir ráðh. bera fram í ríkisstj. Jafnframt var þetta mál rætt mjög ítarlega í báðum stjórnarflokkunum, áður en þingi var slitið, og þar var skýrt frá því, hvernig málsmeðferð væri, og báðir stjórnarflokkarnir gáfu ráðh. sínum heimild til þess að ljúka þessu máli með þessum hætti ef þeir teldu þess þörf. Ég taldi þegar Alþ. var slitið í fyrravor, að það væri rétt að halda áfram sáttaumleitunum. Ég ræddi þá við samninganefndarmenn og sáttasemjara um það mál. Þeir voru á því að halda áfram samningaumr., þó að það væri ákaflega erfitt, og þessi brbl. eru ekki gefin út fyrr en sáttatillagan 28. júlí hafði verið felld. Það er auðvitað hreinn misskilningur hjá hv. 8. landsk. þm. eins og hann túlkaði atkvgr. Vitaskuld er það styrkur í hverju félagi, og þá ekkert síður verkalýðsfélögum en öðrum félögum, að hin almenna þátttaka sé alltaf sem mest. Í hlutafélögum, í öllum félögum sem ég þekki til, eru ákvæði í lögum um hversu margir þurfi að vera mættir til þess að taka lögmæta ákvörðun. Það er algerlega út í hött að segja þetta sem hv. þm. sagði. Það eru ákvæði í lögum lýðræðisríkja þar sem kjósendum er gert að skyldu að greiða atkv. í almennum þingkosningum nema þeir hafi lögleg forföll, veikindi eða annað slíkt. Það er ekki talin skerðing á lýðræðinu. Í öllum kosningum, sem fram fara, og í atkvgr. getur sá sem er óánægður skilað auðu og á þann hátt látið í ljós óánægju sína með bæði frambjóðendur og annað slíkt. En ég ætla nú ekki að fara að karpa frekar um þetta.

Sjómannasamband Íslands sendi ríkisstj. nýlega bréf, snemma í þessum mánuði, eða kjaramálaráðstefna þess sem haldin var 3. apríl. Hún skorar á ríkisstj. að hún leggi brbl. frá 6. sept. 1976 fyrir Alþ. nú þegar svo að sjómenn fái séð hvort vilji meiri hl. Alþ. hafi verið fyrir hendi við setningu þessara laga. Að vísu gætir þarna misskilnings. Það virðist hafa farið fram hjá Sjómannasambandinu að brbl. voru lögð fyrir Alþ. í haust, nema hér sé um einhvern annan misskilning að ræða. En það, sem kemur út úr þessari samþykkt er að sambandið óskar eftir því að lögin fái þinglega meðferð. Og það er það sem ég auðvitað óska eftir líka að þessi brbl. fái.

Ég vil líka benda mönnum á það, að þessir samningar allir fara í gegnum tvær atkvgr. og meira að segja þrjár í einstaka tilfellum. Þá hafa leiðtogar sjómanna skrifað undir sáttatillöguna. Þegar menn hafa skrifað undir sáttatillögu, og það veit ég að verkalýðsleiðtogar þeir, sem sitja á Alþ., geta dæmt um, þá hafa þeir tekið á sig þá skuldbindingu að vinna að því að kynna þá sáttatillögu og túlka það mál, sem þeir hafa staðfest með undirskrift sinni, og leggja á það áherslu að hafa áhrif á félagsmenn sína að samþykkja það. Þetta veit ég að þm. eins og Guðmundur H. Garðarsson, Eðvarð Sigurðsson og aðrir þeir þm., sem eru starfandi í verkalýðshreyfingunni, þekkja mætavel. Og þannig hefur verið starfað í þessum efnum. Ég verð þá að segja, að ef þessi lög eru kúgunarlög, þá eru það ljótu leiðtogarnir sem hafa skrifað undir samninga um að mæla með tillögum sem fólu í sér minni réttindi en þetta fyrir sína félagsmenn, eins og fyrsta sáttatillagan gerði. Það er stórkostleg árás á alla þessa menn þegar menn segja þetta.

En það kom ekkert fram í ræðum tveggja fyrstu ræðumanna, hvað hér gerðist í raun og veru. Það er verið líka að bæta kjör og leiðrétta það sem menn höfðu áður samið um. Það er ekki minnst á það, og ég gerði það viljandi að minnast ekki á það í minni framsögu, að með lögfestingu sáttatill. er t. d. hækkuð líftrygging sjómanna úr 1 millj. í 2 millj. kr. og örorkutrygging úr 3 millj. í 6 millj. kr. Þeir, sem voru búnir að samþykkja samninga, hefðu auðvitað haft þessar tryggingar óbreyttar, sumir til 1. jan., aðrir til 15. maí þessa árs, en þeir, sem enga samninga vildu eða vildu ekki brjóta upp neina samninga, höfðu ekki fengið þetta. En á þetta

er ekki minnst. Svo koma menn og segja að það sé verið að ráðast á samningsréttinn. Á hvern er verið að ráðast. Annar aðilinn samþykkir sáttatill. frá 28. júlí, undirmennirnir fella hana með 140:122 atkv., þar er 18 atkv. munur. Annar aðilinn samþykkir, en hinn fellir með 18 atkv. mun. Það sýnir að sáttatill., sem talin er gerræði, á nú þennan hljómgrunn hjá launþegunum og hjá yfirmönnum með 198:135. En það var eldri sáttatill. sem sú atkvgr. fór fram um. Þetta sýnir að það er ekki verið að tala mikið málefnalega um þetta mál. Og ég t. d. vísa til þess, að þegar málið var til 1. umr. í Ed., þá ræddi það mál einn af þm. Alþb., 11. landsk. þm., sem er harður andstæðingur þessara brbl., en ræða hans einkenndist af málefnalegum hugsunum og hann fór alveg inn á þetta mál eins og það liggur fyrir og er hann ekki minni andstæðingur þessara brbl. heldur en þeir tveir þm., sem töluðu fyrstir hér áðan. En þar talaði maður af þekkingu og sanngirni, þó að við séum ekki sammála í afstöðu okkar til málsins. Ég held að glamrandi hafi ekkert að segja og geri ekkert gott.

Varðandi áhyggjur hv. 5. þm. Vestf. af fylgi mínu meðal sjómanna á Vestfjörðum, þá ætla ég að biðja hann í fullri vinsemd að sleppa alveg að hafa áhyggjur af fylgi mínu á Vestfjörðum, því að ég hygg, að hann komi til með að hafa alveg nógar áhyggjur af eigin framboði og atkv. í næstu kosningum, hvenær sem þær verða, svo að ég bið hann allra mildilegast að vera ekki að taka á sig mínar syndir og byrðar, því að hann hefur nógu stóran poka að bera sjálfur.

Ég vil segja það, að ég tel það hvorki vestfirskum sjómönnum né öðrum sjómönnum til neins sóma að ætla aðeins að fleyta rjómann af því sem gert er með stórfelldri kerfisbreytingu sem leiðir af sér 33% fiskverðshækkun, þar af vegna kerfisbreytingarinnar einnar 24% fiskverðshækkun. Er réttlæti í því að þeir, sem samþykkja samninga og samþykkja þá kerfisbreytingu, taki á sig þessar fórnir, en hinir allir eigi að sleppa? Ég segi, að frá mínum bæjardyrum séð er það ekki réttlæti. En þeir fengu líka á móti réttindi með þessum brbl., og það er alrangt hjá hv. 5. þm. Vestf. að segja að brbl. hafi skapað eitthvert verkfallsástand. Þessi maður veit mætavel að það er búið að vera núna á annað ár gífurleg óánægja hjá línusjómönnum um allt land. En línuveiðar eru langmest áberandi frá Vestfjörðum. Og það var fyrir sjóðakerfisbreytinguna sem þessi óánægja átti sér stað. En það er ekki vegna þeirrar breytingar sem átti sér stað 15. febr. á árinu 1976. Það var tilkynnt að allur flotinn lægi í höfn. Þrátt fyrir það að það sé í þessu frv., þá berja ákveðnir menn hausnum við steininn svo að það glymur í, — það er tómahljóð þegar þeir berja hausnum við steininn, — þrátt fyrir það að þau ákvæði eru í frv., að hverjum og einum er frjálst að semja þrátt fyrir ákvæði þessara brbl., þeir mega aðeins ekki beita verkfalli. Ég lýsti því yfir, þegar útgerðarmaður hringdi í mig, sem var fyrstur til þess að semja við sjómenn á sínum stað, og spurði mig að því, hvort hér væri um brot á brbl. að ræða, — ég sagði: Síður en svo. Ég hefði auðvitað heldur kosið að heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna hefðu náð þessu samkomulagi, en ekki einstaklingar eða útgerðarmenn á einstökum stöðum. En það er mér ekki á móti skapi ef þú semur eða getur náð samningum á þessum grundvelli. Og ég hef marglýst því yfir, að ég tel alls ekki vera neitt of há hlutaskipti sem um hefur verið samið í þessum efnum, ég skildi línusjómennina þar mætavel. — Á öðrum stað var líka talað við mig út af því, hvort þessi sami skilningur væri ekki, og ég hvatti þar eindregið til þess að semja á sama grundvelli og gert var á fyrri staðnum, sem er Súgandafjörður, og það var einnig gert.

Við vitum það, að eftir að þetta samkomulag var gert, eins og í Súgandafirði, voru þessir bátar, sem eru sagðir í verkföllum, ekki tilbúnir að fara á línuveiðar. Það liðu þó nokkrir dagar, eftir að samkomulagið var gert, þar til þeir voru tilbúnir, enda veit þessi hv. þm. að línuútgerð almennt hefur ekki byrjað fyrr en um mánaðamótin sept.—okt. lengst af, en í einstaka tilfellum hefur hún núna á síðustu árum byrjað fyrr, þó að línuútgerð hafi í heild dregist mjög saman í þessum landsfjórðungi eins og annars staðar.

Þetta vildi ég að kæmi fram. En ég bið þm. alveg sérstaklega að vera ekki að hafa áhyggjur af mér. Ég skal reyna að axla mína byrði sjálfur. Og þó ég viti að þetta sé góður drengur inn við beinið, þó að það sé stundum svartur blettur á tungunni á honum, þá vil ég ekki nota mér góðmennsku hans að taka á sig áhyggjur mín vegna. En ég endurtek út af því, sem hann byrjaði mál sitt á, að hann kom að máli við mig hvað eftir annað, að það þyrfti eitthvað að gera til lausnar þessu máli. Hann var ekki einn um það. En hann er það heppinn að hann talaði bara við mig einan. En það voru aftur ýmsir aðrir, sem komu í fylgd með útgerðarmönnum til mín, sem báðu um brbl. eða lög miklu fyrr, meðan Alþ. sat, til lausnar þessu máli, sem ég gæti auðvitað vitnað til, en ég nenni ekki að standa í því. En það sýnir að þegar einhverjar aðgerðir eru gerðar, þá vilja menn gleyma því, hvað þeir hafa talið affarasælast og best að gera, kannske nokkrum vikum eða mánuðum áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 475). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á árunum 1975—1976 stóðu yfir miklar viðræður milli fjmrn. og samtaka starfsmanna ríkisins um skipan samningsréttarmála. Þeim viðræðum lauk gagnvart Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja með setningu laga nr. 29/1976. Samkv. heimild í hinum nýju lögum hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sagt upp gildandi kjarasamningum miðað við 1. júlí n. k. Jafnframt hefur Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja verið veittur takmarkaður verkfallsréttur, eins og í lögunum segir.

Bandalag háskólamanna nýtur enn samningsréttar samkv. l. nr. 46/1973, en eigi hefur tekist

að sætta svo sjónarmið aðila kjarasamninga milli ríkisins og starfsmanna þess að unnt væri að lögfesta eitt kjarasamningakerfi fyrir starfsmenn ríkissjóðs, og virðist nokkuð í land að slíkt verði raunveruleiki. Bandalag háskólamanna og fjmrn. eru þó sammála um að nauðsynlegt sé að gera nú nokkrar breytingar á l. nr. 46/1973, þannig að Bandalag háskólamanna fái heimild til að segja upp gildandi kjarasamningum fyrr en ákvæði þeirra segja til um.

Í 7. gr. gildandi laga um samninga við Bandalag háskólamanna segir að aðalkjarasamning skuli gera til eigi skemmri tíma en tveggja ára og koma til framkvæmda 1. júlí næst á eftir gerð hans. Frv. það, sem nú er flutt, gerir ráð fyrir því, að upphaf gildistíma kjarasamnings verði ákveðið í kjarasamningnum sjálfum, en gildistími hans verði áfram tvö ár. Önnur atriði frv. fjalla aðallega um breytingu á frestum til uppsagna og meðferð hjá sáttasemjara.

Gildandi samningur við Bandalag háskólamanna á að öllu óbreyttu að standa til 30. júlí 1978. Í ákvæðum til bráðabirgða í frv. þessu er lagt til að segja megi upp þeim samningi með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. nóv. n. k. Ástæða þess, að tímabil núgildandi samnings er þannig nokkuð stytt, er sú, að vænta má nýrra samninga við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja nú í sumar, en eðli málsins samkv. verða í mörgum atriðum að gilda svipaðar reglur í viðskiptum ríkisins við starfsmenn, óháð því hvaða samtökum þeir tilheyra.

Ég leyfi mér, herra forseti, með skírskotun til þess, sem ég hef nú sagt um það frv. sem hér er til umr., að leggja til að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vænti þess, þar sem hér er um samkomulagsatriði að ræða milli fjmrn. og Bandalags háskólamanna, að frv. geti náð fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Skattfrelsi jarðstöðvar, frv. (þskj. 398). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Grg. með frv. því, sem hér er til umr., um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn, skýrir að fullu ástæðurnar til þess að það hefur verið lagt fram á Alþ. Ég vil samt sem áður stikla á nokkrum forsendum þess, að óhjákvæmilegt hefur þótt að leggja til við Alþ. þá ívilnun í skattgreiðslu sem frv. gerir ráð fyrir.

Póstur og sími og Mikla norræna símafélagið eru bundin gagnkvæmum samningum fram til ársins 1985, Póstur og sími til símaviðskipta um sæstrengi símafélagsins bæði til Evrópu og vestur um haf, en Mikla norræna símafélagið til að láta þessa þjónustu í té. Hin síðustu ár hefur orðið ljósara með hverju missiri hversu nauðsynlegt er að leggja annan streng frá Íslandi til Evrópu ef fullnægja á með þeirri tækni fjarskiptaþörfum Íslands og Evrópu. Samkv. framangreindum samningi er Mikla norræna símafélagið skuldbundið til að leggja annan slíkan sæstreng og er til þess reiðubúið. Samkv. gildandi samningum væri Póstur og sími skuldbundinn til að nota sæsíma símafélagsins til loka samningstímans. Eins og kunnugt er hefur hins vegar opnast ný tækni til samskipta af þessu tagi um gervihnetti. Sú tækni er miklum mun öruggari en sæstrengir og möguleikar til aukningar miklu rýmri en í sæstrengjum. Þá kemur til viðbótar að sæstrengir verða ekki notaðir til að flytja sjónvarpsmyndir, en sá tæknibúnaður, sem notaður er til fjarskipta um gervihnött, nýtist einnig til flutnings sjónvarpsmynda.

M. ö. o. gerðu samningar af Íslands hálfu við Mikla norræna símafélagið það að verkum, að við vorum að óbreyttum samningum bundnir sæsímatækni allar götur til 1985 og bundnir viðskiptum gegnum sæstrengi félagsins, þannig að rekstrargrundvöllur þeirrar miklu fjárfestingar, sem nauðsynleg er til að geta náð sambandi við gervihnött fyrir aðrar þarfir íslendinga, var í rauninni ekki til að óbreyttum samningum við símafélagið. Ljóst er hins vegar að sem lausn til frambúðar á fjarskiptatengslum Íslands við önnur lönd jafnast ekkert á við jarðstöð og gervitunglafjarskipti. Þess vegna tóku íslensk stjórnvöld upp samningaumleitanir við Mikla norræna símafélagið um að breyta samningum þeim sem félagið hafði og fyrr var getið og gilda fram til ársins 1985.

Til að gera langa sögu stutta náðust samningar um að félagið legði fram andvirði þess sæstrengs, sem félagið hugðist leggja á næstunni, sem eignarhlut á væntanlegri jarðstöð, enda leggi íslenskir aðilar fram það sem á vantar. Mikla norræna símafélaginu eru tryggðar tekjur af sæstrengjum þeim sem félagið þegar á og nú þjóna fjarskiptaþörfum íslendinga, en jafnframt er tryggt að jarðstöð kemur til notkunar nú þegar í sameign Pósts og síma og Mikla norræna símafélagsins. Telja verður þennan samning mjög hagstæðan fyrir íslendinga, ekki síst þegar litið er til framtíðarinnar, enda flýtir hann beinu sjónvarpssambandi íslendinga við umheiminn, fyrir utan að sjá miklu betur en nokkur sæstrengur fyrir þörf landsmanna fyrir aukin viðskipti af þessu tagi.

Frá og með 1985 geta íslendingar leyst til sín þann eignarhluta Mikla norræna símafélagsins í jarðstöðinni, sem þá verður óafskrifaður, en 1991 mundu íslendingar eignast jarðstöðina án greiðslu.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum þykir eðlilegt að innflutningur á efni til byggingar og rekstrar jarðstöðvar sé undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning, og felur 1. gr. frv. í sér ákvæði þar að lútandi.

2. gr. fjallar hins vegar um undanþágu eignaraðila jarðstöðvarinnar frá ýmsum sköttum: tekjuskatti, eignarskatti, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti. Ljóst er að Póstur og sími, sem er annar eignaraðili stöðvarinnar, er skattfrjáls alla vega, en að gildandi lögum mundi Mikla norræna símafélagið verða skattskylt hér á landi af starfsemi af þessu tagi. Nú er það svo, að fyrirtækið hefði verið skattlaust hér á landi ef það hefði staðið við sinn samning, lagt sæstrenginn og

rekið hann. En félagið hefur ekki getað fellt sig við að samþykki þess til að fjárfesting þessi verði fremur í jarðstöð en með sæstreng eigi að leiða til skattlagningar hér á landi, ekki síst þar sem tekjuskattur félaga hérlendis er með öðrum hætti en samsvarandi tekjuskattur í Danmörk, sem er heimaland félagsins. Að öllum aðstæðum athuguðum hefur þótt réttmætt að verða við þessum óskum, enda ljóst að án þess gat ekki orðið af þessum hagstæðu samningum sem hér hefur verið greint frá.

Eg tel ekki ástæðu til þess að rekja frekar gang þessa máls. Frv. og grg. þess skýrir það. Með tilvísun til þess, sem ég nú hef sagt, leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Póst- og símamál, frv. (þskj. 530 (sbr. 324)). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 324 er frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. Þetta frv. var lagt fram í hv. Ed. og gerði ég í framsöguræðu fyrir frv. þar ítarlega grein fyrir málinu, en mun að þessu sinni stytta mál mitt.

Löggjöf um Póst og síma er síðan 1935. Hún er því komin á fimmta tug, og þótti rétt, þegar voru liðin um 40 ár frá því að þessi lög voru sett, að farið væri að endurskoða þau. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var af páv. samgrh., Hannibal Valdimarssyni, og páv. fjmrh. ákveðið að setja n. sem í störfuðu Jón Skúlason póst- og símamálastjóri, sem var formaður hennar, Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri í samgrn., og Hörður Sigurgestsson rekstrarhagfræðingur, sem þá var starfsmaður hjá hagsýslustofnuninni og var tilnefndur af fjmrn., en síðan tók Jón E. Böðvarsson deildarstjóri í hagsýslunni við starfi Harðar þegar hann fór úr þjónustu fjmrn.

Þessi n. vann að þessu máli og hefur það tekið alllangan tíma svo sem vonlegt var. Hún kvaddi sér til ráðuneytis fulltrúa frá norsku póstmálastjórninni og norsku símamálastjórninni og þessu til viðbótar var að ráði þeirra norsku starfsmanna pósts og síma kvatt til ráðuneytis ráðgefandi norskt félag sem hafði starfað að endurskoðun norsku póststjórnarinnar og norsku símamálastjórnarinnar og skipulagt mál þessara stofnana. Þetta félag hafði einnig unnið að endurskipulagningu sænsku símastofnunarinnar og vinnur nú að skipulagningu dönsku póst- og símastofnunarinnar.

Auk þessara fulltrúa, sem ég hef nú þegar greint, voru svo hinir fremstu menn í tækni- og fjármálasviði Pósts og síma kvaddir til í sambandi við þetta verk meðan n. vann að þessum störfum.

Till. n., sem hún hefur skilað í allmiklu riti sem mun hafa verið útbýtt hér á hv. Alþ., eru í aðalatriðum þessar:

1. Að leitast er við að aðskilja annars vegar þær deildir, sem hafa þau meginverkefni að annast yfirstjórn, áætlanagerð og aðra stefnumörkun, og hins vegar þær deildir stofnunarinnar, sem annast daglegan rekstur í einstökum umdæmum, stöðvum og öðrum starfseiningum. Leggja þarf meiri áherslu á að hverju stefnt skuli með rekstri stofnunarinnar og hvernig markmiðum hennar skuli náð. Aukna áherslu verður að leggja á heildaryfirsýn og horfa lengra fram í tímann og létta ákvarðanatöku daglegs rekstrar af þeim sem fást við yfirstjórn stofnunarinnar.

Annað atriði er valddreifing. Flytja ber meira af rekstrarstjórnun, þ. e. ákvarðanatöku, almenna skipulagningu og framkvæmd, eftirlit með tæknibekkingu og aðra þekkingu í umdæmi þar sem hinn eiginlegi rekstur fer fram. Með því verði stytt boðleið milli vandamálanna og þeirra sem geta tekið ákvörðun við lausn þeirra. Gera ber rekstrareiningar, sem dreifðar verði um landið, sjálfstæðar um sinn rekstur innan ramma rekstraráætlunar og almennra rekstrarfyrirmæla.

Í þriðja lagi aukin formleg stefnumörkun og rekstraryfirlit. Með stefnumörkun er átt við skipulega setningu markmiða fyrir stofnunina í heild og undirmarkmið fyrir einstakar starfseiningar og áætlanir í samræmi við þessi markmið, sem geri grein fyrir hvernig menn hyggjast ná markmiðunum. Liður í þessu verði kerfisbundið rekstrareftirlit með virku stjórnunarbókhaldi og samanburði við áætlanir.

Aukin kynning og fræðslustarfsemi er einn af þeim liðum sem eru í till. n. Og að síðustu að leggja ber áherslu á sameiningu og samræmingu póstverkefna og símaverkefna innan sömu stjórnunareiningar eftir því sem nokkur kostur er.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir og ég skal nú stikla á stóru um, er í meginatriðum að till. n. sem vann þessa endurskoðun og samdi frv. Auk þeirrar stjórnunargreiningar, sem ég hef hér drepið á, tel ég að valddreifingin sé geysilega mikið atriði, því með hinum nýju umdæmum úti um landsbyggðina er valdið fært þangað og ákvarðanatakan til framkvæmda um hin einstöku verkefni.

Auk þessa, sem ég hef nú nefnt, var í samráði við samgrn. gerð breyting á frv. í hv. Ed., þar sem m. a. var ákveðið að við gjaldskrárgerð skuli stefnt að því að notendur innan sama svæðis skuli greiða sama gjald. Þessu er ekki nú til að dreifa. Hins vegar má reikna með að það taki einhvern tíma að koma þessu í framkvæmd og þótti rétt, svo að ekki væru fjármál stofnunarinnar í neina hættu sett, að ákveða með reglugerð hve langan tíma tæki að koma þessu í framkvæmd. Enn fremur var ákveðin heimild handa ráðh. til þess að ákveða eftir þar tilgerðum reglum að samtöl utan af landsbyggðinni til stjórnsýslustofnana í Reykjavík hefðu sama gjald, hvaðan sem talað væri. Þetta er m. a. fram komið vegna þess, að oft tekur alllangan tíma að ná þeim aðila í símann, sem tala á við, þegar hringt er úr beinum síma, og þess vegna getur það orðið verulegur kostnaður áður en símtalið sjálft hefst. Það verður að sjálfsögðu nokkurt vanda-

verk að koma þessu fyrir, en það mál verður athugað því að heimild er fyrir hendi um það.

Það var þannig að þessu máli unnið í hv. Ed., að samgn. beggja d. unnu að málinu. Samgn.-mönnum þessarar hv. d. er málið því kunnugt og flýtir það fyrir afgreiðslunni hér. Ég vil tímans vegna ekki eyða fleiri orðum að þessu merka máli, en tel að brýna nauðsyn beri til að fá frv. afgreitt nú til þess að koma til fullra framkvæmda þeim skipulagsbreytingum sem unnið er að, enda er m. a. einn þátturinn í þeim að koma við sparnaði í rekstri stofnunarinnar. Mun hafa fækkað vegna þeirra reglugerða, sem hafa verið settar með hliðsjón af þessu lagafrv. og samkv. heimild í gildandi lögum, um tvo eða þrjá tugi manna við þessa stofnun.

Ég vil leyfa mér að lokum að þakka nm. þeirra störf og nm. beggja deilda fyrir þá vinnu sem þeir hafa lagt í þetta frv. Ég vona að það taki skamman tíma hjá hv. samgn. að afgreiða það til d. aftur og d. að afgreiða þetta frv. sem lög.

Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Byggingarlög, frv. (þskj. 417, n. 509). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Svo sem hv. þm. er kunnugt um, þá var frv. til byggingarlaga lagt fyrir síðasta Alþ., en varð ekki útrætt. Frv. var þá sem nú flutt í Nd. og tekið til umfjöllunar á allmörgum fundum í félmn. Hér er að formi til um algerlega nýja lagasetningu að ræða eða frumsmíð þar sem engin samræmd heildarlöggjöf um byggingarmálefni í landinu öllu hefur verið til. Flest gildandi lagaákvæði um byggingarmálefni eru orðin harla gömul eða allt frá árinu 1857. Getur þar að líta opin bréf og lög um að stofna byggingarnefndir í nokkrum nánar tilteknum kaupstöðum. Almenn lög um byggingarsamþykktir, sem heimila löggiltum verslunarstöðum og öðrum skipulagsskyldum stöðum að setja sér byggingarsamþykktir, eru að stofni til frá 1905. En lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, eru frá árinu 1945.

Ætla má að verulegt ósamræmi hafi viðgengist í hinum ýmsu sveitarfélögum varðandi byggingarmálefni. Stórt skref fram á við var þó stigið þegar félmrn. með auglýsingu nr. 22 frá 1967 gaf út fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir löggilta verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði, og var það gert samkv. l. frá 1905, enda settu fjölmörg sveitarfélög nýjar byggingarsamþykktir í samræmi við þá auglýsingu.

Svo sem fram kemur í aths. með frv. og eins og kom fram í aths. með frv. í fyrra, þá er þetta ekki í fyrsta skipti sem gerð er tilraun til þess að setja heildarlöggjöf um byggingarmálefni. Það var fyrst gert á Alþ. 1924, en varð ekki útrætt á því þingi. Annað frv. var lagt fyrir Alþ. í upphafi þings 1967 og hlaut þar ekki heldur afgreiðslu né heldur var endurflutt. Þess er nú að vænta, þegar lagt er upp í þriðja sinn, að Alþ. takist að forma og samþykkja heildarlöggjöf varðandi þessi málefni.

Frv. það, sem hér er til meðferðar, var samið af allfjölmennri n., þ. e. a. s. af 11 manna nefnd, og var til þess ætlast að sjónarmið sem flestra þeirra aðila, sem við byggingarmálefni fást, kæmust þar til skila. Samstaða náðist þar um frv. í heild og var mikil vinna lögð í að gera það sem best úr garði. Eigi að síður þótti félmn. ástæða til þess að vanda nokkuð til vinnubragða við athugun á því frv., ekki síst með tilliti til nokkurrar gagnrýni sem fram kom við 1. umr. þá. N. sendi þess vegna frv. til umsagnar fjölmargra aðila og bárust henni samtals 29 umsagnir auk munnlegra ábendinga. Sérstaklega var óskað eftir því, að Búnaðarþingi gæfist kostur á að fjalla um frv. þegar það kæmi saman, og dróst því nokkuð úrvinnsla á þeim gögnum, sem n. bárust, og vannst ekki tími til að ljúka afgreiðslu málsins á því þingi. En að ósk hæstv. félmrh. störfuðu formenn félmn. beggja d. ásamt ráðuneytisstjóranum í félmrn. að því að fara yfir frv. á ný og þar voru gerðar á því ýmsar breytingar. Þar var tekið tillit til ýmissa aths., sem fram höfðu komið í umsögnum, tekið tillit til sjónarmiða, sem fram komu í félmn., þegar hún ræddi þetta mál í fyrra, og raunar einnig í umr. hér í þessari hv. d. í fyrra.

Ég tel rétt að fara örfáum orðum um einstaka kafla frv. og þá þær helstu breytingar sem gerðar hafa verið á frv. frá því í fyrra, með tilliti til þeirra umr. sem þá urðu hér, ef það mætti greiða fyrir að þeir, sem á annað borð settu sig inn í þetta mál í fyrra, yrðu fyrr til að átta sig á þeim breytingum.

I. kaflinn fjallar um gildissvið laganna og er gert ráð fyrir að lögin nái til landsins alls, það verði um heildarskipulag að ræða og lögin taki til hvers konar bygginga ofanjarðar. Þarna er um nokkur ákvæðin undantekningaratriði að ræða og við bættum þarna inn í að vísu, töldum að framræsluskurðir ættu heima með öðrum slíkum mannvirkjum sem ekki væri ástæða til að hafa sérstaklega í þessari almennu grein, en auk þess bættum við inn varðandi þau mannvirki, sem undanþegin eru ákvæðum laganna, að þau skyldu byggð í samræmi við skipulagslög og einnig lög um náttúruvernd, þ. e. a. s. við bættum náttúruverndinni þarna við.

II. kafli frv. fjallar um yfirstjórn byggingarmála, um almennar byggingarreglugerðir og byggingarsamþykktir. Mér þykir ástæða til þess að vekja sérstaka athygli á því, að með setningu byggingarreglugerðar, sem gilda skal um land allt, er gert ráð fyrir að horfið verði frá því að setja einstakar byggingarsamþykktir í fjölbýlissveitarfélögum eða á svæði svokallaðra svæðisbyggingarnefnda. Er gert ráð fyrir því sem sagt að heildarbyggingarreglugerð taki til fjölmargra þátta sem ég skal ekki telja upp. En það var gert ráð fyrir því í till. okkar, sem endurskoðuðum frv., að upp yrðu tekin ákvæði varðandi skyldur byggingarstjóranna, og þar var líka gert ráð fyrir því, að í byggingarreglugerð skuli setja

ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar. Það er fyrst og fremst hugsað til þess að fjölbýlishús og opinberar byggingar verði í framtíðinni hannaðar þannig að auðvelda þessum aðilum að fara þar um.

III. kafli frv. fjallar síðan um byggingarnefndir. Þar er gert ráð fyrir nokkuð öðru skipulagi en verið hefur, sérstaklega í strjálbýli eða til sveita, þar sem gert er ráð fyrir því að allir þéttbýlisstaðir með 300 íbúa eða fleiri geti kosið eða eigi að kjósa byggingarnefnd. Það er gert ráð fyrir því hins vegar, að sveitarfélög með færri en 300 íbúum geti slegið sér saman og myndað svokallaða svæðisbyggingarnefnd.

Nú er það svo í lögum nr. 108 frá 1945, að þar er um að ræða heimildarlög til þess að ráða byggingarfulltrúa í sveitum. Er gert ráð fyrir því í þeim lögum að sýslunefndir eða sýslur setji byggingarsamþykktir og byggingarnefndir starfi í viðkomandi sýslum. Ég hygg að nokkur brotalöm hafi verið á um framkvæmd þeirra laga, en það er ekki málið sem við erum að fjalla um hér nú. En í frv. í fyrra var gert ráð fyrir að landshlutasamtök sveitarfélaga ákvæðu hvert væri heppilegt starfssvæði eða starfsvettvangur fyrir slíkar svæðisbyggingarnefndir. Nokkur gagnrýni kom fram um það, að ekki væri fastbundið að landið allt yrði þar af leiðandi skipulagt þannig að öll sveitarfélög ættu aðild að svæðisbyggingarnefnd. Þess vegna var brugðið á það ráð að fela félmrn. að ákveða þessa svæðaskiptingu að fengnum till. sýslunefndanna og landshlutasamtaka sveitarfélaga, þannig að það hefði hönd í bagga um það að ekkert sveitarfélag yrði utan þessa skipulags.

Í þessum sama kafla voru gerðar minni háttar breytingar. Það er aðeins hægt að nefna það, að í 8. gr. voru gerðar minni háttar breytingar varðandi starf byggingarnefndanna, hvort það þyrfti að rökstyðja synjun án þess að eftir rökstuðningi væri óskað. Var talið eðlilegt af n. að það yrði óskað sérstaklega eftir rökstuðningi fyrir synjun þegar byggingarnefnd synjar byggingarleyfis.

Í IV. kafla er fjallað um byggingarleyfisumsóknir og byggingarleyfi. Það er kannske rétt að minnast þar aðeins á að það gat orkað nokkuð tvímælis um það, þegar sveitarstjórn hefur veitt fyrir sitt leyti eða staðfest fyrir sitt leyti samþykkt byggingarnefndar og hefur þess vegna afgreitt ákveðið byggingarmálefni frá sér, hvort sú samþykkt stendur til eilífðarnóns ef byggingar hefjast ekki. Í 15. gr. er gert ráð fyrir því, að ef byggingarframkvæmdir hefjast ekki innan 12 mánaða frá því að leyfi er gefið út, þá fellur leyfið úr gildi. Hins vegar var ekki í frv. kveðið neitt á um það, hvernig með skuli fara ef sveitarstjórn staðfestir fundargerð byggingarnefndar, en önnur skilyrði eru ekki uppfyllt sem þarf að uppfylla til þess að formlegt byggingarleyfi fáist. Það er í 9. gr. frv., ef hv. þm. hafa það fyrir framan sig, að til þess að fá byggingarleyfi þarf byggingarstjóri að hafa undirritað yfirlýsingu og byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld þurfa að hafa verið greidd. Sem sagt, ef frestur yrði á að fullnægja þarna 2. og 3. lið, þá var spurning hvort stæði, eins og ég sagði, til eilífðarnóns ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Inn í þetta var sett viðbótarákvæði, að staðfesting á samþykki byggingarnefndar fellur úr gildi eftir 12 mánuði ef ekki hefur verið gefið út byggingarleyfi.

Samkv. aths. kom það fram, að ekki var gert ráð fyrir í frv. neinum ákvæðum um skyldur sveitarfélaganna við húsbyggjendur, og þótti óeðlilegt. Þess vegna er sú grein, sem nú er 10. gr. í frv., ný grein, og þar er gert ráð fyrir því sem sagt, að sveitarstjórnir eru skyldugar að leggja götur, sjá fyrir rafmagni, sjá fyrir vatni, holræsum og öðru, sem þarf að vera fyrir hendi, hvert atriði um sig sé fyrir hendi miðað við byggingarstig. En þó er heimild til þess að haga þessu öðruvísi hafi sérstakur fyrirvari þar verið gerður á.

11. gr. í þessum kafla fjallar um það, að rétt gögn séu lögð fram þegar óskað er eftir framkvæmdum, og þar inn í var tekið að tryggja það, að menn, sem ætlaðu eftir breytingum eða öðru slíku, yrðu að hafa vottorð meðeigenda ef um sameign er að ræða.

Síðan kemur 12. gr. Þar voru gerðar nokkrar veigamiklar efnisbreytingar. Var gert ráð fyrir því áður, að hópur tæknimenntaðra manna, þ. e. a. s. arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar og búfræðikandídatar úr tæknideild búnaðarskóla, þetta væru þeir aðilar sem hefðu leyfi til þess að teikna og hanna byggingar og að ráðh. gæfi út slíkt leyfi, sem hefur verið kallað landslöggilding, og hann þyrfti að leita til tiltekinna aðila um hverja einstaka umsókn. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að einfalda þetta kerfi þannig að ráðh. getur veitt leyfi þegar hann hefur leitað álits Skipulags ríkisins og svo aðeins þess stéttarfélags sem viðkomandi umsækjandi er í. Það er rétt að geta þess hér í leiðinni, að í umr. í félmn. hefur komið upp það sjónarmið að rétt væri að gefa þetta algerlega frjálst. Það er sjónarmið sem líka hefur komið fram af hálfu ýmissa annarra aðila sem fjallað hafa um þetta frv. og samningu þess, og eru ekki allir sömu skoðunar. Það mun vera frjálst í nálægum löndum, í hinum Norðurlöndunum flestum. En hér kemur mat á því, hvort við búum í þessu landi þann veg að byggingarnefndir og byggingarfulltrúar í hinum einstöku sveitarfélögum séu hæf til að meta slíkar teikningar. Það eru rök út af fyrir sig og rétt rök, að það er verkið sjálft sem á að dæma og meta, en ekki endilega hver það er sem vinnur verkið. Það hefur þó orðið að samkomulagsleið hjá n. og milli þeirra, sem unnu að breytingum á frv. frá í fyrra, að staðfesta það að þessir sérstaklega menntuðu menn skuli vera þeir sem hafa leyfi til að gera uppdrætti, en einfalda hvernig með skuli fara þegar landslöggilding er veitt. Heimild er í þessari gr. um undanþágur frá þessu ákvæði, og réttur er ekki tekinn af neinum þeim sem þegar hefur öðlast þennan rétt.

Um V. kaflann vil ég segja það, að þar eru líka veigamiklar breytingar. Deilur voru uppi um það, hvort kaflinn um byggingarstjórana mundi leiða til aukins kostnaðar eða ekki, hvort hér væri ekki, eins og orðað var, ef ég man rétt, hlaðið einni silkihúfunni ofan á aðrar sem fyrir eru. Það var gert ráð fyrir því, að tæknimennt-

aðir menn einir, þ. e. a. s. bæði verkfræðingar og tæknifræðingar, byggingarfræðingar og aðrir slíkir mættu vera byggingarstjórar, sem og húsasmíðameistarar og múrarameistarar. Við höfum tekið alla slíka skilgreiningu út úr þessari grein, þannig að gert er ráð fyrir að fyrir hverri byggingu sé einn ábyrgur maður sem nefndur er byggingarstjóri, en það getur hver og einn orðið án tillits til menntunar. Þetta þýðir að á sama hátt og húsasmíðameistari eða múrarameistari hefur tekið að sér hús hingað til, þá getur hann auk þess verið byggingarstjóri fyrir viðkomandi byggingu, öðlast aðra stöðu þar sem hann er ábyrgur fyrir byggingunni í heild gagnvart öðrum iðnmeisturum sem að byggingunni starfa. Þetta þýðir það, ef um viðamiklar framkvæmdir er að ræða, að þá getur t. d. viðskiptafræðingur eða hver sem er verið framkvæmdastjóri fyrir slíkum framkvæmdum, hann þarf ekki endilega að vera sérstaklega byggingafróður. Þetta þýðir það líka, að einstaklingar, sem reisa hús fyrir sjálfa sig, hvort sem það er lítið eða stórt, geta sjálfir gerst byggingarstjórar fyrir eigin framkvæmdum, hafa náttúrlega fjármálalega ábyrgð á hendi þar, en það er líka þeirra að bera ábyrgð gagnvart byggingaryfirvöldum, byggingarfulltrúa, og þeir hafa þá beint samband við alla þá iðnmeistara sem vinna að viðkomandi byggingu. Í þessu formi er sem sagt V. kafli núna, og er þess að vænta að framkvæmd hans geti orðið á þann veg að ekki verði um aukinn kostnað að ræða.

Þá er VI. kaflinn, hann fjallar um byggingarfulltrúa. Er gert ráð fyrir því, að þar sé um að ræða fyrst og fremst tæknimenntaða menn, sem geta orðið byggingarfulltrúar. En það kom til eigi að síður vegna undanþágumálsgr. í þessari grein mat á því, hvernig skilja beri að ef ekki fæst maður í stöðu byggingarfulltrúa sem fullnægi skilyrðunum um menntun, þá geti sveitarstjórn að fengnum till. byggingarnefndar ráðið húsasmið eða múrarameistara til starfans, þ. e. a. s. hvort þá beri að leita til þessara byggingafróðu manna, þessara tæknimanna, nánast hvar sem þeir byggju í landinu, þó að þeir væru ekki búsettir í viðkomandi sveitarfélagi, og taka þá á sig þann kostnað sem því fylgdi. Það er skilningur bæði n., sem samdi frv., sem og félmn., að hér er gert ráð fyrir að viðkomandi menn búi á því svæði a. m. k. þar sem þeir eiga að starfa og það verði sveitarstjórnin sjálf sem ákveði kjör þeirra byggingarfulltrúa sem starfa eiga í viðkomandi sveitarfélagi, þannig að þau þurfi ekki að sæta neinum afarkostum varðandi þá fyrst og fremst ferðakostnað og annað því um líkt þeirra manna sem kynnu fjarri að búa.

Minni háttar breytingar voru gerðar á 22. gr. og líka 24. gr., sem ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega. Það eru mest orðalagsbreytingar, sérstaklega í sambandi við það, að þær skylda ekki allar sveitarstjórnir til þess að láta skrifstofuhald allt og bókhald vera í höndum byggingarfulltrúanna, vegna þess að svo er háttað í fjölmörgum sveitarfélögum, að bókhald, eftirlit, innheimta og annað þess háttar er í höndum sveitarstjóra eða sveitarstjórnanna sjálfra. En í 27. gr. er smávegis efnisbreyting. Sú breyting gengur fyrst og fremst inn á það, að um allar ákvarðanir byggingarnefndar, sem kunna að þýða fjárútlát fyrir viðkomandi sveitarfélag, hugsanlega skaðabótaskyldu og annað því um líkt, tekur sveitarstjórn endanlega ákvörðun áður en framkvæmt er, þó ekki í þeim tilvikum þar sem bókstaflega stafar hætta af því að ekki sé gripið til aðgerða strax.

VII. kaflinn fjallar um leyfisgjöld. Það er gert ráð fyrir því, að í byggingarreglugerð sé sett fram hver mælingagjöld eiga að vera. N. þykir ekki rétt að mælinga- og byggingarleyfisgjöld séu ein og hin sömu um allt land og að sveitarstjórnum sé nokkuð í sjálfsvald sett hvort þær innheimta þessi gjöld að einhverju leyti af opinberu fé, sinni almennu skattheimtu, eða hvort þau gera það að fullu í formi byggingarleyfisgjalda. Þess vegna er þarna kveðið á um að það skuli vera hámarksgjöld sem kveða skal á um í byggingarreglugerð.

Ég held að ég hafi farið yfir flest þau efnisatriði, þar sem breytingar hafa orðið á, nema ég vil þó taka það sérstaklega fram að lokum varðandi gildistökuákvæðin, að með slíkri lagasetningu falla úr gildi fjölmörg lagaákvæði sem gilt hafa um byggingarmálefni. Og þá vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að ákvæði sem ég minntist á áðan, ákvæði í l. nr. 108 frá 1945 um byggingarfulltrúa í sveitum og þorpum, það er ekki gert ráð fyrir því að ákvæði 5. gr. þessara laga falli úr gildi fyrr en í árslok 1980. Gert er ráð fyrir að gildistími laganna verði frá 1. júlí 1978, af þeirri ástæðu, að mikið ógunnið verk er enn fram undan við að semja þær reglugerðir og sérreglugerðir sem vinna þarf áður en lögin taka gildi.

Því er svo háttað í þessum greindu lögum, sem ég nefndi frá 1945, að heimild er til að ráða byggingarfulltrúa í sveitum og þorpum sem eru ekki skipulagsskyld. Og það er gert ráð fyrir því eða heimilað að 7 slíkir byggingarfulltrúar starfi í landinu, en tvö umdæmi hafa ekki ráðið slíkan fulltrúa, þ. e. a. s. Kjalarnes og Vestfirðir. Strandasýsla er að vísu með Norðurlandi í slíkri ráðningu, en þar greiða sýslusjóðirnir helming af launum þessara byggingarfulltrúa, en byggingarstofnun landbúnaðarins eða Búnaðarbankinn greiðir hinn helminginn. Þegar þessi lög falla úr gildi hlýtur að verða veruleg breyting á. Og ég geri mér grein fyrir því, að það liggur ekki ljóst fyrir hvort þau umdæmi, sem hingað til hefur verið sinnt af einum manni eða einum manni og aðstoðarmanni hans, koma til með að klofna í smærri einingar, þar sem ekki er um að ræða e. t. v. starfsvettvang sem heils árs starf fyrir viðkomandi aðila. Hvort það gerist eða ekki, það liggur ekki ljóst fyrir, en þarna er greinilega vandamál á ferðinni og þarna mun reyna á bæði sýslufélög, landshlutasamtök og ekki síst rn. sjálft, sem á endanlega að skipa þessum málum, hvernig til tekst.

Ég held svo, virðulegi forseti, að ég láti þetta nægja. Ég bygg að ég hafi gert í stuttu máli grein fyrir helstu efnisatriðum í þeim breytingum, sem frv. fjallar um, og vænti svo þess, að frv. fái tiltölulega greiðan gang í gegnum deildina.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og sjá má á nál. á þskj. 509, þá áskilja allir nm. sér

rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., þ. e. a. s. þetta er sá fyrirvari sem hver og einn nm. hefur haft um þetta frv. Eins og hv. frsm. félmn. gat um, hefur nokkuð mikil vinna verið lögð í að athuga þetta frv., senda það til umsagnar og breyta því frá því að n., sem frv. samdi í fyrstunni, gekk frá því. Þó voru það fyrst og fremst formenn n. sem unnu að þessum breytingum.

Eins og kom fram hjá hv. frsm. er orðin full þörf á því að setja ný byggingarlög, þau eru orðin rúmlega 70 ára gömul að stofni til og sum þeirra raunar enn eldri, eins og kom fram í ræðu hans. En þó er ýmislegt sem mér þykir a. m. k. athugavert við þetta frv. eða vildi hafa á annan veg en hér er, og ég held að verði þessi lög, ef frv. verður að lögum, ekki tekin til endurskoðunar mjög fljótlega, þá muni það sýna sig að þau ná ekki þeim tilgangi sem ætlast er til.

Eitt er það líka sem hefur ekki verið gengið frá, og það er að byggingarfulltrúarnir í sveitum eiga að inna af höndum í raun og veru tvenns konar verkefni. Samkv. 11. gr. laganna eiga þeir, eins og stendur í lögunum, að vera leiðbeinendur íbúa dreifbýlisins í sambandi við byggingar, efni, útvega teikningar og annað sem að byggingunum lýtur. Hvernig á að þjóna þessum þætti, það er alveg eftir að athuga það og koma sér niður á það. Það er að vísu ætlast til að það fyrirkomulag, sem nú er, geti orðið til ársloka 1980. En það er ákaflega hætt við því, að fljótlega eftir að lögin taka gildi muni þetta kerfi verulega riðlast, þeir byggingarfulltrúar, sem nú þjóna dreifbýlinu, muni hætta eða verða þar veruleg breyting á.

Það, sem hefur verið aðallega talið að á vantaði í sambandi við þessa þjónustu úti í sveitunum, er að það sé ekki nægjanlegt eftirlit og það þurfi þess vegna að fjölga byggingarfulltrúum verulega. Og það hefur verið framkvæmt á þann hátt, að á stærstu svæðunum, þ. e. a. s. Suðurlandi og Norðurlandi eystra, hafa byggingarfulltrúarnir fengið aðstoðarmenn til þess að inna þessi störf af hendi. En samkv. 6. gr. þessa frv. getur hver hreppur eða hvert sveitarfélag, sem hefur yfir 300 íbúa, haft sinn byggingarfulltrúa. Þetta þýðir það, að í mörgum tilvikum mundi þetta verða aukastarf þessara manna, og jafnvel þó að það væru stærri svæði en þetta, þá er hætt við því, enda kemur það fram í aths. við frv., að nm. reikna með því að slík þróun verði í þessum málum, að úti um dreifbýlið verði þetta fyrst og fremst menn sem sinna þessum störfum í hjáverkum sínum. Ég er ákaflega hræddur um það, ef slík þróun yrði, að þá mundi það leiða til þess, að það yrði enn þá minna eftirlit með þessum byggingum heldur en hefur þó verið, þrátt fyrir það að þessir byggingarfulltrúar eru fáir og þurfa að gegna mjög stórum svæðum. Og þá er verr farið heldur en heima setið ef slík þróun verður.

Það, sem mælir með því að þessir byggingarfulltrúar séu í fullu starfi og svæðin séu svo stór að það sé alveg fullt starf fyrir þá, er líka það, að þá fylgjast þeir betur með öllum nýjungum. Það eru fundir, sem þessir menn sækja, t. d. hjá Byggingarstofnun landbúnaðarins, og þannig má segja að þeir læri hver af öðrum og byggi sig betur upp. En ef byggingarfulltrúarnir verða eins margir og má lesa út úr þessum aths. við frv. að menn reikna með að verði, þá er ég hræddur um að samband á milli þessara manna muni alveg hverfa.

Annað mál er það líka sem eftir er að athuga alveg í þessu sambandi, og það er hvernig Stofnlánadeild landbúnaðarins eða byggingaþjónustan muni þá inna sitt hlutverk af hendi eða hverjir muni taka út þær framkvæmdir sem eru byggðar á hverjum tíma. Nú skilst mér að þeim nm., sem hafa samið þetta frv., að þeir reikni með því að byggingarfulltrúarnir muni gera það á hverjum stað. En ef við athugum hvernig þetta hefur þróast hjá Byggingarsjóði ríkisins, þá fær hann að vísu fokheldisvottorð frá byggingarfulltrúanum á hverjum stað, en hann treystir þessu ekki. Landsbankinn sendir sína matsmenn í hverja einustu íbúð, hvert einasta hús til þess að meta framkvæmdina og til þess að sannreyna hvort það vottorð, sem hefur borist, sé á rökum reist. Og því miður hefur borið á því í vissum tilvikum, að það hefur reynst full þörf á að hafa eftirlit með þessari vottorðagjöf. Þess vegna er alveg eftir að athuga um það, hvernig þessi mál verða leyst af hendi, ekkert síður en leiðbeiningarstarfið.

Það er ýmislegt fleira sem þarf a. m. k. að athuga frekar en gert hefur verið, t. d. 12. gr. Í henni felst að uppdrætti megi ekki gera af mannvirkjum aðrir en arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar hver á sínu sviði. Ég er ákaflega hræddur um að þetta verði erfitt í framkvæmd og það verði sérstaklega erfitt á hinum minni stöðum úti um land. Þetta hefur ekki verið svona. Það er annað líka í þessu frv. sem þarf að endurskoða, og það er að byggingarfulltrúarnir mega ekki gera teikningar fyrir menn á því svæði sem þeir þjóna. Þetta er líka breyting frá því sem er í gildandi lögum.

Ég sé ekki mikinn tilgang með því að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég hef sem sagt fyrirvara um afgreiðslu frv. Ég hef ekki treyst mér til þess á þeim skamma tíma síðan frv. kom fram í þessari mynd að forma brtt. við það. Það ber þess merki, þetta frv., að það eru fyrst og fremst tæknimenn sem hafa haft áhrif á mótun þess, en hafa ekki haft næga innsýn í hvernig framkvæmdin á þessu er úti um hinar dreifðu byggðir. Það var að vísu einn nm. sem var skipaður af landbrn., mjög góður maður, Bjarni Arason, en það er sýnilegt að hann hefur ekki getað komið sínum sjónarmiðum fram nægilega, eins og frv. er úr garði gert.

Hér kemur sjálfsagt til umr. annað frv. sem ég hef líka fyrirvara um, þ. e. a. s. um skipulagslög, og mun ég gera aths. við það síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—36. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 418, n. 510). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, er nánast fylgifrv. með frv. til byggingarlaga. Hér er um að ræða frv. um breytingu á skipulagslögum og breytingin er fyrst og fremst fólgin í því, að öll sveitarfélög eru gerð skipulagsskyld. Í framkvæmd þýðir það í raun og veru að eftir að þessi lög öðlast gildi er ekki heimilt að reisa mannvirki eða hús á sveitabæjum án þess að fyrir liggi uppdráttur af viðkomandi lögbýli, afstöðumynd, þar sem fram kemur m. a. afstaða til tengingar við þjóðveg og lagnir: vatnslagnir og holræsalagnir. Þessi breyting hefur það í för með sér, að vinna þarf stórt verkefni sem óleyst er enn í sveitum landsins. Mér er tjáð að þetta verkefni sé dýrt og það sé hagkvæmast að vinna það á skipulegan hátt, og ég efast ekki um að það er rétt. Ég tel þó að sú stefnumörkun, sem hér er gerð, sé rétt og þessu viðfangsefni verði að sinna. En spurningin er sú, hvort hægt er að vinna þetta verkefni þann veg að fyrir séu tekin á hverju ári þau býli, þar sem byggja skal hverju sinni, eða hvort unnið verði að skipulagi þannig að þetta verði unnið hraðar á skipulagsbundinn hátt. Þetta viðfangsefni er að sjálfsögðu eitt af þeim viðfangsefnum sem koma upp miðað við breyttar aðstæður og breytta stefnu, má segja. En ég tel að þessa breytingu verði eigi að síður að gera.

Ég hef svo ekki um það fleiri orð. Nm. standa allir að nál. með þeim sama fyrirvara og þeir höfðu varðandi byggingarlögin, sem sagt að þeir áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála því, sem kom fram hjá hv. frsm., að þarna er verkefni sem auðvitað verður að leysa. En spurningin er bara hvernig hægt er að leysa það á þann hátt að það verði ekki tilfinnanlega dýrt. Og ég er ákaflega hræddur um það, að ef á að fara alveg eftir bókstaf frv., þá verði það miklu dýrara en annars þyrfti að vera. Ég held að þau tímamörk, sem sett eru, þ. e. a. s. líklega í árslok 1980, það sé allt of skammur tími til að leysa þetta verkefni af hendi.

Ég held að það verði að gera þetta á skipulegan hátt. En eins og frv. er, þá á að fylgja leyfisumsókn afstöðuuppdráttur þar sem sýndar eru þær byggingar sem eru fyrir og sótt er um leyfi til að byggja, og á afstöðuuppdrættinum skal enn fremur sýna veg að býlinu, tengingu hans við þjóðveg og vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli. Þetta þýðir það, að ekki dugir að hafa þetta riss sem sýni afstöðuna, heldur á þetta að vera fullkominn uppdráttur sem á að vera hjá byggingarfulltrúa og á að halda við og setja inn á jafnóðum og að framkvæmdum er unnið á hverju býli. Á þessu þyrfti að verða sú breyting, að hægt sé að framkvæma þetta á skipulegan hátt og það sé til þess mannafli, því að þetta er mikil vinna. Ég hef rætt þetta við menn sem hafa gert þetta og gera sér grein fyrir hvað þetta er mikil vinna. Þeir telja að kosta mundi a. m. k. allt að 40 millj. að gera slíka uppdrætti fyrir sveitabýli í landinu. Það sýnir að þetta er verk sem verður ekki gert í skyndingu, og ef hver og einn ætti að panta þessa menn eða fá þá áður en sótt er um leyfi, þá er ég hræddur um að þessi upphæð mundi margfaldast. Þess vegna verður á þeim tíma þar til lögin koma til framkvæmda jafnvel að breyta þessari grein á þann veg, að það sé hægt að vinna að þessu á skipulagðan hátt. Og í trausti þess, að hæstv. félmrh. og hæstv. landbrh. athugi þetta mál betur, þá stend ég að því að samþykkja bæði þessi frv., vegna þess að það þarf að semja reglugerðir sem mundi taka mikinn tíma. Ég vil ekki setja fótinn fyrir þetta, en treysti því, að þetta verði endurskoðað og annaðhvort framkvæmt eða breytt, ef þarf að breyta greininni, á þann veg að það sé hægt að gera þetta á skipulagðan hátt og kostnaður verði ekki margfaldur við að gera slíka uppdrætti miðað við það sem þyrfti að vera ef hæfilegur tími væri til.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka formanni og frsm. félmn. fyrir þá miklu vinnu sem hann hefur lagt í þetta mál. Ég held að hér sé um merkilegt mál að ræða. Það komu í fyrra fram úr ýmsum áttum ýmsar aths. sem formaður n. ásamt ráðuneytisstjóra félmrn. hefur rannsakað gaumgæfilega milli þinga, og ég ætla að sú athugun hafi leitt til góðrar niðurstöðu.

Varðandi ábendingar hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, þá verða þær að sjálfsögðu teknar til athugunar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 510 (ný 3. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 46, n. 538). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. d. fékk til meðferðar frv. til l. á þskj. 46, um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968. Flm. frv. er Jón Skaftason og efni þess er að hækka leyfilegan hámarksökuhraða í þéttbýli úr 45 km á klst. í 50 km á klst. Við skilum nál. á þskj. 538 og er það svo hljóðandi:

„N. hefur athugað frv. á fundum sínum. Jákvæðar umsagnir bárust frá Umferðarráði, umferðarnefnd Reykjavíkur, F.Í.B. og Landssamtökum klúbbanna Öruggur akstur.

Hins vegar benti Samband ísl. tryggingafélaga á það, að hraðaaukning úr 45 í 50 km á klst. orsakaði 25% meiri hemlunarvegalengd, og lagðist gegn frv.

N. þykir rétt að mæla með samþykkt frv.

Svava Jakobsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins."

Undir þetta skrifa Ellert B. Schram, Páll Pétursson, Gunnlaugur Finnsson, Ingólfur Jónsson, Sighvatur Björgvinsson og Friðjón Þórðarson.

Afstaða okkar var sú, að þetta frv. væri formleg viðurkenning á ríkjandi ástandi, því ástandi sem hefur skapast með ökuvenjum bifreiðastjóra, vegna bætts gatnakerfis og síðast, en ekki síst

vegna þess að mjög margar tegundir bifreiða eru þannig gerðar, að þessi hraði er hentugri fyrir gírkassa þeirra heldur en 45 km hraði á klst. En því er náttúrlega ekki að leyna, að með auknum hraða þarf aukna aðgát og röksemdir um aukna hemlunarvegalengd eru að sjálfsögðu líka mikils virði, þó að við teljum að ástandið sé þannig að rétt sé að gera þessa breytingu. En við leggjum sérstaklega ríka áherslu á það, að ökuhraði verði að takmarkast af kringumstæðum hverju sinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 527). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113, n. 487 og 490). — Frh. 2. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Í sambandi við frv. á þskj. 113 kvaddi ég mér hljóðs þegar það mál var til umr. fyrir tveimur dögum hér í hv. deild.

Eins og fram kemur í grg. frv. og fram hefur komið í framsögu í sambandi við nál. um þetta frv., er ósk um að frv. væri flutt komin frá stjórn Andakílsárvirkjunar, en það er gömul og merk stofnun sem mun nú vera eitt elsta raforkufyrirtæki landsins. Ekki orkar það tvímælis, að þegar sú framkvæmd var gerð var það mikill ávinningur fyrir héraðið. Og ég minnist þess frá störfum mínum sem sveitarstjóri í Borgarnesi, að raforkuverð í því byggðarlagi var með því lægsta sem gerðist á landinu. Á síðari árum hefur orðið meiri samræming á þessu. Hins vegar tel ég einnig að ég muni það rétt, að þegar athuganir voru gerðar á kostum vatnsfalla til virkjunar í sambandi við ákvörðun um Búrfellsvirkjun, þá var Andakílsárvirkjun talin með betri eða bestu virkjunum hvað arðsemi snertir.

Hins vegar er hér ekki um stórvirkjun að ræða, virkjun Hvítár, heldur er það smávirkjun. Hún er hins vegar vel sett í héraði og einnig er hún vel sett á Vesturlandi vegna legu sinnar. Hinu er ekki að neita, að henni eins og öðrum virkjunum getur fylgt sá annmarki að nokkurt land fari undir vatn, og sú jörð, sem ég óttast mest um í því sambandi, er Fróðastaðir sem er landlítil jörð. Hins vegar er þar nú rekinn góður búskapur. En ég tel að það geti orkað tvímælis um framtíð búskapar þar eftir þessa virkjun. Hins vegar er það svo, að bóndinn þar, sem er glöggur maður, er einn af þeim sem skrifa undir það að vilja standa að því að þessi framkvæmd verði gerð, og ber að virða það.

Það hefur almennt verið álit okkar þm. Vesturl., ég held flestra og fram til umr. hér á mánudag held ég að það hafi verið álit okkar allra, að þessa virkjun ætti að framkvæma. Ég held líka að með þeirri afgreiðslu, sem meiri hl. iðnn. leggur til, sé svo varfærnislega að orði komist í sambandi við málið að þó að einhverjar hættur kynnu að leynast í sambandi við framkvæmd málsins, þá beri að athuga það gaumgæfilega áður en til framkvæmdanna kæmi. Hins vegar eru kostir þess, auk þess sem ég hef áður talið, að þó að mikið hafi nú breyst í sambandi við virkjunarmál í héraðinu, eftir að þessi hugmynd kom fyrst upp, við lagningu byggðalínunnar og samtengingu kerfisins yfirleitt, þá er náttúrlega verulegt öryggi í þessari virkjun vegna staðsetningar hennar og vegna þess hvernig hún er sett í héraði. Þó að það megi segja með réttu að við þurfum að hafa heildarsýn yfir okkar raforkumál, þá tel ég ekki að þetta falli út úr þeirri stefnu, svo sem kemur líka fram hjá meiri hl. iðnn.

Vegna þess, sem fram hefur komið um álit héraðsmanna, er mér hins vegar kunnugt um álit Búnaðarfélags Hvítársíðu. En mér er það líka ljóst, að samkv. því nál. meiri hl. iðnn., sem hér liggur fyrir og ákvörðun þessarar hv. d. byggist á, þá er hér enginn skaði orðinn, ef um skaða væri að ræða, þó að þetta frv. næði fram að ganga, því að ætlað er að halda áfram að vinna að rannsókn málsins. Og ég efast ekkert um að það verður gert með fyllstu varúð og sanngirni og samstarfi við þá sem hlut eiga að máli.

Afstaða mín verður því sú, að ég fylgi málinu eftir. Eins og ég sagði áðan, er þetta komið frá þeim sem stjórna virkjunum heima fyrir og stutt af þeim sem undir þetta álit hafa skrifað.

Ég mun ekki fara að ræða um nafnið á fossinum, enda mun það ekki hafa áhrif á virkjunina út af fyrir sig, og mun ekki fara frekar út í þetta mál að sinni. Ég get þó bætt því við, því að menn ræða nokkuð um fundarhöld að á fundi, sem ég var á uppi í Borgarfirði í vetur, þar þetta mál á góma og það var álit þeirra, sem þar voru, að það væri ávinningur að fá þessa virkjun. Enda þótt viðhorfin hefðu breyst verulega með tengingu byggðalínunnar, þá töldu þeir að þetta öryggi væri það mikils virði, að það væri rétt að skoða virkjunarmöguleikana til hins ítrasta.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Það var sitt hvað sem ég vildi sagt hafa þegar ég kvaddi mér hljóðs í fyrradag. Nú verður minna úr slíku, enda er ég nýkominn í salinn og hef ekki fylgst með því, sem gerst hefur á þessum fundi.

Aðeins vildi ég gera ofurlitla aths. varðandi nafnið, hvort við eigum að kalla fossinn Kljáfoss eða Kláffoss. Ég vitnaði í Andrés í Síðumúla í þessu sambandi. Hann hefur mest af sinni ævi búið í næsta nágrenni við þennan stað og heldur því fram, að fossinn hafi alltaf verið nefndur Kláffoss. En hv. þm. Friðjón Þórðarson vitnaði svo í annan mætan mann, Þorstein Þorsteinsson sýslumann, sem var frá Arnbjargarlæk. Það er ekki ýkjalangt frá þessum stað í Hvítá svo að nokkurt mark er takandi líka á því sem Þorsteinn hefur sagt.

En það er held ég ekki alveg rétt sem hv. þm.

sagði varðandi Sturlungu í þessu sambandi, að fossinn væri nefndur með nafni í Sturlungu. Ég hygg að svo sé ekki. Það segir hins vegar einhvers staðar að „þeir héldu til brúar". Þar mun vera átt við þennan stað. En jafnvel þó að talað væri um Kljáfoss í Sturlungu, þá tel ég þá heimild ekki örugga, síður en svo. Það kastast ýmislegt til í handritum þeim hinum fornu. Og mörg eru handritin. Hins vegar legg ég í þessu sambandi miklu meira upp úr því sem stendur í bókum Þorsteins heitins Jósefssonar. Hann var líka úr næsta nágrenni við þennan stað, frá Signýjarstöðum. Og ef hann nefnir fossinn Kljáfoss, þá sýnist mér að það teljist æðimikil rök í málinu, meiri rök en það sem kynni að vera sagt í Sturlungu. Ástæðan til þess er einfaldlega sú, að Þorsteinn Jósefsson hefur að öllum líkindum sjálfur lesið prófarkir að sinni bók, en það gegnir öðru máli um höfund Sturlungu.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Ég talaði fyrir meirihlutaáliti iðnn. og hafði ræðu mína stutta og gerði ekki ráð fyrir að ég kæmi aftur upp í ræðustólinn til að tala í þessu máli. En það var vegna aths. hæstv. dómsmrh. sem ég tel nú rétt að segja nokkur orð. Hann er ekki viðstaddur, en fáir dagar eftir af þinginu og ætlunin er að láta málið ganga fram. Þess vegna fer ég ekki fram á það að umr. verði frestað þangað til hæstv. ráðh. verður viðstaddur, sem sennilega verður ekki fyrr en á morgun úr því að hann er hér ekki nú. En ég haga þá orðum mínum á annan hátt, úr því að hæstv. ráðh. er ekki við.

Ég vil aðeins segja það, að mér finnst aðfinnslur hæstv. ráðh. eða aths. við álit meiri hl. iðnn. algerlega óþarfar. Ég hygg að flestir hv. þm., sem lesa þskj., telji að afgreiðsla meiri hl. sé góð og eðlileg. Það, sem fyrir meiri hl. vakti, var að gera hvort tveggja: að þóknast ríkisstj., þm. Vesturl., 4 af 5 a. m. k., fólkinu á Vesturlandi, en sýna þó varfærni í málflutningi og afgreiðslu málsins. Og þetta höfum við haldið að gæti farið saman. Það er þessi varfærni sem meiri hl. n. vill sýna með því að hafa fyrirvara í þskj. sem alltaf verður vitnað til.

Nú er það svo, að það má gera ráð fyrir að þessi virkjun sé hagstæð. Það er ekki hægt að fullyrða um að þetta sé hagkvæmasta virkjunin og gefi bestan árangur fyrr en rannsóknum er lokið. Þess vegna vill n. að sú heimild, sem ætlað er að gefa, verði ekki notuð nema lokarannsóknin sanni að fyrirtækið sé gott. Og annar fyrirvarinn er sá, að hagkvæmni virkjunarinnar falli inn í samræmda heildaráætlun um virkjunarframkvæmdir. Það var þetta sem hæstv. dómsmrh. lagði áherslu á, að það væru gerðar samræmdar áætlanir í virkjunarmálum, og þess vegna er fyrirvari meiri hl. alveg í samræmi við það sem hann sagði í sinni fyrri ræðu. Hæstv. ráðh. byrjaði aths. sína á þann hátt, að mér fannst eins og hann væri með ávítur, en þegar á ræðuna leið varð ekkert úr því og mér fannst, þegar hæstv. ráðh. endaði sitt mál, að þá væri ekkert sem bæri á milli meiri hl. n. og hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. taldi óviðeigandi að ræða þetta mál þar sem ekki væri vitað um afstöðu iðnrh., hann væri ekki í þingsalnum vegna þess að hann væri við umr. í Ed. og hann sagði enn fremur, hæstv. dómsmrh., að það væri ekkert vitað hvernig ríkisstj. stæði að þessu máli. Þó hafði hæstv. forsrh. greitt málinu atkv. í Ed., hæstv. iðnrh. hefur lagt áherslu á að fá þetta mál samþykkt, hæstv. samgrh. flokksbróðir hæstv. viðskrh., leggur einnig áherslu á þetta. Hæstv. forseti Sþ. enn fremur, flokksbróðir hæstv. viðskrh. óskar eftir því að málið verði samþykkt. Það fer þess vegna að verða algerlega óskiljanlegt að hæstv. viðskrh. skyldi ekki vita um vilja ríkisstj. og áhuga m. a. flokksbræðra sinna um að fá málið fram.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri og ekki öðruvísi, þar sem hæstv. ráðh. er ekki við. En ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þegar aths. hæstv. ráðh. er lesin, t. d. í Tímanum þar sem er alveg rétt eftir honum haft, — fréttaritari blaðsins birti aths. ráðh. í Tímanum í gær, — þegar þetta er lesið sjá allir að það er stuðningur við málið og fram kemur sama skoðun hjá hæstv. ráðh. og meiri hl. iðnn. Meiri hl. iðnn., 6 þm. sem hafa setið alllengi á þingi og kunna nokkur skil á því hvernig afgreiða ber þingmál svo að ekki þurfi að því að finna, er þess vegna ánægður með að það, sem átti að verða aths. hjá hæstv. ráðh., er stuðningur við málið. Ég tel rétt að samþykkja þetta frv. Það er aðeins heimild, sem á að vera nokkuð tryggt að ekki verður notuð nema það sé æskilegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Nokkur orð í viðbót um frv. til l. um virkjun Hvítár í Borgarfirði. Það er rétt að í gildandi lögum eru ýmsar heimildir til að virkja vatnsföll. Flestar hafa þær heimildir verið notaðar, en sumra hefur þó ekki verið neytt. Og í tilefni orða hæstv. dómsrh., þótt hann sé ekki viðstaddur í kvöld, ætla ég að láta nokkur orð falla um þetta efni, sérstaklega á Vesturlandi, þar sem ég þekki til.

Ég vil benda á tvö dæmi. Í lögum nr. 34 frá 16. maí 1949, um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins, segir í 1. gr., 3. tölul., að ríkisstj. sé heimilt að virkja vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Búðardals. Þessi heimild er í lögum frá 1949. Ég hygg að þessi heimild verði aldrei notuð. Hún hefur ekki verið notuð hingað til. Þessu svæði hefur verið séð fyrir orku með öðrum hætti, og það líða a. m. k. langir tímar áður en þessi heimild verður notuð.

Annað atriði vil ég nefna. Það eru lög nr. 65 frá 8. maí 1956. Þar segir í 10. gr. að virkja megi Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu á raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu. Ég hygg að það líði mjög mörg ár þangað til þessi heimild verður notuð. Hún hefur ekki verið notuð hingað til.

Þessi tvö dæmi ættu að nægja til þess að sanna það, að ekki eru allar heimildir, sem standa í lögum, notaðar. Ég benti einnig á það í þeim orðum sem ég sagði síðast um þetta frv., að lög um eignarnám á vatnsréttindum í Andakílsá eru nr. 20 frá 27. júní 1921. Þar er virkjunarheimildin. Þessi lög eru frá 1921, en heimildir

samkv. þeim voru ekki notaðar, það er byrjað að ræða um það 1942 og Andakílsárvirkjun er síðan byggð á árunum 1945—1947. Af þessu ætti að sjást að það er allur gangur á í þessum efnum. Auk þess byrja lög um þessi mál yfirleitt á svo hljóðandi setningu: „Ríkisstj. er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að láta virkja" o. s. frv. Það er ekki í kot vísað að leggja þarna endanlegt ákvörðunarvald í hendur ríkisstj. sjálfrar, og um það ættu allir ráðh. a. m. k. að hafa nokkuð að segja, hvenær slíkar heimildir eru nýttar.

En það er annað atriði. Á Vesturlandi er ekki um ýkja marga kosti að ræða í virkjunarmálum. Á Snæfellsnesi er að vísu nokkuð gömul virkjun, Rjúkandavirkjun við Fossá í Ólafsvík, innan við eitt mw. Það er ekki um auðugan garð að gresja um virkjanlegt vatnsafl á Snæfellsnesi fyrir utan þessa virkjun. Þó má nefna Hraunsfjarðarvatn á fjallgarðinum skammt vestur af Kerlingarskarði. Það hefur verið talinn mjög ákjósanlegur virkjunarstaður, m. a. af Rafmagnsveitum ríkisins og þeirra forráðamönnum.

Þá koma önnur atriði til greina. Ég hef heyrt rafmagnsveitustjóra sjálfan segja fyrir nokkrum árum að í raun og veru væri þetta mjög áhugaverður virkjunarstaður, minnti á suma staði í Noregi, því að þar háttar þannig til, að það mætti virkja þetta vatn norður af, bora gat þarna í gegnum fjallsegg og fá hátt fall niður í Hraunsfjörðinn. Þetta yrði mjög ákjósanleg virkjun að því er talið er. Það má líka virkja þetta vatnsafl suður af, en það er ekki eins hentugt og þar kemur eitt atriði enn til sögunnar. Úr Hraunsfjarðarvatni rennur svokölluð Vatnaá í Baulárvallavatn, en úr Baulárvallavatni rennur suður af Straumfjarðará, og hún er með vinsælustu og bestu laxveiðiám landsins. Hvor virkjunarkosturinn sem valinn yrði þarna, vatnið virkjað suður af og þó einkum norður af, mundi það setja svo stórt strik í reikninginn, þegar um er að ræða veiðiréttindi bændanna sem eiga land að ánni, að ég tel ókleift að leggja út í slíkt ævintýri. Og þó að hafi verið rætt um þetta árum saman á Snæfellsnesi, m. a. í sýslunefndinni, þá held ég að við séum flestir búnir að afskrifa þennan möguleika. Það er ekki hægt að standa í stríði út af svona löguðu þegar um aðra kosti er að velja.

Höfum við um annað að velja? Spyrja má um það, því að við vitum að það er tvímælalaust stór hagur að því að hafa orkuverin nálægt sér heima í héraði, en þurfa ekki að treysta alfarið á langar leiðslur sem geta bilað þá og þegar, eins og reynslan sýnir. Þegar farið er að svipast um í Vesturlandskjördæmi þá stöðvast allir við Hvítá hjá Kljáfossi. Það er m. ö. o. óumdeilanlega ákjósanlegasti virkjunarstaðurinn í öllu Vesturlandskjördæmi. Þar hafa rannsóknir farið fram árum saman, eins og hér hefur verið getið um, og þetta er hagstæð virkjun.

Hæstv. dómsrh. komst að orði á þessa leið: Það hefur sýnt sig að þegar heimildin er fengin í lög hefur það oftast dugað. Ég vil með vísan til þess, sem ég sagði áðan, draga þetta í efa og benda á að ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Það er rætt þarna um náttúruverndarsjónarmið og vissulega ber að hafa þau í heiðri, og það er einmitt þess vegna að gert hefur verið ráð fyrir að vatnsaflsstöðin verði með allt að 13.5 mw. afli. Einmitt sú ákvörðun er tekin með tilliti til þess, að þá fer minna landssvæði undir vatn vegna stíflugerðar en ella, ef orkuverið væri miðað við 15 mw., sem er það hagstæðasta að því talið er.

Að lokum vil ég benda á og rifja það upp einu sinni enn, að eigendur Andakílsárvirkjunar eru Akraneskaupstaður og Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Þetta frv. er flutt að beiðni eigenda Andakílsárvirkjunar sem reynst hefur gott og þarft fyrirtæki heima í héraði. Þetta er því í raun og veru nokkurs konar framhald af Andakílsárvirkjun. Það er fyrirhugað að jafnframt virkjun Kljáfoss eða þegar heimild til þess er fengin, hvort sem það verður framkvæmt árinu fyrr eða seinna, þá verði samstarf manna á Vesturlandi aukið, þ. e. a. s. að það samstarf í orkumálum, sem hingað til hefur náð aðeins yfir einn kaupstað og tvær sýslur, verði aukið svo að það nái framvegis yfir einn kaupstað og fjórar sýslur, m. ö. o. yfir allt Vesturlandslandskjördæmi. Þetta hefur verið rætt í nefnd og sveitarstjórnum. Þetta er afstaða samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samkv. mörgum yfirlýsingum, en í þeim samtökum eru 39 sveitarfélög á Vesturlandi, þ. e. a. s. öll sveitarfélögin þar. Sýslunefndir á þessu svæði hafa haft um þetta samstarf sín á milli. Þetta frv. er flutt af tveimur þm. Vesturlands, þeim Ásgeiri Bjarnasyni, hæstv. forseta Sþ., og Jóni Árnasyni, formanni fjvn. Það fór shlj. eftir 3. umr. í Ed. hingað til hv. Nd. og er nú til meðferðar í síðari deild.

Ég vænti þess, að hv. dm. geti skilið þann áhuga, sem íbúar Vesturlands hafa á þessu máli, og kunni að meta hagsmuni þeirra. Eins og sést af fskj. málsins, þá er mikil samstaða um þetta mál heima í héraði, eins og raunar er óþarfi að taka oftar fram eða nefna fleiri dæmi um. Þetta tel ég meginatriði: Það er samstaða heimamanna sem vilja taka upp nánari samvinnu í orkumálum með hagsmuni allra íbúa Vesturlandskjördæmis fyrir augum.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég hef verið minnt á það, að ein af ástæðunum fyrir því, að hæstv. dómsmrh. óskaði frests á þessum umr., var sú að hæstv. iðnrh. var ekki viðstaddur fyrri hluta umr. Hann er það ekki nú heldur. Ég tel mér eiginlega ekki fært að ljúka umr. nema hæstv. iðnrh. sé gefinn kostur á að tjá sig.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Út af þessari síðustu athugasemd vil ég geta þess, að hæstv. iðnrh. hefur það oft lýst afstöðu sinni í þessu máli, m. a. á fundum í Munaðarnesi, í Borgarnesi og víðar um Vesturland, að hann getur ekki snúið til baka. Og við nokkrir fulltrúar af Vesturlandi höfum gengið fyrir bæði hæstv. forsrh. og iðnrh. hér í Reykjavík og raunar ríkisstj., svo ég held að það sé ekki um að villast, allra síst afstöðu hæstv. iðnrh. Tel ég því ástæðulaust að fresta málinu þess vegna.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég hlýt að taka mið af þessum upplýsingum sem hv. 4. þm. Vesturl. gaf og telja að hann tali þar í nokkru umboði, og mun nú segja þessari umr. lokið. En atkvgr. verður frestað um málið þar til á öðrum fundi og málið tekið út af dagskrá þessa fundar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verslun með erlendan gjaldeyri, þáltill. (þskj. 451). — Ein umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 451 ásamt hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram, till. til þál. um verslun með erlendan gjaldeyri. Í grg. með till. segir svo m. a.:

„Í 19. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, er stjórn bankans að fengnu samþykki ráðh. heimilt að veita öðrum bönkum en Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, sem lögin tilgreina sérstaklega, leyfi til verslunar með erlendan gjaldeyri. Hefur heimild þessi aldrei verið notuð og er greinilegt að reglur um þetta atriði eru mun þrengri hér en í nágrannalöndum okkar og helstu viðskiptalöndum.

Ástæðan fyrir því, að aðeins Landsbankinn og Útvegsbankinn hafa haft með höndum verslun með erlendan gjaldeyri af hálfu viðskiptabankanna, mun vera sú, að á sínum tíma var á þessa banka lögð sú skylda að fjármagna rekstur útflutningsatvinnuveganna og þótti þá eðlilegt að þeir einir ásamt Seðlabankanum hefðu heimild til ráðstöfunar á þeim gjaldeyri, sem inn kemur fyrir útfluttar afurðir, og öðrum gjaldeyri, sem til fellur.

Meðan þessir tveir bankar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, ásamt sparisjóðum ávöxtuðu meiri hlutann af öllu sparifé landsmanna gat þetta talist eðlilegt. En eins og nú er komið, þegar starfandi eru fimm bankar aðrir í landinu, sem allir hafa verið stofnaðir samkv. sérstökum lögum og hafa í sinni vörslu um einn þriðja hluta þess sparifjár sem í vörslu bankakerfisins er, verður að teljast óeðlilegt að þeir, sem annast vinnslu útflutningsafurða, eigi ekki um það frjálst val við hvaða banka þeir kjósa að skipta. En til þess að svo geti orðið verða einnig þessir bankar að fá leyfi til gjaldeyrisverslunar, en hljóta þá að taka á sig sömu skyldur og nú hvíla á Landsbankanum og Útvegsbankanum að fjármagna að tilteknum hluta rekstur útflutningsatvinnuveganna í samræmi við gildandi reglur um fyrirgreiðslu þeirra, sem afurðir framleiða til sölu á erlendum markaði.“

Til viðbótar þessu vil ég benda á að hér á Alþingi urðu fyrir nokkru allmiklar umr. um Útvegsbanka Íslands, stöðu hans og fjárhagsafkomu. Menn voru þá sammála um að þáttur bankans í lánum til sjávarútvegs og fiskvinnslu væri óeðlilega stór, þar sem upplýsingar lágu fyrir um að nær 60% af útlánum hans væru til sjávarútvegs. Hæstv. viðskrh. veitti við þessar umr. þær upplýsingar, að í athugun væri að létta nokkuð á bankanum skyldulánum hans til sjávarútvegsins á þann hátt, að viðskiptamenn á þeim stöðum, þar sem bankinn hefði ekki útibú, yrðu yfirfærðar til annarra banka. Ég tel slíkar tilfærslur alveg hiklaust óeðlilegar. Ég tel að það verði að vera frjálst val fyrir aðila, sem sjávarútveg og fiskvinnslu stunda, við hvaða banka þeir vilja skipta, annað komi ekki til greina.

Till. sú, sem við hv. 11. þm. Reykv. flytjum hér, miðar að okkar dómi í þessa átt. Ef gjaldeyrisverslun yrði gefin frjáls þannig að þeir bankar, sem stofnaðir hafa verið samkv. sérstökum lögum, fengju leyfi til gjaldeyrisverslunar gegn því skilyrði að þeir tækju einnig að sér rekstrarfjármögnun sjávarútvegs, fiskvinnslu og annarra útflutningsafurða eftir reglum sem um það eru settar, væri frjálst val allra, hvar sem væri á landinu, til að skipta við þá banka sem þeir óskuðu eftir, en væru ekki einvörðungu bundnir við hina tvo viðskiptabanka, Landsbankann og Útvegsbankann, þó að ég telji að engum sé í kot vísað sem við þessa banka skiptir. En till. okkar miðar að algjöru valfrelsi í þessum efnum og teljum við það eðlilegast og hagkvæmast fyrir bankakerfið í heild og allan almenning. Við teljum satt að segja miður farið að slíku fyrirkomulagi skuli ekki hafa verið komið á fyrir alllöngu.

Af þessari ástæðu er till. sú, sem hér er til umr., flutt. Væntum við þess, að hv. alþm. geti verið okkur sammála um þetta atriði og till. fái góðar undirtektir. Ég tel að efni till. sé þess eðlis að vart sé ástæða til að vísa henni til n. Þar sem ekki er um nein útgjöld að ræða, aðeins farið fram á að ríkisstj. taki til athugunar að framkvæma ákveðna lagaheimild, þá sé ég ekki ástæðu til að vísa till. til sérstakrar n., nema forseti telji að það verði að gerast, en þá er að sjálfsögðu um að ræða fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Símaafnot aldraðs fólks, þáltill. (þskj. 166). — Ein umr.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég ætla að tala hér fyrir þáltill., er Magnús Kjartansson lagði fram snemma á þessu þingi, en hann dvelur nú sem kunnugt er á sjúkrahúsi vegna veikinda og getur því ekki fylgt þessari till. sinni úr hlaði.

Þáltill. þessi er á þskj. 166 og er um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja o. fl. Þáltill. hljóðar á þennan veg, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að gefa út reglugerðar ákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur í samræmi við ákvæði um það efni í lögum um fjarskipti.

Einnig ályktar Alþ. að fela ráðh. að beita sér fyrir því, að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum á landi, á sjó og í lofti.“

Mál það, sem um ræðir í þessari þáltill., er ekki nýtt af nálinni hér á Alþ. Þannig flutti Magnús Kjartansson frv. hér í þinginu 1974—1975 um breyt. á lögum um fjarskipti. Var frv. samþ. shlj. á Alþ. eftir að hafa fengið jákvæða af-

greiðslu í þeirri n. er fjallaði um málið. Frv. gerði ráð fyrir því, að hæstv. símamálaráðh. hefði heimild til að undanþiggja aldraða og öryrkja með lágmarkstekjur símagjöldum. Var færður traustur rökstuðningur fyrir máli þessu, enda, eins og ég gat um áðan, hlaut það einróma samþykki hér á Alþ. Helstu rökin voru vitaskuld sú staðreynd, að elli- og örorkulífeyrir á Íslandi er svo lágur að það fólk, sem af honum þarf að lifa, á í hinum mestu vandræðum með að njóta hinna sjálfsögðustu mannréttinda, m. a. afnota af síma, en símagjöld, svo dýr sem þau eru, eru mikill útgjaldaauki fyrir þetta fólk. Aðstæður þess og heftir möguleikar til ferðalaga gera það hins vegar að verkum, að símaafnot eru því jafnvel nauðsynlegri en yngra fólki og fullfrísku. Einnig benti flm. frv. á þá staðreynd, að breyttir þjóðlífshættir, þ. e. a. s. að algengara væri nú en áður að eldra fólk byggi ekki hjá vandamönnum sínum, heldur byggi út af fyrir sig, eitt sér eða hjón saman, gerðu þetta brýnna og stærra mál en ella.

Sú breyt., sem frv. miðaði að, var mjög hliðstæð því sem sami þm. hafði áður fengið samþ. hér á Alþ. hvað varðaði útvarpslög, þ. e. a. s. að aldraðir og öryrkjar væru undanþegnir útvarpsgjöldum. Því máli var komið til framkvæmda af þáv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, eftir að það hafði verið samþ. hér á Alþingi.

Eftir að það frv., sem ég gat um áðan og fjallaði um fjarskiptalög, hafði fengið einróma afgreiðslu hér á Alþ. á þinginu 1974—1975 taldi flm. þess að málið væri í höfn. Reyndin hefur hins vegar orðið önnur. Hún hefur orðið sú, að hæstv. símamálaráðh. hefur ekki notað þá heimild sem hér um ræðir, þrátt fyrir augljósan vilja Alþ. og þrátt fyrir að hann hafi tvívegis verið áminntur um það í sambandi við fyrirspurnir á Alþingi.

Ráðh. hefur borið því við í fyrsta lagi, að það væri erfiðleikum bundið að framfylgja heimild þessari, og kemur það nokkuð á óvart því margar hliðstæður eru til um slíkt eftirlit og úrtak sem hér um ræðir hjá ýmsum ríkisstofnunum. Nægir í því sambandi að vísa til Ríkisútvarpsins og framkvæmdar þess á hliðstæðu ákvæði, eins og ég áður gat um. Í öðru lagi hefur ráðh. látið það koma fram í svörum við fyrirspurn um þetta efni, að hann teldi að tryggja ætti þeim hópum, sem hér um ræðir, svo ríflegar tekjur í gegnum almannatryggingakerfið að þeir geti vandræðalaust notið allra nauðsynlegra þæginda. Og síðast þegar hann var spurður einmitt um framkvæmd þessa máls hér á Alþ. í haust eða vetur bar hann þessu við og sagði þá reyndar jafnframt að unnið væri að endurskoðun bóta til aldraðra og öryrkja. Reynslan sýnir okkur hins vegar að kjör þessa fólks hafa sjaldan verið jafnslæm og nú á Íslandi í því verðbólgubáli sem hér hefur geisað, og mikil stakkaskipti verða að eiga sér stað í herbúðum ríkisstj. ef bót á að ráða á því vandamáli, og er ekki að merkja að neitt slíkt sé á döfinni.

Ég vil svo bæta því við, að í nágrannalöndum okkar, á Norðurlöndunum flestum að ég hygg, a. m. k. í Danmörku, eru bætur til aldraðra og öryrkja um það bil helmingi hærri en hér þekkist hjá okkur á Íslandi, auk þess sem aldraðir og öryrkjar eru látnir njóta þar ýmissa hagsbóta, svo sem hvað varðar afontagjöld útvarps og sjónvarps og síma, auk þess sérstakra hagsbóta í fargjöldum almenningsvagna og eins í húsnæðismálum. Erum við Íslendingar miklir eftirbátar þessara frændþjóða okkar í málefnum aldraðra og öryrkja eins og víða á sviði félagsmála. En hér á landi hafa áhrif einstaklingshyggju verið miklu ríkari um langt skeið og staðið í vegi fyrir nauðsynlegum úrbótum á þessu sviði.

Sú þáltill., sem hér er flutt, er því fram komin til þess í fyrsta lagi að knýja á um efndir þess loforðs sem Alþ. gaf hinum öldruðu og öryrkjunum fyrir um það bil þrem árum og ekki hefur enn tekist að koma til framkvæmda. En um leið er í þáltill. þessari lagt til að svipaðar reglur verði teknar upp í sambandi við farmiða með almenningsfarartækjum, hvort heldur er á landi, í lofti eða á sjó, en sömu rök má færa með þeim lið till. og hinum fyrri. Afkomumöguleikar aldraðra og öryrkja eru svo bágbornir að eðlilegt er að tryggja þeim sérstök kjör til ferðalaga, en þarfir þessa fólks til þeirrar þjónustu eru að mörgu leyti meiri en hinna sem eru fullvinnandi, þar sem stór hópur þessa fólks getur af ýmsum ástæðum hvorki átt né rekið eigin farartæki.

Sú kynslóð, sem lagt hefur grunn að því þjóðfélagi, sem við lifum í, með mikilli vinnu og oft við hörðustu skilyrði, á rétt á því á ellidögum að njóta miklu frekar en nú er þeirra framfara sem orðið hafa. Sama gildir um þá sem af einhverjum ástæðum búa við heilsubrest og örorku eftir slys eða sjúkdóma eða meðfædda galla. Það sæmir ekki þjóðfélagi okkar að meina því fólki aðgang að sjálfsögðustu mannréttindum. Ég tel því að um leið og bæta þurfi tekjur þessa fólks gegnum almannatryggingakerfið, stórhækka bætur þess, þá sé eðlilegt jafnframt að tryggja því ýmsar hagbætur, svo sem í því formi sem þessi till. gerir ráð fyrir.

Ég held að það sé óþarfi út af fyrir sig að eyða löngum tíma í rökstuðning með svo sjálfsögðu máli eins og því sem hér er á ferðinni. Ég vil treysta því, að þessi þáltill. fái jafneinróma stuðning hjá hv. alþm. og það frv. er ég gat um áðan og fjallaði um skylt efni. Jafnframt vil ég geta þess, að ég mun ekki leggja til að málið fari til n. Ég tel það í rauninni óþarft þar sem um efni þess hefur áður verið fjallað og það á því að vera þm. vel kunnugt. Ég legg því til að það fari hér til afgreiðslu án umfjöllunar í sérstakri þingnefnd.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í umr. við hv. 3. þm. Reykv. út af þessari þáltill., heldur að skýra frá því hvernig þessum málum er nú komið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja og kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. áðan, að á sínum tíma var samþ. hér á hv. Alþ. heimild til undanþágu frá greiðslu í sambandi við útvarp og sjónvarp. Framkvæmdin á þessu máli hefur valdið á margan hátt verulegum erfiðleikum. Það eru fleiri atriði, sem varða þetta fólk sem hér er um fjallað, aldraða, öryrkja fatlað fólk, heldur en útvarp, sjónvarp og sími, og það hefur orðið samkomulag á milli okkar fjögurra ráðh.: fjmrh., heilbrrh., menntmrh. og mín, en okkur

alla varða þessi mál, að setja í það menn sem færir eru til þess að taka þessi mál fyrir í einni heild. Þessa yfirlýsingu gaf ég í hv. Ed. nú fyrir tveimur dögum eða svo, og varð hún til þess að mál, sem þar var fjallað um í sambandi við fatlaða, var dregið til baka, en eins og kunnugt er mundi inn í þetta mál falla líka endurskoðun í sambandi við bifreiðar til fatlaðra, því að það mál hefur líka verið til meðhöndlunar og reynt að koma fyrir á sem hagkvæmastan hátt, en verðbreytingar hafa haft þar veruleg áhrif.

Það, sem verður því gert í þessu máli, er í samræmi við það sem ég hef áður sagt, að það eru margs konar vandkvæði á því að láta einstakar stofnanir vera að fjalla um svona mál og langeðlilegast að taka þetta fyrir í heild, og ég get ekki séð að annar aðili sé betri til að sjá um framkvæmd málsins heldur en Tryggingastofnun ríkisins. Hvort það verður endanleg niðurstaða þeirra, sem um þetta fjalla, skal ég ekki segja, en það var mat okkar þessara fjórmenninga, þegar við ræddum þetta, að best mundi vera að koma þessum málum þar fyrir, sú stofnun hefði langbesta yfirlitið til þess að meta þetta þannig að ekki væri um misnotkun að ræða og að þeir nytu sem njóta ættu og eftir eðlilegum leiðum. Þess vegna verður að þessu máli unnið.

Ég tel að væri óeðlilegt að fara að afgreiða þessa þáltill. hér og það án þess að hún færi til n., enda mundi hún engu breyta um það, að að þessu máli verður unnið á þann veg sem ég hef nú skýrt frá. Um það mundu hinir ráðh. geta vitnað ef þeir væru hér. Það verður gengið í það að fjalla um þessi mál og reyna að leysa þau á sem farsælastan hátt. Okkur er ljós þörfin, en við sáum ýmis vandkvæði og höfum rekið okkur á ýmis vandkvæði í sambandi við að einstakar stofnanir væru um þetta að fjalla. Þess vegna vildum við setja málið í eina heild.

Ég vona að hv. þm., sem fyrir till. talaði, geti fallist á að láta þetta mál falla niður eftir þessa yfirlýsingu mína.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég ætlaði að gera stutta athugasemd við ræðu hæstv. símamálaráðh. út af framsöguræðu minni með þessari þáltill. Hann ber því við nú sem áður þegar þetta mál er til umr. hér í þinginu sem höfuðgalla málsins eða helstu rök fyrir því, að ekki sé hægt að framkvæma það mál sem hér um ræðir, að erfitt sé fyrir þær stofnanir, sem mál þessi heyra undir, að hafa með því eftirlit að framkvæmdin geti farið rétt og eðlilega fram, og segir að hann telji eðlilegra að almannatryggingakerfið annist þetta, til að tryggt sé að ekki verði um misnotkun að ræða. Jafnframt lýsti hann því yfir, að honum ásamt öðrum hæstv. ráðh. væri þetta mál í sjálfu sér hjartfólgið og þeir vildu sameiginlega leggjast á eitt til að leysa það ásamt öðrum þeim vandamálum sem þetta fólk ætti við að búa.

Ég vil nú fyrst segja það, að ég held að það sé engin hætta á því að þær hagsbætur, sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir, væru misnotaðar af þessu fólki. Það er skýrt tekið fram í þáltill. hvaða hópur fólks á þessa að njóta. Það eru hinir öldruðu og öryrkjar með lágmarkstekjur, og vitaskuld mundi sú stofnun, sem þessi mál heyra undir, símamálin, hafa um það samráð við almannatryggingakerfið hvaða hópar þetta væru hverju sinni. Og í sambandi við þá erfiðleika, sem gert er mikið úr við framkvæmd þessa hjá einstökum stofnunum, vil ég benda á það, sem ég nefndi í framsöguræðu minni, að þetta fyrirkomulag mun vera algengt í flestum nágrannalöndum okkar og hefur verið unnt að framkvæma það þar með góðum vilja, og ég efast ekki um að með sama hætti megi gera það hér á Íslandi. Ég vil einnig benda hæstv. símamálaráðh. á það, að þegar er reynsla fyrir þessu á Íslandi, svo sem við Ríkisútvarpið og einnig hjá einstökum sveitarstjórnum, þannig er það í Reykjavík, að borgaryfirvöld hafa veitt öldruðu fólki sérstakar hagsbætur eða sérstök kjör í farmiðakaupum með almenningsvögnum Reykjavíkurborgar. Og mér er kunnugt um að ekki ósvipað fyrirkomulag tíðkast í Vestmannaeyjum fyrir aldraða vestmanneyinga sem þurfa að ferðast milli lands og Eyja, þannig að ég held að það sé ekki með sterkum eða gildum rökum hægt að bera því við, að framkvæmd þessa máls sé örðug.

Það er hins vegar orðið býsna algengt hér á Alþ. þegar góðum málum er hreyft, að því sé borið við að málin séu í athugun og endurskoðun og að vilji sé nægur fyrir hendi, en mál þurfi sinn undirbúning. Eg ætla ekki að fara að rifja upp hér og nú þau mörgu tilfelli sem mætti tilfæra til að minna á þetta, en þau eru orðin býsna mörg hér þá vetrarmánuði sem ég hef dvalið í þinginu.

Hins vegar verka ekki sannfærandi á einn eða neinn, hygg ég, þau orð hæstv. ráðh., að góður vilji sé fyrir hendi í þessum efnum. Hér er um að ræða mál sem flutt var á Alþ. 1974, fékk þá einróma samþykki þingsins, og allan tímann síðan, um það bil þrjú ár, hefur það vafist fyrir hæstv. ríkisstj., hæstv. símamálaráðh. og þeim öðrum ráðh., sem með honum eiga sæti í ríkisstj., að koma þessu til framkvæmda eða öðru því sem kæmi í sama stað. Nú þegar langt er liðið á kjörtímabil hæstv. ríkisstj. dugir lítið að gefa góð fyrirheit. Þegar hefur verið nægur tími til þess að sýna viljann í verki ef hann væri til.

Eg sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessi svör eða ræðu hæstv. símamálaráðh. En þrátt fyrir að hann hafi lýst sig andvígan þáltill. þessari, þá vonast ég til þess að hv. þm. leggi henni lið og því máli sem hún gerir ráð fyrir, — máli sem þm. lögðu lið fyrir nokkrum árum í þinginu og ekki hefur komist til framkvæmda.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Enda þótt ræða hv. 3. þm. Reykv. gæfi tilefni til þess að fara hér út í deilur vegna þeirra aðdróttana sem í henni voru, þá ætla ég ekki að gera það. Ég vil hins vegar segja hv. 3. þm. Reykv. það, að einn af samherjum hans í hv. Ed., hv. 5. þm. Norðurl. e., taldi þessa leið heppilegustu leiðina til þess að leysa þessi vandamál, og ég gat ekki annað merkt af hans orðum en að hann væri mér sammála um að eðlilegra væri að okkar sameiginlegi sjóður, ríkissjóður, leysti

slík mál, heldur en einstakar stofnanir ríkisins, því að það er náttúrlega afar misjafnt hvað til þeirra kæmi af slíkum málum. Og ég held að það leyni sér ekki að útvarpið ber sig heldur illa undan þessu. Þess vegna var það álit okkar að best væri að reyna að finna eina heildarlausn á málinu. Ég ætla því ekki að fara að þreyta neinar kappræður um þetta mál hér. Sú leið verður farin, sem ég hef þegar sagt frá, að vinna að þessum málum sameiginlega.

Ef hv. þm. heldur fast við till., þá geri ég það jafnframt að till. minni að henni verði vísað til samgn., því að það er óeðlilegt að afgreiða slík mál án þess að kynna sér þau betur en kom fram í ræðu hv. þm. En ég ætla ekki að fara að þreyta hér neinar kappræður um þetta mál.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ummælum hæstv. samgrh. áðan um þetta mál. Hann hefur auðsjáanlega tilhneigingu til þess að gera þetta mál stærra en það er. Vitanlega er alveg rétt, að það er brýn nauðsyn að leysa heildarvanda aldraðs fólks, og þar koma auðvitað mörg atriði til greina og nauðsynlegt að samræma þau. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, sem hv. frsm. gerði raunar, að með þessari till. til þál. er verið að árétta atriði sem Alþ. hefur þegar sett í lög árið 1974 og hæstv. ráðh. ekki framfylgt. Og mér er ekki fyllilega ljóst hvernig sú n. manna, sem hann talar um, ætlar sér að taka fyrir þessi mál án þess að hafa hliðsjón af því sem Alþ. hefur þegar samþykkt. Síðan 1974 hefur þessi hæstv. ráðh. þæft þetta mál og ætlar nú enn að ýta því á undan sér með því að vísa til n. sem ætli að taka fyrir heildarvanda aldraðs fólks. Ég minni á að þetta er þegar komið í lög. (**Landbrh.:** Það er aðeins heimild í lögum, en ekki annað.) Það er rétt, það er heimild í lögum. En sú heimild er til, og þessi þáltill. er ekki annað en áréttíng á því og tilraun til að fá þennan hæstv. ráðh. til að nota þá heimild sem Alþ. hefur einróma veitt honum.

Það hlýtur að taka talsverðan tíma að samræma öll þau atriði sem til greina koma varðandi kjör aldraðs fólks og öryrkja, og það hefur ekki komið fram í máli hæstv. ráðh. hvenær þessari n., ef er þá búið að stofna hana, er ætlað að ljúka störfum. Mér þykir hæstv. ráðh. taka á sig fullmikla ábyrgð ef hann ætlar að ýta þessu sjálfsagða máli á undan sér þar til þessi n. hefur lokið störfum. Hér er um mál að ræða sem þarf alls ekki í neina n., vegna þess að Alþ. hefur þegar veitt hæstv. ráðh. heimild til að framkvæma það sem þessi þáltill. fjallar um. Fjármögnunin sem slík er ekki atriði í þessu máli, því að það getur hæstv. ráðh. haft í hendi sér að endurgreiða úr ríkissjóði það sem póst- og símamálastofnunin kann að tapa við að veita öldruðum og öryrkjum ókeypis síma. Og hér er engan veginn um að ræða neina hópa sem gætu misnotað neitt, því að hér er um að ræða fólk með lágmarkstekjur og þær lágmarkstekjur eru skilgreindar í lögum um almannatryggingar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð sem ég legg í þessar umr. — hér liggur fyrir þáltill. um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja. Ég kem hér fyrst og fremst til að láta það álit mitt í ljós, að ég sé ekki að framkvæmd þessa máls, sem er í sjálfu sér ákaflega gott mál og mikið réttlætismál, þurfi að stranda á því að þessi þáltill. hljóti ekki samþykki nú þar sem þegar er heimild í lögum til að framkvæma þetta. Ég vil hins vegar skora á hæstv. ráðh., sem ég veit að hlýtur að hafa allan vilja til að leysa þetta mál, að nota þessa heimild í lögum. Ég er hins vegar alveg sannfærð um að hæstv. ráðh. hefur rétt fyrir sér í því, að þetta mál þarf að athuga vel, því að það er ekkert hægara en að misnota þetta gróflega. Og það held ég að við hljótum öll að vera sammála um, að það er hægt að skrá síma á nafn aldraðs einstaklings og aðrir fjölskyldumeðlimir gætu svo notað þann síma til eigin þarfa. Þetta liggur auðvitað alveg í augum uppi.

Mér kemur í hug bara af persónulegri reynslu minni varðandi síðari hluta till., að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum á landi, á sjó og í lofti, að ég veit ekki betur en t. d. flugfélögin veiti allverulegan afslátt — ég held 20% eða 25% afslátt — til aldraðs fólks, hvort það er miðað við 67 eða sjötugt skal ég ekki fullyrða, en þessi afsláttur er þegar í gildi, og mér finnst það ósköp eðlilegt og sanngjarnt þegar í hlut á aldrað fólk, þ. e. a. s. aldrað fólk, sem hefur lítil efni. Hinir, sem hafa nóg úr að spila, eiga að sjálfsögðu að borga fullt fyrir sig. En hér er miðað við lágmarkstekjur, og það vil ég leggja áherslu á að gildi í reyndinni.

Ég er alveg sannfærð um það, að sjálfsagt væri best að leysa þetta mál, ef hægt væri, með það ríflegum lífeyri til handa þessu fólki að ekki þyrfti að fara að gera sérundanþágur. En það er nú svo að þarfir aldraðs fólks og öryrkja eru misjafnar til tryggingabóta eða til annarra þarfa þjóðfélagsins, og ég get ósköp vel leyft því að koma fram hér, sem er mín hjartans meining, að við gerum allt of mikið að því að ausa úr almennum sjóðum til efnafólks sem hefur ekki þörf fyrir og kærir sig ekkert um að fá opinbera aðstoð sér til lífsframfæris. Ef við gætum lagað okkar tryggingamál þannig, að við gerðum vel og gerðum betur en við gerum í dag til þeirra sem raunverulega þurfa aðstoðar með, þá væri vel farið. En þetta er víst ákaflega flókið og illt viðureignar og tekur allt of langan tíma að koma sér niður á hvernig við eigum að haga okkar tryggingamálum þannig að þau gegni sínu upprunalega markmiði að hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi, en ekki hinum sem ekki þurfa hjálpar með.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Ég treysti því að sú heimild, sem þegar er fengin í lög, til þess sem till. fer fram á verði nýtt og hún verði nýtt þannig að þar komi engin misnotkun til.

Umr. frestað.

Neðri deild, 75. fundur.

Miðvikudaginn 27. apríl, að loknum 74. fundi.

Skattfrelsi jarðstöðvar, frv. (þskj. 398, n. 554). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn. N. mælir einróma með samþykkt þessa frv. Einn nm. skrifar undir með fyrirvara, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason.

Frv. er komið frá Ed. og hæstv. fjmrh. mælti fyrir því hér í þessari hv. d. í dag, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 475, n. 556). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv., frv. til l. um breyt. á l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og er álit n. á þskj. 556. N. mælir einróma með samþykkt frv., en það hefur áður verið samþykkt í hv. Ed.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv. þar sem hæstv. fjmrh. gerði það fyrr í dag þegar hann mælti fyrir frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. (þskj. 427, n. 555). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt um þetta mál, og leggur hún einróma til að frv. verði samþ. Rita allir nm. undir nál., en einn þeirra, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 27. apríl, að loknum 75. fundi.

Skattfrelsi jarðstöðvar, frv. (þskj. 398). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 562).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 475). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 563).

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. (þskj. 427). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 564).

Byggingarlög, frv. (þskj. 417). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. til Ed.

Skipulagslög, frv. (þskj. 418). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Umferðarlög, frv. (þskj. 46). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:3 atkv. og afgr. til Ed.

Umferðarlög, frv. (þskj. 528). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Umboðsnefnd Alþingis, frv. (þskj. 4, n. 542). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um umboðsnefnd Alþingis, sem flutt er af hv. þm. Benedikt Gröndal. Þessu frv. var vísað til allshn. og hún leitaði umsagnar forseta Alþingis.

Umsögn forsetanna var efnislega á þá leið, að áður hafði verið flutt frv. um umboðsmann Alþ. nokkrum sinnum, bæði sem þmfrv. og stjfrv. Stjfrv. hafi verið flutt um málið á þinginu 1974—1975, en varð þá ekki útrætt, og það frv. mun nú vera í athugun í n. sem falið var að endurskoða það. Frv. það, sem hér um ræðir, felur í sér aðra lausn á sama máli. Eðlilegast virðist að ákvæði þess komi til athugunar hjá n. þeirri sem áður er um getið. Er því lagt til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj. í því skyni að hún sendi það til umræddrar nefndar.

Undir þessa umsögn skrifa forsetar Alþingis: Ásgeir Bjarnason, Þorv. Garðar Kristjánsson og Ragnhildur Helgadóttir.

Með tilvísun til þessarar umsagnar hefur allshn. lagt til að frv. verði vísað til ríkisstj. Svava Jakobsdóttir, hv. 5. landsk. þm., var fjarverandi afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

Till. á þskj. 542 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 21 shlj. atkv.

Símaafnot aldraðs fólks, þáltill. (þskj. 166). — Frh. einnar umr.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Þegar þetta mál, þ. e. a. s. ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja, var til umr. hér á sínum tíma, ég held að það hafi verið fyrir tveimur árum, þá minnist ég þess að þetta mál kom fyrir heilbr.- og trn. d. og mælti sú n. eindregið með því að samþykkja áskorun til samgrh. að hann gæfi út reglugerðarákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur í samræmi við ákvæði um það efni í lögum um fjarskipti. Ég minnist þess, að þegar við mæltum með þessu máli hér fyrir tveimur árum, þá fékk það mjög góðar undirtektir í d., og er ég þess vegna undrandi yfir því, að samgrh. skuli ekki hafa gert þær ráðstafanir að þetta kæmist í framkvæmd. Það er ekki aðeins að hér hefur verið hundsuð samþykkt frá Alþ., heldur hitt, að í því felst að mínu mati blekking gagnvart öldruðum og öryrkjum sem hér eiga hlut að máli. Oft er talað um að virðing sé ekki nægileg fyrir Alþ., fólk bindi ekki vonir sínar við þau störf sem hér eru innt af hendi, og ég vil segja það eins og er, að það er e. t. v. ekki furða ef ríkisvaldið, þ. e. a. s. einstakir ráðh. virða ekki samþykktir Alþ. meira en raun ber vitni í þessu máli.

Ég álít að þetta mál sé að mörgu leyti nokkuð alvarlegs eðlis, bæði fyrir Alþ., virðingu þess, og sérstaklega fyrir það fólk sem hér um ræðir. Þess vegna er mér alveg óskiljanleg sú tregða sem hefur orðið á að framkvæma þessa samþykkt og það lagaákvæði sem hér er til umr. Ég minnist þess, að þegar hv. þm. og frsm. Magnús Kjartansson talaði fyrir þessu máli á sínum tíma og einnig hér s. l. haust, þá gat hann þess alveg sérstaklega að það væri margt gamalt fólk og öryrkjar sem þannig væri ástatt um, að það ætti ekki heimangengt, og ég minnist sérstaklega þeirra orða hans, þegar hann sagði að oft væri síminn raunverulega eina sambandið sem þetta fólk hefði við umheiminn. Þetta er örugglega rétt og því miður allt of mörg dæmi þess, að þannig sé ástatt hjá gömlu fólki og öryrkjum. Þess vegna finnst mér það fyrir neðan allar hellur og algerlega óviðunandi að hæstv. samgrh. skuli ekki hafa gefið út reglugerðarákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja, eins og þingið samþykkti á sínum tíma að honum bæri að gera.

Varðandi seinni hluta þeirrar þáltill. sem hér er til umr., þ. e. að Alþ. feli ráðh. að beita sér fyrir því að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum á landi, á sjó og í lofti, vil ég segja það, að ég er einnig samþykkur og styð eindregið hann hluta þáltill., sérstaklega þegar haft er í huga að atvinnumál aldraðra eru í megnasta ólestri. Hér hefur verið rætt á Alþ. í mörg ár hvað gera skyldi í sambandi við atvinnumál aldraðra þannig að þau væru viðunandi, og hafa margar ræður verið fluttar um það mál. En því miður verður það að segjast eins og er, að þeim málum hefur ekki verið hrundið í framkvæmd, ekki einu sinni reynt að skipuleggja þau þannig að viðunandi sé. Þess vegna finnst mér ekki neitt of í lagt þó að hið opinbera, sem ekki hefur sinnt þessum þætti mála aldraðs fólks, kæmi nú eitthvað til móts við það varðandi möguleika þess til að ferðast í almenningsfarartækjum, sérstaklega á landi að mínu mati og á þeim svæðum þar sem möguleikar væru fyrir einhverja vinnu fyrir þetta fólk.

Það liggur í augum uppi að ókeypis símaafnot ráða ekki úrslitum um afkomu þess fólks sem hér um ræðir, en þau hjálpa til, ekki aðeins efnahagslega, heldur líka sálrænt. Ég er þess vegna eindregið fylgjandi þeirri þáltill. sem hér er til umr. Ég tel að í till. felist mannúðleg sjónarmið gagnvart öldruðu fólki og öryrkjum sem Alþ. og ríkissti. eiga að sjá sóma sinn í að hrinda í framkvæmd. Og ég vil levfa mér, hæstv. forseti, að gera till. um það, að þessari þáltill. verði vísað til heilbr.- og trn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mitt erindi í ræðustól nú er í raun og veru einungis að taka mjög eindregið undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði varðandi þetta mál. Þegar það var hér til umr. fyrir tveimur árum var ég einn af þeim sem studdu þetta mál, og þá var, eins og hér hefur komið fram, mikill vilji fyrir því meðal þingsins að þetta mál næði fram að ganga. Og mér finnst það í raun og veru algerlega óviðeigandi að mál sem þetta skuli þurfa að koma

hér upp á Alþ. aftur og aftur og það vera samþykkt, en síðan ekkert haft með framkvæmdina að gera. Þetta er enn eitt dæmið um það, að í þessu tilfelli hæstv. samgrh. og í öðrum tilfellum aðrir aðilar virða beinlínis að vettugi þann vilja sem Alþ. lætur í ljós í tilteknum málum. Og það er auðvitað óviðunandi fyrir þm. og þingið sem slíkt að ákvarðanir, sem Alþ. hefur tekið, skuli ekki vera framkvæmdar fyrr en eftir dúk og disk og þá kannske að meira eða minna leyti eftir geðþótta einhverra ákveðinna einstaklinga.

Ég trúi því ekki að sú tregða, sem virðist vera á því að þetta mál fái framgang, sé neitt í tengslum við það, að hér sé um að ræða svo stórkostlegt vandamál eða mikið umfangsmál að það sé ekki hægt að hrinda því í framkvæmd á tiltölulega auðveldan, eðlilegan og fljótan hátt. Hér hlýtur eitthvað annað, að því er mér virðist, að vera valdandi að þetta hefur ekki náð þeim árangri sem Alþ. ætlaðist til á sínum tíma þegar það samþykkti það.

Ég vil, eins og ég sagði áðan, mjög taka undir þá gagnrýni sem komið hefur fram vegna þess framkvæmdaleysis sem hér um ræðir. Og mér hefði fundist langeðlilegast, af því að nú er orðið svo langt liðið á þinghaldið, að þessi þáltill. hefði verið borin undir atkv. án þess að fara til n. Það liggur fyrir viljayfirlýsing Alþ. í þessu efni. En ég skal ekki hafa á móti því að till. verði vísað til heilbr.- og trn., þ. e. a. s. verði það tryggt að málið verði tekið fyrir í þeirri n. og d. fengið það til ályktunar áður en þinginu lýkur þannig að málið geti fengið afgreiðslu. (Gripið fram í.) Já, þá ætti það að nægja. En mér hefði fundist sjálfsagt í fyrsta lagi, að þetta mál hefði ekki átt að þurfa að koma fyrir þingið aftur, og í öðru lagi hefði átt að vera hægt að afgreiða þetta mál án þess að það færi til n. En ég ítreka þá skoðun mína, að hér finnst mér hafa verið staðið illa að framkvæmdinni, því að það hlýtur að vera vilji alþm. að það, sem þeir ákvarða hverju sinni, sé framkvæmt í samræmi við það sem þeir álykta um í hverju tilteknu máli.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Enda þótt þær umr., sem hér hafa farið fram, hafi á margan hátt verið í öðrum dúr en flestar umr. sem hér fara fram, þar sem meira og minna hafa verið bornar á viðkomandi ráðh. persónulegar svívirðingar, eins og t. d. af hv. 6. landsk. þm. áðan, þá ætla ég ekki að eyða orðum að því. Ég verð að segja það, að þessir hv. þm., sem hér eru og sumir hafa ekki verið hér þegar þetta var til meðferðar á sínum tíma, þeir hafa betra minni en ég ef þeir geta fullyrt að það hafi verið mikill og samhljóða áhugi fyrir því að þetta mál færi í gegn á hv. Alþ., því að ég þykist muna annað um meðferð málsins. Hins vegar vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp þá grein, sem um ræðir, og það lagabrot, sem ég á þá að hafa framkvæmt. En það segir svo í lögum um breyt. á l. nr. 30 frá 1941, um fjarskipti:

„Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkv. 90. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma."

„Má ákveða" — af hverju segir í lögunum að það megi ákveða, ef það er skylda. Þá kann ég ekki lagamál að skilja ef það er skylda að framkvæma það sem ráðh. „má ákveða".

Ég hef áður hér á hv. Alþ. gert grein fyrir þessu máli og hvað hefur valdið því, að ekki hefur verið talið fært að framkvæma það. Rökstuddi ég það með áliti sérfróðra manna þar um og tel, eins og fram kom í áliti þeirra, að það sé betra að koma þessum málum fyrir sameiginlega og hjá einni stofnun, en ekki fara að láta þessa og hina stofnunina afgreiða sína þætti, enda eru þetta stofnanir sem verða að lifa á eigin tekjum, og ríkissjóður er því eðlilegri aðili til þess að standa straum af slíkum framkvæmdum heldur en þessar stofnanir, því að þeim er ekki ætlað að standa fyrir tryggingabótum eða öðru slíku. Það er annar aðili sem á að gera það.

Ég verð líka að gera athugasemd við það, að ef vinnubrögð hv. Alþ. eiga að vera með þeim hætti að afgreiða þáltill. eins og þessa án nefndarathugunar, t. d. þar sem í er síðari liðurinn, með leyfi hæstv. forseta: „Einnig ályktar Alþ. að fela ráðh. að beita sér fyrir því, að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum á landi, á sjó og í lofti." Nú skulum við segja að það fari svo, að ráðh. takist ekki að koma þessu í framkvæmd, hér er um farartæki að ræða sem eru ekki á vegum ríkisins, þá yrði komið hér á hv. Alþ. og ráðh. meðhöndlaður á þann hátt, að viljaleysi og illgirni ein réði þar verkum ef hann færi ekki að fyrirmælum Alþingis. Ef á að afgreiða svona mál án þess að n. þurfi um að fjalla, þá finnst mér hv. Alþ. verða að fara að gá að afgreiðslu mála.

Ef svo á að fara að vísa þessu máli, sem er stílað á samgrh., til heilbr.- og trn., þá er það náttúrlega allt annar háttur, þá heyrir það ekki samgrh. lengur til og þá er málið komið í annan farveg og getur ekki orðið mál samgrn. Ég held að hv. þm. verði nú aðeins að gæta sín og villast ekki af leið. Það var þess vegna sem okkur, þessum fjórmenningum, fannst eðlilegast að yrði fjallað um þessi mál sameiginlega af öllum þessum aðilum sem við höfum ákveðið að gera.

Varðandi hitt, sem um þetta hefur verið sagt að öðru leyti, get ég vísað til rökstuðnings míns í svari við fsp. um þetta mál. Ég tel að það, sem má ákveða í reglugerð, sé ekki fyrirskipun, heldur leyfi um að mega gera hluti. En við athugun á málinu hafa komið upp þau vandkvæði sem hafa komið í veg fyrir framkvæmdina.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Mér er gjörsamlega óskiljanlegt hvernig hæstv. ráðh. gat fundið það út, að ég væri að svívirða hann persónulega þegar ég talaði til hans áðan. Ég hef yfirleitt ekki ástundað það að vera með persónulegar svívirðingar, hvorki á hæstv. ráðh. né einstaka þm. (Gripið fram í.) Það er annað mál. Ég veit það ekki og ætla ekkert að segja til um það. Hins vegar finnst mér það mjög hart, þegar þm. stendur upp og vísar til þess sem gert hefur verið á þingi, að þá skuli það flokkast undir það að verið sé að ráðast á ráðh.

með persónulegum svívirðingum þó að verk hans séu gagnrýnd.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að í nál. var samþ. einróma á sínum tíma að mæla með því að ráðh. gæfi út reglugerðarákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur, þannig að þar er rétt með farið, enda hægt að sjá það í þskj. Ég man einnig að þetta mál var samþ. shlj. hér í d., þannig að ég hef ekki farið rangt með eitt eða neitt í þessu máli. Hér eru viðstaddir þm., sem eru í heilbr.- og trn., sem geta staðfest það sem ég sagði nú.

Ráðh. lagði mjög mikla áherslu á að það stæði, að í reglugerð mætti ákveða. Það er alveg rétt. En það fór ekkert á milli mála, að það var bæði vilji heilbr.- og trn., sem fékk þetta mál til meðferðar á sínum tíma, og einnig d., að þessu yrði hrundið í framkvæmd. Ráðh. lýsti yfir að vegna ákvæðinna vandkvæða hefði það ekki verið hægt. Ég verð að segja fyrir mitt leyti. Ég skil ekki að þau vandkvæði séu fyrir hendi. — Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. hlustaði á þetta, svo það færi ekkert á milli mála sem ég segi hér. — Ég skil ekki hvaða vandkvæði kunna að vera í kerfinu á því að hrinda þessu í framkvæmd, alla vega að vinna þannig að þessu verki að það gæti þá legið ljósar fyrir d. í hverju vandkvæðin eru fólgin. Eru vandkvæðin tæknilegs eðlis, eru þau skipulagslegs eðlis eða skortir vinnuafl hjá Pósti og síma til þess að framkvæma það sem hér um ræðir? Mér finnst það óviðunandi að ráðh. lýsi því yfir, hvort sem það er þessi hæstv. ráðh. eða einhver annar, að eitthvað sé óframkvæmanlegt. Ég tel að ekkert sé óframkvæmanlegt. Það er allt framkvæmanlegt. (Gripið fram í.) Nei, en vandkvæðum bundið. (Gripið fram í.) Ég hef alltaf gengið út frá því að hæstv. ráðh., sem ég þekki að öllu góðu, hafi skilning á því, að þetta mál sem væri mjög æskilegt að hrinda í framkvæmd og ég hef treyst því og treysti því enn, að hann muni sjá til þess að svo verði gert.

En varðandi seinni hluta þeirrar þáltill. sem hér er til umr., þar sem um er að ræða ályktun Alþ. um að fela ráðh. að beita sér fyrir því að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum á landi. þá get ég fallist á að það gæti orðið flóknara fyrir ráðh. að tryggja þá framkvæmd heldur en að tryggja öldruðum og öryrkjum ókeypis símaafnot, vegna þess að í sambandi við símann er um opinbera stofnun að ræða þar sem hæstv. ráðh. getur framkallað það, sem hann telur rétt, á grundvelli þeirra heimilda sem hann hefur. Hins er, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, undir marga aðra að sækja í sambandi við almenningsfarartæki.

Ég vildi aðeins standa upp og segja þessi orð og eyða þeim misskilningi að ég hafi verið með persónulegar svívirðingar um hæstv. ráðh. Það tel ég að ég hafi ekki verið með, enda var það ekki ætlun mín. En varðandi það, að þetta mál var í heilbr.- og trn. á sínum tíma og ég mælti með því að það færi þangað aftur, er það að segja, að það kom til álita — að unnt væri að framkvæma þetta í gegnum almannatryggingakerfið. Ég er þeirrar skoðunar að það gæti enn komið til greina, það væri hugsanlegt að gera það í gegnum það, og ef það er æskilegri leið, sem tryggir frekar framgang þessa máls, þá er ég því auðvitað meðmæltur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Síðast hefði ég trúað því að hæstv. samgrh. brygðist við á þann hátt sem hann gerði áðan þó að einhverjir þm. deildu á hann, vildi ég heldur segja en að hér væri um að ræða persónulegar svívirðingar um hæstv. ráðh. Það er orðið vandlifað hér á hv. Alþ. ef einstökum þm. er í raun og veru meinað að gagnrýna hæstv. ráðh., hvort sem það er hæstv. samgrh. eða einhver annar, í tilfellum sem þeim þykja gagnrýnisverð og ástæða til að gagnrýna fyrir. Það er náttúrlega hægt, ef menn endilega vilja, að taka alla gagnrýni sem persónulegar árásir á viðkomandi, en þá er það einungis gert til þess að forðast gagnrýni. Hélt ég að hæstv. samgrh. væri ekki svo veikur fyrir því, hann þyldi gagnrýni úr ýmsum áttum og þó allharkaleg væri, hefur mér fundist. En menn eldast. Hér getur verið um að ræða að hæstv. ráðh. sé farinn frekar að kveinka sér vegna aldurs, en ég hef samt ekki orðið var við það fyrr en nú.

Þá sagði hæstv. ráðh. í sambandi við þetta, að í lögunum stæði að ráðh. mætti ákveða, en ekki væri um skyldu að ræða. Nú hef ég ekki lesið þessa lagagrein og ég efast ekki um að ráðh. fer með rétt mál þar. En þó að það sé aðeins um það að ræða að viðkomandi ráðh. megi gera þetta, þá hlýtur þó viðkomandi ráðh. að taka mark á viljayfirlýsingu Alþ. í tilteknu efni þó einungis sé um að ræða heimild eða að hæstv. ráðh. megi gera eitthvað. Ef hann hefur fyrir sér viljayfirlýsingu Alþ. ótvíræða, sem hér fer ekkert milli mála að var, þá hlýtur það að vera að hæstv. ráðh. líti svo á að Alþ. ætlist til að þetta sé gert eins og það var samþ. Ella, ef það væri ekki, ef viðkomandi ráðh. virti að vettugi viljayfirlýsingu þingsins, þá væri hér bara um það að ræða að hæstv. ráðh., hvort sem það er þessi eða annar, eða hæstv. rikisstj. væri að leika sér með alþm., ef hún virðir að vettugi þær ákvarðanir sem þeir hafa tekið. Og í þessu máli skiptir heldur engu það sem hæstv. ráðh. var um að tala, hvort einhver ágreiningur hefur verið um þetta mál. Staðreyndin er sú, að þetta var samþ., og það er það sem hlýtur að verða að taka tillit til og fara eftir, hvort sem einhver andstaða, sem ég dreg nú mjög í efa, hefur vrið við málið á þessum tíma. En þó að svo hafi verið, þá liggur það fyrir, að þetta var samþ. og það er ótvíræður vilji þingsins að þetta verði gert.

Hæstv. ráðh. sagði einnig að hann teldi í raun og veru ótækt að vísa þessu máli ekki til n. Ég er annarrar skoðunar. Ég tel að hér sé um svo sjálfsagt mál að ræða, bæði að því er varðar fyrra atriði till. og einnig hið síðara. A. m. k. treysti ég mér til þess og tel ekkert óeðlilegt við það, að till. væri borin hér upp án þess að hún færi til. n. og atkv. greidd um hana, eins og hún liggur fyrir, án þess að n. hafi um hana fjallað.

Ef það er svo í sambandi við að till. verði vísað til heilbr.- og trn., að þá telji hæstv. samgrh. sig þar með lausan allra mála, þá hef ég tilhneigingu til þess að gera till. um að málið

færi frekar til samgn. (Gripið fram í.) Nei, það er varla ástæða til að ætla það, held ég. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli á því, að sumir þm., sem tala í þessu máli, hafa ekki verið við allar umr. og samgrh. hefur sjálfur gert till. um samgn.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa ábendingu. Það verður þá væntanlega úr því skorið með atkvgr. í hvora n. till. fer, þ. e. a. s. ef annar hvor tillögumanna tekur ekki till. sína til baka.

En sem sagt, þetta mál var síðast hjá heilbr.- og trn. Hún var algjörlega sammála um þetta mál. Málið hefur verið samþ. í þinginu og ekkert hefði átt að vera því til fyrirstöðu a. m. k. að framkvæma fyrri hluta till. Um síðari hlutann gegnir kannske öðru máli, en að mínu viti er hann einnig svo sjálfsagður að það er ekkert því til fyrirstöðu, að ég held, að afgreiða það atriði einnig og að það ásamt hinum fyrri hluta — ítrekuðum með viljayfirlýsingu Alþ. — komi þá til framkvæmda hið allra fyrsta.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er reynslan ef menn heita því að halda stutta ræðu, byrja ræðu sína á því, þá verða þær langar. Eins er það þegar menn heita því að þeir ætli ekki að koma í ræðustólinn aftur, eins og ég hef gert í þessu máli, að þá kem ég óvenju oft upp.

Nú vil ég segja hv. 5. þm. Vestf. það, að það er fjarri mér að þola ekki að ræða mál og hafa hæfilega gagnrýni. Venjulega hef ég gaman af ræðum hans og ég met þær nokkuð mikils.

Hitt verð ég að segja, að ég hef sennilega misskilið hv. 6. landsk. þm., því mér fannst orðalag hans á annan veg, en ef ég hef misskilið skal það leiðrétt. Hins vegar held ég að hv. 6. landsk. þm. hafi ekki verið kominn hér þegar ég skýrði frá niðurstöðu um hliðstætt mál í hv. Ed. og samkomulagi um að fjórir ráðh., sem hafa með svipaða þætti að gera, létu vinna þessi mál í heild. Þar kom fram sá skilningur hjá hv. þm., að eðlilegast væri að það væri ríkissjóður sem greiddi fyrir þessu fólki, bæði í sambandi við síma, við sjónvarp og útvarp og annað, talstöðvar og þess háttar, sem allt bar á góma í hv. Ed., og þar var talin eðlileg niðurstaða samkomulag okkar á milli, ráðh., sem með þessi mál fara, og fjmrh., að láta vinna málið í heild.

Ég lít svo á að það sé eðlilegur lagaskilningur, og nú skal ég ekki neitt fara að deila við dómara, að þegar Alþ. orðar svo í lögum að „í reglugerð má ákveða“, þá sé þetta varfærnislega orðalag notað vegna þess að það geti leynst í þessu erfiðleikar sem geri framkvæmdina mjög erfiða. Og það er það sem ég tel mig hafa rekið mig á í sambandi við þetta mál. Það hefur verið leitað álits hjá Tryggingastofnun ríkisins og póst- og símamálastjórninni um þetta mál. Og það mun hafa verið í fyrravetur, ég held ég muni það rétt, að ég svaraði hér fsp. út af þessu máli og gerði þá ítarlega grein fyrir athugunum á framkvæmd þessara lagafyrirmæla, sem ég hef ekki hjá mér núna því ég hafði ekki búið mig sérstaklega undir þessa umr. Og það er af þessari ástæðu sem það var skoðun okkar allra, að eðlilegast væri að svona mál væri algjörlega hjá Tryggingastofnun ríkisins og ríkissjóður yrði að leggja fram fé til að greiða þetta, það væri ekki hægt að komast hjá því, það væri ekki eðlilegt að leggja þetta á stofnanir sem þurfa undir högg að sækja með tekjuöflun sína og verða að sjá fyrir sér alveg sjálfar, og líka væri það best komið hjá Tryggingastofnuninni því hún hefði mesta möguleika til þess að fylgjast með því að ekki yrði um misnotkun að ræða. Á þessum meginatriðum byggist þessi skoðun mín.

Ég vil einnig vekja athygli á því í sambandi við till. á þskj. 166, að seinni hluti hennar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Einnig ályktar Alþ. að fela ráðh. að beita sér fyrir því, að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum á landi, á sjó og í lofti.“ Hér tel ég fyrst geta orkað tvímælis við hvaða ráðh. er átt, og að því leyti gæti það verið eðlilegt, sem hv. 6. landsk. þm. lagði til, að málið færi til heilbr.- og trn. og þá tilheyrði þessi þáttur a. m. k. hiklaust heilbr.- og trmrh. því hann er ekki stílaður á samgrh. Ég hefði haldið hins vegar að þetta væri ein heild, því það er talað um símanotkunina í fyrirsögninni. Og þá vil ég vekja athygli á því, að þá hefði þetta mál átt að lenda í Sþ., eins og gert er ráð fyrir í þingsköpum um þáltill. um útgjöld sem ríkissjóður verði að leysa af hendi, og um till. verði þá að fara fram tvær umr. Ég held því að þetta mál sé ekki eins einfalt og við viljum vera láta. En út af fyrir sig held ég að farsælasta leiðin verði sú sem ég benti á, að reyna að láta vinna þetta saman, og mín skoðun er sú, að hjá Tryggingastofnun ríkisins lendi málið í heild, því það sé eini aðilinn í landinu sem geti metið það á eins réttmætan hátt og tök eru á, aðrar stofnanir hafi ekki neitt svipaða aðstöðu til þess arna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 67. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 46). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv

Byggingarlög, frv. (þskj. 417). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Árið 1973 skipaði þáv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, 9 manna n. til að endurskoða gildandi lög um byggingarmálefni og semja frv. til byggingarlaga sem gildi fyrir landið allt. N. var einnig falið að gera till. til breytinga á skipulagslögum ef hún teldi slíkt nauðsynlegt í sambandi við endurskoðun byggingarlaganna. Í þessa n. voru skipaðir fulltrúar frá Tæknifræðingafélagi Íslands og landbrn., frá Reykjavíkurborg og Arkitektafélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands,

Byggingafræðingafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, skipulagsstjórn ríkisins, og formaður var ráðuneytisstjóri félmrn., Hallgrímur Dalberg. Nokkru síðar voru skipaðir til viðbótar í n. fulltrúi frá Meistarasambandi byggingarmanna og frá Sambandi byggingarmanna.

Þessi n. vann mikið og merkilegt starf og skilaði frá sér einróma frv. til byggingarlaga. Það frv. var lagt fyrir síðasta þing og var vísað til 2. umr. í Nd. og til félmn. Félmn. Nd. sendi það til umsagnar allmargra aðila, en henni vannst ekki tími til að afgreiða málið frá sér áður en þingi lyki. Hins vegar var ákveðið að formaður félmn. Nd. og ráðuneytisstjóri félmrn. athuguðu allmargar umsagnir sem fram höfðu komið. Niðurstaðan af þeirri vinnu varð sú, að frv. var lagt fyrir þetta þing, fyrir hv. Nd. að nýju, með nokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir í grg. frv. Málið hefur svo verið að nýju til meðferðar í félmn. Nd. og hún skilaði fyrir nokkru áliti þar sem hún mælti einróma með samþykkt frv.

Málið hefur því gengið í gegnum Nd. og er nú komið hingað, og skal ég ekki rekja efni þess að þessu sinni, svo ítarlega sem það er gert í grg. frv. Hér er um að ræða sameiningu og samræmingu á dreifðum lagaákvæðum og að því stefnt að fá byggingarlög fyrir landið í heild.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Mig langar til að fá upplýst hjá hæstv. ráðh. hvort breyting verður á skipan formanna byggingarnefnda, t. d. eins og hér í Reykjavíkurborg, og því miður geri ég þessa fsp. vegna þess að ég hef trassað að kynna mér það mál eins og skyldi fyrir þessa umr. En þannig skipast mál eins og er, að borgarstjórinn í Reykjavík er lögum samkv. formaður byggingarnefndar í Reykjavík. Nú er það vitað mál að borgarstjórinn í Reykjavík mætir yfirleitt aldrei sem formaður eða nm. á byggingarnefndarfundi, en lög segja til um að staðgengill hans skuli þá mæta í hans stað. Nú er enginn varaborgarstjóri í Reykjavík samkv. lögum, og hefur það verið ágreiningsefni í borgarstjórn að ekki skuli heimilt að kjósa eða fela — skulum við segja — kjörnum fulltrúa, sem hefur tíma til þess að mæta á byggingarnefndarfundum, að gegna þar formannsstöðu, heldur er þar um embættismann eingöngu að ræða samkv. gildandi lögum. Mig langar til að fá það upplýst, hvort með samþykkt þessa frv. til byggingarlaga verði breyting á í þá átt að kjörnir fulltrúar geti orðið formenn byggingarnefndar, t. d. í Reykjavíkurborg.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í upphaflegum till. n., sem samdi frv., var gert ráð fyrir því að borgarstjóri í Reykjavík og bæjarstjórar væru formenn byggingarnefnda. Þessu breytti ég í frv. Segi svo í 1. mgr. 6. gr., að byggingarnefnd skuli „skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðunum sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga. N. skiptir með sér verkum.“ Nefndinni er því frjálst að velja sér þann formann sem hún vill, en er ekki bundin við borgarstjóra eða bæjarstjóra eða staðgengla þeirra.

Á bls. 12 í grg., nokkru fyrir neðan miðja síðu, segir: „Frv. þetta er óbreytt eins og það var afhent félmrn. af hálfu n., sem samdi það, að öðru leyti en því, að breytt hefur verið 1. mgr. 6. gr. frv. að því er varðar kosningu manna í byggingarnefnd.“

Ég held að með þessari breytingu sé gengið alveg til móts við ábendingu hv. þm.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Í frv. til byggingarlaga er ein mgr. í 4. gr. sem mig langar til að vekja athygli á. Hún hljóðar svo:

„Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.“

Mér þykir mjög vænt um að þessi setning er komin inn í frv. til byggingarlaga. Þessi setning er byggð á starfi n. sem var skipuð fyrir alllöngu og ég var formaður fyrir og átti að gera till. um hvernig fara skyldi að því að auðvelda umferð fatlaðra. Þessi n. starfaði alllengi og kynnti sér þessi mál hérlendis og erlendis og skilaði fyrir alllöngu áliti til félmrn. Þá var þetta frv. til byggingarlaga í undirbúningi og þótti þess vegna henta betur að setja ákvæði í lög og síðan yrði nánar kveðið á í reglugerðum hvernig þessu skyldi háttað.

Að öllum sé auðvelduð umferð um byggingar og skipulögð svæði er mál sem hefur verið í sviðsljósinu nú á undanförnum árum um allan heim. Sameinuðu þjóðirnar héldu sérráðstefnu um þetta atriði fyrir tveim árum og komust að raun um að þessu væri mjög ábótavant víðast hvar í veröldinni. Þessi ráðstefna lagði áherslu á það, að ekki síst þar sem um nýja borgarhluta væri að ræða, þá yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir í framtíðinni til þess að taka tillit til þeirra sem ættu erfitt í umferðinni. Það, sem liggur fyrst og fremst til grundvallar þessum óskum, er það, að víðast hvar þar sem eru þjónustubyggingar, byggingar sem allur almenningur þarf að nota, er fötluðum og ellihrumu fólki mjög torvelt að komast um þær byggingar, ýmist vegna stiga eða af öðrum ástæðum. Oft má bæta úr þessu með tiltölulega litlum tilkostnaði ef það er haft í huga þegar byggingar eru hannaðar. Enn fremur er það, að víða er sú stefna uppi nú að leggja árlega fram nokkurt fjármagn til þess að lagfæra eldri byggingar í þessu sama skyni.

Allt þetta er ætlað að komi fram í reglugerðum, sem verða samdar að þessu frv. samþykktu. Þess vegna er það, að um leið og ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að hafa látið taka þetta ákvæði hér inn, þá er það ósk mín að m. a. með tilliti til þessa ákvæðis verði reynt að koma þessu frv. í gegnum þingið núna þótt stutt sé eftir, vegna þess að þetta er atriði sem búið er að vera lengi í undirbúningi og mikil þörf er á að komist í lög.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hér um það atriði sem ég taldi mig

þurfa að fá upplýst strax við 1. umr. þessa frv. í þessari hv. d. En ég vil geta þess, að byggingarnefnd var eina nefndin á vegum borgarstjórnar Reykjavíkur þar sem lögum samkv. var ekki hægt að velja formann úr hópi kjörinna fulltrúa til formannsstarfa. Ég tel þessa breytingu mikilvæga og mjög mikið til bóta að sjálfsögðu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í frv. sem ég vildi koma að nú þegar, og það var fyrst og fremst það sem hv. þm. Oddur Ólafsson ræddi um áðan, það sem lýtur að tilhögun bygginga á þá lund að fatlað fólk geti komist um þjónustubyggingar. Því er náttúrlega ekki að leyna, ég tek undir það með honum, að mér finnst vera til stórbóta að fá þetta inn í frv. En þetta eitt nægir náttúrlega ekki, og um það veit ég að hv. þm. Oddur Ólafsson er mér sammála, að þetta er gott svo langt sem það nær, en við verðum að gera miklu betur. Við erum með í gangi fjölmargar opinberar byggingar, bæði hér í Reykjavík á vegum ríkisins og á vegum opinberra aðila, þar sem fatlað fólk getur alls ekki borið sig um. Húsið, sem við störfum í, alþingishúsið, er e.t.v. gleggsta dæmið um þetta. Það er gersamlega ómögulegt fyrir fólk, sem bundið er við hjólastóla, að komast inn í þetta hús eða hér á milli hæða. Það getur ekki einu sinni komist upp á áheyrendapallana til þess að geta fylgst með því álengdar sem rætt er um í þingsölum þessa húss. Slík hús eru ákaflega mörg hér í Reykjavík á vegum hins opinbera þar sem fatlað fólk kemst alls ekki um.

Lausleg úttekt, sem gerð hefur verið á vegum landssamtaka fatlaðra, hefur leitt í ljós að hér í Reykjavík eru á vegum hins opinbera, að því er mig minnir, rétt 27 hús þannig úr garði gerð að fatlað fólk kemst alls ekki inn í þau, þ.e.a.s. af eigin rammleik, og misjafnlega að vísu ástatt um þau.

Ég tel sem sagt nauðsynlegt að við berum það í sinni, að hér er aðeins náð örlítið í áttina til þess sem þarf að ná með því að taka þetta ákvæði inn í byggingarlögin. Við þurfum að gera miklu betur, kveða á um það að opinberum byggingum verði breytt, þeim sem fyrir eru, í það horf að fólk komist um þær í hjólastólum og sé þar sjálfbjarga.

Síðan er að minni hyggju alveg bráðnauðsynlegt að kveða á um það í byggingarsamþykktum, að hús séu yfirleitt hönnuð þannig að þau séu veðhæf með tilliti til þarfa fatlaðs fólks. Það er óneitanlega mikils í misst fyrir þetta fólk með tilliti til hins almenna íbúðamarkaðar, hversu mörg af þeim húsum, sem eru til sölu á frjálsum markaði, margar íbúðir eru þannig, að þær koma ekki til greina fyrir fatlað fólk eða fólk í hjólastól, það getur ekki notað þær, ekki bara vegna stiganna, heldur vegna herbergjaskipunar og gáttastærðar eða dyrastærðar, t.d. inn á snyrtingu eða á milli stofa. Ég held að það kæmi mjög svo til greina að það yrði fært í lög, að til þess að íbúð sé veðhæf þurfi hún að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði til þess að fatlað fólk geti notað þær — geti búið í þeim.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta mál fer nú til þeirrar n. sem ég á sæti í, svo að ég fæ e.t.v. eitthvert tækifæri til þess að fjalla þar um það þó að það hljóti að verða mjög takmarkað. Ég veit hins vegar að hæstv. forseti þessarar d. mun áreiðanlega afgreiða þetta mál sem allra best frá n., og ég treysti honum í hvívetna til þess að við getum áttað okkur betur á því en við höfum gert með tilliti til þeirra aðila sem hér um hafa fjallað utan þings og og veitt sínar umsagnir.

Hér er um viðamikinn bálk að ræða, og mér hefur ávallt fundist að þegar um slík frv. væri að ræða sem eru jafnviðamikil og þessi og ætlunin er að afgreiða þau á tiltölulega stuttum tíma, þó að þetta frv. hafi komið fram í fyrra líka, þá sé í raun og veru nauðsyn á því að nefndir beggja deilda starfi saman að úrvinnslu málsins. Þetta hefði ég kosið að hefði verið gert í sambandi við þetta mál, þó að ég viðurkenni það, að áreiðanlega er til bóta flest af því sem í þessu frv. er nýtt, þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. frá því í fyrra, eru að mínu viti til bóta. Hér er um ýmsa samræmingu að ræða sem án efa er mesta nauðsyn að nái fram að ganga og þá ekki hvað síst víða úti á landi.

Ég hnaut mjög um það í fyrra, þegar ég leit yfir þetta frv., hið mikla valdsvið byggingarstjórna svokölluðu sem V. kaflinn fjallar um. Mér sýnist að nú hafi verið dregið þannig þar úr, að það sé e.t.v. hægt við það að una, og mun ekki gera um það nú frekari ágreining.

Í 12. gr. þessa frv. segir að aðaluppdrættir og séruppdrættir að húsum og öðrum mannvirkjum skuli gerðir af arkitektum, byggingarfræðingum, tæknifræðingum og verkfræðingum, hverjum á sínu sviði, svo og af búfræðikandídötum úr tæknideildum búnaðarháskóla, að því er landbúnaðarbyggingar varðar, og öðrum, sem hlotið hafa til þess rétt áður en lög þessi gengu í gildi. Starfssvið markast af staðfestri tveggja ára starfsreynslu þessara manna. Nú er ekkert út af fyrir sig við það að athuga, að reynt sé að vanda til uppdrátta af húsum og öðrum mannvirkjum. Síst hef ég á móti því. En einhvern veginn vil ég hafa nokkurn fyrirvara á því, að þessir aðilar einir megi teikna hús og önnur mannvirki, það verði fyrst og fremst að vera háð því, hvað byggingarnefnd á hverjum stað vill staðfesta. Ef teikning er lögð fyrir byggingarnefnd, sem í alla staði uppfyllir þær kröfur sem hún gerir, þá er það í raun og veru ósköp eðlilegt að hún hafi til þess heimild að staðfesta þá teikningu og skrifa upp á hana þó að það séu ekki arkitektar, byggingarfræðingar o.s.frv. sem hafa gert þessa uppdrætti.

Aðeins til gamans get ég sagt frá því, að kona ein austur á landi, sem hefur aldrei lært neitt í teikningu nema í barnaskóla, teiknaði hús nú fyrir skömmu og fékk arkitekt hér í Reykjavík til þess að fullkomna teikningu sína og skrifa upp á hana, því að auðvitað treysti byggingarnefndin á staðnum ekki þessari konu fyrir svona vandasömu verki. Arkitektinn breytti ekki einni einustu línu í þessari teikningu konunnar, og það sem meira var, fyrir undirskriftina tók hann

nákvæmlega sama gjald og hann hefði tekið fyrir að teikna húsið og það alveg frá grunni. Og enn til viðbótar þessu, svona til gamans, þá bætti hann þessari prýðilegu teikningu í safnið sitt og mun nú vera með hana á boðstólum og hafa boðið a. m. k. einum aðila að nýta þessa prýðilegu teikningu sem hann þarna fékk í hendur.

Þetta er saga sem á ekki beint skylt við þetta, en ég sem sagt vil hafa fyrirvara um að þessir menn megi einoka þetta alveg. Það eru byggingarnefndirnar á hinum einstöku stöðum sem verður að treysta til þess að staðfesta ekki aðrar teikningar en þær sem standast allar kröfur, og síðan kemur húsnæðismálastjórn og tæknideild hennar inn í málið einnig.

Það er einnig sama í sambandi við 21. gr., þar segir: „Byggingarfulltrúi skal vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur.“ En þó er sagt hér: „Í dreifbýli er heimilt að ráða búfræðikandídata úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa.“ En síðan kemur að vísu: „Fáist ekki maður í stöðu byggingarfulltrúa, sem fullnægi skilyrðum 1. mgr., getur sveitarstjórn að fengnum tillögum byggingarnefndar ráðið húsasmíða- eða múrarameistara til starfans.“ Álíka fyrirvari hefði kannske mátt vera í 12. gr. og þarna er, því að ég veit að víða úti um land er þetta atriði, sem er tekið fram í 1. mgr., gersamlega óframkvæmanlegt, þar er gersamlega óframkvæmanlegt að ráða byggingarfulltrúa sem væru eitthvað af þessu.

En ég treysti sem sagt á meðferð í þessari n., sem ég á sæti í, að hún verði þó nokkur, eftir því sem tækifæri gefst til, og treysti þar á hinn sanngjarna og ágæta forseta okkar, að hann muni lofa okkur að hafa þetta frv. til þeirrar skoðunar sem mögulegt er, þó að ég harmi það að félmn. beggja deilda skyldu ekki vinna saman að þessu máli, eins og ég tel að þurfi að gera í miklu fleiri málum, um það séu ekki nema kannske tveir eða þrír dagar eða svo sem önnur þn. fær til þess að skoða frv. í ljósi umsagna um það.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn, sem þegar hafa tekið til máls um þetta frv., taka skýrt fram að ég fagna að sjálfsögðu framkomu þess, enda hefur það hlotið langan og vandaðan undirbúning. Ég fagna þeim ákvæðum sérstaklega sem eflaust eru með stærstu viðurkenningum er lamaðir og fatlaðir hafa til þessa fengið vegna sérstöðu sinnar í íslenskri löggjöf með ákvæðunum sem fram koma í 4. gr. frv.

En eitt af meginverkefnum þeirrar mþn., sem hér er að skila störfum í formi frv., mun þó hafa verið um V. kafla frv. sem er algert nýmæli í íslenskri byggingarsögu og hefur sína kosti og galla. Þó er erfitt að spá um gallana annað en það sem maður getur farið nærri um í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af skipun þessara mála á undanförnum árum.

Það hefur töluvert verið yfir því kvartað af almenningi, sem í byggingarframkvæmdum stendur hverju sinni, að þurfa að eiga við tvo eða jafnvel þrjá og fleiri byggingarmeistara um ábyrgð á tilteknum atriðum eða framkvæmdum byggingarinnar. Hér er sá kostur valinn, sem mun vera erlend fyrirmynd, að gera einn aðila ábyrgan, þ. e. a. s. byggingarstjórana. Þetta hefur þá kosti að viðkomandi húsbyggjandi á að geta leitað sama réttar síns hjá þessum eina og sama manni, en ekki, eins og áður var eða nú er, tveimur eða fleiri byggingarmeisturum.

Í sambandi við það form, sem í gildi er enn um byggingarmeistaraábyrgðina á því sem miður fer, hefur jafnvel gengið svo langt, að menn hafa legið árum eða jafnvel áratugum saman í gröf sinni þegar dánarbú þeirra hafa verið lögsótt fyrir galla á byggingu sem komið hafa fram eftir svo og svo mörg ár. Um þessa ábyrgð vilja byggingarstjórarnir, en þar munu eiga frumkvæði að arkitektar og verkfræðingar og jafnvel tæknimenntaðir menn umfram venjulegt iðnskólanám, einnig eiga nokkurn hlut að máli. Þar er kjarninn með fyrirmynd erlendis frá í þessu efni. Mér finnst eðlilegt að reynt sé að fara nýjar leiðir í þessu efni, og á það legg ég mikla áherslu, að mjög rækilega verði vandað til þeirrar ábyrgðar og hún skýrt mörkuð, að byggingarstjórarnir, sem sett eru hér ákveðin menntunarskilyrði um, axli þar með í raun og veru þá ábyrgð sem til er ætlast með lögum og nánar skal útfærð í reglugerð, — þeir axli hana á svo ótvíræðan hátt að húsbyggjendur þurfi ekki að vera þar í neinum vafa að hverjum á að snúa sér. Þar á ég við það, að byggingarstjórarnir geti ekki fleytt af sínum bökum yfir á bök samstarfsmanna sinna þeirri ábyrgð sem sýnilega er ætluð þeim með orðalagi V. kafla þessa frv., það verði eins skýrt markað og í mannlegu valdi stendur að undan þessari ábyrgð geti þeir ekki skotist. Þeir hafa óskað eftir þessari skipan, og það er því eðlilegt að fullnægingu þeirra óska fylgi sú krafa almennings, sem nú stendur og mun væntanlega um ókomin ár standa í byggingarframkvæmdum, að geta snúið sér ótvírætt og með fullum rétti að svonefndum byggingarstjóra hverrar byggingar. Eigi umræddir byggingastjórar hins vegar að koma til viðbótar núgildandi fyrirkomulagi, þá er aðeins verið að bæta einni silkihúfunni við og auðvitað að auka byggingarkostnað.

Vandamálin við útfærslu þessa kafla koma svo fram, eins og þegar hefur verið minnst á í umr., þegar kemur til hinna dreifðu byggða, enda mun ásókn þeirra manna, sem mest hafa sóst eftir að fá þennan kafla inn, fyrst og fremst miðast við þéttbýlustu staðina. Þar er mesta atvinnuvonin og mestu möguleikarnir til framtíðarstarfa og mannlegt frá þeirra sjónarmiði að miða óskir sínar við hin nýju viðbótarstörf eingöngu eða að mestu leyti a. m. k. við störf á þéttbýlustu svæðunum. En í dreifbýli er engu minni ástæða til vandaðra og vel undirbúinna bygginga. Og þó að vinna þar gefi kannske ekki alveg eins mikið í aðra hönd og hún gefur á þéttbýlli svæðunum, þá verður að gera þar sömu kröfur, og sér í lagi það sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, 7. landsk. þm., að síðar meir komi ekki fram þeir ágallar á byggingum úti á landi, sem geta nánast e. t. v. verið óbætanlegir

vegna skorts á nauðsynlegum undirbúningi bygginganna, og að tryggilega verði fyrir því séð, að það sé ekki verið að lána út á nein annars flokks hús úti á landi, þ. e. í öðrum gæðaflokki en hús í þéttbýlinu, en ábyrgð byggingarstjóra komi þar til í jafnríkum mæli og á hinum þéttbýlli stöðum.

Ég legg á þetta áherslu vegna þess, að það var stundum talað um það á árdögum Húsnæðismálastofnunarinnar að við, sem þar áttum þá sæti, værum of linir í kröfum um teikningar og nauðsynlegar kostnaðaráætlanir, laushentir á lán með jafnófullkomnum undirbúningi og þar var oft að sjálfsögðu. En þá gátum við með góðu móti borið fyrir okkur, að skortur var almennt í landinu, ekki aðeins úti á landi, heldur og hér á þéttbýlli stöðunum, á sérhæfðu fólki til þessara starfa. En með tilkomu lagasetningar í anda V. kafla þessa frv. verður ekki lengur undan því vikist að sama regla verði látin gilda um land allt, enda nú mun meira framboð á slíku vinnuafli heldur en var fyrir nálega 20 árum. Ég legg á það áherslu, að við förum ekki inn á þá braut að gera mismunandi kröfur til bygginga, hvort sem þær eru í þéttbýli eða strjálli byggðum landsins. Mesta áherslu af öllu legg ég þó á það, að reglugerðin, sem um er rætt í V. kafla, verði svo skýr og ótvíræð að þeir, sem leita þurfa réttar síns vegna framkominna galla á byggingum, verði ekki í neinum vafa um hvaða aðilar þeir eiga að snúa sér að og menn megi í friði hvíla í gröf sinni, hvað þá að dánarbú þeirra geti verið í hættu stödd, ef einhverjir gallar koma fram mörgum árum síðar. En þessa ábyrgð virðast byggingarstjórarnir eiga að taka á sig. Og það verður að vera alveg skýrt og ljóst öllum þeim sem byggja, að til þeirra eigi húsbyggjendur að snúa sér ef fram komi gallar sem ekki verða séðir við lúkningu byggingarinnar. Þeir, sem taka gjald fyrir eftirlit og ráða tilhögun framkvæmda, verða jafnframt að standa undir þeirri ábyrgð fjárhagslega og eiga ekki að geta komið henni yfir á aðra, ef um útgjöld er að ræða.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég taka undir það með honum, að það er að sjálfsögðu rétt að þessi ákvæði eru út af fyrir sig ófullkomin og ófullnægjandi, en þau eru grundvöllurinn sem við þurfum til að byggja á. N. lagði fram í smáatriðum sundurgreindar till. um hvað gera þyrfti og hvaða kröfur þyrfti að setja fram, og það varð að samkomulagi við m. a. skipulagsstjóra ríkisins, að flest af þessum ákvæðum væru betur komin í byggingarsamþykktum og reglugerðum, en grundvöllurinn þyrfti að vera í lögum, og það er hann sem kemur hér inn. Ég held að við eigum tiltölulega auðvelt með að fá þessi ákvæði í byggingarsamþykktir og að við getum síðan einfaldlega með breytingu byggingarsamþykkta fylgst með tímanum, vegna þess að þessir þættir eru í mikilli mótun víða um heim og okkur er alger nauðsyn að fá þetta inn í byggingarsamþykktirnar og geta svo breytt því auðveldlega ef ástæða er til.

Það er líka komið vel á veg að taka saman sérstakan bækling um þarfir fatlaðra í umferðinni og í byggingum. Þessi bæklingur á að vera tiltækur öllum þeim sem að hönnun bygginga vinna þannig að þeir eigi hægara með að átta sig á því sem nýjast er að gerast í þessum málum á hverjum tíma.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hef ekki haft aðstöðu til að fara nákvæmlega yfir þetta frv., en vildi gera örstutta aths. við V. kafla. Það er ljóst að það er þessi kafli sem e. t. v. skiptir mestu máli í sambandi við þær breytingar sem verða. En hitt er svo annað mál, að ekki er ljóst í öllu hversu miklar þær breytingar verða. M. a. er óljóst hvaða réttindi og skyldur byggingarstjórar skulu fá. Það skal ákveðið í reglugerð. Það hefði að mínum dómi verið æskilegra að það hefði legið ljósar fyrir þegar við lagasetninguna, en ég geri mér hins vegar ljóst að það þarf að fást ákveðin reynsla í þeim efnum.

Það stendur í 17. gr., að byggingarstjóri skuli ráða iðnmeistara í upphafi verks í samráði við eiganda eða samþykkja ráðningu þeirra. Ég vil leyfa mér að fara þess á leit, að það yrði kannað hvort ekki sé nægjanlegt að byggingarstjóri samþykki ráðningu iðnmeistara, því að mér finnst á allan hátt eðlilegra að eigendur annist ráðningu iðnmeistara sjálfir ef þeir óska eftir því. Og það er nú svo með iðnmeistara, að þeir hafa ákveðin réttindi og ákveðnar skyldur og eiga að vera hæfir til að uppfylla þær kröfur sem þau réttindi skapa þeim, þannig að það ætti í sjálfu sér hver einasti iðnmeistari að vera hæfur til þess verks. Hins vegar er eðlilegt að byggingarstjóri samþykki ráðningu þeirra með tilliti til þeirrar ábyrgðar sem hann hefur á verkinu í heild. En ég er dálítið hræddur við þetta ákvæði, að byggingarstjóri skuli í reynd fá mestu um það ráðið hverjir þessir iðnmeistarar verða. Mér finnst eðlilegt að það sé fyrst og fremst í höndum eigenda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 348, n. 511, 545). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið þetta frv. til athugunar og mælir með samþykkt þess.

Þetta frv. er ákaflega einfalt í sniðum. Það gerir ráð fyrir að það sé einu orði breytt í gildandi lögum, að í staðinn fyrir „karlmenn“ komi: menn. En þetta þýðir það, að ef frv. verður að lögum, þá má skipa konur í slökkvilið, en samkv. gildandi lögum má það ekki. Þessi breyting mundi að sjálfsögðu vera fagnaðarefni fyrir karlmennina, að eiga þess kost að fá konur í slökkviliðið með sér, og ekki þarf að spyrja að því, að konur munu fagna jafnréttinu einnig.

Það hefur enginn ágreiningur verið um þetta mál og það var ekki heldur í félmn. sem mælir eindregið með samþykkt þess.

Síðan n. skilaði áliti hefur komið fram brtt. á þskj. 545 frá hæstv. félmrh. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. mæli fyrir þessari tillögu. Till. var ekki tekin fyrir á fundi félmn., en ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa fylgi mínu við þessa till.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég flyt hér viðaukatill. við þetta frv. á þskj. 545. Í gildandi lögum er svo ákveðið, að stjórn Brunamálastofnunar ríkisins skuli skipuð 5 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðh. skipar formann án tilnefningar, einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, tvo menn eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga.

Nú hafa komið tilmæli frá Landssambandi slökkviliðsmanna um að fá fulltrúa í stjórn Brunamálastofnunar. Í Landssambandinu eru alls um 1400 slökkviliðsmenn, og virðist mér eðlilegt og sanngjarnt að verða við þessari beiðni Landssambandsins. Brtt. mín á þskj. 545 felur því í sér að bæta einum manni við í stjórn Brunamálastofnunar og að hann verði skipaður samkv. tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna. Ég vænti þess, að hv. dm. geti fallist á að rétt sé að verða við þessari ósk og að till. fái góðan byr.

ATKVGR.

Brtt. 545 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 561). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breytingu á skipulagslögum er samferða frv. til byggingarlaga sem hér var rætt áðan. Það er samið af hinni sömu n. og felur í sér nauðsynlegar breytingar í samræmi við það frv. Þetta frv. hefur einnig gengið í gegnum Nd. og verið samþ. þar, og legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 68. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, að loknum 67. fundi.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 581). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 69. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, kl. 4.30 síðdegis.

Ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum, frv. (þskj. 539, n. 565). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum og voru nm. á einu máli um að mæla með því að frv. þetta yrði samþykkt óbreytt.

Eins og okkur er öllum kunnugt, mælti hæstv. heilbrrh. fyrir þessu frv. hér í d. í gær. Hann gerði þá ítarlega grein fyrir aðdraganda þessa máls og lýsti því hvernig hefði komið í ljós að bann það, sem sett var á tóbaksauglýsingar með l. nr. 59/1971, hefur ekki orðið jafnvíðtækt og æskilegt væri. Í skjóli þess, að tekið er fram að auglýsingar séu bannaðar utan dyra, hafa verið hafðar uppi auglýsingaherferðir tóbaksframleiðenda í flestum stærri matvöruverslunum landsins. Og á ýmsan annan hátt hefur komið í ljós að bæta þurfti um og taka af öll tvímæli um ýmislegt. Þess vegna er það frv. flutt sem hér er til umr.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, við ræddum þetta mál allítarlega í gær, og þess vegna endurtek ég það, að heilbr.- og trn. hefur gefið út svofellt nál.:

„Nefndin hefur rætt frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt."

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól er ekki að tefja fyrir framgangi þess frv. sem hér er á dagskrá. Aðeins vildi ég leyfa mér að benda hv. þdm. á að á borð þm. hefur í dag verið útbýtt 6. hefti af tímaritinu Nordisk Kontakt fyrir 1977. Þar gefur að líta á bls. 377, undir greinaflokki sem er á norskunni „Bra att veta", grein sem skýrir frá því, að í Noregi hafa svipuð lög og hér er verið að samþykkja verið í gildi í rúmt hálft annað ár og nú er búið að samþykkja í báðum deildum norska þingsins breytingar á þessum lögum sem ganga verulega í þá átt að rýmka um þau ákvæði sem giltu viðvíkjandi t. a. m. banni við auglýsingum. Þetta þótti mér hlýða að benda hv. þdm. á, ef þeir skyldu telja ástæðu til í þessu eins og öðru að elta norðmenn. Það mundi þá spara þeim fyrirhöfnina að þurfa að fara að taka málið upp að nýju hér á hv. Alþingi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Enn þá síður vil ég tefja afgreiðslu málsins en hv. þm. Jón Sólnes. Ég vil aðeins vitna í ummæli hans í ágætri ræðu í gær, þar sem hann varaði okkur mjög eindregið við því að taka okkur endilega norðmenn og finna til fyrirmyndar í afstöðu okkar til tóbaks- og áfengismála. Ég hygg að þessi aðvörun hans sé enn þá í fullu gildi. Eins og hann kom nú einginlega inn á hérna áðan, er ekkert frekar ástæða til þess fyrir okkur að taka okkur norðmenn til fyrirmyndar þegar þeir hætta að gera það sem e. t. v. var rétt, heldur en að taka

þá til fyrirmyndar þegar þeir fara kannske að gera það sem er skakkt.

Ég veit ekki, ég hef ekki kynnt mér það nógu vel, að vísu er ég búinn að lesa þessa grein sem hv. þm. Jón Sólnes vitnaði hér í, þessa frásögn, en mér er ekki ljóst hvernig á því stendur að norska Stórþingið hefur samþykkt í báðum þd. að afnema bann við útstillingu á tóbaki í búðargluggum. Mér kemur í hug að þetta gæti staðið í einhverju sambandi við það, að afl hins frjálsa framtaks hefur fremur farið vaxandi í Noregi hin síðustu missiri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 70. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, að loknum 69. fundi.

Ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum, frv. (þskj. 539). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 71. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, að loknum 70. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 399, n. 568). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 27. des. 1976 og l. nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald. N. leggur til að frv. verði samþykkt.

Hér er einkum um að ræða leiðréttingaratriði, bæði vegna þess að prentvillur voru í fyrra frv. og einnig vegna þess að fallið höfðu niður nokkur ný tollskrárnúmer úr upptalningu yfir vörur sem áður báru vörugjald, og vegna samræmis þykir ekki fært að fella niður vörugjald af þessum vörum, en þetta kom fram við gildistöku nýrrar tollskrár. Ég vil aðeins ítreka það, að n. leggur til að frv. verði samþykkt, en Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds undirrita nál. með fyrirvara.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og fram kom í máli formanns hv. fjh.- og viðskn. hef ég ritað undir nál. með fyrirvara. Það geri ég einfaldlega vegna þess, að ég er andvígur vörugjaldinu. Ég tel að eigi að leggja það niður og og skattlagning ríkisins hafi verið og sé úr hófi fram, sérstaklega hvað snertir neysluskatta eins og vörugjaldið er. Hitt er allt annað mál, að hér er bara um samræmingu að ræða, nánar til tekið leiðréttingu á áður settum lögum vegna mistaka eða misskilnings, og ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að þess háttar samræming eigi sér stað. Þess vegna mun ég ekki greiða atkv. á móti frv., enda þótt ég sé hins vegar andvígur vörugjaldinu sem slíku.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Heimild til að selja Húseiningum húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 310, n. 567). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var stofnað á Siglufirði fyrirtækið Húseiningar hf., sem hefur það hlutverk að framleiða einingar í hús þannig að húsið er flutt í þessum einingum á byggingarstað og síðan má reisa það á örskömmum tíma og er þá húsið fullbúið. Að vísu hafa verið stofnuð hér á landi fleiri fyrirtæki sem gegna svipuðu hlutverki, en þó mun þetta vera fyrsta fyrirtækið sem verksmiðjuframleiðir einingar af þessu tagi og getur þess vegna boðið húseiningar á mjög hagstæðu verði. Að vísu er einn galli á verðlagningu húsa frá þessari verksmiðju, og hann er sá að söluskattur er að fullu lagður á framleiðsluna, sem er öfugt við það sem gildir um hús sem byggð eru á byggingarstað. Veldur þetta því, að verksmiðjan hefur ekki getað boðið jafnhagkvæmt verð á húseiningum og þyrfti að vera ef hún hefði fullkomlega jafna samkeppnisaðstöðu við hús sem byggð eru á viðkomandi byggingarstað. Er þetta eitt af því sem þarf að leiðrétta í löggjöf, þannig að verksmiðjur af þessu tagi hafi ekki þennan bagga á sér. En þetta var nú útúrdúr.

Þetta fyrirtæki hefur starfað nú um nokkurra ára skeið og framleiðsla þess hefur farið jafnt og þétt vaxandi, og þetta er eitt af þeim fyrirtækjum sem átt hafa þátt í því að Siglufjörður er nú loksins að ná sér að fullu eftir erfiðleikaár síldarleysisins, eftir það áfall sem bærinn varð fyrir þegar síldin hætti að veiðast og hætt var að vinna hana þar. Þetta fyrirtæki var á sínum tíma stofnað með mikilli aðstoð og fyrirgreiðslu opinberra aðila og þá einkum Framkvæmdastofnunar ríkisins og því var til bráðabirgða komið fyrir í húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins, en Tunnuverksmiðjurnar hafa ekki starfrækt verksmiðju sína á Siglufirði um nokkurra ára skeið.

Nú er hins vegar síld farin að veiðast aftur,

eins og kunnugt er, og getur að sjálfsögðu komið að því hvenær sem er, að talið verði skynsamlegt að hefja tunnuframleiðslu hér á landi að nýju. Af þessum ástæðum hefur fyrirtækið ekki getað tryggt sér húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins til frambúðar, ekki getað fengið nema mjög skamma leigusamninga um það húsnæði, enda þótt allt sé í óvissu um hvort nokkur tunna verði framleidd á Siglufirði jafnvel þóttt tunnuframleiðsla hefjist hér á landi, því að allt eins er líklegt að sú framleiðsla yrði staðsett einhvers staðar annars staðar á landinu, nær síldarmiðum. Af þessum ástæðum hefur verið fast á það sótt, að Tunnuverksmiðjur ríkisins geri þetta mál upp við sig, hvort þær ætli að nota þetta húsnæði til tunnuframleiðslu eða ekki, og selji húsið Húseiningum ef niðurstaðan verður neikvæð, sem allar líkur eru á.

Þess skal getið, að bæði bæjarráð Siglufjarðar og verkalýðsfélagið Vaka eru meðal þeirra aðila sem hafa mjög mælt með því að húsnæði Tunnuverksmiðjanna verði selt.

Af þessum ástæðum fluttu fjórir þm. Norðurl. v. frv. um þetta efni í samráði við mig sem á sæti í annarri deild en þeir og gat ekki verið meðflm. að þessu frv. Það er nú komið til okkar í Ed., og er skemmst frá að segja að fjh.- og viðskn. mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt. Til viðbótar er aðeins rétt að ítreka, að n. hafði undir höndum bréf frá verkalýðsfélaginu Vöku, þar sem mjög eindregið er óskað eftir því að frv. verði samþykkt, og einnig bréf frá bæjarráði Siglufjarðar og bæjarstjórn. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. N. mælir eindregið með því að það verði samþykkt.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég er einn af þeim nm. í hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. sem hafa undirritað nál. sem hér liggur fyrir og ég ætla ekki að ganga frá undirskrift minni í sambandi við þá ákvörðun sem tekin er í þessu nál. En í sambandi við þetta mál þykir mér þó hlýða að það komi til bókunar, að þó að ég persónulega sé ekki málsvari ríkisrekstrar í einu formi eða öðru, þá er mér svolítið til efs að við séum að gera rétt með samþykkt þessa frv. Byggist þetta álit mitt á því, að ég hef haft og hafði um margra ára skeið nokkuð mikið samband við starfsmenn Tunnuverksmiðja ríkisins, annaðist nokkuð erindrekstur fyrir síldarútvegsnefnd í sambandi við þá verksmiðju, sem rekin var á Akureyri, og mér er málið þess vegna allvel kunnugt. Og það er þá skemmst frá því að segja, að það er skoðun mín, og þar tala ég af reynslu, að á Siglufirði hafi myndast alveg einstök aðstaða til tunnuframleiðslu í landinu, sem hvergi var að finna annars staðar, og þar á ég við að þar hafði þróast alveg sérstaklega hæfur mannskapur, sem hvergi virtist vera fáanlegur og hvergi virtist vera hægt að venja svo við þessi störf að viðunandi væri nema á Siglufirði. Það var rekin tunnuverksmiðja á Akureyri í fjöldamörg ár. Þar fengust aldrei sömu afköst og á Siglufirði eða sömu gæði. Ég hef ekki skýringar á hendi á hverju þessar staðreyndir byggjast, en þetta er samt sem áður staðreynd sem ekki verður hrakin.

Fróðir menn segja mér að þrátt fyrir það að á síðari árum hafi það mjög vaxið að vélvæða í sambandi við framleiðslu á tunnum, þá sé samt sem áður svo, að það sé eitthvað í því fagi sem sé einstaklingsbundið og fari eftir hagleik manna og starfsvenjum og hæfni hvernig tekst til með þessa framleiðslu. Nú vitum við allir hvernig ástandið var. Síldin hvarf alveg frá landinu. Við hættum alveg að stunda þennan iðnað eða þennan atvinnuveg að salta síld. Þá var það náttúrlega ekki nema að vonum að menn freistuðust til þess í vandræðum, sem sköpuðust út af þeim miklu breytingum sem urðu á atvinnuháttum fólks og þá sérstaklega á stöðum sem höfðu byggt afkomu sína í jafnríkulegum mæli og siglfirðingar á síldarvinnslu, að nota slíka aðstöðu eins og Tunnuverksmiðjurnar höfðu komið sér upp á Siglufirði til annarra hluta. En nú þegar við erum byrjaðir í allstórum stíl að framleiða saltsíld til útflutnings, þá kemur í huga manns að það er ekkert smáræðis fjárhagslegt atriði hvort tunnurnar undir þessa mikilvægu framleiðslu eru framleiddar hér á landinu eða keyptar inn og fluttar hingað. Og ég vil láta það koma fram, að ég held að sú ráðstöfun, sem felst í samþykkt og framkvæmd þessa frv., verði til þess að a. m. k. um ófyrirsjáanlegan tíma verði ekki tekin upp tunnuframleiðsla hér á landi, og slíkt tel ég miður að mörgu leyti. Ég geri ekki ýkjamikið úr því, þó að síldin nú um tíma hagi sér þannig að mest af henni veiðist við suðausturhorn landsins, á stöðum sem eru fjær Siglufirði en var í gamla daga, á hinum góðu, gömlu síldarárum sem okkur er tamt að tala um. Það er ekki óyfirstíganlegur erfiðleiki að koma tunnunum á rétta staði. Við skulum ekki gleyma því, að þeir flutningar, sem fylgdu í kjölfarið, sköpuðu líka atvinnuumsvif og hagstæð viðskipti fyrir marga. En það er komið sem komið er og við stöðvum ekki þessa rás viðburðanna. Aðeins vildi ég láta þessar hugleiðingar koma fram, um leið og ég lýsi því yfir að ég mun standa við undirskrift mína á fyrrgreindu nál. og fylgja frv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er í sjálfu sér ekkert undrandi á hugleiðingum hv. þm. Jóns Sólness og óskum hans um að tunnusmíði verði ekki með öllu lögð niður hér á landi. Ég efast ekki heldur um að hrósyrði hans í garð siglfirskra starfsmanna Tunnuverksmiðjanna eiga sannarlega fyllsta rétt á sér og staðreynd er, að meðan þessi starfsemi var í fullum gangi gekk hún vel og sjálfsagt betur en sums staðar annars staðar. Þessi starfsemi var erfið á margan hátt, vinnan mjög erfið. Það var geysimikill hávaði í þessari verksmiðju, meiri en ég get ímyndað mér að sé leyfilegur nú orðið. Þetta var því ekki sérlega vinsæl vinna. En atvinnuleysi var líka löngum mjög mikið á Siglufirði og menn urðu að taka það sem í boði var. Vinnutími á hverju ári var tiltölulega skammur. Oft stóð þetta ekki nema kannske tvo mánuði á miðjum vetri á Siglufirði, sérstaklega á seinni árunum þegar ekki var neitt verulegt magn af síld sem var saltað. Þetta var kannske dálítið annað á miðjum seinasta áratug. En ég á við að á árunum 1970—1973 voru það ekki nema tveir til þrír mánuðir sem verksmiðjan var í gangi og

var sjálfsagt óhugsandi að finna annars staðar hæfan mannskap til að vinna þetta verk en einmitt í þessum atvinnuleysisbæ.

En nú er langt um liðið síðan þetta var. Þarna hefur engin tunna verið smíðuð í ein fjögur ár og aðstæður eru því gerbreyttar. Allir hafa nóg að starfa. Mannskapurinn, sem við þetta var, er sundraður í allar áttir, sjálfsagt ýmsir fluttir á brott, aðrir komnir á þann aldur að þeir eru hættir að vinna að slíkum störfum og þriðji hópurinn kominn í önnur störf, og ég er sannfærður um að það væri afar erfitt fyrir síldarútvegsnefnd að reyna að hefja tunnuframleiðslu á þessum stað á nýjan leik. Þetta er að sjálfsögðu bakgrunnurinn fyrir því, að verkalýðsfélagið á staðnum, sem löngum leit á þessa tunnuverksmiðju sem einn af hornsteinum atvinnulífsins á Siglufirði, leyfir sér að mæla eindregið með því að tunnuframleiðslu verði hætt á Siglufirði.

Í þessu sambandi er kannske rétt að kynna hér hver var skoðun síldarútvegsnefndar á þessu máli, af því að ég kynnti það ekki í framsöguræðu minni. Ég ætla að lesa hér bréf síldarútvegsnefndar um þetta mál. Samþykkt var með öllum atkv. að veita eftirfarandi umsögn:

„Síldarútvegsnefnd hefur haft til athugunar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Húseiningum hf. á Siglufirði húseignir Tunnuverksmiðja ríkisins þar í bæ. Síldarútvegsnefnd hefur um árabil verið þeirrar skoðunar, sem er byggð á margra ára reynslu, að nauðsynlegt sé að aðstaða til tunnusmíði sé fyrir hendi í landinu, svo að landsmenn séu ekki algerlega háðir erlendum framleiðendum um tunnukaup fyrir vaxandi atvinnugrein, eins og vænta má að síldarsöltun verði á komandi árum. Tunnuverksmiðjan á Siglufirði er sú eina sinnar tegundar í landinu. Þrátt fyrir þetta vill síldarútvegsnefnd ekki leggjast gegn umræddri sölu, en undirstrikar jafnframt að sú afstaða er á því byggð, að söluverð umræddra húseigna gangi til byggingar nýrrar umbúðaverksmiðju eða annarra nauðsynjaframkvæmda í þágu saltsíldarframleiðslunnar samkv. nánari ákvörðun síldarútvegsnefndar, enda hefur saltsíldarframleiðslan ein staðið undir byggingarkostnaði húseigna Tunnuverksmiðja ríkisins. Að sjálfsögðu telur síldarútvegsnefnd eðlilegt að hún sjái um sölu eignanna í samráði við ríkisstj."

Eins og hér kemur fram telur síldarútvegsnefnd eðlilegt að þessi framleiðsla sé að einhverju marki áfram hér í landinu, en það er bersýnilegt að n. telur hyggilegra að þessi verksmiðja verði í öðrum landshluta en á Siglufirði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sala hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni, frv. (þskj. 481, n. 569). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Alþt. 1976. B. (98. löggjafarþing).

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni hf. til erlendra aðila og leggur til að frv. verði samþykkt. Það kom fram við 1. umr. málsins að þetta hlutafélag hefur ekki starfað neitt í mörg ár og eignir þess eru harla litlar, þar sem það hafði, á meðan það annaðist rekstur, safnað miklum skuldum. Þær hafa að vísu lækkað nokkuð, þar sem það gat leigt húsnæði það sem það starfaði í og gekk leigugjaldið til greiðslu á þeim skuldum. Nú eru aðeins tvö ár þangað til þessi leigusamningur rennur út, en verði hlutabréfin seld núna mun vegna þessa leigusamnings fást nokkuð fyrir þau. Mun þá fást að mestu eða öllu leyti endurgreitt það sem tapaðist á rekstrinum fyrstu árin. Það er þess vegna sem farið er nú fram á það að fá heimild til að selja hlutabréfin til erlendra aðila.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 72. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, að loknum 71. fundi.

Heimild til að selja Húseiningum húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 310). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 590).

Vörugjald, frv. (þskj. 399). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 591).

Efri deild, 73. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, að loknum 72. fundi.

Skálholtsskóli, frv. (þskj. 433, n. 571, 570). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. menntmn. á þskj. 571, mælir n. með samþykkt frv. með lítils háttar breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir Ingi Tryggvason og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ég vísa til þeirrar framsöguræðu sem hæstv. menntmrh. hélt hér í hv. d. fyrir skömmu, en vil segja það í sambandi við þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði, að í frv. segir svo — með leyfi forseta — um 8. gr. varðandi a-liðinn:

„Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu annar en rekstrarkostnaður heimavistar, sem greiðist 80%. Framlag ríkissjóðs samkv. þessum staflið skal að hámarki miðað við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.“

Menntmn. fannst eðlilegt að þetta ákvæði gilti um báða stafliðina, b-liðinn líka, þ. e. a. s. það sem tekur til stofnkostnaðarins, þannig að greinin byrji þannig:

„Um fjárveitingar úr ríkissjóði til Skálholtsskóla gildir eftirfarandi:

a) Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu annar en rekstrarkostnaður heimavistar, sem greiðist 80%.

b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku þessara laga, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist.

Þó skal framlag ríkissjóðs samkv. þessum staflíðum miðast að hámarki við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.“

Með þessu vildi n. tryggja það bæði varðandi reksturinn og stofnkostnað, að um þátttöku ríkissjóðs giltu sömu reglur um þennan skóla og ríkisskóla á framhaldsskólastigi. Fyrir liggur nú frv. að rammalöggjöf um framhaldsskólana og þar er gert ráð fyrir að úr gildi falli lög um þá framhaldsskóla sem eru starfandi nú. En þau taka ekki til laga um þennan skóla. Ef þetta frv. verður samþykkt, þá falla þau lög ekki úr gildi þegar lög um framhaldsskóla verða samþykkt. N. fannst því eðlilegt að tryggja strax í upphafi að þarna yrði fyllsta samræmi á milli, bæði varðandi þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við rekstur og hvað stofnkostnað áhrærir.

Ég endurtek síðan, herra forseti, að menntmn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytnigum sem ég hef nú þegar lýst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 570 samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 21, n. 572). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 572, mælir menntmn. með samþykkt þessa frv. sem hér er á dagskrá. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Ingi Tryggvason og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Efni þessa frv. er í fyrsta lagi það, að hægt er að skipta leikfélögum niður í A- og B-flokka, eins og nú er í lögum, og í öðru lagi, og það er kannske meginnýmælið, er stofnun leiklistarráðs sem þarna kemur fram. Leiklistarráð er ólaunað, af þessu ber ríkissjóður engan kostnað, en þess er vænst að sú skipan megi verða til þess að styrkja og efla sér í lagi áhugaleikfélögin og starfsemi þeirra í landinu.

Ég endurtek síðan að menntmn. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fagna því, að þetta frv. er komið frá n., og þakka hv. formanni menntmn. fyrir að hafa veitt því brautargengi og n. allri. Það er að vísu orðið áliðið og ekki svo sem víst enn þá hvort þetta frv. nær fram að ganga eða ekki. En þó fagna ég því að hafa séð það á lista ríkisstj. yfir þau mál sem eiga að ná fram að ganga ef stjórnarandstaðan setur ekki óhóflega andstöðu þar á móti, og í þessu tilfelli er það mér mikil ánægja að þessi ótvíræði stuðningur við áhugaleikfélögin skuli vera samþykktur hér í Ed. og ég vona í Nd. einnig. Ég vona sem sagt að í Nd. verði það ekki uppi á teningnum, að það verði farið að reyna að tengja þetta frv. um Þjóðleikhús, eins og löngum hefur verið reynt að gera, því að hér er um algerlega óskyld mál að ræða.

Áhugaleikfélögin starfa nú með sérstakri grósku. Það er sérstök gróska í starfsemi þeirra, og þetta frv. er alveg sér í lagi mikil og ótvíræður stuðningur við þau og sérstaklega varðandi aukin áhrif þeirra á stefnumótun í leiklistarmálum og í ýmsum þeim öðrum efnum sem koma leiklistinni í landinu til góða. Ég benti á það við 1. umr., að mér þætti æskilegt ef inn í verkefni eða hlutverk leiklistarráðs kæmi kynning á íslenskum leikverkum erlendis. Ég tel hins vegar að undir 4. lið þessarar greinar geti þetta hlutverk fullkomlega flokkast, þ. e. a. s. að sinna öðrum verkefnum í þágu leiklistar í samráði við menntmrn. Ég vona að það verði þannig í framkvæmd.

Það vaknar auðvitað spurning í sambandi við þetta frv. um ýmis þau leikhús eða aðila sem fá ekki beina styrki frá sveitarstjórnum. Mér dettur þar í hug hið margumtalaða Alþýðuleikhús, Brúðuleikhúsið og fleiri slíka. Ég held að 2. gr., ef hún er ekki mjög strangt túlkuð, komi ekki í veg fyrir það að hægt sé að veita styrki til þessara aðila, sbr. 4. tl. í 2. gr.: Til almennrar leiklistarstarfsemi. Það hlýtur að flokkast þar undir. Auk þess held ég að leiklistarráðið geti þarna komið með nánari skilgreiningu og tryggt að þessir aðilar sitji við sama borð og njóti jafnréttis.

Það er rétt að taka það enn þá fram, vegna þess að það hefur verið svo oft um það talað, að þó að svona fjölmennt leiklistarráð sé sett á stofn, þá hefur það í för með sér sáralítinn kostnað, því að leiklistarráðið er ólaunað, en greiða skal þóknun aftur fyrir stjórnarstörf og ferða- og dvalarkostnað utanbæjarmanna vegna fundarsetu. Það kemur aðeins saman til fundar

einu sinni á ári, en hins vegar er þarna þriggja manna framkvæmdastjórn. Ég fagna þessu sérstaklega vegna þess að áhugafélögin í landinu eru nú orðin það mörg, að ég sé að þau eignast 7—8 fulltrúa í þessu leiklistarráði og koma þar hiklaust til með að hafa áhrif á hina þriggja manna framkvæmdastjórn í þessum efnum. Það er líka full og rík ástæða til að þessi félög, sem starfa á áhugagrundvelli, með ólaunuðum starfskröftum með öllu, fái aukin áhrif á leiklistarmál í landinu almennt.

Hitt er svo annað, sem rétt er á að benda, að þessi lög segja ekkert til um aukinn fjárhagslegan stuðning beint við áhugaleikfélögin. En hér er góður grunnur á að byggja ef rétt er að staðið. Ég get þó ekki stillt mig um að minna enn einu sinni á það, hvílíkt ósamræmi er hér á hlutunum t. d. í fjárl. þessa árs, þegar Þjóðleikhúsið er með sínar 260 millj. á meðan öll áhugaleikfélögin í landinu, nálægt 70 að tölu, eru með 6.5 millj. Nægir það þeim ekki líkt því til þess að standa undir leikstjórnarkostnaði, sem er þó sá kostnaður sem óhjákvæmilega leggst á þessi félög. Ég hygg að það láti nærri, að það sé ⅓ af þeim kostnaði sem þau fá greiddan í dag.

En hér er um góðan grunn að ræða, og ég endurtek þakkir mínar til formanns menntmn. og annarra þeirra nm. sem hafa að mínu viti tryggt að þetta frv. nái nú fram að ganga og hægt sé að fara að vinna að þessu máli á þeim grunni sem hér er gert ráð fyrir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég finn mig knúinn til að gera aths. við síðustu mgr. 2. gr. í þessu frv. til l. um leiklistarstarfsemi, en hún hljóðar svo: „Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verður í fjárhagsáætlun þeirra.“ Það finnst mér mjög gott ef þar væri punktur. En svo heldur gr. áfram: „þó eigi lægri fjárhæð til hvers leikfélags en ríkissjóður greiðir samkv. 3. gr.“ Sem sagt, enn þá einu sinni er verið að skylda sveitarfélögin til þess að greiða, hvort sem þau vilja eða vilja ekki, til leiklistarstarfsemi í þessu tilfelli. Ég vil geta þess, að í Reykjavíkurborg má segja sama um aðra starfsemi, eins og t. d. tónskóla o. fl., það er svo til eftirlitslaust eða hindrunarlaust að aðilar geti sett á stofn tónskóla eða leiklistarskóla eða annað, og svo fremi sem ríkissjóður styrkir það, þá ber Reykjavíkurborg og í þessu tilfelli öllum sveitarfélögum að leggja sömu upphæð — ekki minna — til viðkomandi starfsemi. Þessi hugsunarháttur, þessi vinnubrögð, að stjórna með tilskipunum eða lagaboðum sveitarfélögunum, þar sem kjörnir fulltrúar, ábyrgir aðilar, sveitarstjórnarmenn taka ákvarðanir og reyna að gera eins rétt og við gerum hér á Alþ., það finnst mér óeðlileg vinnubrögð og á þeim forsendum einum mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Vegna þess, sem fram kom hjá hv. 12. þm. Reykv., vil ég taka fram eftirfarandi:

Varðandi tónlistarskólana, sem hann kom inn á, þarf viðkomandi sveitarstjórn að samþykkja tónlistarskóla til þess að hún sé skyld til þess að bera kostnað af honum. En varðandi þetta ákvæði, sem hér er, er aðeins um mun að ræða frá því sem er í gildandi lögum. Munurinn er sá, og það er vissulega meiningarmunur í því efni og ég skil vel afstöðu hv. þm. sem sveitarstjórnarmanns, að í dag er það þannig að ríkið greiðir ekki nema jafnháa upphæð á móti sveitarfélögunum. (Gripið fram í.) Já, samkv. þessu. En sérstaklega vil ég taka fram vegna Reykjavíkurborgar, að ég hygg að raunin hafi verið sú, að það hafi verið fremur erfitt og kannske miklu erfiðara að knýja fram fjárveitingar frá fjvn. til jafns við hið geysilega mikla framlag frá Reykjavíkurborg. Þetta á alls ekki við um önnur sveitarfélög, en alveg sérstaklega um Reykjavíkurborg, því að Reykjavíkurborg hefur styrkt leiklistarstarfsemina í borginni ákaflega myndarlega og hefur verið, eins og ég sagði, kannske oft nokkuð fast sótt að fá sambærilegt fram frá ríkinu. En varðandi önnur leikfélög er þetta vitanlega miklu smærra í sniðum, bæði hlutur sveitarfélagsins og ríkisins varðandi stuðning við leikstarfsemina.

Raunin er sú, að fram að þessu hefur fjárveitingavaldið verið heldur fastheldið á styrki til leikfélaganna, og eins og ég áður tók fram, þó að Reykjavík hafi gengið þar á undan að vera langtum hærri en hún þurfti lögum samkvæmt, þá eru þó nokkur sveitarfélög sem hafa einnig gengið þar á undan og styrkt sína leikstarfsemi miklu meira en náðist til styrktar þeirra starfsemi frá ríkinu, þannig að í raun og veru verður þarna alls ekki, held ég, um neinn meiningarmun að ræða hvað framkvæmdina snertir og allra síst hjá Reykjavíkurborg.

Albert Guðmundsson: Forseti. Ég er hræddur um að hv. formaður menntmn. hafi misskilið það sem ég er aðallega að benda á og gera aths. við. Það er það sem ég vil kalla öfugþróun, að ríkið skuli vera að blanda sér með lagaboðum og alls konar tilskipunum inn í sveitarstjórnarmál almennt. Það er á fleiri sviðum en þessu sviði, en ég geri aths. við þetta frv., sem hér liggur fyrir til leiklistarlaga, vegna þess að sams konar hugsun kemur þar fram í þeim hluta 2. gr. sem ég las upp áðan. Þetta er miklu stærra mál en bara það sem stendur hér.

Í sambandi við tónlistarskólana vil ég leiðrétta, að Reykjavíkurborg og sveitarfélög almennt ber að styrkja tónlistarskóla fullnægi þeir ákveðnum skilyrðum. Við getum ekki neitað að styrkja þá fullnægi þeir húsnæðisskilyrðum og fullnægi þeir kennaraskilyrðum, þ. e. a. s. skilyrðum um hæfa kennara o. s. frv. Við getum ekki neitað að viðurkenna skóla ef þeir fullnægja þeim skilyrðum sem lög segja til um.

En ég vil ítreka það, að það er þessi tilhneiging ríkisvaldsins til þess að ráða sveitarstjórnarmálum með lagaboðum og tilskipunum sem ég er að mótmæla.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Mér þykir rétt, vegna þess að ég var ekki viðstaddur afgreiðslu þessa máls í hv. menntmn. Ed., að lýsa yfir fullum stuðningi mínum við þetta frv. Ég tel að

með því sé stigið mjög merkilegt spor í átt til þess að stuðla að þeirri leiklistarstarfsemi sem vissulega stendur í miklum blóma víðs vegar um landið.

Ég skil tilfinningar hv. síðasta ræðumanns í sambandi við það orðalag sem er í 2. gr. Ekki tel ég þó ástæðu til að snúast gegn málinu vegna þessa orðalags eins. Þess eru fjölmörg dæmi að í reynd eru sams konar ákvæði um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ég hygg að þetta mál sé þannig vaxið, að það sé ágætt að í lögunum felist hvatning til sveitarfélaganna um stuðning við leiklistarstarfsemina. Meina ég það alls ekki og síst af öllu til stærstu sveitarfélaganna, heldur miklu fremur til hinna minni.

Ég vil sem sagt endurtaka það, að ég lýsi fullum stuðningi við frv. og lýsi ánægju minni yfir að það skuli fá afgreiðslu í hv. Ed. á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 74. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, að loknum 73. fundi.

Skálholtsskóli, frv. (þskj. 592 (sbr. 433)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 21). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 77. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 548). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 549). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er í raun og veru óþarft að fylgja þessu frv. úr hlaði. Þetta er frv. sem menn kannast við, kemur fram á hverju ári. Þetta frv. hefur nú gengið í gegnum hv. Ed. og tekið þar nokkrum breytingum, eins og gengur, í þá átt að það hafa verið teknir inn í frv. þeir sem á því tímabili, sem liðið er frá því að það var lagt fram í haust og þangað til nú, hafa fullnægt þeim skilyrðum sem sett hafa verið af Alþ. fyrir því að menn gætu fengið ríkisborgararétt með þessum hætti.

Ég hygg að allshn. beggja d. hafi í raun og veru unnið að þessu saman, eins og venja er til. Það er gert ráð fyrir því með þessu frv., eins og það nú liggur fyrir eftir að Ed. hefur afgreitt það, að 44 aðilar fái íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr. er í því formi sem verið hefur, og ég sé ekki ástæðu til að ræða um hana.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Kjarasamningar starfsmanna banka, frv. (þskj. 500). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er samið að tilhlutan viðskrn., en þó í fullu samráði við bankaráð og bankastjórnir ríkisbankanna svo og fyrirsvarsmenn Sambands ísl. bankamanna. Það hefur um nokkurt skeið verið unnið að undirbúningi frumvarpa um viðskiptabanka í eigu ríkisins og viðskiptabanka sem reknir eru í hlutafélagaformi. Má segja að fyrir liggi nú frv. um það efni, en þó þótti eftir atvikum ekki rétt að leggja þau fyrir þetta þing.

Í yfirlýsingu, sem gefin var þegar samkomulag um kjör bankastarfsmanna var gert 18. júní 1976, kváðust bankaráð og bankastjórnir ríkisbankanna mundu beita sér fyrir því, að í fyrirhugaða löggjöf um viðskiptabankana yrðu sett ákvæði um kjarasamninga bankastarfsmanna. Jafnframt kváðust sömu aðilar mundu beita sér fyrir því, að sett yrðu sérstök lög um kjarasamninga bankastarfsmanna ef ný löggjöf um viðskiptabankana hefði ekki verið samþykkt á Alþ. í febr. s. l. Yfirlýsing þessi var gefin í samráði við ráðh. Í beinu framhaldi af þessari yfirlýsingu er þetta frv. flutt. Efni þess er í megindráttum það sama og laga nr. 29 frá 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Fyrir þeim afbrigðum, sem koma til greina og eru smávægileg, er gerð grein í aths. sem einstökum greinum fylgja.

Frv. hefur hlotið afgreiðslu í Ed., shlj. að ég hygg. Ég vænti þess, að því verði hér í þessari hv. d. tekið með sama skilningi, vegna þess að það er óskað eftir því að þetta frv. verði afgreitt á þessu Alþingi.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Sauðfjárbaðanir, frv. (þskj. 529 (sbr. 353)). — Ein umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram, að það voru gerðar tvær smábreytingar á þessu frv. í hv. Ed. Þær voru bornar undir mig áður en þær voru gerðar og þær spilla málinu á engan hátt, nema síður sé. Ég hef því ekki aðra ósk fram að bera en að málið verði afgreitt hér óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 582).

Umferðarlög, frv. (þskj. 552). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Öryggisráðstafanir á vinnustöðum, frv. (þskj. 457). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Undanfarnar vikur hefur mikið verið rætt um öryggisaðstöðu á vinnustöðum, hollustuhætti verkafólks og önnur mál sem því eru skyld. Hefur það sérstaklega verið í sviðsljósi í sambandi við álverið í Straumsvík og væntanlega járnblendiverksmiðju. Í vinnsluleyfi því, sem járnblendiverksmiðjan hefur fengið frá heilbrrn., er komið inn á þessi mál og gerðar þar strangar kröfur. Í sambandi við þær umr. kom m. a. til tals hvernig best væri að tryggja eðlilegan íhlutunarrétt starfsmanna á þessu sviði. Segja má að slíkur íhlutunarréttur sé einn þáttur af atvinnulýðræði, en þó sérstæður þáttur, og ef skoðanir eru skiptar um þátttöku starfsmanna í stjórnun fyrirtækja, þá tel ég að slíkur ágreiningur þyrfti varla að ná til aðildar þeirra að ráðstöfunum varðandi hollustu á vinnustöðum. Í lögum um verksmiðjuna er raunar gert ráð fyrir samstarfsnefnd og málum þessum skuli vísað til hennar enda þótt verkefni hennar nái langt út fyrir hollustu- og heilbrigðismál.

Nú hefur Alþfl. nokkrum sinnum flutt þáltill. þar sem lagt er til að lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sem fjalla m. a. um hollustu alla, verði endurskoðuð. Þessi lög eru 25 ára gömul. Þau voru mjög fullkomin á sínum tíma, en þeim hefur verið illa framfylgt hér á landi og framkvæmd þeirra verið langt frá því sem æskilegt og eðlilegt hefði verið. Þetta mál hafa verkalýðsfélögin nú tekið upp í samningum við atvinnurekendur, og skilst mér að samkomulag hafi náðst milli þessara aðila um að óska eindregið eftir því við ríkisstj. að þessi löggjöf verði hið bráðasta endurskoðuð, að það fari fram almenn úttekt á hollustu- og heilbrigðisháttum á vinnustöðum í landinu og fleira verði gert á þessu sviði.

Umr. um þessi mál í stóriðjufyrirtækjum urðu til þess að við alþfl.-menn töldum rétt að flytja frv. til l. um breytingar á hinum aldarfjórðungsgömlu lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum varðandi þetta atriði eitt, aðild verkafólksins að hollustumálum. Ef þessi breyting yrði samþykkt, sem vel má gera því að búast má við að heildarendurskoðun taki 1—2 ár a. m. k., mundi það þegar í stað hafa þau áhrif að verkafólk á öllum vinnustöðum yfir tiltekinni stærð fengi íhlutunarrétt á þessu sviði. Tel ég að það væri þýðingarmikið skref.

Í þessari löggjöf um öryggisráðstafanir á vinnustöðum er gert ráð fyrir trúnaðarmönnum verkafólks að því er varðar öryggis- og hollustuhætti. Þar stendur að heimilt sé að hafa slíka trúnaðarmenn. Í frv. okkar leggjum við til þá breytingu, að það verði skylt ef fyrirtæki hefur náð ákveðinni stærð, enn fremur að í stórum fyrirtækjum á okkar mælikvarða sé möguleiki á því að trúnaðarmenn geti verið fleiri en einn, sérstaklega þar sem um stór og deildaskipt fyrirtæki er að ræða.

Í öðru lagi leggjum við til að settar verði upp í fyrirtækjum yfir tiltekinni stærð hollustunefndir sem eigi að fjalla um öll þessi mál, eigi að fjalla um ráðstafanir sem ýmist er þörf á eða fyrirtækið hyggst gera til þess að auka hollustu á vinnustöðum, eigi að fjalla um vinnuslys og vinnusjúkdóma sem koma fyrir á vinnustöðum og gera till. um öll þessi mál. Í frv. okkar er ekki tilgreint hversu margir menn eigi að vera í þessum n. Það er samkomulagsatriði í hverri starfsgrein eða á hverjum vinnustað. Er gert ráð fyrir að tala nm. verði jöfn, en aðilar, verkafólkið og atvinnurekendur, hafi formennsku í n. til skiptis. Verði atkv. jöfn ræður atkv. formanns. Þetta þýðir í raun og veru að kerfið er látið ýta á eftir samkomulagi. Það er ekki verið með þessu að stilla verkafólkinu og atvinnurekendunum eða fyrirtækjunum upp hvoru á móti öðru varðandi öryggis- og heilbrigðismál, heldur er kerfið til þess að kalla fram samkomulag. Það tel ég vera farsælast, og reynslan hefur sýnt annars staðar að ástæða er til að gera sér vonir um að með fáum undantekningum geti slíkt samkomulag orðið á vinnustöðum. Atvinnurekendur í nágrannalöndum hafa yfirleitt sýnt þessum málum skilning, og þeim er ljóst að það er hagsmunamál fyrir fyrirtækin sjálf að hollusta og öryggi verkafólksins sé í sem bestu lagi.

Ég ítreka að hér er eitt atriði tekið út úr þessum málum og lagt til að löggjöfinni um öryggismál sé að því leyti til breytt strax. Atriðið er ákaflega einfalt efnislega og ættu þm. ekki að þurfa umhugsunartíma til þess að gera upp hug sinn ef þeir hafa ekki ákveðna skoðun nú þegar á þessum málum. Ég tel að það mundi fljótlega verða til bóta, skapa möguleika á því að bæta samstarf verkafólks og fyrirtækja, auka áhuga á hollustu og öryggi ef þetta skref yrði stigið.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. félmn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 78. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, að loknum 77. fundi.

Öryggisráðstafanir á vinnustöðum, frv. (þskj. 457). — Frh. 1. umr.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Ég hygg að flestir hv. þm. muni geta stutt það frv. sem hér er til umr. Það er að sjálfsögðu til bóta að verkalýðurinn fái aukin áhrif á sínum vinnustöðum. Ég lýsi stuðningi mínum við þetta frv.

En ég kem hér í ræðustól líka til þess að gera aths. við nokkur orð í framsöguræðu hv. 1. flm. Hann sagði réttilega að þessi mál öll, öryggisráðstafanir á vinnustöðum, hollustuhættir o. s. frv., hafi verið mjög til umr. nú að undanförnu í sambandi við stóriðjumálin. En hann lét einnig þau orð falla, að í starfsleyfi því, sem Grundartangaverksmiðju væri veitt, væru gerðar „strangar kröfur“ í þessum efnum. Ég hygg að hv. þm. Sigurður Magnússon hafi sýnt fram á það við umr. um Grundartangaverksmiðju hér um daginn, að það er síður en svo. Þar vantar mikið á.

Ég minni líka á það, að hv. 1. flm. þessa frv. lét það nægja um mengunarþátt þessarar tilvonandi verksmiðju á Grundartanga, að hann hefði sannfærst um það í símtali við forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins að hann væri hæstánægður með niðurstöður í starfsleyfi heilbrrn. Ég hef ástæðu til að ætla að þessi embættismaður sé síður en svo ánægður með slíkar fullyrðingar. Ég hygg að bæði hv. þm. Benedikt Gröndal og hv. þm. Ingólfur Jónsson hafi fullyrt miklu meira varðandi ummæli þess manns heldur en ástæða er til. Og ég spái því, að ýmislegt eigi eftir að koma fram sem sanni þetta.

Ég minni líka á það, að þegar hv. þm. Sigurður Magnússon hafði rækilega kynnt sér ágalla varðandi mengunarvarnir í væntanlegri Grundartangaverksmiðju, þá lét hv. þm. Benedikt Gröndal nægja þá aths., að þetta væri „sparðatíningur“ og ekkert annað.

Um leið og ég fagna þessu frv. þeirra alþfl.-manna, þá get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli á þessum staðreyndum sem ég tel að beri vott um óheilindi. Og sérstakri furðu lýsi ég yfir þeim ummælum hv. þm. Benedikts Gröndals hér áðan varðandi atvinnufyrirtæki, og þá á hann að sjálfsögðu líka við stóriðjufyrirtækin, að þau muni telja það til sinna hagsmunamála að hollustuhættir og mengunarvarnir séu í besta lagi. Drottinn minn dýri! Er það t. d. reynslan frá Straumsvík? Er það reynslan að það fyrirtæki telji það hagsmuni sína að hollustuhættir séu sem bestir? Ég veit ekki betur en reynslan sanni það, að þeir, sem stjórna því fyrirtæki, telji allt eftir, sem horfa má til bóta á því sviði, og hafi þrjóskast við árum saman að uppfylla kröfur um sjálfsögð hreinsitæki.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég kem nú aðallega hér í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi mínum við þá þáltill. sem hér er flutt af alþfl.-mönnum. Hér er góðu og nauðsynlegu máli hreyft sem Alþ. þarf að fjalla rækilega um og löggjafinn hefur alls ekki sinnt nægilega vel á undanförnum árum, þ. e. a. s. vinnuverndarmálum er snerta starfsumhverfi verkafólks. Ég get samt ekki látið hjá líða að taka undir þau orð, sem fram komu í máli síðasta hv. ræðumanns um vinnubrögð þeirra alþfl.-þingmanna í sambandi við mengunarvarnir í Grundartangaverksmiðjunni, en ætla út af fyrir sig ekki að fara að endurtaka það sem ég hef sagt um það áður. En það er ekki hægt að segja annað en það skjóti mjög skökku við þær till. sem hér eru fluttar, því að í sambandi við afgreiðslu starfsleyfis Grundartangaverksmiðjunnar var í mörgum veigamiklum atriðum vikið frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og jafnvel vikið frá reglum sem gilda í nágrannalöndum okkar. Því var haldið fram í umr. um daginn í sambandi við það mál, að starfsmenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins væru ánægðir með þær niðurstöður sem í starfsleyfinu voru. Nú hefur hins vegar komið á daginn, eftir því sem mér hefur verið tjáð af einum hv. þm. sem starfar í iðnn. Ed., en málið er sem kunnugt er þar nú í athugun, að þessi ummæli séu röng, það hafi verið staðfest á fundum iðnn. Ed. að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafi ekki fengið að sjá endanlega gerð starfsleyfisins síðan það var gefið út, þar var ekkert um það fjallað við endanlega gerð og vanti mikið á að starfsmenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins séu ánægðir með þær niðurstöður sem starfsleyfið fékk. Þess vegna er það svolítið hjákátlegt að lesa það í grg. með þessu frv., að Alþfl. vilji vinna að þessum málum, vinnuvernd og starfsumhverfismálum, sem miðist við viðhorf og vandamál samtíðarinnar. Að öðru leyti ætla ég ekki að rifja þetta mál hér upp, það verður ábyggilega í minnum haft. En ég vona að þessi þáltill. fái góða afgreiðslu.

Aðalerindi mitt hins vegar upp í ræðustól var að vekja á því athygli, nú þegar þetta mál er á ferðinni, að almennt eru þessi mál í miklum ólestri hjá okkur hér á Íslandi. Það er skoðun mín, og ég vil, að það komi hér fram, og ég tel, að það eigi að hafa af því hliðsjón við endurskoðun þessara mála, að þrjár sjálfstæðar stofnanir, sem nú fjalla um öryggis- og heilbrigðismál og vinnuverndarmál, eigi að sameina undir einni stjórn og gera þær að einni stofnun. Hér er um að ræða Rafmagnseftirlit ríkisins, Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins. Ég tel að allar þessar stofnanir séu mjög vanbúnar til að sinna hlutverki sínu, — hlutverki sem að mörgu leyti er mjög skylt. Ég hef í þessu sambandi rætt við starfsmenn sumra þessara stofnana og heyrt álit þeirra. Ég veit að þeir telja að ýmsum reglum um starfsemi þeirra þurfi að breyta. Það liggur fyrir að fjárveitingar eru af mjög skornum skammti til þessara mála og engin af þessum stofnunum hefur yfir að ráða því starfsliði eða tækjabúnaði sem þarf til raunverulegs eftirlits. Í þessu sambandi langar mig t. d. að vitna í skýrslu sem nýlega barst á borð okkar þm. frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins um vinnu við Kísiliðjuna í Mývatnssveit. Í lokaorðum þeirrar skýrslu segir, — ég grip niður í þau á tveim stöðum, — þar segir í lokaorðum:

„Ónógur tækjabúnaður og lítil fjárráð gerðu

þó að verkum að mælinganiðurstöður eru ekki jafnnákvæmar og verið gæti.“ Síðar segir: „Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur ekki yfir að ráða nauðsynlegum sýnitökutækjum. Tækin voru fengin að láni hjá einkaaðilum fyrir tilstilli persónulegra sambanda undirritaðs. Leitað hefur verið eftir fjárveitingu til kaupa á allra nauðsynlegasta búnaði og standa vonir til þess að hún fáist bráðlega.“

Ég tel að þessi orð úr skýrslunni um rannsóknirnar í Kísiliðjunni í Mývatnssveit séu dæmigerð um ástand þessara mála hér á Íslandi.

Mér er nokkuð kunnugt um starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins, og ég veit að mikið vantar á að það sé nógu öflugt. Víða er þannig ástatt hjá okkur, að raforkukerfið, dreifikerfið, jafnt úti í sveitum sem í þéttbýli, og raflagnir í húsum, gamlar raflagnir, eru hættulegar og geta valdið dauðsföllum og hafa reyndar gert það stundum og býsna oft smáslysum sem ekki er mikið talað um. Og sama gildir um raflagnir margs konar á vinnustöðum. Þarna vantar á að við framfylgjum nægilega ströngu eftirliti.

Ég hef líka fyrir skömmu orðið vitni að því á fjölmennum vinnustað, þar sem lá við að yrði dauðaslys eftir að kranabóma féll niður á verkamann, að við rannsókn þess máls kom í ljós að Öryggiseftirlit ríkisins hafði veitt heimild til eða tekið út ákveðnar breytingar á þessu tiltekna tæki í gegnum síma. Á því voru gerðar tæknilegar breytingar og afgreiðsla þess máls hafði farið fram í gegnum síma. Ég hygg að margar aðrar slíkar sögur mætti segja, og þær stafa af því að allar þessar stofnanir eru vanbúnar því að sinna verkefnum sínum.

Ég vil sem sagt koma því að hér í umr., að ég tek efnislega undir það sem þessi till. fjallar um, að málefni þessi séu öll tekin til heildarendurskoðunar, og sé að því stefnt að þessar eftirlitsstofnanir, sem ég nefndi áðan, verði sameinaðar og styrktar og efldar.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér áðan. Hann sagði að ég og hv. þm. Benedikt Gröndal — hann svarar fyrir sig — hefðum fullyrt of mikið hér í hv. d. þegar frv. um járnblendiverksmiðjuna var til umr. M. ö. o.: hv. þm. gefur í skyn að ég hafi skrökvað að d. og hv. þm. Benedikt Gröndal þá líka farið með ósatt mál. Þetta er hörð ádeila, þetta er ósvífni. Og hv. þm. veit að hann er að segja ósatt. Það vill nú svo vel til að allt, sem hér er sagt, fer inn á segulband, það er staðfest. Nú skora ég á hv. 5. þm. Vesturl. að lesa ræðu mína og spyrja forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins að því, hvort þar sé nokkuð ofsagt, hvort ég hafi skrökvað þegar ég vitnaði í samtal við hann. Þetta vil ég fá staðfest. Svona dylgjur, svona óþverri á ekki heima hér í hv. d. Það er engin virðing sem því fylgir. Hv. andstæðingar járnblendifrv. virðast svífast einskis í málflutningi sínum, og þótt járnblendifrv. sé farið úr þessari d. skal það samt vera til umr. hér á hverjum degi.

Ég ætla nú ekki að segja meira um þetta. En það kemur á daginn hvort hv. 5. þm. Vesturl. fer með rétt mál þegar hann heldur því fram að við, sem töluðum fyrir járnblendifrv. og bárum Heilbrigðiseftirlitið fyrir okkur, höfum ekki sagt rétt frá, heldur skrökvað.

Heilbrrn. gaf út starfsleyfi sem talið er gott að dómi Heilbrigðiseftirlitsins. Það er rétt, að það voru ekki teknar upp nákvæmlega allar till. Heilbrigðiseftirlitsins eða orðalag í starfsleyfinu eins og það lagði til. En það, sem máli skiptir, og það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins sagðist una þessu starfsleyfi og teldi það viðunandi á allan hátt. Það hefði hann ekki getað sagt nema það fullnægði þeim skilyrðum sem hann teldi forsvaranlegt.

Hv. þm. Alþb. tala nú alltaf um álverið þegar þeir komast í ham og einnig nú í dag. Og ekki er það fallegt sem á borð er borið og stjórnendum álversins er ætlað að vilja. Alltaf er því haldið fram, að þeim sé alveg nákvæmlega sama um heilsufar starfsfólksins í álverksmiðjunni. Þeir eru ekki mannlegir, stjórnendur álversins, þeim er alveg sama hvernig um það fer að áliti þessara manna sem tala gegn álverinu og tala um svik og pretti. Eigi að síður liggur fyrir alveg fullkomin yfirlýsing frá stjórnendum þeirrar verksmiðju, að það verði sett upp fullkomnustu hreinsitæki í verksmiðjunni, og það er byrjað á því, — fullkomnustu hreinsitæki sem ekki voru fullreynd fyrir tveimur árum. Þótt hreinsitæki hefðu verið sett í álverksmiðjuna sem voru þekkt og fyrir hendi um það leyti sem verksmiðjan var byggð, þá væru þau í dag talin alls ófullnægjandi. Jafnvel þau hreinsitæki, sem voru þekkt fyrir 5 árum, væru í dag talin ónothæf. Að því leyti er það gott að þetta hefur dregist. Við fáum í verksmiðjuna bestu hreinsitæki sem eru þekkt, og það er byrjað að setja þau niður. Þau hreinsa loftið bæði inni í verksmiðjunni og utan hennar. Og það er þetta sem við skulum telja gott, að nú er farið að setja upp þessi tæki.

Hvað er langt síðan fyrrv. heilbrrh., Magnús Kjartansson, lét reyna innlend hreinsitæki í verksmiðjunni? Það virtust allir vera sammála um að þessi tæki yrðu reynd. Það eru ekki nema tvö eða þrjú ár síðan, líklega ekki nema tvö ár síðan var hætt þessum tilraunum. Það ásakar enginn Magnús Kjartansson fyrir að hafa látið reyna þessi íslensku tæki. En meðan á þeim tilraunum stóð var ekki eðlilegt að önnur tæki væru sett í verksmiðjuna. Er ekki þarna komin nokkur skýring á þeim drætti sem hefur orðið? Ég held að flestir muni skilja það.

Ég held að það sé ekki viðeigandi að menn séu alltaf með stöðugar ógeðslegar getsakir í garð annarra manna og halda því fram að þeir séu ekki mannlegir, þeir séu tilfinningalausir gagnvart meðborgurum sínum og láti sér alveg á sama standa hvernig um þá fer. Ég held að sem betur fer séu stjórnendur fyrirtækja ekkert lakari menn en aðrir menn í þessu þjóðfélagi. Og það er aumur stjórnandi sem lætur sér ekki annt um það fólk sem vinnur í fyrirtækjunum. Ég held að það verði aldrei góð útkoma í slíkum rekstri.

Ég ætla nú ekki að fara fleiri orðum um þetta. Ég taldi eðlilegt að segja hér nokkur orð í sambandi við þessa fullyrðingu sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., vegna þess að það var rangt sem hann sagði. Ég fullyrti ekkert meira við umr. heldur en það sem var rétt. Og forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins mótmælir því þá, því að hann getur lesið ræðu mína, hafi ég farið rangt með. Ef hann gerir það ekki, þá sannast það að hv. 5. þm. Vesturl. hefur farið hér með bull.

Í sambandi við það frv., sem hér er á dagskrá, sýnist mér það vera ágætt og mér sýnist að jafnvel þótt það væru lög í þessu landi og hefðu verið lög þegar starfsleyfið var gefið út, þá væri starfsleyfið fyrir járnblendiverksmiðjuna ekki strangara en það er. Mér sýnist starfsleyfið vera í samræmi við þetta frv. Mér finnst eðlilegt að samþykkja þetta frv. eigi að síður til þess að tryggja sem best öryggi starfsmanna í verksmiðjunni.

Flm. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Mér ber að þakka þann stuðning við þetta frv. sem hefur komið fram í síðustu þremur ræðum. Þó kemst ég ekki hjá því að geta þess, að hjá alþb.-mönnum og þá alveg sérstaklega hv. 5. þm. Vesturl. bar mjög á því að hann hefði miklu meiri áhuga á því að kasta skít í Alþfl. heldur en að gera eitthvað til að bæta öryggi á vinnustöðum. Innrætið leynir sér ekki, og ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður lýsa því sem óþinglegum og ómanneskjulegum vinnubrögðum þegar hv. þm. hefur í frammi slíkar dylgjur sem hann gerði hér og eru í raun og veru ekkert annað en bein yfirlýsing um að þingbræður hans hafi farið með hreina lygi í þskj. og ræðum hér á þingi. Ég er ekki viss um að hv. þm. þjóni góðum málstað með slíku hugarfari. En menn eru farnir að venjast ýmsu úr þessari átt, og er nú algengara að taka framlag þessa hv. þm. sem hvern annan leikaraskap af því að alvöruþm. hefur hann aldrei verið.

Ég vil taka það fram enn einu sinni, að varðandi málmblendiverksmiðjuna fylgdu þm. Alþfl. Heilbrigðiseftirlitinu og afstöðu þess. Ég vil ítreka það, sem einnig er búið að segja áður, að ég samþykkti nál. meiri hl. með fyrirvara um þessi mál og lýsti því yfir, að ef Heilbrigðiseftirliti ríkisins snerist hugur og það mótmælti starfsleyfinu opinberlega, t. d. í bréfi til þn. sem hægt er að leggja hér fram sem skjal, þá mundi Alþfl. endurskoða afstöðu sína. Þetta liggur hreint fyrir og þarf engar dylgjur í kringum þetta.

Ég þarf meira en orð frá hv. þm. eins og Jónasi Árnasyni, að ég tali nú ekki um þann sem talaði í marga klukkutíma í Ed. fyrir þessu máli. Sleppið þið dylgjunum og komið þið með það svart á hvítu að Heilbrigðiseftirlitið mótmæli þessu leyfi, þá er stuðningi Alþfl. við frv. lokið. Þetta hefur legið fyrir. Þetta eins og önnur meginatriði í málflutningi okkar komst þó aldrei til skila, t. d. í Ríkisútvarpinu, þó að tíundað væri allvandlega hvað þm. Alþb. sögðu, og ekki sagt eitt einasta orð frá heilli umr., 3. umr., þegar Alþb. var tekið í karpúsið fyrir frammistöðu þess í iðnaðarmálum fyrr og nú.

Ég vísa því einnig algerlega á bug, að um nokkur óheilindi sé að ræða í afstöðu minni eða alþfl.-manna í þessu máli. Alþb. hefur flutt frv. hér á Alþ. sem miðar að því að álverinu skuli lokað. Þetta er frv. frá Alþb. sem miðar að því að svipta 600—700 manns atvinnu. Eru þetta heilindi? Er það ekki einmitt þetta sem fyrir þeim vakir, sem þá dreymir um, þessa labbakúta, þó að þeir þykist vera að berjast fyrir háleitum hugsjónum. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm., þótt honum sé mikið niðri fyrir, að minnast þess að hafa ber þinglegt orðbragð. Ég tel að orðið labbakútur geti varla rúmast innan þess.) Eftir áminningu hæstv. forseta dreg ég þetta orð til baka og biðst afsökunar á því að hafa látið það koma fyrir mig að nota það. Ég hef oft gert það áður án þess að stór skaði hlytist af og þarf enga vanstillingu til þess að þm. bregði því fyrir sig. En það leynir sér væntanlega ekki hvað um var að ræða og það breytir ekki skoðunum mínum á málflutningi alþb.-manna í þessu máli.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Sigurðar Magnússonar, seinni partinum, þegar hann var búinn að gera hina flokkslega skyldu sína og talaði hér örlítið frá eigin brjósti, að hann þekkir þessi mál vel, það vissi ég fyrir, og hugmyndir þær, sem hann kom með, eru mjög eðlilegar og eru meðal þeirra atriða sem að sjálfsögðu hljóta að koma til athugunar þegar heildarfrv. um þessi mál verður endurskoðað. Verkalýðshreyfingin er nú á góðri leið með að knýja fram þá endurskoðun, þó að meiri hl. hér á Alþ. hafi ekki fengist til að hlusta á till. okkar alþfl.-manna um slíka endurskoðun undanfarin ár. En það er sama hvaðan gott kemur, og ég er honum sammála um að það er óhentugt að þessi mál skuli hafa verið í höndum þriggja mismunandi stofnana. Það er sérstaklega slæmt að starfssvið Öryggiseftirlits ríkisins skuli hafa verið vanmetið í 25 ár og það hafi ekki fengið þann stuðning frá ríkisvaldinu og Alþ. sem það hefði þurft að fá. Lögin voru mjög góð á sínum tíma, en einhvern veginn hefur Öryggiseftirlitið ekki fengið þá aðstöðu sem það þarf til þess að gegna því hlutverki sem því var ætlað upphaflega, hvað þá því hlutverki eins og það er orðið við stórbreyttar aðstæður í öllum atvinnurekstri nú á dögum. En það er svo auðvelt að koma við fullkomnu öryggi í þessum málum fyrir okkur að við þurfum ekki annað en styrkja Öryggiseftirlitið örlítið í framkvæmd, vegna þess að það stendur í lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og hefur staðið þar í 25 ár, að sé að áliti Öryggiseftirlitsins hætt lífi eða heilsu verkamanna, þá getur Öryggiseftirlitið stöðvað vinnu á þeim vinnustað. Ég held að það ætti að blása lífi í þessi aldarfjórðungsgömlu ákvæði og nota þau þangað til við fáum betri löggjöf.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var aðeins örlítil aths. út af þeim ummælum hv. síðasta ræðumanns sem mátti skilja sem visst ámæli í garð Öryggiseftirlits ríkisins

að það hafi ekki sinnt skyldum sínum sem á það voru lagðar í lögum. Þar sem það vill svo einkennilega til, að Öryggiseftirlitið heyrir undir dómsmrh., þótt að mínu viti ætti það frekar heima undir öðru rn., þá vil ég aðeins segja það, að þetta má til sanns vegar færa af því einfaldlega að Öryggiseftirlitið hefur margleitað eftir því að fá heimild til að ráða sérfræðinga sem gætu sinnt þessu verkefni. Það hefur ekki fengist heimild til þess. Og ég verð nú að segja, eftir að Heilbrigðiseftirlitið er komið í það horf sem það er og er verið að færa þar út kvíarnar, að mér virðist, sem allt gott er um að segja, að þá sé spurning hvort tvær stofnanir eigi að vera að fást við sama verkefnið. Ég held að það sé fullkomin þörf á því að endurskoða ákvæði um þessar stofnanir og athuga í fullri alvöru hvort sé ekki rétt og hægt að sameina þessar stofnanir. Það er mín persónulega skoðun, að það væri að mörgu leyti eðlilegra og skynsamlegri vinnubrögð.

En það, að Öryggiseftirlitið hefur ekki komist yfir að sinna þeim verkefnum sem því eru ætluð samkv. lögum, er einfaldlega af þeirri ástæðu að það hefur ekki fengið mannafla, það hefur ekki fengið leyfi til að ráða sérfræðinga, en það eru a. m. k. sérfræðingar á tveimur sviðum sem það þyrfti að fá til þess að geta sinnt verkefnum sem það á að rækja eftir lögunum. Það má segja að e. t. v. hefði mátt ráða bót á þessu að einhverju leyti með því bara að hækka gjaldið fyrir þjónustuna. En það hefur sem sagt ekki fengist heimild til að ráða þessa menn.

Þetta vildi ég aðeins koma fram með vegna þess að það væri mjög ranglátt að láta Öryggiseftirlitið og forstöðumann þess liggja undir ámæli að þessu leyti, því að hann hefur sýnt mjög mikla eftirgangsmuni í þeim efnum að fá aukið starfslið.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Áður en ég svara ræðu hv. þm. Benedikts Gröndals, formanns Alþfl., þar sem hann var að lýsa frammistöðu sinni og annarra alþfl.-manna í stóriðjumálum, vil ég þakka hæstv. forseta fyrir að benda mér á að orðið „labbakútar" er ekki þinglegt orð.

Fyrst fáein orð um ræðu hv. þm. Ingólfs Jónssonar.

Já, það er sannarlega gott að allar ræður, sem hér eru fluttar, fara á segulband, þ. á m. sú fullyrðing hv. þm., að Heilbrigðiseftirlitið hafi lýst því yfir að starsleyfi heilbrrn. væri „gott", það væri „gott og viðunandi á allan hátt." Það er ágætt að þetta skuli komið inn í þskj. Þar er hægt að ganga að því þegar við gerum upp þetta deilumál, hvort þessi hv. þm. hafi fullyrt of mikið eða ekki þegar hann vitnaði í ummæli forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins. Við gerum það ekki upp hér, en „það kemur á daginn", eins og hann sagði, það kemur á daginn hvor okkar hefur á réttu að standa. Það kemur á daginn innan skamms.

Það, sem hefur verið að gerast í iðnn. Ed. þar sem verið er að fjalla um Grundartangaverksmiðjuna, sýnir það og sannar að ég fer með rétt mál. En það kemur líka á daginn ýmislegt fleira þegar opinberlega verður greint frá þeim umr. sem undanfarna daga hafa átt sér stað í iðnn. Ed.

Ég ætla ekki að fara út í ástæðurnar fyrir þeim ósköpum að þessi rósemdarmaður skuli allt í einu viðhafa orðbragð af því tagi sem hann gerði hér áðan út af þeirri aths. minni, að hann hefði gerst sekur um hæpinn málflutning varðandi ummæli forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins. Þetta væri „óþverri", „viðbjóðslegur málflutningur" og „ógeðslegar getsakir" í annarra garð.

Þessar „ógeðslegu getsakir" beindust að þeim sem stjórna álverinu í Straumsvík. Að maður skuli leyfa sér að væna slíka sómamenn um að þeir séu ekki alltaf að hugsa um hag þess fólks sem hjá þeim vinnur! Fyrr má nú vera ósvífnin eftir reynsluna sem fengin er af þessum mönnum!

Það er ekki langt síðan hæstv. heilbrrh. gaf hér skýrslu sem sýndi hver umhyggjan er. Atvinnusjúkdómar af versta tagi eru orðnir algengir, menn eru með alls konar alvarlega lungnakvilla, 70—80% af þeim sem vinna þarna, meira og minna skaddaðir á heilsu. Og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja mengunina eru ekki gerðar þrátt fyrir marggefin loforð. „Ógeðslegar getsakir", segir þessi hv. þm. Ég læt ósagt hvaða lýsingarorð séu best við hæfi varðandi málflutning hans og fleiri slíkra um Straumsvíkurverksmiðjuna. Það nær að mínum dómi ekki nokkurri átt hvernig þessir menn haga sér. Þeir eru óðar roknir upp til þess að bera blak af þeim sem stjórna þessari verksmiðju, strax og orði hallar í þeirra garð. Ég hef ekki heyrt þennan hv. þm., þrátt fyrir allar staðreyndir sem fyrir liggja, aldrei nokkurn tíma heyrt hann áfellast stjórnendur Straumsvíkurverksmiðjunnar fyrir eitt né neitt. Hins vegar ræðst hann á okkur og heldur en ekki af gassa, — á okkur sem leyfum okkur að gagnrýna stjórnendur Straumsvíkurverksmiðjunnar og það alþjóðlega auðvald sem hana rekur. Nei, ég ætla ekki að velja slíkri framkomu lýsingarorð. Og allra síst mundi ég tengja slík lýsingarorð nafnorðum eins og íslendingar.

Hann talaði um það, hv. þm., að sá væri „aumur stjórnandi sem ekki léti sér annt um það fólk sem vinnur hjá fyrirtæki hans". Það er m. ö. o. trygging fyrir því, að maður láti sér annt um verkalýðinn og vilji honum allt gott, að viðkomandi sé t. d. forstjóri fyrir Straumsvíkurverksmiðju eða einhverju álíka! Verkalýðssagan öll, saga iðnaðar á Vesturlöndum, sannar hið gagnstæða. Iðnfyrirtæki af því tagi, sem við erum að ræða hér um, hafa yfirleitt fengið orð á sig fyrir að sinna í engu hagsmunum þess fólks, sem vinnur hjá þeim. Það hefur yfirleitt ekki verið látið við það eitt sitja að synja þessu fólki um sjálfsögðustu ráðstafanir varðandi hollustuhætti, heldur hefur verið níðst á því í kaupi og það beitt vinnuþrælkun. Frásagnir frá þessum iðnvæddu ríkjum eru ein átakanleg löng saga um meðferð vinnuveitenda á verkalýð. Það er fáránlegt að kasta fram fullyrðingu eins og þessari og vægast sagt hæpin heimspeki: „Aumur er sá stjórnandi sem ekki

lætur sér annt um það fólk sem vinnur hjá fyrirtæki hans.“ Það fylgdi með, að allir stjórnendur hlytu þar af leiðandi að vera góðir menn! Nei, að dómi þess auðvalds, sem stendur að þessum fyrirtækjum, er sá góður stjórnandi sem sparar allt, sem til framfara má horfa fyrir verkalýðinn, og sér um, að gróði þeirra, sem verksmiðjurnar eiga, verði sem allra, allra mestur. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Hvers vegna eru t. d. ekki sett upp fullkomin hreinsitæki í Straumsvíkurverksmiðju? Það er einfaldlega vegna þess að það kostar of mikið. Það auðvald, sem á þá verksmiðju, neitar að borga. Og sú mun líka verða reynslan uppi á Grundartanga þegar þar að kemur. Það mun í lengstu lög verða þrjóskast við að gera það sem nauðsynlegt er til þess að tryggja hollustuhætti og öryggi þess fólks sem þar á að vinna.

Tókuð þið eftir því, hvað formaður Alþfl., hv. þm. Benedikt Gröndal, sagði hér áðan? Fyrir þessu þingi lægi till. frá alþb.-mönnum um það að gera 600 manns atvinnulausa! Það fer ekkert á milli mála hvaða till. þetta er. Það er till. frá hv. þm. Sigurði Magnússyni og Eðvarð Sigurðssyni þess efnis, að ef Straumsvíkurverksmiðjan uppfylli ekki þau skilyrði sem sett hafa verið um hollustuhætti, mengunarvarnir, ef hún verður ekki búin að koma upp hreinsitækjunum marglofuðu innan árs, þá skuli henni lokað. Það fer ekki á milli mála hvorum megin hv. formaður þingflokks Alþfl. stendur í þessu máli. Þegar að því kemur að knýja á um efndir eða láta undan þessu auðfyrirtæki, þá mun hann láta undan. Aðalatriðið er ekki atvinna 600 manns. Aðalatriðið er heilsufar þessa fólks. En það fer ekki á milli mála hvorum megin hv. þm. stendur í þessum átökum þegar til kastanna kemur. Í staðinn fyrir að standa hér upp, berja í borðið og segja: „Þetta er góð till., henni skulum við framfylgja hvað sem það kostar“ — þá er hann þegar búinn að lýsa því yfir, að hann muni ekki standa að því að framfylgja þessari kröfu. Ef svo fer sem í till. er lagt til, að verksmiðjunni verði lokað, þá er ætlunin að spretta upp og hrópa: „Sjáið þið! Alþb.-menn eru að svipta 600 manns atvinnu sinni.“ En það, sem vakir fyrir alþb.-mönnum, er einfaldlega að tryggja þessum mönnum sæmilega heilsu.

„Innrætið leynir sér ekki“, segir hv. þm. varðandi málflutning okkar alþb.-manna. Ég held að við ættum að taka okkur saman um það, hv. þm. Benedikt Gröndal, að opinbera innræti okkar rækilega gagnvart kjósendum okkar. Hv. þm. lét þau orð falla, að Jónas Árnason hefði aldrei verið „alvöruþm.“ Ég vil nú beina því til hv. þm. Benedikts Gröndals, að hann komi með mér á fund uppi á Leirá eða einhvers staðar í nágrenni við Grundartanga og ræði þessi mál. Hann getur þá t. d. gert því fólki, sem ónógar mengunarvarnir munu mæða mest á, grein fyrir því, hversu vel hann hefur verið á verði fyrir þess hönd. Og hann getur gert því grein fyrir ýmsu öðru.

Ég beini þessu til hans vegna þess, að á fundi, sem við héldum þm. Vesturl. í fyrradag, var hann ekki viðstaddur. Ég veit ekki hvort hann hefur skrifað undir það skeyti sem sent var upp eftir til þess að boða hreppsnefndirnar á fund hér úti í Þórshamri á laugardaginn kemur. Hafi hann gert það, þá verður hann a. m. k. tepptur kl. 4 á laugardaginn. En ég vona að við getum fundið einhvern annan tíma, Benedikt Gröndal, til þess að ákveða almennan fund þar efra og ræða þessi mál sem tveir „alvöruþingmenn“.

Sigurður Magnússon: Hæstv. forseti. Ég tel að það sé nauðsynlegt að ég bæti svolitlu við þær umr., sem hér hafa farið fram, vegna þeirra rangfærslna, sem hér eru hafðar í frammi, og vegna þeirra orða sem hv. þm. Benedikt Gröndal mælti hér áðan.

Ég ætla þá að byrja á að rifja aðeins upp sögu þeirra vinnubragða sem átt hafa sér stað í iðnn. í sambandi við mengunarþátt verksmiðjunnar. Og þá vil ég minna í upphafi á það, að þessi mál var ekki hægt að ræða að neinu gagni í n. fyrr en tillögur Heilbrigðiseftirlits ríkisins lægju fyrir. Nm. fengu þá fulltrúa frá Heilbrigðiseftirlitinu á sinn fund og spjölluðu við þá og höfðu af því mikið gagn. Hins vegar taldi Heilbrigðiseftirlit ríkisins á þeim fundi að það væri ekki í þess verkahring að afhenda okkur nm. till. sínar um gerð starfsleyfis, till. þeirra væru till. til heilbrrh. eða heilbrrn. Till. þessar eru gefnar út 10. jan. Eftir þennan fund, mjög svo fróðlega og góða fund með forráðamönnum Heilbrigðiseftirlits ríkisins í iðnn. Nd., fór ég þess á leit við heilbrrn. að mér væru afhentar þessar till. svo að ég gæti kynnt mér þær og verið við því búinn að fjalla með eðlilegum hætti um starfsleyfið þegar það kæmi til afgreiðslu Alþ. um leið og frv. Svörin við þessari ósk voru þau, að till. þessar yrðu ekki afhentar eða gerðar opinberar fyrir en starfsleyfi væri frágengið. Mér þótti þetta strax nokkuð grunsamlegt, að okkur þm. í iðnn., sem erum að fjalla um málið, væri ekki gefinn kostur á að kynna okkur þær ítarlegu till. og grg., sem með þeim fylgdu, fyrr en á síðustu stundu, en lét þar við sitja og gerði mér vonir um að það gæfist þó tóm til að kynna sér þær áður en málið væri afgreitt frá Alþ. Síðan gerðist það sem menn muna, að margra vikna dráttur verður á því að málin komi til afgreiðslu Alþ. Og það er öllum ljóst, sem þetta mál þekkja, og það hefur enginn neitað því, að það stóð fyrst og fremst á því allar þessar vikur að samkomulag næðist milli heilbrrn. og Járnblendifélagsins um gerð starfsleyfis. Ég efast ekki um að heilbrrh. og rn. hans hefur reynt eftir fremsta megni að spyrna þar við fótum og fá till. Heilbrigðiseftirlitsins í gegn, þótt hann á endanum guggnaði á því að miklu leyti.

Síðan gerist það. að loksins þegar mér eru sem þm. og nm. í iðnn. Nd. afhentar þessar till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sama daginn og málið á að fara til 2. umr. hér á Alþ., þá eru mér afhent þessi gögn sem trúnaðarmál og skýrt tekið fram við mig af hv. formanni n., að það sé ekki ætlast til þess að farið sé að vitna í þessar till. og lesa þær upp hér á Alþ. og þess vegna sé þetta merkt: „Trúnaðarmál“. Við minnumst síðan umr. um það hér á Alþ. utan dagskrár, um málsmeðferð, og það var heilbrrh.

sjálfur sem kom hér upp og gerði flokksbróður sínum, hv. þm. Ingólfi Jónssyni, skömm til og afnam þetta, að málið væri trúnaðarmál, af því að hann sá að það var ekki hægt að standa þannig gagnvart þm. við að ræða svo mikilvægt mál.

Þannig er forsaga þessa máls. Það er í lengstu lög reynt að halda till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins sem leyniplaggi. Og eftir að hafa kynnt sér þær till. kemur það engum á óvart, því að till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins eru skornar niður, ekki í tveimur atriðum, eins og hæstv. heilbrrh. sagði í þessum ræðustól á Alþ., — sagði að þær hefðu verið skornar niður í tveimur atriðum, að öðru leyti væri um að ræða aðra uppröðun efnis. Ég held að ég fari með þetta nokkurn veginn orðrétt. Þetta var ekki rétt. Till. er breytt sennilega í einum 15 eða 20 atriðum og í mjög veigamiklum atriðum. Ég get nefnt í því sambandi mengunarmörk, sem voru ákveðin í till. Heilbrigiðseftirlits ríkisins á brennisteinsinnihaldi hráefna sem verksmiðjan á að nota, og það er vitað, að mengun verksmiðjunnar ræðst mikið af því, hvers konar hráefni er verið að nota, hvort það er gott eða vont og hvaða innihald það hefur af eiturefnum. Þessum mengunarmörkum er breytt og ákveðið að leyfa 25% meira brennisteinsmagn í þessum hráefnum, þrátt fyrir það að mengunarreglur í okkar nágrannalöndum séu strangari. Og sama er í sambandi við mengunarmörk hvað varðar rykmengun. Þar eru till. skornar niður við trog. Ég hef áður getið um það atriði sem varðar verksmiðjuna í hilunartilfellum. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að rekja þetta í smáatriðum. Þetta er til í þingtíðindum og verður lengi í minnum haft og ekki síst afstaða Alþfl. í þessu máli.

En ég vil líka að annað komi hér fram sem ég hef ekki áður tilkynnt hv. þm., að eftir að mér voru afhentar till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og starfsleyfið hafði verið gefið út, þá óskaði ég eftir því við hv. formann iðnn. Nd. að hann leitaði skriflegrar umsagnar Heilbrigðiseftirlits ríkisins um endanlegt starfsleyfi, og hann sagðist ekki gera það. Hann sagðist **láta** sér nægja að spjalla við þá í síma, og hann hefur nokkrum sinnum vitnað til þeirra símtala hér, innihald þeirra hefði verið það, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins og starfsmenn þess, sem eru góðir og gegnir menn eins og till. þeirra hafa sýnt, væru í aðalatriðum sambykkir starfsleyfinu eftir því sem ástæða væri til o. s. frv. Um þetta vil ég einungis segja það, að það er kannske ekki hægt að ætlast til þess að embættismenn ríkisins, sem eru búnir að ganga frá mjög vönduðum till. sem þeir hafa unnið að um nokkurt áraskeið og ferðast til þess vítt um heiminn og kynnt sér reglur um þetta í nágrannalöndum okkar og lagt þessar till., lokaniðurstöður sínar, fyrir viðkomandi rn., þeir fari, eftir að rn. er búið að afgreiða till. þeirra og gefa út starfsleyfið eins og það á að gera samkv. lögum, í hár saman við það rn. sem þeir heyra undir. Ætlast hv. formaður iðnn. Nd. til þess að embættismenn ríkisins vinni svona? Vitaskuld ekki. Þeir voru búnir að gera skyldu sína og till. þeirra lágu fyrir. Það hefur hins vegar komið fram, og það verður leiðrétt ef það er rangt, það hefur komið fram í störfum Ed., þeirrar n. sem þar fjallar nú um málið, að þar hafa þessir fulltrúar Heilbrigðiseftirlitsins mætt og þeir hafa sagt þar að þeir hafi ekki verið viðriðnir endanlega afgreiðslu starfsleyfisins og það hafi ekki verið borið undir þá.

En víkjum þá aðeins að öðru. Er þá nokkuð furðulegt í sjálfu sér, þegar málið er athugað, að það skuli þurfa að standa í margra vikna stappi til þess að afgreiða starfsleyfið, þegar haft er í huga hvernig frá þessum málum er gengið í frv. sjálfu og í þeim samningum, sem búið er að gera við hinn norska aðila? Ég hafði satt að segja ekki leitt hugann að því orðalagi sem er í 9. gr. þessa frv., þar sem fjallað er um umhverfis- og öryggismál. En ég ætla að lesa það upp hér í hv. Alþ., af því að í ljósi þess, sem gerst hefur, er þetta nokkuð merkileg klausa. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við ákvæði þessarar greinar hefur Járnblendifélagið sótt um starfsleyfi frá heilbr.- og trmrn. Járnblendifélagið skal leitast við að afla þess leyfis með skilmálum, sem hluthafarnir geta fallist á, svo fljótt sem unnt er.“

Þar með höfum við það. Járnblendifélagið skuldbindur sig til þess samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, að reyna að útvega starfsleyfi fyrir verksmiðjuna með þeim skilyrðum eða skilmálum sem hluthafarnir geta sætt sig við. Og hverjir eru hluthafarnir? Jú, vissulega erum við íslendingar hluthafar að þessu. En sá hluthafi, sem kannske ræður mestu um þetta og er ráðgjafinn í þessum efnum, hinn norski aðili, Elkem-Spigerverket, sá aðili sem á að vera með tækniþekkinguna á sínum höndum og hönnun mannvirkja, vitanlega á hann að vinna að gerð starfsleyfis með þeim skilmálum sem hann getur sætt sig við. Eftir að hafa hugleitt þetta fer maður að skilja. Hvers vegna er búið að breyta hönnun á innra kælikerfi verksmiðjunnar? Hvers vegna er búið að breyta till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um hæð reykháfa þótt þar sé farið eftir algildum reglum í okkar nágrannalöndum? Hvers vegna er búið að breyta því ákvæði, að ekki séu opin loft eða loftristar milli hæða í húsinu til að koma í veg fyrir að rykmengun frá verstu vinnustöðum berist um allt hús? Vitaskuld vegna þess að skilmálar hins norska aðila hafa verið um annað. Það er þeirra tæknideild og þeirra hönnuðir sem leggja til hvernig verksmiðjan verði byggð, og þeir eiga vafalaust upplýsingar um það og vita hvað hentar þeim.

Þar með er ég í nokkrum orðum búinn að rifja upp söguna um vinnubrögð n. í sambandi við gerð starfsleyfisins. Sú saga verður ekki Alþfl. eða hv. þm. Benedikt Gröndal til sóma þó að hann reyni að hafa hátt í ræðustól á Alþ. Hins vegar hefði maður kannske vonast til þess, að þm. Alþfl. eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, einn af þeim ungu mönnum sem var löngum talið að væru róttækari í Alþfl. og ekki eins bundnir á þann klafa sem hinir eldri þm. eru, þeir létu í sér heyra í svona máli. Það er ábyggilega beðið eftir því af fólkinu í landinu að þeir sýni andstöðu í máli eins og þessu. Við vitum um sögu Alþfl. í sambandi við stór-

iðju á Íslandi. Hann ber alla ábyrgð eins og Sjálfstfl. á gerð samningsins í Straumsvík, og alþfl.-menn eru farnir að skammast sín fyrir það í dag. Þeir virðast ekki hafa lært lexíuna nægilega vel. En maður vonaði í lengstu lög að hinir yngri menn í Alþfl. tækju aðra stefnu.

Síðan aðeins að lokum í sambandi við vinnubrögð hv. meiri hl. iðnn. Nd. sem hefur oft verið rætt um. Það er eitt atriði í sambandi við það. Í nál. sínu vitna þeir til umsagnar Náttúruverndarráðs frá því 1975 er málið var þá hér á Alþ., þótt þeir viti jafnvel og ég að síðan þá hafa margar forsendur um verksmiðjurekstrinn breyst, og þeir vita að Náttúruverndarráð er búið að skrifa fjölmörg bréf til Heilbrigðiseftirlits ríkisins um þær breytingar og láta skoðanir sínar í ljós. Og fulltrúar Náttúruverndarráðs, m. a. hv. fyrrv. þm. Eysteinn Jónsson, hafa komið á okkar fund og gert grein fyrir þeirra sjónarmiðum. Þrátt fyrir allt þetta er í nál. meiri hl. vitnað til gamalla bréfa og gamalla umsagna Náttúruverndarráðs frá því 1975. Eru þetta heiðarleg vinnubrögð á Alþ? Eru þetta þingleg vinnubrögð? Ég segi nei.

Ég er með hér í höndunum bréf frá Náttúruverndarráði, skrifað seint á árinu 1976, um þetta mál. Ég veit að hv. þm. Benedikt Gröndal hefur líka fengið þetta bréf, þannig að honum er efni þess vel kunnugt. Þar kemur skýrt og skorinort fram, að Náttúruverndarráð setur mjög ströng skilyrði varðandi verksmiðjuna, t. d. í bilunartilfellum, og leggur til að reksturinn verði stöðvaður, svo sem gert hafði verið ráð fyrir 1975 þegar það gaf umrædda jákvæða umsögn. Nú hefur þessu verið breytt og umsögnin því ógild, hin gamla umsögn. Í þessu bréfi og öðrum bréfum, sem það hefur sent, koma líka fram miklar áhyggjur Náttúruverndarráðs vegna þess, hvernig með eigi að fara þann úrgang sem kemur frá verksmiðjunni. Þegar málið var til umr. 1975 var gert ráð fyrir að endurvinna úrganginn 70%. Það var búið að ganga frá því þannig í uppkasti að starfsleyfi. Þannig eru allar þær forsendur, sem Náttúruverndarráð gekk út frá þegar það gaf sína jákvæðu umsögn 1975, allt aðrar. Og það eru óheiðarleg vinnubrögð og röng hjá meiri hl. iðnn. Nd. Alþ. í þessu máli að hafa nál. með þeim hætti sem hér um ræðir. Ég sé að hv. þm. Benedikt Gröndal er skömmustulegur, enda er það ekki furða þegar hann situr undir þessari ræðu.

Víkjum þá aðeins að álverinu í Straumsvík. Fyrr á þinginu í vetur flutti ég ásamt hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni frv. um að gerðar væru tilteknar ráðstafanir í sambandi við mengunarvarnir í Straumsvík. Í efnisatriðum er það frv. mjög líkt því sem þeir alþfl.-þm. gera ráð fyrir í því frv. sem hér er til umr. Hins vegar er í því það ákvæði sem hefur verið gagnrýnt nú í umr., að rekstur verksmiðjunnar verði stöðvaður innan árs ef ekki væri búið að uppfylla þau skilyrði sem fram eru sett. Í þessu sambandi vil ég segja það, að þegar íslenskir eftirlitsaðilar hafa skrifað þessu ákveðna fyrirtæki bréf og sett fram kröfur opinberra íslenskra aðila um uppsetningu mengunarvarna og mengunartækja, hreinsitækja, þá hefur í öllum tilfellum verið miðað við að framkvæmdatími ætti að vera hálft ár. Við leggjum hins vegar til að þarna sé gefinn ársfrestur, enda bundið ströngu skilyrði að reksturinn verði stöðvaður ella. Það hefur hins vegar komið fram, að forsvarsmenn álversins telja sig þurfa 3—4 ár til að verða við þessum óskum. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. iðnrh., — ég hef oft hugsað mér að gera það hér í umr. þegar þannig hefur staðið á, en hann hefur þá ekki verið hér í salnum, — en ég hefði gjarnan viljað spyrjast fyrir um það, hvort ríkisstj. íslenska byggst ganga að þessum till. forsvarsmanna álversins um 3—4 ára framkvæmdatíma. Það er greinilegt á öllu, ef Benedikt Gröndal væri hafður með í ráðum, að hann hikaði ekki við að gefa slíkan frest, því að honum fannst það mikil frekja af okkur að leggja til að þessi rekstur væri stöðvaður innan árs ef tækin væru ekki komin upp. Ég hef hins vegar undir höndum bréf sem sanna það og sýna, að ástæðan fyrir því að forsvarsmenn álversins fara fram á svo langan tíma er fyrst og fremst sú, að þetta er kostnaðarsamt fyrir fyrirtækið og þeir vilja gjarnan dreifa þeim kostnaði á nokkur ár. En ég spyr: Eigum við íslendingar að taka tillit til slíkra sjónarmiða þegar veruleg hætta stafar af fyrir heilsu starfsmanna og umhverfi verksmiðjunnar? Ég tel svo ekki vera. Ég tel að það sé hægt að koma þessum tækjum upp á þeim tíma sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og hef ýmis plögg sem má færa fram sem rök í því máli.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég held að það hafi verið fyrir einu eða tveimur kvöldum að ég hlustaði á hv. þm. Gils Guðmundsson hafa framsögu hér á kvöldfundi fyrir till. þeirra alþb.-manna um NATO-málefni. Þá veitti ég því athygli að hv. þm. ræddi nokkuð um það sem hann kallaði hernaðarbandalögin tvö, Alþýðubandalagið og Varsjárbandalagið. Ég tók eftir því að hv. þm. leiðrétti þetta ekki, en taldi að sjálfsögðu að hér væri um mismæli að ræða. En ég verð nú að segja eins og er, að eftir að hafa hlustað á þetta herhlaup tveggja þm. Alþb. hér í dag, þá er ég ekki svo lengur viss um að hv. þm. Gils Guðmundssyni hafi orðið þarna á mismæli, því að sannkallaður hernaðarandi var í framkomu þeirra hér í ræðustól. Og þegar litið er á kringumstæðurnar þegar þessi herför er farin hér á síðustu dögum þingsins, þar sem menn sveitast við að afgreiða ýmis mál og eru m. a. búnir að afgreiða það mál í þessari hv. d. sem herhlaupið var gert út af, og þegar litið er hér yfir salinn og á þm. sem hér sitja, þá verð ég að segja eins og er, að þeir hv. þm. Alþb., sem hér töluðu áðan, minntu mig á gamlar stríðshetjur úr gullaldarbókmenntum, þá Don Quixote og félaga hans Sancho Panza. Alla vega hefðu þeir Don Quixote og Sancho Panza verið mjög vel sæmdir af því herhlaupi sem hér var framið í dag.

Virðulegur forseti hefur tjáð oss þm. að orðið „labbakútar" sé ekki ýkja-þinglegt, og skal ég ekki vefengja það. Á hitt vil ég benda, að það hefur nú staðið um nokkuð langt skeið málarekstur mikill fyrir dómstólum landsins um hvernig beri að túlka hin og þessi orð, svo sem

orð eins og mannvitsbrekka og ýmislegt í þeim dúr, og veit ég ekki betur en t. d. þm. Alþb. og flokksmenn þeirra hafi manna helst komið með ýmsar skýringar á þeim orðum. Í því sambandi vil ég gjarnan geta þess virðulegum forseta til fróðleiks, að við alþfl.-menn leggjum alls ekki, þegar við tölum um þá alþb.-menn, neikvæða merkingu í orðið „labbakútur“, síður en svo. Hér erum við aðeins að skírskota til þess, að hér er um göngumenn mikla að ræða, svo sem eins og hv. þm. Jónas Árnason sem hefur margar göngur gengið á milli Reykjavíkur og Keflavíkur, og sjálfsagt hefur hv. þm. Sigurður Magnússon ekkert síður tekið þátt í slíkum göngum, þannig að ég er aðeins að minna á nokkur afrek í labbmennsku þeirra félaga sem ég get ekki trúað að þeir taki illa upp að vera minntir á.

Viðbrögð þeirra alþb.-manna út af þessu málmblendiverksmiðjumáli minna mig annars einna helst á söguna af úlfinum sem rankaði við sér nokkru eftir að hrútur hafði rennt sér á opið ginið á honum og slegið hann í óvit. Þegar úlfurinn rankaði við sér eftir þetta mikla áfall var það fyrsta sem hann sagði: „Át ég hrútinn eða át ég ekki hrútinn?“ Þetta varð til þess að hann fékk áhyggjur stórar, úlfurinn, veslaðist upp og dó, því að hann fékk aldrei fullgilt svar við því, hvort hann hefði étið hrútinn. Þegar þeir hv. þm. Alþb. vöknuðu við vondan draum upp úr óviti því sem yfir þá dundi í vinstri stjórninni sálugu, þá tóku þeir áhyggjur stórar eins og úlfurinn: „Át ég hrútinn eða át ég ekki hrútinn?“ Samþykkti ég málmblendiverksmiðjuna eða samþykkti ég ekki málmblendiverksmiðjuna? Og þeir hv. þm. Alþb. virðast vera staðráðnir í því að telja sjálfum sér og þjóðinni trú um að þeir hafi ekki étið hrútinn. Alla vega er það eina skýringin, sem fæst á framkomu þeirra hér í þingsölum, hún er orðin þannig að það virðist vera sama um hvaða mál er rætt, hversu fjarskylt það er málmblendiverksmiðjunni, þá þurfa Don Quixotar og Sancho Panzar Alþb. sí og æ að vera að hlaupa hér upp í ræðustól til að fullyrða það við landslýð að þeir hafi ekki étið hrútinn. — Ég vil aðeins benda mönnum á það í lokin og ekki fara öllu fleiri orðum um það, enda langt liðið á þingfundartíma þessa dags, að hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson át ekki hrút og skaut ekki hrút heldur, en hins vegar mun hann hafa verið reiðubúinn til að gera hvort tveggja ef á hefði þurft að halda, það er ég alveg sannfærður um.

Ég vil benda mönnum á það, og ég held að ég sé þar ekki að fara neinum niðrandi orðum um þá alþb.-menn, að ég held að þeir hafi í raun og veru þá afstöðu til orkufreks iðnaðar að þeir séu alfarið á móti slíku fyrirtæki, án tillits til þess hver á, án tillits til þess hver yrði útkoman af rekstri slíks fyrirtækis, án tillits til þess hvaða reglur yrðu settar um mengunarmál. Og þeir hv. þm. Alþb., sem að mínu viti hafa þessa skoðun, eru svo ákafir í að berjast á móti, þeir eru svo ákafir í að segja nei, að þeir gefa sér ekki tíma til svo mikið sem að hugsa um hvernig e. t. v. væri hægt að sníða þá agnúa af þessum fyrirtækjum, t. d. í sambandi við mengunarmál, sem ég og aðrir alþfl.-menn höfum áhyggjur af. Sem dæmi um það get ég nefnt það, að maður skyldi ætla að það frv., sem hér um ræðir, kæmi frá Alþb., þessum miklu áhugamönnum um mengunarvarnir. En þeir höfðu svo mikið að gera við að berjast bara á móti þessu fyrirtæki, að þeir gáfu sér engan tíma og hafa ekki gefið sér enn til þess að hugleiða hvernig e. t. v. væri hægt að sníða þessa agnúa af, og svo lítinn tíma hafa þessir hv. þm. gefið sér til þess að fjalla um slíkt mál, að sá þm. þeirra, sem talaði hér síðastur, hv. þm. Sigurður Magnússon, stóð í þeirri trú og margendurtók það í sinni ræðu, þegar hann var að lýsa yfir fylgi við till. okkar alþfl.-manna sem hér eru til umr. í þessum málum, að hér væri um þáltill. að ræða. Þó stendur skýrum stöfum fremst á titilsíðu þingmálsins að hér er ekki um þáltill. að ræða, heldur frv. En hv. þm. Sigurður Magnússon, sem er að ávíta aðra fyrir að gefa sér ekki tíma til að kynna sér mál, hefur ekki einu sinni gefið sér tíma til að kynna sér mál, hefur ekki einu sinni gefið sér tíma til að lesa þetta þskj. sem hann er þó að lýsa stuðningi við, því að hann kemur hér í ræðustól og stendur í þeirri trú og ítrekar það aftur að hér sé um þáltill. að ræða þegar frv. er flutt. (SM: Þetta eru einfaldlega mismæli.) Þetta getur vel verið, að það sé jafnmikið mismæli hjá hv. þm. Sigurði Magnússyni eins og það var mismæli hjá hv. þm. Gils Guðmundssyni þegar hann ræddi um hernaðarbandalögin tvö, Alþb. og Varsjárbandalagið. En alla vega var þetta mismæli hjá hvorugum leiðrétt. Og það hefur verið sagt, a. m. k. sagði Freud það, að það skyti oft ýmsu úr undirvitundinni upp í meðvitundina sem væri til marks um ýmsa hluti, þó að menn gerðu sér það ekki ljóst.

En ég ætla aðeins að reyna að rökstyðja þetta frekar og ætla ekki að deila um þetta sjónarmið við Alþb., því að það er að mínu viti fyllilega eðlileg afstaða, sem margir menn geta haft, að vera alfarið á móti orkufrekum iðnaði. Það er afstaða sem menn geta haft, að þá langi til þess, sá sé draumur þeirra í lífinu að búa í litlum torfbæ uppi í sveit, eiga eina kú, tíu kindur, kannske litla trillu, hafa ekki rafmagn, ekki síma, ekki sjónvarp, ekki útvarp og vera á móti þessu öllu saman, kaupa hvorki Alþýðublaðið né Þjóðviljann. Þetta er mjög virðingarvert sjónarmið og það ber að bera fyllstu virðingu fyrir slíku sjónarmiði og það ber að vernda rétt manna til þess að hafa slíka skoðun, hvort sem þeir eru stjórnmálamenn eða aðrir. En menn geta ekki ætlast til þess, þeir sem ætla að leiða þjóð sína í lítinn torfkofa uppi í sveit og búa þar með tíu ær og eina kú og lítinn mótorbát, engan síma, ekkert sjónvarp og ekkert útvarp og ekkert rafmagn, — menn, sem vilja leiða þjóð sína til slíks búskapar, geta að sjálfsögðu ekki átt von á því að sá, sem þannig býr, geti lifað við sömu kjör og sömu aðstæður og íbúar í tæknivæddum þjóðfélögum. Við viljum ekki samþykkja það, alþfl.-menn, að íslendingar eigi ekki að nýta allar auðlindir sínar, þær fáu auðlindir sem við höfum, vegna þess að því aðeins að við getum nýtt okkur þetta getum við tryggt launþegum í þessu landi jafna stöðu og jafnmikið kaup og

jafngóða lífsafkomu og launþegar í fjölmennum iðnaðarríkjum njóta. Hins vegar skal ég fúslega viðurkenna að mönnum er þarna vandi á höndum, því að okkur er það eins ljóst og flestöllum landsmönnum, að stóriðja eða orkufrekur iðnaður, hvaða nafni sem nefnist, hefur ákveðnar áhættur og ákveðin vandamál í för með sér. En við viljum reyna að minnka þessar áhættur og leysa þessi vandamál, en ekki taka fyrir fram gefna afstöðu ávallt á móti, eins og Alþb. hefur gert frá upphafi. Og ég segi: Það skiptir ekki máli fyrir Alþb. hvernig á slíku máli er haldið. Það er alfarið á móti undir öllum kringumstæðum. Menn muna eftir því þegar umr. voru hér á sínum tíma um ÍSAL, þá var Alþb. á móti vegna þess að það var alþjóðlegur auðhringur sem átti fyrirtækið. Hæstv. fyrrv. iðnrh. barðist fyrir að breyta þessu. Hann barðist fyrir því að koma því fram, sem auðvitað er rökrétta framhaldið af þessari stefnu Alþb., að íslendingar, en ekki erlendir aðilar, ættu meiri hluta í næstu verksmiðju sem reist yrði.

Nú skyldi maður ætla að Alþb. hefði fengið kröfu sína uppfyllta. En er það svo? Ekki segja þeir nú. Þetta atriði, þessi breyting hefur engu breytt um afstöðu þeirra. Þeir eru jafnmikið á móti verksmiðju, sem íslendingar eiga að meiri hluta, eins og þeir voru á móti verksmiðju, sem útlendingar áttu að meiri hluta. Eignarformið skiptir ekki máli. Að vísu virtist koma fram í bréfum þeim sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason las upp hér fyrir nokkrum dögum frá þáv. iðnrh., Magnúsi Kjartanssyni, að þessi breyting, sem að hans frumkvæði var gerð í samningunum við Union Carbide, hefði orsakað það að Alþb. hefði snúist hugur. Þetta virtist koma fram í bréfum hæstv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar. En nú koma þeir hér hver á fætur öðrum upp og fullyrða að svo hafi ekki verið. A. m. k. liggur fyrir að það er ekki nú, þannig að hvernig svo sem eignarhluturinn að slíkri verksmiðju er, hvort hún er í eigu útlendinga eða landsmanna sjálfra, breytir ekki afstöðu Alþb.

Þá var einnig sagt, þegar Alþb. mælti á móti ÍSAL, að það væri ekki aðeins á móti þeirri verksmiðju vegna þess að það væri alþjóðlegur auðhringur sem ætti hlutabréfin, heldur vegna þess hvaða alþjóðlegur auðhringur þetta var, heldur vegna þess að hér var um að ræða alþjóðlegan auðhring sem stjórnað var af fjáraflamönnum frá Sviss, — mönnum sem væru í tengslum við heimsvaldastefnu kapítalismans, þ. e. a. s. þetta var vondur alþjóðlegur auðhringur. Hvað gerði iðnrh. Alþb. í framhaldi af þessu? Hann valdi nýjan aðila til samninga. Og hvaða aðili var það? Það var hinn bandaríski auðhringur Union Carbide. Skyldi sá auðhringur ekki hafa verið tengdari neokolonialismanum, — það er varla að maður geti nefnt þetta orð, maður hefur heyrt þetta oft hjá alþb.-mönnum — skyldi sá auðhringur ekki hafa verið tengdari ný-nýlendustefnunni, yfirráðum og heimspólitík kapítalismans heldur en Swiss Aluminium? Breytti það einhverju um valið? Nei. Breytti það einhverju um valið að þessi auðhringur, Union Carbide, hafði átt þátt í að framleiða ýmis hryllilegustu vopn sem notuð voru í styrjöldinni í Víetnam? Breytti sú vitneskja einhverju þegar iðnrh. Alþb. valdi sér Union Carbide sem samningsaðila? Nei, hún breytti engu. Iðnrh. Alþb. ávarpaði einn af aðalforstjórum þessa alþjóðlega fyrirtækis sem sinn kæra Malone: Kæri Malone. Ég vil fullvissa þig um að ég hef mikinn áhuga á að framfylgja áætlunum okkar um að stofnsetja málmblendiverksmiðju á Grundartanga á Íslandi, kæri Malone. — Þar talaði iðnrh. Alþb. Maður skyldi halda að það mundi e. t. v. hafa verið auðveldara fyrir Alþb. að sætta sig við það að hverfa frá viðskiptum við þessa stórauðhringa undir bandarískri forustu, — og vart er nú hægt að nefna verra orð í eyru alþb.-manna en bandaríska kapítalisma, bandarískan stóriðnrekanda og auðjöfur, — menn skyldu því halda að þeim hefði heldur betur litist á það að hverfa frá bandarískum stórkapítalistum yfir til frænda okkar norðmanna og skipta við þá. En breytti það einhverju um afstöðu Alþb. til málmblendiverksmiðjunnar á Grundartanga að það átti að semja við norðmenn, frændþjóð okkar, frekar en bandaríska stórauðhring sem iðnrh. Alþb. hafði valið sem samningsaðila? Nei, það breytti ekki heldur neinu.

Nú er það fært fram hér af hv. þm. Alþb., Sigurði Magnússyni, og þeir útreikningar byggðir á kringumstæðum eins árs, að það sé líklegt, að mikill taprekstur verði á þessari verksmiðju á Grundartanga, og það fært sem röksemd fyrir því að Alþb. sé á móti þessari verksmiðju, þ. e. a. s. Alþb. er á móti verksmiðjunni vegna þess að það er fyrirsjáanlegt að það verði tap á henni. Ég man vel eftir því þegar fyrir frumkvæði Magnúsar Kjartanssonar, þáv. hæstv. iðnrh., var verið að ræða við Union Carbide um málmblendiverksmiðjuna á Grundartanga, þá voru ýmsir menn sem leituðu til fulltrúa Alþb. í þeirri viðræðunefnd og komu með ýmsar spurningar til hans, eins og það, hvort það væri ekki áhætta fólgin í því að íslendingar ættu meiri hluta í þessu fyrirtæki, og annað slíkt. Þá sagði þessi fulltrúi Alþb. og var m. a. haldið fram af iðnrh., ef mig rangminnir ekki, að það væri þó eitt sem væri ljóst, og það væri að samkv. þeim útreikningum, sem þá var búið að gera, væri alveg öruggt mál að það yrði stórgróði af þessari verksmiðju. Og þá spyr ég: Voru alþb.-menn þá reiðubúnir til þess að fallast á að styðja þessa verksmiðju vegna þess að þá leit út fyrir að það mundi verða gróði af henni? Ja, maður skyldi ætla af bréfum hæstv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason las upp hér fyrir nokkrum dögum, að svo hefði verið. En síðan koma þm. Alþb. hér hver á fætur öðrum með hv. þm. Lúðvík Jósepsson í broddi fylkingar og segja: Aldeilis hreint ekki. — Sem sé, það skiptir Alþb. engu máli í þessu sambandi hvort heldur það var líklegt að það verði stórhagnaður af verksmiðjunni eða líklegt að verksmiðjan verði rekin með tapi. Það skiptir ekki heldur máli. Alþb. er á móti hvort sem ofan á verður.

Nú hef ég að vísu ekki svona augljós dæmi, sannanlegar staðreyndir, til þess að stilla upp varðandi mengunarmál. En mig uggir það þó, þá leiðrétta þeir alþb.-menn mig ef ég fer rangt

með, að jafnvel þótt þeir hefðu fengið sínum ýtrustu kröfum um mengunarmál fullnægt, þá hefðu þeir samt verið á móti málmblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Það gefst enn tækifæri til að leiðrétta þetta, sem ég hef hér sagt, t. d. í Ed. Alþ. Vilja alþb.-menn þar lýsa því yfir, að ef fallist verði á ákveðin afmörkuð atriði í sambandi við mengunarvarnir í verksmiðjunni sem fyrirhuguð er á Grundartanga, þá muni Alþb. taka afstöðu með þeirri verksmiðju? Ef þeir fást ekki til að gera þetta, þeir alþb.-menn, þá skipta mengunarmálin heldur engu máli í þeirra augum. Þá eru þeir á móti verksmiðjunni hvernig sem mengunarvörnum er þar ráðstafað.

Ég held að ég sé búinn að leiða líkur að því, að það sé alveg sama hvernig niðurstaðan í þessum verksmiðjumálum er, hvort útlendingar eiga meiri hluta í verksmiðjunni eða íslendingar, hvaða erlendur aðili er viðsemjandi, hvort útkoman er áætluð neikvæð eða jákvæð, hvort fyllstu kröfum um mengunarvarnir er sinnt eða ekki. Ég held að þetta skipti ekki nokkru máli í augum þeirra alþb.-manna, þeir séu á móti slíkum fyrirtækjum þrátt fyrir allt. Ég er ekki að áfellast þá fyrir slíka afstöðu. Slík afstaða er eðlileg hjá ákveðnum hópi, alveg eins og það er eðlileg afstaða hjá hv. þm. Jónasi Árnasyni, a. m. k. eftir því sem mér finnst hún vera, að hann er yfirleitt á móti öllum alþjóðlegum auðhringum, hann er á móti öllum alþjóðlegum stórfyrirtækjasamsteypum og gerir þar ekkert upp á milli. Þetta er afstaða sem er fyllilega heiðarlegt að hafa og hv. þm. að mínu áliti hefur og er ekkert minni maður fyrir að hafa. En verkefni okkar stjórnmálamanna er ekki að óska þjóð okkar þess að búa í litlum torfkofa langt frá öllum mannabyggðum, þar sem fuglarnir syngja, hafið glitrar og sólin stafar geislum sínum á lognkyrran sæinn, hafa þarna 10—11 kindur og eina kú, kannske von í mótorbát, engan síma, ekkert rafmagn, ekkert sjónvarp, ekkert útvarp. (**Gripið fram í:** Og vaxa blóm á þakinu.) Og vaxa blóm á þakinu, alveg rétt hjá hv. þm. Ég tel rétt að menn geti fengið að flytjast á slíkan stað sem einstaklingar fyrir sig og megi ráða því sjálfir alveg átölulaust. En í guðs almáttugs bænum, hv. þm. Jónas Árnason, gerðu aldrei tilraun til þess að draga alla íslensku þjóðina þangað á eftir þér.

Eyjólfur K. Jónsson: Hæstv. forseti. Ég stenst nú ekki lengur mátið að taka til máls og segja örfá orð þegar verið er að tala um tvennt sem mér hefur verið býsna hugleikið, annars vegar álbræðsluna og hins vegar um hrútinn.

Það er um það síðar nefnda að segja, að hér er farið að ræða um það, hvar megi éta hrút og hvar megi ekki éta hrút, hver megi éta hrút og hver megi ekki éta hrút, og eins um það, hvar megi skjóta hrút og hvar megi ekki skjóta hrút eða hver megi skjóta hrút og hver megi ekki skjóta hrút. (Gripið fram í.) En það var ágætt að þessi aths. kom einmitt frá ritstjóra Reykv. Hann minnir mig þá á, að það er kannske Reykv. Hann minnir þá á, að það er kannske rétt að nota þetta tækifæri til að andmæla leiðara sem birtist í blaði hans, sömdum af honum sjálfum, skömmu eftir hrútsævintýrið, þar sem það var fullyrt að viðkomandi þm. hafi hótað að brjóta lög. Ég vil gjarnan að það sé staðfest, að það gerði viðkomandi þm. aldrei. Hann hótaði að skjóta hrút, sinn eigin hrút, og það er ekki lögbrot. Það er ekki heldur lögbrot að plata menn svolítið, jafnvel að plata svolítið sauði, og það vil ég fullyrða að þeir lögfræðingar, sem ritstjórinn studdist við, hafi verið, vegna þess að aldrei var hótað einu eða neinu lögbroti. Það er ekki til stafur í íslensku lagasafni sem hótað var að brjóta. Þm. mátti skjóta sinn eigin hrút í öllum húsum öðrum en sláturhúsum, og leyfi fyrir húsinu var ekki fengið. Hvort hann svo mátti éta hrútinn kann að vera meira álitamál, enda liggur ekkert fyrir um að hann hafi ætlað að gera það, eins og hér var fullyrt. En það liggur sem sagt á milli hluta.

En að því er álbræðsluna varðar, þá ætla ég að víkja að því örlítið hér á eftir, en fyrst langar mig að taka undir það mál sem hér er til umr. eða ætti að vera til umr., a. m. k. efni þess, þó að ég hafi ekki grannskoðað það svo að ég telji að hver einstök grein eða hvert einstakt atriði sé hið æskilegasta. Um umr., sem orðið hafa um álbræðsluna, vil ég gera tvennt: annars vegar taka undir eitt atriði í ræðu hv. þm. Jónasar Árnasonar, hv. 5. þm. Vesturl., og hins vegar að andmæla einni staðhæfingu hv. þm. Ingólfs Jónssonar, 1. þm. Suðurl.

Áður en ég vík beint að þessu vil ég fullyrða það, að fyrir þm. öllum vaki aðeins gott þegar þeir deila hér um þetta mál. Ég veit að hv. þm. Jónas Árnason óttast bæði erlent auðvald og óttast of mikla mengun. Hinir, sem vilja fá þessa stóriðju að vissu marki, telja það nauðsyn vegna efnahags þjóðarinnar og atvinnuöryggis og telja að ekki sé stefnt í neinn voða. Auðvitað hefði ég ekki barist fyrir því að álverksmiðjan risi nema ég væri sannfærður um að þar væri ekki um að ræða alvarlega mengun, enda var þannig um hnútana búið að forstöðumenn álbræðslunnar voru skuldbundnir til þess frá upphafi, bæði samkv. álsamningi og eins samkv. öðrum gildandi íslenskum lögum, að gæta allrar varúðar og setja upp öll þau hreinsitæki sem fullkomnust væru. En það er rétt sem hv. þm. Jónas Árnason lét hér að liggja og sagði raunar nánast beint, að í samskiptum við sterka erlenda auðhringi kann að vera að það þurfi að láta þá skilja alvöruna, m. a. með því að segja að fyrirtæki verði lokað ef ekki sé gætt ýtrustu varkárni og allra þeirra öryggisreglna og hreinlætisreglna sem hugsast geta. Ég veit ekki hvort það hefur verið svo í þessu tilfelli. Ég þekki engan þessara útlendinga. Ég þekki þá íslensku menn sem eru í stjórn álbræðslunnar. Ég vil ekki ætla þeim það að þeir vilji hafa á samviskunni að stofna lífi starfsmanna eða heilsu í hættu. Ég hygg að svo sé ekki.

En það verður ekki hjá því komist, — og þá er ég kominn að því sem ég ætla að andmæla í ræðu hv. þm. Ingólfs Jónssonar, þar sem hann segir að enginn hafi ásakað fyrrv. iðn.- og heilbrrh., — það verður ekki hjá því komist að benda á að auðvitað beinast þær ásakanir, sem nú eru hafðar uppi um að ekki hafi verið gætt nægilega vel að öryggi og mengunarvarnir hafi ekki verið eins og skyldi, auðvitað beinast þær

fyrst og fremst að vinstri stjórninni og þeim rn. sem með þessi málefni fóru þar, annars vegar iðnrn. og hins vegar heilbrrn. Á tímum viðreisnarstjórnarinnar var ekki um að ræða verulega mengun. Verksmiðjan var þá lítil og það var ekki talin nein hætta á þeim tíma. Hættunnar fór að gæta á tímum vinstri stjórnarinnar, og það voru ekki gerðar nægilega ítarlegar kröfur og þeim ekki nægilega fylgt eftir. Kannske hefði þá verið rétt að krefjast þess að verksmiðjunni yrði lokað, ef hún framfylgdi ekki þessum reglum með hæfilegum fyrirvara. Það var ekki gert, og má kannske segja að ásakanirnar nú beinist þess vegna fyrst og fremst að þeim sem þá báru ábyrgðina. Og ef þarf að fylgja eftir kröfunni um hreinsitæki með slíkum hótunum, — það er kannske ekki rétt að kalla það hótanir, heldur mætti segja: með því að tilkynna slíkar aðgerðir á réttum tíma, þá er auðvitað sjálfsagt að gera það. Ég hygg að það þurfi ekki úr þessu. Ég held að það sé búið þegar að ganga þannig frá samkomulagi um þetta efni að hreinsitæki fyrir hvorki meira né minna en 4.5 milljarða, þau fullkomnustu sem völ er á, verði sett upp. Og það er kannske dálítið athyglisvert að þessi upphæð er nákvæmlega sú sama og hér var upplýst að væri heildareign Sambands ísl. samvinnufélaga í fasteignum að brunabótamati, svo að þetta er töluverð upphæð. En auðvitað á að krefjast þess að þetta sé gert, upp á það hljóðar samningurinn og upp á það hljóða íslensk lög og þess vegna á að krefjast þess. Og það á að fylgja því eftir með því að boða lokun verksmiðjunnar ef það ekki verður gert. Undir þetta vil ég taka. En jafnframt verður ekki hjá því komist að benda á það, að ásakanirnar hljóta auðvitað að beinast fyrst og fremst að vinstri stjórninni sem ekkert raunhæft gerði í málum, en núv. iðnrh. annars vegar og heilbrrh. hins vegar hafa gagnstætt fyrirrennara þeirra gert það sem gera átti og gera þurfti, og því skulum við öll fagna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113, n. 487 og 490). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. á þskj. 487 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 20:8 atkv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Verðgildi íslenskrar krónu, þáltill. (þskj. 307, n. 547). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þessa þáltill. til meðferðar, till. til þál. um könnun á hundraðföldun verðgildis íslenskrar krónu. Álit n. er á þskj. 547. Þar kemur fram að n. hafi kynnt sér þetta mál á nokkrum fundum sínum. Einnig hefur n. kynnt sér umsögn Seðlabankans um málið og grg. bankans frá 1972 um gjaldmiðilsbreytingu, en sú grg. var gerð í tilefni þáltill. sem þá kom fram um tíföldun verðgildis íslenskrar krónu. Auk þess hefur n. kynnt sér álitsgerð aðalféhirðis Seðlabankans til bankastjórnar um endurskipulagningu seðla- og myntútgáfunnar, en sú álitsgerð er frá því í marsmánuði s. l.

Í umsögn Seðlabankans koma nokkur atriði fram, sem mér þykir rétt að nefna hér. Þar segir m. a. að á undanförnum árum hafi mál varðandi skipulag á útgáfu myntar og seðla verið til stöðugrar athugunar í Seðlabankanum og hafi verið gerðar í þessum efnum umtalsverðar breytingar til aukinnar hagræðingar og sparnaðar við sláttu á mynt og seðlaútgáfu. Í þessu sambandi hafi m. a. verið fjallað um kosti þess og galla að tekin yrði upp ný mynteining er hefði tíu- eða hundraðfalt verðgildi miðað við núverandi krónu.

Árið 1972, þegar þessi mál voru til umr. á Alþ., sendi bankinn frá sér grg., dags. 12. apríl 1972, þar sem gerð var grein fyrir þróun þessara mála og skoðanir bankans á þeim reifaðar. Og svo nýlega hefur aðalféhirðir Seðlabankans gengið frá grg. til bankastjórnarinnar og sú grg. fjallar um endurskipulagningu seðla- og myntútgáfu, þar sem m. a. er fjallað um hugsanlega gjaldmiðilsbreytingu.

Bankastjórnin tekur svo fram nokkur atriði í sinni umsögn sem ég skal aðeins drepa á:

Í fyrsta lagi að á undanförnum árum hafi verið að því stefnt að endurskoða mynt- og seðlastærðir í því skyni að draga úr kostnaði og auka hagkvæmni í notkun seðla og myntar í viðskiptalífinu. Mikilvægasti þátturinn í þessum breytingum hefur verið niðurfelling smámyntar, minni en einnar krónu, en með þeim hætti hafi í reynd verið strikaðir út tveir aukastafir í öllum fjárhæðum sem notaðar eru í bókhaldi og viðskiptum.

Í öðru lagi er það nefnt, að verði nú að því stefnt að taka upp nýja mynteiningu í stað núgildandi krónu komi ekki annað til greina en hún verði hundrað sinnum verðmætari en núgildandi króna.

Þá kemur hér fram, að eins og nú sé komið málum sé það skoðun bankastjórnar Seðlabankans að eina veigamikla röksemdin fyrir gjaldmiðilsbreytingu nú liggi í því að hún kunni að hafa hagstæð sálræn áhrif, draga úr verðbólguhugsunarhætti, vera tákn þess að nýtt líf væri hafið í efnahagsmálum. En það sé svo að sjálfsögðu að miklu leyti pólitískt mat, hver líkindi séu á því að þessi hagstæðu áhrif næðust. Það er minnst hér á reynslu annarra þjóða, og hún bendir til þess, að slíkt mundi því aðeins gerast að samtímis ætti sér stað veruleg stefnubreyting í meðferð efnahagsmála almennt. Besta dæmið um það sé gjaldmiðilsbreytingin sem átti sér stað í Frakklandi eftir að De Gaulle kom til valda og gerbylti stjórn efnahagsmála þar í landi. Er látinn í ljós í þessari umsögn vafi á því, hvort svo hagstæður árangur næðist hér á landi, sérstaklega vegna þess hve langan aðdraganda gjaldmiðilsbreytingin hlyti að hafa.

Af því, sem þarna hafi verið rakið, sé ljóst, að það sé skoðun Seðlabankans að færa megi rök bæði með og á móti þeirri skoðun að ráðist verði í gjaldmiðilsbreytingu hér á landi í náinni framtíð. Rökin fyrir gjaldmiðilsbreytingu séu fyrst og fremst af pólitískum og sálrænum toga spunnin og þau verði því ekki vegin til fulls nema fram fari um þessi mál almennari umr. á opinberum vettvangi en átt hafi sér stað til þessa. Ef tilgangur gjaldmiðilsbreytingar sé sá einn að auka traust á verðmæti gjaldmiðilsins og stuðla þannig að auknum sparnaði og heilbrigðara viðhorfi til peninga, þá hljóti það að vera forsenda góðs árangurs að ákvörðun um hana hljóti sem almennastan stuðning þjóðarinnar.

Ég hef nú rakið nokkur atriði úr umsögn Seðlabankans, en mér þykir rétt að nefna hér einnig nokkur atriði sem koma fram í álitsgerð aðalféhirðis Seðlabankans til bankastjórnarinnar frá því í marsmánuði s. l. Hann nefnir í álitsgerð sinni, að um sé að ræða tvo kosti: annars vegar að auka verðgildi krónunnar og svo hins vegar óbreytta stefnu. Um fyrri kostinn, að auka verðgildi krónunnar, segir hann svo m. a.:

„Á undanförnum árum hefur það álit iðulega verið rætt að auka ætti verðgildi krónunnar. Árið 1962 skipaði fjmrh. n. til að kanna m. a. hvort æskilegt væri að taka upp nýja og stærri mynteiningu. Komst n. þá að þeirri niðurstöðu að tífalda bæri verðgildi krónunnar, en till. hennar var hafnað af þáverandi stjórnvöldum. Tíu árum síðar kom fram þáltill. á Alþ. sama efnis, en þá taldi bankastjórn Seðlabankans að slík breyting væri ekki hagkvæm og tíföldun krónunnar væri um seinan. Rökstuddi bankastjórnin þá skoðun sína m. a. með því, að á undanförnum árum hefðu verið gerðar kostnaðarsamar breytingar á mynt- og seðlakerfinu. Hins vegar taldi bankastjórnin rétt að kanna, þegar krónan væri orðin minnsta myntein eingin, hvort æskilegt væri að hundraðfalda verðgildi krónunnar.“ — Og það er einmitt það sem þessi till., sem hér er til meðferðar, fjallar um.

Varðandi hinn kostinn, að hafa óbreytta stefnu, fer aðalféhirðirinn nokkrum orðum og ég sé ekki ástæðu til að vera að tíunda það sérstaklega. Hann segir þó hér, að ef halda eigi áfram á sömu braut verði fljótlega ekki hjá því komist að stíga næsta skref og það sé þríþætt: Í fyrsta lagi að gefa út nýja verðmeiri seðla, að verðgildi 10 þús. kr. og síðar 50 þús. kr. Hann nefnir hér að hlutdeild 5000 kr. seðla í seðlamagninu sé nú 79% eða svipuð og hlutdeild 1000 krónu seðla var þegar 5000 krónu seðlar komu fyrst í umferð í apríl 1971 og þetta hlutfall sé óeðlilega hátt. Í öðru lagi þurfi að slá 100 krónu mynt í stað 100 krónu seðils. Og í þriðja lagi þurfi að endurskipuleggja myntútgáfuna með tilliti til útlits, stærðar og þyngdar.

Þetta eru helstu atriðin sem ég vildi nefna og koma fram í umsögn Seðlabankans og þessari álitsgerð um endurskipulagningu seðla- og myntútgáfunnar.

Það er niðurstaða fjh.- og viðskn., að með hliðsjón af þessum athugunum sé réttmætt að sú athugun, sem þáltill. gerir ráð fyrir, fari fram, en þá sem liður í umfangsmeira verki sem miði að því að auka virðingu fyrir gjaldmiðlinum og styrkja hann á annan hátt. Því er það till. n. að með þessari umsögn verði málinu vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 82. fundur.

Fimmtudaginn 28. apríl, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 15 mínútur í hvorri. Röð flokkanna verður þessi. Í fyrri umferð: Samtök frjálslyndra og vinstri manna, Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur. Í síðari umferð: Samtök frjálslyndra og vinstri manna, Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir SF. í fyrri umferð Magnús Torfi Ólafsson, 3. landsk. þm., og í síðari umferð Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Ólafur Jóhannesson dómsmrh. og í síðari umferð Halldór E. Sigurðsson landbrh. Fyrir Alþb. í fyrri umferð Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., og í síðari umferð Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., og í síðari umferð Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv. Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Geir Hallgrímsson forsrh. og í síðari umferð Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 3. landsk. þm., Magnús Torfi Ólafsson, og talar af hálfu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Senn líður að lokum þriðja þings á kjörtímabilinu. Verður því að telja að komin sé haldgóð reynsla á úrræði og atorku þeirra sem báru hærri hlut í síðustu kosningum og síðan hafa stjórnað landinu. Enginn ber brigður á að Sjálfstfl. fer með forustuhlutverk í þeirri samstjórn sjálfstæðis- og framsóknarmanna sem nú situr við völd. Hans eru forsrn. og fjmrn., og ráðh. úr röðum sjálfstæðismanna fara með málefni þeirra atvinnuvega sem leggja til helming þjóðarframleiðslu og 9/10 hluta útflutnings, sjávarútvegs og iðnaðar.

Úr því að forusta Framsfl. ákvað eftir síðustu kosningar að efna til stjórnarsamstarfs við sjálfstæðismenn, var óhjákvæmilegt að þeir tækju við forustu í samsteypustjórn þessara tveggja flokka. Sjálfstfl. var tvímælalaust sigurvegari kosninganna 1974, enda sparaði flokksforustan ekki að gylla sig og sín úrræði fyrir kjósendum í kosningabaráttunni. Málgögn og talsmenn sjálfstæðismanna létu einskis ófreistað til að hampa sinni stefnu, einkum þó í efnahagsmálum og fjármálum, sem einu heildarstefnunni um samræmdar alhliða aðgerðir, eins og þeir orðuðu það, til að ráða fram úr aðsteðjandi efnahags-

vanda sem nokkur stjórnmálaflokkur hefði fram að færa.

Þessi málflutningur fékk þann hljómgrunn sem tryggði Sjálfstfl. umtalsverðan kosningasigur. Þess ávinnings fékk flokkurinn að njóta til fulls þegar stjórnarforustan í samsteypustjórn með rúmlega ⅔ alþm. í stuðningsliði sínu féll honum í skaut.

Nú, að lokum þriðja þings kjörtímabilsins og með kosningaár fram undan, er kominn tími til að spyrja hvernig ríkisstj. og stjórnarflokkar hafi leyst verkefni sín af hendi til þessa. Hafa þeir haldið trúnað við kjósendur sína og þá fyrst og fremst við óbreytta kjósendur, fólkið sem velur og hafnar við hverjar kosningar og ræður þar sigri eða ósigri einstakra flokka? Hvernig hafa stjórn og stjórnarflokkum farið verk úr hendi til þess? Sérstök ástæða er til að beina athyglinni að Sjálfstfl. þegar slíkra spurninga er spurt, vegna þess að ekki fer milli mála að komin er upp í því liði, sem myndar kjarna flokksins, einkum þó hér í Reykjavík og nágrenni, hreyfing sem vill að Sjálfstfl. haldi svo á málum að þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga áður en kjörtímabilið rennur út, helst á komandi hausti eða öndverðum vetri. Og ekki fer milli mála hvers vegna baráttulið Sjálfstfl. hér í Reykjavík beitir sér ákaft í þessu máli og býr sig undir að fylgja því fast eftir á landsfundi flokksins upp úr næstu mánaðamótum að ríkisstj. verði sprengd.

Meginástæðan fyrir kröfu margra undirforingja og sumra liðsodda sjálfstæðismanna í Reykjavík um þingrof og nýjar kosningar góðum tíma áður en kjörtímabilinu lýkur er ljós. Hún er sú, að þeir vilja með engu móti bíða þess að gengið verði til þingkosninga á reglulegum tíma því þá verður borgarstjórn í höfuðborginni og bæjarstjórnir um allt land kosnar skömmu áður en alþingiskosningar fara fram. Sjálfstæðiskjarninn í Reykjavík óttast að flokkurinn bíði afhroð í borginni ef núv. ríkisstj. situr enn þegar borgarstjórnarkosningar fara fram. Undirforingjarnir, sem hafa það hlutverk að fylgjast með gengi flokksins meðal almennings, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að ríkisstj. standi svo höllum fæti í almenningsálitinu að óvinsældir hennar muni bitna harkalega á Sjálfstfl. í borgarstjórnarkosningum.

Þessar hræringar í forustuflokki ríkisstj. bera því skýrastan vott, hversu hún hefur fyrirgert trausti á ferli sínum. Þeim, sem fastast trúðu á heildarstefnuna og samræmdu aðgerðirnar og úrræðin sem svo ákaft var heitið fyrir síðustu kosningar, þykir lítið hafa fyrir slíkum afrekum farið í stjórnarstörfunum. Það verður líka þeim mun ljósara, því lengur sem ríkisstj. situr að völdum, að hún er ákaflega ósamstæð og lítt samtaka í mörgum þýðingarmiklum málum. Heildarsvipurinn á starfi hennar, sér í lagi gagnvart Alþ., er sá, að hver ráðh. bauki að mestu í sínu horni að málum sinna rn. með misjöfnum árangri, en mótun heildarstefnu og framkvæmd sameiginlegra meginmarkmiða sé í lágmarki.

Um þverbak hefur þó keyrt á þinginu sem ljúka mun störfum að viku liðinni ef áætlanir ríkisstj. um afgreiðslu mála standast. Það er mál reyndustu alþm., jafnt hvar borið er niður í flokkum, að þetta þing hafi verið með eindæmum aðgerðalítið og snautt af stórmálum, sér í lagi frá áramótum. Eins og gefur að skilja mótar ríkisstj., sem hefur á sínum snærum jafnyfirgnæfandi þingmeirihluta og nú á sér stað, þingstörfin í öllum meginatriðum. Tillögur frá stjórnarandstöðu, sem telur innan við þriðjung þingheims, komast ekki langt þegar um þau mál er að ræða sem stjórnarliðið hefur gert að flokksmálum, en þeim mun greiðari ætti leiðin að vera fyrir ríkisstj. að hafa sinn málatilbúnað stóran í sniðum. En það er eitthvað annað en svo sé. Til að finna þeim orðum stað nægir að líta í stefnuræðu ríkisstj. sem forsrh. flutti í þingbyrjun s. l. haust. Þar er drepið á hvert stórmálið af öðru, sem séu í undirbúningi í rn., og varð ekki annað skilið en vænta mætti frv. um flest ef ekki öll þeirra á þessu þingi, voru enda mörg hver þessi mál sett á skrá um væntanleg stjórnarfrv. sem fylgdi stefnuræðunni.

Frv., sem sérstaklega var getið í stefnuræðunni vegna þýðingar þeirra, en ekki hefur sést af haus né sporður á þessu þingi, voru til að mynda þessi:

Frv. að breyttum lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þar sem ætlunin var, svo vitnað sé — með leyfi hæstv. forseta — í orðalag stefnuræðunnar, „að tryggja í senn hag bænda og neytenda og draga úr útgjöldum ríkissjóðs“. Ekki þarf orðum að því að eyða, hve þýðingarmikil markmiðin eru sem þarna eru fram sett. Neytendum ofbýður vöruverð, bændur kvarta yfir lélegu afurðaverði sem skili sér seint og illa, milljarðaútgjöld til niðurgreiðslna og uppbóta íþyngja ríkissjóði. En ríkisstj. virðist ekki ráða við málið.

Þá eru menn orðnir langeygir eftir frv. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta verslunarhætti, enda ekki til lítils að vinna, svo aftur sé vitnað í stefnuræðuna, með leyfi forseta: „Að efla samkeppni til að tryggja sem lægst vöruverð“, sagði þar. En ekki bólar á þessu þarfa máli

Þá var boðuð í stefnuræðunni endurskoðun allra helstu lagabálka um félagsmál, sem sé laganna um almannatryggingar, laga um lífeyrissjóði, laga um sjúkratryggingar og löggjafar um húsnæðismál. Ekki eitt einasta frv. af þeim, sem þarna eru boðuð, hefur enn litið dagsins ljós hér á Alþingi.

Fyrirheit var gefið í stefnuræðu ríkisstj. um heildaráætlun í orkumálum. Efndir eru engar.

Stefnuræðan boðaði endurskoðun á verkefnum og tekjustofnum ríkisins og sveitarfélaga, en einskis árangurs af henni hefur enn orðið vart.

Frv. um endurskoðun vinnuaðferða við gerð kjarasamninga og eflingu á hlutverki sáttasemjara í vinnudeilum virðist hafa horfið út í buskann.

Langbestar hafa heimtur orðið á frv. sem boðuð voru um endurbætur á réttargæslu og dómskipan. En örlög þeirra flestra sýna hve vanmegnugt stjórnarliðið er í rauninni að fást við meiri háttar mál þrátt fyrir háa höfðatölu. Aðeins eitt af veigamiklum málum á þessu sviði fékk afgreiðslu, frv. um rannsóknarlögreglu ríkisins og fylgifrv. þess, en sérstakt atfylgi dómsmrh. þurfti til að stjórnarliðið mannaði sig upp í að afgreiða málið.

Ekkert sýnir betur, hve loppið stjórnarliðið er í meðferð mála sem ráðh. þess leggja loks fram eftir að þau hafa gjarnan verið boðuð þing eftir þing, en meðferðin á frv. að breyttum lögum um tekju- og eignarskatt. Þetta frv. hefur verið lengi á döfinni og verið boðað ári frá ári í stefnuræðum og fjárlagaræðum. Það var lagt fram fyrir áramót, en sýnt er að úr þessu kemst það ekki úr n. í fyrri deild. Ekki þarf að eyða löngu máli í að sýna fram á þörfina á breyttum skattalögum. Hver einasti skattborgari hefur kynnst því betur og betur með álagningunni frá ári til árs, að lögin, eins og þau eru nú úr garði gerð, bjóða heim óþolandi misrétti meðal launþega innbyrðis vegna misjafnrar aðstöðu til að nota frádráttarheimildir, milli launþega annars vegar og hins vegar þeirra sem hafa rekstur með höndum og milli einstaklinga og fyrirtækja, þar sem þau hafa tök á að mynda sér skattfrjálsan stórgróða með gervisölum og flýtifyrningum.

En þegar frv. að nýjum skattalögum lá fyrir kom í ljós að þannig hafði verið á málinu haldið að skoðanir á ýmsum þýðingarmestu ákvæðum þess reyndust hartnær eins margar í stjórnarliðinu og þm. eru sem það skipa. Við gagngera breytingu á skattalögum skiptir miklu að þeir, sem við þau eiga að búa og framkvæma þau, hafi ríflegan tíma til að búa sig undir umskiptin. Munar í því efni miklu hvort ný skattalög eru afgreidd á þessu þingi eða verða að bíða hins næsta, ef ætlunin er að þau gangi í gildi um næstu áramót. En þrátt fyrir allt það sem á eftir rak að þetta mál væri tekið föstum tökum gloprði stjórnarliðið því niður, og enn verða skattgreiðendur að búa við óvissu um hvenær bætt verður úr óviðunandi ágöllum skattalaga.

Auk þeirrar hliðar skattkerfis, sem að skattgreiðendum snýr og allir gera sér grein fyrir, er önnur sem varðar hagstjórn í þjóðfélaginu og ekki liggur eins ljós fyrir þótt þýðingarmikil sé. Það er skilyrði fyrir heildarstjórn efnahagsmála og árangursríkri framkvæmd samræmdra aðgerða í því skyni, að tekna til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins sé aflað án þess að upp komi hróplegt misrétti og óviðunandi mismunun þegnanna. Mismunun af því tagi sem hér hefur átt sér stað, að margs konar gróði er lítt eða ekki skattlagður í reynd, samtímis því sem skattur fellur af fullum þunga á almennar launatekjur, skekkir allar eðlilegar fjármálaaðstæður, ýtir undir brask og brall, eins og mönnum ætti að vera fullkunnugt. Þegar skattamisrétti og ör verðbólguþróun fara saman er voðinn vís. Ríkisstj. hefur ekki náð á þessum málum þeim tökum sem að gagni koma, og því eru heildarstjórnin og samræmdu aðgerðirnar ekki annað en innantóm kosningaloforð eftir alllanga stjórnarsetu í skjóli óvígs þingmeirihluta.

Við blasir enn óleystur efnahagsvandi innanlands, og út á við eru sund að lokast. Allir viðurkenna nú orðið, að ekki er með nokkru móti verjandi að auka erlenda skuldasöfnun. Þvert á móti ber brýna nauðsyn til að lækka skuldirnar þegar greiðslubyrðin af þeim er orðin svo gífurleg að í hana fer fimmta eða sjötta hver króna sem fæst fyrir útflutning frá landinu. Þar á ofan er að hluta um að ræða skuldir til að greiða neyslu á líðandi stund sem grynna verður á jafnskjótt og viðskiptajöfnuður verður hagstæður, ef ekki á að fyrirgera aðgangi að alþjóðlegum varasjóðum skyldi til þeirra þurfa að grípa síðar meir.

Fyrir ári lýsti ég úr þessum ræðustól hversu ofveiði undanfarinna ára á helstu stofnum nytjafiska girðir fyrir að unnt sé að leysa vanda utanríkisviðskiptanna með því að auka afla til að hagnýta hagstæða verðþróun á fiskafurðum. Síðan virðist enn hafa sigið á ógæfuhlið í því efni, tiltæk vitneskja bendir til að enn sé bolfiskveiðum haldið uppi með því að ganga á ókynþroska árganga, jafnframt því sem hrygningarstofninn haldi áfram að rýrna.

Við þessar aðstæður hefur félagslegt misrétti fengið að ágerast svo að þjóðfélagið stendur nú á barmi harðvítugra stéttaátaka.

Álengdar standa postular herstöðvaleigu og hömlulausrar athafnasemi erlends einkafjármagns og bíða þess að sitt tækifæri komi til að ánetja þá sem ekki horfa í að fyrirgera efnahagslegu sjálfsforræði.

Þetta er í stórum dráttum myndin sem við blasir á þriðja stjórnarári samstjórnar tveggja stærstu flokka landsins, þar sem Sjálfstfl. leggur til leiðsöguna, en Framsfl. fylgispektina. — Þökk sem sem hlýddu.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það verður æ betur ljóst hver straumhvörf urðu til batnaðar í efnahagslífi okkar íslendinga á s. l. ári. Viðskiptahalli við útlönd var stórum minni en árið áður, gjaldeyrisstaða batnaði til muna svo og fjárhagsaðstaða ríkissjóðs. Nokkuð dró úr þeirri verðbólgu sem geisað hefur hér á landi um langt skeið, þótt í því efni hafi ekki enn tekist að ná því marki sem sett var í stjórnarsáttmálann. Atvinna var góð og framkvæmdir voru miklar bæði á vegum hins opinbera og hjá einstaklingum. Á margan hátt var búið í haginn fyrir framtíðina. Ég þyl hér engar tölur, þær eru tiltækar í opinberum skýrslum.

Útlitið í efnahagsmálum þjóðarinnar er því bjartara nú en oft áður. Því er spáð að þjóðartekjur aukist um 5% ef skynsamlega verður á málum haldið. Framvindan á fjórum fyrstu mánuðum þessa árs er hagstæð. Framleiðsla fer vaxandi, atvinnuástand er gott, viðskiptakjör eru góð og batnandi enn sem komið er og sæmilega horfir um jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Við ættum því að geta litið til framtíðarinnar með hóflegri bjartsýni ef ekki slær í baksegl.

Ég held líka að almennt sé ríkjandi bjartsýni. Framkvæmdaáform, húsabyggingar, gróska í atvinnulífi, óskir um skipakaup og margt fleira ber þessari bjartsýni vitni. Það er óþurftaverk sem of margir iðka, að telja kjark úr ungu fólki. En því þarf að rétta örvandi hönd.

Eins og jafnan eru þó ýmsar blikur á lofti. Verðlag á ýmsum innflutningsvörum fer ört hækkandi. Kjaramál öll eru óleyst og þar með sjálf tekjuskiptingin innan þjóðfélagsins. Ríkir því enn mikil óvissa á því sviði. Ég tel að nokkurt svigrúm hafi skapast til þess, eins og nú

horfir, að grynna nokkuð á erlendum skuldum og bæta raunveruleg kjör þeirra sem lakast eru settir, láglaunafólks og ellilífeyrisþega.

Ég hef áður lýst því yfir, að ég er fylgjandi þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta Alþýðusambandsþingi, þ. e. að mánaðarlaun hinna lægst launuðu hækki í 100 þús. kr. miðað við verðlag það sem gilti s. l. haust. Menn geta ekki með góðu móti lifað af lægri launum. Hitt vil ég jafnframt undirstrika, að ég tel ekki unnt að láta tilsvarandi launahækkun ganga gegnum allt launakerfið. þeir, sem hafa hærri laun, verða að láta sér nægja minna. Það verður samkv. minu mati að stefna að nokkurri launajöfnun. Það er blátt áfram óhjákvæmilegt ef takast á að rétta hlut þeirra sem neðstir eru í launastiganum. Aukning þjóðartekna setur heildarlaunahækkun ákveðin mörk. Innan þess ramma má á margan hátt breyta tekjuskiptingunni, þ. á m. í það horf sem áður var greint, en heildarlaunahækkun umfram það, sem þjóðartekjur leyfa, fær ekki staðist, verður ekki raunveruleg.

Eins og áður er sagt, er spáð að tekjur allrar þjóðarinnar aukist um 5% á þessu ári. Það þýðir m. ö. o. að sú heildarlaunahækkun, sem fer fram úr því marki, verður aðeins til þess að auka á hraða verðbólgunnar. Það býður aftur þeirri hættu heim, að á ný upphefjist stórfelld víxilverkun kaupgjalds og verðlags sem getur þurrkað út í einu vetfangi launahækkun þá er skriðunni hleypti af stað og eftir sitja þeir, sem lægst hafa launin, öllu verr settir en áður.

Þetta gerðist á árinu 1974, þó að utanaðkomandi ástæður ættu þar drýgstan hlut að. Það er von mín og trú, að verkalýðsleiðtogar hafi dregið nokkurn lærdóm af því sem átti sér stað þá. Á síðustu tveim árum hefur verkalýðsforustan sýnt þá ábyrgu afstöðu að taka tillit til efnahagsástandsins. Hóflegir kjarasamningar á þessu tímabili eiga sinn drjúga þátt í því, að jákvæður árangur hefur náðst á sviði efnahagsmála að undanförnu. Vonandi er að þessi ábyrga afstaða verði ofan á í þeim samningaumleitunum sem nú standa yfir. Þetta á ekki síður við um atvinnurekendur sem verða að koma til móts við kröfur verkalýðssamtakanna ef ekki á illa að fara. Verkföll valda miklu tjóni sem bitnar á launþegum, atvinnurekstri og þjóðinni allri. Það vita atvinnurekendur manna best.

Fráleitar kaupkröfur eru engum til góðs. Þær verða til þess að seinka því að kjarasamningar takist. En óumbreytanlegt tregðulögmál atvinnurekenda er einnig ákaflega óskynsamlegt að minnm dómi. Það bætir ekki andrúmsloftið og verður til þess að draga samninga á langinn. Auk þess er hætt við að menn hætti að taka mark á síendurteknum yfirlýsingum atvinnurekenda um algjört getuleysi. Velvilji, skilningur og tilhliðrun af hálfu ríkisvaldsins getur hér einnig þurft til að koma.

Við þurfum að koma kjarasamningum á svipað plan og í nágrannalöndum. Þar er ekki rætt um slík heljarstökk eins og hjá okkur. Gagnasöfnun og upplýsingamiðlun, sem fyrir hendi er, getur lagt grundvöll að slíkum vinnubrögðum.

Ég hef hér gerst nokkuð margorður um yfirstandandi kjarasamninga. Það er af því að þeir eru í brennidepli og þeir eru nú öllum landsmönnum efst í huga.

Þegar rætt er um kjaramál má ekki gleyma því, að tekist hefur að halda fullri atvinnu í landinu. Það verður seint ofmetið. Það sést best þegar litið er til atvinnuástandsins í nágrannalöndum okkar. Blöð stjórnarandstæðinga hafa ýjað að því, að margt fólk hyggist flytja búferlum til annarra landa í atvinnuleit. Ég læt réttmæti fullyrðinga af þessu tagi liggja á milli hluta. En mér er spurn: Hvert ætlar þetta fólk að flytjast? Það land í Evrópu mun a. m. k. vandfundið þar sem ekki ríkir atvinnuleysi. Í velferðarríki eins og Svíþjóð voru t. d. yfir 60 þúsundir manna atvinnulausar á miðju síðasta ári og var þó atvinnuástandið sýnu verra í flestum öðrum Evrópuríkjum.

Sú gagnrýni gerist æ háværari að draga beri úr útgjöldum ríkis og sveitarfélaga. Slík gagnrýni getur kitlað eyru manna, en hún er yfirborðskennd og brýtur ekki þessi mál til mergjar. Mikill meiri hluti af útgjöldum hins opinbera rennur til heilbrigðis- og tryggingamála, félagsmála, menntamála og samgöngumála. Nú spyr ég: Vilja þeir, sem á mál mitt hlýða, draga úr útgjöldum til þessara málaflokka? Ætli flestum sé ekki þannig farið, að þeir telji fremur nokkuð skorta á í þessum efnum. A. m. k. hef ég fáa hitt fyrir sem treysta sér til þess að skera niður útgjaldaliði er nokkru nemi, og víst er að stjórnarandstæðingar eru ekki í þeim hópi. Úr þeim herbúðum heyrist sjaldnast annað en kröfur á kröfur ofan um aukningu ríkisgjalda í einni eða annarri mynd.

Þeir, sem hafa uppi herópið: „báknið burt“ — þurfa líka að gera hreint fyrir sínum dyrum. Þeir verða að segja skýrt og skilmerkilega hvað þeir vilja spara, hverja þætti ríkiskerfisins þeir vilja nema burt. Slagorð, þótt vel hljómi, leysa engan vanda. Ég get fallist á það, að rekstrarútgjöld séu e. t. v. of hátt hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins. Að því ber vitaskuld að stefna að draga úr þeim útgjöldum eftir því sem kostur er. Í verklegum framkvæmdum verður hið opinbera að sjálfsögðu að sníða sér stakk eftir vexti, en framkvæmdum verður að halda uppi svo sem frekast er unnt.

Verklegar framkvæmdir þjóna að mínum dómi margvíslegum tilgangi. Í fyrsta lagi eru þær snar þáttur í byggðastefnu, þar sem þær leggja í mörgum tilvikum undirstöðu undir atvinnuuppbyggingu sem aftur er forsenda þess að hægt sé að auka þjóðarframleiðsluna. En með því móti einu að auka þjóðarframleiðsluna getum við íslendingar bætt raunveruleg lífskjör okkar. Í öðru lagi tryggja þessar framkvæmdir landsmönnum öllum þá félagslegu þjónustu er við teljum sjálfsagða og hlýtur að fylgja í kjölfar þeirrar miklu atvinnuuppbyggingar sem átt hefur sér stað um land allt á síðustu árum. Og síðast, en ekki síst tryggja verklegar framkvæmdir það oft að afstýrt sé tímabundnu atvinnuleysi.

Atvinnuöryggi og sæmilegar tekjur eru eðlilegt keppikefli hvers manns og frumskilyrði mannsæmandi lífs. En hinu má þó ekki gleyma, að maðurinn lifir ekki af einu saman brauði. Skefjalaust lífsgæðakapphlaup getur gengið út í öfgar

og veitir ekki þá lífsfyllingu sem æskilegt er. Það er því þörf á nýju lífsgæðamati og hófsemi í víðtækum skilningi.

Það, sem ég tel langsamlega stærsta vandamál okkar eða viðfangsefni nú, er að tryggja skynsamlega nýtingu íslenskra fiskimiða og koma í veg fyrir ofveiði á fiskstofnum í fiskveiðilandhelgi okkar. Lífsafkoma íslensku þjóðarinnar á næstu árum og áratugum ræðst af því, hvort sókn í fiskstofna umhverfis landið verður haldið innan þeirra marka sem þeir stofnar þola. Með samkomulagi því, sem gert var í Osló fyrir tæpu ári og innsiglaði sigur okkar í landhelgismálinu, var vissulega stigið stórt skref í þessa átt, þar sem við fengum það viðurkennt að við ættum í framtíðinni einir að stjórna veiðum á Íslandsmiðum. Ég er svo bjartsýnn að trúa því, að okkur takist að fylgja þessum sigri eftir með nauðsynlegri friðun fiskimiðanna og skynsamlegri hagnýtingu þeirra án þess að grípa til einhverra ofboðsaðgerða. Við skulum hafa það í huga, að við eigum hér eftir við okkur eina að sakast ef illa tekst til. Efnahagslegt sjálfstæði okkar í framtíðinni er undir því komið að við leysum þetta viðfangsefni á viðunandi hátt, látum aldrei þá skömm um okkur spyrjast að við spillum sjálfir þessum náttúruauðlindum okkar eftir að við höfum fengið yfir þeim full og óskoruð yfirráð. Því má ekki gleyma að útfærsla fiskveiðilögsögunnar er stærsta mál síðustu ára.

Að undanförnu hefur talsvert verið rætt um svokölluð stóriðjumál, m. a. í sambandi við fyrirhugaða járnblendiverksmiðju á Grundartanga, en einnig af öðrum ástæðum. Hér er eigi kostur að ræða þau mál almennt né Grundartangaverksmiðjuna sérstaklega. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að í samningum um járnblendiverksmiðjuna er mörkuð ný stefna í þessum efnum, þ. e. að íslendingar skuli eiga meiri hluta í fyrirtækinu og það skuli í einu og öllu lúta íslenskum lögum og innlendum dómstólum. Þar með hafa orðið ofan á þau sjónarmið sem við framsóknarmenn héldum fram og börðumst fyrir í sambandi við álsamningana á sínum tíma. Þetta er að mínum dómi mjög mikilvægt, og verður tæplega vikið frá þeirri meginreglu ef til einhverrar samvinnu við útlendinga um stofnun atvinnufyrirtækja kemur síðar, sem ekki á að koma til að mínu mati nema í algjörum undantekningartilfellum.

Ég skil ekki röksemdir þeirra manna sem lýst hafa andstöðu við járnblendiverksmiðjuna af þeirri ástæðu að útlendingar ættu þar ekki meirihlutaaðild. Hún byggist á vantrausti á eigin getu. Allur íslenskur atvinnurekstur er áhættusamur, en engum hefur víst dottið í hug að íslendingar sjálfir ættu bara að vera þar minnihluta aðilar. Ekki meira um það. En ég undirstrika aftur hina nýju meginstefnu, sem nú hefur verið viðurkennd, núv. iðnrh. hefur fylgt henni fram, en hún var mótuð í tíð fyrrv. stjórnar, er grundvöllur var lagður að Grundartangaverksmiðju.

Það tíðkast í eldhúsumr. að eitthvað sé vikið að stjórnarandstæðingum. Í því stjórnkerfi, sem við búum við, er stjórnarandstaða sjálfsögð og nauðsynleg. Um núv. stjórnarandstæðinga má segja, að enginn frýr þeim vits og ekki vantar þá viljann og eljuna. En þrátt fyrir vitið og stritið í stjórnarandstöðunni hafa þeir ekki haft erindi sem erfiði. Ég held að skýringin sé að nokkru leyti sú, að í málflutning þeirra skortir oft sannfæringarkraftinn. Það er eðlilegt, því að í langflestum tilfellum hefðu þeir í stjórnarandstöðu brugðið við með svipuðum hætti og núv. stjórn. Í annan stað hefur viðleitni þeirra einkum beinst að því að koma af stað einhverri misklíð á milli núv. stjórnarflokka, en þar hafa þeir orðið fyrir vonbrigðum og hafa sumir þeirra orðið nokkuð beiskir í lund af þeirri sök.

Þegar á allt er litið eru stjórnarandstæðingar hér sjálfsagt ekki ósanngjarnari en gengur og gerist. Þó að þeir nöldri stundum óþarflega mikið gera þeir sjálfsagt sitt gagn á sinn hátt. Ég fyrir mitt leyti er ósköp ánægður með þá eins og þeir eru, og þó að þeir láti nú eitthvað fjúka hér í kvöld mega hlustendur ekki taka þá bókstaflega. Þegar til alvörunnar kemur og á þarf að halda vilja þeir flestir gera sitt besta fyrir land og þjóð, eins og langsamlega flestir þeir alþm., sem ég hef kynnst. Og það skulu vera mín síðustu orð að vara við þeim óhróðri sem nú er tíska að þyrla upp um alþm. og þá um leið auðvitað sjálft Alþingi. — Þökk þeim sem hlýddu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hefur verið við völd í tvö ár og átta mánuði. Hún hefur því vissulega fengið sinn reynslutíma. Á aðeins 15—20 mínútum verður stefna ríkisstj. almennt ekki rædd að neinu gagni. Ég vel því þann kostinn að ræða hér nær einvörðungu um stefnuna í atvinnu- og fjárhagsmálum, enda er nú svo komið á því sviði að ekki er annað sjáanlegt en að allsherjar vinnustöðvun sé að skella yfir sem bein afleiðing af dýrtíðar- og kjaraskerðingarstefnu ríkisstj.

Þegar litið er yfir orð og gerðir ríkisstj. í efnahagsmálum blasir við ömurleg staðreynd. Það er eins og allt hafi snúist við í höndum hennar og niðurstaðan hafi ævinlega orðið öfug við það sem lofað var. Hér skulu nefnd nokkur dæmi.

Í fyrstu stefnuræðu forsrh. sagði hann að útlit væri á að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann yrði 1000 millj. kr. í árslok 1974. Hann sagði að ríkisstj. væri staðráðin í að kippa þessu í lag og því ráðgerði hún að greiða a. m. k. helming skuldarinnar niður á fyrsta ári. En nú, tveimur og hálfu ári síðar, var skuld ríkissjóðs við Seðlabankann um 11 milljarðar kr.

Forsrh. sagði líka í fyrstu stefnuræðu sinni að gjaldeyrisvarasjóðurinn væri allt of lítill, aðeins um 2000 millj. kr. Það átti líka að leiðrétta. Nú skuldar hins vegar Seðlabankinn um 12 milljarða erlendis eingöngu vegna gjaldeyrisstöðunnar, því að gjaldeyrisvarasjóðurinn hvarf á nokkrum mánuðum og síðan hefur allt verið rekið með skuldasöfnun.

Þegar ríkisstj. tók við hét forsrh. því, að dregið skyldi úr ríkisútgjöldum. Síðan hafa ríkisútgjöldin þrefaldast og hækkun á almennum

rekstrarkostnaði gnæfir þar langt yfir alla aðra rekstrarliði.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, voru skuldir þjóðarinnar við útlönd um 40 milljarðar, en nú eru þær yfir 100 milljarðar.

Ríkisstj. lofaði í upphafi skattkerfisbreytingu og lækkun skatta. Skattkerfið er óbreytt, nema mörgum nýjum sköttum hefur auðvitað verið bætt við og heildarskattheimtan hefur stóraukist.

Hún lofaði breyttu verðlagseftirliti sem leiða mundi til verðlagslækkunar. Verðlagseftirlitið er óbreytt, en verðhækkanir á öllum sviðum hafa orðið meiri en dæmi eru til um áður.

Og lækkun verðbólgunnar um 1,5% á ári, eins og forsrh. boðaði að verða mundi strax á fyrsta starfsári stjórnarinnar, hefur snúist upp í 40—50% verðbólgu á ári síðan stjórnin tók við og það þrátt fyrir það að raungildi kaups í landinu hafi farið lækkandi.

Þannig er hrakfallabálkur stjórnarstefnunnar í efnahagsmálum. Öll þessi hrakföll og allar þessar vanefndir reynir ríkisstj. að afsaka með óhagstæðum ytri skilyrðum og verðfalli á útflutningsvörum. Slíkar afsakanir eru haldlausar þegar litið er á starfstíma hennar í heild. Verð á útflutningsvörum hefur verið hátt og aldrei fyrr eins hátt og það er nú. Á s. l. ári hækkaði t. d. útflutningsverðið um 18% og var þá hærra en það hafði nokkru sinni fyrr verið. Í ár er enn spáð 15—16% hækkun á útflutningsverði. Útflutningsverðið er því hátt. Innflutningsverð hækkaði aðeins um 5% á árinu 1975 og um önnur 5% á árinu 1976 og nú er spáð 7% hækkun á innflutningsverði.

Óreiðan í efnahagsmálum stafar því ekki af óhagstæðum ytri skilyrðum. Það, sem þar var óhagstætt, gerðist á árinu 1974, en síðan hefur ástandið farið stórbatnandi. Það er fyrst og fremst stefna ríkisstj. í efnahagsmálum sem valdið hefur þeirri óðaverðbólgu sem yfir hefur gengið og enn er hér í fullum gangi.

Nýlega hefur verið gerð nokkur athugun á því, hverjar séu beinar orsakir þeirra verðlagshækkana sem fram koma í framfærsluvísitölunni. Þessar athuganir leiða í ljós athyglisverðar staðreyndir, m. a. þessar:

Á tímabilinu 1. febr. 1974 til 1. febr. 1977 eða s. l. þrjú ár hefur framfærsluvísitalan hækkað um 181%. Á sama tíma hefur sjötti taxti Dagsbrúnar hækkað um 149% eða allmiklu minna. Þessar miklu verðlagshækkanir má rekja til þriggja meginorsaka, þ. e. a. s. um 20% eða ⅕ má rekja til erlendra verðhækkana eða þeirra orsaka sem okkur hafa ekki verið viðráðanlegar, um 48% eða tæpan helming má rekja til beinna ákvarðana stjórnvalda og um 32% eða tæpan þriðja part má rekja til afleiðinga af kaupgjaldshækkunum.

Það, sem þessar tölur segja í stuttu máli, er þetta: Um helmingur dýrtíðarinnar stafar beinlínis af því að ríkisstj. hefur ákveðið gengislækkanir og leyft gengissig. Þannig hefur innflutningsverð á vörum verið tvöfaldað. Þá hefur ríkisstj. hækkað söluskatt oftar en einu sinni, lagt á sérstakt 18% vörugjald og dregið úr niðurgreiðslum hlutfallslega frá því sem áður var. Þessar ráðstafanir ríkisstj. ásamt með samþykkt á hækkun opinberra þjónustugjalda hafa leitt til verðhækkunar á s. l. 30 árum sem nemur 90%. Verðlagshækkanir, sem rekja má til launahækkana á þessum tíma, eru líka afleiðingar af stjórnarstefnunni, vegna þess að kaupmáttur launa hefur minnkað á þessum tíma, en ekki aukist. Sé kaupþátturinn af þessum ástæðum tekinn út úr myndinni má segja að orsakir verðlagshækkana á þessum þremur árum stafi að 70% af völdum ríkisstjórnarstefnunnar í efnahagsmálum.

Verðhækkanir á opinberri þjónustu á þessum tíma eru lýsandi dæmi um stefnu ríkisstj. í verðlagsmálum. Á nákvæmlega sama tíma og kaupgjaldið hækkar um 149% og framfærsluvísitalan hækkar um 181%, þá hækkaði eftirfarandi opinber þjónusta þannig: Hljóðvarpsgjald hækkaði um 278%, sjónvarpsgjald hækkaði um 279%, rafmagnsverð hækkaði um 260%, strætisvagnagjöld hækkuðu um 315%, símagjöld hækkuðu um 248%, farmgjöld hjá Skipaútgerð ríkisins hækkuðu um 238%, sementsverð frá Sementsverksmiðju ríkisins hækkaði um 327%, hitaveitugjöld hækkuðu um 174%. Þessi dæmi sýna að ríkisstj. hefur sjálf gengið á undan með verðhækkanir og hækkað opinbera þjónustu langt yfir meðaltalsverðhækkanir. Þannig hefur ríkisstj. beitt verðbólgunni sem hagstjórnartæki. Leiðin var sú að hækka verðlag, en halda niðri kaupi.

Enginn maður, sem nokkra glóru hefur í höfðinu, getur í dag haldið því fram að erfiðleikar okkar stafi af of háu kaupgjaldi. Sannleikurinn er sá, að vinnuafl okkar er farið að leita til annarra landa í iskyggilegum mæli. Það sanna opinberar skýrslur. Og það leitar til annarra landa vegna óviðunandi launakjara hér.

En hvar liggur þá vandi okkar í efnahagsmálum? Hann liggur m. a. í því, að hér er haldið uppi tvöfalt hærri vöxtum en í viðskiptalöndum okkar, — vöxtum sem leiða til ofurþunga í útgjöldum í ýmsum starfsgreinum og vöxtum sem valda óhefrilegri dýrtíð. Hann liggur m. a. í því, að ríkið og opinberir aðilar ráðstafa milljörðum kr. á ári í framkvæmdir sem ekki geta skilað arði í mörg ár og sumar munu aldrei skila neinum arði. Hann liggur í því að samkv. síðustu fjárl. þarf ríkið að greiða um 9000 milli. kr. á ári í vexti af lánum, en þessi vaxtagreiðsla ríkisins jafngildir 5—6 söluskattsstigum í gjaldheimtu. Vandi okkar liggur m. a. í því, að við eyðum og sóum gjaldeyri og verðmætum í óþarfa og í skipulagslevsi og í illa rekin fyrirtæki og stofnanir. Vandi okkar liggur m. a. í því, að peningamálum þjóðarinnar er ekki stjórnað í þágu framleiðsluatvinnuvega í því skyni að auka framleiðslu og framleiðni og gera reksturinn hagkvæmari. Hér hefur stefnan þvert á móti verið sú að draga úr fjárfestingu til atvinnuvega landsmanna sjálfra um 21% að magni árið 1975 og um 17% að magni aftur árið 1976, og enn er beinlínis áætlað í opinberum plöggum að dregið verði úr fjárfestingu atvinnuvega landsmanna á þessu ári um 12—14%. Í stað þessa er fjárfestingunni beint að Grundartanga, hafnargerð þar, vegarlagningu þangað, raflínulögn þangað og hlutafjárframlagi í þann taprekstur og í virkjunarframkvæmdir vegna erlendrar stóriðju svo milljörðum skiptir.

Stefna ríkisstj. í atvinnumálum er mótuð af vantrú á íslenska atvinnuvegi, en oftrú á erlenda stóriðju. Dæmi um þetta eru ótalmörg. Nýlega hafa t. d. iðnrekendur skýrt frá því, að þeir vildu greiða starfsfólki sínu hærra kaup og teldu það nánast nauðsynlegt eins og komið væri, en skilyrði þess væri að rekstur þeirra byggi við hliðstæð rekstrarskilyrði og keppinautar þeirra erlendis. Með þessu eru íslenskir iðnrekendur að benda á að hér búa þeir við helmingi óhagstæðari lánakjör en annars staðar þekkist, hér er þrengt að þeim í lánsfjármálum og hér búa þeir við hærra orkuverð og sífellda nýja og nýja skattheimtu ríkisins á ýmsum sviðum. Sem sagt, iðnrekendur heimta breytta stjórnarstefnu.

Lánakjör þau, sem nú hafa verið sett af stjórnvöldum, gera nánast allar framkvæmdir í íslenskum landbúnaði óframkvæmanlegar. Verðtrygging stofnlána og háir vextir fá ekki staðist í landbúnaði okkar. Þessar lánareglur eru líka settar til þess að stöðva framkvæmdir, en ekki til að leysa neinn vanda.

Í málefnum sjávarútvegs hefur komið fram, að það er nánast trúaratriði að stöðva allar umbætur fiskiskipaflotans og draga á langinn og helst af öllu að stöðva þær endurbóta- og hagræðingarframkvæmdir sem unnið hefur verið að í fiskiðnaði landsmanna.

Þeir, sem stjórna peningamálum þjóðarinnar, virðast ekki skilja hvaðan þeir peningar koma sem þeir fara höndum um og þeir lifa á sjálfir. Þeir skilja ekki hvar uppspretta þeirra er og hvað til þess þarf að sú uppspretta geti fært í þjóðarbúið peningaleg verðmæti.

Erlenda stóriðjan mætir hins vegar öðru viðmóti af hálfu stjórnvalda. Hún þarf ekki að greiða okurverð fyrir raforkuna. Hún getur sagt, eins og fulltrúar Járnblendifélagsins á Grundartanga sögðu nýlega í bréfi til Alþ., að þeirra verksmiðja mundi búa við raforkuverð sem yrði það hagstæðasta sem vitað væri um til nýrra fyrirtækja á norðurhveli jarðar. Þetta voru þeirra orð.

Erlenda stóriðjan þarf ekki heldur að búa við íslensk verðtryggingarlán. Hún tekur erlend lán á helmingi lægri vöxtum en hér gilda. Erlend stóriðja þarf ekki heldur að hafa áhyggjur af nýjum skattaálögum í ýmsu formi eins og íslensk fyrirtæki. Hún er undanþegin öllum slíkum kvöðum.

Áhugi ríkisstj. á erlendri stóriðju er svo mikill að hún hikar t. d. ekki við að leggja fram sem hlutafé áhættufé 3500 millj. kr. til Grundartangaverksmiðjunnar, og samkv. upplýsingum, sem einn af þm. Sjálfstfl. gaf á Alþ. fyrir nokkrum dögum, sýna útreikningar, sem hann lét gera og byggðir eru á áætlunartölum Járnblendifélagsins, að ríkissjóður muni þurfa að greiða með verksmiðjunni um 3400 millj. kr. á næstu 6 árum í beint meðlag og er þá búið að taka tillit til allra greiðslna frá félaginu í formi skatta og annars — sem sagt nettótap 3400 millj. kr.

Sú stefna í atvinnu- og fjárhagsmálum, sem ríkisstj. hefur fylgt, hlýtur að vera öllum landsmönnum áhyggju- og umhugsunarefni. Ég skil mætavel að fylgismenn Sjálfstfl. spyrja af nokkrum þunga og reiði: Hvar er skattkerfisbreytingin, Geir Hallgrímsson? Hvar er skattalækkunin, sem lofað var, Geir Hallgrímsson? Hvar eru nýju verðlagseftirlitsreglurnar sem áttu að lækka verðlag? Hvar eru nú loforðin um minnkun ríkisútgjalda? Hvar er nú stefna Sjálfstfl. um minnkun ríkisafskipta? Koma þau fram í Grundartangaverksmiðjunni? Og hvar er nú stefna Sjálfstfl. um endurskoðun laga um Framkvæmdastofnun ríkisins? Var hún kannske aldrei neitt annað en krafa um formleg helmingaskipti? Og ég skil að sjálfstæðismenn spyrji: Hvar er stefnan, Geir Hallgrímsson, um gætni og ráðdeild í fjármálum og minnkun erlendra skulda? Það er von að mennirnir spyrji.

Ég skil líka ofurvel að þeir, sem studdu Framsfl., spyrji hvað hafi eiginlega komið fyrir flokkinn í íhaldssamvinnunni. Bændur spyrja skiljanlega hvers vegna þeirra kjör séu nú lakari en nokkru sinni áður, sbr. alla mótmælafundi þeirra á þessum vetri. Þeir spyrja líka hvað hafi komið til að Framsfl. skyldi samþykkja þá okurlánastefnu sem nú stöðvar allar framkvæmdir í landbúnaði. Ég skil að framsóknarmenn spyrji hvað hafi komið til að flokkurinn samþykkti í fyrra stækkun álversins í Straumsvík sem nemur 11 þús. tonna framleiðslu á ári án allra skilyrða. Og enn spyrja þeir hvort flokkurinn ætli virkilega að samþykkja þriðja kerskálann í Straumsvík sem nú er verið að semja um og ákvörðunin um virkjun Hrauneyjafoss er í beinum tengslum við. Og er nema von að framsóknarmenn spyrji hvernig flokkurinn ætli að koma heim og saman byggðastefnu sinni og stóriðjustefnunni með 18 milljarða framkvæmdirnar á Grundartanga.

Sú barátta, sem nú er framundan í launa- og kjaramálum, er ekki aðeins barátta á milli verkafólks og atvinnurekenda. Hún er jafnframt barátta gegn rangri stjórnarstefnu, gegn þeirri stefnu að beita verðbólgunni sem hagstjórnartæki og gegn þeirri fávíslegu og óhjóðlegu stefnu sem nú er rekin í atvinnumálum þjóðarinnar. Allir þeir, sem nú eiga í kjaradeilum, jafnt verkamenn og sjómenn og opinberir starfsmenn, háskólamenn og annað launafólk, verða að átta sig á því samhengi sem er á milli verðbólgu og kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. og stefnu hennar almennt í efnahagsmálum.

Launa- og kjarabaráttan, sem slitin er úr samhengi við baráttuna á sviði landsmála, við hina pólitísku baráttu, verður alltaf árangurslaus. Launafólk allt og allir þeir, sem bera hag íslenskrar atvinnustefnu fyrir brjósti, þurfa að átta sig á að Alþb. er eini flokkurinn sem stendur gegn auknu áhrifavaldi útlendinga í íslensku atvinnulífi, er eini flokkurinn sem er heilsteyptur flokkur íslenskra launamanna.

Alþb. hefur sett fram till. sínar um íslenska atvinnustefnu. Sú stefna byggist á að landsmenn sjálfir nýti auðlindir landsins og hafsins í kringum landið, hafsins sem við börðumst fyrir í landhelgisátökunum að fá full yfirráð yfir til þess m. a. að stórauka afrakstur okkar af því hafsvæði. Alþb. gerir kröfu til þess, að atvinnureksturinn sé vegna fólksins, en ekki öfugt, og hafnar því með öllu forsjá erlendra gróðaafla í atvinnulífi landsins. Kjarabaráttan nú beinist

því óhjákvæmilega að því að knýja fram breytta stjórnarstefnu í grundvallaratriðum. Núv. verðbólgu- og kjaraskerðingarríkisstj. verður því að víkja — því fyrr, því betra. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. „Krafla með kynja afli klauf fjall og rauf hjalla," kvað Jónas Hallgrímsson á sínum tíma. Enda þótt þrengingar þjóðarbúsins og syndir stjórnarinnar hvíli þungt á herðum alþm. og þeir láti gamminn geysa í umr. í kvöld eru fregnir af eldstöðvunum í Mývatnssveit efst í huga okkar allra. Ef einhverjir hlusta nú á útvarp norður þar fullvissa ég þá um að allar deilur eru lagðar til hliðar og við eigum allir eina sál þegar náttúra landsins fer hamförum. Það er von okkar að eldarnir og óróleikinn í iðrum jarðar valdi ekki tjóni á mönnum og sem minnstu á mannvirkjum. En hver sem vandinn kann að verða munum við öll standa saman og axla byrðar sem ein fjölskylda væri.

Það er auðvelt að skilja vandamál sem stafa beint af hamförum náttúrunnar. Önnur vandamál koma aðeins fram í tölum og skýrslum og getur stundum reynst erfitt að vekja þjóðina til skilnings á alvöru þeirra. Þannig eru flest þau mál sem ríkisstj. og Alþ. eiga helst að glíma við. Þau gefa ekki frá sér „dauða org í djúpi dimmu" eins og Kröflueldar. Engu að síður eru þetta vandamál sem ógna frelsi þjóðarinnar og sjálfsvirðingu, grafa undan lífskjörum og mergsúga lýðveldið okkar með því að brjóta niður siðferðisbrek og heiðarleika þjóðarinnar.

Af þessum vandamálum tel ég skuldasöfnun erlendis vera hættulegasta. Hin úrræðalausa og sundurlausa íhaldsstjórn, sem setið hefur að völdum á þriðja ár, hefur horft upp á það að stjórn efnahagsmála hefur leitt til aukinnar skuldasöfnunar svo að íslendingar eru nú skuldugasta þjóðin í OECD. Um þessar mundir munu heildarskuldir okkar erlendis til langs tíma hafa farið yfir 100 milljarða, en það er nálega ½ milli. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Þetta er skuggaleg þróun og ekkert lát á. Hver fréttin berst eftir aðra um nýjar lántökur í útlöndum, enda hefur verið gert ráð fyrir að á þessu ári verði teknir 20 milljarðar í slíkum lánum, þar af renni 10 milljarðar til að greiða vexti og afborganir af eldri lánum, en 10 milljarðar verði hrein aukning. Skuldirnar gefa til kynna að við, þessi stóra fjölskylda, höfum rekið félagsbú okkar með geigvænlegum halla ár eftir ár. Svo má ekki halda áfram.

Bretar og Ítalir eru líka verðbólgubjóðir þótt ekki komist verðbólga þeirra í hálfkvisti við okkar. Þær þjóðir eru líka skuldugar, þótt við séum enn þá skuldugri hlutfallslega. Samt hefur farið svo að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur tekið upp bein afskipti af efnahagsstjórn þessara landa og gerir kröfur um ákveðnar aðgerðir ef þau eigi að fá lán sem bæði vanhagar um. Eru þetta þau örlög sem bíða okkar? Hvenær ætli komi að því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fari að skipta sér af stjórn efnahagsmála hér á landi og skipa Alþ. og ríkisstj. fyrir verkum? E. t. v. hafa þeir ekki þungar áhyggjur af okkur, þótt við séum heimtufrekir á lán, vegna þess hve litlir við erum. Það fer svo sem ekki mikið fyrir okkur á jötunni þeirra. En hvað finnst okkur sjálfum? Hvað verður um efnahagslegt sjálfstæði okkar?

Ríkisstj. hefur öðru hverju haft dálitla tilburði til þess að stjórna efnahagsmálum. Verðbólga hefur lækkað úr 50—60% í rúm 30%, og viðskiptahallinn gagnvart útlöndum hefur nokkuð minnkað. En skuldirnar hafa haldið áfram að vaxa og erlend lán hafa verið það deyfilyf sem ríkisstj. hefur gleypt hvað eftir annað. En nú verður ekki haldið miklu lengra á þessari braut.

Ríkisstj. hefur frá upphafi talað allmikið um verðbólguna og þóst halda uppi baráttu gegn henni. Hitt er þó öllu líklegra, að óðaverðbólgan frá vinstri stjórninni hafi hjaðnað þegar erlendur þrýstingur minnkaði, frekar en vegna ráðstafana hæstv. ríkisstj. Víst er að sérfræðingum OECD hefur þótt stjórnin halda illa á hemlun eftirspurnar. Þeir segja beinum orðum í síðustu skýrslu sinni að ríkisstj. hafi notað verðbólguna til að draga úr kaupmætti í landinu. Verðbólgan er megin hagstjórnartæki þessarar ríkisstj. Hins vegar viðurkenna þessir sömu sérfræðingar OECD að verkalýðshreyfingin hafi sýnt ábyrga afstöðu og hógværð í kröfugerð, og ber að hafa það í huga þegar rætt er um kjaradeilurnar sem nú standa yfir.

Ekki verður um það deilt, að ríkisstj. hefur ekki tekist að hindra halla á ríkisrekstrinum, en hann er beinn verðbólguvaldur þegar svo stendur á sem hér er nú. Skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum hefur verið geigvænlega mikil og með þeim skuldum hefur ríkiskassinn dregið til sín fjölmarga milljarða frá bankakerfinu sem ella hefði e. t. v. mátt nota til að lána atvinnuvegunum og bæta úr brýnustu þörf fyrir rekstrarfé.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að ríkisstj. er þriðji aðilinn í heildarsamningum á vinnumarkaði milli verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda, hvort sem ráðh. líkar það betur eða verr. Kjaramál launþega verða ekki leyst án þess að tekið sé tillit til verðlags, skatta, tolla, trygginga og fleiri atriða sem eru fyrst og fremst á vegum og á valdi ríkisstj. Þrátt fyrir þetta hefur íhaldsríkisstj. okkar hvergi nærri komið þeim viðræðum sem fram hafa farið nú undanfarnar vikur og hafa gengið furðulega hægt. Í stað þess að ríkisstj. sé virkur aðili við að greiða fyrir samkomulagi hefur aðalmálgagn forsrh., Morgunblaðið, haldið uppi látlausum áróðri gegn launþegum og reynt á alla lund að hræða þá með hugsanlegum afleiðingum kauphækkana hér í þessu láglaunalandi. Sinnuleysi ríkisstj. og skrif stjórnarblaðanna hafa leitt til þess, að allur þorri launþega hefur fyllst tortryggni í garð stjórnvalda og lítur á þau sem fjandsamleg öfl. Við þetta bætist að ríkisstj. hefur gersamlega brugðist öllum þeim vonum sem vaktar voru í fyrrahaust um víðtækar umbætur í skattamálum og á fleiri sviðum sem hafa bein áhrif á kjör launþega.

Við skulum athuga það, að kauphækkanir þurfa ekki að byggjast eingöngu á auknum þjóðartekjum. Kauphækkanir má einnig byggja á breytingum á tekjuskiptingu innanlands. Þá breyt-

ingu er fyrst og fremst hægt að gera í skattalögum.

Alþingi verður nú slitið innan fárra daga og hefur það setið liðlega hálft ár, síðan í október í fyrrahaust. Þá flutti hæstv. forsrh. stefnuræðu þar sem hann lofaði mikilli löggjafarstarfsemi undir forustu ríkisstj. í vetur. Þetta hefur brugðist með öllu og hefur eftirtekjan af störfum Alþ. verið harla rýr og þingið að því leyti eitt hið slappasta í manna minnum. Forsrh. boðaði í haust hvorki meira né minna en 76 stjfrv., þeirra á meðal umfangsmikla skattabreytingu, uppstokkun lífeyrissjóðakerfis, endurskoðun lánakerfisins, bætta starfshætti banka og lánastofnana, heildarendurskoðun almannatrygginga, endurbætur á verðlagningarkerfinu, heildaráætlun í orkumálum, umbætur á stjórnsýslu og réttargæslu og margt fleira. Öll þessi verkefni, sem ég hef talið og forsrh. boðaði í stefnuræðu sinni í byrjun þings, hefur stjórnin svikist um að leysa. Það sætir furðu hvernig landsstjórnin hefur koðnað niður í vetur, og þau frv., sem henni hefur þó tekist að koma inn á Alþ., hafa yfirleitt siglt í strand.

Alvarlegasta strandið er að sjálfsögðu í skattamálunum. Misrétti í tekjuskiptingu hefur farið hraðvaxandi í óðaverðbólgunni og þetta óréttlæti veldur að sjálfsögðu miklu um óþolinmæði launþega og kröfur þeirra um kjarabætur. Með breytingum á skattakerfinu hefði mátt spyrna verulega við þessum vanda. Forsrh. lofaði að tryggja jafnrétti kynjanna í skattamálum, en þó hikaði stjórnin við að leggja til að hjón væru sjálfstæðir skattþegnar. Forsrh. lofaði að jafna skattabyrðinni niður á landsmenn á réttlátari hátt en verið hefur til þessa, en það verður sýnilega ekki að þessu sinni frekar en aðrar umbætur. Forsrh. lofaði að stöðva þau sérréttindi, að einstaklingar gætu með bókhaldshalla á fyrirtækjum sínum gert sjálfa sig skattlausa. Skyldi ekki eitthvað af þessu sérréttindafólki hafa kippt í forustulið Sjálfstfl. og skyldi það ekki eiga einhverja sök á að skattafrv. er strandað? Forsrh. lofaði að draga úr hinum takmarkalausu frádráttarliðum sem gert hafa marga peningamenn, sem eiga aðgang að lánsfé, skattlausa. Ætli þeir hafi ekki líka kippt í spotta og sjálfstæðisforustan látið undan? Það var enn fremur talað um að gera breytingar á afskriftarreglunum sem hafa verið misnotaðar í stórum stíl í skattamálum. Ætli afskriftakóngarnir hafi ekki látið í sér heyra í sínum flokki, Sjálfstfl., og fengið áheyrn? Allt hefur þetta komið fram í miklu andófi í þingliði Sjálfstfl. og raunar Framsfl. líka, með þeim afleiðingum að háværar deilur stjórnarliðsins innbyrðis drápu frv. um umbætur í skattamálum á þessu þingi a. m. k. Þar fór eitt skattár enn og nokkrir milljarðar til sérréttindafólksins. En hver veit hvað gerist síðar?

Skattafrv. er ekki eina málið sem hefur steinrunnið í höndum hinnar forustulausu og sundurlyndu ríkisstj. Fjöldi stjfrv. situr fastur í n. og virðist sem hvorki ráðh. né stjórnarþm. hafi mikinn áhuga á að koma öllum þorra þeirra fram, svo að frv. eru umvörpum svæfð í nefnd. Gleggsta dæmið um þetta eru hin sorglegu örlög menntamála á stjórnarheimilinu og hér á Alþingi. Hæstv. menntmrh. hefur unnið af samviskusemi, eins og hans er von og vísa, og flutt fjölda merkra frv. Þeirra á meðal eru frv. um fullorðinsfræðslu, leiklistarlög og þjóðleikhús, Kennaraháskóla, Skálholtsskóla, Námsgagnastofnun og sitthvað fleira. En allt er þetta svæft í nefndum þingsins og aðeins eitt eða tvö smáfrv. menntmrh. virðast nú verða að lögum.

Menntmn. Ed. hefur haft átta mál til meðferðar í allan vetur. N. hefur komið saman á fjóra fundi síðan í fyrrahaust og afgreitt eitt mál frá sér. Í Nd. er ástandið víst örlítið skárra. Þar hefur menntmn. einnig fengið átta mál, en hún hefur þó haldið sjö fundi í allan vetur og afgreitt að ég hygg þrjú mál. Þessi vinnubrögð menntmn., sem ég nefni aðeins sem dæmi, eru satt að segja ekki einleikin. Hvaða öfl eru hér að verki, sem stöðva öll helstu mál hæstv. menntmrh.? Hvað ætla framsóknarmenn að þola lengi slíka meðferð á einum ráðh. flokksins?

Ástandið er nokkru skárra hjá sjálfum formanni Framsfl., Ólafi Jóhannessyni, hvað þetta snertir. Hann boðaði reyndar fleiri ný mál í fyrrahaust en nokkur annar ráðh. og fyrst í stað voru ýmis þeirra afgreidd, t. d. rannsóknarlögreglan. Þetta gerðust meðan skrif blaðamanna eins og Vilmundar Gylfasonar og fleiri um dómsmálin og réttarkerfið stóðu sem hæst. Nú hina síðustu mánuði hefur verið lát á þessari blaðagagnrýni, og viti menn, þá bregður svo við að umbótafrv. hæstv. dómsmrh. sofna hvert af öðru værum svefni í nefndum Alþingis og hafa ekki heyrst nefnd í seinni tíð.

Hæstv. sjútvrh. hefur einnig átt erfitt með að koma málum sínum fram á Alþ., og hvað hann snertir er ekki sanngjarnt að kenna um forustuleysi. Ráðh. hefur nefnilega orðið fyrir harðri andstöðu frá eigin flokksbræðrum sem m. a. hafa í allan vetur tafið staðfestingu á nauðungarlögum sem hann setti á sjómenn í fyrra, og harma ég það út af fyrir sig ekki. En það sýnir hvernig ástandið er, að ráðh. skuli aðallega þurfa að eiga í vök að verjast gagnvart sínum eigin svokölluðu stuðningsmönnum.

Ekki hefur hæstv. iðnrh. betri sögu að segja af flokksbræðrum sínum og samherjum þeirra í Framsfl. Hann hefur átt við stöðuga uppreisn að etja í sjálfu stjórnarliðinu gegn málum sínum. Orkumálin, sem hann fer með, eru raunar einn veigamesti þáttur þjóðmála okkar um þessar mundir. Það ríkir orkukreppa í heiminum og jafnvel ameríkumenn tala um að þeir verði að nota minni bíla og minni olíu til húsahitunar þegar á næstu árum. En við íslendingar erum þeir gæfumenn að eiga mikla ónotaða orku í fallvötnum og mikinn jarðhita. Við ættum að geta stórbætt orkubúskap okkar og notað þessar auðlindir með fullu tilliti til náttúruverndar til að styrkja afkomu þjóðarinnar.

Hæstv. forsrh. tilkynnti í stefnuræðu sinni í þingbyrjun að fram mundi koma heildaráætlun um framkvæmdir í orkumálum. Ekki hefur hún birst enn þá þótt orkuráðh. haldi áfram að lofa virkjunum um land allt og leggja áfram frv. um virkjanir sem enginn veit hvenær unnt verður að reisa. Öngþveiti ríkir í orkumálum þjóðarinnar, stefnuleysi sem getur kostað milljarða. Við þetta verður ekki unað til lengdar. En hvað

skyldi valda því að ríkisstj. heykist á þessu loforði oddvita síns, forsrh., rétt eins og svo mörgum öðrum?

Hæstv. fjmrh. hefur nú gengið einna best að koma sínum málum fram á Alþ. Hann hefur að undanteknu skattafrv. — og það er mikil undantekning — komið flestum málum sínum sæmilega fram. En skyldi það ekki vera af því að frv. hans eru yfirleitt um hærri skatta og hærri álögur á þjóðina? Það kemst í gegnum þetta þing. Þegar loks átti að bæta fyrir misréttið í skattamálum brást honum bogalistin.

Árni heitinn Pálsson prófessor sagði einhverju sinni um einn starfsbróður sinn, að aldrei hefði hann vitað svo miklu viti beitt til að komast að rangri niðurstöðu sem hjá þeim manni. Eitthvað svipað má segja um ríkisstj. og stuðningsmenn hennar. Aldrei hefur svo mikill þingmeirihl. setið heilt þing með svo litlum árangri sem í vetur. Aldrei hefur ríkisstj. verið svo sterk að þingmannatölu, en svo veik vegna ósamkomulags og uppsteyts í þingliðinu. Aldrei hefur forsrh. gefið svo mörg fyrirheit um nýja löggjöf að hausti sem ekkert bólar á nú í þinglokin.

Ríkisstj. veldur ekki hlutverki sínu. Hún er ekki nógu samstillt og flokkar hennar ekki nógu heilir í samstarfi til að veita landinu eins þróttmikla og einbeitta stjórn og nú er þörf fyrir. Stefna hennar og viðhorf eru í grundvallaratriðum alröng og fjarri því sem þessi þjóð þarf á að halda. Þess vegna ætti ríkisstj. að hætta píslargöngu sinni og efna til kosninga sem fyrst.

Herra forseti. Alþfl. hefur á þessu þingi haldið uppi harðri gagnrýni á hæstv. ríkisstj. og veitt henni aðhald, eins og stjórnarandstöðuflokkum ber að gera. Þessu til viðbótar hefur Alþfl. flutt mikinn fjölda af frv. og till., líklega milli 30 og 40 alls, þar sem stefna flokksins hefur komið fram. Þessi þingmál Alþfl. eru nálega öll jákvæð og ábyrg og benda á leiðir til að létta lífsbaráttu þjóðarinnar og hoka þjóðfélagi okkar til betri vegar. Þessi viðleitni Alþfl. til að leggja fram jákvætt starf, þótt flokkurinn sé í stjórnarandstöðu, ber ekki vott um ábyrgðarleysi eða skrum, eins og stjórnarandstæðingar eru oft sakaðir um. Þvert á móti höfum við lagt fram mikla vinnu, margvíslegar hugmyndir í anda jafnaðarstefnunnar, og við höfum lagt góðum málum að okkar mati lið, hverjir sem hafa flutt þau.

Ekki verður sagt að Alþ. hafi tekið þessum vinnubrögðum okkar í stjórnarandstöðu sérlega vel. Málum okkar hefur lítið verið sinnt. Langflest fá að deyja í nefndum eða þeim er vísað til ríkisstj., og má kannske segja að sætt sé sameiginlegt skipbrot, því að það kemur fyrir mörg stjfrv. líka. En þetta er eins og annað í fari þessa misheppnaða og starfslitla þings sem nú er að ljúka, og þetta er framar öllu öðru að kenna forustuleysi ríkisstj. um vinnubrögð þingsins, en í þingræðislandi á ríkisstj. að hafa slíka forustu, og enn fremur eindæma upplausnarástandi í stjórnarliðinu hér á þinginu.

Við erum um þessar mundir að endurnýja Alþfl. Við höfum samþykkt nýja stefnuskrá og hefur margt hugmynda úr henni komið fram í þingmálum okkar í vetur. Við erum að styrkja flokksstarf, sérstaklega fræðslu og upplýsingu. Við erum að safna til okkar ungu fólki sem finnur lífskraft jafnaðarstefnunnar, sem er stefna frelsis, jafnréttis og mannúðar. Við ætlum að hafa flokk okkar opinn og starfa fyrir opnum tjöldum og styrkja lýðræði innan hans frá því sem verið hefur í stjórnmálaflokkum hér á landi. Við trúum því, að jafnaðarstefnan eigi miklu hlutverki að gegna í íslenskum stjórnmálum. Hún hefur lagt til margt af því besta í núverandi þjóðfélagsskipan, og hún á sér enn marga drauma um betri framtíð og betra mannlíf sem geta ræst ef stefnunni verður veittur stuðningur hér á landi. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. síðasti ræðumaður og ýmsir aðrir hafa látið að því liggja, eins og raunar oft áður, þegar fjallað er um störf Alþ., að það þinghald, sem nú er að ljúka, hafi verið næsta sviplítið. Þegar betur er skoðað greinir gagnrýnendur oftast á um það, hvað þeir finna störfum þingsins helst til foráttu.

Aðal löggjafans á ekki að vera upphlaup þm. í auglýsingaskyni utan venjulegrar dagskrár, heldur þrotlaust starf að þjóðarheill sem felst í því að setja skynsamlega löggjöf og veita framkvæmdavaldinu eðlilegt aðhald.

Störf þm. í vetur hafa ekki síst mótast af því, að markviss og þrautseig stefna ríkisstj. í efnahagsmálum ásamt hættum ytri skilyrðum hefur borið árangur. Tekist hefur að draga verulega úr afleiðingum af fyrri efnahagsáföllum og reyndar að snúa vörn í nýja sókn. Því hefur ekki verið nauðsynlegt að leggja fyrir þingið tillögur um skyndiráðstafanir í efnahagsmálum.

Vera kann að ýmsir innan þingsala og utan vilji ávallt að spenna og harðvítugar deilur ríki. En ég tel þvert á móti að fámennri þjóð sé fátt nauðsynlegra en að haga svo málum sínum að spennu og deilum sé eytt og unnt sé með rólegri yfirvegun að vinna að almannaheill. Okkur er nauðsynlegt að hafa ráðrúm til að hyggja að langtímaverkefnum, en vera ekki ávallt bundin við lausn daglegra úrlausnarefna. Nú höfum við tök og tækifæri, ef við kunnum fótum okkar forráð, til að líta þannig fram á veginn.

Eftir að ríkisstj. gerði samninginn, sem færði okkur sigur í landhelgismálinu og tryggði okkur full yfirráð yfir 200 mílunum og hann var samþykktur hér í sameinuðu Alþ. s.l. haust, hefur landhelgismálið lítið verið á dagskrá miðað við það sem var fyrir ári. Að vísu bíða okkar mikilvægar ákvarðanir um nýtingu 200 mílna fiskveiðilandhelginnar og viðræður við aðrar þjóðir um fiskfriðunar- og nýtingarmál. Í þeim efnum hljótum við að haga málflutningi okkar í samræmi við þá staðreynd, að nauðsynlegt er að styrkja fiskstofnana og þeir eru nú fullnýttir hér við land — og að margra hyggju raunar ofnýttir. Hitt er þó einnig ljóst, að engin ein þjóð getur tryggt fiskvernd. Fiskurinn í sjónum er ekki bundinn við yfirráðasvæði einstakra ríkja. Um vernd hans verður að vera samvinna þjóða í milli.

Utanríkismál hafa verið í brennidepli. Engin

breyting hefur orðið á stefnu ríkisstj. í öryggismálum, en í stefnuyfirlýsingu hennar segir:

„Öryggi landsins skal tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu. Hafa skal sérstakt samstarf við Bandaríkin meðan starfrækt er hér varnar- og eftirlitsstöðvar á vegum Atlantshafsbandalagsins."

Ríkisstj. hefur staðfest áframhaldandi starfrækslu varnar- og eftirlitsstöðvarinnar með endurskoðun framkvæmdar varnarsamningsins. Fyrir kosningarnar 1974 fóru fram ítarlegar umr. um öryggismál Íslands sem vöktu þjóðina til meðvitundar um hernaðarlegt mikilvægi landsins. Síðan hefur dregið úr umr. sem ekki er alls kostar æskilegt. Það er nauðsynlegt að þessi mál séu alltaf til umr. og fylgst sé vel með þróun á alþjóðavettvangi. Ekkert er mikilvægara sjálfstæði lands og þjóðar en að tryggja öryggið út á við með traustum hætti.

Síðustu vikurnar hefur þinghaldið einkennst nokkuð af deilum um hlut erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi. Samningur um að reisa járnblendiverksmiðju á Grundartanga við Hvalfjörð í samvinnu við erlent stórfyrirtæki var arfur núv. ríkisstj. frá fyrri stjórn, en einn af ráðh. Alþb. hafði þá forustu í málinu. Þess vegna er hér ekki um ágreiningsmál að ræða milli flokka í venjulegum skilningi. Eðlilegt er að menn hafi ólíkar skoðanir á því að ráðist sé í svo fjárfrekar framkvæmdir og hver hlutur ríkisins eigi þar að vera. Í öllum þeim umr. má þó ekki gleymast nauðsyn þess að styrkja undirstöður atvinnulífsins og auka fjölbreytni þess. Það hefur aldrei verið átakalaust fyrir þá, sem vilja framfarir í stað kyrrstöðu, að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, en framfarirnar eru forsenda velmegunar. Einnig má minna á að á miklu ríður að tryggja að Sigölduvirkjun fari að skila tekjum sem fyrst.

Mörg og mikilvæg lagafrv. hafa verið lögð fram á þinginu og samþykkt. Önnur lagafrv., sem boðuð hafa verið, hafa verið í undirbúningi og eru í undirbúningi, því að ríkisstj. metur meira, að undirbúningnum sé vel hagað, heldur en að koma fram með frv. áður en endanlegum undirbúningi er lokið. Vel skal það vanda sem lengi á að standa.

Sum þeirra lagafrv., sem hér hafa verið lögð fram, hafa ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Það er eðlilegt í sumum tilvikum, vegna þess að þau eru fyrst og fremst flutt til að sýna þau þm. svo að þeir geti kannað þau og athugað til næsta þings. En mér eru það óneitanlega vonbrigði t.d., að frv. til nýrra skattalaga hlýtur ekki afgreiðslu á þessu þingi. Það er engum blöðum um það að fletta, að það er mikill ávinningur fyrir alla landsmenn ef unnt reynist að endurskoða álagningu beinna skatta með það fyrst og fremst fyrir augum að draga úr beinni skattálagningu, fækka þeim sem greiða tekjuskatt til ríkisins og beina tekjuöflun ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er óhjákvæmileg, frekar í óbeina skatta, skattleggja fremur eyðsluna en verðmætasköpunina. Sú stefna ríkisstj. að draga úr beinum sköttum hefur fengið stuðning frá Alþýðusambandi Íslands og jafnvel ýmsum stjórnarandstæðingum. Ríkisstj. leggur áherslu á viðtæka samstöðu um breytingar á skattalögum. Til þess að ná henni hefur ekki unnist tími á yfirstandandi þingi, jafnvel þótt vel hafi verið unnið að málinu í fjhn. beggja deilda og þótt þing hefði setið fram í júnímánuð. Því hefur reynst nauðsynlegt að fresta afgreiðslu skattalagafrv. til næsta hausts og nota tímann til að samræma þau sjónarmið sem fram hafa komið. Skattalagafrv. hefði ekki heldur haft áhrif á álagningu þessa árs, en vonir standa til að í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins verði gerðar breytingar á núgildandi skattalögum sem sníði agnúa af og komi því öllum að gagni þegar í stað.

Ég ætla ekki að rifja upp hvernig þjóðarbúið var statt þegar núv. ríkisstj. tók við, þótt ræða Lúðvíks Jósepssonar gæfi tilefni til þess. Ástæðan til hækkunar þjónustugjalda opinberra fyrirtækja var sú, að þegar Lúðvík Jósepsson hætti sem ráðh. voru allar opinberar þjónustustofnanir í jafnvel milljarða kr. óreiðuskuldum. Atvinnurekstrinn í landinu var rekinn með halla og sjávarútvegurinn var rekinn með á fimmta milljarð kr. halla á ári miðað við núgildandi verðlag þegar Lúðvík Jósepsson lét af störfum sem sjútvrh. Ekki var séð fyrir tekjuöflun vegna skuldbindinga ríkissjóðs. Þetta er ástæðan fyrir því að ekki hefur tekist að stemma stigu við verðhækkunum og verðbólgu sem skyldi. Núv. ríkisstj. tók við meira en 50% verðbólgu, en hún er þó komin niður í 25—30%. Lúðvík Jósepsson telur þjóðráð að lækka vexti og skerða þannig hag sparifjáreigenda í landinu, koma þannig í veg fyrir sparifjármyndun og ræna þannig atvinnureksturinn nauðsynlegu fjármagni. Hann vill prenta seðla sem engin verðmæti standa á bak við, en það er að hella olíu á verðbólgueldinn. Ef stefnu Lúðvíks Jósepssonar væri fylgt og gengið hefði ekki verið aðlagað rýrnandi útflutningstekjum, þá væri hér stórkostlegt atvinnuleysi. Ég væni Lúðvík Jósepsson ekki um að vilja það.

Ég vil að öðru leyti minna á að auk þeirra stórfelldu erfiðleika, sem blöstu við þegar núv. ríkisstj. tók við, hafa Íslendingar síðan orðið fyrir alvarlegustu efnahagsáföllum sem hagskýrslur segja frá, a.m.k. áratugum saman. Eftir þessi áföll erum við nú að rétta við. Á slæmu árunum þurftum við til viðbótar því, að einstaklingar hertu að sér og lífskjör þeirra rýrnuðu, að taka erlend lán. Við þurfum að hugsa fyrst og fremst um það nú að standa í skilum. Á síðasta ári uxu bæði þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur nokkuð. Aukningunni var fyrst og fremst varið til að bæta stöðuna út á við, minnka viðskiptahallann og það tókst. Hann var 11—12% miðað við þjóðarframleiðslu 1974 og 1975, en á árinu 1976 komst hann niður í 1.7% af þjóðarframleiðslu.

Í stefnuræðu minni á s.l. hausti lét ég þá skoðun í ljós, að bætt ytri skilyrði ættu fyrst og fremst að nýtast þannig að draga mætti úr erlendum lántökum og koma á viðskiptajöfnuði við útlönd, enda eru allir sammála um að erlend skuldasöfnun er þegar orðin of mikil og hana verður að stöðva. Takmark okkar á þessu ári er að jafna viðskiptahallann algerlega, þannig

að við í framtíðinni getum létt nokkuð þá byrði vaxta og afborganagreiðslna sem fyrirsjáanleg er.

Það er ekki nema eðlilegt að þeir, sem tóku á sig kjararýrnun á slæmu árunum, ætlist til þess að fá einhverja bót þegar batnar í ári. En okkur er þarna ákveðinn stakkur skorinn. Við getum bent á það, að um leið og þjóðartekjur á síðasta ári uxu um 5.5% og þótt meginhlutanum væri varið til þess að bæta viðskiptajöfnuðinn út á við var unnt því til viðbótar að auka ráðstöfunartekjur almennt í landinu lítillega og þannig snúa þróuninni á ný til framfara og bættra lífskjara. En í þeirri sókn þarf að fara með gát.

Við höfum e. t. v. þurft í senn að draga meira úr ráðstöfunarfé heimilanna og einstaklinganna í landinu og taka hærri lán en ella vegna þess að við höfum einbeitt okkur á síðustu árum að fjárfestingu, m. a. á sviði orkumála. Þær stórframkvæmdir munu í framtíðinni gera okkur kleift að spara erlendan gjaldeyri og búa að okkar eigin orku. Þessi fjárfesting mun því vonandi reynast þjóðarbúinu heilladrjúg. Við vonum að náttúruhamfarir valdi ekki tjóni á lífi og limum eða efnalegum gæðum frekar en orðið er.

Nú er viðfangsefnið að bæta kaupmátt launa án þess að vaxandi verðbólga fylgi í kjörfarið og eyði þeirri krónutöluhækkun sem e. t. v. fæst við samningaborðið. Búist er við því að þjóðartekjur aukist á yfirstandandi ári enn um rúmlega 5%. Sé við það miðað að aukning samneyslunnar — sameiginlegra útgjalda — verði aðeins um 2% og út frá því gengið að ýmsum áföngum í fjárfestingaráformum sé lokið, eins og á sviði orkumála, ætti að vera unnt að auka ráðstöfunarfé heimilanna — einkaneysluna — um u. þ. b. 6% á þessu ári. Þetta er sá raunverulegi kaupmáttarauki ráðstöfunartekna sem við getum búist við að náist á árinu 1977, miðað við jafna dreifingu og ef vel er haldið á málum, ef jafnframt á að takast að ná hallalausum utanríkisviðskiptum sem allir viðurkenna sem brýna þörf.

Nú þykir ýmsum þetta e. t. v. ekki há tala. En náist hún er kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann og þjóðartekjur orðið sambærilegt við það sem var á árinu 1973, þótt viðskiptakjör á þessu ári séu væntanlega enn nokkru lakari en var þá. Mestu máli skiptir að þeir fái fyrst og fremst kjarabæturnar sem mest þurfa þeirra með, að kjarabótunum verði beint til þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu, hvort sem það eru þeir, sem fá laun greidd samkv. lægstu kauptöxtum, eða lífeyrisþegar. Með þetta að markmiði ber okkur að standa að kjarasamningum nú og gera okkur raunsæja grein fyrir möguleikum okkar. Ella rennur sá ávinningur út í sandinn sem við höfum orðið aðnjótandi hingað til, bæði fyrir aðgerðir stjórnvalda og vegna batnandi ytri skilyrða.

Í upphafi kjaraviðræðnanna sneru aðilar vinnumarkaðarins og þá einkum Alþýðusamband Íslands sér til ríkisstj. varðandi ákveðin atriði er máli skipta í sambandi við kjör launþega í landinu. Ríkisstj. samþykkti að taka þau málefni til meðferðar og hefur skipað fulltrúa sína í starfshópa til að ræða við aðila um þessi atriði. Hér er um að ræða skattamál, lífeyrismál, húsnæðismál, vinnuvernd, verðlagsmál, vaxta- og verðtryggingarmál og dagvistunarmál. Ríkisstj. mun að þessu leyti segja hver stefna hennar er og hvað ríkisvaldið getur gert í þessum efnum er máli skiptir fyrir launþegana í landinu. Ég ætla ekki hér að ræða einstaka þætti, en vil þó drepa á skattamálin og lífeyrismálin.

Talið er að tekjur landsmanna hafi orðið nokkru hærri á síðasta ári en áætlanir fjárl. gerðu ráð fyrir, þannig að óbreyttar skattaálagningarreglur mundu veita ríkissjóði u. þ. b. milljarði meira en áætlað var. Spurningin er hvernig á að verja þessum milljarði og hvort unnt er að bæta nægilegri fjárhæð við til þess að gera skattalækkanir á yfirstandandi ári áhrifameiri, að því áskildu að skynsamlega sé staðið að kjarasamningum og fjárhag ríkissjóðs sé borgið.

Samstarfsnefndir stjórnvalda og aðilar vinnumarkaðarins hafa lengi unnið að endurskoðun lífeyriskerfisins. Árangur þess starfs kom fram í kjarasamningunum í fyrra, en nú er kannað hvernig unnt sé að stíga enn eitt skref til að verðtryggja lífeyri fyrir alla landsmenn. Það misrétti, að aðrir en opinberir starfsmenn njóti ekki verðtryggðs lífeyris, fær ekki staðist til lengdar.

Ég skal ekki spá neinu um það, hvort unnt sé að leggja fram tillögur eða ábendingar af hálfu ríkisstj. í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, vinnuveitendur og launþega, sem geti haft úrslitaáhrif og leitt til þess að endar nái saman og samningar takist í kjaradeilunni, án þess að til örþrifaráða eins og verkfalla verði gripið. Ég geri mér þó vonir um það, að þar vegi þyngst aðgerðir í skattamálum og lífeyrismálum.

Ég vil undirstrika, að það hefur verið stefna bæði launþegasamtakanna og vinnuveitenda að frjálsir kjarasamningar ættu fram að fara í þjóðfélaginu. Löggjafarvald og ríkisstj. ættu ekki að grípa fram fyrir hendur aðila vinnumarkaðarins. Einkum og sér í lagi hafa launþegasamtökin lagt áherslu á þetta. Á sama hátt og ætlast er til af ríkisstj. og löggjafarvaldi að virða þessar kröfur og hinn frjálsa samningsrétt er eðlilegt að gagnkvæm krafa sé gerð til launþega og vinnuveitenda, að þessir aðilar semji um kaup og kjör á grundvelli þeirrar löggjafar sem í gildi er á hverjum tíma. Ástæðan til þess, að ég tel þrátt fyrir þessa viðurkenndu verkaskiptingu rétt að aðilar ráðgist um úrbætur í ýmsum löggjafarmálefnum, er sú, að þessi verkaskipting er engan veginn ávallt ótvíræð og gerir kröfur til samráðs og samábyrgðar stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Við Íslendingar höfum auk þess orðið fyrir mjög alvarlegum skakkaföllum, eins og ég gat um í upphafi máls míns. — áföllum sem gerðu það nauðsynlegt að gildandi kjarasamningum var af hálfu fyrrv. ríkisstj. rift. Það var fyrrv. ríkisstj. sem tók vísitöluna úr sambandi og ákvað þá löggjöf að greiðslu vísitölubóta skyldi hætt.

Landsmenn hafa orðið fyrir kjaraskerðingu

sem var óhjákvæmileg eins og á stóð. Þegar betur árar er gagnkvæm skylda ríkisvalds og aðilja vinnumarkaðarins að leita samkomulags um lausn kjaradeilunnar, sem nú stendur yfir, til að tryggja raunverulegar kjarabætur. Við skulum ekki glata því sem áunnist hefur. Atvinnuleysi hefur verið bægt frá dyrum íslendinga á meðan 6—8% af vinnufæru fólki hefur gengið atvinnulaust í nágrannalöndum okkar. Jöfnuður í viðskiptum við útlönd er að nást. Gjaldeyrisstaðan hefur batnað um 4500 millj. síðustu 12 mánuði, en þarf enn að batna verulega. Og þótt seinna en skyldi hafi gengið í baráttunni við verðbólguna hefur þó þokast í rétta átt. Lausn kjaradeilunnar og skipting þjóðarteknanna verður að miðast við að okkur takist að ná verðbólgu enn niður.

Við íslendingar höfum nú í þessari stöðu tækifæri til þess að koma á jafnvægi og bæta kjör almennings ef við kunnum fótum okkar forráð. Við höfum tækifæri til að byggja upp frjálst efnahagslíf hér á landi á traustum grundvelli. Við höfum sýnt það undanfarin ár, að við höfum mætt versnandi viðskiptakjörum með raunsæi og raunhæfum ráðstöfunum. Nú verðum við að sýna að við kunnum að nýta betri daga allri þjóðinni til heilla. — Þökk fyrir áheyrnina.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekki mun lengur um það deilt, að sú stefna í efnahagsmálum, sem núv. ríkisstj. hefur fylgt, hefur haft í för með sér einhverja þá mestu kjaraskerðingu hjá launafólki sem um getur um langt árabil. Þessi kjaraskerðingarstefna hefur að sjálfsögðu bitnað hvað harðast á þeim hópi launþega sem hvað höllustum fæti hefur staðið og hefur haft hvað minnst úr að spila. Það er hin markvissa og þrautseiga stefna ríkisstj. í efnahagsmálum sem hæstv. forsrh. var að hæla hér áðan.

Á því rúmlega ári, sem liðið er síðan gengið var frá samningum milli aðila vinnumarkaðarins eftir eitt viðtækasta verkfall sem háð hefur verið hér á landi frá upphafi íslenskar verkalýðsbaráttu, hefur kaupmáttarrýrnun orðið meiri en dæmi eru um áður. Á fyrstu þrem mánuðunum eftir að samningar voru undirritaðir árið 1976 hafði allt verðlag í landinu hækkað um 7—8% að meðaltali. Þessi þróun verðlagsmála var runnin undan rifjum ríkisstj. og til þess gerð að reyna að telja fólki trú um að sú verðhækkanaskriða, sem yfir dundi, væri orsök og afleiðing þeirrar kjarabaráttu sem verkalýðshreyfingin háði, og það sé sönnun þess að kjarabaráttan sé einskis virði. Þessi var áróður ríkisstj. og Morgunblaðsins, þrátt fyrir þá staðreynd að sýnt var fram á að af þeirri 7—8% verðhækkun, sem varð á þessu þriggja mánaða tímabili, var aðeins rösklega 1% rakið til launahækkana, en 6% voru afleiðing beinna pólitískra ákvarðana ríkisstj. Þessi þróun átti sér stað aðeins á þrem fyrstu mánuðunum eftir að samningar voru undirritaðir.

En hin sama þróun hefur haldið áfram allt samningstímabilið. Kaupmáttur hefur stöðugt farið minnkandi, og nú stendur fyrir dyrum allsherjar launauppgjör í landinu, því að eftir aðeins tvo daga falla úr gildi samningar landverkafólks. Samningaumleitanir hafa staðið yfir nokkuð á annan mánuð, en svo til ekkert hefur gerst sem bendir til að ríkisstj. eða atvinnurekendur ætli sér að fallast á þær grundvallarkröfur sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram umbjóðendum sínum til handa. Dag eftir dag er setið á Loftleiðahótelinu og þess beðið að ríkisstj. eða atvinnurekendum þóknist að verða svo lítillát þó ekki væri nema að svara þeim réttmætu kröfum sem fram hafa verið settar. En hvorugt hefur gerst þar til í gær, aðeins örlaði á glætu af hálfu vinnuveitenda.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan: Ríkisstj. mun segja hver stefna hennar er í þessum efnum. — En hvenær verður það sagt? Nú hefur verkalýðshreyfingin dregið verkfallsvopnið úr slíðrum og verkföll virðast ekki umflúin, nema þá því aðeins að bæði ríkisstj. og vinnuveitendur geri sér ljóst að ekki verður lengur undan því vikist að koma til móts við þær grundvallarkröfur sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram, en þær eru krafan um lágmarkslaun og krafan um fullar verðlagsbætur á laun í krónutölu. Það eru þessar kröfur sem bæði Alþýðusambandsþing á s. l. hausti og kjaramálaráðstefna Alþýðusambandsins á s. l. vetri ákváðu að hafa sem algerar forgangskröfur í þeim samningum sem nú standa yfir, og frá því verður ekki vikið. Það er nauðsynlegt að bæði ríkisstj. og vinnuveitendur viti og geri sér ljóst í tæka tíð.

Það er við þessar aðstæður, yfirvofandi verkföll og algera óvissu á vinnumarkaðinum, sem ríkisstj. hefur tekið þá ákvörðun að senda Alþ. heim eftir 3—4 daga. Hæstv. ríkisstj. virðist telja henta nú að losa sig við þingið og hafa að því leyti frjálsar hendur. Hún virðist ekki telja hyggilegt að hafa yfir höfði sér þrýsting eða áhrif frá Alþ. til lausnar þeim aðkallandi vandamálum sem að steðja og eru bein afleiðing af stefnu ríkisstj. sjálfrar í efnahags- og launamálum. En þrátt fyrir þetta er rétt að ríkisstj. viti það, að sá eindregni vilji og sú eindregna réttlætistilfinning, sem að baki liggur kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar um að berjast nú til þrautar fyrir þeirri stefnu sem Alþýðusambandsþingið mótaði, lágmarkslaunum og fullri verðtryggingu, verður ekki brotin á bak aftur. Hvorki ríkisstj., atvinnurekendum né neinum öðrum mun verða liðið að koma í veg fyrir að sú stefna nái fram að ganga.

En það eru fleiri launþegar en landverkafólk sem nú hyggjast rétta hlut sinn gagnvart óvinveittri ríkisstj. og vinnuveitendum. Sjómenn undirbúa nú kjarabaráttu sína, en þeir eru ein þeirra stétta sem óréttlætishrammur ríkisstj. hefur seilst til og hefur með lagaboði skikkað sjómenn til að vinna við kjör sem þeir höfðu áður hafnað með frjálsum samningum. Enginn vafi er á því, að brbl.-setningin á sjómenn, sem ríkisstj. beitti sér fyrir, hefur þjappað sjómönnum saman og eflt stéttarvitund þeirra til þess að snúa bökum saman í baráttunni gegn óvinveittu ríkisvaldi. Þeir eru því í baráttuhug til að endurheimta það sem ranglega hefur verið af þeim tekið.

Á sama hátt undirbúa nú opinberir starfsmenn kjarabaráttu sína.

Af þessu er ljóst að öll samtök launafólks í landinu búast nú til baráttu gegn þeirri efnahagsstefnu og ranglátu tekjuskiptingu sem fylgt hefur verið í tíð núv. ríkisstj., — efnahagsstefnu sem leitt hefur til þess að Ísland er nú orðið láglaunaland. Það ætti að vera öllum jóst, a. m. k. er það launafólki ljóst, að eitthvað er athugavert við þá efnahagsstefnu sem hefur það í för með sér, að á sama tíma og þjóðarframleiðsla vex rýrnar stöðugt kaupmáttur launafólks. Slíkri stefnu verður að sjálfsögðu ekki unað, og er því höfuðhlutverk verkalýðshreyfingar og launafólks að koma stjórnvöldum í skilning um að slíkt ranglæti er í algerri andstöðu við verkalýðshreyfinguna og launafólk í landinu.

Góðir hlustendur. Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um það sem verið hefur að gerast í launamálum að undanförnu, og er það ekki óeðlilegt, svo mjög sem þau mál eru nú í brennidepli í öllum þjóðmálaumræðum um þessar mundir. En það er á fleiri sviðum en í kjaramálum sem stjórnarstefna núv. ríkisstj. hefur markað spor til óréttlætis og ójafnaðar.

Í s. l. viku urðu hér á Alþ. umr. um stefnuna í orkumálum. Í þeim umr. var sýnt fram á hvernig sú stóriðjustefna í orkumálum, sem núv. ríkisstj. hefur að leiðarljósi, hefur haft í för með sér byggðaröskun og ójöfnuð meðal landsmanna. Sú stefna í orkumálum að láta orkuöflun til stóriðju njóta forgangs hér á Suðvesturlandi hefur haft það í för með sér að heilir landshlutar eru í orkusvelti og íbúum þeirra svo herfilega mismunað samanborið við það, sem gerist hér á þessu svæði, að engu tali tekur. Það verður aldrei nógsamlega undirstrikað, hversu gífurlegar byrðar hafa verið lagðar á það fólk úti á landsbyggðinni sem býr við það að þurfa að hita híbýli sín upp með olíu, en það þýðir um 30 þús. kr. kostnað á hverja einustu fjölskyldu á hverjum einasta mánuði og það eingöngu vegna hitunar. Á sama tíma og þetta er staðreynd beinist stefna ríkisstj. í orkumálum að því að sjá stóriðju hér á Suðvesturlandi fyrir nægri orku á verði sem er undir kostnaðarverði, en ekkert gert til þess að létta byrðar fólks, t. d. á Vestfjörðum og Austurlandi, sem býr við óheyrilegan kostnað vegna þess orkuskorts sem hrjáir þessa landshluta.

Og ranglætið blasir við á fleiri sviðum en þessu. Hæstv. forsrh. hefur í hverri einustu stefnuræðu, sem hann hefur flutt fyrir hönd núv. ríkisstj., boðað stóraukna og eflda byggðastefnu. Á þessum yfirlýsingum forsrh. hafa þeir stjórnarliðar tönnlast, og ekki verður annað séð en þeir séu sjálfir farnir að trúa því, að svo hafi þetta í raun og veru orðið. Og nú er svo komið að svartasta Reykjavíkuríhaldið innan Sjálfstfl. geysist dag hvern fram á síðum Morgunblaðsins með slagorð eins og þau, að byggðajafnvægi sé að raskast á hinn veginn og nú sé nóg komið af því að skattgreiðendur á höfuðborgarsvæðinu standi undir kostnaði við byggðastefnuna. Hér sýna íhaldsöflin sitt rétta andlit því fólki sem byggir þá hluta landsins sem sjá þjóðarbúinu að langsamlega mestum hluta fyrir þeirri verðmætasköpun sem þarf til að íslendingar geti lifað sjálfstæðu menningarlífi, þ. e. því fólki til sjávar og sveita úti á landsbyggðinni sem á undanförnum árum hefur með óhóflega mikilli vinnu og álagi séð höfuðborgarsvæðinu fyrir stórum hluta þess fjármagns sem það hefur haft handa á milli til þeirra stórframkvæmda og þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu undanfarandi áratugi á kostnað landsbyggðarinnar. Þetta ættu þessir postular svartasta íhaldsins innan Sjálfstfl. að gera sér ljóst áður en þeir ráðast af miklu offorsi gegn því fólki sem hefur fyrst og fremst séð fyrir því fjármagni sem til ráðstöfunar hefur verið til uppbyggingar þessa svæðis.

Það er athyglisvert, að nú telja þessi öfl innan Sjálfstfl. sér óhætt að ryðjast út úr fylgsninu og sýna sitt rétta andlit. Líklega er ástæðan sú, að þau þykjast nú hafa náð svo vel saman við sams konar öfl innan Framsfl. í núv. stjórnarsamstarfi að óhætt sé að fella grímuna. En það ættu þessi óheillaöfl innan stjórnarflokkanna að hafa í huga, að kjósendur þessara flokka úti á landsbyggðinni taka eftir þessu og eru annarrar skoðunar í þessum efnum og munu áreiðanlega sýna það í verki.

Það er rétt, til þess að hressa upp á minni þessara skriffinna Morgunblaðsins sem halda því fram að landsbyggðin lifi á Reykjavík, að vekja athygli þeirra á að 84% af öllum starfsmönnum ríkisins eru búsettir á Reykjavíkursvæðinu. Tekjur Reykjavíkurborgar af útsvörum starfsmanna ríkisins munu vera 500—600 millj. kr. á ári. Hér er aðeins um að ræða einn lið af mörgum sem Reykjavíkursvæðið nýtur á kostnað bæjar- og sveitarfélaga annars staðar á landinu.

En hver hefur hún þá verið, þessi byggðastefna í tíð núv. ríkisstj.? Við skulum líta á einn þáttinn sem er hvað mikilvægastur í því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að stöðugu *jafnvægi milli dreifbýlis og þéttbýlis*, en það er vegakerfið og samgöngur á landi.

Nú nýlega var afgreidd hér á Alþ. till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1977—1980. Samkv. þeirri áætlun á að verja til nýbyggingar vega í ár sömu krónutölu og var varið á árinu 1976. Það er yfir 25% niðurskurður að raungildi. Og ekki nóg með það, þau þrjú ár, sem núv. ríkisstj. hefur verið við völd, hefur hún staðið þannig að framkvæmd vegamála að raungildi framkvæmda í vegagerð hefur minnkað um 25% á hverju ári þessi þrjú ár. Og hvar skyldi þetta hafa komið verst niður? Ætli það sé hér á höfuðborgarsvæðinu? Nei, það hefur fyrst og fremst og svo til eingöngu bitnað á þeim landshlutum sem verst voru settir í vegamálum, svo sem Vestfjörðum og Austfjörðum. Og það er a. m. k. í mínum huga einkennileg framkvæmd byggðastefnu að skera mest niður og veita minnst fjármagn til þess landshluta sem verst er settur á sviði samgangna í öllum tilvikum. Þetta gerðist við afgreiðslu vegáætlunar nú.

Vestfirðir, sem eru í öllum skilningi verst settir samgöngulega séð, voru gersamlega settir hjá í fjárveitingum til vegaframkvæmda. Þetta er slíkt hneyksli að engu tali tekur, þegar til þess er litið að Vestfirðir eru svo einangraðir, jafnt innan byggða sem við aðra landshluta, að

í 7—9 mánuði á ári eru allar samgöngur á landi lokaðar. Á sama tíma líða vikur milli þess sem samgöngur á sjó eiga sér stað. Og til viðbótar geta flugsamgöngur við Vestfirði einnig legið niðri svo að dögum skiptir. Þrátt fyrir þessar staðreyndir leyfir meiri hluti Alþ. sér að níðast svo á Vestfjörðum varðandi fjárveitingar til vegaframkvæmda að furðulegt verður að teljast, og manni verður að spyrja: Er þetta í anda marggefinna yfirlýsinga forsrh. um eflda byggðastefnu? Eða átti hin efl da byggðastefna ríkisstj. ekki að ná til þeirra sem verst eru settir? Og enn verður manni að spyrja: Er það í þessum efnum sem skriffinnar Morgunblaðsins telja að of mikið hafi verið gert fyrir landsbyggðina? Vildu íhaldsöflin innan stjórnarflokkanna skera niður vegaframkvæmdir um meira en 25% á ári s. l. þrjú ár eins og gert hefur verið? Höfðu þessi öfl þá í huga það sem gert var þegar verið var að leggja vegi með varanlegu slitlagi hér út frá Reykjavíkurhrignum? Þá var tekið til að fjármagna þær stórframkvæmdir stórlán erlendis sem landsbyggðarfólk borgar nú á ári hverju.

Það er ekki talin þörf á því nú að mati stjórnarherranna að flýta framkvæmdum í vegamálum úti á landsbyggðinni með svipuðum hætti og gert var hér á suðvesturhorninu. Þvert á móti var beitt þeim vinnubrögðum að skera stórkostlega niður fjárveitingar til framkvæmda í vegagerð þar sem þörfin var þó mest. Það er t. d. athyglisvert, að á sama tíma og Vestfjarðakjördæmi lækkar í fjárveitingum til vega úr 10.2% á árunum frá 1965—1976 í 10.1% nú í ár hækkar t. d. Vesturlandskjördæmi úr 9.5% í 26.8%, og enn verður manni að spyrja: Hver er í raun og veru ástæðan fyrir því, að vestfirðingar eru beittir slíku hróplegu ranglæti? Því ættu þeir að svara hér á eftir sem framkvæmdu þetta ranglæti. Og takið eftir, hlustendur góðir, hvert svarið verður.

Hér hefur aðeins verið með einu dæmi sýnt fram á hver framkvæmd hinnar margumtöluðu byggðastefnu hefur verið í tíð núv. ríkisstj., og mörg fleiri álíka dæmi hefði mátt nefna, en tími minn leyfir það ekki. En þetta sýnir að þrátt fyrir það hróplega ranglæti og óréttlæti sem landsbyggðarfólki hefur verið sýnt, þá þykir íhaldsöflunum í Sjálfstfl. og Framsókn ekki nóg að gert. Þau heimta nú að enn frekar sé troðið á réttmætum kröfum landsbyggðarinnar. Reynslan ein sker úr um það, hvort orðið verður við þessum kröfum andstæðinga landsbyggðarinnar.

Það er ekki síst í höndum ykkar, góðir hlustendur, hvort látið verður undan þessum kröfum. Verðugasta svar ykkar til þessara afla er að snúa nú bökum saman og skera upp herör gegn þessu liði, snúa vörn í sókn, hafna öllu frekara óréttlæti í ykkar garð og taka upp baráttu fyrir því að hætt verði að líta á ykkur sem einhvers konar annars flokks þjóðfélagsþegna sem eigi að búa við allt önnur kjör og aðstöðu en þeir, sem búa hér á höfuðborgarsvæðinu. En það hefur ykkur verið og er ætlað af þeim sem nú tala mest um að landsbyggðin hafi fengið of mikið í sinn hlut og nú verði að snúa þróuninni við landsbyggðinni í óhag.

Það er frammi fyrir þessum kröfum sem landsbyggðarfólk stendur nú. Verðugasta svarið er að krefjast minnkandi aðstöðumunar milli dreifbýlis og þéttbýlis, krefjast þess, að fólki sé ekki mismunað eftir því hvort það býr á Vestfjörðum eða í Reykjavík, krefjast þess, að sama rafmagnsverð gildi á Vestfjörðum og í Reykjavík, krefjast jafnréttis varðandi símakostnað hvort sem viðkomandi býr á Vestfjörðum eða í Reykjavík, krefjast sama vöruverðs hvort sem á Vestfjörðum er eða í Reykjavík, krefjast þess, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til að létta því oki af landsbyggðarfólki að þurfa að borga svo tugum þúsunda skiptir mánaðarlega vegna upphitunar íbúðarhúsnæðis, og svona mætti lengi telja.

Það er með þessum hætti sem verðugast er að svara þeim áróðri sem nú er hafinn af fullum krafti af andstæðingum landsbyggðarinnar. Svarið er í ykkar höndum, dreifbýlisfólk. Það verður á ykkar valdi innan tíðar hvort áróðursmeistararnir hér syðra telja sér stætt á því að knýja fram þá andbyggðarstefnu sem þeim nú er skipað að berjast fyrir. Ég trúi því og treysti, góðir tilheyrendur, að þið haldið vöku ykkar og krefjist réttlætis í stað aukins ranglætis. Verði ykkar svar með þeim eina hætti sem þessir herrar skilja, þá koðnar niður það upphlaup sem nú er hafið af íhaldsöflunum innan stjórnarflokkanna gegn landsbyggðarfólki. — Þökk sé þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú er vor í lofti. Í ríki náttúrunnar er gróandi. Birta vex, landið verður hlýlegra. En ef við spyrjum sjálfa okkur, íslendingar, hvort vorblær leiki um þjóðlífið, hvort þar sé heilbrigður gróandi, getum við þá svarað játandi? Nei, það getum við því miður ekki. Enginn skynsamur og ábyrgur maður getur sagt að nú sé um gróandi þjóðlíf að ræða á Íslandi. Í íslensku þjóðfélagi er haust, og kaldur vetur kann að vera fram undan.

Hvað hefur verið að gerast undanfarin ár á Íslandi, að ástand mála skuli vera þannig? Til þess að geta haft skynsamlega skoðun á þessu verður að líta nokkur ár aftur í tímann. Í 12 ár, eða frá árinu 1959 til ársins 1971, sat hér að völdum samsteypustjórn sömu flokka, Alþ. og Sjálfstfl., viðreisnarstjórnin svonefnda. Engin stjórn hafði áður setið jafnlengi. Vel má vera að frá stjórnmála- og áróðurssjónarmiði einu saman hafi þetta verið of langt stjórnmálatímabil. En hlutlaus dómur sögunnar verður áreiðanlega sá, að þetta tímabil hafi stjórnfesta og ábyrgðartilfinning mótað störf ríkisvaldsins. Áratugurinn 1960—1970 varð, þegar á allt er litið, tímabil mestu efnahagsframfara og lífskjarabóta sem þjóðin hafði lifað. Stórkostlegar umbætur áttu sér stað í menntamálum og margvíslegar framfarir í félagsmálum, jafnframt því sem grundvöllur var lagður að þeim umbótum sem gerðar voru af nýrri ríkisstj. í byrjun þessa áratugs. Framfarirnar byggðust á því, að þá hafði ríkisstj. stefnu sem hún stóð saman um — stóð drengilega og af heilum hug saman um. Við því er ekkert að segja að um stefnu ríkisstj. sé deilt. Það er eðli stjórnmála og lýðræðis að uppi sé ágreiningur. En það er eðli góðs og styrks stjórnarfars að stjórnvöld séu samhent,

þeim megi treysta, þau séu ráðvönd og ráðdeildarsöm, þoli ekki sukk, hvað þá svik, að þau geri hiklaust og ákveðið það sem þau telja rétt og landi og lýð fyrir bestu.

En það er eðli lýðræðis að ríkisstj. falli. Viðreisnarstjórnin missti meiri hl. sinn í kosningum 1971. Efnahagserfiðleikarnir, sem hvarf síldarinnar af Íslandsmiðum höfðu haft í för með sér undir lok sjöunda áratugsins, höfðu þá verið yfirunnir með markvissum aðgerðum sem eflaust hafa ekki reynst vinsælar í bráð. Hvort tveggja var, að afli var aftur farinn að vaxa, og þó einkum að verðhækkun á íslenskum afurðum erlendis var meiri en nokkru sinni fyrr. Eitt mesta góðæri Íslandssögunnar hófst um það bil samtímis og ný ríkisstj. tók við völdum, vinstri stjórnin svonefnda. En jafnframt var stjórnarfar allt með öðrum hætti en áður hafði verið. Sjálfsagt er að láta þess getið, að ýmsar sviptingar urðu í viðskiptum við aðrar þjóðir og náttúruhamfarir innanlands sem hlutu að valda erfiðleikum. En einmitt vegna þessa var þeim mun meiri nauðsyn á fastmótaðri stefnu og styrkri stjórn. Hins vegar reyndist hin nýja ríkisstj. enga heildarstefnu hafa í efnahagsmálum. Nú var farið að láta reka á reiðanum. Stjórn landsins var í raun og veru ekki í höndum ríkisstj., hvað þá samhentrar ríkisstj. Hún var í höndum þriggja ósamstæðra flokka. Segja mætti jafnvel að stjórn landsins hafi verið í höndum sjö ráðh. sem oft og einatt virtust engin samráð hafa, heldur fór hver sínu fram og stefndi stundum hver í sína átt.

Þetta gat gengið stórslysalaust meðan útflutningstekjur og þjóðartekjur jukust hröðum skrefum. En öll góðæri eiga sér enda. Þegar í stað eftir að verðlagsþróunin erlendis snerist við og varð óhagstæð reyndist vinstri stjórnin standa ráðþrota gagnvart vandanum. Afleiðingin af stefnuleysi hennar varð Evrópumet í verðbólgu, yfir 50% verðbólga á síðasta starfsári hennar. Afleiðing stjórnleysisins varð ekki aðeins stórfellt tjón sem langt er frá að enn hafi tekist að bæta. Íslendingar urðu jafnframt að viðundri í augum umheimsins. Og það var ekki aðeins á sviði efnahagsmála sem mistök ríkisstj. urðu alvarleg. Eins og oft vill verða á velmegunar- og uppgangstímum, þegar ekki er fast haldið um stjórnvölinn, fór að bera á almennri upplausn í þjóðfélaginu. Vaxandi verðbólga ýtti undir aukið brask. Fjármálaspilling fór vaxandi í kjölfar góðæris, stóraukinnar fjárfestingar og nýrra gróðamöguleika. Óráðsía og sukk settu í vaxandi mæli svip á þjóðlífið, bæði hjá opinberum aðilum, fyrirtækjum og einstaklingum. Af öllum þessum ástæðum tókst ríkisstj. ekki að starfa út eitt kjörtímabil. Hún sundraðist eftir þriggja ára starf og missti þá meiri hluta sinn.

Þeirri ríkisstj., sem við tók eftir kosningar 1974, núv. ríkisstj., hefur ekki tekist að ná tökum á stjórn efnahagsmálanna og því miður ekki heldur að stöðva þá upplausn í þjóðlífinu sem varð á fyrri hluta þessa áratugs. Það vantar enn ekki aðeins styrka stjórn í efnahagsmálum, heldur ekki síður föst tök á fjölmörgu öðru sem miður fer í þjóðfélaginu. Óráðsía er enn of mikil. Fjárfesting er stjórnlaus og í ótrúlega mörgum tilvikum óarðbær. Fjárglæfrar viðgangast án þess að fyrir þá sé tekið og sekum refsað. Skattsvik hafa aldrei blómgast með viðlíka hætti og undanfarin ár.

Ýmsum þykir þetta eflaust þungur dómur, dökk lýsing. En allt er þetta satt. Og þess vegna er nauðsynlegt að spyrja: Er ekki kominn tími til þess að þjóðin opni augun til fulls?

Þeir eru sem betur fer margir sem gera sér þess fulla grein, að ekkert er ofmælt í því sem að framan er sagt. En allir Íslendingar þurfa að vita og skilja hið rétta um ástand efnahagsmála og þjóðmála yfirleitt í landi sínu.

Auðvitað hefur sitthvað gleðilegt og gott gerst á undanförnum árum. Mikilsverðasti atburðurinn er tvímælalaust stækkun fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Það getur reynst okkur ómetanlegt. En það er í ríkara mæli undir sjálfum okkur komið, hvort svo verður, en flestir virðast gera sér grein fyrir. Gagnið af stækkun fiskveiðilögsögunnar er m. ö. o. fyrst og fremst háð því, hvort við reynumst kunna að hagnýta okkur fiskstofnana við landið með skynsamlegum hætti. Reynsla undanfarinna ára bendir því miður ekki til að svo sé. Og enn bólar lítt á ráðstöfunum af hálfu stjórnvalda til þess að stuðla að því.

Í stórmerkri skýrslu um þróun sjávarútvegs, sem Rannsóknaráð ríkisins gaf út fyrir hálfu öðru ári og samin var af hinum færustu sérfræðingum, segir m. a. að með réttri nýtingu geti þorskstofninn gefið af sér allt að 500 þús. tonn á ári, en aflinn hafði undanfarin tvö ár aðeins numið um 375 þús. tonna. Sérfræðingarnir telja afkastagetu fiskiskipaflotans vera orðna um eina millj. tonna á ári og sé það mun meira en svari til afkastagetu botnfiskstofna á Íslandsmiðum og rúmlega tvöfalt meira en svari til hlutdeildar íslendinga, eins og hún hafi verið á undanförnum árum. Þeir töldu afkastagetu fiskvinnslustöðva og mun meiri en svari til núverandi afla. Þeir bentu á að á árunum 1962—1974 hafi verðmæti fiskiskipaflotans aukist um 133%, einkum á þessum áratug, en aflaverðmætið hins vegar aðeins um 29.5%. Þeir áætluðu umframrekstrarkostnað vegna of stórs botnfiskveiðiflota allt að 7 milljörðum kr. En mikilvægasta niðurstaða sérfræðinganna var þessi, orðrétt: „Verði ekki breyting á stefnu í sjávarútvegsmálum verður fjárhagslegur afrakstur botnfiskstofnanna um 1980 innan við 50% af varanlegu hámarki, og afkoma sjávarútvegsins fer stöðugt versnandi."

Megintillaga sérfræðinganna er sú, að tekin verði upp það sem þeir kalla virk stjórnun veiðiálags, en með því er átt við samræmda allsherjarstjórn á sókn í fiskstofnana. En hver hefur orðið þess var að stjórnvöld hafi boðað nýja stefnu í þá átt? Nei, hér hefur því miður verið sofið á verðinum í mörg ár og er enn, og er hér þó um mikilvægasta hagsmunamál íslendinga að ræða.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um óstjórnina í málefnum landbúnaðarins. Haldið er áfram að styrkja stóraukna ræktun og festa gífurlegt fé í landbúnaðarframkvæmdum, þótt um verulega offramleiðslu sé að ræða og skattgreiðendur þurfi nú í ár að greiða útlendingum með út-

flutningsbótum hátt á þriðja milljarð kr. fyrir að kaupa íslenskar landbúnaðarvörur. Og þetta gerist samtímis því að íslenskur iðnaður er vanræktur og fjárskorti borið við og verslunin er látin búa við úrelt eftirlit sem gerir verslunina dýrari og óhagkvæmari en vera þyrfti.

Íslendingar fjárfesta hlutfallslega miklu meira af þjóðarframleiðslu sinni en nokkur önnur nálæg þjóð. Þegar hefur verið minnt á að um offjárfestingu hefur verið að ræða, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Mikið af annarri fjárfestingu hefur og verið misráðið og mun engum arði skila, a. m. k. ekki í bráð. Skýrasta dæmið um þetta eru framkvæmdirnar við Kröflu sem ráðist var í án þess að nokkur alvarleg fjárhagsathugun hefði verið gerð á afkomuskilyrðum fyrirtækisins. Nú er gert ráð fyrir að hægt verði að hefja raforkuframleiðslu þar í sumar. Þá verður stofnkostnaðurinn væntanlega orðinn um 10 milljarða kr., en var fyrir tveim árum áætlaður 1.6 milljarðar. Söluverð þeirrar orku, sem hægt er að selja í bráð, er hins vegar á bilinu 100—200 millj. kr. á ári. Enginn ber í raun og veru á móti því, að mörg hundruð millj. kr. tap verði árlega á rekstri þessa fyrirtækis um nokkur ókomin ár. Hver mun greiða þetta tap? Auðvitað verður þjóðin í heild að greiða það í einhverju formi.

Mörg fleiri dæmi um óarðbæra og ábyrgðarlausa fjárfestingu mætti nefna, svo sem Þörungavinnsluna við Breiðafjörð. Þar hafa orðið mistök sem stjórnvöld hefðu átt að geta séð fyrir. A. m. k. hefðu þau fyrir löngu átt að vera búin að stöðva þann óheillarekstur. Enn gerist samt hið sama. Eins og við Kröflu ráða ímyndaðir stjórnmálahagsmunir ferðinni. Þeir eru teknir fram yfir þjóðarhagsmuni. Síðan verður með einhverjum hætti að læðast aftan að alalmenningi og láta hann borga. Þá verður kostnaðurinn við mistökin kallaður nauðsyn til þess að bjarga þjóðarhag.

Þessi algera óstjórn á fjárfestingarmálum á undanförnum árum hefur auðvitað rýrt lífskjör almennings. Sú króna, sem notuð er til fjárfestingar, verður ekki líka notuð til neyslu. Það getur verið réttmætt að fresta neyslu vegna skynsamlegrar og arðbærrar fjárfestingar eða þeirrar sem veitir nauðsynlega atvinnu. En það er hörmulegt að horfa á eftir milljörðum kr. í ranga fjárfestingu sem ekki aðeins rýrir lífskjör meðan á henni stendur, heldur skerðir einnig skilyrði til þess að bæta þau. Enginn vafi er á því að stjórnleysi í fjárfestingarmálum og sóun á því sviði er ein meginorsök þeirrar lífskjaraskerðingar sem hér hefur átt sér stað á undanförnum árum.

En stjórnleysið í fjárfestingarmálunum hefur ekki aðeins valdið versnandi lífskjörum, heldur er það einnig ein meginorsök hins gífurlega viðskiptahalla við útlönd sem numið hefur 69 milljörðum kr. s. l. 5 ár, miðað við gengi ársins 1976. Fjárfestingin og viðskiptahallinn eru síðan meginskýring þeirrar ógnvekjandi skuldasöfnunar sem efnt hefur verið til. Erlendar skuldir íslendinga nema nú um 96 milljörðum kr. eða um 430 þús. kr. á hvert mannsbarn. Um mörg ókomin ár þarf að nota næstum fimmtu hverja krónu, sem við fáum fyrir útflutning okkar, til þess að greiða afborganir og vexti af erlendum skuldum. Þetta eru reikningar fyrir mistök undanfarinna ára sem fólki framtíðarinnar er ætlað að greiða. En eitt er víst. Og það er að þessir reikningar verða ekki greiddir með glöðu geði þegar mönnum hefur skilist hvernig til þeirra hefur verið stofnað. Og ekki mun það verða til þess að minnka sárindin yfir því að þurfa að greiða þessa reikninga að verða að horfa á misréttið í þjóðfélaginu. Hvað á fólk lengi að þola það, að næstum allur tekjuskattur, sem ríkið innheimtir, sé tekinn af launþegum meðan margir atvinnurekendur greiða sárálítinn eða alls engan tekjuskatt? Hversu lengi á almenningur að horfa upp á það, að fjárglæframenn leiki lausum hala og haldi áfram fjárplógsstarfsemi án þess að þeir séu látnir standa í skilum og komið yfir þá lögum? Hversu lengi á að bíða eftir því, að skuldakóngar skili ógreiddum söluskatti eins og öðrum landsmönnum er skylt að gera? Hversu lengi á að viðgangast að það dragist árum saman jafnvel áratug, að dæma í fjársvikamálum? Þannig mætti lengi halda áfram.

Mikil mistök hafa verið gerð á sviði efnahagsmála. En síðferðisvitundin hefur einnig dofnað. Augu þjóðarinnar þurfa að opnast fyrir því, að tengsl eru á milli þessa tvenns. Það verður ekki unnt að bæta úr efnahagsmistökum nema með nýju hugarfari, nema í nýju þjóðfélagi þar sem óráðsía og fjármálamisferli verða gerð útlæg, þar sem allir verða jafnir fyrir lögunum, þar sem einstaklingurinn getur borið traust til opinberra aðila, en hefur ekki réttmæta ástæðu til að vantreysta þeim.

Ég hef lagt þunga áherslu á að alvarleg mistök hafi verið gerð í efnahagsmálum á undanförnum árum og traust almennings á ríkisvaldinu hafi farið rýrnandi. Þetta er gagnrýni — hörð gagnrýni. En þeir, sem fyrir henni verða og á hana hlusta, eiga að sjálfsögðu rétt á að spyrja: Hvað telur gagnrýnandinn þá til ráða?

Ég skal ljúka þessum orðum mínum með því að benda á sjö grundvallaratriði sem ég tel skipta höfuðmáli í sambandi við lausn þess vanda sem nú steðjar að þjóðinni:

1. Móta verður samræmda heildarstefnu í efnahagsmálum og fylgja henni fast fram. Takmarka verður fjárfestingu og miða hana við hagkvæma nýtingu fjár og sköpun afkastamikilla atvinnutækja. Hið opinbera verður að spara og stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum í atvinnurekstri. Taka verður upp markvissa stjórn á sókn í fiskstofnana. Stefna verður að afnámi offramleiðslu í landbúnaði. Gera verður aðstöðu iðnaðar fyrir innlendan markað hliðstæða við aðstöðu sjávarútvegs og landbúnaðar. Lækka verður verslunarkostnað, m. a. með því að taka upp skynsamlegra og virkara eftirlit með verslunarháttum en nú á sér stað.

2. Ríkið verður að minnka umsvif sín á ýmsum sviðum öðrum en þeim sem lúta að tryggingamálum, heilsugæslu og skóla- og menntamálum, og mætti þó eflaust spara ýmsan rekstrarkostnað á þessum sviðum án þess að þjónusta minnki. En staðreynd er að ríkiskerfið er á

sumum sviðum orðið of umsvifamikið, það er orðið of dýrt. Mikilvægur þáttur nýrrar stefnu ætti að vera að ráða hér bót á.

3. Gæta þarf ítrustu aðhaldssemi í fjármálum ríkisins og útlánum bankanna. Meðan verðbólga er jafnmikil og nú á sér stað þarf með verðtryggingarráðstöfunum að sjá svo um að sparifjáreigendur hætti að tapa á því að spara og skuldarar hætti að græða á því að fá lán.

4. Endurskoða þarf almannatryggingakerfi og heilsugæslukerfi landsmanna frá grunni í því skyni að þeir, sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu, hljóti af því kjarabót og það leiði til réttláts launajafnaðar, jafnframt því sem kerfið allt verði gert hagkvæmara.

5. Gera þarf öflugar ráðstafanir til þess að skattbyrðin dreifist réttlátlega og komið verði í veg fyrir skattsvik. Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum á að færa launþegum kjarabót sem gerir þeim ásamt auknum almannatryggingum og bættri heilsugæslu kleift að sætta sig við hóflega hækkun launa að krónutölu.

6. Útrýma verður hvers konar fjármálamisferli og láta eitt yfir alla ganga þegar um afbrot er að ræða þannig að fullt traust skapist milli einstaklingsins og ríkisvaldsins.

7. Koma þarf á skipulegri samvinnu ríkisvalds, launþegasamtaka og samtaka vinnuveitenda um að móta tekjustefnu, sem færir launþegum stöðugar og öruggar kjarabætur, og fjárfestingarstefnu, sem tryggir stöðuga atvinnu og aukin afköst þjóðarbúsins.

Ég geri mér ljóst að hér er um víðtæka stefnumótun að ræða. En það er einmitt slík víðtæk stefnumótun sem skort hefur mörg undanfarin ár. Þess vegna hefur allt farið úr böndunum. Þess vegna er vandinn jafnvíðtækur og raun ber vitni.

En síðustu orð mín skulu vera þau, að enginn árangur getur náðst í baráttunni við þann vanda, sem við er að etja, nema með nýju hugarfari. Ábyrgðartilfinning og réttsýni þurfa að ráða ferðinni. Framfarahugur og festa þurfa að vera grundvöllur stefnunnar og hún mótast af vilja til þess að rétta hlut þeirra, sem hafa lægstar tekjur og örðugasta aðstöðu, og útrýma misrétti og ranglæti. Með slíku hugarfari einu vinna íslendingar sigur í þeirri baráttu fyrir nýju og betra þjóðfélagi á Íslandi sem nú er meiri nauðsyn á að heyja en nokkru sinni fyrr.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við þessar almennu stjórnmálaumr. — eldhúsdagsumr. — er þannig um að litast í eldhúsi ríkisstj. að til þess að gera þar sæmilega hreint dugir ekkert minna en að bera ríkisstj. út og hleypa henni aldrei inn aftur. En það þarfaverk er aðeins á færi ykkar, áheyrendur góðir, þegar þar að kemur. Við þm. stjórnarandstöðunnar getum hér aðeins bent á stærstu ávirðingar hennar.

Í þessum orðum mínum mun ég aðallega ræða gerðir ríkisstj. sem snúa að verkafólkinu og kjörum þess.

Nú eru aðeins tveir dagar þar til samningar svo til allra verkalýðsfélaga í landinu eru úr gildi fallnir, og staðan í samningaviðræðunum er þannig að ekki er annað sjáanlegt en stórverkföll blasi við á næsta leiti, þrátt fyrir að meginkröfur verkalýðshreyfingarinnar hafi verið alþjóð kunnar frá því á þingi Alþýðusambandsins um mánaðamótin nóv.—des. í vetur, eða í fimm mánuði, og að samningaviðræður hafi nú staðið yfir í tvo mánuði.

En hvers vegna er ástandið á vinnumarkaðinum svo alvarlegt sem raun ber vitni? Svarið þekkja allir. Í tíð núv. ríkisstj. hefur átt sér stað stórfelld kjaraskerðing. Kaupmátturinn hefur lækkað svo gífurlega að fara verður mörg ár aftur í tímann til að finna hliðstæðu. Íslenskt verkafólk er nú naumast hálfdrættingar í kaupi samanborið við verkafólk nágrannalandanna, en þó eru þjóðartekjur á mann hér með því hæsta sem þekkist.

En hvernig hefur þessi mikla kjaraskerðing orðið? Það er stefna ríkisstj. í efnahagsmálum og afstaða hennar til kaupgjaldsmálanna sem þar veldur mestu.

Eitt af fyrstu verkum ríkisstj. var að lækka gengi krónunnar í sept. 1974 um 17%, og síðan fylgdi önnur gengisfelling um 20% nokkrum mánuðum síðar. Þá höfðu umsamdar verðbætur á kaupið verið afnumdar með lagaboði svo að verðhækkanirnar af völdum gengisfellinganna urðu launþegum þungar í skauti. Síðan má segja að verið hafi látlaust gengissig svokallað, þannig að á 2½ ári hefur erlendur gjaldeyrir hækkað um 100%, en það jafngildir að innfluttar vörur hafi af þessum sökum tvöfaldast í verði. Þessu til viðbótar kemur svo hækkun óbeinna skatta sem hækka vöruverðið. Er þar einkum um að ræða hækkun á söluskatti og 18% vörugjaldið. Og svo má ekki gleyma sífelldri hækkun á opinberri þjónustu, svo sem rafmagni, síma og hitunarkostnaði, en hækkanir á þessum liðum ákveður ríkisstj. sjálf og þeir hafa allir hækkað mun meira en almennt verðlag í landinu.

Það er þessi stefna og aðgerðir stjórnvalda í efnahags- og verðlagsmálum sem leitt hafa af sér hinar látlausu verðhækkanir sem þið þekkið öll svo vel. Það er þessi stefna sem gert hefur kaupið sífellt verðminna, svo það verður æ erfiðara að afla heimilunum brýnustu nauðsynja. Við skulum einnig hafa það í huga þegar þessi mynd er skoðuð, að ráðh. og málgögn ríkisstj. hafa stöðugt haft það á orði að eitt helsta verkefni stjórnarinnar væri baráttan gegn verðbólgunni. Og sjálfsagt hafa þessar ráðstafanir allar verið gerðar í nafni þeirrar baráttu. Það er svo hlustenda að dæma um hvernig til hefur tekist.

Afleiðing þessarar verðbólgustefnu er m. a. sú, að stórfelld breyting hefur orðið á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Milljarðatugir hafa verið fluttir frá launþegum til atvinnurekenda og ríkissjóðs og hvers konar braskarar hafa svo matað krókinn í leiðinni.

Verkalýðshreyfingin hefur reynt að hamla gegn þessari kauplækkunarstefnu, og vissulega hefur kaupið hækkað nokkuð í krónutölu til að vega á móti hinum sífelldu verðhækkunum. En henni hefur þó ekki tekist að halda í horfinu. Verkalýðshreyfingin hefur á þessu tímabili staðið í stöðugri varnarbaráttu gegn kjaraskerðingum af völdum verðbólgustefnunnar.

Það var kjörorð Alþýðusambandsþingsins í vetur, einróma samþykkt, að nú skyldi þessari varnarbaráttu lokið og ný sókn hafin. Þingið markaði þá meginstefnu, að lægstu laun hækkuðu úr 70 þús. kr. á mánuði í 100 þús. kr. og annað kaup síðan um sömu krónutölu. Á þetta kaup kæmu síðan fullar verðbætur og í krónutölu á hærra kaup.

Þessa launajöfnunarstefnu samþykkti þing ASÍ einróma, en hún er andstæða láglaunastefnu ríkisstj.

Við höfum oft heyrt fjálgleg orð frá ráðh. og talsmönnum ríkisstj. um að nauðsynlegt væri að bæta hlut þeirra lægst launuðu og lífeyrisþega. Vera má að samviskan sé farin að segja til sín hjá þessum mönnum, því að sannleikurinn er sá, að stefna ríkisstj. hefur bitnað harðast á þessu fólki. Það eru brýnustu nauðþurftir fólksins sem hafa hækkað langmest í verði, og því hefur hlutur þessa fólks, sem minnst hefur úr að spila, orðið hlutfallslega lakari en þeirra sem ekki þurfa að eyða öllum tekjum sínum til kaupa á brýnustu nauðsynjum. Það eru ekki hvað síst þessar staðreyndir sem renna hvað sterkustum stoðum undir launajöfnunarstefnu Alþýðusambandsins nú.

En hverju hafa atvinnurekendur og ríkisstj. svarað þessum réttlætiskröfum verkalýðshreyfingarinnar? Í stuttu máli sagt hafa þeir litlu eða engu svarað. Þeir telja kröfurnar allt of háar, atvinnureksturinn og þjóðarbúið geti ekki undir þeim staðið. Látið er í það skína, þó ekki við samningaborðið, að 4—5% hækkun gæti komið á 70 þús. kr. mánaðarlaunin. Hæstv. forsrh. nefndi jafnvel 6% hér áðan. En slíkt er hin herfilegasta móðgun við þetta fólk sem með engu móti getur framfleytt sér á því kaupi. Og nú spyrja þessir menn verkalýðssamtökin, hvort þau ætli að setja verðbólguna af stað og magna hana, og reyna með því að hræða fólk frá kröfum sínum.

Þessu er því til að svara, að það eru ekki verkalýðssamtökin sem eiga sök á verðbólgunni. Þvert á móti eru það stjórnvöld sem notað hafa verðbólguna til að lækka launin, og þeir sem það hafa gert, verða að taka afleiðingum gerða sinna. En verkafólkið á þann kost einan að gera kröfur um verulegar kauphækkanir. Rétt er að nefna má nokkuð háar hundraðshlutatölur miðað við nágrannalöndin. Heljarstökk má ekki taka, sagði hæstv. dómsmrh. hér áðan. En þeir, sem við þessu vara, ættu að hafa ríkt í huga hve búið er að lækka kaupið mikið áður. Þegar búið er að keyra kaupið niður jafnmikið og nú er, þá hljóta kauphækkanir að verða meiri en annars yrði.

Þá hefur því verið haldið fram af andstæðingum verkalýðshreyfingarinnar, að hún hafi nú fallið frá launajöfnunarstefnu sinni, og þá vitnað til sérkrafna verkalýðsfélaganna, m. a. sérkrafna Verkamannasambandsins. Augljóst er að þessi áróður hefur ákveðinn tilgang. Í fyrsta lagi er reynt að sverta verkalýðshreyfinguna í augum almennings, og í öðru lagi er reynt að sundra verkalýðsfélögunum innbyrðis og lama þar með baráttuþrótt samtakanna.

En hver er þá sannleikur þessara mála? Hann er þessi: Það er ekki aðeins að fólkið í almennu verkalýðsfélögunum sé lægst launað, heldur býr það einnig við lökustu kjörin á öðrum sviðum og mesta öryggisleysið. Þegar eitthvað bjátar á í atvinnulífinu verður það fyrst atvinnulaust. Það er verst sett með greiðslur í veikinda- og slysatilvikum. Það hefur lágmarksorlof, starfsaldurshækkanir á kaup heyra til undantekninga og svo mætti lengi telja. Við sjáum enga ástæðu til þess að þetta fólk, sem yfirleitt vinnur erfiðustu og óþrifalegustu störfin í framleiðslu- og þjónustugreinunum, búi ávallt við lökustu kjörin á öllum sviðum. Miklu frekar ætti það í mörgum greinum að hafa betri kjör en aðrir. Sérkröfur Verkamannasambandsins miða að því að jafna kjör þessa fólks. Þar er ekki um neina framúrstefnu að ræða. En jafnvel þessar réttlætiskröfur mundu verða teknar til endurmats ef myndarlega væri orðið við höfuðkröfum samtakanna um kauphækkun og fulla verðtryggingu.

Ég hef hér gert að umtalsefni stefnu ríkisstj. í efnahags- og verðlagsmálum og hins vegar stöðuna í kjaramálum launþega. Ég hef sýnt fram á samhengið milli þessa tvenns. Sírýrnandi kaupmáttur launanna er bein afleiðing af stefnu ríkisstj. Þetta þurfa allir launþegar að festa sér ríkt í minni.

Ég sagði áðan að verkalýðshreyfingin hefði lítil svör fengið við meginkröfum sínum, hvorki frá atvinnurekendum né ríkisstj., þótt aðeins séu tveir dagar þar til samningar renna út. Og þetta gerist þrátt fyrir að allar aðstæður eru nú þannig, að möguleikar til verulegra kauphækkana eru fyrir hendi. Aflaföng hafa verið góð, verulegar hækkanir á útflutningsvörum okkar og viðskiptakjör stórbatnað. Atvinnurekendur eiga því nú að geta borið verulega kauphækkun, ef ekki, þá er rekstri þeirra og stjórnun mikið ábótavant. Og ríkisstj., sem ekki ræður við það verkefni að tryggja verkafólki sæmileg laun og öruggan kaupmátt þeirra, er ekki starfi sínu vaxin og á því að víkja.

Að lokum nokkur orð til alls launafólks í landinu: Sú stund nálgast að beita verður samtökunum til að knýja fram kröfur þeirra. 1. maí er á sunnudaginn. Gerum þann dag að öflugum baráttudegi fjöldans fyrir kröfum verkalýðsfélaganna undir þeirra merkjum. — Þökk þeim sem hlýddu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, lýsti því yfir í ræðu sinni, að Alþb. sé eini flokkurinn sem stendur gegn þátttöku útlendinga í íslensku atvinnulífi. Sú staðreynd er eigi að síður skjalfest, að Alþb. hafði í tíð fyrrv. ríkisstj. alla forustu um að semja við hinn illmúraða Union Carbide um járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Fyrrv. iðnrh. Alþb., lagði á það höfuðáherslu, að samningar tækjust við þennan bandaríska auðhring. Járnblendi væri sjálfsagt ekki komið á dagskrá enn á Íslandi nema fyrir forgöngu Alþb. í fyrrv. ríkisstj. Og þar skilur milli okkar, mín og hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að ég hef aldrei léð járnblendiverksmiðjunni fylgi mitt, en flokkur hans hins vegar haft frumkvæðið.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson lýsti því yfir, að núv. stjórn beitti verðbólgunni sem hagstjórnartæki. Hvort mun hann nú í yfirstandandi vinnudeilu beita sér fyrir að rétta ríkisstj. í hendur enn öflugra verðbólgutæki að stjórna með, eða mun hann reyna með afskiptum sínum af kjarasamningum að ræna þessu hagstjórnartæki, sem hann svo kallar, úr höndum núv. ríkisstj.? Við bíðum og sjáum hvað setur.

Hv. þm. Karvel Pálmason hafði áhyggjur af framkvæmd byggðastefnunnar. Okkur hefur tekist vel til um framkvæmd byggðastefnunnar. Gífurlegum árangri hefur verið náð. En ég minni á að byggðastefnunni var aldrei ætlað að halla á einn eða neinn, heldur að rétta hlut strjálbýlis. Þess vegna ber okkur að fylgjast með vandlega ef svo skyldi ske að framkvæmd byggðastefnunnar yrði til mismununar. Ég hef ekki þá trú að svo sé, en fylgi því hins vegar eindregið að málið verði rækilega kannað og í tauma tekið ef úrskeiðis gengur.

Þrátt fyrir úrtölu- og svartsýnistal stjórnarandstæðinga er ljóst að síðasta ár reyndist þjóðinni hið happasælasta. Framleiðsla var aldrei meiri, full atvinna og gerbreyting í verslun og viðskiptum okkar við aðrar þjóðir.

Svo virðist sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sé þeirrar trúar, að þjóðinni verði ekki vel stjórnað nema hann sé við stjórnvölinn. Þetta er kækur sem hann þyrfti í tíma að venja sig af. Ef enginn vandi er meiri við stjórn landsins en sá, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason er ekki í stjórn, þá er ekki sérstaklega mikið að.

Draga verður úr fjárfestingu, sagði hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason. Draga verður úr umsvifum ríkisins, sagði þessi sami hv. þm. Beita verður harðari tökum í útlánastefnu banka, sagði hann enn fremur. Nú er spurningin, sem þessi hv. þm., doktor í hagfræði, verður að svara, hversu mikið má draga saman seglin svo að ekki bresti á atvinnuleysi, sem er þó mest óhamingja einhver sem yfir eina þjóð getur dunið.

Það er sannfæring mín að íslenska þjóðin hafi síðari árin átt við risavaxnari vanda að glíma í efnahagsmálum en nokkru sinni fyrr. Þótt mikið hafi áunnist, svo sem fram hefur komið í ræðum hæstv. ráðh. Geirs Hallgrímssonar og Ólafs Jóhannessonar, er markinu ekki náð. Enn búum við við þrefalda verðbólgu umfram það sem líðanlegt er, og á hinn bóginn virðist brugðið til þeirra ókjara, að miklu minna verði úr býtum borið í sjávarföngum en áður þrátt fyrir færi á að sækja í nýja fiskstofna. Ef ekki tekst að vinna bug á þeirri óðaverðbólgu sem enn geisar, þá má kalla að allt annað sé unnið fyrir gýg.

Það er ekki nýtt fyrir Sjálfstfl. að taka við þrotabúi vinstri stjórna á Íslandi. Árið 1959 gerði hann það og tókst með sterkum tökum að bjarga þjóðinni frá gjaldþroti út á við og inn á við. Það var ekki sársauka- eða átakalaust, en flokkurinn fékk um langa hríð, í 12 ár, til þess atfylgi þjóðarinnar. Það mun e. t. v. á næstunni á það reyna sérstaklega, hvort hann nýtur enn eigi þess trausts og trúnaðar sem nauðsynlegt er svo að forðast megi ókjörin.

Þótt stórt væri í sniðum og átaksillt þrotabúið vinstri stjórnarinnar árið 1959 var þó afkoman 1974 sýnu ofboðslegri. Árið 1958 brotnaði alda verðbólgunnar á skerjum óstjórnar, en árið 1974 var þó holskeflan sýnu hættulegri og er enn eigi bitið úr nálinni með usla hennar. Glíman við óstjórnina á árunum 1971—1974 stendur enn yfir, og ber að játa hreinskilnislega að Sjálfstfl. hefur ekki tekið eins sterkum tökum á viðfangsefninu og áður og ekki eins og hann hefur afl til. Að vísu hefur tíminn unnið með flokknum, en það afsakar ekki hægaganginn í áflognum við meinvættinn mikla sem verðbólgan er. En flokkurinn stjórnar ekki einn, og er vafalaust að tregða samstarfsflokksins að játa á sig ávirðingarnar af óstjórn vinstri stjórnarinnar hefur ráðið töluverðu. Eftir fyrri vinstristjórnartímabil var Alþfl. laminn til þeirrar hlýðni að játa á sig ábyrgð á þeirri óstjórn, en Sjálfstfl. hefur verið beygjulegur við að krossfesta Framsfl. fyrir sömu sakir.

Góðs árangurs er ekki að vænta ef menn neita staðreyndum af kjósendahræðslu og helst það uppi. Það er auðvitað spauglaust að leiða svo harðskeyttan sérhagsmunaflokk sem Framsfl. er til samvinnu sem gagnar allri þjóðinni. Þó hefur það að ýmsu leyti tekist betur en á horfðist og eldri reynslan benti til, því að feysknar voru allar undirstöður fyrri samvinnu við þann flokk.

Það er með öllu óþekkt að efnahagskerfi þjóðar hafi hrunið jafnhastarlega og gerðist með kjarasamningunum 26. febr. 1974. Þeim mun ótrúlegri er sú staðreynd þar sem allt var það fyrir verk sjálfrar þeirrar ríkisstj. sem ríkti þá. Að vísu hafði sú stjórn til þess gildrað frá upphafi. Í sjálfum stjórnarsáttmála þeirrar stjórnar er að finna upphaf ógæfunnar. Hins vegar mun Sjálfstfl. ekki víkja því til samstarfsflokksins sem miður kann að hafa til tekist í tíð núv. ríkisstj. Hann axlar þá ábyrgð án hiks og þarf ekki að álasa samstarfsflokknum eða kenna honum um eitt eða neitt sem Sjálfstfl. ber ekki jafnhliða fullkomna ábyrgð á. Afstaða Framsfl. og vinnubrögð eru gerbreytt frá því sem áður var, og er það án efa að þakka formanni flokksins, hæstv. dómsmrh. Ólafi Jóhannessyni, og eru það einkennileg örlög að hann skuli þrátt fyrir ágæt verk liggja undir ámælum skilíítilla stráka fyrir tilbúnar sakir.

Eins og sakir standa eru efni á að veita hinum lægra launuðu verulegar kjarabætur. Því eiga þeir, sem ráða, að lofa strax. Að bíða eftir því að vinnuveitendasamtökin sísist til þess með gersamlega úreltum vinnubrögðum kemur ekki til nokkurra mála. Það verður of dýru verði keypt. Á sinni tíð, þegar ég átti að heita forustumaður í launþegasamtökum, voru á mig settir vökustaurar. Þá hældu menn sér af því að vaka sem lengst, án þess að þeim hvarflaði vit að marki. Ég er löngu hættur að hafa trú á þessari aðferð, enda getur lausn mikilvægrar vinnudeilu ekki verið í höndum vökustaursmanna.

Menn hafa það gjarnan á orði, að aðilar vinnumarkaðarins eigi að leysa sín á milli vandann. Þeir eru ekki færir um það nú, síst vinnuveitendur sem haga sér eftir aðferðum sem þóttu við hæfi hjá dönskum íhaldsöflum upp úr 1930, að neita allri samngirni, en skrifa síðan undir ódæmin eftir nógu langar vökur og hælast svo

um, þegar upp er staðið, af því að hafa sett met í svefnleysi.

Svo sem vandi verðbólgu er mikill er það ekki á færi vinnuveitenda einna að semja nú við vinnustéttirnar. Vinnudeiluna á ríkisstj. að leysa með Birni Jónssyni og félögum hans, sem ekki njóta trúnaðar hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Það á þegar í stað að ganga að stórhækkuðu kaupi til handa hinum lægra launuðu og beita föstum tökum af hálfu þeirra, sem umboð hafa til að stjórna frá þjóðinni sjálfri, að hindra að hinir, sem sæmilega og vel eru settir, hrifsi til sín enn hærri kjarabætur eða margfaldar, svo sem dæmin sanna á liðnum árum. Skattbreytingu er nauðsynlegt að beita í þessu sambandi sem eingöngu á að gagna hinum lægra launuðu. Stjórnvöld þurfa þegar í stað að setja sig í þær stellingar að létta skattbyrði á launastéttum allt upp fyrir miðju í kerfinu og þola minnkun tekna í ríkiskassann sem nemur stórum fjárhæðum. Það mun að vísu draga úr framkvæmdum, en tæplega auka neyslu að marki vegna þeirra ofboðslegu hækkana á vörum og þjónustu sem yfir okkur dynja daglega. Markmiðið verður og skal verða að ná verðbólgunni niður í 10—12% á ári á næstu tveimur árum eða til jafns við það sem um er að tefla í viðskiptalöndum okkar flestum.

Ef verkalýðshreyfingin gengur að þessum kostum, að stórhækka laun við láglaunastéttir samfara minni skattbyrði, þá er miklu borgið. Hin leiðin er leið átaka og verkfalla sem bitnar harðast á þeim sem minnst bera úr býtum. Það er rétt og skylt fyrir verkalýðshreyfinguna að átta sig á að þeirri aðferð verður mætt með miskunnarlausri hörku. Það skal aldrei verða að þeim takist, pólitísku furstunum í þeirri sveit, að gera að engu þann ávinning sem orðinn er í efnahagsmálum. Að loknu þriggja vikna verkfalli eða svo verða gerðar þær ráðstafanir sem duga til að minnka verðbólguna. Með þeim aðgerðum er vandséð hvernig sérstaklega megi taka tillit til hinna verr settu. Þeirra málum verður trúlega ekki borgið nema við samningaborðið.

Ég átti að heita í 15 ár í fyrirsvari fyrir ein stærstu launþegasamtök þessa lands. Mín einarða kenning var að boða aldrei til verkfalla, og það var undir þá reglu vikist af yfirgnæfandi meiri hluta verslunarfólks. Og það skilaði því fólki þess vegna hraðar fram á veg um kjarabætur en öðrum stéttum verkalýðs á því tímabili.

Það er ekki um að tala að pólitískur geðþótti stjórnarandstæðinga fái að ráða ferðinni í vinnudeilum nú. Ef svo verður, þá verður því mætt með óbreyttri stefnu um að vinna bug á verðbólgunni í landinu eftir sem áður, og gagnráðstafanirnar verða þeim mun harkalegri sem óskynsamlegar er staðið að lausn vinnudeilunnar og kjarabætur knúnar fram með offorsi umfram það sem gjaldgeta atvinnuvega þolir. Aðalatriðið er það, að vinnuveitendur fái ekki til þess leyfi að kópa eins og afglapar yfir óframbærilegum tilboðum um kjarabætur til handa því fólki sem lífsnauðsyn er að rétta hjálparhönd. Með því móti er stefnt í ófæru sem öll þjóðin tapar á og bitnar harðast á þeim sem minnst mega sín.

Umtalsverður árangur náðist í fjármálum ríkisins s. l. ár miðað við árin 1974 og 1975, en á þessum tveimur árum höfðu skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum aukist um 10 milljarða kr. Þegar vinstri stjórnin lét af völdum á síðari hluta árs 1974 hafði hún að verulegu leyti gengið frá fjárlagagerð fyrir árið 1975 í samræmi við þá efnahagsskipan og þá stjórnarhætti sem ríktu á þeim bæ. Það má því segja að efnahagsstefna vinstri stjórnarinnar hafi mótað fjárlög ársins 1975 og sett svip sinn á það fjárlagaár.

Fjárlög ársins 1976 eru þau fyrstu sem mótuð eru í samræmi við efnahagsstefnu núv. ríkisstj. Það fjárlagaár er það fyrsta sem marktækt er í stefnu hennar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt. Samkv. skýrslu fjmrh. um afkomu ríkissjóðs 1976, sem lögð var fram á Alþ. í s. l. mánuði og er nýmæli, er mismunur greiddra gjalda og innheimtra tekna aðeins neikvæður um 100 millj. kr. Enn fremur er áætlað að rekstrarjöfnuður verði hagstæður á s. l. ári, en hann var óhagstæður 1975 um 7.5 milljarða kr. og 3.3 milljarða kr. árið 1974. Síðan 1968 hefur rekstrarjöfnuður aðeins tvisvar verið jákvæður, 1970 um 400 millj. kr. og 1972 um 100 millj. kr. Hlutur ríkisútgjalda af vergri þjóðarframleiðslu var samkv. bráðabirgðatölum 27.3% á árinu 1976, en á árinu 1975 nam hlutur ríkisins í vergri þjóðarframleiðslu 31.4%. Ef sama hlutfall hefði gilt á árinu 1976 og varð á árinu 1975 hefði ríkið tekið til sín 10 milljörðum kr. meira af heildarþjóðarframleiðslu á árinu 1976, en þjóðarframleiðslan nam þá 256 milljörðum kr.

Ekki er að efa að hinar ströngu aðhaldsaðgerðir, sem núv. hæstv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, hefur haft frumkvæði að í fjármálastjórn ríkisins, eiga hér langdrýgstan hlut að máli, og nauðsynlegt er að fylgt verði fast eftir þeim aðhaldsaðgerðum og árangri sem þegar hefur náðst í ríkisfjármálum. Þær hafa fyrst og fremst leitt til hallalauss ríkisbúskapar sem er einkenni traustrar stjórnunar ríkisfjármála. En aðhald í ríkisfjármálum er ekki síður óhjákvæmilegt til að hamla gegn verðbólgu og viðskiptahalla og hefur reynst liður í þeim árangri sem náðist á þeim vettvangi á s. l. ári. Síðast, en ekki síst eru slíkar aðhaldsaðgerðir nauðsynlegar til að tryggja það meginmarkmið, að ríkisútgjöld fari ekki yfir ákveðið hlutfall og hættumörk í heildarverðmætasköpun þjóðarinnar. Því meira af þjóðartekjum sem ríkið tekur til sín hverju sinni, því minna verður eftir af ráðstöfunartekjum heimila og einstaklinga í landinu.

Ég vék að því, að annar aðalvandinn væri sá, að líklegt er að draga verður úr sókn í verðmætustu fiskstofna, sér í lagi þorskinn. Það mun ekki einvörðungu bitna á sjómönnum og útgerðarmönnum, heldur að sjálfsögðu landslýðnum öllum. Núv. sjútvrh. hefur tekið traustum tökum á stjórn fiskveiða og nýtingu fiskveiðilögsögunnar. Að kalla með daglegri stjórn á þessum málum hefur hann lagt sig í líma við nákvæma aðgæslu og fyrirmyndarstjórn á þessu viðamikla máli. Í tíð Matthíasar Bjarnasonar, hæstv. sjútvrh., hafa verið gerðar margfalt víðfeðmari ráðstafanir til verndar fiskstofnum en í samanlagðri tíð annarra ríkisstj. Enn fremur hefur hann haft forustu um að beina sókn í nýja fiskstofna sem ekki hafa verið ofnýttir til þessa. Slík stjórn

er hið viðkvæmasta og viðamesta mál, og stefja enda að sjútvrh. álasanir og mögnuð gagnrýni sem hann hefur sem betur fer haft bein til að þola.

Á hinn bóginn er ekki fyrir það að synja, að stjórn aðallánasjóðs sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóðs, hefur verið hrumul og gengið mjög úr skorðum, og má það merkilegt heita að nýkjörnir fulltrúar hagsmunasamtaka sjávarútvegsins í þeim sjóði skuli versla sín á milli og við umboðsmenn um kaup á nýjum skuttogurum á sama tíma og Landssamband ísl. útvegsmanna heldur því fram að stjórnvöld séu að ráða síðasta borskinn af dögum.

Spurst hefur að Efnahagsbandalagsmenn úr Evrópu séu í nýju tilhlaupi að krefjast veiðiheimilda til handa bretum og e.t.v. fleirum um veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa því yfir, að ég er með öllu óviðmælandi um slíkar veiðiheimildir. Þegar samningurinn við vestur-þjóðverja, sem var á sínum tíma hinn mesti fleinn í minu holdi, rennur út, þá verða þeir að fara í brott. Annað kemur ekki til greina. Og það verður að kosta sem kosta vill. Við þá og aðra er nú ekkert um að semja. Hið einasta, sem til greina kann að koma, er að semja við bræður okkar í Færeyjum, en þó getur það ekki orðið nema mjög smátt í sniðum.

Herra forseti. Núv. ríkisstj. ætlar að stjórna áfram eftir því umboði sem yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hefur veitt henni. Það kemur ekki til greina að hún verði sveigð af þeirri leið að gera nauðsynlegar ráðstafanir í efnahagsmálum til að vinna bug á bölvaldinum mikla, verðbólgunni, enda er það fyrir bestu fyrir alla að svo verði gert. Hún býður friðarsamninga við verkalýðshreyfinguna við lausn vandamálanna. En hún lætur ekki hrekja sig af leið og mun ekki láta undan sverfast fyrir ofbeldi sem á undirrót sína í pólitísku spilverki. Það eru fleiri en vinnudeilumenn sem búa við skarðan hlut. Bændur landsins beriast í bökkum velflestir. En hvorki þeirra hlutur né annarra verður bættur umfram það sem tök eru á. Og viðmiðunin er verðbólguvandinn. Það er gagnslaust að veita einum eða neinum kjarabætur ef allt brennur upp á verðbólguháli fyrr en varir. Síðan skulu menn festa sér það í minni, að vandinn, sem við blasir, verður ekki levstur nema Sjálfstfl. leggi sitt af mörkum. Sú staðreynd blasir við og á sér enda sögulega staðfestu. — Góða nótt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, vil ég geta þess, að það er á algerum misskilningi byggt að fjárl. fyrir árið 1975 hafi verið samin af fyrrv. ríkisstj. eða vinstri stjórninni. Ég veit að ég mun geta fengið um það sannanir frá hagsýslustjóra, að ég tók skýrt fram að ég hefði engin afskipti af fjárlagagerð fyrir árið 1975 fyrr en ég vissi hver yrði fjmrh. og við það hélt ég. Hv. þm. hefur ekki kynnt sér þetta nóg.

Í öðru lagi vil ég minna hann á það, að vinstri stjórnin gerði tilraun til launajöfnunar þegar hún flutti frv. sitt um að engin fengi meiri hækkun en 20%. Það verkaði þannig svo á þennan hv. þm. að hann flutti 5 klukkutíma ræðu.

Út af því, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér í sambandi við Grundartangaverksmiðjuna, en nú virðist vera orðin einhver sérstök trúarjátning þeirra að snúast gegn því máli, verð ég að segja: Öðruvísi mér áður brá. En ég vil minna á það, að það fór saman orkufrekur iðnaður — og var þá stefnt á Grundartanga — og fullnaðarvirkjun Sigöldu. Þetta vona ég að hv. 2. þm. Austurl. muni þó hann hafi gleymt því áðan. Ég vil líka minna á það, að það var stefnumörkun hjá fyrrv. ríkisstj., sem Framsfl. hafði forustu um, að íslendingar ættu meiri hluta í fyrirtækjum sem erlendir menn tækju þátt í með þeim. Nú mátti heyra á hv. 2. þm. Austurl., og brá mér þar nokkuð við, að frá þessari trú er hann genginn eða skoðun, þar sem hann sá ekkert nema svart í sambandi við þann væntanlega rekstur sem á Grundartanga ætti að rísa. Að spá slíku er eins og að spá lambaláti á veturnóttum.

Það var ekki Framsfl. sem bar fram till. í ríkisstj. á dögum vinstri stjórnarinnar um viðræður við Alusuisse, m.a. um að stækka verksmiðjuna. Það kom frá þeim ráðh. sem fór með iðnaðarmálin, eins og eðlilegt var.

Þegar hv. 2. þm. Austurl. fór að tala um landbúnaðarpólitík, þá heyrði ég nú nýtt hljóð úr því horni, en að þeim þáttum skal ég víkja síðar og þeim missögnum sem þar áttu sér stað.

Það mátti heyra — og er það ekki í fyrsta sinn — að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason grætur þá daga þegar hann varð að hætta ráðherradómi, og það voru engin efnahagsvandamál á þeim árum þegar hann sat í ríkisstj. En man nú enginn árin 1966—1970? Þá var líka við efnahagsvanda að etja. Og ég vil segja þessum þm. það og þeim öðrum: Á áratugnum 1960—1970 var þó að heita mátti ekki um neina innflutta verðbólgu að ræða, en á árunum 1973 og 1974 var hún annað árið á milli 20—30% af dýrtíðinni og hitt árið milli 30 og 40%. Það var vegna hinnar stórstígu verðhækkunar á olíu sem hafði víðtæk áhrif svo sem kunnugt er. Þetta man ekki hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason.

Og svo voru menntamálin, þau voru í lagi, þótt flest frv. kæmu fram á síðasta þinginu, sem hann sat sem ráðh., eftir 15 ár, og væru óafgreidd þegar hann fór úr ríkisstj.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason talar um siðferðismistök og annað því um líkt. Ég held að þetta hafi verið eitt af því sem kalla má siðferðismistök, túlkun hans á afrekum sínum og annarra manna framferði í ríkisstj.

Þá vék hv. þm. að landbúnaðarmálum og að því skal ég koma síðar, og svo kom hann að því — og virtist þá vera miög hnugginn — að vinstri stjórnin hefði splundrast. Þar talaði sá er vissi og að verki var þegar það átti sér stað.

Í framhaldi af þessu vil ég víkja sérstaklega að efnahagsmálum landbúnaðarins og fleiri þáttum er hann varða.

Að sjálfsögðu hefur landbúnaðurinn eins og aðrir atvinnuvegir þjóðarinnar orðið fyrir áföllum á síðustu tveimur árum. Verðbólgan hefur sagt til sín þar. Áburðarverð hefur nær þrefaldast á þremur árum og miklar hækkanir hafa

einnig orðið á öðrum rekstrarvörum og þjónustu.

Íslenskur landbúnaður mun aldrei hafa haft betri afkomu efnahagslega en á árunum 1972—1974. En eftir því sem tölur segja þar um, hefur afkoma bændastéttarinnar versnað álíka og annarra stétta þjóðfélagsins á síðustu tveimur árum þegar almennur samanburður er gerður. En auk hinna almennu efnahagsáhrifa á kjör fólksins mun gæta í kjörum bænda áhrifa óþurrkanna s. l. tvö sumur á mestu framleiðslusvæðum landbúnaðarins á Suður- og Vesturlandi. Þar er um að ræða tjón sem nemur hundruðum millj. kr. í tapi á framleiðslu og auknum fóðurbætiskaupum.

Til þess að létta undir með bændum á þessum svæðum hefur verið unnið að því að útvega fé til þess að veita úr Bjargráðasjóði lán til fóðurbætiskaupa vegna óþurrkanna og er þeim málum nú svo komið, að segja má að fjármagn hafi verið útvegað til sjóðsins til þessara útlána. Ekki er hægt að halda þeim útlánakjörum á þessum lánum sem Bjargráðasjóður hefur áður haft. Til þess er lánsfé sjóðsins nú of dýrt og lánstími of stuttur. Munu lán þessi þó forða bændum á óþurrkasvæðinu frá því að bíða enn þá meira tjón í búrekstri sínum, en bæta að sjálfsögðu ekki tjón þeirra að fullu er fyrir því urðu, þar sem lánsfé getur aldrei bætt afurðatjón.

Nokkuð hefur borið á því á þessum vetri, að dregið hafi úr sölu á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði, sérstaklega á dilkakjöti og smjöri. Ástæðan fyrir þessu er m. a. sú, að niðurgreiðslur hafa haldist óbreyttar að krónutölu um nokkurt skeið og lækka því í hlutfalli við verðlag. Jafnframt er kaupgeta fólksins minni. En hvort tveggja hefur orðið til þess að draga úr kaupum fólks á þessum afurðum. Þetta mál er nú í athugun með úrbætur í huga.

Lög hafa verið sett um mat á ull og gærum. Í ullar- og gæruiðnaði er mestur vaxtarbroddur íslensks iðnaðar. Það er hægt að gera sér vonir um að með auknum gæðum á gærum og ull sé hægt að auka þau verðmæti, sem sauðkindin skilar, og jafnframt þurfi ekki í sama mæli og áður að treysta á kjötverðið svo að þeim verðmætum verði náð.

Ullar- og gæruframleiðslan er nú orðin þýðingarmikill grundvöllur atvinnuuppbyggingar í gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið. Því má ekki gleyma að útflutningur landbúnaðarvara skapar þjóðinni dýrmætan gjaldeyri, svo að andvirði gjaldevris á útfluttum landbúnaðarvörum á s. l. ári hefur skapað ríkissjóði á annan milljarð kr. í beinum tekjum umfram þær útflutningsbætur sem ríkissjóður greiddi. Auk þess má minna á gjaldeyrissparnað og að landbúnaðurinn veitir atvinnu til annarra en bænda.

Á s. l. árum hefur orðið veruleg aukning á framkvæmdum í sveitum landsins, ólíkt því sem Lúðvík Jósepsson vildi halda fram, og einnig í vinnslustöðvum landbúnaðarins, þrátt fyrir þá fjárhagsörðugleika sem bændur hafa átt við að stríða.

Nokkrir erfiðleikar hafa verið hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins að geta sinnt eftirspurn eftir lánsfé, en það tókst þó sæmilega á s. l. ári, og á þessu ári geri ég ráð fyrir að það muni takast að fullu. Þeir erfiðleikar eru skiljanlegir þegar það er haft í huga, að verðgildi útlána frá Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur nærri því þrefaldast frá 1970 til ársins 1975. Þá er einnig frá því að segja, að staða Stofnlánadeildarinnar hefur ekki batnað, svo sem gert var ráð fyrir í lögunum frá 1973, þó að sú lagasetning hafi nær tvöfaldað fasta tekjustofna deildarinnar.

Unnið er að endurskoðun laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins með það fyrir augum að deildinni verði séð fyrir fjármagni svo að hún geti sinnt hlutverki sínu. Ríkisstj. mun halda áfram að skoða þetta mál og leggja sérstaka áherslu á að til frumbýlinga verði horft. Þar sem verið er að vinna að endurskoðun á lögum um aðra stofnlánasjóði þykir eðlilegt að framlagning frv. til breyt. á lögum þessum fylgist að, og mun það verða gert á næsta hausti.

Samið hefur verið frv. um fóðurframleiðslu í landinu. Stefnt er að aukinni innlendri fóðuröflun með því að gera heyverkun öruggari og byggja upp grænfóðurverksmiðjur. Einnig er unnið að undirbúningi fyrir stækkun Áburðarverksmiðjunnar.

Skipuð hefur verið n. til að gera till. um nýtingu á sláturúrgangi, en þar eru talin fara forgörðum allverulega verðmæti.

Á s. l. ári og á þessu ári hafa orðið miklar umr. vegna fjárhagsstöðu viðskiptafyrirtækja, einkum þeirra sem sláturleyfi hafa og mögu leika á því að bændur fái sem mesta útborgun á afurðum sínum við innlegg, en í því dæmi skipta rekstrar- og afurðalán til landbúnaðarins miklu máli.

Á aðalfundi Kaupfélags Borgfirðinga 1977 kom fram í ársskýrslu kaupfélagsstjórans fyrir árið 1976 að skuldir bænda við félagið jukust á s. l. ári að krónutölu um 1½% umfram aukningu inneigna. Á árinu 1975 jukust skuldirnar hins vegar um 42.5% umfram aukningu inneigna. Þarna er um jákvæða þróun að ræða þar sem dregið hefur verið úr skuldasöfnun í hlutfalli við aukningu á inneignum um 42%. Hjá þessu kaupfélagi voru bændum greidd 82.5% verðmæta sauðfjárafurða á s. l. hausti við innlegg. Stjórn félagsins hefur ákveðið að við útborgun uppgjörslána í maí n. k. verði greitt fullt haustgrundvallarverð fyrir sauðfjárafurðirnar. Það ber að gera, til þess eru uppgjörslánin veitt.

Mér er það að fullu ljóst, að erfiðleikar eru í landbúnaði, svo sem opinberar umr. hafa borið með sér. Ég vil þó benda á þetta dæmi frá Kaupfélagi Borgfirðinga til áminningar um að þeir, sem gera miklar kröfur til stjórnvalda um úrbætur, þurfa einnig að gera kröfur til sjálfra sín um stjórn sinna fyrirtækja, ef sigrast skal á erfiðleikunum, eins og Kaupfélag Borgfirðinga hefur tekist.

Þó að þeir málaflokkar, sem ég hef nefnt hér að framan, séu þýðingarmiklir fyrir landbúnaðinn skiptir þó höfuðmáli hvernig til tekst með sölu afurða innanlands og utan. Þar eru óþrjótandi verkefni fram undan sem hingað til, en að því máli verður að vinna af alhug og dugnaði.

Verulegar framkvæmdir hafa verið í hafnamálum á síðustu árum og er enn þá stefnt að því að draga ekki úr þeim framkvæmdahraða sem verið hefur.

Um vegamálin er það að segja, að Vegasjóður hefur orðið fyrir verulegu áfalli þar sem bensínskatturinn hefur ekki reynst honum svo drjúgur nú sem áður var, sökum þess að dregið hefur úr bensínsölu frá því sem áætlað var. Auk þess er það, að áður var skatturinn 50% af verði hvers bensínlítra, en er nú aðeins 20%. Stafar þetta m.a. af þeim hækkunum sem orðið hafa á bensíni í innkaupum og fleiru. Reynt hefur verið að bæta úr þessu með margvíslegum hætti og hefur það tekist allsæmilega. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að með vegáætlun þeirri, sem samþykkt var á þessu Alþ., var mörkuð stefna um að vegaviðhaldi skyldi betur sinnt en áður. Nýbyggingum var hins vegar ekki séð fyrir sem skyldi. Þess vegna var við afgreiðslu vegáætlunar gefin út sérstök yfirlýsing af hálfu ríkisstj. um að úr yrði bætt á komandi hausti um fjárveitingar til vegaframkvæmda fyrir næsta ár.

Stórframkvæmdir eins og Keflavíkurvegurinn, hraðbrautin austur og einnig Skeiðarársandsframkvæmdin voru á sínum tíma skilin frá öðrum vegaframkvæmdum og fjármögnuð sérstaklega. Nauðsyn bæri til að halda þessu áfram. Borgarfjarðarbrúin hefur ekki notið þess arna. Markmið okkar á að vera það, að á hverju ári sé unnið að stóru verkefni í vegagerð sem sé fjármagnað sérstaklega. Með þeim hætti er einnig hægt að sinna af verulegum krafti hinni almennu vegagerð, svo sem brýna nauðsyn ber til.

Um flugmálin er það að segja, að úttekt hefur verið gerð á flugvöllum og ástandi þeirra hér á landi og mun sú skýrsla, sem fyrir liggur þar um, verða lögð til grundvallar fjárveitingum til flugvalla á næstu árum, enda þótt mér sé ljóst að hraðinn verður minni en þar er gert ráð fyrir.

Í skipulagi og fjármálum Pósts og Landssímans hefur verið gert átak á síðustu árum sem á eftir að marka veruleg spor í framfararátt í stofnuninni og hraða framkvæmdum hennar. Jafnframt hefur verið mörkuð stefna um að jafna afnotagjöld Landssímans innan númerasvæðis og einnig við opinberar stjórnsýslustofnanir. Bygging jarðstöðvar er einn merkasti áfangi í fjarskiptatengslum okkar við aðrar þjóðir og einn af lokaþáttum í sjálfstæðisbaráttu þessarar þjóðar. Yfirráð yfir fjarskiptum eru stórt atriði fyrir öryggi og sjálfstæði hverrar þjóðar.

Herra forseti. Í ræðum stjórnarandstöðunnar hefur það komið fram sem fyrr, að ríkisstj. ætti að segja af sér, hún ráði ekki við málefni þjóðarinnar. Ég spyr: Á ríkisstj. að segja af sér, — ríkisstj. sem hefur tekist að koma íslenskri fiskveiðilögsögu út í 200 sjómílur í sátt við aðrar þjóðir, ríkisstj. sem hefur gert meira í dóms- og réttarfarsmálum en nokkur önnur ríkisstj. um langt árabil, — ríkisstj. sem hefur komið í veg fyrir atvinnuleysi á sama tíma og fjölmennari og ríkari þjóðir í námunda við okkur búa við verulegt atvinnuleysi, — ríkisstj. sem hefur snúið vörn í sókn í gjaldeyrismálum, — ríkisstj. sem hefur tekist að draga úr verðbólgunni, þó að henni hafi ekki tekist að ná því fram sem hún hefur ætlað sér í þeim efnum, en að því er stefnt, — ríkisstj. sem hefur gert stórátak í hitaveituframkvæmdum, — ríkisstj. sem hefur haldið fast við þróttmikla byggðastefnu sem nú er farin að bera verulegan árangur, — ríkisstj. sem hefur tekist að koma í veg fyrir að áföll þau, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir, hafi orðið honum að tilfinnanlegu tjóni, — ríkisstj. sem hefur stutt hann í aukinni uppbyggingu? Á ríkisstj. að segja af sér af því að henni hefur tekist þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika að halda áfram verulegum framkvæmdum í samgöngu-, mennta- og heilbrigðismálum?

Eins og vitað er, er ríkisstj. reiðubúin til að leggja sitt fram til lausnar í kjaramálunum nú og hefur þegar unnið mikið starf sem á eftir að sýna sig að mun bera árangur í kjarasamningunum. Þar mun ríkisstj. fyrst og fremst stefna að því að þeir, sem verst eru settir í launastiganum, njóti þess sem mest verður.

Ríkisstj., sem hefur haldið á málum eins og þessi ríkisstj. hefur gert á mörgum sviðum, hefur enga ástæðu til að segja af sér. Henni er þó ljóst að margt er ógert og mætti betur fara. Hún er reiðubúin að takast á við þann vanda, en hún treystir jafnframt þjóðinni til að gera sér grein fyrir að einungis kjarkur, bjartsýni og trú á möguleika dugar þjóðinni til að sigrast á vandamálum sínum.

Ríkisstj. veit að íslenska þjóðin býr yfir þessum eiginleikum. Þess vegna mun hún leggja sig fram um að duga þjóð sinni til farsællar lausnar í málefnum hennar. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Sameinað þing, 83. fundur.

Föstudaginn 29. apríl, kl. 1.30 miðdegis.

Samþykkt um votlendi, þáltill. (þskj. 531). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að mæla hér fyrir till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. Þessi till. er flutt fyrst og fremst samkv. eindreginni áskorun Náttúruverndarráðs og formanns þess. Till. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita ríkisstj. heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, er undirrituð var í Ramsan í Íran hinn 2. febr. 1971 og prentuð er hér sem fskj."

Aths. eru svofelldar:

„Á ráðstefnu um vernd votlendis og votlendisfugla, sem haldin var í Ramsan í Íran dagana 30. jan. til 3. febr. 1971, var gerð alþjóðasamþykkt sú um verndun votlendis, sem hér liggur fyrir,

og samþykkt að vinna að aðild sem flestra ríkja að henni. Samþykktin er ávöxtur af miklu undirbúningsstarfi margra þjóða í því skyni að skrásetja og vernda merkustu votlendi í hverju landi.

Í samþykktinni eru votlendi skilgreind sem hvers konar mýrlendi, vötn, fjörur og sjór að 6 m dýpi (1. gr..). Ákvæði eru um að hver samningsaðili skuli tiltaka votlendi innan lögsögu sinnar vegna sérstakrar skrár um svæði er hafa alþjóðlegt gildi (2. gr.). Lögð er áhersla á að skráning slíkra svæða raskar á engan hátt óskoruðum fullveldisrétti viðkomandi samningsaðila yfir umræddu svæði (2. gr., 3. liður, sbr. 4. gr. 2. lið). Kveðið er á um samstarf þjóða á milli um verndaraðgerðir, rannsóknir og miðlun upplýsinga (2.—5. gr.). Náttúruverndarþing 1972 ályktaði að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir aðild Íslands að samþykktinni. Náttúruverndarráð og ýmis náttúruverndarsamtök hafa síðan unnið að stefnumótun á þessu sviði með friðun svæða, upplýsingasöfnun og útgáfu fræðsluefnis, þ. á m. rits Landverndar; Votlendi. Hefur Náttúruverndarráð lagt til að Mývatn og Laxá, sem friðlýst eru með l. nr. 36/1974, verði við fullgildingu samþykktarinnar sett á skrá samkv. 2. gr. hennar.

Aðildarríki samþykktarinnar voru fyrir skemmstu orðin 15 talsins, þ. e. Ástralía, Bretland, Búlgaría, Finnland, Grikkland, Íran, Ítalía, Noregur, Nýja-Sjáland, Pakistan, Sambandslýðveldið Þýskaland, Sovétríkin, Suður-Afríkulýðveldið, Sviss og Sviþjóð. Nokkur fleiri höfðu undirritað samþykktina með fyrirvara um fullgildingu.

Samþykkt þessi er á ýmsan hátt hliðstæð milliríkjasamningum sem Íslendingar hafa þegar gerst aðilar að, t. d. alþjóðasamþykkt um fuglaverndun og alþjóðasamkomulagi um varnir gegn olíumengun. Alþjóðlegt samstarf á þessu sviði er skipulagt af Alþjóðasambandi um náttúruvernd, sem Ísland er aðili að, og Alþjóðastofnun um rannsóknir votlendisfugla, sem Íslendingar hafa átt allmikið samstarf við og óformlega aðild að."

Fskj. er síðan samningurinn sem ég ætla ekki að tefja hv. Sþ. á að lesa. Menn hafa haft hann fyrir augum og geta lesið hann og hafa sjálfsagt gert. En ég vil taka fram að lokum, að það er ekki sök utanrrn. að svo lengi hefur dregist að leggja fram þá till. sem hér er til umr. Hún hefur ekki legið þar.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál nema tilefni gefist til, en leyfi mér að leggja til að till. verði vísað til hv. utanrmn. og með þeirri eindregnu ósk formanns Náttúruverndarráðs, að n. og Alþ. sjái sér fært að afgreiða hana áður en þessu þingi lýkur.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til utanrmn. með 41 shlj. atkv.

Verðjöfnun og aðstöðujöfnun, þáltill. (þskj. 515). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, þáltill. (þskj. 419). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lánareglur Lífeyrissjóðs sjómanna, þáltill. (þskj. 432). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 604).

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 10, n. 492). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 492 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 605).

Atvinnu- og byggðaþróun í landinu, þáltill. (þskj. 75, n. 493). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 493 samþ. með 32 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 606).

Fræðsla í þágu áfengisvarna, þáltill. (þskj. 99, n. 518). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 518 samþ. með 38 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 607).

Meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum, þáltill. (þskj. 131, n. 519). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 608).

Bygging dómhúss, þáltill. (þskj. 143, n. 520). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 520 samþ. með 34 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 609).

Lausaskuldir bænda. þáltill. (þskj. 260, n. 491). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef þá ánægju að mæla hér fyrir nál. á þskj. 491 um till. til þál. um lausaskuldir bænda. Þetta er álit atvmn., svo hljóðandi:

„N. hefur athugað till. á fundum sínum. Borist hafa umsagnir frá Búnaðarþingi og Stéttarsambandi bænda, báðar mjög jákvæðar.

N. mælir með samþykkt till. með eftirfarandi breytingu.

Orðin „á árinu 1977“ falli niður úr tillgr.“

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Gils Guðmundsson, Sverrir Hermannsson, Karvel Pálmason, Guðmundur H. Garðarsson, Steingrímur Hermannsson og Jón G. Sólnes.

ATKVGR.

Brtt. 491 samþ. með 32 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 610).

Tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna, þáltill. (þskj. 70, n. 544, 359). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Eftir að till. sú, sem hér er til afgreiðslu, kom fram fluttu flm. hennar brtt. við till. sína. Sú brtt. er á þskj. 359. Þeir leggja til að till. verði breytt í það horf sem hér segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. í þingbyrjun næsta haust frv. til l. um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni.“

Allshn. hefur fjallað um þáltill. og einnig brtt. flm. og orðið sammála um að mæla með samþykkt till. með þeirri breytingu sem flm. sjálfir leggja til.

ATKVGR.

Brtt. 359 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 611).

Skýrsla um norrænt samstarf (þskj. 537).

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil þakka fyrir það að hæstv. forseti skuli taka þessa skýrslu hér á dagskrá í Sþ. Ætlunin var upphaflega, er hún var fram lögð, að unnt væri að ræða þessa skýrslu í samhengi við skýrslu hæstv. utanrrh., og var hún því fyrst lögð fram með sama hætti, þannig að henni var útbýtt fjölritaðri meðal hv. þm., og ætlunin var síðan að lesa hana inn í umræðupart Alþingistíðinda. Af því varð þó ekki að þessi skýrsla yrði þá flutt.

Flm. þessarar skýrslu var þá ekki staddur á landinu, svo að það voru fyrir því eðlilegar orsakir, en í raun og veru þykir okkur heppilegra fyrirkomulag að fá slíka skýrslu prentaða sem þskj. og ástæðulaust að vera að lesa upp úr henni öll efnisatriðin. Hins vegar er með þessu, sem hér er gert, reynt að brydda upp á því nýmæli, að þingkjörin nefnd til starfa í Norðurlandaráði gefi Alþ. skýrslu um það sem fram fer á þeim vettvangi.

Sem formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs síðasta ár féll það í minn hlut að gera þessa skýrslu að þessu sinni. Hún liggur hér fyrir til umr. og upp í henni verður hægt að fletta þeim atriðum sem hv. þm. kynnu að hafa sérstakan áhuga á.

Það varð okkur hvatning til að gera þessa skýrslu, að það hefur verið ár eftir ár mjög til umr. í Norðurlandaráði að nauðsynlegt væri að koma slíkum sið á í öllum þjóðþingunum. Norðmenn hafa gefið sérstaka skýrslu og haft sérstaka umr. um norrænt samstarf á sínum þingum nú um langt árabil. Það fer þannig fram, að skýrsla er gefin af hálfu þess ráðh. sem fer með norræn samstarfsmálefni þar í landi. Með henni fylgir sem fskj. skýrsla Noregsdeildar Norðurlandaráðs. Síðan er málinu vísað til utanrmn. sem gefur út nál. og málið er rætt að nýju. Mér er ljóst að svona nákvæmlega verður ekki hægt að fjalla um þetta mál hér að þessu sinni, en ég mun allt að einu leggja til að því verði vísað til utanrmn. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða það mikilvægan þátt í utanríkismálum okkar Íslendinga að utanrmn. Alþ. eigi að fjalla um hann.

Þegar umr. fóru fram um skýrslu hæstv. utanrrh. var að vísu lítið sem ekki vikið að norrænu samstarfi í skýrslu hans. En hv. 3. þm. Reykn. vék að norrænu samstarfi í sinni ræðu og kann ég honum þakkir fyrir það. Hann hefur alla tíð verið áhugamaður á þessu sviði og unnið þar mikið starf.

Í þessari skýrslu, sem er hin fyrsta af þessu tagi, er fyrsti kaflinn einfaldlega um uppbyggingu Norðurlandaráðs og skipulag og þær meginreglur sem þar um gilda. Ekki er ástæða til að hafa slíkan kafla nema í þessari fyrstu skýrslu. Síðan er fjallað um ráðherranefnd Norðurlanda, en okkar samstarfsráðh., forsrh. Geir Hallgrímsson, hefur annast þann hlut mála af hálfu Íslendinga. Ég leyfi mér að vænta þess, að næsta ár, þegar skýrsla yrði gefin um norrænt samstarf, fylgi einnig skýrsla frá hæstv. ráðh. um þetta efni, og kann málið vel að falla í þann farveg. Við vorum þeirrar skoðunar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs, að frumkvæði skyldum við hafa að þessu sinni til að reyna að koma á þessum sið, og gerum við að vísu enga sérstaka kröfu um að skýrslan sé gefin

af hálfu ráðh. En í framtíðinni þykir okkur réttara að hún yrði rædd samtímis skýrslu utanrrh. Þó kann það að ráðast af því, á hvaða tíma árs sú skýrsla yrði gefin, og getur náttúrlega hvor hátturinn sem er komið að fullu gagni.

Skýrslan fjallar að meginefni til um störf sjálfs ársins 1976. Það má vera að ástæða hefði verið til að gefa Alþ. sérstaka skýrslu um störf Norðurlandaráðs 1975. Okkur þótti þó minni ástæða til þess þar eð þing ráðsins hafði verið haldið hér á landi það ár og voru miklar upplýsingar um það þá hér á landi og mönnum vel kunnugt um störf ráðsins það ár. Ég vil þó aðeins geta þess, að það ár fór einnig fram síðla árs aukaþing í Stokkhólmi, þegar samþykkt var stofnun Norræna fjárfestingarbankans sem mjög mikla þýðingu hefur.

Í des. 1975 voru fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs kosnir fyrir árið 1976 og þeir voru kjörnir hinir sömu og nú eru, þ. e. a. s. Ásgeir Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Skaftason, Magnús Kjartansson, Ragnhildur Helgadóttir og Sverrir Hermannsson. Til vara voru kjörin Axel Jónsson, Eggert G. Þorsteinsson, Gils Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Jón Helgason og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Ég vil aðeins geta þess, í hvaða nefndum hver þessara meðlima Íslandsdeildar ráðsins á sæti eða átti sæti það ár. Í laganefnd ráðsins var kjörinn Ásgeir Bjarnason, í menningarmálanefnd og fjárlaganefnd Gylfi Þ. Gíslason og jafnframt í upplýsingamálanefnd, Jón Skaftason í efnahagsmálanefnd og upplýsingamálanefnd, Magnús Kjartansson í samgöngumálanefnd, Ragnhildur Helgadóttir í forsætisnefnd og félagsmálanefnd, Sverrir Hermannsson í efnahagsmálanefnd.

Ég vil geta þess, að í sambandi við þessa skýrslu var haft samráð um hvern kafla við þá þm., sem eiga sæti í þeim nefndum, sem þar er sérstaklega fjallað um.

Skýrslan um störf Norðurlandaráðs fjallar í upphafi um það atriði sem skipti okkur Íslendinga sérstaklega mestu máli að okkar mati á síðasta ári, en það var sá stuðningur sem við fengum í sambandi við fiskveiðideilu okkar á Norðurlandaráðsþinginu í Kaupmannahöfn. Ég rek hér nokkuð aðdragandann að þeirri yfirlýsingu, sem þar var gefin, og vænti þess, að hann sýni að þar var um mjög almennan og einlægan stuðning okkar frændþjóða að ræða í þessu viðkvæma og erfiða máli okkar. Þar var bæði um að ræða stuðning, sem var pólitískur, og stuðning vegna þess að menn gerðu sér ljóst að ein þessara frændþjóða átti í vök að verjast í hagsmunamáli, sem gat ráðið úrslitum um lífsafkomu í landinu.

Einnig er í þessum kafla vikið að Norræna fjárfestingarbankanum. Um hann hefur svo oft verið fjallað hér á hv. Alþ. að ég mun ekki rekja það efni, heldur einnig vísa til skýrslunnar.

Ég nefni mjög lauslega aðalefnin sem voru á dagskrá í hverri nefnd ráðsins.

Í laganefndinni var fyrst og fremst fjallað um málefni persónuréttar á síðasta ári. Einnig var unnið að sérreglum á sviði skaðabótaréttar. Ný atriði í norrænum höfundarétti, sérstaklega varðandi túlkandi listamenn, voru þar ofarlega á baugi.

Í félagsmálanefnd var lagnmest rætt um málefni vinnumarkaðar og þá sérstaklega um aðbúnað á vinnustöðum og heilsugæslu fólks á vinnustöðum. Í því sambandi hafði félagsmálanefnd ráðsins haldið árinu áður, þ. e. a. s. 1975, mjög stefnumarkandi ráðstefnu í Porsgrunn í Noregi, og á grundvelli niðurstöðu þeirrar ráðstefnu tók n. afstöðu til sérstakrar verkefnaáætlunar sem var á dagskrá síðasta dag Norðurlandaráðsþingsins, um umhverfi á vinnustöðum. Þetta er mál sem við Íslendingar höfum margt af að læra. Þarna er um að ræða rannsóknir sem við getum haft mikið gagn af og eiga vafalaust eftir að setja mjög mikinn svip sinn á atvinnulíf allra norrænna landa. Í þessari n. var einnig fjallað um sameiginlegar norrænar reglur um læknislyf og um vandamál fatlaðra. Loks var mikið fjallað í þessari n. um ýmis mál sem sérstaklega varða jafnrétti karla og kvenna. Fulltrúi Íslands í félmn. var, eins og áður er sagt, Ragnhildur Helgadóttir.

Í samgöngumálanefnd var fjallað um fólksflutninga innan þéttbýlissvæða. Þar var fjallað um norræna vegarannsóknaáætlun, einnig fjallað um hjálpartæki til að létta fötluðum notkun fjarskiptaþjónustu og útbreiðslu slíkra tækja, hvernig megi koma þeim á markað og gera þau ódýrari. Þar var rætt um flugsamgöngur í norðurhluta Skandinavíu og ferju milli Íslands, Færeyja, og annarra Norðurlanda. Fulltrúi okkar í þessari n. var Magnús Kjartansson, en varamaður hans, Gils Guðmundsson, tók einnig mikinn þátt í störfum þessarar nefndar.

Í efnahagsmálanefnd var rætt um nýja verkefnaáætlun á sviði byggingaiðnaðarins, um öryggisráðstafanir vegna kjarnorkuframleiðslu, um norrænt orkumálasamstarf, bæði meðal landanna allra og svo einnig það samstarf er felst í ýmsum tvíhliða samningum milli tveggja þessara landa. Nýlegt dæmi höfum við fjallað um hér á Alþ. í sambandi við norsk-íslenska járnblendisamninginn. Í þessari n., efnahagsmálanefnd, er fjallað um neytendamálefni, og þar hafa verið samþykktar hugmyndir um reglur um sameiginlegar norrænar merkingar á ýmsum vörum sem fyrst og fremst eru notaðar á heimilum og geta valdið ótrúlegri hættu ef þær eru ekki merktar á þann hátt að það skiljist í öllum þessum löndum sem svo mikil samskipti hafa. Í efnahagsmálanefnd áttu sæti þeir Jón Skaftason og Sverrir Hermannsson.

Í menningarmálanefnd var lögð höfuðáhersla á hækkun framlags til Norræna menningarmálasjóðsins. N. vann að stuðningi við þátttöku ýmissa samtaka almennings í menningarstarfsemi Norðurlanda, og aukin áhersla var lögð á stuðning við norrænt íþróttasamstarf. Í þessari n. var töluvert fjallað um gagnrýni sem komið hefur fram á því, að kostnaðurinn við úthlutun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs hafi vaxið verðlaunanum yfir höfuð, ef svo má segja. A. m. k. hefur kostnaðurinn vaxið mun hraðar en verðlaunaupphæðin. Menningarmálanefndin hefur unnið að miklu samstarfi í útvarps- og sjónvarpsmálum og nú á næstunni er ávöxtur

þess samstarfs norræn ráðstefna um sjónvarpssamstarf um gervihnetti. Slík ráðstefna verður haldin nú í maímánuði og er ýmissa merkra nýjunga þaðan að vænta. Á þessu sviði munu hafa orðið miklu stórstígari og hraðari framfarir heldur en menn almennt hafa gert sér grein fyrir, og verulegar breytingar geta orðið á þessu sviði áður en nokkurn varir. Þá hefur skipt miklu máli, ekki síst fyrir okkur íslendinga, samstarf um sérmenntun sem oft og tíðum er svo dýr og haldið uppi fyrir svo fáa að það er okkur fjárhagslega um megn. N. hefur lagt áherslu á að norræn prófskírteini hafi sama gildi í öllum löndunum. Hún hefur staðið að rannsóknum á heilsufari á norðlægustu slóðum og staðið að bættri dreifingu á ýmiss konar kennslugögnum á norrænum löndum. Unnið hefur verið að því að sett yrði upp norræn menningarmiðstöð í Finnlandi og önnur í Færeyjum. Þau mál eru nú í höndum ráðherranefndarinnar. Íslenski fulltrúinn í menningarmálanefndinni og jafnframt formaður hennar nú um nokkurra ára skeið er Gylfi Þ. Gíslason.

Áður en lengra er haldið bið ég hæstv. forseta velvirðingar á því, að ég les hér nöfn þm. án þess að nota þá titla sem við erum vön hér. Það geri ég einungis vegna þess að um skýrslu er að ræða, en ekki þingræðu í venjulegum skilningi.

Menningarfjárlögin og menningarmálasjóðurinn eru málefni sem menningarmálanefndin hefur mikið fjallað um, en á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs eru sérstök menningarfjárlög sem Norðurlandaráð fjallar um, auk hinna almennu fjárlaga ráðsins. Fjárlög ráðherranefndarinnar til menningarmála á árinu 1976 námu samtals 45 millj. 263 þús. dönskum kr. og þar af gengnu til Norræna menningarmálasjóðsins 6.5 millj. d. kr. Frv. til fjárlaga ársins 1977 er að upphæð samtals — þessi tala mun nú hafa breyst nokkuð frá því sem stóð í skýrslunni, en frv. var 52 millj. d. kr. Lokaupphæðin varð ekki langt frá því.

Í skiptingu þessara verkefna, sem norrænu menningarfjárlögin eru miðuð við, fer langstærsti hlutinn til rannsókna sem fram fara í ýmiss konar norrænum rannsóknastofnunum, á síðasta ári 16 millj. 393 þús. d. kr. Til kennslumála í ýmsum samnorrænum skólum og föstum námskeiðum fóru 6 millj. 530 þús., til almennrar menningarstarfsemi, þ. á m. Norræna hússins, listaverðlaunanna, tónlistarsamstarfs o. fl., fóru 6.5 millj. d. kr. Auk þess var sérstakt ráðstöfunarfé, fé ráðherranefndarinnar til ýmissa annarra menningarmála 5 millj. d. kr.

Á menningarmálasviði Norðurlandaráðs má segja að hafi verið lögð sérstök áhersla á síðasta ári á norrænar menningarvikur, sem fram fóru í ýmsum byggðarlögum á Norðurlöndum, og var haldin hvorki meira né minna en 51 slík menningarvika á síðasta ári. Má því heita, ef þetta væri samanlagt, að síðasta ár hafi verið samtals eitt norrænt menningarár. En engu að síður er þarna um að ræða á þessu sviði mörg óleyst verkefni, og alltaf hafa umsóknir til Norræna menningarmálasjóðsins á þessu sviði verið langtum fleiri en unnt er að sinna.

Í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins var yfir árið 1976 af hálfu Íslandsdeildar Jóhann Hafstein, en varamaður hans, Gils Guðmundsson, tók aðallega þátt í þeim störfum. Á Norðurlandaráðsþinginu 1976 var svo Sverrir Hermannsson kosinn í stjórn sjóðsins frá áramótum og varamaður hans er Gils Guðmundsson.

Að frátöldum þessum nefndum, sem ég hef hér lauslega fjallað um, er um að ræða sérstaka fjárlaganefnd, sem hefur fengið aukið verkefni nú á síðustu árum, og sérstaka upplýsingamálanefnd, sem fyrst og fremst annast ritstjórn tímaritsins Nordisk kontakt sem hér liggur á borðum hvers einasta hv. þm., kemur út hálfsmánaðarlega og flytur fréttir af þjóðþingum Norðurlandanna.

Forsætisnefnd ráðsins annast stjórn þess milli þinga. Í des. s. l. var ákveðið að af hálfu íslendinga skyldi Jón Skaftason vera í forsætisnefnd ráðsins yfirstandandi ár og hann er núverandi formaður Íslandsdeildarinnar sem annars er eins skipuð og hún áður var.

Af annarri starfsemi ráðsins á síðasta ári vil ég sérstaklega geta um ráðstefnu sem haldin var í Kristiansand í Noregi á s. l. hausti og fjallaði um þingræði og lýðræði. Á þeirri ráðstefnu voru haldin mjög athyglisverð erindi sem ég tel að öll skipti miklu máli fyrir starf stjórnmálamanna. Ég vonast til þess að hv. þm. hafi fengið í skýrsluhefti þessi erindi prentuð. Hafi svo ekki verið mun verða tryggt að það verði nú innan skamms. Ég held að á þessu sviði verði um að ræða verulegt framtíðarverkefni fyrir ráðið, auk þeirra verkefna sem alltaf falla til og eru í raun og veru mun smærri og engan veginn þess eðlis að þau veiti alltaf tilefni til feitletraðra stórra fyrirsagna. Þar er um að ræða ýmiss konar atriði sem gera daglegt líf fólksins í þessum löndum auðveldara og samskipti fólksins léttari.

Hvernig eiga menn að átta sig á því, í hvaða ástandi þingræði er í löndum okkar, hvaða vandamál blasa við lýðræði í löndum okkar og í hvaða farveg þingræði og lýðræði virðast vera að falla? Á þessu sviði held ég að Norðurlöndin hafi verulegu hlutverki að gegna. Og það er vegna þess að þau hafa öll svipuð sjónarmið, byggja á svipuðum grundvelli að þessu leyti og hafa sín á milli miklu nánara samstarf en dæmi eru til um nokkurt annað samband eða samstarf meðal frjálsra ríkja nokkurs staðar annars staðar í heimilnum. Þess vegna held ég að það sé verulega gagnlegt fyrir okkar þing, ekki síður en þjóðþing nágranna okkar, að styrkja samstarf okkar við stjórnmálamenn hjá norrænum þjóðum og það sé langtum mikilvægara heldur en sú gagnrýni sem stundum er höfð uppi í því formi að hér sé aðeins um yfirborðslegt hjal og hégóma að ræða. Það er langt frá því, það höfum við svo sannarlega reynt sjálf fyrir ekki mjög löngu, að þegar verulega reynir á, þá vitum við að hér er um að ræða fólk, sem stendur með okkur, og fólk, sem við þurfum líka að standa með.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla nú aðeins að lengja þessa umr. með örfáum orðum, en ekki að halda hér neina stórræðu að þessu sinni.

Ég vil í fyrsta lagi þakka hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, 5. þm. Reykv., fyrir að hafa gengist fyrir því að gefa þessa skýrslu út og gera hana svo vel úr garði sem raun ber vitni. Ég vil í öðru lagi staðfesta það sem hún sagði í sínum upphafsorðum, að upphaflega var það ætlun okkar að verða samferða með þessar tvær skýrslur og ræða þær undir einum dagskrárlið. En mér var satt að segja ókunnugt um fjarveru hv. þm. þegar forseti innti mig eftir því, hvort ég væri reiðubúinn til þess að flytja mína skýrslu, og má vera að það hafi verið mistök hjá mér að ganga ekki úr skugga um það og vil ég þá biðja afsökunar á því. En hitt vil ég þó segja, að ég tel að þetta fyrirkomulag sé alls ekki síðra, að ræða þetta sitt í hvoru lagi, því að það gefur þessari skýrslu aukið gildi að mínu mati að hún er rædd sem sérstakur dagskrárliður.

Ég tel að það sé mikil bót að því að fá þessa skýrslu og alveg sjálfsagt að henni verði vísað til utanrmn. eins og hverju öðru þingmáli. Enda þótt tæpast sé að vænta afgreiðslu í n., þá mætti þó a. m. k. gjarnan koma nál.

Það er vissulega hárrétt, að í skýrslu minni um utanríkismál var ekki mikið rætt eða raunar ekki neitt um málefni Norðurlandaráðs og norrænt samstarf. Það stafar af því, að áður en ég lagði skýrslu mína fram var þessi skýrsla komin og ég sá ekki ástæðu til þess að fara að tvítaka eða endurtaka það sem áður var búið að leggja fram sem skýrslu á hv. Alþ. En ég vil þó geta þess, að í fylgibæklingi, sem var með skýrslu minni um utanríkismál, var allnáið greint frá afgreiðslum á þingi Hinna sameinuðu þjóða og skýrt frá afstöðu einstakra Norðurlandaríkja á þeim vettvangi, þannig að að vissu leyti má segja að ég hafi vikið að norrænu samstarfi.

Ég hef svo oft rætt norrænt samstarf og þýðingu þess, að ég tel ástæðulaust fyrir mig að endurtaka það. Ég tek undir það, sem hér var sagt, að norrænt samstarf er einn af hyrningarsteinum íslenskrar utanríkisstjórnmálastefnu. Þetta hef ég svo oft áður sagt, að raunar má segja kannske að óþarfi sé að endurtaka, en skaðar þó kannske ekki.

Ég tel að starf Norðurlandaráðs og norrænt samstarf, einkum á vegum Sameinuðu þjóðanna, sé okkur svo mikils virði að við mundum tæpast geta tekið þann þátt sem við gerum í alþjóðamálum ef við hefðum ekki þessa samstöðu og þetta samstarf m. a. á vegum Norðurlandaráðs. Og ég skal játa það, að í minni tíð sem utanrrh. hef ég ekki sinnt þessu svo mjög, þ. e. Norðurlandaráði. Það hefur verið á vegum þingsins kosið til ráðsins og þess vegna eðlilegt að það séu þm. fyrst og fremst, sem þar starfa. En ég vil þó segja það, að á síðustu þrem þingum hef ég mætt og með vaxandi áhuga og áliti á því starfi sem fram fer á þessum vettvangi.

Ég endurtek sem sagt þakkir mínar og rn. fyrir þessa skýrslu og vona og veit raunar að hún er upphaf að áframhaldandi skýrslugerð, og tel ég það til mikilla bóta.

ATKVGR.

Skýrslunni vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. **frestað.**

Útbreiðsla atvinnusjúkdóma, þáltill. (þskj. 35, n. 543). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., till. til þál. um skipun n. til að kanna eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma, er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. sérfróðra manna til að gera ítarlega könnun á eðli og útbreiðslu atvinnusjúkdóma hérlendis, svo sem vegna vinnuálags og langs vinnudags, hraða eða sjálfvirkni vinnunnar, umgengni við hættuleg efni, mengað andrúmsloft, hávaða, kulda, eða vegna annars, sem snertir aðbúnað starfsfólks á vinnustað."

Allshn. hefur athugað þessa till. og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 612).

Framkvæmd skattalaga, þáltill. (þskj. 33, n. 558). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till. til meðferðar, till. til þál. um framkvæmd skattalaga, og hefur orðið sammála um að leggja til að till. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 558 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 35 shlj. atkv.

Innlend jarðefni til iðnaðarframleiðslu, þáltill. (þskj. 14, n. 533). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., birtist á þskj. 14 og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram ítarlega rannsókn á því, hvaða jarðefni innlend eru helst nýtanleg til iðnaðarframleiðslu miðað við arðsemi, staðsetningu og notagildi."

Atvmn. Sþ. hefur haft þetta mál til athugunar og á sínum tíma var samþykkt að leita umsagnar nokkurra aðila um þessa þáltill. Þessir aðilar voru Félag ísl. iðnrekenda, Rannsóknaráð ríkisins, Samband ísl. samvinnufélaga og Iðnþróunarstofnun Íslands. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum. Í umsögnum þessum kennir ýmissa grasa og sýnist sitt hverjum eins og gengur, en allar bera þessar umsagnir með sér að það er álit aðila, að hér sé um mjög þýðingarmikið hagsmunamál að ræða fyrir þjóðina alla sem vert sé að athuga gaumgæfilega.

Þá er rétt að geta þess einnig, að atvmn. barst bréf frá fjárlaga- og hagsýslustofnun ríkisins þar sem vakin var athygli á því, að samþykkt og framkvæmd till. mundi hafa í för með sér nokkur útgjöld.

Meiri hl. atvmn. var samþykkur efni og framkvæmd þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir. En til

þess að taka af allan vafa þótti rétt að bæta við till. ákvæði um að kostnaður við rannsóknir þær, sem till. ræðir um, verði greiddur úr ríkissjóði. Atvmn. flytur brtt. hér að lútandi með áliti sínu á þskj. 533 sem hér liggur fyrir, og mælir meiri hl. n. með því að þáltill. með þeirri breytingu verði samþykkt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti Ég vildi aðeins þakka hv. atvmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég er samþykkur þeirri viðbótartill. sem n. flytur við till. Það er von mín að þessi till. verði málefninu til styrktar, að innlend jarðefni verði rannsökuð og þau verði nýtt þannig að úr þeim megi vinna verðmæti ekki aðeins til innlendra nota, heldur einnig til útflutnings. Og það er það sem þessi till. fer fram á. Það er vitað mál að iðnrn. leggur mikið upp úr því að fá viljayfirlýsingu Alþingis um þessa till. Það er, held ég, enginn vafi á því, að það er mikið verkefni fyrir höndum að rannsaka innlend jarðefni og að vinna úr þeim verðmæti.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en þakka hv. n. fyrir afgreiðslu málsins.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. greiddi ég ekki atkv. um þessa till. í atvmn., og mér finnst nauðsynlegt að ég geri í örfáum orðum grein fyrir hvers vegna ég gerði það ekki. Það er ekki vegna þess að ég vilji ekki fá meira fjármagn til rannsókna á þessu sviði. Því fer víðs fjarri. En mér þykir ákaflega vafasamt, satt að segja, að Alþ. sé að ákveða forgangsröðun verkefna til rannsókna án þess að skoða heildina. Er þetta leiðin til að fá fjármagn til einstakra rannsóknarverkefna? Ég gæti talið hér upp og líklega haldið þingi í allan dag með því að telja upp verkefnin sem eru skráð, en ekki hefur fengist fjármagn til. Ég get talið verkefni eins og t. d. hafísrannsóknir, sem er búið að berjast fyrir árum saman og mikill áhugi var fyrir á hafísárunum síðustu, en síðan hefur ekkert fengist til og hefur allt koðnað niður. Eflaust vaknar áhugi og skilningur á því aftur þegar næst kemur hafís. Ég get nefnt dæmi eins og t. d. ylræktina, en ekki var unnt að taka afstöðu nú fyrir nokkrum mánuðum til hollenska tilboðsins, eins og verkfræðingar Reykjavíkurborgar sögðu. Það lágu ekki fyrir upplýsingar um hagkvæmni mikillar lýsingar og fleira við íslenska staðhætti. Ég get talið verkefni í íslenskum byggingariðnaði, sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur barist fyrir árum saman og fært rök fyrir að væru mjög nauðsynleg fyrir íslenskt efnahagslíf.

Ég er efins um að þetta sé rétta leiðin. Ég viðurkenni hins vegar að á þessu sviði er mikil þörf, og ég skal fagna því fyrstur manna ef þarna fæst aukið fjármagn. Staðreyndin er hins vegar sú, að á þessu sviði hefur töluvert verið gert. Það er búið að rannsaka leir í Búðardal áratugum saman og verja til þess miklu fjármagni. Því miður hefur niðurstaðan orðið neikvæð. Það er, eiginlega má segja, orðið nokkuð ljóst að leirinn þar er ekki samkeppnisfær jafnvel við innfluttan leir. Það er margsinnis búið að leita álits um vinnslu títan-oxíðs, og sérfræðingar hafa sagt að það sé bundið í glerkristöllum sem engin tækni leysi í dag. Það er ekki hægt að leysa títanoxíðið þaðan úr. Og svo mætti telja áfram. Það er lengi búið að fjalla um basaltið. Staðreyndin er bara sú, að það er ekki þorandi að ráðast í framleiðslu á basalthellum því að markaðurinn er svo lokaður og svo bundinn.

Það er varið meira fjármagni til gosefnarannsókna en í margar aðrar greinar. Gosefnanefnd starfaði í nokkur ár á vegum iðnrn. og hefur fengið til sinna starfa milljónatugi, leyfi ég mér að segja, og er nú starfandi hjá Iðnþróunarstofnun. Sú n. vinnur ákaflega mikilvægt starf og vonandi kemur eitthvað út úr því starfi, bæði í sambandi við perlítrannsóknir o. fl.

Alþingi veitti eitt sinn sérstaka fjárveitingu — og ég vil endurtaka þakkir fyrir það — til rannsókna á verðmætum jarðefnum, og hafa verið fengnir sérfræðingar frá Sameinuðu þjóðunum og verulegur styrkur frá Sameinuðu þjóðunum til þeirra rannsókna. Sá sérfræðingur rannsakaði fyrst og fremst Austfirðina og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki verjandi að ráðast í næsta skref þeirra rannsókna, sem er ákaflega kostnaðarsamt, því að það væru svo litlar líkur fyrir verðmætum jarðefnum. Þessu sviði hafa verið gerð nokkur skil.

Ég get ekki fallist á það, ef ég má orða það svo, að það sé réttlætanlegt að samþykkja þáltill., eins og einhver komst að orði, vegna þess að flm. sé slíkur indælismaður, sem ég tek undir. En þetta heyri ég allt of oft, að flm. sé indælismaður og við getum ekki neitað að samþykkja slíka till. Ef þetta yrði til þess að hv. fjvn. veitti verulegt fjármagn til þessara rannsókna, þá skal ég síst af öllu vanþakka það. En hv. fjvn. verður þá að muna að verkefnin í þessu landi til rannsókna eru ótalmörg sem eru vanrækt og við verjum minna fjármagni til rannsókna í heild en nokkurt annað land í vestrænum heimi, 0.5% af þjóðarframleiðslu.

ATKVGR.

Brtt. 533 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 613).

Söfnun og úrvinnsla íslenskra þjóðfræða, þáltill. (þskj. 126, n. 516). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um till. til þál. um söfnun íslenskra þjóðfræða sem hér var flutt fyrr í vetur. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Í grg. fyrir till. er sagt frá því, að skipuleg þjóðháttasöfnun hafi verið mjög takmörkuð síðan séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili féll frá og þangað til þjóðháttadeild Þjóðminjasafns tók til starfa. Í þessu er fólginn verulegur misskilningur, en hann er sá að Lúðvík Kristjánsson hefur á s. l. 30—40 árum safnað íslenskum þjóðháttum til sjávarins og hann

hefur rætt við nokkuð á þriðja hundrað manna víðs vegar um landið til þess að afla sér heimilda um þessa þjóðhætti. Flestir eru þessir heimildamenn Lúðvíks fæddir á seinni helmingi síðustu aldar, jafnvel margir á tímabilinu frá því um miðja öldina og fram um 1880. Samtímis þessu hefur verið reynt að kanna öll prentuð rit sem ætla má að geymi fróðleik um þetta efni. Og loks hefur Lúðvík skoðað mikinn fjölda handrita í skjalasöfnum landsins og erlendis þar sem helst mátti vænta fróðleiks um íslenska þjóðhætti við sjávarsíðuna. Samtímis þessari heimildakönnun hafa verið gerðar mörg hundruð teikningar í fyrirhugað sjávarháttarit. Má þar nefna báta, verbúðir, hjalla, veiðarfæri, verkfæri ýmisleg og ekki síst ýmiss konar vinnubrögð. Nú væri ógerlegt að gera mikið af þessum teikningum vegna þess að heimildir að þeim eru horfnar, hvort sem þær hafa verið áþreifanlegar eða átt að rót mun lengri geymd. En það, hversu þarna var brugðið fljótt við, hefur bjargað miklu. Fé til ferðalaga og til þess að gera þessar teikningar er fyrst og fremst komið frá Vísindasjóði, en einnig hafa bæði Fiskimálasjóður og Fiskveiðasjóður veitt styrk til þessara rannsókna.

Lengi framan af starfaði Lúðvík að þessari sjávarháttasöfnun án launa, en síðustu 12 árin hefur hann verið á launum hjá Þjóðminjasafni við þetta verk.

Það skal skýrt tekið fram, að þessi söfnun hefur miðast fyrst og fremst við að draga á land það, sem mest hætta var á að lenti í glatkistu, og koma þannig til skila því sem hefði mest þjóðmenningarlegt gildi. Þess vegna hefur Lúðvík miðað þjóðháttasöfnun sína við svokallað árabátatímabil frá upphafi vega og þar til telja má að því hafi lokið hér á landi. Er þá ekki um að ræða fiskveiðar eingöngu, heldur hvers konar sjávargögn og nytjar.

Gera verður ráð fyrir að sú söfnun, sem nú má telja lokið, samsvari fullsamin og prentuð 4—5 bindum álíka stórum og þjóðháttabók Jónasar frá Hrafnagili er. Ekki mun fjarri lagi að það efni, sem nú má telja fullbúið til prentunar, samsvari helmingi verksins, en þó skortir þar mest á skýringar, teikningar og ljósmyndir. Þar kreppir skórinn mest að fjárhagslega. Ef lán og lukka væri með er ekki út í hött að ætla að fyrsta bindi verksins gæti komið út árið 1978 og síðan e. t. v. árlega eitt bindi þar til verkinu væri lokið.

Þess má geta að Jón Jónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, sem fylgst hefur með þessu verki Lúðvíks og er kunnugur því, telur að ekkert sambærilegt rit og það, sem Lúðvík vinnur nú að, sé til meðal annarra þjóða í Vestur-Evrópu.

Ég vil svo árétta það sem ég áður sagði, að fjvn. mælir eindregið með samþykkt þessarar till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 614).

Virkjun Skaftár og Hverfisfljóts, þáltill. (þskj. 39, n. 559). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Allshn. hefur að undanförnu haft til athugunar till. til þál. um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts, en það er 39. mál þessa þings. Að þessari athugun lokinni hefur það orðið niðurstaðan í n. að hún leggur einróma til að till. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 615).

Málefni þroskaheftra, þáltill. (þskj. 61. n. 560). — Frh. einnar umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hleyp hér í skarðið vegna fjarveru frsm. og mæli fyrir áliti allshn. um till. til þál. um heildarlöggjöf varðandi málefni þroskaheftra. Þetta mál hefur verið talsvert rætt á fundum n. og eru því gerð ítarleg skil í nál. á þskj. 560 sem ég sé nú ekki ástæðu til að fara að rekja sérstaklega. En það er einróma till. allshn. að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það hljóta að vera mér nokkur vonbrigði að þessi málalok skyldu verða uppi í hv. allshn. Ég held þó að það sé skiljanlegt, þegar n. fær þær upplýsingar að það sé í raun og veru verið að gera allt sem gera þurfi og alls staðar til þess að koma þessu í viðunandi horf.

Það er rétt að það er ýmislegt aðhafst, en ekki á þeim grunni er till. byggist á, — þeim grunni sem öllu skiptir þó. Ég skal hér rétt fara yfir, þó eins stutt og unnt er, til að rökstyðja mitt mál eða réttara sagt mál þess fólks sem hér að vinnur.

Það ætti að vera allra mál að koma í sem best form og samræma þessi mál sem best og skipuleggja frá grunni sameiginlega stefnumótun í málefnum þessa fólks í stað þeirrar ringulreiðar sem er í dag, gera einhvern aðila ábyrgan fyrir þessum málum í heild í stað þess að þurfa fyrir þetta fólk að flökta frá einum til annars í algeru ráðleysi.

Það er verið að tala um að við berjumst fyrir afnámi einangrunarstefnunnar — það er rétt — og því sé það rangt að vera að setja sérlög. Margir telja hér um ósamræmi að ræða. Nágrannar okkar hafa hér náð miklu lengra. Samt hafa þeir talið nauðsyn á sérstakri heildarlöggjöf sér til halds og trausts í þessari baráttu þar til því marki er náð að þarfir þessa fólks falli sjálfkrafa að hinni almennu löggjöf um menntamál, heilbrigðismál, félagslega aðstöðu og annað það er máli skiptir. Þetta eru þeirra skoðanir og þannig hafa þeir framkvæmt þetta með hinum besta árangri. Við gætum t. d. lært mjög af norðmönnum og því hvernig þeir haga

löggjöfinni og laga hana að aðstæðum hvers svæðis, hvort sem um er að ræða bæi eða dreifða byggð. Þetta eru líka skoðanir landssamtakanna hér á landi sem berjast fyrir auknum rétti þessa fólks, samtaka sem vilja ná þessu fólki út úr einangruninni, fella kerfið að þörfum þess í stað þess sem verið hefur. Hér þarf aukaátak og það verulegt svo að það megi takast, og tímabundin sérlöggjöf mundi þar verða mikilvægastur bakhjarl án alls efa. Þetta er ekki mín uppfinning eða annarra flm., þetta er óumflýjanlegur kafli í þróuninni.

Ég hlýt að reyna, úr því að svona fer, aðrar leiðir og þá þær helstar að í sumar verði samið frv. beinlínis til þess að sýna svart á hvítu mismuninn á núgildandi skipan og því sem við erum að vinna að og ég held að fólk almennt og ekki heldur nm. allshn. hafi gert sér alls kostar grein fyrir.

Um ástæðurnar, sem tilgreindar eru í nál., ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Þar rekur sig hvað á annars horn, ekki í röksemdafærslunni, heldur þeim aðgerðum stjórnvalda sem til er vitnað. Hér er um að ræða skipulagsleysi fyrst og fremst, ekki viljaleysi, og um leið of lítið samband á milli þeirra aðila sem um eiga að fjalla, sem von er, því að tengiliði og vissa yfirstjórn skortir með öllu, samræmingaraðila sem hefði samráð og samstarf við þá n. sem rn. ætti að hafa til frekara fulltingis honum, en er enn í dag aðeins nafnið þrátt fyrir vissa viðleitni í þá átt. Enn vinna menn því hver í sínu horni.

Ég minni á reglugerð um sérkennslu sem hér er vitnað í. Það er vönduð og góð reglugerð, enda er hún unnin í samráði við samtök okkar og af hinum færustu mönnum. Þetta er eini ljósi punkturinn í því sem verið er að gera í dag. Það er líka enn ein gleðileg sönnun þess fyrir mér hversu grunnskólalögin eru traustur grunnur á að byggja einmitt varðandi aðstoð við það fólk sem er með sérstakar þarfir. Þetta gildir bara ekki um aðra löggjöf. Þetta gildir einvörðungu um þann þátt er snertir menntamál.

Önnur reglugerð hefur verið unnin í heilbrrn. Hún er þaðan nýkomin og stangast í verulegum atriðum á við hina. Ég efast ekki um að hún hafi verið unnin í góðri trú, en hún er þó síður en svo nógu góð, einkum í ljósi hinnar reglugerðarinnar. Hér er enginn til að svara þar fyrir, svo að ég fer ekki út í nánari atriði þar. En þótt þar sé ýmislegt til bóta, þá er annað þar hrein fjarstæða. Og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp, hvað Landssamtökin Þroskahjálp hafa um þetta mál að segja.

„Fundur aðildarfélaga Landssamtakanna Þroskahjálp mælist til þess að reglugerð um heilsugæslu og félagslega aðstoð við andlega vanþroskað fólk sem ekki dvelst í fávitastofnunum, sem tók gildi 28. febr. 1977, verði numin úr gildi.“

Þetta er ein af þeim reglugerðum og ein af þeim aðgerðum stjórnvalda sem hv. allshn. hefur sem rökstuðning fyrir að mæla með því að þessu máli verði vísað til ríkisstj. — Gildandi ákvæði laga um málefni þroskaheftra eru nú til endurskoðunar, segja þeir svo, og teljum við eðlilegt að málefni þau, er reglugerðin fjallar um, verði felld inn í þá endurskoðun. Að því kem ég síðar.

Það er svo þessi blessaða n. sem á að koma í stað þeirrar sem við erum hér að leggja til. Ég hafði margsinnis velt fyrir mér í samráði við hið ágætasta fólk möguleikanum á endurskoðun laga um fávitastofnanir í stað nýrrar löggjafar. Niðurstaðan varð ætíð sú sama hjá okkur. Viss grundvallaratriði í stefnumótun rúmast aðeins innan nýrra laga, eins og ég hef margbent á. Ég ætla ekki að gera lítið úr starfi þessarar n. Hér unnu að hinir mætustu menn með velvilja, skilning og reynslu. En þeir voru bara að vinna að öðru verkefni en vinna átti að. Þeir voru að bæta flík sem er aflóa fat, fyrst og síðast af því að hún stenst ekki nútímalega uppbyggingu. Ég ætla ekki heldur hér og nú að fara í nánari deilur um þetta, enda þeir ekki til andsvara sem að þessu hafa unnið og ég segi af ærinni samviskusemi.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa einnig um þetta fjallað í framhaldi af því sem ég las áðan, og í umsögn þeirra segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur 15 aðildarfélaga Þroskahjálpar samþykkir svo hljóðandi:

Fundurinn telur að umræðugrundvöllur til laga um vangefna“ — en það er það sem hér er vitnað í sérstaklega — „sem aðildarfélögum samtakanna hefur verið sendur til umsagnar sé ófullnægjandi í núverandi mynd. Fundurinn felur stjórn samtakanna að tilkynna það n. þeirri sem samdi umræðugrundvöllinn og rökstyðja þessa skoðun samtakanna um leið í samræmi við þau efnisatriði sem fram hafa komið á fundinum.“ Og svo segir og því ættu hv. allshn.-menn a.m.k. að taka eftir: „Fundurinn telur samvinnu við n. um samningu heildarlöggjafar óhugsandi nema byrjað sé aftur á verkinu frá grunni.“

Menn skulu sem sagt ekki ætla að það sé af tilviljun, illvilja eða duttlungum að samtök til verndar þessu fólki, samtök sem að standa þúsundir manna, hafna þessum tillögum sem alls ófullnægjandi og í raun til hins verra eins, þar sem enn sé á röngum grunni byggt.

Það er talað um það í lok þessa nál., að ekki sé víst að heildarlöggjöf leysi allan vanda. Ég segi nú bara eins og Bessi segir í sjónvarpinu: Hver segir það? Ekki dettur mér eða okkur í Þroskahjálp það í hug. En þessi löggjöf gefur okkur, ef rétt er að staðið, aukna möguleika á því að vinna að lausn vandans, svo sem reynsla allra nágranna okkar sýnir. Fjármagn hefur skort umfram lög, segja menn. Hvar má í rauninni ekki segja eitthvað hliðstætt og þetta? Ég minni t.d. á dómsmálin okkar sem hafa nú verið mjög til umr. Hefur ekki hvert lagafrv. rekið annað um þau efni, þó að margupplýst sé hér á Alþ. að ónóg fjármagn hafi í raun og veru staðið í vegi framar öðru um framkvæmdaatriði dómsmálanna? Það hefur ekki staðið á því að samþykkja ný lög engu að síður. Og í því efni sem mörgu öðru eru lög bætt og ný lög sett þó að fjármagn hafi í vegi verið áður og sé enn.

Ég lýsi enn yfir vonbrigðum minum og allra þeirra sem hafa í nýrri stefnumótun undir stjórn ábyrgs aðila í félmrn. séð bjarma fyrir nýrri von og nýrri sókn, en ekki lausn alls þess vanda. Við teljum ekki eftir okkur baráttuna. Við eigum allt ógert, t.d. eystra, og við fögnum því aðeins að mega takast á við vandann. En við viljum byggja á réttum grunni, svo einfalt er málið þar sem jafnrétti þessa fólks er svo fastákveðið og það vel stutt í undirbyggingu lagaramma að ekki sé ævinlega verið við vindmyllur að berjast. Við þær verður nú áfram barist af mörgum þeim sem vilja fórna sér í þessari baráttu.

Það hryggir mig að sjá þennan misskilning blasa við hér á þessum síðum, því að hér er og hlýtur að vera um misskilning að ræða, — misskilning sem byggður er á upplýsingum frá aðilum sem verður auðvitað að taka trúanlega, en upplýsingum sem eru að meira og minna leyti rangar. Ég skal ekki hér og nú draga í efa að nm. vilji í raun hið besta. Þeir hafa aðeins látið blekkjast af umsögn aðila sem vilja, að því er best verður séð, halda sem allra mest í viss úrelt viðhorf og úrelta stefnu. Ég get því ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa máls nú. Ég lýsi því yfir, að frv. mun verða að tilhlutan okkar samtaka flutt á næsta þingi og þar mun verða reynt að byggja á því besta sem menn þekkja í dag og við höfum ekki leyfi til að hafna.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er greinilegt að enn er þetta mál ekki komið það langt áleiðis hér á þingi sem vonir stóðu til með flutningi tvívegis á þáltill. sem gekk í þá átt að samin yrði heildarlöggjöf um málefni vangefinna. Ég þarf ekki að hafa um þetta ýkjamörg orð. Hv. þm. Helgi Seljan gerði því allitarleg skil. Þar kom fram m.a., eins og segir einnig í nál., að á síðasta vetri mynduðu þrjú rn., heilbrrn., menntmrn. og félmrn., nefnd sem átti að leysa þetta verk af hendi, að semja löggjöf. Sá umræðugrundvöllur, sem hér hefur verið vitnað mikið í, er árangurinn af starfi þessarar n. Það er greinilegt að fulltrúar Þroskahjálpar, sem er landssamtök þroskaheftra, eru í mörgum atriðum ákaflega óánægðir með þetta. Ég tel þó að það sé ávinningur að því að hafa fengið þetta fram sem umræðugrundvöll, þótt ófullkominn sé. Og ég hef einmitt núna rétt í þessu augnabliki fengið gögn í hendur frá aðilum Þroskahjálpar sem ættu að geta orðið okkur hvatning til að halda þessu áfram, taka til athugunar þennan umræðugrundvöll og lagfæra hann í samráði við þetta fólk, sem er forsvarar vangefinna, og reyna að vinna svo að þessu nú á milli þinga að eitthvað jákvætt og endanlegt geti komið út úr þeim viðræðum og athugunum. Ég legg áherslu á það, að auðvitað er hér samræmingar þörf, — samræmingar sem þó verkar ekki til einangrunar, og þarf síst að undra sig á að viss uggur hafi komið fram hjá ýmsum sem vilja þessum málum vel og óttast einmitt þetta sjónarmið, sem verið er að hverfa frá núna, að bása fólk með ýmiss konar sérþarfir, annmarka og fatlanir saman í sérbása, bæði í löggjöf og í hinu daglega lífi. Þetta er sjónarmið sem ég hygg að við þurfum að vera mjög vakandi fyrir og forðast það í samræmdri löggjöf að hún yrði til þess að halda sig við þetta gamla, úrelta sjónarmið. En ég tek undir margt af því sem hv. þm. Helgi Seljan sagði um þetta. Hann er áhugamaður um þessi mál og vill vinna þeim vel og það viljum við fleiri hér. Spurningin er og aðalatriðið að setjast niður og reyna að samræma sjónarmiðin og ganga svo frá að þeir menn, sem gerst þekkja til þarfa vangefins fólks, geti við unað.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt að valda flm. þessarar þáltill. vonbrigðum með afstöðu minni sem einn af nm. í allshn. Ég er ekki við því búinn að flytja mál til þess að rökstyðja þessa afstöðu allshn. vegna þess að ég hef ekki undir höndum þau gögn sem fyrir n. voru lögð. Þau eru hjá hv. formanni n. sem því miður er fjarverandi. En ég hlýt að gera í stuttu máli grein fyrir því, hvað mótaði afstöðu mína í hv. allshn. Það var fyrst og fremst fundur sem n. átti með ráðuneytisstjórunum í heilbrrn. og menntmrn. og sérkennslufulltrúa sem nýlega hefur tekið til starfa í menntmrn. Þeir voru á einu máli um það, að að þessum málum væri unnið nú um þessar mundir. Þeir voru einnig á einu máli um það, að það væri ákaflega vafasamt sem segði í 2. tölul. þáltill., að löggjöfin skyldi stefna að því að setja þessi mál undir eina heildarstjórn, eins og segir í þeim tölulið. Og ég vil segja það, að á þessar skoðanir féllust nm. og eins og ég sagði mótaði þetta fyrst og fremst afstöðu mína og ég hygg annarra nm.

Ég held að það sé ekki heldur rétt, sem hv. þm. Helgi Seljan sagði, að enn þá ynnu menn að þessum málum hver í sínu horni, eins og ég held að hann hafi orðað það. Okkur var einmitt á þessum fundi gerð grein fyrir því, að það væri starfandi um þetta samstarfsnefnd, og reyndar held ég að sé getið um það hér í nál.

Mér þykja það nokkuð þung orð líka hjá hv. þm. Helga Seljan að segja það, að hér sé á ferðinni misskilningur hjá nm. og hann byggist á því að þeir hafi fengið rangar upplýsingar. Þessar upplýsingar, sem við fengum, komu fyrst og fremst frá þessum ráðuneytisstjórum sem við fengum á fund n., og mér þykja það nokkuð þung orð í garð þeirra, ef sagt er að þeir hafi gefið okkur í n. rangar upplýsingar. — Þessu vildi ég nú koma hér á framfæri.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Já, það er rétt, ég viðhafði hér nokkuð þung orð um þann misskilning sem hér hafði komið fram. Það má kannske segja að það megi taka aftur það, að þarna hafi verið um blekkingu að ræða, a.m.k. ákaflega frjálslega túlkun á þessum atriðum. Það er kannske það réttasta, því að auðvitað vissu þessir menn miklu betur.

Varðandi heildarstjórn á þessum málum, þá hef ég gert grein fyrir hvað við er átt með því. Það þýðir aðeins, að í þessum málum verði komið á fót einum vissum, ábyrgum aðila í stjórnkerfinu, eins og er í okkar nágrannalöndum, þar sem þetta fólk, sem þarf á því að

halda, getur leitað til þessa aðila sem hefur svo samráð við hin ýmsu rn. sem þessi mál snerta. Og þetta er ekkert bákn, síður en svo. Samstarfsnefndin, sem vinnur á vegum rn., hefur lengi verið til að sögn. En alltaf þegar maður hefur spurt nánar um þetta, þá hefur verið alveg að því komið að skipa hana, þá hefur hún alveg átt að fara að starfa, rétt verið að byrja á verkinu. Og ég er alls ekki viss um að hún sé byrjuð enn í dag. Betur að svo væri.

Ég vil taka það fram einnig, að Þroskahjálp hefur út frá því, sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði hér áðan, einmitt bent á það að endurskoðun laga um fávitastofnanir hefur það í för með sér að miklu meiri hætta er auðvitað á einangrun þessa fólks heldur en með sérstakri heildarlöggjöf sem yrði frjálsleg, víðsýn og rúm, enda segir í áliti hennar með leyfi hæstv. forseta, að „fram kominn umræðugrundvöllur er í mörgum atriðum of líkur gildandi lögum um fávitastofnanir og hefur ekki verið tekið tillit til þeirrar þróunar er orðið hefur í málefnum þroskaheftra undanfarna tvo áratugi". Það munar nú ekkert um það! Aðaluppistaða till. er hæli fyrir vangefna og ýmis ákvæði um rekstur þeirra, þ. e. a. s. einangrunarstefnan í sinni verstu mynd að mínu viti. Því miður er þetta álit Þroskahjálpar. Ég hef ekki haft ástæðu til þess á þeim stutta tíma síðan ég sá þennan umræðugrundvöll að gera mér grein fyrir því, hvort þetta er rétt. Til viðbótar er sagt í þessu áliti: „Á félagslega þjónustu og möguleika þroskaheftra til að lifa eðlilegu lífi utan stofnana er lítið minnst." Þetta ætti þó að vera meginmarkmið tillagnanna.

Sem sagt, þau atriði, sem mestu máli skipta, þau atriði, sem verið hafa vanrækt, rúmast ekki innan endurskoðaðra laga um fávitastofnanir. Þetta er ósköp einfalt og ætti að vera hverjum manni skiljanlegt. Það er þess vegna ekki hægt með góðu móti að endurskoða þessi lög nema þá að gerbreyta þeim og vinna þau alveg upp frá grunni, og þá tel ég miklu heppilegra í alla staði að sest verði niður og samin ný heildarlöggjöf þar sem ekkert tillit er tekið til eldri laga sem hafa því miður ekki reynst í þeim atriðum, sem þau eru þó jákvæð, eins góð og skyldi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosningarréttur, þáltill. (þskj. 94, n. 517, 553). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. allshn. um till. til þál. um kosningarrétt. Meiri hl. leggur til á þskj. 517 að till. verði samþykkt, og undir þetta álit rita Ellert B. Schram, Lárus Jónsson, Jón Skaftason og Ólafur G. Einarsson, og auk þess skrifar Magnús Torfi Ólafsson undir álitið með fyrirvara. Jón Helgason og Jónas Árnason hv. þm. skila hins vegar séráliti þar sem þeir leggja til að till. verði vísað til ríkisstj.

Þessi till. var flutt hér fyrr á þinginu og eru flm. hennar 17 þm. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela stjórnarskrárnefnd að leggja fram till. til breytinga á stjórnarskránni sem miði að jöfnun kosningarréttar."

Það er því auðséð að þessi till. nýtur víðtæks stuðnings þm. úr öllum þingflokkunum. Hv. 1. þm. till., Ellert B. Schram, gerði ítarlega grein fyrir till. í framsöguræðu 3. mars s. l., auk þess sem í grg. till. eru talin upp ýmis rök sem mæla með því að Alþ. lýsi nú yfir þeim vilja sínum að stjórnarskrárnefnd leggi fram till. til breytinga á stjórnarskránni, — till. sem miði að jöfnun kosningarréttarins.

Hér er um að ræða slíkt réttlætismál, að Alþ. getur ekki undan því vikist að láta í ljós vilja sinn um þetta efni, og dugir ekki að drepa málinu á dreif með því að segja, sem stundum er sagt, að þar sem starfandi sé stjórnarskrárnefnd, sem vinni að endurskoðun stjórnarskrárinnar, sé ástæðulaust fyrir Alþ. að vera að lýsa yfir vilja sínum um einn hinna mörgu þátta sem koma til umræðu í stjórnarskrárnefnd. Forsendur þessarar kröfu um viljayfirlýsingu Alþ. eru svo augljósar að vart þarf að telja þær upp. Ég nefni aðeins þá staðreynd, sem nú er orðin, að atkvæði fjögurra kjósenda í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi vega nú jafnt og eitt fyrir vestan. Raunar er munurinn 4.5 milli Reykjaneskjördæmis og Vestfjarðakjördæmis. Þetta mætti eins orða þannig, að flytji fjórir menn utan af landi í annað hvort þessara kjördæma, þá missa þrír þeirra atkvæðisréttinn. Mér er um megn að skilja hvernig nokkur maður getur varið slíkt óréttlæti, en það gera þeir í verki, sem á einn eða annan hátt standa í vegi fyrir úrbótum.

Þegar kjördæmaskipan var breytt árið 1959 sýndist mönnum við hæfi að atkv. eins manns í dreifbýli skyldi vega sem tvö í þéttbýli. Því hefur verið haldið að mönnum síðan að nokkurt misvægi sé eðlilegt, aðeins sé spurningin sú, hversu mikill munurinn skuli vera. Mér finnst skorta sannfærandi rök fyrir þessari skoðun, og eftir því sem ég hugsa meira um þessi mál, þá sannfærist ég betur um það, að þarna eigi alls enginn munur að vera.

Ég fullyrði að þm. þéttbýlisins hafa haft fullan skilning á málefnum dreifbýlisins og léð málum þess lið og sýnt það í verki.

En það er ekki einungis vegna misvægis atkv. sem leiðrétta þarf kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag. Það þarf einnig að styrkja stjórnarfarið, og eitt af því mikilvægasta til þess er án efa breytt kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag. Þessi till. bendir ekki á neinar sérstakar leiðir sem fara mætti til þess að ná fram hinum æskilegu markmiðum. Henni er einungis ætlað að fá fram þann vilja Alþ., að stjórnarskrárnefnd leggi fram till. sem jafni kosningarréttinn, en þær till. hljóta þá um leið að styrkja stjórnarfarið og lýðræðið í landinu. Ég mun því ekki ræða sérstaklega mögulegar breytingar, það þjónar engum tilgangi á þessu stigi málsins. Umræða um leiðirnar á sér stað þegar tillögur stjskrn. liggja fyrir, og vonandi verður það fyrr en síðar.

Ég orðlengi þetta ekki frekar, herra forseti,

en legg áherslu á að Alþ. samþykki þessa þáltill. eins og meiri hl. allshn. leggur til.

Umr. frestað.

Efri deild, 75. fundur.

Föstudaginn 29. apríl, kl. 4 síðdegis.

Sala hlutabréfa í Íslensku matvælamiðstöðinni, frv. (þskj. 481). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 617).

Skotvopn, frv. (þskj. 521 (sbr. 52), n. 585, 586). — Ein umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda var samþ. hér í hv. Ed. fyrr í vetur og er nú komið til d. á ný með þeim breytingum sem gerðar voru á því í hv. Nd. Þessar breytingar eru þær helstar, að aftan við 1. mgr. 14. gr. kom nýr málsliður, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sérstakt gjald samkv. nánari ákvörðun dómsmrh.“ Það var ekki í frv., eins og það var áður, sérstakt ákvæði um gjaldtöku. Hins vegar leit allshn. Ed. svo á að slík gjaldtaka væri heimil samkv. öðrum lögum. En eftir atvikum sér allshn. nú ekki ástæðu til að gera athugasemd við þessa breytingu.

Þá er í þeim breytingum, sem gerðar voru, gert ráð fyrir því, að þegar skotvopnaleyfi er endurnýjað geri handhafi skotvopnaleyfis grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni sem hann hefur leyfi til að fara með. Það er eins, að allshn. Ed. gerir ekki aths. við þessa breytingu.

Loks eru gerðar breytingar á 15. gr. frv., fyrst sú að 1. mgr. falli niður. Sú málsgr. fjallar um það, að þeir, sem sækja um skotvopnaleyfi, skuli gera grein fyrir þörf sinni og öðrum ástæðum fyrir því að þeir óska eftir að eiga skotvopn. En eins og ég sagði áður, þá er frv. nú án þessa ákvæðis. Allshn. Ed. treysti sér ekki til að mæla með því að algjörlega verði felld niður öll ákvæði um að menn geri grein fyrir þörf sinni fyrir því og ástæðum, að þeir vilja kaupa skotvopn, og telur nauðsynlegt að í lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda séu ákvæði sem geri yfirvöldum kleift að takmarka skotvopnafjölda hvers einstaklings eða skotvopnaleyfi hvers einstaklings. Þess vegna varð samkomulag um það í n. að leggja til, að í stað þeirrar málsgr., 1. mgr. 15. gr., sem felld var niður í Nd., komi ný mgr. sem er nokkuð breytt frá því sem áður var og sleppt úr ákvæðunum um að gerð sé grein fyrir þörf umsækjanda fyrir skotvopnið. Vil ég leyfa mér að lesa þá till. sem allshn. gerir nú um upphaf 15. gr., með leyfi hæstv. forseta, en till. er á þessa leið: „Hver sem leitar leyfis til að eignast skotvopn skal gera grein fyrir því, í hverju skyni hann leitar leyfisins. Setja má reglur um fjölda leyfa sem veitt verða hverjum einstaklingi.“ Þetta er orðin nokkur breyting bæði frá því, sem frv. er nú, og eins frá því, sem frv. gerði ráð fyrir. Það er sem sagt fellt úr ákvæðið um að umsækjandi leyfis skuli gera grein fyrir því, að hann þurfi á skotvopninu að halda. Það varð samkomulag í n. um að leggja til að upphaf 15. gr. yrði á þessa leið.

Sú breyting var gerð við 15. gr., að bætt var við nýrri mgr. um það, að lögreglustjóri skyldi, eftir því sem tök væru á, halda námskeið í meðferð skotvopna fyrir þá menn sem sækja um skotvopnaleyfi eða endurnýja þau. Nm. litu svo á að það hlytu að vera nokkur vandkvæði á að halda slík námskeið, en eftir atvikum þótti þó ekki rétt að gera till. um breytingu á þessu ákvæði á ný.

Loks var gerð smávegis orðalagsbreyting á 32. gr. frv.

Ég vil að þessum orðum sögðum leyfa mér að vænta þess, að hv. d. samþ. þá brtt. sem allshn. leggur fram, og ég vil vænta þess jafnframt, að Nd. og allshn. Nd. taki þessa breytingu til athugunar svo að málið mætti ná fram að ganga áður en þingi lýkur nú.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vildi aðeins láta í ljós, að ég fellst alveg á þá breytingu sem hv. allshn. leggur til. Ég tel hana til bóta frá því sem 15. gr. er, eins og gengið var frá henni í Nd. Ég tel að það hafi e. t. v. orðið af hálfgerðu slysi að henni var breytt á þá lund sem gert var í Nd., og reyndar var samþ. með eins atkv. mun þessi breyting sem þar var gerð. Menn hafa kannske ekki áttað sig fyllilega á að þetta var orðið mjög opið ef öllu aðhaldi var þarna sleppt úr greininni. Ég vona að menn geti sæst á að afgreiða málið með þessari breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 586 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Tékkar, frv. (þskj. 292, n. 589). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til l. um viðauka við lög nr. 94 19. júní 1933, um tékka, en þessi viðauki fjallar um refsiákvæði og er þar gert ráð fyrir að þeim, sem gefa út tékka án þess að innistæða sé fullnægjandi fyrir honum eða án sérstakrar ástæðu afturkalla tékka eða ráðstafa innistæðu og hindra á þann hátt að tékki, sem hann hefur gefið út, greiðist við sýningu, skuli refsað með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi.

N. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HFS, IT, IH, JGS, OÓ, AJ, ÁB, EÁ, ÞK.

nei: AG.

StJ greiddi ekki atkv.
8 þm. (GeirG, GH, JHelg, JÁH, RA StH, StG, EggÞ) fjarstaddir.
1. þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á þá staðreynd, síðan tölvur komu í bankakerfið, þótt peningar séu lagðir inn fyrir hádegi eða jafnvel seinna að degi til og ávísanir gefnar út skömmu eftir að innlegg hefur verið fært til bókunar í banka, — ég ætti nú kannske ekki að nota orðin „fært til bókunar", vegna þess að það fer ekki inn á reikninginn fyrr en í lok starfsdags, að það vill oft brenna við, þó menn eigi peninga inni í bankanum, að þeir hafi ekki löglegan aðgang að þeim samkv. þessu frv. fyrr en daginn eftir að þeir leggja inn. Ég vil líka benda á það, að þó að það sé refsivert að gefa út falskar ávísanir, og ég ætla ekki að mæla því bót, þá er spurning hvort hægt er að setja slík lög að menn taki nokkurs konar sjálfsafgreiðslu á refsingu, þó svo að þeir telji sig eiga fé inni í bönkunum. Því greiði ég atkv. gegn þessu frv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 503 (sbr. 18), n. 573, 574). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Menntmn. hv. Ed. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og fram kemur á þskj. 573 fékk n. til fundar við sig þá Finnboga Guðmundsson landsbókavörð og Ólaf Pálmason deildarstjóra. N. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en flytur nokkrar brtt. við það á sérstöku þskj. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir Ingi Tryggvason og Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Breytingar þær, sem menntmn. leggur til að gerðar verði, eru fyrst og fremst til að kveða ákvæðnar á, marka skýrari línur, sérstaklega að draga skýrari línur á milli ákvæða um skilaskyldu og varðveisluskyldu. Auk þess leggur n. til að felld verði niður varðveisluskyldukvöðin á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafninu á Ísafirði og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði.

Ég vil þá, herra forseti, víkja aðeins að þeim brtt. sem n. flytur á þskj. 574.

Fyrsta brtt. er efnislega í þá átt, að þar komi inn tilvísun í til II. kafla laganna, til þess að kveða ákveðið og skýrt á um að skilaskyldan er bundin við fjögur eintök, og í þeim kafla er einnig vísað til ákvæðinna aðila sem þau skulu fá. Það er Landsbókasafnið tvö eintök, Háskólabókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri hvort fyrir sig eitt eintak. Þess vegna segir í fyrstu brtt. að í stað orðanna „í lögum þessum" komi: í II. kafla laga þessara.

Önnur brtt. á þskj. 574 er vegna breytingar sem lögð er til á 10. gr. Þess vegna þarf að fella burt tilvísun í hana, þ. e. a. s. 2. mgr. 10. gr. Því er lagt til að orðin „sbr. einnig 10. gr." í lok 1. mgr. falli burt.

Þriðja brtt. á fyrrnefndu þskj. er á sama hátt afleiðing af þeirri breyt. sem lögð er til varðandi 10. gr., þ. e. að í stað þess, að vísað verði til 10. gr. í 7. gr. frv., þá verði vísað til V. kafla sem lagt er til að verði nýr kafli í frv. og að mestu leyti innihaldi það sem tekið er út úr 10. gr., þ. e. a. s. 2. mgr. í 10. gr. eins og hún er nú. Brtt. er einungis sú, að aftan við gr. bætist: og V. kafla — það verði vísað til V. kafla þar einnig.

Fjórða brtt. er sömuleiðis afleiðing af fyrrgreindri breyt. á 10. gr., þ. e. a. s. að 2. mgr. 10. gr. falli brott. Ástæðan fyrir því, að það er lagt til, er fyrst og fremst að efnislega á hún ekki heima með öðrum ákvæðum gr. sem fyrst og fremst kveða á um varðveisluskyldu þá er hvílir á Landsbókasafninu varðandi tvö af fjórum skyldueintökum og Háskólabókasafni og Amtsbókasafninu á Akureyri varðandi eitt eintak hvoru fyrir sig af fyrrgreindum fjórum skylduskilaeintökum, svo og af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum sem gefnar eru út, þar skal Landsbókasafn varðveita tvö eintök og Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

Fimmta brtt. n. á fyrrgreindu þskj. er að flytja meginefnið úr 2. mgr. 10. gr. í nýjan kafla, sem verði V. kafli og þá 13. gr. frv., undir fyrirsögninni: Ríkisstyrkt útgáfa, og að greinin orðist eins og þar segir. Efnislega er þetta fyrst og fremst varðandi þá aðila sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum og skuli þeir afhenda Landsbókasafninu ókeypis allt að tíu eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess, og ber Landsbókasafninu að taka frá þrjú eintök af hverju þeirra og ætla þau Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju. Ráðh. skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Þá er rétt að geta þess, að efnisbreyting, sem lögð er til nú varðandi það sem stendur í 2. mgr. 10. gr. sem verið er að færa til í frv., er eingöngu sú, að felld er niður varðveisluskyldan á þeim bóksöfnum sem ég vék að í upphafi míns máls, þ. e. a. s. Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafninu á Ísafirði og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði. Það var álit landsbókavarðar og Ólafs Pálmasonar, og undir það var tekið af hálfu menntmn., að það væri um verulega fjárhagslega kvöð að ræða að leggja varðveisluskyldu á þessi bókasöfn öll varðandi það sem gefið er út af ritum og nýtur ríkisstyrks. Má í því sambandi nefna blöðin, sem njóta nú ríkisstyrks. Ef ætti að binda þau inn, þá mundi það ekki kosta undir millj. kr. á ári nú. N. þótti því ástæða til að taka undir þessar ábendingar landsbókavarðar og fella niður varðveisluskyldu á þessum þremur söfnum. En hún er auðvitað eftir sem áður á hinum fjórum sem ég tilgreindi áður.

Eins og ég gat um í upphafi, herra forseti, þá er hér fyrst og fremst um brtt. að ræða sem kveða skýrar á um einstök atriði og draga ákveðnari línur milli ákvæðanna um skylduskil annars vegar og varðveisluskyldu hins vegar, ásamt þessari efnisbreytingu að fella niður varðveisluskyldu þriggja fyrrgreindra bókasafna.

Ég legg svo til, að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem ég hef hér kynnt og eru á þskj 574.

ATKVGR.

Brtt. 574,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 574,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 574,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 574,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 574,5 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 526, n. 578 og 584, 579). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. 16. maí árið 1975 voru lög um breyt. á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), samþ. á Alþingi. 1. gr. laganna hljóðar svo:

„Aftan við 5. mgr. d-liðar 15. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals."

Þarna var líka að finna ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

„Fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni."

Um nokkurra ára skeið höfðu konur, sem vinna á vegum hins opinbera, þ. e. a. s. starfsmenn ríkis og bæja, fengið fæðingarorlof. Það þótti því sanngjarnt að sá hópur kvenna, er nyti þessara hlunninda, stækkaði nokkuð enda þótt skrefið væri ekki tekið til fulls, og eftir alllangar umr. var þetta frv. samþ. á Alþ. Um það voru ekki allir á einu máli, voru að vísu á einu máli um að konur skyldu fá fæðingarorlof, en ekki hver ætti að vera greiðandinn. Margir töldu eðlilegra að almannatryggingar önnuðust þessa fyrirgreiðslu og þessa greiðslu. En útkoman varð sú, að samþ. var að Atvinnuleysistryggingasjóður skyldi leysa þessa þjónustu af hendi.

Þegar til framkvæmda kom varð sú framkvæmd ekki á einn veg. Í sumum tryggingaumboðum var þetta framkvæmt á þann veg að aðeins þær konur, þar sem makar höfðu undir 1400—1500 þús. kr. í árslaun, fengu fæðingarorlof, en á öðrum stöðum var talið að konur skyldu hljóta fæðingarorlofið hverju sem liði um tekjur maka. Þetta olli því, að nú á þessu þingi var borið fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 26. maí 1975, um fæðingarorlof. Efnislega er frv. þannig:

„Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsgr. og í 18. gr. 2. málsgr. skulu ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar."

Þetta þýðir það, að tekjur maka eiga ekki að skerða bótarétt vegna barnsburðar.

Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. á fundi sínum. Formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs mætti á fundinum til þess að gefa upplýsingar um framkvæmd laganna og um viðhorf stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til þessa máls. Formaður stjórnarinnar tók fram að það væri álit stjórnarinnar að þessar orlofsgreiðslur ættu að vera með sama hætti og aðrar atvinnuleysisbætur, þ. e. a. s. með skerðingarákvæðum. Hins vegar taldi hann það vera rétt, að þetta hefði ekki verið framkvæmt á einn veg og þess vegna væri eðlilegt að þarna væri um breytt. Hann er þess vegna andvígur því að sjóðnum sé íþyngt með frekari greiðslum, einkum þar sem hann tók fram að handbært fé Atvinnuleysistryggingasjóðs væri ekki fullnægjandi og að halli mundi verða á lausafjárstöðu sjóðsins á þessu ári.

Meiri hl. komst hins vegar að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki hægt að hafa þessa framkvæmd óbreytta eins og verið hefur, og leggur því til að frv., sem fyrir liggur, verði samþ. óbreytt.

Nú er það svo, að þetta frv. kveður svo á í ákvæði til bráðabirgða, að ákvæði 1. gr. skuli einnig gilda um þær konur sem synjað hefur verið um fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna sem 1. gr. á við. N. leit svo á að þetta ákvæði skyldi ekki einungis eiga við um þær konur sem hefði verið synjað, heldur um þær konur sem rétt hefðu átt á þessum bótum ef þetta ákvæði til bráðabirgða hefði verið komið inn í lögin við upphaf framkvæmdar þeirra, þ. e. a. s. við áramótin 1975 og 1976.

Helgi F. Seljan mun skila séráliti um þetta mál og Halldór Ásgrímsson skrifar undir nál. með fyrirvara, en meiri hl. n. leggur sem sagt til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. svo og hef ég gefið út sérstakt nál. þar sem svo segir:

„Undirritaður er enn sem fyrr þeirrar ákveðnu skoðunar, að svokallað fæðingarorlof eigi að falla inn í lög um almannatryggingar, svo sem það fyrst var flutt í tillöguformi af Bjarnfríði Leósdóttur á árinu 1974. Þar hlýtur að vera þess rétti staður.

Með lögunum frá 1975 fylgdi ákvæði til bráðabirgða, sem átti í raun að miða að annarri og réttari skipan þessara mála, svo og átti það að beinast að því að allar konur í landinu fengju notið þessa réttar.

Að framkvæmd þessa virðist ekki einu sinni hafa verið hugað, og er því vafasamt í meira lagi að treysta nú nýju bráðabirgðaákvæði sem fylgir frv. frá Nd., þó rétt sé að láta aftur reyna á vilja og getu ríkisstj. til að tryggja fullt jafnrétti og eðlilega framkvæmd fæðingarorlofs innan ramma réttra laga. Það er hins vegar ekki vansalaust, að þessi skerðingarákvæði, sem hér er lagt til að falli úr gildi varðandi

fæðingarorlofið eitt, gildi áfram um giftar konur, sem njóta eiga atvinnuleysisbóta, ekki síst þegar þar er um atriði að ræða sem snertir meginhlutverk sjóðsins.

Í 16. gr. laganna um atvinnuleysistryggingasjóð, 1. málsgr. g.-lið, eru viss tekjumörk maka enn við lýði sem valda réttindamissi kvenna til atvinnuleysisbóta. Þegar hafa borist víða að óskir um niðurfellingu þessa ákvæðis. Það hlýtur því að teljast skylda Alþ., að um leið og skerðingarákvæðið er afnumið gagnvart fæðingarorlofi, þá verði það numið að fullu úr gildi, svo ekkert slíkt skerði rétt giftra kvenna til atvinnuleysisbóta. Um það flytur undirritaður brtt. á sérstöku þskj."

En brtt. er um það að 16. gr. 1. málsgr. g.-liður falli úr gildi.

Um þetta mætti vissulega hafa langt mál, og kannske er best að játa það nú þegar, að það veldur mér töluverðri eftirsjá, svo ekki sé meira sagt, að hafa ekki fylgt á sínum tíma dagskrártillögu sem hér var flutt af þeim hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, Axel Jónssyni, Stefáni Jónssyni og Jóni Árm. Héðinssyni í þessu máli, þar sem það var samþ. að fela ríkisstj. að semja frv. til l. um málið er yrði lagt fram í upphafi næsta reglulegs Alþingis. Ég held sem sagt að í ljósi þeirrar reynslu, sem við höfum haft af þessu, hafi hér verið um rétta skipan mála að ræða og ég og kannske einhverjir fleiri hér í d. hafi gert rangt í því að eiga þátt í því að fella þessa tillögu.

Aðalspurningin varðandi þetta mál er enn sem fyrr hvar í okkar kerfi þetta á heima, og í raun og veru eru allir sammála um það, það er enginn vafi þar á. Þetta var aðeins túlkað sem bráðabirgðalausn á þessum tíma, eini möguleikinn til að láta þær konur, sem höfðu minnstar tekjur, áttu kannske við erfiðust kjör að búa, njóta þessa fæðingarorlofs. Þannig var þetta túlkað á sínum tíma, og fyrir þessari túlkun féll ég ásamt fleiri hv.. þm., þrátt fyrir það að ég væri sannfærður um að við værum þarna á rangri leið. Ég treysti því aðeins að hér væri um algera bráðabirgðalausn að ræða, þannig að ákvæði til bráðabirgða, sem fylgdi lögunum, yrði einhvers metið, það yrði eitthvað með það gert. En þar sagði: „Fyrir 1. janúar 1976 skal ríkissti. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni."

Nú er liðið næstum eitt og hálft ár frá því að þetta ákvæði átti að koma í raun og veru til framkvæmda á einhvern hátt, og ekkert hefur verið í málinu gert. Atvinnuleysistryggingasjóður eða stjórn hans hafði á sínum tíma uppi eðlilega andstöðu við þetta mál, ekki fyrir það að hún væri andstæð málinu í sjálfu sér, heldur af því að kannske fundu engir og skildu betur en hún að þetta mál var á röngum stað, og það kom ljóslega fram í máli formanns Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem mætti á fundi n., að vissulega hefði þessi skipan mála valdið sjóðnum verulegum erfiðleikum. Ég legg nefnilega ekki minni áherslu á það framlag sjóðsins sem hefur runnið til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, til þess að styrkja sveitarfélög og fyrirtæki víða með lánastarfsemi sem hefur bjargað atvinnufyrirtækjum eða þá komið nýjum á fót. Þar eru ótalin dæmi um. Og það er alveg rétt, þetta hefur valdið því, þetta réttlætismál, af því það er á röngum stað, það hefur orðið til þess, að þessi fyrirgreiðsla hefur dregist saman, og hefði atvinnuleysi orðið meira eða enn alvarlegra, þá auðvitað hefði verið um margfalda erfiðleika í þessu að ræða fyrir stjórn sjóðsins.

Ég sem sagt fylgdi þessu máli á sínum tíma vegna þessa ákvæðis til bráðabirgða sem þarna var komið inn í. Og núna virðist mér að ákvæðið til bráðabirgða sé aðeins til friðunar. Mun það hafa borið á góma í Nd. að nú ætti að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og einnig væri verið að endurskoða lög um almannatryggingar og þetta hvort tveggja mundi valda því að önnur og betri skipan mundi fást á þessi mál. Þetta ber nú allt saman nokkurn keim af skollaleik og vitnar allt um vissa sýndarmennsku, svo að ég er nú farinn að verða örlítið í vafa um hvað ég á yfirleitt í þessu máli að gera. Og ekki bætir það úr að sjá sig hafa gert skyssu áður í þessu máli, en það skal fúslega viðurkennt. Þá tók ég það einmitt fram, eins og ég gerði hér við 1. umr. málsins um daginn, að af því að þetta virtist vera eina leiðin sem bráðabirgðalausn í þessu máli og í trausti þess, að sá frestur á gildistöku, sem fram hefur fengist, yrði notaður til annars tveggja að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði nýjar tekjur eða létta af honum byrðum, — annars vegar þetta og hins vegar það að ég treysti því, að í framhaldi af því yrði þetta fært inn í almannatryggingakerfið, þá greiddi ég atkvæði gegn þessari dagskrártillögu þessara ágætu þm. sem ég rakti hér áðan, en með frv. eins og það lá þá fyrir.

Í ljósi þessa, sem ég hef sagt núna, munu menn eflaust segja: Hvers vegna þá með umhyggjunni fyrir Atvinnuleysistryggingasjóði, sem hér hefur komið fram hjá mér, hvers vegna þá að auka á byrðar hans með því móti sem ég legg til í brtt.? Þar koma til allt aðrar ástæður, samtvinnaðar einmitt því að það er verið að koma þessu í gegn núna um fæðingarorlofið. Frumtilgangur Atvinnuleysistryggingasjóðs var vitanlega sá að vera til hjálpar ef atvinnuleysi skylli á, að greiða atvinnuleysisbætur, og það er ósæmilegt með öllu, finnst mér, þegar þessi skerðingarákvæði eru í gildi varðandi atvinnuleysisbæturnar, frumtilgang þessa sjóðs, þá sé verið að fara í það að breyta þessu sérstaka ákvæði um fæðingarorlofið. Till mín er hér aðeins til þess að eitthvert samræmi sé í þessu — í allri þessari vitleysu, mætti kannske segja, en það verður þó að vera eitthvert samræmi í þessu máli. Það má ekki vera gert alveg út í bláinn af eintómri sýndarmennsku.

Ég veit að það er eðlilegt, þegar um það hefur verið rætt að láta þessi tekjumörk eða skerðingarákvæði falla niður varðandi fæðingarorlofið, að konur í hinum ýmsu verkalýðsfélögum hafi óskað eftir því að þetta yrði fellt niður einnig varðandi atvinnuleysisbæturnar. Ég nefni þar áskoranir frá félögum eins og ASB, og það er ósköp eðlilegt að sú áskorun hafi komið fram frá því félagi, því þær konur hafa fyrir

skömmu orðið hart úti einmitt vegna lagasetningar hér á Alþingi, og það er ekki mikið þó að þær hafi óskað eftir því í vandræðum sínum, að þetta ranglæti væri afnumið, úr því að á að fara að afnema það gagnvart fæðingarorlofinu.

Ég get nefnt hér fleiri dæmi, eins og frá Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Kvennadeild Verkalýðsfélagsins á Akranesi, frá hinu fjölmenna félagi Sókn, Starfsstúlknafélaginu Sókn, frá Verkalýðsfélaginu á Húsavík, og einnig fékk ég mjög harðort bréf frá Seyðisfirði í vetur varðandi þetta mál, þar sem mér var bent á mjög ágætt dæmi um það misrétti sem í þessu væri. Þangað kom á staðinn maður sem hafði unnið við Sigöldu og hafði haft eitthvað í kringum 3 millj. kr. á s. l. ári, og vitanlega gekk hann beint inn í atvinnuleysisbætur, fékk atvinnuleysisbætur um leið og hann kom til Seyðisfjarðar. Hann fékk ekki atvinnu þar strax, og hann fékk sínar atvinnuleysisbætur, á meðan konunum, sem unnu í frystihúsinu og voru með eitthvað milli 700 og 800 þús. kr. árið áður, var neitað um bætur vegna þess að mennirnir þeirra höfðu einhvers staðar á bilinu milli 1500 og 1600 þús. kr. í tekjur. Það er auðvitað glöggt að þarna var um miklu lægri tekjumörk að ræða fyrir fjölskylduna, þessar 2.2 millj., heldur en 3 millj. kr. tekjurnar sem Sigöldumaðurinn hafði haft, og skal þó tekið fram að þessi maður átti konu sem var með svipaðar tekjur og konurnar í frystihúsinu, milli 700 og 800 þús. kr. Þarna var sem sagt spurningin um 3.7 millj. fyrir heimilið annars vegar eða 2.2 millj. hins vegar og þá sést vitanlega að þarna var um misræmi að ræða. Nú er ég ekki að segja að þetta eigi að vera algilt með þessi tekjumörk. Það kann vel að vera að einhver tekjumörk eigi þarna að hafa. Þau eru bara allt of lág, eins og þau eru í dag. Það kann vel að vera að það sé rétt að setja einhver mörk þarna, en það á þá að setja þau jafnt yfir línuna og ekki endilega að binda þau við tekjur maka. Það þyrfti auðvitað að athuga miklu betur og kemur ekki inn í þetta dæmi hér, úr því að þetta mál er tekið hér fyrir á þennan hátt.

Ég viðurkenni það ósköp vel, að þessi afgreiðsla á málinu er mér ekki að skapi. Ákvæðið til bráðabirgða friðar mig ekki lengur, og alveg eins og hv. þm. Oddur Ólafsson tók fram, 1. málsgr. þar er vitanlega mikil fjarstæða: „Ákvæði 1. gr. skal einnig gilda um þær konur, sem synjað hefur verið um fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna, sem 1. gr. á við um.“ Sá ágæti maður Hjálmar Vilhjálmsson benti okkur skýrlega á það í n., að þetta væri vitanlega fráleitt með öllu. Hv. þm. Oddur Ólafsson talaði um að það væri skilningur n., að allar þær konur, sem hefðu átt rétt ef skerðingarmörkin hefðu ekki verið, ættu nú að fá fæðingarorlofsgreiðslur. Það stendur hvergi og ég óska þess bara að það rætist, að þessi skilningur verði í það lagður. Ég er bara hræddur um að það verði óskhyggja hjá hv. þm., en ekki annað. Sem sagt, eins og Hjálmar Vilhjálmsson benti okkur glögglega á, þær konur, sem virtu lögin og datt ekki einu sinni í hug að sækja vegna þess að þær vissu um þessi skerðingarmörk, þær eiga vitanlega ekki að fá neitt skv. þessu ákvæði, það verður ekki skilið öðruvísi.

Ég ítreka svo það, að það er hin mesta nauðsyn að öllum konum í landinu sé tryggt sambærilegt fæðingarorlof, og ég tek sveitakonurnar alveg sérstaklega sem dæmi um þær konur sem vissulega þurfa og eiga að fá þetta fæðingarorlof. Það var gerð misheppnuð tilraun og að mínu viti sennilega alveg röng með tillöguflutningi um þetta mál varðandi bændakonurnar. Hún auðvitað rann út í sandinn, enda ranglega upp byggð eftir því sem upplýst var þá af þeim manni sem gerst þekkti til þess sjóðs sem átti að taka þetta á sig. En það hefði verið mér reglulegt fagnaðarefni að fá núna frv. til breyt. á l. um almannatryggingar sem hefði ákveðið fæðingarorlof til allra kvenna, í staðinn fyrir þennan — ég vil nú kannske ekki segja óskapnað, en það liggur við, eftir að málið er eins og það er nú komið hér til okkar.

En sem sagt, ég legg til að þetta skerðingarákvæði falli niður varðandi frumtilgang Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég tel mjög nauðsynlegt að það geri það, þrátt fyrir það að ég sjái ýmis vandkvæði á því eins og reyndar á því að fella niður þetta skerðingarákvæði almennt. Ég sé betur og betur að það hefur verið rétt, sem haldið var fram hér m. a. af mér og fleirum, þó við beygðum okkur fyrir vissum rökum í þessum efnum, að þetta mál á alls ekki hér heima, þetta mál á heima í almannatryggingalögum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá meiri hl. heilbr.- og trn. rita ég undir nál. með fyrirvara. Á sínum tíma, þegar lögin um fæðingarorlof voru afgreidd hér frá Ed., flutti ég ásamt hv. þm. Axel Jónssyni, Stefáni Jónssyni og Jóni Árm. Héðinssyni svo hljóðandi dagskrártillögu:

„Þar sem í till. heilbr.- og trn. þessarar hv. d. er lagt til að lög þessi komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1976 og með tilvísun til þess, að lagaákvæði þessi þurfa nánari athugunar við, samþ. deildin að fela ríkisstj. að semja frv. til l. um málið, er verði lagt fram í upphafi næsta reglulegs Alþ., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Í framhaldi af þessum tillöguflutningi var flutt till. um að inn í frv., sem þá var flutt, kæmi ákvæði til bráðabirgða, þess efnis, að ríkisstj. láti kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Þess var farið á leit við okkur flm. dagskrártill. að draga okkar till. til baka í framhaldi af þessari till. um ákvæði til bráðabirgða. Við töldum hins vegar, að þessi till. um ákvæði til bráðabirgða væri ekki fullnægjandi, og drógum till. okkar ekki til baka. Okkur var ljóst þá, að þessi löggjöf mundi valda Atvinnuleysistryggingasjóði verulegum vandræðum, þar sem ekki var hugað að því að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði fjármagn í þessu skyni, og það hefur sannast í þessu máli, að fyrirhyggjan var lítil og í slíkum málum verða eftirköstin venjulega mikil og slæm.

Ég vil því aðeins ítreka það, að ég var mótfallinn þessari skipan mála á sínum tíma, og ég

tíma í þessari deild. Alþ. hlýtur að gera þá kröfu er það ekki síður í dag. Hins vegar vil ég ekki leggja stein í götu þess, að ákveðnar leiðréttingar eigi sér stað, en hlýt jafnframt að lýsa yfir vonbrigðum mínum og undrun hversu lítið hefur verið unnið að málum í samræmi við ákvæði til bráðabirgða sem samþ. var á sínum tíma í þessari deild. Alþ. hlýtur að gera þá kröfu til ríkisstj., að það verði eigi lengur dregið að skila málinu til Alþ. í samræmi við þetta ákvæði. Það hefur oft áður verið rakið, hvers vegna þetta ákvæði til bráðabirgða var samþ. Það var fyrst og fremst vegna þess, að það eru ýmsar konur til sveita og annars staðar sem njóta ekki þessara sjálfsögðu réttinda, og Alþ. hlýtur að gera þá kröfu að ríkisstj. vinni að þessu máli í samræmi við samþykkt hér á Alþingi.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Hv. þm. Helgi F. Seljan talaði um þetta sem sýndarmennskufrv., frv. um fæðingarorlof. En ég held að við getum nú sagt með fullum rétti, að þetta frv. hafi verið nokkurs virði þjóðfélaginu. Konur munu nú hafa fengið einhvers staðar á milli 150 og 200 millj. kr. í fæðingarorlof frá uphafi þessara laga. Í ljós hafa komið við framkvæmd þeirra vissir annmarkar sem við nú erum að reyna að leiðrétta, og ég vil taka það skýrt fram, að ég hef nú álit lögfræðings á því, að þessi leiðréttíng muni ná til þeirra kvenna sem ekki hafa hlotið orlofið í samræmi við þessi lög, en hefðu átt að gera það ef þau hefðu verið frá upphafi eins og þau verða nú eftir samþykkt þessa frv.

Það virðist vera almenn skoðun að fæðingarorlof eigi ekki heima í atvinnuleysistryggingalögunum. Eins og ég tók fram 1975 við umr. um upphaflegu lögin, þá er ég ekki jafnsannfærður um þetta atriði. Í lögum um atvinnuleysistryggingar er kveðið svo á, að þeir, sem verða atvinnulausir af öðrum ástæðum en sjúkdómum, skuli hljóta atvinnuleysisbætur. Nú er fæðing ekki sjúkdómur, og ég sé ekki annað en að það komi vel til greina að fæðingarorlof kvenna eigi fulkomlega heima þarna, því þær eru atvinnulausar, ekki vegna sjúkdóms, heldur vegna þess að þjóðfélagið skapar þeim ekki aðstöðu til að geta unnið. Þær verða að gæta barna sinna einhvern ákveðinn tíma. Ef þeim væri sköpuð t. d. aðstaða til heimavinnu, þá væru þær færar um að leysa hana af hendi, en að fara út á vinnustað og sækja sína vinnu eins og þær höfðu gert fyrir fæðingu, það geta þær ekki þennan ákveðna tíma. Ég er því alls ekki viss um, jafnvel þó að þetta verði rannsakað af þar til hæfum mönnum, eins og vera ber og ákvæði til bráðabirgða leggja áherslu á, hvar þetta skuli vera og hvaða tekjustofn skuli fá, þá held ég að það þurfi að rannsaka það vel hvort fæðingarorlofið á ekki einmitt heima þarna og er ekki á réttum stað. Ég held að það sé á réttum stað.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Mig langar gjarnan að láta koma fram við umr. um þetta frv., að ég get tekið undir þá skoðun sem komið hefur fram hjá öðrum hv. þm. þessarar d., að á sínum tíma, þegar þetta mál var til umfjöllunar hér í þessari hv. d., þá ríktu í huga mínum ákaflega ríkar efasemdir um það, hvort hér væri stefnt á rétta braut með þeirri tilhögun sem ákveðin var í því frv. sem þá var samþ. Og úr því að menn hafa verið að lýsa afstöðu sinni þá, þá skal ég gjarnan gera þá játningu, að það var mjög tilviljunarkennt hvernig afstaða mín var endanlega við afgreiðslu málsins í þessari hv. d. Nú er ég ekki þannig skapi farinn að ég vilji mikið ræða það sem liðið er og það sem ekki er hægt að taka til baka, en ég vildi gjarnan að ég væri í þeirri aðstöðu að greiða aftur atkv. um þær till. sem þá lágu fyrir.

Það má sjálfsagt finna að því og gera það með rökstuðningi, að ekki sé úr vegi og það sé sanngirniskrafa til þjóðfélagsins að létta undir í vissum tilfellum þegar svo stendur á að móðir, sem er kannske fyrirvinna og framfærsla hvílir með þunga á, missir af tekjumöguleikum sínum vegna barnsburðar. En ég er innilega samþykkur þeirri skoðun, sem kom hér fram, að það er mjög vafasamt að sú tilhögun eigi að ríkja um þá aðstoð, að hún eigi að koma úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það var áreiðanlega mjög réttmæt ráðstöfun þegar Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður. Ég held að við séum allir sammála um að það hlutverk, sem hann á að gegna, er mjög mikilvægt og er áreiðanlega heillavænlegt og skapar ákaflega mikið öryggi, sem hinn vinnandi maður hefur alltaf þráð að væri fyrir hendi. Enda var ekki ágreiningur um það, þegar Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður og sveitarfélög t. a. m. tóku á sig verulegar byrðar til þess að standa undir skuldbindingum sjóðsins og efla hann svo fjárhagslega að hann væri fær um að gegna því hlutverki, sem honum var frá upphafi vega ætlað.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að síðan Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður hafi hann oft og á mörgum sviðum verið misnotaður. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að kominn er tími til þess að endurskoða lögin eða a. m. k. reglugerðina um alla starfshætti. Atvinnuleysistryggingasjóðs, því að samkv. eðli málsins var hlutverk hans fyrst og fremst að grípa inn í þegar hættulegt ástand skapast á vinnumarkaðinum, en hann á ekki að vera bótasjóður sem menn geta sótt í bætur bara af því að einhverra hluta vegna falla niður einhverjir vinnudagar, hversu svo sem er háttað um efnahagslega afkomu hlutaðeigandi. Þetta eru hlutir sem búnir eru að ganga úrskeiðis allt of lengi, og ég held að það væri öllum aðilum til góðs að fyrr en síðar yrði gengið af alvöru og festu að því máli, að endurskoða þetta og færa til betri vegar þau framkvæmdaatriði sem úrskeiðis hafa farið, því miður, á liðnum árum í sambandi við þennan að öðru leyti ágæta sjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð.

En þessar álögur, sem voru settar á sjóðinn með þeim lögum sem samþ. voru 1975 um fæðingarorlofið, ég er einn þeirra aðila sem stóðu í þeirri meiningu og stend enn, að þessi lagaákvæði hafi einungis átt að vera til bráðabirgða, því að ég held að það geti engan veginn verið ætlun þjóðfélagsins að þessar greiðslur, ef þær teljast réttmætar, eigi að vera á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Og ég er sammála þeim

hv. þm., sem hér hafa talað, að ef — og nú vil ég leggja mikla áherslu á orðið „ef“ — ef það er talið réttmætt undir öllum kringumstæðum að inna slíkar greiðslur af hendi af þjóðfélagsins hálfu, þá á sú tilhögun áreiðanlega að vera innan ramma almannatrygginga. En ég vil þó einnig skýlaust láta þá skoðun mína í ljós, að áður en tekin er endanleg ákvörðun um það málefni, þá tel ég í fyrsta lagi að þurfi að endurskoða til hvaða hóps slíkar greiðslur eigi að ná. Ég er ekki á því að við höfum þjóðhagslega efni á því að greiða þetta hverjum og einum, því það hefur alltaf sýnt sig þegar svona greiðslur byrja, að þá er það þannig að þetta kemur fram í frumhugmyndinni, að rétt sé að styrkja ákveðna hópa sem eigi við eitthvað erfiðari lífskjör að búa heldur en almennt gerist og gengur í þjóðfélaginu, en svo gerist það bara að þróunin verður þannig að þetta nær út yfir heildina, nær til allra, og slík tilhögun er á móti minni lífsskoðun, að það eigi að fara að borga margra mánaða laun í sambandi við það að börn fæðist á heimilum í þjóðfélaginu.

Einhvers staðar verður að setja takmörk fyrir því, hvernig við getum hagað opinberum greiðslum, eða þá kannske af meira raunsæi sett fram: hvað mikið fé við getum látið af hendi til þegnanna fyrir ekki neitt. Við verðum, held ég, að fara að skoða hug okkar um það, hversu langt er hægt að ganga í þeim efnum, því ef ekki verður á stemmd að ósi í þeim málum í okkar þjóðfélagi með sívaxandi kröfum um alla mögulega félagslega aðstoð sem á að greiðast af hinu opinbera, þá sé ég ekki hvert stefnir. Ég ætla a. m. k. að áskilja mér allan rétt til þess að mega skoða þau mál betur og vita betur um raunverulegar upphæðir í tölum, hvað slík tilhögun kostar.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég mun ekki setja fótinn fyrir það að þetta frv. nái fram að ganga, en aðeins þótti mér rétt að láta afstöðu mína til málsins í heild koma hér fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú mæla hér aðeins nokkur orð um mál það er hér fyrir liggur. Ég vil rifja upp það sem gerðist er þessi hv. d. samþ. frv. um fæðingarorlof á sínum tíma.

Ég staðhæfi það og mun, ef mönnum þykir við þurfa, rifja það upp úr Alþingistíðindum, með hvaða hætti deildin var fengin til meirihlutasamþykkis við frv. Dagana á undan hafði sérstakur áhugaþm. og málflytjandi úr Nd. raunar ólmast hér í d. hjá okkur eins og — ja, við skulum segja ljónynja í poka, að knýja þetta mál fram. Því er ekki að neita að deildarþm. höfðu ákveðna samúð — ég er í þeirra hópi — með málstað þeim sem túlkaður var í frv. Við sáum ýmsa agnúa á því, að fé yrði veitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði til þess arna, og töldum að enn fleiri agnúar væru á þessu frv. þar sem fæðingarstyrknum væri ekki ætlað að ná til næstum því allra kvenna á Íslandi. Það var eingöngu vegna túlkunar hæstv. ráðh. á ákvæðum til bráðabirgða sem meiri hl. fékkst hér í d., — eingöngu fyrir túlkun hæstv. ráðh. Og ég get tekið undir með hv. þm. Jóni G. Sólnes um það atriði, að ég skildi það svo, að hér væri um algjöra bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Að því er lýtur að fyrirheitinu í bráðabirgðaákvæðinu treysti ég mér alls ekki til að skáka enn í skjóli þessara ummæla hæstv. ráðh. eftir að það hefur komið berlega í ljós að þau var ekki að marka.

Ég tel mig ekki þurfa að afturkalla nokkurn skapaðan hlut, sem ég gerði við hina fyrri atkvgr., þó ég láti það vera nú að ítreka mistök sem voru afsakanleg í hið fyrra sinnið, en væru það alls ekki núna. Nú værum við, þeir þm. sem lögðum fyrrnefndan skilning í ummæli ráðh. á þeim tíma, vissulega að gera vísvitandi rangt ef við gerðum það núna.

Ég tel að það sé borin von að aflað verði, eins og ráð var fyrir gert, tekna eftir öðrum leiðum og eðlilegri og skynsamlegri til þess að standa straum af kostnaðinum við framkvæmd þessara laga, eins og von var gefin um á sínum tíma, og treysti mér því ekki til að styðja frv. í þeirri mynd sem það nú liggur fyrir deildinni. Ég vildi mjög gjarnan að það yrði athugað, hvort við gætum ekki fundið til þess aðrar leiðir og komið þessum málum þannig fyrir, að fæðingarstyrkurinn megi ná tilgangi sínum og koma réttlátt niður og verða kostaður af þeim aðilum sem með slíkt hafa að gera.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil taka það fram fyrst, að það kann að vera að orð mín hafi getað misskilist áðan varðandi það mál að greiða fæðingarorlof þessum tilteknu konum, að það atriði væri sýndarmennska. Ef hægt hefur verið að skilja orð mín svo, þá vil ég taka það skýrt fram að sú var ekki meining mín. Það, sem ég átti við með sýndarmennsku voru fyrst og fremst þau ákvæði til bráðabirgða, sem nú eru aftur tekin hér upp, og reyndar hvernig málið hefur borið að og hvernig því hefur verið hagað hér í þinginu.

Ég er sannarlega á þeirri skoðun og hef tekið rækilega undir það, að tryggja beri sem allra flestum konum og helst öllum sambærilegan rétt við það sem þær konur hafa, sem í dag eru í opinberri þjónustu, og dreg ekkert þar úr.

Það er ýmislegt annað í þessu máli sem mér finnst bera vott sýndarmennsku, en ekki beinlínis það, hvernig þetta hefur verið framkvæmt, því að fé hefur sannarlega runnið í langflestum tilfellum til réttra aðila, það fæðingarorlof sem hefur verið greitt út á þessum árum. Þar hefur verið um konur að ræða sem sannarlega hafa þurft á þessu að halda að langmestum meiri hluta.

Ég held að það sé alveg óhætt að fullyrða það, a. m. k. hef ég engin dæmi um það, hvað sem túlkun líður á lagagreinum Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá held ég að við höfum engin dæmi þess að orlofsgreiðslur af þessu tagi eða fæðingarorlof eigi heima í svipuðum lögum annars staðar. Ég held að það sé alveg ótvírætt, að hvar sem þessar greiðslur eru, þá séu þær inntar af hendi gegnum almenna tryggingakerfið og það er þess vegna hið eðlilega í þessu máli. Auk þess er það svo, að ef við ætlum að halda okkur við þennan sjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð, þá auðvitað tryggjum við sveitakonum aldrei fæðingarorlof, það er útilokað, nema með einhverri

kollvörpun á lögum þess sjóðs. Það er, held ég, alls ekki mögulegt.

Ég óska þess, eins og ég sagði áðan, að túlkun hv. þm. Odds Olafssonar á fyrri setningunni í ákvæði til bráðabirgða megi gilda. Það væri svo sannarlega vonandi að það yrði þannig, að einnig þær konur, sem ekki sóttu á s. l. ári, nytu sama réttar og þær sem synjað hefur verið um þetta. Það vona ég sannarlega að verði. En tryggingu fyrir því hef ég vitanlega enga. En það er rétt að rifja það upp, sem kom fram í n. hjá okkur, hvað endalaust er eiginlega gengið á þennan sjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð, um lögbundin framlög hér og þar, og það er alveg sýnt að við erum búnir að binda sjóðnum allt of mikla bagga. Það kom glöggt fram í máli formannsins. Hann reiknaði með greiðsluhalla á þessu ári á þessum sterka sjóði. Í fyrsta lagi þarf hann að inna af hendi atvinnuleysisbætur, svo sem frumskylda hans er. Í öðru lagi þarf hann að endurgreiða vissan hluta til atvinnurekenda vegna atvinnuleysisdaga, og þar er um verulega upphæð að ræða enn þá. Hún fer minnkandi að vísu. Það er í þriðja lagi fæðingarorlofið sem nam á s. l. ári 135 millj. kr. og gæti farið hátt í það að tvöfaldast á þessu ári, farið mjög nálægt því, yrðu alla vega milli 200 og 250 millj. kr. sem yrðu bundnar í þessu af fé sjóðsins. Auk þess fara svo nokkur hundruð millj. eða um 300 millj. í eftirlaun aldraðra. Síðan er Atvinnuleysistryggingasjóður bundinn Byggingarsjóði ríkisins um milli 600 og 700 millj. kr. Og þá er auðvitað von að útkoman úr þessu öllu saman verði greiðsluhalli sem nálgast um 100 millj.

Það er því von að maður hiki við, nú þegar við sjáum þessar tölur á borðinu og sjáum hvað þetta skiptir miklu máli, og mönnum finnst þess vegna nokkurt ósamræmi í því, að ég skuli flytja þessar brtt. En samræmisins vegna, vegna þess að við erum að breyta þessum skerðingarmörkum varðandi fæðingarorlofið, þá er annað ekki hægt varðandi frumtilgang sjóðsins en að láta þetta gilda um atvinnuleysisbæturnar, það sem sjóðurinn á fyrst og fremst að standa við. Það er því miður ekki annað hægt. Það er því miður ekki hægt að skoða þetta mál betur.

En nú veit ég ekki hvort sá hæstv. ráðh., sem með þessi mál fer, er hér í húsinu. En þetta ákvæði til bráðabirgða, seinni hluti þess og gáfulegri hluti þess og réttari er fluttur af tveimur ágætum framsóknarmönnum í Nd. og er kominn þar inn fyrir þeirra tilverknað, og þökk sé þeim fyrir það út af fyrir sig og þó alveg sérstaklega að þeir stkuli enn þá treysta ríkisstj. sinni, það er lofsvert í alla staði. En annar þessara hv. þm. er nú hér í d., og ég efast ekki um að hann treysti því að við þetta ákvæði verður staðið. En ég veit ekki og við höfum ekki fengið um það yfirlýsingar hér í þessari d., hvernig hæstv. ráðh. hyggst standa við þetta ákvæði sem þeir hv. þm. Stefán Valgeirsson og Þórarinn Þórarinsson komu inn í þetta frv. í Nd., og það væri ákaflega æskilegt að fá nú hæstv. ráðh. hér inn í d. og fá yfirlýsingu hans um það, hvernig þetta yrði gert, því við eigum heimtingu á að fá það, og ég treysti forseta — (**Forseti:** Það verður athugað hvort ráðh. getur komið hingað.) Ég treysti hæstv. forseta til þess og veit það reyndar líka, að svo ágætur og sanngjarn forseti sem hann er, þá mun hann tryggja okkur nærveru þessa hæstv. ráðh. sem við höfum alltaf mikla ánægju af hér í d. Og það væri fróðlegt að heyra á hvern hátt ríkisstj. ætlaði að gera þetta, því að í samráði við hana hlýtur þetta ákvæði að hafa verið flutt og í samráði við þennan hæstv. ráðh., svo vel þekki ég til þessara hv. þm. Þeir hafa ekki gert það alveg út í bláinn. Ég sem sagt óska eftir því, að hæstv. ráðh. komi í d. og segi okkur frá því, til þess m. a. að létta efasemdum af hv. 5. þm. Norðurl. e. og mér og reyndar hv. 2. þm. Norðurl. e. einnig varðandi allt þetta mál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni og undirskrift undir nál. um þetta frv.

Ég skal ekki leggja mat á réttmæti fæðingarorlofs, — ég segi það í framhaldi af ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., — hvort við höfum efni á að standa undir slíkum kostnaði sem liggur að sjálfsögðu þungt á Atvinnuleysistryggingasjóði, eins og fram kom hjá formanni sjóðsins og fyrrv. ráðuneytisstjóra, Hjálmari Vilhjálmssyni, á nefndarfundi. En mér finnst óhjákvæmilegt að haga lögum þannig, að allar konur njóti sama réttar. Úr því að við erum á annað borð að setja lög, þá hljótum við að láta þau lög ná jafnt yfir alla. Áður en við setjum þau hljótum við að gera okkur grein fyrir því, hvort við höfum efni á að gera það. Þá tek ég að sjálfsögðu undir það, sem hv. síðasti ræðumaður, 7. landsk. þm., sagði áðan, að það ætti að ná lengra en til þeirra kvenna sem vinna hjá opinberum aðilum og þá að sjálfsögðu sveitakvenna ekki síður en annarra.

En þá kem ég að merg málsins, en það eru bráðabirgðaákvæðin. Ég ætla að leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þau hér upp og lýsa skoðunum mínum. Þau hljóða svo:

„Ákvæði 1. gr. skal einnig gilda um þær konur, sem synjað hefur verið um fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna, sem 1. gr. á við um.

Fyrir 1. jan. 1978 skal ríkisstj. láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi.“

Ég vil túlka þetta þannig, að við samþykkt þessa frv. beri ríkisstj. að tryggja þeim konum, sem áttu sama rétt og þær konur, sem sóttu um fæðingarorlofsgreiðslu, fengu ekki, en eiga nú að fá, þó að þær konur hafi ekki sótt um slíka greiðslu, að njóta sama réttar. Að öðrum kosti er þetta markleysa sem stendur í seinni hluta ákvæðis til bráðabirgða. Á þann eina hátt er hægt að segja að allar konur njóti sambærilegs fæðingarorlofs, en ríkisstj. er falið að tryggja tekjustofn til þess að svo geti orðið.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Aðeins vegna þeirrar ánægju að sjá hæstv. ráðh. koma hér inn í d. til okkar og í von um

að hann geti gefið einhver svör þar við, þá lar ég fram þá fyrirspurn áðan og vildi gjarnan að hann svaraði, á hvern hátt ríkisstj. hygðist koma þessu ákvæði í framkvæmd. Þá á ég ekki við að þetta er ný samþykkt, heldur að hér er um að ræða ítrekað ákvæði, ákvæði sem áður hefur verið í lögum, og hlýtur að hafa verið hugað að áður á hvern hátt mætti framkvæma. En auðvitað geri ég þetta alveg sérstaklega vegna þess, að þetta ákvæði var sett inn í frv. af tveimur óbreyttum framsóknarþm. í Nd., eflaust í samráði við hæstv. ráðh. þó. Ég vildi sem sagt vita hvort ráðh. hefði þar gefið einhverja yfirlýsingu um það, hvernig þetta væri hugsað, og þá fengjum við sams konar yfirlýsingu hér, m. a. til að fríða samvisku okkar nokkurra þm. hér í deildinni.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar mitt er ákaflega stutt og einfalt. Ég hef enga yfirlýsingu gefið, hvorki þessum tveimur þm., sem hv. þm. nefndi, né öðrum. Þessi mál liggja alls ekki ljóst fyrir, með hvaða hætti því verði komið á að konum í landinu verði öllum veitt sambærilegt fæðingarorlof. Og þá sérstaklega liggur það alls ekki fyrir, hvernig á að tryggja tekjustofn í því skyni. Eftir að þetta frv. er orðið að lögum verður auðvitað að kanna það mál til hlítar. Ég er hræddur um að það verði erfitt og jafnvel ógjörningur að það verði gert á þann veg, að Atvinnuleysistryggingasjóður standi undir öllum greiðslum af fæðingarorlofi. En þetta er miklu flóknara og erfiðara mál en það, að ég geti svarað þm. hér á stundinni þó ég gjarnan vildi það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 76. fundur.

Föstudaginn 29. apríl, að loknum 75. fundi.

Umferðarlög, frv. (þskj. 46, n. 588). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur á fundum sínum fjallað um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968. Frv. þetta er flutt í Nd. og hefur verið samþ. þar og fjallar um breytingar á hámarkshraðakstursreglum í þéttbýli. Allshn. varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 577). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta frv., sem ég hef hér flutt ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds, er í raun svipað og sum frv. sem hæstv. ráðh. kynna hér og segja að sé aðeins til kynningar eða sýningar fyrir hv. þm., því að við gerum okkur auðvitað ljóst að þetta frv. nær ekki fram að ganga á þessu þingi og fær ekki einu sinni eðlilega meðferð í nefnd.

En þetta frv. er um breyt. á lögum um söluskatt, þ. e. a. s. að 1. töluliður 7. gr. laganna orðist svo: „Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, sem unnin er á byggingarstað svo og í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð. Sama gildir um vinnu við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja.“ 7. gr. söluskattslaganna er um hinar ýmsu undanþágur sem eru frá söluskatti, og þar er tekið sérstaklega fram, að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð og endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja sé undanþegin söluskatti, en hins vegar ekki ef vinnan er unnin í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð.

Nú skal ég játa það, að allar undanþágur í sambandi við söluskattinn orka tvímælis. Það skal fúslega játað. Hins vegar er eðlilegt að upp komi æ fleiri spurningar um undanþágur og það, hvar söluskattur eigi rétt á sér þegar hann er orðinn svo hár sem raun ber vitni. Og í þessu sérstaka tilfelli tel ég að sé um visst misræmi og misrétti að ræða sem einhvern veginn þarf að leiðrétta, þó kannske ekki sé gengið eins langt og við leggjum hér til í okkar frv.

Ég bar fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. nú fyrir skömmu um það, hvort fyrirhuguð væri breyting á þessu, vegna þess að ég hafði heyrt að þarna yrði eitthvað rýmkað til vegna þeirra verksmiðja sem hafa unnið við byggingar á þann máta sem hér er verið að gera grein fyrir. En svar hæstv. fjmrh. var neikvætt og því fluttum við hv. þm. Ragnar Arnalds það frv. sem hljóðandi grg. fylgir:

„Sú byggingaraðferð, að íbúðarhús séu smíðuð í einingum á verkstæðum eða í verksmiðjum, ryður sér nú til rúms, og ef rétt er að staðið lækkar byggingarkostnaður verulega við þessa tilhögun, auk þess sem henni fylgir margvíslegt hagræði fyrir þann sem byggt er fyrir.

Nú er söluskattsinnheimtu þannig háttað, að ekki er innheimtur söluskattur af vinnu við húsbyggingar, sé hún framkvæmd á byggingarstað, en hins vegar ef hún fer fram í verksmiðjum við svokallaðar einingabyggingar.

Hér er um misræmi og misrétti í innheimtu að ræða og frv. þetta er flutt í þá veru að leiðrétta þetta misræmi, svo þessi um margt hagstæði byggingarmáti njóti sömu undanþágu og veitt er í dag við húsbyggingar séu þær framkvæmdar á byggingarstað.

Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkið greiði fyrir byggingaraðferð sem hefur þann kost helstan að lækka hinn mikla byggingarkostnað. Því er frv. þetta flutt.“

Aðeins vildi ég svo bæta því við í sambandi við þetta, að húsnæðismálastjórn hefur nýlega samþ. að greiða með betri lánsfyrirgreiðslu fyrir byggingu húsa með þessum hætti, einmitt vegna þess að hún telur að hér sé um að ræða ágætan byggingarmáta. Hún hefur sem sagt ákveðið, ég veit ekki hvort ráðh. hefur staðfest það, en húsnæðismálastjórn hefur ákveðið að þegar þessi hús eru fokheld og þau eru komin til lánsréttar eða lánsréttur fenginn á þau, þá skuli ⅔ lánanna greiddir út í stað ⅓ sem er út á fokheld hús

yfirleitt. Það sýnir því að húsnæðismálastjórn styður mjög að því að aukin verði og efld þessi byggingarstarfsemi, og ég álít að hið sama eigi að koma frá ríkinu varðandi þetta atriði og það gildi sömu reglur um byggingu þessara eininga, þó að það sé gert innan fjögurra veggja. Því er þetta frv. flutt.

Ég vil svo, herra forseti, óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að þreyta menn með langri ræðu, en varðandi þetta mál og ýmis önnur mál varðandi lög um söluskatt mætti tala langt mál. Sannleikurinn er sá, að lögin um söluskatt eru orðin slíkur frumskógur að það er mjög nauðsynlegt og brýnt verkefni að endurskoða alla þá löggjöf. Því miður hefur þessi löggjöf ekki fengið jafnmikla eftirtekt og lög um tekjuskatt og eignarskatt, en ranglæti ríkir ekki síður í þessum lögum en lögunum um tekjuskatt og eignarskatt.

Varðandi þetta mál út af fyrir sig, þá er það ljóst að söluskattslögin hafa í sjálfu sér staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun byggingarstarfsemi. Hins vegar vil ég taka það fram, að ef þetta frv. yrði samþ. eins og það er, þá koma miklu fleiri þættir inn í það heldur en tilbúnar húseiningar. Í dag er það þannig, að aðeins sú vinna, sem unnin er á byggingarstað, er söluskattsfrjáls, vinna, sem unnin er á verkstæðum, er söluskattsskyld. Þannig er eldhúsinnrétting, sem smíðuð er á verkstæði, söluskattsskyld, en vinna við uppsetningu hennar í húsinu er söluskattsfrjáls. Ef eldhúsinnréttingin væri smíðuð í húsinu sjálfu, þá mundi hún vera söluskattsfrjáls. Sama gildir um fataskápa, glugga og fleiri hluti sem notaðir eru í hús. Hér er því um mjög stóran flokk að ræða, ekki aðeins þessar tilbúnu húseiningar, heldur einnig alla þá hluti sem smíðaðir eru í hús á verkstæðum.

Hitt er svo annað mál, að húseiningarnar búa hér við sérstakt ranglæti, og ef það kæmi til greina, eins og hefur staðið til, að gera eitthvað sérstaklega í þeim efnum, þá býst ég við að það færi betur á því að heimila endurgreiðslu til þeirra aðila sem kaupa slíkar húseiningar, þannig að þeir sitji við svipað borð og aðrir sem standa í húsbyggingum.

En ég skal ekki, herra forseti, þreyta menn með lengra máli að þessu sinni. Ég vildi aðeins benda á að hér er um flókið mál að ræða og málaflokk sem er orðinn algjör frumskógur, eins og ég tók fram áður, og vil aðeins ítreka það, að það er mjög nauðsynlegt að nú þegar fari fram endurskoðun á allri þessari löggjöf.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þessar ábendingar hv. þm. eru allar fyllilega réttar og eiga rétt á sér. Það er vissulega rétt hjá honum, að menn mættu gjarnan í öllu þvarginu og þrasinu út af tekjuskattinum huga örlítið betur að þessari skattheimtu og ýmsu ranglæti sem viðgengst þar. Það er nú svo einkennilegt með okkur, að þessi skattheimta eins og hverfur hjá fólki á meðan það lítur miklu stærri augum á þá skattheimtu sem er ekki nema brot af þessu. Væri betur að við hv. þm. gætum, þó síðar væri, sameinast um að breyta því fyrirkomulagi á þann veg, að hinir beinu skattar yrðu ríkari í innheimtunni, en jafnframt réttlátari, en hinir óbeinu, eins og söluskatturinn, yrðu þá þeim mun lægri. Ég tek fyllilega undir það með hv. þm.

Um það, hvernig ég orðaði þetta, þá er alveg rétt, sem hv. þm. tók fram, að þetta nær yfir víðara svið. En ég lenti í örlitlum vandræðum með þetta mál vegna þess, eins og við vitum báðir, að svona hús eru smíðuð austur á landi hjá okkur og það er varla hægt að segja að þau séu framleidd í verksmiðju. Það er erfitt að segja það. Ég veit ekki hvað á að kalla það, má segja verkstæði eða starfsstöð, eins og nefnt er í frv., og því er þetta þarna komið inn. En ég tek alveg undir það, að þarna verður að finna einhverja millileið ef mögulegt væri að fá þetta samþ. En orðið „verksmiðja“ náði ekki beint til þessa fyrirtækis sem ég hafði þarna alveg sérstaklega í huga, og því setti ég þessi orð þarna: verkstæði eða starfsstöð, inn í, en skal alveg taka undir það, að hér er einungis um að ræða leiðréttingu á þessu misrétti varðandi húseiningarnar, en ekki að ég ætlaði að undanþiggja söluskatti eldhúsinnréttingar og annað slíkt, þó að þar sé vissulega um visst misrétti að ræða líka. Aðalatriðið er þetta sem lýtur að húseiningunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 77. fundur.

Föstudaginn 29. apríl, að loknum 76. fundi.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 619). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 46). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 620).

Neðri deild, 79. fundur.

Föstudaginn 29. apríl, kl. 4 síðdegis.

Innlend endurtrygging, frv. (þskj. 401, n. 566). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður um þetta nál. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um efni frv. á fundum sínum og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum, frv. (þskj. 539). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum felur í sér þá breytingu frá því, sem nú er í gildi í lögum um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, að 0.2% af brúttósölu tóbaks er varið til þess að vinna gegn tóbaksreykingum með áróðri og auglýsingum, en þetta frv. gerir ráð fyrir að kostnaður við þessa starfsemi verði greiddur á fjárl., eins og tekið verður í fjárlög hverju sinni. Hefur orðið að samkomulagi á milli fjmrh. og mín að hann taki upp í fjárlagafrv. 20 millj. kr. á næsta ári í þessu skyni.

Alþingi samþykkti á s. l. vetri till. um að skipa n. til að vinna að því að draga úr tóbaksnotkun, og með þeirri till. hefðu verið tvær n. að fjalla um þetta sama mál. Þótti rétt að samræma þetta og veita heilbrrh. með þessu frv. heimild til að skipa samstarfsnefnd sem hafi með höndum framkvæmd þessara mála.

Í Ed. var þessu frv. mjög vel tekið og það afgreitt þaðan með shlj. atkv. Aðeins einn þm. þar lét í ljós andstöðu við þetta frv., en enginn greiddi þó atkv. á móti frv. Ég held að sé líka mikils virði sá mikli áhugi sem ungt fólk og sérstaklega börn í barnaskólum hafa nú hafið fyrir því að vinna gegn tóbaksnotkun, og það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að Alþ. sýni bæði þeim og öðrum að það vilji vinna eindregið að því að draga úr tóbaksnotkun. Ég ætla ekki að fara hér inn á skaðsemi tóbaksreykinga. Það vita allir og þekkja það vel. Ég hygg að með þessu frv. sé verið að stíga skref í rétta átt og til samræmis við það sem er að gerast á hinum Norðurlöndunum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 576). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum fylgja úr hlaði því frv. til l. um breyt. á tekju- og eignarskattslögum sem hér er til umr. Það langa nafn, sem frv. ber, er ein af vísbendingum um hversu tímabær er orðin setning nýrra laga um tekju- og eignarskatt, eins og reyndar frv. það til l. um tekju- og eignarskatt, sem verið hefur til meðferðar hér á Alþ. undanfarna mánuði, gerir ráð fyrir. Það var hins vegar í upphafi gerð grein fyrir því, að gera yrði breytingu á núverandi lögum um tekju- og eignarskatt vegna skattlagningarinnar í ár og flutt yrði sérstakt frv. þar að lútandi.

Frv. hefur þann tilgang að koma í veg fyrir verulegar breytingar á skattbyrði vegna þess framreiknings á fasteignamati í landinu sem gildi tók í árslok 1976. Efni þess er útlistað í grg.

1. gr. felur í sér þá takmörkun, að fyrning á fasteignamatsverði, sem heimil er samkv. 3. mgr. B-liðar 15. gr. 1., sbr. 3. gr. l. nr. 60/1973, skuli miðast við fasteignamat eins og það var í upphafi árs 1976 og raunar var gildandi allt það ár, en ekki eins og það var á síðasta degi ársins.

Í 2. gr. er á hinn bóginn gert ráð fyrir tvenns konar breytingu. Önnur er breyting á skatthlutfalli og skattstiga sem stendur í beinu sambandi við framreikning fasteignamatsins. Skattstigi einstaklinga, sem verið hefur 0.6% og 1% verður nú einungis eitt þrep, 0.8% samkv. frv., en skattur félaga, sem verið hefur 1.4%, verður 0.8%. Skattskyldumörkum einstaklinga er hins vegar breytt verulega, þannig að í stað 2.7 millj. kr. skattfrjálsrar eignar, sem verið hefur í gildi s. l. ár, komi 6 millj. kr. fyrir einstaklinga, en 9 millj. kr. fyrir hjón. Þetta er nýmæli, þar eð skattfrjáls eign einstaklinga og hjóna hefur til þessa verið hin sama. Breyting þessi er í átt við þær till. um þetta efni sem gerðar eru í frv. því sem verið hefur til meðferðar Alþingis undanfarnar vikur. Eignarskattshlutfall félaga miðast hins vegar eingöngu við hækkun grunnsins sem reiknað er af, enda er gert ráð fyrir að eignarskattsbyrði félaga verði með þessum hætti jafnmikil og hún var, en eignarskattsbyrði einstaklinga lækki lítillega að heildarfjárhæð. En greiðendum eignarskatts mun fækka með frv. þessu, ef að lögum verður, um 10 þús.

Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa launþegasamtaka og ríkisins um leiðir sem vera kynnu færar til lækkunar tekjuskatts í tengslum við kjarasamningaumleitanir þær sem nú standa yfir. Í þessum umr. hefur einnig nokkuð verið fjallað um útsvarsálagningu, og hugsanlegt er að breyting á henni komi til greina sem liður í ráðstöfunum í þessu sambandi. Fulltrúar launþega hafa bent í höfuðatriðum á þær leiðir sem launþegasamtökin telja sínum félögum koma einna helst að gagni við slíka lækkun skatta. Hins vegar hljóta skattbreytingar af þessu tagi að koma því aðeins til álita, að samningar séu að takast innan þess ramma sem ætla mætti að hagkerfið þoli, miðað við hæga niðurfærslu verðbólgustigsins og jöfnuð í viðskipt-

um við útlönd. Þar sem þær umr., sem ég hér gat um, hafa ekki komist á lokastig, er ekki tímabært að leggja fram á Alþ. að svo stöddu till. í þessa átt. Skýrist hins vegar línurnar í kjarasamningunum meðan frv. þetta er til meðferðar Alþingis má gera ráð fyrir að gerðar verði till. um breytingar á frv. þar að lútandi. Dragist hins vegar fram yfir þinglok niðurstaða þessa máls, þá er gerð grein fyrir því í grg. þessa frv., að nauðsynlegt kunni að verða að gera breytingar á skattalögum með brbl. í þá veru sem slíkt samkomulag yrði. Rétt þótti að vekja sérstaka athygli á því, að verði ekki orðið samkomulag í þessum málum áður en þingi lýkur, þá megi búast við því að gefin verði út brbl. ef samkomulag næst um þessi mál.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja meir um þetta frv. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Skálholtsskóli, frv. (þskj. 592 (sbr. 433)). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt í Ed. og hefur fengið þar einróma afgreiðslu, að ég hygg, og er nú komið til Nd.

Eins og kunnugt er hefur um hríð starfað skóli í Skálholti. Þessi skóli var reistur fyrir forgöngu þjóðkirkjunnar og Skálholtsfélagsins. Áhugasamir aðilar á Norðurlöndum veittu mjög mikilsverðan fjárstuðning við byggingu skólans og einnig ríkissjóður, sem hefur lagt fram fé á fjárl. nú um nokkur ár sem stofnkostnað. S. l. ár var þetta framlag 6 millj. kr.

Skálholtsskólinn hefur frá upphafi starfað með líku sniði og lýðháskólarnir á Norðurlöndunum hinum. Vísir að slíkri starfsemi var hér upp kominn í landinu áður, þar sem voru héraðsskólarnir. En eftir að þeir voru felldir inn í hið almenna skólakerfi hefur ekki verið völ á hliðstæðri skólagöngu hérlendis eins og kostur er á á Norðurlöndunum hinum.

Með flutningi þessa frv. er stefnt að því að setja löggjöf um Skálholtsskóla. Starfsemin yrði með sama sniði og áður, en hér er lagt til að ríkissjóður veiti skólanum fjárstuðning í sama mæli og Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn njóta nú samkv. nýrri löggjöf um viðskiptafræðslu. Ákvæðin um hluttöku ríkissjóðs í kostnaði eru sniðin eftir þessari löggjöf. En skólinn verður hins vegar sjálfseignarstofnun, eins og raunar fyrrnefndu skólarnir, og ber kirkjuráð ábyrgð á fjárreiðum hans, eins og segir í 8. gr.

Í frv. er ákvæði um stjórn skólans og ákvæði um hvernig ráðstafa skuli húsnæði hans ef skólahald yrði lagt niður.

Það er óhætt að segja að starfsemi þessa skóla það sem af er hefur notið almennra vinsælda. Það sést á því, að umsóknir hafa verið fleiri en svo að hægt hafi verið að sinna þeim öllum. Alþ. hefur einnig sýnt hug sinn til þessa skóla með fjárveitingum þeim sem ég gat um áðan. Þetta virðist mér mæla með því að nú yrði af hálfu Alþ. tekið af skarið um afstöðu til þessa skóla og sett löggjöf í líku formi og hér er lagt til.

Hagsýslustofnunin hefur fjallað um þetta mál og sendi umsögn sína til menntmn. Ed., en af henni má ráða að sá kostnaður, sem falla mundi á ríkið samkv. lögum þessum og vegna rekstrar skólans, yrði ámóta mikill og sú fjárhæð sem veitt var á fjárl. s. l. ár, örlítið meiri þó, en ekki nema sem svarar nokkur hundruðum þús. kr. meiri samkv. umsögn hagsýslunnar.

Ég held að ég fjölyrði ekki frekar um þetta frv., leyfi mér að vísa til aths., sem því fylgja, og legg til að því verði vísað til menntmn. að lokinni þessari umr. Jafnframt vil ég nú bera fram þau tilmæli að hv. menntmn. og hv. d. veiti frv. brautargengi, þannig að það megi, þó seint sé á ferðinni, verða að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 21). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er eins ástatt um þetta frv. og það sem ég mælti fyrir hér áðan, að það var lagt fram í Ed. og hefur verið afgreitt þaðan, að ég hygg einróma. Hins vegar var þetta frv. lagt fram snemma á þessu þingi, en frv. um Skálholtsskóla er síðar fram komið.

Um aðdraganda þessa máls og undirbúning þess, fyrst og fremst um aðdragandann að þessari frv.-gerð, leyfi ég mér að vísa til þeirra aths., sem prentaðar eru með frv., og þess nál. mþn., sem þar fylgir einnig.

Þessu frv. er ætlað að marka í megindráttum hversu haga beri stuðningi ríkisvalds og sveitarfélaga við leiklistarstarfsemina í landinu. Í því eru hins vegar engin fyrirmæli um fjárhæðir framlaga, en gert er ráð fyrir að þær verði ákveðnar í fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga hverju sinni.

Annað meginatriði frv. er að stofna leiklistarráð með aðild þeirra sem ætla má að einkum láti leiklist til sín taka. Ráðinu er ætlað, eins og segir í frv., að vera vettvangur skoðanaskipta og umr. um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma. Þá er gert ráð fyrir því, að leiklistarráð kjósi þriggja manna framkvæmdastjórn.

Enginn verulegur kostnaður mundi fylgja þessari lagasetningu, aðeins framkvæmdastjórnin fengi greidda þóknun og greiða yrði ferðakostnað í sambandi við fundi.

Um þessar mundir er töluvert mikil — ég held að óhætt sé að segja mikil gróska í leiklistarstarfsemi íslendinga, margs konar, bæði starfsemi atvinnufólksins, fagmannanna, og áhugaliðsins einnig. Og þegar þannig er ástatt virðist mér fyllilega tímabært að setja ramma-

löggjöf um stuðning hins opinbera við leiklistina og jafnframt efna til starfsemi á borð við þá sem áformað er að leiklistarráð og framkvæmdastjórn þess hafi með höndum.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn. Og ég vil nú segja sama og ég sagði áðan, að ég vil leyfa mér að vænta þess, þó að málið komi seint til hv. d., — það er búið að liggja lengi fyrir Alþ., — að hv. menntmn. og hv. d. sjái sér fært að greiða fyrir framgangi þess.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þetta mál er 21. mál Ed. og hefur því verið æðilengi til meðferðar í þeirri hv. d., og menntmn. þeirrar d. mælti með samþykkt þess óbreytts. Ég held að þetta frv. hefði þó þurft nánari athugunar við. Ef ég man rétt fjallaði þál. sú, sem er hvati þessa frv., um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi fyrst og fremst. Hins vegar er komið inn í frv. þetta heilmikið ráð sem heitir leiklistarráð.

Ég geri fyrst og fremst aths. við 1. liðinn í 4. gr., þar sem greint er frá hlutverki þessa leiklistarráðs. Þar segir, með leyfi forseta, að þessu leiklistarráði sé ætlað „að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma". Það getur í sjálfu sér ekki skaðað þótt fjölmennt leiklistarráð komi saman og skiptist á skoðunum. Hitt tel ég mjög varhugavert, að setja í lög að það skuli stuðla að stefnumótun á sviði leiklistarmála. Hér er að mínu viti um allt of víðtækt ákvæði að ræða og óskilgreint. Ef það stendur svona í frv., þá er hætta á að leiklistarráð gæti misskilið hlutverk sitt, að það ætti að fara að búa til eitthvað sem héti opinber stefna í leiklistarmálum sem skyldi ráða, án tillits til hvað hinn einstaki rithöfundur eða listamaður teldi sjálfur. Ég mun því leggja til í n. að þessi liður falli niður.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir till. um að vísa þessu máli til menntmn. sem og öðru mikilsverðu máli þar sem umr. er lokið. Ástæðan fyrir því, að ég kem hingað í ræðustól, er einfaldlega sú, að ég get ekki orða bundist að vekja athygli hæstv. ráðh. á því og hæstv. forseta, að starfsháttum þingsins og leyfum þm. er þann veg farið, að hér er á vettvangi í dag hvorki formaður né varaformaður menntmn. Ég tel þetta harla miður farið þegar í hönd fer helgi og nánast eru tveir starfsdagar eftir af þinginu eftir helgi, miðað við það sem áætlað er. Það hefði kannske verið hlutverk stjórnarandstöðunnar að benda á þetta. En ég er mjög ósáttur um þetta, ekki síst þar sem hér er á ferðinni mál sem búið er að vera fyrir þinginu mestallan veturinn og þannig horfir nú þegar dregur að þingslitum.

Efnislega ætla ég ekki að ræða um frv. á þessu stigi þar sem ég hef tækifæri til þess í n., ef tekst að ná henni saman.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Tollskrá o.fl., frv. (þskj. 527, n. 557). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það er komið frá hv. Ed.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kjarasamningar starfsmanna banka, frv. (þskj. 500, n. 580). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. er sammála um að mæla með þessu frv., og er álit n. á þskj. 580. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Hæstv. viðskrh. mælti fyrir frv. á fundi d. í gær og í máli hans komu fram öll efnisatriði þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Endurhæfing, þáltill. (þskj. 76, n. 587). — Frh. einnar umr.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þetta mál hefur legið alllengi fyrir heilbr.- og trn. Það varð að samkomulagi að vísa till. til ríkisstj. með þeirri smábreytingu á upphaflegu till., að læknisfræðilega endurhæfingin heyrði undir heilbrrn. Nm. þótti þetta í sjálfu sér eðlilegt og gott mál og náðist um það samstaða eftir nokkrar aths. af hálfu flm., en það hefur orðið samkomulag um það og skrifa allir nm. undir nál.

ATKVGR.

Till. á þskj. 587 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 21 shlj. atkv.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðgildi íslenskrar krónu, þáltill. (þskj. 307, n. 547). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 547 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 21 shlj. atkv.

Öryggisráðstafanir á vinnustöðum, frv. (þskj. 457). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 80. fundur.

Föstudaginn 29. apríl, að loknum 79. fundi.

Innlend endurtrygging, frv. (þskj. 401). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 621).

Kjarasamningar starfsmanna banka, frv. (þskj. 500). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 622).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 549, n. 597, 598). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. Nd. fjallaði um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Sá undanfari hefur verið að þessu máli, að sú undirbúningsvinna hefur verið viðhöfð eins og undanfarin ár, að formenn allshn. beggja d. hafa ásamt skrifstofustjóra Alþingis farið mjög nákvæmlega yfir þær umsóknir sem borist höfðu. Þetta er sú málsmeðferð sem venja hefur verið. Ég vísa til þeirra skilyrða, sem prentuð eru á þskj., um það sem þeir menn verða að uppfylla sem veittur er ríkisborgararéttur.

N. mælir eindregið með að þeim, sem tilgreindir eru í frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í Ed. og prentað á þskj. 549, og enn fremur konu þeirri, sem getið er um í brtt. á sérstöku þskj., verði veittur ríkisborgararéttur. En þessi brtt., sem n. flytur á þskj. 598 við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, er svo hljóðandi:

„Við 1. gr. Við greinina bætist í stafrófsröð.
Ström, Jastrid Olina Susanna, húsmóðir á Akureyri, fædd í Færeyjum 8. júlí 1928."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 469). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um framhaldsskóla. Í lögum um skólakerfi frá 21. maí 1974 segir svo í 2. gr.:

„Skólakerfið skiptist í þrjú stig: 1. skyldunámsstig, 2. framhaldsskólastig, 3. háskólastig. Á skyldunámsstigi er grunnskólinn. Á framhaldsskólastigi eru almennir framhaldsskólar, þ. á m. fjölbrautaskólar og menntaskólar, svo og sérskólar. A háskólastigi er háskóli og hliðstæðir skólar."

Lög um fyrsta þátt þessa þrískipta skólakerfis, grunnskólalögin svonefndu, voru sett sama dag, þ. e. 21. maí 1974. Þau lög eru nú óðum að koma til framkvæmda og það leiðir aftur til þess, að óhjákvæmilegt er að samhæfa nám í grunnskóla og framhaldsskóla.

Þegar hér var komið sögu, að sett höfðu verið lög um skólakerfi og grunnskóla, lá beint fyrir að hefja undirbúning að nýrri löggjöf um framhaldsskólastigið í heild. Í grunnskólalögunum felast það miklar breytingar frá fyrri lögum að endurskoðun næsta skólastigs var eðlileg og raunar óhjákvæmileg þegar af þeim sökum. En jafnframt var slík endurskoðun sjálfsögð frá almennu sjónarmiði. Framhaldsskólarnir höfðu þróast stig af stigi og hver um sig eftir því sem efni stóðu til án verulegra aðgerða til heildarskipulags og samræmingar á þessu skólastigi, og miklar breytingar hafa orðið á síðari árum og áratugum á námskröfum og almennu viðhorfi til skólamála. Er skemmst frá að segja, að á síðustu árum hefur eftirspurn eftir framhaldsnámi að loknu gagnfræðaprófi og landsprófi miðskóla farið vaxandi og jafnframt hefur mjög ákveðið verið óskað eftir auknu og fjölþættara námi miðað við það sem kostur hefur verið á til þessa.

Ýmislegt hefur verið gert til að mæta nýjum þörfum og nýjum óskum. En þessi viðleitni hefur nær eingöngu beinst að afmörkuðum brautum framhaldsskólastigsins og þess ekki verið gætt að stigið myndaði í raun, eins og það þarf að gera, eina samvirka heild sem verður að vera í eðlilegum tengslum við aðliggjandi skólastig beggja vegna. Urbætur, sem gerðar hafa verið, hafa því stundum ekki reynst til frambúðar.

Að undanförnu hefur margt verið rætt og ritað um skipan náms á þessu skólastigi. Lög og reglugerðir um einstaka skóla hafa verið tekin til endurskoðunar og ný löggjöf verið sett, m. a. um viðskiptamenntun. Nefndir hafa verið skipaðar til þess að fjalla um veigamikla þætti framhaldsskólans. Má þar t. d. nefna verk- og tæknimenntunarnefnd sem skilaði í júlí 1971 ítarlegri grg. um verk- og tæknimenntun á Íslandi, iðnfræðslulaganefnd sem skilaði till. um þróun verkmenntunar í des. 1975, n. sem endurskoðar lög um hjúkrunarnám og skilaði till. í júní 1976, og ýmsa starfshópa sem hafa undirbúið stofnun fjölbrautaskóla og fleira og fleira raunar.

Öll þessi vinna og athuganir, sem gerðar hafa verið, hafa beinst að afmörkuðum sviðum framhaldsskólastigsins, en ekki skólastiginu í heild, eins og ég áðan sagði. Þrátt fyrir þetta hefur umr. um einstaka þætti og endurskoðun þeirra leitt til þess, að smátt og smátt hafa komið fram hugmyndir um æskilegt skipulag framhaldsskólanna er hafa hnigið mjög í eina átt, en þó ekki verið felldar saman í eina heild. Hins vegar varð mönnum æ ljósari, eftir því sem stundir liðu fram, þörfin á samræmdu og heilsteyptu

skipulagi fyrir framhaldsskólana alla saman. Á þetta legg ég ríka áherslu, og af þessu leiðir það, að ég tel ekki tímabært nú að leggja fyrir Alþ. ein sér þau frumvörp um einstaka og oft umfangsmikla skóla sem fyrrnefndir starfshópar hafa unnið fyrir rn. Eins og nú er komið málum tel ég að fyrst þurfi að kryfja til mergjar áformin um að fella allt framhaldsskólastigið í samræmda heild í stærstu dráttunum. En vinna téðra starfshópa og tillögur hafa vissulega komið að notum strax við samningu þessa frv., eins og ég hef raunar þegar tekið fram. Og allt verður þetta til meðferðar við þá umfjöllun málsins í heild sem nú verður fram haldið.

Hinn 25. nóv. 1974 skipaði menntmrh. n. til þess að gera till. um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi. Í n. áttu sæti fjórir deildarstjórar í menntmrn., þeir Hörður Lárusson, sem var formaður n., Árni Gunnarsson, Indriði H. Þorláksson og Stefán Ólafur Jónsson. Þessi n. byggði starf sitt að hluta á þeirri forvinnu sem átt hafði sér stað, ekki síst á sviði verkmennta. N. hafði og formlegt og óformlegt samráð við fjölmarga aðila, og nm. sjálfir hafa í starfi sínu í menntmrn. á undanförnum árum einmitt fjallað um framhaldsskólastigið og um skipulag náms og skólahalds.

Þessi n. skilaði til menntmrh. frumtillögum 21. júlí 1976 til þess að gera honum þá grein fyrir meginhugmyndum sínum. Þá hafði n. kynnt og rætt ýmsa þætti till. á fundum með kennurum og skólastjórum við grunnskóla og framhaldsskóla og með fleiri aðilum, eftir því sem til náðist og tími hafði unnist til.

Dagana 8. og 9. okt. 1976 boðaði menntmrn. til ráðstefnu á Hótel Esju í Reykjavík með þátttöku manna frá skólum og atvinnulífi. Voru tillögurnar frá 21. júlí kynntar og ræddar í starfshópum á þessari ráðstefnu.

Það er nauðsynlegt að geta þess hér, að á þessu stigi, þegar þessi ráðstefna var haldin, lágu ekki fyrir þær hugmyndir um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga sem formaðar eru í frv. eins og það liggur fyrir nú. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar iesin er fundargerð frá nefndum kynningarfundi, en hún er prentuð með frv. sem fskj. Um fjármálaþáttinn verður rætt nokkru nánar síðar í þessu máli.

Menntmrh. fól síðan n. að endurskoða till. með hliðsjón af því sem fram kom á ráðstefnunni. N. lauk þeirri endurskoðun fyrir nokkrum vikum og hafði þá jafnframt gert ýmsum þáttum fyllri skil og bætt við nýjum, sbr. það sem ég sagði rétt í þessu um fjármálaþáttinn.

Hinn 21. febr. 1977 skilaði n. till. þeim um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi sem hér liggja nú fyrir í frv.-formi ásamt grg. n. og fskj. sem hér er prentað með. Frv. er nú lagt fram til kynningar, en eigi að því stefnt að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Svo yfirgripsmikil mál sem þetta þurfa að sjálfsögðu vandlega skoðun bæði innan þings og utan áður en unnt er að lögfesta frv., svo að þetta leiðir af sjálfu sér. Málið er sem sagt lagt fram til kynningar. Ríkisstj. hefur ekki fjallað um það í einstökum atriðum og því eigi tekið ákvörðun um þá heildarstefnu sem í því felst. Hins vegar hefur n. sú, sem vann frv., haft náið samráð við menntmrh. um meginlínur og um einstaka þætti þess, Það er því stefnumótandi fyrir menntmrh. og menntmrn., svo langt sem það nær, sbr. það sem ég áðan sagði um afstöðu ríkisstj.

Um framhaldið, meðferð málsins á næstu mánuðum, mun ég tala nánar í lok þessarar ræðu.

Til þess nú að sneiða hjá því að lengja framsögu í þessu umfangsmikla máli langt úr hófi, þá mun ég hafa þann hátt á að reyna fyrst að bregða upp heildarmynd í sem allra stystu máli. Síðan ræði ég nokkru nánar um þau atriði ein sem nýstárlegust eru eða ætla má að þarfnist skýringar öðrum fremur. Ég vil þá fyrst segja nokkur orð um heildarsvip frv.

Frv. er ætlað að mynda lagaumgjörð um samræmdan framhaldsskóla. Í þessu felst að nám á framhaldsskólastigi, þ. e. á bilinu milli grunnskóla og háskóla, falli inn í samræmt kerfi, bæði að því er varðar skipulag og námsefni og greiðslu kostnaðar. Tilgangurinn er sá, að kleift verði að nýta sameiginlegt grunnnám eða námsþætti á mismunandi námsbrautum sem stefna að fjölbreytilegum markmiðum. Með skipulagi námsefnis við sambærilega námsáfanga verði unnt að marka skýrar og greiðar leiðir milli námsbrauta og til framhaldsnáms. Meginstefnan er sú, að engin námsbraut verði blindgata. Bæði í því efni og öðrum stefnir frv. að auknu jafnræði bóklegs og verklegs náms. Það skipulag, sem frv. gerir ráð fyrir, á að auðvelda að unnt sé að koma við markvissu námi á framhaldsskólastigi víðar en nú á sér stað, jafnframt því að gætt sé nauðsynlegrar hagkvæmni í skólarekstri. Kveðið er á um að allir, sem lokið hafa námi í grunnskóla, eigi rétt á að stunda nám í framhaldsskóla. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipulag framhaldsskólans henti vel til fræðslu fullorðinna.

Frv. markar þá stefnu að allt nám á framhaldsskólastigi verði sameiginlegt viðfangsefni ríkis og heimaaðila, bæði að því er varðar stjórnunaráhrif og kostnaðarábyrgð. Í þessu skyni er gert ráð fyrir að fræðsluumdæmi samkv. grunnskólalögunum, þ. e. kjördæmin, verði einnig lögð til grundvallar við skiptingu landsins í framhaldsskólasvæði. Fræðsluráðum verði, eftir því sem við getur átt, fengið hliðstætt hlutverk varðandi framhaldsskóla og þau gegna nú á sviði grunnskóla. Þá er og gert ráð fyrir sem meginreglu að sveitarfélög í hverju fræðsluumdæmi skipti með sér sínum hluta kostnaðar við framhaldsskólahald á móti ríkinu.

Í fjármálaákvæðum frv. felast þau meiri háttar nýmæli, að gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi að þessu leyti um allt skólahald á framhaldsskólastigi án tillits til þess hvers eðlis námið er. Ætti það enn að styðja að því að gera kosti verklegs náms sambærilega þeim sem bóklegt nám býr við. Ákvæðin um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga eru fyrst og fremst reist á þeirri skoðun að æskilegt sé að færa ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi á hendur þeirra að meira marki en tíðkast hefur.

Frv. gerir ráð fyrir að við setningu hinna nýju laga verði felld úr gildi flest lög um einstaka skóla eða skólagerðir á framhaldsskóla-

stigi, en nánari ákvæði um námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla sett í reglugerð. Undantekning er þó gerð t. d. að því er varðar búnaðarskóla. Mælt er fyrir um í frv. að hin nýju lög öðlist gildi á miðju ári 1980, en þegar verði hafist handa um undirbúning að framkvæmd þeirra m. a. með ráðstöfunum er miði að samhæfingu náms á framhaldsskólastigi. Er í því skyni gert ráð fyrir heimild til að gera smám saman ýmsar breytingar á starfi skólanna í þá stefnu sem lögin marka. Í grg. eru rakin ýmis verkefni sem vinna þarf til að búa í haginn fyrir nýja skipan, þ. á m. samning samræmdrar námsskrár fyrir framhaldsskólastigið, en það verk er bæði umfangsmikið og kostnaðarsamt. Jafnframt er það ein meginforsenda þess, að hugmyndin um samræmdan framhaldsskóla komist til raunhæfrar framkvæmdar.

Í grg. n., sem frv. samdi, eru reifaðar hugmyndir um skiptingu framhaldsskólans í námssvið og námsbrautir, tengsl þeirra og markmið. Jafnframt eru settar þar fram til umræðu hugmyndir um skólaskipan á framhaldsskólastigi, þ. e. hvaða nám gæti orðið um að ræða á mismunandi skólastöðum.

Eftir að hafa þannig með örfáum orðum reynt að gera grein fyrir heildarsvipmóti frv., þá vil ég, eins og ég áðan sagði, víkja að nokkrum, en ekki mjög mörgum einstökum þáttum þess, og vil ég þá fyrst ræða nokkuð um námsbrautir og námssvið.

Tillögur n. fjalla um heildarskipulag náms á framhaldsskólastigi og eru því gerðar án tillits til einstakra stofnana. N. lagði fyrst og fremst áherslu á að afla almennra upplýsinga um nám og námsbrautir, en umfjöllun um málefni stofnana kemur aðallega til á síðara stigi, þegar afstaða hefur verið tekin til þeirra skipulagstillagna sem hér liggja fyrir. Þeim markmiðum, sem felast í till. n., verður ekki náð nema starfshættir og hlutverk skólanna breytist frá því sem nú er. Þessar breytingar koma fram sem afleiðing af breyttu námsefni og breyttu skipulagi kennslu, auk þess sem störf skólanna verða samræmd. Hlutverk sumra skóla breytist vafalaust mikið, en annarra lítið ef nokkuð.

Samræmdur framhaldsskóli er skipulagður sem ein heild, bæði að því er varðar uppbyggingu náms og skólastofnana. Skipulagningin er tvíþætt og beinist bæði að innri og ytri skipulagsþáttum. Hin innri starfsemi tekur mið af námsefni og öðrum námsgögnum, náminu sjálfu, kennslu og námsmati. Hin ytri starfsemi aftur á móti lýtur m. a. að stjórnun, tengslum skólans við stofnanir utan hans og fjármálum. Eðlilegt samspil þessara þátta er ein meginforsenda þess, að skólastarfið skili viðhlítandi árangri, og gildir það jafnt um bóklegt og verklegt nám.

Samræming á starfsemi stofnana er mikilvæg að vissu marki. Þó er nauðsynlegt að einstakir skólar hafi nokkurt sjálfræði í vali viðfangsefna og starfsháttum. Verksvið skóla getur ákvarðast af ýmsu, m. a. fólksfjölda á viðkomandi stað, athafnalífi þar, skólahúsnæði og búnaði, svo og af starfsliði.

Sú skipan, sem fram kemur í frv., gerir í raun ekki kröfu um breytingu á núverandi stjórnkerfi skólanna né hlutverki þeirra. Hins vegar hníga ýmis rök að því, að núverandi skólastofnanir taki upp fjölbreyttari viðfangsefni en þær sinna nú. Þá kemur einnig til álita að sameina tvo eða fleiri skóla undir sömu stjórn til þess að stuðla að fjölbreyttara námsframboði og um leið meiri samræmingu í starfi skólanna. Þetta atriði á m. a. að geta stuðlað að góðri nýtingu þeirra skólastofnana sem nú eru til í landinu, og það er vissulega mjög þýðingarmikið atriði.

Að því er varðar skipan námsbrauta á skólastofnanir koma eftirtaldir möguleikar til athugunar:

1. Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, t. d. fjölbrautaskólar.
2. Stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum, t. d. þegar tveir eða fleiri skólar eru sameinaðir undir eina stjórn.
3. Stakar brautir í sérgreindum stofnunum, og má sem dæmi nefna sérskólana.

Einn veigamesti þátturinn í endurskipulagningu framhaldsskólastigsins er gerð samræmdrar námsskrár fyrir allt stigið. Auk þess sem þarf að skilgreina hlutverk einstakra námsbrauta þarf að skipta öllu námsefninu, bæði í bóklegum og verklegum greinum, í hæfilega stóra áfanga og skilgreina markmið þeirra og innihald. Verkið yrði mjög mismunandi eftir greinum. Sumar eru kenndar á öllum fjórum árum framhaldsskólans svo og mörgum brautum, en aðrar eru aðeins kenndrar á einni önn og einni námsbraut.

Í grg. er greint frá því hvernig n. telur að samræmdur framhaldsskóli geti greinst í námssvið og námsbrautir. Gerðar hafa verið skýringarmyndir, skipurit eru þær líka kallaðar, um samræmdan framhaldsskóla, er sýna átta námssvið og nokkrar námsbrautir á hverju þeirra. Er þeim ætlað að auðvelda yfirsýn yfir það, hvernig n. telur að skipulag námsbrauta geti orðið. Jafnframt auðveldar það samanburð við það skólaskipulag sem í gildi er. N. telur að hinn samræmdi framhaldsskóli eigi að þróast frá því kerfi, sem við höfum, til hins nýja á þann hátt að núverandi skólar. breyti smám saman starfi sínu og falli með þeim hætti inn í samræmda framhaldsskóla, sbr. 13., 14. og 29. gr. í frv. til l. um framhaldsskóla og grg. með þeim. Þetta tekur auðvitað nokkurn tíma, en það ætti ekki að þurfa að valda losi í skólastarfinu ef rétt er að þessu staðið.

Um námssviðin út af fyrir sig vil ég svo aðeins segja þetta:

Yfirlitsmynd sú, sem ber yfirskriftina „Samræmdur framhaldsskóli“ á bls. 32 í frv., sýnir í stórum dráttum skiptingu framhaldsskólans í námssvið og að nokkru hvernig þau námssvið greinast í námsbrautir. Myndin sýnir einnig hvernig tengsl geta verið á milli námsbrauta innan sama námssviðs og við nám á háskólastigi. Hins vegar sýnir myndin engan veginn hvernig námið á einstökum brautum er skipulagt né hvernig það tengist námi á öðrum námsbrautum og námssviðum, og er það nánar skýrt á bls. 13.

Það er ótvíræður kostur samræmda framhaldsskólans, að nám á einstökum námsbrautum og námssviðum er unnt að tengja saman á ýmsa vegu. Á yfirlitsmyndinni eru sýnd öll þau tákn

sem notuð eru í skýringarmyndunum, og ég endurtek það, að þessar skýringarmyndir eru gerðar fyrst og fremst til glöggvunar á því, hvernig menn hugsa sér skipulag skólanna, fremur en þar séu settar fram fyllilega fastmótaðar tillögur. Rétt er að benda á það, að sá reitur, sem merktur er í skýringunum „verklegt og bóklegt nám“ og er að hálfu svartur og að hálfu hvítur, þarf ekki að tákna að bóknámi og verknámi sé skipt að jöfnu á námsárið, heldur að í náminu er umtalsverð verkkennsla. Og ekki ber heldur að líta á þá reiti, sem tákna verkþjálfun, alfarið sem eins árs tímabil, eins og ferningarnir annars tákna. Þetta verða menn allt að hafa í huga þegar skipuritin eru skoðuð.

Það er einnig rétt að benda á að skýringarmyndunum er alls ekki ætlað á nokkurn hátt að sýna tengsl við einstakar menntastofnanir. Þær hugmyndir, sem hér eru settar fram, eru óháðar því, hvaða hlutverki einstökum menntastofnunum er ætlað að gegna á framhaldsskólastiginu eða hvaða rn. hefur farið með eða færi með yfirstjórn einstakra skóla eða námsbrauta. Þetta leiðir af því sem ég áðan sagði um það, að skipulag skólastofnana kemur fyrst og fremst til á síðari stigum málsins.

Þar sem tvær skýrningarmyndir eru af sömu tegund, þá er annarri þeirra, sem er með lituðum reitum, ætlað að sýna helstu nýmæli í námi, sem í hugmyndunum felast, eða nám, sem hefur verið utan framhaldsskólans til þessa. Við töldum nokkuð þýðingarmikið að reyna að gera sem gleggsta grein fyrir þessu og gera mönnum við umfjöllun málsins, t. d. í sumar, sem þægilegast að átta sig á því, hvað er til nýmæla og hvað er aftur í meira samræmi við það sem nú gildir.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á því, að á aðalyfirlitsmyndinni skipa námssviðin misstórt rúm. Það merkir ekki á nokkurn hátt vægi einstakra námssviða í framhaldsskólanum, heldur hitt, hvernig n. þótti rétt að sýna í grófum dráttum hvernig hugsanleg námsgreining gæti orðið án þess þó að rýra heildarmarkmiðið, sem er samræming. Ég held að við athugun myndanna með þeim leiðarvísum, sem ég gef í þessari framsöguræðu og finna má í grg., eigi að vera unnt að sjá í megindráttum áætlaða námslengd og samgönguleiðir milli námsbrauta að verulegu marki a. m. k. En í námsskrá aftur á móti verður að kveða á um námsefni hverrar námsbrautar, og námsskráin er hinn raunverulegi grunnur sem allt nám verður að reisa á. Og af því markast að sjálfsögðu möguleikar hvers og eins til að flytjast milli námsbrauta og til að byggja upp nám sitt í framhaldsskólanum eftir mismunandi leiðum.

Þess ber að geta, að till. um einstakar námsbrautir getur þurft að endurskoða og þarf áreiðanlega að endurskoða þegar farið hefur fram gaumgæfileg athugun á markmiðum og inntaki námsins. Í lýsingum á einstökum námssviðum er að finna nánari skýringar á þeim breytingum sem felast í frv.

Ég mun þá ekki ræða frekar um námssviðin en víkja að fjármálalegum ákvæðum þessa frv. Ég held að ég verði að taka nokkurn tíma til þess að gera grein fyrir þeim sem best. Ég vil fyrst minnast á almennu atriðin.

Að því er fjármálastjórnun varðar byggir frv. á þeim meginatriðum, að ríki og sveitarfélög reki og stjórni framhaldsskólunum sameiginlega, og í öðru lagi, að fræðsluumdæmin verði með vissum frávikum stjórnunarheild og öllum sveitarfélögum gert skylt að kosta að sínu leyti það framhaldsnám sem uppi er haldið innan umdæmisins. Eins og fram kemur í grg. með frv. telur n., sem samdi það, mjög æskilegt að sveitarfélögin verði virkur stjórnunar- og fjárhagsaðili. Frv. miðar við að skipting kostnaðar verði að mestu með sama hætti og nú er í þeim fjölbrautaskólum sem starfa á grundvelli laga frá 1973, nr. 14 eru þau, þ. e. að kennslulaun greiðist úr ríkissjóði, en annar rekstrarkostnaður að hálfu af hvorum aðila. Þá er miðað við að stofnkostnaður og viðhald greiðist um það bil að 70% af ríkissjóði, sem er nokkru hærra en nú gildir um fjölbrautaskólana.

Samkv. reikningum skóla fyrir árið 1975 var rekstrarkostnaður og viðhald í skólum á framhaldsskólastigi, þ. e. skólum með nemendur ofan 9. bekks grunnskóla, samtals rösklega 1.5 milljarðar kr. og skiptist þannig, að ríkissjóður greiddi um það bil 1.42 milljarða, en sveitarfélögin um það bil 134 millj. kr. Miðað við sama heildarkostnað og ákvæði frv. má ætla að hlutur sveitarfélaganna yrði um 170 millj. kr., þannig að breyting á skiptingu kostnaðar virðist ekki veruleg.

Erfitt mun að leggja mat á áhrif frv. á kostnað af skólahaldi, þar sem um er að ræða rammalöggjöf sem ekki kveður á um ýmis þau framkvæmdaatriði sem verulega ákvarða kostnað. Um nokkur atriði má þó ráða hvaða áhrif frv. hefur á skólakostnaðinn og skal ég víkja að nokkrum þessara atriða.

Fjöldi unglinga á skólaaldri mun ekki fara vaxandi næstu 15—20 árin. Ef breyting verður á fjölda nemenda mun hún stafa af breyttu skipulagi náms, svo sem breytingum á lengd námsbrauta eða því að hlutfallsleg skólasókn breytist. Einnig kann skipting nemenda á námsbrautir að taka breytingum og getur það haft áhrif á kostnað.

Í frv. er gert ráð fyrir allverulega breyttum námstíma á ýmsum brautum. Í flestum þeim tilfellum ætti námstími að styttast nokkuð. Mestra áhrifa á kostnað er að vænta af því, að 4. bekkur gagnfræðastigs fellur niður, og ættu þeir nemendur, sem áður hafa farið í gegnum þann bekk, því að ná námslokum fyrr en verið hefur. Óvíst er þó að stytting þessi skili sér að fullu, þar sem ekki er enn ljóst hvort námstafir af öðrum orsökum muni vega þar á móti.

Þá er gert ráð fyrir að iðnnám styttist að árafjölda og verði því að jafnaði lokið á 2—3 árum í stað 3—4 ára nú. Þar á móti kemur svo aftur hitt, að gert er ráð fyrir meiri kennslu þau ár sem námið stendur yfir. Einnig er gert ráð fyrir að aðrar námsbrautir, svo sem hjúkrunarnám, styttist nokkuð frá því sem nú er — og verulega sé miðað við þær hugmyndir og tillögur um breytingar á því sem fram hafa komið á síðustu árum. Þá er í annan stað gert ráð fyrir að einstaka námsbrautir lengist nokkuð og nýjar verði teknar upp. Hinar nýju brautir munu þó ekki

valda verulegri fjölgun nemenda þar sem sókn í þær kemur væntanlega frá öðrum námsbrautum sem fyrir eru.

Ekki liggja fyrir þær upplýsingar um hlutfallslega skólasókn nú eða horfur á breytingum í því efni að unnt sé að meta hvort kerfisbreytingin muni hafa áhrif á fjölda nemenda af þeim sökum. Með hliðsjón af heildarfjölda nemenda nú er vart að vænta verulegra breytinga að þessu leyti. Hins vegar kann kerfisbreytingin að leiða til þess, að nemendur velji nú aðrar námsbrautir en verið hefur. Einnig má ætla að aukning verði í ýmsu starfsbundnu námi á kostnað almenns bóknáms. Slík breyting mun leiða til aukins kostnaðar að því marki sem starfsnámsbrautir eru dýrari, bæði vegna færri nemenda í námshópum og svo vegna verklegrar kennslu sem er dýrari en bókleg vegna uppbyggingar kennsluaðstöðu. Hins vegar eru þessar brautir að jafnaði styttri, en þó mun það varla vega upp hinn þáttinn, þannig að ef um verulega tilfærslu yrði að ræða yfir á verklegu sviðin, þá má ætla að það valdi auknum kostnaði.

Í grg. með frv. er gert ráð fyrir að skólasókn verði að jafnaði 60% af aldursárgangi í 4 ár að loknum grunnskóla. Það svarar til þess að hvert ungmenni stundi nám í 2.4 ár, ef allir eru taldir, eða um 2.8 ár, ef miðað er við þau 85% árgangs sem reiknað er með að hefji nám. Fjöldi nemenda samkv. þessu yrði rúmlega 10 þús. Í sambærilegu námi nú eru rúmlega 12 þús. nemendur eða 20% fleiri en áætlað er. Mismunurinn kann að stafa af því að skólasókn sé vanáætluð eða námstími of naumt skammtaður. Mestan hluta mismunarins má þó rekja til þess, að 4. bekkur gagnfræðastigs fellur niður, og svo til styttingar á iðnnámi. En að því er varðar fjölda nemenda virðist mega draga þá ályktun, eins og ég hef áður tekið fram, að um nokkra hækkun og e. t. v. verulega hækkun gæti orðið að ræða. — Þetta var almennt um kostnaðinn.

Ég vil þá víkja að áhrifum einstakra þátta örlítið nánar en komið hefur fram í þessum orðum.

Í lagafrv. er gert ráð fyrir aukinni áherslu á verkmenntun og m. a. á þann hátt að verknámsskólar leysi af hólmi meistarakerfið að nokkru leyti, en jafnframt gert ráð fyrir að önnur tilhögun verkkennslu verði reynd. Verknámsskólar hafa verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Þar sem þessi kennsla kemur í stað skólunar sem áður fór fram í atvinnulífinu án verulegs kostnaðar fyrir opinbera aðila er hér um nýjan kostnaðarlið að ræða. Ef miðað er við að 20% af árgangi fari í eins árs verknámsskóla og stundi þar nám að hálfu á móti öðrum helmingi í bóklegu námi verður þörf fyrir um það bil 70 kennslugreinar á landinu. Hver eining þarf um það bil ¾ af starfi kennara eða alls um 50 full ársstörf. Þá er ótalinn annar rekstrarkostnaður, og sá kostnaður mun ráðast mjög af því hversu stórir námshópar verða og hversu víða námi þessu verður komið upp, því að augljóst er að fullnýting aðstöðu fyrir svona nám verður nokkuð erfið utan Reykjavíkursvæðisins og allra stærstu þéttbýlissvæðanna vegna fárra nemenda annars staðar. Þetta verður auðvitað allt að meta þegar þar að kemur eins og menn leitast við að meta þessa hluti nú í dag.

Það er erfitt að meta hvort og þá hvaða áhrif lög, lík og frv. gerir ráð fyrir, muni hafa á stofnkostnað framhaldsskóla. Að því leyti sem það tekur til náms sem nú fer fram, þá er ekki þess að vænta að húsnæðisþörf aukist. Og ef fækkun nemenda verður, þá ætti að draga úr þörfinni fyrir nýtt húsnæði. Sú skipan, sem í till. felst, ætti og að leiða til þess að núverandi húsnæði skólanna nýtist vel, bæði ríkisskólanna og eins það húsnæði grunnskóla sem losnar vegna niðurfellingar á 4. bekk gagnfræðastigs og vegna búsetubreytinga innan Reykjavíkursvæðisins. Nýjar þarfir má ætla að séu fyrst og fremst vegna verknámsskólanna. Má ætla lauslega að hver kennslueining þurfi 400—500 fermetra, sem með búnaði má verðleggja á ca. 60 millj. kr. Slíkar einingar gætu orðið 40—50 talsins fyrir eitt verknámsár, eftir því hvernig tekst til með nýtingu þeirra, og stofnkostnaður þeirra, þessara 40—50 eininga, gæti orðið á bilinu 2.5—3 milljarðar kr.

Ég legg áherslu á það hér, þegar fjallað er um þennan þátt, að ég dreg í efa að menn geri sér alltaf grein fyrir því, þegar þeir ræða um þörfina á auknu verknámi, hversu gífurlega dýrt það er að færa verknámið í miklum mæli inn í skólana. Það er álitið að kennsla í verknámsskólum kosti fimmfalt til sexfalt meira en í bóknámsskólum. Þessu gera menn sér ekki fyllilega grein fyrir þegar þeir tala um það eins og léttan auðveldan hlut að færa úr bóknámi yfir í verknám. Í þessu sambandi finnst mér ástæða til þess að vekja athygli á því, eins og ég hef gert áður hér á hv. Alþ., að það er gífurlega vandasamt að meta hversu mikið af verklegu æfingunni skuli fara fram í verknámsskólunum og hversu mikið úti í atvinnulífinu. Það er margt sem þarna kemur til greina og verður að taka tillit til. M. a. má benda á kröfuna um aukinn vélbúnað í þeim skólum sem einkum kenna tækni og vélvæðingu. Jafnvel þótt menn hefðu morð fjár er vonlaust að fullnægja þessari kröfu, svo ör er þróunin úti í atvinnulífinu, t. d. í sjávarútvegi og raunar annars staðar þar sem mest vélvæðing er í þjóðfélaginu, að það má kalla óhugsandi að hafa ævinlega það nýjasta inni í skólanum. Þess vegna verður meira en ella af verklegu kennslunni að fara fram úti í atvinnulífinu. En skólinn verður auðvitað að hafa forustu um það og fylgjast með því að sú kennsla fari fram á eðlilegan hátt og nýtist sem allra best.

Að því er tekur til heimavistar fyrir nemendur, þá þarf ekki að ætla að veruleg þörf sé fyrir aukið húsnæði af þeim sökum umfram það, sem fyrir er, og umfram það, sem ákveðið hefur verið eða a. m. k. áformað er að byggja af slíku húsnæði.

Kostnaður vegna sóknar nemenda í framhaldsskóla greiðist í dag af einstaklingum að öðru leyti en því, að ríki og sveitarfélög leggja til heimavistir og rekstur þeirra og veittur er styrkur til náms utan heimasveitar, á fjárl. 1977 170 millj. kr., eins og hv. alþm. er kunnugt. Kostnaður vegna þessa þáttar mun ráðast verulega af dreifingu náms um landið. Aukin dreifing námsins dregur vitanlega úr þörf fyrir heimavistir og

lækkar styrkveitingar, en getur aftur aukið akstursskostnað. Það er óhjákvæmilegt að hluti nemenda eigi kost á heimavistardvöl, en það er líklegt að núverandi heimavistarrými og nýting á hótelrými í ýmsum tilvikum í þessu skyni muni að mestu nægja, þannig að ekki þurfi að byggja upp á næstunni mikið heimavistarhúsnæði.

Þá vil ég aðeins víkja að námsskrárþættinum og þeim kostnaði sem gerð námsskrár fyrir framhaldsskólastigið hefur í för með sér óhjákvæmilega. Í frv.-drögunum er gert ráð fyrir að umfang, inntak og skipan námsbrauta skuli ákveðin í námsskrá sem menntmrn. setur. Námsskrárgerðin er talin nauðsynleg trygging virkni í framhaldsnáminu. Með ítarlegri námsskrárgerð, samræmdri fyrir framhaldsskólastigið, er stefnt að því að draga úr miðstýringu á námsmatinu, en áhersla aftur á móti lögð á að rn. hafi þó mótandi áhrif á námstilhögun og námsefni án þess að þar verði um ofstjórn að ræða. Ljóst er að námsskrárgerð er kostnaðarsöm og verður ekki gerð í eitt skipti fyrir öll, heldur verður að halda henni stöðugt áfram. Má búast við að útgjöld vegna þessa þáttar skipti tugum millj. árlega. Til samanburðar má geta þess, að til námsskrárgerðar vegna grunnskóla er varið 53 millj. kr. á árinu 1977 og 20 millj. kr. til námsskrárgerðar fyrir iðnfræðsluna sérstaklega. Útgáfukostnaður kennsluefnis kann að verða einhver, en í frv. er raunar miðað við þá meginreglu að nemendur greiði sjálfir fyrir bókakost sinn á þessu skólastigi eins og verið hefur til þessa.

Þá má og drepa á nýja þætti stjórnunar sem auka munu kostnað að einhverju marki, svo sem framhaldsskólaráð, námssviðsnefndir og aukin umsvif fræðsluskrifstofa, en fyrir þessu öllu er ráð gert í frv.

Hér að framan hefur verið drepið á nokkur þau atriði í þessu frv., sem ætla má að geti orðið til að hafa áhrif á kostnað við framhaldsskóla. Sum þeirra, svo sem fækkun nemenda, ættu fremur að leiða til lækkunar, en aftur önnur, svo sem aukin verknámskennsla í skólum alveg sérstaklega, hljóta að leiða til hækkunar kostnaðar.

Kennslulaunin eru í raun og veru langstærsti einstaki þátturinn í rekstrarkostnaði skóla, eða 70—80% rekstrarkostnaðar, eins og dæmið stendur í dag, eru kennslulaun. Kostnaður á nemanda og heildarkostnaður ræðst því fyrst og fremst af því, hvort kennslueiningar verða margar og smáar eða ekki. Það kerfi sem frv. gerir ráð fyrir, felur óneitanlega í sér að deila nemendum í tiltölulega smáa hópa, bæði af námsefnislegum ástæðum, ef svo mætti segja, vegna fjölda mismunandi brauta og þeirri tilhneigingu, sem vafalaust er og verður fyrir hendi, að dreifa námi sem allra víðast um landið. Um slík framkvæmdaatriði fjallar þetta frv. ekki af eðlilegum ástæðum, en það er vissulega sérstök ástæða til að leggja áherslu á að á þessum atriðum verði tekið með hagkvæmnissjónarmið í huga. Kemur til álita að setja ákvæði í frv. sem mættu tryggja það, auk þess sem nauðsynlegt er að fjárhagsleg ábyrgð hvíli á þeim aðilum sem ákvarðanir taka í þessu efni hverju sinni. Að þessum lið þarf að sjálfsögðu vandlega að hyggja.

Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um kostnaðarhliðina, en víkja og þó aðeins örstutt að skólaskipan, nemendafjölda og verkefnum einstakra skólastaða.

Þó frv. hafi ekki nein bein ákvæði um skólaskipan eða staðsetningu einstakra skóla, þá hefur þó verið miðað við það og að því stefnt að hið nýja kerfi verði til þess að auðvelda dreifingu á námi umfram það sem nú er. Ákvæði frv. um aðild sveitarfélaganna eru og mikilvæg í þessu sambandi. Í grg. með frv. er sýnt eitt hugsanlegt dæmi um dreifingu námsins og skipan þess á skólastaði, en að sjálfsögðu er um ýmsa fleiri kosti að ræða. Þessi áætlun um fjölda nemenda byggist á forsendum sem enn eru ekki nægilega kannaðar. Þessar forsendur lúta að væntanlegri skólasókn og skiptingu nemenda á námsbrautir svo og möguleikum á samkennslu nemenda á mismunandi brautum. Þarna er miðað við, að um 85% aldursárgangs ljúki fyrsta ári framhaldsskólans, eins og ég áður vék að, 70% ljúki tveggja ára námi, 55% þriggja ára námi og 30% fjögurra ára námi, og gert ráð fyrir, að nemendafjöldinn skiptist um það bil jafnt á almennar bóknámsbrautir, á starfsnám í ýmsum þjónustugreinum og starfsnám í iðn, iðju og tækni.

Á skólaárinu 1975—1976 voru nemendur í framhaldsnámi, þ. e. ofan 9. bekkjar grunnskóla, u. þ. b. 12 þús. Tæplega 7% þeirra voru í einkaskólum, en hinir skiptust nokkurn veginn jafnt á þá skóla, sem ríkið rekur eitt, og þá, sem reknir eru í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Um 59% þessara nemenda sóttu skóla í Reykjavík, um 12% í Reykjanesumdæmi og 29% annars staðar. Reynist hugmyndir n. raunhæfar verður þessi skipting: Reykjavík um 40%, Reykjanes um 18%, en annars staðar um 42%

Þá vil ég víkja örfáum orðum að þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að vinna að fullum fetum, vil ég segja, á meðan ný löggjöf er í smíðum.

Eins og ég hef áður drepið á og öllum er auðvitað ljóst, þá tekur lagasetning sem þessi alllangan tíma. Varðar vissulega miklu að það verk verði svo vel af hendi leyst sem kostur er. En hitt blasir einnig við, að þörfin fyrir meiri samræmingu á framhaldsskólastiginu og fyrir aðlögun þess að nýrri grunnskólalöggjöf og nýjum viðhorfum almennt rekur vissulega á eftir um að hraða afgreiðslu þessa máls. Hér þurfa því allir, sem hönd leggja á plóginn, að fara bil beggja, vanda vel, en eyða þó ekki tíma að óþörfu. En ef gengið er út frá þeirri meginstefnumörkun, sem í þessu frv. felst, þá þarf vissulega að mörgu að hyggja til þess að undirbúa breytingar þær sem hér er lagt til að gerðar verði á framhaldsskólastiginu. Slíkur undirbúningur getur og verður raunar að fara fram í miklum mæli, að vissu marki þó, á meðan lagasmíðin stendur yfir, eins og ég áðan sagði, og ég ætla að nefna aðeins örfáa þætti slíks undirbúnings.

Það þarf að gera framkvæmdaáætlun um kerfisbreytinguna og undirbúa ákvörðun um starfssvið einstakra skóla. Í þeim tilgangi eða til undirbúnings því þarf m. a. að kanna líklega skiptingu nemenda á námssvið og námsbrautir og gera áætlun um framboð náms í einstökum

landshlutum. Það þarf að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun um námsskrárgerð og hefja námsskrárgerðina. Ég vil láta það koma fram hér, að ég harma að ekki hefur tekist við fjárlagagerð undanfarin ár að fá fé til þess að byrja á þessari námsskrárgerð. Það held ég að hafi verið mistök, því að námsskrárgerð fyrir framhaldsskólastigið er ákaflega viðamikið verk og hefði verið nauðsynlegt að nú þegar væri byrjað að undirbúa hana. Þá er nauðsynlegt að gera drög að stundaskrám fyrir mismunandi tegundir skóla og gera áætlun um samstarf skóla og stofnana. Í þessu sambandi þarf vissulega að kappkosta að samhæfa og tengja svo sem auðið er mismunandi námsbrautir. Þá er og eðlilegt að kanna um leið og unnið er að breytingum á framhaldsskólastiginu, hvort breyta þurfi reglum um inntöku nemenda í Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi, því að framhaldsskólastigið spannar auðvitað svæðið á milli grunnskóla og háskóla, eins og segir í lögum um skólakerfi. Verður þess vegna að gefa gætur einnig að efri mörkum þess, um leið og hugað er að tengingunni við grunnskólann og framvindu náms á sjálfu framhaldsskólastiginu. Ég álít að allt þetta þurfi að kanna og undirbúa meðan unnið er að setningu löggjafarinnar. Ég held að það sé bæði nauðsynlegt og líka eðlilegt að gera það.

Þá vil ég árétta enn, að till. n., frv. eins og það liggur hér fyrir, beinast fyrst og fremst að því að koma á sveigjanlegri og hagkvæmari kennsluskipan sem leiðir til virkara skólastarfs og opnar jafnframt leið til betri nýtingar skólahúsnæðis, námsgagna og einnig kennslukrafta. Skólaskipanin sjálf byggist hins vegar á ákvörðun yfirvalda sem vitanlega kemur til með að miðast við það að búa sem besta námsaðstöðu fyrir alla, hvar sem þeir eru búsettir, og þó með allra mestri hagkvæmni í rekstri menntastofnana. Þættir, sem m. a. geta haft sérstök áhrif í þessu tilliti, eru dreifing námsins milli landshluta og skóla, nýjar námsbrautir sem ákveðið verður að stofna og uppbygging námsaðstöðu innan skólanna fyrir verklegt nám, eins og ég hef nú þegar rakið.

Um næstu lotu í undirbúningsvinnu að væntanlegri löggjöf vil ég svo að lokum segja þetta:

Ég vil greina stuttlega frá því, hvernig menntmrn. áformar að vinna að þessu máli fyrir sitt leyti og hvernig rn. hugsar að leita samstarfs við aðra um framhaldsvinnuna.

Nú er sem sagt komið fast að þinglokum og það er kannske óvíst hvort lokið verður einu sinni 1. umr. málsins hér. En hvort sem þessu frv. verður vísað til n. að þessu sinni eða ekki, þá er ljóst að þessu þingi, sem nú situr, gefst enginn tími til að fjalla um það að neinu ráði umfram það sem gert er við þessa 1. umr. Hins vegar má segja það, að bæði þingflokkarnir og einstakir þm. hafa nú fengið málið í hendur til umfjöllunar eftir atvikum, eftir því sem þeim þykir hæfa, þar sem það hefur þegar verið flutt og kynnt hér á Alþ.

Menntmrn. undirbýr þessa daga að senda frv. til fjölmargra aðila: sveitarfélaga, skóla, nánast allra skóla á framhaldsskólastigi, til samtaka skólastjóra, kennara og nemenda, til ýmissa landssamtaka, bæði stéttarsamtaka, samtaka atvinnugreina, menningarfélaga o. s. frv., o. s. frv. Og það verður beðið um umsagnir og ábendingar fyrir tiltekinn tíma. Síðan verður starfshópur eða starfshópar, ef henta þykir, settir til að vinna úr því efni sem inn kemur. Ég tel rétt og nauðsynlegt að stefna að því og vinna að því, eftir því sem kostur er á, að unnt verði að leggja endurskoðað frv. fyrir næsta þing sem fyrst eftir að það verður kvatt saman. Ég treysti mér ekki til þess að nefna hér neina dagsetningu í þessu sambandi. Ég held að það væri líka alveg óraunhæft.

Varðandi athugun á fjármálaþættinum, skiptingu kostnaðar á milli ríkis og sveitarfélaga, vil ég sérstaklega segja þetta:

Eins og fram kemur í grg. með frv. eru fjármálaákvæði þess fyrst og fremst sett fram sem hugmynd og innlegg í þær umr. um verkefnaskiptingu ríkisins og sveitarfélaga sem nú standa yfir. Ljóst er að fjármálaákvæðin þurfa náinnar skoðunar við í samhengi við þessa endurskoðun. Í þeim till., sem lagðar voru fram á kynningarfundi, — ég árétta það og endurtek: í þeim till., sem lagðar voru fram á kynningarfundi á Hótel Esju í okt., voru fjármálaákvæðin ekki lögð fram þar sem þau voru ekki mótuð á þeim tíma. Og af því leiðir að þeim, sem þann fund sátu, gafst ekki kostur á að tjá sig um þau atriði.

Fjármálaákvæði og samskipti ríkis og sveitarfélaga varðandi rekstur framhaldsskóla eru viðamikið og margþætt mál. Ég vil reyna að undirbúa þennan þátt þessarar löggjafar með þeim hætti að n. skipuð fulltrúum frá ríkisstj. og frá sveitarfélögum taki þennan sérstaka þátt til sérstakrar athugunar nú í sumar. Vitanlega ætti þá slík n., þó að hún hafi þennan sérstaka þátt í sínum verkahring, að hafa mjög náið samstarf og samráð við þá n., sem endurskoðar nú verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og stefna að því að skila till. sínum þannig að þær liggi fyrir helst við upphaf haustþings 1977 eða sem sagt sem allra fyrst að auðið reynist. Með þessum hætti vænti ég þess, að á þessu afmarkaða sviði náist fram það fyrirkomulag, sem báðir aðilar, ríki og sveitarfélög, geta orðið sæmilega ásáttir um, og það fyrirkomulag, sem fylgir í meginatriðum þeirri stefnu í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem vænlegust verður talin að lokinni þeirri umfangsmiklu athugun sem nú fer fram.

Ég skal svo að lokum geta þess, að fjárlaga- og hagsýslustofnunin ásamt starfsmanni menntmrn. hafa haft þetta frv. til skoðunar, þ. e. áhrif þess á skólakostnaðinn. Álit þeirra er mjög ítarlegt og það verður sent viðkomandi þn., ef málið fer þá til n., og er auðvitað til reiðu fyrir hvern alþm. sem óskar að kynna sér það. En í þessu áliti segir í lokakaflanum sem þeir nefna: Helstu niðurstöður:

„Hér að framan hefur verið drepið á nokkur þau atriði í lagafrv. sem ætla má að geti orðið til að hafa áhrif á kostnað við framhaldsskólann. Sum þeirra, svo sem fækkun nemenda og fleira, ættu að geta orðið til þess að draga úr kostnaði, meðan önnur, svo sem verknámskennsla í skólum, munu hækka kostnaðinn. Ómögulegt er þó að áætla hver heildaráhrif á kostnaðinn verða

af þeim þáttum sem nefndir hafa verið, þar sem frv. er hugsað sem rammalöggjöf og gefur ekki forskrift um framkvæmd. Hið sama gildir einnig um þennan þátt í framkvæmd skólahalds sem vegur langmest að því er kostnað varðar, en það er stærð námshópa og þar með fjöldi þeirra og þar með fjöldi kennara."

Þetta segir í niðurstöðum þessarar yfirgripsmiklu athugunar þeirra hjá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni. Og það er m. a. af því, að þeir treysta sér ekki til að gefa upp neinar ákveðnar tölur, sem ég var að reyna að fara eins ítarlega út í þau ákvæði frv., sem líkleg eru til að hafa áhrif á kostnað, og ég áðan gerði.

Herra forseti. Þetta mál mitt er orðið alllangt. En það mál, sem frv. fjallar um og ræða mín auðvitað einnig, er vissulega bæði vandasamt og aðkallandi. Ég vil að lokum segja það, að ég vænti góðs samstarfs við hv. alþm. um framgang þess í fyllingu tímans og svo við alla aðra aðila í þjóðfélaginu sem koma til með að láta þetta mál til sín taka.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. lét þess getið í ræðu sinni, að Alþ. þyrfti helst að hraða afgreiðslu þessa máls, og ég er honum fyllilega sammála um það, án þess þó að kasta sé höndum til afgreiðslu málsins. Þetta frv. hefði í rauninni þurft að vera komið fram fyrir löngu, því að við lifum á miklum umbrotatímum í skólamálum og erfitt að fylgja fram grunnskólalögunum þegar ekki er í lög fest hvað tekur við að grunnskóla loknum. Skólamönnum er því mikill vandi á höndum. En mér sýnist að í þessu frv. stríði þó ýmislegt gegn þessari ósk hæstv. ráðh., því að gildistaka laganna á ekki að vera fyrr en 1. júlí 1980 og hæstv. ráðh. kvartar mjög undan því að fá ekki fjárveitingu til námsskrárgerðar. Án fjárveitingar til námsskrárgerðar eru lög orðin tóm, og gildir þá einu hvort Alþ. er búið að afgreiða þetta mál, eða ekki. Í þriðja lagi virtist mér að mjög mikilvægur kafli þessa frv. væri nánast óafgreiddur, þar sem er fjármálakaflinn. Hæstv. ráðh. orðaði það svo, að þessi fjármálakafli væri hugmyndir og innlegg í umr. um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um þennan kafla frv. ætti sérstök n. að fjalla í sumar. Þetta er ekki gott veganesti fyrir hv. menntmn. þegar hún fer að fjalla af alvöru um það frv. sem hér liggur fyrir.

Hæstv. menntmrh. tók fram að ríkisstj. sem slík stæði ekki að frv., — ég held að ég hafi tekið rétt eftir, — en hann orðaði það svo, að það ætti að vera stefnumótandi fyrir sig. Ég bið hæstv. ráðh. afsökunar ef ég misskil hann, en mig langar til að fá úr því skorið hvort hæstv. menntmrh. stendur ekki að frv. að öllu leyti eins og það liggur fyrir nú. Mér virtist það ekki koma ljóst fram í máli hæstv. ráðh.

Á þessu stigi við 1. umr. mun ég ekki flytja langt mál. Frv. sjálft er ekki nema 29. greinar, en þar fyrir eru fjöldamörg atriði sem þurfa umfjöllunar við og nánari athugunar. Ég mun því hvað varðar námsskipanina og stefnuna í menntamálum, eins og hún liggur fyrir í frv., aðeins lýsa yfir, að mér virðist það vera svo, að ég gæti fallist á þá heildarstefnu sem þar er. Hún er í stórum dráttum sú að samræma framhaldsnámið og koma í veg fyrir blindgötur í kerfinu, eins og það hefur verið orðað, koma á meiri sveigjanleik til þess að einstaklingnum geti nýst betur það nám sem skólinn býður. Hér virðist mér einnig vera farið eftir þeim hugmyndum sem Alþb. hefur löngum sett fram, að verknámið skuli fært inn í skólana. Ég vil taka það fram, að þó að ég noti þetta orðalag, þá er ekki þar með sagt að ég eigi við að allt verklegt nám eigi að fara fram innan skólabyggingarinnar, heldur að skólinn hafi þar yfirstjórn og umsjón. Mér virðist þessu atriði vera fullnægt í frv.

Ég mun við þessa umr. aðallega gera tvennt að umræðuefni. Í fyrsta lagi geri ég aths. við skólaskipanina, þ. e. a. s. 13. gr. frv. í kaflanum um skólaskipan. Mér virðist að þar sé verið að svipta Alþingi allmiklu valdi, þar sem það er algerlega á valdi menntmrn. að ákveða hvar starfrækja skuli framhaldsskóla. Ég hygg að í flestum lögum um skólastofnanir nú sé ákveðið hvar skóli skuli vera eða einhver vísbending um það. Mér virðist í fljótu bragði að í þeirri áætlun, sem ætlað er að menntmrn. láti gera og eigi að leggja fyrir Alþ., eigi ekki aðeins að vera fjármálakaflinn sem lagður sé fyrir Alþ., heldur líka áætlunin í heild. Þarna geta auðvitað komið fram ákaflega mörg sjónarmið sem þm. eiga að hafa yfirsýn yfir, og ég held að það sé óþarft að láta hræðslu við kjördæmasjónarmið ráða hér ferðinni og verða til þess að fá menntmrn. óeðlilega mikið vald.

Gert er ráð fyrir því í þessu frv., að fræðsluráðin, sem kjörin voru samkv. grunnskólalögunum, skuli vera rn. innan handar eða hafa tillögurétt um ýmsa þætti menntamála. Þetta er auðvitað sjálfsagt, að heimamenn hafi þar hönd í bagga. En ég vil þó benda á það, að enn sem komið er eru fræðsluskrifstofur í landinu varla starfhæfar þar sem þær hafa verið í algeru fjársvelti.

Það, sem ég er algerlega andvíg í þessu frv., er fjármálakaflinn. Hér er gert ráð fyrir að allt framhaldsskólanám í landinu skuli vera kostað af ríki og sveitarfélögum, þ. e. a. s. enginn framhaldsskóli skuli vera ríkisskóli, nema svo verði ákveðið á Alþ. ef um mjög sérhæft nám er að ræða. Menntaskólar allir verða þá samkv. þessu frv. stofnaðir og reknir af ríki og sveitarfélagi í sameiningu. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög greiði helming alls rekstrarkostnaðar, annars en launakostnaðar vegna skólastjórnar og kennslu, og 30% að grunntölu af stofnkostnaði, öllu viðhaldi og endurnýjun skólahúsnæðis. Mér finnst hér vera lögð til svo gagngerð breyting að ég hefði haldið að hæstv. ráðh. þyrfti að hafa um þetta fleiri orð en hann gerði. Það kom ekki fram hjá honum hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sveitarfélögunum að fjármagna þetta. Það liggur í augum uppi, að hér er verið að leggja á sveitarfélögin gífurlega mikinn aukakostnað umfram það sem nú er, og hrædd er ég um að jafnvel Reykjavík muni kveinka sér undan þessu. Hér eru þrír fjölmennir menntaskólar, og nemendur, sem stunda nám við þessa menntaskóla, koma alls staðar utan af landinu, og ég er hrædd um

að þetta fyrirkomulag, hvort sem um er að ræða Reykjavík eða önnur bæjarfélög eða sveitarfélög, að það verði til þess að takmarka aðgang unglinga úr öðrum sveitarfélögum að þessum framhaldsskólum. Ég fæ ekki betur séð en þetta fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, beinlínis stríði gegn því sem menntastefnunni er ætlað að gera, þ. e. a. s. að auka jafnrétti nemenda án tillits til búsetu. Og hrædd er ég um að sú dreifing náms, sem hæstv. ráðh. talaði um, yrði minni en ella. Þetta þýðir að það þarf að nást innbyrðis samkomulag milli sveitarfélaga um að halda uppi framhaldsnámi. Ég er hrædd um að hin fámennari sveitarfélög muni hér skerast úr leik og ekki treysta sér til að taka þennan kostnað á sig. Við höfum dæmi þess í iðnfræðslulögunum, þar sem iðnskólarnir eru reknir af ríki og sveitarfélögunum í sameiningu. Það er enginn vafi á því, að þetta er eitt af þeim atriðum sem hafa komið í veg fyrir að iðnnámi væri haldið uppi með reisn í þessu landi.

Í 26. gr. held ég að felist allir annmarkar á þessu fyrirkomulagi, og ég ætla að leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Heimilt skal með samkomulagi við menntmrn. að eitt sveitarfélag eða fleiri í sameiningu standi að framhaldsskóla án aðildar annarra sveitarfélaga í fræðsluumdæminu, enda taki skólinn til verulegs hluta af því námi sem gert er ráð fyrir í lögum þessum. Slíkt fyrirkomulag má ekki verða til þess að hindra eðlilegt skipulag skólahalds og samvinnu skóla í umdæminu, takmarka aðstreymi nemenda eða auka með óeðlilegum hætti kostnað annarra sveitarfélaga."

Hér eru allir þessir varnaglar, vitanlega vegna þess að þetta verður afleiðingin af því fyrirkomulagi sem frv. leggur til í fjármálakaflanum. Ég held að þessi grein segi meira en nokkuð það sem ég gæti sagt hér í langri ræðu, þar sem heildaráhrifin af þessari grein sýna auðvitað að hér verður um algeran glundroða og stjórnleysi að ræða.

Við alþb.-menn höfum lagt ríka áherslu á það, að ríkið kostaði iðnnám eins og það kostar menntaskólanám núna, og ég held að hin eina eðlilega krafa hljóti að vera sú, að allt framhaldsnám sé kostað af ríkinu. Það er örugglega hætta á því, að sveitarfélög eða hin ýmsu byggðarlög úti á landi muni alls ekki sækjast eftir því að fá framhaldsskóla heim í héruð ef það á að kosta svona mikið. Og ég held að það sé óhætt að fullyrða að þetta stríði algerlega gegn þeirri byggðastefnu sem framsóknarmenn hafa á orði a. m. k.

Þó kastar fyrst tólfunum þegar litið er á 29. gr., því að þar kemur í ljós að það eru undantekningar varðandi vissa skóla, að Verslunarskólinn og Samvinnuskólinn eiga að fá fríðindi umfram aðra skóla, því að 9. gr. í lögum um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi frá 1976 á að halda gildi sínu. Það þýðir það, að ríkið á eftir sem áður að greiða rekstrarkostnað þessara skóla að fullu og 80% af stofnkostnaði kennsluhúsnæðis. En við aðra framhaldsskóla, eins og hefur komið fram hér, á ríkið aðeins að greiða 50% rekstrarkostnaðar og 70% stofnkostnaðar. Mig langar til þess að spyrja hæstv. menntmrh. hvað ráði hér. Er hæstv. ráðh. þeirrar skoðunar, að hér sé um svo mikið sérnám að ræða að þessir skólar eigi að vera fremur ríkisskólar heldur en aðrir skólar, eða er þetta eitthvert slys?

Hæstv. ráðh. talaði ákaflega mikið um að það þyrfti að samræma lög um ýmsa skóla í samhengi við þetta frv., og ég er honum fyllilega sammála um það. En þá þurfa líka Verslunarskólinn og Samvinnuskólinn að falla undir þetta. Það skýtur skökku við að vera að taka Skálholtsskóla inn, eins og verið er að gera þessa dagana, að ríkið skuli greiða þann rekstrarkostnað að fullu, því að ég fæ ekki séð að það sé unnt að halda því fram með neinum rökum að þar sé haldið uppi sérhæfðri kennslu. Þá eru bændaskólarnir ekki heldur teknir inn í þetta, og þeir munu samkv. frv. eiga áfram að heyra undir landbrn., en ekki menntmrn.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Það má vel vera að þetta sé réttmætt, en þetta eru bara nokkur atriði af fjöldamörgum sem þarf að átta sig á þegar þetta frv. er athugað. Ég mun fyrir mitt leyti ekki tefja fyrir framgangi eða afgreiðslu málsins í n. En ég lýsi mig algerlega andvíga fjármálakaflanum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég skal nú ekki fyrir mitt leyti lengja verulega þessa umr., en vil aðeins víkja að nokkrum atriðum sem komu fram í ræðu hv. 5. landsk. þm.

Ég vil fyrst árétta það, sem auðvitað kom fram í framsöguræðu minni, að frv. er lagt fram til kynningar. Menntmrn. er nú að senda frv. til umsagnar fjölmörgum aðilum. Reynt verður að vinna úr þeim umsögnum í vinnuhópi eða hópum, eins og ég sagði. Af þessu leiðir það, að allt frv. er í raun og veru fyrir fram til endurskoðunar. Það er sem sagt lagt fram til kynningar og lýst yfir að það verður sent út til umsagnar.

Hv. þm. minntist á gildistöku frv. eins og hún er ráðgerð í frv. Þetta ákvæði er sett í frv., 1. júlí 1980, með það í huga að frv. felur í sér mjög yfirgripsmikla breytingu sem við teljum, að þurfi nokkuð langan tíma til þess að undirbúa, þannig að hún geti komið til framkvæmda. Eftir að lögin eru sett mundi málunum að sjálfsögðu verða þokað í átt að hinni nýju skipan, en þetta eins og önnur atriði er til skoðunar.

Það er rétt hjá hv. þm. og kom einnig fram í mínu máli, að námsskrárgerð er nauðsynlegur undanfari framkvæmda svona löggjafar. Ég harma að ekki hefur verið unnt að byrja á henni vegna auraleysis. En einmitt þegar við lítum til þessarar gildistöku, þá sést að við, sem stöndum að frv., ætlum þarna nokkurn tíma til þess að vinna að námsskrárgerð og öðrum undirbúningi sem ég áðan greindi frá. Það er óhjákvæmilegt að vinna að fjármálaákvæðunum í nánu samræmi við endurskoðun á verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Ég ætla að koma aðeins nánar inn á það á eftir.

Þá er spurning hv. þm. um nánari skilgreiningu á afstöðu ráðh. menntamála og afstöðu ríkisstj. til frv. Ég hélt að ég hefði skilgreint þetta í mínu máli. Ég held að það verði kannske skýrara með því að snúa við og segja: Nefnd

sú, sem vann frv., hafði náið samráð við menntmrh. um meginlínur og um einstaka þætti þess. Það er því stefnumótandi fyrir menntmrh. og menntmrn., svo langt sem það getur náð, sbr. það sem á eftir fer, því að auðvitað mótar ekki menntmrh. endanlega stefnu sína öðruvísi en í samráði við sína samráðh., en þá kæmi það á eftir, sem ég greindi víst frá á undan áðan, að frv. er nú lagt fram til kynningar, ekki stefnt að afgreiðslu á Alþ. Ríkisstj. hefur ekki fjallað um það í einstökum atriðum og þess vegna ekki tekið ákvörðun um einstök atriði þess eða um þá heildarstefnu sem í því felst. Ég get nú, held ég, ekki skýrt þetta öllu nánar.

Hv. þm. benti á, og mér kemur það ekki á óvart þó að hv. þm. gefi því gætur, að þarna er gert ráð fyrir að skipa málum mjög margra skóla með reglugerð, einstakra skóla innan kerfisins. Hv. þm. telur að þarna sé um nokkurt nýmæli að ræða og m. a. það, að Alþ. hafi jafnan ákveðið hvar hver skóli skuli starfa. Þetta er oft svo, og í lögum um einstaka skóla er það svo. En hins vegar er í nokkrum lögum um skóla, t. d. um menntaskóla, um viðskiptafræðslu, um Fiskvinnsluskólann, þá er gert ráð fyrir því að heimilt sé að stofna skóla án þess að það sé ákveðið með lögum hvar þeir starfi. Og það er t. d. eins varðandi fjölbrautaskólana, að það er heimild til þess að stofna þá án þess að Alþ. setji um það sérstök lög. Þetta var gert á Suðurnesjum t. d. í fyrra, svo ég nefni eitt dæmi. En það er eðlilegt að menn velti þessu fyrir sér á marga vegu.

Hv. þm. minntist á það, að þarna er gengið út frá kjördæmunum sem skólahverfum líkt og á grunnskólastiginu. Út af fyrir sig gagnrýndi hv. þm. það ekki. Og er það nú ekki eðlilegt að fá þessar félagsheildir inn í lögin? Þetta er beinlínis gert til þess að reyna að efla þessa kjarna, fræðsluskrifstofurnar, á hinum átta landssvæðum, til þess að efla þá og færa yfir til þeirra nokkuð af þeim stjórnunar- og þjónustuverkefnum sem nú eru unnin í rn. Fræðsluskrifstofurnar eru alveg nýlega stofnaðar og hefur ekki tekist enn að búa þær fyllilega úr garði og verður unnið að því áfram. Með þessari hugmynd hér er gert ráð fyrir að efla þær mjög.

Hv. þm. var andvígur því, að sveitarfélögin kæmu þarna til í ríkari mæli en áður, heldur yrði alfarið horfið að því að ríkið eitt annaðist framhaldsskólastigið og sveitarfélögin kæmu þar hvergi nærri. Þetta er atriði sem menn velta fyrir sér. En frá hálfu okkar, sem stöndum að frv., er þetta hugsað þannig að sveitarfélögin verði virkari aðilar, fái bæði meiri stjórnunarábyrgð en áður í gegnum fræðsluráðin og fræðsluskrifstofurnar og þá um leið meiri kostnaðarábyrgð. Þetta held ég að sé fyrst og fremst spurning um skipulagsatriði sem menn geta náttúrlega deilt um, en ekki spurning um byrðarnar, því að í sambandi við verkefnaskiptinguna verður að ætla tekjustofna eftir því hvort dregið verður úr kostnaði hjá sveitarfélögum ellegar aukið við. Og það byggist m. a. á því, að ætlast er til að nokkuð stór svæði standi á bak við þetta. Og þegar þetta stór svæði standa á bak við, þá held ég að málið sé ekki stórkostlega vandasamt að þessu leyti. En eins og ég sagði, það er eðlilegt að menn velti þessu mjög fyrir sér og áskilji sér allan rétt til að skoða þetta. Ég árétta það enn og aftur, að frv. er lagt fram til kynningar, ekki ætlunin að bera það fram óbreytt, þvert á móti verður það sent til skoðunar mjög víða. Og ég legg áherslu á að það eru alveg eðlileg vinnubrögð annars vegar að setja upp sérstakan vinnuhóp til að meta þetta sérstaka atriði og hins vegar að hann starfi í nánum tengslum við þá n. sem nú vinnur að verkefnaskiptingunni á milli ríkis og sveitarfélaga.

Það er aðeins eitt atriði í sambandi við ummæli hv. þm. um bændaskólana, sem ekki eru felldir undir þetta kerfi, og um menntun heilbrigðisstétta. Það er lagt til þarna að taka nokkra skóla undir þetta samræmda framhaldsskólakerfi og menntmrn. sem ekki hafa verið það áður. Heilbrigðisstéttirnar hljóta sína menntun í skólum sem lúta nú tveimur rn., heilbrigðis- og menntamála. Það er lagt til að fella það nám allt undir samræmda framhaldsskólann, en ekki bændaskólana. Þetta er atriði sem er algerlega eðlilegt að menn velti fyrir sér. En aftur um einkaskólana, Verslunarskólann, Samvinnuskólann, Skálholtsskóla, sem frv. liggur hér fyrir um að taka inn, þá eru þeir skólar að nokkru einkaskólar og gert ráð fyrir að þeir verði það áfram. Þegar þetta ber á góma legg ég alltaf áherslu á það, að hina skólana alla kosta opinberir aðilar, þó að óviðunandi ósamræmi sé í greiðsluhlutfalli. En þetta frv. fjallar alls ekki um meðferð einstakra skólastofnana. Það er atriði sem menn taka til skoðunar á síðari stigum málsins, eins og ég gerði grein fyrir, og svo á hvaða sviði námsbrautir starfa við þennan eða hinn skólann.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. En ég vil annars þakka hv. þm. fyrir skilning á því, að nauðsynlegt er að vinna svo hratt sem aðstæður leyfa að þessu máli, og fyrir skilning á meginatriðinu, þó að með eðlilegum hætti komi fram ýmis gagnrýni á einstök atriði málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 78. fundur.

Laugardaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 526, n. 578 og 584, 579). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 579 felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HFS, StJ.

nei: EggÞ, IT, OÓ, StG, AG, AJ, ÁB, ÞK.

EÁ, HÁ, IH, JGS, StH greiddu ekki atkv.

4 þm. (GeirH, JHelg, JÁH, RA) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj atkv.

Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tékkar, frv. (þskj. 292). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 632).

Efri deild, 79. fundur.

Laugardaginn 30. apríl, að loknum 78. fundi.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 526). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þegar þetta mál kom til 2. umr. urðu hér nokkrar umr. um það, hvernig skilja ætti ákvæði til bráðabirgða, 1. mgr., þ. e. a. s. að ákvæði 1. gr. skyldu einnig gilda um þær konur sem synjað hefur verið um fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna sem 1. gr. á við um. Hv. 2. þm. Reykn. hélt því fram, að það mætti fullkomlega túlka þetta þannig að allar þær konur, sem annars hefðu átt rétt á þessum greiðslum áður, gætu samkv. þessu fallið undir þessa skilgreiningu, en ekki einungis þær sem sóttu, þrátt fyrir það að lögin hindruðu þær í því að ná þessum rétti. Þetta gilti ekki bara um þær, heldur um þær konur einnig sem lásu lögin eða kynntu sér þau og sáu að það var tilgangslaust að sækja, vegna þess að lagaákvæðið var það skýrt um tekjumörkin. Ég held að til þess að taka af öll tvímæli um þetta sé rétt að umorða þetta ákvæði til bráðabirgða, og ég leyfi mér að flytja um það hér skriflega brtt., þ. e. a. s. að 1. mgr. þessa ákvæðis orðist svo:

„Ákvæði 1. gr. skal einnig gilda um þær konur sem ekki hlutu fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna, sem 1. gr. á við um.“

Ég hafði von um það á tímabili að hv. n. mundi taka þessa sjálfsögðu till. upp. Það var því miður ekki. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá úr þessu skorið, því að túlkun okkar hér verður ekki metin gild, eða ég er hræddur um að hún verði ekki metin gild, þannig að mér þykir rétt að fá úr þessu skorið og ákvæði til bráðabirgða breytist á þann veg sem ég hef hér lýst í þessari skrifl. brtt. sem ég leyfi mér hér að afhenda forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 629) samþ. með 14 shlj. atkv.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Þar sem ég var fjarverandi við 2. umr. um þetta mál gat ég ekki komið á framfæri örstuttri aths. sem ég vildi gera. Það er í sambandi við ákvæði til bráðabirgða.

Ég minnist þess, að í maí 1975, seint um kvöld, langt fram yfir miðnætti, afgreiddum við þetta mál hér. Ég man það jafnvel, að hæstv. forseti. Nd. fylgdist vandlega með störfum Ed. í það skipti, og til að leysa þá mikinn vanda, sem að steðjaði, var samið ákvæði til bráðabirgða sem svo hljóðar, með leyfi forseta:

„Fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.“

Mér þykir nú bera vel í veiði, þar sem hæstv. félmrh. er hér staddur, og mig langar til að spyrja hvernig í ósköpunum geti staðið á því þegar slíkt kemur í lög, að þetta er ekki framkvæmt. Ég hef ekki orðið var við það. Nú veit ég að hæstv. ráðh. hefur eflaust viljað gera þessa athugun og þetta hefur einhvers staðar fallið niður í kerfinu, eins og oft er talað um. En því segi ég þetta núna, að nú er komið nýtt ákvæði nú er búið að framlengja þetta til 1978, og reyndar er búið að bæta því við, að nú skuli Alþ. gera grein fyrir þessari könnun, og það virðist ekki þarflaust. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég vona að slíkt þurfi ekki að koma fyrir aftur.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Það eru miklar annir á þingi þessa dagana ég vil taka það fram, að við í meiri hl. heilbr.- og trn. höfðum í raun og veru talið æskilegt að flytja brtt. við ákvæði til bráðabirgða í 194. máli. En ég lét þetta í ljós í framsöguræðu með nál., og töldum við að það mundi nægja til þess að allar konur, sem eiga rétt samkv. þessum lögum, mundu fá þetta greitt frá upphafi. En nú hefur komið fram brtt. og samþykkt hennar mundi í raun og veru gera málið enn þá flóknara, og þess vegna kom heilbr.- og trn. á fund nú og samþykkti einróma að leggja fram svo hljóðandi brtt.:

„Brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. maí 1975, um breyt á l. um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof). Frá heilbr.- og trn.

Fyrri málsliður ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Ákvæði 1. gr. skal gilda frá gildistöku l. nr. 56 1975.“

Þetta ætti að taka af öll tvímæli um það, að engin kona ætti að þurfa að verða án fæðingarorlofs vegna skerðingarákvæða. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en legg áherslu á að með samþykkt þessarar brtt. mundi málið verða fullljóst.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þar sem samkomulag náðist um það í heilbr.- og trn. að efnislega yrði það ákvæði, sem ég flutti hér áðan við 3. umr., tekið upp í brtt. frá okkur, þá dreg ég brtt. mína til baka, en stend ásamt öðrum nm. í heilbr.- og trn. að þessari breytingu sem ég tel vera efnislega staðfestingu á því sem ég var að fara með áðan. Ég vil samt bæta hér örfáum orðum við út frá því sem hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan.

Það kom í ljós í umr. hér í gær, við 2. umr., mjög ljóslega, að það hafði ekkert verið aðhafst í því efni að framkvæma þetta ákvæði til bráðabirgða sem hér var um að ræða, og hæstv. heilbr.- og trmrh., sem hingað kom í d. og þetta mál fellur undir, gat heldur engar upplýsingar gefið

okkur um hvað mundi verða gert og hvaða ráðstafanir yrðu hugsanlega gerðar til þess að það ákvæði, sem var sett inn í frv. í Nd., kæmist í framkvæmd. Vekur það vægast sagt vissar grunsemdir og vissa hræðslu okkar við að örlög þessa ákvæðis verði álíka nú og var síðast þegar þetta var sett.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Örstutt aths. eða leiðrétting. Ég verð að biðja hæstv. félmrh. velvirðingar á því að mér urðu á mistök. Ég vil leiðrétta það, að það er ekki hann, sem er ábyrgur fyrir framkvæmd þessara laga að sjálfsögðu, heldur heilbr.- og trmrh.

En út af því sem kom fram hér áðan, þá er náttúrlega helsta ráðið að koma með fsp. á þingi og halda málinu þannig vakandi að sjálfsögðu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 630) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 629 tekin aftur.

— 630 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 80. fundur.

Laugardaginn 30. apríl, að loknum 79. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins í örstuttu máli vil ég gera aths. við meðferð Ríkisútvarpsins á umr. hér í þessari hv. d. í kvöldútvarpi í gærkvöld og raunar láta fylgja með að auki aths. um vinnubrögð af hálfu þingfréttaritara Ríkisútvarpsins nú á þessum vetri.

Í gærkvöld var útvarpað í heimildarleysi hljóðriti af umr. hér í d. um frv. um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum. Ég hef innt hv. þm. Jón G. Sólnes eftir því, hvort hans heimildar hafi verið leitað. Svo var ekki. Minnar heimildar var ekki leitað til þess arna og þessu af okkar hálfu því útvarpað í heimildarleysi. Ég hygg að þetta hafi ekki verið gert okkur hv. þm. Jóni G. Sólnes til hneisu, alls ekki. En þetta er óheimilt, og hér er um að ræða allhættulegt afbrigði, vegna þess hversu auðvelt er einmitt með þessum hætti að grípa orð úr munni manna, slíta þau úr samhengi, vegna þess að breytingar eru gjarnan gerðar á segulböndunum og ákaflega auðvelt að breyta ræðum manna þar þannig að fram komi ekki aðeins í áherslum, heldur jafnvel í meiningum. Þetta var gert í heimildarleysi og þetta er vítavert athæfi. Ég held því fram að það, sem útvarpað var úr þessum umr., hafi verið þess háttar, að a. m. k. afstaða mín til málsins hafi ekki orðið ljósari við þetta. Sérstaklega varð hún að sumu leyti dálítið hjákátleg í útvarpsþættinum þegar útvarpað var þeirri yfirlýsingu minni, að ég mundi aldrei undir neinum kringumstæðum flytja í opinbera fjölmiðla, hvorki sjónvarp né útvarp, yfirlýsingar um það að ég væri hættur að reykja. Og síðan er þetta gripið út úr umr. hér, þessi segulbandsuptaka, og flutt í útvarpi rakleitt.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að undirtektir þm., eins eðlilega og þær hljómuðu hér í d. við ágæta ræðu hv. þm. Jóns G. Sólness, urðu í útvarpinu á þá lund, að hlustendur hefðu vel getað ímyndað sér að hér hefði verið flutt gamanmál, sem alls eigi voru.

Ég vil fyrir mína hönd persónulega leggja blátt bann við því að fréttamaður Ríkisútvarpsins notfæri sér þingræður mínar á þennan hátt í heimildarleysi. Ég hef rætt við þingfréttaritarann áður persónulega um störf hans hér í þinginu undir fjögur augu og þá kannske fyrst og fremst af reynslu gamals fréttamanns, eins og gamalreyndur fréttamaður við minna gamalreyndan fréttamann. Ég mun ekki rekja þær viðræður, en vil aðeins í lokin segja þetta, að ég hef verið mjög óánægður með starf þessa fréttaritara fyrir Ríkisútvarpið hér í þinginu.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns vil ég taka það fram, að ég heyrði ekki útvarp í gærkvöld og veit þess vegna ekki hverju var útvarpað úr þeim umr. sem hér fóru fram um frv. um bann gegn tóbaksauglýsingum. En eitthvað hefur það verið á þann hátt, að það kom skringilega fyrir eyru sumra, því að kunningjar mínir, fleiri en einn og fleiri en tveir, hringdu í mig og spurðu hvort ég væri orðinn einhver skemmtitrúður á vegum Alþingis.

Ég verð að segja það, að ég er það óvanur þingstörfum að mér er ekki kunnugt um þær föstu reglur sem gilda um birtingu úr umr., en get þó jafnframt gert þá játningu, að jafnorðhvötum manni og ég er mun ekki veita af að fá að lesa fyrst yfir handritið og nota það tækifæri sem þar gefst til þess að gera þær breytingar sem mér skilst að mönnum sé heimilt að gera á því máli sem flutt hefur verið, áður en farið er að birta úr ummælum manna, jafnvel þó þau séu tekin upp á segulbönd, og útvarpa þeim í alþjóðaráheyrn. Ég get því tekið undir þá ábendingu, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að mér mundi þykja öllu þægilegra að mega vera þess réttar aðnjótandi í framtíðinni, að ekki væri farið að beita slíkum aðferðum að senda beint út í fjölmiðla ummæli, sem maður hefur leyfi til þess að leiðrétta og lagfæra, áður en tækifæri hefur gefist til þess að lesa yfir hlutaðeigandi ræðuhandrit.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð því miður að standa hér upp, fyrst þetta tækifæri gafst, og lýsa hryggð minni yfir framkvæmd þessa þáttar í gærkvöld. Ég hlýddi á allan þáttinn frá upphafi til enda og undraðist niðurstöður þáttarins, vægast sagt. Mitt tal hér var gersamlega slitið úr samhengi og komið með glefsur sem gáfu alranga hugmynd um hvernig þetta mál hafði komið inn í Alþ. á sínum tíma. En þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég tel að hafi átt sér stað mismunun í fréttaflutningi. Ég man eftir tveimur dæmum a. m. k. hér í Ed., að ég sá ástæðu til að hringja til fréttastofu Ríkisútvarpsins, þar sem aðeins var greint frá því

að vissir þm. hefðu tekið til máls um ákveðið mál þó að fleiri hefðu talað. Þetta er náttúrlega enginn fréttaflutningur, ekki nokkur fréttaflutningur, og nær ekki nokkurri átt að aðeins sé tilgreint að vissir þm. tali í máli. Annaðhvort á að vera sagt frá því, hvað menn segja, í samþjöppuðu máli eða a. m. k. tilgreind nöfn þeirra, sem taka þátt í umr., og þá algerlega sleppt hvað þeir segja. Ég verð að mælast til þess, að annaðhvort hæstv. forsetar þingsins eða stofnunin sjálf athugi þetta mál í framtíðinni.

Ég er ekki að halla á viðkomandi fréttamann, að neitt óheiðarlegt búi hér á bak við eða nokkuð annað eigi sér hér stað en eilítið athugunarleysi eða kannske þröng vinnuskilyrði jafnvel. Það getur vel verið að vinnuskilyrði séu ekki nægilega góð, þá þarf einnig að hlutast til um það. En þetta lítur þannig út gagnvart þeim, sem fylgjast með, að hér eigi sér stað mismunun, og það vil ég forðast og það veit ég að allir hv. þdm. vilja líka forðast og stofnunin sem slík. En þetta hefur átt sér stað. Ég man eftir tveimur tilvikum sem ég sá mig tilneyddan að segja frá því að fleiri þm. tóku til máls en sagt var frá í fréttum.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir að þetta tækifæri gafst til að vekja athygli á því, að fréttaflutningur frá þessari stofnun er mikilvægur, en þá þarf hann að komast til þjóðarinnar með eðlilegum og góðum hætti.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það má vel vera að sá fréttaflutningur, sem hér hefur verið gerður að umtalsefni, hafi ekki tekist eins vel og menn hefðu viljað og þá einkum þeir sem hlut áttu að máli. En ég vil í fyrsta lagi benda á það, að það hlýtur að vera ákaflega erfitt fyrir einn fréttamann að fylgjast með umr. í tveimur deildum þar sem fundir fara fram samtímis. Í öðru lagi vil ég benda á það, sem raunar kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., að vinnuskilyrði eru hér erfið. Og í þriðja lagi vil ég benda á það, að ég tel að yfirleitt hafi fréttaflutningur héðan verið sanngjarn. Mannleg mistök geta alltaf átt sér stað, og það veit ég að bæði gamlir og nýir fréttamenn hljóta að viðurkenna.

Út af því, sem hér hefur verið sagt, að menn ættu að fá tækifæri til þess að yfirfara ræður sínar áður en farið væri að vitna til þeirra, þá hygg ég að það mundu þykja næsta slæleg vinnubrögð að bíða 3—4 og upp í 5 daga með að segja frá ræðum manna. Ég er ekki viss um að þm. yrðu ánægðir með það, ef þau vinnubrögð yrðu tekin upp. Ég held að við verðum að sætta okkur við það, að vitnað sé til þess sem við segjum. A. m. k. hef ég orðið að þola það og við fleiri og hygg að þau vinnubrögð verði að viðhafa. Hitt má vera, að það sé rangt og óleyfilegt, — ég hef ekki kynnt mér það, ég tel víst að hv. 5. þm. Norðurl. e. viti það sem hann sagði hér áðan, — að það sé ekki heimilt að vitna orðrétt eða af segulbandi í ræður manna. En mér fannst ástæða til að segja þessi fáu orð vegna þess að ég geri mér ljóst að fréttaflutningur í fjölmiðlum er vandasamt verk og að mistök geta átt sér stað og menn verða að sýna örlítið umburðarlyndi í þessu efni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Málefnisins vegna langar mig til að þakka þingfréttaritaranum fyrir að taka þetta mál svo rækilega fyrir. Ég held að það hafi orðið til góðs. Hitt vil ég segja og vil leggja á það áherslu, að ég var náttúrlega ekki ánægður með það, að t. d. mitt mál var slitið allmikið í sundur og hv. 2. þm. Norðurl. e. svaraði nokkru af því, sem ég hafði sagt, en það, sem ég hafði sagt, kom hvergi fram í útvarpinu. Ég býst við að í þessu efni sé erfitt um vik að gera svo að öllum líki. Og ég tek undir með þeim sem hér hafa talað, að það er mikils virði og sjálfsagt í fyrsta lagi að leita álits okkar og samþykkis okkar, sem tölum og í öðru lagi að meginefni málsins komi fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mér láðist að taka það fram áðan, en fékk eiginlega tilefni til þess núna og það er rétt að gera það, að ég er hér um bil alveg viss um það, að enginn mun rækja þingfréttastarf fyrir Ríkisútvarpið þannig að allir verði ánægðir með það. Ef einhver þingfréttaritari gerði tilraun til slíks, að gera það þannig að allir yrðu ánægðir með það, og setti sér það mark, þá yrði starfið unnið ákaflega illa, það er ég viss um. En það, sem gerðist í gærkvöld, er fyrst og fremst það, að það er brotinn réttur, ekki á okkur fyrst og fremst sem þm., heldur á okkur sem þegnum til þess að ráða því sjálfir hver orð okkar eru notuð sem útvarpsefni og hver ekki. Ég verð nú að segja alveg eins og er, að af því að ég hef þrátt fyrir allt dálitla reynslu í því að vinna með segulbönd og klippa segulbönd og útbúa útvarpsþætti, þá hygg ég að það sé eitt af fyrstu atriðunum, sem að er gáð þegar klippt er mál manna úr umr., að saman fari spurningar og svör. Þetta er talsverð yfirleguvinna, þetta er handavinna, tekur talsvert langan tíma að vinna þetta, og þetta starf þarf aðgætni. En hvernig svo sem til tekst um klippinguna eða útbúnaðinn til útvarps, þá er þetta staðreynd, að það hefur enginn heimild til þess að ganga í segulböndin hérna efra og taka þar með orð úr munni okkar sem ekki eru ætluð til útvarps, sem eru ætluð til flutnings hérna í þessari hv. d., og útvarpa þeim síðan fyrir alþjóð. Til þess hefur enginn heimild. Og það er enginn bær um að veita slíka heimild nema ræðumenn sjálfir. Hér hefur verið að því leyti til farið freklega út fyrir það svið sem þingfréttaritara útvarpsins er ætlað.

Eins og ég sagði í ræðu minni áðan, ætla ég ekki að fara að rekja hér þá gagnrýni sem ég hef þegar komið á framfæri við hlutaðeigandi fréttamann sem hefur ekki möguleika á því að svara fyrir sig hérna í d. En ég er út af fyrir sig ekkert hissa á því, þó að ráðh., einn eða fleiri, séu allánægðir með störf fréttaritarans.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég heyrði ekki þennan þátt, en ég reikna svo sem alveg eins með því að ég hafi komið þarna við sögu eins og aðrir þeir sem hér hafa tekið til máls, og ég held að ég sé ekkert hræddur við það, sem þar hefur komið fram frá minni hendi, og þurfi ekki að vera neitt hræddari um það, þó að það hafi í útvarp komið, en þótt það hafi verið sagt hér í hv. d. Ég held að ég sé ekkert skelkaðri við það, nema það ber auðvitað meira á því, ef

maður flytur hér lélegar ræður og heldur tætingslegar, þegar það er komið í útvarp, það skal játað. Þess vegna kemur það sér kannske illa fyrir mann, ef maður hefur flutt mjög lélega ræðu, að hún komi svo á tætingi í útvarpi þar á ofan. Mín ræða við þetta tækifæri var ekki þannig samin að ég geri ráð fyrir því að hún hafi orðið mér neitt til sóma eða framdráttar í þessu efni, þó að ég hefði fyllilega þolað það að öðru leyti.

Hins vegar skal ég játa það, að ég tek undir með þeim sem hér hafa talað um það, að auðvitað er nauðsynlegt að afla sér leyfis til þess að flytja í útvarp það sem hér er sagt. Það er hins vegar tvímælalaust og treysti ég að það verði gert framvegis, þó að ég segi það enn og aftur, að við eigum vitanlega að þola að það fari í útvarp sem við segjum hér í hv. d., og veit að allir eru sammála um það. Það eigum við vitanlega að þola og eigum ekki að þurfa að fara í að snurfusa orðalag og jafnvel meiningar til þess í raun og veru að falsa þetta í þingtíðindum. (Gripið fram í.) Það er líka allt annað mál, sem ég ætla einnig að koma að. Svo getur þetta auðvitað verið flutt á þann hátt að verulegum misskilningi valdi, og það er vitanlega vítavert. En það var nú vikið að hinu áðan líka, í sambandi við þessa snurfusun, sem væri kannske nauðsynleg og er auðvitað nauðsynleg, þó að hún megi ekki taka að mínu viti til meiningar í þessu efni.

En ég skal aðeins taka það fram, að ég er á því að þingfréttaritara útvarpsins, hver sem hann er, sé alltaf nokkur vandi á höndum. Núverandi þingfréttaritari hefur unnið að mínu viti margt vel, annað ekki eins vel, eins og gengur. Og ég hygg t.d. að í sambandi við fréttir af umr. hér sé það fréttastofan sjálf og forstöðumaður hennar sem ber þar á höfuðábyrgð, því að áreiðanlega skilar þingfréttaritari frá sér miklu ítarlegri og gleggri frásögn en tekin er. Ég tek t.d. eftir því, að á þessu verður töluverður munur oft milli hljóðvarps og sjónvarps, mjög mikill munur oft, og þá verð ég að líta svo á að þar sé það sá fréttamaður, sem tekur við þessu efni frá þingfréttaritaranum og er hjá sjónvarpinu, sem beri ábyrgð á þeirri styttingu og oft þeirri breytingu sem þar kemur fram mjög glögglega. Þær fréttir eru oft ófullkomnar. Stundum eru þær nákvæmari, en oftast nær þó ófullkomnari, m.a. að því er tekur til þess atriðis sem einn hv. þm. vék hér að áðan, hverjir hefðu tekið til máls og hverjir ekki, því að vitanlega er það rétt, að annaðhvort á það að koma fram um alla eða þá enga.

Það er hins vegar rétt sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, hvers sök sem það er því að þar er um sök að ræða, að það er ekkert smáræði sem oft er haft eftir ráðh. okkar hérna, það er gífurlegt að fyrirferð oft og tíðum og oft ekki í fullu samræmi við gildi þess sem þar er sagt.

Halldór Ásgrímsson: Forseti. Mér hafa fundist þessar umr. vera gagnlegar. Ég hef litið svo á að það væri e.t.v. mesti veikleiki Alþingis íslendinga að það er fremur lítill skilningur almennt á því, hvaða störf hér fram fara, og það gengur ekki nægilega vel að koma fréttum af störfum þingsins til þjóðarinnar. Ég held að þetta sé almennt vandamál, og ég held að það væri rétt að forsetar þingsins tækju þetta til sérstakrar athugunar, á hvern hátt verði best tryggt að þjóðin geti fylgst með störfum þingsins og þau störf séu túlkuð á sanngjarnan máta fyrir þjóðinni. Ég býst við að það sé mikið verk að kanna slíkt mál, og ég hygg að það væri rétt að hér starfaði sérstakur maður, sérstakur blaðafulltrúi við þingið til þess að tryggja að þessi þáttur sé í góðu lagi, því að þessi þáttur er gífurlega mikils virði fyrir þingið og hefur mikla þýðingu fyrir störf þingsins, þ.e.a.s. að fréttir héðan séu bæði ítarlegar og sanngjarnar og komi þannig fyrir þjóðina.

Hitt er svo annað mál, að mér finnst það hins vegar nokkuð þyngslalegt, ef á að þurfa að vera sá háttur á, að það þurfi að biðja leyfis í hvert skipti sem einhver setning er höfð eftir þm. (**StJ:** Ekki höfð eftir, tekin beint úr munni hans.) — eða tekin beint úr munni hans. Ég held að það sé nokkuð þyngslalegt. En hitt er svo annað mál, að þetta er vandmeðfarið og gerir þær kröfur til viðkomandi aðila, að það sé bæði rétt farið með og hlutir séu ekki slitnir úr samhengi. En ef á að fara almennt út í það að spyrja hvern einstakan þm. að því, hvort megi hafa þetta og þetta eftir honum, þá er ég hræddur um að fréttaflutningur héðan verði þyngslalegur. Og það er nú svo, að störf á Alþ. eiga að vera opin fyrir þjóðinni og það á ekki að þurfa sérstakt leyfi til. En ég vil endurtaka það, að það gerir þær kröfur að þetta starf sé vel skipulagt.

Ég vil sem sagt endurtaka það og ítreka, að það fari fram sérstök könnun á því, á hvern hátt verði best tryggt að þjóðin fái ítarlegar og sanngjarnar fréttir af störfum þingsins, og þar með verði reynt að vekja meiri áhuga meðal þjóðarinnar fyrir störfum Alþingis.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Út af því, sem hér hefur verið sagt um fréttaflutning af ræðum ráðh., þá ætla ég í einni setningu að segja það, að ég hygg að ég hafi ekki talað mest í þessari deild í vetur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég geri ráð fyrir að umr. utan dagskrár sé lokið. Ég vil aðeins taka það fram, að þingfréttaritarar Ríkisútvarpsins hafa aðgang hér að segulböndum til þess að geta unnið úr þeim fréttir sínar, svo sem öðrum gögnum um þingmál og umr. í þinginu. Það leikur ekki vafi á því, að þetta er nauðsynlegt til þess að það sé hægt að vinna eðlileg fréttastörf hjá Alþ. Hitt orkar hins vegar vafalaust tvímælis, að það sé hægt að útvarpa beint af segulböndum ræðum þm. án þess að ræða um það við þá. Ég segi: orkar tvímælis, ég tek ekki fastar að orði nú. Mér var ekki kunnugt um, að þetta mál kæmi hér upp, fyrr en það var tekið til umræðu utan dagskrár, en ég tel þetta mál þess eðlis að það þurfi að athuga sérstaklega. Ég mun sjá um að það verði gert, og það mun ég gera í samráði og ásamt öðrum forsetum þingsins, hæstv. forseta Sþ. og hæstv. forseta Nd., þannig að það leiki enginn vafi á þeim reglum sem við viljum hafa í þessu efni svo og að þeim reglum, sem eru eða við kunnum að setja, verði réttilega framfylgt.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 540, n. 627). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. þd. hefur fjallað um frv. það sem hér er á dagskrá, og hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og fylgja. Nál. þetta er birt á þskj. 627.

Aðeins, áður en ég vík úr ræðustóli, vil ég geta þess, þó ég sé ekki að flytja brtt. við þetta frv., og láta koma fram þá skoðun mína, að þegar þessi lög hafa öðlast gildi og koma til framkvæmda, þá mun ég skilja þau þannig, þó að hér sé sérstaklega talað um lánadeild veiðarfæraiðnaðar, að þá ættu aðgang að væntanlegri lánadeild fyrirtæki sem annast viðhaldsþjónustu veiðarfæra í landinu. Hér er um mörg fyrirtæki að ræða, — fyrirtæki sem hafa þurft að leggja í mjög fjárfrekar framkvæmdir til þess að geta sinnt því mikla þjónustuhlutverki sem þau gegna fyrir flota landsmanna og sjávarútveginn í heild. Því er það, að ég vildi láta koma fram og fá skráðan í þingtíðindum þann skilning sem ég legg í samþykkt þessa lagafrv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að fara nokkrum orðum um þetta frv., en lýsi jafnframt stuðningi mínum við það, en harma hvað það er stutt varðandi aths. Ég hefði gjarnan viljað fá yfirlit yfir hvað hefði komið inn í þessu veiðarfæragjaldi og tekið fram á hvaða veiðarfæri þetta gjald legðist. Það lagðist ekki á veiðarfæri sem voru framleidd hér á landi. Það lagðist á síldarnætur og teina, sem eru notaðir á síldar- og loðnunætur og ekki er hægt að framleiða hér á Íslandi, og var gjald er nam nokkrum tugum þúsunda á hverja nót. Heildartekjur og ráðstöfun á þeim hefðu einnig átt að koma fram, svo að það lægi ljóst fyrir hvert þessar tekjur hafa farið og hvernig þeim var ráðstafað. En ég hef grun um að þær hafi að mestu leyti farið í eitt fyrirtæki hér á Íslandi, ágætisfyrirtæki út af fyrir sig. En það hafa margir sótt um lán, sem eru í veiðarfæraþjónustu og veiðarfæragerð, án þess að fá áheyrn, og vil ég sérstaklega taka undir orð frsm., að hér verði ráðin á bót hið snarasta, því að það er mála sannast að úti um allt land eru nokkrir menn er hafa það hlutverk að halda veiðarfærum í lagi við mjög kröpp kjör, bæði í húsnæði, vinnuskilyrðum og að öllu leyti varðandi rekstrarfé, svo kröpp að það er alveg furðulegt að þessir menn skuli hafa getað haldið starfsemi sinni gangandi. Það er því fagnaðarefni ef ríkisvaldið og forsvarsmenn iðnaðarins vilja líta til þessara manna, því að verk þeirra eru það mikilvæg að öll veiði landsmanna byggist á því að vel takist þar til. Það er gagnslaust að hafa gott togveiðiskip ef veiðarfærin eru ekki rétt saman sett. Það er einnig gagnslaust að hafa hin fullkomnustu nótaskip með öllum mælum og tilheyrandi útbúnaði ef nótin lokast ekki rétt. Þá skilar hún engu upp að skipshliðinni. En nætur núna vega hvorki meira né minna en 16—20 tonn og verða ekki hreyfðar né teknar til eða frá nema með vissum tækjum, þ. e. a. s. vélbúnaði. Áður urðu menn að handvinna þetta allt og draga til við mjög erfiðar aðstæður. En það er liðinn tími að geta gert það, og þess vegna hefur þessi krafa frá hendi útgerðarinnar kallað á verulega aukinn útbúnað í landi sem ríkisvaldið hefur hvergi nærri viljað hlusta á. En ég vænti þess, að breytingin í þessu frv., — og ég treysti hæstv. iðnrh. til þess að fylgja því eftir, — leysi þetta vandamál hið bráðasta.

En það er ekki aðeins að það hefur þurft betri tækjabúnað, heldur hefur einnig orðið og þarf samkv. opinberum kröfum að laga til á vinnustað, sérstaklega hjá þessum iðnaði og nokkrum fleiri sem þjóna sjávarútvegi fyrst og fremst. Og við tveir flm. brtt. á þskj. 551, ég og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, leggjum til í leiðinni að Iðnlánasjóði verði heimilað að starfrækja nýja lánadeild, sem skal kallast starfsumhverfisdeild, og sjóðsstjórn ásamt hæstv. iðnrh. tryggi þessari nýju starfsemi eitthvert fjármagn. Sjálfsagt er að fara rólega af stað og athuga vel sinn gang. En hér er mikið vandamál í uppsiglingu vegna aukinna krafna frá ríkisvaldinu. Hliðstætt því, sem hefur verið gert í sjávarútvegi nú um hollustuhætti og aðbúnað við frystihúsin, eru að koma vaxandi kröfur varðandi starfsumhverfi og hollustuhætti í iðnaði og mörg fyrirtæki verða að laga til hjá sér, og það verður að veita þeim eitthvert stofnfjármagn til þess að geta gert það að kröfu ríkisvaldsins, svo að ég trúi ekki öðru en þessi till. fái hljómgrunn. Framkvæmd hennar fer eftir ákvörðun viðkomandi ríkisstj. hverju sinni og stjórninni á sjóðnum, en það er nauðsynlegt að opna þennan möguleika jafnframt því sem við breytum hér lögum Iðnlánasjóðs.

Að lokum vil ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir að koma með þetta frv., þótt það komi hér fram á síðustu stundum þingsins. Ég vænti þess, að hér sé í uppsiglingu verulega sterkt og gott átak til þess að bæta úr mikilli þörf — verulega mikilli þörf hjá þessum iðngreinum sem hafa sinnt veiðarfæragerð undanfarna marga áratugi á Íslandi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir þakkir síðasta ræðumanns til hæstv. iðnrh. fyrir að hafa lagt fram frv. þetta, þó seint sé fram komið, og verður tæplega of fast að orði kveðið um nauðsyn þess einmitt að bætt verði fjármagnsaðstaða þeirra manna úti um landið sem annast viðhald á veiðarfærum skipanna okkar og þá náttúrlega fyrst og fremst nótaveiðiskipanna og togskipanna. Hér er um að ræða stórkostleg verðmæti sem veiðarfæragerðirnar úti á landi fjalla um og mjög mikil verðmæti í húfi að auðveldað sé þeim aðilum, sem þessi störf inna af höndum, að vinna þau.

Ég vil einnig taka heils hugar undir brtt. þá sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson lagði hér fram og gerði grein fyrir. Mér er persónulega kunnugt um það, að ýmsir iðnrekendur og stjórnendur vinnustaða bera það fram sem afsökun — og ég efast ekki um ýmsir þeirra með fullum

rökum — fyrir því að þeim hefur ekki tekist að bæta umhverfi á vinnustað og hollustuhætti eins og æskilegt væri, að þá bresti til þess fé og ekki sé ætlað fyrir fjárþörf til þeirra hluta. Kunningi minn einn, sem rekur járnsmíðaverkstæði hér í grennd við Reykjavík, orðaði þetta beinlínis þannig við mig eitt sinn í vetur, að hann væri viss um að þeir peningar, sem varið er til þess að bæta umhverfið, prýða umhverfið og bæta hollustuhætti á vinnustað, mundu skila meiri vöxtum en fé sem varið er beinlínis til verklegra framkvæmda ýmiss konar á verkstæðunum. Sú hefur orðið reynslan, þar sem hægt hefur verið að leggja fé í slíka hluti, að þetta hefur aukið afköst, gert mennina ánægðari á vinnustað og leitt beinlínis til hagkvæmari rekstrar.

Þetta er það sem snýr að fyrirtækjunum sjálfum, sem sagt að líkur benda til þess að hægt verði að gera þau beinlínis arðbærari með þessum hætti, með því að sjá fyrir þessu fé. Hitt snýr síðan að fólkinu, sem störfin vinnur á þessum vinnustöðum, sem e. t. v. er mest um vert. Það er þýðingarmikið að við fáum einmitt þetta atriði viðurkennt í lögum og reglum sem lúta að fjármögnun, að okkar innlendu fyrirtæki eigi að verja hluta af fé sínu einmitt til þeirra hluta sem að umhverfismálum lúta. Það er þýðingarmikið, þegar við erum jafnframt að tala um mengunarhættu af stóriðjufyrirtækjunum með eignaraðild útlendinga, að við sýnum þá þetta viðhorf til okkar innlendu fyrirtækja.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka iðnn. skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli.

Út af því sem hv. frsm. n. minntist á varðandi starfsemi veiðarfæradeildarinnar, að hún þyrfti að lána einnig til viðgerða og viðhalds á veiðarfærum, þá mun ég koma þeim aths. á framfæri við stjórn Iðnlánasjóðs og ræða við hana um hvernig hægt sé að leysa það mál.

Varðandi brtt. frá Eggert G. Þorsteinssyni og Jóni Árm. Héðinssyni á þskj. 551, þá er þar hreyft mjög athyglisverðu máli, að stofna við Iðnlánasjóð sérstaka deild til umhverfislána. Ég vil beina þeim tilmælum til hv. flm., að þeir taki till. aftur til 3. umr., og biðja iðnn. um að ræða till. milli 2. og 3. umr. Ég held að það væri rétt að hún yrði rædd við stjórn Iðnlánasjóðs, en ég efa það ekki að henni verður vel tekið.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér þykir sjálfsagt að verða við beiðni hæstv. iðnrh. að draga þessa till. til baka og hún komi til atkvgr. við 3. umr., og ég þakka mjög jákvæðar undirtektir hæstv. ráðh. við efni till. Ég vona, þegar hún verður rædd við stjórn Iðnlánasjóðs, að menn geri sér grein fyrir að hér er opnuð leið til þess að mæta vaxandi þörf. Auðvitað er ekki hægt að gera neitt í þessu efni nema tryggja fjármagn. Það skeður með samstarfi stjórnar Iðnlánasjóðs, rn. og hæstv. ráðh. Hér er fram undan átak sem þarf að gera fyrr eða síðar, og það er þess vegna nauðsynlegt að hafa þetta í lögum sjóðsins, að það megi takast á við þetta verkefni með aðstoð sjóðsins, vegna þess að á öðrum vettvangi af hálfu ríkisvaldsins eru gerðar vaxandi kröfur um viss lágmarksvinnuskilyrði. Og það getur orðið viðkomandi fyrirtæki, þó að það hafi starfað jafnvel í áratugi, erfitt að svara þeim kröfum innan skamms tíma, sem oft er settur af hálfu ríkisvaldsins, nema eiga kost á sérstöku fjármagni til að verða við kröfum um endurbætur og þess háttar frá öðru rn.

Ég þakka sem sagt, af því að ég met mjög jákvæðar undirtektir hæstv. ráðh., og þykir einsýnt, að rétt sé að taka till. aftur til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 551 tekin aftur til 3. umr.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. (þskj. 308, n. 595). — 2. umr.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 595 skilar sjútvn. áliti um þetta frv., sem er um breyting á siglingalögunum, og hún mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Hér er um að ræða hækkun í krónutölu talið á dánarbótum, eins og segir í 1. gr., bráðabirgðaákvæði:

1. Dánarbætur:
   a) 2 millj. kr. við dauða, er greiðist nánustu vandamönnum og erfingjum hins látna.
   b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða skv. a-lið 1. mgr. 35. gr. almannatryggingalaga.
   c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkv. c-lið 1. mgr. sömu gr.
2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
   a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. almannatryggingalaga og nema ¾ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
   b) Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða örorkubætur. 6 millj. kr. við algerlega varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Hér er sem sagt um hækkun á tölum að ræða miðað við fyrri tölur og er þetta algert samkomulagsatriði varðandi hagsmunasamtök, bæði varðandi sjómannasamtökin og útgerðaraðila, þannig að n. mælir einróma með, eins og gert var í Nd., að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 81. fundur.

Laugardaginn 30. apríl, að loknum 80. fundi.

Siglingalög, frv. (þskj. 308). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 637).

Neðri deild, 81. fundur.

Laugardaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 469.) — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 113). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÓ, MB, MÁM, ÓE, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞÞ, EKJ, FÞ, GS, GuðlG, GHG, GTh, HES, IngJ, IG, JóhH, LárJ, RH.

ÓlJ, PP, SighB, SvJ, EðS, GilsG, GF, LJós, SM greiddu ekki atkv.

9 þm. (PJ, PS, ÞS, BGr, EBS, GÞG, JSk, JónasÁ, KP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Þó að hafi fallið í umr. um þetta mál nokkur orð um meirihlutaálit hv. iðnn., þá vil ég nú þrátt fyrir það, með tilliti til þess hversu varkárlega það er orðað, um leið og ég segi já við þessa atkvgr., vísa til þess.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Við 2. umr. málsins, þegar nokkrar umr. urðu hér í hv. d., var ég bundinn við umr. í Ed. og gat því ekki tekið þátt í umr. hér. Ég tel því rétt að gera hér grein fyrir atkv. mínu.

Svo er mál með vexti, að stjórn Andakílsárvirkjunar hefur óskað eindregið eftir því að þessi heimild til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði verði samþykkt. Eigendur Andakílsárvirkjunar eru Akraneskaupstaður, Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Þessir aðilar óska eindregið allir eftir að fá þessa heimild. Það er gengið út frá því og er alger samstaða um það, að eignaraðild að fyrirhugaðri virkjun við Kljáfoss yrði hagað þannig, að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla ásamt Dalasýslu yrðu einnig meðeigendur orkuversins.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa gert einróma samþykktir um að skora á Alþ. og ríkisstj. að greiða fyrir því að Kljáfoss verði virkjaður. Samkomulag liggur fyrir við landeigendur um málið, eins og greint er á fskj. I. Frv. er flutt af hv. formanni fjvn. og hæstv. forseta Sþ. í Ed. og var afgreitt þaðan. Iðnn. þessarar d. hefur mælt með frv., þ. e. a. s. 6 af 7 nm. Ég tel að hér sé um álitlega virkjun að ræða og er því fylgjandi þessu frv. og segi já.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Þar sem ég var hér ekki á vettvangi þegar 2. umr. lauk vil ég gera grein fyrir atkv. mínu. Enda þótt ég út af fyrir sig vefengi ekki að hér kunni að vera um hagkvæma virkjun að ræða, þá lít ég svo á að endanlega ákvörðun um þessa virkjun beri að taka samhliða áætlunargerð um aðrar virkjanir vegna þess að þessi virkjun, væntanleg, er á svæði sem orðið er samtengt við aðrar virkjanir og aðra orkuframleiðslu, og enn fremur þar sem líta má svo á að í samþykkt þessa frv. felist viss stefnumörkun í orkuvinnslu, þ. e. a. s. að landsblutaveitur eigi að annast orkuvinnslu, þá treysti ég mér ekki til þess að greiða þessu frv. atkv. mitt. En í trausti þess, að hér sé ekki um raunverulega stefnumörkun að ræða og að þessi mál verði athuguð betur í framtíðinni, þá tek ég ekki þátt í atkvgr. og greiði ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj 631).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 549, n. 597, 598). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 598 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Símanot aldraðs fólks, þáltill. (þskj. 166). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til samgn. með 21:7 atkv. og umr. frestað.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 619). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbirgði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að minnast aðeins á þetta mál, úr því að það kemur aftur til þessarar hv. d. eftir að það var afgreitt fyrir nokkru héðan úr d. og hefur nú verið um það fjallað í hv. Ed. og á því gerðar breytingar sem eru

hvorgi meira né minna en fimm talsins, svo að maður gæti ímyndað sér að þarna væri um miklar breytingar að ræða. En sannleikurinn er þó sá, að það er engin efnisbreyting í þessum brtt., sýnist mér, og að því leyti til get ég sagt það, virðulegi forseti, að það er í sjálfu sér engin ástæða til þess að amast við því að þessar brtt. gangi fram. En eins og ég segi, þá er hér ekki um efnisbreytingar að ræða.

Mér sýnist að það sé skaðlítil smásmygli, sem hefur ráðið þessum breytingum, og dálitið ívaf af orðhengilshætti, og ef ég hefði tíma til eða ef ég teldi að þingið hefði tíma til að fjalla meira um þetta mál og kannske ef ég væri þrasgjarnari en ég er, þá mætti rekja þetta dálítið nánar og sýna fram á hvernig lagasmíði á sér stundum stað hér á hv. Alþ. En eins og ég segi, þá er sú smásmygli, sem ráðið hefur þessum formbreytingum á frv., svo skaðlaus og lítilfjörleg að ég vil leyfa mér, af því að ég hef talað fyrir þessu frv. áður hér fyrir hönd menntmn. þessarar hv. d. að segja að hér er um skaðlausa smásmygli að ræða, engar efnisbreytingar, og ég held að það væri ekki til neinnar þurftar að vera að ganga gegn þessum breytingum hv. Ed., heldur sé tími til þess kominn að Alþ. afgreiði þetta mál. Skiptir þá ekki máli þó að það hafi aðeins verið skipt um slaufu á flíkinni áður en hún var send út til almennings.

Sem sagt, ég held að þó að þessar brtt. sýnist vera allmargar, þá er hér ekki um neina þá efnisbreytingu að ræða sem gerir það nauðsynlegt að ganga gegn þeim.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Þegar málið var hér til 2. og 3. umr. í þessari hv. d. tilkynnti ég við 2. umr. að ég mundi flytja brtt. við 3. umr., sem ég gerði, þess efnis, að til viðbótar þeim söfnum, sem tilgreind eru í 10. gr. frv. eins og það lá fyrir hv. d., bættist eitt safn á Suðurlandi, sem ég tilgreindi sem Bókasafnið í Vestmannaeyjum. Ég benti þá á það, að samkv. 10. gr. frv., eins og það lá hér fyrir hv. Nd., var gert ráð fyrir að safn á Vesturlandi, í Stykkishólmi, fengi viss forréttindi, safn á Ísafirði fengi viss forréttindi, safn á Akureyri einnig og einnig á Seyðisfirði, í sambandi við skylduskil útgefenda á vissum ritum ættu þeir að standa skil á vissum eintakafjölda til Landsbókasafns sem síðan yrði afhent þessum söfnum. Mér fannst og finnst að þar hafi nokkuð verið gengið á hlut eins landshluta, þ. e. Suðurlands, það var þar alveg undanskilið. Þar mátti ekkert safn fá sent eintak til varðveislu, eins og þá var talið í frv. Lagði ég þá til að Bókasafnið í Vestmannaeyjum, sem er eitt af elstu bókasöfnum landsins, elsta bókasafnið á Suðurlandi, yrði þar einnig tilgreint í lögunum, að það nyti þessara réttinda. Þessi till. mín var felld hér í Nd. Ég verð að viðurkenna að það kom mér nokkuð á óvart, því þarna var að mínum dómi um hreint leiðréttingarmál að ræða, meira en réttlætismál, það var aðeins um leiðréttingarmál að ræða, að einn landshluti yrði ekki þarna undanskilinn. En það fór þó svo, að þessi till. mín náði ekki samþykki. Að vísu voru hér fáir þm. mættir, rétt að atkvgr. var lögleg, á mörkum að atkvgr. væri lögleg. En við því er ekkert að segja. Þetta var lögleg afgreiðsla úr deildinni, og auðvitað varð ég að sætta mig við hana.

Nú kemur þetta frv. aftur hingað í þessa hv. d. frá Ed. verulega breytt og efnislega breytt. Það er ekki rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. að það séu smávægilegar breytingar, þetta er efnisleg breyting, svo sem ég skal koma að.

Hv. 4. þm. Vestf. mælti gegn þessari till. minni á þeim forsendum að þarna væri um varðveislu að ræða, þessi tilteknu söfn tækju á sig þær skyldur að varðveita þau eintök sem þeim yrðu afhent, og af þeirri ástæðu mælti hann gegn því, að það væru skyldur sem þessi söfn tækju á sig, en taldi ekki rétt að þessi réttindi og þær skyldur yrðu færð á Bókasafnið í Vestmannaeyjum. Nú var þessi varðveilsuskylda tekin út úr frv. í hv. Ed., þannig að rök hans eru þar með úr sögunni, og þarf ekki að vera ágreiningur um það, að þessi hv. þm. getur af þeim orsökum ákaflega vel nú mælt með þeirri brtt. sem ég ætla hér að flytja á eftir. Og hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir afstöðu sinni á þeim forsendum, að hann óttaðist að ef þessi till., sem ég þá flutti, yrði samþykkt, mundi hún mynda einhvern hala þannig að fleiri bókasöfn kæmu með kröfur um sömu réttindi og ég lagði til, að ég taldi sem leiðréttingu, að eitt safn á Suðurlandi fengi sömu réttindi og söfn í öðrum landfjórðungum. En till. mín nú, sem ég mun leyfa mér að flytja hér skriflega og mælast til við hæstv. forseta að hann leiti afbrigða fyrir henni, ég held að hún sé þess eðlis að fullnægt verði báðum þeim atriðum sem hv. 4. þm. Vestf. og hæstv. menntmrh. töldu að ekki gætu samrýmst frv. eins og það var, þegar það lá fyrir þessari hv. d. við 3. umr. Till. mín er við 13. gr. frv. sem nú er orðin. Hv. Ed. tók út 2. mgr. 10. gr. frv., eins og var hér samþykkt, og gerði þann hluta hennar að ákvæði 13. gr. frv. Þess vegna verður brtt. mín ekki við 10. gr., heldur við 13. gr. frv. eins og það er orðið eftir að það kemur frá hv. Ed., en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir orðunum „eitt eintak hverju safni“ komi: Auk þess er ráðh. heimilt að fenginni umsögn landsbókavarðar að fela Landbókasafninu að láta öðrum bókasöfnum í té eitt eintak af umræddum ritum, þó þannig að ekki verði um fleiri en eitt bókasafn að ræða í hverju kjördæmi, sem þessara réttinda njóta.“

Eins og frv. er nú orðið eftir meðferð hv. Ed. eru aðeins þrjú kjördæmi landsins sem eru undanskilin. Það eru Norðurlandskjördæmi vestra, Suðurlandskjördæmi og Reykjaneskjördæmi. Ég ætlast til þess hreinlega að þessi sanngirniskrafa mín og tillaga mæti hér skilningi í hv. d., þannig að við séum ekki að gera upp á milli kjördæma að því leyti. Það er búið að undanskilja ákvæðið um varðveislu, sem var að vissu leyti bæði jákvætt og neikvætt fyrir bókasöfnin. Þau fengu send þessi rit, en urðu þá um leið að láta binda þau inn, sem kostar verulegt fjármagn. En þessari kröfu, þessari skyldu hefur verið létt af bókasöfnunum sem fá þessi tilgreindu eintök send, og ég ætlast til þess að við séum ekki í þessari hv. d. að gera upp á milli kjördæma landsins þannig að lögbinda það að undanskilja þrjú af átta kjördæmum landsins frá því að landsbókavörður geti mælt með því og ráðh. þar af leiðandi geti sam-

þykkt það, að eitt bókasafn í hverju þessara kjördæma njóti sömu réttinda og frv. gerir ráð fyrir að bókasöfn í öðrum kjördæmum landsins njóti.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fjölyrða meira um þetta, hæstv. forseti, en leyfi mér að leggja fram skrifl. brtt. við frv. og vænti þess, að þessi hv. d. fallist á þessa, að ég tel, leiðréttingu, ekki aðeins sanngirnismál, þetta er bara ósköp eðlileg leiðrétting. Þarna er verið að gera upp á milli landshluta.

Það var bent á það, að þessi tilgreindu söfn hefðu áður notið þessara hlunninda. En ég segi: Hví í ósköpunum eiga að vera forréttindi? Þó að þessi söfn hafi frá einhverjum tíma notið einhverra forréttinda, hví í ósköpunum mega ekki önnur söfn nú í dag fá sömu forréttindi? Ég vil benda á það, að Bókasafn Vestmannaeyja er eitt af elstu bókasöfnum landsins. Það er stofnað 1860 og hefur starfað óslitið síðan, nú í rúmlega 100 ár. Það eru aðeins tvö bókasöfn á landinu sem hafa lengri sögu að baki sér. Það er bókasafnið í Stykkishólmi, Amtsbókasafnið þar, og bókasafnið í Norðurlandskjördæmi eystra. Þau hafa lengri sögu á bak við sig, annað frá 1838, en hitt frá 1842, ef ég man rétt. Okkar bókasafn í Vestmannaeyjum er frá 1862. Þetta eru þrjú elstu bókasöfnin á landinu. Og ég tel það mjög mikla ósanngirni að veita ekki bókasafninu í Vestmannaeyjum sömu réttindi og öðrum bókasöfnum á landinu, þó að hin tvö séu eldri. En eins og ég segi, ég tel það leiðréttingu, ekki einungis sanngirnismál, heldur eðlilega leiðréttingu, og ætla að vænta þess, að þessi d. geri þessa leiðréttingu á frv. fyrst það er komið hingað til okkar aftur.

Umr. frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 576, n. 616). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta mál, frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, og hefur orðið sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt.

Þetta frv. gefur ekki tilefni til þess að flutt sé langt mál. Hæstv. fjmrh. rakti hér efni frv. í framsöguræðu sinni í gær. Efni frv. varðar nauðsynlegar breytingar sem gera þarf vegna breytts fasteignamats: Í fyrsta lagi að heimiluð fyrning megi miðast við fasteignamat sem var í gildi í ársbyrjun 1976, en ekki fasteignamatið sem tók gildi um áramót 1976—1977. Í 2. gr. frv. eru svo breytingar frá gildandi lögum og varða álagningu eignarskatts. Annars vegar er breyting á skattstiga og skatthlutfalli einstaklinga. Skattstiginn hefur verið 0.6% af fyrstu 1500 þús. umfram 2.7 millj. og 1% af því sem þar er fram yfir. Núna verður skattstiginn 0.8% af þeirri eign sem umfram er 6 millj. hjá einstaklingum og 9 millj. hjá hjónum, en hjón voru áður skattlögð eins og einstaklingar. Svo er breytt eignarskattstiga félaga, sem verið hefur 1.4%, en verður 0.8% eins og hjá einstaklingum. Er ætlað að skattbyrði félaga verði óbreytt frá því sem gert var ráð fyrir í fjárl., en eignarskattsbyrði einstaklinga mun heldur minnka. Og það er áætlað, að eignarskattsgreiðendum muni fækka um allt að 10 þús.

Það er ekki ástæða til að hafa um þetta fleiri orð, en n. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Skotvopn, frv. (þskj. 618 (sbr. 52)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 636).

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 527, n. 557). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Laugardaginn 30. apríl, að loknum 81. fundi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 628). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Umferðarlög, frv. (þskj. 528, n. 596). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Hæstv. forseti. Þetta mál hefur hlotið afgreiðslu í Ed. Samkv. þessu frv. er ökumönnum bifhjóla og farþegum skylt að nota hlífðarhjálma við akstur. Allshn. þessarar d. hefur fjallað um frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Póst- og símamál, frv. (þskj. 530 (sbr. 324), n. 602, 575). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. Þetta er viðamikið mál og margþætt. Frv. er samið af n. sem samgrh. skipaði á útmánuðum 1973 til að gera allsherjarathugun á skipulagi og rekstri Pósts og síma.

Í grg. segir að elstu ákvæði um póstmál á Íslandi felist í tilskipun frá 13. maí 1776. Þar er ákveðið að póstþjónusta skuli kostuð af opinberu fé og falla undir stjórn embættismanna, stiftamtmanns, amtmanna og sýslumanna. En um 1785 var þessi þjónusta komin í það horf sem hún hélst í síðan um 100 ára skeið, þ. e. a. s. þá var um að ræða tiltekinn fjölda ferða landpósta milli aðsetursstaða helstu embættismanna landsins.

Síminn er lagður hingað til lands og frá Seyðisfirði til Reykjavíkur árið 1906. Síðar voru þessar stofnanir, póstur og sími, sameinaðar. Það var samkv. l. nr. 40 frá 1929, að ákveðið var að sameina þær með rólegum hætti. En það þótti ekki ganga nógu fljótt, og lög voru sett nr. 8 frá 1935 um yfirstjórn Pósts og síma. Þar var yfirstjórnin sameinuð hjá einum embættismanni, póst- og símamálastjóra. En l. nr. 8 frá 1935 fjalla um skipulag Pósts og síma í víðri merkingu, en síðan hafa ýmsar heimildir samkv. þeim lögum verið notaðar og ráðh. kveðið á um nánari atriði í reglugerðum. Þessi gömlu lög frá 1935 eru enn í gildi og á þeim byggjast fyrirætlanir um þessi efni. En þessi stofnun heyrir nú samkv. l. nr. 73 frá 1969, um Stjórnarráð Íslands, undir samgrn., en frá 1935—1970 heyrði stofnunin beint undir ráðh. samgöngumála. — Þetta eru aðeins örfáir þættir úr sögu þessara mála.

Frv. þetta til nýrra laga um þessi efni var lagt fram fyrir alllöngu. Sá háttur var á hafður, að samgn. beggja d., Ed. og Nd., athuguðu málið á þrem fundum, en seinna tók samgn. Ed. málið alfarið í sínar hendur og það satt að segja hvarf sjónum samgn. Nd. um alllangt skeið, þar til nú fyrir örfáum dögum að n. fékk það í hendur til athugunar í þeim búningi sem því hafði verið skorinn í Ed. Ég bendi aðeins á þetta til þess að minna hv. þm. á, hvað það er oft hyggilegt og hagkvæmt að samkynja n. beggja d. fjalli um sama málið og ekki aðeins á fáum fundum, heldur mun meira en gert er að jafnaði.

En á þessum þrem sameiginlegu fundum, sem haldnir voru, var frv. athugað. Í fyrsta lagi var rætt við höfunda þess og þeir spurðir ýmissa spurninga. Í annan stað komu formenn Starfsmannafélags Pósts og síma á fund n., þeir Ágúst Geirsson, formaður Félags ísl. símamanna, Björn Björnsson, formaður Póstmannafélags Íslands, og Gylfi Már Jónsson, formaður Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna. Þeir greindu frá viðhorfum sínum til þessara mála, sem vitanlega snerta þessa menn og samtök þeirra á ýmsan veg, og lögðu síðan fram skriflegar aths. og óskir í þessu máli. Ég hygg að einhverjar óskir þeirra hafi verið teknar til greina af hv. Ed.

Hv. Ed. gerði nokkrar breytingar á þessu frv., eins og kemur fram af skjölum málsins og málflutningi manna. Samgn. Nd. hefur nú athugað þetta mál nokkuð, en það kom fljótlega fram að nm. voru ekki ánægðir með þann skamma tíma sem þeir höfðu til að athuga frv. nánar. Það varð svo niðurstaðan eftir nokkrar umr. og vangaveltur, að n. féllst á að mæla með því að frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. En það er að sönnu ekki sigurstranglegt að benda á það, að 3 af hv. nm., sem undirrita nál., rita undir það með fyrirvara. Einn þeirra, hv. þm. Karvel Pálmason, er ekki staddur í bænum nú, hann mun vera á Vestfjörðum. Og það er alveg rétt, að hann óskaði eindregið eftir því að umr. um þetta mál yrði frestað þangað til eftir helgi, til mánudags. Það er rétt, og ég kom þeirri ósk hans á framfæri við æðstu yfirvöld þessara mála, en hins vegar hefur málið verið sett á dagskrá í dag. Ég gat á hinn bóginn ekki skorast undan því að skýra málið sem frsm. n. En þetta er rétt og þetta skal koma fram, að hv. þm. Karvel Pálmason, sem undirritar nál. með fyrirvara, óskaði eftir að þessi umr. færi ekki fram fyrr en á mánudag, eftir helgi.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta. Ég geri ráð fyrir, að ýmsir nm., kannske flestir, hefðu viljað hreyfa einhverjum breytingum við það eða láta álit sitt í ljós um einstök atriði þess, og væntanlega greina þeir hv. alþm., sem hér eru staddir og undirritað hafa nál. með fyrirvara, frá því, í hverju sá fyrirvari er fólginn. En ég þarf ekki að hafa fleiri orð um frv. þetta fyrir hönd n. Ég hef skýrt frá því, sem rétt er, að meiri hl. hennar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Vegna þess, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði um afstöðu hv. þm. Karvels Pálmasonar, vil ég skýra frá því, að mér voru að berast skilaboð frá hv. þm. um að hann mundi koma sjónarmiðum sínum á framfæri við 3. umr. málsins.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. frsm., 4. þm. Vesturl., hafa þrír af nm. samgn. Nd. skrifað undir með fyrirvara, og ég tel hlýða að ég geri í örstuttu máli grein fyrir í hverju minn fyrirvari er fólginn.

Það er rétt að okkur þótti slæmt, nm. í samgn. Nd., hve skammur tími var til stefnu til að taka afstöðu til þessa máls endanlega, enda þótt við hefðum áður, á fyrra stigi málsins, verið á sameiginlegum fundum með samgn. Ed. og þá með höfundum frv. og nokkrum starfsmönnum Pósts og síma. En það er nú svo, að þegar til kastanna kemur og á að skrifa undir, þá kemur ýmislegt upp úr kafinu sem maður gjarnan vildi taka til betri athugunar.

Ég fyrir mitt leyti tel til hins verra, en þetta er að sjálfsögðu aukaatriði, að breyta nafni stofnunarinnar Pósts og síma í Póst- og símamálastofnun. Ég hef frá upphafi talið að þetta nafn á þessari stofnun, Póstur og sími, væri þjált og liðugt í meðförum. Við höfum nógu margt af marabonnöfnum meðal okkar mörgu stofnana og Póstur og sími finnst mér sóma sér vel. En ég tek það fram, að þetta tel ég þó aukaatriði.

Það, sem ég hefði viljað fá tóm til að athuga betur og hugsanlega koma á framfæri sem brtt,

er að það væri eðlilegt að Alþ. ætti hlutdeild í stjórn stofnunarinnar. Ég tel auk þess að breytingin, sem kom frá Ed. í þá átt að komið yrði á fullkominni jöfnun símgjalda, hefði mátt vera ákveðnari. Þar segir að stefnt skuli að því að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers. Þar stendur og að ráðh. sé heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík hvaðan sem er af landinu, að því skal stefnt að tekjur samkv. gjaldskrá nægi til að rekstrarjöfnuður náist o. s. frv.

Það voru þessi tvö atriði, sem þarna eru orðuð, sem ég tel vissulega til bóta, að þetta er þó tekið til athugunar og að þessu skuli stefnt. Ég hefði viljað orða þetta sterkar og koma fram með brtt. samkv. því. En að athuguðu máli, vegna þess að ég veit, að það er mikið kapp á það lagt að ná þessu mikla frv. fram núna, þá geri ég það ekki, vænti þess, að þessi atriði stefni í rétta átt. Og með það í huga, að að sjálfsögðu má bera fram brtt. við þessi lög síðar meir, þótt samþykkt verði nú, þá ætla ég ekki, til þess að hindra ekki framgang málsins, að fara lengra en gera þessar aths. við afgreiðslu málsins.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu á þessu máli, enda þótt undir nál. sé skrifað með fyrirvara sem hv. 9. landsk. hefur nú gert grein fyrir. Ég vil segja frá því, að ég skýrði frá því í hv. Ed. og reyndar samdi með þeim Ed.-mönnum breytingu á þessari gr. sem ég taldi afskaplega mikils virði sem stefnumörkun, en hins vegar yrðum við að gæta þess, hvað við værum að gera og ég hefði ekki handbærar upplýsingar og mundi ekki heldur geta fengið, hve mikla breytingu á tekjuöflun stofnunarinnar þetta gæti haft í för með sér, og þess vegna teldi ég mest um vert að lögin mörkuðu þessa stefnu, en reglugerðin tæki svo aftur mið af því að reyna að hraða framkvæmdinni eins og mögulegt er. Ég tel að það sé afar mikill ávinningur að hafa fengið þetta inn í lög og þrengri stakk megi lög ekki skera í svo mikla fjárhagsmáli, því að þá vita hv. þm. ekki í raun og veru að hverju stefnt er.

Út af fyrirvara hv. 5. þm. Vestf., þá var ég búinn að reikna með því í gær að frv. kæmi ekki á dagskrá í dag og talaði við hann um að það mundi ekki tefja afgreiðslu þess á mánudag. Hins vegar náði ég í hann núna til að segja honum frá þessu. Ég hafði því miður ekki þá séð prentaða þskj. og sá því ekki fyrirvara hans, Hann tjáði mér að það væri allt í lagi þótt þessari umr. yrði lokið og 3. umr. yrði eftir, og jafnvel mundi hann ekki gera uppsteyt, þótt málinu yrði lokið. En eðlilegast er að ljúka þessari umr. og þá lýkur málinu á mánudag.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Á þskj. 575 flyt ég ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal brtt. við frv. Tel ég rétt að lesa þessa brtt., með leyfi hæstv. forseta. Hún er um að 1. gr. frv. orðist þannig:

„Sameinað Alþ. kýs á fjögurra ára fresti 7 menn í stjórn Póst- og símamálastofnunarinnar og aðra sjö til vara. Enn fremur skipar starfsmannaráð tvo menn í stjórnina úr hópi starfsmanna og aðra tvo til vara. Ráðh. skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi aðalmanna.

Stjórn stofnunarinnar skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti hinnar þingkjörnu stjórnar."

Hér er fyrst og fremst um það að ræða, að lagt er til að það verði ákveðið í löggjöfinni að Alþ. kjósi þessari stóru og þýðingarmiklu stofnun stjórn. Ég vil vekja athygli á því, að talið er að stofnunin Póstur og sími sé stærsta fyrirtæki sem rekið er á Íslandi, og það er það eflaust. Ég tel alveg fráleitt að halda því fyrirkomulagi lengur, að slíkt fyrirtæki sé rekið á þann hátt sem gert er, að það sé ekki kosin sérstök rekstrarstjórn yfir slíkt fyrirtæki af hálfu Alþingis. Og ég vil um leið segja það, að ég tel að það eigi í ýmsum fleiri tilfellum að breyta þessu gamla fyrirkomulagi, þetta eigi að verða hin almenna regla, að Alþ. hafi aðstöðu til þess að kjósa rekstrarstjórn yfir öll meiri háttar fyrirtæki, sem hafa verulegan rekstur með höndum í umboði ríkisins. Á þann hátt er verið að tryggja hið lýðræðislega eftirlit og hið pólitíska eftirlit með slíkum rekstri. Það er alveg fráleitt að mínum dómi að koma þessu fyrir á þann hátt sem enn er hjá okkur frá gömlum tíma, þar sem embættismenn aðeins undir yfirstjórn ráðh. hafa slík þýðingarmikil mál með höndum. Við höfum því flutt þessa till. Því miður lítur nú þannig út að það sé ekki beint líklegt að hún fáist samþykkt hér. A. m. k. fékkst ekki nokkuð hliðstæð till., að vísu dálítið á annan veg, samþykkt í hv. Ed. En ég tel alveg nauðsynlegt að vekja athygli á þessu máli, því að að því hlýtur að koma að meiri hl. alþm. viðurkenni að það eigi að gera breytingu í þessum efnum. Það fyrirkomulag, sem þarna er ríkjandi, er alveg fráleitt.

Ég vil vænta þess, að hv. þdm. geti fallist á þetta sjónarmið og samþykki þessa till. Það gæti orðið nokkur stefnumörkun varðandi þessi mál.

Að öðru leyti ræði ég svo ekki um þetta frv. Það hefur fengið tiltölulega litla athugun í n. hér í Nd., það er augljóst, en væntanlega allgóða athugun í Ed. En sem sagt, ég sé ekki ástæðu til að fara að hefja neinar umr. hér um málið almennt, heldur eingöngu þessa till. sem ég hef hér nú talað fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkulög, frv. (þskj. 51, n. 238 og 270). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er búið að vera lengi hér í d. án þess að vera rætt. Nál. liggja fyrir frá meiri hl. á þskj. 238, dags. 16. des., og minni hl., dags. 20. des. s. l. En ástæðan fyrir því, að málið hefur ekki verið rætt, er sú, að búist var við að 1. flm. frv. kæmist það til heilsu að hann gæti mætt hér í hv. d. og tekið þátt í umr. um málið. Því miður hefur það ekki orðið og þess vegna hefur málið dregist.

Á þskj. 238 er svo hljóðandi nál., með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur rætt frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Iðnrh. skipaði n. snemma á yfirstandandi ári „— þ. e. á árinu 1976 —“ til þess að semja frv. til l. um breytingu á orkulögum. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, sem er formaður n., kom til viðræðu á fund iðnn. Taldi hann að ekki væri mögulegt að fullyrða hvenær nýtt frv. um breytingu á orkulögum yrði sent iðnrh. Sagði hæstaréttardómarinn, að hér væri um vandasamt og umfangsmikið verk að ræða. Auk Ármanns eru í n. Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari og dr. Gunnar Sigurðsson verkfræðingur.

Þar sem stjórnskipuð n. vinnur að samningu frv. um sama efni og um er rætt á þskj. 51 telja undirritaðir vera rétt og þinglega afgreiðslu á málinu að vísa því til ríkisstj., og er það till. okkar.“

Undir þetta rita Ingólfur Jónsson, Ingvar Gíslason og Lárus Jónsson.

Ég geri ráð fyrir að það verði gerð aths. við það þegar ég sagði áðan að það væri meiri hl. Þetta er 7 manna þn., en það eru aðeins þrír sem skrifa undir, en tveir hafa gefið út annað álit og verður mælt fyrir því. Það eru Benedikt Gröndal og Magnús Kjartansson. Þannig eru aðeins 5 nm. sem hafa tekið beinan þátt í afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Ég held að á þessum laugardegi telji ég ekki ástæðu til þess að fara að rifja upp umr., sem hafa farið fram margsinnis um þetta mál, og láti nægja þessa skýringu sem felst í nál. En hún er sú, að það er starfandi n. til að endurskoða orkulögin. Og það liggur fyrir vitnisburður formanns n., Ármanns Snævars hæstaréttardómara, að þetta sé mjög vandasamt mál. Auðvitað hefur n. þetta frv., sem hér um ræðir, til athugunar. En enda þótt það liggi fyrir telur n., og þar eru tveir hæstaréttardómarar, málið mjög vandasamt. Frá þeirra sjónarmiði virðist því svo vera, að þetta frv. fullnægi ekki því sem þarf að gera og þarf fram að koma þegar löggjöf þessi er endurskoðuð. Og ég vænti þess, hvaða skoðun sem hv. alþm. hafa á þessum málum, að þá geti menn verið sammála um að það sé sjálfsagt að gefa þessari n. tækifæri til að skila frv. Það er því rökrétt afgreiðsla málsins að þessu sinni að vísa því til ríkisstj.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í fjarveru frsm. minni hl. hv. iðnn., Benedikts Gröndals, vil ég segja hér nokkur orð um málið, einnig þar sem 1. flm. frv., Magnús Kjartansson, er ekki á þingi nú.

Ég get tekið undir það með frsm. meiri hl., að það er ekki aðstaða til þess að hefja hér neinar meiri háttar umr. um efni þessa frv., enda hafa slíkar umr. farið fram á Alþ. nokkrum sinnum og verið allítarlegar.

Það kemur m. a. fram í grg., sem fylgir þessu frv., að það er ekki nýtt af nálinni. Hér er um stórmál að ræða sem þarf í rauninni að fá afgreiðslu á Alþ. Grg. þessa frv. hefst með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta var flutt sem stjfrv. á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og sem þmfrv. á þingunum 1974 og 1975, en hefur ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Rök fyrir flutningi frv. og lagasetningu um málið hafa að dómi flm. orðið ljósari með hverju ári sem líður.“

Það kemur síðan fram, að þetta frv. hafði verið samið á sínum tíma af sérfróðum mönnum um þessi efni. Hins vegar fjallar frv. um mikið ágreiningsmál, eins og komið hefur fram í umr. á Alþ., þ. e. a. s. um það, hvernig skuli líta á og skipa lagareglum varðandi yfirráð og eignarrétt á svonefndum háhitasvæðum í landinu.

Meiri hl. hv. iðnn., eða þeir þrír sem undirrita meirihlutaálitið, leggur til að málinu verði enn vísað frá, ekki tekin afstaða til málsins, því verði vísað til ríkisstj. þar sem það sé í athugun. Eins og kunnugt er hefur það verið í athugun mjög lengi og óheyrilega lengi. En minni hl., þeir Benedikt Gröndal og Magnús Kjartansson, þeir sem þá voru í iðnn. d., leggur til að frv. verði samþykkt. Ég tel ekki þörf á því, eins og sakir standa, að hafa um þetta fleiri orð, en afstaða mín til málsins er sú, að ég tel orðið brýna þörf á því að málið fái þinglega meðferð og afgreiðslu og legg því til að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 540, 551). — 3. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Iðnn. d. hefur fjallað um brtt. á þskj. 551 við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð. Till. þessi var borin fram af hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni og Jóni Árm. Héðinssyni. Með þessari till. er gert ráð fyrir því, að við sjóðinn verði sett á fót sérstök ný deild sem veiti iðnfyrirtækjum lán til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum. Jafnframt er lagt til að stjórn Iðnlánasjóðs afli deildinni tekna, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um Iðnlánasjóð.

Iðnn. hefur fengið umsögn stjórnar Iðnlánasjóðs, sem fellst á þessa breytingu og telur eðlilegt að taka það inn í verkefni Iðnlánasjóðs, en leggur hins vegar eindregið til að það verði ekki gert með því að koma á fót sérstakri deild, heldur verði þessu verkefni bætt við upptalningu í lögunum um verkefni Iðnlánasjóðs, þ. e. a. s. við 10. gr. Því er lagt til að við 10. gr. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi og verði 5. töluliður:

„Til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum."

Iðnn. hefur orðið einróma sammála um að leggja til slíka breytingu við það frv., sem nú liggur fyrir, og flytur iðnn. öll brtt. þessa. Því miður er hún bæði skrifleg og of seint fram komin og verð ég að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 647) samþ. með 17 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar mál þetta var til 2. umr. fluttu hv. 4. landsk. þm. og 1. landsk. þm., þeir Eggert G. Þorsteinsson og Jón Árm. Héðinsson, till. um að auka við þetta frv. ákvæði um að stofna skyldi sérstaka deild við Iðnlánasjóð í því skyni að lána iðnfyrirtækjum til þess að bæta aðstöðu í verksmiðjum og vinnustöðum, bæta hollustu, aðbúnað allan og til umhverfisverndar. Ég lýsti mig í meginatriðum samþykkan þessari hugsun og tilgangi till., en fór fram á það við hv. flm. að þeir tækju till. aftur til 3. umr., til þess að hægt væri að athuga málið nokkru nánar og ræða það við forráðamenn Iðnlánasjóðs og bankastjóra Iðnaðarbankans, og mæltist til þess að iðnn. tæki málið til meðferðar milli 2. og 3. umr. Að lokinni 2. umr. hafði ég samband við forráðamenn Iðnlánasjóðs um málið. Bentu þeir þá strax á, um leið og þeir voru mjög velviljaðir þeirri hugsun sem þarna kom fram, að æskilegra væri frá þeirra sjónarmiði að ákvarða ekki stofnun sérstakrar deildar, heldur fela Iðnlánasjóði berum orðum þetta verkefni. Mér þykir gott, að hv. iðnn. hefur náð algerri samstöðu um breytingu í þessa átt, og vil lýsa eindregnu fylgi við þessa tillögu.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við 2. umr. þessa máls þar sem brtt. okkar hv. 1. landsk. þm. var m. a. til umr., en grunnurinn að henni var sú skýrsla, sem fram hefur verið lögð og er á borðum hv. þdm. allra frá Framkvæmdastofnun ríkisins. En á bls. 25 í henni er skýrsla um hvernig útlán s. l. árs hafa skipst hjá stofnuninni til hinna einstöku atvinnugreina. Þar er m. a. sagt að Fiskveiðasjóður Íslands hafi fengið tvo milljarða 609 millj. kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 1 milljarð og 100 millj. kr., en Iðnlánasjóður 250 millj. og er þá allverulega hækkun frá því sem áður hafði runnið til Iðnlánasjóðs. Þetta var megingrunnurinn að flutningi till. okkar, ásamt því að forustumenn iðnaðarins hafa í fjölmiðlum að undanförnu lýst því mjög skýrt og skorinort yfir að iðnaðurinn sitji ekki við sama borð og aðrir atvinnuvegir landsins, sem aftur háir iðnaðinum mjög í því að leysa yfirstandandi vinnudeilu og framkvæma það sem er m. a. í kröfum verkalýðssamtakanna um bætta og betri atvinnuaðstöðu í hinum ýmsu fyrirtækjum landsins. Þess vegna taldi ég og við flm. nauðsynlegt að undirstrika þessar yfirlýsingar aðila vinnumarkaðarins á þörf iðnaðarins fyrir aukið fé til Iðnlánasjóðs.

Með yfirlýsingu hæstv. iðnrh. nú og samþykki iðnn. er að meginefni til tekin inn sú meginhugsun sem í brtt. okkar fólst, og fagna ég því sérstaklega að það sjónarmið er í raun viðurkennt. Hitt er minna atriði fyrir okkur út af fyrir sig, að sérstök deild sé stofnuð, þó að í till. okkar hafi verið, heldur hitt, sem er aðalatriði málsins, að útvega verði aukið fjármagn. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort ekki ætti að setja þá skyldu eða kvöð inn í lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, en slík ákvæði eru ekki til í dag. Um það efni hefur stjórn Framkvæmdastofnunarinnar frjálsar og óbundnar hendur. En það er raunverulega megingrunnurinn undir því, að þessi hugsun verði framkvæmd, að aukið fjármagn fáist til iðnaðarins, til þeirra þarfa er frá greinir í brtt., því að e. t. v. er það einn alfjölmennasti hópur vinnandi fólks sem hér er um að ræða hvað aðilafjölda snertir, þ. e. a. s. verkafólkið sjálft á vinnustöðum hinna ýmsu iðnfyrirtækja um landið allt. En því miður er of mikið um það í dag, að einstökum iðnfyrirtækjum sé látið haldast það uppi að halda áfram rekstri sínum á eilífum og síendurteknum undanþágum um starfshætti og starfsaðstöðu á vinnustöðum. Þetta er gersamlega óþolandi ástand. Iðnrekendur bera því hins vegar fyrir sig, og ekki skulu heldur dregnar í efa þeirra fullyrðingar, að þeir geti ekki bætt um þarna vegna lánsfjárskorts, sem þeir þó gjarnan vildu að eigin sögn.

Ég ítreka það sem sagt, að meginatriði málsins er það, og það snýr að Framkvæmdastofnuninni sjálfri, að úr því verði bætt að aukið fjármagn renni til iðnaðarins hlutfallslega jafnt og til annarra starfsgreina þjóðfélagsins, þ. e. a. s. fiskveiða og landbúnaðar, hið óréttláta hlutfall leiðrétt verulega frá núverandi óþolandi ástandi. Beini ég í því efni sérstaklega aths. mínum til stjórnar Framkvæmdastofnunar Íslands. Við þennan hlut iðnaðarins verður ekki unað,

og það verður alls ekki heldur við það unað, með hliðsjón af öllum þeim mikla fjölda fólks sem þarna á hlut að máli, að það búi við annars eða þriðja flokks hollustuhætti og starfsaðstöðu. En með hliðsjón af yfirlýsingum iðnrh. og vitandi um vilja iðnn., þá mun ég draga till. okkar tvímenninganna til baka. Þessa ákvörðun tek ég jafnframt í trausti þess, að Framkvæmdastofnunin breyti um stefnu í þessum atriðum og iðnaðinum verði gert kleift með auknu fjármagni til þeirra hluta, sem í till. er greint frá, að gera hlut iðnverkafólks ekki lakari á vinnustað en annarra þegna þjóðfélagsins sem hörðum höndum vinna.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil mjög taka undir orð hv. 4. landsk. þm. um það, að hlutur iðnaðarins og m. a. hlutur Iðnlánasjóðs hefur verið á undanförnum árum allt of lítill. Iðnlánasjóður hefur haft of lítið fjármagn til ráðstöfunar og aths. hv. þm. í sambandi við skýrslu Framkvæmdastofnunar eru því fyllilega réttmætar. Ég vil hins vegar bæta því við, að á þessu ári, 1977, hefur málum þó skilað nokkuð meir til rétts horfs en áður var. Það kemur m. a. fram í því, að í stað þess að frá Framkvæmdasjóði fengust aðeins 250 millj. kr. til Iðnlánasjóðs á s. l. ári, þá tókst að fá það hækkað í 450 millj. kr. nú í ár. Í öðru lagi var framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs 50 millj. kr. á ári undanfarin ár, en er á þessu ári hækkað í 150 millj. M. a. af þessum ástæðum hefur orðið sú breyting á, að ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs, þ. e. a. s. það fé sem hann hefur til að lána iðnfyrirtækjum, var á árinu 1974 rösklega 300 millj. kr., en verður á þessu ári yfir 1200 millj., um það bil fjórfaldast.

Ég vænti þess því, að Iðnlánasjóður standi nokkru betur nú í ár en áður til að sinna útlánaþörfum iðnaðarins. Hins vegar þarf að vinna enn betur að þessum málum og ná því marki, að iðnaðurinn og m. a. Iðnlánasjóður njóti fulls jafnréttis og jafnstöðu við aðrar atvinnugreinar.

ATKVGR.

Brtt. 551 tekin aftur.

— 647 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár um næsta mál á dagskrá þessarar hv. d., þar sem er járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði. Upp hefur komið, svo sem þeir munu vita sem hlustað hafa á hádegisfréttir í dag, nýtt atriði þessa máls sem varðar meðferð þess. Þm. Vesturl. efndu til almenns fundar um Grundartangaverksmiðjuna að Heiðarborg við Leirárskóla í gær samkv. ósk kjósenda í hreppunum sunnan Skarðsheiðar. Fundurinn hófst kl. rúmlega þrjú eftir hádegið í gær og stóð fram yfir kvöldmatarleytið þangað til kl.. var langt gengin í átta. Í lok þessa fundar, sem þm. boðuðu til með kjósendum sínum að þeirra ósk, var samþykkt meðfylgjandi ályktun, sem ég hafði raunar ímyndað mér að hv. þm. Ásgeir Bjarnason mundi gera grein fyrir hér í d. áður en hafnar yrðu umr. um mál þetta, þar eð hann mun hafa flutt þessa samþykkt hingað suður til Reykjavíkur til þess að koma henni á framfæri við ríkisstj. En ályktunin, sem samþykkt var einróma á fundi þeim sem þm. Vesturl. boðuðu til að Heiðarborg í gær, er svo hljóðandi:

„Almennur fundur íbúa í sveitunum sunnan Skarðsheiðar, haldinn að Heiðarborg 1. maí 1977, samþykkir að skora á ríkisstj. að hlutast til um að fram fari almenn leynileg atkvgr. meðal fólksins í nágrannasveitum fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju á Grundartanga, þar sem könnuð verði afstaða þess til verksmiðjunnar. Jafnframt skorar fundurinn á ríkisstj. að fresta afgreiðslu málsins á Alþ. þar til slík atkvgr. hefur farið fram. Í því efni vísar fundurinn til ummæla hæstv. iðnrh. á Alþ. 10. febr. s. l., þess efnis, að ekki verði byggðar hliðstæðar verksmiðjur gegn vilja heimamanna.

Fundurinn beinir þeim eindregnu tilmælum til þm. kjördæmisins, að þeir vinni að því að samþykkt þessi nái fram að ganga.

Fundurinn telur ástæðu til, að endurskoðuð og endurmetin sé afstaða til rekstrar og byggingar verksmiðjunnar, og bendir í því sambandi á eftirfarandi:

1. Arðsemisútreikninga Þjóðhagsstofnunar sem nýlega hafa verið birtir almenningi.

2. Breyttar og auknar kröfur Heilbrigðiseftirlits ríkisins um mengunarvarnir og umhverfisvernd.

3. Skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins um mengun frá álverinu í Straumsvík.

Að lokum leyfir fundurinn sér að átelja þau vinnubrögð, að samningar hafi verið gerðir, verk boðin út og framkvæmdir hafnar við verksmiðjuna áður en Alþ. hefur tekið ákvörðun um málið. Fundurinn telur slík vinnubrögð ólýðræðisleg og síst til þess fallin að auka virðingu Alþingis meðal kjósenda.“

Þessi ályktun var sem sagt samþykkt samhljóða, án mótatkv., á fundi þeim sem alþm. Vesturl. boðuðu til um járnblendiverksmiðjumálið að Heiðarborg við Leirárskóla í gær. Og alþm. kjördæmisins var falið að vinna að því, að samþykkt þessi, sem m. a. fjallar um það að frestað verði umfjöllun málsins hér á Alþ. þar til unnt hafi reynst að láta fara fram leynilega atkvgr. þar efra, næði fram að ganga.

Það fer varla á milli mála, hver afstaða þeirra manna er til verksmiðjubyggingarinnar sem þessa samþykkt gerðu einróma í viðurvist þm. sinna í Heiðarborg í gær. Aftur á móti krefjast fundarmenn þar ekki þess, að afstaða þeirra einna verði látin ráða, heldur að kannað verði með fullkomlega lýðræðislegum hætti hið allra fyrsta við leynilega atkvgr. hver afstaða íbúa þessara sveita raunverulega sé.

Nú efast ég ekkert um það, að hæstv. iðnrh. mun vera þess mjög fýsandi að geta staðið við ummæli sín frá 10. febr. s. l., sem hann viðhafði um málefni eyfirðinga sem afþakkað höfðu stórverksmiðju orkufreks iðnaðar við Eyjafjörð, að ekki kæmi til greina að byggðar yrðu slíkar verksmiðjur gegn vilja heimamanna, enda geri

ég fastlega ráð fyrir að þar hafi hæstv. iðnrh. túlkað sjónarmið ríkisstj.

Nú ætlast ég ekki til þess, að þessi hv. d. Alþingis felli úrskurð um það, með hvaða hætti verði orðið við þessum tilmælum fólksins sunnan Skarðsheiðar um almenna leynilega atkvgr. En ég vildi gjarnan að hv. þm. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. kjördæmisins, segði okkur hér í fyrsta lagi frá því, hvort hann hafi eða einhver annar af þm. kjördæmisins rekið þetta erindi fyrir kjósendur sína við ríkisstj., að koma þessum tilmælum á framfæri, og þá næst, hverjar undirtektir þetta hafi hlotið hjá ríkisstj., hvort hún ætli að verða við þessum tilmælum. Ef hv. þm. hefur ekki fengið svör frá ríkisstj. þá þegar er hann ræddi þetta mál, ef hann hefur gert það nú í morgun við ríkisstj., þá óska ég þess að hæstv. forsrh. gefi okkur svör um viðbrögð ríkisstj. við þessari beiðni og segi okkur frá því, ef fjallað hefur verið um beiðnina, hvernig ríkisstj. ætlar að bregðast við.

Sé nú svo, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki fjallað um þessa beiðni kjósendanna sunnan Skarðsheiðar og ekki tekið afstöðu enn þá, þá mælist ég eindregið til þess við hæstv. forseta d. að hann fresti því að taka málið hér til 2. umr. uns þetta svar ríkisstj. hefur borist, svar við því, hvort hún ætlar að veita þennan frest til þess að fólkið efra geti látið vilja sinn í ljós. Ég ætlast ekki til þess af forseta, sem ósanngjarnt væri og ekki á hans valdi, að hann fari að úrskurða frestun þar til hin leynilega atkvgr. hafi farið fram, heldur bið ég hann þess eins, að hann hinkri við með að taka málið fyrir þar til svör ríkisstj. við beiðni kjósenda liggja fyrir, því að það mun óþarfi að ríkisstj. mylji það lengi með sér að fjalla um það mál og gefa svör við þessari beiðni. Þetta finnst mér nauðsynlegt, að svar ríkisstj. við þessari beiðni liggi fyrir áður en rædd eru nál. iðnn. d., vegna þess að það, sem kjósendur efra fara fram á, er aðeins að fá að gerast umsagnaraðilar um frv. það sem hér liggur fyrir.

Svo ítreka ég aðeins þetta í lokin: Ég vildi gjarnan að hv. þm. Ásgeir Bjarnason segði okkur frá þessum fundi þarna og hvernig reitt hefur af málaleitan kjósenda. Ef hann getur ekki sagt frá niðurstöðum ríkisstj. í málinu, þá óska ég þess, að hæstv. forsrh. geri okkur þann greiða að segja okkur frá umfjöllun málsins. En að öðrum kosti, ef álit ríkisstj. liggur ekki fyrir, þá óska ég þess, að málinu verði frestað um sinn þar til svar ríkisstj. berst.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég taka það fram, að það erindi, sem okkur þm. Vesturl. var falið að koma á framfæri við hæstv. ríkisstj., var sent hverjum og einum ráðh. í morgun fyrir kl. 10. Og til þess að hv. 5. þm. Norðurl. e. viti hvernig sú till. var sem hæstv. ríkisstj. var afhent, þá ætla ég að afhenda honum afrit af þeirri till., þannig að fari ekkert á milli mála að það sé hið rétta erindi sem fundarmenn fólu þm. Vesturl. að koma á framfæri við hæstv. ríkisstj.

A þessum fundi að Leirá munu hafa verið saman komnir rúmlega 100 manns þegar flest var, og 65 manns greiddu þeim till. atkv. sem fundurinn samþykkti, en allmargir fundarmenn sátu hjá við atkvgr. Ég flutti þá till á þessum fundi, að fundurinn kysi þriggja eða fimm manna nefnd úr sínum hópi til þess að fylgja þessu máli eftir við hæstv. ríkisstj. En hvorki fundarstjóri né fundarmenn sáu ástæðu til að það yrði gert, og það finnst mér vera merki þess að fundarmenn leggi ekki eins rika áherslu á samþykkt sína og annars hefði verið, hefðu þeir sjálfir komið og fylgt máli sínu eftir við hæstv. ríkisstj.

Það vil ég líka taka fram, að fyrir viku barst okkur undirskriftaskjal frá að mig minnir um 180 mönnum úr hreppum sunnan Skarðsheiðar, en af þeim hygg ég að hafi ekki verið á þessum fundi meira en í mesta lagi 40—50 manns. Fannst mér það því miður ekki vera nógu gott, að allir þeir, sem óskuðu eftir þessum fundi, skyldu ekki sjá sér fært að koma á fundinn.

Ut af því, hvort ég hafi fengið einhverja niðurstöðu í þessu máli hjá hæstv. ríkisstj., þá finnst mér þess tæpast að vænta þar sem svo skammt er um liðið frá því að málið barst í hendur hæstv. ríkisstj., að hún hafi getið mér eða öðrum þm. Vesturl. neinar slíkar yfirlýsingar. Hæstv. ráðh. munu vafalaust gefa þau svör sem þeir geta við þetta tækifæri og varðandi þá fsp., sem hv. þm. kom fram með. — Fleira hef ég ekki um þetta mál að segja að sinni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fundarályktun sú, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, barst mér í morgun. Ríkisstj. hefur ekki haft tækifæri til þess að ræða á fundi ályktunina eða þá beiðni sem hún hefur inni að halda, en mun væntanlega gera það á venjulegum fundartíma á morgun. Hins vegar er það skoðun mín, að þessi ábending sé of seint fram komin, nægileg tækifæri hafi verið áður til að koma slíkri beiðni á framfæri.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla efnislega um þessa beiðni eða málið á þessu stigi, en segi það sem mína skoðun, sem ég hef þegar sagt, að þessi beiðni sé of seint fram komin. Í raun og veru hefur mál þetta gengið tvívegis í gegnum þd.: Annars vegar þegar um samningana við Union Carbide var að ræða og frv. er veitti ríkisstj. heimild til þess að gera samning við það fyrirtæki. Síðan hefur málið aftur verið lagt fyrir þingið þótt að sumra áliti væri talið að fyrra frv. veitti heimild til þess að gera samning við annað fyrirtæki í stað Union Carbide. Málið hefur verið hér fyrir Alþ. frá því fyrir jól og hefur hlotið afgreiðslu í fyrri d. og er nú komið til 2. umr. í þessari deild. Ég tel því ekkert að vanbúnaði að málið verði hér tekið fyrir til 2. umr. og hljóti venjulega þingmeðferð. En það breytir auðvitað ekki hinu, að ríkisstj. mun taka málið til meðferðar á fundi sínum á morgun, og ef ákvörðun ríkisstj. er slík að ekki samrýmist því, sem ég hef hér sagt, þá er málið ekki endanlega afgreitt frá þinginu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. greinargóð svör hans við spurningu minni. Hv. þm. Ásgeiri Bjarnasyni þakka ég það hins vegar ekki, að hann skyldi ekki nota þetta tæki-

færi núna er honum gafst þó til þess að reka enn þá betur erindi kjósenda í Vesturlandskjördæmi sunnan Skarðsheiðar heldur en hann gerði með því að senda einstökum ráðh. ljósrit af fundarsamþykktinni sem einróma var gerð. Þetta hefði honum þó verið í lófa lagið að gera með þeim hætti að nota ekki tækifærið hér í d. til þess að vefengja alvöruna sem bjó að baki þeirrar einörðu samþykktar sem ég áðan las og samþykkt var einróma á þessum fundi i viðurvist þm. og annarra þm. kjördæmisins, að vísu að frátöldum, að því er mér skilst, hv. þm. Benedikt Gröndal, sem mun hafa verið horfinn af fundi þó nokkru fyrr en farið var að ræða þar um nokkurs konar samþykkt.

Ég var ekki á þessum fundi, en hef fyrir mér orð fundarstjóra, séra Jóns Einarssonar í Saurbæ, að þar hafi verið, svo sem þm. sagði, nokkuð yfir 100 menn á fundinum þegar flest var. Þess skal getið, að þm. kjördæmisins, sem til fundarins boðuðu, höfðu þá aðferð að fela oddvitum að boða til fundarins. Fundurinn var ekki opinberlega boðaður, hvernig svo sem á því stóð, hvort einhverjir þm. hafa ekki óskað eftir því að fá mjög mikla aðsókn að þessum fundi.

Það er rétt, að 65 manns af þeim sem á fundinum voru, en þeir voru þá orðnir nokkru færri, þegar ályktunin var borin upp, heldur en þegar flestir voru, — þeir menn, sem greiddu þessari ályktun atkv. sitt, voru 65 og mótatkv. voru engin, en nokkrir sátu hjá. En ástæðan var sú, að úrskurðað hafði verið að vilja þm. kjördæmisins sumra hverra að einungis þeir kjósendur, sem ættu heima sunnan Hítarár hefðu þarna atkvæðisrétt. Því var það að þeir fundarmenn úr kjördæminu, sem heimilisfang eiga norðan Hítarár, greiddu ekki þarna atkv. Ég staðhæfi það, að hv. þm. geti því engar ályktanir dregið af mismun á fjölda fundarmanna og þeirra, sem greiddu atkv., í þá veru að till. hafi ekki notið almenns stuðnings þarna. Hitt sker úr, að þarna var ekki greitt eitt einasta mótatkv. á móti till. í viðurvist þm. kjördæmisins.

Hv. þm. leyfði sér að draga það í efa, að einurð búi að baki ályktuninni, vegna þess að fundarmenn hafi ekki samþykkt till. hans um að kosin yrði sérstök n. manna, að kosnir yrðu sérstakir þrír menn til þess að flytja þessi skilaboð suður til Reykjavíkur um afstöðu manna í hreppunum sunnan Skarðsheiðar til málmblendiverksmiðjunnar. Þetta fólk hafði fyrir löngu, árið 1974, einmitt kosið sér þess háttar menn til þess að flytja þess háttar skilaboð til ríkisstj., þ. e. þingmenn kjördæmisins. Til þess voru þeir kosnir þá. Nú var þeim falið að bera þessi skilaboð suður, og vel mætti segja mér að til þess hafi verið ætlast af þeim, að þeir kæmu þeim með öðrum hætti en þeim að slá umslagi utan um ljósrit af þessari samþykkt og senda hana einstökum ráðh. Og efalaus er ég um það, að til þess hefur verið ætlast af þeim að þeir flyttu þessi skilaboð, sem samþykkt voru einróma, mótatkvæðalaust, á annan hátt en þann að nota fyrsta tækifæri úr ræðustól á Alþ. til þess að vefengja að þar hafi hugur fylgt máli.

Hæstv. forsrh. hefur boðað okkur það, að ríkisstj. muni fjalla um þessa beiðni kjósenda í Vesturlandskjördæmi til ríkisstj. á reglulegum fundi sínum á morgun. Hann kvað ekki upp úr um það, en taldi sennilegt að niðurstaðan yrði sú að þessi beiðni væri of seint fram komin. Þá er þess náttúrlega skemmst að minnast, að það er þó um það bil vika síðan kjósendur þarna efra undirrituðu bréf, sem hv. þm. Ásgeir Bjarnason vitnaði til áðan, með beiðni til þm. um að þeir héldu almennan fund þar efra um járnblendiverksmiðjumálið. Meiri hl. þm., þ. e. a. s. allir þm. að Jónasi Árnasyni undanskildum, taldi að það væri allt of seint að fara fram á slíkt, til þess væri enginn tími, en bauð hreppsnefndum úr fjórum hreppum sunnan Skarðsheiðar að koma suður til Reykjavíkur og ræða við sig í Þórshamri á laugardaginn var. Svör hreppsnefndanna til þm. voru aftur á móti þau, að íbúar þessara hreppa hefðu ekki beiðst heimildar til þess að heimsækja þm. suður til Reykjavíkur, um það hefði verið beðið, að þeir héldu fund efra um þetta mál. Það dróst um það bil viku að þm. yrðu við þessari beiðni kjósenda sinna. Þeir gerðu það þó, þeir skýrðu afstöðu sína og ríkisstj. sinnar, stuðningsmenn stjórnarinnar, til málmblendiverksmiðjumálsins og fengu að heyra álit kjósenda um málið. Þarna var skipst á skoðunum, málið rökrætt og niðurstaðan af þeirri rökræðu, þeirri skoðun málsins liggur fyrir í þessari ályktun, þar sem beðið er um að meðferð málsins verði frestað á Alþ. til þess að íbúar hreppanna sunnan Skarðsheiðar geti látið í ljós á fyllsta lýðræðislegan hátt hugsanlega afstöðu sína til verksmiðjunnar, að þeir fái að verða sem slíkir umsagnaraðilar um þetta mál, þannig að þeir geti notið þess réttar, sem hæstv. iðnrh. hefur lýst yfir til handa þegnunum, að ráða því hvort stóriðjufyrirtæki verði sett niður í byggðum þeirra, því að það ætla ég að muni almannarómur, að engin ástæða sé til þess að borgfirðingar njóti ekki sams konar réttar af hálfu ríkisstj. og t. d. eyfirðingum er ætlaður.

Þá er þess og að geta, að fleiri grannar fyrirhugaðrar verksmiðju við Hvalfjörð hafa látið uppi mjög einarðlega afstöðu sína og óvefengjanlega í þessu máli. Ég vil minna á það, að hér liggur frammi bréf varðandi undirskriftasöfnun íbúa Kjósarhrepps, undirritað af 77 af 91 hreppsbúa sem heima við voru og til náðist, eða yfir 80% íbúa hreppsins. Það er svo hljóðandi:

„Við undirritaðir íbúar Kjósarhrepps skorum hér með á hið háa Alþ. að fella fram komið frv. um járnblendiverksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði, þar eð við teljum að af verksmiðjunni hljótist meira tjón en ávinningur.“

Með fylgir eiginhandarundirskrift yfir 80% íbúa hreppsins sem til náðist. Þetta undirritaða skjal var afhent þm. Reykjaneskjördæmis 30. apríl.

Nú er það ekki svo, að þeir íbúar hreppanna fjögurra sunnan Skarðsheiðar, 65 að tölu, sem greiddu atkv. með þessari einróma ályktun sem samþykkt var á fundinum efra í Heiðarborg í viðurvist þm. sinna á fundi sem þm. höfðu sjálfir boðað til með þeim hætti sem þeir kusu, að þessir kjósendur ætlist til þess að sá vilji þeirra, sem fram kemur í ályktuninni hérna, verði látinn skera úr um þetta mál, heldur fara þeir bein-

línis fram á að höfð verði leynileg atkvgr. kosningabærra manna í héraðinu til þess að það geti fengið að koma í ljós, svo óyggjandi sé, hvern hug þeir beri til hinnar fyrirhuguðu verksmiðju.

Ég óskaði þess við hæstv. forseta d. að hann frestaði meðferð málsins hérna í d., 2. umr. um málið, þar til fyrir lægi svar ríkisstj. við þessari beiðni. Ég ítreka það: Ég óskaði þess ekki af honum að hann frestaði meðferð málsins í d. þar til fyrir lægi niðurstaða af hinni leynilegu atkvgr., heldur aðeins þar til fyrir liggur svar ríkisstj. Þetta tel ég ákaflega þýðingarmikið vegna þess að hér verður tekin ákvörðun um grundvallarsjónarmið. Það hefur aldrei fyrr skeð að reist væri fyrirtæki á borð við það sem ætlunin er að reisa á Grundartanga í Hvalfirði í mannabyggð gegn eindregnum vilja íbúa héraðsins. Hæstv. iðnrh. hefur lýst skorinort yfir því, að ekki komi til mála að hann beiti sér fyrir því að þess háttar iðjuver rísi í byggðarlögum gegn vilja íbúanna.

Undir þessu svari ríkisstj. er það að verulegu leyti komið hvernig fjallað verður a. m. k. af minni hálfu og e. t. v. fleiri formælenda stjórnarandstöðunnar um þetta mál hér á þinginu. Og aðeins þetta: Ég er alveg viss um það og hirði ekki að fara nánar út í að rökstyðja það, — ég er alveg viss um að það mun ekki tefja afgreiðslu málsins hér í d. að beðið verði eftir svari ríkisstj. Ef hæstv. ríkisstj. er mjög mikið í mun að flýta enn meir fyrir afgreiðslu málsins, þá er það á valdi hæstv. ráðh. að fjalla um málið á aukafundi, koma saman til þess að ræða þetta eina mál og taka afstöðu til þess, ef svo ákaflega mikið er í húfi. En ég er alveg viss um að það mun taka lengri tíma að fjalla um málið hér í d. ef ekki verður beðið eftir því, að fyrir liggi svar ríkisstj. En hér er ekki um að ræða hótun um málþóf af minni hálfu, nema síður sé. Við höfum ekki átt því að venjast hér í d. af hæstv. forseta síðan ég kom í hana, að hann felldi hér aðra úrskurði eða viðhefði önnur ráð við fundarstjórn hér en þau sem hann telur sjálfur best og réttust.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Yfirlýsing sú, sem hæstv. iðnrh. gaf í febrúarmánuði s. l., nánar tiltekið 10. febr. s. l., og hér hefur verið gerð að umtalsefni, vakti verðskuldaða athygli um land allt. Þessi yfirlýsing, þess efnis að afstaða heimamanna réði úrslitum um það á hverjum stað hvort stóriðjufyrirtæki yrði þar byggt, var mjög ánægjuleg og lofsverð, og enginn efaðist um, þegar hún var gefin, að hæstv. ráðh. hefði í huga að standa við svo stóra og mikla yfirlýsingu.

Nú stöndum við frammi fyrir því í fyrsta sinn, að á það reynir hvort mark sé takandi á þessari yfirlýsingu ráðh. Fram er komin ósk um að heimamenn fái að segja álit sitt á byggingu fyrirtækis af þessu tagi áður en það rís, og því miður verður að segjast eins og er, að það er kominn upp vafi um það, hvert verður svar ráðh.

Það hefur verið borið hér fram af hæstv. forseta Sb., til að draga úr gildi þess erindis sem bændur hafa borið fram og íbúar þessara hreppa hafa borið fram, að þeir hafi ekki kosið n. til að fylgja málinu fram við hæstv. ríkisstj. Ég held hins vegar að það hafi nú komið nokkuð glögglega fram í þessum umr., að þetta er á misskilningi byggt. Fundurinn fól ákveðnum sendimönnum sínum að koma þessu erindi á framfæri. Fundurinn fól ákveðnum þm. að koma erindinu á framfæri. Og til hvers eru þm. ef þeim er ekki treystandi til þess að koma erindum kjósenda sinna á framfæri? Að sjálfsögðu var ekki nokkur maður á þessum fundi sem efaðist um að þm. kjördæmisins mundu sinna þessari skyldu sinni af fullkomnum heiðarleika.

Í öðru lagi hefur hæstv. forsrh. látið að því liggja í þessum umr. að erindi það, sem borist hefur frá þessum fundi, sé of seint fram komið. Ég veit ekki betur en hv. Ed. sé nú í fyrsta sinn að ræða þetta mál eftir að það hefur hlotið umfjöllun í n., og við umfjöllun n. hafa komið fram fjöldamargar upplýsingar einmitt nú seinustu daga og vikur sem hafa varpað nýju ljósi á þetta mál. Málið hefur skýrst í augum fjöldamargra íslendinga sem áður gerðu sér ekki grein fyrir því, hversu varhugavert fyrirtæki hér væri á ferðinni. Því má raunverulega segja að nú á seinustu dögum og vikum séu allar aðstæður í þessu máli gerbreyttar. Það liggur nú fyrir að verið er að reyna að bjösna þessu máli í gegn með veitingu starfslevfis sem gengur í ýmsum atriðum í berhögg við þau skilyrði sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur sett upp. Það liggur fyrir að Náttúruverndarráð hefur ýmislegt við byggingu þessarar verksmiðju að athuga sem ekki hefur verið tekið tillit til. Það liggur nú fyrir að þeir útreikningar, sem áður voru gerðir um á hvaða verði væri hægt að selja orku til þessarar verksmiðju, standast ekki miðað við þær breytingar sem orðið hafa á byggingarkostnaði slíkra virkjana. Það hefur líka orðið svo mikill dráttur frá fyrri áformum á því að þessi verksmiðja rísi, að það er ekki lengur hægt að segja að Landsvirkjun sé nokkur greiði gerður að losa hana við orku til þessarar verksmiðju, vegna þess að fyrir liggur að sama árið og þessi verksmiðja á að fara í gang brýtur orka Sigölduvirkjunar, árið 1979. Og það hefur komið einmitt fram núna seinustu dagana, m. a. með vandlegum útreikningum frá Þjóðhagsstofnun, að fyrirsjáanlegur er bullandi taprekstur á þessu fyrirtæki. Öllu þessu hefur fólk verið að gera sér grein fyrir nú seinustu daga og vikur og er því sannarlega ekki hægt að segja að erindi það, sem nú er fram komið, sé of seint fram komið. Það er aldrei of seint, meðan skaðinn er ekki skeður og meðan enn er hægt að breyta um stefnu. Málið hefur enn ekki verið sambykkt á Alþ., og það er því mjög fráleitt að halda uppi röksemdum af þessu tagi.

Ég vil leyfa mér að efast um, ég trúi því tæpast að hæstv. iðnrh. ætli að ganga á bak heitrar yfirlýsingar sem hann hefur gefið í þessu máli. Ég trúi því ekki að hæstv. ríkissti. hugleiði ekki vandlega með hverjum hætti þessu erindi verði jákvætt svarað. Ég veit að um land allt verður mjög náið fylgst með því, hver verða svör hæstv. ríkisstj. Það er ekki aðeins að borgfirðingar bíði eftir svari. Það liggur að sjálfsögðu ljóst fyrir, að einnig eyfirðingar bíða eftir því að fá að

vita hvort yfirlýsingar hæstv. iðnrh. frá 10. febr. s. l. reynist marklaust hjal eða ekki, nú í fyrsta sinn sem á hana reynir. Og eins er um austfirðinga sem einnig bíða þess með nokkurri óþolinmæði að vita hvort þeir koma til með að geta haft einhver áhrif á það, hvort þar verður reist stóriðjuver af þessu tagi, eins og rætt hefur verið talsvert um á opinberum vettvangi, eða hvort vaðið verður beint af augum án þess að spyrja þá ráða.

Ég vil í þessu sambandi benda á að þó að langeðlilegast sé að fresta afgreiðslu þessa frv. þar til þessi atkvgr. hefur farið fram, og það þýðir þá, að því er virðist, að afgreiðslu þess verði frestað til haustsins, — þó að það væri að sjálfsögðu langeðlilegast og sjálfsagðast úr því sem komið er, þá er þó rétt að benda á að annar möguleiki er fyrir hendi sem er ekki með öllu óviðunandi, og hann er sá, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir bráðabirgðaákvæði, sem sett verði inn í það frv. sem hér liggur fyrir, þess efnis, að efni samninganna við Elkem-Spigerverket komi alls ekki til framkvæmda fyrr en þessi áform hafa verið samþykkt í leynilegri atkvgr. í viðkomandi byggðum. Þessi möguleiki er einnig fyrir hendi, og m. a. af þeirri ástæðu er að sjálfsögðu algerlega fráleitt að halda því fram, að þetta erindi sé of seint fram komið til að unnt sé að verða við því.

Ég vil taka undir ósk hv. þm. Stefáns Jónssonar, 5. þm. Norðurl. e., um það, að umr. um næsta dagskrármál, þ. e. a. s. frv. um járnblendiverksmiðjuna, 2. umr. málsins, verði frestað til morguns, þar sem ljóst er að afstaða ríkisstj. til þessa erindis skiptir að sjálfsögðu töluverðu máli varðandi allan málatilbúnað og afgreiðslu og atkvgr. um frv. þegar 2. umr. lýkur.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessum umr. utan dagskrár er að sjálfsögðu ekki ástæða til að ræða járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði efnislega, allra síst þar sem það mál er á dagskrá hv. d. nú í dag, hér á eftir. En það eru viss atriði í þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, og þeirri samþykkt, sem gerð hefur verið hér að umtalsefni, sem ekki verður komist hjá að svara.

Bæði í ályktuninni frá fundinum í gær og í ræðum hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Norðurl. e. er fullyrt að ég hafi gefið yfirlýsingu um að hvergi yrðu reistar stóriðjuverksmiðjur nema í samræmi við vilja heimamanna og nú reyni á. Þau ummæli, sem þessar fullyrðingar eru byggðar á, eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: Í umr. í Nd. Alþ. 10. febr. var rætt um hugmyndir Norsk Hydro um að reisa álver í Eyjafirði. Á þeim fundi sagði ég: „Ég hef aldrei látið í ljós neinar sérstakar óskir eða áform um að reist yrði álver í Eyjafirði. Ég hef hvert á móti, þegar farið var að ræða um þetta nýlega opinberlega, lýst því yfir, að það yrði ekki meðan ég sæti í þessu embætti byggt álver þar gegn vilja heimamanna.“ Að sjálfsögðu verður við þessa yfirlýsingu staðið ef til þess kemur að athuganir leiði í ljós að æskilegt þyki að reisa álver fyrir norðan, sem ég skal ekkert um segja.

Ég vil aðeins taka það fram, að þær athuganir, sem fram hafa farið á staðarvali fyrir álver í Eyjafirði, eru gerðar eftir ákvörðun og ábendingu iðnrh. Alþb. á árunum 1972—1973. Ég vil einnig taka það fram, að í sambandi við þessa yfirlýsingu eða þessar umr. um hugsanlegt álver í Eyjafirði er að sjálfsögðu ekki minnst á járnblendiverksmiðjuna. En vegna þess að þessi ummæli varðandi hugsanlegt álver í Eyjafirði eru gersamlega rangfærð og heimfærð nú upp á járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, þá held ég að sé óhjákvæmilegt í örfáum orðum að rifja upp gang þess máls.

Bygging járnblendiverksmiðju á Grundartanga við Hvalfjörð hefur verið til umr. og meðferðar í fjögur ár. Það munu vera um það bil fjögur ár síðan niðurstaða rannsókna leiddi í ljós að Grundartangi mundi hagkvæmur og heppilegur staður í þessu skyni, og eftir að athugun hafði farið fram var það iðnrh. Alþb. sem ákvað að þessi staður skyldi verða fyrir valinu. Í fjögur ár hefur bygging verksmiðju á Grundartanga verið til umr. og meðferðar og íbúum á þessu svæði verið kunnugt um málið allan þann tíma.

Veturinn 1974—1975 var til meðferðar á Alþ. frv. um byggingu járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Frv. var samþ. sem lög í apríl 1975. Samkv. þeim lögum var stofnað Járnblendifélagið með bandarískra fyrirtækinu Union Carbide og undirbúningsframkvæmdir hafnar samkv. heimild í þeim lögum. Eftir að bandarískra fyrirtækið dró sig til baka hafa nú í heilt ár staðið yfir samningaviðræður við norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket.

Það frv., sem nú liggur fyrir Alþ., er í meginatriðum í samræmi við lögin frá 1975 sem enn eru í gildi, en með nokkrum breytingum sem leiðir af samkomulaginu við hinn nýja aðila. Frv. hefur nú verið samþ. við þrjár umr. í Nd. og afgreitt frá þeirri d. Það hefur verið til ítarlegrar meðferðar hjá iðnn. Ed., og meiri hl. iðnn. mælir með frv. í nál. sem er dags. 30. apríl. degi áður en þessi umræddi fundur er haldinn. Og frv. er á dagskrá deildarinnar í dag til 2. umr. Ætlunin er að ljúka afgreiðslu þessa máls á Alþ. fyrir þingslit sem verða væntanlega n. k. miðvikudag.

Ég vil í fyrsta lagi benda á það, að lögin um stofnun járnblendiverksmiðju á Grundartanga frá því í apríl 1975 eru í gildi. Það eru lög í dag. Allan þann tíma og öll þessi ár, sem málið hefur verið til meðferðar, hafa ríkissti. og Alþ. ekki borist óskir um atkvgr. meðal íbúanna né andmæli frá neinni sveitarstjórn á þessu svæði. Hins vegar hefur komið eindregin áskorun frá langfjölmennasta sveitarfélaginu, frá bæjarstjórn Akraness, áskorun um að reisa verksmiðjuna. Hlutaðeigandi sveitarstjórnir í Borgarfjarðarsýslu hafa allar samþykkt að taka þátt í undirbúningi hafnargerðar á Grundartanga, sem er hluti af verksmiðjumálinu, og þar með a. m. k. óbeint fallist á verksmiðjubygginguna.

Ég hef hér í höndum sameignarsamning um höfn við Grundartanga. Hann er dags. 1. ágúst 1975. Inngangur hans hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps,

hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps, hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps, hreppsnefnd Skilmannahrepps, bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og sýslunefndir Borgarfjarðar- og Mýrasýslna, fyrir hönd annarra hreppa sýslnanna en að ofan greinir, lýsa því yfir m. a., að ofangreindir aðilar hafa sameinast um gerð hafnarmannvirkja á Grundartanga."

Undir samninginn skrifa síðan Guðmundur Brynjólfsson, oddviti Hvalfjarðarstrandahrepps, Anton Ottesen, oddviti Innri-Akraneshrepps, Bergþór Guðmundsson, oddviti Leirár- og Melahrepps, Sigurður Sigurðsson, oddviti Skilmannahrepps, Magnús Oddsson bæjarstjóri fyrir Akranes og Ásgeir Pétursson sýslumaður fyrir aðra hreppa Borgarfjarðar- og Mýrasýslna. Hverjum einasta manni, ekki aðeins þeim sem undirrituðu þennan samning, heldur öllum öðrum, sem eitthvað hafa fylgst með málum, var ljóst að hafnarsamningurinn er liður í byggingu járnblendiverksmiðjunnar, og ef þessar sveitarstjórnir hafa þar með ekki beinlínis samþykkt byggingu verksmiðjunnar á þessum stað, þá hafa þær að sjálfsögðu gert það óbeint með þessari undirskrift og þátttöku sinni í undirbúningi hafnargerðar fyrir járnblendiverksmiðjuna.

Að öllu þessu athuguðu, sem ég nú hef rakið, er ljóst að krafa nú á síðustu stundu um að heimta atkvgr. hér um málið er of seint fram komin og útilokað að taka hana til greina.

Ég gat þess áðan, að Alþ. eða ríkisstj. hefðu hvorki borist kröfur um atkvgr. né andmæli frá neinum sveitarstjórnum á þessum slóðum. Þvert á móti hafa stjórnvöld haft fulla ástæðu til þess að ætla að sveitarstjórnir á þessu svæði öllu væru því fylgjandi að verksmiðjan yrði byggð. Ef einhver andstaða hefur verið gegn þessu, þá hefði verið hægt að ætlast til þess að einhvern tíma á þessum fjórum árum hefðu komið einhver andmæli frá þessum sveitarstjórnum eða kröfur um atkvgr.

Þegar í ályktun þessari frá fundinum í gær eru svo átalin þau vinnubrögð, að verk hafi verið boðin út og framkvæmdir hafnar við verksmiðjuna áður en Alþ. hefur tekið ákvörðun um málið, þá er því gersamlega sleppt að Alþ. samþykkti fyrir tveimur árum lög um byggingu verksmiðjunnar, lög sem eru enn í gildi, og það, sem gert hefur verið í þessu máli, en á grundvelli þeirra laga.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef hlustað á málflutning hv. 5. þm. Norðurl. e. bæði í iðnn. og í sölum þessarar virðulegu d. og tel mig knúinn til þess að segja hér nokkur orð, sem ég veit að lægja þær öldur sem eru í hámarki um þessar mundir, við suðupunkt eftir útliti hv. þm.

Ég held að það sé mesti misskilningur að erindi fundar þess, sem hann gat um að haldinn hafi verið í gær og nýlega var ákveðið að boða til, hafi verið lengi á leiðinni, það hafi borist seint þess vegna. Það hefur borist með þeim hraða að hæstv. ríkisstj. hefur fengið erindi og samþykktir þessa fundar snemma á mánudagsmorgni, og ég tel að ekki fái öll erindi þann forgang inn á borð ríkisstj. að þau berist henni þetta fljótt.

Hv. þm. hefur mikið rætt í n. að það væri aðallega mengunarhættan, sem bæri að varast, og þar af leiðandi fyrst og fremst ætti ekki að leyfa að reisa þessa verksmiðju, járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. En svo kemur samþykkt um að fram fari leynileg atkvgr. í kjördæminu þar sem verksmiðjan á að rísa. Við skulum þó vera sammála því, sem hv. þm. hefur sagt í n., að mengunin geti borist miklu víðar, þannig að ef leynileg atkvgr. eigi að fara fram, þá eigi hún að fara fram annars staðar en í kjördæminu eingöngu. Þetta yrði því nokkuð umfangsmikil atkvgr.

Hæstv. iðnrh. hefur svarað því, að framkvæmdir höfðu hafist áður en Alþ. tæki ákvörðun í þessu máli. Það er röng staðhæfing hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. og hann veit það.

En það, sem ég hefði helst viljað segja núna og ég vona að lægi þessar öldur, sem ég talaði um, er að barátta alþb.-manna, — ég er orðinn svo kurteis við vini mína hér á þingi að ég er hættur að kalla þá kommúnista, vegna þess að ég hef orðið var við að það fer í taugarnar á þeim, og ég skal þýða það orð, — barátta alþb.-manna gegn samþykkt frv. til l. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, sem þó var upphaflega hugmynd ráðh. Alþb., og enginn alþb.-maður hefur mótmælt að svo hafi verið, hefur beðið lægri hlut í Nd. Við lokaafgreiðslu þessa máls í þessari hv. d. er nú gripið til venjulegra örþrifaráða, að æsa fólk utan Alþ. til mótmæla. Það er ekki bara í þessu máli, það er í mörgum öðrum málum sem það hefur gerst, svo að þetta er engin ný baráttuaðferð. Ég vil að það komi hér fram sem mitt sjónarmið, að þeir, sem mynda meiri hl. á Alþ. og hafa þá trú að beri að varast þennan málflutning og baráttuaðferðir, megi ekki láta nokkurn bilbug á sér finna eða veikleikamerki og síst af öllu við afgreiðslu þessa máls nú í þessari hv. d. eða við umr. um málið.

Ég vil segja það fyrir mig persónulega, að haldi þessir ágætu fulltrúar Alþb. að þeim takist að skapa ótta eða flótta með slíkum vinnubrögðum, þá er það mikill misskilningur. Það gerir ekkert annað en að hjappa okkur saman í þá órjúfandi fylkingu sem Alþb. ræður ekkert við, hvorki með þessum baráttuaðferðum né neinum öðrum.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Út af því, sem hér hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að einkennilega hafi verið staðið að boðun þess fundar sem haldinn var að Heiðarborg í gær, þá vil ég taka fram eftirfarandi:

Oddvitar hlutaðeigandi sveitarhreppa voru beðnir að sjá um að öll heimili hlutaðeigandi hreppa væru látin vita af fundinum, til þess að fundarboðunin kæmist til þeirra sem höfðu sent okkur undirskriftaskjalið þá nokkrum dögum áður. Ég hygg að þetta sé sú besta fundarboðun sem hægt er að viðhafa. Vera má að öðrum finnist nóg að boða ekki á bæi, en auglýsa nógu stíft í sjónvarpi og útvarpi. Það má vel vera. En ég er ekki þeirrar skoðunar. Og ég vantreysti ekki heldur þessum forsvarsmönnum sveitarfélaganna

að hafa gert þetta á samviskusamlegan hátt. Ég þekki ekki oddvitana að öðru en samviskusemi í sínum störfum, og ég hygg að það hafi einnig verið viðhaft í þessu máli.

Það má vel vera að ég hefði átt að hafa allt annan hátt á við að afhenda hæstv. ríkisstj. þær ályktanir sem voru gerðar á fundinum í gær. Vera má að ég hefði átt að gera það í hádegisútvarpi í dag og bíða þess að hæstv. ríkisstj. hefði heyrt það fyrst í útvarpi. En mér fannst það skylda mín, strax í morgun og ég hafði möguleika á, að senda þessa ályktun beint til hvers og eins ráðh., þannig að þeim væri kunnugt um þetta mál og þeir gætu þá ráðgast við í morgun eða farið að ræða málið sín í milli, hvað gera skyldi, áður en það kæmi til annarra aðila.

Þetta tvennt vildi ég að kæmi hér fram, því að ég veit, að ýmsir aðrir mundu kannske hafa haft annan hátt á og gilt þá kannske einu hvort fundarboð kæmist fyrst og fremst til hlutaðeigandi aðila.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur komið fram ósk um að umr. um 2. dagskrármálið verði frestað þar til fyrir liggur formleg afstaða ríkisstj. til óska um að láta fara fram almennar og leynilegar kosningar í sveitum sunnan Skarðsheiðar varðandi það dagskrármál. Þegar slík beiðni sem þessi kemur fram nú, þá er tvenns að gæta. Annars vegar er það, að við erum hér nú á síðustu dögum þingsins og það er eins nú og venja er að jafnaði a. m. k. þegar svo stendur á, að það er samkomulag milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu hvenær þinglausnir fari fram. Er gert ráð fyrir að þinglausnir fari fram n. k. miðvikudag. Er því ljóst að það þarf að fara vel með þann tíma, sem við höfum til umráða, ef haldið er við þessar fyrirætlanir, til þess að það verði hægt að ræða sem best dagskrármálin.

Á hinn bóginn er á það að líta, að sumir hv. þm. a. m. k. telja það mikið atriði og e. t. v. ákvörðunarástæðu fyrir afstöðu til málsins hér í hv. d. hverju ríkisstj. svarar óskum um leynilega og almenna atkvgr.

Mér virðist að við þurfum að leitast við að samræma þessi tvö sjónarmið og það verði best gert með því að umr. fari nú fram, hins vegar fari 3. umr. ekki fram fyrr en afstaða ríkisstj. liggur fyrir og hefur verið tilkynnt hér í hv. d. og enn fremur að ekki fari fram atkvgr. við 2. umr. fyrr en fyrir liggur formleg afstaða ríkisstj. Vænti ég þá, ef þessi háttur er á hafður, að allir geti sæmilega við unað.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég verð að hryggja hæstv. forseta með því, að úrskurður hans er ófullnægjandi. Það, sem óskað hefur verið eftir, er að umr. verði frestað til morguns. Hann lét að því liggja að það væri samkomulag um það milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu að þingi lyki á miðvikudaginn. Ég veit ekki til þess, að stjórnarandstöðuþm. sé nokkuð að vanbúnaði að þing standi fram undir næstu helgi, og veit ekki til þess að þeir hafi borið upp neinar óskir um að þinginu ljúki á miðvikudegi frekar en einhvern annan dag síðar. Ég vil leiðrétta það hér, að okkur í stjórnarandstöðu er sannarlega ekkert að vanbúnaði að ræða þetta mál út vikuna ef þörf krefur. Ég vil sem sagt biðja menn að athuga það vandlega, vegna þess að hér er farið fram á að ríkisstj. gefi svar við mikilvægu erindi sem borist hefur, hvort ekki er hægt að verða við þessum tilmælum. Hér er um að ræða lýðræðislega kröfu sem fram hefur verið sett, og menn eiga bágt með að trúa því að óreyndu að flokkar, sem mjög kenna sig við lýðræði hversdags sem helgidaga, verði ekki við slíkri kröfu. Og eins og ég hef sagt, þá er ekki hægt að átta sig á því, hvernig tillöguflutningi af hálfu andstæðinga þessa máls verði best hagað við 2. umr. málsins, öðruvísi en að svar liggi fyrir í þessu máli og því eðlilegast að umr. sé frestað.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég gerði ráð fyrir að engir hv. dm. væru alls kostar ánægðir með þá ákvörðun sem ég tilkynnti áðan, og það er kannske vottur þess, eins og stundum er undir slíkum kringumstæðum, að það sé sanngjörn ákvörðun. Sú ákvörðun hefur a. m. k. verið tekin og fundinum verður fram haldið.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187, n. 626 og 639). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um þetta mál og eins og kemur fram á þskj. 626 varð n. ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. iðnn. mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Hv. þm. Stefán Jónsson hefur skilað minnihlutaáliti og mun að sjálfsögðu gera grein fyrir því.

N. fékk að vísu ekki eins langan tíma og mikinn til að fjalla um þetta stóra mál og við hefðum viljað. Hins vegar hygg ég að við höfum bætt nokkuð úr því með því að halda daglega fundi og kveðja á okkar fund alla þá aðila sem ósk kom fram um að þar mættu. Þar mætti fjöldi manna og raunar allir sem óskað var eftir og áttu þess nokkurn kost. N. fékk jafnframt til meðferðar þau skjöl sem hv. iðnn. Nd. hafði aflað í þessu máli.

N. lagði sérstaka áherslu á að athuga þær breytingar sem gert er ráð fyrir á gildandi lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, fór yfir frv. með tilliti til þess og fjallaði sérstaklega um þá þætti sem mikilvægasta má telja í þessu sambandi, eins og t. d. arðsemi, markaðsmál, orkukaup, hollustuhætti og umhverfismál.

Á fundi n. komu eftirgreindir sérfræðingar: Jón Steingrímsson frá Íslenska járnblendifélaginu hf., Garðar Ingvarsson frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, Jón Sigurðsson og Gamaliel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, Þorvarður Elíasson frá Verslunarráði Íslands, Jóhann Már Maríusson, Gísli Júlíusson og Elías Elíasson frá Landsvirkjun, Ásmundur Ásmundsson og Elías Davíðsson frá starfshópi um auðhringa, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri heilbrrn., Ólafur Ólafsson landlæknir, Hrafn Friðriksson og Eyjólfur Sæmundsson frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Eysteinn Jónsson, Árni Reynisson og Vilhjálmur Lúðvíksson frá Náttúruverndarráði. Auk mjög ítarlegrar umr. sem varð á fundi n. um öll þau mál, sem þessir sérfræðingar eru fulltrúar fyrir, skiluðu sumir þeirra allítarlegum grg. Svo er t. d.

um forstöðumann Heilbrigðiseftirlits ríkisins, einnig um starfshóp um auðhringa, og fleiri mætti nefna. M.a. kom bréf frá Náttúruverndarráði sem hélt einmitt í síðustu viku fund í ráðinu um þetta málefni.

Ég mun í þessari framsögu fyrst og fremst ræða þær breytingar, sem orðið hafa, og þá nokkurn veginn í þeirri röð sem við fjölluðum um þær í iðnn. og rakið er í nál. Ég geri það m.a. til þess að stytta umr. hér og fara að heilræði hv. þm. Stefáns Jónssonar við 1. umr. þessa máls, að hafa ekki umr. of langar.

Ég hef gert grein fyrir nefndarstörfunum og mun þá byrja með því að rekja nokkuð þær meginbreytingar sem koma fram í frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Í 1. gr. frv. er sú breyting, að þar er fellt niður 75% kísiljárn í lýsingu á þeirri framleiðslu sem ráðgerð er að Grundartanga. Ég sé ástæðu til að minnast á þetta, því að þetta hefur valdið nokkrum misskilningi. Haft var eftir hv. formanni iðnn. Nd., að hér væri ætlunin að heimila framleiðslu annars konar járnblendis. Þetta er misskilningur og mun hann hafa mismælt sig þar. Hér er eingöngu um það að ræða að framleiðsluleyfið er ekki háð 75% kísiljárni, heldur er það frjálsara, og raunar var strax ljóst eftir samþykkt þeirra laga, sem nú eru í gildi, að þarna var um mistök að ræða, því að það er ákaflega erfitt að binda framleiðslu á kísiljárni svo nákvæmlega við prósent og æskilegt að verksmiðjan geti haft á nokkurn sveigjanleika, en yfirleitt mun sú framleiðsla vera á bilinu frá 45%—90%.

Í 3. gr. frv. er sú breyting helst, að í 6. lið er gert ráð fyrir að félaginu verði veitt lán að fjárhæð allt að 24.2 millj. n. kr., eða réttara sagt: ríkisstj. er heimilað að veita félaginu lán að upphæð allt að 24.2 millj. n. kr. eða leggja fram sömu fjárhæð til aukningar á hlutafé þess. Hér er raunar um það að ræða að stofnkostnaður verksmiðjunnar hefur aukist nokkuð á því tímabili sem liðið er frá því að lög um járnblendiverksmiðju voru samþ. og því eðlilegt að auka hlutafé þannig að það yrði viðunandi hundraðshluti af stofnkostnaði. Hins vegar var valin sú leið að heimila ríkissjóði og þar með hluthöfum að fara annaðhvort þá leið að auka hlutafé eða veita „víkjandi“ lán, sem stundum er svo nefnt, til þess að ná þessu eðlilega hlutfalli.

Í 6. gr. frv. er viðbót, síðasta mgr., þar sem ríkisstj. er heimilað að semja við samstarfsaðila sinn í hlutafélaginu um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30—45 mw. bræðsluofnum fyrir kísiljárn o.s.frv. Hér er raunar um það að ræða að ríkisstj. er heimilað að ganga til samninga við hinn hluthafann um að skuldbinda sig til þess að ljúka við byggingu þessarar verksmiðju. Þetta ákvæði er til komið að ósk Norræna fjárfestingarbankans, sem eftir ítarlega athugun á arðsemi þessa fyrirtækis hvarf frá þeirri kröfu sinni að óska eftir ríkisábyrgð, en lagði þá jafnframt áherslu á að fá nokkra tryggingu fyrir því að byggingu verksmiðjunnar yrði lokið. Hluthafar fá aðgang að lánsfé því, sem hér er um að ræða, 200 millj. n. kr., áður en verksmiðjan er orðin veðhæf, og taldi Fjárfestingarbankinn því nauðsynlegt að fá slíka tryggingu. Ég held að varla verði um það deilt, að þetta er eðlileg ósk frá lánveitanda.

Aðrar breytingar sé ég varla ástæðu til að nefna. Hér eru ýmsar orðalagsbreytingar á frv. M.a. er að sjálfsögðu fellt út nafn fyrra hluthafa, Union Carbide, einnig verða breytingar á tvísköttunarákvæðum, þar sem tvísköttunarsamningur er við Noreg, og raunar einnig nú genginn í gildi tvísköttunarsamningur við Bandaríkin. Ég vil þó geta þess, að í 9. gr. er bætt við mgr. sem kveður upp úr með það, að rafmagn til rekstrar verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og öðrum gjöldum í sambandi við sölu eða notkun raforku. Í raun tel ég að þessu ákvæði sé fullnægt í því ákvæði 7. gr., að verksmiðjan skuli njóta sömu kjara og annar rekstur hér í landi með hliðstæðu rekstrarformi. En slíkur rekstur er fyrst og fremst rekstur eins og Áburðarverksmiðja ríkisins, Sementsverksmiðjan og önnur stærri fyrirtæki sem nota verulega orku. Ég tel að með þessu ákvæði hafi nægilega vel verið fyrir þessu séð og sömuleiðis með öðrum ákvæðum 7. gr., þar sem er ítarlega tekið fram að þessu fyrirtæki skuli ekki íþyngt með álögum umfram það sem sambærilegir aðilar búa við í þessu landi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að tína hér fram aðrar smærri breytingar á þessu frv. og læt þetta nægja um þennan þáttinn.

Stofnkostnaður hefur hækkað nokkuð frá því í nóv. 1974, þegar hann var talinn 13 millj. ísl. kr., þar til í nóv. 1976, að hann er nú talinn 15.4 millj. ísl. kr. Hygg ég að það sé óumdeilanlegt, að þessi hækkun er ekki meiri en telja verður eðlilegt með tilliti til verðhækkana sem orðið hafa hér og erlendis. Til viðbótar þessum upphæðum í báðum tilfellum kemur greiðsla fyrir tæknibekkingu, vextir á byggingartíma og rekstrarfé á byggingartíma, þannig að kostnaður er nú talinn samtals 18.4 milljarðar ísl. kr.

Gert er ráð fyrir að fyrri ofn verksmiðjunnar verði tekinn í notkun í upphafi ársins 1979, en sökum þess að afgreiðsla þessa máls hefur nokkuð dregist nú í vetur mun talið líklegt að einhver dráttur geti orðið á þessu, þannig að fyrri ofn verði vart tekinn í notkun fyrr en undir vor 1979. Gert er ráð fyrir að annar ofn verksmiðjunnar verði tekinn í notkun einu og hálfu ári síðar. Þarna er nokkru lengri tími á milli en ráð var fyrir gert í fyrri samningi við Union Carbide. Er það svo að tillögu hins norska hluthafa, sem telur að slík bróun þessarar framleiðslu hér falli betur að markaðsþróun í Evrópu á þeim árum sem fram undan eru.

Iðnn. hefur fjallað allítarlega um arðsemi þessarar verksmiðju og, eins og ég hef áður getið, kvatt á sinn fund fulltrúa Þjóðhagsstofnunar. Einnig mætti á fundi n. Þorvarður Elíasson frá Verslunarráði Íslands, en hann mætti þar fyrst og fremst sem eins konar áheyrnaraðili. Hann hafði verið beðinn um álit og óskaði eftir því að mega kynnast málinu betur með því að mæta á fundi þar sem þessi mál yrðu rædd. En það er rétt að láta það koma hér fram, að hann hefur ekki treyst sér til að láta í té umsögn um

arðsemina. Jafnframt var ítarlega fjallað um arðsemi við fulltrúa starfshóps um auðhringa.

Í þessu sambandi vil ég fyrst og fremst vísa til minnisgreinar Þjóðhagsstofnunar sem afhent var iðnn. Nd. 19. febr. 1977. Umsögn þessi er allítarleg og mun ég aðeins drepa á örfá atriði.

Hvað eftir annað kemur fram í þessari umsögn að arðsemin nú er byggð á töluvert traustari grunni en var áður þegar lög um járnblendiverksmiðju voru samþ. hér á hinu háa Alþ. Bæði er það, að nú eru ýmsar grundvallarstærðir betur þekktar, eins og t. d. stofnkostnaður, þar sem fyrir liggur tilboð í ýmsa þætti stofnkostnaðar. Einnig er hráefnisverð betur þekkt þar sem það er byggt á samningum sem nú eru í gildi og sumum til langs tíma um hráefnisafhendingu til verksmiðja Elkem-Spigerverkets í Noregi. Fleira er þess eðlis, að það liggur betur fyrir. Ýmsar rekstrartölur t. d. eru teknar beint úr rekstrarreikningum sambærilegra verksmiðja í Noregi. Loks er skylt að nefna að nú liggur einnig fyrir áætlun um lánsfjáröflun og raunar vissa um öflun verulegs hluta þess lánsfjár sem nauðsynlegt er til verksmiðjunnar, svo sem ég mun nefna síðar.

Í þessari umsögn kemur einnig fram að markaður fyrir kísiljárn hefur verið mjög vandlega skoðaður og vandlegar en áður var. Er í því sambandi sérstaklega vísað til ítarlegrar athugunar Norræna fjárfestingarbankans sem hafði málið lengi til meðferðar og fjallaði mjög ítarlega um það og, eins og ég hef áður sagt, hvarf frá fyrri kröfu sinni um ríkisábyrgð. Þess er einnig getið í þessari umsögn, að þær tölur, sem lagðar eru til grundvallar um markaðshorfur og sérstaklega söluverð, eru byggðar á áliti sænska Járnkontoret, sem munu vera samtök sænskra járnframleiðenda, og raunar segir í þessari álitsgerð, með leyfi forseta:

„Þótt þessar verðforsendur og forsendur um markaðsverðhækkun, sem glöggt má sjá í meðfylgjandi línuriti, kunni að virðast bjartsýnar er þess að geta, að álits um verðforsendur þessar hefur m. a. verið leitað hjá sænska Järnkontoret sem telur þær forsendur fremur varkárar."

Um söluverð hefur að sjálfsögðu mikið verið rætt, enda er það ein meginforsenda allra arðsemisútreikninga. Söluverð á kísiljárni hefur sveiflast mjög undanfarin ár samfara verulegum breytingum á járnmarkaði. Það steig mjög ört á árunum 1973 — 1974 og náði þá algerum toppi eða tæpum 3600 n. kr. hvert tonn, hefur síðan með nokkrum sveiflum farið niður á við og orðið lægst seint á árinu 1975 og síðan um mitt árið 1976, en er nú að nýju á uppleið. Þessar sveiflur eru, eins og ég sagði, nokkuð samfara verulegum breytingum á járnmarkaðnum og járnframleiðslu, m. a. þeirri breytingu, að ýmis lönd utan Evrópu hafa í vaxandi mæli rutt sér inn á þennan markað, t. d. japanir mjög verulega. Einnig hafa ýmis þróunarlönd hafið framleiðslu á járni. Sum lönd, olíuframleiðendur, hafa verulegt fjármagn og jafnvel orku. Sumt af þessari framleiðslu hefur verið sett inn á Evrópumarkað á undirverði vegna söluerfiðleika þessara verksmiðja, þar sem þróun járnmarkaðar heima fyrir í viðkomandi löndum hefur hvergi nærri þróast eins ört og framleiðslugeta þar, og hefur þetta fyrst og fremst valdið sveiflum. Af þessum ástæðum hefur Efnahagsbandalagið nú síðustu árin verið með í athugun sérstakar aðgerðir til þess að koma betra jafnvægi á þennan markað. Að dómi þeirra, sem best þekkja, bendir allt til að þetta muni takast, þótt skylt sé að taka fram að þetta hefur gengið töluvert hægar en ráð var fyrir gert í upphafi. Engan hef ég heyrt halda því fram, að um offramleiðslu járns verði að ræða um langa framtíð, og engan hef ég raunar heyrt halda því fram, að verð á járni muni ekki hækka eins og verð á öðrum nauðsynjum í þessum heimi okkar. Sýnist mér satt að segja nokkuð undarlegt að byggja arðsemisútreikninga á lægstu tölu sem finnst á undanförnum síðustu mánuðum og árum, eða um mitt ár 1976, þ. e. a. s. 2800 n. kr. tonnið. Ég vil taka það fram, að ef þetta söluverð á kísiljárni helst er arðsemi þessarar verksmiðju ákaflega léleg og væri verksmiðjan þá vonlaus að mínu mati og hygg ég allra sem á þessar tölur líta. Ég held hins vegar að það verði að treysta þeim mjög ábyrgu aðilum sem þetta hafa skoðað og ég hef hér nefnt, aðilum eins og samtökum sænskra járnframleiðenda og Norræna fjárfestingarbankanum.

Norræni fjárfestingarbankinn er að sjálfsögðu engin góðgerðarstofnun og hefur lagt mjög mikla vinnu í að skoða þróun þessara mála. Hann hefur að sjálfsögðu aðgang að öllum þeim upplýsingum sem fyrir liggja, langtum fleiri en hér hafa verið dregnar fram að sjálfsögðu, og hefur komist að þessari mikilvægu niðurstöðu sem ég hef lagt áherslu á hér, að ekki væri þörf ríkisábyrgðar fyrir láni frá bankanum. Mælir það eitt að mínu mati mjög sterklega með álitlegri arðsemi þessarar verksmiðju á næstu árum.

En það er rétt, að öllum slíkum rekstri fylgir einhver áhætta. Hjá því verður aldrei komist. Spurningin er hins vegar: Hve stór er þessi áhætta, eru menn reiðubúnir að taka hana eða ekki?

Niðurstaða meiri hl. iðnn. er tvímælalaust sú, að áhættan sé það lítil, að óhætt muni að taka þessa áhættu, og þannig sé um hnútana búið, að ekki sé líklegt að þar bregði mjög út af. Ég vil í sambandi við þessi síðustu orð sérstaklega geta þess, að til meiri tryggingar fyrir afkomu verksmiðjunnar var gengið til samninga við norska hluthafann Elkem-Spigerverket um nokkra tryggingu á sölu á framleiðslu verksmiðjunnar. Samið er um það í fyrsta lagi, að samdráttur í sölu frá þessari verksmiðju verði aldrei meiri en frá þeim verksmiðjum sem það fyrirtæki á sjálft. Í þessu felst að sjálfsögðu veruleg trygging. Í öðru lagi er samið um það, að salan fari fram í gegnum þau samtök sem norskir framleiðendur á járnblendi eða kísiljárni hafa með sér og nefnt hefur verið í daglegu tali Fesil. Það eru ákaflega sterk samtök og með mjög góðan aðgang að járnblendi- og kísiljárnmörkuðum um heim allan. Þau hafa sýnt það hvað eftir annað á undanförnum árum í þessum sveiflum, að þeim hefur tekist mjög vel að koma framleiðslu þessara verksmiðja á markað. E. t. v. talar það einna skýrustu máli í þessu sambandi, að aldrei, jafnvel í þessum verulegu sveiflum

sem hafa verið upp á síðkastið, hefur ekki orðið meiri samdráttur í verksmiðjum Elkem-Spigerverkets en svo, að þær hafa verið reknar á 75% afköstum minnst. Nokkrar birgðir hafa að sjálfsögðu stundum safnast, sem von er, en á þær hefur þó ávallt gengið þegar verð hefur farið hækkandi og eftirspurn hefur aukist, og svo er t. d. mjög ört nú. Einnig er samið um ákveðna lágmarkssölu frá verksmiðjunni fyrstu árin til frekari tryggingar afkomu hennar á erfiðustu tímunum.

Ég gat þess áðan að fjármögnun til þessara framkvæmda er nú stórum traustari en var áður. Samið hefur verið um verulegan hluta af því lánsfé sem nauðsynlegt er. Kemur þetta fram í grg. með frv. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir hlutafé sem verði 127 millj. n. kr., í öðru lagi hluthafalánum sem nema 44 millj. n. kr. og ég hef nefnt hér áður, þar sem í raun og veru er um aukningu hutafjár að ræða vegna meiri stofnkostnaðar. Þá er þegar tryggt stofnlán hjá Norræna fjárfestingarbankanum til langs tíma að upphæð 200 millj. n. kr. Samið er að hluta um lán frá framleiðendum hinna ýmsu tækja sem munu verða um 120 millj. n. kr. Og að lokum er gert ráð fyrir rekstrarláni, 30 millj. n. kr., sem ekki mun enn vera tryggt, en þar er að sjálfsögðu um mjög lítinn hluta af lánsfjárþörfinni að ræða. (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. þm. á því, að ætlunin er að fresta fundi núna kl. 4, ef hann gæti fundið heppileg kaflaskil á sinni ræðu.) Ég skal gera það.

Ég skal þá ljúka þessu með ársemina með því að geta þess, að n. hefur einnig haft til athugunar innstreymi og útstreymi ríkissjóðs við lántöku til að standa straum af hlutafjárframlagi til Íslenska járnblendifélagsins hf. Þar kemur fram, miðað við ákveðnar forsendur um lántöku, 15 ára lán, til þess að standa straum af hlutafjárloforði, að um útstreymi, mun verða að ræða fram til ársins 1985, en síðan innstreymi, þ. e. a. s. um verður að ræða greiðslur úr ríkissjóði til þess að standa undir lántöku vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs fram til ársins 1985, en snýst síðan mjög ört við. Ég hef aðeins borið þetta undir menn sem vel bekkja þessi mál, og vil ég segja það hér, að ég hef raunar engan fundið sem telur óeðlilegt að um einhverjar greiðslur frá ríkissjóði verði að ræða á fyrstu 4—5 rekstrarárum þessa fyrirtækis, — greiðslur til þess að standa straum af því hlutafé sem ríkissjóður á að leggja í fyrirtækið. Ég hygg að það sé heldur óeðlilegt að unnt sé að fjármagna slíkt fyrirtæki með lánum til að standa straum af hlutafjárframlagi án þess að um nokkrar greiðslur frá hluthöfum verði að ræða. Það mikilvægasta er að sjálfsögðu það, að þetta snýst algerlega við eftir um það bil 5 ára rekstur fyrirtækisins. Evkst þá innstreymið hröðum skrefum, eins og taflan, sem fylgir hér með, sýnir, og ég ætla ekki að fara að lesa hér.

Ég held, með tilliti til þess sem hæstv. forseti sagði áðan, að það sé rétt að ég geri nú hlé á ræðu minni. Eins og ég sagði áðan, ætla ég að leitast við að hafa þetta ekki of langt mál, en mun þó að sjálfsögðu ræða um raforku og hollustuhætti við framhald þessarar umr. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði rætt nokkuð um arðsemi, sölusamning og fjármögnun þegar hlé var gert á fundi. Ég hef aðallega drepið á meginniðurstöður í þessu, en ekki talið rétt að lengja tímann að þessu sinni með því að lesa upp arðsemisútreikninga sem slíka, en get að sjálfsögðu gert það síðar ef tilefni gefst til. En ég lagði áherslu á þessa meginniðurstöðu Þjóðhagsstofnunar með tilvitnun í ítarlega athugun, sem farið hefur fram á þessu máli, að arðsemisútlit væri gott.

Ég kem þá að raforkusölunni sem hefur verið mikið rædd og er að sjálfsögðu ein meginundirstaða þessarar verksmiðju.

Fullyrt hefur verið, að ráðgert væri að selja raforku frá Sigöldu töluvert undir kostnaðarverði. Um er að ræða sölu annars vegar á forgangsorku, sem er um 244 gwst. á ári, og hins vegar afgangsorku, sem er sama magn, en hvort tveggja hefur nokkurn sveigjanleika. Sérstaklega er afgangsorkan að sjálfsögðu frá hendi Orkustofnunar tryggð að um það bil 65% samkv. áætlun Landsvirkjunar. Er það þannig skýrt í samningnum, að 20 ára tímabil, samningstímabilið, er hún 80% tryggð, á hverju fjögurra ára tímabili 60%, á hverju einstöku ári 50%, en að meðaltali er talið að þessi afgangsorka sé þannig 65% tryggð. Raforkuverðið annars vegar á forgangsorkunni og hins vegar á afgangsorkunni er ákveðið í raforkusamningi sem gerður er á milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins. Verðið á forgangsorkunni verður um 2.02 kr. hver kwst. Í bréfi frá Orkustofnun til iðnn. Nd. er frá þeirri niðurstöðu skýrt, að þetta verð muni verða nokkurn veginn í samræmi við það verð á forgangsorku sem nú gildir frá Landsvirkjun til almenningsveitna sem af Landsvirkjun kaupa, enda er þá miðað við sömu spennu og tekið tillit til nýtingartíma. Í raun og veru er meginmunurinn á þeim samningi, sem gerður hefur verið á forgangsorku, og þeim taxta, sem gildir til almenningsrafveitna, að verð á forgangsorku er samningsbundið í n. kr. og jafnframt á það að hækka í samræmi við hækkun sem fram undan er á raforkuverði í Noregi og endurskoða skal á 5 ára tímabili. Með þessum samningi varð raforkuverð fyrir síðustu áramót til Járnblendiverksmiðjunnar nokkru hærra eða um 6—7% hærra en raforkuverð til almenningsveitna á Landsvirkjunarsvæðinu, miðað við þessa spennu og nýtingartíma eins og ég hef áður sagt. En hækkun varð á raforkuverði frá Landsvirkjun 1. jan. s. l. Eftir að sá verðtaxti hefur tekið gildi nær þetta raforkuverð til Járnblendiverksmiðjunnar um það bil 95% raforkuverðs til almenningsveitna. Um þetta mætti flytja alllangt mál, en ég mun ekki gera það hér. Fyrir liggja í skjölum n. bæði álit Orkustofnunar og einnig álit eða umsögn Landsvirkjunar um það sem ég hef nú sagt, og læt ég nægja að vísa til þess.

Allmikið hefur verið rætt um afgangsorkuna og því haldið fram, að ekki væri þar um raunverulega afgangsorku að ræða. Kemur þetta einnig fram í bréfi Orkustofnunar, þar sem Orkustofnun telur afhendingarskyldu Landsvirkjunar nokkuð stífa. Um þetta má að sjálfsögðu deila. En fram hefur komið hjá fulltrúum Landsvirkj-

unar sem mættu á fundum iðnn., að mjög mikil afgangsorka er í kerfi Landsvirkjunar og töluvert af orku umfram það, sem hér um ræðir, sem unnt er að afgreiða með svipaðri tryggingu og járnblendiverksmiðjunni er lofað. Til viðbótar þessu er að sjálfsögðu í kerfi Landsvirkjunar ákaflega mikið af afgangsorku sem gæti ekki náð þessum tryggingarskilyrðum. Athyglisvert er að Landsvirkjun hefur einmitt nú um síðustu áramót hafið að bjóða almenningsrafveitum afgangsorku á 47.5 kr. kwst. miðað við 220 þús. volta afhendingu. En verðið til járnblendiverksmiðjunnar er 51 eyrir kwst. Þannig er það verð, sem boðið er nú, nokkru lægra. Hins vegar er skylt að taka fram að ekki hafa verið gerðir samningar við almenningsveitur um sölu eða kaup á afgangsorku og ekki gengið frá þeim skilmálum sem þurfa að gilda um slíka afhendingu.

Mér sýnist því að af öllum þeim gögnum, sem fyrir liggja, sé ljóst að raforkuverð til járnblendiverksmiðjunnar er fyllilega sambærilegt við það sem er nú á hinum almenna markaði sem Landsvirkjun þjónar. Ég fæ ekki séð að um þetta verði deilt. En eins og ég sagði, um þetta má flytja langtum ítarlegra mál og má sannarlega lesa úr bréfum bæði frá Orkustofnun og Landsvirkjun þessu til staðfestingar. Ég mun ekki gera það nú, en get gert það ef umr. gefa tilefni til.

Mestur tími n. fór að öllum líkindum í umr. um hollustuhætti og umhverfismál. Mættu þar, eins og ég rakti í upphafi þessarar ræðu, fulltrúar frá heilbrrn., landlæknir, forstöðumaður og starfsmaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins og fulltrúar Náttúruverndarráðs. Áður en ég kem að efnisatriðum þess máls þykir mér nauðsynlegt að gera í örfáum orðum grein fyrir þeim lögum og reglum sem gilda um útgáfu starfsleyfis, en það kemur greinilega fram í heilbrigðisreglugerð frá 1972 sem sett er með tilvísun til l. nr. 12, 1969. Einnig má vísa í reglugerð um náttúruvernd og lög um náttúruvernd og raunar fleira.

Ljóst er að það er heilbrrh. sem gefur út starfsleyfi, en honum til ráðuneytis um það eru landlæknir og Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Þessir aðilar, þ. e. a. s. landlæknir og Heilbrigðiseftirlit ríkisins, eru ráðgefandi aðilar sem gera till. til ráðh. um starfsleyfi eða setja fram till. um þær kröfur sem gera verður til viðkomandi atvinnurekstrar. Því miður eigum við Íslendingar mjög langt í land með að hafa sett reglur fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar í þessu landi sem ýmsum erfiðleikum valda í sambandi við hollustuhætti og heilbrigðismál. Þetta eru oft viðkvæm mál, oft ákaflega kostnaðarsöm mál fyrir viðkomandi atvinnuveg, og verður ráðh. þar að sjálfsögðu að gæta þess að stilla kröfum nokkuð í hóf, þannig að ekki valdi meira tjóni en að er stefnt að koma í veg fyrir.

Það starfsleyfi, sem var gefið út 5. apríl s. l., er mjög ítarlegt. Það er fyrsta starfsleyfi fyrir slíkan rekstur hér á landi og mun vera langtum ítarlegra en almenn venja er, t. d. í nágrannalöndum okkar. Við það er að sjálfsögðu ekkert að athuga, heldur ber að fagna því, að hið fyrsta starfsleyfi skuli svo vandlega úr garði gert. Ég verð að segja það, að á tveimur löngum fundum n. um þetta atriði voru umr. að verulegu leyti í raun og veru um þá starfsmeðferð, hinn lagalega ramma og reglugerðarramma, sem þetta hvílir á, og má segja að þær hafi þannig að nokkru farið út fyrir starfssvið iðnn. og þá athugun sem hún var að gera á því frv. sem hér er til umr.

Ljóst þykir mér að þarna eru starfshættir í mótun og menn ekki á eitt sáttir um það, hvernig beri að haga starfsaðferðum í slíkum tilfellum. Heilbrrn. tekur mjög ákveðið þá afstöðu, að starfsleyfið sé á ábyrgð ráðh., en þeir aðilar aðrir, sem undir það rn. heyra, eins og landlæknir og Heilbrigðiseftirlit ríkisins, séu ráðgefandi. Þetta hygg ég að sé tvímælalaust og óumdeilanlegt. Hins vegar er sú spurning vitanlega ávallt fyrir hendi, hve náið samstarf á að hafa við slíka aðila á meðan starfsleyfið er í mótun í höndum heilbrrn. Einnig var vakin athygli á því, að vafasamt getur raunar talist að setja þessa aðila, landlækni og Heilbrigðiseftirlit ríkisins, í þá aðstöðu að þeir beinlínis ákveði ýmis endanleg ákvæði starfsleyfis. Þeir eru þá kannske orðnir ábyrgir umfram það sem lög gera ráð fyrir. Þeirra verksvið er að gera till. á þessu sviði — og ekki síst og mjög mikilvægt: að fylgjast með því að því starfsleyfi sé hlýtt sem út hefur verið gefið.

Ég læt þennan inngang nægja um mjög mikla og langa umr. um þessi atriði þar sem ákaflega margt var tíundað sem eins og ég sagði í upphafi, fyrst og fremst bendir til þess að starfsemin er í mótun. Ég tel að þær umr. hafi verið gagnlegar, þótt þær hafi, eins og ég sagði áðan, farið töluvert út fyrir hinn eiginlega ramma sem iðnn. að sjálfsögðu hafði með því frv. sem nú er um fjallað.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins gaf út umsögn um starfsleyfi 10. jan. s. l. Það er mikil bók, upp á 150 síður, og ég vil að gefnu tilefni taka það fram, að hún er ekki lengur það trúnaðarplagg sem nokkuð var um rætt í Nd. Mun reyndar hafa verið losað um hann trúnað þar strax og raunar á misskilningi byggt. Þetta er hins vegar vinnuritgerð, vinnuplagg, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur látið rn. sínu í té, og í því eru fjölmargir hættir sem ekki varða beint það starfsleyfi sem hér er til umr. En í þessari ritgerð eru einnig till. Heilbrigðiseftirlitsins að starfsleyfi sem eru upp á 19 síður. Þessar till. voru þegar teknar til meðferðar í heilbrrn. og um þær fjallað ásamt landlækni sem er, eins og ég hef áður sagt, einnig ráðgefandi við heilbrrn. um þessi mál og starfar í nánum tengslum við Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

Ég ætla ekki að fara að tíunda hér þær umr. sem fram fóru. Ljóst varð af þessum umr., að fjölmörgu var breytt frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Hins vegar sýndist mér sannast að segja að mjög mikið af því væru hrein smáatriði og ákaflega mikið væri nánast lögfræðilegar ákvarðanir sem lögfræðingar heilbrrn. hefðu tekið, breytingar sem þeir töldu nauðsynlegar með tilliti til þess sem segir í reglugerðum um slík starfsleyfi. M. a. hafði ýmislegt verið strikað út sem er skýrt fram tekið í reglugerðum og

ekki sýndist ástæða til að endurtaka í endanlegu starfsleyfi. Þá voru tekin út úr ýmis atriði sem í till. Heilbrigðiseftirlitsins voru þess eðlis, að Heilbrigðiseftirlitinu sjálfu var gert að samþykkja ýmsar ráðstafanir um úrbætur í járnblendiverksmiðjunni. Skýrði ráðuneytisstjóri heilbrrn. svo frá, að rn. teldi skakkt að Heilbrigðiseftirlitinu væri gert að samþykkja slíkar endurbætur því með því móti væri Heilbrigðiseftirlitið vissulega að sumu leyti orðið ábyrgt fyrir þessum ráðstöfunum og ekki þar með hlutlaust þegar þær skal meta síðar. Þetta sýnist mér á miklum rökum reist. Ég held að Heilbrigðiseftirlitið verði að vera óháð og megi ekki bindast á einhvern máta með fyrir fram gefnu samþykki við ákveðnar endurbætur eða ráðstafanir sem kann að þurfa að gera. Það á að vera frjálst til þess að gagnrýna þá niðurstöðu eða þann árangur sem fæst með hinum ýmsu ráðstöfunum, hverjar sem þær kunna svo að verða. Ég nefni þetta sem dæmi um þá ýmsu þætti sem þarna bar á góma og ég tel ekki varða efnisatriði þess máls sem er hér til umr. Hins vegar vil ég endurtaka það, að mér sýnist eftir þessar umr. að þarna eigi nokkuð í land að starfshættir mótist eins og vera ber. Hins vegar er þetta ung stofnun, sem þarna er um að ræða, Heilbrigðiseftirlit ríkisins, og þar er unnið af miklum krafti og miklum dugnaði, sem ég veit að við allir fögnum, og enginn vafi að þessi mál skýrast smám saman.

Svipaður vandi kom í ljós gagnvart Náttúruverndarráði. Þar vaknar sú spurning: Hvenær á Náttúruverndarráð að vera kvatt til í sambandi við framkvæmd hinna ýmsu atriða starfsleyfis? Rn. hefur tekið þá afstöðu, að það sé fyrst og fremst Heilbrigðiseftirlit ríkisins og landlæknir sem eigi að fjalla um slík mál fyrir hönd rn. Aftur á móti var á því vakin athygli, að þessar stofnanir hafa í mörgum tilfellum og ber í mörgum tilfellum að hafa samráð við Náttúruverndarráð áður en álit er gefið. Taldi rn. að með því móti væri tryggt það samband á milli heilbrigðisyfirvalda og Náttúruverndarráðs sem öllum ber raunar saman um að er nauðsynlegt. Einnig þarna hygg ég þó að nokkuð sé í land með það að eðlilegt samstarf og samband sé á komið. Og ég vil taka það fram fyrir mitt leyti, að ég tel sjálfsagt að Náttúruverndarráði sé í öllum þeim tilfellum, sem það kann að óska, gefið tækifæri til að fylgjast með framgangi þessara mála og koma till., sem það kann að óska, á framfæri. Þetta tel ég að eigi að vera grundvallarstefna í slíkum málum, og raunar hef ég enga ástæðu til að ætla annað en þessu verði framfylgt. Sérstaklega þótti mér mikilvægt að fá í þessu sambandi fram mjög ákveðna yfirlýsingu forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sem lýsti því yfir að hans stofnun mundi ávallt gæta þess að hafa sem nánast samband við Náttúruverndarráð um öll slík mál, og var þessi skoðun fullkomlega studd af ráðuneytisstjóra og öðrum sem þarna voru staddir.

Ég læt þetta nægja almennt um þessa starfshætti sem að mínu mati hafa kannske vakið upp nokkurn misskilning á sumum þessum sviðum. Ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því, hvernig Heilbrigðiseftirlit ríkisins, landlæknir og Náttúruverndarráð falla inn í þá heild sem hér er til umr. Þetta eru sem sagt ráðgefandi aðilar, sem ráðh. heilbrigðismála hefur sér til aðstoðar, og svo ég endurtaki það: starfshættir eða samband þeirra á milli er á mörgum sviðum í mótun.

Í þessum umr. komu fram ábendingar um fjölmörg atriði í starfsleyfinu, sem út var gefið 5. apríl s. l., sem breytt hefur verið frá fyrstu till. Þó er það kannske nokkur vísbending um það, að starfsleyfið er ekki mjög frábrugðið upphaflegum till., að það er út af fyrir sig 17 vélritaðar síður, en till. voru 19 síður, og ber þar satt að segja ekki mjög mikið á milli.

En til að gera langt mál sem styst ætla ég að vísa til skriflegrar umsagnar sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins lét n. í té á síðara fundi hennar. Ég mun þó ekki lesa þetta álit í heild sinni. Þar er rakinn allur gangur þessa máls og kemur m. a. fram, að allmargir fundir áttu sér stað með forstöðumönnum og starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins, landlækni og einnig að sjálfsögðu á vegum rn. og með ráðuneytismönnum. Einnig var fundur með heilbrrh. Sýnist mér að þannig hafi verið allítarlega rætt á vegum þessara aðila um þær breytingar sem heilbrrn. vildi gera á starfsleyfi. Hitt er svo jafnframt ljóst, að endanlegt starfsleyfi virðist ekki hafa verið borið undir Heilbrigðiseftirlitið. En ráðuneytisstjórinn telur að öllum hugmyndum rn. um endanlegt starfsleyfi hafi þegar verið komið á framfæri og hafi þegar verið ræddar við starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins á þessum fundum sem haldnir voru áður. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa örfáar mgr. úr þessu yfirliti frá forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins. Hann segir m. a., með leyfi forseta:

„Á fyrrnefndum fundum Heilbrigðiseftirlits ríkisins með heilbrrh., ráðuneytisstjóra og landlækni gerðu aðilar grein fyrir afstöðu sinni til till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og fyrstu draga að starfsleyfi frá rn. Varð strax ljóst að full samstaða yrði um langflestar megintillögur Heilbrigðiseftirlits ríkisins að starfsleyfinu af hálfu heilbrrh., heilbrrn. og landlæknis. Enn fremur gat Heilbrigðiseftirlit ríkisins fyrir sitt leyti fallist á að starfsleyfi gilti fyrir tvo ofna að uppfylltum skilyrðum um að síðari ofninn yrði tekinn í notkun innan 20 mánaða frá því að fyrri ofninn var tekinn í notkun."

Mikilvægustu atriði þessarar mgr. eru að sjálfsögðu þau, að þarna varð full samstaða um langflestar megintillögur Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Einnig eru hér dregin saman í lokin nokkur atriði sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins vildi sérstaklega vekja athygli á. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á þessum vettvangi verður ekki gerður samanburður á einstökum tillögum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og ákvæðum í starfsleyfi heilbr.- og trmrh. Það verður eftirlátið öðrum, enda er umsögn stofnunarinnar endanleg fagleg umsögn, ef undan er skilinn fjöldi ofna úr einum í tvo og tímalengd rekstrar án fullkominnar hreinsunar útblástursloftsins, sem lengd hafði verið úr einni klst. í þrjár, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins gat

fyrir sitt leyti fallist á. Ekki verður samt hjá því komist að drepa á nokkur atriði í starfsleyfinu, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins telur vera mikilvæg og betur hefðu mátt fara, en það eru eftirfarandi atriði:

a) Nokkur ákvæði í starfsleyfinu eru þannig upp sett og orðuð að merking viðkomandi skilyrðis virðist óljósari heldur en æskilegt er að áliti Heilbrigðiseftirlits ríkisins og draga í sumum tilvikum úr viðkomandi ákvæði.

b) Styrkleikamörk eða hættumörk fyrir kristallað kísildíoxíð, kvarts, dímit, kristobalít og arsenvetni eru sett hærri heldur en Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur fallist á.

c) Taka mætti meira tillit til verksviðs Náttúruverndarráðs en gert er í starfsleyfinu.

d) Of lítið er gert úr starfshæfni Heilbrigðiseftirlits ríkisins og of mikið lagt á vald heilbrrh., heilbrrn. og landlæknis þegar um er að ræða ákvarðanir, t. d. í bilanatilfellum, og gæti það að áliti Heilbrigðiseftirlits ríkisins tafið nauðsynlegar aðgerðir."

Þetta eru sem sagt þau fjögur atriði sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins dregur sérstaklega fram. Um tvö þau síðast töldu, þ. e. a. s. tillit til verksviðs Náttúruverndarráðs og starfshæfni Heilbrigðiseftirlits ríkisins og valds þess til þess að ákveða um lagfæringar, hef ég þegar rætt. Ég tel fyrir mitt leyti og hef lagt á það áherslu, að Náttúruverndarráð beri að kveðja til í öllum tilfellum, og mætti það vera skýrara í starfsleyfinu, þótt ég hafi ríka ástæðu til að ætla að það muni verða gert eftir þær yfirlýsingar sem gefnar voru á fundinum. Einnig hef ég rakið um síðasta atriðið, að þarna telur rn. varhugavert beinlínis að Heilbrigðiseftirlitið kunni að bindast í sambandi við ákvarðanir um endurbætur.

Í raun og veru sýnist mér það atriði, sem langsamlega umdeildast er, vera styrkleikamörk eða hættumörk fyrir kristallað kísildíoxíð, enda er það það efnisatriði sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins dregur eitt fram í lokaatriðum síns samanburðar. Um þetta urðu miklar umr. að sjálfsögðu, og kom í ljós að í flestöllum löndum í kringum okkur eru þessi mál í mjög ítarlegri athugun. Þar eru þessi mörk nokkuð breytileg, allt frá því sem er í Noregi, þar sem gert er ráð fyrir 3.5 mg. í m^3 til 5 mg í m^3 slíks ryks, og til þess, sem svíar munu nú vera með í athugun, að setja þessi mörk við 2 mg í m^3 lofts í verksmiðjum. Hins vegar var upplýst að svíar hafa ekki enn staðfest slík mörk og munu þau vera þar enn í athugun. Einnig upplýsti ráðuneytisstjóri heilbrrn., sem eins og menn kannast við er læknislærður maður, og einnig upplýsti landlæknir að þeir hafa átt ítarlegar viðræður við landlækna bæði í Noregi og Svíþjóð um þessi atriði. Þeir hafa tekið þessi mál upp á samnorrænum fundum heilbrigðisyfirvalda, og þeim er ljóst að þessi mál eru öll í athugun. Þeir telja einnig ljóst að norðmenn telji sig fullvissa um að þessi mörk, sem þar eru enn þá ákveðin, nægi til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma af völdum slíks ryks. En þessir menn lögðu á það áherslu báðir, að þetta væri allt í ummótun og beri í því sambandi að sjálfsögðu að hafa í huga að það starfsleyfi, sem veitt hefur verið, er langt frá því að vera endanlegt.

Það er skýrt tekið fram að sjálfsögðu í samningi, sem gerður hefur verið um þessa verksmiðju, að hún fellur að öllu leyti undir íslensk lög og íslenskar reglur, og samkv. þeim er heilbrigðisyfirvöldum hvenær sem er heimilt að breyta þeim reglum sem gilda um hollustuhætti og umhverfismál. Lögð var á það rík áhersla af ráðuneytisstjóra og landlækni, að með þróun þessara mála í nágrannalöndunum muni verða vandlega fylgst og hert á hverju því atriði sem talið er að þurfi að herða á og talið með sæmilegu móti framkvæmanlegt.

Vitanlega er alveg ljóst að hollustuhátta í sambandi við svona verksmiðju er best gætt með því að byggja enga verksmiðju, og raunar á það við um fjölmarga fleiri þætti í okkar efnahagslífi. Við gætum eflaust lifað hollara og betra lífi, ef við leggðum niður allar bifreiðar og létum þær hætta að spúa eitri út í andrúmsloftið. En þarna verður að finna einherja millileið. Og ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að þeir sérfróðu menn, sem um þetta hafa fjallað og mikla læknisþekkingu hafa, eins og ráðuneytisstjóri heilbrrn. lagði áherslu á, meti málin svo að þær reglur, sem settar eru, fullnægi því markmiði rn. að koma í veg fyrir að heilsu starfsliðsins sé stefnt í hættu.

Ég vil sérstaklega taka það fram, að eftir landlækni var bókuð í fundargerðarbók n. sérstök yfirlýsing, sem er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Landlæknir lýsti því yfir, að hann sætti sig í höfuðatriðum við það starfsleyfi sem heilbrrn. hefur gefið út handa Járnblendifélaginu, með þeim skilyrðum, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins fái nægilegt fjármagn og þjálfað starfslið til eftirlits að mati landlæknis. Landlæknir tók þó fram, að hann telur að styrkleikamörk eða hættumörk fyrir kristallað kísiloxíð, og arsenvetni séu sett lægri en landlæknisembættið teldi eðlilegt að samþykkja."

Sem sagt, aths. þessara aðila beinast fyrst og fremst að þessum mörkum.

Í þessu sambandi vil ég jafnframt taka fram, að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins notaði nokkurn veginn þau óbreytt orð, að hann teldi það mikinn sigur fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins að fá nú í fyrsta sinn í starfsleyfi reglur um það, að heilsugæsla skuli vera á vinnustað, og undir þetta sama tók landlæknir. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég vil taka undir þetta. Þar sem ég þekki lítillega til erlendis, hef ég séð slíka heilsugæslu, slíka læknisþjónustu. Og að sjálfsögðu er mikilvægast í þessu sambandi öllu, þar sem um töluverða óvissu er að ræða, að undirstrika það, að heilsugæsla á vinnustað sé eins og best verður á kosið. Samkv. starfsleyfinu verður þessi heilsugæsla samkv. þeim till. sem landlæknir mun leggja fram, og ég efast ekki um það eftir viðræður við landlækni á fundi iðnn. að þær till. verða fullnægjandi.

Í sambandi við ryk í andrúmslofti, sem nokkuð hefur verið rætt um, en reyndar kemur fram í umsögn forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins að hann getur sætt sig við þær breytingar sem þar voru á gerðar, vil ég þó fara örfáum orðum. Í

byggingu verksmiðjunnar er gert ráð fyrir því að notaðar verði pokasíur, sem mjög hafa þróast upp á síðkastið, sem einnig var gert ráð fyrir í þeirri verksmiðju sem samþykkt var með lögum vorið 1975. Ákaflega lítill munur er á þessum síum. Það má segja að þær hafi kannske þróast nokkuð frá þeim tíma, en þó sérstaklega hefur þetta fyrirtæki, Elkem-Spigerverket, í mjög vaxandi mæli tekið þessar síur í notkun og lagt mikla vinnu í það. Má því segja að nú sé orðið viðurkennt um heim allan, að þessi aðferð sé sú sem langsamlega best hentar til þess að hreinsa ryk úr útblæstri slíkrar verksmiðju. Ég ætla ekki að fara að rekja þetta tæknilega, en læt nægja að geta þess, að þetta er gert með mjög stórum blásurum sem taka útblástursrykið og blása því í gegnum mikinn fjölda af pokasíum og verður hreinsunin einhvers staðar í kringum 95%. En algengur mælikvarði er sá, að ryk á ekki að sjást út um reykháf verksmiðju þegar þarna er komið í gegn. Nú er vitanlega svo, að slíkur búnaður getur ávallt orðið fyrir einhverjum bilunum. Í Noregi gilda þær reglur, að starfrækja megi slíka verksmiðju 4% af tímanum án hreinsitækja. Þetta var talið óviðunandi hér. Þetta þýðir í raun og veru 13—14 daga á ári sem verksmiðjuna má starfrækja án hreinsitækja. Og ef litið er svo á að það gildi fyrir hvorn ofninn um sig, þá er þetta orðinn tvöfaldur sá tími sem reykur sæist og ryk frá slíkri verksmiðju. Í till. Heilbrigðiseftirlitsins var gert ráð fyrir því, að aðeins mætti starfrækja verksmiðjuna í einn klukkutíma og skyldi síðan stöðva reksturinn ef ekki tækist á þeim tíma að gera við bilun. Þessu er breytt í þrjá klukkutíma, en þá skal leita heimildar ráðh. til þess að mega starfrækja verksmiðjuna áfram.

Þetta er það ákvæði sem í grg. Heilbrigðiseftirlitsins er vísað til þegar talað er um óljós ákvæði í starfsleyfi, og ég get út af fyrir sig tekið undir það. Þetta ákvæði er ekki nægilega ljóst. Hins vegar eru í strarfsleyfinu settar mjög strangar kröfur um það, á hvern máta fylgst verði með framkvæmd þessarar hreinsunar, og skýrt tekið fram, að hert muni verða á þessum ákvæðum ef telja má að fenginni nokkurri reynslu og eftirliti með rekstri verksmiðjunnar að þetta sé ekki fullnægjandi. Hins vegar má geta þess, að í nýjustu verksmiðjum, t. d. í nýjustu verksmiðjum á vegum þessa norska aðila, hefur bilanatími ekki verið 4%, heldur einhvers staðar á milli 0.4 og 1% af starfstímanum, þannig að það er full ástæða til að ætla að þarna náist miklu betri árangur en þessar reglur raunar kannske leyfa.

Ég gat þess áðan, að óánægja er hjá Náttúruverndarráði, einkum þó og sér í lagi með þetta ákvæði, sem það telur í bréfi, sem það afhenti n., dags. 29. apríl s. l., að opni fyrir þann möguleika að verksmiðjan verði um óeðlilega langan tíma starfrækt án hreinsitækja. Ég held fyrir mitt leyti að þetta sé á misskilningi byggt, þótt ég taki undir það með Náttúruverndarráði, eins og ég hef sagt, að þessi ákvæði þurfa að verða harðari og ákveðnari, og ég geri fyllilega ráð fyrir að svo verði.

Einnig kvartar Náttúruverndarráð sérstaklega undan því, að ekki sé gert ráð fyrir nægilegu sambandi við Náttúruverndarráð, og kem ég þar að því sem ég hef áður nefnt, að þetta samband og starfsaðferðir virðast mjög í mótun. Hins vegar legg ég einnig í þessu sambandi mjög ríka áherslu á það sem kom fram hjá forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins þegar hann sagði að Heilbrigðiseftirlit ríkisins muni í öllum tilfellum hafa samráð við Náttúruverndarráð. Og kannske síðast, en ekki síst í þessu sambandi legg ég rika áherslu á það, sem kom fram hjá forstöðumanninum, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins muni tvímælalaust og hiklaust beita ákvæðum 14. gr. reglugerðar ef þörf krefur. 14. gr. reglugerðar er svo, með leyfi forseta:

„Nú telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins að svo alvarleg hætta stafi af tiltekinni starfsemi eða aðgerðir þoli enga bið, og er því þá heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemina, en tilkynna skal það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd."

Sem sagt, þrátt fyrir öll starfsleyfi hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins ávallt heimild til að stöðva slíka starfsemi ef það telur að af henni stafi einhver hætta. Og ég segi það fyrir mitt leyti, að ég ber ákaflega mikið traust til þess unga manns sem þarna er í forustu. Hann er ákveðinn og hikar ekki við að láta sjónarmið sín koma fram, og ég treysti því að hann muni beita öllum slíkum ákvæðum, ef þörf krefur. Í raun og veru er það svo með allt slíkt sem þetta, að framkvæmdin fer fyrst og fremst eftir hinum mannlega þætti. Það er hægt að setja svo strangar reglur að þær verði allar brotnar og það jafnvel látið viðgangast. Við sjáum þess dæmi allt í kringum okkur. Reglur eru settar, þær eru brotnar. Við þurfum ekki annað en ganga um fjörur Reykjavíkur til að sjá það, því miður, og langtum víðar um landið. Aðalatriðið er vitanlega að reglur séu settar af skynsemi, séu settar þannig að unnt sé að framkvæma þær, settar þannig að þær að bestu manna yfirsýn komi í veg fyrir að heilsu starfsliðs sé stefnt í hættu. En umfram allt er mikilvægt að það starfslið, sem fylgjast á með slíkri framkvæmd, sé vel á verði og vakandi, og það hygg ég að muni verða í þessu tilfelli. Þetta er fyrsta starfsleyfið sem er sett hér á landi, og mér virðist ljóst að þeir menn, sem þar eru ábyrgir, hafi sett metnað sinn í það að sjá um að vel fari, og á það legg ég sérstaka áherslu.

Ég ætla nú ekki að lengja þetta um of. Ég hef drepið á meginþætti sem við ræddum um. Ég hef sleppt fjölmörgu, sem fram kom á löngum fundum n. með aðilum sem ég hef nú talið upp, og ekki farið út í mikinn lestur á tölum, og ég hef sleppt því sem áður hefur verið rætt um í þessu máli.

Ég vil aðeins segja það að lokum vegna þeirra umr. sem var hér áður en þetta mál var tekið fyrir, að ég er því mjög sammála að leita ber álits og samráðs við heimamenn þegar ráðist er í nýjan atvinnurekstur sem valda mun verulegum breytingum, ekki síst í litlum byggðarlögum sem eru algengust hér á landi. Það er óvíða hér á landi hægt að finna byggðarlag sem ekki verður fyrir verulegri röskun þegar slíkur atvinnurekst-

ur er staðsettur í slíku byggðarlagi. En vitanlega verður að gæta þess að fara að eðlilegum reglum. Annars er raunar lýðræðið skopstæling ein. Og ég get ekki að því gert í þessu tilfelli, að mér finnst að þarna hafi það ekki tekist hverjum sem er um að kenna. Ég endurtek það sem hér kom fram, að málið var kynnt fyrir heimamönnum í des. 1974. Þeir samþykktu gegnum sínar hreppsnefndir að taka þátt í hafnargerð, sem að sjálfsögðu er skýlaus vottur um að þeir óska eftir þessari verksmiðju eða vilja taka þátt í byggingu þessarar verksmiðju eða þeirra mannvirkja sem henni eru tengd. Það verður að segjast eins og er, að það er of seint að koma fram með slíka ósk á allra síðustu dögum þessa máls og raunar löngu eftir að lög hafa verið samþykkt sem heimila þessa byggingu. Ég vil vekja athygli á því, að ef þau lög hefðu ekki sérstaklega getið um fyrirtækið Union Carbide hefði að öllum líkindum ekki þurft að fara með breytingu á þeim lögum inn á hið háa Alþ. Það er fyrst og fremst það sem gerir það nauðsynlegt að mati sérfræðinga að koma hingað inn með breytingu. Þótt ýmsar aðrar breytingar hafi fylgt í kjölfarið var það mat sérfræðinga, að flestum þeim, ef ekki öllum, hefði mátt fullnægja á annan máta, með samningum á milli aðila, þannig að ég get ekki að því gert að mér finnst svona upphlaup á síðustu stundu vera heldur slæleg framkvæmd á þessu mikilvæga lýðræðisatriði.

Að lokum vil ég segja það, að ég veit að við óskum þess allir að þessi verksmiðja verði styrk stoð í okkar efnahagslífi. Ég held að það sé alls ekki óeðlilegt að einhver orkufrekur iðnaður rísi hér. Við eigum mikla orku. Og þegar við tölum um að við eigum að leggja áherslu á að nýta innlend hráefni, þá er orkan mjög mikilvægt hráefni í þessu sambandi og það er að sjálfsögðu ekki innflutt, það er innlent hráefni í þessu sambandi.

Ég fyrir mitt leyti fagna því, að hér er um tiltölulega lítið fyrirtæki að ræða með, í mesta lagi 150 manna starfslið, sem ekki veldur verulegri röskun. Ég fyrir mitt leyti fagna því einnig mjög, að hér er farið að mjög ströngum ákvæðum, — ákvæðum sem t. d. iðnrh. Alþb. átti virkan þátt í að setja sem skilyrði fyrir slíkri stóriðju. Þetta er raunar fyrsta fyrirtækið sem sett er á fót innan þess ramma, og það hefur ekki hingað til á það reynt, hvernig það muni takast. Helst er þetta sambærilegt við Kísiliðjuna við Mývatn, sem ég held, þótt menn hafi deilt þar um náttúruspjöll og þess háttar, sem kannske var ekki gætt til fullnustu þegar sú verksmiðja var reist, hafi að flestu öðru leyti reynst mjög innan þeirra marka, sem við getum sætt okkur við. Og það er einlæg von mín að þessi verksmiðja reynist vel.

Umr. frestað.

Neðri deild, 83. fundur.

Mánudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Póst- og símamál, frv. (þskj. 530 (sbr. 324), n. 602, 575). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 575 felld með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EðS, EBS, GS, GilsG, JónasÁ, KP, LJós, SM, PS, SigurlB, SvJ, RH.

nei: EKJ, FÞ, GuðlG, GF, HES, IngJ, IG, JóhH, MÓ, MB, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ.

7 þm. (GHG, GTh, GÞG, JSk, LárJ, MÁM, SighB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2.—14. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Ákv. til brb. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 51, n. 238 og 270). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 238 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 24:8 atkv.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 581). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 654).

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 527). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 656).

Umferðarlög, frv. (þskj. 528). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 657).

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 638). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 658).

Samvinnufélög, frv. (þskj. 331, n. 603). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. N. hefur fjallað um þetta frv. og sent

það út til umsagnar og hefur síðan unnið úr þeim umsögnum. Hér er um ekki stórfelldar, en þó á vissan hátt stefnumarkandi breytingar að ræða á samvinnulögum, og meiri hl. n., sbr. nál., mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Jóhann Hafstein var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins. Olafur G. Einarsson og Ellert B. Schram tóku ekki þátt í afgreiðslu þess.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um málið hér, vísa til ítarlegrar ræðu frsm. við 1. umr. og vænti þess að málið fái greiðan gang í gegnum deildina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 576). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 84. fundur.

Mánudaginn 2. maí, að loknum 83. fundi.

Póst- og símamál, frv. (þskj. 530 (sbr. 324)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 659).

Samvinnufélög, frv. (þskj. 331). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum, frv. (þskj. 539, n. 648). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur athugað frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég á sæti í n. þeirri sem stóð að nál. sem þegar hefur verið mælt fyrir, og ég er ásamt öðrum nm. heils hugar samþykk því. En það var stungið hér að mér af einum virðulegum starfsmanni þingsins smáupplýsingum, og með tilliti til þess að ég er þegar búin að lýsa eindregnu fylgi við fram komið frv. um varnir gegn tóbaksreykingum, þá vænti ég þess að ég verði ekki sökuð um áróður fyrir notkun tóbaks, en hér er smásýnishorn af því, hvernig gömlu mennirnir hér um aldamótin fóru að því að auglýsa sitt tóbak, en í blöðum þeirra tíma stóð þessi auglýsing og fór vítt um landið:

„Reyktu, tyggðu, taktu nef í
tóbakið með sældarþef í,
svo að ei þig komi kvef í,
kauptu tóbakið hjá Levý."

Þetta tilheyrir fortíðinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Kaup og kjör sjómanna, frv. (þskj. 16, n. 640 og 653). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég vil geta þess, að ég er aðeins frsm. meiri hl. sjútvn. þar sem minni hl. á hér sérálit. Sjútvn. hefur rætt og athugað þetta mál, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. þm. Guðlaugur Gíslason, hefur óbundnar hendur um afstöðu til málsins. En hv. þm. Garðar Sigurðsson skilar séráliti og leggur til að frv. verði fellt, og ég trúi, enda þótt hv. þm. Sighvatur Björgvinsson væri fjarstaddur nefndarfundinn, að hann muni fylkja liði með honum í þeirri afstöðu til málsins.

Þetta mál barst hv. d. frá Ed. þar sem það fékk mjög rækilega meðferð, og ég hygg að öllum þm. séu kunnir málavextir. Skal ég ekki fjölyrða um málið að öðru leyti en því að rifja það upp, að það var fyrir forgöngu og eftir eindregnum óskum samtaka sjómanna og útvegsmanna við samningsgerð um kaup og kjör 1975 sem hafinn var undirbúningur að gjörbreytingu á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Í ársbyrjun 1976 hafði aðilum tekist að ná höndum saman um till. um gagngerðar breytingar, og varð ríkisvaldið mjög greiðlega við þeirri málaleitun að breyta lögum eftir því sem efni stóðu til varðandi þær breytingar. Í framhaldi af því fóru svo fram samningar um kaup og kjör og undirritaðir, svo sem venja er til, af öllum aðilum sem þar áttu hlut að máli. En það er áreiðanlega ekki of mikið sagt þótt fullyrt sé, að fulltrúar samtaka launþega hafi ekki staðið við yfir-

lýsingar sínar og undirskriftir sem þar fóru fram. Fyrir því var það, að þegar þessir samningar voru bornir undir hin einstöku félög, þá var það meiri hluti þeirra sem felldi samninganna, aðeins örfá sem samþykktu þá.

Það voru gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að ná sáttum í þessum málum, m. a. með sáttatillögu sem fram var borin í júlímánuði, trúi ég að hafi verið, og það var ekki fyrr en allt um þraut að hæstv. sjútvrh. sá sig til neyddan að setja brbl. þau sem leitað er staðfestingar á hér. Það var á ystu nöf sem það var gert í sept. s. l., þegar séð var að mikil upplausn blasti við í þessum málum og ringulreið, þar sem kjör voru mjög mismunandi, og gat eins og fyrir lá haft mjög alvarlegar afleiðingar ef ekki væri gripið í taumana. Þó er þess að geta, að um töluverðar kjarabætur var að ræða með setningu brbl., þó að þau væru að mestu byggð á sáttatillögunni sem lögð var fram, en umfram það sem samningar höfðu þó gert ráð fyrir þegar þeir voru undirritaðir á sínum tíma veturinn 1976.

Það er sem sagt einróma álit okkar meirihlutamanna, hv. þm. Péturs Sigurðssonar, Jóns Skaftasonar, Tómasar Árnasonar og mín, að staðfesta beri þessi lög og samþykkja þetta frv. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson nefndi þegar hann mælti fyrir áliti þeirra félaga úr n. sem vildu mæla með samþykkt þessa frv., þá sagði hann að málið hefði verið rætt og athugað í sjútvn. og það er út af fyrir sig ekki annað en það sem rétt er. Við komum aðeins saman og spjölluðum lítillega um þetta umfangsmikla og umdeilda mál, en það er varla hægt að segja að það hafi verið nákvæmlega athugað og ekki fór mikill tími samtals í að rökræða um þessa hluti, kannske vegna þess að mönnum hefur verið þetta býsna vel kunnugt. Málið var ekki sent neinum til umsagnar, eins og við höfum haft fyrir sið í þessari hv. n. Í sjútvn. hv. Ed. var þó það ráð tekið að kalla til fundar við n. ýmsa fulltrúa viðkomandi aðila sem málið snerti, frá bæði hlið sjómanna og hins vegar útvegsmanna. En það var ekki gert í sjútvn. þessarar hv. d., nema formaður n., hv. þm. Pétur Sigurðsson, ræddi við þessa menn í síma og þeir töldu sig vera sömu skoðunar og þeir höfðu á málinu þegar þeir töluðu við sjútvn. hv. Ed. Sannleikurinn er sá, að það er hvergi til á blaði hvað þeim fór á milli og ekkert um það sagt í nál. þeirra.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson lýsti hér í örfáum orðum aðdraganda þessarar lagasetningar, aðallega út frá sínum skilningi, og sagði þá m. a. að á ýmsu hefði gengið, en að lokum hefði hæstv. sjútvrh. séð sig til neyddan að setja þessi brbl. vegna þess að mikil upplausn og ringulreið hefði verið fram undan og hefði getað haft alvarlegar afleiðingar ef ekki hefði verið gripið til brbl. Ég vil leyfa mér að andmæla þessum fullyrðingum, og þau andmæli koma einnig fram í því nál. sem við í minni hl. sjútvn., ég og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, leggjum fram. Þetta nál. hefur ekki enn komið á borð hv. þm., og þess vegna held ég að sé rétt að ég fari yfir það álit og segi um það nokkur orð.

Þau brbl., sem hér eru til staðfestingar, voru sett í byrjun sept. s. l. árs og fjalla um að það, sem ég vil kalla samningsuppkast milli viðræðunefndar af hálfu sjómanna og útvegsmanna, verði að lögum, og í öðru lagi að banna verkföll og verkbönn og þ. á m. samúðarverkföll. Ég þarf varla að taka það fram, að ég er auðvitað gersamlega andvígur slíkum vinnubrögðum og vil segja það, eins og segir í nál. okkar í minni hl., að með setningu brbl. 6. sept. 1976 var að áliti minni hl. sjútvn. brotið gegn efni 28. gr. stjórnarskrárinnar, — ég vil endurtaka þetta: var að áliti minni hl. sjútvn. brotið gegn efni 28. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem fjallað er um hvenær heimilt er að setja brbl. Forsenda sú fyrir setningu brbl., sem þar er mörkuð, er á þá lund, að brýna nauðsyn þurfi að bera til svo málum verði skipað með setningu brbl. Sú forsenda var hins vegar ekki fyrir hendi í þessu tilviki. Í fyrsta lagi stóð verkfall ekki yfir, verkfall hafði ekki verið boðað og engar umr. um slíka aðgerð voru hafnar meðal sjómanna. Í öðru lagi var samkomulagstilraunum ekki lokið og því enn óreynt hvort samkomulag gæti ekki tekist milli aðila án afskipta ríkisvalds og Alþ. Í þriðja lagi var aðeins rúmur mánuður, þegar brbl. voru sett, til þess tíma að reglulegt Alþ. kæmi saman. Brbl. eru sett 6. sept., en reglulegt Alþ. kom saman 10. okt. Þess vegna var engin ástæða til að grípa til setningar brbl. En við útgáfu brbl. var bundinn endir á framhaldandi samningaviðræður sem miðuðu að samræmingu sjómannakjara um land allt, bæði varðandi aflahlut og tryggingar. Frá því að brbl. voru gefin út hefur verið samið sérstaklega á Vestfjörðum um hærri aflahlut, og má því til sanns vegar færa að andi brbl. hafi verið brotinn nær tafarlaust.

Gildistími þessara brbl., sem sett voru á mjög svo hæpnum forsendum og mótmælt hefur verið kröftuglega, rennur út 15. þ. m., eftir 13 daga. Verði þau staðfest nú á Alþ. mundi slíkt aðeins leiða til harðari deilna við samningaborðið og af eðlilegum ástæðum auka á tortryggni sjómanna. Því leggur minni hl. til að frv. verði fellt.

Svo segir í nál. okkar minnihlutamanna, mín og hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Ég held að rétt sé að geta þess hér, að þetta samningsuppkast, sem hæstv. ríkisstj. er nú að reyna að gera að lögum með því að fá þessi brbl. staðfest, var samþykkt í fjórum félögum, en það var hins vegar fellt í 26 félögum, svo að það fer ekki á milli mála að mikill meiri hluti þeirra sjómanna, sem tóku þátt í atkvgr., var andvígur setningu þessara brbl., en vildi heldur reyna til þrautar að ná samkomulagi þó að illa hefði það gengið. Það er á þessum forsendum sem við álítum að ekki hafi verið farið eftir efni stjórnarskrárinnar í þessu máli, þar sem segir að brýna nauðsyn þurfi að bera til svo að setja megi brbl. Nauðsynin var ekki meiri en það, að það voru engar vinnudeilur á ferðinni, engar vinnudeilur voru sjáanlegar í nánustu framtíð og mjög stutt þangað til Alþ. kæmi saman. Ég vil þess vegna fyrir hönd okkar í minni hl. leggja til að frv. verði fellt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að efna hér til langra efnislegra umr. um þetta mál, þar sem mér hefur tvívegis í vetur gefist kostur á því: nú fyrir nokkrum dögum, þegar þetta frv. var til 1. umr. hér í hv. d., og fyrr í vetur, þegar ég mælti fyrir því utan dagskrár að beiðni fjölmargra starfsmanna í sjómannastétt.

Ég vil þó aðeins nota tækifærið að þessu sinni til þess að benda á röksemdafærslu sem kom fram í máli hv. þm. Sverris Hermannssonar áðan og ég held að Alþ. hljóti að vera nokkurt nýnæmi að þegar um er að ræða frv. til staðfestingar á brbl. En þessi ummæli hv. þm. voru á þá lund að þessi brbl. hefðu verið sett vegna þess að mikil upplausn og ringulreið kynni að vera fram undan, þ. e. a. s. því var spáð að mikil upplausn og ringulreið gæti verið fram undan. Ég er ansi hræddur um að það væri nú hægt að réttlæta marga brbl.-setningu með svona röksemdarfærslu. Ég er hræddur um að hæstv. ríkisstj. gæti t. d. í sumar sett brbl., jafnvel ein á dag, með slíkum röksemdum sem réttlætingu, að fram undan gætu verið aðstæður er sköpuðu upplausn og ringulreið og því ætti að ganga fram hjá því valdi sem 60 þjóðkjörnum fulltrúum er fengið í kosningum og stjórna með tilskipunum eins ráðherra.

Þetta er ný röksemd fyrir brbl.-setningu sem kom hér fram hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni áðan, og ég tel fulla ástæðu til þess að vekja athygli á henni þar sem með þessu er verið að setja ákveðið fordæmi fyrir störfum ekki aðeins þessarar hæstv. ríkisstj., heldur þeirra ríkisstj. annarra sem kynnu að fylgja á eftir. Ef þessi regla á að gilda, að mönnum í ríkisstj. sé heimilt að setja brbl. bara út frá því einu, að þeir haldi að mikil upplausn og ringulreið kunni e. t. v. að vera fram undan, án þess að nokkuð slíkt hafi gerst, þá er ég hræddur um að fáir verði óhultir á þessu landi og allra síst hv. þm. Sverrir Hermannsson. Ég er ansi hræddur um að mörgum flokksbræðra hans hefði ekki þótt ónýtt núna undanfarna daga að geta sett á þann hv. þm. brbl. með þeirri röksemd einni, að svo kynni að fara, ef svo héldi áfram sem horfði, að þá væri mikil upplausn og ringulreið í aðsigi.

Ég ætla ekki að fara frekar út í efnislegar umr. um þessi mál, en aðeins benda mönnum á það, að með því að samþykkja það frv., sem hér er lagt fram og hv. þm. Sverrir Hermannsson var að hvetja menn til þess að samþykkja, er Alþ. og alþm. um leið að fella úrskurð sinn þar um og skapa það fordæmi að ráðh. ekki aðeins í núv. ríkisstj., heldur í hverri ríkisstj. sem henni kann að fylgja á eftir, geti gripið til brbl.-setningar án þess að nokkur sjáanleg og brýn þjóðarnauðsyn krefjist, með þeim rökstuðningi einum, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson flutti hér áðan, að svo virðist vera að mikil upplausn og ringulreið kunni að vera einhvers staðar fram undan.

Að lokum vil ég aðeins fara örfáum orðum um það sem sagt er í áliti meiri hl., að ég hafi ekki verið viðstaddur á fundi sjútvn. í morgun. Það kom ekki til af góðu að svo var. Fundur var haldinn í sjútvn. um þetta mál, að mig minnir, á föstudag í síðustu viku frekar en á fimmtudag. Þar var ákveðið að hafa annan fund um þetta mál í n. og gefa á þeim fundi forsvarsmönnum þeirra aðila, sem eiga hagsmuna að gæta, þ. e. a. s. sjómanna og útvegsmanna, tækifæri til þess að koma á fund n. og ræða við hana. Var ákveðið á þessum nefndarfundi í sjútvn. að stefna að því að hafa þennan fund kl. 11 í morgun. Hins vegar er það vaninn hér í þinginu að slíkir fundir séu boðaðir, vegna þess að það hefur oft og iðulega gerst, þó að menn hafi rætt um slíkt í n. þingsins, að boða einhverja ákveðna menn til fundar eða gefa mönnum kost á að koma til fundar við þn. á einhverjum ákveðnum degi einhvern tíma síðar, þá hafi forsenda fyrir slíku fundahaldi brostið, t. d. vegna þess að þeir menn, sem þar hafi átt að mæta hafi ekki getað mætt á tilteknum tímum. Vaninn er sá í þinginu að boða slíka nefndarfundi. Það var hins vegar ekki gert að þessu sinni. Fundur sjútvn., sem haldinn var í morgun, var ekki boðaður með öðrum hætti en ég hef lýst. Þess vegna mætti ég ekki á þeim fundi. Hins vegar sat ég á sama tíma og þessi fundur var haldinn á fundi í fjvn., í næsta herbergi við herbergið þar sem fundur sjútvn. þessarar hv. d. var haldinn. Þetta býst ég við að meðnm. mínum í sjútvn. hafi verið kunnugt um og hefði því verið hægt um hönd að drepa á dyr í næsta herbergi við það herbergi, þar sem sjútvn. sat á fundi, og leyfa mér að vita af því að fundur væri haldinn.

Hins vegar kemst ég ekki heldur hjá því að benda á það sama og hv. þm. Garðar Sigurðsson gerði í ræðu sinni áðan, að það fór ekki mikið fyrir því á þessum fundi sjútvn. í morgun að þeim aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta í þessum málum og það mikilla hagsmuna, gæfist kostur á að láta álit sitt í ljós við hv. sjútvn. þessarar d., vegna þess að klukkan 11.20, þ. e. a. s. þegar fundur sjútvn. um þetta mikilvæga mál, annar fundur n. þar sem átti að taka málið til efnislegrar umr., hafði staðið 15—20 mínútur, kl. 11.20 í morgun, hitti ég hv. þm. Pétur Sigurðsson, formann sjútvn., hér fyrir utan þinghúsið og tjáði hann mér að þeim fundi, sem hófst kl. 11, væri lokið. (Gripið fram í.) Nei, þá var fundi fjvn. því miður lokið, honum lauk 5 mínútum fyrr. Það er því rétt hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að ekki var af hálfu stjórnarmeirihl. í n. tekinn mikill tími til þess að ræða við þá aðila sem hagsmuna eiga þarna að gæta, þannig að hæði var, að fundur sjútvn. var ekki boðaður með venjulegum hætti og á þessu máli var af hálfu n. ekki haldið með eðlilegum hætti, vegna þess að það eðlilega hefði að sjálfsögðu verið að n. hefði kallað til sín fulltrúa þeirra hagsmunasamtaka sem þetta mál varðar, spurt þá m. a. um hvaða áhrif þessi brbl.-setning hefði haft á sínum tíma og hvaða áhrif það mundi hafa t. d. á samningamál sjómanna ef þetta frv. yrði samþykkt. Þetta hefði verið hin eðlilega málsmeðferð, sú málsmeðferð sem ég átti von á. Þeirri málsmeðferð var ekki haldið, og ætlar þetta frv. því að enda sína sögu hér í þinginu með svipuðum hætti og hún hófst, þ. e. a. s. með harla undarlegum afgreiðslumáta.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð af minni hálfu nú. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega efnisatriði eða afstöðu mína til þessa

máls. Ég gerði grein fyrir því fyrr við umr. En mig langar til þess að víkja aðeins örfáum orðum að nokkrum þeim atriðum sem fram komu í umr. fyrr hér í deildinni.

Það voru nokkur atriði í sambandi við það, sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh., sem mig langaði til að víkja að. Ég sagði eitthvað á þá leið, að þessi brbl.-setning hefði verkað á þann hátt, a. m. k. sums staðar á landinu, að þar sem áður en lögin voru sett voru róðrar í fullum gangi, þar hefðu þeir stöðvast eftir að brbl. voru sett. Þetta vefengdi hæstv. sjútvrh. og sagði vera rangt að lögin hefðu skapað verkfallsástand. Það er eigi að síður staðreynd, og ég hygg að hæstv. sjútvrh. viti ósköp vel, að það er staðreynd að á Ísafirði, í Bolungarvík og ég held örugglega — man ekki betur — Súgandafirði og Patreksfirði stöðvuðust róðrar vegna lagasetningarinnar. Ég held því að það sé ljóst, að þessi lagasening varð til þess, a. m. k. á Vestfjörðum, að stöðva á stöðum sem þessum róðra á bátaflotanum sem voru í fullum gangi áður en til lagasetningarinnar kom.

Hæstv. sjútvrh. sagði líka að bátar á þessum stöðum hefðu ekki verið tilbúnir til veiða, bátar á þessum stöðum hefðu hafið róðra fyrir þó nokkru. Sumir höfðu róið lengi þegar þessi brbl. voru gefin út, þannig að því er ekki til að dreifa að sú stöðvun, sem þarna var, hafi verið vegna þess að bátar voru ekki tilbúnir til veiða. Orsökin var sú, að setning brbl. varð til þess að stöðva veiðarnar.

Þá spurði hæstv. sjútvrh. eitthvað á þá leið, hvort með þessari lagasetningu væri verið að ráðast á samningsréttinn. Ég hygg að það þurfi ekki að varpa fram slíkri spurningu eða menn almennt þurfi að vera í vafa um að hér er vegið að samningsréttinum, hinum frjálsa samningsrétti. Hæstv. sjútvrh. sagði þá og hefur sagt áður, að sjómenn mættu allt nema fara í verkfall. En a. m. k. þeim, sem kunnugir eru samningamálum og baráttu innan verkalýðshreyfingarinnar, er ljóst að það er tiltölulega lítil von til þess að ná fram árangri í samningum þegar fyrir fram er búið að kippa undan — í þessu tilfelli sjómannasamtökunum — þeim helga rétti sem verkalýðshreyfingin telur verkfallsréttinn vera. Með ákvörðun af því tagi sem brbl. gerðu ráð fyrir, að banna verkföll og verkbönn, var búið að kippa í raun og veru grundvellinum undan því að von væri til þess að sjómenn gætu rétt hlut sinn almennt talað.

Ég sagði það hér fyrr, að á einstökum stöðum tóku sjómenn sjálfir sér það fyrir hendur sem einstaklingar, ekki í nafni sjómannafélaga eða verkalýðshreyfingarinnar, að stöðva róðra sem einstaklingar og neituðu að róa, og með því fengu þeir á sumum stöðum nokkra lagfæringu umfram það sem brbl. gerðu ráð fyrir. Ég gat þess einnig fyrr við umr., að mér fyndist á skorta hjá hæstv. sjútvrh. þegar hann væri að ásaka þann einstakling sem undirritaði margnefnt samkomulag fyrir hönd Alþýðusambands Vestfjarða með fyrirvara, — mér fyndist á skorta, að ef hann teldi sök vera hjá þessum tiltekna einstaklingi, þá spurði ég ráðh. í áframhaldi af því, hvað honum fyndist um það með hvaða hætti hinn aðilinn, þ. e. a. s. fulltrúar útvegsmanna, hefði haldið á málum. En í fyrrnefndu samkomulagi segir orðrétt í 2. lið:

„Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir munu beita sér fyrir því að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga."

Þetta á við um Vestfirði, vegna þess að samningar voru þar í fullu gildi, og þarna hlýtur þessi skylda að hafa hvílt á báðum aðilum, ekki aðeins á forsvarsmanni Alþýðusambands Vestfjarða, heldur og á forsvarsmanni hins aðilans, sem eru útvegsmenn, að beita sér fyrir slíku. Ég lýsti því hér fyrr í umr., að ég teldi að Alþýðusamband Vestfjarða hefði gert tilraun til þessa, en hún hefði ekki borið árangur, og ég spurði hæstv. ráðh. hvort hann liti ekki svo á, ef hann teldi sök hjá forsvarsmanni Alþýðusambandsins, að um sams konar sök væri að ræða hjá forsvarsmönnum útvegsmanna. Þessu var ekki svarað af hæstv. ráðh. En ég held að ef menn líta á annað borð þannig á, að hér sé um sök eða brigðmæli á loforðum eða undirskriftum að ræða, þá hljóti það að vera hjá báðum aðilum.

Hæstv. ráðh. sló á glens og sagði að það væru hér aðilar sem héldu áfram að berja höfðinu við steininn svo að glymdi í eins og í tómri tunnu. Það má rétt vera. En sumir aðilar þurfa ekki einu sinni að lemja höfðinu við steininn til þess að í glymji eins og í tómri tunnu. Og það á kannske við um suma hverja hv. þm., allt upp í hæstv. ráðh.

Ég skal svo ekki hafa öllu fleiri orð um þetta, herra forseti, en ég vil aðeins víkja að einu atriði sem kom fram í ræðu hv. 8. landsk. þm., Sighvats Björgvinssonar, þar sem ég tók svo eftir, — vera má að ég hafi misskilið, — en mér skildist að hann teldi að efni eða innihald laganna væri ekki aðalatriðið í sínum huga, heldur formlega hliðin, formsatriðin, hvernig að máli hefði verið staðið í sambandi við formlegu hliðina. Sé þetta rétt skilið hjá mér, þá þykir mér það miður, því að ég tel að ekki síst sé hér aðalatriði innihald þess boðskapar sem brbl. hafa að geyma. Mér þykir því miður ef það er álit fulltrúa Alþfl., að hann telji ekkert aðalatriði hvert innihald brbl. sé, heldur leggi hann miklu meira upp úr hinni formlegu hlið, þó að ég að sjálfsögðu taki undir það með honum, að margt er við formlega hlið málsins að athuga. En í mínum huga er ekkert síður athugavert við það innihald sem lögin hafa að geyma. En ég vona að hér hafi verið um misskilning að ræða, en ekki að hv. þm. hafi meint þetta.

Ég vil svo að lokum lýsa því yfir, að ég er samþykkur því nál., sem minni hl. sjútvn. stendur að, og mun greiða atkv. gegn þessum brbl.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Hv. 8. landsk. þm. beitti sérkennilegum orðhengilshætti til þess að skapa sér nýjar forsendur fyrir því lagafrv. sem hér er til umr. Forsendurnar fyrir þessu frv. og fyrir brbl. má lesa í þskj. 16 og fer ekkert á milli mála hverjar þær forsendur eru, sem ég vil leyfa mér að kynna honum, með leyfi hæstv. forseta. Þær voru þessar: „Langvarandi óvissa hefur skapast í kjaramálum sjómanna þar sem einstök félög og landssambönd hafa fellt samninga, sem samn-

inganefndir sjómanna hafa undirritað eða skuldbundið sig til þess að undirrita, og einnig eru dæmi þess, að sjómannafélög hafa ekki átt aðild að samninganefndum, sem unnu að gerð þessara samninga“ o. s. frv., eins og lesa má í þskj. Þess vegna er það auðvitað út í hött að ætla sér með útúrsnúningi á mínum orðum að búa sér til nýjar forsendur fyrir því lagafrv. sem hér er til umr.

Það var alveg rétt athugað hjá hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni, að ræða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar fjallaði ekki um meginefni frv., heldur um málatilbúnaðinn og formið að öðru leyti.

Ég leiði hjá mér ummæli hans um það, að hv. formaður sjútvn., Pétur Sigurðsson, eða ég sem ritari n. hefðum ekki gert gangskör að því að ná honum til fundar í n. Að mínum hluta stafar það e. t. v. af því, að ég saknaði hans ekki. En mál þetta var tekið fyrir í síðustu viku og þar var hv. formanni, Pétri Sigurðssyni, falið að ræða við aðila þá sem hér áttu aðallega hlut að máli. Þeir höfðu verið kallaðir fyrir sjútvn. Ed. og málin rædd við þá ítarlega, og þeir staðfestu í samtali við hv. formann n., Pétur Sigurðsson, að afstaða þeirra til málsins væri óbreytt, málið hefði legið lengi fyrir, og ég hygg, eins og ég tók fram í framsögu minni, að öllum hv. þm. sé fullljóst hvað hér er á ferðinni. Það kann að vera rétt að sjútvn. Nd. hefði þurft að gefa sér lengri tíma, en það þekkjum við best, þegar líður að þinglokum, að það þarf oft að hraða vinnubrögðum meir en e. t. v. væri æskilegt, og það þekkja einnig allir hv. þm.

Þeir hv. þm. Garðar Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson leggja hér til að þetta frv. verði fellt, en þó eru meginástæður þeirra þær fyrir andstöðu við frv. að hér sé brotið gegn efni 28. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrst svo er hefðu þeir að sjálfsögðu átt að leggja til að málinu væri vísað frá sem óþinglegu og óhæfu hér á hinu háa Alþ. En þeir völdu þennan kost.

Ég vil geta þess, að hinn 4. apríl s. l. ritar Sjómannasamband Íslands ríkisstj. Íslands bréf, þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Á kjaramálaráðstefnu Sjómannasambands Íslands, sem haldin var sunnudaginn 3. apríl, var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma:

Kjaramálaráðstefna Sjómannasambands Íslands, haldin 3. apríl 1977, skorar á ríkisstj. Íslands að hún leggi brbl. frá 6. sept. 1976 fyrir Alþ. nú þegar, svo að sjómenn fái séð hvort vilji meiri hl. Alþ. hafi verið fyrir hendi við setningu þessara laga.“

Það er sem sé eindregin ósk Sjómannasambandsins að meirihlutavilji Alþ. komi í ljós, og það er einmitt það sem við leggjum eindregið til með því að þetta frv. verði tekið til lokaafgreiðslu.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson benti á hver úrslit mála hefðu verið hjá sjómannastéttinni um samningana og síðar sáttatillögu sem fram var borin. Það er alveg rétt, mikill meiri hl. sjómannafélaga felldi þessa till. En þátttaka í atkvgr. um sáttatill. var með allmiklum ólíkindum, svo lítil var hún. Samtals voru greidd atkv. 268 og var miðlunartill. felld með 140:125 atkv. Í Sjómannafélagi Reykjavíkur greiddu 18 — segi og skrifa 18 — atkv. Mundi það ekki vera rúmt 1% af félagatölunni þar. Á Hellissandi greiddu 12 atkv., í Jökli í Ólafsvík 9, og þannig mætti lengi telja. Áhuginn var lítill og atkvæðamunurinn ekki mikill, þar sem sáttatill. var felld með 140:125 atkv.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín fleiri, en legg áherslu á að þetta mál nái fram að ganga.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. á þskj. 640, þá lét ég bóka þar á nefndarfundi að ég hefði um málið óbundnar hendur. Þykir mér því rétt að gera grein fyrir þeirri afstöðu minni.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl. sem út voru gefin 6. sept. 1976, og í 4. gr. þeirra laga er tekið fram að lög þessi öðlist gildi, en falli að fullu og öllu úr gildi 15. maí 1977. Þegar þing kom saman í haust var þetta frv. ásamt öðrum stjfrv. lagt fyrir þingflokk Sjálfstfl. og gerð grein fyrir því þar, og gerði ég þá enga aths. við það. Mætti því kannske segja, að ef engar ástæður væru aðrar, þá ætti ég að vera af því bundinn að hafa undirritað meiri hluta álit sjútvn. Ég mun koma að því aðeins síðar, af hverju afstaða mín hefur breyst. En vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið um þetta mál, sérstaklega vegna ýmissa ummæla hv. 5. þm. Suðurl., Garðars Sigurðssonar, þá veit hann það eins vel og ég, að almennt fara ríkisstj. ekki í það að gefa út brbl. í sambandi við kjarasamninga. Ég held að allar ríkisstj. vilji forðast það í lengstu lög, þó að það ástand geti skapast að slíkt sé talið nauðsynlegt. Og ég vil benda á það, að á síðustu dögum vinstri stjórnarinnar var á þskj. 827 lagt á borð þm. frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. 6. gr. þessa frv. hljóðar þannig, með leyfi forseta, ég tel rétt að rifja þetta upp vegna ummæla hv. 5. þm. Suðurl.:

„Almennt fiskverð skal ekki hækka frá því sem gildir á tímabilinu frá 1. jan. til 31. maí 1974, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1 1974, nema Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess, sbr. lög nr. 97/1961 og lög nr. 60/1964, telji slíka hækkun óhjákvæmilega til þess að tryggja rekstrargrundvöll þorskveiðibáta.“ — Það er sem sagt ekki þarna verið að tryggja fiskverðshækkun til handa sjómönnum. Þetta ákvæði um hækkun á fiskverði kemur ekki inn samkv. þessari grein vegna sjómanna, heldur er það til þess að tryggja rekstrargrundvöll þorskveiðibátanna. — „Fiskverðshækkun þessi tekur þó ekki gildi fyrr en ríkisstj. hefur staðfest hana.“

Þetta sýnir að fleiri en núv. ríkisstj. gera þetta. Ég minnist þess, að þetta taldi viðreisnarstjórnin sér nauðsynlegt í eitt eða tvö skipti í þau 12 ár sem hún sat. Vinstri stjórnin taldi þetta nauðsynlegt, þó að hún fengi ekki þetta frv. samþykkt. Og nú kom að því að hæstv. sjútvrh. taldi nauðsynlegt að gefa út þessi brbl. í haust.

Ég skal viðurkenna að þegar þessi lög voru gefin út, var það að mínum dómi alveg eðlilegt og nauðsynlegt til þess að hreinsa til í því ástandi sem þá hafði skapast í sambandi við samningagerð milli sjómanna og útgerðarmanna. Vitað var að sum sjómannafélög höfðu samþykkt þá samninga sem þá voru á döfinni, önnur höfðu

fellt þá, og í þessu ríkti allt of mikið óvissuástand, þannig að það var alveg réttlætanlegt að mínum dómi á þeim tíma að hæstv. ráðh. gripi inn með setningu þeirra brbl. sem þá voru gefin út. Ég tel fiarstæðu að forseti Íslands gefi út og undirriti lög sem þm. megi ekki trevsta að séu í samræmi við gildandi ákvæði stjórnarskrárinnar. Auðvitað er hægt að teygja ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar nokkuð út og suður í sambandi við þetta og ríkisstj. hafi stutt þetta á einn eða annan veg. En ég hygg að forseti Íslands hafi látið athuga málið, þannig að öruggt sé að ekki sé um brot á stjórnarskrá Íslands að ræða.

Ástæðan fyrir því, að ég tók þá afstöðu á fundi n. í morgun að hafa um þetta mál óbundnar hendur, er einfaldlega sú, að þetta mál er búið að liggja fyrir hv. Ed. síðan í þingbyrjun, þetta er mál nr. 16, og hefur legið þar umræðulítið eða kannske umræðulaust og ekki fengist afgreitt úr þeirri n., sem því var vísað til í upphafi, fyrr en nú aðeins nokkrum dögum fyrir þinglok. Þegar frv. kemur í hendur okkar nm. í Nd. Alþ., sjútvn.-manna, þá er aðstaðan orðin sú, að það eru aðeins nokkrir dagar þangað til brbl. renna út og á ný teknar upp viðræður á milli útgerðarmanna og sjómanna um nýja samninga. Það er af þessum ástæðum, að ég sé ekki að það sé nokkur ástæða til þess að samþykkja þessi lög úr því að það hefur dregist svona lengi. Það var ástæða fyrir því að mínum dómi að þau voru gefin út á sínum tíma, en fyrst ekki var hægt að fá frv. úr n. í hv. Ed. og ekki fá það afgreitt þaðan fyrr en núna, að farið er á ný að semja um kaup og kjör, þá er að mínum dómi alveg ástæðulaust að samþykkja þetta frv. Ég mun þó ekki ganga á móti því, en ég mun ekki heldur ljá því atkv. og mun sitja hjá við atkvgr.

Ég vildi láta þetta koma fram í sambandi við þessar umr., að þetta var ástæðan fyrir því að ég tel mig með fullum rétti hafa um þetta mál óbundnar hendur, þó að ég hafi ekki gert við það aths. þegar það var lagt fram í þingflokki Sjálfstfl. í þinghyrjun. Þá var að mínum dómi mjög eðlilegt að þessi lög væru gefin út, eins og ég tel óeðlilegt að verið sé að samþykkja þau þegar samningar eru í fullum gangi á milli útgerðarmanna og sjómanna.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. efnislega hér. Ég held að það séu allir búnir að fá nóg af þeim umr., bæði utan þings og innan, og öllum sé efnislega kunnugt um hvað það hefur að flytja og hver er afstaða þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við þessi brbl. sem við erum nú að ræða um.

Ég vil samt sem áður segja nokkur orð vegna ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar áðan. Hann dró m. a. í efa að þau orð ráðh. gætu staðist, að upplausn og ringulreið væri fram undan. Ég held að þetta sé samt sem áður hárrétt, þegar haft er í huga að það lá fyrir mikill vafi meðal sjómanna, einstaklinga úr röðum sjómanna, um það, hvernig bæri að snúa sér gagnvart því ástandi sem hafði skapast, og það lá fyrir að málsókn yrði viðhöfð frá einstökum félögum og einstaklingum úr félögunum þegar til uppgjörs kæmi, þannig að það var auðvitað stórkostlegt vandamál fram undan.

Það er rétt sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að það var allt of lítil þátttaka meðal sjómanna þegar þeir tóku afstöðu til þessa máls, þótt hins vegar hafi hv. þm. ekki farið með réttar tölur, vegna þess að þegar hann talar um 1% úr Sjómannafélagi Reykjavíkur, þá er það af heildarfélagsmannatölunni, en fiskimenn eru miklu færri en þeirri tölu nemur. En samt sem áður get ég staðfest það, að það var allt of lítil þátttaka þarna.

Ég læt þessi orð mín nægja um frv. sjálft, því ég hef gefið það út í nál. n. að ég muni styðja það, m. a. til þess að staðfesta þá skoðun mína að ráðh. hafi haft fulla heimild og ríkisstj. hafi talið skyldu sína og nauðsyn að gefa þessi brbl. út. M. a. vegna þess að ég tel þá hafa haft lagalegan rétt til þess mun ég greiða atkv. með þessu frv., en hefði gert það án þess að sú gagnrýni hefði komið upp.

En það voru nokkur orð sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson viðhafði vegna starfa í n. Nú hélt ég satt að segja að svona stóra stráka og stæðilega eins og hv. þm. er þyrfti ekki að boða daglega til fundar. Hann var á fundi í vikulok, fyrir örfáum dögum, þar sem við sátum nm. allir utan einn og þar sem ákveðið var að boða á fund okkar, ef þeir óskuðu eftir, en alla vega að ég ræddi við forustumenn viðkomandi hagsmunasamtaka sem við sögu hafa komið og hann vissi vel um þennan fund. Hitt er rétt hiá honum, að það var ekki boðað sérstaklega til hans, ég skal taka undir það með honum. En hvort það sé brýn nauðsyn eða hvort það þurfi að verða hinn rauði þráður í umr. á síðustu dögum þingsins, hvort maður hafi verið boðaður daglega frá síðasta fundi n. og til þess sem úrslitum virðist ráða, eins og fundurinn í morgun mun hafa gert, þegar hv. þm. sagðist hafa verið fyrir innan næstu dyr, — hvernig svo sem ég átti að vita það, en reyndar mun hann hafa verið í öðru húsi, þannig að enn síður vissi ég það, — þetta fær auðvitað ekki staðist og á ekki heima í umr. um þetta mál. Ef hv. þm. móðgast yfir því að ég hafi ekki látið boða hann, þá bið ég hann hér með afsökunar á því, og ég skal gæta þess að þetta komi ekki fyrir aftur á meðan ég gegni þessari stöðu. En vegna þess að hann lét orð að því falla að ég hefði ekki haft samband við þessa menn, þá vil ég aðeins undirstrika það enn einu sinni, — sem ég skýrði frá á fundi n. í morgun, en hann að þegar skýrðu máli gat ekki hlustað á og reyndar ekki heldur frsm. minni hl., vegna þess að hann var ekki mættur í tíma, en fékk þó að vita um þetta mál, þó að hann hafi látið öðruvísi þegar hann kom hér upp í ræðustól, — að ég hafði samband við formann Sjómannasambandsins. Ég spurði hann að því, hvort hann óskaði eftir að koma á fund sjútvn. Nd. og tjá sig um málið og hvort þeir hefðu breytt nokkuð um skoðun frá því að þeir komu á fund sjútvn. Ed. Hann kvað nei við, það væri sama skoðun enn hjá sér og hann sæi ekki ástæðu til þess að koma á fund n. Þeir hefðu átt mjög gagnlegar viðræður við n. Ed. og þar hefði þeirra mál komið fram. Sama sagði formaður Landssambands ísl. útvegsmanna. Í formann Farmanna- og fiskimannasambandsins

náði ég ekki, en talaði hins vegar við framkvæmdastjóra þess sem hafði nánast sömu orð. Það að menn geti ekki kynnt sér hvað hafi verið sagt fyrir mörgum dögum í annarri d. en þeir eiga sæti í er auðvitað út í hött. Það er auðvitað hægt að fylgjast með því, hvað þar hafi verið sagt, ef menn hafa einhvern áhuga á því.

Það kom fram á fyrri nefndarfundinum um þetta mál, að öllum mönnum var boðið þar að tjá sig um málið. Þeir voru spurðir af formanni n., hvort þeir vildu að málið yrði sent til umsagnar, og þá voru allir sammála um að við hefðum þann hátt á sem við höfðum, að leita til samtakanna eða forustumanna þeirra og fá álit þeirra á málinu. En ég tel ekki rétt að þetta ráði afstöðu manna til málsins sjálfs. Hins vegar er ég sammála þeim sumum hv. þm. sem hafa rætt um þetta mál við mig, þótt þeir séu á öndverðum meiði við mig, að það sé ekki ástæða til að hefja miklar efnislegar umr. um málið sjálft. En ef hv. minnihlutamenn í sjútvn. hv. d. telja sig geta haft nokkra skemmtun af því að skamma formann n., þá er þeim það velkomið mín vegna.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Virðulegi forseti. Ég skal hafa þetta mjög stutt. Vegna ummæla, sem hv. 3. þm. Suðurl. lét sér hér um munn fara, verð ég að segja það, að ég stend sjálfan mig að því að skilja hann ekki alveg nógu vel, og það hefur því miður skeð áður. En mér skildist hann hafa þau ummæli, að ég hefði sagt hér í framsöguræðu að ríkisstj. hefði verið sérstakleg æst í að setja þessi brbl. og væri áfjáð í að gera slíkt. Það er alger misskilningur. Það var einmitt sagt af öðrum, sem talaði á undan mér, að þau hafi ekki verið sett fyrr en nauðsyn hafi krafið vegna svo og svo hættulegs ástands sem átti að vera fram undan, ef það er rétt skilið. Það, sem ég sagði um setningu þessara brbl., var það, að ég leyfði mér að draga í efa að nauðsyn hafi borið til að setja brbl. Og það er alveg ljóst og skýrt sem segir í 28. gr. stjórnarskrárinnar. Það er ekkert hægt að teygja það neitt né toga, og má lesa það orðrétt upp ef menn vilja, en þar segir að brýna nauðsyn þurfi að bera til svo að málum verði skipað með setningu brbl. Þetta er að vísu ekki orðrétt, en þetta er alveg skýrt í stjórnarskránni. Í minnihlutaáliti okkar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar kemur fram það álit okkar, að það hafi alls ekki verið nauðsyn til setningar þessara brbl. og enn þá síður brýn nauðsyn, og við reynum að rökstyðja það. Við erum ekki að kasta neinu fram út í loftið án þess að reyna að rökstyðja það. En svo geta auðvitað aðrir menn verið á annarri skoðun, og það er einmitt hér í hv. d. sem við eigum að rökræða málin, ekki með einhverjum fullyrðingum sitt á hvað, heldur reyna að leitast við að finna orðum okkar stað.

Rök mín fyrir því, að það hafi ekki verið nauðsynlegt að setja lögin og þaðan af síður brýn nauðsyn, voru í fyrsta lagi, að það var ekki verkfall og ekki sýnilega von á verkfalli. Í öðru lagi, að alls ekki hafði verið reynt til fulls hvort unnt hefði verið að ná samkomulagi. Ég skal viðurkenna að það hafði gengið á ýmsu. Þetta er svolítið sérstakt mál. En ég tel að það hefði verið hægt að reyna lengur, því að það á alltaf að reyna í lengstu lög að ná samkomulagi í öllum málum. Í þriðja lagi nefndi ég sem mín rök, að brbl. hefðu verið sett 6. sept., en þing átti að koma saman 10. okt. Það er stuttur tími. Ég tel að vegna þess að ekki var um verkfall að ræða og enga yfirvofandi hættu, jafnvel þó að illa hafi gengið, þá hefði mátt reyna þann tíma, sem var á milli 6. sept. og 10. okt., að ná samkomulagi. Ef það hefði ekki tekist á þessum tíma, þá hefði hæstv. ríkisstj. kannske kosið að setja lög. Það er hennar mál að sjálfsögðu og það hefði sjálfsagt verið gagnrýnt hér líka.

En ég er aðeins að gagnrýna þessa málsmeðferð. Ég er sannfærður um að þær forsendur, sem hæstv. ríkisstj. gefur sér til þess að setja brbl. rétt áður en þing kemur saman, séu rangar. Og meðan aðrir hv. þm. eða hæstv. ráðh. koma ekki hér upp og sannfæra mig um hið gagnstæða mun ég halda áfram að halda fram þessari skoðun.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson vék aðeins að því, sem ég hafði sagt í minni framsöguræðu, og talaði þá um það þegar ég greindi frá símtölum hans við forseta Sjómannasambandsins og Kristján Ragnarsson, formann Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég man ekki til að ég hafi sagt eitt einasta orð annað en það sem satt var í þessu, eins og hann greindi frá þessum símtölum og greindi frá niðurstöðu þessara símtala. Niðurstöðurnar voru einfaldlega þær, að þeir sögðust hafa sömu skoðun áfram og þeir höfðu lýst fyrir hv. sjútvn. í Ed. Þetta sagði ég og þetta sagði líka hv. formaður n., Pétur Sigurðsson, áðan. Ég held að þarna fari ekkert á milli mála. Það, sem ég var að finna að, var ósköp einfaldlega það, að þó að þessir ágætu menn, forsvarsmenn þessara samtaka sem eiga aðild að málinu, hefðu sagt þetta eða hitt um sínar skoðanir á afgreiðslu mála í Ed., var það ekki sagt við okkur og það var hvergi skjalfest. Þetta getur enginn hrakið. Þetta var það eina sem ég sagði. Það, sem við hins vegar fengum að vita óbeint á fundi n., var að okkur var fenginn miðill til þess að bera þarna á milli. Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, sem á sæti í sjútvn. Ed., kom og greindi frá því í örfáum orðum, hver hefði verið niðurstaða þessara manna sem rætt var við. Við vorum raunar búnir að tala saman um þetta mál í n. og þóttust flestir vita nákvæmlega hvað hver hefði sagt, enda þarf ekki til þess mikla spádómsgáfu. Þetta mál er okkur allt of vel kunnugt til þess að þarna séu nokkur leyndarmál á ferðinni.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson, formaður okkar samstilltu nefndar, sagði einnig áðan að ég hefði verið að kvarta undan því, — og ég ætla að biðja hv. formann að taka eftir því, — að ég hefði fundið að því að málið hefði ekki verið sent til umsagnar. Þetta er ekki rétt skilið. Ég sagði, að málið hefði ekki verið sent til umsagnar, og ekkert annað. Málið fékk sem sagt ákaflega litla meðferð í n., en í sjálfu sér alveg nægilega meðferð fyrir mig, vegna þess að við þekktum málið allt saman frá upphafi til enda. Ég gat þess, að málið hefði ekki verið sent til umsagnar og við féllumst á að hv. þm. Pétur Sigurðsson hefði samband við þessa aðila í því skyni að fá þá til okkar á fundinn í staðinn. Það var ósköp einfald-

lega vegna þess að það var útilokað að senda málið til umsagnar núna um helgina, vegna þess að það er búið að ákveða að reka þingið heim núna á miðvikudaginn. Við vissum það. Ef við hefðum barist harkalega fyrir því, að málið hefði verið sent til umsagnar, þá hefðum við kannske verið að tefja málið á ósanngjarnan hátt, en það var alls ekki meiningin.

Ég er auðvitað andvígur þessu máli og hef lýst því yfir, að ég legg til að það verði fellt. En ég vil ekki beita neinum bolabrögðum hvorki í sambandi við þetta mál né annað, heldur að þau geti fengið þinglega meðferð. Ég vil þess vegna segja það, að þær aths., sem hafa komið fram hér um það sem ég hef sagt í málinu, eru annaðhvort á misskilningi byggðar eða misheyrn, því að ég hygg að það, sem ég sagði, hafi verið nákvæmlega sannleikanum samkvæmt.

Virðulegi forseti. Ég skal þá ekki hafa þetta lengra, en ég vil þó leyfa mér að endurtaka það, að ég legg til að málið verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PS, SigurlB, SV, SvH, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GHG, GTh, HES, IngJ, IG, RH.

nei: SM, MÓ, SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG, KP, LJós.

GuðlG, GF greiddu ekki atkv.

7 þm. (PJ, TÁ, GÞG, JóhH, JSk, JónasÁ, LárJ) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 20:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:8 atkv.

Efri deild, 83. fundur.

Mánudaginn 2. maí, kl. 6.20 síðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 576). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fimrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum fylgja úr hlaði því frv. til l. um breyt. á tekju- og eignarskattslögum sem hér er til umr. Það langa nafn sem frv. ber, er ein vísbending um hversu tímabær er orðin setning nýrra laga um tekju- og eignarskatt, eins og reyndar frv. það til l. um tekju- og eignarskatt, sem verið hefur til meðferðar hér á Alþ. undanfarna mánuði, gerir ráð fyrir. Það var hins vegar í upphafi gerð grein fyrir því, að gera yrði breytingar á núverandi skattalögum um tekju- og eignarskatt vegna skattlagningar í ár og flutt yrði sérstakt frv. þar að lútandi, svo sem nú er gert. Frv. hefur hann tilgang að koma í veg fyrir verulegar breytingar á skattbyrði vegna þess framreiknings á fasteignamati í landinu sem gildi tók í árslok 1976.

Efni þessara breytinga er útlistað í grg., en 1. gr. felur í sér þá takmörkun, að fyrning á fasteignamatsverði, sem heimil er samkv. 3. mgr. B-liðar 15. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973, skuli miðast við fasteignamat eins og það var í upphafi árs og raunar var gildandi allt árið, en ekki eins og það var á síðasta degi ársins, eins og hefur verið orðað í lögum.

Í 2. gr. er á hinn bóginn gert ráð fyrir tvenns konar breytingu. Önnur er breyting á skatthlutfalli og skattstiga sem stendur í beinu sambandi við framreikning fasteignamatsins. Skattstigi einstaklinga, sem verið hefur 0.6% og 1%, verður nú einungis eitt þrep, 0.8%, samkv. frv., en skattur félaga, sem verið hefur 1.4% verður 0.8%. Skattskyldumörkum einstaklinga er hins vegar breytt verulega, þannig að í staðinn fyrir 2.7 millj. kr. skattfrjálsrar eignar, sem gilti á s. l. ári, en lögin gera ráð fyrir 1 millj., koma 6 millj. kr. fyrir einstakling, en 9 millj. fyrir hjón. Þetta er nýmæli þar eð skattfrjáls eign einstaklinga og hjóna hefur til þessa verið hin sama. Breyting þessi er í átt við þær till. um þetta efni sem gerðar eru í frv. því sem verið hefur til meðferðar hér á hv. Alþ. að undanförnu. Eignarskattshlutfall félaga miðast hins vegar eingöngu við þá hækkun grunnsins sem reiknað er af, enda er gert ráð fyrir að eignarskattsbyrði félaga verði jafnmikil og hún var, en eignarskattsbyrði einstaklinga lækki í heildarfjárhæð lítillega, en greiðendum eignarskatts mun fækka yfir 10 þús.

Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa launþegasamtaka og ríkisins um leiðir sem vera kynnu færar til lækkunar tekjuskatts í tengslum við kjarasamningaumleitanir þær sem nú standa yfir. Í þessum umr. hefur einnig nokkuð verið fiallað um útsvarsálagningu, og hugsanlegt er að breyting á henni komi til greina sem liður í ráðstöfun í þessu sambandi. Fulltrúar launþega hafa gefið til kynna í höfuðatriðum þær leiðir sem launþegasamtökin telja félögum sínum koma einna helst að gagni við slíka lækkun skatta. Hins vegar hlióta skattbreytingar af þessu tagi að koma því aðeins til álita að samningar séu að takast innan þess ramma sem ætla mætti að hagkerfið þoli, miðað við hæga niðurfærslu verðbólgustigsins og jöfnuð í viðskiptum við útlönd.

Þegar þetta frv. var flutt var ekki tímabært að leggja fyrir Alþ. till. í þessa átt. Enn hafa línur ekki skýrst í kjarasamningum, þannig að till. varðandi þær breytingar, sem þar hefur verið rætt um, eru ekki fyrir hendi. En verði svo áður en þingi lýkur nú í þessari viku yrðu þær fluttar sem brtt. við það frv. sem hér er til umr. Dragist þetta hins vegar fram yfir þinglok verður að gera ráð fyrir að nauðsynlegar breytingar varðandi það samkomulag, sem næðist, yrðu gerðar með brbl. um breyt. á skattalögunum.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um frv., en legg til, herra forseti, að því verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Samvinnufélög, frv. (þskj. 331). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd. og var þar flutt af þeim hv. þm. Sigurði Magnússyni og Gunnlaugi Finnssyni. Hér er í raun um það eitt að ræða, að lagt er til að samvinnulögunum verði breytt til aðlögunar að hinu nýja samvinnufélagsformi, framleiðslusamvinnunni, og einnig er lögð til nokkur breyting á 20. gr. samvinnulaga sem á að tryggja rétt starfsmanna samvinnufélaga til kjörgengis í trúnaðarstöður, svo sem félagsstjórn.

Þetta frv. var samþ. einróma án brtt. í Nd., og sá aðili, sem hér hefur mest um að segja sem umsagnaraðili, Samband ísl. samvinnufélaga, mælti mjög eindregið með því að frv. þetta næði fram að ganga.

Ég vil leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn. Ég treysti á velvilja hæstv. forseta til þess að við getum fjallað um það í félmn., og komið því út úr d. og gert það að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til félmn. með 18 shlj. atkv.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frv. (þskj. 114, n. 644, 645). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Frv. það, er við fjöllum hér um, er á þskj. 114 og er flm. Pétur Sigurðsson, en frv. fjallar um tilkynningarskyldu íslenskra skipa. Þar skal kveða svo á, að öll íslensk skip, sem búin eru talstöðvum, önnur en varðskip, skuli tilkynna: a) brottför skipsins úr höfn; b) staðsetningu skipsins a. m. k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip samkv. ákvörðun eftirlitsstöðvar og farþegaskip eftir aðstæðum; c) komu skipsins í höfn. En í 5. gr. er fjallað um fiskibáta, sem eigi eru búnir talstöðvum. Á þá er lögð sú kvöð að tilkynna sig einnig. Síðan eru nokkur önnur atriði í þessu frv.

Efni frv. er í 12. gr., 13. gr. er að lög þessi öðlist þegar gildi og er frv. einkar ljóst. En sjútvn. þótti þó rétt að ræða frv. við forsvarsmann Slysavarnafélags Íslands um framkvæmdaatriði, þar sem sérstaklega í 5. gr. er lögð nokkur kvöð á þá smábáta sem ekki eru búnir talstöðvum, og vildum við forvitnast nánar um með hvaða hætti væri hægt að fullnægja þessari kvöð. N. varð sammála um eftir þessar umr. að nauðsynlegt væri að gera hér á nokkra breytingu að gefa smásvigrúm til þess að hægt yrði að verða við því sem 5. gr. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. koma tilkynningarskyldu á þá báta sem ekki eru búnir talstöðvum. Og eins og brtt. á þskj. 645 bera með sér bætum við aftan við 5. gr.: „samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem sett skal í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins og Slysavarnafélag Íslands."

Við erum með fleiri smáorðalagsbreytingar, sem ég skal aðeins rekja.

Í 9. gr. frv. segir svo um gjald fyrir þjónustuna og kann að valda nokkrum misskilningi: „Skal það miðast við stærð skips og fara minnkandi eftir því sem skipin eru stærri." Til þess að afstýra misskilningi leggjum við til að orðin „og fara minnkandi eftir því sem skipin eru stærri" falli burt, þar sem upplýst var að miðað er við skip undir 15 tonnum með lægsta gjaldið og svo nokkuð hækkandi í fjórum flokkum, en engan veginn neitt hlutfallslega hækkandi eftir stærð skipa. Við teljum að rétt sé að ákveða það í reglugerð eftir stærð skipanna hverju sinni.

Síðan er 11. gr. um kostnað og sektir. Við leggjum til að þar sem ríkissjóður ber allan kostnað í raun, þá sé einnig rétt að ríkissjóður fái sektarfé ef til komi.

Við tókum eftir því í 12. gr., að þar stendur að sjútvrh. ákveði með reglugerð greiðslur útgerðanna til Landssíma Íslands svo og um nánari framkvæmd þessara laga. Við veltum vöngum yfir því, hvort rétt væri að sjútvrh. tæki þetta að sér og það væri sett í lög. Við komumst að því, að heppilegra mundi vera að aðeins stæði: „Ákveða skal" o. s. frv., því að eins og hv. þdm. vita er Póstur og sími undir samgrn. og við a. m. k. á þeim nauma tíma, sem við höfðum til vinnu, gátum ekki sannfært okkur um að hér væri rétt að orði kveðið í frv.

Að öðru leyti er n. sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum er ég hef nú greint frá. Hér er um mjög mikilsvert og gott mál að ræða og sannarlega kominn tími til þess að um þetta séu sett lög, svo mikilvægt sem það er fyrir alla að fylgjast með flota okkar og áhöfn hverju sinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 645,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 645,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 645,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 645,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 645,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 506, n. 641, 642, 643). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og legg-

ur n. til að frv. þetta verði samþykkt með breytingu sem fram kemur á þskj. 642.

Aðdragandi þessa frv. er í fyrsta lagi sá, að gefin voru út brbl. á s. l. ári um minni háttar breytingar og lagfæringar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem tóku gildi 1. júlí 1976. Í framhaldi af þessu barst sjútvn. Nd. erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna með ályktun frá aðalfundi samtakanna, sem haldinn var á s. l. hausti, með óskir um breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þetta erindi og þetta mál var sent til umsagnar nokkurra aðila og komu nokkur svör við því, m. a. frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda sem var því sammála, stjórn Fiskifélags Íslands sem einnig var því sammála að mestu. Hins vegar gat Hafrannsóknastofnunin ekki fallist á rýmkun togveiða við Norðurland, enda er ekki lagt til í þessu frv. að togveiðar þar verði rýmkaðar.

Auk þessara óska Landssambands ísl. útvegsmanna, þegar frá er talin rýmkun togveiða við Norðurland, er gert ráð fyrir breytingum á 8. gr. sem gera ráð fyrir að skyndilokanir geti staðið í sjö sólarhringa í stað þriggja, sem gert var ráð fyrir í lögunum sem sett voru s. l. vor. Þetta var atriði sem upp kom í starfi sjútvn. á s. l. vori, og voru uppi einróma raddir um að það væri æskilegt, að þessar skyndilokanir gætu staðið lengur, en úr því varð ekki.

Í Nd. urðu miklar deilur um eitt atriði þessa frv., þ. e. a. s. rýmkun heimildar til veiða fyrir Suðausturlandi. Sjútvn. Ed. leggur til að nokkuð verði dregið úr þessari rýmkun með því að togveiðar verði ekki heimilar á svæði milli línu, sem sem dregin er réttvísandi suður af Stokksnesi, og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestan af 15° 45', sem er um það bil við svokallaða Hálsa, en það er austur af Hrollaugseyjum, en Hrollaugseyjar liggja nokkurn veginn við 16°, og þessi lína hugsast dregin innan 6 sjómílna frá landi á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt. Þetta ákvæði var í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem tóku gildi 1. jan. 1974. Þá var slíkt ákvæði sem bannaði togveiðar á þessu svæði allt að Hvalnesi, en ekki þótti ástæða til að loka þessu svæði, þ. e. a. s. loka Lónsbug, og þess vegna leggur n. til að þessu svæði verði aðeins lokað milli Hálsa og Hvalness. Þetta á að sjálfsögðu við um allar togveiðar á þessu svæði. Hér er um viðkvæmt svæði að ræða. Þar kemur ávallt smáýsa yfir sumartímann, og einnig hafa ýmsir haldið því fram að hér sé um að ræða hrygningarsvæði síldarinnar að einhverju leyti þótt ég hafi ekki fengið það staðfest. En eitt er ljóst, að þarna er ávallt mikil smáýsa yfir sumartímann og má segja ljótar sögur af smáýsudrápi á þessum slóðum áður fyrr.

Ég vil aðeins ítreka það, að n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur í brtt. á þskj. 642.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 643 flytjum við 4 alþm. hér í d. brtt. um að „þrátt fyrir heimildir í lögum þessum eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í fiskveiðilandhelginni frá 1. júlí 1977 til 1. júlí 1978." Því miður er það til að harma nokkuð, að við skulum fá þetta frv., svo nauðsynlegt sem það er, gersamlega á síðustu vinnustundum þingsins. En það verður ekki gengið fram hjá þeirri staðreynd að þessir flm. og fleiri hafa áhyggjur af því og það sannarlega að gefnu tilefni, að sóknin í fiskstofnana og einkum í ókynþroska fisk er orðin geigvænlega mikil. Við viljum með þessu undirstrika það, að það er kominn tími til þess að hamla hér nokkuð á móti og gera það raunhæft af hendi Alþ. Það kann einhver að segja, að þetta sé óþörf till., og vitna í því sambandi í 5. gr. núverandi laga, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma."

Þessa heimild hefur hæstv. sjútvrh. hagnýtt — og það ber að þakka — til þess að stuðla að aukinni verndun fiskstofna sem eru í hættu, a. m. k. varðandi ofveiði þegar um smáfisk er að ræða. En einnig segir í 10. gr.:

„Þegar rökstutt álit Hafrannsóknastofnunar liggur fyrir um það, að einstakir fiskstofnar séu hættulega ofveiddir og viðkoma þeirra sé í yfirvofandi hættu, getur ráðh. í samráði við hana (þ. e. a. s. stofnunina) og að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands sett reglur um hámark þess afla sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili, vertíð eða heilu ári."

Nú held ég að engum blandist hugur um það, að margfaldar aðvaranir liggi fyrir frá þessari ágætu stofnun er fjallar um hafið og auðlegð þess. Hafrannsóknastofnunin hefur gefið út aðvörun um að þorskstofninn sé í geigvænlegri hættu og þurfi að athuga alla sókn og draga verulega úr sókninni. Ég hef á fundi, sem hæstv. sjútvrh. boðaði til, að mig minnir í febrúar, með nm. úr sjútvn. beggja d., sagt það sem mína skoðun, að árangursrík aðferð til þess að verða við tilmælum mjög margra aðila væri t. d. að sumarlagi að hætta að vinna á laugardögum og sunnudögum við sjávarsíðuna, einkanlega varðandi togfiskinn, og hamla þannig gegn aukinni sókn a. m. k. 4 mánuði ársins, þegar fiskur er nokkuð smár og einnig nokkuð blandaður. Þetta fólk á sannarlega skilið eftir mikið álag frá hausti fram á vor að eiga frí, eins og allir aðrir landsmenn, á laugardögum og sunnudögum að sumrinu. Það var komið svo í ákveðnum verstöðvum á s. l. ári að fólk gersamlega neitaði að vinna, því að það var orðið svo aðframkomið og engin miskunn sýnd að draga úr sókninni, heldur skyldi fólkið vinna langt fram á kvöld og það alla daga vikunnar. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt meðan við erum að berjast við að halda lífinu í þeim fáu fiskum sem eftir eru.

Því miður hafa engar till. komið í þessu efni, og enn eru viss svæði á landinu þar sem má beita allri nútímatækni, sem hugsanleg er, við veiði til þess að ná upp afla. Þetta finnst okkur flm. um of við ríkjandi aðstæður — ég undirstrika það: við ríkjandi aðstæður. Og við erum ekki öfgafyllri en það, að við leggjum til að hér sé farið varlega aðeins eitt ár í senn.

Nú kann einhver að segja að fiskurinn sé jafndauður og skipti þá ekki máli í hvaða veiðarfæri hann er drepinn. En hví þá að hamla á móti þorsknótinni sem er ódýrasta veiðarfærið og skilar fiskinum betri um borð en nokkurt annað veiðitæki? Flotvarpan er ágætis veiðitæki og hún er það afkastamikil, að það stafar af henni hætta við vissar aðstæður — veruleg hætta. Hún hefur sýnt að það er hægt að ná tugum tonna, allt upp í 80—90 tonn, í einu kasti. Ég gæti nefnt ákveðin skip sem hafa fengið svo mikinn afla. Fiskurinn skemmist við þessar aðstæður og þarf miklu minni afla til. Eru um það mörg dæmi. Fiskurinn er uppi í sjó í torfum og oft þéttum torfum og þess vegna á þetta veiðarfæri, svo gott sem það er og með tilheyrandi tæknimöguleika, gott með að taka svo skjótan afla á stuttum tíma. Hins vegar hefur komið í ljós að þá minnka gæði fisksins. En sé hins vegar flotvarpa notuð og afli minni, þá skilar flotvarpan auðvitað ágætis hráefni eins og botnvarpan líka.

Þegar við nú vitum að fiskstofnarnir eru í hættu eigum við að hamla á móti að sinni — ég undirstrika: að sinni að við notum alla hugsanlega veiðitækni til þess að ná aflanum um borð. Hæstv. sjútvrh. hefur talið eðlilegt að undan stóru landsvæði hér við land sé þetta veiðarfæri bannað — algerlega bannað. Við teljum, flm., að þetta eigi að ná hringinn í kringum landið í eitt ár til reynslu.

Ég gæti haft hér um langt mál, en ætla ekki að tefja tímann vegna ríkjandi aðstæðna hér á Alþ. En ég vil aðeins minna á það, að vegna skoðana okkar í fiskveiðilaganefnd létum við það út ganga, að við værum mjög uggandi yfir vaxandi notkun á flotvörpu. Við fengum þá lista um þá skuttogara sem höfðu flotvörpu í desemberbyrjun 1975, og þeir voru aðeins 20. Þá aðvöruðum við marga að fara út í mikla fjárfestingu varðandi flotvörpuna sem nú mun nema mörgum tugum millj. kr. En á sínum tíma, þegar þorsknótin var bönnuð, kveinkaði enginn eigandi sér út af þorsknótinni og þær liggja enn þá óhreyfðar, glænýjar nætur sem eru í dag jafnvel á annan tug millj. virði, vegna þess að menn skildu að það var eðlilegt skref til þess að fara varlega. Það eru því engin rök hjá eigendum togara í dag að segja að þessi fjárfesting sé mikil — ekki nokkur rök — vegna þess að við leggjum hér til stuttan tíma og einnig er það í lögum, að hæstv. ráðh. getur takmarkað þetta fyrirvaralaust, svo að þessi rök falla dauð niður og hafa ekkert gildi. En sem sagt, aðeins 20 skip höfðu flotvörpu í árslok 1975. Mér tókst ekki í dag að fá örugga tölu þeirra núna, svo að ég vil ekki nefna hana, en þau eru orðin talsvert fleiri sem hafa flotvörpuna í dag.

En ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, hvernig stærðarskipting hjá togurum er, og blandast þar saman bæði skip, sem eru með flotvörpu og botnvörpu. Lít ég á þetta eingöngu sem upplýsingaratriði um stærð á fiski úr flotvörpunni. En hér er um mjög athyglisverðar staðreyndir að ræða, og ætla ég að lesa hér upp úr gögnum frá ferskfiskeftirlitinu, þ. e. a. s. Framleiðslueftirliti sjávarafurða, þeirri stofnun, en hún annast framkvæmd á þessu mati. Ég skal ekki, herra forseti, lesa mjög mörg nöfn, en gæti lesið hér upp flesta eða alla togara landsmanna og hef hér aflaskiptingu þeirra fyrir framan mig, en það tæki of langan tíma. Ég ætla að nefna hér nokkur skip.

Þá vil ég byrja á Akranesi. Það er skipið Haraldur Böðvarsson: stórþorskur 58.6%, millifiskur 32.7%, smáfiskur 6.5. Krossvík: stórþorskur 61.4%, millifiskur 32.6%, smáfiskur 5%, undirmál 1%. Víkingur: stórþorskur 65.5%, millifiskur 28.2%, smáfiskur 4.5%. Runólfur, leggur upp í Grundarfirði: stórþorskur 42.8%, millifiskur 41.8%, smár 15.8%. Framnes, fyrsti togarinn á Vestfjörðum: stórþorskur 54.8%, millifiskur 38%, smár 7.6%. Gyllir: stórþorskur 46.7%, millifiskur 41.3%, smár 9.9, undirmál 2.1. Trausti: stórþorskur 39.5% — aðeins 39.5%, millifiskur 41.6%, smár fiskur 13.2%, undirmál 5.7%. Dagrún: stórþorskur 45.7%, millifiskur 40.5%, smár 12.7%, undirmál 1.1%. Ég skal nú fækka þeim skipum að vestan sem ég les, en hér má lesa frá Bessa: stórþorskur 53.7%, millifiskur 37.9%, smár 7.9, undirmál 0.5. Júlíus Geirmundsson: stórþorskur 44.2%, millifiskur 44.5%, smár 11.2%, undirmál 0.1%. Þá er rétt að lesa upp skip fyrir norðan. Það er Sigluvík: stórþorskur 41.6%, millifiskur 43.2%, smár 14.3%, undirmál 0.9%. Stálvík: stórþorskur 52%, millifiskur 38%, smár 8.8%, undirmál 1.2%. Nú ætla ég að taka Akureyrartogarana. Það er Harðbakur: stórþorskur 60.2%, millifiskur 29.6%, smár 10.2%, enginn undirmálsfiskur. Kaldbakur: stór þorskur 59%, millifiskur 28.1%, smár fiskur 12.9, enginn undirmálsfiskur. Og einn ætla ég að taka enn frá Akureyri, það er Svalbakur: stórþorskur 58.4%, millifiskur 31.9%, smár 9.7%.

Ég ætla að láta þetta nægja. Það væri hægt að lesa upp miklu fleiri skip, en það er enginn tími til þess nú nema tilefni gefist til. Ég vil aðeins undirstrika það með því að lesa upp aflasamsetningu frá togurum, sem eru bæði með flotvörpu og án flotvörpu, og geri þar engan greinarmun á, — ég aðeins undirstrika það, að samsetning aflans er þannig að maður hlýtur að hafa geig af. Og er þá ekki tími til kominn að við leggjum til að varlega sé farið í það að hafa stórvirkustu tækin, sem flotvarpan er, eins og ástandið er í dag, í eitt ár til reynslu? Ég trúi því ekki, því að margfalt tilefni er til að fara hér varlega, að það verði ekki gert. Ef hæstv. ráðh. segir okkur afdráttarlaust að hann muni gefa út reglugerð yfir hliðstætt tímabil og við leggjum hér til, þá leysir það vandann. En það leysir engan vanda ef hann segir: Ég bið fiskifræðingana um sérstakt bréf í því efni, — því að margföld aðvörun liggur fyrir frá þessari stofnun um að minnka sóknina og víða að. Hins vegar hef ég heyrt í skipstjórum sem hafa flotvörpu og hafa sagt það við mig: Ég skal hætta að nota hana ef um það er víðtæk samstaða, en ég geri það ekki nema aðrir geri það. — Við verðum því hér á Alþ. að bora það í bili að leggja til að flotvarpan verði lögð til hliðar í eitt ár af öryggisástæðum.

Menn hafa séð í gær í Morgunblaðinu samanburð á fiski frá vissum veiðistöðvum. Ég veit

ekkert hvernig þetta sýnishorn er tekið á einn eða annan veg. Það var látið liggja að því í blaðinu að það væri hlutlaust valið. Ég vil ekki dæma um það. En óskaplega var ömurlegt að sjá það sem þar blasti við. Og þegar millifiskurinn er svona stór þáttur, yfirleitt allt að helmingi í þunga, þá sjáum við hvað hann þýðir í tölum. Þetta er geigvænleg þróun. Og smáfiskurinn er víða 5—10%, sem er enn hættulegra í tölum talið. Ég bið hv. þdm því að hugleiða það rólega að hér verðum við að þora að horfast í augu við það, að það er rétt og eðlilegt að takmarka flottrollið um allt land að sinni og reyna það í eitt ár. Vonandi erum við það vel settir, að innan skamms getum við beitt öllum veiðiaðferðum frjálst og óþvingað. Að því stefnum við allir. En eins og er höfum við nokkrir ákveðinn beyg af þróuninni, nema við þorum að taka upp nokkrar friðunaraðgerðir til þess að rétta stofninn við og það sem fyrst. Þess vegna er þessi till. flutt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 642 og 643, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af brtt. n., sem hér liggur fyrir, get ég verið mjög stuttorður. Ég get eftir atvikum fallist á þessa breytingu. Hins vegar er mjög skammur tími til þess að afgreiða frv. í Nd. þegar hún fær það aftur. En með tilliti til þess og ósk um að samkomulag náist um þetta í d. og jafnframt við þá þm. í Nd., sem helst hafa látið sig málið skipta, get ég eftir atvikum fallist á þessa brtt. fyrir mitt leyti.

En í sambandi við þá brtt., sem hv. 1. landsk. þm. var að fylgja úr hlaði, vil ég segja nokkur orð.

Lestur um hvernig fisktegundir í afla einstakra skipa skiptist í stórfisk, millifisk og smáfisk er auðvitað ekki nein sönnun fyrir því, að flotvarpa sé í sjálfu sér skaðlegra veiðarfæri heldur en botnvarpa. Það er rétt hjá ræðumanni, að flotvarpan tekur oft mikinn fisk í einu en það er ekki rétt að flotvarpan sé skaðlegra veiðarfæri en botnvarpan að því leyti til, að það veiðist meira af smáfiski í flotvörpu heldur en í botnvörpu. Það fer alveg eftir því hvernig fiskurinn hagar sér, hvort hann er við botninn með öðrum fiski, þá kemur hann í botnvörpu hvort sem hann er stór eða smár. Sama gerist auðvitað með flotvörpuna. Það, sem hér er um að ræða, er að vísindamenn okkar hafa ekki tekið afstöðu til þess, hvort flotvarpa eða botnvarpa sé skaðlegra veiðarfæri, og hafa þar af leiðandi ekkert lagt til um neitt alfarið bann á flotvörpunni. Ef vísindamennirnir leggja það til, þá verður auðvitað farið eftir því, eins og með allt annað sem þeir hafa lagt til í sambandi við veiðarfærin.

Ég vil einnig nefna það hér, að þann stutta tíma, sem ég hef verið sjútvrh., hefur möskvastærðinni verið breytt í botnvörpu og flotvörpu. Hún var 120 mm og var svo farið með hana í 135 mm. Í reglugerð, sem ég gaf út á s.l. ári, er farið í 155 mm með bæði flotvörpu og botnvörpu við almenn mótmæli togaraskipstjóra, sem ég held að hafi hver og einn einasti sent mér skeyti um það, að þeir mundu ekki taka um borð vörpu með 155 mm möskva. En þrátt fyrir það hélt ég mjög ákveðið við það sem áður var búið að gera og náði samkomulagi við Hafrannsóknastofnunina að öðru leyti en því, að ég breytti gildistöku reglugerðarinnar um einn mánuð eða frá 1. jan. til 1. febr., vegna þess að innlendi framleiðandinn hafði ekki framleitt nóg af botnvörpum til togaraflotans. En að öðru leyti var við þetta staðið. Þetta er eitt af þeim dæmum sem á að breyta verulega því hlutfalli sem hv. þm. var að lesa hér upp úr skýrslu ferskfiskmatsins.

Ég fyrir mitt leyti tel að það verði að fara að ráðum vísindamanna í þessum efnum, og við verðum líka að fara eftir því, hversu mikið þessir menn eða þessar útgerðir hafa lagt í fjárfestingar á undanförnum árum í þessu skyni. Ég get upplýst hv. þingmann og aðra þdm. um það, að nú eru 28 togarar af minni gerð með flotvörpubúnað. Flotvarpan er minnsta fjárfestingin af þessum búnaði. Hitt er miklu meiri fjárfesting, breytingar á togvindu, þannig að ég held að þessar fjárfestingar séu nú komnar í nálægt 30 millj. kr. á skip. Af stærri gerð togara eru 12 togarar með flotvörpu, en 3 án flotvörpu. Þessi skip hafa breytt um vörpu eftir þá breytingu, sem gerð er á möskvanum, og hafa farið þar út í fjárfestingu. Og að þremur mánuðum eftir að reglugerðin kemur til framkvæmda um 155 mm möskvastærð í botnvörpu, þá eigi að afnema flotvörpuna alveg skilyrðislaust í heilt ár, mér finnst alldjarft af flm. till. að ætlast til þess.

Ég vil líka til viðbótar þessu benda á að till. um sama efni var felld í Nd. með miklum atkvæðamun. Með samþykkt slíkrar till. hér í Ed. á síðasta degi þingsins er auðvitað þessu frv. teflt í algera tvísýnu. Það hlýtur að verða þá leið þessa frv. að hafna í bréfakörfunni og ná ekki fram að ganga, ekki einu sinni ákvæðin um stjórnun veiðanna, um skyndilokanir allt upp í eina viku og ekki einu sinni staðfestingin á brbl. sem gefin voru út í fyrrasumar til leiðréttingar á fiskveiðifrv. Ég fyrir mitt leyti ætla ekki að gefa þá út önnur brbl. um bannsvæði fyrir togveiðum, ef Alþ. gengur ekki frá því. Það þarf þá ekki að gagnrýna þá brbl.-útgáfu.

Mér finnst vera orðið nokkuð mikið áberandi hve sum öfl í landinu reyna að koma eiginlega illindum af stað á milli ákveðinna svæða, jafnvel ákveðinna tegunda fiskiskipa. Það er að verða eitthvert ofurkapp að reyna að svelta ákveðin byggðarlög í þessu sambandi, og fyrst 1. landsk. þm. nefndi myndina í Morgunblaðinu í gær, þá ætla ég að leyfa mér að segja það, að mynd og fréttaflutningur af þessu tagi í stærsta dagblaði þjóðarinnar er þessu blaði til vansæmdar — til stórvansæmdar. Það fylgir ekkert annað en dylgjurnar einar, það kemur engin skýring. Hvar hefur þessi fiskur verið veiddur? Hvaða skip veiddi þennan fisk? Hvenær veiddi það þennan fisk? Hver var heildaraflasamsetningin? Hvar var þessi netafiskur veiddur? Hver var sá hlutlausi aðili sem þetta framkvæmdi? Ég fullyrði að þessi mynd og þessi fréttaflutningur í myndum er einhver svívirðilegasta fölsun sem átt hefur sér stað til þess að koma illu til leiðar og er blaðinu og ritstjórum þess til stórskammar.

Ég þakka hv. 1. landsk. þm. fyrir að nefna

um að flotvarpan sé þar meiri skaðræðisgripur en önnur veiðarfæri. T. d. vil ég benda á það, að Skinney á Hornafirði er með stóran þorsk 40.6%, einna lægst sem finnst í þessari bók, en það skip er ekki með flotvörpu. Aftur á móti er Júní með 69.4%, en Júní er með flotvörpu. Þannig gæti ég haldið áfram í gegnum þessa bók. Mér þótti því þessi rökstuðningur hv. 1. flm. þessarar brtt. heldur haldlítill.

Í raun og veru væri ákaflega fróðlegt að athuga hvað veldur þessum mikla stærðarflokkamun. Í fljótu bragði dettur mér í hug að þetta muni vera miklu tengdara þeim veiðisvæðum, sem togararnir sækja, heldur en veiðarfæri. T. d. er það áberandi, að stærsti fiskurinn virðist vera hér suðvestanlands, hjá togurum sem hér eru staðsettir, einna stærstir í Vestmannaeyjum, Vestmannaey er með 83.8% stóran þorsk, enda geri ég ráð fyrir því, án þess að ég hafi aflað mér upplýsinga um það, og sá togari sæki einkum á miðin við Suðvesturlandið, þar sem þorskurinn er orðinn kynþroska og orðinn eldri en annars staðar í kringum landið og því orðinn því stærri. Ætli þetta sé ekki frekar skýringin? Og er það ekki einnig eðlileg skýring, að svo virðist sem stærsti þorskurinn fari minnkandi að hlutfalli hjá togurum eftir því sem austar dregur? T. d. er Skinney á Austfjörðum að öllum líkindum að mestu í fiski þar um slóðir sem er yngri og því minni. En kannske sýnir þetta fyrst og fremst að hér er um rannsóknarverkefni að ræða og alls ekki — ég legg áherslu á það — grundvöllur til þess að byggja á afstöðu með eða móti flotvörpunni. Ég get fallist á að það þyrfti að setja að öllum líkindum einhverjar reglur um notkun flotvörpunnar. Það gæti vel verið að það þyrfti að gera það meir en nú er, kannske um stærð hennar og meðferð, ég þekki það ekki. En ég held að svona bönn í lögum verði að byggjast á athugun, það verði að kveðja til sérfræðinga áður en þetta er ákveðið. Þarna er um verulega fjárfestingu að ræða hjá töluverðum hluta af togurum landsmanna, og sú spurning hlýtur að vakna, hvernig sú fjárfesting verði bætt. Mér sýnist að Alþ. verði að byggja slíkt bann á verulegum rökum, ekki rökum eins og ég hef nú aðeins lauslega sýnt fram á, og gæti gert ítarlegar, að eru ekki haldgóður grundvöllur til þess að taka slíka ákvörðun. Mér sýnist að þessi ákvörðun sé þá fremur tekin á vissum tilfinningagrunni. Ég hef ekki heyrt þann rökstuðning sem fær í raun og veru staðist nánari athugun.

Ég er því fyrir mitt leyti algerlega mótfallinn þessari till. Ég legg hins vegar áherslu á það, að flotvarpan verði athuguð nánar, og ég treysti því, sem reyndar kom fram hjá hæstv. sjútvrh. áðan, að svo muni verða gert og hann muni þá beita frekari takmörkun á notkun flotvörpunnar, ef sú athugun leiðir í ljós að það er æskilegt til aukinnar friðunar þorskstofninum.

Ég vil svo ljúka þessum orðum mínum með því að leggja áherslu á það sem ég sagði áðan, að við þurfum að leita að skynsamlegum leiðum til að draga úr sókninni í þorskstofninn, leiðum eins og bæði hv. 1. landsk. þm. og ég höfum hér drepið á m. a. En við eigum ekki að telja sjálfum okkur trú um það, að við séum að gera eitthvert átak til friðunar þorskstofninum með því að hlaupa eftir svona — ég vil nú segja nánast hugarburði, því að ég fæ ekki séð að þetta sé reist á neinum rökum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vona að hæstv. sjútvrh. hafi ekki átt við okkur flytjendur þeirrar till., sem hér liggur fyrir til umr., þegar hann var að tala um illindi hópa sem væru að skapa tortryggni á milli svæða. Hins vegar held ég að það sé hreint ekki eins ástæðulaust og hv. síðasti ræðumaður vildi vera láta að slík till. sem þessi kemur fram, og með illindi og tortryggni á milli svæða í huga hafði ég haldið að það væri líklegra til tortryggni og illinda að banna þetta skæða og stórvirka veiðarfæri fyrir hluta landsins og kannske meiri hluta landsins, en aftur á móti yrði síður um tortryggni að ræða ef öllum yrði gert jafnt undir höfði og bannað alls staðar.

Ég held að við flytjendur þessarar till. eigum a. m. k. eitt sameiginlegt, og það er það, að við erum hræddir — við erum ekki bara smeykir, við erum hræddir um að það sé verið að ganga af hrygningarstofni þorksins dauðum. Og ég held, að þetta komi engum á óvart. Ég held að allir hv. alþm. séu meira og minna hræddir um þetta, og þetta að banna flotvörpuna um tíma lítum við á sem nokkra jöfnun á veiðunum og lið í því að fiska minna. Ég er ekkert viss um að við fiskum miklu minna magn af þorski þótt við stækkum möskvann. Við fiskum kannske ekki þriggja ára fiskinn, en fiskum bara fjögurra ára fiskinn í staðinn og upp úr, en að það verði nokkur kynþroska fiskur eftir, það er engin sönnun fyrir því, þó að möskvinn sé 155 mm.

En varðandi þessa till. og flotvörpuna í heild finnst mér vera augljóst, að eitthvað sé vafasamt um notkun hennar þar sem hún er bönnuð svo víða við landið. En eins og nú er virðist vera einhver óskapleg hætta að veiða stóran fisk í flotvörpuna, þ. e. a. s. fiska í hana hér fyrir Suðurlandinu, Suðausturlandinu og Suðvesturlandinu, en aftur á móti skilja menn ekki að það er líka nauðsynlegt að vernda smærri fiskinn.

Varðandi jöfnun og tortryggni langar mig til að lesa hér upp — með leyfi hæstv. forseta — bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem sent var öllum aðilum þeirra samtaka 5. febr. 1975. Bréfið hljóðar þannig:

„Verið er að endurskoða lög nr. 102 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Á þeirri endurskoðun að vera lokið fyrir árslok 1975. N. hafa borist ýmsar áskoranir og aths. um bann við veiðum með flotvörpu eða takmörkun þeirra veiða frá því sem nú er. Mun einkum vera átt við þorskveiðar með flotvörpu í þessu sambandi. N. hefur ekki tekið afstöðu til þessa atriðis, en vill engu að síður vekja athygli útvegsmanna og sjómanna á þessari umræðu. Vill n. þess vegna beina því til þeirra aðila, sem hyggja á nýfjárfestingu í flotvörpuútbúnaði, að þeir fari varlega í þessu efni og jafnvel fresti framkvæmdum þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um framvindu þessara mála."

Ég hef nokkuð öruggar heimildir fyrir því, að a. m. k. nokkrir eigendur skuttogara tóku mark á þessu bréfi frá sínum samtökum og frestuðu aðgerðum í þessu efni og hafa ekki treyst sér í

þessa mynd, svo að ég gæti komið fram þessum sjónarmiðum mínum. (JÁH: Ekki hældi ég henni.) Nei, en ég þakka honum fyrir að hafa nefnt það, því að annars hefði ég sennilega ekki nefnt það og örugglega ekki nefnt það hér í minni ræðu. Ég vil gjarnan, að það komi í þingtíðindum mín hörkugagnrýni í sambandi við slíkan fréttaflutning, sem er blaðinu til stórskammar og aðstandendum þess.

Ég skal ekki hafa hér lengri málflutning og alls ekki halda hér uppi löngum umr. Ég vil að síðustu aðeins endurtaka það, að ég tel, að flotvarpan sé ekki skaðlegra veiðarfæri en botnvarpa, og ég tel, að það eigi að þeita bönnum og lokunum veiðisvæða á líkan hátt og gert hefur verið, en bæta þó þar við, eins og þessar till. um stjórnun fiskveiða gera ráð fyrir og benda til, og hér hefur orðið stóraukning á. Ég hef orðið að takast á um það við menn sem eru miklir friðunarmenn í orði, þangað til það snýr að þeim sjálfum, þá eru þeir ekki friðunarmenn, þá á að friða hjá einhverjum öðrum, en ekki þeim sjálfum. Ég tókst á við togaraskipstjórana í vetur með þessum árangri, að þeir hafa sætt sig við það. Ég hef ætlað mér það og ætla mér, meðan ég gegni þessu starfi, að láta skoðanir mínar og það, sem ég tel sannast og réttast, ávallt vera í fyrirrúmi. Ég mun ekki hika við, ef þeitt er skefjalausri flotvörpuveiði og sérstaklega á smáfisk eða millifisk, að þeita þá þeim ákvæðum sem ég hef til þess að banna slíka veiði. Hitt er annað mál og ekki rétt að mínum dómi, hver sem er sjútvrh., að Alþ. samþykki löggjöf um fiskveiðilandhelgi Íslands með þeim ákvæðum að fela sjútvrn. ásamt þeim vísindastofnunum, sem á að ræða við hverju sinni, hvernig skuli breyta og beita á ýmsan hátt, en taka svo út úr aðeins eitt atriði af fjölmörgum og ætla að binda þar hendur bæði rn. og vísindamanna í þessum efnum, eins og þessi till., sem hv. 1. landsk. lýsti, gerir. Ég tel að þá eigi Alþ. að taka þetta allt í sínar hendur, hafa engar heimildir til nokkurra hluta og stjórna því þá af þeirri hörku sem mér sýnist stundum bera nokkuð á, en þó meira utan sala Alþingis heldur en innan. Þess vegna er ég mótfallinn þessari till. af „prinsip"-ástæðum, því að ég tel að þessar heimildir eigi að vera allar eða engar í höndum rn. En það sem skiptir auðvitað máli í þessu sambandi, er, að verði þessi till. samþ. hér í hv. bd., þá stefnir það frv. í hættu, afgreiðslu þess í Nd., því að þar er ekki meiri hl. fyrir þessari till.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Breytingar á þeim lögum og reglum, sem gilda um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar, eru ákaflega viðkvæmt mál. Þær reglur, sem gilda, hafa verið settar eftir mikla yfirlegu fjölda manna. Ég hef sjálfur setið í þeim nefndum, sem um slíkar breytingar hafa fjallað, og þekki það eins og margir aðrir hv. þm., að sjaldan er þar gert öllum til hæfis. Ég var því fyrir mitt leyti heldur mótfallinn því að afgreiða sumar þær breytingar, sem eru nú til umr., með litlum fyrirvara. Þessi d. hefur haft málið mjög stutt til meðferðar og um vissa þætti eru verulegar deilur. Ég á hér alls ekki við þær leiðréttingar sem gerðar voru með brbl., heldur þær viðbætur sem sjútvn. Nd. flutti. Þó tókst á þessum skamma tíma að ná þeirri samstöðu um þessar breytingar, að menn eru orðnir sáttir við þær, a. m. k. sætta sig við að þær verði framkvæmdar, þó að ég hyggi, að flestir ef ekki allir í sjútvn. hefðu fremur óskað að þetta væri skoðað betur milli þinga og látið bíða til haustsins. Þetta var sú fyrsta hugmynd sem ég hafði um þetta mál, og jafnframt varð þá samkomulag um það í n. að aðrar brtt. yrðu ekki fluttar að svo komnu.

Þetta fór á annan veg, og við erum hér að fjalla um þessar breytingar með lítilli viðbótarbreytingu eða nokkurri lagfæringu sem þm. Austurl. hafa beitt sér fyrir. En jafnframt er nú komin á borð þm. ein brtt. enn við reglur um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar, brtt. um að banna flotvörpu að vísu að sagt er til reynslu, um land allt. Ég er þessari brtt. algerlega mótfallinn og get raunar látið nægja að vísa að mestu til þess sem hæstv. sjútvrh. sagði. Ég tel slíkt bann á ákaflega veikum grunni byggt. Að vísu vil ég taka undir það sem hér hefur verið sagt um nauðsyn aukinnar friðunar þorskstofnsins. Ég tel að þar hafi ekki verið nærri því nóg að gert. Ég hef aldrei verið hlynntur þeim till. sem komu fram frá þeirri n. sem hæstv. sjútvrh. skipaði á sínum tíma til að gera till. um þetta, en aftur á móti hef ég séð margt mjög athyglisvert í till. Landssambands ísl. útvegsmanna sem nánast miða að því, svo sem kom fram áðan hjá hv. 1. landsk. þm., að draga úr veiðum með því að takmarka vinnu um helgar á meginverstöðvum landsins. Staðreyndin er sú, að með því væri gert tvöfalt gagn. Það væri verið að draga nokkuð úr veiði á þorskstofninum og jafnframt að nokkru leyti verið, ef ég má orða það svo, að friða það fólk, sem þar vinnur, frá of mikilli vinnu, því að víðast er nánast um þrældóm að ræða. Ég álít að þetta tvennt geti mjög vel farið saman, og ég verð að segja það, að ég tel að eftir slíku eigi að leita.

Um flotvörpuna hefur oft verið rætt, og ég verð að segja það, að ég minnist þess ekki á þeim mörgu fundum þar sem um veiðarfæri hefur verið rætt í viðurvist sérfræðinga, að þeir hafi viljað fallast á að flotvörpuna ætti að banna. Þeir hafa raunar sagt það að flotvarpan hafi ýmsa kosti umfram botnvörpuna, leggst t. d. minna saman og með hæfilegri möskvastærð eigi að vera auðveldara fyrir smáfisk að sleppa úr flotvörpunni en botnvörpunni. Ég tek hins vegar undir það, að þegar afli er orðinn svo gífurlega mikill í flotvörpuna að skiptir tugum tonna gegnir nokkuð öðru máli. Þá leggst þetta allt saman meira og minna í eina kös og að sjálfsögðu sleppur ekkert. Hins vegar tel ég að þetta séu alger undantekningartilfelli í raun og veru. Þetta eru tilfelli sem eru auglýst í blöðum nánast og er gert að eins konar grýlu gegn flotvörpunni. Staðreyndin er sú, að við Íslendingar höfðum lengi vel ekki góð tök á flotvörpunni og það var ekki fyrr en nokkrir skipstjórar tóku sig til og fóru að kanna notkun þess veiðarfæris að það tókst með þeim mikla árangri sem nú er sýnt, og hafa margir skuttogarar siglt í kjölfarið og tekið upp þetta veiðarfæri. Ég held sömuleiðis að þær tölur, sem hér voru lesnar áðan um stærðarflokka þorsks, séu alls engin sönnun

þessar framkvæmdir af ótta við að sama yrði látið gilda allt í kringum landið, þ. e. a. s. bann við flotvörpu. Því held ég að bannið um þennan takmarkaða tíma mundi frekar verða til þess að eyða tortryggni og illindum heldur en öfugt.

En ætlun okkar með brtt. er fyrst og fremst að reyna að gera veika tilraun til þess aðeins að draga úr sókninni í þorskinn. Það er okkar eini tilgangur. Ég held að okkur hljóti að bera öllum saman um að það er alger nauðsyn að vera vel á verði. Ég er ekki að vantreysta rn. á nokkurn hátt eða ráðh. í því efni, ég hefði haldið að það væri frekar stuðningur við hann heldur en hitt og hans viðleitni til þess að tryggja öryggi stofnsins að fá svona till. samþykkta á Alþingi.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég held að það sé mikill misskilningur að þessi till. um bann við veiðum í flottroll sé byggð á tilfinningagrunni eða tilraun til að koma illindum á milli svæða. Ég er furðu lostinn að slíkt skuli koma fram. Það er út af fyrir sig rétt, að í flottroll veiðist ekkert sérstaklega smærri fiskur. Ég held að menn geti verið sammála um það, að flottrollið hefur enga sérstaka eiginleika til þess að veiða smærri fisk. En hitt er svo annað mál, að möskvastærðin á flottrollinu kemur ekki að eins góðu haldi og möskvastærðin á botntrollinu, því að yfirleitt kemur mun meira í flottrollið, það skemmist meira af fiski, það eru stærri „höl" sem tekin eru, og það er örugglega mun meira sem fleygt er út af fiski sem eyðileggst, kremst, og af smáfiski. En eitt vil ég þó taka fram varðandi það mat sem hér er vitnað í. Ég satt best að segja veit ekki alveg hversu mjög er byggjandi á þessu mati. Það eru frystihúsin sem meta fiskinn við móttöku, og það virðist oft vera dálítið furðulegur mismunur af skipum sem eru jafnvel að veiða á alveg sama svæði. Þannig þekki ég dæmi þess, að skip, sem landandi í Austfjarðahöfn, var á sama svæði og togari af Norðurlandi, það fékk 30% af sínum fisk í stórt, en þegar togarinn frá Norðurlandi landaði í sinni heimahöfn af alveg nákvæmlega sama svæði var hann með 65% í stórt. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það, hvað þetta þýðir, en það segir þó það, að matið er enginn heilagur sannleikur í þessum efnum og maður gæti haldið að það væri stundum lítt á því byggjandi.

Af hverju kemur svona till. fram? Það er kannske fyrst og fremst vegna þess, að það eru flestir sammála um, að við þurfum á einhvern hátt að takmarka okkar sókn. Um það virðast flestir vera sammála í orði a. m. k., og spurningin er: Hvernig á að gera þetta? Á að setja kvóta, leyfa mönnum að veiða með hvaða veiðarfæri sem er, flottrolli, nót og öllum þeim veiðarfærum sem menn geta fundið upp, og setja kvóta á hvert skip? Eða á að gera það með því að minnka svæði, setja ákvæði um hvaða veiðarfæri megi nota og setja ákvæði um möskvastærð? Þetta er sú aðferð sem fyrst og fremst hefur verið höfð. Það hafa verið sett ákvæði um bann á ýmsum svæðum, það hafa verið sett ákvæði um möskvastærð, og ákveðin veiðarfæri hafa verið bönnuð. Flottrollið hefur verið bannað í mestum hluta landsins og þorsknótin hefur verið bönnuð. Og hvað liggur að baki þessu? Það liggur að baki þessu, að menn telja að fiskurinn þurfi einhvers staðar að hafa frið, hann þurfi einhvers staðar að geta haft afdrep, og það er hægt að veiða fisk í flottroll víða við landið. Það hafa sagt mér skipstjórar, að það hafi verið mikill fiskur uppi í sjó í köntunum við Austur- og Suðausturland sem hefði verið hægt að taka í flottroll núna í vetur, þannig að það er ekkert einsdæmi að það sé aðeins hægt að veiða í flottroll á ákveðnu svæði. En aðalatriðið er það, að við þurfum á einhvern hátt að takmarka þessa veiði, og það er nú svo, að það verður ekki gert út á flottroll eingöngu. Flottrollið er aðeins hjálpartæki, tæki sem haft er með, en botntrollið er veiðarfæri sem gert er út á eingöngu. Þess vegna er meiri ástæða til þess að takmarka eða banna flottrollið heldur en botntrollið.

Það hefur komið hér fram, að Landssamband ísl. útvegsmanna skrifaði bréf 1976 og varaði menn við því að fjárfesta í flottrolli. Mér er kunnugt um að a. m. k. einn togari, ef ekki fleiri á Austurlandi ætluðu sér að fara út í það að koma sér upp flottrollsútbúnaði, sóttu um lánsfyrirgreiðslu í því skyni til sjóða og fengu synjun, og þ. á m. var vísað í það, að það stæði til og hefði heyrst að banna ætti flottroll.

Þarna ríkir náttúrlega ekki jafnræði. Það verður eitt yfir alla að ganga. Annaðhvort verður að leyfa þetta veiðarfæri, þar sem hægt er að beita því, eða leyfa það ekki. Þess vegna vildi ég aðeins ítreka það, að þessi till. er fyrst og fremst fram komin vegna þess að flm. telja að hér sé um sanngjarna leið að ræða til þess að takmarka að nokkru leyti til viðbótar sóknina í þorskstofninn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð um sjálft frv. og síðan þá brtt., sem ég er meðflm. að, við frv. um tímabundið bann við notkun flotvörpu.

Ég þykist einhvern veginn hafa orðið var við það, að aðrir ræddu frv. og þá sérstaklega þessa brtt. af meiri tilfinningahita heldur en flm. sjálfir. Ég sæi út af fyrir sig ekki nokkurn skapaðan hlut eftir því þótt fækkaði nokkuð brbl. útgefnum af hæstv. ráðh. Matthíasi Bjarnasyni, og um útgáfu hans á brbl. ætla ég ekki að ræða hérna. Hitt er annað mál, að ég kynni kannske að sjá eftir því ef skipt yrði á hæstv. sjútvrh. Matthíasi Bjarnasyni og einhverjum ótíndum strák úr hans flokki. Ég kynni kannske að sjá eftir því, og hæstv. ráðh. má ekki láta það bitna á Ed. við umfjöllun á þessu þingmáli þótt hann hafi lent í orðaskaki við ótíndan strák úr sínum flokki í annarri deild. Ég staðhæfi það, að það hafi verið ætlun sjútvn. þessarar d. að afgreiða þingmál þetta, sem ráðh. ber mjög fyrir brjósti, en kannski ekkert miklu meira fyrir brjósti en ýmsir aðrir þm. í þessari d., — afgreiða það með lipurð, og ég staðhæfi það, að það var alls ekki ætlun eins einasta manns í sjútvn. að afgreiða málið með þeim hætti að það yki á einn eða annan hátt á vandræði eða skapleiða hæstv. ráðh. sem má ýmislegt þola í öðrum pólitískum samkvæmum heldur en Ed.

Steingrímur Hermannsson taldi að bannið við flotvörpunni ætti sér ekki stoð í neinni rannsókn eða hlutlægri skoðun, stafaði af einhvers konar

tilfinningasemi. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég hef ekki unnið á skuttogara með flotvörpu, en þess minnist ég, að ég var um nokkurra missira skeið í hópi mjög svo röskra manna á síðutogara þar sem fiskað var bæði í salt og í ís og ekki var ísað í kassa, og við vorum 30 á og fengum stóran fisk. Einu sinni eða tvisvar veiddum við 50 tonn í hali. Við vorum býsna lengi að koma því fiskmagni undir dekk og ísa það. Ég staðhæfi það, að 16 manna áhöfn með mest hugsanlegt 8 menn að starfi á dekki, sem tekur við 80 tonnum úr hali á dekkið af smáum og meðalsmáum fiski og á að slægja og koma undir dekk, hefur enga möguleika á því að bjarga þeim feng frá skemmdum — enga möguleika á því — og má þakka fyrir ef áhöfnin hefur bolmagn til þess og afköst til þess að bjarga helmingnum úr þeim feng frá skemmdum. Það er alveg rétt, að fiskur er jafndauður hvort hann kemur í botntroll eða flotvörpu eða í línu eða í net. En við gefnar aðstæður er flottrollið það veiðarfæri sem hægt er að drepa með mestan fisk á skömmum tíma, sem hægt er að valda með mestu tjóni á skömmum tíma, ef illa tekst til í smáfiski, og hægt er að ná inn mestum afla, mestum feng á dekk við gefnar aðstæður þannig að ekki sé hægt að gera úr honum verðmæti. Við skulum ekki skjóta okkur á bak við rannsóknir í því sambandi. Við vitum að allmikið hefur verið drepið af of smáum fiski í flottrollið, ekki vegna þess að menn gerist svo miklu verr innrættir menn, þegar þeir eru komnir vestur fyrir land á það svæði sem veiða má með flottrolli, heldur en annars staðar, ekki vegna þess að þeir menn, sem í því lenda, séu siðminni eða séu verri fiskimenn, heldur vegna eðlis þessa veiðarfæris og vegna eðlis þessa starfs, sem er að ná sem mestum fiski á dekk, sem mestum feng á sem skemmstum tíma.

Ég hef ekki fyrir mér skrifleg vottorð fiskifræðinga við umfjöllun málsins. En það hef ég eftir reyndum skipstjórum, sem vel þekkja til, og hef raunar heyrt ágæta fiskifræðinga segja það líka, að miklu, miklu meira mundi muna um það, ef flottrollið yrði bannað um nokkurt skeið, heldur en um tímabundnar lokanir á veiðisvæðum, — miklu meira.

Það liggur hér fyrir samkv. upplýsingum ráðh., að samtals 40 togarar séu búnir tækjum til flotvörpuveiða, að vísu muni þeir ekki allir hafa stundað veiðar með flotvörpu, en 40 togarar séu búnir tækjum til flotvörpuveiða. Þau tæki munu ekki eyðileggjast á einu ári þótt samþykkt verði brtt. okkar hér í Ed. um að banna notkun flotvörpunnar í eitt ár, spilin dýru, það er hægt að halda þeim í lagi það ár á enda. Og ég vil alls ekki taka að óreyndu trúanlegar staðhæfingar hæstv. ráðh. Ég vil raunar ekki skoða orð hans sem staðhæfingu, heldur aðeins tilgátu um að málið mundi stöðvast í Nd. þótt það kæmi þangað aftur með áorðinni breytingu frá Ed. um bann við notkun flotvörpu. Um þetta veit hæstv. ráðh. ekkert meira en við. Mér persónulega er kunnugt um það, að það var með semingi sem Nd. felldi till. um bann við flotvörpuveiðum, það var með semingi sem margir þm. í Nd. gerðu það, og ég hef trú á því, ef Ed. samþykkti brtt. okkar um tímabundið bann við flotvörpuveiðum, að Nd. mundi gera það einnig þannig að sú brtt. yrði frv. ekki að fótakefli í Nd., kynni meira að segja svo að fara að frv. yrði fagnað alveg sérstaklega með áorðinni þessari breytingu.

Svo vildi ég, af því að mér er þetta fullkomin alvara sem ég segði, að ég vildi ógjarnan sjá upp á það að núv. stjórnarflokkar skiptu um sjútvrh., ég hef sérstaka ástæðu til þess að óska þess að núv. stjórnarflokkar skipti ekki um sjútvrh., — þess vegna vildi ég að hann hlífði okkur líka við þessum hótunartóni sínum, að ef ekki verði látið í einu og öllu að því sem honum finnst persónulega að eigi að vera, þá sé hann rokinn út í veður og vind. Hæstv. ráðh. verður að þola það að störf hans séu gagnrýnd, till. hans séu gagnrýndar og þeim sé beytt á þann veg sem meiri hl. þm. telur að sé til bóta, og hæstv. ráðh. á að fagna þess háttar breytingum. Ég nefni ekki nöfn í þessu sambandi, en það eru aðrir ráðh. í þessari ríkisstj. sem mundu gleðja mig miklu, miklu meira með hótunum um afsögn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Við höfum nú talað allir flm. að þessari till. Ég held að í máli okkar hafi komið fram flest það sem skiptir meginmáli, ég get því verið stuttorður. Það hefur verið flutt öfgalaust og án nokkurs hótanatóns á einn eða annan veg. Hins vegar hef ég aðeins heyrt því fleygt, að málið gæti fengið alvarlega niðurstöðu ef við værum ekki góðu börnin og hlýddum í einu og öllu. Ég verð að harma að slíkt skuli koma fram í jafnviðkvæmu máli og við erum hér að fjalla um, því að allir viljum við vel gera í þessu efni, held ég, en höfum aðeins nokkuð mismunandi sjónarmið.

Við tölum hér því miður af dýrkeyptri reynslu, og þess vegna er þessi till. flutt. Hún er ekki flutt, eins og 2. þm. Reykn. réttilega undirstrikaði, hún er alls ekki flutt til að skapa neina úlfúð og misklíð. Hún er flutt vegna hræðslu og nauðsynjar á því að við förum varlega um sinn í sókn okkar í ókynþroska fisk. Og það er staðreynd, hvað sem hver segir hér í kvöld til að andmæla þessari till. eða hvernig sem menn greiða þessari till. atkv., þá er það staðreynd að sókn okkar í ókynþroska fisk er of mikil. Og ég verð að segja ykkur eina sögu frá Vestfjörðum. Það getur vel verið að einhverjir taki það þannig, að það sé verið að ala á ríg, en þessi frásögn var sögð af fúsum og frjálsum vilja og án nokkurrar þvingunar frá einum eða neinum. Einn af talsmönnum togaraútgerðar á Vestfjörðum sagði: Það eru engin hrogn til í þessum fiski, þó að ég ætti líf mitt að leysa gæti ég ekki skaffað eina tunnu. — Þá þarf ekkert mat, hvorki af opinberri stofnun eða öðrum, á hvaða stigi þessi fiskur er. Hann er veiddur um of, ekki eingöngu af vestfirskum dugnaðarsjómönnum, heldur af öllum sem sækja á þessi mið. Hann er veiddur um of. Við viljum hamla á móti þessu ágæta veiðarfæri í bili vegna óhjákvæmilegrar nauðsynjar að okkar mati.

Það er alveg rétt, að ég geri engan greinarmun, og það hefur komið fram í máli okkar allra, bæði sem erum með og á móti, að við gerum engan greinarmun á því, hvernig við drepum fiskinn, í

botntrolli eða flottrolli. En það er grjóthörð staðreynd, hvað sem sagt verður, að eðli flottrollsins er það, að því er aðeins beitt þegar fiskimennirnir verða varir við torfurnar uppi í sjó, og þá er í langflestum tilfellum um mikla veiði á stuttum tíma að ræða með þeim afleiðingum að það er aukið smáfisksmagn í því kasti — ég segi því miður. Það er vitað mál, að þeir, sem hagnýta flottrollið mest og best, verða að hafa í skipum sínum lágmarksvélarafl til þess að togkrafturinn né nægilega mikill, og þá fer þetta allt saman, að möskvinn er ekki eins opinn og aðstæður væru annars til, ef aflinn er minni, og þá lokast veiðarfærið allt og hirðir allt sem að kjafti kemur.

Ég fylgdist með löndun hérna um daginn úr skipum sem komu að vestan, og ég má til að segja ykkur frá einni löndun sem átti sér stað hér í Reykjavík, því að það er opinbert mál nú, en það var afli úr skipinu Bjarna Benediktssyni, því góða skipi, sem fékk afburðagott kast, stærsta kast sem ég hef heyrt um nú undanfarið, að mati manna um 90 tonn í kastinu, og tók rúman sólarhring að koma fiskinum undir þiljur. En hvað skeði þegar fiskurinn kom hér í land? Að mestu leyti var hann meira og minna skemmdur. Aðeins þetta eina atvik réttlætir það að mínu mati að hamla á móti notkun flotvörpunnar í bili meðan fiskstofnarnir eru að jafna sig.

Ég gæti líka sagt frá öðrum togara frá Vestfjörðum sem lenti líka í mjög góðu kasti og náði rúmum helmingi, þá sprakk trollið og fiskurinn flaut dauður um allt.

Mig hryllir við svona atburðum. Ég vil ekki að þeir endurtaki sig um óákveðinn tíma, — ég vil það alls ekki. Og ég efast um að nokkur maður vilji það. En við eigum að hafa kjark til þess að bægja þessu frá. Til þess sitjum við hér á Alþ. Og það eru engin rök fyrir því að banna trollið á ákveðnum veiðisvæðum við landið og hafa það opið á öðrum — ekki nokkur. Annaðhvort skal það vera bannað alveg eða ekki.

Ekkert veiðarfæri drepur fisk ódýrar en nótin, og það er hægt að velja úr fiskinum fisk fyrir fisk, en samt er hún bönnuð af því að menn töldu að hún tæki of mikið í hverju kasti, þótt stór fiskur væri eingöngu, þó að hún væri eingöngu sunnan- og suðvestanlands. (StJ: Hún gerði það líka stundum.) Hún getur drepið smátt og hún getur drepið stórt. En vegna þess að við megum ekki vera svona stórtækir við ríkjandi aðstæður, þá féllust útvegsmenn á án þess að gera hina minnstu kröfu til skaðabóta, að nótin væri tekin úr umferð fyrir mörgum árum, 10 árum. Það eru alltaf einhverjir sem óska eftir að hún komi til baka, en það hefur ekki náð fram að ganga vegna þess að menn vilja ekki að við notum svo stórtæk veiðarfæri eins og nótin er.

Menn bera ótta nú við flotvörpuna. Og það er nákvæmlega rétt, það sem 5. þm. Austurl. sagði, að það kaupir enginn togara í dag til þess að hafa flotvörpu sem aðalveiðarfæri. Hún er sem hjálpartæki. Þegar menn verða varir við að fiskurinn leitar upp í sjó í þéttum torfum, þá er gripið til flotvörpunnar, sem liggur tilbúin til að kasta, og henni beitt með þeim árangri sem við þekkjum.

Sérfræðingarnir segja auðvitað ekki að það skuli drepa fiskinn í ákveðið veiðarfæri. Það er ekki þeirra hlutverk. Og ég vil undirstrika það við hæstv. ráðh.: Við erum að heimta af þeim umsögn sem er ekki í þeirra verkahring að gera. Þeir segja hvað má sækja mikið heildarmagn í stofninn. Þeir leggja til að sóknin sé takmörkuð. Og við eigum að taka hina pólitísku ákvörðun hér á Alþ. í því efni.

Ég heyrði ráðh. því miður ýja að því, að rétt væri að hamla nokkuð á móti veiðunum — skulum við segja — með því að fara varlega í langan vinnutíma í 3—4 mánuði yfir sumarið. Ég þakka aftur mjög fyrir orð hv. 2. þm. Vestf. sem tók undir þá skoðun, að rétt væri að gefa fólki frí a. m. k. laugardag og sunnudag yfir sumarmánuði á Vestfjörðum og víðar og draga þannig úr þeim mikla sóknarþunga sem er hringinn í kringum landið á þessum árstíma. Það er verulegt skref í áttina. Og margir hafa talað um að togarakaup ættu að vera til þess að þeir lægju jafnan við bryggju á mánudagsmorgni og þá hæfist löndun kl. 7 eða 8 og veiðarnar væru mjög skipulegar og sókn í samræmi við eðlilegan vinnutíma og fengi þannig á sig meira iðnaðarsnið. Það virðist ekki mega stjórna með þessum hætti. Ég veit ekki hvað veldur. En ég held að þetta sé mál sem þurfi að athuga vel, kannske að skoða, eins og sagt er í dag. En hvað á að skoða það lengi? Ég sé enga ástæðu til að velta þessu á undan sér árum saman.

Nei, því miður þurfum við ekki að óttast að fiskurinn fyrir vestan eða annars staðar deyi úr elli. En við höfum af því beyg, margir hverjir, bæði utan Alþ. og innan, að við sækjum of sterkt í smáfiskinn, ókynþroska fisk. Það er alveg rétt, að skýrsla svipuð og ég las hér upp áðan mun vonandi verða með öðru sniði eftir 155 mm möskvinn hefur verið notaður. Hann mun sía meira smáfiskinn út. Sérstaklega þegar aflaminnkun á sér stað, eins og hefur verið hjá togurunum nú í bili, kemur í ljós gildi 155 mm möskvans.

Hæstv. ráðh. er af einhverjum „prinsip"-ástæðum á móti því að banna flottrollið undan Vestfjörðum. En hann er ekkert af „prinsip"-ástæðum á móti því að banna flottrollið að meiri hluta hringinn í kringum landið, á miklu stærra veiðisvæði. Hvaða „prinsip" gildir undan Vestfjörðum? Ég sé enga vísindalega röksemdafærslu fyrir að hafa annað „prinsip" þar. (Sjútvrh.: Ég nefndi ekki Vestfirðina í þessu sambandi.) Nei, en hæstv. ráðh. hefur bannað flotvörpuna á stórum hafsvæðum og hann veit nákvæmlega hvar. Ég þarf ekki að lesa það upp. Nei, við skulum bara með rólegri yfirvegun gera okkur grein fyrir því, að þetta er í bili nauðsyn til þess að koma í veg fyrir of mikla sókn í ókynþroska fisk, og okkur er bara sómi að því að gera þetta um sinn.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði að svona bann verði að byggjast á athugun. Það eru margir tugir athugana til, og skipstjórarnir sjálfir, sem eru með þessi tæki, beita þeim af því að aðrir gera það, þetta hefur ekki verið bannað. En margir hverjir yrðu mjög fegnir að hvíla flotvörpuna, jafnvel meira en eitt ár. Og hann segir einnig að allt verði að skoðast nánar í sambandi við flotvörpuna sem slíka. Það þarf ekki. Við höfum

dæmin um allt. Og hann leggur til að við leitum að skynsamlegum leiðum til þess að draga úr sókninni.

Hér er um skynsamlega leið að ræða sem skapar ekki nein sérstök vandamál. Hún bægir frá uggvænlegri þróun við ofsókn í ókynþroska fisk. Ég vil að við gerum sérstakar ráðstafanir til þess að afnema veiðar á undirmálsfiski, fiski sem á eftir að vaxa og auka kyn sitt. Það verður að veiða með tilliti til reynslu og vísindalegra staðreynda, annars fer allt í sama horf hjá okkur og var fyrir útfærsluna. Það væri mikil ógæfa ef við gætum ekki borið gæfu til þess að koma þorskstofninum í rétt horf nema næstum ganga af honum dauðum eins og síldinni. Hvílík ógæfa! Vildi nokkur maður tengja nafn sitt við slíkt? Ég get ekki ímyndað mér það. Það voru margir sem aðvöruðu með síldina. Menn sögðu alltaf: Þetta er allt í lagi, þetta er allt í lagi, það er nóg til, við skulum bara halda áfram. — Og það þarf ekki að rekja þá hörmungarsögu. Við vorum nokkrir sem nöldruðum um að fara varlega, stöðva í tvo mánuði, einn mánuð, a. m. k. að fara mjög varlega yfir sumarmánuðina. Við vorum hrópaðir niður á ákveðnum vettvangi, bókstaflega hrópaðir niður, og ætla ég ekki að fara að rekja þá raunasögu. Við leggjum hér aðeins til að fara varlega í eitt ár til tilrauna, af því að dæmin sanna að það er óhjákvæmilegt. Og ég undirstrika það, að jafnvel þótt mönnum finnist sú skýrsla, sem ég las upp áðan, uggvænleg og ekki kannske nægilega vísindalega unnin, þá gefur hún ótvírætt vísbendingu um hvað fiskurinn er smár og á hvaða aldursskeiði sá fiskur er sem bæði flotvarpa og botnvarpa koma með að landi. Þess vegna umfram allt er nauðsyn á því að fara varlega. Og þá er rökrétt skref að taka flotvörpuna úr umferð til reynslu eitt ár. Það er alveg rökrétt skref og eitt af því árangursríkasta sem hægt er að gera.

Ég harma það, að hæstv. ráðh. er með eins konar hótunartón út í okkur sem viljum samþykkja það að leggja flotvörpuna til hliðar í bili, þá fari allt í voða með þetta frv. Við í n. höfum haft þetta frv. rúma tvo daga til meðferðar, en það var næri þrjá mánuði í Nd. og þá skeði ekki neitt. Var það enginn voði? Var þar enginn voði á ferðum? Ég harma svona málflutning, og ég veit að þetta er ekki eðlilegur málflutningur. Það er eitthvað annað sem býr þarna á bak við. Það á ekki við að vera með snuprur í garð okkar sjútvn.-manna í Ed. í þessu tilfelli. Hér er líklega um mótsögn eða missögn að ræða af hendi hæstv. ráðh. og ég fyrirgef honum það af öllu hjarta, en ég vil þá fá till. samþykkta í leiðinni.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkrar aths., örfáar.

Það var að því fundið áðan að ég taldi margt benda til þess, að þessi till. væri byggð á tilfinningagrundvelli. En ég fæ nú ekki staðist að benda á það, að allmiklar tilfinningar komu fram hjá sumum flm. þessarar till. T. d. sagði hv. 2. þm. Reykn., að hann væri beinlínis hræddur, og undirstrikaði það og sagði það af mikilli áherslu. Og svipað kom fram hjá fleirum. Hv. 1. landsk. þm. sagði að till. væri flutt vegna hræðslu. Hræðslan er eitt hæsta stig tilfinninga, hygg ég. Það var talað um tortryggni, að það væri sköpuð tortryggni á milli landshluta. Tortryggni er líka mjög tengd tilfinningum manna. Ég gæti rakið þannig fleiri ummæli sem hér voru höfð áðan og voru, að mér fannst, öll mjög tengd tilfinningum. Ég hef ekkert á móti tilfinningum út af fyrir sig. En ég held að svona stórt mál eigi að byggjast á öðrum grunni og eigi að skoðast frá annarri hlið en af tilfinningum.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði að fiskifræðingar hefðu fullyrt í sín eyru um skaðsemi þessa veiðarfæris. Ég hef setið á fjölmörgum fundum — (**StJ:** Ég sagði að þeir hefðu fullyrt við mig, að með því að takmarka notkun flotvörpunnar eða banna væri hægt að ná meiri árangri í þorskverndinni heldur en með takmarkaðri lokun svæða.) Já, það er rétt. En ég ætlaði hins vegar að segja það, að ég hef setið á fjölmörgum fundum í fiskveiðilaganefnd með fiskifræðingum og hefur þar verið rætt um flotvörpuna, og enginn þeirra hefur sagt þar neitt í þessa átt — alls ekki. Ég tel að það sé rangt hjá hv. 1. flm. till., að það sé ekki hlutverk fiskifræðinganna að benda á slíkt. Þeir benda okkur á leiðir til friðunar. Þeir benda okkur á hvar eigi að friða, hvar eigi að draga úr, hvar eigi að beita skyndilokun og ótal aðrar aðgerðir. Ef friðun gegn flotvörpu væri mjög mikilvæg í þessu sambandi, þá er það beinlínis skylda þeirra að vekja athygli okkar á slíku. En það er staðreynd, að á þessum mörgu fundum hafa þeir ekki treyst sér til slíks. Þetta er staðreynd. Ég vil einnig benda hv. þm. á það, að þessi ágæta skýrsla, sem hér var notuð áðan, sýnir mjög eindregið að það er ekki lélegur fiskur sem Vestfjarðatogararnir koma með í land. (Gripið fram í.) Nei, það var hv. þm. Stefán Jónsson sem sagði að þetta hlyti að vera lélegur fiskur. Og það er náttúrlega enginn mælikvarði þótt ekki hafi tekist að verka nokkur tonn fyrir áratugum. Það er allt önnur aðstaða núna. Það hafa orðið miklar breytingar á þessu sviði og það er allt önnur aðstaða, eins og hann náttúrlega veit manna best.

Ég ætlaði ekki að lengja þessar umr. En ég bara undirstrika það, að mér finnst hér ekki byggt á þeim rökum sem við getum verið þekktir fyrir að nota hér í þessu sambandi. Væri ekki nær að samþykkja þá ákvæði til bráðabirgða um itarlega athugun á áhrifum flotvörpunnar og jafnvel að krefjast þess, að ráðh. legði slíkt fyrir í haust, og athuga þetta svo? Ég held að það væri þá miklu nær, heldur en að rjúka hér upp á síðustu dögum þingsins með slíka till. Við erum að gagnrýna og ég tel með töluverðum rétti þá staðreynd, að sjútvn. þessarar d. hefur ekki haft þetta mál til meðferðar nema í örfáa daga, þessi viðkvæmu mál, breytingar á fiskveiðilögsögunni, en svo rjúka þeir sömu menn hér upp með ekki síður viðkvæmt mál, bann á flotvörpunni. Mér sýnist, því miður, að við séum hér að nota vinnubrögð sem við erum að gagnrýna hjá öðrum, og ég held að við ættum að fara að orðum 1. flm. um rólega yfirvegun. Hv. 1. flm. lagði áherslu á rólega yfirvegun. Er þetta

róleg yfirvegun hér á þriðja síðasta degi þingsins í svo viðkvæmu máli? Og ég get ekki varist þeirri hugsun, að þetta sé að nokkru byggt á eins konar öfund í garð þeirra togaraskipstjóra sem náð hafa mestri leikni í meðferð flotvörpunnar eftir mikla vinnu og mikla yfirlegu í því sambandi. Ég get ekki varist þeirri skoðun. Og ég á ákaflega bágt með að skilja að slíkt bann sem hér er samþykkt muni leiða til, eins og hv. 2. þm. Reykn. talaði um, jöfnunar á tortryggni, skilst mér helst, eða eitthvað í þessa átt. Ég veit ekki hvort það á að vera verkefni okkar að jafna tortryggnina á landi með því að banna flotvörpuna alls staðar. Ég gæti jafnvel einnig vísað til orða hv. 1. landsk. þm. þegar hann sagði að bæði botnvarpan og flotvarpan dræpu smáfiskinn. Eigum við þá ekki að banna hvort tveggja í einu? Væri það ekki helsta leiðin til friðunar?

Nei, ég legg á það ríka áherslu, að við skulum skoða þetta mál vandlega, íhuga það rólega, og ég vil stinga því að flm. þessarar till., hvort þeir vilji ekki heldur beita sér fyrir ákvæði til bráðabirgða þar sem krafist verði ítarlegra rannsókna á þessu máli og skýrsla verði lögð hér fyrir í haust, þannig að okkur gefist tími til rólegrar yfirvegunar á þessu viðkvæma máli.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. hafði nú mörg orð um lítið efni, held ég. Hann talaði allmikið um hræðslu og tortryggni, og kom nú í ljós hugur hans í þessu efni. Hv. þm. er vísindalegur, eins og við vitum, og maður skilur vel að hann vilji láta rannsaka mál. En mér skildist að hann væri ekkert hræddur um útrýmingu hrygningarstofnsins, sem orðið hræðsla var nefnt í sambandi við. Hann vill bara athuga það vísindalega og bíða eftir því að stofninn hrynji, þá er kominn grundvöllur til að athuga hvers vegna hann hefur hrunið. Í raun og veru er þetta grundvöllurinn. (Gripið fram í.) Það kom fram síðar að hann nefndi haustið. En hvers vegna er þá flotvarpan bönnuð við meira en helming landsins? Hvers vegna er hún þá bönnuð? Ef þetta er ekki leið til að hamla gegn ofveiði, ef þetta er ekki leið til friðunar stofnsins, hvers vegna er þá í alllangan tíma búið að banna þetta veiðarfæri á miklum fiskislóðum? Ég held að þetta sé bara vandræðalegur málflutningur hjá honum. Ég sé ekki annað. Auðvitað er augljóst, og það hafa skipstjórar sagt mér, að mjög sterkt afl í þessari viðleitni okkar er að banna flotvörpuna umhverfis landið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 642 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 643 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, OÓ, RA, StJ, HÁ, HFS, JHelg.
nei: JGS, StH, StG, AG, AJ, ÁB, EggÞ, EÁ, IT, IH, ÞK.

2 þm. (GeirG, GH) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 84. fundur.

Mánudaginn 2. maí, að loknum 83. fundi.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frv. (þskj. 666). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 668 (sbr. 506)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187, n. 626 og 639). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki betur en hæstv. iðnrh. sé fjarverandi og óska þess eindregið að þess verði farið á leit við hann hið allra fyrsta, að hann heiðri Ed. með nærveru sinni á meðan þetta þýðingarmikla mál er til 2. umr. í d. (**Forseti:** Það skulu gerðar ráðstafanir til þess að segja hæstv. iðnrh. frá því, að hv. þm. er að hefja mál sitt. Ráðh. hefur verið hér viðlátinn og á að vera því viðbúinn.) Ég mun þá hinkra við þangað til hann kemur. — Þá hefur hæstv. iðnrh. orðið við þeirri ósk minni að heiðra okkur með nærveru sinni hér í deildinni.

Herra forseti. Svo sem að líkum lætur tel ég við hæfi, áður en ég vík að nál. mínu og störfum í iðnn., að víkja örfáum orðum að niðurlagi umr. sem hér urðu í dag utan dagskrár varðandi þann almenna fund sem þm. Vesturl. héldu með kjósendum sínum að Heiðarborg við Leirárskóla í gær, þar sem gerð var einróma samþykkt sem beint var til ríkisstj. og hv. þm. kjördæmisins beðnir um að koma á framfæri. Um þetta efni mun ég þó ekki orðlengja, heldur aðeins vekja athygli á því, að því fer víðs fjarri að hér sé nú verið að fjalla um lagafrv. eins og það sem afgreitt var frá Alþ. á vordögum 1975 um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Mismunurinn á þessum tveim frv. liggur ekki bara í því, að niður hefur verið fellt úr frv. nafn Union Carbide, ameríska auðhringsins sem þá var samningsaðili íslendinga í þessu máli, heldur miklu fremur í ýmsum grundvallarbreytingum sem gerðar hafa verið á þessu máli. Ég vil minna á það, sem hv. þm. ætti sumum hverjum að vera í fersku minni, að áður en frv. um samstarf við Union Carbide var afgreitt úr þessari hv. d. veturinn 1975, en hér kom málið fyrr til umfjöllunar, þá voru hafnar framkvæmdir uppi á Grundartanga. Það

var búið að grafa þar gryfjur. Ég man ekki betur en hross hafi drepist í einni gryfjunni áður en búið var að afgreiða málið úr iðnn. Ed. þá. Og mér er það í fersku minni, að svo sannarlega var búið að ráða tæknilegan framkvæmdastjóra Járnblendifélagsins áður en búið var að afgreiða málið úr þessari d. Það var einn af forstjórum Union Carbide í Noregi, merkilegt nokk, í Noregi, sem var ráðinn tæknilegur framkvæmdastjóri Járnblendifélagsins áður en málið var afgreitt úr Ed. árið 1975. Svo eru hæstv. ráðh. steinhissa á því að íbúar hreppanna sunnan Skarðheiðar skuli hafa orð á því að hafnar séu framkvæmdir á Grundartanga áður en sett hafa verið öðru sinni lög um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Að sveitarstjórnir á þessu svæði hafi samþykkt málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði með því að tilnefna fulltrúa í stjórn fyrirhugaðrar hafnar við Grundartanga, það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að halda slíku fram. Ég hef það fyrir satt og vænti þess að hv. þm. Ásgeir Bjarnason leiðrétti mig ef heimildir mínar reynast ekki réttar, þá hef ég það fyrir satt að einn af oddvitunum þar efra hafi einmitt á fundinum í gær lýst einarðlega yfir því, að alls ekki mætti túlka setu hans í hafnarstjórn sem samþykki við Grundartangaverksmiðjuna sem hann væri gersamlega á móti.

En hvað sem því líður, ég vil strax í upphafi þakka formanni iðnn. þessarar d. fyrir ágæta verkstjórn í iðnn. er fjallað var um þetta mál á allt of fáum dögum, en þeim mun lengri fundum. Það sagði hann satt, að kvaddir voru til viðtals allir þeir sem óskað var eftir til ráðuneytis um mál þetta og fjallað ítarlega um suma þætti þess. Undan slíku var alls ekki að kvarta. Hins hefði ég óskað, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, formaður iðnn., og ýmsir aðrir fulltrúar í iðnn. hefðu verið jafnduglegir að draga skynsamlegar ályktanir af þeim upplýsingum, sem fram komu á nefndarfundunum, og þeir voru að hlusta á orð gáfaðra manna og sérfróðra sem kvaddir voru á fund n. til þess að upplýsa okkur þar.

Svo sem fyrr hefur verið tekið fram við umr. hér í d. hefur hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen nú lagt fyrir hv. Alþ. öðru sinni á tveimur árum lagafrv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Hæstv. ráðh. hafa haldið fram að frv. það, sem hér er fjallað um, eins og ég sagði áður, sé efnislega gersamlega eins og frv. það sem samþ. var á sínum tíma um samstarf við Union Carbide, gefið í skyn að það væri eingöngu vegna nafnsins sem fælist í því frv. sem um það væri nú fjallað öðru sinni, en látið hjá líða að geta þess, sem þó er rétt og þarf ekki lengi að fletta Alþingistíðindum frá þeim tíma til þess að sjá það, að samþykkt frv. var í ræðum m.a. hæstv. iðnrh. og hv. þm. Steingríms Hermannssonar, sem þá var einnig formaður iðnn. þessarar d., réttlætt með því, hvílíkt afburðafyrirtæki þessi samstarfsaðili væri, hvað hann hefði til að bera djúpstæða afburðaþekkingu, tæknilega þekkingu á öllu því sem lýtur að framleiðslu á kísiljárni, langt umfram öll önnur fyrirtæki í heiminum og þá ekki síst þau norsku. Því væri sjálfsagt að kaupa af Union Carbide tæknilega þekkingu, sérþekkingu og einkaleyfi sem nauðsynleg væru til þessarar framleiðslu, — einkaleyfi sem ekki væru fáanleg annars staðar, — fyrir of fjár, að mig minnir rétt sömu upphæð og nú er til ætlast að við kaupum þessa tæknilegu þekkingu, þessa sérþekkingu af norska fyrirtækinu Elkem-Spigerverket. Hvort hefur nú tækniþekking norðmanna við framleiðslu á kísiljárni aukist svo stórlega síðan ekki kom til álita að ræða við annað fyrirtæki heldur en Union Carbide um þetta mál fyrir tveimur árum, eða hefur hin takmarkaða, lélega, allt að því fyrirlitlega tækniþekking norðmanna hækkað svona í verði á þessum tíma, eða hafa norðmenn með einhverjum hætti komist yfir einkaleyfin sem við ætluðum að kaupa þessu verði af Union Carbide? Það liggur að vísu ekki ljóst fyrir. En skjótt skipast veður í lofti og ekki er frægðin einhlít til langlífis eða frama fram á elliár. Ég veit ekki hvort heldur ég á að vorkenna hæstv. iðnrh. eða dást að honum fyrir það að hann skuli enn hnarreistur eftir tvö ár bera fram mál þetta hér á hv. Alþ. Ég veit sem sagt ekki hvort þetta heyrir undir þrautseigju eða þrákelkni, ekki síst með tilliti til árangursins af hinni fyrri lagasetningu um þetta mál.

Því er sem sagt haldið fram af hæstv. ráðh. og stuðningsmönnum hans í málinu, að frv., sem nú er fjallað um, sé í öllum meginatriðum samhljóða hinu fyrra lagafrv., þó að það sé í ýmsum grundvallaratriðum frábrugðið hinu fyrra, — grundvallaratriðum sem eru heitum á hinum virðulegu fyrirtækjum sem við höfum valið okkur að samstarfsaðila gersamlega óviðkomandi. Í fyrra frv. var samstarfsaðili ríkisstj. að verksmiðju þessari nafngreindur, þessi aðili sem fyrir skemmstu greiddi 850 millj. kr. fyrir að sleppa út úr samningnum um aðild að fyrirtækinu, en nú er samningsaðilinn ekki nafngreindur. Þessi breyting hefur ekki verið skýrð af hálfu hæstv. iðnrh. En ekki gæti það nú talist óvingjarnleg tilgáta, að þetta væri e.t.v. gert af hyggindum, ef svo skyldi fara að einnig það fyrirtæki hlypist á brott frá málinu, sem við göngum nú til samstarfs við, og kynni þá að verða þrautalendingin að tíunda lausnargjöld erlendra fyrirtækja sem helstu og einu tekjurnar af járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga.

Fulltrúar Alþb. í iðnn. beggja þd. óskuðu eftir því, að lagðar yrðu fyrir n. allar skriflegar upplýsingar sem fyrir liggja um samskipti málmblendifélagsins og Union Carbide, allar bókanir og bréfaskipti sem varða ákvörðun Union Carbide um að draga sig út úr fyrirtækinu. Þessi gögn fengust ekki afhent í iðnn. Nd., þar var synjað um þau plögg. Í iðnn. Ed. var því heitið að gögnin skyldu lögð fram, en af því varð ekki að þau yrðu lögð fram í n. Að vísu kom það fram í umr. í n., að minnst af því, sem fram fór á milli Union Carbide og málmblendifélagsins varðandi málið, hefði verið bókfært og enn þá minna væri að finna í bréfum. Það var að vísu ekki sagt, ekki tekið fram, en það lá einhvern veginn við að maður fengi það á tilfinninguna, að fæst af því, sem sagt var, hefði verið sagt upphátt. Af því má hins vegar draga nokkrar ályktanir, að höfuðlausn Union Uarbide, upphæðin sem fyrirtækið greiddi í skaðabætur, nemur nokkurn veginn sömu upphæð og Þjóðhagsstofnun hefur

reiknað út að numið hefði tapið af rekstri járnblendiverksmiðjunnar, ef hún hefði verið í gangi árið 1976 eða í fyrra.

Ég hef skilað hér til d. minnihlutaáliti iðnn., svofelldu:

„Ljóst er af upplýsingum, sem fram hafa komið við umfjöllun málsins í þn. og við umr. um málið í Nd., að hér er um að ræða fjárglæfrafyrirtæki þar sem líkurnar benda flestar til þess að þjóðinni sé búið fjárhagslegt tjón ef úr verður. Fyrir liggja upplýsingar um versnandi stöðu málmblendiiðnaðarins í heiminum, og líkur benda til þess, að enn frekar muni halla á ógæfuhliðina fyrir þessari framleiðslugrein er stundir líða fram. Samkv. nýlegum upplýsingum, fengnum úr nafnkunnum erlendum efnahagsmálatímaritum, eru málmblendiverksmiðjur Evrópu margar hverjar á gjaldþrotsbarmi vegna versnandi samkeppnisaðstöðu við málmblendiverksmiðjur í öðrum heimshlutum (sjá fskj. nr. I). Samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar hefði tap af málmblendiverksmiðjunni numið 850 millj. kr. á s. l. ári hefði hún þá verið í gangi (sjá fskj. nr. II). Ljóst er einnig að raforkusala Landsvirkjunar til fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju á því verði, sem um er samið, er mjög óhagstæð og nægir söluverðið ekki fyrir kostnaði við framleiðslu Sigölduversins.

Ljóst er enn fremur, að starfsleyfi það, sem heilbrrn. hefur gefið út til verksmiðjunnar, fullnægir alls ekki þeim kröfum sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð gera til hollustuhátta og umhverfisverndar af hálfu slíkra fyrirtækja (sjá fskj. nr. III), og virðist svo sem hlífa eigi fyrirtækinu af fjárhagsástæðum við því að koma upp fullkomnum og fullnægjandi mengunarvörnum og ráðstöfunum til heilsugæslu.

Loks er þess að geta, að fyrir liggja óyggjandi upplýsingar um það að allur þorri fólksins, sem býr við Hvalfjörð og í nánustu grannsveitum fyrirhugaðrar verksmiðju, er andvígur því að þessi verksmiðja rísi á Grundartanga.

Af þessum sökum leggur minni hl. iðnn. til að frv. verði fellt."

Ég mun nú ekki í framsöguræðu minni lesa upp fskj. sem með nál. eru prentuð, en vil aðeins tilgreina þau nánar.

Varðandi horfurnar í málmblendiiðnaðinum er birt hér þýðing úr Le Monde Diplomatique frá því í ágúst 1976. Það eru fréttir frá Ceca, Evrópska kola- og stálsambandinu. Þá er grein úr Business Week frá 8. 11. 1976, frá 8. nóv. nú í haust, sem ber fyrirsögnina „Vonir stáliðnaðarins hafa brugðist gersamlega". Þá er grein frá 10. jan. 1977 úr Le Nouvel Observateur. Fyrirsögn greinarinnar er „Milljarðarnir gufa upp". Enn er grein úr The Economist frá 12. febr. nú í vetur sem heitir „Kreppan í stálheiminum". Enn er til að greina ritstjórnargrein úr Le Monde frá 22. febr. nú í vetur, sem heitir „Samband stálverkamanna í Bandaríkjunum krefst æviráðningar". Enn er grein úr Le Monde Diplomatique frá því í mars í vetur. Það eru stálfréttir frá Evrópu þar sem greint er frá atvinnuleysi í stáliðnaðinum vegna þess að dregið er úr framleiðslu og birgðageymslur stáliðjuveranna og málmblendiverksmiðjurnar eru orðnar fullar. Enn er grein úr International Herald Tribune frá 14. mars nú í vetur undir fyrirsögninni: „Vestur-þjóðverjar flytja verksmiðjur til útlanda", þar sem greinir frá því að þjóðverjar eru að hætta í stál- og málmblendiiðnaði heima hjá sér að verulegu leyti þar sem verksmiðjur þeirra eru ekki lengur arðbærar, en eru teknir að flytja út verksmiðjur til annarra landa. Þá er grein úr Le Monde Diplomatique frá því í síðasta mánuði undir fyrirsögninni: „Harðari ráðstafanir boðaðar vegna stálkreppunnar". Enn er grein úr Observateur frá 11. apríl, 11. síðasta mánaðar, undir fyrirsögninni: „Hrun stálfyrirtækisins „USINOR". Þá er grein úr Frankfurter Allgemeine Zeitung, dags. 15. apríl 1977. Fyrirsögn greinarinnar er: „Sjúki stálmarkaðurinn". Enn vil ég geta greinar frá 15. síðasta mánaðar úr Die Welt. Fyrirsögn þeirrar greinar er: „Samtök málmiðnaðarmanna krefjast alþjóðlegar sameiningar í stálmálum", og fjallar enn um kreppuna og yfirvofandi harðnandi kreppu í iðnaði þeim sem nú er lagt til að við íslendingar leggjum út í og leggjum aleiguna að veði fyrir. Enn er grein úr Die Welt, dags. 16. apríl 1977, þar sem greinir frá mótmælum verkamanna við Thyssen-verksmiðjurnar vegna uppsagna og samdráttar í framleiðslunni. Þessar greinar hafa allar verið þýddar á íslensku af ábyrgum aðilum, og vænti ég þess að þeir þm., sem kynnu að vera þess fýsandi að afla sér nokkurrar vitneskju um stöðuna í þessum málum og horfurnar umfram það, sem kemur frá stjórn járnblendiverksmiðjunnar í gegnum Elkem-Spigerverket, og síðan umfram það, sem fengist hefur frá Þjóðhagsstofnun, yrðu nokkru fróðari um þessi mál ef þeir hefðu fyrir því að lesa þessar greinar.

Fskj. nr. II með nál. er útreikningur sá sem áður er frá greint að Þjóðhagsstofnun gerði á því, hver árangur hefði orðið af rekstri járnblendiverksmiðjunnar árið sem leið. En niðurstöðutala þess reiknings er svo hljóðandi, orðrétt frá Þjóðhagsstofnun:

„Hreinn hagnaður fyrir beina skatta ÷ 22 millj. norskra kr."

Þriðja fskj. með nál. er síðan bréf Náttúruverndarráðs, undirritað af Eysteini Jónssyni, formanni þess, og Árna Reynissyni, framkvæmdastjóra, til iðnn. Ed. Alþ., þar sem Náttúruverndarráð lætur í ljós skýlaust álit sitt á þeirri hlið fyrirhugaðrar verksmiðju sem lýtur að verndun umhverfis og lífríkis Íslands. En sem fyrr segir les ég ekki þessi fskj. núna í framsöguræðu minni. Ég mun efalítið vitna til þeirra. En ég hlýt að mælast til þess að hv. alþm. í d. lesi þessi fskj., því að að öðrum kosti geta þeir ekki tekið málefnalega afstöðu til álits minni hl. n.

Okkur má vera það minnistætt hér í d., hversu rekið var á eftir afgreiðslu fyrri lagafrv. um samstarfið við Union Carbide, einmitt á þeim vordegi fyrir rúmum tveimur árum þegar 2. umr. átti sér stað í þessari hv. d. um frv. Og enn er rekið á eftir og unnið að málinu með þeim hætti, með þeim alkunna þingræðislega öfuguggahætti sem allt of oft virðist einkenna málatilbúnað af hálfu þeirra stóriðjumanna, hvort sem þeim er það meðvitað eða ekki, hvort sem þeim er það sjálfrátt eða ósjálfrátt.

Síðar við þessa umr. kann að gefast tími til

að rifja upp ítarlega ýmis helstu ummæli hæstv. iðnrh., hv. þm. Steingríms Hermannssonar og enn fleiri stuðningsmanna máls þessa við umr. um samninginn við Union Carbide því til staðfestingar, hversu mikið er að marka röksemdafærslur þessara aðila, og skyggnast þannig eftir því, hvað stendur nú af staðhæfingum þeirra þá. Ég geri ráð fyrir því, að þm. fýsi nú að hugleiða það, hversu mikið var að marka arðsemiútreikninga sérfræðinga hæstv. iðnrh. þá, fyrir tveimur árum, þ. á m. arðsemiútreikninga Þjóðhagsstofnunar gerða að beiðni þessara aðila í leit að hagstæðri niðurstöðu. Af þeim jarteiknum geta hv. þm. síðan dregið ályktanir um það, hversu mikið kunni að hafa verið að marka fullyrðingar þessara sömu manna um skaðleysi verksmiðjunnar fyrir lífríki Hvalfjarðar og heilsu starfsmanna, ef á þær fullyrðingar hefði reynt.

Nú í framsöguræðunni læt ég hins vegar nægja að minna á það, með hvaða hætti hið nýja málmblendimál, frv. þetta á þskj. 187, er vakið hér á Alþ. Því var, svo sem hv. þm. má vera í minni, dreift til hv. þm. á síðkvöldi, þ. e. a. s. allra nema þm. Alþb. og SF, um jólaleytið, í svartasta skammdeginu, þ. e. a. s. því var dreift heim til þm. þeirra flokka sem greiddu atkv. með samningnum við Union Carbide, og skyldi nú flýta upptöku þessa máls á þingi. Hæstv. iðnrh. gaf þá skýringu á málsmeðferðinni, að ástæðulaust væri að kynna málið fyrir þeim þm. sem væru því andvígir. Nú er ég ekki að halda því fram, að hæstv. iðnrh. sé einn ráðherra í ríkisstj. um það að leggja stund á eða hafa a. m. k. næsta Suður-Ameríkuleg viðhorf til lýðræðis og þingræðis þegar um er að ræða mál sem hann telur varða sína persónulegu sæmd, mikla eða litla eftir ástæðum. Um þetta viðhorf eru fleiri sekir en hæstv. núv. iðnrh.

Síðasta dæmið um þessi viðhorf ráðh. er frá þessum degi, er hann gengur nú raunverulega ekki með köldu blóði á bak orða sinna í sambandi við tillit til viðhorfa heimamanna til stóriðjufyrirtækja, það verður ekki hermt upp á hann. En hitt verður honum borið á brýn, að klóra sig með orðhengilshætti frá yfirlýsingu um lýðræðisleg viðhorf til þessara mála, þar sem hann heldur því nú fram að ummæli hans hér á Alþ. 10. febr., þegar hann lýsti yfir því, að ekki kæmi til greina að koma upp stóriðjufyrirtækjum af álika eða þessu tagi í neinu byggðarlagi gegn vilja fólksins, að þessi ummæli hafi aðeins átt við umræddа álverksmiðju við Eyjafjörð og að það hafi alls ekki vakað fyrir honum að íbúar annarra héraða yrðu aðnjótandi þess háttar náðar af hálfu valdstjórnarinnar, að þar yrði ekki komið upp stóriðjufyrirtækjum þótt íbúarnir væru því andsnúnir.

Í ræðu minni hér á eftir mun ég tíunda þau rök sem hníga að því áliti þingflokks Alþb., að þjóðinni sé búið fjárhagslegt tjón af verksmiðju þessari ef reist verður, að verksmiðjan sjálf yrði rekin með stórfelldu tapi, að raforkuverð það, sem fyrirtækinu er ætlað að greiða, standi ekki undir kostnaðarverði frá Sigöldu ef rétt er reiknað, að starfsmönnum verksmiðjunnar yrði búið heilsutjón sökum óhollustu og umhverfi verksmiðjunnar öllu búinn stórskaði og lífríki Hvalfjarðar, nærsveitanna, Borgarfjarðar alls og raunar alls landsins búin vá vegna mengunar frá verksmiðjunni nokkurn veginn í réttu hlutfalli við nálægð hennar.

Í fskj. með nál. minni hl. iðnn. getur að finna upplýsingar, svo sem fyrr er getið, sem safnað hefur verið úr skrifum viðurkenndra erlendra sérfræðinga um framtíðarhorfur verksmiðja í stál- og málmblendiiðnaðinum, þar sem staðfest er það álit okkar alþb.-manna, að hér sé um mjög svo áhættusamt fyrirtæki að ræða og að langflestar líkur bendi til þess að tap verði á rekstri verksmiðjunnar. Þannig er um hnútana búið, að áhættan af rekstri fyrirtækisins samkv. samningi þeim, sem gerður hefur verið við Elkem-Spigerverket og hér er til umfjöllunar, hvílir öll á íslenska ríkinu eða svo til öll. Eignarhluti Elkem-Spigerverkets verður m. a. greiddur með tæknilegri þekkingu, svo sem fyrr er getið, sem metin er á hálfa fjórðu millj. dollara, að auki með markaðsfyrirgreiðslum og tækniaðstoð, en að öðru leyti með tæknibúnaði. Elkem hættir sáralitlu þótt tap kunni að verða á rekstri verksmiðjunnar, beinlínis vegna þess að ekki verður tækniþekkingin tekin af Elkem upp í tapið af íslensku kísiljárnsverksmiðjunni. Þess er getið til sannindamerkis, af hálfu hv. þm. Steingríms Hermannssonar í framsöguræðu hans var þess getið til sannindamerkis um hagkvæmni fyrirtækisins og gróðavonir þess, að Norræni fjárfestingarbankinn lánaði fé án þess að krefjast ríkisábyrgðar af járnblendiverksmiðjunni. Norræni fjárfestingarbankinn þarf ekki að krefjast sérstakrar ríkisábyrgðar á skuldbindingum fyrirtækisins vegna þess að þegar betur er að gáð, þá er svo um hnútana búið að hann hefur sjálft Ísland að veði fyrir lánunum.

Þá er vitnað í arðsemiútreikninga Þjóðhagsstofnunar til stuðnings því áliti, að verksmiðja þessi verði arðbær. Ef við hugum nú að gildi þeirra útreikninga skulum við fyrst og fremst gera okkur grein fyrir því, að Þjóðhagsstofnun hefur þar ekki haft úr að moða að neinu ráði öðrum skjölum en þeim sem aðstandendur Járnblendifélagsins fengu henni í hendur, Járnblendifélagið og aðstandendur þess. Hlutverk hennar var aðeins að fara yfir útreikninga Járnblendifélagsins sem var einföld reiknivélavinna. Þetta gerði Þjóðhagsstofnun líka þegar fjallað var um samninginn við Union Carbide, og niðurstaða Þjóðhagsstofnunar þá varð sú, að hér yrði um arðsaman rekstur að ræða. Það fór nú heldur betur ekki á milli mála að dómi Þjóðhagsstofnunar, sem studdist þá sem nú fyrst og fremst við upplýsingar frá nánustu aðstandendum fyrirtækis þess sem koma skyldi upp. Ofan á þetta bætist svo útreikningur Þjóðhagsstofnunar gerður að ósk fulltrúa Alþb. í iðnn. Nd. á því, hver orðið hefði fjárhagsútkoma verksmiðjunnar hefði hún verið rekin í fyrra, — útreikningur sá sem fyrr getur og fylgir sem fskj. með nál. minni hl. Hér var líka um einfalda reiknivélavinnu að ræða af hálfu Þjóðhagsstofnunar. Niðurstaðan samkv. útreikningum hennar hefði orðið sú, að hefði verksmiðjan verið rekin í fyrra, þá hefði tapið af henni orðið 800—850 millj. á einu ári, og þótt leitað sé með logandi ljósi finnast alls engar frambærilegar líkur sem benda til þess að staða fyrirtækisins mundi batna með árunum. Horfurnar eru ekki slíkar, og vil ég vitna

hér enn til greina úr erlendum fræðiritum sem ég áður nafngreindi og fylgja nál.

Mér er kunnugt um að afstaða fjölmargra þm. stjórnarflokkanna til þessa frv. er sú, að þeir telja að horin sé gróðavonin af rekstri verksmiðjunnar, fjárhagsáhættan sé gífurleg, en ekki verði með öðrum hætti en þessum hægt að koma í verð raforku frá Sigöldu. Þeir réttlæta fyrir sér stuðninginn við fyrirtæki, sem þeir telja sjálfir að sé bersýnilega „fallit“ fyrir fram, dauðadæmt í fæðingunni, með því að ekki verði með öðrum hætti hægt að koma í verð eða öllu fremur í lóg rafmagni frá Sigöldu. Er þá næst að vitna aftur í fyrrgreinda útreikninga Þjóðhagsstofnunar á arðsemi verksmiðjunnar.

Hefði verksmiðjan, svo sem fyrr er getið, verið í gangi árið sem leið, þá hefði hún keypt raforku frá Sigöldu fyrir um það bil 600 millj. kr. Samkv. þessum útreikningum er það ljóst, að þótt verksmiðjan hefði fengið raforkuna gefins, ekki borgað eyri fyrir hana, þá hefði samt orðið 200—250 millj. kr. tap á rekstrinum. Ef þetta atriði nægir ekki þeim þm., sem tíunda raforkusöluna sem ástæðu, skal lauslega farið út í grundvallaratriðin varðandi raforkusöluna, þau atriði sem skipta máli.

Rafmagnsverðið nú til almennra rafveitna frá Landsvirkjun er um það bil 3.20 kr. á heildsöluverði fyrir forgangsorku. Til járnblendiverksmiðjunnar er heildsöluverðið samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fyrir mér, u. þ. b. 2.20 kr., en hv. þm. Steingrímur Hermannsson skilgreindi áðan aðeins lægra verð, 2.02 kr. og má vel vera að hann hafi þar réttar fyrir sér heldur en ég. Verð afgangsorku til járnblendiverksmiðjunnar er röskir 50 aurar fyrir kwst. Meðalverðið er því 1.20 kr. samkv. skiptingunni á milli forgangsorku og afgangsorku sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson tilgreindi áðan. Nú er að vísu um það deilt, hvort verðið á forgangsorkunni sé framleiðslukostnaðarverð eða rétt undir framleiðslukostnaðarverði. Enginn heldur því fram, að ágóði sé af því verði. Það er um það deilt, hvort hér sé um að ræða framleiðslukostnaðarverð eða verð sem sé aðeins undir framleiðslukostnaðarverði. Við höldum því fram, alþb.-menn, að það sé undir framleiðslukostnaðarverði. En þetta er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er það, að gengið sé út frá meðalverðinu, reiknað út frá meðalverðinu, sem er um það bil 1.20. Ástæðan fyrir því, að við verðum að reikna út frá meðalverðinu, er sú, að skilmálarnir, sem afhending umframorkunnar er háð í sölusamningi, eru þess háttar, að ekki er um að ræða afgangsorku, heldur öllu fremur forgangsorku sem háð er skilmálum. Í Noregi er orka, sem seld er með sambærilegum skilmálum, seld á verði sem nemur 70—75% af verði óskilorðsbundinnar forgangsorku. Þetta er staðfest í meginatriðum í bréfi Orkustofnunar til Alþ., bréfi því sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson vitnaði í áðan. Í þessu sama bréfi er vakin athygli á því, að forgangsorkuverðið, sem ætlunin er að veita járnblendiverksmiðjunni, er algert grunnverð, á það leggst ekki söluskattur né heldur verðjöfnunargjald sem lagt er á alla raforkusölu frá Rafmagnsveitunum til neytenda. Með þessum hætti verður Járnblendifélagið undanþegið öllum greiðslum til samfélagsins í þeirri mynd sem verða mætti til þess að kosta ýmsar sameiginlegar raforkuframkvæmdir.

Viðurkennt er að orkuverðið, sem Járnblendifélaginu er ætlað að greiða, er hið langlægsta sem þekkist í Evrópu og mun lægra en það sem tíðkast í Noregi. Bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans sagði sjálfur í útvarps- og sjónvarpsviðtölum hér að orkuverðið, sem íslendingar byðu norðmönnum væri 50% lægra en það sem fáanlegt væri í Noregi. Þess vegna fyrst og fremst væri það sem Norræni fjárfestingarbankinn teldi að hægt ætti að vera að reka málmblendiverksmiðjuna á Íslandi þrátt fyrir mun hærri flutningskostnað bæði á hráefni og unninni vöru heldur en á meginlandi Evrópu.

Fyrst raforkusölusamningurinn við málmblendifélagið er svona óhagstæður eins og ég held fram og við alþb.-menn, þá kemur spurningin til þeirra stuðningsmanna verksmiðjunnar, sem vita þó að þeir eru í öðrum atriðum að gera rangt: Hvað eigum við þá að gera við orkuna frá Sigöldu? Svarið getur að lesa í þessu fyrrnefnda bréfi Orkustofnunar. Markaðurinn fyrir þessa orku er fyrir hendi á landi hér. Aðeins þarf að nýta hann. Samkv. útreikningum mun 200 gwst. sala Landsvirkjunar til almennra nota á landi hér færa fyrirtækinu 600 millj. kr. tekjur. 200 gwst. sala Landsvirkjunar til almennra nota á því verði, sem fyrir það er greitt, mundi færa fyrirtækinu 600 millj. kr. tekjur. En salan á 440 gwst. til Járnblendifélagsins mun gefa af sér rösklega 600 millj. kr. tekjur eða álíka miklar tekjur og 200 gwst. sala til almennra nota. Þörf fyrir alla orku Sigöldu er fyrir hendi á hinum almenna markaði, og væri hafist handa nú um bætt dreifikerfi með samtengingu gætum við komið þessari orku allri á almennan markað fyrir árið 1979, en járnblendiverksmiðjan á að taka til starfa ef úr verður. Þörfin er hvarvetna. Á Vestfjörðum einum er markaður fyrir 120 gwst. eða rúmlega helming þess magns sem selja þarf til þess að ráðstafa verðmæti orkunnar sem fyrirhugað er að selja til þess að jafngilda kaupgetu járnblendiverksmiðjunnar. Á Snæfellsnesi, í Dölum vestur og norður um Húnavatnssýslur er þörf fyrir álíka orku. Er þá komið fram yfir þá orkusölu til almennra nota sem til þess þarf að jafngilda orkusölunni til járnblendiverksmiðjunnar að fjárhæð, og væri þá eftir óráðstafað næstum helmingi orkunnar sem væri þá hægt að útdeila ókeypis ef með þyrfti.

Í bréfi Orkustofnunar, því sem áður hefur verið á minnst oftlega, því sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson minnti á, segir orðrétt:

„Vakin er athygli á því, að hér er lögð til grundvallar orkuspá fyrir landið í heild og hún borin saman við vinnslugetu Sigöldu og Kröflu. Slíkt er að því leyti óraunhæft nú, að landið er enn ekki samtengt í einn raforkumarkað. Við vitum að Sigalda ein sér verður ekki í reynd fullnýtt að orku árið 1978. En mikilvægt er að gera sér grein fyrir því, að ástæðan til þess er ekki sú, að orkuþörfin sé ekki fyrir hendi, heldur sú, að flutnings- og dreifikerfi

landsins er ekki í stakk búið til þess að koma orkunni, sem ekki nýtist frá Sigöldu, til þeirra notenda sem þurfa á henni að halda."

Það ríkir m. ö. o. offramboð á orku í einum hluta landsins samtímis orkuskorti í öðrum hlutum landsins.

Að þessari aths. Orkustofnunar lesinni má það blasa við hverjum manni, að það er ekki af tilviljun að fyrirætlunum um línulagnir og samtengingu orkukerfisins hefur verið drepið á dreif. Ástæðan fyrir því að seinkað hefur verið öllum framkvæmdum á þessu sviði er beinlínis sú, að verið er að undirbúa markað fyrir stóriðju á landi hér. Ef markaðurinn innanlands væri nýttur, ef því fé eða broti af þeim upphæðum, sem nú er vélað um beinlínis og óbeinlínis til stóriðjuframkvæmda, hefði verið varið eða yrði varið til þess að dreifa raforkunni um landið til þess að nýta innlenda markaðinn til eðlilegra nota, þá væri beinlínis engin orka aflögu fyrir stóriðnað á Íslandi. Ef markaðurinn til eðlilegra, náttúrlegra innanlandsnota væri nýttur, þá væru íslendingar ekki aflögufærir um orku til stóriðnaðar. Sannleikurinn er nefnilega sá, að áður en fyrirhuguð járnblendiverksmiðja í Hvalfirði gæti tekið til starfa árið 1979 verður orðinn bæði orkuskortur og aflskortur í landinu.

Okkur var sagt það, þegar fiallað var um Union Carbide-málið fyrir tveimur árum, að ekki yrði unnt að samtengja raforkukerfið og treysta dreifilínur fyrir innanlandsmarkað í tæka tíð áður en Sigalda tæki til starfa. Hitt var þó sagt, að ef hafist hefði verið handa um hetta þá þegar, þá hefði því starfi nú verið lokið að því marki að hægt hefði verið að koma Sigöldurafmagni, sem nú er tiltækt umfram þrýnustu þarfir, inn á innlendan markað. Og hið sama er unnt á teningnum núna, ef hafist væri handa af fullum krafti við uppbyggingu dreifikerfisins nú, þá yrði lokið heim línulögnum, sem til þess þarf að ráðstafa orku Sigöldu á eðlilegan innanlandsmarkað, áður en járnblendiverksmiðjan gæti tekið til starfa.

Það var tilgreint sem ein höfuðástæðan fyrir því, að við yrðum að gera samninginn við Union Carbide á sínum tíma um málmblendiverksmiðjuna, að verksmiðja þessi ætti að vera orðin kaupandi að rafmagni um líkt levti og Sigölduvirkjun tæki til starfa, en ógerlegt mundi vera að koma upp af tæknilegum ástæðum dreifikerfi sem nægði til að dreifa þessari orku frá Sigöldu til þeirra landshluta, þar sem orkuna skorti. Nú eru vélar Sigöldu byrjaðar að snúast, en járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði er ekki farin að kaupa frá heim raforku. Hefðum við tekið þá pólitísku ákvörðun þá að hefja línulögnina af krafti og afli og hefja störf við styrkingu dreifikerfisins af orku, þá gætum við nú þegar komið orku frá Sigöldu til þeirra landshluta, þar sem hessa orku skortir, og sparað fólkinu, sem þar býr, stórkostleg útgiöld, enda hótt við seldum orkuna til húshitunar á því verði sem hún er nú seld til nevtenda á orkuveitusvæði Landsvirkjunar. Og vel að merkia, hetta var hægt að gera fyrir minna fé en ætlað er til járnblendiverksmiðjunnar, og markaðurinn, sem tæki við orkunni, gæti greitt næstum tvöfalt hærra verð fyrir orkuna, þannig að viðskipti Landsvirkjunar við hina innlendu aðila yrðu allt að því tvöfalt hagstæðari en reikna má með að viðskiptin verði við járnblendiverksmiðjuna.

Um þann hluta málsins, sem lýtur að markaðshorfunum, arðsemi hins fyrirhugaða fyrirtækis og orkusölusamningnum til þess, hefur verið fjallað ítarlega í Nd. Aftur á móti fór það svo, að í iðnn. Nd. var litt fjallað um þá þætti verksmiðjumálsins sem lúta að mengunarhættu og þeirri hættu sem heilsu starfsmanna þessa fyrirtækis verður búin af völdum innri mengunar. Ástæðan fyrir því, að litt sem ekki var fjallað um þessa hlið málsins í iðnn. Nd., er hv. þm. ljós. Svo var til gildrað að gögn frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, sem vann að undirbúningi starfsleyfis fyrir verksmiðjuna, voru þm. þeirrar d. óheimil. Umsögn Heilbrigðiseftirlitsins til heilbrrh., þessi bók hérna, var afhent í tveimur eintökum hér í þinghúsi nú fyrir tiltölulega fáum dögum, eintökin stimpluð sem leyndarmál, og hv. þm. Ingólfur Jónsson, formaður iðnn. Nd. hafði það eftir Hrafni lækni Friðrikssyni, forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins, að efni umsagnarinnar væri þess háttar, að auðvelt væri að misnota það, sem sagt hætta á því að hv. albm. misnotuðu það með því að slíta það úr samhengi, þess vegna væri betta afhent sem trúnaðarmál eða leyndarmál í tveimur eintökum. Það kostaði svo snarpar umr. utan dagskrár í Nd., sem tóku nær því allan starfstíma d. þann daginn, og það var knúið fram að hæstv. heilbrrh. lýsti yfir því, að hann teldi að hér væri ekki um þess háttar trúnaðarmál að ræða að hv. albm. væri ekki treystandi til að fara sæmilega með það.

Ef í starfstímum er talið þarf ég ekki að kvarta undan því, að hv. formaður iðnn. hafi ekki ætlað sæmilegan tíma til þess að fjalla um þennan hátt verksmiðjumálsins í iðnn. Ed. Þar var fiallað allítarlega um betta mál sérstaklega, að því er mér telst til í næstum 6 klukkutíma samtals, og það er að vonum, því að hér er um að ræða, þar sem er sú vá sem er búin lífríki landsins og heilsu starfsfólks, það tjón sem ekki verður í krónum talið, ekki einu sinni í norskum kr. Í fyrsta lagi telium við þar til heilsutjónið sem fyrirhuguðu starfsliði stofnunarinnar gæti verið búið vegna óhollustu í verksmiðju þessari og á lóð hennar, — gæti verið, sagði ég, í öðru lagi það tjón, sem lífríki Hvalfjarðar og nærsveita og út frá þeim lífríki Faxaflóa og Borgarfjarðar og þaðan í frá landsins alls væri búið eða gæti verið búið af völdum þessa fyrirtækis.

Fyrra sinnið er fiallað var um samninginn við Union Carbide var vissulega brýn ástæða til þess að fialla ítarlega um þessa hlið málsins. Það var gert einnig þá í iðnn. Ed. undir verkstjórn hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Um það atriði var fiallað mjög ítarlega þá eins og nú, en árangurinn af þeirri umfiöllun varð sá, að Alb. kaus að trúa heim staðhæfingum aðstandenda verksmiðjunnar og þá fyrst og fremst náttúrlega hæstv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens og hér í d. staðhæfingum rafmagnsverkfræðingsins, framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs og fulltrúa í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, hv. þm. Steingríms Hermannssonar, — staðhæfingum þeirra

um að mengunar- og sýkingarhætta af völdum þessarar starfsemi yrði sennilega jafnlítil og efnahagslegur ávinningur af fyrirtækinu yrði mikill. Sem betur fer kom það í ljós, áður, að niðurstöður fimm ára starfs þeirra sérfræðinga að útreikningum á glæsilegum efnahagshorfum fyrirtækisins voru rangar. Það kom í ljós áður, svo að ekki þurfti að reyna á sannleiksgildi fullyrðinga þeirra um skaðleysi verksmiðjunnar fyrir umhverfi og heilsu starfsmanna verksmiðjunnar.

Ég hef sagt — og það hefur raunar margsinnis komið fram áður — frá útreikningum Þjóðhagsstofnunar á arðsemi fyrirtækisins, að það hefði verið rekið árið 1976 eða í fyrra með tapi sem numið hefði 800—850 millj. kr. Við ýmsir, sem höfum hvað mestar áhyggjur af mengunarhættunni sem stafar af stóriðjufyrirætlununum, gerðum okkur í nokkra mánuði vonir um að þar með mundu valdhafarnir hafa rökstudda ástæðu til þess að hugsa sem svo, að e. t. v. væri þá ekki heldur mikið að treysta á ummæli hæstv. iðnrh. og ráðgjafa hans um mengunarmálin, fyrst svo hefði tekist til um útreikningana á arðseminni, e. t. v. væri rétt að taka þá hliðina til athugunar líka, þá hliðina sem lýtur að mengunarhættunni og óhollustunni frá þessari verksmiðju. Reyndin varð aftur á móti sú, að þrátt fyrir allt það, sem fram kom í sambandi við efnahagsmálahlið fyrirtækisins, augljóst bullandi tap, fengust þessir ágætu valdhafar ekki til þess að hætta að trúa á útreikninga og staðhæfingar sérfræðinganna, fyrirtækið skyldi sem sagt rísa eigi að síður. Fyrirtækið skal sem sagt rísa þrátt fyrir fyrirsjáanlegt bullandi efnahagslegt tap.

Nú er enn þá brýnni ástæða til að huga vandlega að þeirri hlið málsins sem lýtur að mengunar- og heilsuverndarþættinum, og kemur þar fyrst og fremst þetta til: Starfsleyfi hefur verið gefið út til járnblendiverksmiðjunnar af hálfu ríkisstj., nánar tiltekið af hálfu heilbrrh., þvert gegn ráðleggingum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs í ákaflega veigamiklum atriðum. Sérstakar ráðstafanir voru, svo sem fyrr segir, gerðar til þess að halda leyndri umsögn Heilbrigðiseftirlitsins um starfsleyfið, halda þessari umsögn leyndri bæði fyrir þm. og fyrir Náttúruverndarráði. Fulltrúar í iðnn. Nd. fengu ekki að sjá umsögn Heilbrigðiseftirlitsins um starfsleyfi verksmiðjunnar meðan fjallað var um málið í þeirri n. Fulltrúa Alþb. í n. var synjað um þetta þýðingarmikla skjal allar götur þar til að morgni þess dags sem iðnn. lagði fram álit sitt í Nd., og málið var tekið þar til umr. áður en fulltrúi Alþb. í n. fengi tækifæri til þess að kynna sér álit Heilbrigðiseftirlitsins og umsögn þess. Honum var afhent umsögnin, og ef þið haldið að tíminn frá því um hádegi til kl. 2, er þingfundur var settur, hafi getað nægt, þá getur hér sem sagt að líta umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins til heilbrrh., skjalið sem afhent var í einu eintaki í iðnn. Nd. á fundi sem byrjaði kl. 11 að morgni þess dags sem málið var tekið til umr. í d., fundi sem stóð til hádegis. Er kvartað var um þessi vinnubrögð gekk formaður iðnn. Nd., Ingólfur Jónsson, fram fyrir skjöldu, svo sem fyrr sagði, og staðhæfði að hér væri um að ræða trúnaðarmál. Síðar vík ég að því, hversu nákvæmlega satt þetta var hjá Ingólfi Jónssyni. En síðan gengu fram í Nd. forustumenn Framsfl. og Alþfl. og vitnuðu með Ingólfi Jónssyni í þessu máli, lýstu því hversu innvirðulega þeir hefðu gengið úr skugga um að starfsleyfi verksmiðjunnar væri í fullkomnu samræmi við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins, áður en þeir undirrituðu álit meiri hl. iðnn., þar sem mælt er með frv. óbreyttu. Létu þeir með fylgja og þá auðvitað alveg sérstaklega formaður Alþfl., að þeir hefðu alls ekki mælt með samþykkt frv. ef Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefði ekki verið ásátt um veitingu starfsleyfisins.

Hér á eftir mun ég leiða að því gild rök, með hvaða hætti starfsleyfið var knúið fram í heilbrrn., að verulegu leyti gegn vilja Heilbrigðiseftirlits ríkisins, af því að Heilbrigðiseftirlit ríkisins fjallaði alls ekki um útgáfu starfsleyfisins í þeirri mynd sem það var út gefið, fékk ekki einu sinni að sjá það áður en það var gefið út, og enn fremur sýna fram á það, að starfsleyfið brýtur í mjög mörgum þýðingarmiklum atriðum gegn umsögn Heilbrigðiseftirlitsins og miklu margfalt meira en hv. þm. Steingrímur Hermannsson vildi vera láta í framsöguræðu sinni áðan.

Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins voru að sjálfsögðu ekki kvaddir til viðtals í iðnn. Nd. er fjallað var um þetta mál þar. Ástæðan fyrir því að umsögn Heilbrigðiseftirlitsins fékkst ekki lögð fram í iðnn. Nd. var fyrst og fremst sú, að öllu var til kostað að koma í veg fyrir að iðnn.-mönnum Nd. yrði það ljóst, að hve miklu leyti starfsleyfi verksmiðjunnar var gefið út í trássi við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Með þessum hætti var frv. þrýst í gegnum Nd. án þess að það fengi að koma í ljós í hve veigamiklum atriðum starfsleyfið stríddi gegn umsögn Heilbrigðiseftirlitsins. Maður eftir mann gekk fram úr hópi formælenda járnblendiverksmiðjunnar og hafði það eftir forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins, að hann væri ánægður með starfsleyfið. Ég mun ekki gera tilraun til þess að gefa þessum hv. þm. einkunn fyrir lipra meðferð sannleikans eða hæfileika til þess að snúa við staðreyndum, en ég mun freista þess við þessa umr. að sýna fram á það, svo að ekki verði um villst, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins telur að starfsleyfið sé ekki þess háttar að séð verði fyrir fullkomnustu mengunarvörnum eða fullkomnustu heilsugæslu til handa starfsmönnum, að umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins var sniðgengin, og ég mun færa ykkur sönnur fyrir því, að þetta var gert í þágu Járnblendifélagsins og að beinni kröfu hins erlenda samstarfsaðila. Elkem-Spigerverket. Þá er enn ógetið um þá sérstöku ástæðu, sem ég mun koma betur að síðar í ræðu minni, fyrir því að fjalla nú ítarlega um mengunar- og heilsugæsluhlið málsins, að hér gengur hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen þvert gegn yfirlýstum vilja mikils meiri hluta íbúanna á Hvalfjarðarsvæðinu, þar sem yfir 80% allra þeirra, sem til hefur náðst, hafa lýst formlega yfir andstöðu sinni við verksmiðjuna. Þetta gerir ráðh. þrátt fyrir margyfirlýsta stefnu í þá veru sem fyrr er getið, þó að við látum gott heita að hann takmarki þessa

yfirlýsingu nú við eyfirðinga eingöngu, að ekki sé rétt að reisa verksmiðjur af þessu tagi þar í sveit sem íbúarnir séu slíku andsnúnir. Og ef það skyldi svo koma í ljós í þokkabót á morgun, eftir umfjöllun hæstv. ríkisstj. um beiðni íbúa hreppanna sunnan Skarðsheiðar í lögsagnarumdæmi fyrirhugaðrar verksmiðju, að ríkisstj. synjaði þeim um það litla tóm sem til þess þarf að þeir geti látið í ljós á lýðræðislegan hátt óvefengjanlegan vilja sinn og afstöðu til verksmiðjunnar, þá verður ástæðan til þess að fjalla um þessi mál, sem varða sannarlega líf og heilsu þessa fólks og efnahagslega afkomu þess, hér í d. enn þá brýnni en ella.

En þá komum við að umfjöllun járnblendimálsins í iðnn. Ed., þeirri hliðinni, sem að mengunarmálum lýtur.

Ég hef áður tekið það fram, að ég hef ekki undan því að kvarta að gerð hafi verið tilraun til þess, nema síður sé, að koma í veg fyrir að þessi mál væru ítarlega rædd í iðnn. Ed. Á fyrsta fundi n., hinn 26. þ. m., var umsögn Heilbrigðiseftirlitsins að vísu enn ekki tiltæk fyrir nm. Umsögnin í þessu formi var aldrei lögð fyrir nm., heldur einungis sá hluti umsagnarinnar sem lýtur að sjálfu starfsleyfinu, tillögum Heilbrigðiseftirlitsins um starfsleyfið. Það var ekki fyrr en forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins hafði lýst yfir því skorinort á nefndarfundi, að hann teldi það til vansæmdar fyrir alþm. að fjalla um útgáfu starfleyfisins og um heilbrigðishlið frv. án þess að hafa lesið þetta plagg, það var ekki fyrr en forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins hafði lýst yfir þeirri skoðun sinni að nm. fengu hana í hendur og þá mjög skerta. Fskj. umsagnarinnar, sem getur að finna í þessu hefti, komust ekki í hendur hv. nm. Þessi komust mér í hendur vegna þess að fulltrúi Alþb. í iðnn. Nd. hafði seint og um síðir, eftir að ráðh. hafði lýst yfir að hér væri ekki um leyndarmál að ræða, náð þessu hefti af hv. þm. Ingólfi Jónssyni, heftinu hans, sem hann vildi ekki afhenda af því að hætta gæti verið á því að hv. alþm. misnotuðu efni þess, slitu það úr samhengi. Með þeim hætti komst ég yfir þessa umsögn Heilbrigðiseftirlitsins ásamt fskj. Því var borið við í iðnn. Ed., þó að enn vilji ég bera lof á störf formannsins í n., þá var því borið við af hans hálfu að þessi fskj. væru málinu óviðkomandi, enda svo tæknilegs eðlis að það væri tæpast á valdi alþm. að skilja þau. Það má vel vera að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, formaður iðnn., geti rökstutt þetta álit sitt á greind og þekkingu alþm., en fskj., sem undan er stungið við afgreiðslu málsins, greina m. a. frá sjúkdómum þeim sem starfsmönnum fyrirhugaðrar verksmiðju er hætta búin af ef ekki verður farið að ráðum Heilbrigðiseftirlitsins um öryggisráðstafanir út í ystu æsar. Þar getur einnig að líta lýsingar á þeim hættum sem lífríki landsins er búið af völdum verksmiðjunnar ef ekki verða uppfyllt skilyrði Heilbrigðiseftirlitsins um varnir gegn ytri mengun. Ég staðhæfi það eftir lestur þessarar umsagnar með fskj., að enginn alþm. geti lagt dóm á það við atkvgr. án þess að lesa umsögn Heilbrigðiseftirlitsins ítarlega með fskj., hvorir hafi rétt fyrir sér, ráðh., sem gefur út starfsleyfi til verksmiðjunnar, að verulegu leyti í trássi við Heilbrigðiseftirlit og Náttúruverndarráð, eða Heilbrigðiseftirlit ríkisins, sem telur að alls ekki séu gerðar sjálfsagðar og nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja heilsu starfsmanna við fyrirhugaða verksmiðju né heldur til þess að tryggja lífríki umhverfisins gegn tjóni af völdum verksmiðjunnar. Mér er kunnugt um það, að fáir alþm. í þessari hv. d. hafa fengið þá umsögn Heilbrigðiseftirlitsins í hendur sem getur að finna ásamt fskj. í þessari bók, e. t. v. enginn nema ég og svo hv. formaður iðnn., Steingrímur Hermannsson, sem ég ætla að hafi fengið annað tveggja eintaka sem komið var hingað í þetta virðulega hús. Ég efast ekki um að það muni koma í ljós við umr., nú við 2. umr. í þessari hv. d., að Steingrímur Hermannsson hafi lesið þessa bók ítarlega.

Ég vil aðeins víkja aftur að þeirri staðhæfingu, að bók þessi eða fskj. séu e. t. v. of tæknilegs eðlis til þess að hægt sé að ætlast til þess að óbreyttir alþm. geti lesið þau sér að gagni yfirleitt. Þessum skelk var greinilega skotið í bringu hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, formanns þingflokks Framsfl., sem lýsti yfir því við umr. í Nd., að hann hefði ekki lagt út í það að kynna sér þessa hlið málsins þar sem hann hefði ástæðu til þess að ætla að hún væri svo tæknilegs eðlis að ekki þýddi fyrir sig að glugga neitt í það mál. Ég er alveg viss um það, og það af reynslu minni af þm. í Ed., að umsögnin er ekki tæknilegri en svo, að allir þm. Ed. muni verða nokkurs vísari af því að lesa þessa bók, þeir sem nenna því, þeir sem er ekki gersamlega sama um efni hennar, þeir sem ekki stendur gersamlega á sama um álit Heilbrigðiseftirlits ríkisins á þessu máli vegna þess að þeir eru staðráðnir í því að greiða atkv. með því, hvað sem það kostar.

Ég neita því ekki, að sum fskj. eru býsna torlesin, en ég lái öðrum þm. ekki að gera það sem ég gerði, að leita nokkuð til orðabóka og uppsláttarrita til þess að komast í gegnum þau, ef þeir kæra sig um að kynna sér þetta mál þannig að þeir hafi leyfi til þess að greiða atkv. um málið hér í deildinni.

Þá kom það í ljós við umfjöllun á fyrsta fundi iðnn., að Náttúruverndarráð fékk ekki í hendur til umfjöllunar starfsleyfi heilbrrh. fyrr en að morgni þess sama dags sem iðnn. Ed. kom saman, þ. e. a. s. morgni 26. apríl, sama daginn og formaður Náttúruverndarráðs, Eysteinn Jónsson, kom á fund iðnn. Ed. ásamt Árna Reynissyni framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs og Vilhjálmi Lúðvíkssyni efnaverkfræðingi, fulltrúa í Náttúruverndarráði. Þá kom einnig í ljós að Náttúruverndarráð hafði alls ekki verið kvatt til viðtals við iðnn. Nd. er fjallað var um málið, enn fremur hitt, að bréf, sem Náttúruverndarráð hafði ritað varðandi skilyrði sín fyrir starfsleyfi til Íslenska járnblendifélagsins, bréf sem Náttúruverndarráð hafði ritað iðnn. Nd., dags. 8. júlí 1975, 22. okt. 1976 og 26. nóv. 1976, fylgdu ekki með plöggum iðnn. Nd., sem send voru iðnn. Ed. varðandi málið, komu þar ekki fram fyrr en á síðasta fundi n. 30. apríl eða í fyrradag.

Til þess að fjalla um starfsleyfið, þ. e. a. s. hollustuhætti og mengunarvarnir verksmiðjunnar,

komu á fund iðnn. þegar á fyrsta fundinn eftirtaldir menn: Hrafn V. Friðriksson læknir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur stofnunarinnar, Páll Sigurðsson læknir, ráðuneytisstjóri heilbrrn., og Eysteinn Jónsson, formaður Náttúruverndarráðs, og þeir Árni Reynisson og Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, svo sem fyrr var getið. Enn komu í sama skyni á fund n. á laugardaginn var, síðasta fund n., þessir sömu aðilar, að þeim Árna og Vilhjálmi undanskildum, og svo til viðbótar þeim, sem áður var getið, Ólafur Ólafsson landlæknir. Þessa sömu fundi sat svo sem aðra fundi n. Jón Steingrímsson forstjóri Járnblendifélagsins.

Strax í upphafi fyrsta fundar spurði ég Hrafn Friðriksson lækni, forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins, hvort rétt hefði verið eftir honum haft, að hann væri ánægður með starfsleyfið sem heilbrrh. hefði veitt málmblendiverksmiðjunni, og vitnaði orðrétt í ummæli Ingólfs Jónssonar, Benedikts Gröndals og fleiri þar að lútandi. Hann sagði að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefði ekki einu sinni fengið að lesa starfsleyfið í uppkasti, það sem út var gefið, hvað þá að Heilbrigðiseftirlitið hefði tekið þátt í að semja það. Hann kvaðst hafa sagt aðspurður, að hann teldi starfsleyfið ekki slæmt miðað við það hvernig að því var unnið, en því færi víðs fjarri að hann teldi að með starfsleyfinu væri framfylgt kröfum Heilbrigiðseftirlitsins um fullkomnustu mengunarvarnir. Síðan gerði hann grein fyrir því, með hvaða hætti var að því unnið að knýja fram þetta starfsleyfi.

Forstöðumaðurinn byrjaði með því að lesa upp fyrir nm. þá grein samnings Járnblendifélagsins við Elkem-Spigerverket sem skýrir þessi vinnubrögð. Þetta er 4. efnisgr. í 9. gr. samningsins á bls. 29, þskj. 187, fskj. með frv., en 9. gr. fjallar um umhverfis- og öryggismál. 4. efnisgr., sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins vitnaði í og las fyrir okkur til sannindamerkis um það, með hvaða hætti var unnið að umhverfismálunum í sambandi við starfsleyfið, er svo hljóðandi:

„Í samræmi við ákvæði þessarar gr.“ — þ. e. a. s. um umhverfis- og öryggismál — „í samræmi við ákvæði þessarar gr. hefur Járnblendifélagið sótt um starfsleyfi frá heilbr.- og trmn. Járnblendifélagið skal leitast við að afla þess leyfis með skilmálum, sem hluthafarnir geta fallist á, svo fljótt sem unnt er.“

Forstöðumaður Heilbrigðieftirlitsins sagði, að forustumenn Járnblendifélagsins hefðu svo sannarlega ekki látið sitt eftir liggja að knýja á um það, nota þrýsting til þess að útvega starfsleyfi, sem hluthafarnir gætu fallist á, svo fljótt sem unnt var. Vikjum að því síðar, hvað hann átti þar við, því að það kom síðar í ljós.

Stjórn Járnblendifélagsins sótti um starfsleyfið 7. sept. í haust sem leið. Með umsókninni fylgdi krafa um að starfsleyfið yrði afgreitt fyrir miðjan nóv. Starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins eru tveir, Hrafn V. Friðriksson læknir, forstöðumaður stofnunarinnar, svo sem áður getur, og Eyjólfur Sæmundsson efnaverkfræðingur. Þeir lögðu nótt við dag í undirbúning umsagnar sinnar um leyfið og samningu uppkasts að starfsleyfi og leituðu samstarfs við Náttúruverndarráð og aðra þá aðila, sem tilskildir eru í lögum og reglugerðum. Forstöðumaður Heilbrigðieftirlitsins lýsti markmiðum stofnunar sinnar við samningu þessarar umsagnar í stuttu máli á þá lund, að lagt hefði verið hlutlægt sérfræðilegt mat á það, eftir því sem kostur var, hvernig standa mætti að framkvæmd pólitískrar ákvörðunar um járnblendiverksmiðjuna með þeim hætti að gætt yrði fyllstu varúðar um heilbrigðishætti og umhverfisvernd. Annað vakti ekki fyrir starfsmönnum stofnunarinnar. Farið var eftir ströngustu kröfum sem erlendis eru gerðar um þessi efni, þar sem við blasa afleiðingar af hirðuleysi á þessu sviði. Reynt var einnig að taka tillit til sérstakra íslenskra aðstæðna, svo sem til þess, að hér er nú í fyrsta sinn gefið út starfsleyfi til verksmiðjurekstrar sem ekki er fyrir í landinu, þannig að ætla má að þetta starfsleyfi geti orðið fordæmi um gerð annarra starfsleyfa til sambærilegs rekstrar hér á landi og því ákaflega mikið í húfi að á ekkert verði hætt í sambandi við útgáfu þessa starfsleyfis.

Afreksturinn af þessu starfi Heilbrigðiseftirlitsins getur svo að líta í annarri miklu minni bók, þar sem heilbrrn. eða heilbrrh. veitir Járnblendifélaginu leyfi til starfsemi á Íslandi. Umsögnin, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins skilaði af sér, er dags. 10. jan. og ritið hefst á till. Heilbrigðiseftirlitsins að starfsleyfi, eftir að hafa unnið að því frá því í sept. um haustið nótt sem nýtan dag að kanna málið og rökstyðja þetta leyfi. Að vísu var afskiptum Heilbrigðiseftirlits ríkisins af starfsleyfinu ekki þar með lokið. Starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins voru kvaddir til fundar upp í heilbrrn., m. a. með landlækni og fulltrúum frá Elkem-Spigerverket og járnblendiverksmiðjunni til þess að reyna að samræma viðhorf Heilbrigðiseftirlitsins og þeirra til ýmissa mikilvægra atriða í sambandi við starfsleyfið. En það var annars konar starfsleyfi heldur en það sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins lagði til að gefið yrði út, sem heilbrrh. veitti Járnblendifélaginu hinn 5. f. m., 5. apríl. Það starfsleyfi samdi lögfræðingur heilbrrn., *og það er í ýmsum grundvallaratriðum frábrugðið því starfsleyfi*, eins og ég hef áður sagt, sem Heilbrigðiseftirlitið lagði til að veitt yrði. Starfsleyfið, sem gefið var út, úir og grúir af frávikum sem gerð eru í þágu Járnblendifélagsins, eða svo að enn sé vitnað í 4. efnisgr. 9. gr. samningsins við Elkem, a. m. k. allmjög mengað af þeim skilmálum sem hluthafarnir geta fallist á.

Enda þótt Heilbrigðiseftirlitið fengi frumdrög heilbr.- og trmrn. að leyfinu til umfjöllunar í febr. og fulltrúar þess ættu svo fund, sem fyrr var getið, með fulltrúum heilbrrn. og stjórn Járnblendifélagsins og fulltrúum Elkem-Spigerverkets, og þótt þeim frumdrögum væri þokað í áttina til þess í ýmsum greinum sem Heilbrigðiseftirlitið lagði til, þá stendur hitt óhaggað, að leyfi það, sem gefið hefur verið út, er í ýmsum mikilvægum greinum fjarri því að vera jafnstrangt og till. Heilbrigðiseftirlitsins gera ráð fyrir og uppkast að hinu endanlega leyfi var alls ekki borið undir Heilbrigðiseftirlitið, hvað þá meir.

Grg., sem Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir, for-

stöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins, lét iðnn. Ed í té, fjallar m. a. um mismuninn á till. Heilbrigðiseftirlitsins að starfsleyfinu og lýkur á þeim orðum, að kröfur Heilbrigðiseftirlits ríkisins um fullkomnustu mengunarvarnir standi óhaggaðar. Þrátt fyrir mismuninn á starfsleyfinu, sem gefið var út, og till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, þá standa, segir hann í niðurlagi þessarar grg. sinnar, kröfur Heilbrigðiseftirlits ríkisins um fullkomnustu mengunarvarnir óhaggaðar. Í 4. mgr. þeirrar grg. segir að á þeim vettvangi, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson las upp orðrétt áðan, verði ekki gerður samanburður á einstökum till. Heilbrigðiseftirlitsins og ákvæðum í starfsleyfinu, það sé látið öðrum eftir að annast þennan samanburð. Þessir aðrir, sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins lætur þetta eftir, eru vitaskuld fyrst og fremst hv. alþm. sjálfir.

Ég hef fyrr í framsöguræðu minni látið í ljós þann ugg minn, að sárafáir þm. í þessari hv. d. hafi gert þennan samanburð. Raunar er þeim það tæpast láandi, eins og að hefur verið unnið í þágu hluthafa. Þeir hafa í líkingu við hv. þm. Þórarin Þórarinsson, formann þingflokks Framsfl., orðið að láta sér nægja að trúa því sem þeim var sagt, að þá brysti tæknilega þekkingu til þess að skilja umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins um starfsleyfið, láta við það sitja að trúa á vanþekkingu sína, skáka í skjóli hennar og samþykkja það sem þeim var sagt að samþykkja, án þess að hafa hugmynd um hvað það var, í þágu hluthafanna, eins og segir á bls. 29 í fskj. með frv.

Ég hef burðast við að gera þennan samanburð, eins og ég sagði áður, með nokkrum erfiðleikum. Svo kann að fara að ég verði til þess knúinn að lesa fyrir hv. alþm. umsögn heilbrigðiseftirlitsins og bera saman við starfsleyfið, ef í ljós kemur að hv. alþm. í d. hafi ekki, eins og mig uggir, gert þetta sjálfir. Þetta verður talsverð lesning því að umsögn Heilbrigðiseftirlitsins er líklega nærri 180 bls. É er sem sagt, eins og ég hef áður sagt, ósammála því að ástæða sé til þess að ætla að alþm. bresti þekkinguna eða greindina til að skilja efni ritsins, nema þá með sárafáum undantekningum, og ég efast um að nokkur undantekning finnist í þessari hv. d. En í framsöguræðunni ætla ég að láta nægja um sinn, þangað til annað kemur í ljós, að vísa til nokkurra atriða sem á milli ber í starfsleyfinu og till. Heilbrigðiseftirlitsins, og skulu þessi talin helst:

1. Gr. 2.5 í starfsleyfinu, sem varðar bilanir á hreinsibúnaði, ætlar járnblendiverksmiðjunni miklu rýmri tíma til rekstrar án hreinsunar heldur en ráð var fyrir gert í till. Heilbrigðiseftirlitsins. Samkv. starfsleyfinu getur verksmiðjan haldið áfram starfsemi án hreinsibúnaðar, ef bilun verður, að því er virðist um ótakmarkaðan eða lítt takmarkaðan tíma, t. d. í skjóli vinnjarnlegs ráðh. sem e. t. v. yrði tilneyddur að taka tillit til peningalegra hagsmuna fyrirtækisins, hvar svo í flokki sem hann kynni að standa. Með frávarfinu frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og með hinum rýmri ákvæðum er greinilega leitast við að uppfylla þá skilmála hluthafanna sem þeir geta fallist á, eins og komist er að orði í samningnum við Elkem sem er undanfari frv.

2. Gr. 2.7 í starfsleyfinu var breytt í það horf, að úrskurðarvald Heilbrigðiseftirlits og Náttúruverndarráðs varðandi meðferð úrgangsefna er af þessum stofnunum tekið í þágu verksmiðjunnar. Frávikið frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins felst í því, að úrskurðarvald varðandi meðferð úrgangsefna er tekið af Heilbrigðiseftirliti og Náttúruverndarráði. Þar eru felld niður ákvæði Heilbrigðiseftirlitsins um efnagreiningu á hráefnum og úrgangi.

3. Gr. 2.17 er á þá lund, að felld eru niður ákvæði Heilbrigðiseftirlitsins um skyldur Járnblendifélagsins til þess að láta framkvæma umhverfisrannsóknir ef líkur benda til skaðlegra áhrifa frá rekstrinum.

4. Felld eru niður ákvæði Heilbrigðiseftirlitsins um gerð hússins á þá lund t. d., að loft skuli vera heil í verksmiðjunni til þess að hægt sé að einangra skaðlega mengun og tryggja lofthreinsun.

5. Í gr. 2.10 í starfsleyfinu eru heimiluð mun hærri mörk brennisteins í kolum og koxi, sem brennt verður í verksmiðjunni, en þau sem Heilbrigðiseftirlitið leggur til. Í starfsleyfisframdrögum Heilbrigðiseftirlitsins er ráðgert að hámark brennisteins í eldsneytinu megi vera 1.5%, en í starfsleyfinu er kveðið á um að brennisteinsinnihaldið megi vera 2%, og verður nánar vikið að því atriði síðar.

6. Í gr. 2.3 er vikið frá till. um að viðhald á hreinsibúnaði og aðgerðir í bilanatilfellum séu háð samþykki Heilbrigðiseftirlitsins. Heilbrigðiseftirlitið verður sem sé svint valdi til þess að hafa úrslitaáhrif á þessu sviði eða því verður öllu fremur svnjað um vald sem forstöðumenn Heilbrigðiseftirlitsins telja að stofnunin verði að hafa til þess að geta haft úrslitaáhrif á því sviði sem varðar viðhald hreinsibúnaðar og aðgerðir í bilanatilfellum.

7. Í gr. 2.9 er vikið frá till. Heilbrigðiseftirlitsins um flutning, gevmslu og meðferð hráefnis og kveðið á um miklu óvarlegri meðferð málsins heldur en mælt er fyrir um í till. Heilbrigðiseftirlitsins.

8. Í gr. 1.2 og 2.16 er vikið frá till. Heilbrigðiseftirlitsins um nauðsynlegar mengunarrannsóknir.

9. Í gr. 2.2 er gengið fram hjá till. Heilbrigðiseftirlitsins um afkastagetu hreinsibúnaðar.

10. Í gr. 2.4 er hafnað aðild Heilbrigðiseftirlitsins að mælingum á hæfni hreinsibúnaðar.

11. Í gr. 1.1 er veitt starfsleyfi fyrir tvo ofna samtímis í stað eins ofns, svo sem lagt er til í till. Heilbrigðiseftirlitsins, án þeirra skilyrða sem Heilbrigðiseftirlitið setti.

12. Leyft er miklu meira magn, allt að fjórfalt meira magn arsenvetnis en í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Hér er ekki allt tíundað, en þó nóg til þess að ég ætla nú að meðmælendur þessa frv., málsvarar Járnblendifélagsins í þessari d., þurfi á öllum sínum þjóstheilindum að halda til þess að ítreka það, sem skoðanabræður þeirra í Nd. sögðu um það, að starfsleyfi verksmiðjunnar, sem heilbrrh. hefur gefið út, væri í samræmi við vilja Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Það skal hreint ekki dregið í efa, að starfsleyfi til verksmiðjunnar sé gefið út með löglegum hætti að orðanna hljóðan. Það er heilbrrn. eða

öllu heldur heilbrrh. sem gefur leyfið út. En til þess fengum við ráðuneytisstjóra heilbrrn., Pál Sigurðsson lækni, á okkar fund í iðnn. Ed., að hann skýrði okkur frá því, hvers vegna rn. hefði hafnað till. Heilbrigðiseftirlitsins, en í þess stað falið lögfræðingi rn. að semja starfsleyfi handa járnblendiverksmiðjunni. Eg innti hann eftir því, hvaða rannsóknir rn. hefði látið gera, sem það hefði byggt á þær ákvarðanir sínar að óhætt væri að víkja frá till. Heilbrigðiseftirlitsins, eða hverjir þeir sérfræðingar væru sem rn. hefði tekið fram yfir sérfræðinga Heilbrigðiseftirlits ríkisins í þessum atriðum. Eg innti innvirðulega eftir því, hvað ylli því að heilbrrn. veitti leyfi þar sem tekin væri miklu meiri áhætta varðandi mengun frá verksmiðjunni og óhollustu heldur en sú varúð sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins vildi að viðhöfð yrði í till. sínum um starfsleyfi.

Ráðuneytisstjórinn tjáði okkur að rn. hans hefði að sjálfsögðu ekki aðstöðu til þess að framkvæma neins konar rannsóknir. Í ýmsum mikilvægum atriðum hefði verið stuðst við álit landlækna á Norðurlöndum. Hann vakti athygli á því, að tekin hefði verið pólitísk ákvörðun af þar til bærum aðilum um að verksmiðja þessi ætti að rísa, hlutverk rn. hefði verið að kveða á um skilyrði varðandi hollustuhætti og umhverfisvernd sem fyrirtækið gæti risið undir. Hann vakti athygli á þeirri staðreynd, sem okkur er öllum ljós, að tekin var pólitísk ákvörðun um að þessi verksmiðja skyldi rísa. Hlutverk heilbrrn. var síðan að kveða á um það í starfsleyfi eftir bestu getu og bestu yfirsýn, hvernig framfylgt skyldi skilyrðum varðandi hollustu og umhverfisvernd sem fyrirtækið gæti risið undir, sem sagt sem samrýmdist þeirri pólitísku ákvörðun að þetta fyrirtæki yrði stofnað og rekið.

Svar ráðuneytisstjóra var eðlilegt og ég held alveg satt, þegar hann var inntur eftir því, hví rn. heimilaði fjórfalt meiri mengun kísilryks og arsenvetnis en Heilbrigðiseftirlitið lagði til og þá jafnframt miklu meiri mengun þessara efna en leyfileg væri talin í Bandaríkjunum og í Svíþjóð. Þá gat hann þess, að ekki væri búið að lögbinda þessa hörðu staðla í Svíþjóð sem ég ræddi um, og bar þar einfaldlega fyrir sig álit fulltrúa Elkems sem bentu á það sem tíðkaðist í Noregi.

Þegar ráðuneytisstjóri var inntur eftir því, hví heilbrrn. heimilaði fjórðungi meiri mengun brennisteinssýrlings en Heilbrigðiseftirlitið lagði til, þá svaraði hann því einfaldlega til, að brennisteinsmengun væri svo lítil hér á landi að ekki munaði um þetta svo að hættulegt gæti talist. Frekari spurningar leiddu þó í ljós, að litla brennisteinssýrumengunin hér nemur 8 þús. tonnum á ári frá svartolíubrennslu og frá álverinu. Brennisteinsmengunin fer þá upp í 10 þús. tonn árlega við tilkomu járnblendiverksmiðjunnar, en hefði þó orðið 500 tonnum minni, ef fylgt hefði verið till. Heilbrigðiseftirlitsins, heldur en hún verður nú með þeim háu mörkum sem leyfð eru í starfsleyfi því sem heilbrrh. hefur gefið út.

Frá því hefur verið skýrt og var m. a. í iðnn., sem ég ætla að satt sé, að fyrir hefði komið í hafátt, þegar hingað standa loftstraumar af meginlandi Evrópu, stóriðjulöndunum þar, að úrfelli hefur verið svo mengað af brennisteinssýrlingi hér að jafna hefur mátt við væga brennisteinssýru. Þess háttar úrfelli hefur komið hér úr lofti þegar andað hefur á suðaustan. Það er rétt, að brennisteinsmengun frá stóriðjulöndunum í Vestur-Evrópu er geysileg. En það skal tekið fram, að það var og er vegna brennisteinsmengunar sem allur fiskur hefur drepist og er löngu dauður í ám og vötnum í Suður-Noregi. Feigðarmörkin eru óþekkt. Menn telja sig fara nokkuð nærri um það, hvernig þau megi vera í andrúmslofti, þau eru þekkt, feigðarmörkin, í vatninu sjálfu, en í andrúmsloftinu varðandi útgufunina eru þessi mörk enn þá óþekkt.

Ég vil aðeins gera hlé á máli mínu, herra forseti, og inna eftir því, hvort hæstv. iðnrh. hafi misst áhuga á frv. því til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði sem hér er til umr. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli á því, að iðnrh. hefur setið hér sem fastast í sæti sínu meðan hv. þm hefur verið að tala, en hefur brugðið sér út núna, og skal ég gera ráðstafanir til þess að hann komi.) Ég vildi gjarnan gera örlítið hlé á máli mínu á meðan iðnrh. er sóttur.

Þá förum við að koma að bókinni. — Já, þá hefur hæstv. iðnrh. heiðrað okkur aftur með því að koma hér í kallfæri við okkur. Að vísu hefði nú e. t. v. verið eðlilegt, af því að ég ónáðaði hann hingað upp til okkar aftur, að ég færi til baka í ræðu minni og læsi honum þann kafla sem hann hefur nú farið á mis við. En þó ætla ég að nægja muni að hann fái þetta í endursögn flokksmanna sinna eða jafnvel að ég leyfi mér að ályktа sem svo, að hann muni ekki vegna þess kafla út af fyrir sig fara á mis við æskileg skoðanaskipti, þótt þetta biði þar til hann fær tækifæri til þess að lesa ræðu mína í þingtíðindum. — En þangað var ég kominn í ræðu minni, er ég greindi frá þeim hugsanlega möguleika að þau 500 tonn af brennisteinssýrlingi sem skakka mun, vegna þess að vikið var frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um leyfilegt brennisteinsmagn í kolum og koxi verksmiðjunnar, — að þessi 500 tonn sem skakka mun, þessi 500 tonn að auki, þ. e. a. s. 2000 tonn af brennisteinssýrlingi út í andrúmsloftið frá verksmiðjunni í stað 1500 tonna, gætu e. t. v. leitt til þess, að brennisteinsmengun í lofti færi yfir þau mörk sem líf í ám og vötnum, þ. e. a. s. fiskar í ám og vötnum á þessu svæði hið næsta verksmiðjunni þola, og væri það atriði eitt út af fyrir sig ærið umhugsunarefni fyrir laxabændur í Hvalfirði og Borgarfirði og allt ofan til litlu snáðanna sem stunda smásilungaveiði á þessu svæði.

Í öllum greinum, þeim sem frá var vikið í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins á þá lund að milda kröfurnar um varúðarráðstafanir í mengunar- og heilsugæslumálum, mun hafa verið farið að kröfu Elkem-Spigerverkets og eins í því efni hvernig Náttúruverndarráð hefur verið sniðgengið gersamlega í undirbúningi og útgáfu starfsleyfisins.

Með nál. minni hl. hef ég lagt fram ljósrit af bréfi sem Eysteinn Jónsson lagði fyrir iðnn. á síðasta fundi n., bréf frá Náttúruverndarráði. Þetta bréf tilgreindi ég áðan sem fskj. með nál. minni hl. Þegar innt var eftir því á nefndarfundi, hvernig á því stæði að Náttúruverndar-

ráð hefði verið sniðgengið svo mjög sem raun ber vitni í þessu máli og hví því væri ekki ætlaður neinn hlutur í eftirliti með umhverfismálum verksmiðjunnar beinlínis, varð Jón Steingrímsson forstjóri málmblendiverksmiðjunnar fyrir svörum og sagði orðrétt: „Norðmenn fórnuðu höndum, þegar minnst var á Náttúruverndarráð".

Ég held að Jón Steingrímsson hafi svarað okkur í fullkominni einlægni öllu því sem við spurðum hann að og eins þegar hann sagði okkur frá afskiptum málmblendifélagsins af ákvæðum starfsleyfisins, þeim afskiptum Járnblendifélagsins sem um getur í 4. efnisgr. 9. gr. samningsins við Elkem, sem er fylgirit frv., þar sem fjallað er um það, með hvaða hætti Járnblendifélagið skuli afla þessa leyfis, með skilmálum sem hluthafarnir geti fallist á. Jón Steingrímsson sagði okkur einfaldlega: Áhugamál okkar var aðeins það, að starfsleyfið yrði þannig úr garði gert að við gætum haldið ákvæði þess og neyddumst ekki til að brjóta þau eða sækja um undanþágur.

Þetta hygg ég að sé sönn lýsing hjá forstjóra Járnblendifélagsins og alveg ærleg. Þetta var það sem fyrir stjórn Járnblendifélagsins vakti, að starfsleyfið yrði þannig úr garði gert að fyrirtækið gæti haldið ákvæði þess og neyddist ekki til að brjóta þau, og þegar hann talaði um það að félagið neyddist ekki til að brjóta starfsleyfið, þá átti hann ekki við viljaverk, heldur að þannig væri um starfsleyfið búið að það samræmdist ekki rekstri verksmiðjunnar, þannig að þeim, sem gert væri að reka þessa verksmiðju, yrði ekki veitt svigrúm til þess að standa við skuldbindingar. Það, sem fyrir stjórn Járnblendifélagsins vakir, en hún fer með umboð hinna norsku hluthafa, er að fyrirtækinu verði ekki settir strangari kostir varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir en fyrirtækið hefur efni á að uppfylla. Þetta er skiljanlegt. En það vekur ýmsar spurningar og ein þeirra er þessi: Hversu harða kosti getur illa statt fyrirtæki fjárhagslega, að maður nú ekki segi „fallit" fyrirtæki, uppfyllt á þessu sviði? Og er líklegt að ráðh. verði hinn strangi eftirlitsmaður um slíkt, þar sem ríkið verður meirihlutaeignaraðili og þó raunar, eins og nú er um hnútana búið, sá aðili sem ætlað er að bera allt það tap, um það er lýkur sem til fellur hjá fyrirtækinu? Er líklegt að ráðh. verði hinn strangi eftirlitsaðili, þar sem svo er um hnútana búið að fjárhagur verksmiðju, sem er að 55% í ríkiseign, er að veði? Og enn ítreka ég þetta: Er líklegt að ráðh. verði hinn strangi eftirlitsmaður, gersamlega án tillits til þess hvar í stjórnmálaflokki sá ráðh. kynni að standa hverju sinni?

Ég vík enn að 4. efnisgr. í 9. gr. samningsins sem ég vona beinlínis að hv. þm. fari að verða leiðir á. Þar segir orðrétt, svo sem fyrr var greint: „Járnblendifélagið skal leitast við að afla þess leyfis" — þ. e. a. s. starfsleyfisins frá heilbr.- og trmrn. — „með skilmálum, sem hluthafarnir geta fallist á." Enn vík ég að þessari grein. Hrafn Friðriksson forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins sagði okkur frá því í iðnn. þessarar hv. d., með hvaða hætti forstjóri Járnblendifélagsins leitaðist við að ná þeim skilmálum af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins sem hluthafarnir gátu fallist á þegar stofnunin byrjaði að fjalla um starfsleyfið eða undirbúning þess á s. l. hausti. Forstjórinn sagði okkur í viðurvist forstjóra Járnblendifélagsins, að hann, þ. e. a. s. forstjóri Járnblendifélagsins, hefði þá gerst alltíður gestur í skrifstofum stofnunarinnar og látið leyfisöflunina mjög svo til sín taka uns þess var óskað af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins, að hann léti af heimsóknum sínum þangað á meðan um málið væri fjallað. Þá hætti hann gersamlega að koma, sagði forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins. Hann má eiga það. Um hitt læt ég ósagt, hvernig hann beitti áhrifum sínum í Heilbrigðiseftirlitinu og hjá landlækni. Nú skal það tekið fram, að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins var ekki með þessu að gefa í skyn að Jón Steingrímsson forstjóri Járnblendifélagsins væri ógeðþekkur maður, enda hef ég staðfestan grun um að hann sé það alls ekki, heldur aðeins að segja okkur frá því með hvaða hætti stofnun hans, Heilbrigðiseftirlit ríkisins, var undir þrýstingi frá stjórn Járnblendifélagsins og þá jafnframt vitaskuld undir þeim pólitíska þrýstingi sem aðstandendur og ábyrgðaraðilar Járnblendifélagsins hlutu að veita um leið.

Ef við lítum svo aðeins á gr. 2.7 í starfsleyfinu og veitum því athygli, að þar hefur nafn Náttúruverndarráðs verið fellt niður, þar sem kveðið er á um aðila er samþykkja skuli meðferð á föstum úrgangsefnum frá verksmiðjunni, en nafn heilbrigðisnefndar Skilmannahrepps sett í staðinn fyrir nafn Náttúruverndarráðs, þá vaknar þessi spurning: Skyldu norðmenn hafa fórnað höndum eitthvað lægra, þegar þeir heyrðu nefnt nafn heilbrigðisnefndar Skilmannahrepps, en þegar þeir heyrðu nefnt nafn Náttúruverndarráðs? Eða skyldu þeir kannske, norðmenn, alls ekki hafa fórnað höndum neitt þegar þeir heyrðu nefnt nafn heilbrigðisnefndar Skilmannahrepps, í þeirri trú að hún yrði eitthvað auðveldari viðfangs varðandi skilmála sem hluthafarnir gætu sætt sig við varðandi frágang á föstum úrgangi frá verksmiðjunni.

Ég hef aðeins drepið á helstu atriðin, sem ber á milli starfsleyfisins, sem heilbrrh. lét lögfræðing sinn semja, að sjálfsögðu í samráði við ráðuneytisstjóra, og þess starfsleyfis, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins lagði til að gefið yrði út. Munurinn er þó miklu meiri, því hann snertir grundvallaratriði málsins sem við skulum íhuga nokkuð, en þó aðeins gefa okkur tóm til þess að íhuga eitt þýðingarmikið atriði sem hér hefur verið nefnt þegar fjallað hefur verið um starfsleyfið sem heilbrrh. hefur gefið út til járnblendiverksmiðjunnar.

Það er deginum ljósara að þetta starfsleyfi brýtur í ýmsum grundvallaratriðum í bága við umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og nú inna þeir hv. þm., sem báru forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins fyrir því í Nd. að hann væri ánægður með þetta leyfi, nú inna þeir mig eftir því, hvort forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins hafi lýst ljósum orðum, skriflega eða undir votta yfir óánægju sinni með útgáfu þessa starfsleyfis. Það hef ég ekki heyrt hann gera, og ég hef ekki séð frá honum plögg upp á það, einfaldlega vegna þess að svo er um hnútana búið að ef hann gengi á þann hátt í berhögg við leyfi sem ráðuneytisstjóri hefur gefið út fyrir ráðh., þá mundi

það samsvara því, eins og í pottinn er búið, að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins segði: Annar hvor okkar verður að víkja úr starfi eða embætti, ég eða ráðuneytisstjórinn. — Það er ekki hlutverk forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins að segja til um það, hvort ráðuneytisstjóri, kollegi hans í læknastétt, hafi gert rétt eða rangt eða ráðh. hafi gert rétt eða rangt. Hlutverk forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins er allt annað. Og ég er ákaflega feginn því, að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins skuli ekki fara út fyrir embættissvið sitt að þessu leyti, vegna þess að ég tel mjög mikils um vert að bæði hann, Hrafn Friðriksson yfirlæknir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins, og Páll Sigurðsson læknir, ráðuneytisstjóri, haldi áfram að gegna þeim embættum sem þeir nú gegna. Hvorugur þeirra er í neinni sök í þessu máli. Hvor um sig er að gegna embættisskyldu, og ég held, að báðir geri það mjög vel. Sökin liggur annars staðar. Sökin liggur hjá þeirri stjórnmálaforustu sem tekið hefur ákvörðun um að þessi verksmiðja, þessi járnblendiverksmiðja, skuli rísa á Grundartanga hvað sem hver segir og hvað sem það kostar.

Þá er hitt enn þá ótalið, sem við alþb.-menn héldum fram er þetta mál var til umfjöllunar hér á þingi fyrir tveimur árum og enn stendur óhaggað, að alls ekki er hægt að rekja járnblendiverksmiðju við Hvalfjörð þótt allrar varúðar sé gætt, allri tækni beitt, það er ekki hægt án þess að stofna lífríki lands og sjávar í voða, án þess að stofna heilsu starfsmanna þess fyrirtækis í nokkra hættu og án þess að valda stórkostlegum spjöllum á byggðasamfélaginu á öllu þessu svæði.

Við umfjöllun málsins hér á þingi fyrr og aftur nú hefur verið minnst á fund sem hæstv. iðnrh. hélt á sínum tíma að Leirá í Leirársveit til kynningar á því ágæta kompaníi sem þá skyldi stofnað og raunar var stofnað í félagsskap við Union Carbide. Önnur tilraun hygg ég að ekki hafi verið gerð til þess að kynna málmblendiverksmiðjuna fyrir íbúum sveitanna þarna í lögsagnarumdæmi Járnblendifélagsins. Það væri alger tímasóun og óafsakanlegt að fara að rifja hér upp enn einu sinni söguna um Leirárfundinn, enda skiptir hún sem slík ekki ákaflega miklu máli þegar við ræðum frv. það sem hér er til umfjöllunar í dag, enda hefur mikið vatn ómengað enn þá runnið til sjávar um Hvalfjörð, og síðan hafa líka birst skýrslur Heilbrigðiseftirlits ríkisins um mengun frá álverinu í Straumsvík, fyrsta erlenda stóriðjuverinu hér á landi, sem þeir hinir sömu aðilar, sem nú fullyrða að ekki stafi hætta af fyrirhugaðri járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, fullyrtu að alls engin mengunarhætta stafaði frá. Það eru sömu aðilarnir sem fulyrtu að ekki stafaði hætta af álverinu sem nú ætlast til þess að menn trúi þegar þeir segja að engin mengunar- eða heilsufarshætta stafi af járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Og það má svo rétt aðeins fljóta með til upprifjunar, að viðbrögð forustumanna Alusuisse á landi hér við aðfinnslum Heilbrigðiseftirlitsins vegna mengunarinnar í Straumsvík voru þau að gera hróp að starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins og kalla þá vinstrisinnaða öfgamenn sem væru á móti stóriðju. Þau ummæli lét forstjóri Alusuisse-fyrirtækisins hér á landi útvarpið flytja og sjónvarpið flytja af munni sér fyrir landslýð fyrir skemmstu. En hvað um það, það var sjálfur heilbrrh., Matthías Bjarnason, sem flutti eigi að síður skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins um álmengunina hér á Alþ. Það var heilbrrh. sjálfur, sá maður sem gaf út fyrrnefnt starfsleyfi fyrir járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, það var hann sjálfur sem flutti hér inn á Alþ. skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins um mengunina frá álverinu í Straumsvík. Og nú er best að halda áfram og gera þá játningu, að það hvarflar ekki að mér að heilbrrh. Matthías Bjarnason vilji menga land sitt eða valda starfsmönnum í fyrirtæki hættu á heilsutjóni. Það hvarflar ekki heldur að mér að hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen vilji slíkt. Það hefur aldrei hvarflað að mér. Það er allt annað sem fyrir honum vakir. En ég hygg að þeir séu báðir sekir um sinnuleysi á þessu sviði, vítavert sinnuleysi. Og enn hefur mér ekki gefist tími til þess að láta lögfræðinga kanna það, hvort svo kynni ekki að fara að ráðh. sá, sem hefur gefið út þetta starfsleyfi í trássi við vilja Heilbrigðiseftirlits ríkisins í mörgum alvarlegum greinum, hvort sá ráðh. kynni ekki að verða skaðabótaskyldur til þeirra manna sem einhvers kynnu í að missa, annaðhvort í eignum eða heilsu, vegna útgáfu þessa starfsleyfis ef illa skyldi fara með þessa verksmiðju.

Síðan þetta gerðist hefur hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen verið til þess knúinn hér í d. með upprifjun á ummælum í febr. í vetur — ekki að lýsa yfir því, heldur gefa það mjög sterklega í skyn, að hann ætlaði ekki borgfirðingum, slíkir sem þeir eru, búandkörlum í hreppunum fjórum sunnan Skarðsheiðar, þann rétt sem hann hefur tíundað eyfirðingum til þess að ráða því sjálfir hvort stóriðjuver rísi í héraði þeirra eða ekki. Ég hef ekki hugmynd um það og vil engu um það spá, hvernig borgfirðingar muni una þessari yfirlýsingu ráðh., hvernig þeir muni una þeirri flokkun sem hér hefur átt sér stað á þegnlegu gildi þeirra með þessari hálfgildings yfirlýsingu ráðh.

En minna vil ég ráðh. á þau tilmæli mín er málið kom hér til 1. umr., að hann léti það berast, sem eðlilegt er, til forstöðumanna samstarfsaðilans norska, Elkem-Spigerverkets, láta það berast til þeirra, sem Lúðvík Jósepsson, formaður þingflokks Alþb., lýsti yfir við umr. í Nd., að komist Alþb. til slíkra áhrifa sem til þess þarf, þá verður þessum samningi við Elkem-Spigerverket um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði rift. Samsvarandi yfirlýsing hefur áður verið birt af hálfu Alþb. og var þó þá við rammari reip að draga, þar sem er samningurinn við breta og vestur-þjóðverja 1961. Þá var því lýst yfir af hálfu Alþb., að kæmist flokkurinn til þeirra áhrifa, þá yrði þeim samningi rift, og við það var staðið. Ég held, að það væri aðeins heiðarlegt að þessum skilaboðum yrði komið til forustumanna Elkem-Spigerverkets og þeim þá líka greint frá því, sem augljóslega er satt, að fyrirtæki þetta virðist vera á Grundartanga í algerri óþökk heimamanna. Hver veit nema þeir hjá Elkem-Spigerverket hafi heyrt sögu af því, hvernig þingeyingar hafa fjarlægt

mannvirki sem þeir telja löglaus og staðið hafa í óþökk í þeirra sveitum, og ímyndi sér þá e. t. v. að álíka móður sé í borgfirðingum?

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal vera ákaflega stuttorður nú við þessa umr., nema frekara tilefni gefist til, eins og ég var við 1. umr. málsins. Við höfum átt þess kost, eins og þegar hefur komið fram af framsöguræðum beggja nefndarhluta, að yfirheyra þá sem eftir var óskað, alla sem til náðist, um málatilbúnað þann sem að baki þessu frv., sem hér liggur fyrir, var viðhafður.

Heilbrrh. hefur gefið, eins og á hefur verið minnst, út starfsleyfi til handa járnblendiverksmiðjunni sem að formi til og efnislega er í höfuðdráttum byggt á till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, en þó með nokkrum frávikum, eins og þegar hefur verið rækilega fram tekið.

Iðnn. Ed. hefur, að ég hygg svo tugum klukkustunda skiptir í s. l. viku, setið á fundum til þess að fá þar fram skýringar á nauðsynlegum atriðum í hinu veitta starfsleyfi.

Ég leyfi mér að fullyrða hér, að aldrei fyrr hafi íslensk stjórnvöld gefið út starfsleyfi til handa iðnaði hér á landi sem svo mikil vinna hefur verið lögð í eins og við útgáfu þessa starfsleyfis. Ég hafði hálfpartinn búist við því af frsm. minni hl. hv. iðnn. deildarinnar, að þeir alþb.-menn eignuðu sér þennan vandlega undirbúning að starfsleyfinu og legðu mest upp úr þeim sigrum sem þeir hefðu unnið með hinu öfluga atfylgi sínu að undirbúningi starfsleyfisins. En svo er ekki. Þeir leggja heldur höfuðáhersluna á það sem talin eru frávik og minni háttar atriði af þeim sem gerst til þekkja. Ég hygg enn fremur að yrðu slík starfsleyfi sett öllum þeim verksmiðjum sem í dag eru reknar hér á landi, og eru þá ekki undanskilin þau iðnfyrirtæki sem nú eru rekin í nánum tengslum við höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, fiskveiðar og landbúnað, þyldu þær ekki kröfur sem farið er fram á við uppsetningu þessarar verksmiðju. Ég hef ekki heldur, þrátt fyrir alllanga samveru við hv. 5. þm. Norðurl. e. í iðnn. og alllanga ræðu hér í kvöld, heyrt hann enn þá tala um nauðsyn þess að endurskoða starfsleyfi, ef þær hafa þá nokkurt, hjá þeim verksmiðjum sem nú þegar eru í gangi eða að farið yrði ofan í kjölinn hjá öllum matvælaiðnaði íslenskum og settar svipaðar og hliðstæðar reglur og það sem farið er fram á við þessa verksmiðju nú. Mér kemur ekki til hugar varðandi þessa verksmiðju, fremur en neinar aðrar sem engum kemur til hugar í dag að stöðva rekstur á, að engin mengun verði frá þessari verksmiðju, og hefur enginn á þeim maraþonfundum, sem við höfum setið í hv. iðnn., sagt eitt einasta orð í þá átt og engum komið það til hugar. Hvaða verksmiðja er það hér á landi í dag sem framleiðir ekki einhverja mengun? Deilan stendur um hitt, hve mikil eða lítil hún er. Og það fullyrti hv. ræðumaður hér áðan, að heyrst hefði að engin mengun ætti að stafa frá þessari verksmiðju. Ég hef engan mann heyrt taka þessi orð sér í munn nema hv. 5. þm. Norðurl. e.

Við þær athuganir, sem fram hafa farið í n., og þær upplýsingar, sem ýmist hefur verið beðið um eða lagðar fram við undirbúning málsins og flutning þess nú, hefur ekkert það nýtt komið í ljós sem breytir þeirri afstöðu er ég ræddi um af hálfu okkar alþfl.-manna við fyrri umr. málsins. Þess vegna munum við fylgja frv. áfram, í fullu trausti þess að Heilbrigðiseftirlitið hafi strangar gætur á því, að því starfsleyfi, sem út hefur verið gefið, verði í einu og öllu framfylgt. Með því teldi ég stóran sigur hafa verið unninn almennt varðandi hollustuhætti á vinnustöðum, mengun og óþrifnað og hvers konar annars konar óhollustu sem fylgir slíkum og hliðstæðum iðnaði í landinu almennt, ekki einungis þessari verksmiðju, heldur yrði þá farið ofan í kjölinn almennt á hliðstæðum rekstri hér á landi. Eða er það einhvers virði fyrir Alþ. út af fyrir sig að setja þær reglur hér sem vonlaust er að verði farið eftir, — reglur sem verða pappírsplagg eitt og ekkert verður með gert? Ég tel hitt vera langtum stærra og veigameira atriði fyrir það fólk sem á að búa í návist þessarar verksmiðju og vinna í henni, að þær reglur einar verði settar sem mögulegt er að framkvæma samkv. þekkjanlegum takmörkunum þar um í dag. Í því efni treysti ég Heilbrigðiseftirlitinu fullkomlega til að fylgjast með framvindu mála.

Ég ítreka sem sagt það sem ég sagði í upphafi, að við alþfl.-menn munum fylgja frv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég sé nú enga ástæðu til þess að teygja þessar umr. langt fram á nóttina. Ég hef flutt á þskj. 663 till. til rökstuddrar dagskrár, sem ég mun kynna síðar við umr. þessa máls. Við atkvgr. eftir 2. umr. verður úr því skorið, hvort till. hv. þm. Stefáns Jónssonar um að frv. verði fellt nær fram að ganga, og ég mun því taka þessa till. mína aftur til 3. umr. Ég vil hins vegar, vegna þess að umr. lýkur senn, freista þess að koma hér fram með aðra brtt. sem ég ætlast til að fram fari atkvgr. um við 2. umr. Þessi brtt. er svo hljóðandi:

„Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða:

Áður en lög þessi koma til framkvæmda skal íbúum Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Skilmannahrepps og Leirár- og Melasveitar í Borgarfjarðarsýslu gefinn kostur á að taka afstöðu til byggingar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þátttaka í atkvgr. er bundin við þá sem kosningarrétt hafa til Alþingis. Verði niðurstaðan sú, að meiri hl. þeirra, sem taka þátt í atkvgr., hafnar byggingu verksmiðjunnar koma lög þessi ekki til framkvæmda.“

Eins og ég hef sagt sé ég enga ástæðu til þess að teygja frekar úr þessari næturumr., en áskil mér rétt til að taka síðar til máls. Ég vil hins vegar óska eftir því við forseta, að hann leiti afbrigða svo að þessi brtt. megi koma til atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 676) samþ. með 14 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 2. maí, kl. 6.25 síðdegis.

Kaup og kjör sjómanna, frv. (þskj. 16). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 664).

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 660). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv., sem lagt var fyrir Ed. og hefur verið afgreitt þaðan, felur í sér þrjú meginatriði.

1. gr. fjallar um að veita Iðnlánasjóði aukna lántökuheimild, en í núgildandi lögum er svo ákveðið, að hann megi taka allt að 300 millj. kr. lán. Þessu marki er þegar náð og nauðsynlegt að breyta núgildandi ákvæði, og er hér farið fram á eftir ósk stjórnar sjóðsins að fella þetta hámark niður.

Í sambandi við þessa breytingu er kannske rétt að taka það fram, að meðal þess starfsfjár, sem Iðnlánasjóður fær, eru lán frá Framkvæmdasjóði og hafa þau hækkað mjög nú að undanförnu, úr um 100 millj. upp í 250 millj. á s. l. ári, en í lánsfjáráætlun þessa árs er gert ráð fyrir 450 millj. úr Framkvæmdasjóði til Iðnlánasjóðs. Þessi breyting ásamt því, að hækkað var í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs úr 50 millj. í 150 millj., gerir það að verkum að ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs verður á þessu ári til útlána rúmar 1200 millj. kr., en var árið 1974 um 300 millj. röskar.

Önnur breytingin er varðandi lánadeild veiðarfæraiðnaðar, en fyrir um það bil 10 árum var ákveðið að stofna sérstaka lánadeild veiðarfæraiðnaðar og um leið var ákveðið að sérstakt aðflutningsgjald eða tollur skyldi lagður á sumar greinar innfluttra veiðarfæra. Nú hefur Landssamband ísl. útvegsmanna farið eindregið fram á að þessi tollur verði niður felldur, og þeir aðilar, sem hafa með höndum framleiðslu veiðarfæra hér á landi, hafa tjáð sig samþykka því. Með þessari gr. er því gert ráð fyrir að fella niður þetta gjald, hins vegar starfi lánadeild veiðarfæraiðnaðar áfram.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að bæta inn í lögin nýjum tölulið á þá lund, að Iðnlánasjóði sé heimilt að lána einnig til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum. Við 2. umr. málsins í hv. Ed. fluttu tveir alþm., þeir Eggert G. Þorsteinsson og Jón Árm. Héðinsson till. um að bæta inn í lögin ákvæði um að sérstök deild skyldi fjalla um þessi mál. Að beiðni minni var sú till. tekin aftur til 3. umr. til að kostur gæfist á að ræða hana í iðnn. Ed. milli 2. og 3. umr. og einnig við forráðamenn Iðnlánasjóðs. Náðist samkomulag um það við 3. umr. að bæta við því ákvæði sem greinir í 3. gr. frv.

Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn., og vænti þess, að málið geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Eins og hæstv. iðnrh. greindi frá, fluttu tveir þm. Alþfl. brtt. í Ed. á þá lund að stofnuð skyldi sérstök deild í Iðnlánasjóði til að hafa á hendi það sem kalla mætti hollustulán: til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum. Við teljum að það hefði verið hentugast og sterkast fyrir sjóðinn ef þetta verkefni hefði verið fengið sérstakri deild, en ekki blandað saman við önnur lán. Það getur staðið þannig á að ýmis iðnfyrirtæki hafi tæmt lánamöguleika sína í sjóðnum til almennra framkvæmda, og kynni þá að fara svo, að forráðamenn sjóðsins treystu sér ekki til að lána til þessa verkefnis sem er mjög sérstætt, því að hollustulán eru í raun og veru til þess að bregðast við vaxandi kröfum um bætta starfsaðstöðu og hafa e. t. v. ekki þegar í stað nema óbein áhrif á afköst iðnfyrirtækisins. Þá erum við þeirrar skoðunar, að það mundi mun sterkara að afla fjár í sérstaka deild af því tagi heldur en að hafa þetta allt saman blandað saman. Ég taldi rétt að þetta sjónarmið kæmi hér fram. Engu að síður vil ég láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. ráðh. skyldi taka þessari hugmynd vel. Ég tel að það sé þýðingarmikið skref, sem stigið er með því að setja þetta verkefni inn í lögin um sjóðinn, og ég vænti þess, að það verði hugsað fyrir því að þetta verði meira en bókstafurinn einn.

Við alþfl.-menn höfum flutt mörg mál sem snerta hollustu og öryggi verkafólks og starfsumhverfi, og með flutningi þessarar till. vildum við sýna að við höfum skilning á að umbætur á þessu sviði verða ekki án þess að það kosti fyrirtækin verulegt fé, og við teljum eðlilegt að reynt sé að koma til móts við þessa þörf og útvega það fé.

Í sambandi við þá spurningu sem alltaf vaknar þegar menn leggja til að sjóðir láni meira eða ný deild sé stofnuð: hvar á að afla peninganna? höfum við bent á að Iðnlánasjóður hafi staðið mjög höllum fæti við almenna lánsútvegun. Það er glöggt dæmi að líta á ráðstöfun Framkvæmdasjóðs, sem útvegar lánasjóðum atvinnuveganna fé, á s. l. ári, þegar sjávarútvegurinn fékk hátt á þriðja milljarð, stofnlánasjóðir landbúnaðarins 1.1 milljarð, en Iðnlánasjóður 250 millj. kr. Á þessu ári hefur þessi skipting batnað töluvert Iðnlánasjóðnum í hag, en það á enn þá langt í land að hann njóti jafnréttis við sjóði annarra atvinnuvega. Ef Framkvæmdasjóður breytir þessum hlutföllum, jafnvel þó að það kosti eitthvert rask á heildarlánastarfsemi hans, sem ég tel óhjákvæmilegt að hann geri fyrr eða síðar, þá mundu við það koma viðbótartekjur í Iðn-

lánasjóð sem gætu meira en staðið undir þessu verkefni. Ég vil því leggja áherslu á þýðingu þessa ákvæðis og láta í ljós ánægju með að það skuli hafa verið tekið upp í frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum, frv. (þskj. 539). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 665).

Tónmenntarfræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 403, n. 651). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Menntmn. Nd. hefur fjallað um þetta mál og varð samstaða í n. að öðru leyti en því, að einn nm., Ellert B. Schram, undirritar nál. með fyrirvara. Leitað var umsagnar hjá formanni Skólastjórafélags Íslands og formanni Tónmenntakennarafélags Íslands, og var umsögn þeirra beggja á þann veg að þeir mæltu með samþykkt frv.

ATKVGR.

Till. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skálholtsskóli, frv. (þskj. 592 (sbr. 433), n. 652). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Virðulegi forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt í því formi sem það var lagt fyrir þessa hv. d. og afgreitt frá Ed. Ég vil taka það fram, að Svava Jakobsdóttir, sem skrifar undir nál., gerir það með fyrirvara um viss atriði í frv.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég vil í stuttu máli aðeins skýra frá því, að fyrirvari minn varðar 8. gr. Þar er kveðið á um kostnaðartilhögun, sams konar og hefur verið í lög leidd varðandi Verslunarskólann og Samvinnuskólann, og ég er því mótfallin. Ég hefði líka talið eðlilegt, þegar ríkissjóður leggur svona mikið fram til skólans, að eignaraðild ríkisins hefði verið viðurkennd og menntmrh. hefði skipað formann skólanefndar. Þetta er aths. mínar við frv. Ég vildi láta þær koma fram hér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 20:3 atkv.
7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 20:3 atkv.
9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 21, n. 649, 650). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. á þskj. 650. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Hæstv. forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt, en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. ef þær koma fram.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Að mínu mati hefði menntmn. þurft að velta ýmsum atriðum þessa frv. betur fyrir sér, en vegna þess að ríkisstj. virðist staðráðin í því að senda Alþ. heim á miðvikudag, þá er þetta eitt þeirra mála sem við höfum orðið að afgreiða án þeirrar athugunar sem það hefði þurft við og ég er nánast viss um að öll menntmn. hefði viljað að færi fram. En ég er þó svo hlynnt því að þetta frv. verði að lögum, að ég hef ekki gert við það nema eina aths. og flutt eina brtt. Hún er á þá leið, að liður I í 4. gr. falli niður.

4. gr. fjallar um hlutverk leiklistarráðs, og þar stendur m.a. um hlutverk þess, að það eigi „að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma.“ Mig fýsti að vita hvort nokkuð kæmi fram í frv. um það, hvers konar stefnu hér ætti að framfylgja og þá með hvaða hætti. En þegar ég fletti upp í aths. til að verða einhvers vísari, þá stendur þar aðeins: „Þarfnast ekki skýringar.“ Mér fannst því að það væri vel hægt að misskilja þessa setningu og þarna væri hugsanlega verið að opna leið til þess að mynda einhverja opinbera stefnu sem gæti orðið listamönnum fjötur um fót. Mér fannst enn fremur varla þurfa að taka það fram í lögum, að þetta leiklistarráð skyldi ræða leiklistarmál eða hafa skoðanir uppi um leiklistarmál, og fannst því að athuguðu máli rétt að fella þennan lið niður. Meðflm. mínir báðir eru í menntmn., hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson og Magnús T. Ólafsson. Þeir eru mér sammála um þetta atriði.

Ég þykist þess nú fullviss raunar eftir að hafa lesið till. n., hinar fyrri, sem samdi þetta, að hér er ekki átt við að leiklistarráð eigi að vera með puttana í því sem skrifað er, heldur skuli hér reka leikhús innan frjálsra og framsækinna marka með íslenska leikhúshefð að kjölfestu. Undir þetta hefði ég getað skrifað, en þetta hefði ég viljað fá skýrt í lögunum. Ég tel að það skipti ekki miklu máli fyrir leikhúsráð eða bindi

hendur þess þó að þessi liður falli brott, því að þær skoðanir, sem meiri hl. leiklistarráðs hefur uppi, hljóti eftir sem áður að koma fram í þeirri ráðgjöf sem því er ætlað að veita rn., sveitarfélögum og leiklistarstofnunum. En til þess að fyrirbyggja allan misskilning í framtíðinni tel ég rétt að fella þetta alveg burt. Ég ítreka það þó, að ég hef ekki áhuga á að tefja þetta mál.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég vil nú fyrst leyfa mér að þakka hv. menntmn. fyrir fljóta afgreiðslu á málum menntmrn. sem hún hefur fengið í hendur á síðustu stundu. Ég harma aðeins að þessi hv. d. og hv. menntmn. hennar skyldi ekki einnig fá frv. til l. um Þjóðleikhús. Það var vissulega ætlun mín að einnig það frv. næði hér fram að ganga í þeirri mynd sem Alþ. kysi að hafa það. En það er nú önnur saga. En ég sem sagt vil, fyrst ég kvaddi mér hljóðs út af brtt., nota tækifærið og þakka n. fyrir skjóta afgreiðslu á þessum málum.

Hitt er auðvitað eðlilegt, að það komi upp ýmis sjónarmið og þ. á m. þá um þetta atriði sem brtt. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur og tveggja annarra hv. dm. og nm. fjallar um. Ég er hins vegar ekki sáttur við þessa brtt. Nú skal ég taka það fram, að það er ekki hægt annað en viðurkenna að skýringar eru í knappasta lagi um þessa grein, því að eins og hv. síðasti ræðumaður segir, þá segir í skýringum: „Þarfnast ekki skýringar.“ Hins vegar eru í því fskj., sem prentað er með frv., nál. mþn., nokkuð ítarlegar skýringar einmitt á efni þessarar greinar. En auðvitað eiga þær ekki fyllilega við hana vegna þess að frv. er ekki flutt í því formi sem n. útbjó það. En mér sýnist þó að þessar skýringar eigi í raun og veru fyllilega við greinina að undanskildum tveimur atriðum sem eiga ekki við hana vegna þess einfaldlega að þau atriði, sem þar eru talin, eru ekki í verkahring leiklistarráðsins eins og frv. gerir ráð fyrir honum. Ég álít að 4. gr. væri orðin ansi kollótt, ef það væri fellt niður að leiklistarráð skuli vera vettvangur skoðanaskipta og umr. um leiklistarmál. Aftur á móti verð ég að játa að mér hefur verið bent á, að þetta hefði mátt orða öðruvísi og þessi „skoðanaskipti“ kunni kannske að orka tvímælis. En þessi skolli er kominn inn í málið og er mikið notað og vita raunar allir hvað við er átt þegar talað er um að skiptast á skoðunum og skoðanaskipti. Þá eiga menn við það að ræða málin, en ekki beinlínis að færa skoðanir frá einum manni til annars. Það hefði mátt orða þetta betur, en þetta er komið inn í málið og ég veit ekki hvort það skiptir miklu máli. En mér finnst, að það megi ekki vanta, að leiklistarráð eigi að vera vettvangur umr. um leiklistarmál. Það er náttúrlega meginhlutverk ráðsins að leiða saman menn úr áhugaliði leiklistarinnar til þess að gefa þeim tækifæri til þess að ræða þessi mál. En raunar kom hv. 1. flm. ekki inn á þetta atriði, en mér hefur verið bent á þetta orð.

En aftur á móti þetta efnislega atriði sem hv. 1. flm. minntist á, að ráðið skuli stuðla að stefnumótun, þá vil ég taka það skýrt fram, að hvorki fyrir mér né heldur þeim starfsmanni rn., sem stýrði því nefndarstarfi sem var undanfari þessa frv., vakir á nokkurn hátt að hér sé um það að ræða að móta eins konar bókmenntastefnu í leiklistarbókmenntum. Því fer víðs fjarri. Það, sem fyrir okkur vakir, er eingöngu ytri stefnumótun, ef svo mætti segja, og raunar er nú aðeins talað um að stuðla að. En hvað um það, það er ytri stefnumótun. Og dæmi get ég nefnt hvað fyrir mér vakir og raunar einnig n., því að það kemur fram í aths. á fskj., aths. við gr. eins og n. hugsaði sér hana, en við eigum þarna við skipulagningu á hlutum eins og samstarfi leikfélaga, leikhúsa og skóla, eins og kynningu leiklistar í fjölmiðlum, t. d. stuðla að kynningu á íslenskum leikbókmenntum, einnig að fylgjast með menntun leiklistarfólksins. Leiklistarskóli ríkisins er alveg nýr, og má segja að þetta nám sé í mótun, bæði grunnmenntun, framhaldsmenntun og endurmenntun o. s. frv., o. s. frv. Ég vildi nefna þessi dæmi um atriði sem ég álít að til greina komi undir þessum lið.

Ég hefði nú viljað fara fram á það við hv. flm. að þeir að fengnum þessum upplýsingum um hvað fyrir mér vakir og nánast yfirlýsingu um það, að ekki er á nokkurn hátt stefnt að því að fara að móta bókmenntastefnu á sviði leiklistarbókmennta, þá hefði ég viljað fara fram á að hv. þm. drægju þessa till. til baka. Það eru auðvitað aðeins vinsamleg tilmæli, en annars, eins og fram hefur komið í þeim orðum sem ég hef hér sagt, þá er ég andvígur þessari till.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Af því að ég heyri að hæstv. menntmrh. er mjög í mun að þetta mál tefjist ekki vegna atkvgr. og hugsanlegrar meðferðar í Ed., og eftir þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið hér um þetta atriði, þá mun ég fyrir mitt leyti draga þessa till. til baka, og ég held að ég geti mælt fyrir munn meðflm. Við höfðum pata af því fyrr í dag, að hæstv. menntmrh. hefði af þessu áhyggjur, svo að við vorum búin að bera saman bækur okkar og vildum gjarnan létta einhverjum áhyggjum af önnum kafinni ríkisstj. En ég vil þó ítreka það, að það er mín skoðun að þetta eigi ekki að standa svona í lögum til frambúðar. Ég held að þetta þurfi endurskoðunar við. Ég er ekki sammála hæstv. ráðh. um að það eigi að festa í lögum atriði sem eru alveg sjálfsögð og liggja í hlutarins eðli. Ég veit t. d. ekki hvað leiklistarráð ætti að gera, áður en það tekur ákvörðun um ráðgjöf, annað en ræða um leiklistarmál. En ef þarf að skylda það til þess með lögum, þá er kannske rétt að gera það. En í trausti þess, að þetta ákvæði verði ekki misnotað, drögum við þessa till. til baka.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. flm. fyrir þessa tillitssemi í minn garð og það traust sem þeir á vissan hátt sýna mér í sambandi við yfirlýsingu mína. En út af þessu orði, sem margir hv. þm. fella sig mjög illa við og ég er ekki, eftir að mér hefur verið bent á það, hrifinn af, vil ég leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, hvort það geti ekki skoðast sem leiðrétting á máli að fella þetta orð niður og láta aðeins standa: „að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á

hverjum tíma". Ég leyfi mér að skjóta þessu til hæstv. forseta, en sjálfur treysti ég mér ekki til að sjálfsögðu að úrskurða um þetta.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, vil ég taka fram, að mér þykir það galli á þessu máli hjá okkur að hv. 5. landsk. þm. skuli draga þessa ágætu till. til baka. Ég er hv. þm. og meðflm. hennar hjartanlega sammála. Eins og hv. þdm. glöggt heyra á máli hæstv. ráðh., þá er nú ekki alveg ljóst að nauðsynlegt sé að í þessum lið, I í 4. gr., standi að leiklistarráð skuli stuðla að stefnumótun í leiklist. Til þess að þetta orðalag greinarinnar skiljist þarf sérstakar skýringar sem í raun og veru koma hvergi fram í því þskj. sem við höfum undir höndum. Slíkt orðalag á lagagr. finnst mér að við eigum ekki að samþykkja.

Hins vegar er ég engan veginn mótfallin því, og það liggur raunar í hlutarins eðli, að hlutverk leiklistarráðs hljóti að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál. Hvort það þarf nauðsynlega að vera vettvangur skoðanaskipta skal ég ósagt láta. En fyrst þessi till. er dregin til baka, þá vil ég leyfa mér að flytja skrifl. brtt. við þessa gr. sem hljóðar svo, hún er við 4. gr.:

„Liður I orðist svo:

Að vera vettvangur umr. um leiklistarmál."

Ég leyfi mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till. sem er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 667) samþ. með 22 shlj. atkv.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það getur verið að alþm. hafi ekki tekið eftir því vegna annríkis á öðrum vettvangi, að þetta þjóðfélag er orðið næstum að segja allt saman vettvangur umr. um leiklistarmál. Leiklistarstarfsemi í þessu landi er meiri en í nokkru öðru landi. Árleg aðsókn að atvinnuleikhúsunum er næstum því íbúatala þessarar þjóðar. Og svo eru öll áhugaleikhúsin. Áhugastarfsemi úti um allt land og áhugi fólksins bæði að taka þátt í þessu og koma í leikhúsin er með eindæmum. Hvergi í heiminum er annar eins leiklistaráhugi, önnur eins leiklistarstarfsemi og hér á Íslandi.

Fróðlegt er að velta fyrir sér orsökum þessa. Mér koma í hug vissar skýringar. Sá gamli menningaráhugi, sem bundinn var við okkar fornu sögur öldum saman, beinist nú að leikhúsunum. Við byggjum hér sem sé á gömlum merg. Hinar fornu sögur okkar eru leikrænar bókmenntir. Hvar sem við lítum í fornsögurnar blasa við okkur leiksvið, leikræn atriði, leikræn tilsvör. Hver baðstofa var að vissu leyti leikhús. Sögurnar voru lesnar upp, og það orsakaði enn meiri leikræn áhrif.

Hæfileikinn til að skrifa leikrit og leikrænn áhugi þjóðarinnar þroskaðist í gegnum aldirnar, þrátt fyrir það að þjóðin eignaðist aldrei leikhús. Þetta eins og flest annað gott í menningu okkar eigum við þannig fornsögunum að þakka. Það má nefna ótal staði í fornbókmenntunum sem eru næstum að segja eins og skrifaðir fyrir leiksvið, og ekki bara fyrir leiksvið, heldur líka kvikmyndir. Sögurnar eru næstum að segja eins og kvikmyndahandrit sums staðar.

Upp úr þessum akri sprettur leiklistarstarfsemi nútímans. Og sú kemur tíð, að upp úr þessu sprettur eitthvað stórt í menningu þessarar þjóðar. Þó að við, sem hér stöndum núna verðum þá e. t. v. komnir undir græna torfu, þá kemur sú tíð, að þessi þjóð eignast heimsmeistara í leikritagerð.

Já, þjóðfélag okkar er allt saman að verða vettvangur umr. um leiklistarmál. Og þá er náttúrlega ekki seinna vænna að setja það í lög, að tiltekið ráð, sem heitir leiklistarráð, skuli líka vera vettvangur umr. um leiklistarmál!

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Út af seinustu orðum hv. þm. vil ég leyfa mér að taka fram, að fyrst allir í þjóðfélaginu eru alls staðar að ræða um leiklistarmál hvort sem er, þá finnst mér engu muna þótt það sé í lög leitt að stofnun, sem heitir leiklistarráð, fái í friði að hafa uppi umr. um leiklistarmál, þó að það fari ekki að hafa með höndum stefnumótun í leiklistarmálum fyrir okkur öll hin, það er annað mál.

En satt að segja bað ég um orðið vegna þess, að mér rann svo til rifja hvað hv. þm. var alvöruþrunginn og áhyggjufullur þegar hann sagði, að í þessu þjóðfélagi væri alls staðar verið að ræða um leiklistarmál, og spurði, hvað væri eiginlega að gerast. Ég varð líka dálítið áhyggjufull honum til samlætis og hélt að hann mundi segja næst: Er það virkilega svo, að nú sé að því komið að þessi þjóð biðji aðeins um brauð og leiki? Síðan fór hann að vitna til fornsagna okkar og fann þá skýringu á þessu, að sögurnar væru svo leikrænar að fyrrum hefði hver baðstofa verið leikhús. Ég verð nú að segja að ekki þarf að leita til fornra sagna til þess að finna að hver baðstofa sé leikhús. Ég held að svo sé á hverju heimili. Hvert hús er með nokkrum hætti leikhús, og þinghús er líka leikhús. Og svo að við vitnum til þess leikritaskálds sem hefur notið einna mestra vinsælda á leiksviði í Reykjavík í vetur fyrir utan hv. 5. þm. Vesturl., þá minnir mig að það leikritaskáld hafi mælt, að allt lífið væri leiksvið og allir mennirnir. (Gripið fram í.) Það er nú einmitt Shakespeare, sem ég er að vitna til, hv. þm., vitaskuld. En ég tók fram: það leikritaskáld sem mestra vinsælda hefur notið í Reykjavík fyrir utan hv. 5. þm. Vesturl. En ég þurfti vitanlega ekki að taka fram að það var sjálfur Shakespeare, svo að það eru nokkrar aldir síðan þessi uppgötvun var gerð sem hv. þm. var nú að leiða okkur fyrir sjónir. Og það er rétt að þetta er ákaflega ríkt í fari íslendinga. En ég held að það sé andstætt því, sem íslendingum fellur í geð, að kjósa sérstakt ráð, tilnefnt af ýmsum aðilum og skipað af viðkomandi ráðh. í það og það skiptið, og að slíkt sérstakt ráð sjái um stefnumótun í leiklistarmálum, enda legg ég til að það atriði verði úr greininni fellt.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Úr því að opnað var fyrir brtt. eftir að ég hafði dregið

brtt. mína til baka, þá held ég að það sé ekki ástæða til annars en mín till. komi til atkv. og tek ég hana hér með upp aftur.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Nú er illa farið — hæstv. ráðh. nýbúinn að þakka fyrir að brtt. skuli dregin til baka, og þá verður hann að fara að afneita þökk sinni í næstu ræðu. En ég get ekki varist því að spyrja, þegar farið er að ræða þetta mál og við höfum heyrt það með orðum hv. 5. þm. Vesturl., Jónasar Árnasonar, sem ég tek mikið undir og tel að allt sem hann sagði sé bæði rétt og satt og spaklega, eins og búast má við af þeim félögum, að við höfum leiklistarstarfsemi í þessu landi sem er meiri en í nokkru öðru landi, og þetta er satt og rétt: Þurfum við þá nokkuð á þessu leiklistarráði að halda? Við höfum þá staðreynd fyrir framan okkur, sem þeir félagar hafa líka komið auga á, að hver baðstofa sé leikhús eða hafi verið meðan baðstofur voru hér, og það kom fram hjá okkar ágæta forseta d. að hvert heimili væri það og hv. Alþ. væri það einnig, og þetta skeður jafnvel þó að ekkert leiklistarráð sé. Ég legg til að síðasti tillöguflm. geri nú bragarbót á till. sinni og leggi til að 4., 5. og 6. gr. verði felldar út úr frv. Ég sé ekki annað en það taki miklum bótum með því. Ég fæ ekki séð annað en með 4. gr. t. d. sé verið að gefa þessu ólaunaða ráði allmikið vald til þess að stofna til kostnaðar eða a. m. k. á það að geta stuðlað að því. Þetta getur orðið margra tuga manna ráð með tímanum og jafnvel strax á fyrsta ári ef að líkum lætur. En samkv. 6. gr., þótt þetta ráð sé ólaunað, á að greiða því þóknun fyrir stjórnarstörf og ferða- og dvalarkostnað utanbæjarmanna vegna fundasetu. Ef að líkum lætur og þetta ráð verður jafnáhugasamt og þjóðin öll að sitja og rabba um leiklist og taka þátt í leiklist árið út og árið inn, þá kannske situr hér í Reykjavík eða einhvers staðar annars staðar 20—30 manna hópur og borðar og drekkur út á Matthías Á. Mathiesen og okkur hina hjá þessari þjóð. Og þetta er verið að leggja til þegar talið er að ekki sé hægt að hækka laun við þá lægst launuðu í þjóðfélaginu. Mér finnst svo hjákátlegt og okkur til háborinnar skammar og vanvirðu að vera að troða þessu áfram á síðustu dögum þingsins, að ég vil mjög mælast til þess að einhverjir þm. taki þá brtt. upp með mér að þessar gr., 4., 5 og 6. gr., verði felldar burt úr frv. Þá skal ég láta þetta vera lausn minna mála, ef ég má orða það þannig, og lofa því að fara áfram sem eftir er af þessu frv.

Ég endurtek það, að það besta væri að lofa frv. að liggja alveg. En ég fæ ekki séð annað en aðrar gr. frv. séu frekar til staðfestingar á því, sem þegar er fyrir hendi, og þó með nokkrum brevtingum, en ástæðulaust að taka upp þessar þrjár greinar.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. var að finna að því, að við skyldum vera að eyða síðustu klukkustundum þinghaldsins til þess að ræða um svona ómerkileg mál. Ég vil láta það koma fram hér, að það er ekki sök þess sem flytur þetta mál. Þetta mál var lagt fram til kynningar hér á síðasta þingi, og það var flutt á fyrsta degi þingsins s. l. haust. Ég vil að það komi fram, að það er ekki hans sök að það er til umr. einmitt þessa daga, en hefur ekki hlotið meðferð fyrr á þessu þingi.

Ég vil segja það annars út af þessum brtt., sem nú eru orðnar tvær, að í fyrsta lagi eru ekki einasta skýringarnar svo knappar heldur frv. sjálft svo stutt og fáort, að ég held, hvort sem menn nú draga það út úr frv., að ráðið skuli vera vettvangur umræðna um leiklistarmál ellegar það skuli stuðlað að stefnumótun, að það megi varla við því að kippa út þessum ákvæðum. Ég var búinn að lýsa því, að ég væri andvígur þeirri till. sem kom hér fram fyrst og var síðan dregin til baka og nú tekin upp aftur. Og ég er einnig andvígur till. hv. 5. þm. Reykv.

Ég held að ég verði að skýra örlítið nánar en ég gerði áðan hvað vakir fyrir mér sem flm. þessa frv. fyrir hönd ríkisstj. með þessu ákvæði þarna í 4. gr.: að stuðla að stefnumótun, sem að mínum dómi gæti alveg eins verið að stuðla að skipulagningu eða bættri skipan leiklistarmálanna. Og ég held að ég skýri best, hvað fyrir mér vakir, með því að vitna í aths. mþn. orðréttar, þau atriði sem eiga við frv. eins og það er núna, sem eiga við þau ákvæði sem eru í frv. um verksvið leiklistarráðs, og gera þær um leið að mínum:

„Í gr. eru talin upp og flokkuð nokkur helstu viðfangsefni sem leiklistarráði er ætlað að sinna og munu þau varla þarfnast langra skýringa.

Leiklistarráð á í fyrsta lagi að vera samvinnunefnd og ráð sem opinberir aðilar gætu snúið sér til og leitað álits og ráða hjá um allt það sem varðar þessi mál á innlendum vettvangi.“

Nú hleyp ég yfir þann þátt sem ekki á lengur við, vegna þess að ekki eru öll þau ákvæði um verksvið leiklistarráðs í frv. því, sem hér liggur fyrir, ekki öll þau sömu og voru í frv. mþn. Svo segir:

„Leiklistarráði og framkvæmdastjórn þess er ætlað að fylgjast almennt með menntun leiklistarfólks og þá sérstaklega með framhaldsmenntun og endurhæfingu eða símenntun þess. Þegar talað er um að styðja rannsóknir og nýjungar í leiklistarmálum er einkum átt við tilraunaleikhús, svo og ýmsar aðferðir við rekstur leikhúsa og leikflokka er gefin hafa verið ólík nöfn, en allar stefna að því að forða leikhúsinu frá stöðnun eða afturför, en koma því í nánari snertingu við mannlíf líðandi stundar. Þessu skvld eru rannsóknarstörf í leiklistarmálum, bæði sögulegar rannsóknir og félagsfræðilegar, en hinar síðarnefndu ryðja sér nú mjög til rúms í listum og öðrum menningarmálum. Kynning á leiklist í skólum getur verið með ýmsum hætti. Beinni fræðslu í þessum efnum verður vart komið við í skyldunámsskólum eða framhaldsskólum, nema í formi valgreina, en áherslu verður væntanlega að leggja á heimsóknir leikfélaga í skólum og eigin leiklistarstarfsemi nemenda. Kynning á leiklist fyrir almenning hlýtur einkum að fara fram í fjölmiðlum og sér í lagi sjónvarpi og hljóðvarpi. Möguleikar sjónvarps í þessum efnum eru nær ótæmandi. Námskeið fyrir áhuga-

fólk mundu teljast til þessara verkefna, svo og uppeldisleg leiktjáning sem rutt hefur sér mjög til rúms í öðrum löndum og dæmi eru til um að sé kennd sem námsgrein í kennaraskólum.“

Þá segir hér enn, að hlutverkið sé „að stuðla að eflingu leikritunar og útgáfu leikbókmennta, hvort heldur er í prentuðu eða fjölrituðu máli. Þetta er verkefni sem ekki verður litið fram hjá þegar fjallað er um vanda leikhúss og leiklistar á Íslandi. Leikfélag Akureyrar hefur riðið á vaðið með raunhæfri samvinnu við leikritahöfunda. Væntanlega má finna ýmis úrræði til eflingar leikritunar, bæði með hefðbundnum og öðrum hætti. Það þyrfti að veita leikritahöfundum aukin tækifæri til að afla sér frekari þekkingar á sínu sviði með kynnisferðum og námsvist erlendis og nánari samvinnu og samskiptum við lifandi leikhús og við leikara. Leikritun fyrir sjónvarp er kapítuli út af fyrir sig sem lýtur allt annarri tækni en leikritun fyrir venjuleg leikhús.“

Loks segir hér: Leiklistarráði er ætlað „að stuðla að samvinnu leikhúsa og leikflokka. Mörg mikilvæg verkefni bíða úrlausnar í leiklistarmálum, sem vonir standa til að auðvelda megi lausn á með skipulegri samvinnu þeirra stofnana, félaga og einstaklinga, sem að þessum málum vinna, og samræmingu á störfum þeirra. Er hér einkum átt við skipulagningu leikferða um landið, svo og hin miklu vandkvæði sem eru að verða á að fá leiðbeinendur og leikstjóra til starfa í byggðum landsins. Enn fremur má nefna skipti á leikurum milli hinna ýmsu leikhúsa og leikfélaga.“

Þetta er nefnt hér sem dæmi um hlutverk leiklistarráðs, og það er þetta eða eitthvað þessu líkt sem fyrir mér vakir þegar ég legg til að nefna þarna að stuðla að stefnumótun í leiklistarmálum. (Gripið fram í.) Jú, 4 liðurinn tekur yfir allt milli himins og jarðar. En þegar verið er að setja svona vinnureglur, þá er venjan að telja upp aðalatriðin og hafa svo safnlið í lokin. Það er alveg rétt hjá hv. 5. landsk., að 4. liðurinn er þannig. En þetta rifiaði ég upp nú enn þá betur en ég gerði áðan, til þess að það liggi eins ljóst fyrir og ég a. m. k. treysti mér til að gera grein fyrir því, hvað fyrir mér vakir með þessu ákvæði. Og ég tek skýrt fram, að ég er andvígur báðum þessum brtt. og vænti þess nú satt að segja, að hv. d. skerði ekki þetta orðknappa frv. með því að samþykkja þær aðra hvora og því síður kannske báðar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég skal nú ekki eyða dýrmætum tíma á síðustu dögum þingsins til að orðlengja þetta, þó að þetta mál sé vissulega ekkert ómerkara en hvað annað sem við erum að fjalla um þessa dagana. Ég vil í stuttu máli segja það mína skoðun, að ég held að við ættum ekkert að vera að hrófla við þessu frá því sem meiri hl. n., hv. menntmn., afgreiddi það.

Mér finnst að það hafi komið hér fram misskilningur varðandi rómverskan lið I í 4. gr., þar sem talað er um að hlutverk leiklistarráðs sé að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma. Ég hefði ákaflega vel getað fellt mig við að fella út þetta orð: „skoðanaskipta“, það er nánast það sama og umræður. En hins vegar þetta um stefnumótunina, þá finnst mér það liggja nokkuð í augum uppi, að það er ekki verið að tala um stefnumótun í leiklist, eins og hér kom fram áðan. Það er sitt hvað, leiklist eða leiklistarmál. Og ég tek undir það sem hæstv. menntmrh. sagði, að fyrir mér þýðir þetta nánast það, að rætt er um og reynt að móta stefnuna í framkvæmd og skipulagi leiklistarmála um allt landið. Og ég held að það sé frekar af því góða heldur en hinu gagnstæða. Ég vil líka benda á að þetta leiklistarráð, þótt ég játi að mér finnist það nokkuð fjölmennt, þá gæti það komið ýmsu góðu til leiðar, þ. á m. því, að þarna hefur áhugafólk í leiklist tækifæri til að komast í snertingu við fagmenntaða aðila: leikritahöfunda, tónskáld, lærða leikara, og ég held að fólki úti um landið, sem er að basla við að setja leikrit á svið, oft með undraverðum árangri, væri fengur í því að komast í snertingu og samvinnu við þessa aðila. Það er plús í frv., að þessu ráði er ætlað að koma bara einu sinni saman á ári og það er ólaunað. Að vísu er þarna talað um þriggja manna framkvæmdastjórn, sem vafalaust verður launuð, a. m. k. framkvæmdastjórinn sjálfur, þannig að þarna er vafalaust um einhvern kostnað af hálfu ríkissjóðs að ræða.

Ég rek hér augun í einn aðila sem á að vera aðili að leiklistarráði, en það eru einmitt samtök félagsheimilanna, og það er einmitt það sem ég átti við, samtök félagsheimilanna úti um landsbyggðina, sem yrði gagn að því að hafa samráð og samneyti við fagmenntað leikhúsfólk.

Með tilliti til þess, að við viljum koma þessu áfram, þá fyndist mér að við ættum að stefna að því að afgreiða það eins og það kom frá meiri hl. menntmn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mér fannst ég alls ekki geta látið þetta frv. fram hjá mér fara nema að segja nokkur orð, þó ekki væri nema aðeins vegna þess að ég er mikill áhugamaður um leiklistarmál, þó að ég hafi aldrei samið leikrit eins og þeir félagar Shakespeare og Jónas. Hins vegar fer ég reglulega í leikhúsið, hef að vísu misgaman af, en það er á fimm ára fresti. Annars lærði ég að lesa löngu áður en ég fór fyrst í leikhús, og ég gerði mér það ómak að renna augunum yfir þetta skjal, og ég er ekki viss um að ég hafi orðið mikils vísari, því að ég spurði sjálfan mig: Hvað er það sem okkur vantar helst í þessu landi? Af þessu plaggi væri helst að ráða að okkur vantaði eitthvert nýtt ráð, nógu stórt ráð. Til þess að þetta ráð hefði eitthvað að gera yrðum við að reyna að grafla eitthvað upp hvað við gætum falið því sem verkefni.

Þegar þetta frv. er lesið yfir kemur í ljós að það er ekkert nýtt í 1. gr. og ekki heldur í 2. gr. sem máli skiptir. Ríkið rekur og kostar þjóðleikhús og leiklistarskóla, og svo kemur fjármagn til hinna ýmsu leikfélaga sem þarna eru upp talin. Í 3. gr. er það sem við vitum, að peningar koma til hinna ýmsu leikfélaga. En svo kemur 4. gr., og þá kemur fyrst eitthvað nýtt og það er tilbúningur ráðsins, u. þ. b. 25 manna ráðs. (**Gripið**

fram í: Nei.) Ne-ei, sagði einn hv. þm. Ég er nú ekki viss um að við færum mjög langt frá þessari tölu ef við bara byrjuðum að telja, og ég ætla ekki núna að fara að kenna hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur að telja fyrst mér hefur ekki tekist það fram að þessu. En vil benda henni á að byrja bara aftan frá, eins og ég gerði, og mér fannst það mjög leikræn aðferð að fara aftan að hlutunum að þessu sinni. Og ég komst að því að þarna mundi koma eitthvað um kvarthundrað út úr þessu. Ég kem kannske aðeins að því síðar, hvað í 4. gr. stendur, sem mest hefur verið rifist út af, og meira að segja frægir leikritahöfundar, sem eiga sæti hér á hv. Alþ., hafa haft mjög leikræna tilburði með því að koma inn á sviðið og út af því aftur með bravör, ýmist til þess að flytja brtt. eða draga þær til baka. Þetta hefur verið dæmalaust skemmtileg sviðssetning, og ég er sannarlega farinn að hlakka til að fara á næstu leiksýningu, sem mun hljóta að verða í haust, því að þá eru komin 5 ár hjá mér. Auðvitað þurfti þetta ráð að hafa eitthvað að gera.

Svo er í 5. gr. fjallað um hverjir eiga að vera í ráðinu. Það er auðvitað ósköp eðlilegt að taka eitthvað af því fólki sem er í þessu hvort sem er og vinnur allt að leiklistarmálum hvort sem er. Það eru t. d. þrír frá Félagi ísl. leikara og tveir frá Ríkisútvarpinu. Og ef maður lítur svo strax á næstu grein, sést að það þarf ekki nema þessa aðila, bara fulltrúa frá leikurum og Ríkisútvarpinu, til þess að kalla ráðið saman vikulega af öllu landinu ef þeim sýndist svo. Ég er ekki að segja að það verði gert. Og þá er ég hræddur um að fari að hækka svolítið kostnaðurinn sem hv. þm. Pétur Sigurðsson benti réttilega á. Enda vil ég taka undir það, ég væri tilbúinn til þess að flytja með honum till. um að leggja niður þessar þrjár gr. sem hann nefndi. Þá kemur að því, að þær fyrstu þrjár eru auðvitað í lögum fyrir og eru þá sjálffallnar og þar með frv. allt, því að það er hégómi, allt er hégómi í þessu frv. og eftirsókn eftir vindi, gott ef það er ekki prédikarinn.

Brtt., sem hér var frá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur leikritahöfundi, hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni hrútabana og Magnúsi T. Ólafssyni, hv. þm., fyrrv. ráðh., var það, að liður I félli niður úr 4. gr. Sá liður er um það, að ráðið verði vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðli að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma. Hér í vetur las ég einu sinni briggja blaðsíðna viðtal við heimsfrægan leiklistarmann utan úr heimi, og ég rauk á Þjóðviljann, þegar hann kom út úr póstkassanum hjá mér, til þess að gleypa í mig fræði um leiklistina, því að það var mikill áhugamaður um leiklist, svo mikill áhugamaður um leiklist að hann er giftur leikkonu, sem skrifaði viðtalið. Og ég hélt að ég fengi þar miklar upplýsingar um Shakespeare og alla hans kúnst og leiklistina yfir höfuð. En það var ekki orð um það að finna. Það var hins vegar briggja blaðsíðna runa um nýja heimspeki sem ég er viss um að hv. þm. vita um hvað var. En með tilliti til allra þessara hluta finnst mér það vera furðulegt hugmyndaflug að láta sér detta í hug að klippa út þennan fyrsta hluta 4. gr., sem segir þó hvað þessi samtíningur fólks úr öllum landshornum eigi að tala um. Það gæti kannske farið að tala um eitthvað allt annað þegar það hittist ekki nema einu sinni á ári og engar líkur til þess raunar að það færi að velta þessu fyrir sér. Og ég sé ekki betur en það sé alveg nauðsynlegt að það skipti um skoðanir álíka oft og hv. þm. Svava Jakobsdóttir hefur gert núna á 5 mínútum. En satt að segja, ég verð að segja það þrátt fyrir mikinn leiklistaráhuga, að þá finnst mér þetta frv. vera dæmi um einskæra sýndarmennsku og einskisverða hluti. Fyrri helmingurinn fjallar um hluti, sem þegar eru til, og seinni helmingurinn um hluti, sem mér sýnist vera gersamlega óþarfir. Ég lýsi því hér með yfir, að ég get alls ekki staðið að afgreiðslu svona máls sem er einskis virði að mínum dómi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér heyrist á þessum umr. að menn leggi allir sama skilning í orðið „stefnumótun“ í 4. gr., þ. e. a. s. lið I, sem hér er helst til umr. Ég tek undir með þeim sem lýst hafa nokkurri tortryggni gagnvart þessu orði: Reyndar er ég þeirrar skoðunar, að þetta orð, „stefna“ í leikhúsi, sé eitt af þeim tískuorðum sem mönnum láist oft að skilgreina. Það verður stundum upphlaup í blöðum út af leikhúsunum okkar, atvinnuleikhúsunum, sem eru ríkisstyrkt og styrkt af Reykjavíkurborg, svo að menn þykjast ýmislegt mega um rekstur þeirra segja. Það verður stundum upphlaup út af því að ekki sé nógu ákveðin stefna í leikhúsunum. Ég verð að segja fyrir mig, að þó að ég hafi fylgst töluvert með leikhúsmálum, þá hef ég aldrei áttað mig á því hvað þetta fólk á við, hvað sé „stefna“ í leikhúsi. Og ég er viss um að það eru ekki margir hér í salnum sem átta sig á þessu. Krafa um ákveðna „stefnu“, merkir hún t. d. að það eigi bara að sýna eina tegund leikrita, — leikrit sem geri fólk alvarlegra heldur en það er þegar það kemur inn í leikhúsið, eða þá leikrit sem geri það glaðara þegar það fer út aftur? Stefna gæti það líka verið að sýna ekkert annað en leikrit sem enginn vill sjá. Þá væri greinilega stefnan sú að koma leikhúsinu á hausinn.

Þetta orð hefur yfirleitt enga ákveðna merkingu og ég held allra síst í hugum þess fólks sem mest brúkar orðið. Á þetta að vera einhver pólitísk stefna? Hvorki til hægri né til vinstri heyri ég það játað. Stundum heyrir maður að leikhús eigi að hjálpa okkur til að skilja okkur sjálf, að hjálpa okkur til að skilja okkur sjálf ekki náungann. Enn einn frasinn sem aldrei er skilgreindur.

Svona mætti lengi rekja dæmin um það glamur sem sýnkt og heilagt kveður við í sambandi við leikhús, eins og raunar yfirleitt allar listir hér uppi á þessu landi. Megnið af því spakvitringarausi er innihaldslaust glamur, til þess fram sett að vekja athygli á þeim sem setur það fram.

Ég harma þetta vegna þess að hér er brátt fyrir allt mikið af einlægum áhuga á leikhúsi. En hér er — í blöðum og öðrum fjölmiðlum yfirleitt fjallað um leikhús undir sömu formerkjum eins og skrifað er um leikhús úti í heimi, og margir spakvitringarnir gera sömu kröfur um

leikritaval og gerðar eru úti í heimi, úti í hinum stóru borgum, þar sem aðeins örlítið brot af íbúunum sækir leikhús. Ef við tökum t. d. Lundúnaborg, sem fræg er fyrir sín leikhús, þá sést að ekki nema örlítið brot af lundúnabúum fer yfirleitt í leikhús. Lundúnabúar eru sem sé álíka á vegi staddir menningarlega hvað þetta snertir eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson. Og af þessu fólki er ekki nema örlítið brot sem við mundum nefna alþýðu.

Fyrir nokkrum árum hitti ég aðstoðarleikhússtjóra Þjóðleikhússins breska úti í Dyflinni, Peter Hall held ég að hann heiti eða Peter Brook. Ég var að segja mönnum frá því, hvernig það væri hjá okkur, að t. d. í Þjóðleikhúsi okkar væru heilar sýningar stundum keyptar upp af verkalýðsfélögum. Þetta voru mestu tíðindi sem þessi maður heyrði á þessari leiklistarráðstefnu. Hann talaði mikið við mig á eftir og spurði hvernig við færum að þessu. Ég sagðist ekkert svar hafa við því frekar en öðrum sjálfsögðum hlutum. Þetta væri alveg sjálfsagt og eðlilegt hér uppi, að alþýða manna tæki þátt í leikhúsi, sýndi því áhuga. Hann sagðist hafa barist við það í hau tvö ár, hann var búinn að vera við þjóðleikhús Breta, að hækka prósentu þeirra sem hann nefndi „manual workers" — það eru verkamenn og iðnaðarmenn — og þegar hann kom í þessa stöðu var prósentan einn — 1% af leikhúsgestum breska þjóðleikhússins voru „manual workers". Hitt var yfirstétt samkv. gamalli marxískri skilgreiningu. Alþýða manna kom þarna hvergi nærri. Honum hafði tekist það — og var nokkuð hreykinn af — að hækka þessa prósentu upp í 1.5.

Okkar íslenska leikhús, hvort heldur er litið til atvinnuleikhúsa eða áhugaleikhúsanna, það er leikhús alþýðu, hjóðin öll tekur þátt í þessu. Það er eitt af því sem má vera okkur til hressingar þegar við hugleiðum ástandið í þessu landi okkar, að þarna er engin stéttaskipting. En skrifin hér hjá okkur um leikhús, þau eru tillærð í þessum stóru borgum. Þessir „skribentar" heimta sama leikritaval. Þess vegna varð t. d. þessi rimma núna nýlega út af uppsetningunni á einu leikriti Shakespeares í Þjóðleikhúsinu. Hún var fyrst og fremst út af því, að þarna fékk að ráða maður sem kemur frá hinni stóru London þar sem leikhúsgestir, — þessi yfirstétt sem stundar leikhúsin þar, — eru orðnir dauðhreyttir á gömlu uppfærslunni á gamla Shakespeare. Þetta fólk er búið að horfa á Shakespeare kynslóð eftir kynslóð og heimtar alltaf eitthvað nýtt í uppsetningu. Við erum hins vegar núna fyrst að kynnast Shakespeare. Og Helgi Hálfdanarson bendir réttilega á að það er ekki þetta sem okkur vantar hér. Við erum ekkert orðin hrevtt á leikhúsi, við erum fyrst núna að komast í leikhús. Þess vegna er öll þessi fjöruga starfsemi og öll þessi gleði í kringum leikhús. Þessi hjóð fær loksins núna tækifæri til að njóta þessa og gerir það öll, en ekki aðeins einhver sérstakur hluti hennar.

Og þá kemur aftur að orðinu „stefnumótun". Ef þetta orð merkir það að fjalla um hvernig haga skuli aðstoð við leiklistarstarfsemi, þá er það gott. Ég tala nú ekki um ef það kæmi meiri skilningur á þeirri starfsemi sem á sér stað víðs vegar úti um landsbyggðina, þ. e. a. s. áhugastarfinu. En því miður fer því víðs fjarri að af hálfu löggjafans eða fjárveitingavaldsins hafi komið fram réttur skilningur á því stórkostlega starfi. Ég vil ekki draga úr fjárveitingum til atvinnuleikhúsanna. En starfsemi áhugaleikhúsanna er ekki síður mikilvæg fyrir menningu þessarar þjóðar. Ég vitna til þess sem ég spáði áðan um stórvirki framtíðarinnar. Þau stórvirki munu vaxa úr jarðvegi áhugaleikhúsanna ekki síður en atvinnuleikhúsanna. Bandalag ísl. leikfélaga, stjórn þess er að mínum dómi ekkert þýðingarminna starf en stjórn þjóðleikhúss íslendinga. Í raun og veru eigum við tvö þjóðleikhús, annað hér við Hverfisgötuna, hitt víðs vegar úti um land.

Ég hef að undanförnu verið tíður gestur í samkomuhúsi, leikhúsi hérna á Suðurnesjum, þar sem ekki komast fyrir nema 120 manns, gömlu húsi. En sem leikhús er það til fyrirmyndar. Ég tala nú ekki um hvað áhorfendur eru þar til fyrirmyndar svo og áhugi þess fólks sem tekur þátt í leiksýningunum. Ef stefnumótunin merkir að auka aðstoðina við þessa starfsemi, þessa gríðarlegu þýðingarmiklu starfsemi, þessa starfsemi sem er að mínum dómi meginþátturinn í menningarviðleitni íslendinga í dag, ef „stefnumótun" lofar einhverju um þetta, þá læt ég þetta orð eiga sig. (**Gripið fram í:** Þú lofar engu um það.) Ég viðurkenni að þetta orð mætti túlka í anda mannsins sem kom frá London og sagði okkur alla snekina um hina kynferðislegu söguskoðun og Shakespeare. Annar gæti heimtað að eingöngu væru sýnd „vandamála-leikritin" svonefndu. Kannske leysa hau sum einhvern vanda. En mikið finnst mér stundum vanta í hau einlægnina. Höfundar sviðsetja mannlíf sína, samlíf sína með þessu og hinu, eru þar með kvittir við samvisku sína. Mér kemur í hug saga um frægan höfund sem skrifaði leikrit um gamalt fólk og blutskipti þess í nútímaþjóðfélagi, átakanlegt leikrit, og höfundurinn fékk mikið hrós fyrir það, hvað hann sýndi gamla fólkinu mikla samúð, mikinn skilning. En það sannaðist á höfundinn að hann átti gamla ömmu á elliheimili og hafði ekki heimsótt hana í ein fimm ár.

Ég er feginn því að hafa fengið þetta tækifæri til að koma á framfæri þessum sjónarmiðum mínum. Ég vek athygli á því og ítreka það enn, að kjarninn í menningarviðleitni þessarar þjóðar núna er leikhússtarfsemi og ekki hvað síst áhugaleikhúsið. Og þetta ber að styðja eins og mögulegt er. Þetta er hollt. Þetta er gott. Og ef þessi frvgr. sem við erum hér að tala um, gæti orðið til að styðja betur áhugaleikhússtarfið, en án þess þó að draga úr starfsemi atvinnuleikhúsanna, og ef það, sem ég hef hér sagt, gæti aukið eitthvað skilning manna á þessu, þá tel ég að ég hafi ekki farið erindisleysu upp í ræðustólinn í þetta sinn.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Áður en atkv. verða greidd vil ég í örfáum orðum taka af-

stöðu til þess sem hæstv. ráðh. beindi til mín um orðalag á liðnum, sem auðkenndist með rómverskum I í 4. gr., þar sem segir að hlutverk leiklistarráðs sé „að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma". Skoðun mín á þessu orðalagi: „vettvangur skoðanaskipta og umræðna", er að orðin „vettvangur skoðanaskipta og" geti vel misst sig án þess að merking breytist. Ég sé ekki hvernig vettvangur umræðna getur átt sér stað án þess að þar sé skipst á skoðunum og þar séu uppi mismunandi skoðanir alveg sér í lagi þar sem í hlut á leikhúsfólk.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 650 felld með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EBS, GilsG, PS, RH, SvJ, MÓ.
nei: FÞ, GuðlG, HES, IG, MB, ÓE, PP, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ.
EðS, GS, GHG, IngJ, JónasÁ, KP, LJós, SighB, BGr greiddu ekki atkv.
11 þm. (EKJ, GTh, GF, GÞG, JóhH, JSk, LárJ, SM, MÁM, ÓlJ, PJ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun greiða atkv. á móti greininni í heild og einnig 5. og 6. gr. þegar þær verða bornar upp. Ég tel til bóta hvað sem af þessari grein verður höggvið og segi því já.

Brtt. 667 felld með 12:10 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 20:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SV, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EðS, FÞ, GilsG, GuðlG, GHG, HES, IG, JónasÁ, MB, ÓE, PP, SigurlB, MÓ.
nei: PS, RH.
BGr, EBS, GS, IngJ, KP, LJós, SighB greiddu ekki atkv.
11 þm. (EKJ, GTh, GF, GÞG, JóhH, JSk, LárJ, SM, MÁM, ÓlJ, PJ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er ekki um efnisatriði málsins, heldur hitt, að mér fyndist fara miklu betur á því, að 4. gr. yrði 5. gr. og 5. gr. 4. gr., vegna þess að ef maður les frv. eins og það kemur fyrir, þá kemur allt í einu ákvæði um hlutverk leiklistarráðs, en það liggur ekki fyrir að það sé neitt leiklistarráð til fyrr en komið er fram í 5. gr. Ég segi já.

7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 548, n. 661). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Félmn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, frv. til l. um breyt. á l. um Bjargráðasjóð. Efni þess er í stuttu máli það, að samkv. 10. gr. gildandi laga er svo ákveðið, að fjárhagsaðstoð Bjargráðasjóðs sé fólgin í veitingu styrkja og/eða vaxtalausra lána og sjóðnum því óheimilt að veita lán gegn vöxtum nema því ákvæði gildandi laga sé breytt. Svo er ætlunin að gera með 1. mgr. 1. gr. þessa frv., þ. e. a. s. að heimila sjóðstjórn að taka allt að 10% ársvexti, ef sjóðstjórn telur óhjákvæmilegt.
Félmn. leggur einróma til, að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 619, 633). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal viðurkenna að ég er búinn að tala talsvert um þetta mál, en ýmsar ástæður verða nú til þess að ég óska að segja enn nokkur orð.
Ég vil taka það fram, að ég er enn þá sömu skoðunar og ég lýsti s. l. laugardag, að ekki sé að finna efnisbreytingar í frv. þessu eftir afgreiðslu þess í Ed. Þessar breytingar eru formlegs eðlis, en með nokkru ívafi af orðhengilshætti, eins og ég leyfði mér, held ég, að orða það. Um þetta hef ég enn sömu skoðun. Hins vegar get ég endurtekið, að þessar breytingar eru svo meinlausar og svo smásmugulegar að þær koma ekki að neinni sök. Þess vegna get ég ekki annað en mælt með samþykkt frv. í núverandi búningi.
Aðalbreytingin er sú, að ákvæði, sem fyrr var í 10. gr., er nú í 13. gr. Þetta kalla ég formbreytingu. Smávægilegan orðalagsmun kalla ég á mæltu máli orðhengilshátt. En nú hefur komið í ljós að einn hv. þm., hv. 3. þm. Suðurl., skilur afgreiðslu hv. Ed. sem efnisbreytingu. Hann virðist lesa annað efni út úr núverandi 13. gr. en var áður í 2. mgr. 10. gr. En við skulum líta nánar á efni málsins og tilgang ákvæðisins í núverandi 13. gr. sem áður var 10. gr.
Að mínum dómi er tilgangur hv. Ed. efnislega alveg hinn sami og var tilgangur okkar hér í hv. Nd. En hvað snertir það atriði, sem hér er einkum rætt, er tilgangurinn sá að tryggja þremur tilteknum söfnum í landinu takmarkaðan skylduskilarétt. Og ég vil benda á að þetta er aðalatriðið. Það er að tryggja þremur tilteknum bókasöfnum takmarkaðan skylduskilarétt. Um þetta eru Ed. og Nd. sammála, þannig að efnisbreytingin er í sjálfu sér engin. Og á hverju skyldi þetta nú byggjast? Á hverju skyldi þessi tilgangur byggjast, að tryggja þessum þremur sérstöku bókasöfnum takmarkaðan skylduskilarétt? Hann byggist að öllu leyti á sögulegum ástæðum. Þau söfn, sem hér um ræðir, hafa notið réttar og það lögbundins réttar til að fá ókeypis prentmál allt upp í 90 ár og raunar þar yfir. Ég bið menn að taka eftir því, að Amtsbókasafnið í Stykkishólmi hefur átt þenn-

an rétt síðan 1886, Amtsbókasafnið á Seyðisfirði síðan 1907 og Bókasafnið á Ísafirði síðan 1909, að lög voru samþykkt um það. Það er því misskilningur, sem þráfaldlega kemur fram hjá hv. 3. þm. Suðurl., að verið sé að veita þessum söfnum sérréttindi. Það er öðru nær. Með þeirri löggjöf, sem nú er verið að setja um skylduskil til safna, er raunverulega verið að svipta þessi söfn rétti sem þau hafa haft að lögum í marga mannsaldra. Og hv. 3. þm. Suðurl. veit vel að erfiðleikarnir við að koma þessu máli fram hafa stafað af tregðu margra þm. og þ. á m. innan menntmn. þessarar hv. d. að taka þennan rétt af söfnunum. Um þetta hafa umr. snúist síðustu 2—3 ár a. m. k. Loks fór svo að við í menntmn. hér í þessari hv. d. ákváðum að höggva á þennan hnút. Minni hl. n. vildi samþykkja það alveg óbreytt. Meiri hl. n. lagði til að frv. yrði samþykkt óbreytt að allri höfuðstefnu, þannig að skilaskyldan skyldi miðast við fjögur eintök, sem er fækkun úr 12, en þrjú söfn skyldu njóta takmarkaðrar skilaskyldu, þ. e. a. s. að þeim bæri að fá afhent til varðveislu þau rit sem væru styrkt af opinberu fé. Ætlun okkar var að draga nokkuð úr þeirri réttindasviptingu sem þessi söfn yrðu fyrir eftir að nýtt skipulag kæmist á. Ég vil því enn leggja áherslu á að hér er ekki um sérréttindi að ræða fyrir þessi söfn, heldur í raun og veru um réttindasviptingu. Það er t. d. fjarri því að hægt sé að tala um að þarna sé um að ræða sérréttindi á kostnað Bókasafns Vestmannaeyja. Ef menn kynna sér sögu málsins, þá verður það alveg ljóst. Ég geri alls ekki lítið úr ágæti Bókasafns Vestmannaeyja, og mér finnst ekki lítið til um áhuga hv. 3. þm. Suðurl. á málefnum þess safns. Hins vegar gætir misskilnings í afstöðu hans til þessa máls í heild, og þann misskilning vil ég leiðrétta.

Hv. 3. þm. Suðurl. benti á í ræðu sinni s. l. laugardag, að sá munur væri á orðalagi á umræddum frv.-texta, að Ed. felldi niður orðin „til varðveislu“, og að sú niðurfelling þýddi efnisbreytingu á greininni. Þetta tel ég rangt. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, aðeins blæbrigðamun á orðalagi, sem mun einkum eiga rót sína að rekja til manna utan Alþingis sem reynt hafa með ýmsum ráðum að koma í veg fyrir að ákvæði í þágu hinna umræddu gömlu amtsbókasafna yrði fellt inn í þetta frv. Veit ég að vísu að þessir menn, sem ég er hér að nefna utan Alþingis vilja gömlu amtsbókasöfnunum ekki illt, en formskyn þeirra og sérfræði þeirra segir þeim, að ákvæði þar að lútandi eigi ekki heima í löggjöf um skylduskil til safna. Í þeirra huga hefur orðið „varðveisla“ í þessu frv. svo sérgreinda merkingu, að það á að vera alveg afmarkað fræðilegt hugtak og getur að þeirra dómi ekki átt við aðrar bækur en þær sem geymdar eru í Landsbókasafni, Háskólabókasafni og Amtsbókasafninu á Akureyri. Sem sagt: Sú menningarlega nauðsyn, að prentað mál sé vel varðveitt til síðari tíma og aðgengilegt í þágu fræða og vísinda, er orðin að uppþornaðri sérfræði sem er hætt að skilja mælt mál og ergir sig allra mest út af smámunum. Nú segi ég og hef margsagt, að þessi orðhengilsháttur gerir ekkert til. Ég tek það ekki illa upp þó að orðin „til varðveislu“ séu felld niður úr frvgr., vegna þess að það breytir engu efnislega. Eftir sem áður stendur það sem til er ætlast, að Amtsbókasöfnin á Seyðisfirði og Stykkishólmi og Bókasafnið á Ísafirði halda rétti sínum til að fá ókeypis nokkuð af ritum sem styrkt eru af almannafé, og þar verða þessi rit „varðveitt“ til afnota fyrir safngesti samkv. nánari reglu sem menntmrh. mun setja. Þetta á allt að geta gerst hvað sem líður þyrrkingslegri hugtakasmíð og fræðilegum vangaveltum örfárra bókasafnsfræðinga.

Þó að þetta dæmi sé ekki stórvægilegt, þá er það á sinn hátt spegilmynd af fræðilegri smásmygli og orðhengilshætti og þeirri vísindamennsku sem nennir að standa í deilum um keisarans skegg.

Því betur sem ég hugsa um tillöguflutning hv. 3. þm. Suðurl., því augljósara virðist mér að hann er á misskilningi byggður. Till. hans um Vestmannaeyjasafnið var byggð á misskilningi og till. hans nú er byggð á sama misskilningi. Hann rekur mál sitt á grundvelli kjördæmissjónarmiða, sem ég tel ekki einasta pólitískt óheppileg, heldur í andstöðu við eðli alls þessa máls. Það er í andstöðu við megintilgang laganna um skilaskyldu prentmáls, og það er í andstöðu við þær sögulegu ástæður sem réðu því að menntmn. beitti sér fyrir því að þrjú söfn héldu að nokkru gömlum rétti sínum. Ég mun því ekki greiða atkv. með till. hv. 3. þm. Suðurl., og vona að sú till. verði felld. En ég vil taka það fram að í þessu efni hlýt ég að tala fyrir sjálfan mig, en hvorki sem formaður menntmn. né frsm. fyrir þá n. sérstaklega.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, taldi að tillöguflutningur minn í sambandi við þetta mál væri á misskilningi byggður. Ég held að ef nokkur maður hefur misskilið það sem ég er að fara og meina, þá sé það þessi hv. þm., en ég misskilji ekki frv. eða tilgang þess. Hann byggir afstöðu sína á því fyrst og fremst, að það sé verið að taka barna rétt af hinum þremur söfnum sem eru tilgreind í frv. Það er langt frá því að ég sé að leggja til að nokkur réttur verði tekinn af þeim söfnum. Ég er aðeins að leggja til að fleiri en þessi söfn, sem eru tilgreind, fái sama rétt. Hvi í ósköpunum, þó að eitt safn sé búið að hafa þennan rétt einhvern tíma umfram aðra, má ekki leiðrétta það? Ég segi: Þetta á að leiðrétta og þetta er hægt að gera innan ramma frv. án þess að hreyfa það nokkurn skapaðan hlut meira. Ég tel það hreina meinbægni og alveg furðulega meinbægni hjá hv. formanni menntmn. að vera með slíka túlkun hér á málinu.

Í 13. gr., eins og hún nú er orðin, segir að þeir útgefendur og stofnanir, félög og einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skuli afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu eintökum. Það þýðir, ef við höldum okkur að frv. eins og það er og eins og hv. formaður menntmn. leggur til, að tekin verða til varðveislu fjögur eintök. Í Landsbókasafni eiga að liggja sex eintök — og til hvers? Það getur vel verið að einhverjir haldi því fram, að það

þurfi að liggja sex eintök umfram það eina eintak sem það fær. Ef till. mín verður samþykkt, þá liggja fyrir í bókasafninu, þrátt fyrir það að ekki verði fjölgað skilaskyldunni til þess, þrjú eintök umfram þau eintök sem eru ákveðin sérstaklega í lögunum. Hvað er það betra að láta þessi eintök liggja þar, kannske lítið eða ekki notuð og kannske rykfalla, heldur en dreifa þeim um landið til annarra bókasafna? Það er fólk víðar en í Reykjavík sem kannske vill fletta þessum ritum upp, og það fólk úti á landi á nákvæmlega sama rétt á því eins og þeir sem sækja Landsbókasafnið. Fyrst verið er að dreifa út slíkum ritum ókeypis, þá eiga þessi söfn úti á landi alveg eins rétt á því og fólkið á alveg eins rétt á því og þeir sem búa í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

Ég segi: Þetta er misrétti, það er verið að beita beinu misrétti, og mér þykir það leitt með hv. formann menntmn., sem búsettur er á Akureyri, að hann skuli halda því stíft fram, að þó að bókasafnið í hans héraði hafi haft einhver forréttindi, þá skuli það halda þeim, en megi ekki veita öðrum sama rétt og þetta safn er búið að hafa, að hann segir, í 90 ár. Ég vil benda á það á móti, að það er t. d. með sama rétti hægt að segja að það sé búið að svipta Bókasafnið í Vestmannaeyjum í 115 ár þessum rétti. Bókasafnið þar er 115 ára gamalt, hefur starfað óslitið allan tímann síðan 1862, og ef einhver söfn eiga sérstakan rétt, þá á auðvitað þetta bókasafn í Vestmannaeyjum nákvæmlega sama rétt og hin söfnin sem tilgreind eru í lögunum. Það er ekki lagt til í brtt. að beita neinu misrétti, ekki taka rétt af öðrum og ekki að þyngja skyldukvöðina að neinu leyti. Í till. segir aðeins, að það skuli tekin þrjú eintök úr Landsbókasafni, þá verða fjögur eftir, og þeim skuli dreift til fólksins í landinu til afnota fyrir þá sem það vilja notfæra sér. Mér finnst alveg furðulegt að hv. 1. þm. Norðurl. e., formaður menntmn., skuli ekki geta skilið jafneinfalda hluti og þetta. Maður hlýtur að vera undrandi yfir að þurfa að koma í ræðustólinn hvað eftir annað til þess að leiða hann í þennan einfalda sannleika, að láta ekki þessi eintök liggja ónotuð og rykfallin í Landsbókasafninu, heldur láta fólkið úti á landi á þessum tilgreindu stöðum, fá afnotarétt af þeim.

Ég þarf ekki að tala um þetta lengra mál. Ég sagði, þegar frv. kom aftur breytt hæði að formi til og að mörgu leyti efnislega, að ég teldi þessa till. mína vera leiðréttingu, sagðist telja hana vera einfalda leiðréttingu á svo sjálfsögðu máli eins og það er að vera ekki að mismuna söfnum úti á landi, vera ekki að mismuna landsmönnum. Fyrst skylduskilaréttarinn er fyrir hendi, þá á hann auðvitað að ná sem víðast um landið. Það á að dreifa þessum 10 eintökum sem víðast um landið og ekki vera að mismuna landsmönnum, af því að það er alls ekkert við að gera að halda sex eintökum í Landsbókasafninu. Við vitum öll hvernig um þau fer.

Ég vona sannarlega að hv. þm. skilji þetta svona einfalt mál, þó að mér sé ómögulegt að koma hv. þm. formanni menntmn. í skilning um þetta. Og ég endurtek: Ég er ekki að gera nokkra tilraun til að taka nokkurn rétt af þeim söfnum sem áður hafa haft hann. Þau hafa hann framvegis. Ég er aðeins að koma með leiðréttingu, að þau söfn, sem áður hafa verið svipt þessum rétti og eiga kannske alveg eins mikinn rétt og bókasöfnin sem tilgreind eru, fái þennan rétt núna þegar verið er að breyta lögunum. Mér finnst það ósköp eðlilegt og sjálfsagt þegar hægt er að gera það án þess að íþyngja útgefendum nokkuð umfram það sem lögin annars gera ráð fyrir.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta meira, en vonast til þess og á ákaflega bágt með að trúa öðru en þm. vilji fallast á jafneinfalda till. og hér er flutt til leiðréttingar á frv. eins og það er.

ATKVGR.

Brtt. 633 felld með 14:17 atkv.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 670).

Neðri deild, 86. fundur.

Mánudaginn 2. maí, að loknum 85. fundi.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 660, n. 662). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti, Iðnn. hefur komið sér saman um að samþykkja frv. Einn nm. var fjarverandi. N. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Skálholtsskóli, frv. (þskj. 592 (sbr. 433)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 673).

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 548). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 674).

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frv. (þskj. 666). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég er flm. að þessu frv. og það hafa verið gerðar nokkrar breytingar á því í Ed. Þær eru gerðar með mínu samþykki eða ég fellst á þær fullkomlega. Það hefur verið haft samráð við Slysavarnafélag Íslands um þær. Ég persónulega mæli með því að málið verði látið ganga áfram með áorðnum breytingum frá Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 675).

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 668 (sbr. 506)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Hæstv. forseti. Ég hef rætt við félaga mína í sjútvn. þessarar hv. d., þá sem hér hafa verið staddir í kvöld, 6 af 7. Þegar okkur var skýrt frá því, í hverju sú breyting væri fólgin sem Ed. hefur gert á frv. héðan frá okkur í hv. Nd., vorum við sammála um að láta þessa breytingu annaðhvort afskiptalausa eða mæla með henni eftir atvikum, en leggjast ekki gegn henni. Hins vegar þegar þeir. þeirra Ed.-manna er skoðað, þá kemur í ljós við nánari athugun, að fyrir leikmann er það óskiljanlegt, þannig að ekki stenst það við það sem okkur hafði verið sagt frá. Til þess eina nm., sem virðist í þeirri d. hafa fengið það til meðferðar að ganga frá þessari brtt., hefur ekki náðst enn, svo að ég verð að biðja hæstv. forseta að fresta málinu um sinn meðan reynt er að hafa samband við hann til þess að einhver botn fáist í hvað þessi brtt. býðir.

Umr. frestað.

Neðri deild, 87. fundur.

Mánudaginn 2. maí, að loknum 86. fundi.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 660). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 677).

Sameinað þing, 84. fundur.

Þriðjudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun á opinberri atvinnu- og þjónustustarfsemi, fsp. (þskj. 440). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 440 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. um endurskoðun á opinberri atvinnu- og þjónustustarfsemi.

Eitt af hinum eilífu umræðuefnum stjórnmálanna eru umsvif ríkisvaldsins, aukin völd stjórnsýslu- og embættismanna, útþensla skrifstofubáknsins og afskipti og bein þátttaka ríkisins í rekstri atvinnu- og þjónustufyrirtækja. Umr. um verksvið ríkisins tengjast inn í flesta málaflokka, hvort heldur á dagskrá eru ráðstafanir gegn verðbólgu, skattamál, atvinnumál sem og almennar þjóðmálaumr. um ríkisútgjöld og hlutverk ríkisins í þjóðfélaginu. Enda þótt flestir hinna borgaralegu flokka séu sammála um að hér burfi að sporna við fótum og mjög þurfi að vera á verði gagnvart völdum og umsvifum opinberra stofnana og fyrirtækja, þá hefur lítið verið aðhafst svo að áþreifanlegt sé.

Heilir og öflugir stjórnmálaflokkar gefa út stórorðar stefnuyfirlýsingar þar sem lýst er hálfgerðu og stundum algeru stríði á hendur ríkisvaldinu. Fylgi flokka og örlög ríkisstj. ráðast jafnvel af slíkum yfirlýsingum. En því miður vill oft sárlega dragast að staðið sé við stóru orðin. Aðgerðir eru þá gjarnan meir til málamynda, takmarkaðar og máttlausar.

Hér er ekki alltaf og eingöngu við ríkisstj. og forustumenn að sakast. Stundum er eins og þm., sem eru þó í orði kveðnu andvígir of miklum ríkisumsvifum, hafi gefist upp og verið þvingaðir af því hugarfari, að ekkert sé unnt að framkvæma nema ríkisvaldið eigi þar hlut að máli.

Till. sem daglega berast á borð í hinu háa Alþ. yfir þingtímann, eru ákaflega margar með því marki brenndar, að ríkisstj. eða opinber stjórnvöld skuli beita sér fyrir þessu eða hinu. Lagðar eru fram till. eða frv. sem kalla á starfsemi, kostnað, skriffinnsku eða annars konar aðgerðir af hálfu ríkisins. Þetta á við um þm. allra flokka og ég undanskil sjálfan mig ekki í þeim efnum.

Ekkert er við því að segja að ríkið hafi forustu í félagslegri aðstoð, að tryggingakerfið sé öflugt og komi að raunverulegu gagni, að skólakerfið sé virkt, að haldið sé uppi opinberri þjónustu sem óhjákvæmilegt er í nútíma velferðarþjóðfélagi. En með þessari fsp. er verið að minna á að slík þjónusta og tryggingakerfi eigi ekki að ganga út í öfgar. Það má a. m. k. um það deila, hvort ekki sé komið út í öfgar þegar samþykkt eru lög sem fela í sér tryggingabætur til borgara sem eru efnahagslega svo vel stæðir að slíkar bætur breyta engu um afkomu þeirra. Og það er verið að vekja athygli á því, að ríkið hefur á sinni hendi margvíslega atvinnu- og þjónustustarfsemi sem með góðu móti mætti og ætti að vera í höndum einstaklinga eða félagasamtaka á þeirra vegum. Lítið sem ekkert hefur verið gert til að leggja slík fyrirtæki niður.

ekkert til að endurskoða forsendur þeirra út frá breyttum aðstæðum. Og síðast, en ekki síst er verið að opna augu manna fyrir þeirri alvarlegu staðreynd, að þegar ráðast þarf í nýja atvinnustarfsemi hér á landi sem krefst verulegs fjármagns, þá hafa fáir sem engir einstaklingar eða félagasamtök fjárhagslegt bolmagn til að standa undir eða taka að sér slíka atvinnustarfsemi. Stofnun hlutafélags um saltefnaverksmiðju var gleðileg undantekning frá þessari reglu.

A vegum ríkisins eru nú rekin margvísleg fyrirtæki. Má þar nefna prentsmiðju, útgerð, verkstæði, verksmiðjur, ferðaskrifstofu, lyfjaverslun og grænmetisverslun, svo að eitthvað sé nefnt. Þá á ríkissjóður hlutafé í fjölmörgum fyrirtækjum. Þessi ríkisafskipti hafa lengi verið mér þyrnir í augum og ég undrast þá töf sem orðið hefur á því að slíkur ríkisrekstur yrði tekinn taki og þróun undanfarinna áratuga yrði snúið við. Ég gladdist því mjög þegar fjmrh. gerði þessi mál að umtalsefni í fjárlagaræðu sinni nú í haust og sagði þá m. a.:

„Ég hef áður lagt á það áherslu, að ekki má missa sjónar á því, að allur kostnaður af starfsemi opinberra aðila er borinn sameiginlega af þegnunum, og því er það skylda þeirra, sem með stjórn fara á hverjum tíma að gæta þess, að þeim fjármunum sé varið á sem hagkvæmastan hátt. Sérstaklega er þetta atriði þýðingarmikið þar sem opinber rekstur nýtur ekki sama aðhalds og rekstur einstaklinga og félaga sem er háður samkeppni innanlands og utan.

Eins og ég gat um í fjárlagaræðu minni fyrir árið 1976, hélt hæstv. fjmrh. áfram, „taldi ég nauðsynlegt að athugun færi fram á hvort grundvöllur sé fyrir ýmissi atvinnu- og þjónustustarfsemi sem hið opinbera hefur með höndum og hvort það þjóni betur almannahagsmunum að sú starfsemi skuli vera í höndum einstaklinga eða félaga þeirra. Ekki hefur verið unnt að sinna þessu starfi sem skyldi vegna annarra verkefna sem meiri áhersla hefur verið lögð á í starfsemi rn., en ábendingar hafa verið gerðar um að meta þyrfti að nýju hvort nauðsynlegt sé að reka á vegum ríkisins sérstaka skipaútgerð og ferðaskrifstofu sem ekki sinni öðrum verkefnum en einkaaðilar á sama sviði. Samhliða þessum athugunum tel ég raunar nauðsynlegt að gerð verði könnun á starfsemi og rekstri allra ríkisstofnana, kannað verði hver sé tilgangur með starfi hverrar stofnunar og jafnframt verði skoðað á hvern hátt þeim tilgangi sé náð og hvernig fjármunum, sem löggjafinn ætlar til viðkomandi starfa, sé varið."

Að lokum sagði hæstv. fjmrh. um þetta efni: „Ekki er ástæða til að taka almenna ákvörðun um það í eitt skipti fyrir öll, hver skuli vera hlutdeild ríkisins í atvinnurekstri landsmanna. Ég hef áður gert grein fyrir því og lýst þeirri skoðun minni og leyfi mér að ítreka hana hér, að ríkið eigi ekki aðild í neins konar atvinnustarfsemi í landinu í samkeppni við einstaklinga eða félög, sem sinnt geta þeim störfum á fullnægjandi hátt, heldur láti þeim þau verkefni eftir."

Eftir að hafa innt nokkrum sinnum eftir aðgerðum og efndum í samræmi við þessi ummæli leyfði ég mér að bera fram fsp. hér á hinu háa Sþ., þá fsp. sem hér er á dagskrá, og bar svo við, að sama dag og hún kom fram var gefin út fréttatilkynning frá fjmrn. um skipun nefndar sem framkvæma skyldi endurskoðun á opinberri atvinnu- og þjónustustarfsemi. Um leið og ég fagna þessari nefndarskipun óska ég nú nánari upplýsinga um störf þessarar n., að hvaða verkefnum hún skuli einbeita sér, hvernig störfum hennar verði hagað, hvenær hún ljúki störfum o. s. frv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og hv. 11. þm. Reykv. gat hér í ræðu sinni áðan, kom það fram í fjárlagaræðu minni fyrir árið 1977, að ég teldi tvö meginmarkmið sem unnið skyldi að varðandi endurskoðun og umbætur á opinberri atvinnu- og þjónustustarfsemi ríkisins: 1 fyrsta lagi bæri að kanna hvort ýmis framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefði með höndum, sé betur fyrir komið í höndum einstaklinga eða félaga þeirra. Í öðru lagi að gerð verði könnun á starfsemi og rekstri ríkisstofnana og athugað á hvern hátt settum markmiðum sé náð og hvernig fjármunum, sem ætlað er til viðkomandi starfsemi, sé varið. Enn fremur hef ég lagt áherslu á að hlutur ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslunni fari ekki yfir ákveðið hlutfall og það minnki frá því sem verið hefur. Sem svar við fsp. hv. þm. vil ég segja þetta:

Til að vinna að athugun á hvaða framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefur með höndum, sé betur komið í höndum einstaklinga eða félaga þeirra hefur verið skipuð n. 7 manna. Í þeirri n. eiga sæti Árni Vilhjálmsson prófessor, formaður, Gísli Blöndal hagsýslustjóri, Guðríður Eliasdóttir, formaður Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, Ingi Tryggvason alþm., Jón Arnason alþm., Ólafur Sverrisson kaupfélagsstjóri og Víglundur Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

Ljóst er að hér er um viðamikið verkefni að ræða sem mun taka talsverðan tíma. Hins vegar hef ég óskað að n. geri mér grein fyrir niðurstöðum jafnharðan og verkinu miðar áfram þannig að unnt verði að meta álit hennar eftir því sem tilefni gefst til.

Eins og ég gat um hér að framan er meginmarkmiðið skýrt. Þó ekki sé ástæða til að taka almenna ákvörðun um það í eitt skipti fyrir öll, hver skuli vera hlutdeild ríkisins í atvinnurekstri landsmanna, hef ég lýst þeirri skoðun minni, að ríkið eigi ekki að vera þátttakandi í atvinnustarfsemi í landinu í samkeppni við einstaklinga og félög þeirra sem geta sinnt þeirri starfsemi á fullnægjandi hátt, heldur afhenda þeim þau verkefni. Ljóst er að störf n. munu fyrst og fremst beinast að þeim stofnunum ríkisins þar sem starfsemi viðkomandi stofnunar er í samkeppni við einstaklinga eða félög þeirra. Verk þetta er ekki það langt á veg komið að hægt sé að gera grein fyrir nánari vinnutilhögun né hvaða byrjunarverkefni n. muni taka fyrir.

Annað meginviðfangsefnið á sviði opinberrar hagsýslu er að gerð verði könnun á starfsemi og rekstri allra ríkisstofnana. Kannað verði hver sé tilgangur með starfi hverrar stofnunar og

jafnframt verði skoðað á hvern hátt þeim tilgangi sé náð og þeim fjármunum, sem ætlað er til viðkomandi starfsemi, sé varið. Vinna verður að þessu verkefni í áföngum og taka fyrir á hverju ári ákveðinn fjölda ríkisstofnana. Fjárlaga- og hagsýslustofnun ásamt ríkisendurskoðun mun hafa umsjón með verkefni þessu í samvinnu við viðkomandi fagrn.

Eitt af grundvallaratriðum þess, að hægt sé að vinna að þeim verkefnum sem ég hef lýst hér að framan, er að til séu haldgóðar upplýsingar um viðkomandi starfsemi á hverjum tíma. Hef ég lagt ríka áherslu á að unnið væri að því að til staðar væru upplýsingar sem gæfu fullnægjandi mynd af rekstri ríkissjóðs innan fjárlagaársins. Jafnframt er eigi þýðingarminna að viðhalda stöðugt ströngum aðhaldsaðgerðum í fjárútstreymi hjá ríkissjóði. Gerð greiðsluáætlunar fyrir hvern mánuð fjárlagaársins hjá hverri ríkisstofnun og samanburður við allar útgreiðslur úr ríkissjóði hefur tvímælalaust leitt til þess árangurs sem m. a. kemur fram í jákvæðum rekstrarjöfnuði A-hluta ríkissjóðs á árinu 1976 og að hlutur ríkisins í þjóðarframleiðslunni hefur minnkað hlutfallslega samanborið við 1974 og 1975, og er það ásetningur minn að þessum verklagsreglum verði fylgt fast eftir.

Sú hefð hefur ríkt um árabil, að aðalgreinargerð fjmrh. til Alþ. um fjárhagslega afkomu liðins árs hefur verið flutt í fjárlagaræðu í upphafi þings hvert haust. Hefð þessi mótaðist á sínum tíma af því, að uppgjör ríkisreiknings var ekki lokið fyrr en nokkuð var liðið fram á árið, þannig að í þingbyrjun gafst fyrst tækifæri til slíkrar grg. Síðustu árin hafa miklar umbætur verið gerðar í ríkisbókhaldinu sem gera kleift að skila haldgóðum upplýsingum um afkomu ríkissjóðs á hverjum tíma innan ársins. Á grundvelli bráðabirgðayfirlits ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs árið 1976 var gefin út fréttatilkynning í jan. s. l. og er hún birt sem fskj. með skýrslunni. Í skýrslunni er enn fremur gerð grein fyrir bráðabirgðaniðurstöðum lánsfjáráætlunar fyrir árið 1976, sem varðar lánsfjáröflun á vegum ríkissjóðs. Ljóst er að með gerð lánsfjáráætlunar er stigið veigamikið skref í stjórn íslenskra efnahagsmála og hefur áætlunin reynst mjög gagnlegt stjórntæki til þess að ná settum markmiðum í efnahagsmálum. Að lokum fylgir skýrslunni töfluviðauki sem sýnir aðalflokkun tekna og gjalda ársins, þá yfirlit um afkomu ríkissjóðs árin 1968—1976 samkv. A-hluta ríkisreiknings og samanburði við fjárlög. Þá eru töflur fyrir sama tímabil sem sýna ríkisútgjöld og skatttekjur hins opinbera af vergri þjóðarframleiðslu og að lokum yfirlit um lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir árið 1976.

Þar sem ríkisreikningur 1976, A-hluti í heild sinni, hefur nú verið lagður fram hér á hv. Alþ. og afhentur yfirskoðunarmönnum ríkisins til meðferðar, mun ég ekki að þessu sinni gera nánari grein fyrir tölulegum niðurstöðum sem fram komu í nefndri skýrslu. En ég vildi mjög gjarnan mega nota þennan tíma — með leyfi forseta — til þess að gera grein fyrir helstu niðurstöðum sem fram koma í A-hluta ríkisreikningsins fyrir árið 1976. Ríkisreikningur, A-hluti, hefur aldrei áður verið tilbúinn jafnsnemma árs. Eigi reyndist unnt að þessu sinni að fullgera B-hluta ríkisreiknings á sama tíma. Er svo m. a. vegna þess, að allir ríkisaðilar í B-hluta hafa eigi enn þá fullgert ársreikninga sína. B-hluti ríkisreiknings verður lagður fram á Alþ. strax og þing kemur saman að hausti.

Rekstrarjöfnuður ríkisreiknings var hagstæður um 816 millj. kr. Gjöldin voru 70 milljarðar 508 millj. og tekjurnar 71 milljarður 324 millj. Í skýrslu minni um afkomu ríkissjóðs voru fjárhæðir byggðar á greiðslugrunni tekna og gjalda vegna ársins 1976. Ríkisreikningurinn er gerður upp á rekstrargrunni, þar sem tekið er tillit til óinnheimtra tekna og ógreiddra gjalda á árinu, og verða niðurstöður nokkru hærri en samkv. greiðslum. Gjöld reikningsins voru því 2 milljörðum 61 millj. hærri en áfallin greidd gjöld. Tekjufærsla reikningsins var 3 milljörðum 12 millj. hærri fjárhæð en innheimtan.

Frá árinu 1968 hefur rekstrarjöfnuður aðeins tvisvar verið hagstæður, árin 1970 og 1972.

Samkv. heildaryfirliti A-hluta ríkisreiknings var endurmatsjöfnuður óhagstæður um 1 milljarð 278 millj., sem er nær eingöngu hækkun umsaminna lána í erlendri mynt vegna gengismunar.

Það liggur ljóst fyrir að staða ríkissjóðs hefur batnað verulega á árinu 1976, staðan við Seðlabankann versnað að vísu um 896 millj. auk 699 millj. kr. hækkunar vegna gengismunar, eða um 1595 millj. samtals. Á árinu 1975 var þessi fjárhæð 5 milljarðar 801 millj. Lánahreyfingar utan Seðlabankans sýndu innkomið lánsfé nettó að fjárhæð 1 milljarður 389 millj. kr. Lausafjárstaðan við aðra en Seðlabankann er mjög þýðingarmikil stærð, en hún batnaði á árinu um 3 milljarða og 100 millj. og nam lækkun viðskiptaskulda þar af 1600 millj. Lausafjárstaðan var hins vegar óhagstæð um 316 millj. á árinu 1975.

Allar þessar tölur segja sína sögu um hinar ýmsu hliðar ríkisfjármála á árinu 1976. Engin ein þeirra segir allan sannleikann. Þær verður allar að skoða og meta hverja fyrir sig og í samhengi.

Ég mun nú rekja stærstu frávik gjalda og tekna reiknings og fjárlaga.

Gjöld reiknings námu 11 milljörðum 651 millj. umfram fjárlög eða 19.8%. Í gjöldum reiknings umfram fjárlög koma m. a. fram áhrif markaðra tekna. Hækkun þeirra umfram fjárlög nam 1 milljarði 126 millj. og þar af 560 millj. kr. til Byggðasjóðs ríkisins.

Stærstu gjaldaliðir reiknings umfram fjárlög eru þessir: Tryggingamál 2 milljarðar 821 millj., menntamál og listir 2 milljarðar 109 millj., vegagerð 1 milljarður 121 millj., Landhelgisgæsla 455 millj., dómgæsla og lögreglumál 897 millj., vaxtagjöld 719 millj., sjávarútvegsmál 668 millj., uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 656 millj., húsnæðismál 563 millj., annað 1 milljarður 642 millj.

Tekjur urðu 10 milljörðum 982 millj. kr. hærri en fjárlög, eða 18.2%. Stærstu frávikin eru eftirtalin: Sölugjald 3 milljarðar 421 millj., sérstakt vörugjald, 1 milljarður 547 millj., almenn aðflutn-

ingsgjöld 1 milljarður 281 milllj., gjald af gas- og brennsluolíu 429 millj., gjald af bílum 404 millj., launaskattur 967 millj., tekju- og eignarskattur 1 milljarður 98 millj., aukatekjur, stimpilgjöld og þinglýsingar 464 millj., vextir 349 millj. og aðrir liðir 1 milljarður 22 millj.

Unnið er nú að lokauppgjöri lánsfjáráætlunar 1976 hjá hlutaðeigandi stofnunum og eru því ekki fyrir hendi endanlegar niðurstöður ársins. En samkv. bráðabirgðayfirliti um lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir eru tekin lán 9 milljarðar 319 millj. kr. til samanburðar við 7 milljarða 740 millj. samkv. áætlun. Mismunurinn nemur 1 milljarði 537 millj. kr., en af aukningunni eru 1 milljarður 200 millj. vegna Landsvirkjunar sem ekki hafði verið tekið tillit til í upphaflegri áætlun.

Eitt af meginmarkmiðum lánsfjáráætlunar var að hamla á móti auknum erlendum lántökum og var í heild sinni dregið úr erlendum lántökum niður í 20% í staðinn fyrir 28% fjáröflunar á árinu 1976 miðað við árið á undan, en að sama skapi jókst hlutfall innlendrar lánsfjáröflunar. Hér er um að ræða lækkun sem nemur 5.8% frá árinu 1975.

Eins og ég gat um hér að framan eru sýnd í töfluformi með skýrslu um afkomu ríkissjóðs 1976 ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af sama. Þær tölur, sem þá voru bornar saman, voru bráðabirgðatölur, en samkv. þeim voru heildarútgjöld ríkisins áætluð 27.3%, en reyndust, þegar útgjöldin voru tekin samkv. rekstrarreikningi ársins 1976, 27.6%, en á árinu 1975 var hlutur ríkisins 31.4%. Hér er því um að ræða lækkun sem nemur 3.8% frá árinu 1975. Ef sama hlutfall hefði gilt árið 1976 og var á árinu 1975 hefði ríkið tekið til sín um 10 milljörðum kr. meira af þjóðarframleiðslunni. Þegar litið er til skatttekna ríkisins af þjóðarframleiðslunni hefur hlutur ríkisins hins vegar aukist. Á árinu 1975 var skatttekjuhlutfallið 26.4% af þjóðarframleiðslunni, en hefði orðið 27.9, sem er hækkun um 1.5%. Sá mikli hallarekstur, sem varð á ríkissjóði árin 1974 og 1975, sýnir að ríkissjóð vantaði 11 milljarða kr. til þess að jákvæður rekstrarjöfnuður næðist, sem telja verður algera forsendu fyrir heilbrigðum rekstri ríkissjóðs. Fjárvöntun hefur fyrst og fremst verið mætt með aukinni skuldasöfnun hjá Seðlabankanum.

Ljóst er að eitt brýnasta viðfangsefnið á sviði ríkisfjármála er að eyða þessari skuldabyrði sem mæta verður með lækkun útgjalda eða tekjuöflun. Það er tvímælalaust eitt mikilvægasta viðfangsefnið að koma í veg fyrir að ríkisútgjöld fari fram úr ákveðnu hlutfalli af þjóðarframleiðslunni.

Ég vona að sú niðurstaða ríkisfjármála 1976, sem birtist í ríkisreikningnum, sé spor í rétta átt.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Að svo miklu leyti sem hæstv. fjmrh. svaraði fsp. minni beint vil ég þakka fyrir það svar. Hann hefur hins vegar notað tækifærið til þess að kynna fyrir hv. Alþ. helstu niðurstöður af ríkisreikningi sem nú í dag berst á borð okkar þm., og ég skil þær upplýsingar svo, að hann vilji með því undirstrika að niðurstöður ríkisreikningsins beri vott um að stefnt sé í þá átt sem við væntanlega báðir viljum varðandi umsvif ríkisins. Fsp. mín fól í sér það álit mitt og væntanlega hæstv. fjmrh., að snúa þurfi við þeirri þróun sem verið hefur í ríkisumsvifum og vaxandi áhrifum ríkisins hvarvetna í þjóðfélaginu. Ég þarf ekki að rekja röksemdir fyrir þessu áliti mínu, en vil aðeins minna á að það er skoðun þeirra, sem styðja þessa ríkisstj., a. m. k. míns flokks og ég hygg langt út fyrir raðir hans, að stefnt verði í þá átt að draga úr umsvifum ríkisins í þjónustu- og atvinnustarfsemi í landinu. Ég tel það vera eina af meginforsendum fyrir heilbrigðari atvinnustarfsemi, fyrir meiri valddreifingu í þjóðfélaginu í framtíðinni.

Ummæli hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðu í haust og svar hans núna lofa góðu, en umfram allt skiptir máli að á eftir fylgi raunhæfar aðgerðir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að við þm. þekkjum allir máltækið, að þegar stórt er spurt verður oft lítið um svör. Ég tel að nú hafi verið samið nýtt máltæki: „Þegar lítið er spurt verður oft stórt um svör.“ Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort ætlunin sé að ræða ríkisreikning hér í fsp.-tíma á Alþ., þegar óbreyttir þm. hafa aðeins tvær mínútur til umráða en hæstv. ráðh. ótakmarkaðan ræðutíma. Ég ætla ekki að orðlengja þessa spurningu mína því að ég held að ég sé búinn eða um það bil að verða búinn með þann ræðutíma sem mér er ætlaður undir þessum kringumstæðum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, þá er vitanlega engin aðstaða hér í fsp.-tíma að ræða það mál, sem hæstv. fjmrh. hóf hér umr. um. En í því sambandi vil ég minna á að það voru gefin fyrirheit um það hér á hv. Alþ. fyrir jól, að það yrði gefinn kostur á því síðar á þinginu að ræða lánsfjáráætlun ríkisstj. og stefnuna í fjárhagsmálum, og þá gert beinlínis ráð fyrir að það yrði gert um leið og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir afkomu ríkissjóðs fyrir liðið ár. Ég tel að það sé útilokað með öllu að standa þannig að málum að koma með umr. um þetta mál hér inn í fsp.-tíma, og vil nú vænta þess að hæstv. ráðh. og ríkisstj. sjái sér fært að ætla nokkurn tíma til umr. um þá skýrslu sem hæstv. ráðh. gerði hér að umtalsefni, því að margt er í henni sem kallar á umr., þó ekki væri nema það, að þær tölur, sem hér var verið að vitna til og láta í það skína að það hefði heldur dregið úr skattheimtu ríkisins borið saman við það sem áður var í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, þá sýna einmitt þær skýrslur, sem hér liggja fyrir, okkur alveg öfugt. Þær sýna að skattheimta ríkisins á árinu 1976 varð hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu en nokkru sinni áður, eða 35.2%, borið saman við að á hinum mikla þjóðnýtingartíma, 1971—1974, var þetta 31—32%. En sem sagt, ég ætla ekki að fara að ræða þessa skýrslu frekar, en inni enn eftir því, að það verði gefinn hér kostur á því að ræða þessi mál á eðlilegan hátt, ekki í þessum dagskrártíma, heldur á eðlilegan hátt í umr. síðar í dag eða á morgun.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, fsp. (þskj. 541). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég leyfi mér á þskj. 541 að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„1. Hvað veldur því, að ekki er flutt af hálfu ríkisstj. frv. um breyt. á l. Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem stjórnskipuð nefnd hefur skilað frá sér fyrir allnokkru?

2. Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að bæta stöðu Stofnlánadeildarinnar á þessu ári, ef frv. nær nú ekki fram að ganga?"

Þessi fsp. er fram borin sakir þess að ég var í þessari n. og veit þess vegna fullvel um mikinn áhuga hæstv. ráðh. á því að n. ynni sem best að verkefninu og skilaði áliti svo fljótt að tími ynnist til að koma málinu í gegn í vor. Og þetta tel ég að n. hafi gert svo sem framast var unnt.

Ég tel ekki ástæðu til að fara nú efnislega út í þau atriði sem til umr. komu helst í n., enda óeðlilegt að sem nm. sé ég að fara þar náið út í plagg sem er ekki enn komið fram í dagsljósið og ég veit ekki hvernig verður í endanlegri mynd. En þó er rétt að taka fram, að hér var um að ræða það verkefni að tryggja hag og stöðu Stofnlánadeildarinnar til frambúðar og um leið að gera það án þess að óhæfilegar byrðar legðust á bændur sem nú standa í framkvæmdum eða gera á næstu árum, alveg sérstaklega varðandi þá sem eru að hefja búskap.

Aðalhugmyndir n. hafa verið kynntar lauslega á bændafundum af forstöðumanni Stofnlánadeildar landbúnaðarins og undirtektir bænda hafa verið hinar bestu að því er ég veit. Ég tel að okkur hafi tekist að koma fram með till. og skila þeim til hæstv. ríkisstj., — till. sem verði bæði bændastéttinni og Stofnlánadeildinni til framdráttar, og því er von að spurt sé um ástæður þess, að hæstv. ráðh. kemur ekki fram þessu áhugamáli sínu, svo mjög sem ég veit að hann hefur þar á knúið, og eins hitt, hvort í staðinn sé hugað að einhverjum sérstökum aðgerðum til að bæta úr því að þetta frv. nær ekki fram að ganga nú og er ekki heldur sýnt til kynningar, svo sem oft er siður.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda var það ætlan mín að leggja þetta mál fyrir hv. Alþ. sem nú starfar. Hins vegar töldu einstakir ráðh. í ríkisstj. sig vilja skoða málið betur og ekki hafa tíma til þess að gera það svo að þeir væru reiðubúnir til að taka hreina afstöðu gagnvart málinu. Enn fremur var það almenn skoðun innan ríkisstj. að skoða betur sérstaklega þann þáttinn er varðaði frumbýlinga. Það var almennur vilji hæstv. ráðh. að fá að skoða það betur, hvort ekki væri hægt að sjá betur fyrir þeim þætti heldur en frv. gerði ráð fyrir. Þess vegna varð það niðurstaða ríkisstj. að geyma málið til næsta hausts, en mun láta vinna að gerð þess og endurskoða sérstaklega eða skoða betur sérstaklega þá þætti sem ég hef hér nefnt og hún taldi að nauðsyn væri að athuga betur. Ég taldi á engan hátt hafa þýðingu að fara að leggja frv. fram bara til að sýna það, ekki síst þar sem það var einnig ákveðið að athuga vissa þætti þess betur.

Um afkomu deildarinnar á þessu ári hef ég þær upplýsingar að færa, að ég held að það sé alveg öruggt að deildin hafi nóg fé til að lána á þessu ári miðað við umsóknir og það muni ekki skorta svo á að þar verði nein vandræði. Enn fremur eru þeir föstu tekjustofnar, sem Stofnlánadeildin hefur, til muna meiri en þeir voru á s. l. ári. Þó að halli sé á teknum lánum af hálfu deildarinnar eða greiðslum hennar á vöxtum og afborgunum og verðtryggingu og hún verði að nota til þess af þessu fé, mun samt, m. a. vegna þeirra breytinga á lánakjörum sem gerðar voru í fyrra, verða betri útkoma á deildinni á þessu ári heldur en á s. l. ári. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég fékk frá forstöðumanni deildarinnar, gerir hann ráð fyrir að nettóafgangur muni verða 429 millj. á móti 219 millj. á s. l. ári. Hins vegar skal það tekið fram, að þegar lögunum var breytt 1973, þá var það gert í þeim tilgangi að þessir sérstöku tekjustofnar gengju beint til deildarinnar til uppbyggingar. Það hefur því miður ekki tekist og tekst ekki á árinu í ár. En einmitt með endurskoðun laganna núna er enn þá verið að reyna að leita að leiðum til þess arna og að sjá betur fyrir málum þeirra sem **búskap hefja.**

Þá held ég að ég hafi svarað fsp. að fullu.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. svör hans. Það kemur mér að vísu nokkuð á óvart að þetta mál skuli ekki hafa náð fram að ganga í ríkisstj., vegna þess að fulltrúar beggja stjórnarflokkanna áttu sæti í þessari n., ágætustu fulltrúar, og ég vissi ekki annað eða við í n. en að þeir hefðu fullt samráð við sína þingflokka og ráðh. um samningu þessa frv. En eitthvað hefur þar á skort eflaust.

Það er rétt hjá hæstv. landbrh., að afkoma Stofnlánadeildarinnar í ár verður eflaust betri en á s. l. ári. Samt óttast ég enn að við sjáum fram á nokkur vandkvæði að sinna öllum þeim lánveitingum sem við gjarnan vildum gera, og ef svo færi, þá yrði það þriðja árið í röð sem við gætum sinnt þessu brýna verkefni. Hann minnti einmitt á vanda frumbýlinganna og ég fagna því, að það verði sérstaklega athugað, en ég tel þó að ef hagur Stofnlánadeildarinnar væri betri en raun ber vitni, þá mætti fullnýta heimildirnar, sem þegar eru til í lögum til handa frumbýlingunum, og létta þannig aðstöðu þeirra að miklum mun. En það er ekki unnt nú eða ég sé ekki fram á að það sé unnt nú að óbreyttri stöðu Stofnlánadeildarinnar.

Hér hefur nýlega verið samþ. till. á Alþ. um lausaskuldir bænda, og ég hlýt einnig að telja, að það sé vonlítið að framkvæmd þeirrar till. sjái dagsins ljós á þessu ári með því fyrirkomulagi sem þar er gert ráð fyrir, að Stofnlánadeildin eða veðdeildin taki þetta verkefni að sér. Ég sé ekki fram á það og hlýt að harma það, vegna þess að hér er um mjög brýnt verkefni að ræða þar sem margir bændur eiga í miklum erfiðleikum.

Ég skal ekki fara nánar út í þau önnur atriði sem til umr. komu í n. hjá okkur, aðeins ítreka

það enn einu sinni, að ég held að við höfum stefnt í rétta átt, þegar við ákváðum að leggja til að húsbyggingar í sveitum færu inn í Byggingarsjóð ríkisins. Það er nauðsynlegt að allar íbúðarbyggingar í landinu séu á einum og sama stað.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef enga aths. að gera við ræðu hv. fyrirspyrjanda og tek undir þá skoðun hans með lán til íbúðarhúsa í sveitum, því að allir eiga rétt á því að hafa þak yfir höfuð sér. Það var aðeins út af því sem hann sagði um athugun á lausaskuldum bænda, af því að það tókst svo til að ég var ekki við þegar það mál var rætt hér í hv. d., að ég hef þegar farið fram á það við sömu menn og unnu að þeim málum síðast að þeir taki að sér þessa athugun, en það þýðir náttúrlega ekki að úrlausnin sé fundin. — Ég vildi bara upplýsa þetta.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Sem einn af þeim nm., sem sæti áttu í þeirri n., er undirbjó frv. sem spurt er hér um, þá sé ég ástæðu til að láta það koma fram, að ég hefði mjög kosið að það frv. hefði verið afgreitt á þessu þingi því að þess er mikil þörf að bæta fjárhagslega stöðu Stofnlánadeildar með þeim hætti sem þar er lagt til. Úr því að svo er ekki vil ég leggja á það ríka áherslu, að þetta frv. eða frv. um þetta efni verði afgreitt á haustþinginu eða fyrir næstu áramót, svo að eigi líði lengri tími án þess að Stofnlánadeildinni verði aflað aukins fjármagns.

Ég vil svo aðeins taka það fram, að ég lít svo á, eins og raunar kom fram hjá fyrirspyrjanda, að stofnlánadeildarlögin veiti nægar heimildir til þess að ganga til móts við þarfir frumbýlinga, sem eru óneitanlega ríkari. En það er ekki hægt nema auka svigrúm deildarinnar með auknu fjármagni, og till. n. veita að mínum dómi nægilegt svigrúm til þess að það sé hægt að gera. Þetta tel ég ástæðu til að láta koma fram við þessar umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég verð að harma það, að þetta frv. var ekki afgreitt á þessu þingi, enda er sannleikurinn að ekki hefði veitt af því ef við hefðum átt að verða við nauðsynlegustu óskum bænda í sambandi við lánveitingar á þessu ári. Ef þetta frv. hefði verið samþykkt og hefði komið til framkvæmda á miðju ári, eins og að var stefnt, þá hefði það gefið deildinni um 200 millj. kr. á þessu ári. Að vísu hefði helmingurinn af því ekki komið í deildina, fyrr en eftir áramót. En þetta hefði farið langt til að nægja til þess að veita lánsloforð fyrir því sem við teljum nauðsynlegt, og þá er ekkert svigrúm til þess að veita þeim, sem eru að hefja búskap eða eru í mestum örðugleikum, neina fyrirgreiðslu umfram það sem hefur verið fram að þessu. Hér er því bæði deildinni og eins hæstv. landbrh. og ríkisstj. verulegur vandi á höndum.

T. d. hefur ekki verið hægt að veita lán til þess að byggja vélageymslur í tvö undanfarin ár og þetta er þriðja árið í röð, en beiðnir eru um lán sem nemur á annað hundrað milljóna kr. Þessar óskir um byggingar munu nema töluvert á þriðja hundrað millj., og hefði verið lánaður helmingur af því, þá hefði þetta þýtt dálítið á annað hundrað millj. kr. sem Stofnlánadeildin hefði orðið að veita. Alveg það sama er með gróðurhús og lán til fleiri framkvæmda. Það er líka mjög mikill þrýstingur á það að fara að veita lán út á vélar, t. d. heybindivélar og vagna sem taka heyið upp í sig sjálfir. Þetta eru tæki sem kosta orðið um milljón kr. og eru orðið miklir erfiðleikar sérstaklega fyrir frumbýlendur að kaupa slík tæki. En ég segi þetta til þess að hv. þm. sé alveg ljóst, að það er langt í frá að Stofnlánadeild landbúnaðarins geti sinnt þörfum bænda eins og nú er.

Friðjón Þórðarson. Herra forseti. Það er óþarfi fyrir mig að segja mörg orð út af þessari fsp. Hún er í sjálfu sér eðlileg, og hér hafa tekið til máls nokkrir nm. um þetta efni. Ég var í þessari n. sem athugaði umrætt mál. Ég held að í þeirri n. hafi ríkt nokkuð gott samkomulag í öllum meginatriðum. Við töldum okkur hafa náð tiltölulega skynsamlegri niðurstöðu, miðað við það viðfangsefni sem við var að fást. Við höfum skilað af okkur störfum þó að ekki hafi auðnast að leggja frv. fyrir þetta þing.

Ég vænti þess, að þegar reynt verður að greiða úr þessum málum til frambúðar, sem vissulega er full þörf á, þá verði ekki fram hjá nál. okkar gengið, því að ég tel að þeir, sem fara eða skoða þessi mál til grunna, muni komast að svipaðri niðurstöðu og við.

Það hefur verið sagt að sú leið, sem við bentum á, mundi ekki leysa vanda Stofnlánadeildar landbúnaðarins nema um tiltölulega skamman tíma, þetta væri því aðeins stundarlausn. Ég held að þetta sé ekki rétt. Eftir þeim tölum, sem við reyndum að gera okkur grein fyrir, og spám fram í tímann standa vonir til þess, að sú lausn, sem við bendum á, muni leysa vanda þessarar deildar til frambúðar, að svo miklu leyti sem spáð verður mörg ár fram í tímann.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en vonast til að frv. um þetta efni komi fram þegar á næsta hausti, þó að eigi hafi lánast að koma því fyrir þetta þing.

Sameinað þing, 85. fundur.

Þriðjudaginn 3. maí, að loknum 84. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum tilkynnti hæstv. forsrh. stjórnarandstöðuflokkunum hér á Alþ. að fyrirhugað væri af hálfu ríkisstj. að ljúka þinghaldi um mánaðamótin apríl og maí. Síðar, eða fyrir nokkrum dögum, var síðan tilkynnt af hálfu ríkisstj. að stefnt væri að því að þinglausnir yrðu á miðvikudag, þ. e. a. s. á morgun. Af hálfu ríkisstj. hefur ekki verið leitað eftir neinu samþykki stjórnarandstöðunnar við þessum áformum, enda er það að fullu og öllu á ábyrgð ríkisstj. og meirihlutaflokka hennar hér á Alþ. að ákveða um þingslit. Ég vil því leggja áherslu á að þingslit þau, sem fyrirhuguð eru á morgun, eru án

samþykkis stjórnarandstöðunnar og einvörðungu á ábyrgð ríkisstj. og stuðningsflokka hennar.

Þau viðhorf, sem nú hafa komið upp í launa- og kjaramálum í landinu, þar sem nær allir launasamningar eru úr gildi fallnir og enn virðist langt í alla samningagerð, gera það að verkum að við alþb.-menn teljum að það eigi ekki að slíta Alþ. eins og nú er astatt, heldur eigi það að sitja áfram og vera reiðubúið til þess að fjalla um þá þætti efnahagsmála sem gætu orðið til þess að auðvelda lausn kjarasamninga. Það er að sjálfsögðu hægt að hafa þann hátt á, ef ríkisstj. kýs það, að fresta fundum þingsins um skeið og kalla þá þingið saman til starfa hvenær sem bein þörf er á því. En það er skoðun okkar, að eins og mál standa nú sé ekki verjandi að senda þingið heim, í rauninni frá jafnalvarlega óleystum málum og þeim sem nú liggja fyrir. Það hefur komið fram, að það má búast við að það þurfi að breyta lögum til samræmis við óskir aðila vinnumarkaðarins, og það er skoðun okkar að Alþ. eigi að fjalla um slíkar hugsanlegar lagabreytingar, en það sé ekki rétta leiðin að setja lög með brbl.-fyrirkomulagi í slíku skyni.

Það er visssulega mikið í húfi að samningar geti tekist á milli aðila vinnumarkaðarins nú og það fljótlega, svo að ekki þurfi að koma til vinnustöðvana eða framleiðslustöðvunar í landinu. Það hvílir því á ríkisstj. og að sínu leyti einnig á Alþ. mikil skylda að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að greiða fyrir samningum og koma í veg fyrir meiri háttar átök á vinnumarkaði.

Það er kunnugt að aðalkrafa sú, sem launasamtökin í landinu hafa sett fram að þessu sinni, er um 100 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði, miðað við það verðlag sem gilti í nóv. s. l. Ég hlýt að vekja athygli á því, að það liggur fyrir ekki aðeins mjög víðtækur stuðningur almennings í landinu við þessa aðalkröfu verkalýðssamtakanna, heldur má telja að það liggi einnig fyrir greinilegur meiri hl. hér á Alþingi með þessari kröfu. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa allir lýst yfir stuðningi við þessa meginkröfu í umr. fyrr á þinginu, og fyrir stuttu lýsti formaður annars stjórnarflokksins, Framsfl., yfir á ótvíræðan hátt í útvarpsumr. að hann styddi þessa kröfu, og verður að líta svo á að í þeim efnum hafi hann talað fyrir hönd flokks síns. Það liggur hins vegar ekki fyrir hér á Alþ. hver er afstaða Sjálfstfl. til þessarar grundvallarkröfu. En eigi að síður er hitt skýrt, að þessi krafa er studd af meiri hl. alþm.

Ég tel að það væri sérstaklega þýðingarmikið, eins og mál standa nú, að samningar gætu tekist um þessa grundvallarkröfu og það yrði þá til þess að greiða mjög fyrir samningum um önnur þau mál sem um er fjallað. Það er ótrúlegt að samningagerðin þurfi að silast áfram á þann hátt sem verið hefur varðandi þessa kröfu, eftir að allt þetta liggur fyrir sem ég hef hér minnst á. Að mínum dómi þarf ríkisstj. að láta koma skýrt fram að hún styðji þessa kröfu, hún ætlist til þess að um hana verði samið og að hún sé reiðubúin til að veita fyrirgreiðslu sína til þess að þetta megi ná fram að ganga.

Ég vil hér með skora á hæstv. ríkisstj., að hún geri grein fyrir afstöðu sinni til þessarar grundvallarkröfu og það sem fyrst. Ég tel að það hvíli í rauninni skylda á ríkisstj., eins og komið er, að láta þessa afstöðu koma fram.

Ég vil svo endurtaka það, að við alþb.-menn erum mótfallnir því að þing sé sent heim eins og sakir standa. Við teljum að þing ætti að sitja nú um skeið áfram, eða a. m. k. að þingi ætti ekki að slíta þó að fundum þess yrði frestað, til þess að Alþ. geti sjálft fylgst með því, hvað gerist í þessum alvarlegu málum, og tekið á nauðsynlegan hátt afstöðu til mála þar, því að hér er svo mikið í húfi að það má ekki neitt renna þar úr greipum.

Ég vil svo einnig nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. forsrh. um það, hvort hann hafi ekki hugsað sér að gera Alþ. grein fyrir þátttöku sinni í þeim efnahagsmálafundi sem hann sat fyrir stuttu og nokkuð hefur borið á góma hér opinberlega. Ég vil einnig spyrja hann um það, hvort hann hafi þegar skýrt hæstv. ríkisstj. frá því hvað þar gerðist. Tilkynningar um þátttöku hæstv. forsrh. í þessum fundi komu frá opinberum aðilum, og það verður að líta svo á að hann hafi tekið þátt í þessum fundi sem forsrh. Íslands, en ekki sem prívatmaður. Ég tel eðlilegt að hæstv. forsrh. geri hér grein fyrir þessu máli, hvort málið hefur þegar verið rætt í ríkisstj. og afstaða þá tekin til þess þar og hvort hann hugsar sér ekki að gera Alþ. grein fyrir því sem þarna gerðist, þar sem þess er getið að hann sem forsrh. Íslands hafi þarna mætt.

Ég endurtek svo það sem ég hef sagt áður: Það er skoðun okkar alþb.-manna að það eigi ekki að slíta þingi eins og sakir standa nú, heldur sé skylda ríkisstj. og Alþ. að láta sig það skipta miklu máli hvernig fer með þá samningagerð sem nú stendur yfir.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í þingræðislandi er ætlast til að ríkisstj. beiti meiri hl. sínum á þingi til að koma fram þeirri lagasetningu sem hún telur sig þurfa til að stjórna landinu. Af þessu leiðir að ríkisstj. ber að hafa forustu um störf Alþingis að verulegu leyti. Núv. ríkisstj. hefur að mestu leyti brugðist þessu hlutverki. Stjfrv. hafa verið flutt án þess að tryggt væri að stjórnarflokkarnir, ráðh. eða þinglið, væru sammála um framgang þeirra. Verulegur hluti af þingliði ríkisstj. hefur verið í uppreisn og þingstörf í heild hafa verið með slappasta móti. En þingið hefur því miður borið svip sundrungar og ráðleysis.

Alvarlegar vinnudeilur eru nú í landinu og ætti ríkisvaldið, bæði ríkisstj. og Alþ., að réttu lagi að taka virkan þátt í lausn þeirra. Svo er þó ekki, því að ríkisstj. heldur að sér höndum og sendir nú Alþ. heim. Alþfl. telur að farsælla mundi reynast ef ríkisstj. tæki beinan þátt í sáttatilraunum og þingið sæti reiðubúið til að leggja fram sinn skerf, t. d. með löggjöf á sviði skattamála eða um önnur efni þar sem greiða mætti fyrir samningum. Þingflokki Alþfl. er ekkert að vanbúnaði að starfa áfram og ljúka veigamestu verkefnum sem þingið á enn óleyst og á nú að fara frá.

Ríkisstj. tilkynnti að vanda stjórnarandstöðuflokkunum um þinglausnir, og þeir lofuðu einn-

ig að vanda að koma ekki í veg fyrir að þingstörfum lyki eins og stjórnin óskar. Þetta breytir ekki þeirri skoðun okkar, að það sé næsta léttúðugt að senda Alþ. heim eins og málum þjóðarinnar er nú komið. Yfirvofandi verkfallsátök eru alvarlegra vandamál en nokkuð annað á líðandi stund. Finnst hv. alþm. að þau mál komi þeim ekkert við? Getur Alþ. ekkert gert til þess að stuðla að vinnufriði í landinu? Hvað á fólkið að halda þegar Alþ. hættir störfum og þm. fara heim á þessari stundu? Ég býst ekki við að vegur þings eða stjórnarfars aukist þessa dagana. Alþfl. telur því að þingið eigi að sitja áfram um sinn a. m. k. og gegna skyldum sínum við þjóðina.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hér hefur komið fram, vil ég aðeins segja það, að þann stutta tíma, sem ég hef starfað hér innan veggja, veit ég ekki til annars en það hafi verið á valdi viðkomandi ríkisstj. og þingmeirihl. að ákvarða um það, hvenær þingi skuli slitið. S. l. fimmtudag óskuðu forsetar eftir fundi með formönnum þingflokka til að gera grein fyrir óskum hæstv. ríkisstj. varðandi þinglausnir, og á þeim fundi, eins og ég hygg oftast áður undir sams konar kringumstæðum, var sett fram sú ósk hæstv. ríkisstj. að þinglausnir ættu sér stað á morgun, þ. e. a. s. miðvikudaginn 4. maí. Eins og kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal hefur það ekki verið venja, eftir því sem ég best veit, að stjórnarandstaða hverju sinni setti sig upp á móti því eða gerði tilraunir til að koma í veg fyrir það með ýmsum aðgerðum að óskir viðkomandi ríkisstj. næðu fram að ganga varðandi þinglausnir. Það hefur ekki heldur mér vitanlega verið farið fram á formlega staðfestingu af hálfu stjórnarandstöðu á óskum ríkisstj. í þessum efnum, þannig að ég tel að stjórnarandstaðan sé að þessu leyti á engan hátt bundin af ákvörðunum ríkisstj. varðandi þinglausnir. Það er í höndum hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþ. að ákveða slíkt, og slíkt hefur yfirleitt og líklega alltaf verið framkvæmt með þeim hætti, án þess að formlega væri óskað staðfestingar stjórnarandstöðu á því.

Það hlýtur að vekja spurningar í hugum ekki bara hv. alþm. heldur og almennings í landinu, hvort það sé í raun og veru eðlilegt undir þeim kringumstæðum, sem nú ríkja í landinu, að Alþ. ljúki störfum. Það er ekkert líklegra, eins og mál standa í dag eða á morgun, þegar endanlega á að senda Alþ. heim, en að verið sé að sigla inn í allsherjarverkfall hér á landi. Allflest bendir til þess að svo sé, því miður. Það hlýtur því að þykja óeðlilegt undir slíkum kringumstæðum að Alþ. ljúki störfum og láti sig engu varða hvað verður um framgang mála á vinnumarkaðinum, hvort það verður alger stöðvun um lengri eða skemri tíma, eða hvort það er í raun og veru vilji alþm. almennt að þau mál séu látin afskiptalaus af löggjafarsamkomunni.

Það er vitað og er löngu ljóst, að verkalýðshreyfingin hefur óskað eftir því við stjórnvöld að beita sér fyrir ýmsum ráðstöfunum í efnahagsmálum til þess að greiða fyrir lausn þeirra samninga sem nú standa yfir, — aðgerðum sem hlýtur að koma til kasta Alþ. að taka ákvarðanir um. Það er einnig ljóst, eins og hér hefur komið fram, að höfuðkrafan í þeirri samningsgerð, sem nú á sér stað af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, en um lágmarkslaun sem svarar 110—111 þús. kr., — það er grundvallarkrafa sem um verður samið í þessum samningum. Það er líka ljóst, að þrátt fyrir engin svör, bókstaflega engin svör af hálfu vinnuveitenda varðandi þá kröfu, þá liggur það fyrir, að það er meiri hl. fyrir því hér á hv. Alþ. að gengið verði að þeirri kröfu. Það er ljóst. Stjórnarandstaðan öll — og maður skyldi ætla eftir yfirlýsingum hæstv. domsmrh., formanns Framsfl., sem hann hefur hér gefið, að einnig Framsfl. styðji þá kröfu og telji að atvinnurekendur eigi skilyrðislaust að henni að ganga. Ég minni einnig á að annar fulltrúi hins stjórnarflokksins í útvarpsumr. fyrir stuttu, hv. þm. Sverrir Hermannsson, taldi að atvinnurekendur ættu skilyrðislaust að ganga að þessari kröfu. Verður því einnig að líta svo á að fyrir hendi sé a. m. k. einhver vilji — einhvers hv. þm. — innan Sjálfstfl. til þess einnig að staðfesta að þessari kröfu eigi að ganga.

Ég held að ljóst sé að þessu athuguðu að það er meirihlutavilji fyrir því á Alþ. að gengið verði að þessari einni af aðalkröfum, grundvallarkröfum verkalýðshreyfingarinnar við þessa samningsgerð. Getur verið, að það sé ótti við það hjá hæstv. ríkisstj., að slíkt bærist inn í þingsali og að meiri hl. Alþ. væri þann veg farið, að hann vildi ganga að því að þessi grundvallarkrafa verkalýðshreyfingarinnar næði fram að ganga? Er einhver ótti við það hjá hæstv. ríkisstj., að slíkt kynni að gerast og gæti gerst, og þess vegna sé nauðsyn á því að Alþ. sé sent heim áður en til slíkra hugsanlegra atburða kynni að koma? Er með því að senda Alþ. heim nú verið að koma eða a. m. k. gera tilraun til þess að koma í veg fyrir að sá þingmeirihl., sem sýnilega er fyrir því að ganga að grundvallarkröfum verkalýðshreyfingarinnar, kunni að sjá dagsins ljós á Alþ.? Eða hver er meining hæstv. ríkisstj. með því að leggja svo ríka áherslu á það að senda Alþ. heim nú, eins og mál standa varðandi samningamálin á vinnumarkaðnum?

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að við kringumstæður þær, sem nú ríkja, verður að teljast mjög svo óeðlilegt í alla staði að senda Alþ. heim frá þeim miklu vandamálum sem liggja fyrir og úrlausnar krefjast. Hefur beinlínis verið óskað eftir af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að pólitískum aðgerðum verði beitt til þess að greiða fyrir samningum þeim sem nú standa yfir. Ég tek undir það, að það er óeðlilegt og það er í andstöðu við eðlilega hugsun í sambandi við úrlausn þeirra miklu vandamála, sem nú blasa við, að ákveða nú að Alþ. skuli sent heim og það skuli einungis vera í höndum hæstv. ríkisstj. að stjórna, væntanlega með brbl., og ákveða þannig mál sem snúa að því að greiða fyrir lausn þeirrar kjaradeilu sem nú stendur yfir.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að beina fsp. til hæstv. forsrh.

Samkv. yfirlýsingu, sem hann gaf á fundi Ed. í gær, þegar rædd voru tilmæli sem ríkisstj. hafa borist frá fólki í sveitunum sunnan Skarðsheiðar, að þar verði efnt til almennrar, leynilegrar atkv-

gr. um viðhorf þessa fólks til hinnar fyrirhuguðu Grundartangaverksmiðju, — samkv. yfirlýsingu forsrh. mun í morgun hafa verið fjallað um þetta mál á fundi hæstv. ríkisstj. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh.: Hver var niðurstaðan? Hvert er svar hæstv. ríkisstj. við þessum tilmælum þess fólks sem lifir lífi sínu í næsta nágrenni við Grundartanga?

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil fyrst láta þess getið í tilefni af fram komnum fsp. og aths. þm., að það mun hafa verið fyrir um það bil einum mánuði að ég átti tal við formann þingflokks Alþb. og formann þingflokks Alþfl., og ég held að litlu síðar hafi fulltrúa SF verið gert kunnugt um þá fyrirætlun að ljúka þingstörfum fyrir mánaðamótin apríl-maí. Þessi samtöl við formenn þingflokka Alþb. og Alþfl. voru á þá lund, að þeir ekki einasta hreyfðu engum mótmælum, heldur var ekki annað á þeim að skilja en þeir teldu þetta fullkomlega eðlilegt. Með þessu er ég ekki að segja að ábyrgðin sé þeirra. Ríkisstj. og stuðningsflokkar ríkisstj. meta það og vega, hvernig þinghaldi skuli í höfuðatriðum hagað, en í mínum huga eru mótmæli nú í dag við því, sem þeim hefur verið kunnugt um í mánaðartíma, allseint fram komin. Og því léttvægari eru þessi mótmæli.

Varðandi nauðsyn þess að Alþ. sitji að störfum vil ég minna á að þótt þinglausnir fari fram í þessari viku, þá er það ekki frábrugðið í aðalatriðum því sem oft hefur átt sér stað, að þingstörfum ljúki um þetta bil. Ef við lítum á, hvort aðstæður í þjóðfélaginu og kjaradeilan breyti þarna nokkru um, ætti það alveg eins að hafa verið fyrir mánuði eða hvaða dag sem síðan er liðinn, vegna þess að fyrirsjáanlegt var þá þegar að til kasta ríkisvaldsins mundi koma með einum eða öðrum hætti til þess að greiða fyrir lausn deilunnar. Í þeim tilgangi hefur ríkisstj. sett starfshópa í ýmsum málaflokkum með aðilum vinnumarkaðarins til þess að kanna á hvern hátt unnt væri á þessum tilteknu sviðum, sem einkum lúta að skattamálum, málum lífeyrisþega og vinnuverndarmálum, svo dæmi séu nefnd, að komast að niðurstöðu, er aðilar vinnumarkaðarins og þá ekki síst og e. t. v. fyrst og fremst launþegar mætu einhvers, þannig að fremur gengi saman með deiluaðilum. Starfi þessara starfshópa er á sumum sviðum langt komið. Á öðrum sviðum er alls ekki upplýst hvað unnt er af ríkisins hálfu að gera eða hvað aðilar vinnumarkaðarins muni meta tilteknar ráðstafanir mikils og hvort slíkar ráðstafanir muni leiða til sátta eða niðurstöðu í deilunni.

Ég held að það sé ekki sérstök ástæða til þess, að Alþ. sitji áfram vegna þessara mála, þegar af þeirri ástæðu að samráð er haft við fulltrúa allra flokka um lausn á þessum mismunandi sviðum. Og ég efast ekki um að samkomulag verður, ef upplýst er að tilteknar aðgerðir leiði til lausnar og þær verði ekki of dýrkeyptar fyrir fjárhag ríkissjóðs og afkomu. Ég held líka að þessar umr. nú í dag sýni að það er vafasamt gagn að því, að hér fari fram almennar umr. um kaupgjaldssamningana sjálfa, vegna þess að þeir samningar hljóta fyrst og fremst að vera í höndum aðila vinnumarkaðarins. Ég veit ekki betur en allir þingflokkar séu þeirrar skoðunar, að það eigi að heyra til undantekninga að með löggjöf sé kveðið á um kaup og kjör manna í landinu. Ég veit ekki betur en sumir þingflokkar telji það algerlega útilokað að löggjafarvaldið kveði á um kaup og kjör í landinu og þ. á m. fyrst og fremst Alþb. Þess vegna verður sá þáttur málsins auðvitað útkljást fyrst og fremst í samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Hitt er svo annað mál, hvort ríkisvaldið getur með ráðstöfunum sínum auðveldað þeim að ná endunum saman.

Þetta vildi ég láta fram koma í tilefni af aths. hv. þm. nú. Tveim öðrum fsp. var beint til mín: Annars vegar frá hv. 2. þm. Austurl. um það, hvort ég hygðist gefa skýrslu um fund þann er ég sótti í Englandi og fjallaði um efnahagsmál, aðstoð við þróunarríkin og vandamál í efnahagslífi almennt í blönduðu hagkerfi. Svarið er, að það hafði ég ekki hugsað mér. Þessa fundi hef ég sótt sem borgarstjóri, alþm. og ráðh., og ég hef haft gagn af þeim í þeim störfum mínum öllum og látið þá vitneskju koma fram við afgreiðslu þeirra mála sem á dagskrá hafa verið hverju sinni. En þessum fundum er þannig háttað, að þá sækja stjórnmálamenn frá mjög mismunandi stjórnmálaflokkum. Þá sækja þátttakendur í atvinnulífi, bæði fulltrúar launþega og fulltrúar vinnuveitenda. Þarna er ekki ein skoðun á ferðinni, heldur margar, og engin ályktun er gerð. Frekar tel ég ekki þörf á að svara varðandi þennan fund.

Þá varpaði hv. 5. þm. Vesturl. þeirri fsp. fram, hver hefði verið afgreiðsla ríkisstj. á ályktun þeirri er samþykkt var á fundi í Borgarfirði nú um helgina. Ég held að það sé einfaldast að lesa upp þá bókun sem gerð var á fundi ríkisstj. þar að lútandi og ég hafði hugsað mér að kynna í Ed. áður en til atkvgr. við 2. umr. frv. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði yrði gengið. En bókunin er svo hljóðandi:

„Ríkisstj. telur að ekki sé unnt að fresta afgreiðslu frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Ríkisstj. mun því ekki hlutast til um að fram fari leynileg atkvgr. um málið."

Ég þarf ekki að skýra þessa bókun eða afstöðu ríkisstj. Ég lét þau orð falla í Ed. í gær, að þessi ályktun væri of seint fram komin, málið hefði tvívegis verið hér til meðferðar á Alþ., frv. um járnblendiverksmiðju samþ. á Alþ. og þá gert ráð fyrir samvinnu við amerísk fyrirtækið Union Carbide. Það frv. var þannig úr garði gert, að það gaf möguleika til að við aðra en Union Carbide yrði samið. Síðan leysti það fyrirtæki sig frá þessu samstarfi og hafnir voru samningar við norska fyrirtækið Elkem. Þótti eðlilegt að nýtt frv. yrði hér lagt fyrir Alþ. varðandi þá samninga, enda voru þeir að nokkru leyti frábrugnir hinum fyrri samningum og að öllu leyti íslendingum til hags. Meðan á þessari málsmeðferð stóð var unnt að koma slíkum tilmælum fram. En nú á síðasta stigi málsins er ekki ástæða til að taka umrædda áskorun til greina, og á því byggist svar ríkisstj.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Sinn er siður í landi hverju. Alþ. á nú að fara heim og hætta störfum þegar ástand á vinnumarkaðinum er eins og öllum er kunnugt. Ríkisstj. ætlar að sjá um

hlut hins opinbera — þjóðarheildarinnar — á eigin spýtur með starfshópum sem hún hefur skipað og a. m. k. sumir þm. vita engin skil á. Sem dæmi um önnur vinnubrögð skal ég nefna það, að á pálmasunnudag s.l. var fjhn. norska þingsins kölluð á hátíðisdegi til kvöldfundar svo að fjmrh. gæti rætt við hana um tíðindi sem höfðu gerst í vinnusamningum einmitt varðandi hlut ríkisins, af því að fjmrh. taldi sig ekki geta rætt um hvað ríkisvaldið eða ríkissjóður gæti lagt fram án þess að ræða við þingið, og hann ræddi við þm. stjórnarandstöðunnar líka. Það er að vísu ekki nýr háttur hér á landi, en okkur ekki til neins sóma, að ríkisstj. telji sig við þessar aðstæður yfirleitt ekki þurfa neitt við stjórnarandstöðu að tala, hún fái að vita um þetta eftir á, það sé nóg að kokka þetta í herbúðum stjórnarliðsins eins. Hjá nágrönnum okkar er öðruvísi að þessu farið.

Hæstv. forsrh. nefndi að stjórnarandstaðan væri of seint á ferð eins og fólkið hans Jónasar uppi í Borgarfirði, en stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu ekkert haft við það að athuga fyrir mánuði að rætt væri um þinglausnir nú um þetta leyti. Breskur stjórnmálamaður hefur sagt, að vika sé mjög langur tími í pólitík, hvað þá heill mánuður. Fyrir mánuði hygg ég að það hefði ekki hvarflað að öllum þorra manna hér, a. m. k. ekki stjórnarandstæðingum sem fylgjast ekki með því sem gerist í stjórnarherbúðunum, að ríkisstj. mundi guggna á afgreiðslu skattamálsins, beinlínis koðna niður og hætta við að afgreiða veigamesta stjfrv. sem hefur komið fram á þessu þingi og það sem allur þorri landsmanna gerði sér hvað mestar vonir um að yrði til aukins réttlætis í fjármálum, aukins jafnaðar og annars sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur þóst berjast fyrir. Aðstaðan er því hvað þingið snertir töluvert önnur nú en fyrir mánuði. Það er enn þá aumara fyrir þingheim að fara heim þegar veigamestu málum, sem vitað er að gætu hjálpað til, hefur ekkert þokað áfram, þá á að hlaupa frá þeim.

Ég veit ekki hvað stjórnin ætlast fyrir, en mig minnir að það standi í stjórnarskránni að skattar verði ekki lagðir á með brbl. Ég hygg að það hafi verið túlkað þannig, að lög um skattaálögur, þó að þær séu eitthvað ofurlítið lægri en þær sem fyrir eru, verði ekki heldur sett sem brbl. Ég vil vara hæstv. ríkisstj. við því að ætla sér mjög langt á því sviði algerlega að þarflausu, af því að þingheimur er á fullum launum og getur hæglega verið til taks.

Að lokum sagði hæstv. ráðh. að það væri vafasamt að hér í þessum sal fari fram umr. um samningaviðræður. Hér hefur verið rifjað upp hvað hæstv. dómsmrh., formaður annars stjórnarflokksins, Framsfl., sagði í útvarpsumr., sem gladdi margt fólk í landinu að heyra hann segja. Var þetta sneið til samstarfsflokksins og formanns hans hjá hæstv. forsrh.?

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. skýrði frá því, að hann hefði átt tal við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar fyrir um það bil einum mánuði og skýrt þar frá því sem ég greindi frá, að ríkisstj. hefði í huga að ljúka þinghaldi um næstu mánaðamót, þ. e. a. s. mánaðamótin apríl og maí. Það var engu líkara en hæstv. forsrh. vildi nokkuð úr því gera, að af hálfu stjórnarandstöðunnar hefðu þá ekki komið fram nein mótmæli gegn þessum áformum ríkisstj. í sambandi við þinghald. Ég vil benda á að það hefði blátt áfram verið óeðlilegt ef stjórnarandstaðan hefði á þessum tíma farið að mótmæla því að þingi yrði lokið eftir einn mánuð. Vitanlega lá þá ekkert fyrir um að þessi mánuður yrði látinn líða þannig að það gerðist nær ekkert í hinum alvarlegu kaupgjaldssamningum. Nú hins vegar standa mál þannig, að það liggur fyrir að þessi tími hefur farið til lítils.

Eins og ég sagði í mínum fyrri orðum er viðurkennt að það er á valdi hæstv. ríkisstj. og þess meiri hl. Alþ., sem hún styðst við, að ákveða þinghaldið. En það er að sjálfsögðu á valdi minni hl. að láta það koma skýrt fram, hvort hann álítur að ákvörðun stjórnarinnar um þinghald sé eðlileg eða ekki, og það er það sem við viljum undirstrika hér, að við teljum að það sé óeðlilegt að senda þingið heim við þær aðstæður sem nú ríkja.

Það er auðvitað fráleitt hjá hæstv. forsrh. að tala um að mótmæli okkar gegn því, að þingi verði slitið nú og þingið sent heim við þessar aðstæður, séu of seint fram komnar. Vitanlega er eðlilegt að þessi mótmæli okkar komi fram þegar við sjáum hvað á að gerast, þar sem ríkisstj. er að losa sig við þingið og vill vera ein um að taka ákvarðanir í þeim mikilvægu málum sem geta orðið jafnörlagarík og flestir gera sér grein fyrir.

Það er alveg ljóst af því, sem hér hefur komið fram, bæði af hálfu stjórnarandstöðunnar og einnig því, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er ríkisstj. ein sem tekið hefur ákvörðun um að ætla að slíta Alþ. nú og senda þingið heim. Um þá ákvörðun er ekkert samkomulag við stjórnarandstöðuna. Það er þvert á móti vilji stjórnarandstöðunnar að þingið sitji áfram. Það er alveg ljóst, að það hafði verið gert ráð fyrir að þingið fengi til meðferðar nokkur atriði sem snerta þá kjaradeilu sem nú er yfirvofandi. Þannig kom það fram fyrir ekki löngu hjá hæstv. fjmrh., þegar hann talaði hér fyrir ákveðnu frv. um breytingar á skattalögum, að hann gerði jafnvel ráð fyrir því, að það gætu komið ákvæði inn í það frv. í meðferð frv. hér á Alþ. sem snertu þá kjarasamninga sem í gangi eru. Hér er því spurningin um það, hvort þannig á að standa að málum að það eigi að setja brbl. um breytingar í skattamálum, brbl. um hugsanlegar breytingar varðandi lífeyrissjóðamál, brbl. um ráðstafanir í vinnuverndarmálum og brbl. um önnur þau ákvæði sem ýmist atvinnurekendur eða launþegar hafa sett kröfur fram um. Það liggur líka alveg ljóst fyrir, að atvinnurekendur hafa sett fram sínar kröfur. Þeir hafa sett fram þá kröfu að launaskatti yrði aflétt. Þeir hafa líka sett fram kröfur um að rekstrarleg aðstaða þeirra yrði bætt verulega til þess að þeir gætu mætt þeim auknu launagreiðslum sem þeir gera ráð fyrir. En það hefur ekki komið fram á hv. Alþ. enn þá hvað ríkisstj. hugsar sér í þessum efnum. Svör hennar liggja ekki fyrir. Og ég hygg að allir hafi veitt því athygli, að hæstv. forsrh. vék sér undan því að svara spurningu sem hér

kom fram um það, hver væri afstaða ríkisstj. sem slíkrar til höfuðkröfunnar sem nú liggur fyrir í þessum kjarasamningum. Það á ekki að að standa lengur á svari ríkisstj. í þessum efnum.

Það er skoðun mín, að það hefði verið miklu affarasælla, eins og þessi mál liggja nú fyrir, að ríkisstj. hefði beitt sér fyrir því að leggja fyrir Alþ. ákveðnar till. sem fara í þá átt sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sett fram óskir um. Þar hefur verið óskað eftir leiðréttingu í skattamálum. Þar hefur verið óskað eftir því að afnema a. m. k. hluta af launaskatti. Þar hefur verið óskað eftir því, að ríkið félli frá nokkru af skattheimtu í óbeinum sköttum sem lagðir hafa verið á að undanförnu. Það hefði verið miklu affarasælla, að ríkisstj. legði fyrir Alþ. till. til að mæta þessum óskum, en að halda þannig á málum að slíta þingi og senda þm. heim áður en afstaða hefur verið tekin á Alþ. til þessara mála.

Ég verð að segja það, að mér þótti svar hæstv. forsrh. um þátttöku hans í svonefndum efnahagsmálafundi í Bretlandi nú fyrir stuttu býsna einkennilegt. Hann sagði að hann hefði tekið þátt í svipuðum fundum áður sem borgarstjóri og nú sem ráðh. Það er einmitt þetta sem hann hefur gert. Hann hefur tekið þátt í þessum fundi sem ráðh., sem forsrh. Íslands. Og hann hefur metið þennan fund svo mikils, að einmitt þegar launamálin hér á Íslandi stóðu sem verst, þá gat hann tekið sig á loft frá þingstörfum á Alþ. og frá því margþætta verkefni, sem hann hefur með höndum í sambandi við kjarasamninga, til þess að sækja þennan fund. Hann hefur því greinilega lagt mikla áherslu á að geta mætt þarna. Ég á mjög erfitt með að skilja þátttöku í þessum fundi af hálfu forsrh. landsins, nema hér sé um lið í hans starfi að ræða sem forsrh. og hann geri hæstv. ríkisstj. grein fyrir þátttöku sinni í fundinum og einnig hv. Alþ. Það er það sem er eðlilegt. En það liggur sem sagt fyrir, að hæstv. ráðh. hugsar sér ekki að gera grein fyrir þessum fundi hér og vill því að gleymskan geymi það sem þarna fór fram, að öðru leyti en því sem hann kann að geyma með sjálfum sér.

Ég vil svo aðeins að lokum endurtaka það sem ég hef sagt hér áður, að það er skoðun okkar alþb.-manna að best færi á því að hæstv. ríkisstj. félli frá því að slíta þingi á morgun og senda þingið heim, en gerði annað af tvennu: að halda áfram störfum þingsins um sinn, þannig að þingið geti tekist á við þau verkefni sem þarf að leysa, eða að fundum þingsins verði frestað nú um sinn, svo að það sé auðvelt að kalla þingið saman til að fjalla um þau mál sem kjarasamningana varða og þurfa að koma undir ákvörðunarvald Alþ. fyrr eða síðar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Líklega er rétt að þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar hér í Sþ. sem hann hafði ella ætlað að veita okkur í Ed. á næsta fundi þar. Við þær fréttir, sem hann flutti okkur varðandi bókun ríkisstj., er sáralítlu að bæta, en þó dálitlu til skýringar.

Hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen flutti okkur í Ed. eins konar lagaskýringu á eigin ummælum sem hann viðhafði hér í Sþ. 10. febr. í vetur varðandi afstöðu til réttar fólks í einstökum byggðarlögum til þess að segja til um það, hvort þar yrðu reistar stóriðjuverksmiðjur sem ógnað gætu mannlífi og búsetu vegna mengunar. Það hafði verið hermt upp á hæstv. iðnrh., að hann hefði lýst yfir því á þessum fundi, að ekki kæmi til greina að reisa slík stóriðjuver þar sem fólkið væri þeim mótsnúið. Sem sagt, ummælum hæstv. iðnrh. hafði verið gefið almennt gildi, sem var ekki með ólíkindum vegna þess að ætla mátti að hæstv. iðnrh. túlkaði þarna stefnu ríkisstj. sinnar, túlkaði þarna stefnu þeirrar ríkisstj. sem hann sat í. Á fundinum í Ed. í gær leiðrétti hæstv. iðnrh. okkur á þessu sviði. Hann sagði okkur að þarna hefði hann eingöngu átt við það tillit sem hann hygðist taka til vilja eyfirðinga gagnvart álveri sem talað var um að reist yrði við Eyjafjörð. Hæstv. iðnrh. hefur þarna rétt fyrir sér. Ég hygg að ekki verði hermt upp á hann annað við umr. 10. febr., er rætt var um eftirsókn Norsk Hydro í aðstöðu til þess að koma upp álveri við Eyjafjörð, heldur en það sem hann las okkur í gær, að hann sagði við þær umr. að í hans ráðherratíð yrði ekki komið upp slíkum iðjuverum þar sem heimamenn væru því andvígir. Við misskildum þetta ýmsir, héldum að hann ætlaði þarna öllum landsmönnum sama rétt af hálfu ríkisvaldsins. Raunar sagði hæstv. iðnrh. ekki í Ed. í gær ljósum orðum, — raunar má segja að hann tali yfirleitt ekki ljósum orðum þegar hann ræðir um stóriðjumálin, — en hann sagði sannarlega ekki ljósum orðum í gær að hann vildi meina borgfirðingum þennan rétt. Það gerði hann ekki. Hann sagði aðeins að í febrúar í vetur hefði hann tekið af öll tvímæli um það, að hann ætlaði sannarlega eyfirðingum þennan rétt. En hæstv. iðnrh. sagði ekki í Ed. í gær að hann vildi svipta borgfirðinga eða íbúa Hvalfjarðarsvæðisins þessum rétti, enda má vera að hann hafi talið eðlilegt að einmitt um þetta mál fjallaði ríkisstj. öll, þar sem hæstv. forsrh. hafði áður boðað að þessi mál yrðu rædd á ríkisstjórnarfundi nú í morgun.

Nú er það svo að hér er um að ræða afstöðu fleira fólks en fólksins hans Jónasar, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal kallaði áðan þá borgfirðinga sem uggandi eru um afkomu sína vegna fyrirhugaðrar málmblendiverksmiðju á Grundartanga. Hér er líka um að ræða t. d. ugg, að því er virðist, yfir 80% íbúa Kjósarhrepps, fólksins handan fjarðarins sem þessi verksmiðja á að rísa við. Komið hefur verið á framfæri, a. m. k. við hv. þm. Reykn., eindregnum mótmælum þeirra kjósverja gegn fyrirhugaðri verksmiðju á Grundartanga. Nú má vera að ríkisstj. sem slíkri sé ekki kunnugt um þessi mótmæli. Það má vera að þm. stjórnarflokkanna úr þessu kjördæmi hafi komið mótmælum kjósenda sinna uppi í Kjós á framfæri með álíka skörungshætti og þm. stjórnarflokkanna úr Vesturlandskjördæmi komu á framfæri við hana beiðni kjósenda sinna um að stöðvuð yrði afgreiðsla járnblendimálsins hér á þingi þangað til þeir gætu við leynilega atkvgr. látið í ljós afstöðu sína til þessa máls, og skírskotuðu þá náttúrlega til yfirlýsingar hæstv. iðnrh. frá því í febr. í vetur um rétt fólksins í byggðarlögunum til þess að velja um það, hvort þar yrði komið upp stóriðjufyrirtækjum eða

ekki. E. t. v. hafa stjórnarþm. þeirra kjósverja komið þessari málaleitun á framfæri við ríkisstj. af álíka skörungsskap.

Ég ætla ekki að hefja hér aftur umr. um það sem gerðist á þeim fundi sem þm. Vesturl. boðuðu sjálfir til í Borgarfirði um málmblendiverksmiðjuna. Það mál var rakið í gær. En það má hver sem vill lá það íbúunum í sveitum Hvalfjarðar og þar í grenndinni þótt þeir brygðust fremur seint við þessu máli. Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði, að frv. það, sem Alþ. fjallar nú um, er vitaskuld allt annað mál en frv. það sem samþykkt var vorið 1975, þar sem um var að ræða stofnun fyrirtækis í samvinnu við ameríska auðhringinn Union Carbide. Það var ljóst mál hverjum þeim sem vita vildi, t. d. þeim sem komu á Leirárfundinn nafntogaða þar efra við aðdraganda þess máls, og þ. á m. var hæstv. iðnrh. Einnig mátti það vera ljóst öllum þeim sem hlýddu á kvartanir iðnrh. yfir móttökunum á þeim fundi, að það ríkti ekki almenn ánægja í Borgarfirði með málmblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Það er yfirdrepsháttur og annað ekki að neita því, að menn hafi vitað um hversu uggandi fjölmargir menn á þessu svæði voru út af verksmiðjunni. En svo fór sem fór, að í félagsskap við Union Carbide voru aðeins grafnar þarna efra fyrst nokkrar tilraunaholur, sem kallaðar voru, þó nógu djúpar til þess að drepa hoss, og höfðu verið grafnar raunar áður en samningurinn við Union Carbide hafði verið afgreiddur úr iðnn. Ed. þar sem málið kom fyrr fram. Framkvæmdir voru hafnar áður. Síðan var grafin þar önnur gryfja sem kölluð hefur verið stærsta mógryfja á Íslandi, en að svo búnu gekk ameríski auðhringurinn Union Carbide úr kompaníi þeirra málmblendimanna og borgaði 800—850 millj. fyrir að sleppa úr þessu arðbæra fyrirtæki sem kallað hefur verið, álíka upphæð og þá sem Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út að numið hefði tapinu á járnblendiverksmiðjunni hefði hún verið rekin árið sem leið. Þeir kunnu að reikna, þeir Union Carbide-menn, og hugsuðu sem svo, að það væri þá best að greiða bætur, höfuðlausn, sem næmi um það bil tapi af eins árs rekstri fyrirtækisins.

Auðvitað létti því fólki þarna efra og við Hvalfjörðinn sem óttast hafði afleiðingarnar af verksmiðju þessari, gerði sér grein fyrir því, að hættan af völdum mengunar frá þessari verksmiðju var geigvænleg, — fólkinu sem trúði staðhæfingum þeirra málmblendimanna um skaðleysi þessarar verksmiðju fyrir umhverfið, trúði álíka vel þeim fullyrðingum eins og það trúði yfirlýsingunum um arðsemi þessa fyrirtækis, sem kom bráðlega í ljós að valt var að treysta. Er nú skemmst af því að segja, að fólkinu létti við þá frétt, að Union Carbide væri gengið úr skaftinu, og hélt að nú væri þessari vá frá Hvalfirði bægt. En það kom annað í ljós nú í vetur þegar lagt var fyrir hv. Alþ. öðru sinni á tveimur árum frv. um málmblendiverksmiðjuna við Hvalfjörð. Ég geri ráð fyrir því, að af ósköp eðlilegum ástæðum hafi fólk þarna efra, fólk sem við Hvalfjörð býr, ekki trúað eigin eyrum, að þau firn skyldu ske, að þetta mál, eins og endalok hins fyrra máls voru, skyldi lagt öðru sinni fyrir hv. Alþ., og þá kannske e. t. v. enn þá síður því, að finnast skyldi meiri hluti á hv. Alþ. til stuðnings þessu máli öðru sinni.

Ég ætla ekki hér að þessu tilefni gefnu að þylja upp það sem ég áður hef gert og get öðru sinni gert við 3. umr. um þetta mál: upplýsingar um hættuna sem lífríki Hvalfjarðar, Faxaflóasvæðinu öllu, grannsveitunum hið efra og öllu lífríki Íslands er búið af þeirri starfsemi og afleiðingum þeirrar starfsemi sem ætlað er að hefja á Grundartanga. En svona aðeins til þess að ýta undir örlítinn skilning, ef fáanlegur væri hjá hv. alþm., á þeim ugg, sem borgfirðingar bera í brjósti vegna þess arna og íbúar Hvalfjarðarstrandar, má geta þess, að með tilkomu þessarar verksmiðju mun magn brennisteinssýrlings í andrúmslofti hér á landi aukast um fjórðung, úr 8 þús. tonnum, sem fyrir eru vegna álversins í Straumsvík og brennslu svartolíu, í 10 þús. tonn við tilkomu þessarar verksmiðju. Og það, sem enn þá brýnna er e. t. v. í þessu sambandi, er einmitt sú staðreynd, að í 12 mikilvægum liðum hefur hæstv. heilbrrh. í starfsleyfi sínu til þessarar verksmiðju vikið frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um mengunarvarnir. Heilbrigðiseftirlit ríkisins lagði til, að einungis yrði leyft brennisteinsinnihald í eldsneyti til verksmiðjunnar, kolum og koxi, sem næmi 1.5%, en hæstv. heilbrrh. hækkaði þessi mörk upp í 2%, sem sagt. það var allt í lagi að hans dómi að auka brennisteinssýrlingsmagnið, sem kemur frá fyrirhugaðri verksmiðju á Grundartanga, um 500 tonn á ári. Það vita þeir efra við Hvalfjörðinn, að það var fyrir tilkomu brennisteinssýrlings í andrúmslofti sem fiskur allur drapst í ám og stöðuvötnum í Suður-Noregi á fyrstu áratugum þessarar aldar. Þeim er það einnig ljóst, að enda þótt hingað til Íslands berist mikið magn í andrúmslofti af brennisteinssýrlingi frá iðjulöndum Vestur-Evrópu, þá vita menn ekki hvar feigðarmörkin eru, hversu mikil þessi brennisteinssýrlingsmengun má vera í andrúmsloftinu til þess að drepa líf í ám og vötnum. Við vitum hversu mikil brennisteinssýra má vera í vatninu sjálfu, sem fiskurinn er í, til þess að drepa þar ekki allt líf. Það vitum við. En við vitum ekki og enginn veit brennisteinssýrlingsmörkin í andrúmsloftinu vegna þess hversu brevtileg þau eru. Það eitt er víst, að hættan evkst í réttu hlutfalli við nálægð þessarar verksmiðju. En hvað um það, engan þarf að undra það þótt íbúarnir á Hvalfjarðarströnd og þar í grenndinni, í hinu næsta nágrenni við Grundartanga, séu uggandi vegna þessa máls. Engan þarf að undra þótt það kom í ljós, að þetta gerist einmitt upp úr afgreiðslu Nd. á frv. þegar meiri hl. alþm. hefur fengist til, þrátt fyrir fyrri revnslu, þrátt fyrir áhættuna, að samþykkja þetta frv., — þótt þeir þá fyrst risu upp, þegar þau firn urðu þeim ljós, og óskuðu eftir að fá að njóta þess réttar sem hæstv. iðnrh. hafði lýst yfir, að því er þeir héldu, til handa öllum íslendingum, en reyndist vera aðeins til handa evfirðingum. Og það var staðfesting á þeirri skýringu hæstv. iðnrh. á orðum hans sjálfs frá því 10. febr. í vetur sem fékkst með hókun ríkisstj. á fundi hennar í morgun sem hæstv. forsrh. las okkur áðan, að ríkisstj.

telur að ekki sé unnt að fresta afgreiðslu þessa máls á Alþ. og mun ekki hlutast til um leynilega atkvgr. Þetta þýðir það sem sagt einfaldlega, að fólkið, kjósendur í Vesturlandskjördæmi, fólkið í hreppunum sunnan Skarðsheiðar, fær ekki að láta í ljós afstöðu sína til málmblendimálsins með þeim lýðræðislega hætti sem það óskaði, með leynilegri atkvgr. Þetta þýðir einnig það, að því er mér virðist, að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að taka neitt tillit til afstöðu íbúa Kiósarhrepps. Og er nú um að fjalla fyrir lögfróðari menn en mig hvernig þetta fólk á að bregðast við í landi þar sem ein lög eiga að vera, þegar því er lýst yfir af hálfu ríkisstj. sjálfrar, að það eigi ekki að njóta sama réttar í máli, sem varðar líf og dauða, og íbúar annarra héraða. Ekki vil ég neinu spá um viðbrögð þessa fólks, en gleðja mundi það mig mikið ef í ljós kæmi að landsetar í landnámi Ingólfs Arnarsonar og Skalla-Gríms, uppeldishéraði Egils Skalla-Grímssonar, sýndu það nú, að þeir stæðu ekki hingeyingum langt að baki í því að reyna að grufla upp ráð sem verða mætti til þess að gera ófýsilegt að reisa úr járnbentri steinsteypu mannvirki í héraði þeirra með vafasömum lagalegum rétti og í óbökk þeirra allra.

Ég vil hér í Sþ., þótt tækifæri gefist til þess að ræða þetta mál enn frekar við 3. umr. í Ed., vekja athygli á yfirlýsingu formanns þingflokks Alþb., sem hann flutti hér ljósum orðum, á þá lund, að komist Alþb. í þá aðstöðu, til þeirra áhrifa sem til þess þarf, þá verður samningnum við Union Carbide rift. Og ég vil enn vekja athygli á því, að í sambandi við annan samning sem var þó geirnegldari og járnbentari heldur en þessi, samninginn 1961 við vestur-þjóðverja og breta um landhelgina okkar, var flutt sams konar yfirlýsing af hálfu Alþb. og það var staðið við hana. Ég vil nú gjarnan, ég fór þess að vísu á leit við hæstv. iðnrh. í Ed. í gær, en ég vil ítreka það hér í Sþ. og beina því til forsrh., að það sé ekki nema drengskaparatriði að koma þessum upplýsingum á framfæri við samningsaðilann úti í Noregi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að hæstv. forsrh. er horfinn úr salnum. Ef einhver tök væru á að fá hann hingað aftur þætti mér það betra. Mér þætti betra að hann væri hér viðstaddur á meðan ég flyt ræðu mína.

Hv. þm. Benedikt Gröndal talaði hér áðan um það fólk sem sent hefur ríkisstj. margumtöluð tilmæli. Hann talaði um það sem „fólkið hans Jónasar". Ég er ekki í neinum vafa um það, að á bak við þessi tilmæli, fylgjandi þessum tilmælum eru 70—80% af öllum íbúum Borgarfjarðarhéraðs, og mér dettur ekki í hug að gera tilkall til alls þessa fólks. En ég geri tilkall til þess, að þessu fólki sé af hálfu stjórnvalda sýnd sjálfsögð virðing og tekið sé tillit til sjálfsagðra óska þess um að fá að njóta sjálfsögðustu lýðræðisréttinda. En hér er verið að neita því um það. Þessi stutta og laggóða bókun sem hæstv. forsrh. las hér upp áðan, þess efnis, að ríkisstj. sæi sér ekki fært að verða við þessum tilmælum og muni ekki hlutast til um leynilega atkvgr. um málið, þessi bókun er hin argasta ósvífni gagnvart þessu fólki. Ég læt mig engu varða allt tal um að þetta sé á síðustu stundu Ef þetta er á síðustu stundu, þá er það ekki þessu fólki að kenna. Það er rúm vika síðan við þm. Vesturl. fengum tilmæli barna ofan úr sveitunum um að beita okkur fyrir almennum fundi þar efra um þetta mál. Þau tilmæli komu, að ég hygg, á mánudaginn í hinni vikunni. Það eru 8—9 dagar síðan. Og ef þm. Vesturl. hefðu brugðið við, eins og ég vildi, og tilkynnt þessu fólki, eins og ég hafði reyndar krafist hvað eftir annað héðan úr þessum ræðustól, tilkynnt þessu fólki að við mundum efna til almenns fundar þegar í stað, hefði þetta fólk þá verið nógu snemma á ferðinni? Eitt er víst, ástæðan til þess, að þessi almenni fundur var ekki haldinn fyrr en í fyrradag, er sú, að þeir menn, 5 af þeim 6 mönnum sem eru hér á Alþ. til að gæta hagsmuna þessa fólks, til að gæta réttar þess, til að sjá um að það fái notið sjálfsögðustu lýðræðisréttinda, synjuðu um þessi tilmæli í lengstu lög. Þeir reyndu fyrst að komast hjá almennum fundi með því að boða hreppsnefndirnar á fund hér úti í Þórshamri, kl. 4 átti það að vera á laugardaginn var, hreppsnefndirnar áttu að koma á fund til þess að ræða við þá, leynilegan fund, næstum að segja, þó ekki alveg eins leynilegan og fund þann sem ofurlítið hefur borist í tal hér á þessum fundi, ég á við þann fund sem hæstv. forsrh. fór á nú fyrir skömmu. En þetta átti að vera fundur þar sem almenningur þar efra kæmi hvergi nærri, — þó ég vilji ekki synja fyrir það að hreppsnefndir séu partur af almenningi, — en það átti ekki að ræða málið fyrir opnum tjöldum. Það átti að komast hjá því, það átti að komast hjá öllum óþægindum. Það átti að bjóða upp á kaffi og sitja í notalegheitum með hreppsnefndunum. Og þessir 5 þm. senda skeyti — ég neitaði að setja nafnið mitt undir það skeyti — og mælast til þess, að hreppsnefndirnar komi á þennan fund. En hreppsnefndirnar svara að það sé ekki þessi fundur sem almenningur þar efra sé að biðja um, fólkið sé að biðja um almennan fund, og hreppsnefndarmenn muni ekki koma á Þórshamarsfundinn. Og þá verður niðurstaðan sú að hætta við þann fund, og þeir fallast á að haldinn skuli almennur fundur þar efra.

Þegar við þm. Vesturl. efnum sameiginlega til funda, þá er það hjá okkur eins og í öðrum kjördæmum, að þeir fundir eru auglýstir. Það er tilkynnt um þá í útvarpi og víðar. Þar að auki eru svo oddvitar eða einhverjir aðrir í héruðum beðnir að láta þetta berast á bæina. En það er föst regla að auglýsa þetta í útvarpi. Ég vildi auglýsa þennan fund í útvarpi. Ekki var við það komandi, aðeins að tala við oddvitana og biðja þá að boða fundinn. Og hvers vegna? Vegna þess að það kynnu að koma á þennan fund einhverjir sem ekki ættu að vera þar! Þetta ætti að vera fundur sem haldinn yrði eingöngu með fólkinu í þessum marggreindu sveitum sunnan Skarðsheiðar og engu öðru fólki. Ég benti á að ekki væri þar með sagt að þetta bærist ekki út, allir oddvitar mundu vita um fundinn og boð um hann bærust bæ frá bæ, — ef það þá bærist bæ frá bæ, sem ég var ekki alveg viss um. En þetta kom fyrir ekki. Ég hélt því fram, að það gæti vel verið að einhverjir aðrir hefðu áhuga á þessum fundi í héraðinu heldur en þetta fólk, og spurði hvort loka ætti dyrum á slíka gesti. En það

þýddi ekkert um þetta að ræða. Það var ákveðið að boða fundinn sisvona. M. ö. o.: það var ekki ætlunin að fá fjölmennan fund. Þess vegna finnst manni það koma úr hörðustu átt þegar hv. þm. Ásgeir Bjarnason lætur orð falla í Ed. í gær sem eiga að skiljast svo, að þetta hafi verið næsta fámennur fundur og lítið mark á honum takandi. En það var á honum töluvert á annað hundrað manns, þrátt fyrir það að svona var til hans boðað. (ÁB: Rangt eftir haft.) Þá gerir hv. þm., hæstv. forseti, aths. við það héðan úr ræðustólnum. En þessi hv. þm. sagði m. a., að af þeim 179, sem sendu plaggið hingað til okkar um almenna fundinn nú fyrir níu dögum, af þeim hefðu ekki verið nema 40—50 á þessum fundi uppi á Leirá. Þetta kallar maður nú að þekkja sína sauði. Hv. þm. horfir yfir fundarsalinn, það festist í minni hans hverjir þarna eru, fer svo í listann yfir þetta fólk og fær út töluna 40—50. Þetta er nú að vera glöggur sauðamaður! Það er óhjákvæmilegt að láta þessa getið hér, — þegar verið er að ræða um það, að allt sé þetta of seint fram komið, — hvernig til þess fundar var stofnað.

En hvað hefur yfirleitt verið gert til þess að upplýsa fólk þar efra um þetta mál? Það er ekki langt síðan við þm. fregnuðum af skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins um mengunarhlið málsins og af ýmsum ágreiningsatriðum milli Heilbrigðiseftirlits og heilbrrn. varðandi það mál. Það er ekki langt síðan. Ég held að það séu ekki nema tvær vikur síðan formaður iðnn. Nd. neitaði þm. um að skoða þetta plagg, þetta væri trúnaðarmál. Ætlast menn til að fólk í sveitunum efra viti hvað stendur í slíku plaggi, þegar okkur þm. er neitað um að skyggnast í það?

Sannleikurinn er sá, að það hefur verið unnið að þessu máli á þann hátt, með slíku pukri og þess háttar vinnubrögðum beitt, að það er ekkert undarlegt þó að menn átti sig seint. En ég ítreka, að þó að þessi tilmæli þar ofan að hafi ekki komið formlega fyrr en núna og þó að talað sé um að slíta þingi á morgun, þá ansa ég ekki slíkum rökum. Þetta mál er svo mikilvægt að við alþm. erum ekkert of góðir til að sitja hér eina eða tvær vikur í viðbót til að fjalla um þó ekki væri nema þetta eina mál og sjá til þess, að það fái þá afgreiðslu sem nauðsynleg er, þá umfjöllun sem nauðsynleg er, og bíða eftir því að fólkið þar efra segi álit sitt.

Og nú vil ég beina til hæstv. iðnrh. einni fsp. Ég vísa til ívitnunar hans í gamla ræðu sína og ummæla hans sem skilja mætti á þann veg, að það væru engir aðrir en eyfirðingar, skilst manni, sem ættu að njóta þess réttar að segja sjálfir til um það, hvort þeir skuli fá yfir sig svona verksmiðjuófögnuð eða ekki. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvað veldur því, að borgfirðingar eiga ekki skilið að fá að njóta sama réttar og eyfirðingar að hans dómi?

Ég ítreka mótmæli mín vegna þeirra vinnubragða sem beitt hefur verið í þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstj. Þau eru fyrir neðan allar hellur. Þau eru til skammar fyrir ríkisstj. Og það er til skammar fyrir Alþingi Íslendinga ef alþm. gera ekki allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir þessa ósvinnu.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan, þegar hann var spurður um fund þann sem hann sat nú ekki alls fyrir löngu, — það var fundur í samtökum sem hæstv. dómsmrh. hefur nefnt „Bernharðsreglu“ í blaðaviðtölum, hæstv. forsrh. sagði eða það mátti skilja orð hans þannig, að hann teldi sér ekki skylt að gefa einum né neinum skýrslu um það, hvað fram fór á þessum fundi, enda er þetta leynifundur, þetta er leyniregla. En hann sagði, að þarna hefði verið fjallað um „efnahagslíf í blönduðu hagkerfi“. Ég ætla ekki að lengja mál mitt með vangaveltum um það, hvað gerist þegar blendnir menn koma saman á fund til þess að ræða blandað hagkerfi. En fyrir þá sök hefur formaður Framsfl. og ég held líka utanrrh. nefnt þetta „Bernharðsreglu“, að sá, sem var forseti þessara samtaka til skamms tíma, var Bernharð nokkur Hollandsprins sem frægur varð af því að stofna með nokkuð sérstæðum hætti til blandaðs hagkerfis með Lockheed-flugvélaverksmiðjunum.

Ég ætla ekki að leiða getum að því, hvað hæstv. forsrh. kann að hafa lært á þessum fundi um „blandað hagkerfi“. En eitt er víst, að ekkert hefur hann lært um það sem við nefnum sjálfsögð lýðræðisréttindi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. utan dagskrár að neinu ráði. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú bókun sem hæstv. forsrh. las hér upp og ríkisstj. hafði gert á fundi sínum í morgun, þar sem hún kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé of seint að fá fram vilja þess fólks á Hvalfjarðarströnd og í Borgarfirði sem járnblendiverksmiðjumálið snertir hvað mest. Ég verð í fyrsta lagi að mótmæla því harðlega, að þetta sé of seint. Eins og hér hefur verið lögð áhersla á af talsmönnum stjórnarandstöðu, þá er ekkert sjálfsagðara en það, að Alþ. verði að störfum næstu vikurnar, undir þeim kringumstæðum sem nú eru, og þá er að sjálfsögðu nægur tími til þess, jafnvel fyrir þá sem ætla sér að samþykkja þetta járnblendiverksmiðjumál, að fá fram vilja fólksins sem það snertir alveg sérstaklega.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að koma því á framfæri, að það er nú þegar vitað svo og svo mikið um mikla og vaxandi andstöðu við þetta fyrirtæki hjá því fólki sem það hlýtur sérstaklega að bitna á sakir umhverfisröskunar, sakir mengunarhættu og sakir annarra þeirra atriða sem margsinnis hafa verið rakin og ég ætla ekki að fara frekar út í hér. Ég vil aðeins — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp hér inngang að erindi sem allir þm. Reykn. hafa fengið sent og einnig hefur verið lagt fram á skrifstofu Alþingis, þar sem kemur fram mjög glöggt hver er vilji fólksins í Kjósarhreppi. Það hefur verið og kannske eðlilega lögð á það áhersla við umr. um járnblendiverksmiðjuna, að þetta mál snerti sérstaklega fólkið í Vesturlandskjördæmi, og það gerir það vissulega. En það snertir einnig það fólk í Reykjaneskjördæmi sem býr hinum megin Hvalfjarðar, því að við vitum að Hvalfjörðurinn er ekki breiður, og vissulega lætur það fólk sig þetta mál varða. En með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upphaf að erindi sem okkur þm. Reykn. barst ásamt undirskriftum:

„Á fundi í Kvenfélagi Kjósarhrepps, höldnum að Eyri í Kjós þann 26. apríl 1977, var ákveðið

að Kvenfélagið beitti sér fyrir almennri undirskriftasöfnun meðal íbúa Kjósarhrepps gegn áframhaldandi framkvæmdum við fyrirhugaða járnblendiverksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði vegna augljósrar mengunarhættu af völdum verksmiðjunnar fyrir hreppinn og of mikillar fjárhagslegrar áhættu fyrir þjóðina í heild.“

Síðan segir í þessu bréfi sem þm. fengu:

„Ályktun þessi var borin milli allra bæja í Kjósarhreppi 27.—29. apríl. 91 íbúi hreppsins var heima við, þar af skrifuðu 77 undir.“

Þetta bréf er afhent þm. Reykn. hinn 30. apríl, og hér er ég með þessar 77 undirskriftir. Það kemur hér fram að 14 af þeim, sem til náðist, hafa ekki verið reiðubúnir til þess að skrifa undir þessa ályktun. Hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, komst þannig að orði hér áðan, að það væri bara „fólkið hans Jónasar“ sem væri á móti þessari járnblendiverksmiðju. Nú er það ótvírætt að Jónas Árnason, hv. 5. þm. Vesturl., hefur átt miklu og vaxandi fylgi að fagna í Vesturlandskjördæmi. En þessir 77 kjósendur í Kjósarhreppi eru þó ekki í þeim skilningi „fólkið hans Jónasar“. Hins vegar kæmi mér það á óvart ef hv. þm. Axel Jónsson þekkti ekki býsna margt af því fólki og raunar hv. þm. Oddur Ólafsson þekkti töluvert af því líka, þannig að ég hygg að þetta dæmi um afstöðu fólksins í Kjósarhreppi sé nokkuð ljóst um það, hversu mikil og hversu vaxandi andstaða er gegn þessu járnblendifyrirtæki einmitt á þeim slóðum þar sem það á eftir að hafa mest áhrif bæði í sambandi við umhverfisröskun og mengun. Það er því vissulega þung ábyrgð þeirrar hæstv. ríkisstj. sem vitandi vits er nú að ganga gegn vilja að því er virðist mikils meiri hl. fólks í þessum hreppum sem þetta mál varðar alveg sérstaklega.

Hv. þm. Ragnar Arnalds hefur lagt fram rökstudda dagskrá í Ed. í sambandi við þetta járnblendiverksmiðjumál. Hann telur þar upp 12 atriði sem öll í senn og næstum því hvert um sig eru það mikils háttar, að þau eru ástæður gegn því að reisa þessa verksmiðju. Eitt af þeim atriðum, sem hann nefnir, er það, að svo virðist sem fólkið í þeim hreppum, sem þetta mál skiptir mestu, sé andvígt verksmiðjubyggingunni. Ég held að það megi kveða miklu fastar að orði og það sé þegar komið fram, að það er mjög mikil andstaða og mikill meiri hl. fólks í þessum hreppum er andstæður þessari verksmiðju. Því segi ég það — og það skulu vera mín lokaorð hér utan dagskrár — að það er mikil og það er þung ábyrgð þeirrar ríkissti. og þeirra alþm., stjórnarsinna, sem ætla að knýja það fram að þessi verksmiðja verði nú reist, þrátt fyrir það að það virðist liggja fyrir að mikill meiri hl. fólks í þessum héruðum er andstæður verksmiðjunni. Og það á að koma í veg fyrir, að sú andstaða komi fram með lýðræðislegum hætti, með því að neita þessu fólki um að það fari fram leynileg atkvgr. Ég segi: Þessi ábyrgð er þung.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. verulega úr því sem komið er, en mig langar til að fara hér nokkrum orðum um það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. varðandi þá ákvörðun hæstv. ríkisstj. að slíta þingi á morgun og senda það heim.

Hæstv. forsrh. sagði að þingslit nú, þ. e. a. s. á þessum tíma, væru ekkert frábrugðin því sem áður hefði verið, og vel má svo vera. Það hefði kannske ekkert verið sérstaklega til þess tekið þó að þinglausnir hefðu farið fram á morgun miðað við eðlilegar aðstæður í þjóðfélaginu. En er það virkilega svo, að hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. og allt stuðningslið hennar hér á hv. Alþi sé þeirrar skoðunar, að það skipti engu máli, hvert ástand er í þjóðfélaginu, um það, hvort Alþ. lætur sig þau mál varða eða ekki. Er það virkilega svo, að það sé í raun og veru skoðun hæstv. ríkisstj., að það skipti engu máli hvort Alþ. lætur til sín taka í því ástandi sem nú er, þegar yfirvofandi er allsherjarverkfall og alger lömun er fyrirsjáanleg á öllu atvinnulífi landsmanna innan tíðar verði ekkert að gert. Það er a. m. k. öruggt mál, að launafólk í landinu, það sem nú býr sig undir það að heyja harða baráttu til að knýja fram þá grundvallarkröfu verkalýðshreyfingarinnar nú, að lágmarkslaun skuli vera röskar 100 þús. kr. á mánuði, það lítur það einkennilegum augum að Alþ. hlaupi frá og láti sig engu varða hvað verður um mál sem þetta nú á næstu dögum eða vikum. Þetta er því ekkert sambærilegt við það, sem hefur verið að gerast að undanförnu. Það er allt annað hvort Alþ. er sent heim þegar engin mikilvæg mál blasa við til úrlausnar eða hvort það er sent heim kannske gagngert til þess að geta beitt valdi með brbl. á annan veg heldur en kannske meiri hl. Alþ. vildi staðfesta. Og hæstv. forsrh. sagði að það væri til lítils gagns að ræða samningamálin hér á Alþ. Er það einnig skoðun hæstv. ríkisstj., að í raun og veru komi Alþ. ekkert við hvað sé að gerast á vettvangi aðila vinnumarkaðarins þegar yfirvofandi er allsherjarverkfall? Ber að líta svo á að þm. almennt komi það ekkert við, hvort hjól atvinnulífsins snúast eða ekki? Ég hygg a. m. k. að þeir séu æðimargir í röðum launamanna, sem nú búa sig til þess að heyja baráttuna, sem telji að Alþ. og alþm. beri skýlaus skylda til að fylgjast með því og hafa áhrif á það til hins betra með hverjum hætti þessu deilumáli verður ráðið til lykta.

Það var vikið að því áður í þessum umr., að hæstv. dómsmrh., formaður Framsfl., annars stjórnarflokksins, hefði lýst því yfir opinberlega, að hann teldi að atvinnurekendur ættu skilyrðislaust að skrifa undir kröfuna lágmarkslaun. Og eftir þessu var tekið. Það hefur verið mjög eftir þessu tekið, þessari yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. Og ef hæstv. ráðh., sem ég vil ekki draga í efa, hefur meint þessi orð, þá eru það einlæg tilmæli mín til hans sem formanns Framsfl. og sem einhvers valdamesta aðila innan þeirrar hreyfingar sem Framsfl. er hvað sterkastur í, þ. e. a. s. Vinnumálasambands samvinnufélaganna, að hann beiti áhrifum sínum í þá átt, að Vinnumálasamband samvinnufélaganna, sem er aðili innan Vinnuveitendasambands Íslands, hafi áhrif á það innan þeirra herbúða að gengið verði að þessari kröfu verkalýðshreyfingarinnar. Það er enginn vafi á því, að ef hæstv. dómsmrh. vill hafa áhrif á að mál þróist með þessum hætti og þetta gerist, þá getur það orðið til þess að ríða á vaðið með það að ganga að þessari kröfu, þessari grundvallarkröfu verkalýðshreyfingarinn-

ar. Og það er ástæða til í áframhaldi af þessu að spyrja hæstv. forsrh., einn áhrifamesta aðila innan hins stjórnarflokksins: hvert er álit hæstv. forsrh. á þessari kröfu verkalýðshreyfingarinnar sem dómsmrh. er búinn að tjá sig um? Er hæstv. forsrh. þeirrar skoðunar, að vinnuveitendum beri skilyrðislaust og nú þegar að ganga að þessari kröfu verkalýðshreyfingarinnar sem sanngjarnri og réttlátri, eða er hann á annarri skoðun? Ég dreg það nefnilega ekkert í efa, að ef báðir þessir aðilar innan ríkisstj., sem eru áhrifaaðilar, beita innan samtaka vinnuveitenda áhrifum sínum í þessa átt, þá verður lausn fundin fyrr á þeirri kjaradeilu, sem nú stendur yfir, heldur en ella væri.

Ef það er hins vegar svo, að hæstv. forsrh. er á annarri skoðun í þessum efnum heldur en formaður Framsfl., þá hefur það auðvitað sín áhrif í þá átt að draga úr möguleikum á því, að þessari kröfu verði fullnægt nú á næstunni. Það er því mikils um vert að Alþ. fái um það vitneskju og verkalýðshreyfingin í landinu fái um það vitneskju, hvort hæstv. forsrh. er sömu skoðunar í þessu máli og hæstv. dómsmrh., formaður Framsfl., þ. e. a. s. hvort hæstv. forsrh. telur að atvinnurekendum beri skilyrðislaust að ganga að þessari kröfu verkalýðshreyfingarinnar. Og það verður eftir því tekið, ef hæstv. forsrh. víkur sér undan því að svara þessu. Það verður ekkert síður eftir því tekið heldur en ef hann yrði við þessari beiðni og svaraði því, kannske burt séð frá því hvert svar hans yrði. Ég ítreka þá ósk mína til hæstv. forsrh., að hann lýsi því hér yfir nú, hver afstaða hans í þessu máli er.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það kalda stríð, sem nú undanfarið hefur verið háð gegn íslenskri iðnvæðingu, virðist vera að ná alveg furðulegum árangri. Alls staðar sjá menn hættur. Þótt nú sé einblínt á Grundartangaverksmiðjuna, þá er slíkt að sjálfsögðu aðeins tímabundið. Fólkið í landinu er að verða hrætt. Það veit ekki á hverju það á von. Það er talað um að við séum að komast að mörkum þess að eiturefni séu svo mikil í okkar andrúmslofti að okkur verði að skaða, og vitað er að hægt er að hræða fólk með því, sem það þekkir illa, fremur en nokkru öðru.

Ég fékk það skjal sem hv. 3. þm. Revkn. las hér upp áðan, og það er rétt, ég þekki margt af þessu fólki og ég hef talað við margt af þessu fólki áður og það fyrir tveimur til þremur árum um þessa verksmiðju. Það er að vísu rétt, að fólkið í Kjósinni getur ekki vænst neins af þessari verksmiðju, nema ef vera skyldi óþæginda. Sé það rétt að mengun og óhollusta stafi frá þessari verksmiðju, þá er Kjósin að sjálfsögðu mjög nálægt, aðeins yfir mjóan Hvalfjörðinn að fara, og má þá búast við að það verði fyrir óþægindum. Dunið hafa á þessu fólki látlaust alls konar upplýsingar frá hinum mætustu mönnum, kjörnum fulltrúum þjóðarinnar, um hættuna á því, að þessi verksmiðja verði ógnvaldur ekki bara lífríkis Hvalfjarðar, ekki bara lífríkis Faxaflóa, heldur lífríkis alls Íslands, og þessi verksmiðja sé líkleg til þess að raska búsetu til stórra muna.

Nú er það að sjálfsögðu rétt, að öll iðnfyrirtæki eða flest þeirra munu færa með sér einhverja mengun, og að sjálfsögðu, því fleiri sem þau eru, þá má búast við að mengunin verði meiri. En þar með er ekki sagt, að þetta sé sú mengun sem verði fólki að skaða, og ekki heldur þar með sagt, að það verði mikil mengun sem vegur upp á móti þeim hagstæðu áhrifum sem slík iðnþróun og iðnvæðing kann að hafa á líf manna í landinu. Við höfum lifað án iðnaðar og við höfum lifað án stáls, og það var ekki alltaf glæsilegt líf í þessu landi. Það var margt að enda þótt við hefðum ekki verksmiðjur. En ég get að því leyti að nokkru skilið viðhorf hv. 5. þm. Norðurl. e., því að ég man ekki betur en hann hafi viðhaft þau orð fyrir nokkru í Ed. í umr. um fiskveiðimál, að kannske kæmi að því og það væri ekki illa farið ef við færum að róa aftur á árabátum. Þetta mun hann hafa sagt þegar verið var að ræða um væntanlegan olíuskort í heiminum og kannske yrði olían og ýmis önnur hráefni uppurin þá og þegar og þá kæmi til hins frumstæða lífs á ný.

Nú er mikið úr því gert, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafi gert skýrslu og komið með sínar kröfur fram um hollustuhætti þessarar tilvonandi verksmiðju. Og Heilbrigðiseftirlitið mun hafa gert bók upp á 180 síður um þetta mál og er hluti af henni hið fyrsta starfsleyfi fyrir slíkri verksmiðju. Nú finnst mér það engin furða, þegar Heilbrigðiseftirlit ríkisins í fyrsta sinn gerir slíkt rit, þótt aðrir sérfræðingar kunni að hafa eitthvað við það að athuga og hafi jafnvel hug á því að breyta því eitthvað lítils háttar. Þótt ég hafi mikla trú á Heilbrigðiseftirliti ríkisins og heim mönnum er þar starfa, þá fyndist mér óeðlilegt ef þeir í fyrsta sinn sem þeir gera slíkt rit gerðu það án þess að nokkur gæti nokkuð að því fundið. En mér skilst, og ég held að það verði ekki á móti því mælt, mér skilst að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins sé tiltölulega ánægður með árangurinn og hann geti vel sætt sig við það starfsleyfi sem veitt var.

Ég spurði þennan unga mann í gærkvöld að því, hvar ég gæti skoðað verksmiðjur sem hefðu fullkomnari mengunarvarnir og betri hollustuhætti í veröldinni heldur en verksmiðjan á Grundartanga, ef væri farið að reka hana í dag undir þeim skilyrðum sem til stendur að verði þar. Hann vissi ekki um það og hélt að það væri ekki önnur verksmiðja til í heiminum sem hefði betri skilyrði til þess að gera vel við sitt fólk og gefa frá sér litla mengun heldur en þessi verksmiðja, ef hún yrði reist og rekin á þann hátt sem nú stendur til að gera. Og ég spurði hann þá hvað væri með allt það heita vatn, sem sagt hefði verið að mundi fara út í Hvalfjörðinn, menga hann og breyta lífríkinu. Það kom þá í ljós, að þarna verður lokað kerfi þannig að það fer ekkert heitt vatn út í Hvalfjörðinn. Þá er þetta með rykmagnið sem fer upp í loftið. Þeir voru sammála um það, bæði landlæknir og forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, að mjög ólíklegt væri að það ryk gæti gert einhvern skaða hinum megin við Hvalfjörðinn og jafnvel ekki í næsta nágrenni, því að það yrði vel gengið frá mengunarvörnum. Svona til gamans spurði ég landlækni að því, hvort hann teldi hættulegra að reykja einn pakka af sígarettum á dag í tuttugu ár eða vinna í 20 ár í þessari væntanlegu verksmiðju, ef hún risi við þær aðstæður sem ætlað er. Hann sagði að

það væri ekki gott að svara svona spurningu, en hann fyrir sitt leyti teldi augljóst að sígarettureykingarnar væru hættulegri.

Ég held að það sé mikið moldviðri sem búið er að þyrla upp um þetta mál. Mér finnst að þetta sé hiá okkur eins konar nauðvörn. Ég var í gærkvöld að reyna að tala fyrir till. sem við vorum báðir á, hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég, um ráðstafanir sem við töldum að gætu orðið í þá átt að vernda eða hamla aðeins gegn ofveiðinni í þorskinn okkar. Við vorum sammála um að hrygningarstofninn væri í hættu. Og hvað þýðir það? Það þýðir það, eins og vitað var fyrir löngu, að við þurfum að renna fleiri stoðum undir okkar atvinnulíf. Til þess að gera það höfum við reist álverksmiðju. Til þess að gera það erum við að reisa verksmiðjuna á Grundartanga. Þetta er nauðvörn. Við sjáum að við erum í hættu með okkar fiskstofna. Við verðum að geta fengið tekjur fyrir þetta þjóðfélag frá öðru en sjávarútveginum, a. m. k. um tíma. Og ég er algerlega sammála því, að við eigum að takmarka stóriðju og orkufrekan iðnað mjög mikið. Hitt er ekki óeðlilegt, að við lítum til okkar næstmestu auðlindar þegar okkur vantar tekjustofna, og það er ekkert óeðlilegt, þó að við leitum eftir því að nýta okkar orku, vatnsfallaorku og hitaorku, þegar við getum ekki lengur eingöngu treyst á fiskinn. Þetta höfum við verið að gera. En ég lít svo á, að það sé svo fjarri því að við séum í hættu með okkar lífríki, að þetta ógni okkar þjóð, og sem dæmi um það, hvernig hægt er að segja hálfan sannleika eða minna og hræða fólk, vil ég segja: Mikið hefur verið úr því gert, að það færu 6000 tonn af brennisteinssýrlingi út í loftið hjá okkur. (StJ: 8 þús. tonn.) Ja, það eru 6 eftir upplýsingum forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins, en verða 8 þegar Grundartangaverksmiðjan fer í gang, eins og hann sagði. En Evrópa gefur frá sér 65 millj. tonn af brennisteinssýrlingi. Evrópa er þó það svæði í heiminum þar sem fólk lifir kannske lengst og heilbrigðustu lífi að jafnaði. (StJ: En fiskarnir í vötnunum?) Og fiskarnir í vötnunum lifa þrátt fyrir brennisteinssýrlinginn. Hins vegar kemur það fyrir, ekki bara í Evrópu, heldur víða um heim, að það verða dauðsföll af völdum brennisteinssýrlings. Og einasta sem við verðum varir við brennisteinssýrling hér á Íslandi er þegar slík átt er, að brennisteinssýrlingur kemur frá Evrópu, alla leið yfir Atlantshafið til okkar, þá verðum við stundum varir við hann. En þessi sýrlingur, þessi 8 þús. tonn, er núna eitt af því sem veldur undirskriftunum sem eru að streyma hér að, og umtalið um að mörkin séu ekki þekkt, þetta geti verið hættulegt, ekki bara lífríkinu í Hvalfirði, heldur jafnvel fólkinu í landinu, og það verði að koma viti fyrir þessa blessaða fáráðlinga, sem séu að semja þessi lög og byggja þessa verksmiðju.

Að lokum vil ég segja það, að ég hef talað við marga aðila sem þetta mál snertir. 1974 var, eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði í Ed., byrjað að byggja Grundartangaverksmiðjuna. Nú er aðeins verið að skipta um eiganda og verkið heldur áfram. Það er ekki verið að byrja á neinu nýju verki. Það er aðeins verið að byggja verksmiðjuna sem byrjað var á 1974.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Mér þóttu ummæli hæstv. forsrh. um Bilderbergfundinn svokallaða það athyglisverð, að ég held að það sé fyllsta ástæða til þess að ræða þau nánar hér á Alþ. Hæstv. forsrh. upplýsir að hann hafi farið sem slíkur á þennan fund, þ. e. a. s. hann hefur þá farið á kostnað almennings til viðræðna við helstu áhrifamenn hins vestræna heims á sviði efnahagsmála og hermála. Samt fer það svo, þegar hann er kominn heim og inntur eftir því, hvað hafi verið til umræðu á þessum fundi, þá lýsir hann því yfir að hann gefi engar upplýsingar um það, ekki einu sinni ríkissti., hvað þá hjóðinni sem hefur borgað undir hann á þennan fund.

Það er náttúrlega fyrir löngu vitað að yfir þessum fundum hvílir mikil leynd eða á að gera það a. m. k., svo mikil leynd að bresk blöð kalla þessa Bilderbergsamkundu mafíu hins vestræna heims. Þessum fundum er haldið uppi af áhrifamönnum í ríkjum sem gjarnan kalla sig lýðræðisríki, en svo þegar kemur að því að þeir, sem ráða mestu í þeim ríkjum, setjast á rökstóla til þess að móta stefnu, þá er lýðræðið ekki meira en svo, að það má ekki síast út, það er lokað inni og hjóðkjörnir fulltrúar telja sig geta á hjóðhingum neitað að gefa nokkrar upplýsingar um hvað þar er að gerast. Læt ég svo hvern og einn og hæstv. forsrh. Íslands um að dæma um það, hvort hér sé um lýðræði að ræða eða ekki.

Það er vitað mál, að á þessum fundum er mótuð stefna, — stefna sem hefur áhrif á þær hjóðir þar sem áhrifa þessara manna gætir eða þar sem þeir ná til. Hæstv. forsrh. Íslands lýsir veru sinni á þessum fundum á þá leið, að hann hafi gagn af þessum umr., hann verði margs vísari og láti þá vitneskju koma fram við afgreiðslu mála hverju sinni. Hvað þýðir þetta? Hæstv. forsrh. útbreiðir fagnaðarerindið, og við getum raunar ekki vitað þegar hæstv. forsrh. opnar munninn hvort hann er að tala sjálfur eða hvort hann er að tala út úr Bilderbergklúbbnum og boðar þar einhverja línu sem er mótuð þar. Mér virðist hæstv. forsrh. hafa viðurkennt með þessum orðum að hann sé fjarstýrður af þessari mafíu hins vestræna auðvalds.

Kannske veitti ekki af að hæstv. forsrh. sækti þennan fund einmitt á þeim tíma þegar samningar standa milli launafólks og atvinnurekenda og átök á vinnumarkaðinum fram undan. Á þessum tíma, er hæstv. ráðh. sat þennan fund, var raunar einsýnt að samningar stóðu þannig að til einhverra aðgerða hlaut að koma.

Enda hótt mikil leynd hvíli yfir þessum samkundum, þá hefur þó farið svo með árunum að blaðamenn og sagnfræðingar, ýmsir rannsóknarblaðamenn svokallaðir, hafa grafið upp ýmislegt, og það er auðvitað ekkert leyndarmál heldur hverjir sækja þessa fundi. Það eru forstjórar auðhringa, það eru hershöfðingjar NATOs og yfirmenn CIA, það eru ráðamenn hjá Efnahagsbandalaginu. Hæstv. forsrh. Íslands segir, að þeir hafi núna verið að ræða efnahagsmál. Það væri fróðlegt fyrir launafólk á Íslandi að fylgjast með því, hvaða línu hæstv. forsrh. hafi sótt hangað núna.

Ég hef undir höndum umræðuefni af þessum Bilderbergfundum um nokkurt árabil og heimildin er ítalska blaðið L'Evropeo. Ég ætla, til þess að gefa hv. Alþ. nokkra hugmynd um hvað þarna er rætt og á hverju við megum eiga von, að lesa hér upp umræðuefni þessara funda, en þessi samtök eða þessi mafía var stofnuð 1954, eins og menn kannske vita, sem nokkurs konar áframhald af NATO til þess að tryggja enn frekari ítök þess hernaðarbandalags á okkar heimshluta.

Á stofnfundinum 1954 var umræðuefnið varnir Evrópu gegn hættunni sem stafar af kommúnismanum, afstaðan til Sovétríkjanna. Á fundi í Frakklandi 1955 var umræðuefnið útbreiðsla kommúnismans á Vesturlöndum, stefna Vesturlanda í pólitískum, hugmyndafræðilegum og hernaðarlegum efnum. Á fundi í Vestur-Þýskalandi 1955, aukafundi, var umræðuefnið staða Atlantshafsbandalagsins, herfræðileg vandamál tengd kjarnorku, endursameining Þýskalands. Á fundi í Danmörku 1956: uppvöxtur ríkjaheilda sem beinast gegn Vesturlöndum, austurlönd og Kína, kommúnistískur undirróður í Asíu og stefna Vesturlanda. Á aukafundi í Ítalíu 1957 var umræðuefnið nútíma vopn og öryggi vesturlanda, hernaðarstefna NATO og vandamál tengd afvopnunarmálum. Á fundi í Englandi 1958 framtíð NATO, vesturlönd og Sovétríkin. Á fundi í Tyrklandi 1959: herfræðileg og viðskiptaleg vandamál vesturlanda, stefna vesturlanda í málefnum Afríku. Á fundi í Sviss 1960: staðan í heimsmálunum, stefna Bandaríkjanna gagnvart Evrópu, vandamál Evrópuríkja. Á fundi í Svíþjóð 1961: Atlantshafssamstarfið og bandarísk stjórnvöld, hið nýja hlutverk Sameinuðu þjóðanna, vandamál Efnahagsbandalagsins. Frakkland 1963: jafnvægi í hermálum Bandaríkjanna og Evrópu, Bretland og Efnahagsbandalagið, stefnan gagnvart þróunarlöndunum. Á fundi í Bandaríkjunum 1964: Atlantshafsbandalagið og breytingar á því, innri þróun Sovétríkjanna og hugsanleg stefnubreyting þeirra. Á fundi í Ítalíu 1965: samstarf á sviði gjaldeyrismála, staða NATO. Á fundi í Vestur-Þýskalandi 1966: nýskipan NATO, efnahagsþróun Evrópu með tilliti til þróunarlandanna. Á fundi í Bretlandi 1967: misræmið milli Bandaríkjanna og Evrópu á tæknisviðinu, ný vandamál NATO. Belgía 1972: ástandið í Evrópu og NATO, ný herfræðileg viðhorf. Á fundi í Frakklandi 1974: pólitísk, efnahagsleg og hernaðarleg staða Evrópu. Árið 1975 kom klúbburinn saman í Tyrklandi, en þá voru fundarmenn óvenjufáir eða um 50. Ekki veit ég hvert umræðuefnið var þá, en eftir þennan upplestur undrar mig ekki þó hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson kunni vel við sig í þessum klúbbi.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja og getur hver þm. dregið sínar ályktanir af því, hvaða línu hæstv. forsrh. Íslands sótti. Ég fyrir mitt leyti á ekki von á að sú lína verði til góðs íslenskum verkalýð, en það mun koma í ljós á næstu dögum hvað hæstv. forsrh. Íslands á að gera.

En það eru fleiri en ég og fleiri en sósíalistar sem eru andvígir svona makki áhrifamanna hins vestræna auðvalds. Um það leyti sem hæstv. forsrh. var á þessum fundi birtist forustugrein í Dagblaðinu, og ég ætla að leyfa mér að lesa hér niðurlagið úr þeim leiðara. Hann fjallar um hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson og Bilderberg. Niðurlagið hljóðar svo:

„Á meðan hafa menn vonast til að ríkisstj. gerði skyldu sína og kæmi til móts við kröfur launafólks og reyndar einnig atvinnurekenda til að auðvelda kjarasamningana. Ríkið er mikilvægasti aðilinn í kjarasamningunum. Alþ. verður sent heim eftir nokkra daga. Menn telja ástæðu að óttast að enn einu sinni muni ríkisstj. bregðast skyldu sinni og halda að sér höndum, forustumenn stjórnarflokkanna muni síðan koma fram fyrir alþjóð og kenna verkalýðshreyfingunni um verkföll og jafnvel það sem þeir munu kalla nýja kollsteypu í efnahagsmálum. Hvaða línu um þessi mál skyldi forsrh. hafa sótt á fund auðjöfranna á Englandi? Ekki eru það menn sem líklegir eru til að hafa sérstakan áhuga á að tryggja hag láglaunafólks á Íslandi eða annars staðar. Þeirra áhugi beinist að tryggingu eigin hagsmuna, að finna hagkvæma fjárfestingu og kannske rétta í leiðinni fram einhverjar gjafir í samræmi við það sem fínar frúr 19. aldar iðkuðu. Almenningur fyrirlítur þessa Bilderberg-línu."

Þannig hljóðar niðurlag leiðarans og ég held, að Dagblaðinu hafi ratast þarna satt á munn, að almenningur fyrirlítur þessa Bilderberglínu og það hefði verið Alþ. meira til sóma að hæstv. forsrh. hefði gefið sér tíma til þess að sækja einhver ráð til Alþingis Íslendinga í þeim efnahags- eða kjaramálum, sem fram undan eru, heldur en þarna út til Bilderberg.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Þetta eru umr. utan dagskrár sem óskað var eftir í sambandi við þinghald. Önnur mál hafa blandast í þær. Varðandi Bilderbergfundinn vil ég aðeins segja tvennt. Annað er það, að upplestur á dagskrárefni fundanna, sem síðasti hv. ræðumaður gat um, sýnir að þar eru málefni á ferðinni sem snerta Ísland, og ég verð að harma að ég hafi ekki átt kost á að sækja fleiri fundi en raun ber vitni um. Hitt er svo það, að ég gekk úr skugga um það gagnvart aðilum vinnumarkaðarins og þeim, er málið skiptir, að fjarvera mín frá sumardeginum fyrsta, á fimmtudegi, og þar til ég kom heim eftir hádegi á mánudegi tafði í engu samningsumleitanir aðila vinnumarkaðarins og seinkaði ekki að einu eða neinu leyti störfum sáttanefndar. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Það var ekki þannig verið að verki af minni hálfu að um undanskot frá skyldustörfum væri að ræða.

Málefni þroskaheftra, þáltill. (þskj. 61, n. 560). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 560 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 37:1 atkv.

Skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, þáltill. (þskj. 456, n. 669 og 671, 498). — Frh. síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Fjvn. hefur rætt þáltill. um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð á nokkrum fundum sínum. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að þáltill. verði samþ. með þeirri breytingu, sem gerð er grein fyrir á þskj. 671, en breytingin er í því fólgin að við 2. gr. skipulagsskrár fyrir sjóðinn verði bætt orðunum: „á grundvelli verðtryggingar eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.“ Þetta felur í sér að lögð er áhersla á það í skipulagsskránni að fé sjóðsins verði verðtryggt. Það stendur að vísu í frv., uppkastinu að skipulagsskrá, að stofnfé sjóðsins skuli varðveitt í Seðlabanka Íslands og ávaxtað með hagkvæmustu kjörum. Það má e. t. v. líta svo á að í þessum orðum felist það, að fé sjóðsins sé verðtryggt, en réttara þótti að taka það fram með ákveðnara orðalagi.

Ég fjölyrði ekki fremur að sinni um þessa till. Rétt er að geta þess, að Lárus Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. 7 nm. voru sammála um þessa afgreiðslu en 2 nm. skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Minni hl. fjvn. í þessu máli mynda ég og hv. þm. Geir Gunnarsson. Við leggjum til að þáltill. verði vísað til ríkisstj. í því skyni að hún sendi þingflokkunum málið til athugunar og umfjöllunar í sumar í þeim tilgangi að þm. kanni þær hugmyndir, sem fram hafa komið, og till., sem fram hafa verið bornar á Alþ. um ráðstöfun hagnaðar af sölu þjóðhátíðarmyntar, leitist við að ná samstöðu um eina ákveðna lausn á því máli, skili niðurstöðum í upphafi næsta þings þannig að hægt sé að afgreiða till. um ráðstöfun þessa fjár í upphafi næsta reglulegs Alþ. Sem sé, við leggjum til að till. sé vísað til ríkisstj. á þessum forsendum. Hv. þm. Karvel Pálmason, sem er aðili að fjvn. sem áheyrnarfulltrúi, styður þessa till. okkar.

Á þskj. 669 er nál. okkar minni hl. fjvn., þar sem þessi till. er rökstudd. Rökstuðningur okkar er í mjög stuttu máli á þá lund, að hér er um að ræða að öllum líkindum síðasta mál í tengslum við þjóðhátíð 1974 sem kemur til kasta Alþ. Eins og menn muna hafði Alþ. forustu um það þjóðhátíðarhald, og öll þau mál, sem komu til kasta Alþ. í sambandi við þjóðhátíðarhaldið, þar að með þeim hætti að þau voru rædd í þingflokkunum og meðal þm. og samstöðu náð um lausn þeirra áður en þau voru lögð fram til afgreiðslu hér á Alþ. Þessi vinnubrögð gerðu það að verkum, að það tókst samstaða allra þm. um ákvörðunaratriði í sambandi við þjóðhátíð 1974. Og það er tvímælalaus skoðun mín að einmitt það, að full samstaða náðist í þinginu um afgreiðslu þessara mála vegna þess að þannig var að undirbúningi staðið, einmitt það gerði það ekki hvað síst að verkum að þjóðhátíðin tókst eins vel og raun bar vitni.

Þegar kemur hins vegar að þessu máli, sem er að öllum líkindum síðasta mál í tengslum við þjóðhátíð 1974 sem kemur til kasta þingsins, þá er breytt um vinnubrögð. Í stað þess að vinna endanlega tillögugerð um þetta mál með sama hætti og gert hefur verið um öll þau mál viðvíkjandi þjóðhátíðinni sem komu til kasta þingsins, þ. e. a. s. á vettvangi Alþ. sjálfs, í samræðum þm. og í samráði þingflokka, þá var á það ráð brugðið að fá aðila utan þingsins til þess ekki aðeins að semja till. um ráðstöfun þess fjár sem hér um ræðir, heldur einnig til þess að kynna þær till. fyrir ríkisstj. og þjóðinni og hv. alþm. sem fyrst kynntust þessum till. fyrir tilverknað fjölmiðla. Þá þegar sama dag og okkur þm. var gerð þessi niðurstaða heyrinkunn var málið til umr. utan dagskrár hér á Alþ. og fjölmargir þm. óskuðu þess eindregið, að þessi vinnubrögð yrðu ekki viðhöfð, og mótmæltu þeim harðlega. Ég tók þátt í þessum umr. og setti fram þá ósk við það tækifæri, að þessar till. Seðlabanka Íslands, sem ríkisstj. voru sendar, yrðu teknar til meðferðar hér á Alþ. með sama hætti og öll önnur mál varðandi þjóðhátíðarhaldið 1974. Þetta var hins vegar því miður ekki gert, heldur tillögur Seðlabankans fluttar inn í þingið af hæstv. ríkisstj. á síðustu þingdögunum, og afleiðingarnar hafa orðið þær, að hvort tveggja hefur gerst í senn, að fjvn. hefur ekki gefist tækifæri til að kynna sér til hlítar þær hugmyndir, sem þáltill. gerir ráð fyrir að upp verði teknar við ráðstöfun þessa fjár, og eins og ekki síður frekari hugmyndir og till. sem borist hafa frá einstökum þm. Ég tel að ef knúið verður á um að afgreiða málið við þessar aðstæður, þá hljóti svo að fara að þær skiptu skoðanir sem ríkja meðal þm., komi fram í því, að þingheimur klofni í atkvgr. um síðasta mál varðandi þjóðhátíð 1974 sem kemur til kasta Alþ. að taka ákvörðun um. Minni hl. fjvn. telur að það sé mjög miður farið ef þannig á að halda á þessu máli. Við erum eindregið þeirrar skoðunar í minni hl. n., að ef aðeins þm. er gefinn tími til að kynna sér þær till., sem fram hafa verið lagðar, og þær hugmyndir, sem ýmsir einstakir þm. hafa, en ekki hefur gefist tími til að kanna nánar, svo og þær hugmyndir sem koma fram í þessari þáltill., — ef þm. gefst tími til að fá að kanna þær með sama hætti og aðrar hugmyndir í sambandi við þjóðhátíðarhaldið, þá dettur okkur ekki annað í hug en það náist fullt samkomulag milli þm. um endanlega afgreiðslu þannig að hægt sé að leggja till. þar um fyrir Alþ. næst þegar það kemur saman og afgreiða hana á nokkrum dögum með þeirri reisn og þeirri samstöðu sem þetta mál á vissulega skilið að hljóta hér í þingsölum.

Ég vil svo að lokum taka fram, að ef þessi ósk okkar um, að málinu verði vísað til ríkisstj. í því skyni að tilraun verði gerð til þess að ná samstöðu um afgreiðslu þess hér á þinginu, nær ekki fram að ganga, verði þessi till. ekki samþykkt, þá áskiljum við, sem að henni stöndum, okkur rétt til þess að greiða atkv. um þær till. sem fram hafa komið eða kunna að koma eða að taka ekki frekari þátt í afgreiðslu þessa máls.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hvort tveggja er, að tími til þingstarfa gerist nú naum-

ur og ég tel mig nú þegar hafa sagt flest það sem ég hef að segja um þetta mál og þarf því ekki að verða langorð hér. Þegar málið nú kemur frá hv. fjvn. liggja fyrir þrjár till. um meðferð þess.

Sú fyrsta, sem ég vil nefna svo, er brtt. frá okkur sex þm. sem gengur í þá átt, að í stað þess að stofna sérstakan Þjóðhátíðarsjóð verði þessar 300 millj., sem um ræðir, ágóði af útgáfu þjóðhátíðarmyntar, látnar ganga til þjóðarbókhlöðu að ⅝ hlutum og til Húsafriðunarsjóðs að ⅛.

Önnur brtt. liggur fyrir frá meiri hl. fjvn. um að samþykkja till. eins og hún liggur fyrir, óbreytta að öðru leyti en því að bæta verðtryggingarákvæði aftan við 2. gr. skipulagsskrár sjóðsins sem sjóðsstjórn hafi svo í valdi sínu að fara með að vild.

Þriðja till. er svo sú sem frsm. minni hl. hv. fjvn. hefur nýlega gert grein fyrir, að málinu verði vísað til ríkisstj. og frekari athugunar þingflokka í sumar í von um að ná samstöðu um málið.

Hv. 8. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, gerði allmikið úr þeirri staðreynd, að hér væri um að ræða síðustu tengsl við þjóðhátíð 1974. Það er að vísu rétt, að þetta er í beinum tengslum við þjóðhátíð, að mínu áliti nokkurs konar eftirmáli sem ég hefði vissulega talið að mætti vera með öðrum hætti. Það var bjart yfir allri þjóðhátíðinni 1974 og framkvæmd hennar sem var öll til fyrirmyndar. En það verður því miður ekki sagt, finnst mér, að sama heiðríkjan eins og á þeim fögru sumardögum hvíli yfir þessu máli sem við erum að fjalla um hér.

Ég þarf ekki að ítreka mína afstöðu, ég er búin að reyna að rökstyðja hana áður, ástæðuna fyrir því að ég geri hér og við fleiri ágreining í máli sem við hefðum gjarnan viljað hafa samstöðu Alþ. um. En hún er í sem allra stystu máli sú í fyrsta lagi, að ég tel að utanaðkomandi stofnun, utan Alþ., hafi af allmiklu ráðríki og framhleypni reynt a. m. k. að segja Alþ. fyrir verkum. Ég held að þetta mál sé nokkuð gott dæmi og um leið viðvörun til okkar alþm. að vera á verði gegn því að láta utanaðkomandi áhrif ráða um of gerðum þingsins, þannig að svo geti farið að lokum, ef við göngum of langt í þeirri lítilþægni okkar, að við verðum beinlínis viljalaust verkfæri í höndum allt annarra aðila en til stendur.

Það liggja fyrir yfirlýsingar beggja foringja stjórnarflokkanna um að þetta sé ekki flokksmál og það vildi ég undirstrika mjög rækilega, þ. e. a. s. þm. hafa nú á þessu lokastigi málsins frjálsar hendur um að taka þá afstöðu til málsins sem mér finnst enn að sómi Alþ. liggi við að sé í fullu samræmi við þessa yfirlýsingu og þær vonir sem við gerum okkur um hlutverk okkar hér, að við séum frjálsir að því að fara að okkar vilja og sanfæringu, og að niðurstaðan í þessu máli verði í samræmi við athugun hv. þm. á málinu og íhugun sem það hlýtur að hafa gefið okkur tilefni til.

Ég mun ekki draga dul á það hér, að af þessum þremur till., sem fyrir liggja um meðferð málsins, tel ég brtt. okkar sexmenninganna snöggt um besta, en ég mun samt sem áður fylgja till. minni hl. um að fresta málinu nái brtt. ekki fram að ganga.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hlýt að telja, þrátt fyrir það að sumt í framkvæmd þessa máls sé ekki nákvæmlega eins og það hefði átt að vera, að óþarflega mikill úlfaþytur hafi hér af orðið. Ef hér er að finna hinn eina sanna vettvang fyrir alþm. að rísa af sjálfstæði og djörfung gegn einhverju sjálfskipuðu valdi utan þessarar stofnunar, í þessu tilfelli Seðlabankanum, þá er ég ekki með á nótunum. En fyrirvari minn byggist á þessu:

Ég leyni því hvergi, að æskilegast hefði verið að fullt samkomulag hefði tekist um ráðstöfun þessa fjár. Ég gæti því út af fyrir sig stutt það að reynt yrði til þrautar að ná því samkomulagi, en fyrir því virðist ekki vilji eða möguleikar og er það vissulega miður. Hins vegar tek ég það fram, að ég tel verkefni þau, sem um getur í skipulagsskrá sjóðsins, fulls stuðnings verð. Einnig er það mjög til bóta að fjvn. hefur tekið upp hina ágætu till. hv. þm. Gils Guðmundssonar um fulla verðtryggingu sjóðsins. Af þessum ástæðum mun ég greiða meirihlutaálitinu atkv. mitt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir meðferð og afgreiðslu þessa máls og tel ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Það var rætt hér við framlagningu þáltill. allítarlega, og ég býst ekki við að ný efnisatriði komi hér fram. Ég vil þó aðeins láta það í ljós, að hér er ekki um mál að ræða sem varpað er inn í þingið á síðustu dögum þess. Öllum þingflokkum var sent það fyrir páskahátíðina, áður en þm. fóru í páskaleyfi. Síðan var þáltill. útbýtt eftir hátíðar og hún tekin til umr. og vísað til n. eins og þingsköp gera ráð fyrir.

Ég tel engin merki þess að frekari samstaða náist um meðferð þessara fjármuna þótt beðið væri til hausts, þegar af þeirri ástæðu að ágreiningurinn er um það, hvort stofna skuli slíkan Þjóðhátíðarsjóð sem í þáltill. segir eða hvort Alþ. skuli nú þegar verja þessum fjármunum til tiltekinna verkefna sem greinir í brtt. á þskj. 498. Ég á ekki von á að sættir takist á milli þessara andstæðu skoðana og því sé engin ástæða til þess að bíða með afgreiðslu málsins, auk þess sem eðlilegt er að þessi sjóður taki til starfa, vegna þess að verkefnin eru brýn sem honum er ætlað að sinna.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að hér hefur ekki verið gengið fram hjá Alþ. eða alþm. Fyrrv. forsrh. hefur lýst því yfir hér á þingi ómótmælt, að hann hafi skýrt fulltrúum þingflokkanna frá fyrirætlun Seðlabankans um sölu þjóðhátíðarmyntar, tilgangi þeim sem ætlunin var að ná með útgáfu myntarinnar, hvernig verja skyldi ágóðanum og að í því skyni skyldi stofnaður sjóður, er hefði þetta meginmarkmið. Á því stigi málsins var samþykkt af hálfu fyrrv. ríkisstj. að fallast á þetta án andmæla frá fulltrúum þingflokka. Þótt ég sé þeirrar skoðunar að þingið sé auðvitað síðasti dómarinn í þessum efnum og geti kveðið á um efni skipulagsskrárinnar eða hvort stofna skuli Þjóðhátíðarsjóð, þá var með þetta

mál farið alveg eins og önnur mál varðandi þjóðhátíð, að leitast var við að samstaða næðist um það. Mér eru það að vísu vonbrigði að svo hefur ekki orðið. En ég held að það sé alveg óþarfi að tefla þessu máli fram sem einhverju sjálfstæðismáli varðandi sannfæringu, ákvörðunarrétt eða vald alþm. Hér er um efnisafstöðu að ræða sem ég treysti þm. vel til að taka í samræmi við álit meiri hl. hv. fjvn. sem ég vil enn á ný mæla með.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið hjá þeim ræðumönnum sem talað hafa hér á undan mér, að það er ekki miklu við þetta að bæta efnislega. Línur virðast nokkuð skýrar. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir, að hann eigi ekki von á því að sættir megi takast. Mér þykir það nokkuð furðuleg yfirlýsing þar sem það er vitað mál að það er alls ekki þrautreynt. Ég tel afstöðu hv. minni hl. fjvn. alveg hárrétta og get fyllilega tekið undir rökstuðninginn í því áliti. Ég er meðflm. að brtt. þeirri sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir er 1. flm. að. Ég tel að í rökstuðningi minni hl. felist viðurkenning á réttmæti þess tillöguflutnings, og með hliðsjón af því svo og þeirri staðreynd, að ég tel samstöðu í þessu máli mjög mikilvæga, mun ég greiða áliti minni hl. fjvn. atkv.

Ég hef ekki fleiru við þetta að bæta, öðru en því, að ég hafna því algerlega að þingflokkar hafi í tíð vinstri stjórnar fjallað um beinar till. um hvernig þessu fé skyldi varið. Það kann að vera að hæstv. vinstri ríkisstj. hafi á einhverjum síðustu vikum sínum haft tíma til þess að ræða þessar hugmyndir, og síst af öllu skal það gagnrýnt, en þær hugmyndir voru ekki ræddar í þingflokkum og því síður beinar tillögur. En það er kannske líka rétt að taka það fram, að það hefur enginn þm. gagnrýnt það að myntin skyldi slegin. Það er ekki það atriði sem er til umr., heldur eingöngu það, að Alþ. hefur verið sniðgengið við ráðstöfun þessara fjármuna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt voru gerðar verulegar breytingar á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins á síðasta ári, eins og kvað á um í málefnasamningi ríkisstj. Í kjölfar þessara breytinga var ákveðið að stofna byggðadeild við Framkvæmdastofnunina sem tók formlega til starfa 1. sept. s. l. Þótt skörp skil séu enn eigi milli einstakra starfsþátta áætlanadeildar og byggðadeildar hefur stjórn stofnunarinnar markað starfsvettvang deildanna í höfuðdráttum þannig, að áætlanadeildin hefur með höndum atvinnuvegaáætlanir og aðrar þær áætlanir sem ná til alls landsins, svo sem mannafla- og mannfjöldaspár og samgönguáætlanir, en byggðadeildin vinnur sérstaklega að áætlunum hinna einstöku byggða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mjög nákvæmlega í efnisinnihald þeirrar ársskýrslu sem hér liggur fyrir. Ég vil þó láta það koma fram, að í sambandi við starfsemi Framkvæmdasjóðs og samvinnu hans við aðra fjárfestingarlánasjóði kemur fram í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og segir í lögum um Framkvæmdastofnunina er hlutverk Framkvæmdasjóðs að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarbúið að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Þessu hlutverki gegnir sjóðurinn fyrst og fremst með því að veita fé til helstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem síðan veita lán til einstakra framkvæmda. Samskipti Framkvæmdasjóðs við þessa fjárfestingarlánasjóði eru því allnáin og varða áætlanir um fjármögnun og útlán sjóðanna og lánveitingar Framkvæmdasjóðs til þeirra.

Sú skipan hefur nú komist á, að gerð áætlunar um fjáröflun og lánveitingar Framkvæmdasjóðs fyrir komandi ár er að fullu lokið í desembermánuði og þá jafnframt tekin inn í hina árlegu lánsfjáráætlun ríkisstj. Til þess að koma þessu í kring þurfa fjárfestingarlánasjóðirnir að hefja undirbúning áætlana sinna síðla sumars til að meta eigið ráðstöfunarfé næsta árs og þarfir fyrir lánsfé til þess að unnt sé að sinna brýnustu verkefnum. Augljóst hagræði er að því að ljúka gerð áætlunar Framkvæmdasjóðs og fjárfestingarlánasjóðanna fyrir áramót, því að með þeim er útlánastefna mörkuð í megindráttum, auk þess sem þessar áætlanir eru veigamikill þáttur í lánsfjáráætlun ríkisstj. sem ætlað er að taka til allrar lánastarfsemi í landinu.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar samþykkti áætlun um fjáröflun og lánveitingar Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1977 á fundi sínum 17. des. 1976. Niðurstöðutala þeirrar áætlunar er 6000 millj. kr. og eru áætluð lán til fjárfestingarlánasjóða 5700 millj. kr. og 300 millj. kr. til annarra aðila.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða árið 1976 námu 4559 millj. kr., en höfðu numið 4035 millj. kr. árið áður, en heildarlánveitingar þessara sjóða námu hins vegar 8893 millj. kr. á árinu 1976 samanborið við 7663 millj. kr. árið áður."

Það er ástæða til þess að fara nokkrum orðum um lánakjörin, en aðalefni þess máls er að fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir samkv. l. nr. 13 frá 1975. Samkv. þessum lögum gerðu Framkvæmdastofnunin og Seðlabankinn till. til ríkisstj. um meginreglur um lánakjör sjóðanna, en sjóðirnir gera síðan till. um lánakjör innan þessara meginreglna. Má segja að á síðasta ári hafi lánakjör sjóðanna verið færð til samræmis bæði innbyrðis og við þau kjör sem þeir sæta sjálfir. Þó vantar enn á að svo sé að öllu leyti hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins þótt verulega hafi miðað í áttina.

Í sambandi við Byggðasjóð er rétt að láta það koma fram, að á árinu 1976 námu hreinar tekjur Byggðasjóðs 225.6 millj. kr. auk framlags ríkissjóðs sem nam 1123 millj. kr., eða samtals 1348.6 millj. kr. Eiginfjárreikningur Byggðasjóðs er þannig í árslok yfir 3000 millj. kr. og hafði hækkað á árinu um 1228 millj. kr. Á yfirstandandi ári er, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir 1630 millj. kr. framlagi til Byggðasjóðs á fjárl. fyrir árið 1977, og er það í samræmi við ákvæði málefnasamnings ríkisstj.

Í sambandi við skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins vil ég svo að lokum minna á að hið háa Alþ. samþykkti á dögunum ályktun þess efnis, að athugun skyldi gerð á áhrifum af starfsemi stofnunarinnar og einkum lánveitingum Byggðasjóðs á atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Ég tel mikilvægt að hv. þm. geri sér á hverjum tíma sem gleggsta grein fyrir áhrifum af starfsemi svo sterkra þátta í þjóðarbúskapnum. Fram hefur komið að hinn öflugi Byggðasjóður kunni með starfsemi sinni að efna til misvægis í þjóðfélaginu. Um það skal ég ekki dæma. En allir geta væntanlega verið sammála um að rannsaka áhrif sjóðsins sem við í dag vitum þó með vissu að mjög mörgu góðu hefur komið til leiðar. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að Framkvæmdastofnunin beitti sér fyrir því á síðasta ári að rannsaka sérstaklega ástand í fiskiðnaði á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en til þeirra kjördæma hefur lánastarfsemi Byggðasjóðs ekki náð að öðru leyti en að lána til skipakaupa og nýsmíði fiskiskipa. Fyrstu niðurstöður þessarar könnunar sýna að þessi mikilvægi þáttur atvinnulífsins á svæðinu hefur dregist mjög aftur úr öðrum landshlutum um alla aðstöðu og vinnsluhæfni. Hér er eðlilegt að snúa við blaðinu og hefur stjórn Framkvæmdastofnunarinnar stigið fyrstu skrefin með því að veita aukalán á þessu ári til fiskiðnaðar í þessum kjördæmum að fjárhæð 100 millj. kr. Þess er að vænta að færi gefist á að auka þessa fyrirgreiðslu svo að fiskiðnaður þessa landshluta fari ekki varhluta af eðlilegri fyrirgreiðslu.

Að öðru leyti en því, sem ég hef nú sagt um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins, leyfi ég mér að vísa til skýrslu stofnunarinnar sem allir hv. þm. hafa fengið í hendur.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þar sem mjög er nú liðið á þennan næstsíðasta dag hins háa Alþ. gefst ekki mikill tími til þess að ræða ítarlega þá skýrslu sem hér liggur fyrir um Framkvæmdastofnun ríkisins fyrir árið 1976, enda þótt margt fróðlegt sé í henni að finna og margt um hana að segja. Ég mun því ekki vera langorður að þessu sinni, en tel þó rétt að standa hér upp og segja örfá orð þegar þetta mál er nú hér á dagskrá.

Ég vil ekki láta þetta tækifæri ónotað til þess enn á ný að minna á þær skoðanir mínar, að það sé hin mesta ósvinna að enn sitji sem framkvæmdastjórar hjá þessari stofnun tveir af okkar samstarfsmönnum hér á þingi, sem reyndar fengu samþykkt ákvæði um möguleika þeirra til þess að starfa í þessari stofnun með eigin atkv. á sínum tíma. Í þessu sambandi vildi ég líka minna á eða vekja athygli á því, að á þessu ári voru hv. þm. Sverrir Hermannsson og Tómas Árnason skipaðir forstjórar Framkvæmdastofnunar ríkisins samkv. till. stjórnar þessarar stofnunar án þess að þessar stöður væru auglýstar, og ég tel að það sé einhlítt að það brjóti algerlega í bága við þær reglur sem almennt gilda um ráðningu opinberra starfsmanna. — Ég vildi láta þessa aths. koma hér fram. En ekki meira um það.

Samkv. 10. gr. laganna skal byggðadeild gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins. Þetta er eitt af meginákvæðum laganna, og ég hef ávallt skilið það svo, þetta ákvæði, að það nái til allra byggðarlaga hvarvetna á landinu og tilgangur þessarar stofnunar, þessara laga og þessarar starfsemi, sem þarna fer fram, sé að skapa jafnvægi milli einstakra byggðarlaga, hvort sem það nefnist dreifbýli eða þéttbýli. Að þessu leyti hef ég stutt markmið svokallaðrar byggðastefnu og haft fullan skilning á því, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir röskun, verulega óþægilega röskun varðandi búsetu fólks, og að sjálfsagt sé að styðja við dreifbýlisbyggðarlög og skapa möguleika til viðunandi lífskjara hvarvetna á landinu. Þessa þróun, sem átt hefur sér stað í þessum efnum, þekkjum við sem hér sitjum, og það er óhætt að fullyrða að m. a. með starfsemi Framkvæmdastofnunar hefur verulegur árangur náðst að því leyti að fólksfjölgun hér á þéttbýlissvæðinu hefur verið stöðvuð og uppbygging ýmissar ágætrar atvinnustarfsemi hefur átt sér stað víða um land.

Hins vegar hefur þessi þróun skapað nokkur vandræði fyrir þéttbýlissvæðin, m. a. Reykjavík, og sú skýrsla sem hér er lögð fram, undirstrikar þessa staðreynd. Erindi mitt hingað í ræðustólinn er að draga fram örfá atriði þar sem þetta kemur fram.

Í fyrsta lagi kemur fram í þessum skýrslum, sem reyndar liggur fyrir í öðrum skýrslum, frá Hagstofu og öðrum þeim sem með því fylgjast, að fólksfjölgun í Reykjavík hefur ekki verið sambærileg við það sem annars staðar þekkist, og reyndar er um nokkra fækkun að ræða í Reykjavík miðað við hlutfallslega fjölgun landsmanna allra.

Þá kemur líka fram í þessari skýrslu að meðaltekjur reykvíkinga eru lægstar ef kjördæmi eru skoðuð, og lækkuðu meðaltekjur reykvíkinga um 1% á síðasta ári.

Í þriðja lagi ber þessi skýrsla með sér að tala atvinnulausra er langhæst á Reykjavíkursvæðinu eða 201 af 506 skráðum atvinnulausum, og er þá um að ræða ársmeðaltal fyrir 1976. Að vísu er nokkuð erfitt að átta sig á þessari töflu eins og reyndar ýmsum fleiri töflum þar sem ruglað er saman Reykjavík og Reykjanesi eða ýmsum svæðum úr Reykjaneskjördæmi, og tel ég þetta vera galla á þessari skýrslu, því að auðvitað verður að birta tölur og niðurstöður um ástand í Reykjavík sem sérstöku kjördæmi, alveg eins og öðrum kjördæmum sem um er fjallað í skýrslunni.

Í fjórða lagi er fróðlegt að sjá við upptalningu á lánveitingum úr Byggðasjóði hversu hlutur Reykjavíkur er rýr. Samkv. skýrslunni eru lánveitingar til hinna ýmsu kjördæma sem hér segir: Vesturland 31, Vestfirðir 56, Norðurland vestra 27, Norðurland eystra 59, Austurland 78, Suðurland 51, Reykjanes 13 og Reykjavík 7. Þessar tölur segja sína sögu. Ef litið er síðan á upphæðirnar kemur í ljós að til aðila, sem taldir eru til Reykjavíkur, eru veitt lán og styrkir úr Byggðasjóði að upphæð 93 millj. kr. En þegar skoðað er betur, hvaða lán hér er um að ræða, kemur í ljós að í fyrsta lagi er veitt lán til Guðmundar J. Magnússonar vegna nýsmíði á 25 lesta fiskibáti að upphæð 5.2 millj., í öðru lagi lán til endurbóta á mótorbátnum Val að upphæð 1 millj., í þriðja

lagi er síðan talið upp sem lán og fyrirgreiðsla til reykvíkinga framlag til Hagstofu Íslands varðandi athuganir á framfærslukostnaði í nokkrum stöðum utan Reykjavíkur. Síðan er veitt lán til nýsmíði á skuttogara, sem er meginuppistaðan í þessum lánveitingum til reykvíkinga, 84 millj., en þessi nýsmíði skuttogarans fer alls ekki fram í Reykjavík, heldur í allt öðru kjördæmi, nánar tiltekið í Reykjaneskjördæmi. Og að lokum er 2 millj. kr. lán til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þessu láni skal varið til beitartilrauna á hálendi. Þá eru upp taldar þær lánveitingar sem ganga til þessa kjördæmis sem ég er að gæta hagsmuna fyrir. Þetta er auðvitað rýr upptalning, og þegar verið er að taka svona skýrslur saman eru þetta blekkjandi og beinlínis rangar upplýsingar og ég vil mjög víta svona vinnubrögð.

Ég held sem sagt að það fari ekkert á milli mála við lestur þessarar skýrslu að hlutur Reykjavíkur er ákaflega slakur. Það kann að eiga sér þær skýringar, ef maður vill vera mjög sanngjarn, að það hafi þurft að veita mikið fé til dreifbýliskjördæma og til þeirra byggðarlaga þar sem atvinnulíf hefur ekki verið í mjög miklum blóma. En nú hefur þessari þróun verið snúið algerlega við, eins og ég hef hér upp talið, að meðaltekjur lækka hér í Reykjavík, atvinnuleysingjar eru flestir og fólksfjölgun hefur algerlega stöðvast.

Byggðasjóður hefur eflst mjög á síðustu árum. 1974 hafi hann til úthlutunar 297 millj., 1975 860 millj., 1976 1123 millj. og talið er að hann hafi 1977 1630 millj. til ráðstöfunar. Þetta er auðvitað gríðarlega mikil hækkun, úr 297 millj. 1974 í 1630 millj. árið 1977. Á sama tíma sem útlánastarfsemi almennra banka og sparisjóða er takmörkuð er sífellt meira úr að spila í Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðasjóði. Þess vegna hlýtur það að vera umhugsunarefni, ekki aðeins fyrir reykvíkinga, heldur reyndar fyrir hið háa Alþ. og fyrir stjórnvöld, hvernig þessu fé megi deila út til landsmanna þannig að það sé gert af sanngirni og tekið tillit til hagsmuna allra kjördæma án tillits til þess hvort þar sé um að ræða þéttbýli eða dreifbýli. Ég vil trúa því að þróunin verði sú á næstu árum að jafnvægi hafi náðst og að atvinnulíf hafi verið það mikið eflt víða um land að ástæðulaust sé við ráðstöfun á fé Byggðasjóðs að einskorða sig við lánveitingar til svokallaðra dreifbýliskjördæma. Það hlýtur að vera komið að því, jafnvel strax á þessu ári, að litið sé jafnframt á hagsmuni reykvíkinga. Út af fyrir sig hef ég aldrei skilið þá stefnu sem í því felst að búa til sérstaka stofnun hér í Reykjavík, safna gífurlegu fé í sjóði en landsmenn hvarvetna verða síðan að koma hingað á betlibuxum til Reykjavíkur og allra náðarsamlegast að óska eftir fyrirgreiðslu frá þeim háu herrum sem ríkja í Framkvæmdastofnun með aðsetri í Reykjavík. Ég hefði talið að hægt væri að efla byggð og framkvæma byggðastefnu með öðrum og skynsamlegri hætti og með þeim hætti að fólkið úti á landi væri sjálft með þetta fé á milli handa og þyrfti ekki að sækja fyrirgreiðsluna hingað til Reykjavíkur. En ég skal ekki fara út í það hér að sinni, til þess gefst ekki tími.

Við sjáum hins vegar af því sem ég hef upp talið, að ekki verður lengur við það unað, og ég vona að þeir, sem stjórna þessari stofnun, muni ekki heldur lengur við það una að hagsmunir reykvíkinga og Reykjaness séu fyrir borð bornir. Ég held að það sé heppilegast fyrir okkur alla að sæmilegur friður ríki á milli kjördæma, það sé ekki verið að skapa neina gjá á milli þeirra, sem í þéttbýli búa, og þeirra, sem í dreifbýli búa. Og stefna og starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins getur átt mikinn þátt í því að skapa réttlæti og frið um jákvæða og skynsamlega byggðastefnu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég skal ekki flytja hér langt mál. Ég efa það ekki að hv. þm. sem talaði hér síðastur, eigi erfitt með að skilja ýmislegt í sambandi við Framkvæmdastofnun ríkisins. En honum stendur björgun nær, því að hv. 1. þm. Suðurl. ætti manna best að geta tekið hv. þm. Ellert B. Schram í læri og kennt honum svörin sem hv. þm. ekki skilur, ekki síst vegna þess að hv. 1. þm. Suðurl. er það vel heima í þessum málum að honum hefur tekist að hafa skoðanir bæði með og móti Framkvæmdastofnuninni á tiltölulega mjög stuttum tíma, þannig að í betra nám en til hv. 1. þm. Suðurl. getur hv. þm. Ellert B. Schram varla farið í þessu sambandi.

Ég vil aðeins, áður en ég kem að því sem á að vera meginefni ræðu minnar, drepa á það, að hlutverk Byggðasjóðs hefur aldrei verið og er ekki að úthluta lánum með tilliti til höfðatölureglu. Hlutverk Byggðasjóðs er að veita lán til þess að efla byggð í landinu þar sem æskilegt er að byggð haldist áfram, m. a. svo að unnt sé að nytja allar auðlindir landsins, og þar sem staðreyndir hafa sýnt að um fólksflótta hefur verið að ræða. Þetta tvennt er forsenda fyrir lánveitingum Byggðasjóðs, en ekki hitt, að hann eigi að veita lán eftir höfðatölureglu. Ég get hins vegar fallist á það sjónarmið með hv. þm. sem talaði hér áðan, hv. 11. þm. Reykv., að það þarf ekki að vera endilega þar með sagt að það sé hægt að skilja í þessu sambandi algerlega á milli suðvesturhornsins annars vegar og landsins alls að öðru leyti hins vegar og setja sér það að enginn aðili á suðvesturhorninu hafi þörf fyrir slíka aðstoð og segja um leið að allir aðilar annars staðar á landinu hafi slíka þörf. Hér á suðvesturhorninu eru ýmsir staðir, lítil byggðarlög, sem eiga í miklum vandkvæðum og miklum atvinnuerfiðleikum. Úti á landi eru einnig staðir sem standa í miklum blóma, eins og t. d. þéttbýlið á Norðurlandi í kringum Akureyri. Ég tel að þar sé ekki síður blómleg byggð og lífvænleg, á Akureyri og þar í næsta nágrenni, heldur en t. d. í kringum Reykjavík. Ég tel að það sé fremur hlutverk Byggðasjóðs að styðja við bakið á öðrum byggðarlögum, bæði hér á suðvesturhorninu og utan þess, sem hafa raunverulega þörf fyrir aðstoð. Ég held einnig að það væri tími kominn að reyna að skipa þessum byggðarlögum í einhverja forgangsröð án tillits til þess, hvar þau eru staðsett á landinu, en frekar með tilliti til þess, hvar þörfin er mest og hvernig þörfin lýsir sér. Þetta held ég, að ætti að gera í þessu sambandi. Og ég vil enn fremur benda á það, að það er orðið nauðsynlegt fyrir alla aðila, bæði í Framkvæmdastofnun og utan hennar, að huga að því hvernig hinir ýmsu öflugu sjóðir starfa saman og hver út-

koman er af starfsemi sjóðanna þegar upp er staðið.

Ég vil t. d., og það átti að vera meginefni ræðu minnar, benda á það, að fyrir skömmu var dreift hér í skriflegu svari við fsp. frá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni athyglisverðri skýrslu um starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég held að það komi a. m. k. ekki þm. mjög á óvart að þeir staðir á landinu, sem einkum og sér í lagi eru taldir þannig settir að þeir þurfi sérstaklega aðstoðar við, eru staðir eins og Vestfirðir, Austfirðir og Norðurland vestra, ef á að miða við kjördæmi. En svo undarlega ber við þegar farið er að líta á niðurstöðuna af starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs, og auðvitað verður að hafa hana til hliðsjónar í sambandi við ráðstöfun úr Byggðasjóði, að það verður ekki séð af þessum ráðstöfunum Atvinnuleysistryggingasjóðs að a. m. k. sé þar tekið fyllsta tillit til þeirra atriða sem ég ræddi hér um áðan: í fyrsta lagi að sjóðurinn starfi með þeim hætti að tryggja æskilega byggð þar sem nauðsynlegt er að byggð haldist til þess að nytja auðlindir landsins, og í annan stað að hann beiti sér til þess að koma í veg fyrir fólksflótta frá slíkum stöðum. Svo undarlega ber við þegar farið er að athuga starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs, að sá landshluti, sem hefur átt örðugast af öllum landshlutum og um það er ekki deilt, en það eru Vestfirðir, hefur notið minni stuðnings frá Atvinnuleysistryggingasjóði heldur en nemur því fé sem vestfirðingar hafa til sjóðsins lagt.

Eins og allir vita er fé Atvinnuleysistryggingasjóðs fengið með þeim hætti, að annars vegar er um að ræða framlög heimaaðila, þ. e. a. s. atvinnurekenda annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, og svo á móti jafnhátt framlag frá ríkisvaldinu. Ef miðað er aðeins við framlag heimaaðila og athugað síðan um ráðstöfun á því fé á því árabili sem hið skriflega svar um starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs nær til, þá kemur í ljós, ef litið er á kjördæmin, að af framlagi heimamanna hafa verið greidd í bætur til Vestfjarða 35.4% og í áhættulán 15.7%, til Vesturlands í bætur 45.31% og í áhættulán 7.88%, til Norðurlands vestra í bætur 262.39% og í áhættulán 73.21% af heimaframlagi, sem sagt um 3 kr. fyrir hverja eina sem komið hefur úr heimabyggð, til Norðurlands eystra í bætur 99.27% og í áhættulán 22.86% eða um 135.63% af heimaframlagi þegar lán til félagsheimila og orlofsbygginga eru meðtalin. Blandast þó vart nokkrum manni hugur um að hér er a. m. k. í flestum tilvikum um landshluta að ræða sem á mun hægara með að sjá fyrir sínu fólki og viðhalda byggð heldur en t. d. Vestfirðir. Til Austfjarða eru bætur 94.45% af heimaframlagi og áhættulán 46.84%. Reykjavík og Reykjanes eru náttúrlega alveg sérstakar undantekningar í þessu sambandi. Svo undarlega ber við, að af þeim landshlutum, sem ég hef talið upp hér, eru Vestfirðir ekki nema um það bil hálfdrættingur á við Norðurland eystra og raunar langt fyrir neðan það, talsvert minna en hálfdrættingur gagnvart Austfjörðum og ná ekki einu sinni þriðjungi gagnvart Norðurlandi vestra.

Hér hefur verið um að ræða fyrir milligöngu Atvinnuleysistryggingasjóðs fjármagnsflutning frá íbúum Vestfjarða og til íbúa annarra kjördæma. Ég held að svona niðurstöður eigi menn að skoða og hafa til hliðsjónar, þegar fé er ráðstafað úr Byggðasjóði og öðrum slíkum sjóðum, sem eiga vissulega að stuðla að því að æskileg byggð haldist áfram á stöðum þar sem nauðsynlegt er að byggð haldist til þess að auðlindir landsins verði nýttar, og jafnframt að taka tillit til þess að stemma stigu við fólksflótta frá slíkum stöðum.

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á það, að í framtíðinni í sambandi við ráðstöfun fjármuna eins og hér um ræðir, úr Byggðasjóði og öðrum slíkum sjóðum, sé mörkuð ákveðin stefna þar sem ekki aðeins sé skilið á milli landsbyggðarinnar annars vegar og Reykjavíkur hins vegar, heldur séu beinlínis valdir þeir staðir, án tillits til þess hvar á landinu þeir eru, sem reynslan sýnir okkur að þurfi meiri aðstoðar við en aðrir staðir, — ekki aðstoðar til þess að halda við byggð þar sem byggð getur ekki þrifist af ýmsum ástæðum, heldur aðstoðar til þess að unnt sé að nýta þær auðlindir sem þarf að nýta frá þessum stöðum og er þjóðinni í heild til hagsbóta að nýttar séu. Þessa stefnu tel ég að þurfi að móta. Það þarf eins og sakir standa að fara að gera það upp við sig hvernig á að standa að þessum byggðamálum, að framkvæmd hinnar svonefndu byggðastefnu, og sú stefna er ekki á þá lund að skera algerlega á milli Reykjavíkur annars vegar og landsins hins vegar. Sú stefna verður að mínu viti ekki mótuð á þeim grundvelli einum, heldur á þeim grundvelli, eins og ég sagði hér áðan, að reyna að velja forgangsverkefni eins og þörfin sýnir að þau liggja fyrir.

Sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans, þáltill. (þskj. 8, n. 600). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Fjvn. hefur rætt þáltill. um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans. Till. varð ekki fullrædd áður en gengið var frá fjárl. ársins 1977, en í till. stendur raunar að verkefni það, sem hún fjallar um, verði tekið til greina á fjárl. fyrir árið 1977. Till. var ekki rædd fyrr en eftir að þessi fjárlög voru samþykkt. Þar sem svo varð þótti þó rétt að minna á það verkefni, sem till. fjallar um, og gera það með þeim hætti að vísa till. til ríkisstj., þannig að efni till. kæmi til álita í sambandi við undirbúning næstu fjárlaga. Það varð sem sagt niðurstaða fjvn. að leggja til að till. verði vísað til ríkisstj.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þar sem ég hygg að sé eini flm. þessarar till. sem hér er staddur nú vil ég geta þess fyrir a. m. k. mína hönd og hv. 1. flm., Magnúsar Kjartanssonar, að við erum eftir atvikum ánægðir með þessa afgreiðslu fjvn. og teljum að sá rökstuðningur, sem fylgir áliti n., sé á þann veg, að hann muni verða til þess að málið verði tekið til efnislegrar afgreiðslu við gerð næstu fjárlaga.

ATKVGR.

Till. á þskj. 600 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 41 shlj. atkv.

Atvinnumál öryrkja, þáltill. (þskj. 344, n. 583). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. fékk til meðferðar till. til þál. um atvinnumál öryrkja. N. hefur skilað áliti á þskj. 583 og leggur hún til að tillgr. verði samþykkt með þeirri breytingu að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta útbúa og leggja fram á Alþ. frv. til l. um atvinnumál öryrkja. Skal frv. miða að því að fólk með skerta starfsgetu fái tækifæri til vinnu við sitt hæfi, annaðhvort á sérstökum vinnustöðum á vegum ríkis og sveitarfélaga eða með því að opna því aðgang að hinum almenna vinnumarkaði með sérstökum ráðstöfunum."

Jón G. Sólnes tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Sverrir Hermannsson var fjarstaddur.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil aðeins fyrir hönd okkar flm. þakka hv. atvmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessari till. og jafnframt lýsa yfir ánægju okkar með að henni hefur tekist að umorða till. þannig að hún er bæði skýrari og betur orðuð.

ATKVGR.

Brtt. 583 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 685).

Endurbygging raflínukerfisins í landinu, þáltill. (þskj. 53, n. 601). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér um ræðir, fjallar um það, að Alþ. feli ríkisstj. að láta nú þegar gera áætlun um endurbyggingu raflínukerfisins í landinu, og er frá því greint nokkru nánar. Fjvn. hefur rætt þessa till. og flytur við hana smávegis brtt. um að í stað orðsins „áætlun" komi: kostnaðaráætlun.

Mál það, sem hér er um rætt, er umfangsmikið og mörgum ofarlega í huga. Það var leitað umsagna Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins um þetta mál og bárust svör frá rafmagnsveitustjóra og orkumálastjóra við spurningum nefndarinnar.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja lengi um þetta mál. Nm. er að sjálfsögðu ljóst að þessi mál, skipulagning á uppbyggingu og endurbyggingu raflínukerfisins í landinu, eru í deiglunni og það er að þeim unnið eins og nú er, þó að ýmsum finnist að hægar gangi heldur en þurft hefði.

Ég ætla ekki að fara að gera því skóna, hvað hafi verið efst í hugum flm. þessarar till. Þeim hefur ekki öllum verið það sama jafnofarlega í huga. En það er hægt að segja að það megi skipta raflínukerfi landsins í aðalatriðum í þrjá flokka. Það eru aðalflutnings- og samtengingarlínur á milli landshluta, flutningslínur til dreifiveitnanna innan þessara landshluta, dreifikerfin í þéttbýlisstöðunum og dreifiveiturnar í sveitunum. Allt þetta raflínukerfi er orðið mjög víðtækt, það hefur kostað mjög mikið að byggja það upp og á undanförnum árum hefur verið unnið mjög mikið verk, alveg sérstaklega í sambandi við aðalorkuflutningslínur.

Ég vil gjarnan segja það hér, að eitt af þeim verkefnum, sem mest kalla að, er endurbygging á dreifilínunum í sveitunum, vegna þess að af skiljanlegum ástæðum var lagt mikið kapp á að leggja þessar línur víða. Það var kostnaðarsamt og línurnar eru þannig úr garði gerðar að þær fullnægja ekki nema að nokkru leyti orkuþörf þeirra byggðarlaga sem þær liggja um. Það er komið svo nú að mikill meiri hluti sveitabýla á landinu hefur rafmagn til heimilisnota. Þó eru mörg eftir og mjög mikil nauðsyn að leysa vanda þeirra. En hitt er að verða nálega jafnbrýnt, að endurbyggja þá þætti dreifikerfisins sem alls ekki geta sinnt því hlutverki sem upphaflega var gert ráð fyrir að þau sinntu: að flytja nægilegt rafmagn til heimilisnota.

Það má geta þess til fróðleiks að línulengd um sveitir er nú 5300 km einfasa og 1050 km þriggja fasa, samtals 6350 km, og að heimtaugar til býla og húsa í strjálbýli eru 6000 og spennistöðvar um 5000. Þessar tölur segja þá sögu, að ef ætti að ganga þannig frá dreifikerfinu í sveitunum að allir fengju þriggja fasa rafmagn og ættu þess vegna sambærilegan kost að nota sér rafmagnið, en það er mjög mikill munur á því hvort menn hafa þriggja fasa rafmagn eða einfasa rafmagn til nota á heimilum sínum og sérstaklega þá í atvinnurekstri, þá þarf þarna geysilegt átak til þess að breyti þessu, þar sem við sjáum að aðeins um sjötti hluti af öllu raflínudreifikerfinu um sveitir er þriggja fasa, en 5/6 hlutar enn þá einfasa.

Það eru mörg fleiri verkefni stór, eins og flutningslínur til dreifiveitnanna. Þar hefur að vísu ýmislegt verið unnið, en bæði í heildarsamtengingu aðalorkuflutningslína og flutningslína milli dreifikerfa er mikið óunnið.

Ég vil endurtaka það, að fjvn. leggur til að þessi þáltill. verði samþykkt, og lít ég svo á, að það sé fyrst og fremst viljayfirlýsing af hálfu n. til að sýna samstöðu með þeim hugmyndum, sem felast í till., og till að leggja áherslu á að það verk, sem raunar er í gangi, þurfi að hafa velvilja þeirra, sem með þau mál fara að úthluta fjármunum til þessara framkvæmda.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég tek undir allt sem hv. frsm. fjvn. sagði um mikilvægi þess máls sem þessi þáltill. fjallar um. Mér þykir aðeins rétt að minna á það, að þegar fyrri hluti umr. fór fram tók ég til máls og vakti athygli á því, — það var í nóv. s. l., — að um margra mánaða skeið hefði verið unnið nákvæmlega að því verkefni sem þessi þáltill. fjallar um. Það hafði verið gert samkv. samþykkt orkuráðs og sérstakir sérfræðingar unnið að þessu þá um margra mánaða skeið. Ég gat líka um að það væri vonast til þess að þessu verki, að gera áætlun eða kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir, yrði lokið á næsta hausti. Ég talaði allítarlega um þetta og skýrði frá þessu. Ég ætla ekki að endurtaka það hér. Ég ætla ekki að endurtaka það hér. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er verið að vinna að því máli, sem hér er

fjallað um, og þess er vænst, að því ljúki að gera þessa áætlun núna innan nokkurra mánaða.

ATKVGR.

Brtt. 601 samþ. með 36 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 686).

Launakjör hreppstjóra, þáltill. (þskj. 380, n. 599). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Allshn. hefur fengið til athugunar og rætt till. til þál. um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra, og leggur n. til að hún verði samþykkt.

Eins og fram kemur í grg. þáltill. eru störf hreppstjóra mjög breytileg eftir aðstæðum í hverjum hreppi, en laun þeirra miðast við íbúafjölda. Það virðist óeðlilegt að lögð sé vinnuskylda á þessa aðila frekar en aðra þegna þjóðfélagsins án þess að þeir fái einhver lágmarkslaun miðað við þann vinnutíma sem þeir verja til starfsins. Þess vegna eru nm. sammála um að mæla með því, að það verði athugað hvernig réttur þeirra verði tryggður þannig að komið verði í veg fyrir það.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þegar till. þessa bar fyrst á góma hér í hv. d. lýsti ég fylgi mínu við hana. Ég hafði það á orði, að rétt væri að gera hana ögn viðtækari með því að endurskoða fleira en launakjör hreppstjóra, e. t. v. bæta inn í hana um launakjör og störf. Að athuguðu máli hvarf ég frá þessu vegna þess að störf hreppstjóra eru mjög mismunandi eftir því um hvaða sveitarfélag er að ræða.

Við athugun á l. nr. 32 frá 26. apríl 1965 virðast mér þau vera harla góð. Að vísu segir í síðustu gr., 10. gr. þeirra laga: „Dómsmrh. setur í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör.“ Ég held, að þessi reglugerð hafi aldrei verið sett samkv. þessum lögum frá 1965. Sennilega er enn þá stuðst við gömlu hreppstjórareglugerðina frá 1880 eða hreppstjórainstitutið svokallaða, sem er reglugerð nr. 68 frá 29. apríl 1880. Þetta er mjög ítarleg reglugerð í 47 greinum. Þar er tekið fram í upphafi að hreppstjóri sé umboðsmaður sýslumanns, bæði gagnvart hreppsnefndinni og gagnvart almenningi. Sem dæmi um það, að segja má að reglugerð þessi sé ekki alveg samkv. því orðalagi sem tíðkast nú á tímum, ætla ég að leyfa mér að lesa upp tvær til þrjár setningar úr 1. gr., með leyfi hæstv. forseta. Það segir svo um hreppstjóra:

„Geti hann, þegar til hans er leitað, eigi náð til sýslumanns, verður hann að bera sig saman við prestinn eða aðra merka menn í sveitinni og ráðstafa því, sem honum með ráði þeirra þykir best fara. En sýslumanni skal hann þar eftir sem fyrst skýra frá framkvæmdum sínum.“

Síðan er langur kafli um meðferð á glæpamálum o. fl. Þetta hefur nú nokkuð breyst, a. m. k. þar sem lögreglumenn eru teknir til starfa víða í þéttbýli úti um land. En það er kannske ekki aðalatriðið hvernig þessi reglugerð er orðuð eða hvort stuðst er við anda og efni og ákvæði þessarar gömlu reglugerðar. Hitt get ég fyllilega fallist á með hv. flm. svo og nm. sem orðið hafa sammála um að mæla með þessari þáltill., að meginatriðið er þrátt fyrir allt að lögin verði svo úr garði gerð að hreppstjórar fái sanngjörn laun fyrir störf sín sem oft eru margþætt og ábyrgðarmikil í þágu lands og þjóðar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli, og ég vil ekki síður þakka ágætar undirtektir hv. 4. þm. Vesturl. Ég sagði við 1. umr. að mér þætti vænt um það, að hann vildi athuga þessi mál af sinni þekkingu þar á, og gæti vel fallist á brtt. frá honum. En ég felli mig ekki síður við þann úrskurð sem hann hefur nú kveðið upp. Ég vil vona að þessi athugun verði framkvæmd fljótt og vel og lagfæring gerð á kjörum hreppstjóra.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 687).

Rafstrengur til Vestmannaeyja, þáltill. (þskj. 409, n. 634, 635). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Till. til þál. um nýjan rafstreng til Vestmannaeyja hefur verið rædd í fjvn. N. kallaði til sín Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra ríkisins og gaf hann n. ýmiss konar upplýsingar. Í máli Kristjáns kom m. a. fram að núverandi rafstrengur til Vestmannaeyja er raunar ekki fullnýttur og að hann hefur staðið sig vel þar til gosið hófst í Vestmannaeyjum. Strax eftir gosið var farið að ræða um þörf á því að leggja annan rafstreng til Vestmannaeyja, einkum með tilliti til þess ef tekin yrði upp húsahitun í Vestmannaeyjum með rafmagni. Þá hefur líka verið rætt um nýjan streng sem varastreng vegna bilanahættu á þeim sem fyrir er.

Það hefur verið kannað nokkuð hvað nýr strengur, sem flytti 25—30 mw., kostaði. Áætlaður kostnaður nú er um 340 millj. kr. ef strengurinn er fluttur þannig inn að greidd eru öll gjöld af honum samkv. tollskrá og öðrum ákvörðunum um greiðslu til ríkisins. Af þessum 340 millj. munu vera aðflutningsgjöld og söluskattur um 120 millj.

Það er rétt að geta þess, að iðnrn. hefur með bréfi farið fram á það, að Rafmagnsveitur ríkisins skoði þetta mál sem vendilegast nú. Það hefur orðið mjög mikill kostnaður við þennan rafstreng í vetur. Áætlaður kostnaður við viðgerðir á honum er í kringum 100 millj. kr. Nýr strengur mundi vissulega tryggja að ekki yrði orkuskortur í Vestmannaeyjum þó að annar af tveim strengjum bilaði. Hins vegar breytir það auðvitað ekki því, að þó að tveir strengir lægju til Eyja hlyti að þurfa að gera hverju sinni við þann sem kynni að bila.

Samkv. upplýsingum rafmagnsveitustjóra telja sérfræðingar að nú sé ástand þessa strengs gott. Það komu í ljós vissar bilanir sem má rekja til örðugleika við viðgerðirnar, en talin er ástæða til að ætla að bilanahættan sé nú minni en hefur verið á undanförnum mánuðum.

Fjvn. þótti rétt að taka undir efni þessarar till. og mæla með því að tillgr. yrði samþykkt. Hún hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, eftir að fjvn. hefur gert till. um breytingu á henni:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Rafmagnsveitum ríkisins að gera nú þegar framkvæmda- og kostnaðaráætlun um lagningu nýs rafstrengs til Vestmannaeyja."

Þetta mun vera í samræmi við það verk sem þegar er að einhverju leyti í vinnslu og er hugsað sem áminning um að þetta verk þurfi að skoða og síðar verði teknar ákvarðanir um það, hvar þetta verkefni kemur í röð þeirra stærri verkefna sem við vissulega þurfum að vinna í sambandi við það að dreifa orkunni um landið.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. var ég ekki viðstaddur þegar mál þetta var afgreitt í hv. fjvn. Ég kem þó ekki hingað til þess að lýsa neinni andstöðu við afgreiðslu n., heldur til þess að vekja enn sterkar athygli á því en hv. frsm. gerði að athugun þessi er þegar hafin af Rafmagnsveitum ríkisins. Það er hafin athugun á því, hvað kostar að leggja nýjan rafstreng til Vestmannaeyja, og hv. frsm. hafði jafnvel sjálfur á takteinum tölur yfir þann kostnað, þannig að með tilliti til þess hefði verið fullkomlega eðlilegt að leggja til að þessari till. væri vísað til ríkisstj. Ég mun þó ekki flytja neina brtt. eða leggja neitt annað til en n. hefur gert. En í sambandi við þetta mál er einnig rétt að leggja á það áherslu, að nýr strengur til Vestmannaeyja mundi á engan hátt koma í veg fyrir þann kostnað sem verður við að gera við bilanir á þeim streng, sem fyrir er, eða hinum nýja streng ef lagður yrði, þannig að hann mundi ekki spara neinn viðgerðarkostnað eða viðhaldskostnað. Hins vegar yrði sparnaðurinn, ef um sparnað er að ræða, í því fólginn að tryggja raforkunotkun til atvinnulífs og heimilishalds fólksins í Vestmannaeyjum, og það er auðvitað mikils virði, og spara dísilolíu í bilanatilvikum. Þetta allt þarf að meta og þessi athugun er hafin, og sú till., sem hér er á ferðinni, breytir þar engu um.

Guðlaugur Gíslason: Hæstv. forseti. Aths. síðasta hv. þm. gaf mér tilefni til þess sérstaklega að koma hér upp í ræðustól.

Ég vil byrja á því að þakka hv. n. fyrir undirtektir undir þetta mál. Eins og fram hefur komið bæði í framsögu og fram kemur af grg. hefur þetta mál verið í undirbúningi um nokkurra ára bil, eins og segir í nál., en sú athugun, sem fram hefur farið fram að þessu, hefur öll miðast við eðlilegar aðstæður og eðlilega þróun, bæði áætlun um hvað strengurinn mundi endast lengi og hver raforkuþörfin yrði í Vestmannaeyjum á næstu árum.

Nú bar það við í vetur, eins og hv. Alþ. er kunnugt, að fram kom bilun á strengnum, ekki einu sinni, heldur þrisvar, þannig að það liggur alveg ljóst fyrir að hjá því verður ekki komist að skapa meira öryggi en nú er í flutningi á raforku til Vestmannaeyja. Við skulum vona að komist hafi verið fyrir þær bilanir sem fram komu í vetur. En það er svo mikið í húfi í sambandi við raforkuflutning til Vestmannaeyja, að ég held að það væri óverjandi fyrir hv. Alþ. og stjórnvöld að gera ekki þær ráðstafanir sem hér er lagt til og með því að skapa, að því er við teljum, nokkurn veginn fullt öryggi um raforkuflutning til Vestmannaeyja. Ég vil benda á það, að frá áramótum og fyrstu fjóra mánuði ársins fer þarna fram vinnsla á fiskafurðum, að ég hygg nú á þessum vetri að verðmæti milli 5 og 6 milljarða kr. Ef svo illa tækist til að rafstrengurinn bilaði í ársbyrjun og veðurfar væri kannske erfiðara en hefur verið í vetur væri mikið í húfi. Við eigum því að venjast við Eyjar að þar geti verið mjög erfitt í langan tíma að koma við viðgerð á sæstreng, og þá gætu þessi verðmæti hreinlega farið forgörðum á þessum stað. Væri það ekki einasta óbætanlegt tjón fyrir það fólk sem þar býr, heldur væri þetta mjög tilfinnanlegt tjón fyrir þjóðarbúið í heild. Það er af þessari ástæðu, að ég tel að það sé þegar full þörf á því, að þetta mál hafi nokkurn forgang og ég vil segja verulegan forgang í sambandi við ráðstafanir í orkumálum og að unnið verði að því að skapa fullt öryggi í flutningi á orku til Vestmannaeyja innan þess tíma sem mögulegt er. Ég tel að varla sé forsvaranlegt annað en að þetta öryggi verði komið þegar fyrir næsta vetur. Það er, að ég hygg, hægt að gera það ef þannig er haldið á málum sem ég tel að með þurfi, að það verði nú þegar farið að undirbúa það að nýr strengur verði lagður út til Eyja.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún vildi þó afgreiða málið. En ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á allmiklum mismun á þáltill. eins og hún var og eins og hún verður með breytingu sem hv. fjvn. leggur til. Í þáltill. segir: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Rafmagnsveitum ríkisins að hefja nú þegar undirbúning að því, að nýr rafstrengur verði lagður til Vestmannaeyja." Hins vegar leggur hv. fjvn. til að skora á ríkisstj. að fela Rafmagnsveitum ríkisins að gera nú þegar framkvæmda- og kostnaðaráætlun um lagningu nýs rafstrengs til Vestmannaeyja. Það fer vissulega eftir því hvernig menn vilja meta afgreiðslu fjvn., sem ekki er beinar undirtektir við efnisatriði þáltill., en þó felst í henni að með því að fara út í þetta, sem sagt að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun, þá hlýtur það að vera til einhvers. Menn rjúka ekki í það að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun um eitthvert ákveðið verk nema að baki búi einhver, kannske misjafnlega mikið dulinn ásetningur um að koma verkinu áfram. En bragðdaufara gat það nú varla verið. Hitt er svo annað mál, ef maður beitir allri þeirri sanngirni sem maður á til í þessum efnum og með tilliti til afgreiðslu á öðrum málum sem hafa komið frá einstökum þm., þá held ég að ég verði að líta á þetta sem nokkurn stuðning við efnislegan hluta málsins, þannig að mér verði ekki borið það á brýn,

að ég reyni ekki að líta á þetta með eins mikilli sanngirni og mögulegt er.

Nú er það svo, að þótt þessi till. með breytingunni verði samþykkt, þá er í rauninni ekki mikið eftir að gera af því sem í henni felst. Við vitum hvað strengurinn kostar. Við vitum hvernig hann er. Við vitum hve háa spennu á að nota til þess að keyra strauminn í gegnum strenginn. Og við vitum hversu mikil flutningsgetan er o. s. frv. Kostnaðaráætlun er því ekkert framtíðarprógramm. Ég get verið með hana hérna í vasanum þess vegna. Framkvæmdaáætlun — hvað er nú það? Það þarf kannske að gera áætlun um það líka. En þetta verk er einfaldlega fólgið í því að rúlla út úr skipi þessum streng milli lands og Eyja, og það er ekki um marga staði að ræða að leggja þennan streng. Staðurinn er í rauninni ekki nema einn, þannig að þess vegna getur maður ekki verið með slíka framkvæmdaáætlun í vasanum, heldur bara í höfðinu.

En ég treysti því samt að andinn í þessari afgreiðslu sé það jákvæður og menn líti með fullum skilningi og alvöru til þeirrar nauðsynjar sem ber til að flytja orku út til Eyja, að strengurinn verði þrátt fyrir allt lagður. Og ég vil leggja á það áherslu, að mér óar við þeirri tilhugsun, hvað svo sem sá ágæti maður Kristján Jónsson hefur sagt um traust sitt á strengnum eins og hann er, vitandi það að hann hefur bilað nú þrisvar á mjög stuttum tíma, — óar við þeirri tilhugsun satt að segja að leggja út í aðra vertíð með þá geysilegu framleiðslu, sem er í þessu plássi, og þau stórkostlegu verðmæti, sem þar eru í húfi, og hugsanlega ekki eins gott veður annan veturinn til eins og nú. Það er alveg með eindæmum, að það skuli hafa tekist að gera við strenginn og lagfæra hann fjórum sinnum á sama vetrinum, eins og gert hefur verið nú, því að slík veður eru þarna að öllum jafnaði að viðgerð á rafstrengnum gæti tekið og tekur örugglega að meðaltali langtum lengri tíma heldur en verið hefur, ekki aðeins nokkra daga, heldur jafnvel vikur eða marga mánuði. Við höfum fengið slíkar vertíðir þarna, að það hefur ekki verið viðlit að líta við viðgerð á strengnum svo að mánuðum skiptir, og við getum ósköp einfaldlega, án þess að kunna mikið að reikna út svona tæknilega hluti, séð í hendi okkar hvað það þýðir, t. d. á miðri loðnuvertíð ef rafmagnið fer af. Ég vil þess vegna leyfa mér að beina því til hæstv. ríkisstj., að hún beiti sér fyrir því að þetta verk verði unnið og það verði unnið sem fyrst, því að við vitum að slíkan streng er hægt að fá með tiltölulega stuttum afgreiðslufresti nú, þó að afgreiðslufrestur á þeim streng, sem nú liggur, hafi verið um það bil hálft ár, að mig minnir að hv. þm. Ingólfur Jónsson hafi sagt, sem þá var orkumálaráðherra.

Hv. frsm. fjvn. gat þess, hversu mikið strengurinn kostaði, þ. e. a. s. hver væri kostnaðaráætlunin, hann kostaði um 340 millj. kr., en tollar og aðflutningsgjöld væru 120 millj., þannig að verðið á strengnum að þeirri upphæð frádreginni væri um 220 millj. kr. Það er ekki síður að taka tolla og aðflutningsgjöld af slíkum vörum, vélum og strengjum til Rafmagnsveitna ríkisins, þannig að við þurfum ekkert að horfa á brúttótöluna í þessu máli fremur en öðrum slíkum. En í því sambandi langar mig til að geta þess, að sá strengur, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. nýr strengur, sá strengur sem þarna hefur verið verðlagður, er miklu betri, hann er raunar allt annar strengur en sá sem nú er milli lands og Eyja, í fyrsta lagi vegna þess að það á að keyra strauminn í gegnum þennan streng með 60 kílóvoltum í stað þess að spennan á núverandi streng er 33 kv. Það þýðir að það er hægt að flytja miklu meiri straum með miklu minni töpum heldur en nú er. Ég gat þess að vísu áðan, að starfsmaður Rafmagnsveitnanna hefði talið ástand strengsins gott. Ég vona að það sé satt, en ég veit það ekki, og ég leyfi mér því miður að efast um það. Ég veit ekki og get alls ekki ímyndað mér hvernig hann hefur getað komist að þeirri niðurstöðu, vegna þess einfaldlega að strengurinn hefur alls ekki verið skoðaður.

Herra forseti. Ég skal fara að stytta mál mitt. En ég get varla komist hjá því að nefna ofurlítið þátt hv. þm. Pálma Jónssonar í málinu sem áleit vænlegast að vísa því til ríkisstj. Ég er ekkert að segja að það sé neitt verra en sú afgreiðsla sem hér liggur fyrir framan okkur, því að í rauninni er ákvörðuninni með þessu vísað til ríkisstj. Ég lít svo á. Hún verður að ákveða hvort á að tryggja raforku til Vestmannaeyja eða ekki, því að þetta þarf að ákveða í sumar, og ég vantreysti ríkisstj. ekkert til að fást við þetta verkefni, síður en svo. Ég er viss um að ríkisstj. skilur það mjög vel, hversu dýrt spaug það gæti verið, ef við fengjum ekki þann streng sem við nauðsynlega þurfum, og hve mikill kostnaður er því samfara þegar strengurinn fer í sundur.

Í því sambandi var rætt um hér áðan af einum ræðumanna, raunar af frsm. hv. fjvn., að kostnaður við viðgerðirnar hefði verið um 100 millj. kr. í vetur. Ég vil hins vegar leyfa mér að nefna hér nokkrar aðrar tölur og skora á hv. frsm. n. að vefengja þær ef hann vill. Í byrjun ársins fór fram allmikil endurbót á strengnum, sem álitið er að hafi kostað á milli 70 og 80 millj., líklega nær þeirri tölu, 80 millj. kr. Á meðan voru keyrðar dísilvélar allan tímann, sem var langur, ég man það ekki nákvæmlega og þori ekki að fara með það. Síðan hefur strengurinn bilað þrisvar. Það var sagt eftir þeim rafmagnsveitumönnum, að hver viðgerð kostaði 15 millj. kr., hver tenging. Nú vill svo til að þrisvar 15 eru 45, og ef við leggjum það saman við 80, þá fáum við 125: 125 millj. En tjónið hefur auðvitað verið miklu meira en þetta, vegna þess að bærinn hefur og atvinnutækin hafa verið keyrð með dísilorku í meira en mánuð samtals, og það er staðfest að kostnaður við þessa keyrslu hefur verið um og yfir eina millj. kr. á dag í olíukostnað, fyrir utan allt það tjón sem orðið hefur þegar þurft hefur að skammta rafmagn, auk þess tjóns sem Eyjabúar hafa orðið fyrir vegna þess að gífurlegur fjöldi rafmagnstækja hefur eyðilagst. Þegar við leggjum svo olíukostnaðinn þarna við, þá erum við farnir að nálgast 160 millj. kr. Þá er ekki mikið eftir í nýjan streng. Og það er einmitt þess vegna sem ég nefni þessar tölur, af því að ég var að vikja að ummælum hv. þm. Pálma Jónssonar, að það

sparaðist ekkert við að leggja þennan nýja streng. Það er alger misskilningur. Það sparast mikið, því að ef við legðum ekki nýjan streng, þá hefðum við bara gamlan streng og þessi gamli strengur, ef hann ætti að sinna raforkuþörf Vestmannaeyjakaupstaðar, þyrfti þá að flytja ríflega 6 mw., og það er það sem notað er nú.

Vitað er að mikil þörf er raforkuaukningar til Vestmannaeyja á næstunni, eins og nefnt var hér áður, og með svo lágri spennu sem notuð er til þess að keyra strauminn í gegnum þennan streng, 33 kv., þá fara töpin mjög hratt vaxandi. Þegar við þurfum að reka fleiri og fleiri mw. í gegnum strenginn með þessum sama þrýstingi eða sömu spennu, þá fara töpin hraðvaxandi og stefna upp á við, þannig að töpin eru nú þegar á milli 10 og 12% og fara mjög hratt vaxandi. Ef við keyrum 10 mw. í gegnum strenginn, svo að dæmi sé tekið, þá verða töpin farin að nálgast 2 mw. Það er ekkert lítið, ef það er gert allt árið, sem tapast við að keyra strauminn þarna í gegn, svo að það sparast þó sem hv. þm. Pálmi Jónsson nefndi ekki.

Herra forseti. Auðvitað mætti gera miklu nánari grein fyrir fjöldamörgum atriðum öðrum í sambandi við þetta mál, bæði hvað snertir þarfir bæjarbúa og þá aukningu á rafmagnsnotkun sem við horfumst í augu við nú í Vestmannaeyjum, sem er miklu meiri en venja er. Auk þess mætti nefna ýmis tæknileg vandamál í sambandi við strenginn, en ég held að ég eyði ekki tíma hv. Alþ. nú rétt fyrir þinglausnir til að rekja það. Hins vegar vil ég leyfa mér að endurtaka það, að ég og auk þess fjölmargir aðrir, sem ekki aðeins er málið skylt, heldur einnig þeir menn sem þekkja til þessara hluta og vita hvað í húfi er, þeir álíta brýna nauðsyn að rafstrengurinn verði lagður nú á þessu ári. Og ég vil taka undir orð hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar, þegar hann hvatti hæstv. ríkisstj. til að snúa sér sem fyrst að þessu verkefni og leysa það í sumar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það er nú með ólíkindum að það skuli þurfa að halda langar ræður um málefni eins og það sem hér liggur fyrir, þar sem greinilegt er að tillögumaður og fjvn. með sinni afgreiðslu eru sammála um það sem gera skal. Á ég bágt með að skilja með hverjum hætti hv. flm. þessarar till. finnur það út að afgreiðsla fjvn. sé óeðlileg. Ég kemst ekki hjá því að rifja það upp, að formaður fjvn. taldi áðan að sá kostnaður, sem hefði orðið af því að gera við þann streng, sem nú liggur milli lands og Eyja, hafi verið um 100 millj. kr. Tillögumaður dró mjög í efa að þessi tala væri hin rétta, hún væri miklu hærri. Síðan það álit hans kom fram hefur það verði staðfest í viðtali við rafmagnsveitustjóra ríkisins, að ekki er þessi kostnaður fyllilega uppgerður enn, en allt útlit er fyrir að viðgerðarkostnaðurinn sé 100—110 millj. kr.

Ég vil þá lítillega koma að þeirri till. sem hv. flm., 5. þm. Suðurl. flytur og hér er til afgreiðslu. Í henni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Rafmagnsveitum ríkisins að hefja nú þegar undirbúning að því, að nýr rafstrengur verði lagður til Vestmannaeyja.“

Eins og fram kemur í nál. fjvn. var það upplýst af rafmagnsveitustjóra ríkisins, að fyrir nokkrum árum hefði verið hafinn undirbúningur að því að leggja nýjan streng til Vestmannaeyja, og það er óumdeilt, að það hefur verið hafinn undirbúningur að því og þetta er í athugun eins og er. Þess vegna fer till. ekki fram á neitt nýtt, eins og hún kom til fjvn. Hins vegar var það, að þegar fjvn. fór að ræða till., þá þótti henni rétt að fá frekari upplýsingar um hvað þetta verk er stórt og hverjar líkur væru á því að það þyrfti eða gæti komið til framkvæmda. Og það er með þetta fyrir augum sem fjvn. leggur til að breyta till. í það horf að Rafmagnsveitum ríkisins verði falið að gera nú þegar framkvæmda- og kostnaðaráætlun um lagningu nýs rafstrengs til Vestmannaeyja. Það kom í ljós, þegar við ræddum við rafmagnsveitustjóra ríkisins, að strengur, sem væri af svipaðri gerð og sá sem nú liggur milli lands og Eyja, það væri vitað hver sá kostnaður yrði, og voru það þær tölur sem formaður fjvn. nefndi í sinni framsöguræðu. Hins vegar kom það fram hjá rafmagnsveitustjóra ríkisins, að hann teldi rétt að kannaðar yrðu fleiri gerðir og það borið saman við þær upplýsingar, sem áður hefðu verið handbærar hjá Rafmagnsveitum ríkisins, til þess að tryggja orkuflutning til Vestmannaeyja sem best. Og ég verð að segja það, að sem einn af fulltrúum Suðurlandskjördæmis og fólksins þar vil ég leggja áherslu á það, að ef lagt væri í verulegan kostnað við að leggja nýjan rafstreng til Eyja, þá yrði það gert á þann besta varanlega hátt sem tæknin gæti sýnt okkur.

Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að rafmagnsveitustjóri telur þann streng, sem nú liggur milli lands og Eyja, allgóðan. En ég verð að segja eins og flm. till., að ég er ekki tilbúinn að sætta mig við það að hann verði einn látinn nægja í þessu efni, þrátt fyrir að það kom fram í máli rafmagnsveitustjóra ríkisins að flutningsgeta þess strengs er ekki nærri fullnýtt enn. Þess vegna tel ég að það beri að leggja höfuðáherslu á það, að unnið verði að því að kanna með hverjum hætti við fáum þessa tengingu á sem varanlegastan og bestan hátt framkvæmda, og það er höfuðnauðsyn, þegar rætt er um það á hvaða tíma þetta skuli gert, að vita með nokkru öryggi hvað framkvæmdin kemur til með að kosta.

Ég vísa því algerlega á bug að það sé af neinni linkind, að orðalagsbreyting hafi verið gerð á þessari till. í fjvn. Orðalagsbreytingin er gerð til þess að við stöndum traustari fótum í sókn til þess að fá varanlega tengingu milli lands og Eyja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samþykkt um votlendi, þáltill. (þskj. 531, n. 646). — Síðari umr.

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. N. varð sammála um að mæla með till. Allir nm. voru á fundinum nema hv. þm. Gils

Guðmundsson, en hann hefur tjáð mér að hann sé einnig samþykkur þeirri niðurstöðu n. að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 85. fundur.

Þriðjudaginn 3. maí, kl. 9 síðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Samkv. yfirlýsingu, sem gefin var hér í d. í gær varðandi svar ríkisstj. við áskorun sem samþykkt var á fundi um málefni járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, kveð ég mér nú hljóðs. Þrátt fyrir að ég hef þegar skýrt í Sþ. frá efni þeirrar ályktunar, sem ríkisstj. gerði á fundi sínum í morgun, þykir mér einnig hlýða að lýsa þeirri niðurstöðu hér í þessari hv. d., en hún er, eins og kunnugt er, með leyfi forseta, á þessa leið samkv. bókun á ríkisstjórnarfundi:

„Ríkisstj. telur að ekki sé unnt að fresta afgreiðslu frv. til l. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Ríkisstj. mun því ekki hlutast til um að fram fari leynileg atkvgr. um málið.“

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ítreka þakkir sem ég hef áður borið fram til hæstv. forsrh. fyrir að flytja okkur svar ríkisstj., — ítreka þakkir fyrir svarið sem ég er þó síst ánægður með. Því hef ég áður lýst við umr. utan dagskrár í Sþ. og mun ekki orðlengja það frekar, það er þarflaust. Ég tek svarið alls ekki gilt. Ég tel að ærið tóm gæfist til þess að verða við óskinni þarna vestan að um lýðræðislega og formlega atkvgr. þar sem það mætti koma skýrt fram og óumdeilanlega hver afstaða fólksins til fyrirhugaðrar verksmiðju væri.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar, hlýt aðeins að segja sem svo, að eigi má sköpum renna. Það er lítil gleði í þeirri tilhugsun, að seinna mun það koma fram að betur hefði ríkisstj. hinkrað við í þessu máli, — engin tilhlökkun til þeirrar stundar er við andmælendur þessa frv. munum segja við hæstv. forsrh., sem ég vænti að þá verði ekki lengur forsrh.: Hvað sagði ég þér?

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Svar hæstv. ríkisstj. liggur fyrir og lá raunar fyrir þegar í dag. Það er einfalt og stuttort og án frekari rökstuðnings, og virðist tilgangslítið að halda uppi löngum umr. um þessa hlið málsins þar sem mótaðilinn er svo fáorður um röksemdir sínar fyrir þessari ákvörðun. Þó hefur ein sú röksemd heyrst af munni hæstv. forsrh. sem hann hefur endurtekið oftar en einu sinni, og hún er sú, að of skammur tími sé nú til stefnu og það sé orðið of seint að verða við þessum tilmælum. Ég vil af þessu tilefni vekja athygli hæstv. forsrh. og annarra þdm. á því að ég hef á þskj. 676 borið fram till. um að aftan við frv. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

„Áður en lög þessi koma til framkvæmda skal íbúum Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Skilmannahrepps og Leirár- og Melasveitar í Borgarfjarðarsýslu gefinn kostur á að taka afstöðu til byggingar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þátttaka í atkvgr. er bundin við þá sem kosningarrétt hafa til Alþ. Verði niðurstaðan sú, að meiri hl. þeirra, sem taka þátt í atkvgr., hafnar byggingu verksmiðjunnar, koma lög þessi ekki til framkvæmda.“

Að sjálfsögðu gera hæstv. forsrh. og allir þdm. sér fulla grein fyrir því, að gegn þessari till. og þessari tilhögun verður alls ekki beitt þeim rökum að ekki sé nægur tími til stefnu. Hér er boðið að atkvgr. þessi fari fram eftir að lögin hafa verið afgreidd frá Alþ. og að framkvæmdir verði háðar því skilyrði að úrslit atkvgr. verði jákvæð. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., sem mun vera í kallfæri, að því, hvort ekki væri hugsanlegt að hann og ríkisstj. gætu fallist á þessa tilhögun málsins, ef svo er ekki, þá með hvaða rökum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að greina frá því, að iðnn. Ed. Alþ. hefur borist bréf frá fjölmennasta sveitarfélaginu í nágrenni Grundartanga, Akranesi. Bréfið er svo hljóðandi, með leyfi forseta: (**StJ:** Frá bæjarstjórn, en ekki sveitarfélagi.) Bæjarstjórnir eru löglega kjörnir fulltrúar þessa sveitarfélags og löglegri heldur en hv. þm.

„Akranesi, 2. maí 1977.

Iðnn. Ed. Alþ., Alþingishúsinu, Reykjavík.

Hér með er yður send ályktun bæjarstjórnar Akraness um járnblendiverksmiðju að Grundartanga sem hún samþykkti á fundi sínum í dag með 8:1 atkv. Ályktunin er svo hljóðandi:

Ályktun bæjarstjórnar Akraness, 2. maí 1977.

Með því að frv. til l. um járnblendiverksmiðju að Grundartanga er nú til lokaafgreiðslu á Alþ. áréttar bæjarstjórn Akraness að gefnu tilefni fyrri samþykktir sínar um þetta mál og lætur í ljós það álit, að hinn norski samstarfsaðili geri málið að ýmsu leyti álitlegra en áður var. Bæjarstjórnin vill í þessu sambandi minna á að verksmiðjan sjálf mun veita allt að 150 manns fasta atvinnu og hafa margvíslega aðra jákvæða þýðingu fyrir byggðarlögin í nágrenni hennar, með líkum hætti og reynslan hefur orðið af sementsverksmiðjunni undanfarin 20 ár. Má benda á meðal annars að aukin byggð á þessu svæði með tilkomu járnblendiverksmiðjunnar mun auðvelda uppbyggingu og rekstur hitaveitu frá Deildartunguhver sem nú er í undirbúningi fyrir Akranes, Borgarnes, Hvanneyri og fleiri aðila. Með hliðsjón af þessu lýsir bæjarstjórn Akraness því yfir, að afstaða hennar til þessa framfaramáls er óbreytt, og skorar því eindregið á Alþ. að samþykkja frv. um járnblendiverksmiðju fyrir þinglausnir.“

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki búist við því, að yfirlýsingu ríkisstj. um að hún skeytti engu um álit íbúa fjögurra hreppa sunnan Skarðsheiðar mundi nú farið að styrkja með því að vitna í bréf frá 8 bæjarstjórnarfulltrúum á Akranesi og bera það fram hér í þessari hv. d. sem vott um lýðræðisleg viðhorf í þessu máli. Það vita allir þm. að bæjarstjórn Akraness var ekki falið sérstakt umboð til þess að fjalla um Grundartangaverksmiðjuna eða tilorðningu orkufreks iðn-

aðar í Borgarfjarðarsýslu í síðustu bæjarstjórnarkosningum, og hv. þdm. eru engu nær — alls engu nær um viðhorf fólksins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eða fólksins sunnan Skarðsheiðar þótt þetta bréf hafi verið lesið hér í d. Ef þetta bréf vottar eitthvað er það aðeins þetta, að meiri hl. bæjarstjórnar á Akranesi hafi hvorki vaxið að visku né dáð síðan fjallað var um samninginn við Union Carbide. Ef viðhafa á nokkra viðleitni til lýðræðislegrar meðferðar á þessu máli á lokastigi af hinum æðstu aðilum, þá kemur ekkert til greina annað en að verða við beiðni íbúanna í sýslunni, lögsagnarumdæminu, um það að látin verði fara fram lýðræðisleg atkvgr. þar sem vilji íbúanna komi í ljós. Ég er því vitaskuld fylgjandi að sú atkvgr. verði einnig látin ná til Akraness. Ég efast ekkert um úrslitin. Og mér finnst það við hæfi að hin leynilega atkvgr., sem minnst hefur verið á, verði einnig látin ná til Akraness. Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við till. Ragnars Arnalds, brtt. hans um ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að lög þau, sem hér er um fjallað, verði ekki látin taka gildi fyrr en hin leynilega atkvgr. hefur farið fram og því aðeins að meiri hl. íbúanna á þessu svæði samþykki tilorðningu verksmiðjunnar.

Ég hafði raunar ekki búist við því að umr. yrðu vaktar aftur um málið hér í Ed., taldi eðlilega kurteisi af hálfu hæstv. forsrh. að hann flytti d. sérstaklega svar ríkisstj., eins og hann hafði boðað okkur hér í d. Það taldi ég eðlilegt. Fyrir háttvísi hans þakkaði ég honum áðan þó að ég lýsti yfir óánægju minni með efni svarsins, svo sem við var búið. En ég hafði ekki búist við því að efnislegaa umr. um málið yrðu hafnar hérna í d. umfram það sem gerð var grein fyrir brtt. um ákvæði til bráðabirgða.

Nú er það náttúrlega mála sannast, að frv. hefur alls ekki verið rætt til hlítar. Eins og ég greindi frá í framsögu minni með nál. minni hl. í gær fór því víðs fjarri að ég hefði tæmt umræðuefnið þar sem ég átti enn þá eftir að gera grein fyrir fjöldamörgum skjölum, m. a. fskj. þeim sem fylgja áliti minni hl. n., og út frá þeim má leggja á óteljandi vegu. Einnig lét ég hjá líða í framsöguræðu minni að rifja upp mjög þýðingarmikil atriði málsins sem fram komu við umfjöllun um frv. um samninginn við Union Carbide á sínum tíma, m. a. þau atriði sem varða umhverfi þessarar verksmiðju og þá hættu sem lífríki Hvalfjarðar og nærsveita stafar af mengun frá verksmiðjunni. Þær umr. voru mjög ítarlegar og út í einstök atriði, sem þá var fjallað um, hefur alls ekki verið farið að þessu sinni við umfjöllun málsins. Einnig gat ég þess, að sennilega væri nauðsynlegt að lesa fyrir þá þm. hv. d., sem ekki hafa fengið tóm til, umsögn til heilbrrh. vegna umsóknar Íslenska járnblendifélagsins hf. um starfsleyfi fyrir járnblendiverksmiðju að Grundartanga við Hvalfjörð, fskj. sem skýra mismuninn á ýmsum atriðum í starfsleyfinu, sem út var gefið, og till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um starfsleyfi, skýra m.a. hvers vegna hætta af kísilryki er svo bráð að dómi sérfræðinga Heilbrigðiseftirlitsins fyrir heilsu starfsmanna að Heilbrigðiseftirlitið telur bráðnauðsynlegt að hafa ákvæðin varðandi kísilrykið miklu strangari en kveðið er á um í starfsleyfinu, Þar er lýsing á þeim sjúkdómum — ítarleg lýsing á þeim hræðilegu sjúkdómum sem kísilrykið getur leitt til meðal starfsmanna, og í fjölmörgum atriðum öðrum er hættunni, sem af mengun frá verksmiðjunni stafar, lýst ítarlega í þessari bók Heilbrigðiseftirlitsins. Sem sagt, ég geri ráð fyrir að það mundi taka þó nokkrar klukkustundir að fjalla til hlítar um þessi atriði málsins, og má vera að ekki yrði fjallað til hlítar, svo sæmilegt væri, um frv. þetta á miklu skemmri tíma en þeim sem tæki að láta framkvæma leynilega atkvgr. meðal fólksins þarna efra, ef vel ætti að vera.

Ég hafði heitið því við upphaf á umfjöllum þessa máls hér í d. að tefja ekki fyrir afgreiðslu þess með málþófi. Þó er það nú svo, að skapi væri mér það næst að ræða málið með þeim hætti hér í d., að hv. þm. Sjálfstfl. neyddust til þess að heiðra bjarta sali þessa húss öðru sinni að loknum landsfundi. Mér væri það skapi næst eftir þær undirtektir sem beiðni fólksins þarna efra hefur fengið um fyllilega lýðræðislega umfjöllun þessa máls. En mér er það ljóst af þeim umr., sem þegar hafa farið fram, að það muni ekki stoða. Mér er það ljóst, þó að ég hafi fundið það á þorra þm. að þeir eru hræddir við þetta mál, að þeir óttast að hér sé stefnt í voða, bæði hvað varðar efnahagshliðina og umhverfishliðina, að þeir eru gæddir þess háttar geði, blessaðir, að þeir munu eigi að síður staðráðnir í því að fylgja foringjum sínum í svaðið í þessu máli. Þess vegna mun ég ekki leggja út í það, a. m. k. ekki fyrr en við 3. umr., að orðlengja um afstöðu mína frekar eða freista þess frekar að brýna hv. þm. til að endurskoða afstöðu sína og taka sjálfstæðari afstöðu til málsins heldur en þeir virðast hafa gert fram að þessu. Ég ítreka aðeins þetta, að ég tel að hæstv. ríkisstj. hafi verið bent á leið til þess að afgreiða málið héðan úr þinginu með þeim flýti sem henni finnst svo æskilegur, en eigi að síður að taka tillit til vilja fólksins þarna efra, ef ríkisstj. er nokkuð í mun að taka tillit til vilja fólksins í þessu máli. Með því gæti hv. Alþ. orðið hvort tveggja við vilja ríkisstj. um að halda áfram að hraða afgreiðslu málsins og taka tillit til vilja fólksins að samþykkja till. sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur borið fram um ákvæði til bráðabirgða, þar sem kveðið verði á um að hin leynilega atkvgr. fari fram efra og verði látin ráða því hvort lögin taki gildi. En að sjálfsögðu mun ég óska eftir nafnakalli við atkvgr. um brtt. um ákvæði til bráðabirgða.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187, n. 626 og 639, 663, 676). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 663 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15:4 atkv.
2. gr. samþ. með 14:5 atkv.
3. gr. samþ. með 14:5 atkv.
4.—14. gr. samþ. með 14:4 atkv.

Brtt. 676 felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

.já: HFS, RA, StJ, GeirG.

nei: HÁ, IT, IH, JHelg, OÓ, StH, StG, AG, AJ, ÁB, EÁ, GH, ÞK.

JGS, EggÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (JÁH) fjarstaddur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Neðri deild, 88. fundur.

Þriðjudaginn 3. maí, kl. 9 síðdegis.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 21). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 688).

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 668 (sbr. 506), 678). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Á síðasta fundi d. kom upp nokkur vafi hvort orðalag í frv., sem við ræðum hér, eftir að það kom frá Ed. gæti staðist, og þess vegna var ákveðið að athuga það mál betur. Það var gert í morgun, og m. a. var haft samráð við Sjómælingar Íslands sem voru sammála okkur, sem drógum í efa að þetta fengi staðist, það orðalag sem þarna er um að ræða, og því leyfði ég mér að flytja þá brtt. sem er flutt á þskj. 678. Ég vil skýrt taka það fram, að við þá Ed.-menn, sem þar sitja nú, er ekki að sakast vegna þess að þeir hafa tekið þetta orðalag orðrétt upp úr grein í lögum sem samþ. voru á Alþ. í des. 1973 og tóku gildi 1. jan. 1974. En fyrir þá, sem þekkja nokkuð til þessara mála, getur þetta tæplega staðist, og til þess að enginn vafi verði á er þessi brtt. flutt á þskj. 678. Höfum við rætt þetta okkar á milli í sjútvn. d., og eru menn sammála um að það sé rétt að fara þessa leið.

ATKVGR.

Brtt. 678 samþ. með 28 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 86. fundur.

Þriðjudaginn 3. maí, kl. 9.35 síðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 87. fundur.

Þriðjudaginn 3. maí, að loknum 86. fundi.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 684 (sbr. 506)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem samþ. var frá d. í gær, er hér á dagskrá aftur vegna þess að hv. Nd. hefur gert smávegis orðalagsbreytingu á brtt. þeirri sem hér var samþ. Hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu sem skiptir litlu sem engu máli, en af fagurfræðilegum ástæðum hefur Nd. séð ástæðu til að breyta þessari gr. og hef ég ekkert við það að athuga. Ég hef rætt það við nm. í sjútvn. hv. Ed., og sjá þeir ekki ástæðu til að málið verði tekið til meðferðar í n. Legg ég því til að frv. verði samþykkt með þessari orðalagsbreytingu, sem gerð var í Nd., og samþ. sem lög Alþ. frá þessari deild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 689).

Tónmenntarfræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 403). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 187, 663). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði hefur nú talsvert verið rætt hér á Alþ., og ég held að það leyni sér nú tæpast fyrir neinum að af hálfu aðstandenda þessa frv. er um að ræða næsta óvenjuleg og ömurleg rökþrot. Það vakti mikla athygli í útvarpsumr., sem fram fóru nú fyrir skemmstu, að hæstv. iðnrh. og aðrir stuðningsmenn þessa máls gerðu litla sem enga tilraun til þess að útskýra fyrir þjóðinni hvaða nauður ræki þá til að byggja þessa verksmiðju og hver væru eiginlega rök þeirra fyrir þeirri stóriðjustefnu sem þeir fylgja svo fast fram. Hins vegar tóku menn eftir því, að þessir talsmenn stóriðjustefnunnar eyddu langmestum tíma og gerðu það að aðalröksemd sinni, að fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson, hefði haft nokkur afskipti af málinu á undirbúningsstigi, og raunar má segja að þessi röksemd þeirra hafi verið það eina sem ýmsir þeirra höfðu fram að færa í þessu máli og hafa haft fram að færa fram til þessa.

Það er vissulega mikið traust sem Magnúsi Kjartanssyni er sýnt og Alþb., að menn færi það fram máli til ágætis einna helst, að hann hafi haft afskipti af því á undirbúningsstigi.

En hver er sannleikur málsins um afskipti Alþb. af þessu máli?

Það er rétt, að fyrrv. iðnrh. lét rannsaka möguleika á því að byggja járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og hann undirbjó þennan valkost ásamt fleiri valkostum sem við íslendingar gátum staðið frammi fyrir þegar að því kæmi að taka ákvörðun um hvernig orku Sigölduvirkjunar

yrði varið. En staðreynd er, og henni verður ekki hnekkt, að Alþb. tók enga afstöðu til þessa máls meðan það var á undirbúningsstigi og meðan Alþb. átti aðild að vinstri stjórninni. Það er hvergi unnt að finna neina flokkslega samþykkt, hvorki af hálfu framkvæmdastjórnar, miðstjórnar né landsfundar, til stuðnings því að byggð verði járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, og það er hvergi hægt að finna neina yfirlýsingu af hálfu Alþb. jákvæða gagnvart byggingu þessarar verksmiðju. Alþb. beið eftir því að undirbúningur málsins ætti sér stað, rannsókn þess færi fram. Það beið eftir því að málin skýrðust. Og þegar Alþb. taldi að öll gögn málsins lægju þolanlega ljóslega fyrir tók flokkurinn málið fyrir. Það var í fyrsta sinn, sem flokkurinn fjallaði um það formlega. Og niðurstaðan var sú sem fram kom á landsfundi flokksins haustið 1974, að flokkurinn samþykkti einróma að snúast gegn byggingu þessarar verksmiðju. Sú afstaða mótaðist að sjálfsögðu alls ekki af því, hvort einhverjir alþb.-menn hefðu tekið þátt í rannsókn málsins eða undirbúningi þess, heldur af því einu, hver væru rök málsins. Það var málefnaleg afstaða sem tekin var, og hún byggðist á þeim tíma fyrst og fremst á tveimur atriðum: í fyrsta lagi því atriði, að við hefðum annað og hyggilegra við fáanlega orku að gera en eyða henni í þessa verksmiðju, og í öðru lagi, að við hefðum annað og æskilegra við fáanlegt fjármagn að gera en að eyða því í járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Og ég endurtek, að þessi samþykkt var gerð einróma, þ. á m. af öllum þm. flokksins. Það var ekki eitt einasta mótatkv. sem fram kom. Þetta er í fyrsta og eina sinn sem Alþb. hefur tekið afstöðu til þessa máls og þar af leiðandi eina ákvörðunartakan í sambandi við málið sem einhverju skiptir. En síðan þetta var hafa hrannast upp fjöldamörg önnur rök sem hafa styrkt þá afstöðu sem við alþb.-menn tókum fyrir tveimur og hálfu ári. Það hefur komið æ betur í ljós, að hér er um hið mesta glæfrafyrirtæki að ræða sem bersýnilega fylgir lítil hamingja fyrir land og þjóð.

Á þskj. 663 hef ég dregið saman nokkrar helstu röksemdir okkar gegn byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og röksemdir þessar eru settar fram sem rökstuðningur fyrir till. til rökstuddrar dagskrár. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem í fyrsta lagi er sýnt, að raforkan til járnblendiverksmiðjunnar er seld undir kostnaðarverði og langt undir orkuverði frá næstu virkjun eftir Sigöldu;

í öðru lagi þar sem sýnt er, að íslenskir orkunotendur verða í framtíðinni að borga með orkunni til járnblendiverksmiðjunnar, en nýting orkunnar til innlendra þarfa, t. d. til húsahitunar, áburðarvinnslu, fóðurframleiðslu, fiskmjölsþurrkunar eða annarra nauðsynlegra verkefna væri ólíkt hagkvæmari;

í þriðja lagi þar sem ljóst er, að fjármagnshlutdeild íslendinga í þessari 20 milljarða fjárfestingu er einnig betur varið til annarra framkvæmda í landinu;

í fjórða lagi þar sem ákvæði um sölu afgangsorku til verksmiðjunnar eru ströngum skilyrðum háð og geta leitt til þess í erfiðu árferði, að raunverulega verði um forgangsorku að ræða, og þar sem óvissa ríkir um hvenær Kröfluvirkjun skilar fyllstu afköstum og þess vegna er ljóst, að orkusala til járnblendiverksmiðjunnar getur valdið hættu á raforkuskorti í byrjun næsta áratugs;

í fimmta lagi, þar sem flest bendir til þess, að rekstur járnblendiverksmiðjunnar verði mjög áhættusamur, og vitað er, að miðað við verðlag á kísiljárni á s. l. ári og áætlaðan rekstrarkostnað verksmiðjunnar hefði beint tap á rekstrinum orðið það ár um 800 millj. ísl. kr.;

í sjötta lagi þar sem bersýnilegt er, að samningurinn við Elkem-Spigerverket er óeðlilega hagkvæmur fyrir hinn erlenda aðila sem hefur allt sitt á þurru, selur dýrustu tækin til verksmiðjunnar með miklum hagnaði, selur tæknikunnáttu fyrir hátt verð og fær síðan drjúg sölulaun fyrir selda framleiðslu, meðan íslenska ríkið tekur á sig að kosta dýrar framkvæmdir í þágu verksmiðjunnar, hafnargerð fyrir 800 millj. kr., vegagerð, raflínulögn og byggingu spennistöðvar;

í sjöunda lagi þar sem vitað er, að væntanlegur hreinsiútbúnaður verksmiðjunnar hreinsar ekki nema 95% af eitruðum útblæstri hennar;

í áttunda lagi þar sem upplýst hefur verið, að ýmsar óskir Náttúruverndarráðs um fyrirkomulag rekstrarins hafa verið virtar að vettugi;

í níunda lagi þar sem upplýst hefur verið, að kröfur Heilbrigðiseftirlitsins um skilyrði fyrir starfsleyfi verksmiðjunnar hafa verið sniðgengnar í ýmsum mikilvægum atriðum;

í tíunda lagi þar sem ljóst er, að bygging verksmiðjunnar raskar eðlilegri byggðaþróun í nærliggjandi héruðum og hefur almennt óheppileg áhrif á þróun byggðar í landinu;

í ellefta lagi þar sem flest bendir til þess, að bygging þessarar verksmiðju í Hvalfirði sé í algerri óþökk yfirgnæfandi meiri hluta íbúa í nálægum sveitum;

í tólfta lagi þar sem ekki verður séð, að nokkur nauðsyn kalli á byggingu þessarar verksmiðju, en sýnt er að hér er um glæfrafyrirtæki að ræða sem eykur hlutdeild erlendra auðfélaga í íslensku atvinnulífi;

telur Ed. Alþ. engan grundvöll til byggingar þessarar verksmiðju og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vil fara nokkrum orðum um þessa till. sem kemur til atkv. nú við 3. umr., eftir að till. hv. þm. Stefáns Jónssonar, fulltrúa Alþb. í iðnn., um að frv. verði fellt hefur ekki náð fram að ganga. Ég ætla þó að láta það koma hér sérstaklega fram, að í fréttum útvarps og sjónvarps af þessum tillöguflutningi mínum hefur ekki komið nægilega skýrt fram að þessi till. er ekki hugsuð sem andstæð afgreiðsla við þá till. sem hv. þm. Stefán Jónsson gerði um að frv. væri fellt, heldur, eins og skýrt kom fram í umr. hér í gærkvöld af minni hálfu, er þetta hugsað sem varatill. eftir að ljóst er að till. hans nær ekki fram að ganga. En í fréttum útvarps og sjónvarps mátti skilja sem svo, að hér væri um að ræða tvær andstæðar till., eða a. m. k. tvær till. sem stefndu ekki nákvæmlega í sömu átt.

Þetta vil ég að komi hér sérstaklega fram, vegna þess að frásögnin gat valdið þessum misskilningi.

Fyrsta atriðið sem hér er nefnt, er verð raforkunnar til járnblendiverksmiðjunnar. Eins og kunnugt er, er um að ræða tvenns konar verð á orkunni til járnblendiverksmiðjunnar og um að ræða tvenns konar orku sem þangað er seld, tvær tegundir orku, ef svo má segja. Það er annars vegar svokölluð forgangsorka, orka sem við erum skuldbundnir til að skila jafnt og þétt alla klukkutíma sólarhringsins og alla daga ársins, óháð því hvað er heppilegast fyrir okkur sjálf, og svo hins vegar svokölluð afgangsorka, sem er öðrum skilyrðum háð. Hins vegar eru þessi skilyrði, sem sett eru um afhendingu afgangsorkunnar, það ströng, að í bréfi orkumálastjóra kemur fram að hæpið er að þar sé raunverulega um afgangsorku að ræða sem unnt sé að selja fyrir svona lítið verð sem fyrirhugað hefur verið. Eitt af þeim skilyrðum, sem sett eru um afhendingu afgangsorkunnar, er að Landsvirkjun afhendi helminginn af henni á ári hverju, þ. e. a. s. 153 gwst., sem koma til viðbótar þeim 244 gwst. sem við erum í öllum tilvikum skyldir að afhenda á hverju ári.

Nú er það svo, að afgangsorkan fer á hverjum tíma eftir því hve mikið vatn er í vötnum þeim sem orkuna framleiða, og það fer því mjög eftir árferði, fer eftir rigningunum á næstliðnu sumri, fer eftir frostum að vetri til o. s. frv., hve mikil orka er til reiðu til afhendingar. Talið er að við íslendingar getum afhent þessa afgangsorku án vandræða í flestum tilvikum, en viðurkennt, að þau ár geti komið, kannske tíunda hvert ár, að þessi orka sé alls ekki fyrir hendi í kerfinu og verði því alls ekki afhent. Þegar slík ár koma er því helmingurinn af allri afgangsorkunni, þ. e. a. s. um 153 gwst. raunverulega forgangsorka, — orka sem ekki er til í kerfinu öðruvísi en hún komi þá niður á annarri orkusölu. Er því ljóst að hér er tekin æðimikil áhætta. En að því vík ég síðar. Það, sem máli skiptir hins vegar, er að miðað við þessa áhættu er alls ekki hægt að tala um þessa orku sem afgangsorku í merkingu þess orðs, eins og hefur verið lagt í það í nálægum ríkjum, t. d. af norðmönnum. Það er þess vegna sem orkumálastjóri telur að miðað við þau skilyrði, sem eru fyrir afhendingu þessarar orku, sé verðlagið á afgangsorkunni allt of lágt.

Í umr. um frv. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, sem hér var á ferðinni fyrir tveimur árum, var þessi hlið málsins allmikið rædd og hefur enn verið rædd. Hefur verið sýnt fram á með skýrum rökum að verið er að selja þessa orku undir kostnaðarverði, jafnvel þótt miðað sé við framleiðslukostnað orkunnar eins og er í dag eða verður frá Sigölduvirkjun þegar hún er komin í fullan gang. En hér er þó rétt að vekja sérstaka athygli á því, að sú viðmiðun er í raun og veru ekki rétt, því að við erum raunverulega að selja orku frá næstu virkjun sem kemur í gagnið eftir að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun hafa fullnýst. Sigölduvirkjun kemur í gagnið á þessu ári, og allar áætlanir benda til þess að hún verði raunverulega fullnýtt árið 1979, sennilega áður en járnblendiverksmiðjan verður komin í gang með fullum afköstum, sem ekki verður eins og menn vita, fyrr en væntanlega á árinu 1980. Það er því ljóst að við erum raunverulega að selja járnblendiverksmiðjunni orku frá þeirri virkjun sem verður að taka við af Sigölduvirkjun. Miðað við þá vexti, sem nú eru á lánsfé, miðað við stórhækkað kostnaðarverð virkjunarframkvæmda er því ljóst og þarf ekki að eyða frekari orðum að því, að hér er um það að ræða að verið er að selja orkuna langt undir kostnaðarverði. Af þesu leiðir svo hitt, að íslenskir orkunotendur verða til neyddir að borga með raforkunni til járnblendiverksmiðjunnar í framtíðinni.

Þegar umr. um þetta mál fóru fram fyrir tveimur árum gerði ég tilraun til að reikna það út, hve mikil sú fjárhæð væri sem orkuneytendur greiddu með væntanlegri járnblendiverksmiðju á ári hverju miðað við kostnaðarverð orkunnar eins og það var þá. Ég sýndi fram á það með skýrum rökum þá, að hér væri um að ræða 160 millj. kr. á ári eða hvorki meira né minna en 1600 millj. kr. á næsta áratug. Ég get hins vegar leyft mér að fullyrða að þessi upphæð er orðin allmiklu hærri og er vafalaust ekki fjarri lagi að hana megi þrefalda.

Við höfum bent á það við alþb.-menn, að nýting orkunnar til innlendra þarfa borgar sig margfaldlega fyrir íslenskt þjóðfélag. Þar eru verkefnin nánast ótæmandi. Það er ekki aðeins að enn sé mikið verkefni óleyst enn þar sem er húsahitunin sem bersýnilega verður að fara fram með raforku víða um land, — verkefni sem hæstv. iðnrh. hefur því miður trassað að sinna svo að hvert árið líður nú af öðru án þess að nokkuð sé litið á þarfir smábæja, þorpa og jafnvel kaupstaða víða um land sem bersýnilega þurfa að koma upp fjarvarmaveitum eða annarri tegund húsahitunar með rafmagni, vegna þess að jarðhiti verður ekki tiltækur. Ég veit vel, að hæstv. ráðh. mun reyna að bera það fyrir sig nú og síðar að hann sé að láta athuga málið. Það er ein af þeim klassísku röksemdum sem við alþm. heyrum æðioft að hafðar eru uppi þegar menn liggja á málum og hreyfa lítið við þeim. En ég held að það sé nokkuð augljóst mál, að eftir að hæstv. ráðh. er búinn að vera í sæti iðnrh. í þrjú ár án þess að nokkuð markvert hafi gerst á þessu sviði og án þess að svo mikið sem sé farið að tala við hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sem hér eiga hlut að máli, þá er vonlaust að honum takist að telja nokkrum manni trú um að hreyfing sé á þessu í framfaraátt.

Eins er með fjöldamörg önnur verkefni sem okkur alþb.-mönnum verður tíðrætt um, svo sem að fóðurframleiðsla í landinu sé verulega efld og notaðir til þess innlendir orkugjafar. Við heyrum og fréttum af skýrslum og áætlunum sem stöku sinnum koma fram, en það er engin raunveruleg framþróun á þessu sviði og hefur ekki verið í mörg ár. Og nú, fjórum árum eftir að olían þrefaldaðist í verði á heimsmarkaði, verðum við að horfa fram á það að allar heykögglaverksmiðjur í landinu nota olíu til sinna þarfa og það er ekki fyrirsjáanlegt að nein ný verksmiðja bætist við, sem noti annan orkugjafa, fyrr en að mörgum árum liðnum, væntanlega ekki fyrr en í fyrsta lagi að þremur árum liðnum, jafnvel þótt nú sé tekinn upp fullur kraftur

við framkvæmd þess máls og nýjar verksmiðjur drifnar upp. Einnig þetta ber að sjálfsögðu vott um mikla vanrækslu, — vanrækslu sem ekki aðeins hæstv. iðnrh. ber ábyrgð á, heldur engu síður hæstv. landbrh.

Eins er með áburðarvinnsluna sem rætt hefur verið um í mörg ár að þyrfti að auka verulega hér á landi. Við þm. fáum öðru hvoru í hendur skynsamlegar ábendingar sérfróðra manna um nauðsyn þess að áburðarvinnslan í landinu sé stóraukin. En í þessi þrjú ár hefur enginn orðið var við að neinar ákvarðanir væru teknar á þessu sviði, og sjálfsagt þarf að bíða eftir því fram á næsta kjörtímabil, jafnvel eftir því að ný ríkisstj. komi til valda í þessu landi, að ákvarðanir verði teknar.

Ástæðan er í öllum tilvikum sú sama. Hæstv. ríkisstj. hefur verið með hugann við þessar stóriðjuframkvæmdir og í samningagerð við ýmis erlend auðfélög, bæði um byggingu járnblendiverksmiðjunnar og um stækkun álverksmiðjunnar og um mörg fleiri verkefni, og það er svo að sjá að allur þessi áhugi á byggingu stóriðju í landinu hafi leitt til þess, að öðrum verkefnum hefur ekki verið sinnt. A. m. k. er það eina skýringin á því, að þessi vanræksla hefur átt sér stað.

Mörg önnur verkefni mætti nefna, t. d. að fiskmjölsþurrkun hér á landi fari fram með raforku, en ekki með olíu. Þetta verkefni hefði þurft að taka föstum tökum strax og olíuverðhækkunin skall yfir og með hliðsjón af því að við ætluðum að taka Sigölduvirkjun í notkun árið 1976 eða 1977. Það hefði verið vel við hæfi að koma því svo fyrir að fiskmjölsverksmiðjur um land allt hefðu getað tekið raforkuna í notkun til sinna þarfa, að svo miklu leyti sem það hefði verið tæknilega mögulegt án óhæfilegs tilkostnaðar, einmitt um sama leyti og þessi virkjun hefði tekið til starfa. Er mér ekki kunnugt um að hæstv. iðnrh., og rn. hans hafi beint að þessu þarfa verkefni nokkurri hugsun eða að á vegum rn. sé nokkuð í bígerð hvað þetta mál snertir.

Hér er ekki eingöngu við hæstv. iðnrh. að sakast, heldur hefðu önnur rn. einnig mátt hafa þarna frumkvæði, svo sem rn. sjútvrh. En í sjálfu sér skiptir ekki öllu máli við hvern er að sakast. Staðreyndin er að hér er um vanrækslu að ræða. Menn hafa ekki komið auga á neitt annað en að selja orkuna til járnblendiverksmiðjunnar. Og þar sem um var að ræða að selja hvorki meira né minna en helminginn af allri orkunni til járnblendiverksmiðjunnar, þá hefur mönnum sýnst að ekki væri á bætandi með einhver önnur verkefni.

Hitt er svo alveg ljóst, vegna þess að mér varð áðan tíðrætt um verðið til járnblendiverksmiðjunnar, að innlendur iðnaður mundi vafalaust vera fær um að gjalda talsvert miklu hærra verð til Landsvirkjunar og til raforkukerfisins en járnblendiverksmiðjan gerir, og á það má benda, að margt af því, sem ég hafði í huga og nefndi áðan, er þess eðlis að þar kæmi afgangsorka vel til nota, t. d. í sambandi við heykögglaframleiðsluna.

En það er ekki aðeins að sú hlið málsins, sem snýr að orkusölunni, sé meira en hæpin. Við íslendingar verðum ekki aðeins að fórna helmingnum af þessari rándýru virkjun, Sigöldu, í þessa verksmiðju. Við verðum líka að leggja fram 55% af 20 milljarða fjárfestingu, og auðvelt er að sýna fram á að mörg önnur verkefni eru miklu hagkvæmari og arðbærari fyrir efnahagskerfi landsmanna en bygging þessarar járnblendiverksmiðju. Það hefur komið fram í fréttum nú á seinustu mánuðum, að fiskifræðingar telja ekki útilokað að við íslendingar gætum aukið veiðar okkar á loðnu upp í 800 þús. til millj. lestir á hverju ári, og um þetta hefur verið skrifuð gagnmerk skýrsla. Hins vegar er langt í frá að veiðar okkar á þessu ári, jafnvel þótt mjög vel gangi, geti náð því marki. Ástæðan er sú, að til þess að svo verði þarf dýra fjárfestingu víða um land. Það þarf fjárfestingu í flutningatækjum, í nýjum verksmiðjubúnaði og síðast en ekki síst í nýjum þróm til að hægt sé að geyma miklu meira af loðnunni í langan tíma.

En þegar um það er að ræða að skipuleggja þetta verkefni, þá er auðvitað sama svarið úr öllum áttum: Það eru engir peningar til. Þetta er svarið sem okkur mætir í sambandi við þessa brýnu uppbyggingu í landinu, — uppbyggingu sem mundi gefa okkur íslendingum í aðra hönd margföld verðmæti á við þau sem járnblendiverksmiðjan getur nokkru sinni gefið okkur á hverju ári. Og raunar gildir það sama um mörg önnur verkefni sem ég einmitt var að nefna hér áðan, svo sem heykögglaframleiðslu eða húsahitun eða áburðarvinnslu eða basaltvinnslu. Í öllum þessum tilvikum er um það að ræða, að það er engin hreyfing á málinu, jafnvel ekki utan iðnrn., vegna þess að menn hafa ekki fjármagn til þess að hreyfa sig til að koma neinu fram.

Við höfum orðið að skera niður lánsfjármagn fjárfestingarlánasjóðanna í stórum stíl á undanförnum árum vegna þess að við höfum ekki haft efni á þeirri uppbyggingu sem við höfum samt verið með á blaði. En þegar járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði er annars vegar, — verksmiðja sem hugsanlega kæmi til með að verða rekin með 800 millj. kr. tapi á ári, eins og ég vík að síðar, þá vantar ekki að allar fjárhirslur opnast og hægt er að leggja fram ekki aðeins stórfé á fjárl., heldur einnig taka stórlán erlendis án tillits til allra umr. um skuldabyrði landsmanna erlendis. Seðlabankastjóri, Jóhannes Nordal, er áhyggjufullur þegar hann ræðir um vaxandi skuldaaukningu landsmanna erlendis. En hann er hins vegar ekkert mjög áhyggjufullur þegar hann vippar sér út fyrir landssteinana og tekur margra milljarða lán til þessarar verksmiðju. Verður væntanlega að útvega með þeim hætti 90% af þeim 11 milljörðum sem við íslendingar þurfum að leggja fram til þessarar verksmiðju áður en lýkur. Reyndar verður það sjálfsagt miklu hærri upphæð en menn hafa nú fyrir augum.

Sem sagt, hér hef ég vikið að þessum tveimur þáttum málsins. Annars vegar er augljóst að orkan verður okkur íslendingum miklu arðbærari með því að selja hana til innlendra fyrirtækja sem geta greitt viðunandi verð fyrir orkuna. Hins vegar mundu þessi sömu fyrirtæki verða margfalt arðbærari sjálf en járnblendiverksmiðjan getur nokkru sinni orðið.

Áður en ég hverf frá þessari hlið málsins er rétt að víkja að orkuspám sem fyrir liggja nú, en eins og ég gat um áðan hefur því verið lýst yfir af Orkustofnun, að Sigölduvirkjun verði fullnýtt á árinu 1979 og Krafluvirkjun verði fullnýtt tveimur til þremur árum síðar í samtengdu raforkukerfi landsins. Ef hins vegar í ljós kemur að eitthvert það árið, sem fram undan er, verður engin afgangsorka fyrir hendi í kerfinu vegna óvenjulegs árferðis, en á því eru, að því er sérfræðingar segja, kannske 10% líkur, þá er að sjálfsögðu um að ræða orkuskort í kerfinu miklu fyrr en ella, væntanlega þegar 1980.

Inn í þetta mál fléttast síðan óvissan hvað snertir Krafluvirkjun. Ég er sannarlega ekki einn þeirra sem telja óvissu ríkja um að Krafluvirkjun verði þjóðinni til farsældar á komandi árum. Ég tel að mjög hyggilegt hafi verið að ráðast í þá framkvæmd. En hvorki ég né neinn annar getur lokað augunum fyrir því, að eldgos hefur verið í fullum gangi nú um eins árs skeið á þessu svæði og við vitum ekki hversu lengi það kemur til með að standa. Það getur staðið í 2—3 ár í viðbót, það getur staðið í 5 ár í viðbót, jafnvel lengur. Og meðan þessar náttúruhamfarir geisa á þessu svæði er auðvitað ekki fyrir það að synja, að óvissa ríkir um hvort Krafluvirkjun skilar fullum afköstum. Ég tel að býsna mikið þurfi að ganga á og við þurfum að vera nokkuð óheppnir til þess að svo fari, að Krafluvirkjun skili ekki nokkurri orku, hún muni þegar að fáum vikum liðnum skila okkur nokkurri orku inn í kerfið ef ekkert óvænt kemur upp á. En hitt viðurkenni ég fúslega, að það getur orðið bið á því fram yfir að þessu gosi lýkur og eldvirknin er um garð gengin, að Krafluvirkjun skili allra fyrstu afköstum, þ. e. a. s. 70 mw., eins og orkuspá gerir þó ráð fyrir. Og fari nú svo að það dragist í nokkur ár að fá Krafluvirkjun til að skila fullum afköstum, þá erum við þeim mun fyrr lentir í orkuskorti, ekki á árunum 1981—1982, eins og nú er spáð af hálfu Orkustofnunar, heldur væntanlega árinu fyrr. Hvort þá verður nokkur ný virkjun tilbúin get ég ekkert um sagt og getur enginn um sagt, því að virkjunarframkvæmdir hér á landi dragast venjulega mjög úr hömlu, og þegar áætlað er að virkjun verði tilbúin að fjórum árum liðnum, þá er hitt algengara, að það líði ein sex þar til virkjunin er fullbyggð. Því er ljóst að með því að binda sig við þessa orkusölu til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði er tekin umtalsverð áhætta, að ekki sé meira sagt.

Virkjunarmálin eru svo kapítuli út af fyrir sig sem ég ætla ekki að lengja þessar umr. með, vil aðeins nefna það hér í framhjáhlaupi, að ég er ekki jafnsannfærður og hæstv. iðnrh. um að auðveldasta leiðin til að útvega raforkukerfi landsmanna aukna orku í byrjun næsta áratugs sé að virkja við Hrauneyjafoss. Það er hvorki eina leiðin né auðveldasta leiðin. Ég tel að ýmsar smávirkjanir og þá einkum tvær, þ. e. a. s. Jökulsárvirkjun í Skagafirði og Bessastaðaárvirkjun, séu báðar með þeim hætti, að þær gætu orðið fyrr tilbúnar heldur en Hrauneyjafossvirkjun, fyrir svo utan hitt, að þær eiga miklu meiri rétt á sér og henta miklu betur inn í raforkukerfið. Það má vel vera, ef önnur þessara virkjana væri tekin fram fyrir allt annað í orkumálum nú um þessar mundir og ákvörðun tekin um að hraða henni sem mest við megum, þá væri ekki raunverulega um mikla áhættu að ræða og gæti verið tilbúin á árinu 1980. Þessar upplýsingar hef ég frá þeim mönnum sem fróðastir eru um þessi mál. En þetta er önnur saga. Ég vildi bara láta þess getið, að ég er ekki sannfærður um að Hrauneyjafossvirkjun verði komin í gagnið árið 1981. Ég tel fullt eins líklegt að það verði ekki fyrr en 1982, og það styður þá enn frekar þá fullyrðingu mína að hér sé tekin umtalsverð áhætta þegar allt þetta þrennt kemur saman: hugsanleg seinkun Hrauneyjafossvirkjunar, hugsanleg seinkun á því að Krafluvirkjun skili fyllstu afköstum, hugsanlegur möguleiki á því að engin afgangsorka verði til í kerfinu einmitt þegar verst á stendur, á árinu 1980, og með hliðsjón af því, hvað við erum að fórna mikilli orku til járnblendiverksmiðjunnar, og með það í huga, að orkuneysla landsmanna kynni að vaxa aðeins meira en áætlað er. Það þarf ekki mikið til að áætlunin fari úr skorðum og orkuskortur verði einnig af þeim ástæðum.

Ég ætla svo ekki að ræða frekar um orkuhlið þessa máls, en ætla hins vegar að víkja lítillega að hagkvæmni þessarar verksmiðju.

Ég vil rifja það hér upp, að um þetta atriði urðu nokkrar umr. þegar málið var til meðferðar á Alþ. fyrir tveimur árum, og ég vil leyfa mér að rifja upp það sem ég sagði um það mál, með leyfi forseta. Ég sagði þá:

„Hitt er ljóst, að þessir útreikningar um arðsemi væntanlegs stóriðjufyrirtækis í Hvalfirði eru fyrst og fremst byggðir á líkum og áhættan er augljóslega gífurlega mikil. Samkv. þeim upplýsingum, sem fram koma í umsögn Þjóðhagsstofnunar, hefur skráð verð á ferrósílikoni þrefaldast á tveimur árum, þ. e. a. s. á tímabilinu frá árslokum 1972 til ársloka 1974. Að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að verðið fari sömu leið til baka aftur. Velta þessa fyrirtækis er áætluð 4300 millj. ísl. kr. á ári. Það er því ljóst að á þessu fyrirtæki gæti orðið 500—1000 millj. kr. tap á ári ef illa gengi, ef verðið breyttist eitthvað að ráði niður á við."

Þetta rifja ég hér upp, ekki vegna þess að ég sé að segja að ég hafi neina spádómsgáfu, heldur vegna þess að þetta sáu fleiri en ég fyrir að gæti gerst og þetta var einmitt það sem gerðist. Verðið, sem var á orkunni fyrir tveimur árum, lækkaði mjög verulega, og nú höfum við fengið nýja umsögn Þjóðhagsstofnunar um hvernig afkoma þessarar verksmiðju hefði verið ef hún hefði verið starfrækt á árinu 1976. Útkoman er sú, að um hefði verið að ræða rúmlega 800 millj. kr. tap. Staðreyndin er sú, að til þess að sýna fram á, að þessi rekstur geti borið sig í framtíðinni, eru sérfræðingarnir neyddir til að búa til verð. Þeir miða ekki við það verð sem er á kísiljárni í dag. Þeir verða að búa til verðhækkun, sem þeir segja að hljóti að vera í aðsigi. Öðruvísi er ekki hægt að láta endana ná saman.

Ég ætla hins vegar ekki að fara að rifja hér upp eða endurtaka þau rök sem hafa verið færð fyrir því að ákaflega hæpið er að reikna með því að nein veruleg verðhækkun verði á kísiljárni, a. m. k. umfram hugsanlega verðhækkun á hrá-

efninu, því að ef ekki er um að ræða verulega verðnækkun á kísiljárninu sjálfu umfram þá hækkun sem verður á hráefninu, þá er ekki sjáanlegt að verksmiðjan sé neitt betur stæð en nú horfir.

Það er sem sagt ljóst, enn ljósara en það var fyrir tveimur árum, að við Íslendingar erum að taka gríðarlega áhættu þar sem er bygging þessarar verksmiðju, og enginn getur sagt fyrir um það í dag hvernig fara muni. Við vitum það eitt, að Þjóðhagsstofnun spáði því fyrir tveimur árum, að fyrirtækið yrði rekið með svo og svo miklum hagnaði, og við vitum það nú, að þessi spádómur reyndist rangur og hún hefur orðið að reikna upp þetta reikningsdæmi sitt og hefur þá fengið út talsvert dekkri mynd. Það er að sjálfsögðu hrein ævintýramennska, að við getum nú farið að treysta á útreikninga sem byggðir eru á því að verðlagið muni hugsanlega hækka á næstunni.

En þá kunna menn að spyrja: Hvernig stendur á því að fyrirtæki eins og Elkem-Spigerverket treystir sér til þess að gera samning af þessu tagi? Nú ætti það að hafa jafnmikla vitneskju um það og aðrir, að áhætta er tekin, og ekki vill neinn verða fyrir miklum taprekstri ef hann hefur ástæðu til að óttast að svo kunni að fara. Þá er á það að benda, að samstarfsaðilinn tekur alls ekki jafnmikla áhættu og Íslendingar gera í þessu efni. Við erum sem sagt hér með nákvæmlega sams konar fyrirbæri og þegar við ræddum hér um daginn um hugsanlega fjarskiptastöð sem reisa á hér í samvinnu við danskan aðila, þar sem gerður hefur verið sá samningur sem tryggir annars vegar útlendingunum lágmarkshagnað, 2 millj. danskar á ári hverju, meðan Íslendingar verða að taka á sig alla áhættuna. Þetta er mjög svipað í sambandi við þann samning sem gerður hefur verið við Elkem-Spigerverket. Má hiklaust fullyrða að samstarfsaðilinn hefur allt sitt á þurru. Í fyrsta lagi selur hann dýrustu tækin til verksmiðjunnar með miklum hagnaði, og sá hagnaður, sem Elkem-Spigerverket hefur af sölu þessara rándýru tækja, vegur allvel upp hugsanleg tapár sem kunna að verða í sambandi við þennan rekstur. En við þetta bætist svo hitt, að Elkem-Spigerverket selur einnig tæknikunnáttu fyrir hátt verð og fær svo þar að auki drjúg sölulaun, fasta prósentutölu, miðað við alla selda framleiðslu, sem að sjálfsögðu gerir gæfumuninn með það að fyrirtækið telur sig geta tekið þá áhættu sem við Íslendingar ættum hins vegar alls ekki að treysta okkur til að taka á okkar herðar. En með þessu er ekki öll sagan sögð. Til viðbótar bætist það, að íslenska ríkið tekur á sig að kosta dýrar framkvæmdir í þágu verksmiðjunnar, t. d. hafnargerð fyrir 800 millj. kr., vegagerð að verksmiðjunni, raflínulögn og byggingu spennistöðvar. Í þessu sambandi er rétt að minna á að byggðalínan norður um land hefði ekki legið um Hvalfjörð ef þessi verksmiðja hefði ekki komið til álita á þeim slóðum. Áður en verksmiðjan var fyrirhuguð var gert ráð fyrir því, að byggðalínan lægi frá Sogsvirkjun beint yfir að Andakílsárvirkjun án þess að koma niður með Hvalfirði, og það hefði verið talsvert miklu ódýrari línulögn, vegna þess að við hefðum þá sparað okkur byggingu spennistöðvarinnar á Grundartanga. Spennistöðin er sem sagt hluti af stofnkostnaðinum með svipuðum hætti og höfnin upp á 800 millj. Þegar allt þetta er tekið saman er vafalaust um að ræða þarna fjárfestingu sem er ekki langt frá 2000 millj. kr.

Það er rétt að draga það sérstaklega fram hér, að þessi kostnaður hefur ekki verið tekinn inn í arðsemiútreikninga í sambandi við þessa verksmiðju. Þessum kostnaði er haldið utan við, vegna þess að öllum er ljóst að ef hann væri tekinn inn í arðsemiútreikninga hvað varðar byggingu þessarar verksmiðju, þá yrði slíkt dúndrandi tap á þessari verksmiðju, hvernig sem reiknað væri, að hæstv. iðnrh. væri með höfuðverk í margar vikur eftir að hafa séð slíka útreikninga. En þetta er bara eitt dæmi af mörgum um þær blekkingar sem hafðar hafa verið í frammi í sambandi við byggingu þessarar verksmiðju. Það er reynt að hagræða staðreyndunum á þann veg, að málið sé fýsilegt. Af hvaða ástæðum þetta er gert er svo allt annað, sem miklu erfiðara er að henda reiður á.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér mörgum orðum um mengunarhlið þessa máls, vegna þess að hv. þm. Stefán Jónsson hefur gert þeirri hlið málsins framúrskarandi góð skil í samstarfi við marga aðra aðila. Ég tel því að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fara að tína til þau mörgu atriði sem máli skipta í því sambandi. Það leynir sér ekki að lífríki Hvalfjarðar er í hættu af völdum þessarar verksmiðju. Það er staðreynd, sem enginn hefur mótmælt við þessar umr., að væntanlegur hreinsiútbúnaður verksmiðjunnar hreinsar ekki nema 95% af eitruðum útblæstri hennar. Það liggur líka fyrir og kemur m. a. fram í nál. hv. þm. Stefáns Jónssonar, að Náttúruverndaráð hefur haft uppi ýmsar óskir varðandi tilhögun á byggingu þessarar verksmiðju, — óskir sem hafa verið virtar að vettugi. Það er einnig upplýst og er kannske eitt mesta hneykslið í sambandi við þetta mál allt, að kröfur Heilbrigðiseftirlitsins um skilyrði fyrir starfsleyfi verksmiðjunnar hafa verið sniðgengnar í ýmsum mikilvægum atriðum, og þýðir ekki lengur fyrir talsmenn þessarar verksmiðju að hafa uppi einhverjar blekkingar um þá hlið málsins, eins og gert var í Nd. fyrir nokkrum dögum, því að í dag hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins sent frá sér fréttatilkynningu þar sem á það er bent, að það hafi algerlega verið sniðgengið við endanlegan frágang þessa starfsleyfis og kröfur þess og óskir í ýmsum atriðum hafi verið sniðgengnar. Ég býst við að allir hv. þm. hafi heyrt þessa frétt og þetta bréf Heilbrigðiseftirlitsins, sem lesið var í kvöldfréttum útvarpsins, ef ekki, þá lesa þeir það í blöðunum á morgun og ég sé því ekki ástæðu til þess að hafa það hér yfir, enda hef ég það ekki í höndum. Það verður hins vegar ekki lengur um það deilt, að í fyrsta skipti, sem veitt var starfsleyfi til nýrrar verksmiðju í samræmi við heilbrigðislöggjöfina og í samræmi við ákvæði um samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, voru kröfur þess sniðgengnar.

Um það þarf svo ekki að fara mörgum orðum heldur, að bygging verksmiðjunnar hlýtur að raska eðlilegri byggðaþróun í nálægum héruðum

og hefur almennt óheppileg áhrif á þróun byggðar í landinu. Ég hef aldrei skilið það, hvernig Framsfl. og þm. hans hafa treyst sér til að mæla með því, að þessi gífurlega fjarfesting ætti sér stað hér á Faxaflóasvæðinu, á nákvæmlega sama tíma og verið er að skera niður fjárveitingar til þjóðþrifamála víðs vegar um land vegna fjármagnsskorts. Þeir hljóta að hafa gert sér nákvæmlega jafngóða grein fyrir því, og aðrir, að með byggingu þessarar miklu verksmiðju, sem væntanlega verður tvöföld að stærð að áratug liðnum ef þeir og þm. Sjálfstfl. fá einhverju ráðið, er ekki verið að tjalda til einnar nætur, heldur er verið að byggja verksmiðju sem hvað fjárfestingu snertir er mjög álika og allur sá iðnaður sem fyrir er í landinu. Þessi verksmiðja er að sjálfsögðu sett niður hér á Faxaflóasvæðinu með þeim afleiðingum fyrir byggðaþróun í landinu sem það hlýtur að hafa. Hvernig þeir framsóknarmennirnir fara að því að rökstyðja þessa afstöðu sína eftir öll þeirra fögru orð um jafnvægi í byggð landsins, það er mér hins vegar hulin ráðgáta.

Í umr. utan dagskrár hefur verið fjölyrt um óskir íbúa nálægra hreppa um að atkvgr. fari fram um þetta mál áður en bygging verksmiðjunnar er endanlega ákveðin, og er ekki heldur ástæða til að fjölyrða um þennan þátt málsins. Einungis er rétt að draga það hér fram, að allar líkur benda til þess að yfirgnæfandi meiri hluti manna á þessu svæði sé andvígur byggingu þessarar verksmiðju, því að það er ekki aðeins að þessi ósk hafi komið fram, heldur má vitna í fjöldamargar safnanir undirskrifta sem fram hafa farið á þessu svæði, bæði í þeim hreppum í Borgarfjarðarsýslu, sem liggja sunnan Skarðsheiðar, og einnig í Kjósarsýslu, — undirskriftasafnanir sem hafa borið þess glöggan vott, að ekki bara meiri hluti manna, heldur yfirgnæfandi meiri hluti manna er andvígur byggingu þessarar verksmiðju. Ég skil því vel þá afstöðu hæstv. iðnrh., að hann treysti sér ekki til að láta sömu reglu gilda um fólkið, sem býr við Hvalfjörð, eins og fólkið, sem býr í Eyjafirði. Hann veit hver yrðu úrslit þessarar atkvgr., og honum er þessi verksmiðja kærari en svo, að hann þori að leggja ákvörðunina um byggingu hennar undir dóm þessa fólks. Þá veit hann að flokkur hans á miklu fylgi að fagna á þessu svæði, og vafalaust er hann annaðhvort stærsti eða næststærsti flokkurinn hvað stuðning snertir í öllum þeim hreppum sem hér eiga hlut að máli. (**Gripið fram í:** Hann var það.) Þegar ég ræði um stuðning í þessu sambandi á ég að sjálfsögðu við fortíðina. En hvað framtíðin ber í skauti sér verðum við svo að bíða eftir og getum í mesta lagi rennt í það grun.

Ég lagði þá spurningu fyrir hæstv. iðnrh. í gær, hvers vegna hann vildi ekki standa við fyrri yfirlýsingar sínar um að heimamenn yrðu hafðir með í ráðum þegar bygging slíkrar verksmiðju ætti í hlut. Hæstv. ráðh. gerði þá einföldu grein fyrir afstöðu sinni, að hann hefði aðeins átt við eyfirðinga þegar hann talaði um þennan rétt heimamanna, en ekki aðra. Að sjálfsögðu er þessi afstaða lítt skiljanleg öllum hugsandi mönnum, og ég vil því gefa ráðh. kost á því að útskýra, áður en þessari umr. lýkur, hver er hugsun hans á bak við svo furðulega afstöðu eða hvort hann hefur nokkuð ser til málsbóta. Ætlar hann í framtíðinni að láta þessa reglu einungis gilda innan lögsagnarumdæmis Eyjafjarðarsyslu eða mun hún gilda í öðrum sýslum landsins? Um þetta er ég hræddur um að býsna margir landsmenn séu forvitnir að fá einhver svör.

Áður en ég lýk máli mínu þykir mér hlýða að fara fáeinum orðum um afstöðu Alþfl. til þessa máls, því að það er ekki aðeins að hæstv. iðnrh. sæki það af ofurkappi, að þessi verksmiðja verði reist, heldur á það engu síður við um þm. Alþfl. Þó má lesa í leiðara Alþýðublaðsins 24. mars s. l., með leyfi forseta, þar segir: „Það er orðið mjög brýnt að ráðamenn þjóðarinnar nuddi stóriðjuglýjuna úr augunum og fari að sjá íslenskan iðnað í réttu ljósi.“ Þetta var vissulega vel mælt af ritstjóra Alþýðublaðsins og vantar aðeins eitt á þessa yfirlýsingu, að hann benti forustumönnum Alþfl. á að gera slíkt hið sama, að nudda stóriðjuglýjuna úr augum sínum.

Alþfl. er eini stuðningsflokkur járnblendiverksmiðjunnar sem gengur óklofinn til leiks, sem er einnuga í afstöðu sinni, þar sem engan bilbug er að finna, ekkert hik. Og þetta er í fyllsta samræmi við fortíð flokksins í stóriðjumálum. Flokkurinn ber fulla ábyrgð á byggingu álverksmiðjunnar í Straumsvík og stóð óskiptur að því að knýja það mál fram á sínum tíma. Þá vöruðum við alþb.-menn mjög eindregið við mengun af völdum verksmiðjunnar. Við vöruðum við því ábyrgðarleysi að reisa slíka verksmiðju án hreinsitækja, en alþfl.-menn, sem þá sátu á þingi, — og það gera reyndar þrír af þeim enn þá, þó þeim fari nú ört fækkandi sem betur fer, — þeir ypptu þá öxlum og tóku fulla ábyrgð á því að verksmiðjan var byggð án hreinsitækja, sögðu sem svo að fullyrðingar Alfreðs Gíslasonar og annarra talsmanna Alþb. í þeim umr. væru marklausar, væru móðursýkin ein og engin ástæða til að ljá eyru þeim aðvörunum. Nú er hins vegar komið á daginn að viðvaranir Alþb. og talsmanna þess voru hárréttar og kæruleysi Alþfl. í þessum efnum hefur orðið okkur afdrifarikt. Þó vantar ekki hávaðann í þeim alþfl.-mönnum einmitt þessa dagana um mengunarvarnir og um heilbrigðisráðstafanir í verksmiðjum o. s. frv. Þeir þykjast vera allra manna harðastir og kræfastir í því að krefjast heilbrigðis á vinnustöðum og ráðstafana til að vernda það. Þannig segir í nýlegum leiðara Alþýðublaðsins, með góðfúslegu leyfi forseta:

„Flokkurinn leggur megináherslu á fullkomnar mengunarvarnir innanhúss og utan við öll iðjuver. Í meðferð Alþ. á járnblendifrv. síðustu vikur skrifaði fulltrúi Alþfl. undir nál. með fyrirvara um mengunarmálin. Þar fylgdi flokkurinn ákvörðunum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og lýsti yfir, að mælti það á móti starfsleyfi verksmiðjunnar mundi Alþfl. ekki styðja málið.“

Þetta segir í nýlegum leiðara Alþýðublaðsins. En nú liggur fyrir að fyrrnefnt Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur alls ekki veitt starfsleyfi til verksmiðjunnar, hefur ekki einu sinni verið spurt

ráða um hvernig endanlegt starfsleyfi eigi að vera og hefur gefið opinbera yfirlýsingu um að það tæki að samvinna þess við heilbrrn. hafi ekki verið sem skyldi. Hvers virði er þá fyrirvari Alþfl.? Ég vildi eindregið mælast til þess, að hv. þm. Alþfl. hér í Ed. gerðu grein fyrir því, hver verður afstaða þeirra eftir að ljóst er orðið að Heilbrigðiseftirlit ríkisins stendur ekki að starfsleyfi til verksmiðjunnar. Verður þá staðið við það sem stóð í Alþýðublaðinu fyrir fáeinum dögum, að flokkurinn muni ekki styðja málið ef Heilbrigðiseftirlitið sé ekki haft með í ráðum, starfsleyfi þess liggi ekki fyrir? Um þetta hljótum við þm. að verða að fá skýr svör af hálfu þeirra alþfl.-manna.

Það er að vísu heldur hraklegt til þess að vita, að þm. Alþfl. í Nd. skuli þegar vera búnir að hleypa málinu í gegnum d. þar með marklausum fyrirvara sem engu breytir að sjálfsögðu, vegna þess að eftir að málið er orðið að lögum breytir fyrirvari þeirra engu, mun ekki einu sinni nokkur maður muna eftir honum. En hitt er þó verra, ef hv. þm. Alþfl. í Ed. ætla svo að kóróna verkið með því að ganga á bak orða sinna og halda áfram að styðja málið eftir þá yfirlýsingu sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins taldi sig til neytt að gefa út í dag í formi fréttatilkynningar. Það er ekki á hverjum degi sem opinber stofnun, sem heyrir undir ákveðið rn. og er rn. til leiðbeiningar og leiðsagnar í einstökum málum, telur sér skylt, telur sig til neydda að gefa út opinbera fréttatilkynningu þar sem hörmuð eru viðskipti stofnunarinnar við viðkomandi rn. En það var þetta sem gerðist í dag. Og ég spyr enn: Hver er afstaða Alþfl. til málsins, þegar þetta er nú deginum ljósara, en ekki aðeins sögn í munni okkar alþb.-manna, eins og það var fyrst í stað?

Það vantar auðvitað ekki, að þegar álbræðslan er annars vegar koma Alþfl. og talsmenn hans fram sem iðrandi syndarar sem mæla fagurt þótt þeir hugsi flátt. Þeir segja í Alþýðublaðinu, í leiðara Alþýðublaðsins 23. apríl s. l.: „Alþfl. hefur lært af mistökum sem gerð voru í sambandi við álverið hvað snertir mengun, skattamál o. fl.“ Þetta var játning syndarans: „Alþfl. hefur lært af mistökum sem gerð voru í sambandi við álverið hvað snertir mengun, skattamál o. fl.“ Ja, hefur Alþfl. lært nokkurn skapaðan hlut? Það er nú einmitt það sem spurningin snýst um. Hefur Alþfl. lært nokkurn skapaðan hlut af þeim mistökum sem hann gerði í sambandi við álverksmiðjuna og hann nú þegar hefur viðurkennt opinberlega að hafi átt sér stað? Ætlar hann að endurtaka þessi mistök? Eru þetta bara orðin tóm til þess að rugla einhverja fávísa stuðningsmenn, eða eru þetta orð mælt af fullri alvöru? Ætlar Alþfl. að taka á sig ábyrgð á verksmiðju sem bersýnilega uppfyllir ekki þau skilyrði sem Náttúruverndarráð og Heilbrigðiseftirlit ríkisins vilja setja, eða ætlar hann að viðurkenna nú þegar að mistök hafi átt sér stað hvað þetta snertir, eða vill hann bíða í svo sem 10 ár með að viðurkenna að mistök hafi átt sér stað.

Ég vil aðeins segja það eitt um afstöðu Alþfl., sem ég sagði hér áðan, að það virðist eitthvað á það vanta hvað Alþfl. snertir, líkt og ritstjóri Alþýðublaðsins sagði um ráðamenn þjóðarinnar, að hann hafi nuddað stóriðjuglýjuna úr augunum.

Ég vil aðeins draga hér fram eitt atriði enn varðandi Alþfl., og það er það atriði sem snertir hugsanlegan orkuskort að fáum árum liðnum.

Eins og kunnugt er hefur Alþfl. tekið það upp í stefnuskrá sína að vera á móti einni af þeim virkjunum sem verið er að reisa í landinu, þó að flokkurinn hafi staðið að því eins og allir aðrir flokkar hér í þinginu að samþykkja heimildarlög um byggingu Kröfluvirkjunar og hafi ekki hreyft neinum andmælum við framkvæmd virkjunarinnar, þegar farið var af stað, þannig að yfirleitt heyrðist ekki hósti né stuna frá talsmönnum þessa flokks fyrr en stöðvarhúsið var risið og búið var fyrir löngu að gera alla samninga um vélakaup og önnur tækjakaup. Þá fyrst heyrðist hljóð úr horni. Og síðan hefur flokkurinn magnað andstöðu sína við þessa virkjun svo mjög, að í dag má segja að flokkurinn sé á móti þessari virkjun. Alþýðublaðið hefur hvað eftir annað skorað á ráðamenn þjóðarinnar að stöðva þessa virkjun, hætta með öllu virkjuninni og þá væntanlega selja þau tæki sem keypt hafa verið, enda er mér næst að halda, þó að ég hafi það ekki beinlínis fyrir framan mig, að sú afstaða hafi hvað eftir annað komið fram hjá ritstjórum Alþýðublaðsins a. m. k., að sjálfsagt væri að selja þau tæki sem keypt hefðu verið til Kröfluvirkjunar.

Nú er hins vegar ljóst, að ef Kröfluvirkjun kemst ekki í gagnið á næstu árum, ef við hættum við byggingu virkjunarinnar og seljum vélarnar úr landi, þá er það eins víst og tvisvar tveir eru fjórir að við verðum búnir að fá yfir okkur geigvænlegan orkuskort hér á landi þegar á árinu 1979 ef við seljum járnblendiverksmiðjunni orku. Ef við hins vegar seljum járnblendiverksmiðjunni ekki neina orku, þá er þegar sýnt og þá vitum við að ekki yrði um neina tímapressu að ræða, því að Sigölduvirkjun mundi þá endast eitthvað fram á næsta áratug eða þar til næsta virkjun gæti tekið við. Þetta bendi ég á hér, vegna þess að ljóst er að það getur ekki farið saman að vera á móti Kröfluvirkjun og vilja leggja hana niður eða hætta við byggingu hennar og vera á sama tíma meðmæltur því að orka sé seld til járnblendiverksmiðjunnar. Þeir menn, sem halda slíku fram, vita einfaldlega ekki hvað þeir eru að segja. Þeir hafa ekki kynnt sér vitundarögn þær orkuspár, sem lagðar hafa verið fram, og virðast vera alger börn í raforkumálum. Ég vil því spyrja talsmenn Alþfl. í þessum umr., hv. þm. Alþfl. hér í d., hvort afstaða þeirra til byggingar Kröfluvirkjunar sé óbreytt eftir að þeir hafa greitt atkv. hér í d. með því að selja helminginn af orku Sigölduvirkjunar til járnblendiverksmiðjunnar og hafa með þeim hætti fullsíð um að Sigölduvirkjun verður fullnýtt eftir aðeins tvö ár. Ég vænti þess mjög fastlega, að hv. varaforseti þessarar d., þm. Reykv. Eggert G. Þorsteinsson, komi hér upp og svari þessari spurningu, því að ég veit að hann heyrir spurninguna. (**EggÞ**: Allt of vel.) Allt of vel, já. Gott er að heyra. Það er því miður ekki hægt að heyra neitt allt of vel nema mönnum sé hálfilla við að heyra það. En við skulum samt vona að við fáum skýr svör við þessari spurningu.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég hef hér rakið í allmörgum liðum ókostina við byggingu þessarar verksmiðju. Ég hef bent á rökþrot stuðningsmanna málsins. Ég hef bent á það, að engin nauðsyn kallar á byggingu verksmiðjunnar. En það er hins vegar bersýnilegt, að hér er um glæfrafyrirtæki að ræða, og því á Alþ. að hafna byggingu þessarar verksmiðju og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta mál, járnblendiverksmiðja á Grundartanga, hefur nú verið rætt meira á Alþ. heldur en ég ætla flest önnur mál sem verið hafa til meðferðar á seinni árum. Á Alþ. 1974—1975 voru mjög langar og ítarlegar umr. um málið, og nú aftur á þessu þingi hafa verið langar og ítarlegar umr. Ég ætla ekki að lengja mikið þessar umr., enda óþarft. Varðandi það, sem fram hefur komið í þessari hv. d., vil ég sérstaklega vísa til hinnar ítarlegu ræðu hv. frsm. meiri hl. iðnn., 2. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, sem svaraði með skýrum rökum ýmsum þeim ádeilum sem þm. Alþb. hafa haldið uppi. En ástæðan til þess, að ég tek samt sem áður til máls nú, er að mér þykir hlýða að svara fsp. sem beint er til mín.

Vil ég þá fyrst víkja að fsp. hv. síðasta ræðumanns sem var efnislega, að ég ætla, á þá leið, hvers vegna ég ætli ekki að standa við fyrri yfirlýsingar sem ég hafði gefið eyfirðingum um að gegn vilja heimamanna yrðu stóriðjufyrirtæki ekki sett á fót.

Hv. þm. Alþb. hafa rangfært í báðum d. og í Sþ. ummæli mín og er þó í lófa lagið að fletta þeim upp í Alþingistíðindum. Þessi ummæli, sem þeir hafa í huga, eru í 14. hefti umræðuparts Alþingistíðinda, í dálki 2005, það eru umr. í Nd. 10. febr. Þar er rætt um hugmyndir um álver í Eyjafirði. Hv. 5. þm. Vesturl. hafði fagnað því mjög í ræðu, að eyfirðingar hefðu risið upp gegn byggingu álvers þar nyrðra, og sagði, að þetta hefði dugað, „stjórnvöld sáu að sér“. Út af þessu fórust mér orð á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta, ég spyr:

„Hvaða stjórnvöld voru það sem sáu að sér eða gáfust upp á einhverjum áformum? Ekki ég. Ég hef aldrei látið í ljós neinar sérstakar óskir eða áform um að reist yrði álver í Eyjafirði. Ég hef þvert á móti, þegar farið var að ræða um þetta nýlega opinberlega, lýst því yfir, að það yrði ekki, meðan ég sæti í þessu embætti, byggt álver þar gegn vilja heimamanna.“

Þessi voru mín orð og við þetta verður að sjálfsögðu staðið. Það er algerlega heimildarlaust þegar hv. þm. fara svo að leggja út af þessu þannig að ég ætli ekki að standa við þau orð sem ég hafi viðhaft á Alþ. 10. febr., þar sem ég vilji ekki leyfa íbúum nokkurra hreppa í Borgarfjarðarsýslu að greiða atkv. um þetta mál. Ég vil taka það skýrt fram, að ég er sama sinnis um stóriðjuver annars staðar á landinu og í Eyjafirði. Ég hefði verið því eindregið fylgjandi, að atkvgr. færi fram meðal heimamanna varðandi þessa verksmiðju á Grundartanga, ef þær óskir hefðu komið fram á eðlilegum tíma.

Þetta mál hefur verið til umr. í rösk fjögur ár. Það byrjaði í tíð vinstri stjórnarinnar, eins og kunnugt er, þetta Grundartangamál. Það er sameiginlegt málefni núv. og fyrrv. ríkisstj. Þetta mál hefur verið á döfinni í rösk fjögur ár. Rétt eftir að núv. stjórn var mynduð tóku tveir ráðh. úr núv. stjórn sig til í desembermánuði 1974 og boðuðu fund að Leirá í Leirár- og Melasveit til þess að kynna þetta mál fyrir heimamönnum. Fyrirrennari minn í embætti, sem hafði í nær þrjú ár fengist við undirbúning þessarar verksmiðju, hafði aldrei haft fyrir því að kynna málið heimamönnum, þó að hann hefði ákveðnar till. og tilbúinn samning og lagafrv. um málið. Þetta var gert. Á þessum nær fjórum árum hefur engin sveitarstjórn á þessu svæði nokkurn tíma óskað eftir atkvgr. heimamanna um málið, engin hreppsnefnd, ekki bæjarstjórn Akraness, ekki sýslunefnd. Mér hafa ekki borist neinar slíkar óskir eða uppástungur um atkvgr. Þessu máli er fyrst hreyft, það er fyrst sett fram ósk um atkvgr. fyrir um það bil viku, eftir að þetta mál hefur verið á döfinni í fjögur ár, eftir að búið er fyrir tveimur árum að fjalla um málið á Alþ. og afgreiða frv. og lögfesta um byggingu þessarar verksmiðju og eftir að málið hefur nú verið vikum saman til meðferðar í Alþ. Það er alls ekki hægt að taka það alvarlega á síðustu stund, þegar eftir eru tvær umr. í seinni deild málsins og örfáir dagar eftir af þinghaldi, að þá séu bornar fram kröfur um að nú þurfi að fara fram atkvgr. meðal heimamanna. Vitanlega verður að vera einhver skynsemi í því hvenær slíkar óskir koma fram. Bið í fjögur ár með að láta uppi slíkar óskir bendir ekki til þess, að mögnuð andstaða hafi verið þar gegn þessu máli, enda er líka flest sem bendir í aðra átt.

Ályktanir sveitarstjórna hafa mér engar borist um þetta mál utan frá einni, og það er bæjarstjórn Akraness sem samþykkti í des. 1974 eindregin meðmæli með verksmiðjunni á Grundartanga og skoraði á ríkisstj. og Alþ. að samþykkja frv. Sú áskorun var samþ. með 8:1 atkv. Nú í gær hefur þessi áskorun frá því í des. 1974 verið ítrekuð, einnig með 8:1 atkv. í bæjarstjórn Akraness, og það er skorað eindregið á Alþ. að samþykkja frv. um járnblendiverksmiðjuna fyrir þinglausnir. Þær fjórar hreppsnefndir, sem nú eru nefndar í þessu sambandi, hafa aldrei sent neina áskorun, hvorki andmæli gegn verksmiðjunni né kröfur um atkvgr. Þvert á móti hefur margt bent til þess, að íbúar á þessum slóðum og sveitarstjórnir væru ekki að verulegu marki a. m. k. andvíg verksmiðjunni.

Eitt það fyrsta, sem þurfti að gera haustið 1974, var að kaupa land fyrir verksmiðjuna. Einhverjir höfðu haft það við orð, að e. t. v. væri rétt að taka jörð eða það land, sem þarna þyrfti, eignarnámi. Ég aftók strax með öllu að slíkt kæmi til mála, heldur yrði að sjálfsögðu að leita samninga. Og samningar tókust við eigendur jarðarinnar Klafastaða í Skilmannahreppi um að þeir seldu 80 hektara landspildu úr landinu undir járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Kaupsamningur er dags. 16. apríl 1975 og undirritaður af eigendunum þremur, Kristmundi Þorsteinssyni, Ástu Þorsteinsdóttur og Guðmundi Þorsteinssyni. Umsamið kaupverð er 7.2 millj. fyrir landið og 6 millj. kr. fyrir hafnaraðstöðu. Auk þess er

ákveðið að eigendur jarðarinnar veita ríkissjóði forkaupsrétt að þeim hluta Klafastaða sem ekki er seldur með þessum kaupsamningi.

Þessi samningur er gerður af fúsum og frjálsum vilja við eigendur Klafastaða. Þeir selja þarna land undir verksmiðjuna og ekki aðeins það, heldur skrifar á þennan kaupsamning fyrir hönd hreppsnefndar Skilmannahrepps Sigurður Sigurðsson oddviti, þar sem hann hafnar fyrir hönd hreppsins forkaupsrétti á þessari landspildu úr landi Klafastaða. Ekki ber nú þessi samningsgerð og afsal forkaupsréttar af hálfu hreppsnefndar vott um einhverja „magnaða andstöðu“ þessa fólks gegn verksmiðjunni.

Í sambandi við verksmiðjuna þarf að byggja höfn. Það er vitað að hafnargerð á Grundartanga er einn hluti, einn þáttur verksmiðjumálsins. Það hefur verið komið á fót hafnarnefnd sem á að sjá um byggingu þessarar hafnar, og það hefur verið gerður sameignarsamningur um höfn við Grundartanga. Hverjir eru nú aðilar að þessum hluta járnblendimálsins, þ. e. a. s. höfninni? Það er hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps, þar skrifar undir oddvitinn Guðmundur Brynjólfsson, það er hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps, undirritað af Antoni Ottesen, hreppsnefnd Leirár- og Melasveitar, undirritað af Bergþóri Guðmundssyni, hreppsnefnd Skilmannahrepps, þar sem Grundartangi liggur, undirritað af oddvita, Sigurði Sigurðssyni, bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, undirritað af bæjarstjóranum, Magnúsi Oddssyni, og fyrir aðra hreppa Borgarfjarðar- og Mýrasýslna sýslumaðurinn Ásgeir Pétursson.

Þessir aðilar allir, sem ég nú hef nefnt, hafa sameinast um þetta mál, um gerð þessara hafnarmannvirkja á því landi sem keypt hefur verið úr landi Klafastaða. Eru nú líkur til þess, ef andstaða gegn Grundartangaverksmiðjunni hefur verið mögnuð og mergjuð í þessum hreppum, að allar hreppsnefndirnar skrifuðu undir samning um að standa að byggingu hafnarinnar sem er liður í verksmiðjubyggingunni? Ég held að það hljóti að liggja ljóst fyrir, að með þetta í huga er ekki ástæða fyrir stjórnvöld til þess að ætla að heimamenn væru andvígir þessari verksmiðju. Ef á þessum tíma hefðu komið fram óskir eða kröfur um atkvgr. heimamanna hefði ég að sjálfsögðu beitt mér fyrir því að hún hefði farið fram.

Þegar um slíkt mál er að ræða, þá er spurningin: Hverjir eru „heimamenn“ í sambandi við slíka verksmiðjubyggingu? Eru það íbúar í þeim hreppi þar sem verksmiðjan á að rísa? Það er Skilmannahreppur, þar eru kjósendur á kjörskrá eftir síðustu skýrslum 64 að tölu. Mér hefur skilist að menn hafi ekki talið að það ætti að telja þá eingöngu aðila að þessu máli, heldur virðast till. vera uppi um það, eins og hér hefur komið fram, að það væru fjórir hreppar, sveitahreppar, sem ættu að þessu að standa: Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur og Leirár- og Melasveit. Í þessum hreppum samtals eru 327 kjósendur. Aðrir hafa látið sér detta í hug, að ef atkvgr. ætti að fara fram, þá væri eðlilegra að íbúar Borgarfjarðarsýslu ættu þar hlut að og enn fremur Akraneskaupstaður sem liggur nokkra km þaðan. Í Borgarfjarðarsýslu eru alls 828 manns á kjörskrá og í Akraneskaupstað rúmlega 2500. En inn í þessar umr., t. d. í Sþ. í dag, hefur það blandast að tveir hreppar sunnan Hvalfjarðar eigi hér vissulega að hafa áhrif á, þ. e. a. s. Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

Ef ætti að fara fram atkvgr. meðal heimamanna verður auðvitað að gera sér grein fyrir því, hverjir það eru sem þar eiga hlut að máli, og þá væri ekki fjarri sanni að álíta að það væru íbúar Borgarfjarðarsýslu, Akraness og Kjósar- og Kjalarneshreppa. Ég þykist vita það — ég veit það raunar, að þeir, sem hafa verið að berjast fyrir þessari atkvgr., hefðu engan áhuga á atkvgr. ef hún ætti að ná til þessara hreppa. (**StJ**: jú, jú.) Hvers vegna flytja hv. þm. þá till. um það hér í þessari hv. d., að það séu eingöngu fjórir sveitahreppar sem eigi að hafa atkvæðisrétt? Þessir hv. þm. segja að ríkisstj. neiti íbúunum um það að mega segja álit sitt. Þessir hv. þm. neita öllum öðrum íbúum Borgarfjarðar og íbúum Kjalarness, Kjósar og Akraness um atkvæðisrétt. Þeir hafa með till. sinni sannað það, þeir hafa lagt það fram hér, það liggur fyrir prentað, að þeir vildu svipta þetta fólk allt saman atkvæðisrétti um þessa verksmiðju. Það getur verið að þeir hrökkvi til núna þegar ég bendi þeim á þessa yfirsjón þeirra, en þeir eru búnir að drýgja yfirsjónina. (Gripið fram í.) Hins vegar skal ég bæta því við, að þegar hv. þm. Ragnar Arnalds talaði áðan út af því að ég hefði talað um heimamenn í sambandi við álver í Eyjafirði, þá virðist hann gera ráð fyrir að allir íbúar lögsagnarumdæmis Eyjafjarðar eigi að hafa þar atkvæðisrétt, ekki aðeins í þeim hreppi sem verksmiðjan hafði komið til orða í. Þessu verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir. — Það ber vott um það, hvílíkt áróðursbragð og blær er á þessu öllu saman, þegar þessir hv. þm., sem dag eftir dag berja sér á brjóst og þykjast vera þeir einu sönnu fulltrúar lýðræðis og þjóðarviljans ætla að svipta meginhlutann af íbúunum á öllu þessu svæði atkvæðisrétti. Það eru engir aðrir en rúmlega 300 manns, kjósendur í fjórum hreppum, sem áttu að fá þennan atkvæðisrétt. (**StJ**: Ég bar fram þessa till. munnlega fyrr í kvöld, um níuleytið, að Akranes yrði með.) En ekki Borgarfjarðarsýsla. (**StJ**: Jú, Borgarfjarðarsýsla og Akranes og Kjós.) Af hverju kom það ekki fram í prentuðu og skrifl. till.? (**StJ**: Það kom fram í ræðu minni hér fyrr í kvöld.) Af hverju kom það ekki fram í þeirri prentuðu till.? (**Gripið fram í**: Það kemur núna önnur.) Ég held, að hv. þm. hefði þá átt að hafa forsjálni í því. En það er auðvitað hægt að leiðrétta þetta eftir á, þegar búið er að benda þeim á vitleysurnar. En a. m. k. eiga menn, sem þannig haga sér í tillöguflutningi, ekki að vera að geipa um að þeir séu þeir einu fulltrúar lýðræðis og vilji taka tillit til vilja fólksins.

Ég vil undirstrika það, að hefðu till. eða óskir um atkvgr. meðal heimamanna komið fram á eðlilegum tíma, einhvern tíma á þessum fjórum árum áður en málið var svo langt komið eins og nú er, þá hefði verið sjálfsagt að taka það til greina. En hitt er auðvitað ekki hægt að taka alvarlega, þegar þetta er sett fram nokkrum dögum áður en vitað er að á að afgreiða málið endanlega á Alþ. Slíkt er ekki hægt að taka alvarlega.

Hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, sem talaði hér a. m. k. að verulegu leyti mjög málefna-

lega vék m. a. arðsemi þessarar verksmiðju og taldi að þetta væri glæfrafyrirtæki sem væri fyrirsjáanlegur taprekstur á. Ég hélt að þessi hv. þm. hefði nú fengið nokkra reynslu af því í sambandi við fyrirtæki þar sem hann er í stjórn, Kröfluvirkjun, hversu hægt er að búa til alls konar útreikninga með því að smíða sér margvíslegar forsendur. Við þekkjum það báðir hvernig blaðamenn og fleiri hafa smíðað áætlanir t. d. um, hvílíkt glæfrafyrirtæki Kröfluvirkjun sé, með því að búa sér til þær forsendur í fyrsta lagi, að virkjunin eigi að greiðast upp að fullu, allur stofnkostnaður hennar, á 6—7 árum, sem mundi líklega vera einsdæmi í veröldinni, í öðru lagi, að lítið sem ekkert seljist fyrstu árin af því rafmagni sem hún á að framleiða. Með þeim hætti er auðvitað hægt að fá það fram við hvaða virkjun sem er, að hún sé ekki mjög álitlegt fyrirtæki, að hún verði baggi á þjóðfélaginu og raforkuverðið frá slíkri virkjun hljóti að vera óviðráðanlegt. Ég nefni þetta vegna þess að nákvæmlega sömu aðferðir eru notaðar í sambandi við arðsemi járnblendiverksmiðjunnar. Og að sumu leyti er beitt hér verri vinnubrögðum. Þjóðhagsstofnun hefur verið fengin til þess af fulltrúa Alþb. í Nd. að reikna út arðsemi eða afkomu verksmiðjunnar á forsendum sem hann sjálfur, hv. þm. Sigurður Magnússon, hefur búið til. Með þeim hætti hefur komið út að verulegur halli sé á rekstri þessarar verksmiðju. Svo er því flaggað í þessari hv. d., í Nd., í Sþ., í fjölmiðlum, að Þjóðhagsstofnun hafi reiknað það út að geysilegur halli yrði á þessari verksmiðju.

Þjóðhagstofnun hefur ekki talið rétt að neita hv. þm. um að reikna út forsendurnar sem hann bjó sér til. En þetta á auðvitað ekkert skylt við raunveruleikann. (**RA**: Hvað er rangt við forsendurnar?) Fyrir nokkrum árum hafði fiskverð hrapað niður. Það var árið 1969 sem verðið á þorskblokkinni íslensku var komið niður undir 20 cent fyrir pundið á Bandaríkjamarkaði. Nú í dag er það yfir 90 cent, fór sem betur fer fljótlega hækkandi. Það er alveg eins með íslenska fiskinn og margar aðrar vörur, iðnaðarvörur líka, að verðið, markaðurinn gengur í öldum. Með því að taka lægsta verð sem þekkist á einhverjum tíma, ekki á heilu ári, heldur á einhverjum hluta úr ári, þá býst ég við að það sé hægt með því að dauðadæma hvern einasta atvinnuveg og hvert einasta fyrirtæki hér á landi. Þegar verið er að meta arðsemi fyrirtækis eins og járnblendiverksmiðjunnar, þá verða menn auðvitað að meta horfur, bæði styðjast við reynslu fyrir allmörg ár og styðjast við álit hinna kunnugustu og sérfróðustu manna í þessari grein. Það þýðir ekki að taka verðið á kísiljárni eins og það mun hafa verið í einhverjum tilteknum mánuði á árinu 1976 og segja út frá því að hér hlióti að vera um stórfelldan hallarekstur að ræða.

Það vill þannig til að ýmsir sérfróðir aðilar hafa fjallað um þetta mál. Kannske er rétt að vitna fyrst í hinn Norræna fjárfestingarbanka.

Norræni fjárfestingarbankinn hefur veitt lán. um 200 millj. norskra kr., til járnblendiverksmiðjunnar án ábyrgðar íslenska ríkisins og án ábyrgðar hins aðilans, Elkem-Spigerverkets. Bankinn lánar fyrirtækinu þetta með veði í eignum þess. Fjárfestingarbankinn þarf að afla sér fjár á alþjóðlegum markaði, hann þarf að tryggja sig, tryggja að staðið verði í skilum um vexti og afborganir. Þegar haft er í huga að þetta er fyrsta meiri háttar lánið sem þessi banki lánar út og vandar því alveg sérstaklega allan undirbúning að því láni, hvaða manni dettur þá í hug í alvöru að þessi nýi banki hefði farið að lána í fyrirsjáanlegt fjárglæfrafyrirtæki sem væri óhugsandi að gæti borið sig á næstu árum? Fjárfestingarbankinn leitaði auðvitað upplýsinga hjá hinum færustu sérfræðingum, og mat hans var það, eftir að hafa kynnt sér þau álit, að hér væri um álitlegt fyrirtæki að ræða.

Þjóðhagsstofnun hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu. Hér var að vísu gert ráð fyrir nokkru lægri arðsemi en fyrir tveimur árum, en það mun stafa af því að kostnaðar- og rekstraráætlanir séu vandaðri og varlegri nú heldur en áður. Þjóðhagsstofnun metur það, hverjar séu líklegustu forsendur, og kemst að þeirri niðurstöðu, að arðgjöf fyrirtækisins sé varlega áætluð 9.8%. Það er tæpast heiðarlegur málflutningur að vera hvað eftir annað að nefna þjóðhagsstofnun í þessu sambandi þannig að kenna við hana þá útreikninga sem starfsmenn Þjóðhagsstofnunar gera eftir beiðni Alþb. á þeim forsendum sem það gefur upp. Það eru að vísu útreikningar frá Þjóðhagsstofnuninni, en það er ekki hennar álit, ekki hennar mat.

Vitanlega er hér um áhættusamt fyrirtæki að ræða eins og flest það sem við Íslendingar ráðumst í til sjós og lands, hvort sem það er í atvinnurekstri, í virkjunum eða á annan veg. Þetta er allt saman meira og minna áhættusamt. Við verðum að meta áhættuna, við verðum að meta horfurnar. Eftir að hafa kannað það að bestu manna yfirsýn og reyndustu manna í þessum efnum, þá er það mat okkar, að líkur séu til þess að þetta verði arðvænlegt fyrirtæki.

Elkem-Spigerverket er eitt af traustustu fyrirtækjum Noregs. Áður en ég hóf viðræður í aprílmánuði í fyrra við Elkem-Spigerverket gaf norska ríkisstj. þessu fyrirtæki alveg sérstök meðmæli sem einu af best reknu fyrirtækjum í Noregi, fjárhagslega og mjög traustu og með mikla reynslu á þessu sviði. Það er vissulega nokkur vísbending um að þetta sé sæmilega álitlegur atvinnurekstur, að svo traust fyrirtæki skuli vilja í það ráðast. Ég tel að það sé vissulega mikilsverð vísbending. Hv. þm. Ragnar Arnalds skýrir þetta á sinn veg. Hann segir: Ástæðan til þess, að Elkem-Spigerverket vill vera með í þessu, er að það fær svo mikið greitt fyrir tækniþekkinguna, sem það lætur í té, og fyrir tækniþjónustuna, sem það á að láta í té, söluþóknun o. s. frv. Gott og vel. Það, sem Elkem-Spigerverket fær fyrir þetta: tækniþjónustu, tækniþekkingu, sérleyfi, söluþóknun, það er í meginatriðum eins og búið var að semja um við Union Carbide. Maður skyldi því halda að Union Carbide hefði metið þetta ákaflega mikils virði út frá röksemdafærslu hv. þm. Ragnars Arnalds. Union Carbide lagði þó ekki meira en svo upp úr stórkostlegum gróða af þessum atriðum, sem eru þau sömu og í samningunum við Elkem, að það vildi borga okkur 850 millj. kr. til þess að losna við samninginn. (**Gripið fram í**: Já, en af hverju?) Já, af hverju? Ég kem að því.

Ég býst við því, eins og raunar hefur komið hér fram oft áður, að það sé ógerningur að fullyrða um það, hverjar voru hinar raunverulegu ástæður til þess að Union Carbide hætti. Ég efa ekki að ein af ástæðunum hefur verið sú, að þá var kísiljárnmarkaðurinn í algeru lágmarki, hann var í lægð. Það kom í ljós að sérfræðingar Union Carbide voru miklu svartsýnni á horfurnar á þessu og næstu árum heldur en aðrir þeir sérfræðingar sem til var leitað, ekki aðeins Elkem-Spigerverkets, heldur ýmsir hlutlausir aðilar sem íslenska ríkisstj. leitaði til þegar þetta var á döfinni. Hins vegar hefur ekki farið neitt leynt að ein af meginástæðunum fyrir því, að Union Carbide dró sig til baka, hafi verið sú, að mannaskipti höfðu orðið í æðstu stjórn Union Carbide og hinir nýju ráðamenn þar vildu stefnubreytingu og leggja áherslu á aðrar framleiðslugreinar, fyrst og fremst beina framleiðslu fyrir neytendur, fremur en þá framleiðslu sem þarna var um að ræða. Margir kunnugir menn telja að þetta síðasta hafi verið meginástæðan fyrir því, að þeir drógu sig til baka. Ég nefni þetta vegna þess að hv. þm. Ragnar Arnalds telur að hagnaður Elkem-Spigerverkets af þóknun fyrir tæknikunnáttu og sölulaun sé því svo mikils virði, að þó að fyrirtækið sé fyrirsjáanlegt glæfra- og tapfyrirtæki, þá græði það samt sem áður á þessu. Það stangast gersamlega á við reynsluna.

Vitanlega er ljóst að ekkert er hægt að fullyrða um afkomu þessa fyrirtækis. Það er áhætta. Áhættuna verðum við að meta. Eftir að hafa kynnt okkur álit hinna fróðustu aðila í þessu efni, m. a. og ég nefni þar alveg sérstaklega það álit sem Fjárfestingarbankinn norræni hefur á þessu máli, þá teljum við að líkur séu til að þetta verði arðsamt fyrirtæki.

Hv. 5. þm. Norðurl. V. notaði nokkurn tíma í ræðu sinni til þess að deila á mig fyrir aðgerðaleysi og trassaskap í orkumálum, sérstaklega varðandi húsahitun. Hv. þm. hefur, að ég best veit, verið formaður í starfshópi eða nefnd á vegum Alþb. sem samdi og undirbjó ítarlega álitsgerð, heila bók, um orkumál, þar sem margar fróðlegar upplýsingar er að finna. Þar hefur verið safnað saman margvíslegum upplýsingum frá ýmsum stofnunum og úr ýmsum áttum. Hv. þm. ætti því að vera það kunnugt, að einmitt á sviði húsahitunar og nýtingar innlendra orkugjafa fyrir húsahitun hefur verið gert stærra átak nú hin allra síðustu ár heldur en langan tíma á undan. Þetta stafar fyrst og fremst af því, að strax á fyrstu mánuðum núv. ríkisstj. var lögð á það áhersla að stórauka rannsóknir og jarðhitaleit og afla nýrra og stórvirkra tækja í því skyni. Þetta hefur þegar borið verulegan árangur. Og það er rétt að minna á það enn, sem oft hefur verið gert áður, að við stjórnarskiptin 1974 lágu mál þannig fyrir að iðnrh. Alþb. hafði látið gera áætlun um hversu margir landsmenn mundu geta notið hitaveitna í fyrirsjáanlegri framtíð, og niðurstaðan varð sú, að það væru tæplega ⅔ allra landsmanna. M. a. var gert ráð fyrir í þeirri áætlun, sem var lögð fyrir Alþ. af Magnúsi Kjartanssyni iðnrh., að höfuðborg Norðurlands, Akureyri, gæti ekki notið jarðhita, heldur þyrfti að fá rafmagnshitun. Árangurinn af aukinni jarðhitaleit og m. a. nýjum tækjum, sem aflað var, er sú, að höfuðstaður Norðurlands fær hitaveitu og það nú alveg á næstunni. Það er einmitt hinn nýi bor, Jötunn, sem hefur borað eftir þeim jarðhita sem mun nægja fyrir verulegan hluta Akureyrar og vonandi fyrir allan bæinn.

Lítum á annað í þessu sambandi. Ég minntist á það í útvarpsræðu um daginn, þegar rætt var um till. Alþb. um orkumál, að þegar væri af þessum ástæðum, vegna aukinnar notkunar jarðhita til húsahitunar, farið að draga verulega úr olíunotkun hér á landi og mundi fara stórminnkandi á allra næstu árum. En það er þannig með alþb.-menn, sem kemur því miður allt of oft fram, að þeir virðast hafa miklu minni áhuga á nýtingu jarðhitans til húsahitunar heldur en rafmagni. Nú er auðvitað öllum ljóst, að jarðvarmi er miklu hentugri til húsahitunar en rafmagn, þannig að hvarvetna þar sem kostur er að fá jarðhita til húsahitunar er sjálfsagt að velja þann kostinn fremur en rafmagnshitun. En það kom fram bæði í áætlunartillögugerð Magnúsar Kjartanssonar iðnrh. vorið 1974 og kemur enn fram í þeirri till. sem Alþb. flytur um stefnumótun í orkumálum og liggur fyrir þinginu, að þótt þeir tali um stefnumótun í orkumálum, þá gleymdu þeir hitaveitunum. Hvernig á þessu stendur er mönnum hulin ráðgáta. En það hefur stundum verið þannig um þennan flokk, að hann hefur átt erfitt með að breyta um frá fyrri línum sem lagðar hafa verið, og kannske eru þetta einhverjar gamlar leifar. En ég vænti þess, að þeir fari að átta sig á því, hversu mikils virði jarðhitinn er. Hins vegar vísa ég gersamlega á bug ádeilum hv. þm. um að ég hafi vanrækt húsahitunarmálin með innlendum orkugjöfum. Það er algert rangherми hjá hv. þm.

Raforkumálin og virkjanamálin skal ég ekki fara ítarlega út í hér. En það er ákaflega undarlegt hversu stangast gersamlega á yfirlýsingar og fullyrðingar og ádeilur alþb.-manna í þessum efnum. Einn daginn er núv. iðnrh. ásakaður fyrir seinagang í orkumálum, trassaskap, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds mun hafa orðað það áðan í sambandi við húsahitun, og svo hinn daginn ræðst málgagn þessa sama flokks á núv. iðnrh. fyrir að hafa gengið allt of hart fram og fast í þessum efnum. Hvernig þessar fullyrðingar allar stangast á kemur m. a. fram í því, að nú telur hv. þm. Ragnar Arnalds hættu á afl- og orkuskorti hér árið 1980, jafnvel 1979 eða eftir 2—3 ár. En fyrir ekki allmörgum dögum stóð í forustugrein Þjóðviljans að nú væri Sigölduvirkjun tekin til starfa og það væri ekkert að gera við þá orku: „Næststærsta virkjun landsins ónýtt," eins og stóð í þeirri grein. (RA: Eitthvað hefur nú ráðh. lesið illa.) Nei, ég las hana vandlega. Ég las hana óvenju vandlega í þetta skipti og tók þessi ummæli orðrétt upp í útvarpsræðu minni um daginn, bæði úr fyrirsögn og lesmáli Þjóðviljans, og það er nú enginn vandi að fá það allt saman orðrétt. Hitt skil ég ákaflega vel, að hv. þm. vilji ekki kannast við þessi ummæli blaðsins síns. Náttúrlega ber þetta vott um mikla fjarstæðu og fákunnáttu í þessum málum, þar sem vitað er að það lá við borð að hér á veitusvæði Landsvirkjunar yrði alvarlegur afl- og orkuskortur á s. l. vetri. Sigölduvirkjun átti að taka til starfa sumarið og haustið 1976, og um það var samið. En bæði vegna

þess, hversu mál gengu seint hjá verktakanum, og vegna dráttar, sem varð á afhendingu véla, tókst ekki fyrr en nú á vordögum að koma þessari virkjun í gang. Hins vegar var það þannig, að á s. l. vetri voru iðulega allar vélar landsvirkjunarkerfisins keyrðar á toppi, t. d. var Búrfellsvirkjun keyrð dag eftir dag yfir ástimplað afl. Ef ekki hefði verið þessi einmuna tíð í vetur, ef eitthvað hefði orðið að veðri eða ef einhvers staðar í kerfinu hefði bilað vél, þá var hér komið alvarlegt ástand á landsvirkjunarsvæði og hefði þurft að grípa í stórum stíl til olíu- eða dísilkeyrslu, e. t. v. komið til skömmtunar. Þegar því Sigölduvirkjun tók til starfa, en hún er eins og kunnugt er þrjár 50 mw. samstæður, var fyrsta 50 mw. samstæðan orðin algerlega nauðsynleg og þó fyrr hefði verið, vegna þess að það skorti afl, bæði beinlínis og einnig varaafl sem þarf að vera í svona stóru kerfi. (**RA:** Þessu hefur enginn mótmælt.) Nema kannske Þjóðviljinn, að það væru engin not fyrir þessa orku Sigölduvirkjunar. Ég held að hv. þm. ætti nú að fletta þessu upp. Annars býst ég við að hann kunni þetta. Ég fór nú með þetta orðrétt um daginn í þinginu og það liggur allt saman fyrir.

Annars vegar eru svona fáránlegar fullyrðingar eins og í Þjóðviljanum. Hins vegar koma yfirlýsingar frá hv. þm. um að þetta endist ekki nema 2—3 ár. Og á sama tíma er svo deilt á mig fyrir að hafa veitt virkjunarleyfi fyrir næstu virkjun, virkjunarleyfi fyrir Hrauneyjafossvirkjun, sem er algerlega óhjákvæmilegt að komist í notkun sem allra fyrst og helst ekki seinna en eftir fjögur ár. Það er ekki heil brú í öllum þessum málatilbúnaði alþb.-manna. Ýmist eru framkvæmdir allt of miklar eða þær eru allt of litlar og seinar. Stundum er orkuskortur fram undan eftir 2—3 ár, stundum er allt of hratt farið í virkjanir og það á að bíða og bíða.

Þetta eru þau atriði sem ég hafði ætlað mér að víkja hér að: Fyrri yfirlýsingar um vilja heimamanna í sambandi við álver í Evjafirði og útúrsnúningar sem hv. þm. hafa viðhaft í því sambandi, hvernig eigi að kanna vilja heimamanna, og þar virðast hv. alþb.-menn hafa hlaupið alvarlega á sig ef þeir ætla að neita meginborra þess fólks, sem býr í nágrenni við járnblendiverksmiðjuna, um atkvæðisrétt. Ég taldi rétt að víkja hér nokkuð að arðsemispám og útreikningum og nokkuð að orkumálunum. Orkuverðið ætla ég ekki að ræða hér, því að hv. frsm. meiri hl. rakti það mál rækilega áðan.

Að lokum vil ég aðeins nefna eitt og það eru mengunarmálin. Það er ekkert auðveldara en æsa fólk upp út af mengunarhættu og skapa ógn og skelfingu í heim efnum, að hér sé verið að stofna til verksmiðju sem muni spúa eitri yfir mannfólkið, eyðileggja allt líf í Hvalfirði og beggja vegna Hvalfjarðar. Þegar hv. þm., sem þannig tala, ræða jöfnum höndum um mengun frá álverinu í Straumsvík og gefa í skyn að það sé viðbúið að það sama muni gerast með Grundartangaverksmiðjuna, þá vita þessir hv. þm. betur. Þeir vita það ósköp vel, að þegar álverið var byggt var ekki komið upp mengunarvörnum þar eða hreinsitækjum í þeirri verksmiðju. Þeir vita ósköp vel að það hefur verið lögð á það mikil áhersla nú hin síðustu ár að fá sett þar upp hreinsitæki og nú er ákveðið að þau verði sett upp, þau fullkomnustu sem völ er á. Það tekur tíma. En sem sagt, þegar verksmiðjan var byggð voru engin hreinsitæki. Verksmiðjan á Grundartanga verður hins vegar búin frá upphafi þeim fullkomnustu hreinsitækjum sem völ er á í þessum iðnaði. Það er ekki aðeins vitað, að þetta fyrirtæki, Elkem-Spigerverket, sem verður með okkur í byggingu þessarar verksmiðju, hefur lagt í það geysilega vinnu, tækni og fjármagn á síðustu árum að koma sér upp hreinsitækjum í slíkum verksmiðjum með þeim árangri sem allir vita og talið er að sé það besta og fullkomnasta sem nú er völ á. Það er vitað líka, að með starfsleyfinu til verksmiðjunnar eru settar jafnstrangar eða strangari reglur heldur en þekkjast í nágrannalöndum okkar. Á sama tíma leyfa þessir hv. þm. sér að blekkja landslýðinn, safna undirskriftum og kalla fram samþykktir á þeim alröngu forsendum, að hér sé í rauninni verið að fara af stað á sama hátt og með álverið í Straumsvík, þar sem engin hreinsitæki voru, í stað þess að hér verða frá upphafi sett fullkomnustu hreinsitæki. Þetta er ekki sæmilegur og ekki frambærilegur málflutningur.

Til þess að það væri sem best hægt að fylgjast með þessu var sett inn ákvæði um það í lögin um byggingu járnblendiverksmiðjunnar fyrir tveimur árum, að líffræðistofnun Háskólans og Náttúruverndarráð skyldu hafa með höndum rannsóknir á lífríki Hvalfjarðar til þess fyrst og fremst að fá grundvöll fyrir því að fylgjast nákvæmlega með því ef einhverjar skaðlegar brevtingar kynnu að verða þar af völdum verksmiðjunnar. Að þessu hefur verið unnið, eins og ég hef skýrt hér frá áður.

Það er létt verk og löðurmannlegt að æsa fólk upp þannig með blekkingum um heilsuspjöll og eitur sem eigi að fara að spúa yfir það. Ef menn reyna að líta á þessi mál með rósemi og skynsemi, þá ættum við öll að vera sammála um það, að allir íslendingar hafa áhuga á því að auka mengunarvarnir og hollustuhætti í hvers konar iðnaði hér á landi. Hér er ákaflega mikið ógert hjá okkur íslendingum í iðnaði okkar, hvort sem það er á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs eða almenns iðnaðar. Það er talið, að ef þær reglur, sem nú eru settar í starfsleyfi járnblendiverksmiðjunnar, ættu að gilda um allar verksmiðjur á Íslandi, þá yrði þegar í stað að loka sementsverksmiðjunni, væntanlega áburðarverksmiðjunni og fjölda verksmiðja í eigu íslendinga. Við verðum auðvitað að vinna að því að koma á fullkomnum mengunarvörnum og hollustuháttum í verksmiðjum okkar. En það sýnir yfirdrepsskap og hræsni þessara manna, sem mest fjasa hér með fölskum upplýsingum um mengunarhættu af Grundartangaverksmiðjunni, að aldrei heyrist orð um það, að neitt þurfi í því að gera að draga úr mengun frá verksmiðjum okkar íslendinga sjálfra, í hvaða atvinnugrein sem það er. Aldrei hef ég heyrt orð frá þessum mönnum, sem mest hafa tekið upp í sig hér, um að það þurfi t. d. að einbeita sér að því að draga úr þeirri mengun sem kannske er nú mest hér, mengun frá hifreiðum. Vitanlega eigum við að kosta kapps um að reyna að draga úr mengun á öllum sviðum. Í sambandi við undirbúning járnblendiverksmiðjunnar hefur verið lögð á það sérstök áhersla að ganga þannig frá

málum að þar yrðu hinar fullkomnustu mengunarvarnir og hreinsunartæki sem nú er völ á.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Svo fór sem mig uggði, að á því yrði þörf að við þm. Alþb. ræddum þetta mál öllu nánar en við þó þegar höfðum gert.

Ekki er mér alveg ljóst hver muni hafa sagt hæstv. iðnrh. það, að alþb.-menn hefðu safnað undirskriftum uppi í Kjós undir þau einörðu mótmæli sem komið var á framfæri við hv. Alþ. nú fyrir skemmstu gegn járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga fyrirhuguðu. Hafi einhver sagt honum þetta, þá ætla ég að þar muni honum hafa verið sagt mála ósannast, vegna þess að eftir því sem ég hef komist næst munu það vera allkunnir fulltrúar Sjálfstfl. þar í hreppi sem mótmælunum hafa fyrst og fremst safnað.

Hæstv. ráðh. lagði enn á það ákaflega brýna áherslu, sem fyrr hafði komið fram, að ríkisstj. teldi nú ekki lengur gefast neitt tóm til þess að láta fara fram lýðræðislega og eðlilega könnun á afstöðu fólksins í hinum næstu byggðum við Grundartanga, til þess væri nú ekki tími lengur vegna þess, hversu málið væri komið langt áleiðis. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að Grundartangaverksmiðjan er bókstaflega ekki komin neitt lengra áleiðis heldur en hún var fyrir tveimur árum, á þeim vordögum þegar við afgreiddum frv. hið fyrra sinn burt úr þessari d. um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði í félagi við Union Carbide. Þá var byrjað á framkvæmdum efra, var hafið þar jarðrask, áður en frv. um málmblendiverksmiðjuna í samvinnu við Union Carbide hafði verið afgreitt úr iðnn. þessarar hv. d. Þá var hafið þar jarðrask áður. Síðan eru liðin tvö ár. Hefði hæstv. ráðh. talið tímabært fyrir tveimur árum og nógu snemmt fyrir tveimur árum að íbúar Borgarfjarðarsýslu, Akraness og hreppanna tveggja austan Hvalfjarðar bæru fram mótmæli, þá er það nógu snemmt enn, því að síðan hefur ekkert gerst í málinu annað en það, að Union Carbide, ameríski auðhringurinn, hljóðst burt úr kompaníinu við íslenska járnblendifélagið og borgaði 850 millj. fyrir höfuðlausnina.

Ástæðuna fyrir brottför Union Carbide úr járnblendifélaginu taldi hæstv. ráðh. fyrst og fremst hafa verið þá, að forstöðumenn þessa stóra auðhrings, sem mig minnir endilega að hæstv. ráðh. hafi sagt okkur á þeim tíma að væri hinn níundi stærsti í heimi, — ástæðuna taldi hann fyrst og fremst hafa verið þá, að forustumenn þessa auðhrings hefðu ekki bóst sjá fram á að mikið mundu batna arðsemihorfur í málmblendiiðnaðinum frá því sem þær voru verstar, frá því sem þær voru raunar á því ári sem tekið var til viðmiðunar í útreikningum Þjóðhagsstofnunar að beiðni Sigurðar Magnússonar, fulltrúa Alþb. í iðnn. Nd., — þeim útreikningum sem hæstv. ráðh. bar brigður á áðan og taldi óeðlilegri en aðra útreikninga Þjóðhagsstofnunar, beinlínis vegna þess að þetta eru einu útreikningarnir sem ekki voru gerðir samkv. forsendum sem upp voru gefnar af hálfu stjórnar Járnblendifélagsins og af hálfu hans sjálfs. Hann taldi að hér væri reiknað með verði á málmblendi, á kísiljárni, í einhverjum þeim mánuði þegar verðið hefði verið lægst. Í skjalinu frá Þjóðhagsstofnun, sem þessir útreikningar birtast á, stendur til skýringar neðanmáls: Tekjuverð — þ. e. a. s. það sem reiknað er með — 2388 norskar kr. pr. tonn, sem hér er tekið sem dæmi, er skilaverð til norskra kísiljárnframleiðenda á árinu 1976. Það, sem skjal Þjóðhagsstofnunar upplýsir okkur um, er einfaldlega þetta, að hefði kísiljárnsverksmiðjan á Grundartanga verið rekin árið 1976 hefði tap af rekstri hennar, þessa fyrirtækis sem hæstv. ráðh. hefur oftar en einu sinni kallað nýja stoð undir efnahag Íslendinga, numið röskum 800 millj. ísl. kr.

En hvað þá um tekjur okkar af raforkusölu til fyrirtækisins, raforkunni frá Sigöldu, sem hæstv. ráðh. hefur með trassaskap sínum í sambandi við línulagnir og samtengingar á línukerfum komið svo fyrir að ekki er sýnilegur markaður fyrir á næstu tveimur árum nema eitthvað róttækt sé gert í málinu, — hvað þá um hagnaðinn af raforkusölunni frá Sigöldu til verksmiðjunnar á þessu sama ári? Ef verksmiðjan hefði verið rekin, þá hefði hún keypt raforku frá Sigöldu fyrir 600 millj. kr. Þetta þýðir það, að enda bótt rafmagnið hefði verið gefið til verksmiðjunnar árið 1976, þá hefði samt orðið yfir 200 millj. kr. tap á henni.

Ástæðan fyrir því, segir hæstv. ráðh., að Union Carbide gekk úr félagsskapnum, var sú, að sérfræðingar þessa stóra fyrirtækis, sem sennilega fylgjast ekki verr með markaðshorfunum í heiminum fyrir stál heldur en forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og forstjóri Járnblendifélagsins, þeir töldu að allar líkur bentu til þess að arðsemin af kísiljárnframleiðslu, af málmblendiframleiðslu og af stáli mundi ekki aukast á næstu árum, að horfurnar mundu frekar halda áfram að versna en batna, og þess vegna töldu forstöðumenn þessa níunda stærsta auðhrings í heimi, sem hæstv. iðnrh. átti fyrir tveimur árum ekki nógu sterk orð til þess að lýsa hversu vel væri rekinn og hyggilega og af mikilli framsýni og miklu trausti, — þess vegna töldu forustumenn þessa stóra fyrirtækis það fundið fé að fá að borga sig út úr félagsskapnum með upphæð sem nam meira en eins árs tapi verksmiðjunnar, yfir 800 millj. kr. Þeir höttust sleppa vel. Svo má hver sem vill trúa því, að mannaskipti í stjórn þessa auðhrings hafi valdið einhverju um það að fyrirtækið endurskoðaði afstöðu sína — eða kynslóðabil, eins og einn af stjórnarmönnum járnblendiverksmiðjunnar, hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, orðaði það þegar hann var að reyna að skýra þetta brotthlaup Union Carbide.

Nei, það var hreint og klárt vegna þess að forstöðumenn Union Carbide höttust sjá fram á stórfellt tap af rekstri verksmiðjunnar. Þá kemur spurningin: Hvernig í ósköpunum stendur á því, að Elkem-Spigerverket gengur inn í þennan félagsskap? Af því að vitnað hefur verið í Norræna fjárfestingarbankann til þess að votta að hetta hljóti að vera arðbært fyrirtæki, sem hér er verið að koma á laggirnar, skal aðeins minnst á það, að bankastjóri þessa Fjárfestingarbanka sagði í útvarps- og sjónvarpsviðtölum hér á

landi, þegar hann var spurður að því, hvers vegna Fjárfestingarbankinn teldi að járnblendiverksmiðja í Hvalfirði yrði arðbært fyrirtæki þrátt fyrir það þótt flutningar á hráefni til verksmiðjunnar og unninni vöru frá verksmiðjunni hlytu að vera miklu dýrari heldur en frá verksmiðjum á meginlandi Evrópu, þá sagði bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans einfaldlega: Ástæðan er sú, að hér fáum við raforku til framleiðslunnar 50% ódýrari en hún fæst í Noregi, þar sem hún er annars ódýrust í heimi, 75% ódýrari en hún fæst í Bandaríkjunum. — Hvernig í ósköpunum stendur svo á því að íslenskir forráðamenn vilja gera „bisness“ á borð við þennan? Ástæðan er sú, að hæstv. iðnrh. ber naumlega af sér þær sakir, að hann hafi gengið slælega fram í því að dreifa raforku um landið okkar með lagningu á nýjum línum og með því að treysta dreifikerfið, lét það hjá líða í tvö ár að hefjast handa um línulagnirnar. Hefði verið hafist handa vorið 1975 að leggja nauðsynlegar línur til Snæfellsness og á Vestfirði, þá hefðu þær línur verið komnar í gagnið núna og Vestfirðingafjórðungur, Snæfellsnes, Dalir og vesturhluti Húnavatnssýslna hefðu getað tekið við 200 gwst. af raforkunni frá Sigöldu og kaupendurnir á þeim markaði hefðu greitt fyrir þessar 200 gwst. slíkt verð, að það hefði samsvarað því verði sem nú er samið um að járnblendiverksmiðjan greiði fyrir 448 gwst.

Hæstv. ráðh. kom áðan að því í ræðu sinni, í þriðja sinn raunar, hvers vegna, svo sem ég drap á fyrr, hann teldi að ekki væri hægt að veita landsetum í landnámi Ingólfs Arnarsonar og Skallagríms Kveldúlfssonar sömu lýðréttindi og hann ætlar landsetum í landnámi Helga magra. Það er tíminn, sagði hæstv. ráðh. Það væri ekki tími til þess að láta fara fram leynilega atkvgr. í hreppunum fjórum sunnan Skarðsheiðar. Síðan spurði hann: En hvernig stendur á því, að þm. Alþb., þeir Ragnar Arnalds og Stefán Jónsson, ætla að svipta kosningarrétti í þessu tilfelli akranesbúa, aðra sýslubúa í Borgarfjarðarsýslu og síðan þá kjósverja og kjalnesinga? Því er náttúrlega fyrst til að svara, að það voru íbúar þessara fjögurra hreppa sunnan Skarðsheiðar, sem fólu þm. sínum og þá fyrst og fremst stjórnarþm. sínum að koma á framfæri við ríkisstj. þeirri ósk sinni, að þar yrði látin fram fara leynileg atkvgr., svo að í ljós mætti koma afstaða fólksins til hinnar fyrirhuguðu verksmiðju. Það voru íbúar þessara hreppa sem héldu fund með þm. sínum, og þó voru það þm. sem til fundarins efndu að ósk þessara kjósenda, þar sem samþykkt var einróma ályktun um að beina þeirri ósk til ríkisstj. að afgreiðslu þessa máls yrði nú frestað á þingi og ríkisstj. léti síðan fram fara leynilega atkvgr. í þessum byggðarlögum, svo að í ljós mætti koma á óyggjandi hátt hver væri afstaða fólksins til þessarar verksmiðju, hvort fólkið vildi hana eða ekki. Því var nú það, að með skírskotun til þessarar samþykktar lögðum við hv. þm. Ragnar Arnalds og ég fram till. um ákvæði til bráðabirgða á þá lund, að lög þau, sem hér er um fjallað, skyldu eigi taka gildi fyrr en þessi leynilega atkvgr., sem svo þinglega hefur verið óskað eftir, hefði farið fram, og kæmi í ljós, svo sem ég er alveg um viss að koma mundi í ljós, að íbúar þessara hreppa vildu ekki verksmiðjuna, þá yrðu þessi lög ekki látin taka gildi.

Af því að hæstv. ráðh. orðaði það nú svo af skarpskyggni sinni og góðvild, að við hv. þm. Ragnar Arnalds vildum svipta þá akurnesinga og aðra borgfirðinga ásamt kjósverjum og kjalnesingum atkvæðisrétt í þessu máli, sem er náttúrlega alls ekki satt, þá leyfum við okkur nú að leggja fram till., skriflega till., svo hljóðandi, það er brtt. við frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, borin fram af Ragnari Arnalds og Stefáni Jónssyni:

„Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Áður en lög þessi koma til framkvæmda skal íbúum Akraness, Borgarfjarðarsýslu og Kjósar- og Kjalarneshreppa í Kjósarsýslu gefinn kostur á að taka afstöðu til byggingar járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Þátttaka í atkvgr. er bundin við þá, sem kosningarrétt hafa til Alþingis. Verði niðurstaðan sú, að meiri hl. þeirra, sem taka þátt í atkvgr., hafni byggingu verksmiðjunnar koma lög þessi ekki til framkvæmda.“

Þessa skriflegu brtt. leyfi ég mér hér með að afhenda forseta.

Ég ítreka svo það sem ég leyfði mér að kalla fram í fyrir hæstv. ráðh. og hann hlýddi raunar ljúflega á, að ég gerði við umr. utan dagskrár nú skömmu eftir kl. 21.00 í kvöld í d. grein fyrir þeirri skoðun minni, að ég teldi eðlilegt og æskilegt að íbúar Akraness og Borgarfjarðarsýslu fengju að taka þátt í þessari atkvgr., samtímis því sem ég lagði mjög þunga áherslu á gildi undirskriftanna sem fram fóru upp í Kjós, þar sem yfir 80% af kosningabærum mönnum í Kjósarhreppi lýstu yfir eindreginni andstöðu sinni gegn verksmiðjunni.

Hæstv. ráðh. frábað sér af mikilli einurð alla prédikun um mengunarhættu frá þessari verksmiðju í sömu andránni og hann gat um, að vísu ákaflega lauslega, það hlutverk sem Náttúruverndarráði hefði frá upphafi verið ætlað í sambandi við aðgát um mengunarhættu frá verksmiðju þessari. Mér er það í fersku minni, hversu fast hæstv. ráðh. kvað að orði þegar mál þetta var til umr. hér hið fyrra sinnið og samstarfsaðilinn var hið stóra og göfuga fyrirtæki, amerísk, alþjóðlegi auðhringurinn Union Carbide, um einlægan áhuga þessa fyrirhugaða samstarfsaðila á hollustuháttum í verksmiðjum sínum og hversu mikið þetta fyrirtæki legði af mörkum til þess að koma í veg fyrir mengun frá verksmiðjum sínum. Að vísu lágu þá fyrir skiöl upp á það, að í a. m. k. sumum málmblendiverksmiðjum Union Carbide þætti skorta nokkuð á hreinlætið. Lýsingar, sem lesnar voru upp úr tímaritum ameríska náttúruverndarsamtaka, bentu til hins gagnstæða. Þær nálguðust næstum því lýsingu landlæknis, Ólafs Ólafssonar, sem hann gaf okkur á málmblendiverksmiðjunum í samtali við okkur í iðnn. Ed. eftir að hafa litið lítillega á þessar verksmiðjur, þ. á m. málmblendiverksmiðjur Elkem-Spigerverket í Noregi, en hann sagði: „Ógeðslegri, skítugri og hryllilegri vinnustaði getur vart á jarðríki.“

En við skulum aðeins víkja að því, hvernig hugað hefur verið að mengunarhliðinni sem snýr að verksmiðju þessari. Vil ég þá lesa fyrir hv. þm. bréf frá Náttúruverndarráði sem afhent var iðnn. Ed. Alþ. er hún fjallaði um málið núna á dögunum. Bréfið er skrifað 29. apríl. Það er undirritað af Eysteini Jónssyni, formanni Náttúruverndarráðs, og Árna Reynissyni, framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs. Bréfið hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af umr. í iðnn. Ed. Alþ. vill Náttúruverndarráð ítreka það álit sitt um skilyrði í starfsleyfi til Íslenska járnblendifélagsins, sem áður er tekið fram í bréfum, dags. 8. 7. 1975, 22. 10. 1976 og 26. 11. 1976, til Heilbrigðiseftirlits ríkisins er hafa verið afhent Alþ. vegna þessa máls og fylgja hér með í ljósriti. Ráðið" — þ. e. a. s. Náttúruverndarráðið — „hefur kynnt sér þá kafla í starfsleyfi því sem heilbrrh. hefur gefið út til Járnblendifélagsins er snerta svið ráðsins" — þ. e. a. s. mengunarmálin — „og borið þau saman við tilsvarandi kafla í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins til heilbrrh. vegna umsóknar félagsins. Ráðið telur að vikið hafi verið frá þeirri stefnu sem mótast hafði í samstarfi þess" — þ. e. a. s. Náttúruverndarráðs — „og Heilbrigðiseftirlits ríkisins í veigamiklum atriðum. Telur ráðið að breyta þurfi leyfinu sem hér segir:

1. Grein 2.5 um bilanir á hreinsibúnaði er að mati Náttúruverndarráðs óviðunandi og mun í reynd óframkvæmanlegt að koma við stöðvun rekstrar þótt verulega beri út af með hreinsun útblásturs. Virðist fyrirtækið" — þ. e. a. s. Járnblendifélagið — „geta haldið áfram starfsemi um langan tíma, þótt hreinsitækin séu óvirk, og borið fyrir sig þær takmarkanir sem settar eru um beitingu lokunar. Ráðið telur augljóst að hér séu fyrirtækinu sett mun rýmri starfsskilyrði en gilda í Noregi, þrátt fyrir eindregnar till. ráðsins og Heilbrigðiseftirlits ríkisins um að þau yrðu mun þrengri hérlendis. Náttúruverndarráð vísar til álitsgerða sinna í meðfylgjandi bréfum, en leggur til að till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um gr. 2.5 verði teknar upp í starfsleyfi."

Og vel að merkja, þetta bréf semur Náttúruverndarráð og skilar til iðnn. Ed. 29. apríl, eftir að starfsleyfið, sem hér um ræðir, hefur verið gefið út. Náttúruverndarráð óskar eftir því, að hv. Alþ. geri breytingar, geri kröfur um breytingar, setji skilyrði um breytingar á starfsleyfinu. En betta er aðeins fyrsta aths. sem Náttúruverndarráð gerir við starfsleyfið sem samið var og sniðið, svo sem fyrr hefur komið hér fram í d., að fyrirmælum þeirra Elkem-manna, m. ö. o. hluthafanna í málmblendifélaginu.

Annað atriði í bréfi Náttúruverndarráðs: „Náttúruverndarráð telur brýnt, að meðferð og ráðstöfun úrgangs verði háð samþykki ráðsins og Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og leggur því til að gr. 2.7 í heild verði breytt í það horf sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins leggur til."

Hér bar sem sagt á milli. Í starfsleyfinu er reiknað með öðru fyrirkomulagi á meðferð og ráðstöfun úrgangs heldur en lagt er til í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og till. Náttúruverndarráðs.

Þriðja atriði: „Náttúruverndarráð telur óviðunandi að felld séu niður ákvæði í gr. 2.17 í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um skyldur fyrirtækisins til að láta framkvæma rannsóknir ef líkur benda til skaðlegra umhverfisáhrifa af rekstrinum. Sama má segja um niðurfellingu ákvæða um efnagreiningar á hráefnum og úrgangi sem felldar eru niður úr gr. 2.7, og leggur ráðið til að þau verði tekin upp í starfsleyfið."

Fjórða aths.: „Náttúruverndarráð leggur til að farið verði að till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um ákvörðun mengunarstaðla um brennisteinsinnihald kox og kola, sbr. gr. 2.10."

Frá því skal greint til skýringar og það rifjað upp, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins lagði til að hámark brennisteinsinnihalds í kolum og koxi, sem verksmiðja þessi mun brenna, en það verður um 65 þús. tonn á ári, yrði 1.5%, en í starfsleyfinu, sem gefið var út að geðþótta hluthafa, sem við skulum víkja að svolítið nánar, — hámarkið, sem þar var sett, var 2%, sem munar því, að þessi hjartfólgna verksmiðja, sem fyrirhuguð er á Grundartanga, fær að blása 500 tonnum af brennisteinssýrlingi út í loftið umfram það sem lagt er til í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Fimmta aths. Náttúruverndarráðs: „Náttúruverndarráð telur nauðsynlegt, að áætlun um viðhald á hreinsibúnaði og aðgerðir í bilanatilfellum séu háðar samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og leggur til að gr. 2.3 í till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins verði tekin upp í leyfið óbreytt."

Sjötta aths. Náttúruverndarráðs: „Þá telur Náttúruverndarráð skaða að þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um eftirtalin atriði, og leggur til að þau verði endurskoðuð." Og þar eru taldar til fimm greinar sem felldar voru niður úr till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um starfsleyfi. Þær voru felldar niður, ekki inn á þær komið í starfsleyfinu sem hæstv. ríkisstj. lét lögfræðing í heilbrrn. semja í stað till. sem sérfræðingar Heilbrigðiseftirlits ríkisins unnu að því að semja í fjóra mánuði og lögðu, eins og þeir sjálfir orðuðu það, nótt við nýtan dag. Þarna er um að ræða gr. 1.1 um starfsleyfi fyrir tvo ofna í stað eins, gr. 1.2 og 2.16 um mengunarrannsóknir, gr. 2.2 um afkastagetu hreinsibúnaðar, gr. 2.4 um aðild Heilbrigðiseftirlits ríkisins að mælingum á hæfni hreinsibúnaðar og gr. 2.6 um hæð reykháfa.

Sjöunda aths. Náttúruverndarráðs er svo hljóðandi: „Náttúruverndarráð álítur, að ákvæði starfsleyfisins um flutning, meðferð og geymslu hráefnis, sbr. lið 2.9, sé ófullnægjandi, og leggur til að till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um þetta atriði verði fylgt."

Og síðan segir: „Náttúruverndarráð lýsir óánægju sinni yfir því að hafa ekki fengið tækifæri til að gefa umsögn um starfsleyfisdrög rn. áður en frá því var gengið, sérstaklega með hliðsjón af þeim umfangsmiklu breytingum sem orðið hafa frá till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Að lokum leggur Náttúruverndarráð áherslu á að það telur áðurnefndar breytingar á starfsleyfinu til járnblendiverksmiðju nauðsynlegar til að viðunandi tökum verði náð á þeim þætti

mengunarvarna og umhverfisverndar almennt sem eru á starfssviði þess.“

Vegna þess m. a., hversu oft og dyggilega hefur verið vitnað í afstöðu Heilbrigðiseftirlitsins til starfsleyfisins, vegna svardaga þeirra alþfl.-manna um það, að í einu og öllu hafi þeir mótað afstöðu sína til málmblendiverksmiðjunnar eftir því, hvort Heilbrigðiseftirlit ríkisins teldi rétt staðið að eftirliti með heilsugæslu og mengunarmálum, og að lesnum þessum aths. í bréfi Náttúruverndarráðs, undirrituðu af Eysteini Jónssyni og Árna Reynissyni, ætla ég að lesa hérna fyrir ykkur niðurlagið á aths. Heilbrigðiseftirlits ríkisins við starfsleyfið, en það er svofellt:

„Kröfur Heilbrigðiseftirlits ríkisins um fullkomnustu mengunarvarnir standa óhaggaðar.“

Ég veit ekki hvort hv. þm. þurfa á því að halda að ég flytji öðru sinni þessa upptalningu á breytingunum sem Náttúruverndarráð gerir grein fyrir. Ef ég hefði rökstuddan grun um það, jafnrökstuddan og ég hef um skaðsemi þessarar verksmiðju, að ég gæti komið sannindum þessa máls inn í höfuðið á hv. þm. Steingrími Hermannssyni með því að lesa honum þessar staðreyndir aftur, þá mundi ég gera það í annað, þriðja og fjórða sinn. En hjarnaskál hans virðist gerð úr þess háttar efnablöndu, að staðreyndir sem lúta að endurteknum skyssum hans sjálfs virðast hrökkva af henni.

Ég ætla svo öðru sinni í þessari hv. d. að vitna í samninginn við Elkem-Spigerverket sem undirritaður hefur verið og fylgir þessu frv. sem fskj. Ég ætla að vitna í 9. gr. um umhverfis- og öryggismál, 4. efnisgr. þeirrar gr., þar sem segir frá því raunverulega með hvaða hætti stjórn járnblendiverksmiðjunnar hefur komið því fram að till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs hafa verið sniðgengnar með þeim óskaplega hætti sem raun ber vitni. 4. efnisgr. hljóðar svona:

„Í samræmi við ákvæði þessarar gr.“ — þ. e. a. s. um umhverfis- og öryggismál — „hefur Járnblendifélagið sótt um starfsleyfi frá heilbr.- og trmrn. Járnblendifélagið skal leitast við að afla þess leyfis með skilmálum, sem hluthafarnir geta fallist á, svo fljótt sem unnt er.“

Sem sagt, íslenska ríkið, sem er eignaraðili að Járnblendifélaginu að 55%, undirritar samning við Elkem-Spigerverket upp á það, að félagið skuli leitast við að afla þess leyfis, þ. e. a. s. leyfisins sem hér er um fjallað, með skilmálum, sem hluthafarnir geti fallist á, svo fljótt sem unnt er.

Í framsöguræðu minni með nál. minni hl. iðnn. endursagði ég frásögn forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins af því, með hvaða hætti forstjóri Járnblendifélagsins vék sér rösklega í það hvað Heilbrigðiseftirlitið snerti að afla þessa leyfis með skilmálum sem hluthafarnir gátu fallist á. Það tók að vísu fljótt af sú atrenna, vegna þess að starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins báðu forstjórann, eins og forstöðumaðurinn komst að orði, að hætta þessum tilraunum, svo að hann sneri sér náttúrlega annað. En það er ljóst að þetta samningsákvæði hefur Járnblendifélagið uppfyllt vasklega.

Hvers vegna í ósköpunum hæstv. iðnrh. og ráðunautar hans halda áfram með órofa þrákelkni að reyna að koma upp verksmiðju þessari á Grundartanga, þrátt fyrir þá mjög svo vafasömu sæmd og ég held áreiðanlega litla ánægju, heldur mikið kif og skömm sem þessir aðilar hafa haft af málinu fram til þessa, — hví þeir halda áfram er torskýranlegt. En það er nú svona, að jafnvel hinir verri kækirnir verða að áráttu sem menn ráða ekki við, að því er virðist. Hér á að ráðast í fjárfestingu sem mun nema a. m. k. um það bil 160 millj. kr. á hvern starfsmann verksmiðjunnar. Það mun vera miklu meiri fjárfesting í hvert starf hér á landi heldur en nokkurn tíma hefur þekkst áður: 160 millj. fyrir hvern starfsmann. Svo dýrir starfsmenn hljóta að eiga að vinna nytsöm störf og framleiða ágætisvöru. Hver hefði orðið árangurinn af starfi þessara 150 starfsmanna málmblendiverksmiðjunnar, sem hefðu haft hver um sig að baki sér í tækjum 160 millj. kr., ef verksmiðjan hefði verið í gangi árið sem leið? Yfir 800 millj. kr. tap.

Og enn vil ég mælast til þess við hv. þm. hér í d., að þeir noti nú þessar síðustu mínútur, sem við eigum fyrir atkvgr. um málið, til þess að blaða gegnum fskj. nr. 1. með nál. minni hl., þar sem getur að finna þýddar greinar úr ýmsum kunnustu efnahagsmálatímaritum veraldar um stöðu málmblendiiðnaðarins og horfur málmblendiiðnaðarins og yfirvofandi hrun hans. Það má svo hver meðalgreindur maður geta sér til um það, hvernig á því stendur að ekki eru horfur á því að stál- og málmblendiiðnaðurinn rísi upp aftur til síns fyrra veldis, þegar það blasir við að olían, sem knúið hefur vélarnar sem steyptar hafa verið og gerðar úr málmblöndum þessum, úr stáli, er að þrjóta.

Ég hef oftar en einu sinni í salarkynnum þessarar hv. stofnunar minnt á ráðstefnu sem Félag ísl. búfræðikandídata og Verkfræðingafélag Íslands efndu til á vegum Landverndar að Hótel Loftleiðum um jólin 1975, þar sem fjallað var um fæðubúskap íslendinga, þ. e. a. s. möguleika íslendinga til þess að framleiða eggjahvituefnaríka fæðu, þá vörutegund sem langmestur skortur er á í heiminum, þá vörutegund sem tugir þúsunda deyjandi manna hrópa á á banabeð sínum, þó að mér sé ókunnugt um — það hefur a. m. k. ekki verið í sögur fært — að nokkur, sem þannig var ástatt um, hafi hrópað á kísiljárn. Niðurstöður þessarar ráðstefnu, sérfræðinganna á þessari ráðstefnu, var sú, að ef við íslendingar tökum þá pólitísku ákvörðun að beina afli okkar og tiltækri orku og vinnuafli og þekkingu að því að framleiða matvæli, þá eru gæði landsins slík, frjósemi lands og sjávar, að við gætum framleitt árlega eggjahvituefna ríka fæðu sem nægir til þess að brauðfæða 36 millj. manna. En til þess verðum við að beina þreki okkar að því, efnum okkar að því og hætta að gæla við fáránlegar hugmyndir steinrunninna tæknikrata.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hér hefur verið lögð fram brtt. frá Ragnari Arnalds og Stefáni Jónssyni um að aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Áður en lög þessi koma til framkvæmda skal íbúum Akraness, Borgarfjarðarsýslu og Kjósar- og Kjalarneshreppa í Kjósarsýslu gefinn kostur á að taka afstöðu til byggingar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þátttaka í atkvgr. er bundin við þá, sem kosningarrétt hafa til Alþingis. Verði niðurstaðan sú, að meiri hl. þeirra, sem taka þátt í atkvgr., hafnar byggingu verksmiðjunnar koma lög þessi ekki til framkvæmda.“

Till. þessi er bæði of seint fram komin og auk þess skrifleg og þarf því að leita tvöfaldra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 690) samþ. með 13 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef enga ástæðu til þess að fara að lengja þessar umr. úr hófi fram. Það sækir svefn á þingheim hvað úr hverju og alls ekki nein ástæða til að draga þessar umr. úr hömlu. En ég hefði helst viljað koma á framfæri við hæstv. ráðh. nokkrum aths., og þar sem hann er nú kominn í salinn er mér ekkert að vanbúnaði að víkja að hans máli. Ég sé að vísu enga ástæðu til þess að svara ýmsu því sem fram kom í máli Stefáns Jónssonar, hv. 5. þm. Norðurl. e., en hann svaraði mjög mörgu af því, sem fram kom hjá ráðh., á fullnægjandi hátt og ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér.

Mér fannst óneitanlega dálítið einkennilegur sá kafli í ræðu ráðh. sem fjallaði um málflutning okkar alþb.-manna í orkumálum. Ráðh. sagðist hafa orðið var við að við alþb.-menn og þá einkum þjóðviljamenn héldum því fram, að engin not væru fyrir Sigölduvirkjun, en svo kæmi ég hér og segði að Sigölduvirkjun yrði fullnýtt eftir 2—3 ár, hvernig í ósköpunum væri hægt að láta þetta dæmi ganga upp.

Auðvitað er skýringin einfaldlega sú, að ráðh. hæstv. hefur fært nokkuð úr lagi þessi ummæli svo að þau virðast á skakk og skjön, enda þótt þau þurfi ekki að vera það ef nánar er að gáð. Það, sem sagt hefur verið um Sigölduvirkjun, er einfaldlega það, að á árinu 1977 eru ekki not fyrir nema svona 25—30% af fullu afli virkjunarinnar og á árinu 1978 er ólíklegt að verði not fyrir nema svona 35—40% af fullu afli virkjunarinnar, 150 mw. Það liggur sem sagt fyrir að talsvert mikið vannýtt afl er hjá þessari virkjun á þessu ári, sem nú er að líða, og næsta ári. Á þetta er auðvelt að benda og þetta er auðvelt að sanna með því einfaldlega að vísa til þeirrar orkuspár sem fylgdi frv. hæstv. ráðh. um Blönduvirkjun, þar sem kemur skýrt fram hver eru ágætlun not okkar íslendinga af orku á landsvirkjunarsvæðinu á þessum árum, og síðan haft til hliðsjónar hver er orkuvinnslugeta þeirra virkjana sem fyrir eru.

En með þessu er ekki sagt að ekki hafi verið hörf fyrir þessa virkjun, því hefur enginn haldið fram. Það er alger uppspuni hjá hæstv. ráðh. að þjóðviljinn eða við alþb.-menn höfum haldið því fram, að af þessari ástæðu hefði Sigölduvirkjun alls ekki átt að koma í gagnið. Það hefur enginn sagt. Það hefur ekkert verið sagt annað en það, að hún verður ekki nýtt nema að litlum hluta á fyrsta og öðru ári. Það er alveg laukrétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að það er þegar orðinn orkuskortur og það var þegar á s. l. ári orðin þörf á að Sigölduvirkjun kæmi í gagnið. Og einmitt vegna þess að virkjunarframkvæmdir við Sigöldu hafa dregist úr hömlu og eru nú orðnar töluvert langt á eftir áætlun, þá hefur að sjálfsögðu talsvert tapast vegna keyrslu dísilvéla. Og við getum, ég og hæstv. ráðh., verið innilega sammála um það, að því ber að fagna að Sigölduvirkjun er um það bil að hefja framleiðslu. En það breytir ekki því, að á fyrstu tveimur árunum er býsna langt frá því að virkjunin verði fullnýtt.

Nú er það svo, að í sjálfu sér er ekkert keppikefli að virkjunin sé endilega fullnýtt um leið og hún tekur til starfa. En við höfum hins vegar bent á það, að næg viðfangsefni eru fyrir hendi fyrir orku frá Sigölduvirkjun, ef iðnrn. og hæstv. ríkisstj. hefðu sinnt betur þessum verkefnum, og að öllu eðlilegu hefði hitun húsa með raforku átt að vera miklu lengra á veg komin en hún er í dag. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að reyna að slá ryki í augu manna með því að fara að tala um húsahitun með jarðhita í þessu sambandi, því að það vita allir að um það snýst ekki þessi umr. Auðvitað eru allir sammála um það, hvort sem þeir heita alþb.-menn eða sjálfstæðismenn eða framsóknarmenn, að það er sjálfsagt að nota jarðhita alls staðar þar sem einhver möguleiki er á að fá hann til húsahitunar. Hæstv. ráðh. á ekki að láta sér til hugar koma að hann geti talið einhverjum trú um að við alþb.-menn höfum eitthvað á móti húsahitun með jarðhita. Það væri sannarlega furðuleg afstaða ef hún væri fyrir hendi. Það þýðir ekki heldur fyrir hæstv. ráðh. að fara að ásaka fyrrv. orkuráðh., Magnús Kjartansson, fyrir það, að hann hafi sent frá sér áætlun á árinu 1973 eða 1974 þar sem gert hafi verið ráð fyrir að Akureyri yrði hituð með raforku, vegna þess að hann og allir aðrir vita að það var ekki búið að finna í nágrenni Akureyrar heitt vatn til þess að það væri hægt að hita Akureyri með jarðhita, þó að að vísu sá möguleiki væri hafður í sigti sem annar af tveimur möguleikum. Í áætlunum, sem bæði rn. sendi frá sér og margir aðrir aðilar, er gert ráð fyrir báðum þessum möguleikum, enda þótt menn gerðu ráð fyrir því versta, að það yrði hugsanlega að hita Akureyri eingöngu með rafafli. Eftir að jarðhitalindir fundust í Eyjafirðinum hjá Laugalandi hefur auðvitað aðstaðan breyst, og þarf ekkert frekar að orðlengja það.

Það er líka hinn mesti misskilningur hjá ráðh., að í till. okkar alþb.-manna sé alls ekki gert ráð fyrir því, að hús séu hituð með jarðhita. Að vísu er það svo, að þessi till. er fyrst og fremst um nýtingu raforkunnar, og þar af leiðir að um nýtingu jarðhitans er miklu minna fjallað. Það leiðir af eðli máls. Till. er fyrst og fremst um nýtingu raforkunnar og um næstu vatnsaflsvirkjanir og um samtengingu raforkukerfisins. En þó er lögð á það áhersla í einni setningu þessarar till., að bráðað sé nýtingu innlendra orkulinda almennt.

Þetta var sem sagt útúrdúr og einungis til

þess ætlaður að minna á að varðandi húsahitun með jarðhita er að sjálfsögðu enginn ágreiningur milli okkar alþb.-manna og sjálfstæðismanna og fáránlegt af hæstv. ráðh. að reyna að gera því skóna.

Varðandi orkuna frá Sigöldu er þetta sem sagt staðreyndin, að virkjunin er ekki nema að hluta nýtt nú þegar, enda þótt hún verði byggð nokkurn veginn í einum áfanga, að vísu vélarnar settar niður ein og ein í einu, eins og ævinlega er gert, en þó með svo skömmu millibili, og auk þess allar keyptar í einu lagi, svo að í raun og veru má segja að virkjunin sé reist í einum áfanga. Ég er alls ekki að segja að það hafi verið rangt að haga málum á þennan veg. Ég efast ekkert um að forsvarsmenn Landsvirkjunar hafa reiknað það dæmi rétt, að skynsamlegast væri að haga málum á þennan veg. En þetta leiðir hins vegar til þess, að það er verulegt offramboð á orku á árunum 1977 og 1978. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því.

Hitt er svo einföld staðreynd, sem ég veit að ráðh. þekkir alveg jafnvel og ég og má lesa í bréfum Orkustofnunar til okkar þm. hvað eftir annað, að Sigölduvirkjun verður fullnýtt á árinu 1979, og því veldur þessi mikla orkusala til járnblendiverksmiðjunnar ef af verður. Eins og hér hefur komið fram er gert ráð fyrir að járnblendiverksmiðjan taki um það bil helminginn af allri orku Sigölduvirkjunar, og þegar svo þar við bætist að nokkur orkuskortur er fyrir, virkjunin er sem sagt þegar á árinu 1978, eins og ég sagði hér áðan, nýtt 35—40%, þá er það einföld staðreynd að afgangurinn spænist upp á árinu 1979. Við íslendingar bætum við okkur á landinu öllu orkuþörf sem nemur 30 mw. á ári. Það er því auðskilið og alls ekki neitt deilumál, held ég, milli eins eða neins, að Sigölduvirkjun verður fullnýtt eftir tvö til þrjú ár.

Ég veit ekki hvort þessi ólíkindalæti af hálfu hæstv. ráðh., þegar hann er að segja að ég hafi haldið þessu fram, eigi að tákna það að hann sé á einhverri annarri skoðun. Ég hélt að hann hefði allar þær sömu upplýsingar í höndunum og ég, og meðan ekki kemur annað fram geri ég ráð fyrir að hann hljóti að vera alveg nákvæmlega sömu skoðunar og ég hvað þetta snertir.

Svo ætlar hann að bæta við ólíkindalætin með því að segja: Svo eru þessir menn að furða sig á því, eftir að hafa verið búnir að tala um orkuskort á árinu 1980 eða 1981, að ég skuli hafa gefið leyfi til byggingar Hrauneyjafossvirkjunar. Það á að vera enn ein mótsögnin í málflutningnum. En það er ósköp einfalt mál og kom reyndar mjög skýrt fram í ræðu minni áðan. Við erum alveg sammála ráðh. um að það er þörf á nýrri virkjun á árinu 1981. Um það er enginn ágreiningur. Spurningin er bara um það eitt, hvort Hrauneyjafossvirkjun er ekki óeðlilega stór virkjun, hvort nokkur ástæða er til þess að virkja á árinu 1980—1981 virkjun sem bersýnilega verður 210 mw. Þó að vísu séu tekin í fyrsta áfanga 70 mw., í öðrum áfanga 140 mw. þá vitum við að þessi virkjun er hönnuð sem 210 mw. virkjun og verður það innan tíðar ef á annað borð er farið af stað með hana. Og þá er sem sagt spurningin sú, hvort þessi virkjun sé ekki bersýnilega allt of stór miðað við þann markað sem verður á fyrri hluta næsta áratugs, nema eitthvað annað komi til. Ég hef bent á það, að jafnvel þó að landið allt verði samtengt í eitt raforkukerfi og jafnvel þótt engin önnur virkjun verði framkvæmd á því tímabili sem tekur við eftir 1981, þá tekur það 7 ár að fullnýta Hrauneyjafossvirkjun, 210 mw., því að eins og kunnugt er eykst raforkumarkaðurinn á landinu öllu um 30 mw. á ári, og útkoman verður mjög svipuð ef reiknað er í gwst. og miðað við orkuna, en ekki afl ið.

Það er ekkert óeðlilegt að spurt sé hvað eigi að gera við alla þessa orku eða hvort það sé ekki óhagkvæmt að þurfa að bíða í mjög langan tíma, kannske 7 ár, eftir því að virkjunin verði fullnýtt. Þó að við ráðh. séum kannske sammála um að það er engin höfuðnauðsyn að virkjun sé fullnýtt þegar hún fer af stað, og reyndar óheppilegt, því að þá hlýtur að hafa verið um mikinn orkuskort að ræða þegar hún tók til starfa, þá er hitt samt mjög óeðlilegt og óhæfilegt, að eigandi virkjunar þurfi að bíða í 7 ár eftir því að hún verði fullnýtt.

Þetta er ástæðan fyrir því, að við höfum gagnrýnt byggingu Hrauneyjafossvirkjunar. Við teljum, að miðað við orkumarkaðinn, eins og hann verður í byrjun næsta áratugs, sé minni virkjun hentugri, og höfum reyndar bent á að hyggilegast kynni að vera að byggja röð af miðlungsstórum virkjunum, 30 mw. hver virkjun, þannig að grunnaflsþörf í hinum ýmsu landshlutum sé fullnægt áður en næsta stóra virkjunin á eldfjallasvæðinu hér syðra kemur til.

Í þessu sambandi er nú kannske rétt að benda ráðh. á, ef hann gerir sér ekki fyllilega grein fyrir því sjálfur, að það er hin mesta fjarstæða að við alþb.-menn séum á móti stórum virkjunum almennt, eins og hann reyndi að halda fram í útvarpsumr. hér fyrir skemmstu, reyndi að telja þjóðinni trú um að við alþb.-menn hefðum í orkutill. okkar mótað þá stefnu að hér skyldu ekki reistar virkjanir yfir 70 mw., eins og hann tók til orða í ræðu sinni, við vildum bara virkjanir að stærð 30—70 mw. Slíka stefnumótun er hvergi að finna í tillöguflutningi okkar alþb.-manna, og það er okkur víðs fjarri að telja að virkjanastærðin 30—70 mw. sé einhver heilög tala sem ekki megi bregða út af og menn þurfi að binda sig við. Við erum alveg sammála ráðh. um það, að virkjanir eins og Hrauneyjafossvirkjun eru afar hagkvæmar virkjanir, vegna þess hversu stórar þær eru og vegna þess hversu orkukostnaðurinn er lágur miðað við kwst., ef aðeins því skilyrði er fullnægt, að hægt sé að nýta orkuna og hægt að selja hana á viðunandi verði. En hitt er allt annað mál, að það verður ekki búið að undirbúa nýtingu þessarar orku, sem frá Hrauneyjafossi kemur, í byrjun næsta áratugs, og er því bersýnilegt að aðeins er um tvo kosti að velja: annaðhvort að selja orkuna til erlendrar stóriðju fyrir smánarverð, fyrir óviðunandi verð, eða þá að horfa upp á það að virkjunin verði vannýtt um langan tíma. Við teljum hvorugan kostinn góðan og leggjum því til, að meðan verið er að undirbúa iðnþróunaráætlun, sem geri ráð fyrir talsverðum orkufrekum iðnaði í eigu innlendra manna sem geti komið samtímis því að

mjög stór virkjun er tekin í gagnið eins og Hrauneyjafossvirkjun, þá sé heppilegra og hyggilegra að reisa nokkrar minni virkjanir. Við tiltökum ekki hvað þær eiga að vera margar, við höfum hins vegar sagt: a. m. k. tvær, og eigum þá við árin 1981 og 1982, en gerum okkur grein fyrir því, að fyrr eða síðar kemur Hrauneyjafossvirkjun inn í virkjanaröðina, annað hvort sem þriðja virkjun eða þá kannske fimmta eða sjötta virkjun eftir Sigöldu og Kröflu, allt eftir því sem heppilegast verður talið miðað við fyrirliggjandi raforkuspá.

Það er sem sagt hin mesta fjarstæða og auðvitað ekkert annað en vísvitandi rangfærsla, að því er mér sýnist, að halda því fram, að við alþb.-menn séum alfarið á móti stórvirkjunum og getum ekki hugsað okkur neitt nema miðlungsstórar virkjanir. Þetta var nauðsynlegt að hér kæmi fram, vegna þess að við höfum ekki átt þess kost að svara þessu atriði sem ráðh. gerði svo mjög að umtalsefni í útvarpsumr. hér nýlega, en þar var um mjög grófa rangfærslu að ræða. Og það er alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðh. að vera með einhver ólíkindalæti vegna þess að við segjum annars vegar að Sigölduvirkjun sé hersýnilega vannýtt nú, að hún verði fullnýtt eftir 2—3 ár og að Hrauneyjafossvirkjun sé hersýnilega of stór. Þetta er allt auðskilið hverjum þeim sem vill skilja það og engin mótsögn í sjálfu sér.

Hæstv. ráðh. komst svo að orði, að því væri haldið fram ýmist að hann hefði gert allt of lítið á þessu sviðinu eða hinu eða hann hefði gert allt of mikið. Það skyldi nú ekki vera, að það væri einhver sannleiksneisti í þessu fólginn? Það skyldi nú ekki vera, að þetta ætti að heita e. t. v. svolítið ófullkomin lýsing á vinnubrögðum ráðh. Það leynir sér ekki, að hvað snertir uppbyggingu iðnaðar í landinu, hvað snertir iðnþróunaráætlun, hvað snertir uppbyggingu orkufrekra fyrirtækja í eigu íslendinga sjálfra, þá hefur frumkvæði ráðh. verið allt of lítið. Það hefur verið um að ræða forustuleysi og frumkvæðaleysi sem kemur okkur í koll. En þegar svo aftur á móti um það er að ræða að taka ákvörðun um nýjar virkjanir á næsta áratug, þá leynir sér ekki að annað tveggja er, að ráðh. veit ekki hvað hann er að gera og tekur því ákvarðanir eða vinnur að undirbúningi allt of stórra virkjana, þegar hann er á sama tíma með í gangi hér í þinginu bæði Blönduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun sem samtals eru upp á 360 mw. og mundu nýtast landinu öllu á 12 árum ef ekki kæmi neinn orkufrekur nýr iðnaður til sögunnar, innlendur eða erlendur, og er svo á sama tíma að tala um að það þurfi að sjálfsögðu að virkja Bessastaðaá og að sjálfsögðu að virkja á fleiri stöðum á landinu. Annaðhvort er, að ráðh. gerir sér ekki grein fyrir því, að í þessum efnum er hann allt of stórtækur, eða þá hitt er staðreynd, sem við höfum hvað eftir annað haldið fram, við alþb.-menn, að hæstv. ráðh. væri með ískyggileg plön um erlenda stóriðju í pokahorninu. Það er ekki nema tvennt til. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að lengja þessar umr.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég held að ég verði að óska eftir því, að hv. frsm. minni hl. verði sóttur því að hann er ekki viðstaddur. (**Forseti:** Já, það skulu verða gerðar ráðstafanir til þess að athuga hvort þm. er í húsinu.) Ég hinkra hér við á meðan. Herra forseti. Ég sé að hv. þm. ætlar að heiðra okkur með sinni nærveru.

Ég bað um orðið m. a. til að mótmæla því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að við værum orðnir syfjaðir. Þetta er alger misskilningur, þetta er rétt að byrja. Og auk þess heyri ég í fréttum útvarpsins að mjög halli á meiri hl. í þessu máli. Upplýst var að frsm. meiri hl. hafi aðeins talað í einn og hálfan tíma, en frsm. minni hl. í þrjá, og nú hefur hann þar að auki í kvöld endurtekið næstum því allt sem hann sagði á þremur tímum við 2. umr. Ég þarf að sjálfsögðu að jafna þessi met, og mér reiknast til að ég þurfi að tala rúma þrjá tíma. Ég hef því búið mig undir það. (Gripið fram í.) Tók ég niður ákaflega mikið af punktum úr merkri ræðu hv. frsm. minni hl. Ég er hérna með margar bls. En ég verð að viðurkenna að þegar ég fór að skoða þetta nánar núna áðan sýnist mér það ekki vera á nokkurs manns færi að leiðrétta það magn misskilnings og vitleysu og bókstaflegrar þvælu sem flutt var í þessari löngu ræðu.

Ég verð að segja það, að mér eru það ákaflega mikil vonbrigði sem formanni iðnn., að ekki skuli hafa tekist á löngum og mörgum fundum okkar, margra tíma fundum, að fá nokkru meiri skynsemi í þann rökstuðning gegn járnblendiverksmiðjunni en hér var fluttur. Og ég get raunar sagt svipað um postulana tólf í rökstuddri dagskrá hv. þm. sem hér talaði síðastur. Þar er bókstaflega öllu snúið við. Meira að segja staðreyndum um arðsemi verksmiðjunnar er bókstaflega snúið við. Svart er bara hvítt og hvítt er svart. Er til nokkurs að eltast við slíkt?

Ég ætla aðeins að taka eitt lítið dæmi. Hv. þm. Stefán Jónsson fullyrti hvað eftir annað í ræðu sinni, að ég hefði sagt að það væri ekki á færi þm. að skilja þau tæknilegu fskj. sem fylgdu umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Ég hef aldrei sagt nokkuð slíkt. Þetta er hrein vitleysa. Ef ég hefði sagt eitthvað slíkt, hefði ég að sjálfsögðu aðeins átt við þann hv. þm., og um þetta vil ég segja við hann:

> Um þessa umsögn ei hef sagt,
> að ekki væri á margra færi,
> en e. t. v. er út af lagt,
> að ofar mun það þínu læri.

En sem sagt, eftir að ég hef skoðað þetta vandlega hef ég komist að þeirri niðurstöðu, að ég hef bókstaflega aldrei við nokkra umr. heyrt svo snúið við staðreyndum máls sem vandlega hefur verið athugað. Ég gæti að vísu lesið upp umsögnina sem liggur þarna á borðinu hjá mér frá Heilbrigðiseftirlitinu, eins og hv. þm. er búinn að lofa okkur hvað eftir annað, en hefur ekki staðið við. Kannske gerir hann það nú, við skulum vona það. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu, að það væri alger tímasóun mín að ætla eftir 20—30 fundartíma í iðnn. að koma nokkru viti inn í þann boðskap sem hér hefur verið fluttur gegn málmblendiverksmiðjunni á Grundartanga.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég hef að vísu þegar tekið tvisvar til máls við þessa umr. En það er nú aðallega vegna þess, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson lagði ekki í þetta ofurverk: að gera grein fyrir mismunandi skilningi okkar tveggja á grundvallaratriðum sem fram komu í umfjöllun iðnn. um þetta mikla mál á löngum tíma, sem ég kveð mér nú aftur hljóðs hér, en leyfi mér þó að vitna í ummæli sem ég viðhafði er málmblendimálið var til umr. hér hið fyrra sinnið og ég man orðrétt, fyrst og fremst vegna þess að þeim var ekki mótmælt þá af hv. þm. Steingrími Hermannssyni. Ég leyfði mér þá að komast svo að orði, er hann greindi frá því hversu mikla vinnu viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, sem hann á sæti í, hefði lagt í undirbúning málsins og rannsókn þess, að af þeirri yfirlýsingu hans mætti aðeins draga þá ályktun, að löng umfjöllun manna með ákveðna eiginleika væri síður en svo trygging fyrir því, að þeir kæmust að réttri niðurstöðu.

Og svo aðeins þetta: Ég endurtók það nú ekki æ ofan í æ, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefði sagt þetta um þm., að þá brysti þekkingu til þess að fjalla um tæknilegar hliðar í umsögn heilbrrn. Ég mun hafa sagt það einu sinni, og ég viðurkenndi þetta fyrir honum í dag, þegar hann hafði sent mér þrjú ágætlega kveðin erindi upp á þetta, að ég hefði haft hann þarna fyrir rangri sök, haft eftir honum nokkuð sem hann hefði ekki sagt. Ég svaraði honum með þessari vísu, sem var afsökunarbón mín og ég tel þó eðlilegt að komi fram í þskj.:

Fyrirgefa munt þú mér
mega á augabragði.
En hafði ég eitthvað eftir þér
sem annar kjáni sagði?

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 663 felld með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HFS, RA, StJ.

nei: StH, StG, AG, AJ, ÁB, EggÞ, EÁ, GH, HÁ, IT, IH, JHelg, JGS, OÓ, ÞK.

1 þm. (JÁH) fjarstaddur.

Brtt. 676 tekin aftur.

— 690 felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HFS, RA, StJ.

nei: AG, AJ, ÁB, EÁ, GH, HÁ, IT, IH, JHelg, OÓ, StH, StG, ÞK.

EggÞ, JGS greiddu ekki atkv.

1 þm. (JÁH) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GH, HÁ, IT, IH, JHelg, JGS, OÓ,StH, StG, AG, AJ, ÁB, EggÞ, EÁ, ÞK.

nei: HFS, RA, StJ, GeirG.

1 þm. (JÁH) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég er enn efnislega andvígur mörgum ákvæðum í frv. því sem hér er til afgreiðslu, og vísa ég í því sambandi til ummæla sem ég viðhafði í ræðu sem ég flutti þegar þetta mál var á sínum tíma fyrst lagt fram hér í þessari hv. þd., á Alþingi 1974—1975.

Núv. ríkisstj., sem ég styð og ber fyllsta traust til, ákvað hins vegar að þetta mál skyldi fram ganga, og stefna sú, sem mörkuð er í frv., var lögfest á hv. Alþ. vorið 1975. Frv. það, sem hér er til afgreiðslu nú, er að mínu mati nánast formsatriði, þ. e. að samþykkja annan erlendan samstarfsaðila í staðinn fyrir Union Carbide sem samkomulag hefur orðið um að hætti þátttöku í hinu Íslenska járnblendifélagi hf. Loks, síðast en ekki síst, legg ég áherslu á að framkvæmd þessa máls, ef að lögum verður, mun heyra undir núv. hæstv. iðnrh. sem nýtur alveg sérstaks trausts míns. Ég er öruggur um að hæstv. ráðh. hefur fullan hug á því, að allt, sem í mannlegu valdi stendur, verði gert til þess að halda svo á málum að rekstur fyrirhugaðs fyrirtækis megi verða þjóðinni í heild til farsældar.

Með hliðsjón af framansögðu vil ég ekki ganga gegn samþykkt frv. og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 691).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 576, n. 679 og 681). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Meiri hl. n. mælir með því að frv. verði samþykkt. Það kom fram í ræðu fjmrh. við framsögu þessa máls, að svo gæti farið að það væri mögulegt að flytja brtt. við frv. þetta í þeim tilgangi að skapa svigrúm vegna væntanlegra kjarasamninga. Þess vegna töldu nm. rétt að áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Það er hins vegar ljóst, að slíkar till. munu ekki fram koma á þessu stigi málsins, og enn þá er ekki ljóst hvernig slíkum fjármunum verður best varið með samkomulagi allra aðila.

Þetta frv. er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi fjallar það um það, að eins og flestir vita tók gildi um síðustu áramót nýtt fasteignamatsverð og samkv. lögum um tekju- og eignarskatt er fasteignamatsverð það verð sem heimilt er að fyrna eignir af. Þetta hefði þýtt að mjög auknar fyrningar hefðu komið ýmsum aðilum til handa, og það var ekki hugmyndin með hinu nýja fasteignamati. Þess vegna var nauðsynlegt að setja skýr ákvæði í lög þess efnis, að fyrningarverð eigna skyldi ekki vera hið nýja fasteignamat, heldur það fasteignamat, sem gilti áður, eða kaupverð eða kostnaðarverð. Það er hins vegar ljóst, að það hefur valdið verulegum óþægindum að þetta skuli ekki hafa komið fram fyrr hér á Alþ. Það hefur ríkt töluverð óvissa um það í vetur, hvaða regla skyldi gilda í þessum efnum, en þetta frv. og væntanleg lagasetning eyðir óvissu um það.

Í öðru lagi gerir frv. þetta ráð fyrir því, að eignarskattur greiðist samkv. öðrum reglum en gildandi lög mæla fyrir um, þ. e. a. s. af fyrstu 6 millj. skuli ekki greiðast neinn eignarskattur hjá einstakling og af fyrstu 9 millj. skuli ekki greiðast eignarskattur hjá hjónum. Af því, sem umfram

er, skal greiða 0,8%. Þessi breyting er fyrst og fremst gerð til þess að vega á móti nýju fasteignamati, þótt ljóst sé að það er ekkert hlutfall þarna á milli sem segi að þessar tölur séu hinar einu réttu. Það fer að sjálfsögðu eftir skuldum manna og ýmsum öðrum aðstæðum, hvernig þessi breyting kemur út.

Þetta eru þær einu breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir að gerðar verði á gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Það er hins vegar ljóst, að skattalagafrv. því, sem hæstv. fjmrh. lagði fram skömmu fyrir áramót, verður ekki lokið á þessu þingi. Ég held að í sjálfu sér þurfi það engan að undra þótt svo sé ekki. Þar er um mjög flókinn lagabálk að ræða og umfangsmikinn, og það er ekki óeðlilegt að það taki verulegan tíma fyrir Alþ. að yfirfara og athuga slíkt mál. Og ég vil leggja á það áherslu, að ég tel að það verði að vinna mjög vel að málum í sumar og fram á haust ef á að takast að afgreiða þetta mál með sæmilegu móti á næsta hausti, en slíkt er að sjálfsögðu alger nauðsyn. Það er margt ógert varðandi frv. þetta og er nauðsynlegt að haldið verði vel á málum í sumar ef það á að takast.

Ég vil hins vegar taka það fram, að ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar og er ekki síst í dag, að það hefði verið nauðsynlegt á s. l. hausti — og ég lagði oft á það áherslu — að gera breytingar á gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt til þess að skapa frekari tíma til að vinna að heildarlöggjöf. Þær breytingar, sem var fyrst og fremst nauðsynlegt að gera varðandi einstaklinga, var að einfalda nokkuð frádráttarliði, t. d. að fella niður frádráttarliði vegna húsnæðis og jafnvel eigin húsaleigu, setja ákveðið þak á frádrátt vegna útivinnandi eiginkonu. Varðandi atvinnurekstur hefði að mínum dómi verið nauðsynlegt að breyta eða fella niður svokallaða verðstuðulsfyrningu og einnig að lögfesta ýmis ákvæði frv. um reglur um meðferð söluhagnaðar, til þess að eyða þeirri óvissu hvort mögulegt sé að þær reglur geti gilt fyrir árið 1977. Það er hins vegar alveg ljóst, að það er ekki möguleiki að gera slíkar breytingar nú þegar allir hafa talið fram og eyðublöð hafa verið gerð þannig úr garði, og þýðir ekki um það að tala. En ég vil aðeins leggja á það áherslu, að það er nauðsynlegt að vinna mjög skipulega og vel að frv. því sem er til meðferðar í þinginu til þess að það megi takast að koma því máli sæmilega í höfn á næsta hausti.

Ég vil aðeins að lokum ítreka það, að meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. þetta verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Jón Árm. Héðinsson, en Ragnar Arnalds skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef gefið út sérálit við afgreiðslu þessa máls úr fjh.- og viðskn. Ástæðan er ekki sú, að ég sé mótfallinn þeim breytingum sem felast í því frv. sem hér er til umr. Breytingarnar, sem gerð er hér till. um, eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og verða að teljast nauðsynlegar vegna tilkomu nýs fasteignamats. Tilgangur þessara breytinga er sá einn að miða að óbreyttri álagningu skatta þrátt fyrir nýja matið, og reyndar var það einmitt verk hv. fjh.- og viðskn. Ed. á sínum tíma að koma inn í lögin um nýja fasteignamatið ákvæði sem fól í sér fyrirheit um að samþykkt fasteignamatsins hefði ekki í för með sér skattahækkanir.

Hitt er allt annað mál, að svo er að sjá að umr. um skattamál hér á hv. Alþ. ætli að verða nokkuð endasleppar. Virðist ætla að verða nokkuð slappur endir á þeim löngu umr. sem átt hafa sér stað allan þennan vetur um þörfina á því að breyta núgildandi skattalögum. Við munum það allir hv. þm. í þessari d., að það var eitt af fyrirheitum núv. ríkisstj., þegar hún hóf feril sinn, að tekjuskattslögunum yrði breytt, og hæstv. fjmrh. hefur haft það fyrir vana að opna sinn munn reglulega og segja álit sitt á því, að nauðsynlegt væri að breyta skattalöggjöfinni, og hann hefur ævinlega tiltekið að það yrði gert innan tíðar. En árin hafa liðið án þess að nokkuð gerðist og nú er að ljúka þriðja þinginu, frá því að þessi ríkisstj. kom til valda, án þess að fyrirsjáanlegt sé að nokkur efnisbreyting verði gerð á núgildandi tekjuskattslögum. Fjmrh. hefur að vísu boðað það, að hugsanlega muni hann beita sér fyrir setningu brbl. eftir fáeina daga um lækkun beinna skatta, væntanlega í samræmi við samkomulag við aðila vinnumarkaðarins. Að sjálfsögðu hefði verið eðlilegast að þingið hefði starfað áfram næstu tvær eða þrjár vikur og hefði þá afgreitt tekjuskattsbreytingu eftir að viðræður hefðu farið fram um það mál við aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar skal það ekki vanþakkað að gerðar séu breytingar til lækkunar á sköttum, þótt á hitt megi benda, að ekki væri minni þörf að lækka söluskattinn, sem er einmitt það skattform sem hvað mest hefur hækkað í tíð núv. hæstv. fjmrh. og svo úr hófi fram, að það hefur átt sinn stóra þátt í þeirri miklu verðbólgu sem ætt hefur yfir á undanförnum árum.

En einhver lækkun beinna skatta, sem gengur jafnt yfir alla þá sem teljast í sama tekjuhópi, leiðréttir ekki það misrétti, sem fyrir hendi er í skattalöggjöfinni, og kemur ekki til með að leggja neinar nýjar byrðar á þá sem sleppa við að borga tekjuskatt eða borga mjög lítinn tekjuskatt vegna þeirra galla sem eru á núverandi tekjuskattslöggjöf.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka fyrri ræður mínar og annarra alþb.-manna um ágalla tekjuskattslaganna og hinar fjöldamörgu ívilnunarreglur sem þar er að finna og eru til þess gerðar að fyrirtæki geti sloppið með að borga litinn sem engan tekjuskatt, jafnvel þótt þau hafi miklar tekjur og töluverð umsvif. Við höfum rætt það mál talsvert oft hér í þinginu og engin ástæða til að endurtaka það hér. Hins vegar er ekki úr vegi að benda á það í þinglokin, að hæstv. fjmrh. og stjórnarmeirihl. hefur nú þegar unnið það afrek að koma í veg fyrir að tekjuháir skattleysingjar fái skattseðla í hendur í samræmi við breytt skattalög fyrr en í fyrsta lagi eftir að næstu kosningar hafa farið fram. Það er sem sagt nú þegar sýnt að þeir skjólstæðingar þessara flokka, sem gjarnan vilja hafa skattalögin óbreytt, verða ekki ónáðaðir með óvæntum skattseðlum áður en þeir fá tækifæri til þess að kjósa á nýjan leik og áður en þeir fá tækifæri til þess að borga í flokkssjóði. Það verður sem sagt allt við það sama fram yfir kosningar a. m. k.

Við eigum eftir að sjá hvort núv. stjórnar-

flokkar og hæstv. ráðh. hafa í sér þor að breyta skattalöggjöfinni á seinasta ári fyrir kosningar. Satt að segja segir mér svo hugur, að héðan af verði ekkert hreyft frekar við skattalöggjöfinni fyrr en að næstu kosningum loknum. Ég tel hins vegar óviðunandi með öllu að ekki sé reynt að koma í veg fyrir við álagningu skatta á þessu ári að fjöldamörg fyrirtæki sleppi með að borga lítinn sem engan tekjuskatt þó að þau hafi háar tekjur. Þess vegna vil ég nota þetta seinasta tækifæri, sem hér gefst, til þess að reyna að fylla a. m. k. að einhverju leyti upp í þessar glufur tekjuskattslaganna og hef því borið fram till. um að verðhækkunarstuðull og flýtifyrning í núverandi skattalögum, 15. gr., komi ekki til framkvæmda meðan ný skattalög hafa ekki verið samin og samþykkt, heldur verði fyrningar eigna í atvinnurekstri við næstu skattlagningu miðaðar við eðlilegan fyrningartíma eigna.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma það að ég hafði ekki tíma til þess að vera á fundi fjh.- og viðskn. þegar þetta mál var rætt í morgun — eða réttara sagt í gær, en ég get ekki betur skilið en með samþykkt þessa frv. stórhækki eignarskattur á þeim sem eiga skuldlausar eignir. Ég vona, að frsm. leiðrétti mig, ef það er rangt skilið. Innheimt heildarupphæð á að vera sú sama og áður var, þannig að ríkissjóður tapi ekki í krónutölu þrátt fyrir það að eignarskattur er lagður á 10 þús. einstaklingum færri en áður var samkv. því sem stendur í frv., með leyfi forseta: „Ætla má að með þessum breytingum fækki eignarskattsgreiðendum um meira en 10 þús.“ Þetta finnst mér ógnvekjandi fyrir þá sem hafa kannske á langri ævi unnið hörðum höndum til að tryggja sér húsaskjól og heimili, eiga skuldlausar eignir og hafa kannske alla ævi stritað til þess að eiga öruggt skjól í ellinni. Gamalt fólk í stórum skuldlausum húsum verður kannske hvað harðast úti. Ég álít að þetta frv. komi til með að flæma þetta fólk — og kannske aðra þá sem eiga skuldlausar eignir — frá heimilum sínum sem það, eins og ég sagði áðan, hefur byggt upp í blóma lífsins.

Ég er hræddur við þetta frv., og úr því að frsm. var kominn út í að tala um skattafrv. eins og það var lagt fram í byrjun og blessunarlega hefur nú sofnað í bili, þá fagna ég því enn þá frekar að það skattalagafrv., sem ég hélt að hann væri að byrja að mæla fyrir, kom hér ekki fram, því að það er ekki síður gallað, jafnvel hver einasta gr. Ég held að alþjóð hafi látið í ljós skoðun sína í þá átt. Ég verð að segja það, að eins og þetta frv. liggur fyrir og er ógnvekjandi í mínum augum, þá mun ég ekki styðja það.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er aðeins út af orðum hv. 12. þm. Reykv., að það er að sjálfsögðu mjög erfitt að segja til um hvernig þetta frv. muni verka á hvern einstakan einstakling. En það er hins vegar alveg rétt skilið hjá honum, að ef um er að ræða tiltölulega dýrar eignir, sem einstaklingar eða hjón eiga skuldlausar, þá getur orðið um hækkun á eignarskatti að ræða.

Ég skal aðeins taka eitt dæmi. Við getum hugsað okkur eign sem er samkv. gamla matinu 3 millj. að fasteignamati. Samkv. nugildandi lögum er þetta fasteignamat margfaldað með 2.7, þannig að sú eign er metin á 8.1 millj. Það þurfti ekki að greiða eignarskatt áður af 2.7 millj., þannig að eignarskattsskyldur stofn var 5.4 millj. Ef hins vegar þetta fasteignamat hefur sexfaldast með nýju fasteignamati, sem það hefur gert í sumum tilfellum, þá væri viðkomandi eign 18 millj. Hjá hjonum verða skattfrjálsar 9 millj., þannig að skattskyldar yrðu 9 millj. í stað 5.4 millj. áður. Hins vegar er þess að geta, að nú er stofninn 0.8%, en hins vegar var hann stighækkandi áður eða hæst 1.2%, ef ég man rétt. Hér getur því orðið um einhverja hækkun að ræða, ef um tiltölulega dýrar og stórar eignir er að ræða skuldlausar. Hins vegar er erfitt að fullyrða um þetta almennt, því að þetta er eins misjafnt og einstaklingarnir eru margir. Það fer sjálfsagt eftir hvernig skuldastaðan er o. s. frv.

Ég ætla ekki að gera að umtalsefni frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt frekar en ég gerði. Það er alveg ljóst, að það frv. hefur ýmsa galla og ýmsa kosti. Ég hygg hins vegar að það sé ljóst, að það verða ekki sett réttlát og góð lög um tekjuskatt og eignarskatt hér á landi þannig að allir þegnar þjóðfélagsins samþykki það og séu ánægðir með það. Ef á að leiðrétta það óréttlæti, sem gildir í skattamálum, er ljóst að það kemur við einhvern ef það á að koma einhverjum til góða.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. hér í kvöld, en ég þakka frsm. af heilum hug að staðfesta að ótti minn við þetta frv. var á rökum reistur. Ég gat ekki betur skilið af hans orðum en að þetta frv. sé þeim sérstaklega í hag sem skulda, og þá er eðlilegt að álykta að réttast sé að Alþ. láti þann boðskap berast til þjóðarinnar, að það sé best fyrir alla að skulda sem allra mest.

En sem sagt, ótti minn er staðfestur af hv. frsm., og ég þakka honum fyrir upplýsingar hans. Hitt er svo annað mál, að ég man ekki eftir, síðan ég fór að fylgjast með, eins mikilli mótmælaöldu gegn nokkru eins og því skattafrv. sem fram var lagt. Það var lagt fram til þess að kynna það fyrir þjóðinni, og það var lagt fram í tíma til þess að hún gæti sagt álit sitt. Og hún gerði það. Ef þetta á að vera leiðin sem núv. hæstv. ríkisstj. velur til þess að finna hið rétta í skattamálum, þá sé ég ekki aðra leið réttari en að eyðslufrv., fjárl. sjálf, verði á sama hátt lögð fyrir þjóðina og hún látin segja til um þau.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta, að það kom á engan hátt fram í mínu máli að þetta frv. verðlaunaði skuldakónga. Það get ég ekki skilið að hv. þm. hafi getað ráðið af mínu máli. Það er

ljóst að skuldir standa í stað, þær eru ekki endurmetnar. Hins vegar eru fasteignir hækkaðar í verði, fasteignamatið er margfaldað, þannig að það er á engan hátt hægt að segja að þetta verðlauni skuldakónga. Hitt er svo annað mál, að skattfrelsismörkin eru hækkuð allverulega og það getur haft ýmiss konar áhrif. En það er á engan hátt hægt að segja, það er rangfærsla, að þetta verðlauni sérstaklega skuldakónga. Ég vil einnig taka það fram, að þetta frv. gerir ráð fyrir því að eignarskatturinn skili um það bil sömu upphæð og fjárlög fyrir 1977 gera ráð fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 681 felld með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HFS, RA, StJ, EggÞ, GeirG.
nei: GH, HA, IT, IH, JHelg, JGS, OO, StH, StG, AG, AJ, ÁB, EÁ, ÞK.
1 þm. (JAH) fjarstaddur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Samvinnufélög, frv. (þskj. 331, n. 680). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til breyt. á l. um samvinnufélög sem er komið frá Nd. og var þar samþykkt einróma óbreytt.

Frv. felur í sér í fyrsta lagi það atriði að opna samvinnulögin fyrir framleiðslusamvinnufélögum í ákveðinni starfsgrein. Þar er þó aðeins um heimild að ræða og má setja skilyrði að þau séu aðeins opin félögum úr ákveðinni starfsgrein. Í öðru lagi er það efni frv., að kjörgengi starfsmanna samvinnufélaganna sé lögfest séu þeir þar félagsmenn, og er það svo sjálfsagt í samræmi við breytta tíma að ekki þarf um að ræða. Í þriðja lagi er ákvæði um launagreiðslur, þ. e. a. s. að félög af þessu tagi geti ekki undirboðið vegna lægri launa til starfsmanna en gildandi samningar segja um, og bent á það um leið, að þessi félög skuli hafa nána samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög vegna kaupgjaldsmála og vinna að sameiginlegum hagsmunum verkafólks. 4. gr. er svo um það, að framleiðslusamvinnufélögin falli inn í skilgreiningu um samvinnufélög.

Þess má geta, að Samband ísl. samvinnufélaga fékk þetta frv. til umsagnar og mælti eindregið með samþykkt þess. Sama hefur orðið uppi á teningnum hjá félmn. Hún mælir einróma með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 4. maí, kl. 2.17 eftir miðnætti.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 576). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 693).

Samvinnufélög, frv. (þskj. 331). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 694).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 628, 672). — Ein umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar er komið aftur til hv. Ed. frá hv. Nd. með þeirri breytingu, að bætt hefur verið við einum umsækjanda um ríkisborgararétt, færeyskri konu sem er búsett hér á landi og er búin að vera það lengi og er ekki ágreiningur um það í allshn. Ed. að mæla með þessari breytingu.

Til viðbótar þessu hafa borist nú á síðustu stundu fjórar umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar. Hv. allshn. Ed. er sammála um að mæla með þessum umsóknum öllum. Þetta eru tvö börn, ung, móðirin íslensk og hefur umráðarétt yfir börnunum, og tveir bræður um eða yfir tvítugt sem eru af íslensku bergi brotnir og eru búnir að vera hér í mörg ár, eiga íslenska foreldra. Það eru meðmæli frá dómsmrn. með þessum umsóknum öllum og enginn ágreiningur um það í allshn. að mæla með því, að þessar umsóknir verði teknar til greina. En rétt er að geta þess, að þessi brtt., sem hér er, þarf að fara aftur til Nd.

ATKVGR.

Brtt. 672 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 4. maí, að loknum 88. fundi.

Tónmenntarfræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 403). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þessi till. til þál., sem hér er til umr., er flutt í Nd. Alþ. af Sigurlaugu Bjarnadóttur o. fl. Samkv. þingsköpum verða þáltill., sem fluttar eru í deildum, að ganga milli deilda eins og um frv. væri að ræða.

Eg kem hér í ræðustól aðeins til þess að vekja athygli á efni þessarar till. sem ég tel vera mjög þarflegt. Það gengur út á það að fullnægja því ákvæði sem er í fræðslulögum, að unnt sé að sinna þeirri fræðslu sem heitið er að hafa innan grunnskólans. Þar á ég við kennslu í tónmennt og söng. Það hefur komið í ljós við athugun, að hvergi nærri hefur verið hægt að sinna þessu verkefni í skólunum víða um land. Með þessari till. er skorað á ríkisstj. að leita ráða til að úr þessu verði bætt, og er bent á nokkur athyglisverð atriði í grg. sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni að þessu sinni. En ég vil mælast til þess, að umr. um þessa till. verði frestað á þessu stigi og henni vísað til menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er aðallega út af umr. sem urðu í Nd. um þessa till. sem ég kveð mér hljóðs. Þannig er mál með vexti, að fyrsta till. sem ég flutti hér á Alþ., var um farkennslu í söng, og það sem merkilegra var, sú till. var samþ. á Alþ. 1957. Með hana var aldrei neitt gert, hreinlega ekki neitt, ekki einu sinni gerð tilraun til þess að koma á því námskeiðahaldi og/eða farkennslu sem þar var lagt til að yrði tekið upp, nákvæmlega eins og segir í þessari till. þeirra hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur og félaga, að nú verði hafinn skipulegur undirbúningur að tónmenntarfræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins þar sem engin slík fræðsla er veitt nú.

Ég lét ekki þar við sitja. Ég flutti till. á þinginu 1973—1974 um bætt skipulag tónlistarnáms. Og menn eru svo tónelskir hér á Alþ. að þeir samþykktu þessa till. vitanlega líka. Í þeirri till. var kveðið svo á, að Alþ. ályktaði að skora á ríkisstj. að taka til gagngerðrar endurskoðunar allt tónlistarnám í landinu, m. a. skyldi starf hinna einstöku tónlistarskóla samræmt skyldunáminu og almenn tónlistarkennsla skipulögð þar sem engin er nú. Að því skyldi stefnt að færa undirstöðukennslu í hljóðfæraleik inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu. Við þessar aðgerðir, svo og aðrar sem nauðsynlegar reynast, skyldi stuðst við álit tónmenntunarnefndar menntmrn. frá 30. ágúst 1972. Þessi till. var sem sagt samþykkt með mikilli ánægju í Sþ., að því er virtist vera, og gekk í raun og veru enn þá lengra en sú till. sem hér er til umr.

Hér er enginn metingur á ferðinni, því að ég styð það eindregið, að þessi till. nái fram að ganga, og vona, að menntmn. komi henni frá sér svo að við getum afgreitt hana. Ég hef sem sé komist að raun um að minn einsöngur í þessu máli, þó að undir hann hafi verið tekið á tímabili hér á þingi, hefur ekki náð eyrum þeirra hæstv. ráðh. sem um þessi mál hafa fjallað. Það gæti verið að það verði einhver von til þess að dúett okkar hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur og jafnvel kvartettsöngur félaga hennar gæti náð eyrum hæstv. núv. menntmrh. og vakið hann til umhugsunar um það, að það þyrfti kannske eitthvað í þessu að gera.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 16 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 86. fundur.

Miðvikudaginn 4. maí kl. 2 miðdegis.

Kosning sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 1. júlí 1977 til jafnlengdar 1981, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 43 1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Halldór H. Jónsson arkitekt (A),
Gunnar Guðbjartsson formaður Stéttarsambands bænda (A),
Gunnar Sigurðsson, bóndi (A),
Guðmundur Hjartarson bankastjóri (B),
Hjörtur Hjartar framkvæmdastjóri (A),
Jóhannes Bjarnason verkfræðingur (A),
Baldur Eyþórsson prentsmiðjustjóri (C).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landsvirkjunar, allra til sex ára, frá 1. júlí 1977 til 1. júlí 1983, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. og 20. gr. l. nr. 59 1965, um Landsvirkjun.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Árni Grétar Finnsson hrl. (A),
Einar Ágústsson utanrrh. (A),
Baldvin Jónsson hrl. (B).
Varamenn:
Steinþór Gestsson alþm. (A),
Þorkell Bjarnason ráðunautur (A),
Björn Friðfinsson framkvæmdastjóri (B).

Kosning eins manns í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað til ársloka 1977, í stað Alfreðs Gíslasonar, sem andaðist 30. maí 1976.

Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkv. því var kjörinn án atkvgr.:

Halldór Ibsen skipstjóri.

Rafstrengur til Vestmannaeyja, þáltill. (þskj. 409, n. 434, 635). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 635 (ný tillgr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 695).

Skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, þáltill. (þskj. 456, n. 669 og 671, 498). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 669 um að vísa þáltill. til ríkisstj. felld með 41:9 atkv.

Brtt. 498,1 felld með 44:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já: KP, RA, RH, SighB, SigurlB, StJ, SvJ, SvH, EBS, GHG, JÁH.

nei: GTh, GF, HÁ, HES, HFS, IT, IngJ, IG, JóhH, IH, JHelg, JSk, JGS, JónasÁ, LJós, SM, MÓ, MB, MÁM, OÓ, OE, ÓlJ, PJ, PS, SV, StH, StG, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, BGr, EðS, EggÞ, EÁ, EKJ, FÞ, GS, GH, GilsG, ÁB.

GeirG, GuðlG greiddu ekki atkv.

3 þm. (GÞG, LárJ, PP) fjarstaddir.

Brtt. 671 samþ. með 47 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 498,2 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 697).

Samþykkt um votlendi, þáltill. (þskj. 531, n. 646). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 697).

Skýrsla samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1976.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Skýrsla sú, sem hér liggur fyrir um hafnaframkvæmdir á árinu 1976, er lögð fram í samræmi við 10. gr. hafnalaga. Í skýrslunni er yfirlit um fjárveitingar og framkvæmdir í höfnum sem falla beint undir hafnalög og yfirlit um framkvæmdir í landshöfnum, ferjuhöfnum og Reykjavíkurhöfn.

Í skýrslunni kemur fram að framkvæmdir við allar hafnargerðir í landinu námu 1882 millj. kr., en það er 170 millj. kr. lægri upphæð en árið 1975 sem var mesta framkvæmdaár í sögu íslenskrar hafnargerðar hingað til, en það stafaði fyrst og fremst af framkvæmdum í Þorlákshöfn. Af þessum 1882 millj. kr. voru tæplega 1048 millj. vegna framkvæmda í almennum höfnum eða rúmlega 55%.

Af landshafnaframkvæmdum, sem námu 677 millj. kr. eða 36% af heildarframkvæmdum, voru framkvæmdir í Þorlákshöfn langmestar eða tæplega 540 millj. kr. Var þeim framkvæmdum lokið seint á árinu og var höfnin tekin formlega í notkun 7. nóv. s. l. Framkvæmdir í Keflavík-Njarðvík námu 95 millj. kr. og Rifshöfn 42 millj. kr.

Framkvæmdir við almennar hafnir voru alls á 43 stöðum, og voru þá einungis þær hafnir teknar með þar sem framkvæmdir urðu yfir eina millj. kr., en auk þess var nokkru fé varið til mælinga og rannsókna á h. u. b. 17 höfnum. Dýrustu framkvæmdir á árinu voru á Akureyri 89 millj. kr., Breiðdalsvík 80 millj. kr. og Hafnarfirði 71 millj. kr.

Loks er að geta Reykjavíkurhafnar, en þar urðu framkvæmdir rúmlega 126 millj. kr. Er það allmiklu meira en 1975 þegar þær námu 72 millj. kr.

Er þá komið að Hafnabótasjóði, en eins og kunnugt er og nánar er greint frá í 19. gr. hafnalaga veitir sjóðurinn í fyrsta lagi hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð. Í öðru lagi er honum heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða öðrum óviðráðanlegum orsökum. Í þriðja lagi er honum heimilt að veita styrk til nýrra hafnarframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða sem eiga við fjárhagsörðugleika að etja vegna dýrra hafnarmannvirkja, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Loks er honum í fjórða lagi heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög. Tekjur Hafnabótasjóðs eru árlegt framlag ríkissjóðs sem nemur 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárl. hvers árs, en auk þess eru nokkrar tekjur af starfi sjóðsins sjálfs. Þar sem lánsfjárþörf hafnanna er yfirleitt verulega mikil hefur sjóðurinn auk þess oftast nær þurft að grípa til lánsfjár sem höfnunum hefur síðan verið endurlánað. Lánveitingar og styrkveitingar sjóðsins námu á s. l. ári samtals 217 millj. kr. Skiptast þær þannig:

101 millj. kr. voru lánaðar til framkvæmda við 20 hafnir 63 millj. voru lánaðar til bráðabirgða og var þar yfirleitt um að ræða lán sem urðu til vegna óhjákvæmilegra framkvæmda umfram fjárlög og verða greidd að verulegu leyti beint í Hafnabótasjóð aftur á þessu ári, þar sem yfirleitt er um að ræða hrein ríkisframlög. Um styrk úr Hafnabótasjóði er það að segja, að 25.5 millj. kr. voru styrkir til framkvæmda við fjórar hafnir á landinu sem áttu við verulega erfiðleika að stríða vegna dýrra hafnarmannvirkja, en staðirnir voru Bolungarvík, Ólafsfjörður, Eyrarbakki og Sandgerði. Loks voru veittar 27 millj. kr. sem styrkir vegna skemmda af náttúruhamförum. Munar þar mestu um Kópasker sem fékk 20 millj. kr. af þessari fjárhæð. Auk þess voru 4 millj. kr. til Suðureyrar og 3 millj. til Eyrarbakka.

Til þess að geta staðið undir þessum lánveitingum tók Hafnabótasjóður bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði síðari hluta ársins sem nam 70 millj. kr. Þetta lán hefur þegar verið endurgreitt.

Loks er að geta varðandi lánveitingar Hafnabótasjóðs, að sjóðurinn yfirtók á árinu kröfur Framkvæmdasjóðs á hendur sex hafnarsjóðum á Vestfjörðum, samtals 38.5 millj. kr., og endurlánaði þessa fjárhæð til þessara staða til 5 ára, en það er sami tími og lán Framkvæmdasjóðs til Hafnabótasjóðs er vegna þessara krafna.

Við útlán úr Hafnabótasjóði á s. l. ári til framkvæmda, þar sem um föst lán var að ræða, var yfirleitt reynt að fylgja þeirri stefnu að ríkisframlag ásamt lánsútvegum úr Hafnabótasjóði færi ekki samtals yfir 90% af kostnaði við framkvæmdirnar. Viðkomandi hafnarsjóður þurfti þannig að sjá um 10% sjálfur. Hjá hinu varð þó ekki kom-

ist, að við einstakar hafnargerðir væru svo sérstakar ástæður fyrir hendi, svo sem vegna fólksfæðar eða dýrrar hafnarmannvirkjagerðar, að þetta varð að hluta til að vera hærra og beinn framkvæmdastyrkur, eins og á þeim fjórum stöðum sem áður hefur verið getið. Hins vegar er ánægjulegt að geta skýrt frá því, að staða hafnarsjóðanna, sem lengst af hefur verið afar slæm, er nú í betra horfi en áður. Kemur þar til fyrst og fremst að hækkanir hafnargjalda hafa fylgt hækkunum verðlags betur en oftast áður. Að því ber auðvitað að stefna, að hafnirnar standi almennt ekki einungis undir rekstrarkostnaði, heldur hafi einnig nokkurt fé aflögu til framkvæmda. Þótt hér yrðu að vísu alltaf nokkrar undantekningar hlýtur þetta að verða meginregla við ákvörðun á verði þeirrar þjónustu sem hafnirnar veita.

Herra forseti. Að öðru leyti en þessu vísa ég til skýrslu þeirrar sem hv. alþm. hafa í höndunum þar um.

Umr. frestað.

Skýrsla samgönguráðherra um áætlunarflugvelli og búnað þeirra (þskj. 594).

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hafa átt sér stað meðal ýmissa aðila viðtækar umræður um flugmál og þá ekki síst þann þáttinn sem snýr að flugöryggismálum. Hér á hv. Alþ. hefur einnig verið fjallað um þessi mál og leiddi m. a. til þess, að svo hljóðandi þáltill. um öryggisbúnað flugvalla var samþ. 7. maí 1975:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar gera athugun á því, hvernig komið verði upp á sem skemmstum tíma nauðsynlegum öryggisbúnaði á flugvöllum landsins."

Í framhaldi af greindri þál. svo og öðrum umr. um þessi mál skipaði samgrn. hinn 23. jan. 1976 sérstaka n. til þess að gera úttekt á íslenskum flugvöllum og flugöryggismálum í heild. Álit n., sem ber heitið: Áætlunarflugvellir og búnaður þeirra — lá fyrir í nóv. á s. l. ári og var þá þegar sent hv. alþm. til fróðleiks og upplýsinga. Með áðurgreinda þál. í huga og þau grundvallarsjónarmið, sem fram koma, og meginleiðir, sem lagðar eru til í þessari skýrslu n., þykir sérstök ástæða til að leggja hana formlega fram hér á hv. Alþ.

Skýrslan skýrir sig að öllu leyti sjálf og ætti sem slík að geta lagt grunn að framtíðaruppbyggingu íslenska flugvallakerfisins, þó að marki hennar verði e. t. v. ekki náð innan þeirra tímasetningar er hún gerir ráð fyrir. Því ráða auðvitað fjárveitingar þær sem til verksins fást hverju sinni.

Til viðbótar þessu vil ég geta þess, að þessari skýrslu fylgir til skrifstofu Alþ. mynd af öllum flugvöllum landsins og ástandi þeirra eins og það er, og gert er ráð fyrir að prenta aðra slíka skýrslu sem fjvn. Alþ. fái í hendur, en fjárlaga- og hagsýslustofnunin fékk einnig slíka skýrslu.

Ég vil bæta því við, um leið og ég þakka n. hennar mjög svo góðu störf, því að ég tel að hér sé um gagnmerka skýrslu að ræða, að ég tel að nauðsyn beri til, að þessi skýrsla verði rædd hér á hv. Alþ. á hausti komanda, þegar þing kemur saman aftur, enda hefðu þá hv. þm. haft góðan tíma til þess að kynna sér þessi mál. Og að sjálfsögðu ber að hafa þessa skýrslu sem grundvöll undir fjárlagagerð um framkvæmd flugvalla og öryggismál á næstu árum.

Umr. frestað.

Fjárhagslegur grundvöllur framhaldsskóla, þáltill. (þskj. 316, n. 623). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um till. til þál. um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla, og birtist álit n. á þskj. 623.

Síðan till. þessari var vísað til fjvn. hefur komið fram hér á hv. Alþ. stjfrv. um framhaldsskóla sem að sumu leyti fjallar um sambærilegt efni og það sem þáltill. á þskj. 316 fjallar um. Það liggur nú fyrir að frv. þetta verði ekki afgreitt á yfirstandandi Alþ. og mun verða í sérstakri athugun til næsta Alþ. Fjvn. telur ástæðu til að það efni, sem um er rætt í þáltill., samræming á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla, komi einnig til athugunar um leið og stjfrv. um framhaldsskóla. Með hliðsjón af því leggur n. til að till. þessari verði vísað til ríkisstj.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar stjfrv. um samræmdan framhaldsskóla var hér til umr. fyrir nokkrum dögum var ljóst á öllu, engu síður en nú, að það var ekki mikill tími til þess að ræða það yfirgripsmikla mál, Þó var greinilegt að það var einn þáttur þess mikla máls sem ég hygg að margir alþm. hefðu gjarnan viljað fá frekari skýringar á en fram komu í þeim umr., og það er einmitt það atriði sem sú till., sem hér er nú til umr. og lagt er til að verði vísað til hæstv. ríkisstj., fjallar um. Það er auðvitað enginn vafi á því, að allir þeir aðilar, sem hafa eitthvað með að gera framhaldsskólana í landinu, hugsa um það, hvernig eigi að fara með fjárhagshlið þeirra mála, hvernig ætlað sé að skipa fjármálunum. Það er kunnugt að sú skipan hefur verið í meginatriðum, að nokkur hluti framhaldsskólanna hefur verið kostaður að hálfu leyti af sveitarfélögum fram til þessa og að hálfu leyti af ríkinu, en flestir framhaldsskólar hafa verið kostaðir nær einvörðungu af ríkinu.

Margar till. hafa komið hér fram á hv. Alþ. um að samræma þessa hluti. Einna mest hefur borið á þessu í seinni tíð varðandi iðnskóla landsins, en þar er fyrirkomulagið þannig, að það er gert ráð fyrir að sveitarfélögin standi undir stofnkostnaði þeirra skóla að hálfu leyti, en ríkið aðeins að hálfu. Till. hafa komið hér fram um að ríkið taki að sér byggingarkostnað þeirra skóla á svipaðan hátt og ríkið hefur nú þegar tekið að sér byggingarkostnað margra annarra framhaldsskóla.

Ég veitti því athygli þegar stjfrv., sem hér var lagt fram til sýnis, en ekki til endanlegrar afgreiðslu á þessu þingi, var hér til umr. fyrir nokkrum dögum, þá kom þar fram í grg. með frv. að við það væri miðað að ríkið tæki yfirleitt að sér 70% af stofnkostnaði framhalds-

skólanna, en sveitarfélögin 30%. Í tilefni af þessari litlu till., sem hér liggur fyrir og ég veit að er ekki nema skammur tími til þess að ræða, hefði ég viljað óska eftir því, að hæstv. menntmrh. hefði getað gefið hér nokkrar upplýsingar, sem þm. gætu farið með heim af þessu þingi, um það sem mjög er spurt um heima í héruðum varðandi þessi mál: Hvernig er í raun-inni hugsað að koma því fyrir, að sveitarfélögin í landinu taki að sér sem nemur 30% af stofn-kostnaði allra framhaldsskóla svo að segja í land-inu? Hvernig hugsa menn sér að koma þessu fyrir?

Mér þykir einsýnt, einmitt um leið og þessi till. liggur hér fyrir og lagt er til að vísa henni til ríkisstj. sem hefur fjallað um þessi mál og lagt fyrir það stjfrv. sem ég minntist á, að gerð hefði verið grein fyrir því í stuttu máli, hver meginhugsunin væri af hálfu ríkisstj. varð-andi þetta efni. Nú sé ég að hæstv. menntmrh. er því miður ekki hér í salnum, það þykir mér miður, en kannske gætu einhverjir aðrir af hálfu ríkisstj. gefið hér um upplýsingar. Ég hef nefni-lega ekki fengið neinar skýringar á því, hvernig hægt sé að koma þessu fyrir á skaplegan hátt þannig að sveitarfélögin geti tekið að sér þennan stóra kostnaðarhluta. Ég held líka að þó að menn hugsuðu sér að gera betur við sveitarfélögin fjárhagslega en verið hefur til þessa, þ. e. a. s. veita þeim einhvern nýjan tekjustofn, að það hlióti að verða mjög erfitt að koma því fyrir skipulagslega að sá tekjustofn renni þá með eðlilegum hætti einvörðungu til þess að standa undir þessum útgjöldum, því að sum sveitar-félög hafa skiljanlega nokkurn kostnað af rekstri framhaldsskóla, en önnur hreint ekki og koma lítið inn í það. Ég hafði sem sagt hugsað mér að reyna að fá hér smáupplýsingar varðandi þessa till. áður en henni verður vísað til ríkisstj., sem mér þykir heldur tómlegt í þessu máli, að vísu henni einfaldlega þangað. (**Forseti**: Það er verið að leita að hæstv. menntmrh.) Já, ég þakka fyrir. Þá hefði ég gjarnan viljað fá upplýsingar um þetta atriði. Að öðru leyti hef ég ekkert við það að athuga að till. gangi þangað, en mér finnst að það væri ástæða til að þm. fengju upplýs-ingar um þetta atriði.

Það er enginn vafi á að það fyrirkomulag, sem nú er ríkjandi í þessum efnum, háir mjög ýms-um af okkar framhaldsskólum. Þessu er t. d. þannig farið með iðnskólana. Þar er hreinlega stöðnun vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki talið sér fært að rísa undir kostnaði sem nem-ur 50%, og menn hafa búist við því að þar yrði breyting á, að ríkið tæki á sig stærri hluta þarna, eins og það hefur verið að gera varðandi aðra framhaldsskóla, þar sem ekki hafði verið sú regla ráðandi að ríkið bæri allan kostnaðinn. Skemmst frá að segja er það sem snýr að við-skiptafræðinámi. Var gerð fyrir stuttu sérstök samþykkt hér á Alþ. um að hækka þar hlut ríkis-ins til mikilla muna.

Nú sé ég að hæstv. menntmrh. er kominn, og ég vil aðeins endurtaka það í sambandi við þá litlu till. sem hér liggur fyrir um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla, en till. er um að vísa þessari þáltill. til ríkisstj., að mér hefði fundist nokkur ástæða til þess, um leið og þessari till. er vísað til ríkisstj., að hæstv. ráðh. hefði gert þinginu grein fyrir því í stuttu máli, því að mér er ljóst að það er ekki hægt að að ræða þetta mál ítarlega, hvernig það er hugs-að sem fram kemur í stjfrv. varðandi þessi mál um samræmdan framhaldsskóla, hvernig það er í rauninni hugsað að sveitarfélögin í landinu geti tekið á sig um 30% af stofnkostnaði framhalds-skólanna almennt. Ég þykist alveg viss um að ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir því, að sveit-arfélögin geti ekki tekið á sig þennan mikla kostnað nema þá á þann hátt, að þau fái nýjan tekjustofn, og þá kemur spurningin fram um það, hvernig eigi að koma því fyrir, því að það dugir ekki að veita sveitarfélögunum eftir venju-legri leið möguleika til þess að afla sér meiri tekna vegna þess að kostnaður í sambandi við framhaldsskólana hvílir svo misjafnt á sveitar-félögunum. Sum sveitarfélög þurfa að sinna þessum málum og gera það, en önnur samkvæmt eðli málsins láta sig þetta ekki miklu skipta, og það er varla réttmætt að sum sveitarfélögin standi af miklum þunga undir þessum útgjöld-um.

Sem sagt, beiðni mín til hæstv. menntmrh. er sú, að hann upplýsi, áður en þessari till. er vísað til ríkisstj., í stuttu máli hvernig ríkisstj. hugs-ar sér að gera þessa breytingu: að leggja þær kvaðir á sveitarfélögin í landinu að þau standi undir um það bil 30% af stofnkostnaði fram-haldsskólanna. Hvernig er þetta hugsað í aðal-atriðum?

Ég skal svo ekki tefja umr. um þetta frekar, því að mér er ljóst að það er að koma að lokum þessa fundar í Sþ.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessari fsp. hv. 2. þm. Austurl. láta þess getið, að ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir þessum málum þegar ég talaði fyrir framhaldsskólafrv. í hv. Nd. fyrir örfáum dögum. Sérstaklega gerði ég grein fyrir því, hvernig ég ætlaðist til að unnið yrði að málinu í sumar til undirbúnings ákvörðunum um þetta fjármálaatriði, og var langur kafli í minni ræðu um það. Hv. þdm. í Nd. sáu yfirleitt ekki ástæðu til að hlýða á þessa framsögu, en úr því raknar mjög fljótlega því að þetta verður allt prentað í Alþingistíðindum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég verð að segja hæstv. menntmrh. það, að ég hlýddi á alla ræðu hans og það gerðu ýmsir fleiri, þó að þeir hefðu mátt vera enn þá fleiri. En ég varð litlu fróðari um það efni sem ég var að spyrja um þó að ég hafi hlýtt á allt hans mál, og af því spurði ég. Ég er ekki heldur að óska eftir að hann endurtaki það sem hann sagði. Ég þykist kannast nokkurn veginn við það. Það gefur mér ekki þær upplýsingar sem ég er að biðja um. En ég er nokkurn veginn viss um að það er svipað ástatt um aðra þm. eins og mig í þessum efnum, að þeir hafa ekki fengið neitt fram-bærilegt svar við þessu. En vegna þess að um þetta atriði er spurt í svo að segja hverju sveit-arfélagi, sem hefur eitthvað með framhaldsskóla að gera, fannst mér full ástæða til þess að það kæmi hér fram, svo að þm. gætu þó a. m. k.

haft heim með sér af þessu þingi nokkrar upplýsingar um hvernig væri hugsað að koma þessu fyrir á þennan hátt, að sveitarfélögin ættu að taka á sig 30% af kostnaði við þessa skóla, en kostnaðarhlutfall ríkisins ætti að minnka, hvernig þetta væri hugsað í aðalatriðum.

Ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að gefa á þessu frekari skýringar en hann hefur gefið áður, þá er málið komið á enda og er auðvitað ekkert við því að segja. Þá verður eflaust að vinna úr málinu á annan hátt, en ég er hræddur um að þá fari svo með marga þm. eins og mig, að þeir treysti sér ekki til að gefa á því miklar skýringar þegar þeir koma heim, hvernig þessu megi fyrir koma, af því að þarna er tvímælalaust um mikið vandamál að ræða. Það verður ekki, eins og ég hef sagt, leyst á þann einfalda hátt að færa nýja tekjustofna með heföbundum hætti yfir til sveitarfélaga. Þar þurfa að fylgja með miklu ítarlegri reglur ef úr þessu á ekki að verða ein flækja.

En ég hef sem sagt komið beiðni minni á framfæri, og hæstv. ráðh. hefur vitnað í ræðu sem ég hlýddi á. Ef ekki er um frekari svör að ræða, þá verð ég auðvitað að láta mér það lynda.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Því miður er það ekki alveg nýtt, að eftir því sem ég flyt lengri ræður, eftir því skilja áheyrendur mínir minna í aðalatriðunum! En hvað þetta mál snertir, þá er þetta aðalatriði: 1) Jöfn kostnaðarhlutföll á öllu framhaldsskólastiginu. 2) Með tilfærslu verkefna á milli sveitarfélaga og ríkissjóðs kemur tilfærsla tekjustofna. 3) Frágangur á nauðsynlegum reglum, sem hv. þm. minntist á, fer fram í sumar í þeim tveim vinnuhópum sem ég nefndi, annars vegar þeim sérstaka vinnuhópi, sem um þetta mál fjallar, og hins vegar í þeim vinnuhópi, sem nú er starfandi og fjallar um verkefnaskiptingu á milli sveitarfélaga og ríkissjóðs.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur látið þá skoðun sína í ljós, að honum finnist næsta tómleg afgreiðsla á þessari till. að vísa henni til ríkisstj. Vitaskuld hefði ég gjarnan kosið að samþykkja þessa till. þar sem ég er 1. flm. hennar ásamt formanni og varaformanni hv. fjvn. En þar sem fyrir liggur að fram hefur verið lagt stjfrv. um framhaldsskóla og þar gripið á því efni sem till. greinir, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, og það frv. verður til sérstakrar athugunar nú milli þinga, þá get ég ekki gert kröfu til annars en að þetta efni, sem till. þessi fjallar um, verði einnig athugað þar sérstaklega.

Ég vil einnig taka það fram, að í framsögu fyrir þessari till. við fyrri hluta umr. skýrði ég efni hennar rækilega. Það ætti að vera ljóst þeim, sem fylgst hafa með því og lesa till. ásamt grg., að hún fjallar fyrst og fremst um að koma framhaldsskólastiginu öllu á sama kostnaðargrundvöll, þannig að hlutur ríkissjóðs annars vegar og hlutur sveitarfélaganna hins vegar verði ekki misjafn á framhaldsskólastiginu miðað við námsefni eins og nú er. Við þurfum sem sé að rétta hlut t. d. iðnskólanna á þann hátt að ríkissjóður leggi meira fram til þeirra til samræmis við það sem gert verður t. d. við menntaskólanámið. En á þessu er reginmunur nú. Kostnaðarhlutfall er 50% ríki, 50% sveitarfélög við iðnskólana, en 100% ríki við menntaskólana. Þetta hefur valdið óeðlilegu misrétti sem þarf að uppræta, — misrétti sem hefur haft það í för með sér að litið er á nám í þessum skólum misjafnlega þýðingarmiklum augum og virðing menntaskólanámsins hefur verið gerð meiri af ráðamönnum þjóðarinnar og í augum fólksins sjálfs. Þetta misrétti þarf að uppræta og um það fjallar þessi till. Ég vænti þess, að niðurstaða verði á þá lund, að við getum á næsta Alþ. samþykkt lög sem uppræta þetta misrétti, hvað sem hlutdeild sveitarfélaganna kann að verða mikil í því sambandi. Það tengist aftur stefnumörkun um verkefnaskiptingu og tekjustofnaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, sem er annað mál enda þótt það grípi inn í þetta.

ATKVGR.

Till. á þskj. 623 um að vísa þáltill til ríkisstj. samþ. með 48 shlj. atkv.

Efri deild, 90. fundur.

Miðvikudaginn 4. maí, kl. 3 síðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Starfslok efri deildar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þetta verður síðasti fundur hv. Ed. að þessu sinni, þar sem nú er ákveðið, eins og kunnugt er, að þinglausnir fari fram síðar í dag. Nú þegar fundum deildarinnar lýkur vil ég nota tækifærið til að þakka ykkur, hv. þdm., fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifurum d. fyrir ágætt starf og varaforsetum fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþingis og öðru starfsliði Alþ. færi ég bestu þakkir fyrir ágæta samvinnu.

Nú þegar leiðir skilja óska ég öllum utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, og fjölskyldum ykkar og ykkur sjálfum óska ég velfarnaðar. Ég vona að við hittumst allir heilir hér á komandi hausti þegar Alþ. kemur saman á ný.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég veit að ég mæli það fyrir hönd allra hv. þdm. þegar ég þakka hæstv. forseta d. fyrir árnaðaróskir í okkar garð og okkar fjölskyldna, og sömu óskir vil ég bera fram frá okkur dm. öllum og þakkir til hans fyrir sérstaklega góða og tillitssama fundarstjórn og réttláta í hvívetna. Ég veit mig enn fremur mæla fyrir hönd allra þdm. þegar ég óska honum og fjölskyldu hans alls velfarnaðar á komandi sumri og vænti þess, að við megum heilir hitta hann á þingi að hausti við

byrjun þingstarfa þá. Þessu til staðfestingar vil ég biðja hv. þdm. að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. landsk. þm. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig vil ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir orð hans og hans góðu óskir.

Þá liggur ekki fleira fyrir þessum fundi. Fundinum er slitið.

Neðri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 4. maí, kl. 3 síðdegis.

Símanot aldraðs fólks, þáltill. (þskj. 166, n. 682 og 683). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Virðulegi forseti. Samgn. d. hefur haft til meðferðar till. til þál. um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símanot aldraðs fólks, öryrkja o. fl. Till. er í tveim þáttum. Í fyrsta lagi er þess farið á leit, að Alþ. álykti að fela samgrh. að gefa út reglugerðarákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur o. s. frv. Enn fremur að Alþ. álykti að fela ráðh. að beita sér fyrir því, að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum.

N. varð ekki öll sammála um þetta mál. Málinu var vísað til n. s. l. laugardag, 30. apríl. Tveir nm. skila séráliti. Fjórir nm. eða meiri hl. samgn. leggur til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Fyrri hluti till., sem ég nefndi, gengur út á það að skora á ráðh. að nota heimild sem hann hefur í lögum til þess að gefa út reglugerð. Þetta er í lögum sem sett voru á Alþ. 1975. Er skorað á samgrh. að beita þeirri heimild sem hann fékk með þeim lögum. En í ræðu, sem hæstv. samgrh. flutti í Ed. 25. f. m., kom fram að hann teldi þessi mál á margan hátt erfið úrlausnar. Hann lýsti því jafnframt yfir, að orðið hefði samkomulag milli sín og þriggja annarra ráðh., sem þessi mál heyra undir, að láta fjalla um þau sameiginlega. M. ö. o.: er það svo, að fjögur rn., sem þessi mál heyra undir, hafa ákveðið að ráða fram úr málinu sameiginlega, þ. e. a. s. fjmrn., menntmrn., samgrn. og heilbr.- og trmrn. Þessi rn. munu sameiginlega skipa n. hinna hæfustu manna til þess að fjalla um þessi mál og finna leið til þess að greiða úr þeim á sanngjarnan og eðlilegan hátt. Með hliðsjón af þessu og í trausti þess, að fundin verði réttlát lausn á þessum málum hið fyrsta, leggur meiri hl. samgn. til að till. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Virðulegi forseti. Eins og kemur fram af nál. skilum við tveir nm. séráliti sem minni hl. hv. samgn. í þessu máli þar sem við leggjum til að þáltill. verði samþykkt. Það, sem við finnum fyrst og fremst að, er hvernig að málinu hefur verið staðið. Málið var lagt fram í haust og kemur ekki hér til umr. fyrr en nú á laugardaginn, 30 apríl, og í n., samgn., í gær, líklega 3. maí. Þetta sýnir ósköp einfaldlega lítinn áhuga á að leyfa hv. þd. að ræða málið og leyfa hv. n. að kanna það, senda til umsagnar, leita upplýsinga m. a. um hvað þetta kostar, með hverjum hætti best væri að framkvæma þetta og hvað helst ætti að vera í reglugerð o. s. frv. Þessi aðferð stjórnarliðsins er að okkar dómi fyrst og fremst notuð til þess að koma í veg fyrir að málið fái sæmilega meðferð og afgreiðslu. Það er ekki vansalaust.

Sími er fyrir þetta fólk, sem hér um ræðir, aldrað fólk og öryrkja, fyrst og fremst öryggistæki. Mjög fullorðið fólk, heilsulítið og lasburða á erfitt með að hreyfa sig um, og það getur hvenær sem er eitthvað komið fyrir þetta fólk þannig að það þurfi að láta vita af sér, kalla á aðstoð, og þá kemur varla annað tæki til en sími. Hins vegar er kjörum þessa fólks svo komið, að það hefur lítið fé handa á milli umfram það sem þarf til brýnustu lífsnauðsynja, sennilega til þess að hafa í sig, og síminn, þó að hann sé kannske ekki tilfinnanlega dýr fyrir þá sem hafa sæmileg laun, þá er þó það gjald, sem fólk þarf að greiða fyrir símann, mjög hátt ef miðað er við fólk sem hefur lítið handa á milli.

Í síðari hluta till. er skorað á hæstv. samgrh. að beita sér fyrir því að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt á ferðalögum. Þar er nú ekki sterkar að orði kveðið. Það er vitað mál að að nokkru leyti eru til afsláttarfargjöld fyrir aldraða. Í sumum tilfellum greiðir það ekki nema hálft venjulegt gjald. Það er t. d. hjá Strætisvögnum Reykjavíkur nokkur afsláttur af fargjöldum með þeim, einnig mun vera nokkur afsláttur af flugfargjöldum og hjá sumum skipafélögum er það einnig. En það gefur auga leið að það fólk, sem þarf að lifa af ellilífeyri einum saman og tekjutryggingu, getur ekki eytt miklum fjármunum til ferðalaga, og þess vegna er að okkar dómi mikið nauðsynjamál að enn meiri og raunar miklu meiri lagfæringar verði gerðar í þessum efnum.

Það kemur af sjálfu sér að fyrst svona hefur verið haldið á málum, að á degi þinglausna skuli þetta mál vera að koma úr n. í fyrri deild, að það er erfitt um vik að koma þessu máli áfram með eðlilegum hætti, enda leikurinn til þess gerður. En verði málinu vísað til hæstv. ríkisstj., þ. e. till. okkar í minni hl. n. verður ekki samþykkt, ef málinu verður vísað til hæstv. ríkisstj., þá vil ég leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstj. að leita leiða til þess að gera leiðréttingar í þessum efnum og gera öldruðu fólki kleift að halda síma. Í reglugerð mætti setja ýmiss konar ákvæði sem koma í veg fyrir að þetta verði misnotað, eins og kom fram í umr. þegar þetta mál var rætt á sínum tíma. Ég tel að það sé mjög auðvelt að finna einhverja slíka leið. Einnig er hugsanlegt að koma þessu í gegnum tryggingarnar. Það eru sem sagt margir vegir færir ef vilji er fyrir hendi. Og ég vil ítreka það, að það er í mínum huga aðalatriðið að úrbætur verði gerðar í þessum efnum, með hverjum hætti sem hæstv. ríkisstj. tekst að finna leið til þess.

Ég held að það sé óþarfi að hafa um þetta

miklu lengra mál. En ég vil endurtaka, að ef málinu verður vísað til ríkisstj., sem ýmislegt bendir til, þá vil ég leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstj. að leiða þetta mál farsællega til lykta.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum urðu hér í d. allmiklar umr. um þetta mál. Var þá mjög á það deilt að ekki skyldi hafa orðið af framkvæmd í þá átt sem fyrri hluti þessarar þáltill. gerir ráð fyrir. En það var upplýst þá, að fyrir tveimur árum hafi verið samþykkt þáltill. hér á Alþ. sem tók af öll tvímæli um hver vilji Alþ. varðandi þetta mál væri. En eins og fram kemur í nál. minni hl. samgn., þá má það furðu gegna að þetta mál, sem er 124. mál þingsins, kemur til n. aðeins tveimur dögum áður en þingslit eiga að fara fram. Mér finnst að það sé blettur á Alþ. að láta mál af þessu tagi velkjast hér ár eftir ár, og þó að búið sé að tjá vilja meiri hl. Alþ. um framkvæmd á málinu, þá gerist ekkert. Þegar svo lögð er áhersla á það að ýta við viðkomandi aðilum með endurflutningi á málinu að hluta a. m. k., þá er það látið liggja hér megnið af þeim tíma sem Alþ. starfar.

Það kom fram hjá hæstv. samgrh., sem því miður er nú ekki í salnum, við umr. hér fyrr og hefur raunar komið fram hjá fleirum, að framkvæmd þessa máls væri mjög erfið og vandasöm. Hér er um það að ræða að veita elli- og örorkulífeyrisþegum frí afnot af síma. Það er hliðstætt niðurfellingu á afnotagjöldum útvarps og sjónvarps sem fer í gegnum Tryggingastofnunina, og mér er ekki um það kunnugt og hef ég þó á nokkrum tilvikum komið nálægt þeim málum, að nein sérstök vandkvæði séu á því að framfylgja þeim ákvæðum varðandi það að fella niður hjá þessum tilteknu einstaklingum afnotagjald af útvarpi og sjónvarpi. Mér þykir því einkennilegt ef það veldur stórkostlegum vandræðum að framkvæma á hliðstæðan hátt að fella niður afnotagjöld af síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Ég á ekki von á því að um það sé deilt, að hér er um stórkostlegt öryggistæki að ræða varðandi marga þessa einstaklinga sem eru einir sér og geta ekki látið vita af sér nema í gegnum síma. Hv. þm. Garðar Sigurðsson, frsm. minni hl. samgn., var að tala um að ýmsir héldu fram að erfitt væri að framkvæma þetta, en benti jafnframt á að hægt væri að setja í reglugerð ákvæði sem kæmi í veg fyrir misnotkun. Mér heyrðist hæstv. menntmrh. grípa fram í og segja að það væri ekki hægt að setja í reglugerð ákvæði sem kæmi í veg fyrir að um misnotkun yrði að ræða. (Gripið fram í.) Ég er ekkert hissa á því. Ef þetta er skoðun hæstv. ráðh. allra, eins og það virðist vera skoðun hæstv. menntmrh., að hér sé ekkert hægt að gera, þá er ég ekkert hissa á því, þó að legið sé á málinu ár eftir ár þrátt fyrir margítrekaðar viljayfirlýsingar Alþ. Það eru þá hæstv. ráðh. sjálfir sem koma í veg fyrir að af framkvæmd þessa máls verði, ef það er þessi hugsunarháttur sem ræður ríkjum hjá fleiri hæstv. ráðh. en hæstv. menntmrh., og það þykir mér miður.

Mér er ekki um það kunnugt, eins og ég segi, og þar geta sjálfsagt fleiri borið um, — mér er ekki um það kunnugt, að það séu neinir sérstakir meinbugir á því að framkvæma þetta gagnvart þeim aðilum sem heimilt er að fella niður hjá afnotagjald af útvarpi og sjónvarpi, og mér er ómögulegt að skilja að það sé neitt sérstakt varðandi þetta mál sem er þess eðlis að það eigi að koma í veg fyrir að af framkvæmd af þessu tagi geti orðið. Mér finnst beinlínis hlálegt að núna þegar þetta mál kemur hér til þingsins, tveimur árum eftir að þingið er búið að tjá vilja sinn í málinu, skuli vera lagt til að því sé vísað til hæstv. ríkisstj., vitandi það að sumir af hæstv. ráðh. eru þeirrar skoðunar og eru þannig þenkjandi, að þeir telja að það sé ekki hægt að framkvæma málið, og væntanlega samkv. þeim hugsunarhætti beita sér gegn því að úr framkvæmdum verði.

Ég sagði fyrr við umr. um þetta mál að ég teldi ástæðulaust að vísa málinu til n., ég teldi það svo sjálfsagt að það ætti að samþykkja það án þess að það færi til n., ekki síst með hliðsjón af því hver viljayfirlýsing Alþingis var um þetta mál áður, fyrir tveimur árum. Ég er því þeirrar skoðunar, að það sé sjálfsagt að samþykkja þessa till., og kannske gæti það orðið til þess að ýta við þeim aðilum sem með einhverjum hætti hafa til þess orðið að ekkert hefur verið gert varðandi framkvæmd á vilja Alþ. varðandi málið. Það er beinlínis hlálegt að leggja nú til að málinu verði vísað til ríkisstj.

Ég vænti þess að þdm. sjái svo um að tilgreind þáltill. verði samþykkt, þannig að það verði komið í veg fyrir að áfram verði þessi blettur á Alþ., að ekki verði framkvæmd sú skylda hæstv. ráðh. sem Alþ. hefur falið þeim. Það hefur tjáð sig í málinu með meirihlutasamþykkt, og þeirri samþykkt ber að framfylgja.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Nú hafa þrír hv. þm. kvatt sér hljóðs um þetta mál. Ég hafði raunar, gert mér vonir um að umr. um málið drægjust ekki lengur en svo, að unnt væri að veita málinu fullnaðarafgreiðslu. Það verður þó að ráðast af því hve miklar umr. verða. En vegna þess að hér hefur nokkuð verið um það fjallað, að málið hafi ekki verið tekið til umr. fyrr en nú mjög seint, vil ég minna á þá venju, að mál eru ævinlega tekin út af dagskránni þegar þau eru til 1. umr. og flm. fjarverandi. Svo stendur á um þetta mál, að flm. þess hefur verið forfallaður vegna veikinda mjög lengi í vetur. Í stað þess að láta málið standa á hinni prentuðu dagskrá dag hvern var málið ekki tekið á hina prentuðu dagskrá aftur fyrr en hv. 3. þm. Reykv., varamaður hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, Sigurður Magnússon, óskaði eftir að mæla fyrir málinu. Einmitt vegna þess, að það er ekki nein tilhneiging til að svæfa þetta mál, er það tekið á dagskrána nú á síðasta degi þingsins, strax og nál. liggur fyrir. Það var nú í nótt sem málið var tekið á þessa dagskrá. — Ég vildi aðeins segja þetta til skýringar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég stend að meirihlutaáliti frá samgn. í þessu máli. Ég kem nú hér upp aðallega til þess að lýsa undrun minni á hve menn

geta leikið tveim tungum eftir því hvar þeir eru staddir, því að hv. þm. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl., var okkur í meiri hl. n. í raun og veru alveg sammála þegar við töluðum um þetta í n. Hins vegar hafði hv. 5. þm. Vestf. hátt eins og fyrri daginn og það svo mjög, að það hefur yfirgnæft dómgreind og álit hv. þm. Garðars Sigurðssonar, svo hann er nú með hv. þm. Karvel Pálmasyni á nál. Þetta kemur mér nokkuð á óvart.

Eftir atvikum og eftir allt of langan drátt á þessu máli þótti okkur í samgn. að málinu væri eðlilegast borgið með því að vísa því nú til ríkisstj. með tilliti til gefinna yfirlýsinga af hálfu hæstv. samgrh. um að þetta mál væri loksins nú komið til alvarlegrar athugunar af hálfu fjögurra rn. Ég sé ekki annað en við höfum alla aðstöðu til að knýja á um að eitthvað komi út úr þeirri athugun meira en hingað til hefur orðið í meðferð þessa máls. Við erum öll sammála um að þetta sé mál sem verði að fá fram. Við erum líka sammála um að það þurfi að athuga vel um framkvæmdina því að hætta er á gróflegri misnotkun. Því getur enginn okkar borið á móti. Ég hefði viljað fara jafnvel nú strax milliveg og takmarka þetta við elli- og örorkulífeyrisþega sem búa einir í húsnæði, því að þeirra er þörfin mest. Því var ekki hægt að koma fram nú. Ég er viss um að ef hugur fylgir máli hjá fylgjendum þessa máls, þá höfum við það í hendi okkar að skora sterklega á hv. fjögur rn., sem þetta hafa til meðferðar, að leysa það á viðunandi hátt.

Ég vil enn ítreka undrun mína yfir afstöðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar sem talar nú með allt annarri tungu en hann gerði í hv. samgn.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Ég skal aðeins hafa um þetta örfá orð af því að mér er ljóst, að tíminn er hlaupinn frá okkur og ekki nein ástæða til þess að ræða málið frekar en orðið er, enda hefur það þegar verið rætt nokkuð. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, að mér finnst þær móttökur, sem þetta mál hefur fengið af hálfu hæstv. ríkisstj. eða þess ráðh. sem aðallega hefur með málið að gera, vera alveg fráleitar. Ég hef hlustað á það að hæstv. samgrh., sem ræður yfir símamálum, hefur þent á að hann teldi að þetta mál ætti í rauninni að flokkast undir almenn tryggingamál og það væri þá Tryggingastofnunin sem ætti að borga símaafnotagjaldið fyrir þetta gamla fólk til þess að síminn tapaði í engu. Þetta tel ég alveg fráleita skoðun. Mér sýnist að því miður komi það fram í nál. meiri hl., hann hefur það a. m. k. eftir þeim sem hafa upplýst hann um málið, að það er verið að búa til úr þessu einfalda og sjálfsagða máli í rauninni alveg óleysanlega flækju. Hér er sagt að raunverulega flokkist þetta mál undir fjögur rn.: fjmrn., menntmrn., samgrn. og heilbr.- og trmrn. Það er mikið að menn geta ekki fundið öll hin rn. líka til þess að koma þeim inn í þetta, búa til úr þessu flækju, þegar um það er að ræða að gera svipað og gert er víða annars staðar í löndum í kringum okkur. Ráðh. hefur þingssamþykkt til að undanþiggja þessa aðila afnotagjaldi af síma, og væri alveg sjálfsagt að setja í reglugerðina að þetta ætti aðeins við þegar viðkomandi öryrki eða viðkomandi gamalmenni býr eitt. Ef þessi aðili býr á heimili sem hefur síma hvort sem er með eðlilegum hætti, þá þarf hann ekki að njóta þessa. Þetta er afar einfalt.

En auðvitað kemur Póstur og sími eins og fyrri daginn, allt embættiskerfið, og segir: Það verður einhver að borga fyrir þetta fólk, ekki má ég tapa krónu. — Og svo segir auðvitað trmrn.: ég á að fara að borga þetta, þá verður fjmrh. að koma með meiri peninga. — Og svo kemur fjmrh. og segir: Ef ég á að fara að borga þetta, þá vil ég fá nýjan skatt. — Og svona heldur málið áfram.

Það, sem þarf að gera í þessu máli, er einfaldlega að fá úr því skorið hvort sá ráðh., sem með þetta hefur að gera, samgrh., vill fara eftir samþykkt sem gerð var hér á Alþ. um að veita þessum aðilum þessi réttindi. Ég verð að líta svo á að það sé samgrh. einn í þessu tilfelli og enginn annar sem stendur þá gegn því að þetta sé gert. En ég skal þó segja það, að auðvitað hefði verið langeðlilegast að afgreiða þetta mál, samþykkja það, til þess að ítreka vilja Alþ., þar sem beinlínis er lagt fyrir ráðh., honum er falið að gera þetta. Áður hafði kurteisisorðalagið verið notað, að honum væri heimilt að gera þetta. En þó er betra en ekki, úr því sem komið er, að fá samþykkta þá till. sem kemur fram á þskj. 683 frá meiri hl. n., því að þar er þó beinlínis tekið fram, að í trausti þess að fundin verði réttlát lausn sé þessu vísað til ríkisstj. Það er þó viðbótaráskorun, að vísu ekki alveg bindandi.

Mér er ljóst að það er ekki hægt, úr því sem nú er komið, að gera hvort tveggja að samþykkja þessa till. í þessari d., vísa málinu til Ed. og samþykkja till. þar líka, eins og þarf að gera, það verður ekki gert úr því sem komið er, og því er þetta þó skárra en ekki. En á hinu er rétt að sá ráðh. átti sig sem hefur með þessa framkvæmd að gera, þ. e. a. s. hæstv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, að ef hann framkvæmir þetta ekki, þá verður það skrifað á hans reikning. Alþ. hefur í rauninni sagt hver er þess vilji, og það er alveg ástæðulaust að þvæla þessu litla máli á milli allra rn., gott ef það lenti ekki að lokum í utanrrn. eða einhverju slíku. Menn geta áreiðanlega fundið einhverja krókaleið til þess.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Sannleikurinn er sá, að þetta mál er þess eðlis að það gefur tilefni til þess að maður haldi langa ræðu. Til þess er hins vegar enginn tími. En ég vil líta svo á að þeir, sem hér hafa talað, vilji allir að gamalt fólk fái þá kveðju frá Alþ. nú á þessum síðasta degi þessa þings, að það sé alls góðs maklegt og m. a. þess að fá ókeypis síma. Það er rétt hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, að það er blettur á Alþ. að mál eins og þetta skuli ekki vera samþykkt umyrðalaust. Enn verri er þó bletturinn á ríkisstj. og sérstaklega viðkomandi ráðh. að vera ekki búinn að framkvæma það, sem honum hefur fyrir löngu verið uppálagt.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir gerði þá aths. áðan við ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar, að hann hefði haft hátt eins og fyrri daginn. Oft hefur hv. þm. haft ástæðu til þess að hafa hátt, en að mínum dómi sjaldan eins og einmitt núna. Hann hefur hátt vegna þess að hann skilur eðli þessa máls. Hann veit að kjör gamals fólks í þessu velferðarþjóðfélagi okkar eru til skammar. Og aths. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur og tölu-

verður hiti í hennar máli stafar af þessu sama. Hér tala þm. sem — guði sé lof — hafa ekki glatað úr sér manneskjunni þrátt fyrir pólitískt vafstur. Hins vegar getur maður látið sér detta í hug að æðimargir, sem fást við stjórnmál og skipa ábyrgðarstöður í þessu þjóðfélagi, hafi glatað úr sér manneskjunni eða að manneskjan í þeim fái ekki lengur notið sín fyrir öllu talnafarganinu og öllum útreikningunum.

Ég álít að það sé fátt hneykslanlegra heldur en það, — þegar um er að ræða sjálfsagt mál eins og þetta að veita gömlu fólki ókeypis síma, — fátt hneykslanlegra heldur en að setjast þá niður með blýant og blað og fara að reikna út hvað þetta kosti þjóðfélagið eða einstakar stofnanir þjóðfélagsins. Svona afstaða er fyrir neðan allar hellur og ekki hvað síst vegna þess, að sennilega eru fá þjóðfélög í heiminum þar sem er bruðlað eins með almannafé og í þessu þjóðfélagi.

Ég ætla ekki að segja allt sem mér býr í brjósti í sambandi við þetta mál. Það yrði of langt mál, allt of langt. T. d. væri hægt að flytja langa hugleiðingu um það, hvernig velferðarþjóðfélögin fara stundum með hjartað í manneskjunum, hvað tilfinningin fyrir þeim, sem minna mega sín, slævist smám saman vegna þess að menn telja sér trú um að þessi eða hin stofnunin hljóti að sjá um þetta allt saman, — menn hætta að finna sjálfir til ábyrgðar gagnvart gömlu fólki eða öðrum þeim sem bágt eiga. Í þessu er fólgin mikil hætta. Velferðarþjóðfélagið getur smám saman gengið svo langt í að slæva manneskjulegar tilfinningar, kæla svo hjartað í fólki að til mestu hörmunga leiði fyrir ýmsa einstaklinga og þá ekki hvað síst gamalt fólk, — það fólk sem á náttúrlega fyllstan rétt á öllu í þessu þjóðfélagi. Það er gömlu fólki að þakka að við búum við þá hagsæld sem ríkir í dag, starfi þess og striti á fyrri ævirárum.

Ég ítreka það að ég leyfi mér að skilja svo mál manna hér við þessa umr. að þeir vilji umfram allt gera líf gamals fólks þægilegra, betra og hamingjuríkara. Ég vil líta svo á, að fyrir þeim, sem hér hafa lagt orð í belg nú á þessum síðustu mínútum þessa þings, hafi þetta vakað, m. ö. o. að það verði kveðja þessarar hv. d. til gamals fólks í landinu, að við séum sammála um að það sé ekki nærri nógu mikið fyrir það gert og það standi til í næstu framtíð að bæta þar stórlega um.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hv. 9. landsk. þm. sagði áðan. — Ég heyrði ekki betur en þessi hv. þm. væri alveg sammála okkur öllum, sem töluðum hér fyrr í d. um þetta mál, í gagnrýninni á hæstv. samgrh. fyrir að hafa ekki framkvæmt þennan vilja Alþ. Og mitt mál hér áðan var allt í þeim sama dúr, gagnrýni á þann eða þá aðila sem hafa komið í veg fyrir að af þessu gæti orðið, þannig að ég held að það megi að hluta segja kannske sama um þennan hv. þm. og hún sagði um hv. þm. Garðar Sigurðsson, að það eru býsna margir sem leika tveim skjöldum eftir því hvar þeir eru staddir.

Ég vil hins vegar segja það, að ég heyrði ekki betur en hv. þm. Garðar Sigurðsson tjáði sig í upphafi nefndarfundar á þann veg, að hann vildi að málið næði fram að ganga og yrði samþykkt. Það er hins vegar ýmislegt sem menn þreifa fyrir sér um samkomulag, bæði í þessu og öðru, og ýmislegt sem menn vilja á sig leggja til þess að reyna að ná samkomulagi. En um það var ekki að ræða varðandi þetta mál. Það var ekki við það komandi af hálfu meiri hl. samgn. að leggja til að málið yrði samþykkt, hvernig sem menn lögðu sig fram til þess að ná slíku samkomulagi.

Ég skal sem sagt ekki ræða þetta meira. Ég vildi aðeins koma því hér á framfæri að málflutningur minn í þessu máli hefur verið sá hinn sami og hjá hv. 9. landsk. þm., þar til brestur kom í fylgnina, þegar komið var í n., að halda málinu fram til streitu frá n. og í gegnum þingið.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að þó svo að þannig fari að þessu máli verði vísað til ríkisstj., þá á ég ekki von á því að mikið gerist þrátt fyrir það. Ef ekki er nægilegt að Alþ. geri samþykkt eins og það gerði fyrir tveimur árum til þess að viðkomandi ráðh. fari eftir henni, þá á ég ekki von á að það hafi mikil áhrif þó að samþykkt yrði hér í hv. Nd. að vísa þessu máli til ríkisstj. til úrmoðunar einhverja næstu mánuði eða ár. Það, sem hér þyrfti að gera, er fyrst og fremst að ítreka vilja Alþ. og framfylgja honum varðandi málið.

ATKVGR.

Till. á þskj. 683 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 23:9 atkv.

Neðri deild, 90. fundur.

Miðvikudaginn 4. maí, að loknum 89. fundi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 692). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 699).

Umferðarlög, frv. (þskj. 552, 698). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frv. til 1. um breyt. á umferðarlögum sem flutt er af hv. þm. Albert Guðmundssyni og lagt fram í Ed. Í frv. voru tvær gr. Fyrri gr. hljóðaði svo:

„Við 40. gr. l. bætist 5. mgr., svo hljóðandi:

Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns í þéttbýli gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð, skal stjórnendum annarra ökutækja skylt að draga úr hraða eða nema staðar til þess að

hinn auðkenndi almenningsvagn eigi greiða leið út í umferðina. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann almenningsvagnsins undan öðrum ákvæðum þessara laga né því að sýna ítrustu varúð við akstur frá biðstöð.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

26. apríl s. l. var lagt fram nál. hv. allshn. í Ed. þar sem hún mælti einróma með samþykkt þessa frv., og 27. apríl var málið afgreitt frá Ed. 28. apríl fór fram 1. umr. þessa máls hér í hv. Nd. Morguninn eftir, 29. apríl, s. l. föstudag, hélt allshn. síðan fund um þetta frv. Þeim fundi stýrði varaformaður n., hv. þm. Páll Pétursson, í fjarveru minni. Samkv. bókun fundar allshn. var ekki tekin afstaða til málsins og afgreiðslu þess mun hafa verið frestað. Síðan var boðað til fundar á þriðjudagsmorgni 3. maí, í gær, en ekki reyndist fundarfært í allshn. þá.

Vegna mjög eindreginna tilmæla nú í dag um afgreiðslu á þessu máli var boðað til fundar í allshn. áðan til þess að fjalla um frv. Þar lágu fyrir frv. sjálft og breyting sem hv. Ed. hafði gert á frv. samkv. till. allshn. þeirrar d. Breyting sú, sem gerð var í Ed., var á þá leið að á eftir orðunum „auðkennds almenningsvagns" í 1. gr. bættust orðin „á áætlunarleið", þannig að fyrsta setningin í 1. gr. hljóðar þá svo:

„Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns á áætlunarleið í þéttbýli" o. s. frv.

Umsagnir höfðu borist um þetta frv., og ég vil aðeins skýra frá hvað í þeim felst í aðalatriðum.

Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík er á þá leið, að hann telji rétt að taka upp þessa reglu eins og gert hafi verið víða annars staðar. Hins vegar vekur hann athygli á því, að ekki sé nein lagaleg skilgreining á hugtakinu þéttbýli sem um er getið í þessu frv., og hann telur að misnotkun ökumanns almenningsbifreiða geti að ástæðulausu tafið umferð annarra ökutækja um veg og skapað hættu. Hann telur því ástæðu til að setja nánari reglur um merkjagjöf og bendir á að umferðarlaganefnd ætti að fjalla um framangreint atriði ásamt fleirum, sem upp kynnu að koma, áður en frv. fær afgreiðslu.

Umsögn bæjarfógetans á Akureyri er á þá leið, að hann telur það hafa bæði kosti og galla, en gallana þó öllu meiri, einkum vegna hættu á umferðarslysum.

Félag ísl. bifreiðaeigenda sendi umsögn og mælir gegn samþykkt frv., bendir á að hugsanlega muni umferðarhætta eða hætta á umferðarslysum aukast.

Að lokum barst umsögn frá bæjarfógetanum í Kópavogi. Hann telur að meginefni frv. stefni í rétta átt, en telur hins vegar með öllu ástæðulaust að láta aðra almenningsvagna en strætisvagna í þéttbýli njóta þessa réttar. Hann leggur til að frv. verði breytt á þann veg, mundi mæla með því ef sú breyting yrði gerð.

Þá er rétt og skylt að geta þess, að deildarstjóri dómsmrn., Ólafur W. Stefánsson, hefur komið á framfæri aths. við frv. þar sem hann telur að frvgr., efnisgr., sé ranglega staðsett í umferðarlögin, og hann gerir till. um annað orðalag á þessari gr. Enn fremur hefur hann gert aths. um gildistökuákvæði frv. og telur að það geti orðið vissum erfiðleikum háð að lögin taki gildi þegar í stað.

Þessum umsögnum vildi ég skýra frá um leið og ég get þess, að hv. allshn. hefur komist að þeirri niðurstöðu, þrátt fyrir þessar umsagnir, að leggja til að frv. verði samþ. Hv. þm. Páll Pétursson var fjarstaddur afgreiðslu málsins og hv. þm. Gunnlaugur Finnsson tekur ekki afstöðu til þess. Þess er rétt að geta, og það hefur ráðið afstöðu a. m. k. minni, að borgarstjórn Reykjavíkur, stjórn Strætisvagna Reykjavíkur og Umferðarnefnd Reykjavíkurborgar hafa eindregið mælt með því, að þetta frv. yrði samþykkt.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Mér þykir rétt að gera grein fyrir því, hvers vegna ég tók ekki þátt í afgreiðslu n. á þessu máli. Ég var og er efnislega samþykkur því að breytingar verði gerðar í þá átt sem frv. gerir ráð fyrir, og ég gerði strax grein fyrir því þegar málið kom fyrir skömmu til umr. í allshn. Nd. Hins vegar sýndist mér að ýmsir þættir, sem tengjast þessu máli, þyrftu nánari skoðunar við, og mér sýndist að málið væri hvorki það stórt í sniðum né aðkallandi að það væri ekki full ástæða til þess að þeir þættir yrðu kannaðir. Þá á ég við það, sem fram kom og hv. frsm. nefndi, þ. e. hugsanlega skaðabótaskyldu vegna óhappa sem kynnu að verða vegna þeirra ráðstafana sem þarna eru gerðar, hvernig með þau mál skuli farið, athugun á því, hvort líklegt er að tryggingarfélög krefðust hærri iðgjalda en ella o. s. frv. Þess vegna þótti mér rétt að annaðhvort biði þetta frv. til haustsins eða gildistökuákvæðum frv. yrði breytt í þá átt, að það tæki ekki gildi fyrr en í haust og í millitíðinni gæfist tóm til að setja þær reglur sem frv. gerir ráð fyrir að dómsmrh. setji, þannig að það gefist nokkur umþóttunartími þar til lögin koma til framkvæmda.

Nú var ekki hægt að breyta gildistökuákvæði með tilliti til þess, að Ed. hefur þegar lokið störfum og það hefði þurft að senda frv. til Ed. ef það ætti að hljóta afgreiðslu á þessu þingi. Þess vegna sá ég ekki ástæðu til þess að taka þátt í afgreiðslu málsins, annars vegar vegna þess að ég vil ekki leggjast gegn frv., vegna þess að ég er efnislega samþykkur því að það nái fram að ganga, en mér þykir líka hitt ótækt, að lögin taki gildi nú þegar.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Mér er ljóst að það eru engin tök á því að hefja umr. um þetta mál eins og ástatt er þar sem þinglausnir eru fram undan. En ég vil taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, að það geti verið varasamt að samþykkja skyndilega svona breytingu á umferðarlögum. Það er nú þannig að almenningur fylgist ekki með lagasetningu, og það þarf tíma til þess að menn átti sig á slíkri breytingu sem hér er um að ræða. Ég óttast, ef þetta væri lögleitt þegar í stað, að þá gæti það valdið óþægindum og jafnvel slysum. Þess vegna hygg ég að það sé hyggileg ábending, sem hefur komið fram frá fulltrúa í dómsmrn., að það sé varasamt að lagabreyting eins og þessi taki gildi nú þegar. Ég er þess vegna fylgjandi því að ekki verði hrapað að afgreiðslu málsins og almenningi verði gefinn nokkur tími til þess að átta sig á breytingu eins og hér er lagt til að gerð verði á umferðarlögunum.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé engin ástæða til þess að bíða með afgreiðslu þessa máls. Allshn. Nd. fjallaði um frv. á fundi strax eftir 1. umr. í þessari hv. d. og kynnti sér þær umsagnir sem Ed. höfðu borist. Það var ekki við öðru að búast en að Félag ísl. bifreiðaeigenda mælti gegn samþykkt þessa frv.

Ég lít svo á að hér sé fyrst og fremst um að ræða pólitíska ákvörðun. Það er öllum reykvíkvíkingum kunnugt, að það horfir til stórvandræða fyrir strætisvagnaumferð að strætisvagnar geta varla haldið áætlun vegna þess að þeir komast ekki leiðar sinnar, en einkabílar fá að streyma áfram nánast viðstöðulaust. Ég tel þær aths., sem hafa komið frá deildarstjóra í dómsmrn. léttvægar. Þær ganga mestmegnis út á það að breyta orðalagi. Hitt er náttúrlega rétt, að það þarf að kynna þetta mál og það verður að gera strax. Það þarf að gefa út reglugerð um hvernig auðkenna skuli vagnana. Og ég trúi ekki öðru en forstjóri Strætisvagnanna muni brýna það fyrir strætisvagnabílstjórum að fara varlega í sakirnar til að byrja með til þess að koma í veg fyrir slys sem menn óttast svo mjög. En ég óttast að slys hljótist af ef við samþykkjum þetta ekki.

Hvað varðar tryggingarnar, þá hefur trmrh. það í hendi sér hvort hann leyfir hækkun iðgjalda út á þetta eða ekki.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Ég efa ekki að hér er um að ræða nauðsynlega breytingu á umferðarlögunum. En ef svo er, þá hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum er ekki búið að afgreiða þetta mál fyrr í gegnum þingið? Það er alllangt síðan frv. var lagt fram, þetta er 172. mál, og hefði sannarlega verið tími til þess að afgreiða það þannig að það hefði hlotið eðlilega fyrirgreiðslu hér á Alþingi.

Þegar eftir eru aðeins nokkrar mínútur af þingtíma þar til þingi verður slitið er kallaður saman í skyndi nefndarfundur til þess að afgreiða þetta mál. Og það er ekki hægt að afgreiða það eins og væri eðlilegt og nauðsynlegt að gera, þ. e. að breyta gildistöku laganna. Þetta er breyting á 40. gr. umferðarlaga sem fjallar aðallega um sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar, björgunarbifreiðar, og lögreglubifreiðar, og þessari gr. laganna eins og öðrum fylgja að sjálfsögðu sektarákvæði. Nú liggur það ekki fyrir enn þá hver sektarákvæði yrðu við brot á þessari viðbótarmgr., ef hún yrði samþykkt. Brot á umferðarlögum eru mjög misjöfn ef ég man rétt, allt frá 800 kr. upp í tugi þúsunda, og hvar brot á þessari mgr. ætti að lenda liggur ekki fyrir enn. Þó maður vildi spyrja hætsv. dómsmrh. um það, þá hygg ég að hann væri ekki tilbúinn að svara því hér, hvar inn í rammann þetta ætti að falla.

Mér finnst óeðlilegt að afgreiða svona mál á síðustu mínútum þingsins, — mál sem með mjög eðlilegum hætti ætti að fara aftur til Ed. þar sem gildistíminn yrði ákveðinn og þá ekki fyrr en um áramót, þannig að almenningur, sem ekur bifreiðum, fengi svigrúm til að átta sig á því að þetta hefur verið leitt í lög. Ef menn brjóta þá gr., sem hér er um að ræða, þá er það eins og hvert annað brot á umferðarlögum sem þeim ber skylda til að bæta með sektum.

Ég leyfi mér að flytja brtt. við frv., þannig að gildistaka laganna yrði 1. jan. 1978. Ég tel algert lágmark gagnvart almenningi að hann fái eitthvert svigrúm til að átta sig á því, að þarna er komið nýtt ákvæði inn í umferðarlögin, og tel það ekki of langan tíma þó að lögin taki ekki gildi fyrr en þetta. Þarna eins og um önnur ákvæði laganna verður án efa um sektarákvæði að ræða og þess vegna eðlilegt að þeir, sem aka bílum, fái svigrúm til að átta sig á því, að þeir eru að brjóta lög og eiga að bæta fyrir það ef þeir gerast brotlegir við þetta ákvæði laganna.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég vil aðeins gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram út af orðum hv. 5. landsk. þm., að ég tel að menn verði að beita varlega pólitískum ákvörðunum í umferðinni.

Í annan stað vil ég segja það, að mér sýnist að hér geti ekki einasta verið um að ræða strætisvagna, heldur einnig fleiri almenningsvagna, og þar með er þetta orðið næsta víðtækt.

Þá vil ég benda á það, sem raunar kom greinilega fram hjá hv. frsm., að nál. er gefið út eftir skyndifund. Það eru aðeins þrír sem mæla með frv. án fyrirvara, tveir mæla með því með fyrirvara og tveir mæla alls ekki með því, svo að sú leiðbeining, sem við óbreyttir dm. í þessu tilfelli gagnvart hv. n. höfum frá n., er dálítið veik. Mér hefði fundist það eðlileg afgreiðsla á þessu máli að því væri einfaldlega vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem d. teldi að frv. þyrfti frekari athugunar við. En ég ætla ekki að flytja slíka rökstudda dagskrá. Ég vildi aðeins gera þá grein fyrir atkv. mínu, að ég tel þetta mál svo losaralega undirbúið í hendur hv. d. að ég treysti mér ekki til þess að fylgja því. Málið er áreiðanlega umfangsmikið og ábyrgðarhluti að taka svona ákvarðanir án frekari athugana.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. sumir gera fullmikið úr því, að hér sé eitthvert stórmál á ferðinni. Maður skyldi ætla að það væri ákvörðun um að breyta frá vinstri í hægri umferð eða öfugt. Hér er um það eitt að ræða sem verið hefur vandamál víða um lönd, að strætisvagnar eiga oft erfitt með að komast út í umferðina þegar þeir staldra við á biðstöðum til að taka fólk eða hleypa fólki út og mikil umferð er á veginum. Þá er það auðvitað þannig, eins og reynslan er hér, að ýmsir ökumenn sýna þá tillitssemi að hægja á sér eða staldra við til þess að strætisvagnarnir komist út í umferðina, eins og auðvitað sjálfsagt er. Aðrir gera það ekki. Og það, sem þetta frv. fer fram á, er eingöngu að til þess að auðvelda strætisvögnum að komast aftur út í umferðina frá biðstöðum og standast tímaáætlun sé stjórnendum annarra ökutækja, þegar slíkur almenningsvagn gefur merki frá auðkenndri biðstöð, skylt að draga úr hraða eða nema staðar til þess að strætisvagninn komist út í umferðina. Þetta er nú allt og sumt sem hér er á ferðinni.

Ég held að það sé líka misskilningur, að þetta mál sé illa búið í hendur þessarar hv. d. Án þess að rekja það rækilega, þá hefur þetta mál verið til umræðu á ráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna og það hefur verið til umræðu hjá Norrænu umferðarlaganefndinni. Svíþjóð, Danmörk og Noregur eru búin að lögtaka slíkt ákvæði. Borgarstjórn Reykjavíkur, umferðarnefnd og stjórn Strætisvagnanna hafa einróma og eindregið óskað eftir þessari breytingu. Málið hefur legið fyrir hv. Ed. og allshn. Ed., sem fékk allar þær umsagnir sem hér voru nefndar, varð sammála um það, allir nm., n. óskipt, að mæla með frv. Ég sé ekki að okkur sé neitt að vanbúnaði í þessari d. að gera okkur grein fyrir ekki stærra máli.

Ég tel sjálfsagt að verða við þessum óskum. Það er rétt að það veldur oft miklum töfum fyrir almenningsvagna eða strætisvagna að ýmsir ökumenn sýna það tillitsleysi að hliðra ekki til og hleypa strætisvögnum út í umferðina. Ég tel ekki nokkra ástæðu til þess að vera að fresta gildistöku þessara laga, enda er svo ákveðið í 1. gr., að dómsmrh. setji nánari reglur, bæði um auðkenni þessara vagna og önnur framkvæmdaratriði, og auðvitað er þá í því fólgið að þetta vandasama mál, sem sumum vex í augum, verði kynnt almenningi. Ég held að það séu engin vandamál þar á ferðinni. Ég mæli fyrir mitt leyti eindregið með því að frv. verði samþ. og afgreitt sem lög á þessu þingi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 700) samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 700 felld með 21:2 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 91. fundur.

Miðvikudaginn 4. maí, að loknum 90. fundi.

Umferðarlög, frv. (þskj. 552). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 701).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þar sem þetta er seinasti fundur þd. á þessu þingi vil ég færa hv. þdm. þakkir fyrir samstarfið á liðnum vetri. Sérstakar þakkir vil ég færa varaforsetum og skrifurum, skrifstofustjóra Alþingis svo og öllu starfsfólki þess fyrir góða aðstoð og greiða samvinnu. Ég óska þeim hv. þdm., sem um langan veg eiga heim að fara, góðrar ferðar og góðrar heimkomu, og þeim og fjölskyldum þeirra, starfsfólki þingsins og fjölskyldum þess góðs og gleðilegs sumars.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Fyrir hönd okkar þdm. vil ég þakka hæstv. forseta góðar óskir okkur til handa. Ég þakka forseta fundarstjórn og samstarf og óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á því sumri sem nú er nýgengið í garð. Ég þakka jafnframt skrifstofustjóra og öllu starfsfólki þingsins gott samstarf og óska því og fjölskyldum þess alls hins besta á komandi sumri. Ég vona að við megum öll hittast heil að hausti. Ég bið hv. þdm. að taka undir þessi orð með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. árnaðaróskir hans og hv. þdm. undirtektir þeirra og ég læt einnig í ljós ósk um að við megum hittast hér heil á komandi hausti til nýtra starfa fyrir þjóð okkar. — Þessum fundi er slitið.

Sameinað þing, 87. fundur.

Miðvikudaginn 4. maí, kl. 5 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hæstv. ríkisstj. Háttvirtir alþingismenn. Ég mun gefa yfirlit yfir störf Alþingis.

Þingið hefur staðið frá 11. okt. til 21. des. 1976 og frá 24. jan. til 4. maí 1977, alls 173 daga.

ÞINGFUNDIR hafa verið haldnir:

Í neðri deild	91
Í efri deild	90
Í sameinuðu þingi	87
Alls	268

ÞINGMÁL og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:

a. Lögð fyrir neðri deild	25	
b. Lögð fyrir efri deild	45	
c. Lagt fyrir sameinað þing	1	
		71

2. Þingmannafrumvörp:

a. Borin fram í neðri deild ..	32	
b. Borin fram í efri deild ..	19	
		51
		122

Úrslit urðu þessi:

Lagafrumvörp:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	50	
Þingmannafrumvörp	13	
		63

b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		4
c. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	21	
Þingmannafrumvörp	34	
		55
		122

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi	79
b. Bornar fram í neðri deild	7
c. Borin fram í efri deild	1
	87

Úrslit urðu þessi:	
Ályktanir Alþingis	26
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar	9
c. Ekki útræddar	52
	87

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi 54. Sumar eru fleiri saman á þingskjali svo að málatala þeirra er ekki nema	29

Öllum þessum fyrirspurnum var svarað nema einni skriflegri.

Mál til meðferðar í þinginu alls	238
Skýrslur ráðherra voru	7
Tala prentaðra þingskjala	704

Yfirlit þetta sýnir að mörg mál hafa verið lögð fyrir Alþ. það sem nú er að ljúka störfum. Þótt sum þeirra hafi eigi hlotið afgreiðslu nú hafa þau allflest komið til umr. og meðferðar í nefndum. Auk þessa hefur komið fyrir þingið margvíslegur fróðleikur og skýrslur um fjölþætt viðfangsefni, niðurstöður og útreikningar um marga þætti þjóðmála. Nú sem oft áður hefur talsverður tími farið í umræður utan dagskrár, einkum þó fyrri hluta vetrar. Orkumálin hafa sem oft áður legið mönnum á hjarta. Ísland er land mikilla andstæðna, þar sem jöklarnir hylja mikil svæði og eldfjöllin gera vart við sig af og til. Jarðhitinn er þýðingarmikill og yljar nú íbúðir meiri hluta landsmanna.

Af verkum þessa þings ber hæst og verður lengst í minnum höfð staðfesting á samningi þeim sem fól í sér fulla viðurkenningu á óskoruðum yfirráðum íslendinga á 200 mílna fiskveiðilögsögu. Þar með er löngum og erfiðum þætti í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar lokið með fullum sigri sem að vísu leggur mikla ábyrgð á hendur íslenskri þjóð og löggjafarsamkomu hennar. Sá sigur er merkur áfangi í sögu íslendinga. Honum er þegar fylgt eftir með löggjafarstarfi um nýtingu og vernd fiskimiðanna.

Þetta þing hefur líka afgreitt þýðingarmikil lög á fleiri sviðum. Þar má fyrst nefna réttarfarsmál, en langt er síðan sambærileg skref hafa verið stigin í þeim efnum. Þjóðin er komin í þjóðbraut eftir margra alda einangrun. Þá breytist margt og þá er m. a. nauðsyn að endurskoða réttarfarsreglur.

Sama má segja um menntamál og uppeldismál yfirleitt. Þar er líka brýn þörf aðlögunar að nýjum tíma og nýjum viðhorfum. Það mun verða dómur sögunnar að þetta þing hafi unnið vel að því að þoka þeim málum á betri veg þó að ýmis atriði þeirra séu enn á athugunarstigi.

Eins má nefna þá miklu vinnu sem þetta þing hefur lagt í athugun skattamálanna og er nauðsynlegur undirbúningur að afgreiðslu þeirra á næsta þingi. Skattheimtan og framkvæmd hennar er hyrningarsteinn velferðarþjóðfélags og það varðar alla þegna landsins hvernig þar tekst til. Afgreiðsla fjárlaga ein sér er mikið starf, enda margir þættir sem þar koma saman. Þegar verið er að skipta og ráðstafa opinberu fé þykir það síst of mikið sem á er lagt og til ráðstöfunar kemur. Hvort sem færri eða fleiri eru ánægðir með úrslitin er það þýsna mikil vinna sem liggur þeim til grundvallar. Fjárlagagerðin og þar með skattheimtan er mikið verk og vandasamt og snertir alla sem í landinu lifa.

Þingsályktanir þær, sem samþykktar hafa verið á þessu þingi, eru næsta ólíkar, svo sem jafnan vill verða. Sumar eru kannske helst yfirlýsing um æskilega stefnu, athugun eða leit að því sem ekki er vitað hvort finnst. Aðrar eru hins vegar ákveðin fyrirmæli um aðgerðir svo að segja á öllum sviðum þjóðlífsins. Er stjórnvöldum vissulega sett talsvert fyrir með þeim ályktunum. Munu flestir finna í þeim ýmislegt sem þeir binda nokkrar vonir við.

Störf Alþingis hafa löngum verið umdeild, og átakamál hafa verið til meðferðar á þessu þingi eins og öðrum. Lög um stóriðju hafa verið samþykkt. Áður var að því fundið að hliðstæð framkvæmd væri á valdi og í eigu útlendinga. Nú óttast ýmsir þá fjárhagslegu áhættu að fyrirtækið sé í íslenskri eign að meiri hluta. Reynslan sker úr, en e. t. v. mættu menn stundum hugleiða að það er síst minni vinna sem liggur að baki afgreiðslu viðkvæmra og örlagaríkra deilumála. Nýting íslenskra orkulinda og samstarf við erlendar þjóðir um fjármagn og framkvæmdir er þýðingarmikill þáttur í stjórn þjóðmálanna.

Efnahagsmálin eru sífellt viðfangsefni Alþingis. Á margan hátt hefur birt yfir þeim málum nú á síðustu tímum, viðskiptaárferði batnað, viðskiptin við útlönd orðið hagstæðari. Ýmsar blikur eru að vísu á lofti í sambandi við kaupgjalds- og verðlagsmál og ærin óvissa ríkjandi. En við lítum þó björtum augum til framtíðarinnar í þeirri von, að almenn lífskjör megi batna, en ekki komi til verkfalla eða neyðarástands vegna ósamkomulags um skiptin innbyrðis nú þegar efnahagur fer batnandi.

Löggjafarstarfi Alþingis er lokið að þessu sinni. Ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm., skrifstofu-

stjóra og starfsfólki Alþingis umburðarlyndi í minn garð og einnig ánægjulegt samstarf. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum sem jafnan hafa veitt mér bestu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins ágæt störf. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég mikil og vel unnin störf. Ég óska hv. alþm. góðrar heimferðar og heimkomu og vona að við hittumst öll heil til starfa á næsta þingi. Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil jafnframt þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf við okkur þm., og sérstaklega vil ég þakka honum fyrir góða og réttláta fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegs og góðs sumars um leið og ég þakka honum fyrir samstarfið yfir veturinn. Ég bið hv. alþm. að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég leyfi mér að þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu, og einnig þakka ég hv. alþm. öllum fyrir undirtektir þeirra undir orð hv. þm. Ég endurtek óskir mínar til hv. alþingismanna.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 98. löggjafarþing, lýkur störfum miðvikudaginn 4. maí 1977. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska yður öllum, góðir alþingismenn, velfarnaðar og fjölskyldum yðar. Ég óska þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Geir Hallgrímsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.